Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

	Bls.
A-hluti	11
B-hluti	195
Heimildir	223
Athugasemdir	229
Töfluviðauki	377
Fylgiskjal: Yfirlit yfir lagabreytingar	403
Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl.	407
Efnisyfirlit	431

STEINDÓRSPRENT GUTENBERG HF.

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**125.424,0**
Tekjuskattar	20.635,0	
Tryggingagjöld, launaskattar	13.965,0	
Eignarskattar	3.720,0	
Skattar á vörur og þjónustu	78.764,0	
Vaxtatekjur	5.360,0	
Aðrar tekjur	2.980,0	
Gjöld		**124.340,0**
Samneysla	49.566,0	
Rekstrargjöld	45.730,7	
Viðhald	3.835,4	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	51.819,8	
Vaxtagreiðslur	13.550,0	
Fjárfesting	9.404,1	
Stofnkostnaður	6.479,1	
Fjármagnstilfærslur	2.925,0	
Tekjur umfram gjöld		**1.084,0**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-2.050,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.190,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-8.240,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		400,0
Viðskiptareikningar		400,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-2.334,0**
Afborganir af teknum lánum		14.240,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**11.906,0**
Lántökur		12.000,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**94,0**

2. gr.

Árið 1997 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.362,5**
	Embætti forseta Íslands	60,8	
	Alþingi og stofnanir þess	1.078,9	
	Ríkisstjórn	72,8	
	Rekstrarhagræðing	2,0	
	Annað	148,0	
01	**Forsætisráðuneyti**		**529,0**
	Ráðuneyti	96,9	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
	Annað	431,1	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**14.626,8**
	Ráðuneyti	279,4	
	Háskólar og rannsóknir	3.469,4	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	5.258,3	
	Grunnskólar og sérskólar	1.618,1	
	Námsaðstoð	1.626,5	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.328,7	
	Rekstrarhagræðing	42,0	
	Annað	1.004,4	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.971,6**
	Ráðuneyti	383,2	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	188,6	
	Sendiráð og fastanefndir	724,7	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	670,1	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	5,0	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.923,8**
	Ráðuneyti	136,2	
	Landbúnaðarstofnanir	528,1	
	Skógrækt og landgræðsla	412,9	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.240,0	
	Ýmis framlög	602,6	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Flutt		25.413,7

3. gr.

Árið 1997 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**20.635,0**
40110	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.800,0	
40210	Tekjuskattur félaga	4.835,0	
410	**Tryggingagjöld, launaskattar**		**13.965,0**
41001	Tryggingagjald	13.305,0	
41011	Gjald í ábyrgðarsjóð launa	180,0	
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
405-6	**Eignarskattar**		**3.720,0**
40511	Eignarskattur einstaklinga	1.430,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
40611	Eignarskattur félaga	1.435,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	285,0	
40531	Erfðafjárskattur	420,0	
42-43	**Skattar á vöru og þjónustu**		
425	**Virðisaukaskattur**		**49.000,0**
42511	Virðisaukaskattur	49.000,0	
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.930,0**
4200	Tollar	1.930,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**24,0**
42161	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	24,0	
	Flutt		89.274,0

Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
Flutt		25.413,7
05 Sjávarútvegsráðuneyti		**1.210,1**
Ráðuneyti	207,3	
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	997,8	
Rekstrarhagræðing	5,0	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		**6.264,0**
Ráðuneyti	167,7	
Dómsmál	601,4	
Löggæslustofnanir og öryggismál	2.237,8	
Sýslumenn	2.263,3	
Fangelsismál	440,9	
Kirkjumál	524,9	
Rekstrarhagræðing	28,0	
07 Félagsmálaráðuneyti		**9.301,1**
Ráðuneyti	107,3	
Húsnæðismál	300,0	
Stjórnsýslustofnanir	173,0	
Málefni barna og ungmenna	246,3	
Málefni fatlaðra	2.313,8	
Sveitarfélög	2.845	
Vinnumál	3.139,4	
Rekstrarhagræðing	23,0	
Annað	153,3	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		**52.224,4**
Ráðuneyti	164,5	
Tryggingamál	30.559,5	
Sjúkrastofnanir	18.900,9	
Heilsugæsla	1.882,8	
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	219,0	
Rekstrarhagræðing	105,0	
Annað	392,7	
09 Fjármálaráðuneyti		**18.915,5**
Ráðuneyti o.fl.	476,0	
Skatta- og tollamál	1.683,4	
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.835,0	
Vextir	13.550,0	
Rekstrarhagræðing	15,0	
Annað	1.356,1	
Flutt		113.328,8

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		89.274,0
423	**Vörugjöld**		**12.095,0**
42301	Vörugjald, almennt	2.530,0	
42320	Vörugjald af ökutækjum	2.750,0	
42331	Vörugjald af bensíni, almennt	1.635,0	
42341	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.780,0	
42391	Framleiðslugjald af áli	400,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**7.053,0**
42601	Hagnaður ÁTVR, áfengisgjald	7.045,0	
42611	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
427	**Sértækir þjónustuskattar**		**95,0**
42701	Skemmtanaskattur	80,0	
42702	Miðagjald	15,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**207,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	120,0	
42781	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	78,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
43	**Aðrir óbeinir skattar**		**8.360,0**
42352	Olíugjald, þungaskattur	2.690,0	
43111	Bifreiðagjald	1.850,0	
43211	Vitagjald	60,0	
43221	Skipagjald	65,0	
43411	Þinglýsingar	125,0	
43421	Stimpilgjald	2.480,0	
43700	Aukatekjur	870,0	
43801	Áhættugjald ríkisábyrgða	220,0	
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**350,0**
4719	Sala eigna	350,0	
	Flutt		117.434,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		113.328,8
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.557,2**
	Ráðuneyti	266,3	
	Vegamál	6.964,0	
	Siglingamál	777,2	
	Flugmál	425,4	
	Ferðamál	117,3	
	Rekstrarhagræðing	7,0	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.117,2**
	Ráðuneyti	64,1	
	Iðnaðarmál	227,4	
	Orkumál	822,7	
	Rekstrarhagræðing	3,0	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**194,5**
	Ráðuneyti	82,5	
	Viðskiptamál	111,0	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
13	**Hagstofa Íslands**		**154,3**
	Hagstofa Íslands	153,3	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
14	**Umhverfisráðuneyti**		**988,0**
	Ráðuneyti	176,5	
	Umhverfisvernd	317,8	
	Skipulagsmál	115,6	
	Rannsóknir	374,1	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Gjöld samtals		124.340,0
	Tekjur umfram gjöld		1.084,0
	Samtals		125.424,0

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		117.434,0
48	**Fjármunatekjur**		
480-1	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**5.360,0**
48010	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.410,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	3.950,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.280,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	580,0	
48204	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	500,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	340,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
49901	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
49999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		125.424,0

Skipting gjalda og sértekna á stofnanir og viðfangsefni.

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101	**Embætti forseta Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 700
1 01	Yfirstjórn	29 500	
1 30	Bessastaðir	29 200	
1 50	Fálkaorðan	1 000	
Viðhaldsverkefni:			1 100
5 20	Laufásvegur 72, viðhald	1 100	
	Gjöld samtals		60 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 600	
52–58	Önnur gjöld	30 200	
5	Gjöld samtals		**60 800**
00–201	**Alþingi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			765 800
1 01	Alþingiskostnaður	313 100	
1 02	Aðalskrifstofa	53 800	
1 03	Þingmálaskrifstofa	125 800	
1 04	Rekstrarskrifstofa	180 700	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	25 900	
1 06	Norðurlandaráð	22 800	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 500	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	500	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36 700	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 20	Fasteignir	10 000	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		787 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	416 500	
52–58	Önnur gjöld	329 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	38 000	
	5918 Til erlendra aðila	4 000	
5	Gjöld samtals	787 800	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**780 500**

00–211 Lýðveldissjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			100 000
1 10	Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar	50 000	
1 15	Efling íslenskrar tungu	50 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

00–301 Ríkisstjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 800
1 01	Ríkisstjórn	72 800	
	Gjöld samtals		72 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	69 600	
52–58	Önnur gjöld	3 200	
5	Gjöld samtals		**72 800**

00–401 Hæstiréttur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 600
1 01	Hæstiréttur	45 600	
	Gjöld samtals		45 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 000	
52–58	Önnur gjöld	600	
5	Gjöld samtals		**45 600**

00–510 Bessastaðir

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			85 000
6 01	Mannvirkjagerð	85 000	
	Gjöld samtals		85 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	85 000	
5	Gjöld samtals		**85 000**

00–520 Opinberar heimsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 300
1 01	Opinberar heimsóknir	13 300	
	Gjöld samtals		13 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals		**13 300**

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 700
1 01	Umboðsmaður Alþingis	33 700	
	Gjöld samtals		33 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 000	
52–58	Önnur gjöld	11 700	
5	Gjöld samtals		**33 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–620 Ríkisendurskoðun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			171 300
1 01	Ríkisendurskoðun	171 300	
	Gjöld samtals		171 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	123 000	
52–58	Önnur gjöld	48 300	
5	Gjöld samtals	171 300	
4	Sértekjur	6 600	
	Mismunur		**164 700**
00–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 90	Rekstrarhagræðing	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
00–999 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 100
1 11	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku	4 100	
	Gjöld samtals		4 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
52–58	Önnur gjöld	3 100	
5	Gjöld samtals		**4 100**
	Samtals		1 362 500

01 Forsætisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			81 200
1 01	Yfirstjórn	69 500	
1 20	Stjórnarráðshús	11 700	
	Gjöld samtals		81 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 800	
52–58	Önnur gjöld	37 400	
5	Gjöld samtals		**81 200**
01–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 700
1 23	Hrafnseyri	1 500	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 900	
1 90	Ýmis verkefni	7 300	
	Gjöld samtals		10 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 300	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 800	
5	Gjöld samtals		**10 700**
01–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

01-201 Fasteignir forsætisráðuneytisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 400
1 01	Fasteignir forsætisráðuneytisins	12 600	
1 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	5 000	
1 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	800	
Viðhaldsverkefni:			8 800
5 20	Stjórnarráðshús	3 300	
5 21	Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 500	
5 22	Ráðherrabústaður Þingvöllum	1 000	
5 23	Aðrar fasteignir	3 000	
	Gjöld samtals		27 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52-58	Önnur gjöld	16 600	
5	Gjöld samtals		**27 200**

01-211 Þjóðhagsstofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 600
1 01	Þjóðhagsstofnun	96 600	
	Gjöld samtals		96 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 100	
52-58	Önnur gjöld	33 500	
5	Gjöld samtals	96 600	
4	Sértekjur	50 100	
	Mismunur		**46 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–221 Byggðastofnun			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			190 000
6 01	Byggðastofnun	190 000	
	Gjöld samtals		190 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	190 000	
5	Gjöld samtals		**190 000**
01–231 Norræna ráðherranefndin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 500
1 01	Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar	17 500	
1 61	Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar	85 000	
	Gjöld samtals		102 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 400	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	400	
	5918 Til erlendra aðila	85 000	
5	Gjöld samtals	102 500	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**101 400**
01–241 Umboðsmaður barna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 01	Umboðsmaður barna	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**11 100**

	Þús. kr.	Þús. kr.
01–251 Safnahús		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		9 700
1 01 Safnahús	9 700	
Gjöld samtals		9 700
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	4 700	
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**9 700**
01–901 Húsameistari ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		17 600
1 01 Húsameistari ríkisins	17 600	
Gjöld samtals		17 600
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	17 600	
5 Gjöld samtals		**17 600**
01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		20 700
1 01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	20 700	
Viðhaldsverkefni:		5 500
5 01 Fasteignir	5 500	
Stofnkostnaður:		5 500
6 01 Nýframkvæmdir	5 500	
Gjöld samtals		31 700
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	11 800	
52–58 Önnur gjöld	19 900	
5 Gjöld samtals	31 700	
4 Sértekjur	4 100	
Mismunur		**27 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 90	Rekstrarhagræðing	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
	Samtals		529 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			261 400
1 01	Yfirstjórn	261 400	
	Gjöld samtals		261 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 300	
52–58	Önnur gjöld	101 100	
5	Gjöld samtals		**261 400**
02–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	18 000	
	Gjöld samtals		18 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 000	
5	Gjöld samtals		**18 000**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 091 800
1 01	Yfirstjórn	116 800	
1 02	Sameiginleg útgjöld	347 100	
1 03	Rekstur fasteigna	191 000	
1 05	Aðrar stofnanir og verkefni	120 200	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	1 233 300	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	13 400	
1 09	Verkfræðistofnun	62 800	
1 20	Rannsóknarnám	7 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			120 000
5 50	Fasteignir	120 000	
Stofnkostnaður:			187 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	187 000	
	Gjöld samtals		2 398 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 669 800	
52–58	Önnur gjöld	729 000	
5	Gjöld samtals	2 398 800	
4	Sértekjur	558 500	
	Mismunur		**1 840 300**

02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 300
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	103 000	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	17 300	
	Gjöld samtals		120 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 800	
52–58	Önnur gjöld	36 500	
5	Gjöld samtals	120 300	
4	Sértekjur	38 500	
	Mismunur		**81 800**

02–203 Raunvísindastofnun Háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			196 000
1 01	Yfirstjórn	17 500	
1 02	Rekstur fasteigna	12 700	
1 03	Rannsóknastofur	165 800	
	Gjöld samtals		196 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	127 100	
52–58	Önnur gjöld	68 900	
5	Gjöld samtals	196 000	
4	Sértekjur	65 600	
	Mismunur		**130 400**

02–204 Stofnun Sigurðar Nordals

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Stofnun Sigurðar Nordals	6 800	
1 11	Íslenskukennsla erlendis	2 600	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 600	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**9 400**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 400
1 01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	41 400	
1 20	Bókaútgáfa	7 000	
	Gjöld samtals		48 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 300	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals	48 400	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**43 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–206	**Orðabók Háskólans**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		16 000
1 01	Orðabók Háskólans	16 000	
	Gjöld samtals		16 000
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	1 500	
5	Gjöld samtals		**16 000**
02–207	**Íslensk málstöð**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		10 400
1 01	Íslensk málstöð	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	6 500	
52–58	Önnur gjöld	3 900	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**8 900**
02–208	**Örnefnastofnun**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		5 400
1 01	Örnefnastofnun	5 400	
	Gjöld samtals		5 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	1 600	
5	Gjöld samtals	5 400	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**4 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–210 Háskólinn á Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			233 500
1 01	Háskólinn á Akureyri	219 700	
1 02	Rannsóknastarfsemi	13 800	
	Gjöld samtals		233 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	164 300	
52–58	Önnur gjöld	55 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	13 800	
5	Gjöld samtals	233 500	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**222 500**
02–211 Tækniskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 300
1 01	Tækniskóli Íslands	209 300	
	Gjöld samtals		209 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	153 300	
52–58	Önnur gjöld	56 000	
5	Gjöld samtals	209 300	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**198 300**
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			376 600
1 01	Yfirstjórn	37 100	
1 02	Rannsóknastarfsemi	28 500	
1 03	Rekstur fasteigna	48 800	
1 04	Stoðþjónusta	29 500	
1 05	Kennsla	168 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 10	Íslenska menntanetið	21 500	
1 20	Endurmenntun	18 900	
1 30	Æfingakennsla	23 700	
	Gjöld samtals		376 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	241 200	
52–58	Önnur gjöld	83 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	52 200	
5	Gjöld samtals	376 600	
4	Sértekjur	44 800	
	Mismunur		**331 800**

02–223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 600
1 01	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	35 600	
	Gjöld samtals		35 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 500	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
5	Gjöld samtals	35 600	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**34 600**

02–231 Rannsóknarráð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 800
1 01	Rannsóknarráð Íslands	48 800	
	Gjöld samtals		48 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 300	
52–58	Önnur gjöld	20 500	
5	Gjöld samtals	48 800	
4	Sértekjur	8 700	
	Mismunur		**40 100**

02–236 Vísindasjóður

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			25 000
6 60	Vísindasjóður	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

02–237 Tæknisjóður

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			200 000
6 60	Tæknisjóður	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

02–238 Bygginga- og tækjasjóður

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			78 000
6 60	Bygginga- og tækjasjóður	78 000	
	Gjöld samtals		78 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	78 000	
5	Gjöld samtals		**78 000**

02–239 Rannsóknarnámssjóður

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Rannsóknarnámssjóður	20 000	
	Gjöld samtals		20 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

02–269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			50 000
5 21	Viðhald	50 000	
Stofnkostnaður:			73 000
6 21	Stofnkostnaður	73 000	
	Gjöld samtals		123 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 000	
52–58	Önnur gjöld	88 000	
5	Gjöld samtals		**123 000**

02–299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 700
1 15	Nýsköpunarsjóður	15 000	
1 61	Norræna eldfjallastöðin	11 200	
1 90	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	34 500	
	Gjöld samtals		60 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 100	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	49 500	
5	Gjöld samtals		**60 700**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			170 100
1 01	Kennsla í dagskóla	135 800	
1 02	Annað en kennsla	34 300	
	Gjöld samtals		170 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	153 400	
52–58	Önnur gjöld	16 700	
5	Gjöld samtals	170 100	
4	Sértekjur	6 300	
	Mismunur		**163 800**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			141 000
1 01	Kennsla í dagskóla	93 900	
1 02	Annað en kennsla	47 100	
	Gjöld samtals		141 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	115 100	
52–58	Önnur gjöld	25 900	
5	Gjöld samtals	141 000	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**136 600**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 500
1 01	Kennsla í dagskóla	36 000	
1 02	Annað en kennsla	20 500	
	Gjöld samtals		56 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 600	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals	56 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**55 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			226 500
1 01	Kennsla í dagskóla	149 700	
1 02	Annað en kennsla	50 900	
1 09	Önnur kennsla	25 900	
	Gjöld samtals		226 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	198 900	
52–58	Önnur gjöld	27 600	
5	Gjöld samtals	226 500	
4	Sértekjur	19 300	
	Mismunur		**207 200**
02–305 Menntaskólinn við Sund			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			163 500
1 01	Kennsla í dagskóla	128 100	
1 02	Annað en kennsla	35 400	
	Gjöld samtals		163 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	145 600	
52–58	Önnur gjöld	17 900	
5	Gjöld samtals	163 500	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**157 700**
02–306 Framhaldsskóli Vestfjarða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 300
1 01	Kennsla í dagskóla	46 500	
1 02	Annað en kennsla	26 600	
1 09	Önnur kennsla	2 200	
	Gjöld samtals		75 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	58 000	
52–58	Önnur gjöld	17 300	
5	Gjöld samtals	75 300	
4	Sértekjur	3 100	
	Mismunur		**72 200**

02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 400
1 01	Kennsla í dagskóla	59 500	
1 02	Annað en kennsla	32 700	
1 09	Önnur kennsla	2 200	
	Gjöld samtals		94 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	75 200	
52–58	Önnur gjöld	19 200	
5	Gjöld samtals	94 400	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**91 000**

02–308 Menntaskólinn í Kópavogi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 400
1 01	Kennsla í dagskóla	103 600	
1 02	Annað en kennsla	42 600	
1 09	Önnur kennsla	7 200	
	Gjöld samtals		153 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	130 500	
52–58	Önnur gjöld	22 900	
5	Gjöld samtals	153 400	
4	Sértekjur	8 500	
	Mismunur		**144 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–309 Kvennaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 300
1 01	Kennsla í dagskóla	71 900	
1 02	Annað en kennsla	27 400	
	Gjöld samtals		99 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	82 100	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals	99 300	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**95 900**
02–318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			
Viðhaldsverkefni:			184 000
5 80	Viðhald herma	10 000	
5 90	Viðhald	174 000	
Stofnkostnaður:			520 000
6 40	Tæki og búnaður	5 000	
6 50	Tölvubúnaður	20 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	495 000	
	Gjöld samtals		704 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	215 000	
52–58	Önnur gjöld	489 000	
5	Gjöld samtals	704 000	
4	Sértekjur	30 000	
	Mismunur		**674 000**
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			337 200
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 100	
1 12	Orlof kennara	34 400	
1 13	Forfallakennsla	28 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 14	Sérkennsla	54 700	
1 15	Prófkostnaður	35 800	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 300	
1 17	Námsskrárgerð	24 800	
1 18	Námsefnisgerð	13 500	
1 19	Kennslueftirlit	4 100	
1 20	Framhaldsdeildir	10 500	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	12 400	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 700	
1 23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	10 400	
1 30	Endurmenntun	24 900	
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 35	Myndlistarskólinn í Kópavogi	500	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	48 100	
	Gjöld samtals		337 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	268 600	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	12 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	33 300	
5	Gjöld samtals		**337 200**

02–350 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			377 100
1 01	Kennsla í dagskóla	251 600	
1 02	Annað en kennsla	84 100	
1 09	Önnur kennsla	41 400	
	Gjöld samtals		377 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	327 300	
52–58	Önnur gjöld	49 800	
5	Gjöld samtals	377 100	
4	Sértekjur	33 100	
	Mismunur		**344 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–351 Fjölbrautaskólinn Ármúla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			151 900
1 01	Kennsla í dagskóla	118 300	
1 02	Annað en kennsla	33 600	
	Gjöld samtals		151 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 300	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
5	Gjöld samtals	151 900	
4	Sértekjur	7 000	
	Mismunur		**144 900**
02–352 Flensborgarskóli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			134 400
1 01	Kennsla í dagskóla	79 400	
1 02	Annað en kennsla	29 200	
1 03	Fiskvinnsla, kennsla	10 400	
1 04	Fiskvinnsla, annað en kennsla	9 200	
1 09	Önnur kennsla	6 200	
	Gjöld samtals		134 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	111 400	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals	134 400	
4	Sértekjur	7 200	
	Mismunur		**127 200**
02–353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			168 100
1 01	Kennsla í dagskóla	123 000	
1 02	Annað en kennsla	38 900	
1 09	Önnur kennsla	6 200	
	Gjöld samtals		168 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	146 500	
52–58	Önnur gjöld	21 600	
5	Gjöld samtals	168 100	
4	Sértekjur	9 300	
	Mismunur		**158 800**

02–354 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 600
1 01	Kennsla í dagskóla	110 200	
1 02	Annað en kennsla	46 600	
1 03	Reykholt, kennsla	8 300	
1 04	Reykholt, annað en kennsla	7 300	
1 09	Önnur kennsla	2 200	
	Gjöld samtals		174 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	141 100	
52–58	Önnur gjöld	33 500	
5	Gjöld samtals	174 600	
4	Sértekjur	7 500	
	Mismunur		**167 100**

02–355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			69 600
1 01	Kennsla í dagskóla	47 100	
1 02	Annað en kennsla	20 300	
1 09	Önnur kennsla	2 200	
	Gjöld samtals		69 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 400	
52–58	Önnur gjöld	12 200	
5	Gjöld samtals	69 600	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**65 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–356	**Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 200
1 01	Kennsla í dagskóla	72 200	
1 02	Annað en kennsla	37 000	
	Gjöld samtals		109 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 200	
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals	109 200	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**105 100**
02–357	**Fjölbrautaskóli Suðurlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			166 200
1 01	Kennsla í dagskóla	123 000	
1 02	Annað en kennsla	38 900	
1 09	Önnur kennsla	4 300	
	Gjöld samtals		166 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	145 000	
52–58	Önnur gjöld	21 200	
5	Gjöld samtals	166 200	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**158 000**
02–358	**Verkmenntaskóli Austurlands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 600
1 01	Kennsla í dagskóla	30 200	
1 02	Annað en kennsla	18 400	
	Gjöld samtals		48 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 900	
52–58	Önnur gjöld	12 700	
5	Gjöld samtals	48 600	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**47 000**

02–359 Verkmenntaskólinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			248 700
1 01	Kennsla í dagskóla	169 500	
1 02	Annað en kennsla	68 800	
1 09	Önnur kennsla	10 400	
	Gjöld samtals		248 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	205 100	
52–58	Önnur gjöld	43 600	
5	Gjöld samtals	248 700	
4	Sértekjur	14 900	
	Mismunur		**233 800**

02–360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 700
1 01	Kennsla í dagskóla	84 200	
1 02	Annað en kennsla	32 500	
	Gjöld samtals		116 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 400	
52–58	Önnur gjöld	21 300	
5	Gjöld samtals	116 700	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**112 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–361 Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Kennsla í dagskóla	16 700	
1 02	Annað en kennsla	7 700	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 300	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	24 400	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**23 700**
02–362 Framhaldsskólinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 300
1 01	Kennsla í dagskóla	30 900	
1 02	Annað en kennsla	13 400	
	Gjöld samtals		44 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 900	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
5	Gjöld samtals	44 300	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**42 900**
02–363 Framhaldsskólinn á Laugum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 600
1 01	Kennsla í dagskóla	17 200	
1 02	Annað en kennsla	10 400	
	Gjöld samtals		27 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 800	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	27 600	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**26 900**

02–365 Borgarholtsskóli

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 700
1 01	Kennsla	91 900	
1 02	Annað en kennsla	36 300	
1 09	Önnur kennsla	8 500	
	Gjöld samtals		136 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 900	
52–58	Önnur gjöld	21 800	
5	Gjöld samtals	136 700	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**129 400**

02–430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 000
1 01	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	10 000	
1 02	Nám táknmálstúlka	9 000	
	Gjöld samtals		19 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 700	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 000	
5	Gjöld samtals	19 000	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**17 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–440 Fullorðinsfræðsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Fullorðinsfræðsla	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
02–441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 200
1 01	Kennsla	61 100	
1 02	Annað en kennsla	11 100	
	Gjöld samtals		72 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 200	
52–58	Önnur gjöld	8 000	
5	Gjöld samtals		**72 200**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 700
1 01	Kennsla í dagskóla	43 300	
1 02	Annað en kennsla	14 400	
	Gjöld samtals		57 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 600	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals	57 700	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**55 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 400
1 01	Kennsla í dagskóla	18 400	
1 02	Annað en kennsla	7 000	
	Gjöld samtals		25 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	25 400	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**24 800**
02–514 Iðnskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			422 300
1 01	Kennsla í dagskóla	302 500	
1 02	Annað en kennsla	97 000	
1 09	Önnur kennsla	22 800	
	Gjöld samtals		422 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	358 900	
52–58	Önnur gjöld	63 400	
5	Gjöld samtals	422 300	
4	Sértekjur	27 100	
	Mismunur		**395 200**
02–516 Iðnskólinn í Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 800
1 01	Kennsla í dagskóla	64 600	
1 02	Annað en kennsla	21 200	
	Gjöld samtals		85 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 800	
52–58	Önnur gjöld	13 000	
5	Gjöld samtals	85 800	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**81 700**

02–523 Fósturskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 400
1 01	Kennsla í dagskóla	53 400	
1 02	Annað en kennsla	19 800	
1 09	Önnur kennsla	12 200	
	Gjöld samtals		85 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 100	
52–58	Önnur gjöld	12 300	
5	Gjöld samtals	85 400	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**82 400**

02–524 Þroskaþjálfaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Kennsla í dagskóla	15 200	
1 02	Annað en kennsla	10 700	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 200	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**25 200**

02–531 Íþróttakennaraskóli Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 400
1 01	Kennsla í dagskóla	18 100	
1 02	Annað en kennsla	20 300	
	Gjöld samtals		38 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 600	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals	38 400	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**37 000**

02–541 Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 100
1 01	Kennsla	4 100	
1 02	Annað en kennsla	2 000	
	Gjöld samtals		6 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 100	
52–58	Önnur gjöld	2 000	
5	Gjöld samtals	6 100	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**5 900**

02–551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 900
1 01	Kennsla	4 000	
1 02	Annað en kennsla	2 900	
	Gjöld samtals		6 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 100	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals	6 900	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**6 700**

02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 100
1 01	Kennsla í dagskóla	57 500	
1 02	Annað en kennsla	61 600	
	Gjöld samtals		119 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 000	
52–58	Önnur gjöld	42 100	
5	Gjöld samtals	119 100	
4	Sértekjur	49 500	
	Mismunur		**69 600**

02–562 Leiklistarskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 100
1 01	Kennsla í dagskóla	13 000	
1 02	Annað en kennsla	22 100	
	Gjöld samtals		35 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 700	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
5	Gjöld samtals	35 100	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**34 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–563 Tónlistarskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 100
1 10	Tónlistarskólinn í Reykjavík	11 100	
	Gjöld samtals		11 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 100	
5	Gjöld samtals		**11 100**
02–564 Listdansskólinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 100
1 01	Kennsla	13 500	
1 02	Annað en kennsla	6 600	
	Gjöld samtals		20 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	20 100	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**15 100**
02–571 Sjómannaskólahúsið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 700
1 01	Sjómannaskólahúsið	23 700	
	Gjöld samtals		23 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 800	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals	23 700	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**23 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–580	**Samvinnuskólinn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 700
1 01	Kennsla	23 700	
1 02	Annað en kennsla	22 000	
	Gjöld samtals		45 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 900	
52–58	Önnur gjöld	18 800	
5	Gjöld samtals	45 700	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**43 900**
02–581	**Verslunarskóli Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			222 400
1 01	Kennsla	136 700	
1 02	Annað en kennsla	56 300	
1 03	Tölvukennsla	23 200	
1 09	Önnur kennsla	6 200	
	Gjöld samtals		222 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	181 100	
52–58	Önnur gjöld	41 300	
5	Gjöld samtals	222 400	
4	Sértekjur	10 400	
	Mismunur		**212 000**
02–606	**Héraðsskólinn Skógum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 100
1 01	Kennsla	6 600	
1 02	Annað en kennsla	11 500	
	Gjöld samtals		18 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals	18 100	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**17 700**

02–610 Héraðsskólar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 800
1 10	Héraðsskólinn Núpi	4 500	
1 20	Héraðsskólinn Reykjanesi	2 300	
	Gjöld samtals		6 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 400	
52–58	Önnur gjöld	4 400	
5	Gjöld samtals		**6 800**

02–720 Grunnskólar, almennt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			61 600
1 31	Sérstök fræðsluverkefni	34 100	
1 33	Þróunarsjóður leikskóla	3 000	
1 70	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	15 300	
1 82	Þróunarstarf í grunnskólum	9 200	
	Gjöld samtals		61 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 500	
52–58	Önnur gjöld	19 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	27 300	
5	Gjöld samtals		**61 600**

02–725 Námsgagnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			291 200
1 01	Námsgagnastofnun	291 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhald	5 000	
	Gjöld samtals		296 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 300	
52–58	Önnur gjöld	232 900	
5	Gjöld samtals	296 200	
4	Sértekjur	43 700	
	Mismunur		**252 500**

02–750 Skólar fyrir fatlaða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 000
1 40	Dagvist fatlaðra forskólabarna	75 000	
	Gjöld samtals		75 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	75 000	
5	Gjöld samtals		**75 000**

02–804 Kvikmyndaskoðun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 600
1 01	Kvikmyndaskoðun	6 600	
	Gjöld samtals		6 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
5	Gjöld samtals	6 600	
4	Sértekjur	5 300	
	Mismunur		**1 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 500 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 500 000	
	Gjöld samtals		1 500 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 493 500	
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
5	Gjöld samtals		**1 500 000**
02–884	**Jöfnun á námskostnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			126 500
1 01	Jöfnun á námskostnaði	96 500	
1 10	Skólaakstur	30 000	
	Gjöld samtals		126 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	126 500	
5	Gjöld samtals		**126 500**
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 500
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	87 100	
1 10	Byggða- og minjasöfn	16 400	
	Gjöld samtals		103 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	61 100	
52–58	Önnur gjöld	26 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 400	
5	Gjöld samtals	103 500	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**95 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–903 Þjóðskjalasafn Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 200
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	54 200	
1 11	Héraðsskjalasöfn	4 000	
	Gjöld samtals		58 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	19 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	4 000	
5	Gjöld samtals	58 200	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**53 100**
02–905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			240 900
1 01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	240 900	
Stofnkostnaður:			43 000
6 05	Bókakaup o.fl.	43 000	
	Gjöld samtals		283 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	154 200	
52–58	Önnur gjöld	129 700	
5	Gjöld samtals	283 900	
4	Sértekjur	19 400	
	Mismunur		**264 500**
02–906 Listasafn Einars Jónssonar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 300
1 01	Listasafn Einars Jónssonar	6 300	
	Gjöld samtals		6 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 100	
52–58	Önnur gjöld	2 200	
5	Gjöld samtals	6 300	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**5 900**

02–907 Listasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 600
1 01	Listasafn Íslands	59 200	
1 02	Listasafn Ásgríms Jónssonar	3 400	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Listaverkakaup	12 000	
	Gjöld samtals		74 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 400	
52–58	Önnur gjöld	40 200	
5	Gjöld samtals	74 600	
4	Sértekjur	19 900	
	Mismunur		**54 700**

02–909 Blindrabókasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 900
1 01	Blindrabókasafn Íslands	35 900	
	Gjöld samtals		35 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 600	
52–58	Önnur gjöld	19 300	
5	Gjöld samtals	35 900	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**34 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–919 Söfn, ýmis framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 300
1 10	Listasafn ASÍ	2 000	
1 11	Nýlistasafn	2 000	
1 12	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	4 000	
1 90	Söfn	6 300	
	Gjöld samtals		14 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 300	
5	Gjöld samtals		**14 300**
02–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 000
1 90	Rekstrarhagræðing	42 000	
	Gjöld samtals		42 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	42 000	
5	Gjöld samtals		**42 000**
02–969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			335 000
6 21	Stofnkostnaður	335 000	
	Gjöld samtals		335 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	335 000	
5	Gjöld samtals		**335 000**
02–972 Íslenski dansflokkurinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 700
1 01	Íslenski dansflokkurinn	47 700	
	Gjöld samtals		47 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 700	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
5	Gjöld samtals	47 700	
4	Sértekjur	3 700	
	Mismunur		**44 000**

02–973 Þjóðleikhús

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			311 000
1 01	Þjóðleikhús	311 000	
	Gjöld samtals		311 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	310 900	
	5912 Til sveitarfélaga	100	
5	Gjöld samtals		**311 000**

02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			116 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	116 000	
	Gjöld samtals		116 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	115 500	
	5912 Til sveitarfélaga	500	
5	Gjöld samtals		**116 000**

02–976 Menningarsjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 000
1 01	Menningarsjóður skv. lögum nr. 79/1993	13 000	
	Gjöld samtals		13 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	13 000	
5	Gjöld samtals		**13 000**

02–978 Listasjóðir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			143 900
1 01	Listasjóðir skv. lögum nr. 35/1991	143 900	
	Gjöld samtals		143 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	143 900	
5	Gjöld samtals		**143 900**

02–979 Húsafriðunarsjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			15 500
6 10	Húsafriðunarsjóður	15 500	
	Gjöld samtals		15 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 500	
5	Gjöld samtals		**15 500**

02–980 Listskreytingasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			8 000
6 01	Listskreytingasjóður	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02-981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 000
1 01	Kvikmyndasjóður	94 800	
1 02	Kvikmyndasafn Íslands	7 200	
	Gjöld samtals		102 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52-58	Önnur gjöld	7 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	85 600	
5	Gjöld samtals		**102 000**
02-982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			216 400
1 14	Rithöfundasjóður Íslands	12 300	
1 15	Þýðingarsjóður	7 600	
1 22	Starfsemi áhugaleikfélaga	14 000	
1 23	Bandalag íslenskra leikfélaga	3 000	
1 24	Starfsemi atvinnuleikhópa	16 000	
1 25	Starfsemi hljómsveita	2 500	
1 27	Tónlist fyrir alla	1 500	
1 28	Barnamenningarsjóður	1 500	
1 30	Íslenska óperan	55 000	
1 31	Leikfélag Reykjavíkur	10 000	
1 40	Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi	31 400	
1 70	Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	14 400	
1 76	Menningarsjóður félagsheimila	8 700	
1 80	Listahátíð í Reykjavík	5 500	
1 81	Kvikmyndahátíð í Reykjavík	1 500	
1 90	Listir	31 500	
	Gjöld samtals		216 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	216 400	
5	Gjöld samtals		**216 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–983	**Ýmis fræðistörf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 10	Fræðistörf	2 300	
1 11	Styrkir til útgáfumála	2 300	
1 20	Iðnsaga Íslands	6 400	
1 21	Tónlistarsaga Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 000	
5	Gjöld samtals		**14 000**
02–984	**Norræn samvinna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 90	Norræn samvinna	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
02–985	**Alþjóðleg samskipti**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			315 000
1 90	Alþjóðleg samskipti	55 000	
1 91	Aðildargjöld ESB	260 000	
	Gjöld samtals		315 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	55 000	
	5918 Til erlendra aðila	260 000	
5	Gjöld samtals		**315 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 000
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	2 000	
1 12	Ungmennafélag Íslands	10 000	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	6 000	
1 17	Landssamband KFUM og KFUK	6 000	
1 90	Æskulýðsmál	6 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	30 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 300
1 10	Íþróttasamband Íslands	24 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	3 000	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	12 500	
1 15	Skólaíþróttir	3 000	
1 16	Íþróttafélög	14 800	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 000	
1 20	Glímusamband Íslands	1 000	
1 21	Skáksamband Íslands	3 000	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	9 500	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 30	Bridgesamband Íslands	2 000	
1 90	Ýmis íþróttamál	2 500	
1 91	Smáþjóðaleikar	10 000	
Stofnkostnaður:			3 000
6 12	Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur	3 000	
	Gjöld samtals		93 300
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	90 300	
5	Gjöld samtals		**93 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–997 Uppgjör við sveitarfélög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 229 000
1 01	Flutningur grunnskólans	1 229 000	
	Gjöld samtals		1 229 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	1 229 000	
5	Gjöld samtals		**1 229 000**
02–999 Ýmislegt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 500
1 43	Skriðuklaustur	2 000	
1 44	Snorrastofa	2 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	7 500	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 93	Snorrastofa	5 000	
	Gjöld samtals		26 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	26 500	
5	Gjöld samtals		**26 500**
	Samtals		14 626 800

03 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			380 800
1 01	Yfirstjórn	324 700	
1 02	Varnarmálaskrifstofa	41 300	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingamiðstöð	12 800	
Stofnkostnaður:			4 200
6 01	Tæki og búnaður	4 200	
	Gjöld samtals		385 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	161 400	
52–58	Önnur gjöld	218 800	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals	385 000	
4	Sértekjur	10 400	
	Mismunur		**374 600**
03–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 600
1 11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	3 000	
1 21	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	600	
	Gjöld samtals		3 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
	5918 Til erlendra aðila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
03–201	**Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			243 700
1 01	Yfirstjórn	21 200	
1 10	Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	107 800	
1 20	Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	111 300	
1 30	Fíkniefnaeftirlit	3 400	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 20	Fasteignir	1 000	
Stofnkostnaður:			6 000
6 10	Bifreiðar	6 000	
	Gjöld samtals		250 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	204 700	
52–58	Önnur gjöld	46 000	
5	Gjöld samtals	250 700	
4	Sértekjur	62 100	
	Mismunur		**188 600**
03–301	**Sendiráð Íslands í Bonn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 800
1 01	Sendiráð Íslands í Bonn	37 800	
	Gjöld samtals		37 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals		**37 800**

03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	34 900	
	Gjöld samtals		34 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 000	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals		**34 900**

03–303 Sendiráð Íslands í London

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 100
1 01	Sendiráð Íslands í London	43 100	
	Gjöld samtals		43 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 900	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals		**43 100**

03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 400
1 01	Sendiráð Íslands í Moskvu	40 400	
	Gjöld samtals		40 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	17 200	
5	Gjöld samtals		**40 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–305 Sendiráð Íslands í Ósló			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 700
1 01	Sendiráð Íslands í Ósló	34 700	
	Gjöld samtals		34 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**34 700**
03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 600
1 01	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	57 600	
	Gjöld samtals		57 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 900	
52–58	Önnur gjöld	26 700	
5	Gjöld samtals		**57 600**
03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 900
1 01	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	33 900	
	Gjöld samtals		33 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 100	
52–58	Önnur gjöld	11 800	
5	Gjöld samtals		**33 900**
03–308 Sendiráð Íslands í Washington			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			57 100
1 01	Sendiráð Íslands í Washington	57 100	
	Gjöld samtals		57 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	30 000	
5	Gjöld samtals		**57 100**

03–309 Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 600
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	59 600	
	Gjöld samtals		59 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 800	
52–58	Önnur gjöld	30 800	
5	Gjöld samtals		**59 600**

03–310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 700
1 01	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	96 700	
	Gjöld samtals		96 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	38 300	
52–58	Önnur gjöld	58 400	
5	Gjöld samtals		**96 700**

03–311 Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 600
1 01	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	51 600	
	Gjöld samtals		51 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 200	
52–58	Önnur gjöld	22 400	
5	Gjöld samtals		**51 600**

03–312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 400
1 01	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	56 400	
	Gjöld samtals		56 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 600	
52–58	Önnur gjöld	28 800	
5	Gjöld samtals		**56 400**

03–314 Sendiráð Íslands í Peking

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 100
1 01	Sendiráð Íslands í Peking	53 100	
	Gjöld samtals		53 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 500	
52–58	Önnur gjöld	29 600	
5	Gjöld samtals		**53 100**

03–320 Sendiráð, almennt

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			8 900
5 90	Viðhald	8 900	
Stofnkostnaður:			58 900
6 21	Sendiráð Íslands í Berlín	48 000	
6 90	Tæki og búnaður	10 900	
	Gjöld samtals		67 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	67 800	
5	Gjöld samtals		**67 800**

03–390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			172 000
1 01	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	172 000	
	Gjöld samtals		172 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	172 000	
5	Gjöld samtals		**172 000**

03–391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 400
1 10	Háskóli Sameinuðu þjóðanna	33 800	
1 11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO	7 000	
1 12	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	13 600	
1 13	Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	8 800	
1 15	Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna	3 500	
1 21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM	2 500	
1 22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	25 400	
1 30	Ýmis framlög til þróunarmála	10 800	
	Gjöld samtals		105 400
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	105 400	
5	Gjöld samtals		**105 400**

03–401 Alþjóðastofnanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			392 700
1 10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	21 600	
1 13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	7 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	6 200	
1 16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	3 100	
1 35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið	6 100	
1 39	Evrópuráðið	14 900	
1 40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	15 000	
1 41	Atlantshafsbandalagið, NATO	47 100	
1 45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	700	
1 52	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	400	
1 53	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Haítí	5 000	
1 54	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA	500	
1 55	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Georgíu	500	
1 56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga	400	
1 57	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Tadsjikistan	300	
1 58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR	40 600	
1 59	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR	3 800	
1 60	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Guatemala	400	
1 62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL	300	
1 63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM–II	900	
1 64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM	1 000	
1 66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ	200	
1 68	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	400	
1 69	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO	1 200	
1 70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	33 300	
1 71	Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	57 400	
1 72	EFTA-dómstóllinn	27 000	
1 73	Þróunarsjóður EFTA	90 700	
1 75	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	6 200	
	Gjöld samtals		392 700

Tegundasundurliðun:

59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	20 300	
	5918 Til erlendra aðila	372 400	
5	Gjöld samtals		**392 700**

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 90 Rekstrarhagræðing	5 000	
Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	5 000	
5 Gjöld samtals		**5 000**
Samtals		1 971 600

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–101 Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			94 300
1 01	Yfirstjórn	94 300	
	Gjöld samtals		94 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 200	
52–58	Önnur gjöld	39 100	
5	Gjöld samtals	94 300	
4	Sértekjur	3 600	
	Mismunur		**90 700**
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 200
1 11	Framkvæmd búvörusamnings	10 800	
1 12	Mat á búvörum	8 700	
1 15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	7 900	
1 16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4 100	
1 21	Landþurrkun	500	
1 31	Skógræktarfélag Íslands	3 000	
1 40	Landgræðsluáætlanir	3 200	
1 55	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1 600	
1 90	Ýmis verkefni	8 400	
	Gjöld samtals		48 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 500	
52–58	Önnur gjöld	23 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals	48 200	
4	Sértekjur	8 700	
	Mismunur		**39 500**

04–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

04–211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 100
1 01	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	190 100	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhald	4 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	3 700	
6 20	Fasteignir	1 300	
	Gjöld samtals		199 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 000	
52–58	Önnur gjöld	58 600	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	6 500	
5	Gjöld samtals	199 100	
4	Sértekjur	76 100	
	Mismunur		**123 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–221 Veiðimálastofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			66 100
1 01	Veiðimálastofnun	66 100	
	Gjöld samtals		66 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 600	
52–58	Önnur gjöld	21 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	3 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	66 100	
4	Sértekjur	36 300	
	Mismunur		**29 800**
04–233 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			164 800
1 01	Yfirdýralæknir	78 000	
1 25	Sauðfjárveikivarnir	32 000	
1 52	Eftirlit og eftirlitsferðir	8 900	
1 61	Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	45 900	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 90	Dýralæknisbústaðir	4 000	
	Gjöld samtals		168 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 700	
52–58	Önnur gjöld	82 100	
5	Gjöld samtals	168 800	
4	Sértekjur	51 400	
	Mismunur		**117 400**
04–236 Aðfangaeftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 600
1 01	Aðfangaeftirlit ríksins	5 600	
	Gjöld samtals		5 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 500	
52–58	Önnur gjöld	2 100	
5	Gjöld samtals	5 600	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		

04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			155 600
1 01	Bændaskólinn á Hvanneyri	155 600	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	
Stofnkostnaður:			14 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	7 000	
	Gjöld samtals		173 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 600	
52–58	Önnur gjöld	72 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	300	
5	Gjöld samtals	173 800	
4	Sértekjur	80 500	
	Mismunur		**93 300**

04–271 Bændaskólinn á Hólum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 300
1 01	Bændaskólinn á Hólum	96 300	
Viðhaldsverkefni:			4 200
5 01	Viðhaldsfé	4 200	
Stofnkostnaður:			22 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
6 20	Fasteignir og lóðir	20 000	
	Gjöld samtals		122 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	70 000	
52–58	Önnur gjöld	52 500	
5	Gjöld samtals	122 500	
4	Sértekjur	30 200	
	Mismunur		**92 300**

04–283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 800
1 01	Garðyrkjuskóli ríkisins	53 800	
Viðhaldsverkefni:			5 200
5 01	Viðhald	5 200	
Stofnkostnaður:			10 200
6 01	Tæki og búnaður	2 200	
6 25	Tilraunagróðurhús	8 000	
	Gjöld samtals		69 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 200	
52–58	Önnur gjöld	28 000	
5	Gjöld samtals	69 200	
4	Sértekjur	9 200	
	Mismunur		**60 000**

04–293 Hagþjónusta landbúnaðarins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 400
1 01	Hagþjónusta landbúnaðarins	13 400	
	Gjöld samtals		13 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	13 400	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**12 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–311 Landgræðsla ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			215 500
1 01	Landgræðsla ríkisins	196 100	
1 90	Fyrirhleðslur	19 400	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhaldsfé	5 000	
Stofnkostnaður:			6 500
6 01	Tæki og búnaður	4 500	
6 20	Fasteignir	2 000	
	Gjöld samtals		227 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 700	
52–58	Önnur gjöld	112 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	27 600	
5	Gjöld samtals	227 000	
4	Sértekjur	26 600	
	Mismunur		**200 400**
04–321 Skógrækt ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 000
1 01	Skógrækt ríkisins	99 800	
1 10	Rannsóknastöðin Mógilsá	50 400	
1 90	Sérstök verkefni	57 800	
Viðhaldsverkefni:			6 200
5 01	Viðhaldsfé	6 200	
Stofnkostnaður:			11 300
6 01	Tæki og búnaður	6 200	
6 20	Fasteignir, óskipt	5 100	
	Gjöld samtals		225 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 100	
52–58	Önnur gjöld	80 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 900	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals	225 500	
4	Sértekjur	67 900	
	Mismunur		**157 600**

04–331 Héraðsskógar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 600
1 10	Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði	56 600	
	Gjöld samtals		56 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 300	
52–58	Önnur gjöld	12 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	31 800	
5	Gjöld samtals	56 600	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**54 900**

04–801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 743 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	2 637 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	106 000	
	Gjöld samtals		2 743 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 743 000	
5	Gjöld samtals		**2 743 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 497 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	1 510 000	
1 02	Lífeyrissjóður bænda	77 000	
1 05	Niðurgreiðslur á ull og gærum	214 000	
1 10	Vaxta- og geymslukostnaður	245 000	
1 30	Uppkaup á fullvirðisrétti	313 000	
1 32	Afsetning birgða	38 000	
1 33	Hagræðing og vöruþróun	85 000	
1 34	Umhverfisverkefni	15 000	
	Gjöld samtals		2 497 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 497 000	
5	Gjöld samtals		**2 497 000**
04–811 Bændasamtök Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			150 200
1 01	Bændasamtök Íslands	75 800	
1 10	Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri	4 200	
1 91	Kynbótastöðvar	23 000	
1 92	Héraðsbúnaðarsambönd	44 200	
1 95	Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri	3 000	
Stofnkostnaður:			30 000
6 95	Búfjárræktarframlög	30 000	
	Gjöld samtals		180 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	180 200	
5	Gjöld samtals		**180 200**
04–821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			274 000
1 01	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	274 000	
	Gjöld samtals		274 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	274 000	
5	Gjöld samtals		**274 000**

04–831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			30 500
6 20	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	30 500	
	Gjöld samtals		30 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	30 500	
5	Gjöld samtals		**30 500**

04–841 Fiskeldisrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 900
1 01	Fiskeldisrannsóknir	20 900	
	Gjöld samtals		20 900
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 900	
5	Gjöld samtals		**20 900**

04–851 Greiðslur vegna riðuveiki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 000
1 90	Greiðslur vegna riðuveiki	72 000	
	Gjöld samtals		72 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	72 000	
5	Gjöld samtals		**72 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
04–891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		25 000
1 11 Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða	25 000	
Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	25 000	
5 Gjöld samtals		**25 000**
04–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 000
1 90 Rekstrarhagræðing	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
Samtals		6 923 800

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–101	**Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			85 000
1 01	Yfirstjórn	78 900	
1 11	Fiskveiðisamningar	6 100	
	Gjöld samtals		85 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 900	
52–58	Önnur gjöld	33 100	
5	Gjöld samtals		**85 000**
05–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			118 300
1 20	Eldi sjávardýra	19 100	
1 31	Stjórn fiskveiða	10 800	
1 32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	18 800	
1 42	Verktakasamningur um upplýsingaröflun	23 200	
1 46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	9 200	
1 49	Úrskurðarnefndir	12 800	
1 51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7 000	
1 52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	17 400	
	Gjöld samtals		118 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	23 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 800	
	5918 Til erlendra aðila	24 400	
5	Gjöld samtals		**118 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
05–202 Hafrannsóknastofnunin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			586 400
1 01	Almenn starfsemi	248 000	
1 20	Útibú	19 600	
1 30	Rannsóknaskip	179 700	
1 36	Veiðarfærakostnaður	24 000	
1 39	Annar skiparekstur	47 000	
1 41	Lúðueldi á Reykjanesi	16 200	
1 43	Fjölstofnarannsóknir	51 900	
Viðhaldsverkefni:			32 600
5 31	Viðhald skipa	32 600	
Stofnkostnaður:			33 000
6 31	Tæki og búnaður í skip	18 000	
6 90	Tæki og búnaður deilda og útibúa	15 000	
	Gjöld samtals		652 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	339 400	
52–58	Önnur gjöld	312 600	
5	Gjöld samtals	652 000	
4	Sértekjur	21 400	
	Mismunur		**630 600**
05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			193 100
1 01	Almenn starfsemi	193 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			15 100
6 01	Tæki og búnaður	15 100	
	Gjöld samtals		208 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	122 300	
52–58	Önnur gjöld	76 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 000	
5	Gjöld samtals	208 200	
4	Sértekjur	110 700	
	Mismunur		**97 500**

05–204 Fiskistofa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			338 100
1 01	Fiskistofa	265 400	
1 10	Landamærastöðvar	22 700	
1 11	Eftirlit með úthafsveiðum	50 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		342 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	207 700	
52–58	Önnur gjöld	134 400	
5	Gjöld samtals	342 100	
4	Sértekjur	164 200	
	Mismunur		**177 900**

05–221 Verðlagsráð sjávarútvegsins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 01	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			17 500
6 10	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	17 500	
	Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	17 500	
5	Gjöld samtals		**17 500**
05–901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 600
1 01	Yfirstjórn	31 600	
1 30	Keldnaholt	36 000	
Viðhaldsverkefni:			8 500
5 30	Keldnaholt, viðhald	8 500	
	Gjöld samtals		76 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 500	
52–58	Önnur gjöld	38 600	
5	Gjöld samtals	76 100	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**74 300**
05–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 90	Rekstrarhagræðing	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
	Samtals		1 210 100

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 700
1 01	Yfirstjórn	122 700	
	Gjöld samtals		122 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	87 000	
52–58	Önnur gjöld	35 700	
5	Gjöld samtals		**122 700**
06–102 Stjórnartíðindi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 400
1 01	Stjórnartíðindi	24 400	
	Gjöld samtals		24 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52–58	Önnur gjöld	20 400	
5	Gjöld samtals	24 400	
4	Sértekjur	15 300	
	Mismunur		**9 100**
06–103 Lagasafn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 400
1 10	Útgáfa lagasafns	5 400	
	Gjöld samtals		5 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	5 400	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**200**

06–190 Ýmis verkefni

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 100
1 11	Námsleyfi lögfræðinga	2 900	
1 21	Próf málflytjenda	400	
1 22	Próf skjalaþýðenda	800	
1 23	Próf fasteignasala	1 500	
1 31	Matsnefnd eignarnámsbóta	2 500	
1 32	Tölvunefnd	4 100	
1 33	Mannanafnanefnd	1 100	
1 34	Örorkumatsnefnd	1 600	
1 41	Útgáfa norræns dómasafns	600	
1 42	Norræn samvinna á sviði sakfræði	400	
1 43	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	3 000	
1 44	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	600	
1 45	Mannréttindaskrifstofa Íslands	4 000	
1 51	Innheimta meðlaga	2 900	
1 61	Orator, almenn lögfræðiaðstoð	300	
1 70	Samfélagsþjónustunefnd	5 400	
	Gjöld samtals		32 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 700	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 300	
	5918 Til erlendra aðila	3 800	
5	Gjöld samtals	32 100	
4	Sértekjur	4 400	
	Mismunur		**27 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
06–201	**Hæstiréttur**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 100
1 01	Yfirstjórn	30 400	
1 02	Útgáfa hæstaréttardóma	9 700	
	Gjöld samtals		40 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 700	
52–58	Önnur gjöld	21 400	
5	Gjöld samtals	40 100	
4	Sértekjur	4 100	
	Mismunur		**36 000**
06–211	**Héraðsdómur Reykjavíkur**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			176 400
1 02	Héraðsdómur Reykjavíkur	176 400	
	Gjöld samtals		176 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	137 700	
52–58	Önnur gjöld	38 700	
5	Gjöld samtals		**176 400**

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–212 Héraðsdómur Vesturlands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		13 800
1 02 Héraðsdómur Vesturlands	13 800	
Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	9 500	
52–58 Önnur gjöld	4 300	
5 Gjöld samtals		**13 800**
06–213 Héraðsdómur Vestfjarða		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		13 800
1 02 Héraðsdómur Vestfjarða	13 800	
Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	9 500	
52–58 Önnur gjöld	4 300	
5 Gjöld samtals		**13 800**
06–214 Héraðsdómur Norðurlands vestra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		11 300
1 02 Héraðsdómur Norðurlands vestra	11 300	
Gjöld samtals		11 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	7 100	
52–58 Önnur gjöld	4 200	
5 Gjöld samtals		**11 300**
06–215 Héraðsdómur Norðurlands eystra		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		22 900
1 02 Héraðsdómur Norðurlands eystra	22 900	
Gjöld samtals		22 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals		**22 900**

06–216 Héraðsdómur Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 800
1 02	Héraðsdómur Austurlands	13 800	
	Gjöld samtals		13 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	4 300	
5	Gjöld samtals		**13 800**

06–217 Héraðsdómur Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 800
1 02	Héraðsdómur Suðurlands	22 800	
	Gjöld samtals		22 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 700	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
5	Gjöld samtals		**22 800**

06–218 Héraðsdómur Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 700
1 02	Héraðsdómur Reykjaness	55 700	
	Gjöld samtals		55 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 700	
52–58	Önnur gjöld	11 000	
5	Gjöld samtals		**55 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–231 Málskostnaður í opinberum málum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 900
1 10	Málskostnaður í opinberum málum	96 900	
	Gjöld samtals		96 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200	
52–58	Önnur gjöld	96 700	
5	Gjöld samtals	96 900	
4	Sértekjur	12 300	
	Mismunur		**84 600**
06–232 Opinber réttaraðstoð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 200
1 10	Opinber réttaraðstoð	16 200	
1 15	Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	10 000	
	Gjöld samtals		26 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	16 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 000	
5	Gjöld samtals	26 200	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**25 300**
06–235 Bætur brotaþola			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 000
1 10	Bætur brotaþola	45 000	
	Gjöld samtals		45 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	45 000	
5	Gjöld samtals		**45 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	3 300	
1 11	Meðdómsmenn	15 500	
1 12	Setu- og varadómarar	3 700	
1 14	Óviss útgjöld	2 200	
1 15	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	3 300	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	3 300	
5	Gjöld samtals		**28 000**
06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Viðhald húseigna	2 500	
Stofnkostnaður:			49 500
6 01	Húsnæði Hæstaréttar	10 000	
6 17	Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands	35 000	
6 60	Upplýsingakerfi dómstóla	4 500	
	Gjöld samtals		52 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	52 000	
5	Gjöld samtals		**52 000**
06–301 Ríkissaksóknari			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 800
1 05	Ríkissaksóknari	49 800	
	Gjöld samtals		49 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 200	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals		**49 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–302	**Rannsóknarlögregla ríkisins**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		109 200
1 02	Rannsóknarlögregla ríkisins	109 200	
	Gjöld samtals		109 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	91 100	
52–58	Önnur gjöld	18 100	
5	Gjöld samtals	109 200	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**108 400**
06–303	**Ríkislögreglustjóri**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		68 500
1 01	Ríkislögreglustjóri	68 500	
	Gjöld samtals		68 500
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	45 500	
52–58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**68 500**
06–305	**Lögregluskóli ríkisins**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		35 200
1 01	Lögregluskóli ríkisins	35 200	
	Gjöld samtals		35 200
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	12 000	
5	Gjöld samtals	35 200	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**34 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–311 Lögreglustjórinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 122 700
1 01	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1 122 700	
Stofnkostnaður:			23 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
6 80	Bifreiðir	20 000	
	Gjöld samtals		1 145 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	903 300	
52–58	Önnur gjöld	242 400	
5	Gjöld samtals	1 145 700	
4	Sértekjur	39 700	
	Mismunur		**1 106 000**
06–321 Almannavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 500
1 01	Almannavarnir ríkisins	28 500	
	Gjöld samtals		28 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**28 500**
06–325 Neyðarsímsvörun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 10	Neyðarsímsvörun	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–331 Umferðarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 000
1 01	Yfirstjórn	50 900	
1 10	Ökunám	28 100	
	Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 200	
52–58	Önnur gjöld	45 800	
5	Gjöld samtals	79 000	
4	Sértekjur	73 400	
	Mismunur		**5 600**
06–341 Áfengis- og fíkniefnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 900
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 400	
1 20	Fíkniefnamál	1 500	
	Gjöld samtals		2 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 200	
52–58	Önnur gjöld	1 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**2 900**
06–390 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 300
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	20 400	
1 11	Eftirlit með ökuritum	16 600	
1 12	Tölvulesanleg vegabréf	13 300	
Stofnkostnaður:			40 000
6 01	Tæki og búnaður	15 000	
6 10	Bifreiðir	25 000	
	Gjöld samtals		90 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 500	
52–58	Önnur gjöld	64 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	900	
5	Gjöld samtals	90 300	
4	Sértekjur	35 000	
	Mismunur		**55 300**

06–391 Húsnæði löggæslustofnana

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Viðhald húseigna	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

06–395 Landhelgisgæsla Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			724 400
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	724 400	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		729 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	363 300	
52–58	Önnur gjöld	366 100	
5	Gjöld samtals	729 400	
4	Sértekjur	20 400	
	Mismunur		**709 000**

06–397 Schengen samstarf

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 01	Schengen samstarf	20 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		40 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	20 000	
5	Gjöld samtals		**40 000**

06–411 Sýslumaðurinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			148 200
1 01	Yfirstjórn	148 200	
	Gjöld samtals		148 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	105 900	
52–58	Önnur gjöld	42 300	
5	Gjöld samtals		**148 200**

06–412 Sýslumaðurinn á Akranesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 600
1 01	Yfirstjórn	32 000	
1 20	Löggæsla	40 600	
	Gjöld samtals		72 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 700	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
5	Gjöld samtals		**72 600**

06–413 Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 200
1 01	Yfirstjórn	24 600	
1 20	Löggæsla	34 600	
	Gjöld samtals		59 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 200	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals	59 200	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**58 400**

06–414 Sýslumaðurinn í Stykkishólmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 000
1 01	Yfirstjórn	29 800	
1 20	Löggæsla	44 200	
	Gjöld samtals		74 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 000	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals		**74 000**

06–415 Sýslumaðurinn í Búðardal

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 400
1 01	Yfirstjórn	12 000	
1 20	Löggæsla	5 400	
	Gjöld samtals		17 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 200	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals		**17 400**

06–416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			39 600
1 01	Yfirstjórn	20 900	
1 20	Löggæsla	18 700	
	Gjöld samtals		39 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 500	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals		**39 600**

06–417 Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			21 800
1 01	Yfirstjórn	11 700	
1 20	Löggæsla	10 100	
	Gjöld samtals		21 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	19 100	
52–58	Önnur gjöld	2 700	
5	Gjöld samtals		**21 800**

06–418 Sýslumaðurinn á Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			93 600
1 01	Yfirstjórn	40 000	
1 20	Löggæsla	52 000	
1 40	Tollgæsla	1 600	
	Gjöld samtals		93 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 600	
52–58	Önnur gjöld	22 000	
5	Gjöld samtals	93 600	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**93 500**

06–419 Sýslumaðurinn á Hólmavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 500
1 01	Yfirstjórn	13 000	
1 20	Löggæsla	6 500	
	Gjöld samtals		19 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 200	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals		**19 500**

06–420 Sýslumaðurinn á Blönduósi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 500
1 01	Yfirstjórn	26 500	
1 20	Löggæsla	29 000	
	Gjöld samtals		55 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	41 200	
52–58	Önnur gjöld	14 300	
5	Gjöld samtals		**55 500**

06–421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 000
1 01	Yfirstjórn	26 500	
1 20	Löggæsla	32 300	
1 40	Tollgæsla	1 200	
	Gjöld samtals		60 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	49 700	
52–58	Önnur gjöld	10 300	
5	Gjöld samtals		**60 000**

06–422 Sýslumaðurinn á Siglufirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 000
1 01	Yfirstjórn	16 100	
1 20	Löggæsla	16 900	
	Gjöld samtals		33 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 400	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	33 000	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**32 200**

06–423 Sýslumaðurinn á Ólafsfirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 500
1 01	Yfirstjórn	12 500	
1 20	Löggæsla	10 000	
	Gjöld samtals		22 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 900	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals		**22 500**

06–424 Sýslumaðurinn á Akureyri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			190 000
1 01	Yfirstjórn	74 900	
1 20	Löggæsla	108 900	
1 40	Tollgæsla	6 200	
	Gjöld samtals		190 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	157 800	
52–58	Önnur gjöld	32 200	
5	Gjöld samtals	190 000	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**189 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–425 Sýslumaðurinn á Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			80 600
1 01	Yfirstjórn	34 600	
1 20	Löggæsla	46 000	
	Gjöld samtals		80 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 700	
52–58	Önnur gjöld	16 900	
5	Gjöld samtals	80 600	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**80 400**
06–426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 100
1 01	Yfirstjórn	35 100	
1 20	Löggæsla	38 000	
1 40	Tollgæsla	5 000	
	Gjöld samtals		78 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 100	
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals	78 100	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**77 600**
06–427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 800
1 01	Yfirstjórn	15 200	
1 20	Löggæsla	11 600	
	Gjöld samtals		26 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	26 800	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**26 200**

06–428 Sýslumaðurinn á Eskifirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			54 400
1 01	Yfirstjórn	27 100	
1 20	Löggæsla	27 300	
	Gjöld samtals		54 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 400	
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals	54 400	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**54 200**

06–429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 000
1 01	Yfirstjórn	16 400	
1 20	Löggæsla	17 600	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 900	
52–58	Önnur gjöld	9 100	
5	Gjöld samtals	34 000	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**33 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 700
1 01	Yfirstjórn	13 500	
1 20	Löggæsla	10 200	
	Gjöld samtals		23 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 900	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
5	Gjöld samtals	23 700	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**23 600**
06–431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 200
1 01	Yfirstjórn	19 700	
1 20	Löggæsla	20 500	
	Gjöld samtals		40 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 400	
52–58	Önnur gjöld	9 800	
5	Gjöld samtals	40 200	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**40 100**
06–432 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			83 300
1 01	Yfirstjórn	33 100	
1 20	Löggæsla	43 200	
1 40	Tollgæsla	7 000	
	Gjöld samtals		83 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 000	
52–58	Önnur gjöld	16 300	
5	Gjöld samtals	83 300	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**78 800**

06–433 Sýslumaðurinn á Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 700
1 01	Yfirstjórn	53 900	
1 20	Löggæsla	96 800	
1 40	Tollgæsla	3 000	
	Gjöld samtals		153 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	122 500	
52–58	Önnur gjöld	31 200	
5	Gjöld samtals	153 700	
4	Sértekjur	15 700	
	Mismunur		**138 000**

06–434 Sýslumaðurinn í Keflavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			216 500
1 01	Yfirstjórn	67 700	
1 20	Löggæsla	141 400	
1 40	Tollgæsla	7 400	
	Gjöld samtals		216 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	180 200	
52–58	Önnur gjöld	36 300	
5	Gjöld samtals	216 500	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**213 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–436	**Sýslumaðurinn í Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			237 600
1 01	Yfirstjórn	93 500	
1 20	Löggæsla	133 400	
1 40	Tollgæsla	10 700	
	Gjöld samtals		237 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 000	
52–58	Önnur gjöld	34 600	
5	Gjöld samtals	237 600	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**236 400**
06–437	**Sýslumaðurinn í Kópavogi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 600
1 01	Yfirstjórn	73 300	
1 20	Löggæsla	84 300	
	Gjöld samtals		157 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 300	
52–58	Önnur gjöld	23 300	
5	Gjöld samtals	157 600	
4	Sértekjur	500	
	Mismunur		**157 100**
06–490	**Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			131 500
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	4 900	
1 20	Kostnaður við löggæslunám	14 100	
1 21	Óviss útgjöld	3 700	
1 30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	93 500	
1 60	Gagnalínukostnaður	15 300	
	Gjöld samtals		131 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 000	
52–58	Önnur gjöld	124 500	
5	Gjöld samtals		**131 500**

06–491 Húsnæði og búnaður sýslumanna

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 01	Viðhald húseigna	10 000	
Stofnkostnaður:			58 000
6 01	Tæki og búnaður	7 000	
6 26	Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði	7 000	
6 50	Breytingar á húsnæði, tölvulagnir o.fl.	18 000	
6 60	Upplýsingakerfi sýslumanna	26 000	
	Gjöld samtals		68 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	68 000	
5	Gjöld samtals		**68 000**

06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			421 700
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	421 700	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhald fangelsisbygginga	5 000	
	Gjöld samtals		426 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	253 300	
52–58	Önnur gjöld	164 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 300	
5	Gjöld samtals	426 700	
4	Sértekjur	40 800	
	Mismunur		**385 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–591	**Fangelsisbyggingar**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			55 000
6 10	Stofnframkvæmdir	55 000	
	Gjöld samtals		55 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	55 000	
5	Gjöld samtals		**55 000**
06–701	**Biskup Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			524 200
1 01	Yfirstjórn	50 700	
1 11	Vígslubiskup Skálholti	4 300	
1 13	Vígslubiskup Hólum	4 300	
1 15	Kirkjumiðstöð Austurlands	1 200	
1 16	Langamýri í Skagafirði	1 200	
1 21	Prestar og prófastar	429 100	
1 31	Kristnisjóður	27 300	
1 91	Skálholtsskóli	6 100	
Stofnkostnaður:			15 000
6 21	Skálholtsstaður	6 000	
6 22	Hallgrímskirkja	6 000	
6 23	Hóladómkirkja	3 000	
	Gjöld samtals		539 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	388 700	
52–58	Önnur gjöld	111 800	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	27 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 400	
5	Gjöld samtals	539 200	
4	Sértekjur	14 300	
	Mismunur		**524 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 000
1 90	Rekstrarhagræðing	28 000	
	Gjöld samtals		28 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	28 000	
5	Gjöld samtals		**28 000**
	Samtals		6 264 000

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 400
1 01	Yfirstjórn	92 900	
1 90	Reynslusveitarfélög	7 600	
1 99	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1 900	
	Gjöld samtals		102 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	57 600	
52–58	Önnur gjöld	42 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 100	
5	Gjöld samtals	102 400	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**102 300**
07–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**
07–272 Byggingarsjóður verkamanna			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			300 000
6 01	Byggingarsjóður verkamanna	300 000	
	Gjöld samtals		300 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	300 000	
5	Gjöld samtals		**300 000**

07–302 Ríkissáttasemjari

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Ríkissáttasemjari	22 600	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	7 700	
5	Gjöld samtals		**22 600**

07–311 Jafnréttisráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Jafnréttisráð	21 300	
1 10	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	3 700	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 200	
52–58	Önnur gjöld	10 800	
5	Gjöld samtals		**25 000**

07–321 Brunamálastofnun ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			71 900
1 01	Brunamálastofnun ríksins	60 000	
1 10	Námssjóður	3 500	
1 20	Brunamálaskóli	8 400	
Stofnkostnaður:			3 500
6 01	Tæki og búnaður	3 500	
	Gjöld samtals		75 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 400	
52–58	Önnur gjöld	45 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	75 400	
4	Sértekjur	84 700	
	Mismunur		**–9 300**

07–331 Vinnueftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			174 400
1 01	Vinnueftirlit ríkisins	174 400	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		179 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	124 000	
52–58	Önnur gjöld	55 400	
5	Gjöld samtals	179 400	
4	Sértekjur	44 700	
	Mismunur		**134 700**

07–400 Málefni barna og ungmenna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			235 700
1 01	Barnaverndarstofa	36 200	
1 20	Heimili fyrir börn og unglinga	124 800	
1 50	Meðferðarstöð ríkisins	74 700	
	Gjöld samtals		235 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 400	
52–58	Önnur gjöld	38 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	102 000	
5	Gjöld samtals		**235 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–401 Barnaverndarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 01	Barnaverndarráð	10 600	
	Gjöld samtals		10 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals		**10 600**
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			139 300
1 03	Samráðsnefnd um ferlimál	2 100	
1 20	Vistun geðfatlaðra	29 400	
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	31 600	
1 80	Starfsþjálfun	9 700	
1 81	Tölvumiðstöð fatlaðra	2 400	
1 90	Ýmis verkefni	12 800	
1 91	Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli	51 300	
	Gjöld samtals		139 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	113 000	
52–58	Önnur gjöld	1 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	12 100	
	5918 Til erlendra aðila	12 800	
5	Gjöld samtals		**139 300**
07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			372 000
1 01	Svæðisskrifstofa	36 100	
1 10	Svæðisráð	1 100	
1 20	Sambýli	185 300	
1 21	Heimili fyrir börn Akurgerði 20	16 000	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	14 100	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	23 900	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	6 400	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 60	Dagvistun	17 700	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	26 400	
1 65	Skammtímavistun Hólabergi	12 600	
1 77	Vistheimili fyrir börn	23 000	
1 80	Atvinnuleit	2 700	
1 85	Félag heyrnarlausra	2 000	
	Gjöld samtals		372 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	274 700	
52–58	Önnur gjöld	21 300	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	46 100	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	29 900	
5	Gjöld samtals		**372 000**

07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			346 400
1 01	Svæðisskrifstofa	29 800	
1 10	Svæðisráð	1 100	
1 20	Sambýli	107 400	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	22 600	
1 30	Verndaður vinnustaður, Örvi	21 500	
1 40	Leikfangasafn Keflavík	1 300	
1 60	Skammtímavistun	38 700	
1 61	Dagvistun Keflavík	9 000	
1 64	Hæfingarstöðvar	27 100	
1 69	Skammtímavistun, Reykjadal	2 500	
1 70	Vistheimilið Tjaldanesi	44 200	
1 72	Gistiheimili Kópavogi	2 200	
1 73	Vistheimili fyrir börn	39 000	
	Gjöld samtals		346 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	288 000	
52–58	Önnur gjöld	43 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	15 000	
5	Gjöld samtals	346 400	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**339 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			86 100
1 01	Svæðisskrifstofa	12 700	
1 10	Svæðisráð	600	
1 20	Sambýli Akranesi	16 800	
1 21	Sambýli Borgarnesi	7 700	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	5 900	
1 30	Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	24 700	
1 40	Leikfangasöfn Vesturlandi	4 700	
1 61	Skammtímavistun	13 000	
	Gjöld samtals		86 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	68 400	
52–58	Önnur gjöld	15 900	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 800	
5	Gjöld samtals	86 100	
4	Sértekjur	9 800	
	Mismunur		**76 300**
07–704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 200
1 01	Svæðisskrifstofa	10 700	
1 10	Svæðisráð	600	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	3 600	
1 31	Þjónusta í Ísafjarðarsýslu	37 100	
1 32	Þjónusta í Strandasýslu	2 600	
1 33	Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu	2 600	
1 34	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	1 000	
	Gjöld samtals		58 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 100	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 000	
5	Gjöld samtals		**58 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			102 200
1 01	Svæðisskrifstofa	12 200	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli	60 000	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	4 100	
1 40	Leikfangasöfn Norðurlandi vestra	6 900	
1 60	Skammtímavistun	7 500	
1 61	Dagvistun	9 400	
1 90	Verkstjórn	1 400	
	Gjöld samtals		102 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	89 100	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 700	
5	Gjöld samtals		**102 200**
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 100
1 01	Svæðisskrifstofa	4 200	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli	19 900	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	600	
1 86	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	252 700	
	Gjöld samtals		278 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 200	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	252 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	500	
5	Gjöld samtals		**278 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–707	**Málefni fatlaðra, Austurlandi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 600
1 01	Svæðisskrifstofa	23 900	
1 10	Svæðisráð	600	
1 20	Sambýli Egilsstöðum	38 400	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6 000	
1 30	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	8 000	
1 50	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	5 300	
1 60	Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði	2 400	
	Gjöld samtals		84 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	71 000	
52–58	Önnur gjöld	10 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	84 600	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**82 900**
07–708	**Málefni fatlaðra, Suðurlandi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			147 900
1 01	Svæðisskrifstofa	17 300	
1 10	Svæðisráð	700	
1 20	Sambýli Selfossi	48 200	
1 26	Sambýli Vestmannaeyjum	9 200	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	6 900	
1 30	Verndaður vinnustaður Selfossi	9 900	
1 31	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	12 500	
1 40	Leikfangasafn Vestmannaeyjum	2 000	
1 50	Vistheimili fyrir börn	16 900	
1 70	Lambhagi	9 400	
1 72	Skaftholt	7 100	
1 73	Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum	7 800	
	Gjöld samtals		147 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	101 900	
52–58	Önnur gjöld	18 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	5 500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 100	
5	Gjöld samtals	147 900	
4	Sértekjur	6 400	
	Mismunur		**141 500**

07–710 Meðferðarheimili og sambýli einhverfra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			47 700
1 70	Heimili einhverfra	47 700	
	Gjöld samtals		47 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	45 100	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals		**47 700**

07–711 Styrktarfélag vangefinna

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			230 900
1 20	Sambýli	69 400	
1 30	Vinnustofan Ás	26 400	
1 60	Dagvistun Lækjarási	31 800	
1 61	Dagvistun Bjarkarási	35 700	
1 62	Dagvistun Lyngási	50 500	
1 63	Skammtímavistun Víðihlíð 9	17 100	
	Gjöld samtals		230 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 300	
52–58	Önnur gjöld	56 600	
5	Gjöld samtals	230 900	
4	Sértekjur	13 000	
	Mismunur		**217 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–720 Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			120 300
1 70	Vistheimilið Skálatúni	120 300	
	Gjöld samtals		120 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 700	
52–58	Önnur gjöld	24 600	
5	Gjöld samtals	120 300	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**119 300**
07–722 Sólheimar Grímsnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 800
1 70	Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi	98 800	
	Gjöld samtals		98 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	98 800	
5	Gjöld samtals		**98 800**
07–750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 900
1 01	Yfirstjórn	77 900	
	Gjöld samtals		77 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 300	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
5	Gjöld samtals	77 900	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**74 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			165 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	165 000	
	Gjöld samtals		165 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 000	
52–58	Önnur gjöld	162 000	
5	Gjöld samtals		**165 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 380 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2 380 000	
Stofnkostnaður:			265 000
6 21	Einsetning grunnskóla	265 000	
	Gjöld samtals		2 645 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	2 645 000	
5	Gjöld samtals		**2 645 000**
07–811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			200 000
1 10	Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 90	Rekstrarhagræðing	23 000	
	Gjöld samtals		23 000
Tegundasundurliðun:			
52-58	Önnur gjöld	23 000	
5	Gjöld samtals		**23 000**
07-972 Bjargráðasjóður Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 10	Bjargráðasjóður Íslands	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
07-980 Vinnumálaskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 700
1 01	Yfirstjórn	78 700	
	Gjöld samtals		78 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 500	
52-58	Önnur gjöld	34 200	
5	Gjöld samtals	78 700	
4	Sértekjur	62 300	
	Mismunur		**16 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07-981	**Vinnumál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 400
1 10	Félagsdómur	4 500	
1 30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	15 000	
1 81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5 100	
1 90	Ýmislegt	24 800	
	Gjöld samtals		49 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52-58	Önnur gjöld	500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	39 800	
	5918 Til erlendra aðila	5 100	
5	Gjöld samtals		**49 400**
07-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			180 000
1 01	Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	180 000	
	Gjöld samtals		180 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	180 000	
5	Gjöld samtals		**180 000**
07-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 860 000
1 10	Atvinnuleysistryggingasjóður	2 860 000	
	Gjöld samtals		2 860 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 860 000	
5	Gjöld samtals		**2 860 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–985 Félagsmálaskóli alþýðu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 600
1 10	Almennur rekstur	12 300	
1 20	ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	4 300	
1 30	Norræni verkalýðsskólinn í Genf	200	
1 40	Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	1 800	
	Gjöld samtals		18 600
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 400	
	5918 Til erlendra aðila	200	
5	Gjöld samtals		**18 600**
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 300
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	10 800	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60 600	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	23 300	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	18 600	
1 41	Stígamót	9 000	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	1 900	
1 53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	2 800	
1 60	Verkefni á sviði húsnæðismála	13 200	
1 90	Ýmis framlög	12 000	
	Gjöld samtals		153 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	135 400	
5	Gjöld samtals		**153 300**
	Samtals		9 301 100

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			157 800
1 01	Yfirstjórn	157 800	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		160 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	102 200	
52–58	Önnur gjöld	58 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	300	
5	Gjöld samtals	160 800	
4	Sértekjur	4 300	
	Mismunur		**156 500**
08–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
08–201 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			578 700
1 01	Tryggingastofnun ríkisins	578 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			2 300
5 20	Viðhald húseignar	2 300	
Stofnkostnaður:			30 500
6 01	Tæki og búnaður	30 500	
	Gjöld samtals		611 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	338 300	
52–58	Önnur gjöld	273 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100	
5	Gjöld samtals	611 500	
4	Sértekjur	152 000	
	Mismunur		**459 500**

08–203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 917 000
1 10	Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	3 917 000	
	Gjöld samtals		3 917 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 917 000	
5	Gjöld samtals		**3 917 000**

08–204 Lífeyristryggingar

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 170 000
1 10	Lífeyristryggingar	14 170 000	
	Gjöld samtals		14 170 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 170 000	
5	Gjöld samtals		**14 170 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–206 Sjúkratryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 285 000
1 10	Sjúkratryggingar	11 285 000	
	Gjöld samtals		11 285 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 285 000	
5	Gjöld samtals		**11 285 000**
08–208 Slysatryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			410 000
1 10	Slysatryggingar	410 000	
	Gjöld samtals		410 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	410 000	
5	Gjöld samtals		**410 000**
08–214 Eftirlaunasjóður aldraðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			318 000
1 10	Eftirlaunasjóður aldraðra	318 000	
	Gjöld samtals		318 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	318 000	
5	Gjöld samtals		**318 000**
08–301 Landlæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 300
1 01	Yfirstjórn	41 800	
1 10	Læknaráð	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 20	Sjúkraflutningaráð	700	
1 30	Slysavarnaráð	3 000	
1 40	Siðaráð	800	
	Gjöld samtals		48 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 200	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
5	Gjöld samtals		**48 300**

08–311 Héraðslæknir í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 100
1 01	Héraðslæknir í Reykjavík	12 100	
	Gjöld samtals		12 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 400	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
5	Gjöld samtals		**12 100**

08–315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 100
1 01	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	6 100	
	Gjöld samtals		6 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 500	
52–58	Önnur gjöld	1 600	
5	Gjöld samtals		**6 100**

08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			99 000
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	99 000	
Stofnkostnaður:			2 000
6 10	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		101 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 600	
52–58	Önnur gjöld	22 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	44 100	
5	Gjöld samtals	101 000	
4	Sértekjur	21 400	
	Mismunur		**79 600**

08–326 Sjónstöð Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 01	Sjónstöð Íslands	42 800	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	25 400	
5	Gjöld samtals	42 800	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**42 000**

08–327 Geislavarnir ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 01	Geislavarnir ríkisins	23 000	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Tæki og búnaður	4 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	13 300	
5	Gjöld samtals	27 000	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**20 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–330 Manneldisráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 500
1 01	Manneldisráð	10 500	
	Gjöld samtals		10 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 800	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	10 500	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**10 400**
08–340 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 300
1 10	Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11 600	
1 20	Sjálfsbjörg Akureyri	4 300	
1 30	Sumardvalarheimili í Reykjadal	10 200	
1 40	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11 500	
1 50	Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2 100	
1 60	Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4 600	
1 70	Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1 500	
1 80	Gigtarráð	3 000	
1 90	Ýmis starfsemi	1 500	
Stofnkostnaður:			5 000
6 90	Styrkir til ýmissa framkvæmda	5 000	
	Gjöld samtals		55 300
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	55 300	
5	Gjöld samtals		**55 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–350	**Sjúkrahúsið Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			512 700
1 01	Sjúkrahúsið Akranesi	512 700	
	Gjöld samtals		512 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	381 200	
52–58	Önnur gjöld	131 500	
5	Gjöld samtals	512 700	
4	Sértekjur	44 900	
	Mismunur		**467 800**
08–352	**Sjúkrahúsið Patreksfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 900
1 01	Sjúkrahúsið Patreksfirði	79 900	
	Gjöld samtals		79 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 000	
52–58	Önnur gjöld	23 900	
5	Gjöld samtals	79 900	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**76 600**
08–353	**Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			254 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	254 000	
	Gjöld samtals		254 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	186 600	
52–58	Önnur gjöld	67 400	
5	Gjöld samtals	254 000	
4	Sértekjur	35 200	
	Mismunur		**218 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–355 Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			135 800
1 01	Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi	135 800	
	Gjöld samtals		135 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 400	
52–58	Önnur gjöld	29 400	
5	Gjöld samtals	135 800	
4	Sértekjur	7 500	
	Mismunur		**128 300**
08–356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			314 300
1 01	Sjúkrahúsið Sauðárkróki	314 300	
	Gjöld samtals		314 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	240 800	
52–58	Önnur gjöld	73 500	
5	Gjöld samtals	314 300	
4	Sértekjur	23 200	
	Mismunur		**291 100**
08–357 Sjúkrahúsið Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			149 800
1 01	Sjúkrahúsið Siglufirði	149 800	
	Gjöld samtals		149 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	109 500	
52–58	Önnur gjöld	40 300	
5	Gjöld samtals	149 800	
4	Sértekjur	8 600	
	Mismunur		**141 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 445 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1 445 000	
Viðhaldsverkefni:			20 800
5 01	Fasteign	20 800	
Stofnkostnaður:			45 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
6 50	Nýbygging	35 000	
	Gjöld samtals		1 510 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 053 000	
52–58	Önnur gjöld	457 800	
5	Gjöld samtals	1 510 800	
4	Sértekjur	173 000	
	Mismunur		**1 337 800**
08–359 Sjúkrahúsið Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			276 600
1 01	Sjúkrahúsið Húsavík	276 600	
	Gjöld samtals		276 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	203 600	
52–58	Önnur gjöld	73 000	
5	Gjöld samtals	276 600	
4	Sértekjur	29 400	
	Mismunur		**247 200**
08–360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			98 400
1 01	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	98 400	
	Gjöld samtals		98 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	67 000	
52–58	Önnur gjöld	31 400	
5	Gjöld samtals	98 400	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**91 300**

08–361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			199 000
1 01	Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	199 000	
	Gjöld samtals		199 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	151 400	
52–58	Önnur gjöld	47 600	
5	Gjöld samtals	199 000	
4	Sértekjur	21 400	
	Mismunur		**177 600**

08–363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			115 300
1 01	Sjúkrahúsið Egilsstöðum	115 300	
	Gjöld samtals		115 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	88 400	
52–58	Önnur gjöld	26 900	
5	Gjöld samtals	115 300	
4	Sértekjur	4 500	
	Mismunur		**110 800**

08–365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			287 400
1 01	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	287 400	
	Gjöld samtals		287 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	224 200	
52–58	Önnur gjöld	63 200	
5	Gjöld samtals	287 400	
4	Sértekjur	34 700	
	Mismunur		**252 700**

08–366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			211 000
1 01	Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	211 000	
	Gjöld samtals		211 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	156 200	
52–58	Önnur gjöld	54 800	
5	Gjöld samtals	211 000	
4	Sértekjur	21 700	
	Mismunur		**189 300**

08–367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			309 100
1 01	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	243 700	
1 10	Hjúkrunarheimilið Víðihlíð	65 400	
	Gjöld samtals		309 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	220 800	
52–58	Önnur gjöld	88 300	
5	Gjöld samtals	309 100	
4	Sértekjur	53 700	
	Mismunur		**255 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–368 Sólvangur, Hafnarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			248 400
1 01	Sólvangur, Hafnarfirði	248 400	
	Gjöld samtals		248 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	202 400	
52–58	Önnur gjöld	46 000	
5	Gjöld samtals	248 400	
4	Sértekjur	9 600	
	Mismunur		**238 800**
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 800
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	12 800	
Stofnkostnaður:			80 000
6 50	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar	80 000	
	Gjöld samtals		92 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 000	
52–58	Önnur gjöld	82 800	
5	Gjöld samtals	92 800	
4	Sértekjur	160 000	
	Mismunur		**–67 200**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 800 000
1 01	Ríkisspítalar	7 800 000	
Viðhaldsverkefni:			74 000
5 60	Stjórnarnefnd, viðhald	74 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			229 000
6 60	Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	169 000	
6 70	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð	60 000	
	Gjöld samtals		8 103 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 315 000	
52–58	Önnur gjöld	2 788 000	
5	Gjöld samtals	8 103 000	
4	Sértekjur	734 000	
	Mismunur		**7 369 000**

08–375 Sjúkrahús Reykjavíkur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 727 500
1 01	Sjúkrahús Reykjavíkur	4 727 500	
Viðhaldsverkefni:			46 600
5 01	Viðhald	46 600	
Stofnkostnaður:			85 000
6 01	Tæki og búnaður	85 000	
	Gjöld samtals		4 859 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 288 000	
52–58	Önnur gjöld	1 571 100	
5	Gjöld samtals	4 859 100	
4	Sértekjur	717 500	
	Mismunur		**4 141 600**

08–378 Læknishéraðasjóður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 500
1 01	Læknishéraðasjóður	2 500	
	Gjöld samtals		2 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 500	
5	Gjöld samtals		**2 500**

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			25 000
5 50	Viðhald sjúkrahúsa, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			173 400
6 60	Tækjakaup, óskipt	17 400	
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	156 000	
	Gjöld samtals		198 400
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	198 400	
5	Gjöld samtals		**198 400**

08–385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			260 000
1 01	Kostnaður skv. 3.- 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	260 000	
Stofnkostnaður:			220 000
6 01	Stofnkostnaður og endurbætur	220 000	
	Gjöld samtals		480 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	480 000	
5	Gjöld samtals		**480 000**

08–393 Lyfjamál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 100
1 11	Lyfjaverðsnefnd	3 400	
1 41	Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár	5 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 51	Evrópska lyfjaskráin	300	
1 61	Norræn samvinna í lyfsölumálum	300	
1 71	Samheitaverðskrá lyfja	1 000	
	Gjöld samtals		10 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	3 800	
52–58	Önnur gjöld	6 300	
5	Gjöld samtals	10 100	
4	Sértekjur	900	
	Mismunur		**9 200**

08–395 Lyfjaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 600
1 01	Lyfjaeftirlit ríkisins	19 600	
	Gjöld samtals		19 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 700	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	19 600	
4	Sértekjur	19 600	
	Mismunur		

08–396 Lyfjanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 200
1 01	Lyfjanefnd	42 200	
	Gjöld samtals		42 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 300	
52–58	Önnur gjöld	11 900	
5	Gjöld samtals	42 200	
4	Sértekjur	42 200	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–399	**Heilbrigðismál, ýmis starfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			273 200
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	106 100	
1 35	Hjartavernd, Monica-rannsóknir	3 500	
1 37	Hjartavernd	10 500	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 300	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	45 900	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	31 000	
1 59	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	14 400	
1 63	Áfallahjálp	8 000	
1 65	Heilsuefling	4 000	
1 67	Sjálfsbjörg í Reykjavík	3 000	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 500	
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8 900	
1 90	Ýmis framlög	8 500	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 600	
	Gjöld samtals		273 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	52 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	198 300	
	5918 Til erlendra aðila	15 400	
5	Gjöld samtals		**273 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–400	**St. Jósefsspítali, Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			309 300
1 01	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	309 300	
	Gjöld samtals		309 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	209 400	
52–58	Önnur gjöld	99 900	
5	Gjöld samtals	309 300	
4	Sértekjur	55 500	
	Mismunur		**253 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–401	**St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		123 700
1 01	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	123 700	
	Gjöld samtals		123 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	90 400	
52–58	Önnur gjöld	33 300	
5	Gjöld samtals	123 700	
4	Sértekjur	9 200	
	Mismunur		**114 500**
08–402	**Sjúkrahús Hvammstanga**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		96 400
1 01	Sjúkrahús Hvammstanga	96 400	
	Gjöld samtals		96 400
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	73 900	
52–58	Önnur gjöld	22 500	
5	Gjöld samtals	96 400	
4	Sértekjur	2 300	
	Mismunur		**94 100**
08–403	**Sjúkrahús Bolungarvíkur**		
	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		47 700
1 01	Sjúkrahús Bolungarvíkur	47 700	
	Gjöld samtals		47 700
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	35 300	
52–58	Önnur gjöld	12 400	
5	Gjöld samtals	47 700	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**46 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–404 Sjúkraskýlið Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 700
1 01	Sjúkraskýlið Hólmavík	30 700	
	Gjöld samtals		30 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 500	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	30 700	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**30 300**
08–405 Sjúkraskýlið Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Sjúkraskýlið Þingeyri	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 700	
52–58	Önnur gjöld	2 800	
5	Gjöld samtals	13 500	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**13 400**
08–406 Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 500	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	13 500	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**13 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–407 Sundabúð II, Vopnafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 100
1 01	Sundabúð II, Vopnafirði	32 100	
	Gjöld samtals		32 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 600	
52–58	Önnur gjöld	7 500	
5	Gjöld samtals	32 100	
4	Sértekjur	3 300	
	Mismunur		**28 800**
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			146 000
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	146 000	
	Gjöld samtals		146 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	106 400	
52–58	Önnur gjöld	39 600	
5	Gjöld samtals	146 000	
4	Sértekjur	14 300	
	Mismunur		**131 700**
08–409 Hjúkrunarheimilið Skjól			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			313 500
1 01	Hjúkrunarheimilið Skjól	313 500	
	Gjöld samtals		313 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	228 600	
52–58	Önnur gjöld	84 900	
5	Gjöld samtals	313 500	
4	Sértekjur	12 200	
	Mismunur		**301 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–410 Hjúkrunarheimilið Eir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			335 400
1 01	Hjúkrunarheimilið Eir	335 400	
	Gjöld samtals		335 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	239 200	
52–58	Önnur gjöld	96 200	
5	Gjöld samtals	335 400	
4	Sértekjur	13 300	
	Mismunur		**322 100**
08–411 Garðvangur, Garði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			106 200
1 01	Garðvangur, Garði	106 200	
	Gjöld samtals		106 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 100	
52–58	Önnur gjöld	29 100	
5	Gjöld samtals	106 200	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**104 800**
08–412 Hjúkrunarheimilið Árskógar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			77 300
1 01	Hjúkrunarheimilið Árskógar	77 300	
	Gjöld samtals		77 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 900	
52–58	Önnur gjöld	20 400	
5	Gjöld samtals		**77 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–413 Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 400
1 01	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	177 400	
	Gjöld samtals		177 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	128 800	
52–58	Önnur gjöld	48 600	
5	Gjöld samtals	177 400	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**170 100**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			222 300
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	222 300	
	Gjöld samtals		222 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	140 100	
52–58	Önnur gjöld	82 200	
5	Gjöld samtals	222 300	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**215 000**
08–421 Víðines			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 600
1 01	Víðines	74 600	
	Gjöld samtals		74 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 000	
52–58	Önnur gjöld	30 600	
5	Gjöld samtals	74 600	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**71 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–422 Hlaðgerðarkot			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 200
1 01	Hlaðgerðarkot	41 200	
	Gjöld samtals		41 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	18 200	
5	Gjöld samtals		**41 200**
08–430 Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			192 000
1 01	Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun	192 000	
	Gjöld samtals		192 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	134 900	
52–58	Önnur gjöld	57 100	
5	Gjöld samtals	192 000	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**184 900**
08–431 Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			206 600
1 01	Endurhæfingardeild	62 400	
1 10	Heilsuhælisdeild	144 200	
	Gjöld samtals		206 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 000	
52–58	Önnur gjöld	19 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	144 200	
5	Gjöld samtals		**206 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–432 Vistheimilið Bjarg			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 600
1 01	Vistheimilið Bjarg	22 600	
	Gjöld samtals		22 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 900	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals		**22 600**
08–435 Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 400
1 01	Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	35 400	
	Gjöld samtals		35 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	28 800	
52–58	Önnur gjöld	6 600	
5	Gjöld samtals		**35 400**
08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			75 400
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	75 400	
	Gjöld samtals		75 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	55 800	
52–58	Önnur gjöld	19 600	
5	Gjöld samtals	75 400	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**75 000**
08–500 Heilsugæslustöðvar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			256 800
1 10	Heilsugæslustöðvar, almennt	256 800	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Viðhaldsverkefni:			42 000
5 01	Viðhald, óskipt	25 000	
5 80	Viðhald starfsmannaíbúða	17 000	
Stofnkostnaður:			31 000
6 01	Tæki og búnaður	25 000	
6 90	Tölvuvæðing	6 000	
	Gjöld samtals		329 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	42 500	
52–58	Önnur gjöld	106 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	180 700	
5	Gjöld samtals	329 800	
4	Sértekjur	17 000	
	Mismunur		**312 800**

08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			363 900
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	363 900	
	Gjöld samtals		363 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 000	
52–58	Önnur gjöld	114 500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 400	
5	Gjöld samtals	363 900	
4	Sértekjur	23 000	
	Mismunur		**340 900**

08–511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 200
1 10	Heilsugæslustöðin Árbæ	36 300	
1 20	Heilsugæslustöðin Grafarvogi	36 900	
	Gjöld samtals		73 200

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	51 800	
52–58	Önnur gjöld	21 400	
5	Gjöld samtals	73 200	
4	Sértekjur	13 300	
	Mismunur		**59 900**

08–512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			88 100
1 10	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti	47 800	
1 20	Heilsugæslustöðin Mjódd	40 300	
	Gjöld samtals		88 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	66 600	
52–58	Önnur gjöld	21 500	
5	Gjöld samtals	88 100	
4	Sértekjur	20 700	
	Mismunur		**67 400**

08–513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 000
1 10	Heilsugæslustöðin Fossvogi	31 000	
	Gjöld samtals		31 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 800	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	31 000	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**26 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–514	**Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 100
1 10	Heilsugæslustöðin Hlíðum	31 400	
1 20	Heilsugæslustöðin Miðbæ	38 700	
	Gjöld samtals		70 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 000	
52–58	Önnur gjöld	14 100	
5	Gjöld samtals	70 100	
4	Sértekjur	12 000	
	Mismunur		**58 100**
08–515	**Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			40 700
1 01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	40 700	
	Gjöld samtals		40 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	13 600	
5	Gjöld samtals	40 700	
4	Sértekjur	8 400	
	Mismunur		**32 300**
08–521	**Heilsugæslustöðin Akranesi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 300
1 01	Heilsugæslustöðin Akranesi	34 300	
	Gjöld samtals		34 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	34 300	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**29 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 900
1 01	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	34 900	
	Gjöld samtals		34 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 000	
52–58	Önnur gjöld	9 900	
5	Gjöld samtals	34 900	
4	Sértekjur	12 800	
	Mismunur		**22 100**
08–523 Heilsugæslustöðin Stykkishólmi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 900
1 01	Heilsugæslustöðin Stykkishólmi	16 900	
	Gjöld samtals		16 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	3 800	
5	Gjöld samtals	16 900	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**14 200**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	26 100	
	Gjöld samtals		26 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 900	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	26 100	
4	Sértekjur	10 200	
	Mismunur		**15 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 100
1 01	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	13 100	
	Gjöld samtals		13 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 700	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	13 100	
4	Sértekjur	3 400	
	Mismunur		**9 700**
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 500
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	20 500	
	Gjöld samtals		20 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	20 500	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**17 300**
08–531 Heilsugæslustöðin Patreksfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 000
1 01	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	23 000	
	Gjöld samtals		23 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals	23 000	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**17 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–532 Heilsugæslustöðin Ísafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 200
1 01	Heilsugæslustöðin Ísafirði	44 200	
	Gjöld samtals		44 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 500	
52–58	Önnur gjöld	16 700	
5	Gjöld samtals	44 200	
4	Sértekjur	6 100	
	Mismunur		**38 100**
08–533 Heilsugæslustöðin Þingeyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 500
1 01	Heilsugæslustöðin Þingeyri	8 500	
	Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 000	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	8 500	
4	Sértekjur	800	
	Mismunur		**7 700**
08–534 Heilsugæslustöðin Flateyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 400
1 01	Heilsugæslustöðin Flateyri	9 400	
	Gjöld samtals		9 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 400	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	9 400	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**7 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–535 Heilsugæslustöðin Bolungarvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 300
1 01	Heilsugæslustöðin Bolungarvík	12 300	
	Gjöld samtals		12 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals	12 300	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**10 200**
08–536 Heilsugæslustöðin Hólmavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hólmavík	12 800	
	Gjöld samtals		12 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 100	
52–58	Önnur gjöld	3 700	
5	Gjöld samtals	12 800	
4	Sértekjur	1 700	
	Mismunur		**11 100**
08–541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hvammstanga	17 000	
	Gjöld samtals		17 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 100	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	17 000	
4	Sértekjur	6 900	
	Mismunur		**10 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–542 Heilsugæslustöðin Blönduósi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 900
1 01	Heilsugæslustöðin Blönduósi	25 900	
	Gjöld samtals		25 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 300	
52–58	Önnur gjöld	7 600	
5	Gjöld samtals	25 900	
4	Sértekjur	6 500	
	Mismunur		**19 400**
08–543 Heilsugæslustöðin Sauðárkróki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 800
1 01	Heilsugæslustöðin Sauðárkróki	30 800	
	Gjöld samtals		30 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	10 200	
5	Gjöld samtals	30 800	
4	Sértekjur	5 000	
	Mismunur		**25 800**
08–544 Heilsugæslustöðin Siglufirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 100
1 01	Heilsugæslustöðin Siglufirði	17 100	
	Gjöld samtals		17 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals	17 100	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**14 400**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	12 900	
	Gjöld samtals		12 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 800	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	2 500	
	Mismunur		**10 400**
08–552 Heilsugæslustöðin Dalvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 900
1 01	Heilsugæslustöðin Dalvík	19 900	
	Gjöld samtals		19 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	12 700	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	19 900	
4	Sértekjur	6 000	
	Mismunur		**13 900**
08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			117 300
1 01	Heilsugæslustöðin Akureyri	117 300	
	Gjöld samtals		117 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	91 000	
52–58	Önnur gjöld	26 300	
5	Gjöld samtals	117 300	
4	Sértekjur	21 000	
	Mismunur		**96 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–554 Heilsugæslustöðin Húsavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 900
1 01	Heilsugæslustöðin Húsavík	32 900	
	Gjöld samtals		32 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 000	
52–58	Önnur gjöld	7 900	
5	Gjöld samtals	32 900	
4	Sértekjur	5 600	
	Mismunur		**27 300**
08–555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 400
1 01	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	10 400	
	Gjöld samtals		10 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 100	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	10 400	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**8 400**
08–556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**9 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–557	**Heilsugæslustöðin Þórshöfn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 400
1 01	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	11 400	
	Gjöld samtals		11 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 800	
52–58	Önnur gjöld	3 600	
5	Gjöld samtals	11 400	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**10 200**
08–561	**Heilsugæslustöðin Vopnafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			17 100
1 01	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	17 100	
	Gjöld samtals		17 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 800	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
5	Gjöld samtals	17 100	
4	Sértekjur	3 200	
	Mismunur		**13 900**
08–562	**Heilsugæslustöðin Egilsstöðum**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			41 000
1 01	Heilsugæslustöðin Egilsstöðum	41 000	
	Gjöld samtals		41 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 100	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals	41 000	
4	Sértekjur	13 200	
	Mismunur		**27 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–563 Heilsugæslustöðin Seyðisfirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 800
1 01	Heilsugæslustöðin Seyðisfirði	10 800	
	Gjöld samtals		10 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 400	
52–58	Önnur gjöld	2 400	
5	Gjöld samtals	10 800	
4	Sértekjur	1 500	
	Mismunur		**9 300**
08–564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 100
1 01	Heilsugæslustöðin Neskaupstað	16 100	
	Gjöld samtals		16 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 200	
52–58	Önnur gjöld	2 900	
5	Gjöld samtals	16 100	
4	Sértekjur	2 700	
	Mismunur		**13 400**
08–565 Heilsugæslustöðin Eskifirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 100
1 01	Heilsugæslustöðin Eskifirði	23 100	
	Gjöld samtals		23 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 700	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	23 100	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**18 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–566	**Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	12 900	
	Gjöld samtals		12 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 500	
52–58	Önnur gjöld	3 400	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	2 400	
	Mismunur		**10 500**
08–567	**Heilsugæslustöðin Djúpavogi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 01	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	14 200	
	Gjöld samtals		14 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	4 100	
5	Gjöld samtals	14 200	
4	Sértekjur	1 300	
	Mismunur		**12 900**
08–568	**Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			24 500
1 01	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	24 500	
	Gjöld samtals		24 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 100	
52–58	Önnur gjöld	8 400	
5	Gjöld samtals	24 500	
4	Sértekjur	5 800	
	Mismunur		**18 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–571 Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 500
1 01	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	11 500	
	Gjöld samtals		11 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 200	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
5	Gjöld samtals	11 500	
4	Sértekjur	1 400	
	Mismunur		**10 100**
08–572 Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 01	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	10 600	
	Gjöld samtals		10 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	7 600	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	10 600	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**9 400**
08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 300
1 01	Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	32 300	
	Gjöld samtals		32 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 200	
52–58	Önnur gjöld	11 100	
5	Gjöld samtals	32 300	
4	Sértekjur	11 800	
	Mismunur		**20 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–574 Heilsugæslustöðin Hvolsvelli			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 800
1 01	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	11 800	
	Gjöld samtals		11 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	3 500	
5	Gjöld samtals	11 800	
4	Sértekjur	3 000	
	Mismunur		**8 800**
08–575 Heilsugæslustöðin Hellu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Heilsugæslustöðin Hellu	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	4 200	
5	Gjöld samtals	14 000	
4	Sértekjur	3 500	
	Mismunur		**10 500**
08–576 Heilsugæslustöðin Laugarási			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			19 800
1 01	Heilsugæslustöðin Laugarási	19 800	
	Gjöld samtals		19 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	15 100	
52–58	Önnur gjöld	4 700	
5	Gjöld samtals	19 800	
4	Sértekjur	5 200	
	Mismunur		**14 600**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–577	**Heilsugæslustöðin Selfossi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 200
1 01	Heilsugæslustöðin Selfossi	37 200	
	Gjöld samtals		37 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 600	
52–58	Önnur gjöld	9 600	
5	Gjöld samtals	37 200	
4	Sértekjur	11 200	
	Mismunur		**26 000**
08–578	**Heilsugæslustöðin Hveragerði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 600
1 01	Heilsugæslustöðin Hveragerði	10 600	
	Gjöld samtals		10 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 300	
52–58	Önnur gjöld	2 300	
5	Gjöld samtals	10 600	
4	Sértekjur	1 600	
	Mismunur		**9 000**
08–579	**Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 800
1 01	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	11 800	
	Gjöld samtals		11 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 200	
52–58	Önnur gjöld	2 600	
5	Gjöld samtals	11 800	
4	Sértekjur	2 100	
	Mismunur		**9 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–581	**Heilsugæslustöð Suðurnesja**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			97 100
1 01	Heilsugæslustöð Suðurnesja	97 100	
	Gjöld samtals		97 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	76 700	
52–58	Önnur gjöld	20 400	
5	Gjöld samtals	97 100	
4	Sértekjur	22 400	
	Mismunur		**74 700**
08–582	**Heilsugæslustöðin Hafnarfirði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			84 200
1 01	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	84 200	
	Gjöld samtals		84 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 600	
52–58	Önnur gjöld	19 600	
5	Gjöld samtals	84 200	
4	Sértekjur	25 300	
	Mismunur		**58 900**
08–583	**Heilsugæslustöðin Garðabæ**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			30 200
1 01	Heilsugæslustöðin Garðabæ	30 200	
	Gjöld samtals		30 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 000	
52–58	Önnur gjöld	7 200	
5	Gjöld samtals	30 200	
4	Sértekjur	7 700	
	Mismunur		**22 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			78 300
1 01	Heilsugæslustöðin Kópavogi	78 300	
	Gjöld samtals		78 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	59 000	
52–58	Önnur gjöld	19 300	
5	Gjöld samtals	78 300	
4	Sértekjur	19 500	
	Mismunur		**58 800**
08–585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			67 000
1 01	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	67 000	
	Gjöld samtals		67 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	54 100	
52–58	Önnur gjöld	12 900	
5	Gjöld samtals	67 000	
4	Sértekjur	13 200	
	Mismunur		**53 800**
08–586 Heilsugæslustöðin Reykjalundi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 500
1 01	Heilsugæslustöðin Reykjalundi	31 500	
	Gjöld samtals		31 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 600	
52–58	Önnur gjöld	5 900	
5	Gjöld samtals	31 500	
4	Sértekjur	8 300	
	Mismunur		**23 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–621 Áfengisvarnir og bindindismál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 000
1 10	Áfengisvarnaráð	9 100	
1 90	Annað	45 900	
	Gjöld samtals		55 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 100	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	46 600	
5	Gjöld samtals		**55 000**
08–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 000
1 90	Rekstrarhagræðing	105 000	
	Gjöld samtals		105 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	105 000	
5	Gjöld samtals		**105 000**
	Samtals		52 224 400

09 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			305 000
1 01	Yfirstjórn	305 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		310 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	218 300	
52–58	Önnur gjöld	91 700	
5	Gjöld samtals	310 000	
4	Sértekjur	10 200	
	Mismunur		**299 800**
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 200
1 01	Ríkisbókhald	109 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		112 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	83 700	
52–58	Önnur gjöld	28 500	
5	Gjöld samtals	112 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**111 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–104 Ríkisfjárhirsla			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			35 300
1 01	Ríkisfjárhirsla	35 300	
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		36 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	16 200	
5	Gjöld samtals		**36 300**
09–105 Ríkislögmaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 900
1 01	Ríkislögmaður	23 900	
	Gjöld samtals		23 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 400	
52–58	Önnur gjöld	9 500	
5	Gjöld samtals	23 900	
4	Sértekjur	1 200	
	Mismunur		**22 700**
09–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 200
1 01	Yfirstjórn	208 400	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	91 800	
Stofnkostnaður:			13 800
6 01	Tæki og búnaður	13 800	
	Gjöld samtals		314 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	165 600	
52–58	Önnur gjöld	148 400	
5	Gjöld samtals		**314 000**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			207 800
1 01	Skattstofan í Reykjavík	207 800	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		217 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 000	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals		**217 800**
09–203 Skattstofa Vesturlands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 000
1 01	Skattstofa Vesturlands	33 000	
	Gjöld samtals		33 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 300	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	33 000	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**32 700**

09–204 Skattstofa Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 01	Skattstofa Vestfjarða	23 200	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 300	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	23 200	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**22 800**

09–205 Skattstofa Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 300
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	23 300	
	Gjöld samtals		23 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 100	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	23 300	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**23 000**

09–206 Skattstofa Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 700
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	56 700	
	Gjöld samtals		56 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 000	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	56 700	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**56 100**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Skattstofa Austurlands	27 800	
	Gjöld samtals		27 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 400	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	27 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**27 500**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 700
1 01	Skattstofa Suðurlands	33 700	
	Gjöld samtals		33 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	33 700	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**33 300**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	12 900	
	Gjöld samtals		12 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 900	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 800**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 800
1 01	Skattstofa Reykjaness	101 800	
	Gjöld samtals		101 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 400	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	101 800	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**99 800**

09–212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 700
1 01	Ýmis sameiginleg útgjöld	46 600	
1 02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3 100	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	16 000	
6 45	Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4 000	
	Gjöld samtals		69 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	29 400	
52–58	Önnur gjöld	40 300	
5	Gjöld samtals		**69 700**

09–214 Yfirskattanefnd

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 600
1 01	Yfirskattanefnd	51 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			1 000
6 01	Tæki og búnaður	1 000	
	Gjöld samtals		52 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 500	
52–58	Önnur gjöld	8 100	
5	Gjöld samtals		**52 600**

09–215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 100
1 01	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	59 100	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		61 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 300	
52–58	Önnur gjöld	13 800	
5	Gjöld samtals		**61 100**

09–250 Innheimtukostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			153 100
1 10	Ýmis innheimtukostnaður	147 900	
1 20	Kostnaður við sérstakar innheimtuaðgerðir	5 200	
	Gjöld samtals		153 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 800	
52–58	Önnur gjöld	150 300	
5	Gjöld samtals		**153 100**

09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			140 800
1 01	Gjaldheimtan í Reykjavík	140 800	
	Gjöld samtals		140 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	140 800	
5	Gjöld samtals		**140 800**

09–261 Ríkistollstjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 300
1 01	Ríkistollstjóri	103 300	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		106 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	60 800	
52–58	Önnur gjöld	45 500	
5	Gjöld samtals	106 300	
4	Sértekjur	1 100	
	Mismunur		**105 200**

09–262 Tollstjórinn í Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			263 200
1 01	Tollstjórinn í Reykjavík	263 200	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Tæki og búnaður	5 000	
	Gjöld samtals		268 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	191 800	
52–58	Önnur gjöld	76 400	
5	Gjöld samtals	268 200	
4	Sértekjur	7 100	
	Mismunur		**261 100**

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–381 Uppbætur á lífeyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 105 000
1 01 Uppbætur á lífeyri	1 105 000	
Gjöld samtals		1 105 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	1 105 000	
5 Gjöld samtals		**1 105 000**
09–402 Fasteignamat ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		28 600
1 01 Fasteignamat ríkisins	26 500	
1 05 Yfirfasteignamatsnefnd	2 100	
Stofnkostnaður:		17 000
6 01 Tæki og búnaður	17 000	
Gjöld samtals		45 600
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 100	
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	43 500	
5 Gjöld samtals		**45 600**
09–481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		200 000
6 01 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	200 000	
Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	200 000	
5 Gjöld samtals		**200 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–801	**Ýmis lán ríkissjóðs, vextir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 550 000
1 10	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	13 550 000	
	Gjöld samtals		13 550 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	13 550 000	
5	Gjöld samtals		**13 550 000**
09–901	**Framkvæmdasýslan**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 500
1 01	Framkvæmdasýslan	62 500	
	Gjöld samtals		62 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 600	
52–58	Önnur gjöld	27 900	
5	Gjöld samtals	62 500	
4	Sértekjur	59 700	
	Mismunur		**2 800**
09–950	**Rekstrarhagræðing**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 90	Rekstrarhagræðing	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
09–971	**Ríkisábyrgðir og tjónabætur**		
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			240 000
6 01	Ríkisábyrgðir	220 000	
6 10	Tjónabætur	20 000	
	Gjöld samtals		240 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	220 000	
5	Gjöld samtals		**240 000**

09–981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			20 000
6 60	Sölvhóll	10 000	
6 80	Listaskóli	10 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

09–989 Launa- og verðlagsmál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			460 000
1 90	Launa- og verðlagsmál	460 000	
Stofnkostnaður:			30 000
6 01	Stofnkostnaður	30 000	
	Gjöld samtals		490 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	40 000	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	30 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	420 000	
5	Gjöld samtals		**490 000**

09–990 Ríkisstjórnarákvarðanir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			125 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	100 000	
1 90	Markaðsátak erlendis	25 000	
	Gjöld samtals		125 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	25 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	100 000	
5	Gjöld samtals		**125 000**

09–995 Skýrsluvélakostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			376 500
1 01	Launagreiðslukerfi	63 000	
1 02	Tekjubókhaldskerfi	121 000	
1 03	Skattvinnslukerfi	119 000	
1 04	Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins	42 000	
1 05	Innheimtuskilakerfi	14 500	
1 06	Forsendukerfi innheimtugagna	17 000	
Stofnkostnaður:			99 300
6 01	Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi	14 000	
6 02	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	35 000	
6 03	Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	17 000	
6 04	Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	14 000	
6 08	Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal	11 000	
6 09	Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	8 300	
	Gjöld samtals		475 800
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	475 800	
5	Gjöld samtals		**475 800**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			471 900
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35 900	
1 13	Kjarasamningar	16 600	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19 900	
1 15	Kjararannsóknir	5 500	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14 400	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingf	123 200	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	40 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	139 000	
1 41	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 100	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 700	
1 60	Dómkröfur	30 600	
1 65	Kjaradómur og kjaranefnd	4 700	
1 81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5 000	
1 90	Óviss útgjöld	17 300	
Stofnkostnaður:			15 000
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		486 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 400	
52–58	Önnur gjöld	127 600	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	302 200	
	5918 Til erlendra aðila	1 700	
5	Gjöld samtals		**486 900**
	Samtals		18 915 500

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 300
1 01	Yfirstjórn	109 300	
	Gjöld samtals		109 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	73 300	
52–58	Önnur gjöld	36 000	
5	Gjöld samtals		**109 300**
10–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			152 000
1 12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	28 100	
1 13	Siglingamálastofnun Namibíu	6 200	
1 20	Rannsóknanefnd sjóslysa	7 200	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	900	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3 000	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	31 900	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	18 800	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	7 200	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1 000	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	15 600	
1 28	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	9 300	
1 31	Landsbjörg	8 400	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	2 500	
1 34	Flugskóli Íslands	9 700	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 91	Athugun á öryggi fiskiskipa	1 200	
	Gjöld samtals		152 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 100	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	9 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	88 000	
	5918 Til erlendra aðila	1 000	
5	Gjöld samtals		**152 000**

10–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	5 000	
	Gjöld samtals		5 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	5 000	
5	Gjöld samtals		**5 000**

10–211 Vegagerðin

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 000
1 01	Yfirstjórn	286 000	
Viðhaldsverkefni:			3 130 000
5 05	Þjónusta	1 525 000	
5 10	Viðhald	1 275 000	
5 52	Þéttbýlisvegir	330 000	
Stofnkostnaður:			3 548 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 106 000	
6 11	Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	650 000	
6 21	Landsvegir	60 000	
6 40	Tilraunir	66 000	
6 43	Safnvegir	170 000	
6 45	Styrkvegir	25 000	
6 47	Reiðvegir	11 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	460 000	
	Gjöld samtals		6 964 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 600	
52–58	Önnur gjöld	6 343 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	460 000	
5	Gjöld samtals		**6 964 000**

10–335 Siglingastofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			334 400
1 01	Yfirstjórn	334 400	
Stofnkostnaður:			691 200
6 01	Tæki og búnaður	20 700	
6 60	Vitabyggingar	11 500	
6 70	Hafnamannvirki	567 000	
6 72	Hafnamannvirki (fjármagnskostnaður), Sandgerði	16 000	
6 74	Lendingabætur	2 000	
6 76	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5 000	
6 80	Sjóvarnargarðar	51 000	
6 90	Hafnabótasjóður, framlag	18 000	
	Gjöld samtals		1 025 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	217 700	
52–58	Önnur gjöld	148 900	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	18 000	
	5912 Til sveitarfélaga	641 000	
5	Gjöld samtals	1 025 600	
4	Sértekjur	248 400	
	Mismunur		**777 200**

10–471 Flugmálastjórn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			919 800
1 01	Flugmálastjórn	472 600	
1 70	Alþjóðaflugþjónusta	447 200	
	Gjöld samtals		919 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	599 500	
52–58	Önnur gjöld	320 300	
5	Gjöld samtals	919 800	
4	Sértekjur	544 500	
	Mismunur		**375 300**

10–472 Flugvellir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			302 000
1 01	Rekstur flugvalla	302 000	
Stofnkostnaður:			310 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	310 000	
	Gjöld samtals		612 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	145 600	
52–58	Önnur gjöld	466 400	
5	Gjöld samtals	612 000	
4	Sértekjur	576 100	
	Mismunur		**35 900**

10–481 Rannsóknanefnd flugslysa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 200
1 01	Rannsóknanefnd flugslysa	14 200	
	Gjöld samtals		14 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 100	
52–58	Önnur gjöld	5 100	
5	Gjöld samtals		**14 200**

10–511 Fjarskiptaeftirlit ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 400
1 01	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	58 400	
	Gjöld samtals		58 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	30 000	
52–58	Önnur gjöld	22 400	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	6 000	
5	Gjöld samtals	58 400	
4	Sértekjur	58 400	
	Mismunur		

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 900
1 01	Ferðamálaráð	31 100	
1 11	Ferðamálasamtök landshluta	6 000	
1 15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	9 700	
1 21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	5 100	
1 81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68 000	
	Gjöld samtals		119 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	15 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
	5918 Til erlendra aðila	9 700	
5	Gjöld samtals	119 900	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**117 300**

10–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 90	Rekstrarhagræðing	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**
	Samtals		8 557 200

11 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			55 000
1 01	Yfirstjórn	55 000	
Stofnkostnaður:			1 100
6 01	Tæki og búnaður	1 100	
	Gjöld samtals		56 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	32 200	
52-58	Önnur gjöld	23 900	
5	Gjöld samtals		**56 100**
11-102 Einkaleyfastofan			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 000
1 01	Einkaleyfastofan	38 000	
Stofnkostnaður:			1 300
6 01	Tæki og búnaður	1 300	
	Gjöld samtals		39 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	24 900	
52-58	Önnur gjöld	14 400	
5	Gjöld samtals	39 300	
4	Sértekjur	39 300	
	Mismunur		

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–199 Ráðstöfunarfé			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
11–201 Iðntæknistofnun Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			278 300
1 01	Iðntæknistofnun Íslands	278 300	
Stofnkostnaður:			10 500
6 01	Tæki og búnaður	10 500	
	Gjöld samtals		288 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	174 900	
52–58	Önnur gjöld	101 900	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	12 000	
5	Gjöld samtals	288 800	
4	Sértekjur	194 800	
	Mismunur		**94 000**
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			159 000
1 01	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	159 000	
Stofnkostnaður:			5 500
6 01	Tæki og búnaður	5 500	
	Gjöld samtals		164 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	114 800	
52–58	Önnur gjöld	49 700	
5	Gjöld samtals	164 500	
4	Sértekjur	109 400	
	Mismunur		**55 100**

11–240 Iðnaðarrannsóknir

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			13 500
1 01	Iðnaðarrannsóknir	13 500	
	Gjöld samtals		13 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 800	
52–58	Önnur gjöld	5 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 400	
5	Gjöld samtals		**13 500**

11–299 Iðja og iðnaður, framlög

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			64 800
1 19	Staðlaráð	3 800	
1 21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5 400	
1 30	Alþjóðlegt samstarf	18 100	
1 45	Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	32 500	
	Gjöld samtals		64 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	36 300	
5	Gjöld samtals		**64 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11-301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			340 000
1 01	Stjórnsýslusvið	54 200	
1 02	Rannsóknarsvið	260 800	
1 09	Annað, óskipt	25 000	
Stofnkostnaður:			13 400
6 01	Tæki og búnaður	13 400	
	Gjöld samtals		353 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	222 200	
52–58	Önnur gjöld	124 200	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	7 000	
5	Gjöld samtals	353 400	
4	Sértekjur	169 200	
	Mismunur		**184 200**
11-302 Rafmagnseftirlit ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			58 300
1 01	Rafmagnseftirlit ríkisins	58 300	
Stofnkostnaður:			1 500
6 01	Tæki og búnaður	1 500	
	Gjöld samtals		59 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	23 700	
52–58	Önnur gjöld	36 100	
5	Gjöld samtals	59 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**59 500**
11-371 Orkusjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Rekstur Orkusjóðs	2 500	
1 23	Notendur utan samveitna	2 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			25 500
6 14	Lánagreiðslur, framlög	19 500	
6 15	Lán til jarðhitaleitar	6 000	
	Gjöld samtals		30 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	28 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**30 000**

11–399 Ýmis orkumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			549 000
1 13	Hafsbotnsrannsóknir	2 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	437 000	
1 16	Styrking dreifikerfis í sveitum	100 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		549 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	100 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	12 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	437 000	
5	Gjöld samtals		**549 000**

11–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 90	Rekstrarhagræðing	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
	Samtals		1 117 200

12 Viðskiptaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 500
1 01	Yfirstjórn	70 500	
	Gjöld samtals		70 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	39 700	
52–58	Önnur gjöld	30 800	
5	Gjöld samtals	70 500	
4	Sértekjur	700	
	Mismunur		**69 800**
12–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 700
1 10	Neytendasamtökin	3 500	
1 90	Ýmis viðskipta- og bankamál	8 200	
	Gjöld samtals		11 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 900	
52–58	Önnur gjöld	1 700	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	4 600	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 500	
5	Gjöld samtals	11 700	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**9 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–199	**Ráðstöfunarfé**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
12–301	**Löggildingarstofan**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			45 900
1 01	Löggildingarstofan	45 900	
Stofnkostnaður:			1 800
6 01	Tæki og búnaður	1 800	
	Gjöld samtals		47 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 400	
52–58	Önnur gjöld	29 300	
5	Gjöld samtals	47 700	
4	Sértekjur	41 000	
	Mismunur		**6 700**
12–401	**Vátryggingaeftirlitið**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			51 600
1 01	Vátryggingaeftirlitið	51 600	
	Gjöld samtals		51 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	37 600	
52–58	Önnur gjöld	14 000	
5	Gjöld samtals	51 600	
4	Sértekjur	51 600	
	Mismunur		

	Þús. kr.	Þús. kr.
12–902 Samkeppnisstofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		78 800
1 01 Samkeppnisstofnun	78 800	
Stofnkostnaður:		2 200
6 01 Tæki og búnaður	2 200	
Gjöld samtals		81 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	58 500	
52–58 Önnur gjöld	22 500	
5 Gjöld samtals		**81 000**
12–903 Skráning hlutafélaga		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		8 300
1 01 Skráning hlutafélaga	8 300	
Gjöld samtals		8 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	5 500	
52–58 Önnur gjöld	2 800	
5 Gjöld samtals		**8 300**
12–950 Rekstrarhagræðing		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 000
1 90 Rekstrarhagræðing	1 000	
Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	1 000	
5 Gjöld samtals		**1 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
12–999	**Ýmis viðskiptamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 000
1 10	Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs	15 000	
	Gjöld samtals		15 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	15 000	
5	Gjöld samtals		**15 000**
	Samtals		194 500

13 Hagstofa Íslands

		Þús. kr.	Þús. kr.
13–101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			202 500
1 01	Yfirstjórn	128 000	
1 02	Sérstakar kannanir	9 700	
1 50	Þjóðskráin	64 800	
Stofnkostnaður:			8 500
6 01	Tæki og búnaður	8 500	
	Gjöld samtals		211 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	119 600	
52–58	Önnur gjöld	87 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 800	
5	Gjöld samtals	211 000	
4	Sértekjur	57 700	
	Mismunur		**153 300**
13–950 Rekstrarhagræðing			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 000
1 90	Rekstrarhagræðing	1 000	
	Gjöld samtals		1 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	1 000	
5	Gjöld samtals		**1 000**
		Samtals	154 300

14 Umhverfisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–101 Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			96 600
1 01	Yfirstjórn	96 600	
Stofnkostnaður:			2 000
6 01	Tæki og búnaður	2 000	
	Gjöld samtals		98 600
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	56 800	
52–58	Önnur gjöld	41 800	
5	Gjöld samtals		**98 600**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			73 900
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	17 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 35	Umhverfisvöktun	28 600	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	10 200	
1 53	Undirbúningur náttúrustofa	500	
1 55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	3 100	
1 56	Vernd Breiðafjarðar	1 000	
1 57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2 000	
1 58	Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2 000	
1 59	Náttúruverndarráð	2 500	
	Gjöld samtals		73 900

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	52 200	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	6 500	
	5912 Til sveitarfélaga	500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
	5918 Til erlendra aðila	10 200	
5	Gjöld samtals		**73 900**

14–199 Ráðstöfunarfé

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 10	Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**

14–202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 700
1 01	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	7 700	
	Gjöld samtals		7 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	5 200	
52–58	Önnur gjöld	2 500	
5	Gjöld samtals	7 700	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**5 100**

14–205 Náttúruvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			76 100
1 01	Yfirstjórn	32 200	
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	43 900	
Viðhaldsverkefni:			4 000
5 01	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	4 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			6 000
6 01	Tæki og búnaður	6 000	
	Gjöld samtals		86 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 200	
52–58	Önnur gjöld	41 900	
5	Gjöld samtals	86 100	
4	Sértekjur	24 500	
	Mismunur		**61 600**

14–210 Veiðistjóri

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 400
1 01	Veiðistjóri	37 400	
	Gjöld samtals		37 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 800	
52–58	Önnur gjöld	7 400	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	11 200	
	5912 Til sveitarfélaga	9 000	
5	Gjöld samtals	37 400	
4	Sértekjur	17 000	
	Mismunur		**20 400**

14–221 Hollustuvernd ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			146 100
1 01	Hollustuvernd ríkisins	146 100	
Stofnkostnaður:			5 000
6 01	Búnaður og tæki	5 000	
	Gjöld samtals		151 100

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	100 200	
52–58	Önnur gjöld	50 900	
5	Gjöld samtals	151 100	
4	Sértekjur	20 400	
	Mismunur		**130 700**

14–281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			100 000
6 51	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	100 000	
	Gjöld samtals		100 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	100 000	
5	Gjöld samtals		**100 000**

14–301 Skipulagsstjóri ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 400
1 01	Skipulagsstjóri ríkisins	97 900	
1 11	Mat á umhverfisáhrifum	16 900	
1 12	Skipulag miðhálendis	6 600	
	Gjöld samtals		121 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	50 600	
52–58	Önnur gjöld	45 800	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	25 000	
5	Gjöld samtals	121 400	
4	Sértekjur	84 600	
	Mismunur		**36 800**

14–310 Landmælingar Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 900
1 01	Landmælingar Íslands	123 900	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		133 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	64 200	
52–58	Önnur gjöld	69 700	
5	Gjöld samtals	133 900	
4	Sértekjur	55 100	
	Mismunur		**78 800**

14–401 Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			109 200
1 01	Yfirstjórn	10 300	
1 02	Setur í Reykjavík	76 300	
1 03	Setur á Akureyri	22 600	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 21	Fasteignir	1 000	
	Gjöld samtals		110 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	72 000	
52–58	Önnur gjöld	38 200	
5	Gjöld samtals	110 200	
4	Sértekjur	22 500	
	Mismunur		**87 700**

14–403 Náttúrustofur

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			15 600
1 10	Náttúrustofa Neskaupstað	4 500	
1 11	Náttúrustofa Vestmannaeyjum	4 500	
1 12	Náttúrustofa Bolungarvík	4 500	
1 13	Náttúrustofa Stykkishólmi	2 100	
	Gjöld samtals		15 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 600	
52–58	Önnur gjöld	5 000	
5	Gjöld samtals		**15 600**

14–410 Veðurstofa Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			371 900
1 01	Almenn starfsemi	287 300	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	84 600	
Stofnkostnaður:			10 400
6 01	Tæki og búnaður	10 400	
	Gjöld samtals		382 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	251 900	
52–58	Önnur gjöld	130 400	
5	Gjöld samtals	382 300	
4	Sértekjur	111 500	
	Mismunur		**270 800**

14–950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 000
1 90	Rekstrarhagræðing	4 000	
	Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 000	
5	Gjöld samtals		**4 000**
	Samtals		988 000

B–HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1997 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	61 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	555 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	963 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 700	
5,8	Gjöld samtals	1 583 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 960 700	
48	Fjármunatekjur	13 000	
4,7	Tekjur samtals	1 973 700	
	Mismunur		390 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 000	
59	Greitt í ríkissjóð	78 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	307 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	390 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	10 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	100 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	158 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	148 000	
49	Aðrar tekjur	10 000	
4,7	Tekjur samtals	158 000	
Fjármunahreyfingar út:			
59	Fært á höfuðstól	3 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
22-236	**Vísindasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 000	
59	Tilfærslur	165 000	
5,8	Gjöld samtals	169 000	
48	Fjármunatekjur	4 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	140 000	
4,7	Tekjur samtals	169 000	
22-237	**Tæknisjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-238	**Bygginga- og tækjasjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
59	Tilfærslur	71 000	
5,8	Gjöld samtals	73 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	78 000	
4,7	Tekjur samtals	79 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	
22-239	**Rannsóknarnámssjóður**		
59	Tilfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	20 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	20 000	
4,7	Tekjur samtals	20 000	
22-679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni**		
51	Laun	2 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	1 500	
51-57	Viðhald	1 100	
593	Afskriftir	600	
5,8	Gjöld samtals	5 800	
48	Fjármunatekjur	100	
49	Aðrar tekjur	5 700	
4,7	Tekjur samtals	5 800	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	600	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	52 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	45 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 171 000	
5,8	Gjöld samtals	1 268 000	
48	Fjármunatekjur	87 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 500 000	
4,7	Tekjur samtals	1 587 000	
	Mismunur		319 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 883 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 760 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 366 000	
26	Tekin lán	3 970 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	319 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	15 000	
593	Afskriftir	170 000	
5,8	Gjöld samtals	185 000	
49	Aðrar tekjur	223 000	
4,7	Tekjur samtals	223 000	
	Mismunur		38 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	208 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	170 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	38 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	414 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	362 000	
571	Fjármagnskostnaður	12 000	
593	Afskriftir	7 000	
59	Tilfærslur	84 000	
5,8	Gjöld samtals	879 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	848 000	
48	Fjármunatekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	879 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	7 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	505 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	783 000	
571	Fjármagnskostnaður	29 000	
593	Afskriftir	15 000	
59	Tilfærslur	139 000	
5,8	Gjöld samtals	1 471 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 395 000	
48	Fjármunatekjur	57 000	
49	Aðrar tekjur	19 000	
4,7	Tekjur samtals	1 471 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	303 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	140 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	464 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	146 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	311 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	464 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	162 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	67 000	
5,8	Gjöld samtals	229 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	30 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	116 000	
49	Aðrar tekjur	85 000	
4,7	Tekjur samtals	231 000	
	Mismunur		1 700
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 700	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	243 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	163 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 660 000	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	2 078 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 650 000	
48	Fjármunatekjur	4 500	
49	Aðrar tekjur	11 500	
4,7	Tekjur samtals	2 666 000	
	Mismunur		588 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
59	Greitt í ríkissjóð	580 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	588 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	178 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	47 100	
571	Fjármagnskostnaður	200	
51-57	Viðhald	4 700	
593	Afskriftir	4 500	
59	Tilfærslur	27 500	
5,8	Gjöld samtals	262 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	280 000	
48	Fjármunatekjur	1 500	
49	Aðrar tekjur	19 600	
4,7	Tekjur samtals	301 100	
	Mismunur		38 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	27 000	
26	Afborgun lána	11 000	
39	Fært á höfuðstól	4 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	38 400	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	131 000	
571	Fjármagnskostnaður	187 000	
51-57	Viðhald	38 000	
593	Afskriftir	132 500	
5,8	Gjöld samtals	488 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	329 000	
48	Fjármunatekjur	500	
49	Aðrar tekjur	100 500	
4,7	Tekjur samtals	430 000	
	Mismunur		−58 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	552 000	
26	Afborgun lána	1 472 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	132 500	
26	Tekin lán	1 950 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−58 500	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	295 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	299 800	
593	Afskriftir	4 100	
5,8	Gjöld samtals	599 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	599 400	
4,7	Tekjur samtals	599 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 100	
23-121	**Umsýslustofnun varnarmála**		
51	Laun	27 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	15 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	139 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
48	Fjármunatekjur	4 000	
49	Aðrar tekjur	4 000	
4,7	Tekjur samtals	160 000	
	Mismunur		20 600
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	24 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 600	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24-831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
51	Laun	5 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 800	
5,8	Gjöld samtals	13 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 500	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	55 500	
	Mismunur		42 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	48 000	
26	Afborgun lána	19 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	25 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	42 200	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	8 000	
5,8	Gjöld samtals	15 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 700	
48	Fjármunatekjur	17 500	
4,7	Tekjur samtals	43 200	
	Mismunur		27 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	27 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 400	
25-911	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**		
51	Laun	2 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	43 000	
571	Fjármagnskostnaður	660 000	
593	Afskriftir	30 000	
59	Tilfærslur	100 000	
5,8	Gjöld samtals	835 000	
48	Fjármunatekjur	525 000	
49	Aðrar tekjur	680 000	
4,7	Tekjur samtals	1 205 000	
	Mismunur		370 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	500 000	
26	Endurgreidd hlutdeildarskírteini	550 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	520 000	
19	Afskriftir	30 000	
26	Tekin lán	130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	20 700	
5,8	Gjöld samtals	25 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 500	
4,7	Tekjur samtals		25 500
26-701	**Kristnisjóður**		
51	Laun	3 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	7 700	
571	Fjármagnskostnaður	3 300	
51-57	Viðhald	1 000	
593	Afskriftir	2 300	
59	Tilfærslur	26 500	
5,8	Gjöld samtals	43 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 900	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	27 300	
49	Aðrar tekjur	5 600	
4,7	Tekjur samtals		43 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 900	
26	Afborgun lána	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	4 600	
19	Afskriftir	2 300	

		Þús. kr.	Þús. kr.
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	6 200	
4,7	Tekjur samtals	6 200	
	Mismunur		5 400
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	8 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 400	
26-733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	3 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 100	
571	Fjármagnskostnaður	1 900	
593	Afskriftir	400	
59	Tilfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	37 400	
48	Fjármunatekjur	7 500	
49	Aðrar tekjur	30 600	
4,7	Tekjur samtals	38 100	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	9 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	8 100	
19	Afskriftir	400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	67 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	110 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 400 000	
5,8	Gjöld samtals	1 577 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	40 000	
48	Fjármunatekjur	5 345 000	
4,7	Tekjur samtals	5 385 000	
	Mismunur		3 808 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	14 140 000	
26	Afborgun lána	5 700 000	
39	Fært á höfuðstól	238 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 270 000	
26	Tekin lán	14 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 808 000	
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	24 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	80 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 710 000	
5,8	Gjöld samtals	2 814 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	214 000	
48	Fjármunatekjur	3 000 000	
4,7	Tekjur samtals	3 214 000	
	Mismunur		400 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	600 000	
18	Fjárfesting	10 000	
26	Afborgun lána	4 180 000	
26	Skyldusparnaður	450 000	
18	Uppboðsíbúðir	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 400 000	
26	Tekin lán	2 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	400 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	45 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	67 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 290 000	
5,8	Gjöld samtals	2 402 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 000	
48	Fjármunatekjur	800 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	376 000	
4,7	Tekjur samtals	1 491 000	
	Mismunur		-911 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 320 000	
26	Afborgun lána	2 415 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	650 000	
26	Tekin lán	4 996 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-911 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
51	Laun	9 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 800	
59	Tilfærslur	165 000	
5,8	Gjöld samtals	180 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	180 000	
4,7	Tekjur samtals	180 000	
27-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	103 000	
59	Tilfærslur	2 940 000	
5,8	Gjöld samtals	3 043 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 860 000	
49	Aðrar tekjur	23 000	
4,7	Tekjur samtals	2 923 000	
	Mismunur		-120 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	120 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-120 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	64 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	21 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	32 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 700	
51-57	Viðhald	7 700	
5,8	Gjöld samtals	127 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	127 000	
4,7	Tekjur samtals	127 000	
28-312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	17 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	104 300	
5,8	Gjöld samtals	127 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	126 700	
48	Fjármunatekjur	300	
4,7	Tekjur samtals	127 000	
28-378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals	2 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	350 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	167 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 220 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	62 000	
59	Tilfærslur	13 000	
5,8	Gjöld samtals	6 861 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 052 000	
48	Fjármunatekjur	15 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	9 069 000	
	Mismunur		2 208 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
59	Greitt í ríkissjóð	2 240 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	62 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 208 000	
29-103	**Ríkiskaup**		
51	Laun	62 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	22 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 024 000	
51-57	Viðhald	2 500	
593	Afskriftir	3 200	
5,8	Gjöld samtals	1 115 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 108 000	
48	Fjármunatekjur	6 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 115 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	3 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 200	
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	116 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	37 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 600	
593	Afskriftir	8 700	
5,8	Gjöld samtals	169 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	134 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	43 500	
4,7	Tekjur samtals	177 500	
	Mismunur		8 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	8 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 300	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 200	
51-57	Viðhald	27 300	
5,8	Gjöld samtals	99 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	111 200	
	Mismunur		11 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	49 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	22 000	
571	Fjármagnskostnaður	7 000	
593	Afskriftir	5 000	
5,8	Gjöld samtals	83 000	
48	Fjármunatekjur	32 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	220 000	
49	Aðrar tekjur	46 000	
4,7	Tekjur samtals	298 000	
	Mismunur		215 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	290 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	70 000	
19	Afskriftir	5 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	215 000	
29-972	**Lánasýsla ríkisins– Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	17 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 000	
571	Fjármagnskostnaður	380 000	
5,8	Gjöld samtals	409 000	
48	Fjármunatekjur	377 000	
4,7	Tekjur samtals	377 000	
	Mismunur		-32 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	800 000	
39	Fært á höfuðstól	658 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 490 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-32 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	10 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	79 000	
51-57	Viðhald	188 000	
5,8	Gjöld samtals	277 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	277 000	
4,7	Tekjur samtals	277 000	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30-211	**Vegagerðin**		
51	Laun	698 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	969 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	460 000	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	2 142 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 910 000	
49	Aðrar tekjur	250 000	
4,7	Tekjur samtals	2 160 000	
	Mismunur		18 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	18 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 000	
30-212	**Vegagerðin, vélamiðstöð**		
51	Laun	31 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	61 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	200 000	
51-57	Viðhald	150 000	
593	Afskriftir	108 000	
5,8	Gjöld samtals	550 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	570 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	572 000	
	Mismunur		22 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	130 000	
39	Fært á höfuðstól	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	15 000	
19	Afskriftir	108 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	22 000	
30-213	**Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	31 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	41 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	480 000	
51-57	Viðhald	70 000	
593	Afskriftir	7 000	
5,8	Gjöld samtals	629 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	620 000	
49	Aðrar tekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	634 000	
	Mismunur		5 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	500	
39	Fært á höfuðstól	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 000	
30-335	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	11 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
59	Tilfærslur	50 000	
5,8	Gjöld samtals	71 000	
48	Fjármunatekjur	53 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 000	
4,7	Tekjur samtals	71 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	60 000	
26	Afborgun lána	39 000	
39	Fært á höfuðstól	41 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	140 000	
30-336	**Siglingastofnun Íslands, þjónustumiðstöð**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	17 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
51-57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	29 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	30 500	
4,7	Tekjur samtals	30 500	
	Mismunur		1 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 200	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	736 000	
571	Fjármagnskostnaður	47 000	
593	Afskriftir	60 000	
5,8	Gjöld samtals	843 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	737 000	
48	Fjármunatekjur	45 000	
49	Aðrar tekjur	100 000	
4,7	Tekjur samtals	882 000	
	Mismunur		39 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	100 000	
26	Afborgun lána	79 000	
39	Fært á höfuðstól	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	60 000	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	39 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	460 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	535 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 375 000	
571	Fjármagnskostnaður	65 000	
593	Afskriftir	852 000	
5,8	Gjöld samtals	4 287 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 920 000	
48	Fjármunatekjur	35 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	110 000	
49	Aðrar tekjur	220 000	
4,7	Tekjur samtals	4 285 000	
	Mismunur		-2 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	628 000	
26	Afborgun lána	85 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	137 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	852 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-2 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 100	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	28 000	
4,7	Tekjur samtals	29 400	
	Mismunur		20 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 000	
26	Afborgun lána	27 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 800	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1997 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

2.1 Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

2.2 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknatækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt er til landsins á vegum Pósts og síma hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.4 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.5 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld, sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins, í samræmi við ákvæði yfirlýsingar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík, dagsettrar 7. júní 1996, um Listahátíð í Reykjavík 1996.

2.6 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

2.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Íslandsflugs hf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-ELJ.

2.8 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu flugfélagsins Atlanta hf. á Boeing 747-246 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABI.

Ráðstöfun eigna

3.1 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi 9, Reykjavík.

3.2 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.

3.3 Að selja fasteignina Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.

3.4 Að selja fasteignina Árholt 11, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar til Vestfjarðaganga.

3.5 Að selja fasteignina Greniteig 6, Keflavík.
3.6 Að selja fasteignina Stekkjarhvamm 19, Hafnarfirði.
3.7 Að selja fasteignina Hjallar 4, Patreksfirði.
3.8 Að selja fasteignina Aðalbraut 32, Drangsnesi.
3.9 Að selja fasteignina Fjarðargötu 42, Þingeyri.
3.10 Að selja fasteignina Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
3.11 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.12 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins, Dverghamra, við Suðurlandsveg á Kirkjubæjarklaustri.
3.13 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Kúludalsá, Innri-Akranesshreppi.
3.14 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins við Hjalteyri, Arnarneshreppi.
3.15 Að selja farþegaskýli á Suðureyrarflugvelli.
3.16 Að selja farþegaskýli á flugvellinum á Breiðdalsvík.
3.17 Að selja farþegaskýli á flugvellinum á Bakkafirði.
3.18 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.19 Að selja fasteign Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af andvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.20 Að selja fasteignina Laugaveg 114, Reykjavík, og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
3.21 Að selja húseignina Lyngás 11, Garðabæ, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.22 Að selja fasteignina Víðigrund 5, Sauðárkróki, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.23 Að selja fasteignina Silfurbraut 5, Höfn, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.24 Að selja fasteignina Síðumúla 28, Reykjavík, og ráðstafa andvirði hennar til uppbyggingar á nýju gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi að Tunguhálsi 6, Reykjavík.
3.25 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
3.26 Að selja tvö íbúðarhús sem tilheyra Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði og verja andvirði þeirra til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.
3.27 Að selja fasteignina Þrúðvang 22, Hellu, og verja andvirði hennar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.28 Að selja fasteignina Engihlíð 9, Reykjavík, og verja andvirði hennar til húsnæðiskaupa fyrir ríkisspítala.
3.29 Að selja fasteignina Tryggvagötu 1 (Hafnarbúðir), Reykjavík, og verja hluta af andvirði hennar til uppbyggingar sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt samkomulagi þar um.
3.30 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir læknamóttöku.

3.31 Að selja starfsmannaíbúð að Þverbraut 1, Blönduósi.
3.32 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
3.33 Að selja fasteignir Héraðsskólans að Núpi, Dýrafirði, Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Héraðsskólans á Reykjum, Hrútafirði, og Héraðsskólans að Reykholti, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.34 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og eignarhluta ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.35 Að selja fasteignina Tjarnargötu 11, Sandgerði, og verja andvirði hennar til endurbóta á húsnæði heilsugæslunnar í Keflavík.
3.36 Að selja fasteignirnar Hlíðarbraut 10 og 12, Hafnarfirði, og verja andvirði þeirra til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.
3.37 Að selja prestssetrið Bólstað í Bólstaðarhlíðarprestakalli, Húnavatnssýslu.
3.38 Að selja prestssetrið Túngötu 6, Suðureyri, í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.39 Að selja prestssetrið Bakkatún, Bíldudal, í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.40 Að selja prestssetrið Túngötu 28, Tálknafirði, Tálknafjarðarprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.41 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi, Eyjafirði.
3.42 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
3.43 Að selja sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.44 Að selja sendiherrabústað í Washington og kaupa annan í staðinn.
3.45 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.46 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.47 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.
3.48 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.49 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Garðabraut 26, Akranesi, og verja andvirðinu til kaupa á tækjum eða búnaði fyrir Sjúkrahús Akraness.
3.50 Að selja húsnæði sjúkrahúsa, sem nú er nýtt fyrir barnaheimili.
3.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 31, Hvammstanga.
3.53 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gömlu skólahúsi á Grenjaðarstað, Aðaldælahreppi.
3.54 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gömlu skólahúsi að Staðarborg, Breiðdalshreppi.
3.55 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laufási 4, Egilsstöðum.
3.56 Að selja eignarhluta Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.57 Að selja eignarhluta Siglingastofnunar Íslands í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.

3.58 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsi Hússtjórnarskólans á Blönduósi og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.59 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur nýttar til skólahalds.
3.60 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur nýtt sem slík.
3.61 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
3.62 Að selja íbúðar- og útihús á jörðinni Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.63 Að selja hesthús ásamt um 700 fermetra lóð við Mosfell, Mosfellsbæ.
3.64 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.65 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.66 Að selja jörðina Kvígsstaði í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.67 Að selja jörðina Austmannsdal, Vesturbyggð.
3.68 Að selja jörðina Brekkugerði í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.69 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.70 Að selja jörðina Fögruhlíð í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
3.71 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
3.72 Að selja jarðirnar Bjarnarnes I, Bjarnarnes II og Ás, Hornafirði.
3.73 Að selja jörðina Hól í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.74 Að selja hluta úr landi Vífilsstaða og lóð Kópavogshælis.
3.75 Að selja allt að 13,8 ha landspildu austan þjóðvegar og að Suðurá úr prestsseturs-jörðinni Mosfell, Mosfellsbæ.
3.76 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.77 Að selja spildu úr lóð ríkissjóðs á Grundartanga, Skilmannahreppi.
3.78 Að semja við eigendur Reykjavalla í Biskupstungnahreppi um makaskipti á allt að 0,03 ha landspildu úr landi Reykjavalla norðan Biskupstungnabrautar og allt að 0,03 ha landspildu úr jörðinni Vegatungu sunnan Biskupstungnabrautar.
3.79 Að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína.
3.80 Að afhenda Ísafjarðarbæ skrúðgarðinn Skrúð á Núpi, Dýrafirði.
3.81 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
3.82 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og verja allt að 50 m.kr. af andvirði þeirra til stofnframkvæmda og fasteignakaupa.
3.83 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.84 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.85 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.

4.3 Að endurnýja lóðarleigusamning um sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.4 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.5 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.6 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang, Hafnarfirði, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu, Reykjavík, til nota fyrir ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
4.12 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
4.13 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Höfn og taka til þess nauðsynleg lán.
4.15 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
4.16 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir Lyfjanefnd ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.18 Að kaupa Fæðingarheimili Reykjavíkur og taka til þess nauðsynleg lán.
4.19 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.

Ýmsar heimildir

5.1 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.2 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.4 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
5.5 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1997, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.
5.6 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna

á árinu 1997, enda lækki fjárheimildin um a.m.k. helming þeirrar fjárhæðar árið 1998.

5.7 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1997 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 15 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni er varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.

5.8 Að ráðstafa allt að 20% arðs af tekjum ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

5.9 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.

5.10 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.

5.11 Að ábyrgjast lán sem Súðavíkurhreppur tók til að fjármagna kaup á bráðabirgðahúsnæði á árinu 1995.

5.12 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem verið er að stofna ásamt Háskóla Íslands og fleirum, til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði flugleiðsögu- og flugstjórnartækni.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Framlagning frumvarpsins og umfjöllun á Alþingi. Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi strax og það kemur saman að hausti. Í samræmi við þetta hefur frumvarpið jafnan verið lagt fram á fyrsta fundi þingsins. Um meginefni þess er fjallað í fjárlaganefnd þingsins en fagnefndir fá þau atriði til umsagnar sem að þeim snúa. Þá er fjallað um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar og lánsfjármála í efnahags- og viðskiptanefnd. Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt undir lok haustþings síðari hluta desembermánaðar.

Efnisskipan fjárlagafrumvarps. Frumvarpinu er skipt í fjóra meginhluta. Í fyrsta hlutanum eru hinar eiginlegu lagagreinar frumvarpsins. Greinarnar eru sex.

Í 1. grein er birt heildaryfirlit yfir tekjur, gjöld og lánahreyfingar, í 2. grein er yfirlit yfir útgjöld eftir ráðuneytum og helstu málefnaflokkum, í 3. grein er sundurliðun tekna, í 4. grein er ítarleg sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum, stofnunum og tegundum útgjalda, í 5. grein er birt yfirlit yfir fjárreiður B-hluta fyrirtækja og í 6. grein er yfirlit yfir heimildarákvæði fjármálaráðherra og ríkisstjórnar.

Í öðrum hluta frumvarpsins er að finna greinargerð í átta köflum þar sem lýst er helstu forsendum og farið yfir einstaka þætti, breytingar frá fyrra ári o.fl. Þetta er fyrirferðarmesti hluti frumvarpsins enda er þar að finna skýringar á flestum þeim atriðum sem það varða.

- Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir stefnunni í efnahags- og ríkisfjármálum og helstu áhersluatriðum frumvarpsins í því sambandi.
- Í öðrum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður frumvarpsins og horfum ársins 1996. Þar er lýst meginbreytingum á tekju-, gjalda- og lánahlið, meðal annars í ljósi framvindu síðustu ára.
- Í þriðja kafla er fjallað um horfur í efnahags- og ríkisfjármálum til aldamóta á grundvelli sérstakrar athugunar og stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar um jafnvægi í ríkisbúskapnum.
- Í fjórða kafla er gerð grein fyrir framvindu efnahagsmála að undanförnu og þjóðhagshorfum fyrir árið 1997.
- Í fimmta kafla er fjallað um tekjuhlið frumvarpsins þar sem farið er yfir breytingar einstakra tekjustofna með samanburði við fyrri ár.
- Í sjötta kafla er ítarleg umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins eftir einstökum ráðuneytum, málefnaflokkum og stofnunum.

- Í sjöunda kafla er gerð grein fyrir fjárreiðum B-hluta fyrirtækja ríkisins og sjóða.

- Í áttunda kafla er yfirlit yfir lánamál ríkissjóðs. Jafnframt er litið á þróunina á innlenda lánamarkaðnum og horfur fyrir árið 1997, meðal annars með hliðsjón af lánsfjárþörf opinberra aðila.

Í þriðja hluta frumvarpsins eru töflur um helstu þætti ríkisfjármála auk almennra yfirlitstaflna um helstu þjóðhagsstærðir og þróun þeirra síðustu ár. Í fjórða hlutanum eru fylgiskjöl, atriðaorðaskrá og efnisyfirlit.

1 Efnahagsstefnan og markmið fjárlaga

1.1 Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar

Íslenskt efnahagslíf hefur nú rétt úr kútnum eftir langvinnt erfiðleikatímabil. Síðustu tvö ár var hagvöxtur hér á landi svipaður og í helstu samkeppnislöndunum og á árinu 1996 eru horfur á að hagvöxtur verði meiri hér en í nokkru öðru OECD-ríki, að Írlandi undanskildu. Á næsta ári er útlit fyrir að hagvöxtur verði svipaður og í nálægum löndum.

Nokkuð skyggir á að aukinn hagvöxt má í ríkari mæli rekja til aukinna þjóðarútgjalda en innlendrar verðmætasköpunar. Mestu munar um neysluútgjöld heimilanna, en þau hafa hækkað mun meira en nemur auknum kaupmætti ráðstöfunartekna. Skýringin liggur í umtalsverðri útlánaaukningu bankakerfisins til einstaklinga og þar með meiri skuldsetningu heimilanna. Þetta ásamt aukinni fjárfestingu hefur leitt til þess að afgangur á viðskiptajöfnuði í samfellt þrjú ár hefur nú snúist í halla. Þá hefur einnig gætt tilhneigingar til aukinnar verðbólgu á þessu ári þótt hún sé enn á svipuðu stigi og í nágrannaríkjunum.

Mikilvægt er að sporna við þessari þróun. Þess vegna er eitt brýnasta verkefni stjórnvalda nú að treysta stöðu ríkisfjármála og varðveita þann stöðugleika sem náðst hefur í verðlags- og gengismálum undanfarin ár. Aðeins þannig er unnt að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs enn frekar en orðið er og skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og bættra lífskjara. Þetta er sem fyrr kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

1.2 Mikilvægi jafnvægis í ríkisfjármálum

Ýmis veigamikil rök eru fyrir því að traust staða ríkisfjármála eigi að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Reyndar eru þessi rök ekki bundin við íslenskar aðstæður því að almenn samstaða ríkir um þau á alþjóðavettvangi. Þannig hafa helstu skilaboð alþjóðaefnahagsstofnana til stjórnvalda um alllangt skeið verið að nauðsynlegt sé að nýta uppsveifluna í efnahagslífinu til að treysta stöðu ríkisfjármála og renna með því styrkari stoðum undir efnahagsbatann.

Þessi skilaboð eiga einnig við hér á landi. Á sama hátt og leitað var til ríkissjóðs þegar erfiðleikar steðjuðu að atvinnulífinu er nú afar brýnt að nýta efnahagsbatann til þess að skila ríkissjóði með afgangi. Það er öruggasta leiðin til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, efla hagvöxt og bæta lífskjör heimilanna. Af þessu leiðir að ekki eru rök fyrir því að slaka á aðhaldi í ríkisfjármálum að svo stöddu. Þvert á móti má færa gild efnahagsleg rök fyrir hinu gagnstæða, þ.e. að auka aðhald enn frekar. Íslensk hagsaga geymir of mörg dæmi um lausatök í hagstjórn þegar vel árar. Afleiðingin hefur ávallt verið þensla, verðbólga, gengisfellingar og versnandi lífskjör almennings.

Jafnvægi í ríkisfjármálum er enn mikilvægara fyrir þá sök að afgangur á viðskiptajöfnuði hefur snúist í halla. Í því felst að þjóðin eyðir meiru en hún aflar. Afgangur á ríkissjóði vegur á móti þessari umframeyðslu og stuðlar þannig að stöðugleika í efnahagslífinu. Ennfremur er rétt að hafa í huga að samfelldur hallarekstur ríkissjóðs undanfarin tólf ár hefur leitt til verulegrar skuldasöfnunar, en hún er í reynd ávísun á skattahækkanir eða frekari niðurskurð útgjalda í framtíðinni.

Mikilvægt er að snúa þessari þróun við og fara að greiða niður þær skuldir sem hafa hlaðist upp vegna hallareksturs ríkissjóðs mörg undanfarin ár. Jafnframt er rétt að hafa í

huga að þótt skuldastaða ríkisins sé lægri í hlutfalli við landsframleiðslu hér á landi en víða annars staðar vega erlendar skuldir mun meira hér á landi.

Þá eru hallalaus fjárlög ekki lokaáfangi í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum heldur sá fyrsti því að utan fjárlaga standa ýmsar skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig, einkum í lífeyrismálum, en einnig í áföllnum en ógreiddum vaxtagjöldum. Næsta verkefni í ríkisfjármálum er að jafna þessi met þannig að rekstur ríkissjóðs standi undir öllum gjöldum og skuldbindingum sem á honum hvíla. Til að ná þessum markmiðum þarf ríkissjóður að skila umtalsverðum afgangi á næstu árum.

Aukin vaxtabyrði er óhjákvæmileg afleiðing þráláts hallareksturs og skuldasöfnunar. Tölurnar tala sínu máli. Frá árinu 1985 nemur samanlagður halli ríkissjóðs rúmlega 100 milljörðum króna, eða 8-9 milljörðum króna að jafnaði á ári. Þessi hallarekstur hefur verið fjármagnaður með lánum, bæði innlendum og erlendum. Af því leiðir að vaxtagreiðslur ríkissjóðs hafa smám saman verið að aukast og nema nú 13-14 milljörðum króna á ári hverju. Vaxtagjöld ríkissjóðs eru þar með orðin næst stærsti einstaki útgjaldaliður fjárlaganna. Sem dæmi má nefna að vaxtagjöldin nema hærri fjárhæð en fer úr ríkissjóði til skólahalds í landinu og svipaðri fjárhæð og fer í rekstur sjúkrahúsanna á Akureyri og í Reykjavík.

Loks er mikilvægt að nýta þann meðbyr sem er í efnahagslífinu til þess að treysta stöðu ríkissjóðs með varanlegum hætti. Með því er búið í haginn fyrir framtíðina í tvennum skilningi. Annars vegar með því að greiða niður skuldir ríkisins og koma þannig í veg fyrir skattahækkanir á næstu árum. Hins vegar er ekki síður mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála nú, meðan uppsveiflan varir, og skapa með því svigrúm til að mæta áföllum eða andbyr í efnahagsmálum síðar. Sagan kennir okkur að óvarlegt sé að gera ráð fyrir að góðæri haldist um aldur og ævi og hyggilegra sé að hafa vaðið fyrir neðan sig.

1.3 Helstu markmið fjárlaga

Frumvarpið endurspeglar megináherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum ársins 1997, eftir samfelldan hallarekstur allt frá árinu 1985. Þetta markmið er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og var fyrsta skrefið í átt til jafnvægis stigið með afgreiðslu fjárlaga ársins 1996. Þar var stefnt að því að helminga rekstrarhalla ríkissjóðs frá fyrra ári og benda síðustu áætlanir til þess að það gangi eftir.

Mikilvægt er að stefna að auknum afgangi á ríkissjóði á næstu árum, meðal annars til þess að mæta skuldbindingum sem ekki eru gjaldfærðar í fjárlögum og grynnka á þeim skuldum og vaxtakostnaði sem þrálátur hallarekstur ríkissjóðs hefur leitt til. Traustari staða ríkisfjármála skapar svigrúm til lægri vaxta og skattalækkunar á næstu árum.

Til þess að ná markmiði fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1997 þarf að beita verulegu aðhaldi á útgjaldahlið. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1997 verði 124,3 milljarðar króna. Þótt þessi fjárhæð sé heldur hærri en fjárlagatalan fyrir árið 1996 (reiknað á sambærilegum grunni, þ.e. á föstu verðlagi og án grunnskólans) felst í þessum áformum um 2½% lækkun útgjalda að raungildi frá áætlaðri útkomu 1996. Lækkunin kemur einkum fram í útgjöldum til rekstrar, viðhalds og fjárfestingar. Jafnframt tekst að halda tilfærsluútgjöldum nær óbreyttum milli ára þrátt fyrir að fjölgun aldraðra þrýsti á um aukin útgjöld. Helstu breytingar á gjaldahlið, auk flutnings grunnskólans til sveitarfélaga, eru áform um breyttar áherslur í rekstri fjölmargra ríkisstofnana með hliðsjón af stórstígum framförum í samgöngum og fjarskiptum og samkeppni við einkaaðila. Líkt og á einkamarkaði munu þjónustusvæði stækka og stofnanir verða færari til að sinna hlutverki sínu þótt þeim fækki.

Þessar breytingar munu einnig skila sér í lægri útgjöldum, einkum þegar frá líður, en að vissu marki þegar á árinu 1997.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins markast af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að auka ekki skattbyrði. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 eru áætlaðar 125,4 milljarðar króna. Samhliða fjárlagagerðinni hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum. Unnið er að heildarendurskoðun á tekjuskatti einstaklinga og ýmsum bótagreiðslum, meðal annars með það fyrir augum að draga úr svonefndum jaðaráhrifum. Ýmis atriði í álagningu tekjuskatts á fyrirtæki eru einnig til skoðunar. Þá er gert ráð fyrir að álagning tryggingagjalds á fyrirtæki verði samræmd milli atvinnugreina í áföngum og mun fyrsti áfangi koma til framkvæmda á næsta ári. Ennfremur er unnið að frekari breytingum á vörugjöldum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu ári. Um næstu áramót kemur einnig til framkvæmda skattlagning vaxtatekna og samræmd skattlagning fjármagnstekna, en lög þessa efnis voru samþykkt á Alþingi síðastliðið vor.

1.4 Árangur efnahagsstefnunnar

Batnandi afkoma þjóðarbúsins nú er um margt frábrugðin fyrri uppsveiflum í íslensku efnahagslífi þar sem hún verður ekki rakin sérstaklega til sjávarútvegs. Allt frá miðjum síðasta áratug hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Lykilorðið í þessari þróun er aukið frelsi í viðskiptum, jafnt með vörur, þjónustu og fjármagn. Á flestum sviðum hefur hömlum verið aflétt og höftum, boðum og bönnum verið ýtt út af borðinu. Auk þess hefur af hálfu stjórnvalda verið gripið til ýmissa aðgerða til að laga rekstrarskilyrði atvinnulífsins að því sem best gerist í helstu samkeppnislöndunum. Auknu frelsi fylgir vaxandi samkeppni, inn á við sem út á við. Fyrirtækin hafa því þurft að taka sér tak, hagræða og endurskipuleggja reksturinn. Þessar breytingar, ásamt stöðugleika í efnahagslífinu, hafa lagt grunninn að öflugra atvinnulífi.

Árangur aðgerðanna er nú smám saman að koma í ljós. Tekist hefur að koma verðbólgu niður á svipað stig og í samkeppnislöndunum. Jafnframt hefur gengi íslensku krónunnar verið stöðugt. Síðustu þrjú ár hefur verið afgangur á viðskiptajöfnuði eftir þrálátan og nær samfelldan hallarekstur áratugum saman. Þannig tókst að stöðva erlenda skuldasöfnun. Þá hafa vextir lækkað verulega frá því sem áður var, en það stuðlar að aukinni fjárfestingu fyrirtækja og léttari vaxtabyrði heimila. Í kjölfarið hefur hagvöxtur tekið við sér og störfum á vinnumarkaði fer nú aftur fjölgandi. Atvinnuleysi hefur því minnkað og kaupmáttur heimilanna hefur aukist á nýjan leik. Allt eru þetta jákvæðir þættir í efnahagslífinu sem mikilvægt er að treysta enn frekar, ekki síst með hliðsjón af horfum um viðskiptahalla á ný á þessu og næsta ári.

Afkoma ríkissjóðs án vaxta



Margt hefur áunnist í ríkisfjármálum undanfarin ár. Þannig má nefna að á árinu 1996 eru, í fyrsta sinn

síðan 1984, horfur á að afkoma ríkissjóðs, að frátöldum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, verði jákvæð, en þessi mælikvarði er gjarnan notaður til að sýna hvernig meginstraumarnir í ríkisfjármálum eru að þróast. Þetta er umtalsverður árangur og sýnir að verulega hefur þokast í rétta átt í ríkisfjármálum að undanförnu. Aðhald í ríkisrekstri hefur verið eflt, meðal annars með markvissari fjárlagagerð. Þá hefur verið unnið að ýmsum skipulagsbreytingum til að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til heilbrigðis- og menntamála. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga ásamt sérstöku viðbótarframlagi úr ríkissjóði og ný lög um framhaldsskóla mun styrkja almenna grunnmenntun á næstu árum. Ennfremur hefur verið unnið að nýskipan í ríkisrekstri, með auknum útboðum, sameiningu stofnana og þjónustusamningum. Fjölmörg ríkisfyrirtæki hafa verið seld og öðrum breytt í hlutafélög með sölu síðar í huga. Skattkerfið hefur verið endurskoðað með það fyrir augum að skapa atvinnulífinu hér á landi sambærileg rekstrarskilyrði og erlendis. Auk þess hefur skatteftirlit verið hert. Öll þessi atriði horfa til framfara og renna styrkari stoðum undir ríkisfjármálin. Það stuðlar aftur að öflugra atvinnulífi og betri meðferð á almannafé.

Árangur efnahagsstefnunnar hefur ekki einungis skilað sér í traustari stöðu atvinnulífsins og bættum kjörum almennings heldur einnig í hagstæðari lánskjörum erlendis. Fyrr á þessu ári ákváðu því tvö af virtustu fjármálafyrirtækjum heims, Standard & Poor's og Moody's, sem sérhæfa sig í að meta lánshæfi einstakra ríkja, að hækka lánshæfiseinkunn Íslands. Þessi ákvörðun var rökstudd með tilvísun til þess mikla árangurs í efnahagsmálum sem traust og ábyrg hagstjórn hér á landi undanfarin ár hefði skilað. Þessi árangur hefur leitt til betri lánskjara ríkissjóðs erlendis og mælist einnig á alþjóðlegan mælikvarða með því að Ísland er meðal þeirra fjögurra Evrópuríkja sem uppfylla öll fjögur skilyrði um þátttöku í Myntbandalagi Evrópu, en þau lúta að verðbólgu, vöxtum, afkomu og skuldastöðu hins opinbera.

1.5 Helstu áhersluatriði í ríkisfjármálum

Með þessu fjárlagafrumvarpi er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Afar mikilvægt er að fylgja áformum frumvarpsins um aðhald og sparnað í útgjöldum fast eftir. Þannig er unnt að tryggja að sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar komi fram í afgangi á fjárlögum á næsta ári. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til undanfarin ár, meðal annars ýmsum skipulagsbreytingum í heilbrigðis- og menntamálum, nýskipan í ríkisrekstri, markvissari fjárlagagerð og aukinni ábyrgð stjórnenda, og aðgerðum sem eru í undirbúningi, verður staða ríkisfjármála treyst enn frekar.

Hér á eftir er stuttlega fjallað um helstu verkefni og áhersluatriði í ríkisfjármálum á næstu misserum:

- **Traust og ábyrg hagstjórn.** Meginmarkmið efnahagsstefnunnar er að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og bættum lífskjörum. Lág verðbólga og sambærileg rekstrarskilyrði og í helstu samkeppnislöndunum stuðla að auknum fjárfestingum og nýsköpun í atvinnulífinu. Þess vegna er mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála og skapa einstaklingum og fyrirtækjum meira svigrúm til athafna.

- **Aðhald í ríkisútgjöldum.** Með fjárlögum ársins 1996 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 eru stigin mikilvæg skref í átt til aukins aðhalds í ríkisútgjöldum og betri nýtingu á almannafé. Með breyttum áherslum í rekstri fjölmargra ríkisstofnana er stefnt að betri

og markvissari þjónustu með færri en öflugri stofnunum. Á næsta ári verður rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, sýslumannsembætta og skattstofa tekinn til skoðunar. Með breytingunum á að nýta þá möguleika á hagræðingu sem ný tækni og bættar samgöngur gefa.

- **Lækkun jaðarskatta.** Þrátt fyrir erfiða stöðu ríkisfjármála undanfarin ár hafa stjórnvöld beitt sér fyrir lækkun skatta, meðal annars til að greiða fyrir gerð kjarasamninga. Virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður, aðstöðugjald fellt niður og lífeyrisiðgjöld launþega gerð skattfrjáls. Traustari staða ríkisfjármála getur skapað svigrúm til frekari skattalækkana á næstu árum. Mikilvægasta verkefnið er að lækka „jaðarskattana", bæði sjálft tekjuskattshlutfallið og „jaðaráhrif" ýmissa bótagreiðslna. Um þessi atriði er nú fjallað í nefnd sem skipuð er fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og er niðurstöðu að vænta síðar á árinu. Reyndar hafa nú þegar verið stigin ákveðin skref í þessa átt með ákvörðun um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launþega og breytingum á útreikningi barnabóta til tekjulægri fjölskyldna.

- **Samkeppnisstaða atvinnulífsins styrkt.** Eitt helsta markmið efnahagsstefnunnar er að treysta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og leggja þannig grunn að bættum lífskjörum í landinu. Að undanförnu hefur verið unnið að sérstakri athugun á því hvernig best megi ná þessu markmiði. Niðurstöður þessa starfs eru að ýmislegt megi betur fara. Efla þurfi almenna menntun og tækniþekkingu og auka samkeppni á sem flestum sviðum, jafnt á fjármálamarkaði, í samgöngum og fjarskiptum sem í skóla- og heilbrigðismálum. Einnig eigi að opna fyrir erlendar fjárfestingar og auka sem mest frelsi í viðskiptum, ekki síst innflutning. Unnið verður að almennri stefnumótun um hvernig þessum markmiðum megi ná.

- **Nýskipan í ríkisrekstri.** Áfram verður unnið að nýskipan í ríkisrekstri, með auknum útboðum, sameiningu stofnana, þjónustusamningum, breyttu launakerfi og aukinni ábyrgð stjórnenda. Greint verði á milli þess annars vegar að ríkið tryggi tiltekna þjónustu og hins vegar þess hver annast þá þjónustu. Meginreglan verði sú að ríkið annist aðeins þau verkefni sem ekki er hægt að fela öðrum.

- **Áhersla á skilvirkari þjónustu ríkisins.** Reynt verði eftir megni að skapa markaðsaðstæður í ríkisrekstri, t.d. með þróun innri markaðar og þjónustugjöldum. Gerðir verði samningar við einkaaðila um lögboðna þjónustu sem ríkið greiðir. Mikilvægt er að jafna aðstöðumun þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og gera arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna verði endurskipulagðar til að komast hjá tvíverknaði og óþarfa kostnaði. Eftirlitsmælingar og beinar þjónusturannsóknir opinberra rannsóknastofnana verði markaðsvæddar með einkavæðingu og sölu þjónustu á raunvirði.

- **Stefnumörkun til nokkurra ára.** Stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára í senn er mikilvægt skref í átt til markvissari fjárlagagerðar og traustari hagstjórnar. Áætlanir af þessu tagi skapa aukið traust á efnahagsstefnunni og stuðla þannig að meiri stöðugleika. Stefnt er að því að treysta þessa áætlanagerð enn frekar í sessi með því að binda hana í lög um fjárreiður ríkisins, en frumvarp þess efnis verður lagt fram á haust-

þingi. Jafnframt er æskilegt að sérstaklega verði fjallað um langtímahorfur í ríkisfjármálum á Alþingi.

- **Lífeyrismál endurskoðuð.** Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur fjármálaráðherra skipað sérstaka nefnd til að gera tillögur um úrbætur í lífeyrismálum sem miði að því meðal annars að allir landsmenn njóti sambærilegra lífeyrisréttinda. Stefnt er að því að starfsmenn ríkisins eigi aðild að hliðstæðu lífeyriskerfi og launþegar á almennum markaði búa við. Auk þess verði lífeyrisskuldbindingar ríkisins framvegis gerðar upp um leið og til þeirra er stofnað. Með almennri löggjöf um lífeyrissjóði verði sjóðunum mörkuð umgjörð sem fjármálastofnunum og tryggingavernd sjóðfélaganna skilgreind.

- **Starfsmannastefna ríkisins mótuð.** Á þessu ári tóku gildi ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með þessari lagasetningu eru starfsskilyrði og ýmsir þættir er lúta að starfsemi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja fært til þess sem gerist á einkamarkaði. Þannig eru vald og ábyrgð stjórnenda ríkisstofnana aukin, en jafnframt eru gerðar meiri kröfur til þeirra um árangur í starfi. Æviráðning ríkisstarfsmanna er einnig afnumin. Starfsmenn fá aukna möguleika til að hækka í launum eftir hæfni og ábyrgð og sveigjanleiki í vinnutíma er aukinn. Áfram verður unnið að frekari úrbótum á þessu sviði.

- **Sala ríkisfyrirtækja.** Að undanförnu hefur rekstrarformi ýmissa ríkisfyrirtækja verið breytt og þau gerð að hlutafélögum. Þegar hafa öll hlutabréf ríkisins í nokkrum fyrirtækjum verið seld og á næsta ári er stefnt að sölu hlutabréfa í Skýrr hf., Áburðarverksmiðjunni hf. og Sementsverksmiðjunni hf. Áfram verður unnið að hliðstæðum breytingum ríkisfyrirtækja og stofnana sem eru í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt verður lögð áhersla á að breyta rekstrarformi ríkisbankanna tveggja og fjárfestingarlánasjóða.

1.6 Stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára

Á síðasta ári lagði fjármálaráðherra fram í ríkisstjórn áætlun í ríkisfjármálum til fjögurra ára. Áætlunin var unnin í fjármálaráðuneytinu í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Í henni voru sýndar spár um þróun efnahagsmála fram til ársins 1999. Niðurstaða þessarar áætlunar var, að eina örugga leiðin til þess að tryggja viðunandi hagvöxt og bæta lífskjör almennings væri að treysta stöðu ríkissjóðs með aðhaldi í ríkisútgjöldum því að það stuðlaði að áframhaldandi stöðugleika í verðlagsmálum og lágum vöxtum. Væri ekki gripið til viðeigandi aðhaldsaðgerða stefndi hins vegar í vaxandi hallarekstur og aukna skuldasöfnun ríkisins á næstu árum. Afleiðingarnar voru taldar verða hærri vextir, minni hagvöxtur, vaxandi atvinnuleysi og lakari kaupmáttur almennings.

Í kjölfar þeirra aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum sem gripið var til á árinu 1996 og áformaðar eru á fjárlögum ársins 1997 hafa almennar horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum næstu ár batnað til muna. Í stað vaxandi hallareksturs og skuldasöfnunar ríkissjóðs eru nú horfur á afgangi næstu ár, enda verði áfram fylgt mjög aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Við þessar aðstæður fara skuldir ríkisins smám saman lækkandi fram til aldamóta. Ennfremur eru horfur á að hagvöxtur verði svipaður og í samkeppnislöndunum. Störfum fjölgar einnig umtalsvert og kaupmáttur heimilanna eykst ár frá ári.

Af þessu má ráða hve brýnt er að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum á næstu árum. Þetta er þeim mun mikilvægara þegar horft er til þess að á næstu árum og áratugum munu útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála fara vaxandi, meðal annars vegna fjölgunar ellilífeyrisþega.

1.7 Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og mikilvægi þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Íslenskt efnahagslíf hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum árum. Í stað glundroða hefur komið stöðugleiki. Jafnframt hafa orðið grundvallarbreytingar á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins sem hafa rennt stoðum undir öflugra atvinnulíf og bætt lífskjör. Enn er þó verk að vinna.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að því að styrkja undirstöður atvinnulífsins enn frekar á næstu árum. Traust staða ríkisfjármála og jafnvægi í utanríkisviðskiptum er hér í lykilhlutverki. Að undanförnu hefur verulega rofað til í efnahagsmálum hér á landi. Framkvæmdir eru hafnar við stóriðju á ný eftir nær tveggja áratuga hlé. Jafnframt eru að spretta upp öflug fyrirtæki í ýmsum nýjum greinum atvinnulífsins. Þessi þróun hefur þegar skilað sér í auknum þjóðartekjum og nýjum störfum. Í kjölfarið hefur kaupmáttur launafólks aukist.

Mikilvægt er að nýta efnahagsbatann skynsamlega og forðast kollsteypur. Í komandi kjarasamningum þarf að taka mið af þeim efnahagslega ramma sem markast af aukningu þjóðartekna. Þannig má koma í veg fyrir að verðbólgan fari aftur á skrið því að hún leikur þá verst sem minnst mega sín. Mestu máli skiptir að þjóðartekjur haldi áfram að vaxa og stuðla þannig að fjölgun nýrra starfa. Reynslan ætti að kenna okkur að sígandi lukka er best.

2 Helstu þættir ríkisfjármála

Í þessum kafla eru dregnir saman helstu þættir ríkisfjármála, annars vegar í ljósi framvindunnar á árinu 1996 og hins vegar eins og þeir birtast í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997. Einungis er stiklað á stóru, en nánar er fjallað um einstök atriði síðar.

2.1 Horfur í ríkisfjármálum árið 1996

Fjárlög. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir tæplega 4 milljarða króna halla á ríkissjóði. Þetta var í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að stefna að helmingi minni halla en árið 1995 og freista þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum árið 1997. Heildartekjur ríkissjóðs voru áætlaðar 120,9 milljarðar króna á grundvelli endurskoðaðrar þjóðhagsspár í árslok 1995 þar sem meðal annars var spáð rúmlega 3% hagvexti árið 1996. Heildarútgjöld voru áætluð 124,8 milljarðar.

Endurskoðuð áætlun 1996. Nú liggja fyrir tölur um afkomu ríkissjóðs fyrstu átta mánuði ársins. Jafnframt hafa efnahagshorfur verið endurmetnar. Þetta tvennt gefur tilefni til að endurskoða fyrri áætlanir um afkomuhorfur ríkissjóðs á árinu öllu. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er sú að halli ríkissjóðs geti orðið um 12,8 milljarðar króna í árslok þegar allt er talið. Til að fá sanngjarnan samanburð við fjárlög ársins er hins vegar rétt að geta þess að inni í þessari hallatölu eru 10,1 milljarðs króna vaxtagjöld sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Þessar vaxtagreiðslur má rekja til ákvörðunar stjórnvalda um að innkalla nokkra flokka spariskírteina sem báru mjög háa vexti, en hún leiðir til þess að vaxtagreiðslur ríkisins munu lækka um 2 milljarða á árunum 1996-2000 miðað við það sem ella hefði orðið.

Að þessum sérstöku vaxtagreiðslum frátöldum, er halli ríkissjóðs árið 1996 talinn geta orðið um 2,7 milljarðar króna, eða 1,2 milljörðum króna minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Ennfremur gerist það, í fyrsta sinn síðan árið 1984, að afkoma ríkissjóðs, að vöxtum frátöldum, verður jákvæð um 5½ milljarð króna, eða sem svarar til 1,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að á árunum 1985-1995 hefur afkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða verið neikvæð sem nemur um 3½ milljarði að jafnaði á ári. Staða ríkisfjármála hefur því styrkst verulega á árinu 1996.

Hér á eftir er fjallað um helstu þætti ríkisfjármála á árinu 1996 í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á tekju-, gjalda- og lánahlið frá fjárlögum.

Tekjur. Skýringin á betri afkomu ríkissjóðs en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins felst í umtalsvert meiri tekjum en áætlað var. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er nú talið að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1996 geti orðið um 126 milljarðar króna, eða 5,1 milljarði hærri en á fjárlögum.

Auknar tekjur má að langmestu leyti rekja til meiri umsvifa í efnahagslífinu en gengið var út frá við fjárlagagerðina, meðal annars vegna mikils fiskafla, minna atvinnuleysis, aukinna tekna og meiri kaupmáttar heimilanna. Einnig koma til sérstök tilefni og tilfærslur tekna frá fyrra ári. Talið er að aukin umsvif umfram fyrri spár skili ríkissjóði nálægt 4 milljarða króna tekjuauka á árinu. Þessi áhrif koma fram í tekjuskatti og tryggingagjaldi vegna meiri tekjubreytinga og í almennum veltusköttum, einkum gjöldum af innflutningi. Auk þess hafa vaxtatekjur, bifreiðagjöld og skil ÁTVR (að hluta til vegna fyrra árs) aukist. Á móti

vega neikvæð greiðsluáhrif af breytingum vörugjalds sem ekki hafði verið reiknað með við gerð fjárlaga.

Talið er að tekjuskattar verði rúmlega 3 milljörðum króna meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá er tryggingagjald talið skila 250 m.kr. viðbótartekjum. Verulega aukinn innflutningur skilar umtalsverðum tekjuauka af innflutningsgjöldum. Á móti vega áhrif af lækkun vörugjalda þannig að þegar allt er talið skila innflutnings- og vörugjöld svipuðum tekjum og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Bifreiðagjöld skila hins vegar tæplega 300 m.kr. viðbótartekjum. Tekjur af virðisaukaskatti hækka minna en nemur veltubreytingum, en það má meðal annars rekja til mikils innflutnings á fjárfestingarvöru sem veldur ákveðnum tilfærslum í greiðsluflæði virðisaukaskatts. Auk þess hafa endurgreiðslur til fiskvinnslu verið meiri en reiknað var með. Loks má ætla að aukin samkeppni í ýmsum verslunargreinum, einkum matvöruverslun og bifreiðaverslun, hafi leitt til lægri álagningar sem aftur kemur fram í minni tekjum af virðisaukaskatti.

Útgjöld. Endurmat á útgjaldahorfum ársins leiðir í ljós 3,9 milljarða króna hækkun frá fjárlögum. Hér kemur ýmislegt til, bæði nýjar ákvarðanir Alþingis og ríkisstjórnar auk þess sem ýmis sparnaðaráform fjárlaga hafa ekki gengið eftir. Í grófum dráttum má greina fjórar meginástæður aukinna útgjalda.

Í fyrsta lagi eru horfur á að útgjöld til heilbrigðismála fari allt að 1.400 m.kr. fram úr fjárlögum. Þyngst vegur aukin fjárþörf sjúkratrygginga, um 900 m.kr. Þá er í sérstöku samkomulagi fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og borgarstjóra um sparnaðaraðgerðir og verkaskiptingu milli stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, gert ráð fyrir 430 m.kr. viðbótarfjárveitingu til sjúkrahúsanna á þessu ári.

Í öðru lagi er talið að framlög til fjárfestingar fari tæplega 700 m.kr. fram úr fjárlögum. Framlag til Vegagerðar er talið hækka um 277 m.kr. vegna hækkunar á tekjustofnum og bættrar innheimtu á þungaskatti. Ennfremur hafa verið teknar ákvarðanir um ýmis verkefni sem ekki var ætlað fyrir í fjárlögum, svo sem um flugvélakaup fyrir Flugmálastjórn, kostnað fyrir embætti forseta Íslands og framkvæmdir á vegum Alþingis. Alls er talið að þessi útgjöld nemi um 300 m.kr.

Í þriðja lagi eru horfur á að almenn vaxtagjöld hækki um 750 m.kr. Vaxtagreiðslur af erlendum langtímalánum hækka um 500 m.kr. að hluta vegna vanmats í fjárlögum og eins vegna nýrrar lántöku í ársbyrjun sem greitt er af þegar á þessu ári. Þá hækka skammtímavextir af innlendum sem erlendum lánum um 250 m.kr. vegna aukinnar fjármögnunar í kjölfar sérstakrar innköllunar eldri spariskírteina. Í þessum tölum er sem fyrr segir, ekki tekið tillit til áhrifa þessarar innköllunar á vaxtagjöld ársins.

Í fjórða lagi eru ýmis atriði sem hafa kallað á viðbótarútgjöld, samtals um 1,1 milljarð króna. Af einstökum liðum má nefna að útgjöld vegna reksturs grunnskóla eru talin verða 240 m.kr. umfram heimildir fjárlaga. Einnig hefur verið unnið að uppgjöri á skuldbindingum ríkissjóðs vegna snjóflóðanna á Súðavík og Flateyri og er talið að fjárþörf vegna þeirra nemi 250 m.kr. Þá er áætlað að kostnaður af kjarasamningum sem gerðir voru undir lok síðasta árs geti numið 250 m.kr. Loks er að finna ýmis smærri ný útgjaldatilefni, en á móti vegur inneign á nokkrum tilfærslu- og stofnkostnaðarliðum.

Lánahreyfingar. Lánveitingar eru í samræmi við áætlun fjárlaga, að því frátöldu að ákveðið var að ríkissjóður hefði milligöngu um útvegun 2,3 milljarða króna láns til að mæta fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins. Einnig mun ríkissjóður endurlána Speli hf. 400 m.kr. sem

fara til framkvæmda við vegtengingu við Hvalfjarðargöng. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. það fjármagn sem ríkissjóður þarf að afla til að mæta rekstrarhalla og ýmsum lánahreyfingum, er talin verða um 5,2 milljarður króna, eða rúmlega 1 milljarði umfram fjárlagaáætlun, en það stafar sem fyrr segir af sérstakri lánveitingu til Byggingarsjóðs ríkisins.

Auk hefðbundinna lánahreyfinga ríkissjóðs kallaði hin sérstaka innköllun spariskírteina á umtalsverðar lántökur, eða um 17,3 milljarða króna. Að þeim meðtöldum stefnir heildarlánsfjárþörf ríkisins í 44 milljarða króna, eða 19 milljarða umfram fjárlög.

Afkoma ríkissjóðs 1993-1997

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1993	1994	1995	Fjárlög 1996	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Tekjur	103.220	109.602	114.436	120.865	125.987	125.424
Gjöld	112.863	116.986	123.344	124.816	138.800	124.340
Gjöld án áhrifa innköllunar á vaxtagjöld	-	-	-	-	*128.700*	-
Rekstrarafkoma	**-9.643**	**-7.384**	**-8.908**	**-3.951**	**-12.813**	**1.084**
Rekstrarafkoma án áhrifa innköllunar	**-**	**-**	**-**	**-**	***-2.713***	**-**
Lánveitingar, nettó	-1.055	-7.387	-9.712	-150	-2.420	1.250
Hrein lánsfjárþörf	**10.698**	**14.771**	**18.620**	**4.101**	**15.233**	**-2.334**
Hrein lánsfjárþörf án áhrifa innköllunar	-	-	-	-	*5.133*	-
Lántökur nettó	12.134	14.729	17.806	4.140	14.500	-2.240
Innlend lántaka-afborganir	8.090	3.568	2.192	-	6.900	-
Erlend lántaka-afborganir	4.044	11.161	15.614	-	7.600	-
Greiðsluafkoma	1.436	-42	-814	39	-733	94

2.2 Megindrættir fjárlagafrumvarps 1997

Yfirlit. Fjárlagafrumvarpið endurspeglar þær megináherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og leggja með því grunn að varanlegum hagvexti, bættum lífskjörum og lækkun erlendra skulda. Gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum ársins 1997, eftir samfelldan hallarekstur frá árinu 1985. Í frumvarpinu er lögð áhersla á að halda vexti útgjalda í skefjum og er talið að útgjöldin lækki um 2½% að raungildi frá áætlaðri útkomu árið 1996, þegar frá eru talin áhrif flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Á tekjuhlið gætir fyrst og fremst áhrifa aukinna umsvifa í efnahagslífinu sem skila sér í umtalsverðri aukningu tekna. Á móti vega áhrif lækkunar tekjuskatts vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga.

Tekjuhlið. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1997 áætlaðar 125,4 milljarðar króna. Áframhaldandi aukning þjóðarútgjalda er talin skila allt að 5½ milljarði króna tekjuauka á árinu 1997. Á móti vega sem fyrr segir áhrif af flutningi tekjuskatts frá ríki til sveitarfélaga í kjölfar yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans, en þessi breyting er talin lækka skatttekjur ríkissjóðs um tæplega 6 milljarða króna á næsta ári. Heildartekjur ríkissjóðs verða því ½ milljarði króna lægri á árinu 1997 en í ár. Á tekjuhlið er vakin sérstök athygli á eftirfarandi atriðum:

- Sveitarfélög tóku yfir rekstur grunnskólans í ágúst 1996. Til að fjármagna reksturinn verður hluti tekjuskatts einstaklinga færður yfir í útsvar. Þessi tilfærsla, en hún nemur

2,65% af tekjuskattsstofni, kemur til framkvæmda um áramótin og er talin lækka tekjur ríkissjóðs um 5,9 milljarða króna á árinu 1997.

- Gert er ráð fyrir að nefnd á vegum fjármálaráðherra sem skipuð er fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að endurskoða tekjuskattskerfið, ljúki störfum fyrir áramót. Verkefni nefndarinnar er meðal annars að leita leiða til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og ýmissa bótagreiðslna. Fyrstu skrefin í þessa átt voru reyndar stigin á síðasta og þessu ári með ákvörðun um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launþega og breytingum sem drógu úr tekjuskerðingu barnabótaaukans.

- Síðastliðið vor samþykkti Alþingi lög um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Meginákvæði laganna taka gildi um næstu áramót. Með lögunum er annars vegar tekin upp skattlagning vaxtatekna einstaklinga, en þær hafa til þessa verið skattfrjálsar. Hins vegar er skattlagning annarra fjármagnstekna, þ.e. arðs, söluhagnaðar og leigutekna, en í því felst skattalækkun frá því sem nú er. Lögin stuðla að aukinni samræmingu í skattlagningu launatekna og fjármagnstekna. Skattlagningin skilar engum tekjum á árinu 1997 og ekki er heldur gert ráð fyrir að hún skili ríkissjóði viðbótartekjum, en gangi í þess stað til að lækka aðra skatta.

- Ríkisstjórnin hefur ákveðið að samræma álagningu tryggingagjalds, en gjaldið er nú í tveimur þrepum. Í lægra þrepinu eru landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, en aðrar atvinnugreinar eru í hærra þrepinu. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði samræmt í áföngum á næstu árum.

- Um mitt þetta ár kom til framkvæmda fyrri áfangi lækkunar og breytinga á vörugjöldum í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Jafnframt var ákveðið að síðari áfangi þessara breytinga kæmi til framkvæmda á næsta ári. Í breytingunum felst meðal annars fækkun gjaldflokka og almenn lækkun gjaldsins auk þess sem færri vörutegundir bera nú vörugjald en áður.

Gjaldahlið. Heildarútgjöld ríkissjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eru 124,3 milljarðar króna. Á föstu verði lækka útgjöldin um 2½% milli áranna 1996 og 1997, þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga. Helstu einkenni á gjaldahlið eru þessi:

- Vegna yfirtöku sveitarfélaga á rekstri grunnskólans munu útgjöld ríkissjóðs lækka um 5,3 milljarða króna á árinu 1997. Til að auðvelda sveitarfélögum framkvæmdir við grunnskólabyggingar mun ríkissjóður hins vegar leggja fram árlega allt að 265 m.kr. á tímabilinu 1997-2001 til þeirra.

- Áform ríkisstjórnarinnar um breyttar áherslur í rekstri og þjónustu ríkisstofnana leiða til fækkunar þeirra, en jafnframt munu þær stofnanir sem eftir verða styrkjast. Fjárhagslegur ávinningur þessara breytinga kemur að hluta fram á árinu 1997. Hér má nefna rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, skattstofa og sýslumannsembætta. Í hverju ráðuneyti er framlag til rekstrarhagræðingar sem heimilt verður að

nota, til dæmis til greiðslu biðlauna, endurbóta o.fl. í því skyni að ná fram lækkun á fjárframlagi til viðkomandi stofnunar þegar á árinu 1998.

- Áfram er unnið að því að verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði eins skýr og kostur er og að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri hjá sama stjórnvaldi. Á næsta ári er til dæmis stefnt að því að húsaleigubótakerfið verði alfarið á ábyrgð sveitarfélaga.

- Áhersla er lögð á að gera formlega samninga við einkaaðila og samtök um að veita lögboðna þjónustu sem ríkissjóður greiðir, en þeir hafa til þessa einungis verið gerðir í undantekningartilvikum. Jafnframt verður kveðið á um þessa samningagerð í lögum. Í samningunum verði meðal annars kveðið á um þá þjónustu sem ríkissjóður kaupir, greiðslur fyrir þjónustuna og eftirlit með samningunum.

- Vaxtagreiðslur ríkissjóðs lækka um 250 m.kr. og verða um 13,5 milljarðar króna á árinu 1997. Lækkun vaxtagjalda má meðal annars rekja til þess að hallarekstri hefur nú verið snúið í afgang. Auk þess fara verðbætur á vexti við innlausn eldri spariskírteina lækkandi vegna lágrar verðbólgu á síðustu árum.

Lánsfjármál, skuldastaða og vextir. Með frumvarpinu er stefnt að jafnvægi í ríkisfjármálum. Aðhalds er gætt á útgjaldahlið og auknar tekjur ganga til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkisins. Með þessu fær atvinnulífið svigrúm til fjárfestingar og fjölgunar starfa.

- Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða er áætluð 11,7 milljarðar króna árið 1997, samanborið við 19,2 milljarða árið 1996. Þetta yrði minnsta lánsfjárþörf ríkisins í meira en áratug.

- Gangi áform fjárlagafrumvarps eftir mun ríkissjóður, í fyrsta skipti frá upphafi síðasta áratugar, greiða niður skuldir sínar á árinu 1997, um sem nemur 2,3 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf lækkar um 17,6 milljarða króna frá árinu 1996, en um 7,5 milljarða að áhrifum sérstakrar innköllunar spariskírteina á síðasta ári frátöldum.

- Jafnframt munu heildarskuldir ríkissjóðs lækka í hlutfalli við landsframleiðslu, annað árið í röð. Þær námu tæplega 51% af landsframleiðslu í árslok 1995, fara í 48% samkvæmt áætlun í árslok 1996 og verða 45% í árslok 1997 samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Þessi lækkun endurspeglast einnig í lækkun heildarskulda hins opinbera, en þær eru taldar nema 55½% af landsframleiðslu í árslok 1996 og verða rúmlega 53% í árslok 1997.

3 Langtímaáætlun í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fyrst fjallað um þróun ríkisfjármála á alþjóðavettvangi undanfarna áratugi, en hún varpar ljósi á vaxandi áherslu stjórnvalda víða um heim á áætlanir og spár um þróun ríkisfjármála til langs tíma litið. Síðan er farið nokkrum orðum um meginmarkmið áætlunargerðar af þessu tagi. Loks eru raktar helstu niðurstöður sérstakrar athugunar á horfum í efnahags- og ríkisfjármálum hér á landi til aldamóta.

Þessi athugun er hliðstæð þeim áætlunum sem gerðar voru á síðasta ári og lágu til grundvallar stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um hallalaus fjárlög. Athugunin var gerð í samvinnu fjármálaráðuneytis, Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka. Forsendur og áætlanir um ríkisfjármál voru unnar í ráðuneytinu á grundvelli áætlana Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur og mati Seðlabanka á þróun helstu þátta peningamála.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1996 voru sýndar niðurstöður tveggja mismunandi dæma; annars vegar hvert stefndi ef ekki væri gripið til viðeigandi aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum; hins vegar hvaða áhrif slíkar aðgerðir hefðu á almennar efnahagshorfur og ríkisfjármálin. Nú eru aðeins sýndar niðurstöður eins tilviks, enda hefur ríkisstjórnin markað þá stefnu að leiðin til þess að tryggja viðunandi hagvöxt og bæta lífskjör almennings á næstu árum sé að treysta stöðu ríkissjóðs með aðhaldi í ríkisútgjöldum.

Í samræmi við þessa stefnumörkun hefur þegar á árinu 1996 verið gripið til sérstakra aðhaldsaðgerða og frekari aðgerðir eru kynntar í þessu frumvarpi. Jafnframt verður áfram nauðsynlegt að beita ítrasta aðhaldi í ríkisútgjöldum á næstu árum.

3.1 Þróun ríkisfjármála á alþjóðavettvangi og helstu viðfangsefni hagstjórnar

Undanfarin ár hefur áætlunargerð til lengri tíma en eins árs hlotið vaxandi athygli víða um lönd. Ástæðan er einkum mikill og þrálátur hallarekstur hins opinbera. Afar neikvæð áhrif þessa hallareksturs á vexti, atvinnustig og lífskjör valda því að stjórnvöld leita nýrra leiða til þess að ná tökum á ríkisfjármálunum. Viðvarandi halli þrátt fyrir aukinn hagvöxt hefur einnig opnað augu manna fyrir þeim hluta sem rekja má til ýmissa skipulagsvandamála í opinbera búskapnum, ekki síst á sviði velferðarmála. Einnig hafa vaxandi lífeyrisskuldbindingar að undanförnu og horfur um fjölgun ellilífeyrisþega á næstu árum og áratugum leitt í ljós aukinn útgjaldavanda sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Þróun ríkisfjármála. Þegar horft er á framvindu ríkisfjármála í iðnríkjunum undanfarna áratugi má greina nokkra athyglisverða þætti sem öðru fremur einkenna þróunina. Fyrst má nefna viðvarandi halla á rekstri hins opinbera, allt frá miðjum áttunda áratugnum og fram til þessa dags. Í öðru lagi er skýringin á hallanum fyrst og fremst mikill vöxtur opinberra útgjalda, langt umfram tekjur. Í þriðja lagi gætir hér aðallega áhrifa aukinna tilfærsluútgjalda, einkum til heilbrigðis- og lífeyrismála, enda þótt rekstrarútgjöldin hafi einnig vaxið á þessu tímabili. Erfitt hefur reynst að ná samstöðu um aðhaldsaðgerðir á þessum sviðum, enda eru þessir málaflokkar afar viðkvæmir og snerta tiltölulega skýrt afmarkaða þjóðfélagshópa.

Í kjölfar hallareksturs hins opinbera hafa skuldir hlaðist upp. Árið 1980 námu heildarskuldir opinberra aðila í OECD-ríkjunum um 40% af landsframleiðslu, en árið 1996 er áætlað að þær nemi um 75% af landsframleiðslu. Almenn samstaða er um það á alþjóðavett-

vangi að skuldastaða opinberra aðila sé komin á ystu nöf. Ekki er ágreiningur um að afleiðingar hallareksturs og aukinnar skuldasöfnunar séu hærri vextir, minni fjárfesting einkaaðila og lakari lífskjör. Erfitt er að meta þessi áhrif nákvæmlega, en athuganir á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins benda til þess að skuldasöfnun iðnríkjanna síðustu fimmtán ár hafi hækkað vexti á alþjóðamarkaði um 1-2,5 hundraðshluta. Þetta eru umtalsverð áhrif eins og sést best af því að meðalnafnvextir í helstu iðnríkjum heims eru nálægt 6% um þessar mundir.

Helstu viðfangsefni hagstjórnar. Miklar breytingar hafa orðið í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi undanfarin tíu til fimmtán ár. Þessar breytingar hafa öðru fremur einkennst af auknu frjálsræði í viðskiptum, jafnt milli ríkja sem innan þeirra. Þetta á ekki einungis við um vöruviðskipti, heldur einnig fjármagns- og þjónustuviðskipti. Alþjóðavæðingin hefur þannig haldið innreið sína. Þessar aðstæður hafa kollvarpað ýmsum fyrri hugmyndum um orsakasamhengi ýmissa þátta efnahagslífsins, ekki síst hvað ríkisfjármál snertir og áhrif aðgerða á því sviði á almenna efnahagsþróun.

Áður var sú skoðun útbreidd að aðhaldsaðgerðir í ríkisútgjöldum leiddu óhjákvæmilega til samdráttar í efnahagslífinu. Nú er hins vegar almenn samstaða um að jákvæð efnahagsleg áhrif af traustri stöðu ríkisfjármála í kjölfar aukins aðhalds í útgjöldum geri meira en vega upp hugsanleg samdráttaráhrif aðgerða af þessu tagi. Þetta má einkum rekja til þess að við ríkjandi aðstæður í alþjóðaviðskiptum eru væntingar markaðsaðila og trúverðugleiki efnahagsstefnunnar talin hafa úrslitaáhrif á þróun vaxta og þar með hagvaxtarhorfur.

Í samræmi við þessi viðhorf er meginverkefni stjórnvalda í nær öllum iðnríkjum heims, að mati flestra alþjóðaefnahagsstofnana, nú talið vera að ná tökum á útgjaldavexti ríkissjóðs, einkum tilfærslum til velferðarmála, og jafnvel að snúa þróuninni við og beinlínis lækka útgjöldin. Jafnframt er talið brýnt að mæta fyrirsjáanlegum útgjaldavanda, vegna lífeyrisskuldbindinga hins opinbera og fjölgunar ellilífeyrisþega, með viðeigandi aðhaldsaðgerðum hið fyrsta. Breytt viðhorf og horfur um vaxandi útgjöld ríkisins næstu ár og áratugi hafa orðið til þess að beina sjónum stjórnvalda í ríkari mæli að áætlunargerð í ríkisfjármálum til langs tíma litið.

3.2 Helstu markmið áætlunargerðar til lengri tíma

Fyrstu skrefin stigin hér á landi. Síðustu tvö til þrjú ár hefur verið lagður grunnur að útgjalda- og tekjuspá til nokkurra ára í senn í fjárlagagerðinni hér á landi. Með þessu hefur mikilvægt skref verið stigið í átt að öflugri og áreiðanlegri fjárlagagerð en áður. Einnig má leiða að því rök að áhrifin hafi verið jákvæð þar sem markmiðssetning fjárlaga hefur orðið skýrari. Þetta birtist meðal annars í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að stefna að hallalausum fjárlögum og auka aðhald í ríkisfjármálum jafnvel þótt það geti haft í för með sér aðgerðir sem kunna að vera erfiðar og ekki til stundarvinsælda fallnar. Þessi áætlunargerð hefur því þegar skilað árangri.

Með áætlunargerð til þriggja eða fjögurra ára í senn er einnig stigið fyrsta skref í átt til áætlunargerðar til enn lengri tíma. Megingildi slíkra áætlana er að skapa aukinn skilning á þörf fyrir aðhald í ríkisfjármálum. Dregin er upp mynd af því, yfirleitt takmarkaða, svigrúmi sem fyrir hendi er í ljósi tiltekinna útgjaldaáforma og aðhaldsaðgerða til nokkurra næstu ára.

Spár til næstu ára og áratuga. Næstu skref eru að horfa til enn lengri tíma en þriggja, fjögurra ára í senn. Markmið slíkrar áætlunargerðar, þar sem yfirleitt er horft fimm, tíu,

tuttugu og jafnvel þrjátíu ár fram í tímann, er að draga upp mynd af hugsanlegum horfum í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt, að gefnum ákveðnum forsendum um efnahagsstefnu stjórnvalda, ekki síst til að unnt sé að bregðast við með aðgerðum sem oft taka mörg ár að skila tilætluðum árangri. Glöggt dæmi um þetta eru spár um þróun lífeyrisskuldbindinga og ellilífeyrisgreiðslna hins opinbera þar sem byggt er á mannfjöldaspám og horfum um aldurssamsetningu langt fram í tímann. Þessar spár hafa yfirleitt sýnt versnandi fjárhagsstöðu hins opinbera þegar fram í sækir vegna mikilla lífeyrisskuldbindinga opinberra sjóða og fyrirsjáanlegrar fjölgunar ellilífeyrisþega á næstu árum og áratugum. Þessi fjölgun veldur því að fólki á vinnufærum aldri fækkar og þar með rýrna skattstofnar hins opinbera, þ.e. sífellt færri einstaklingar á vinnufærum aldri standa undir útgjöldum til fleiri og fleiri lífeyrisþega í framtíðinni.

Fróðlegt er að skoða áætlanir um mannfjöldaþróun hér á landi næstu áratugi, en samkvæmt þeim mun meðalaldur íslensku þjóðarinnar fara ört hækkandi á næstu áratugum. Talið er að árið 2030 verði hlutfall 67 ára og eldri hér á landi um 30% þeirra sem eru á aldrinum 20-67 ára, samanborið við um 16% nú. Þetta jafngildir því að árið 2030 muni einungis þrír einstaklingar á vinnufærum aldri standa á bak við útgjöld til hvers ellilífeyrisþega, samanborið við sex til sjö einstaklinga í dag.

Talið er að hlutfall ellilífeyrisþega af fjölda fólks á vinnufærum aldri verði um 50% að meðaltali í helstu iðnríkjum heims árið 2030. Þessi þróun mun valda auknum þrýstingi á opinber útgjöld, sérstaklega heilbrigðis- og lífeyrisútgjöld, og um leið rýrna skattstofnarnir eins og áður segir. Ísland stendur þó betur að þessu leyti en mörg önnur ríki, auk þess sem ætla má að eignauppbygging almennra lífeyrissjóða undanfarin ár létti nokkuð róðurinn.

Í þessu samhengi hafa augu manna einnig beinst að svokölluðum kynslóðareikningum. Með þeim er með einföldum hætti reynt að meta áhrif stefnunnar í ríkisfjármálum til lengri tíma. Nánar tiltekið er kynslóðareikningum ætlað að sýna hvað bíður komandi kynslóða í skattbyrði og ríkisútgjöldum, miðað við óbreyttar áherslur og stefnu í ríkisfjármálum, þ.e. ef ekki verður gripið til sérstakra aðgerða. Hér er gengið út frá þeim einföldu staðreyndum að kostnaður við rekstur og umsvif ríkisins lendir annað hvort á þeim kynslóðum sem nú eru á vinnufærum aldri eða á næstu kynslóðum.

Aðferðin er í stuttu máli sú að reikna út hve mikið tiltekinn einstaklingur kemur til með að greiða í skatta og hvað hann fær til baka frá ríkinu frá vöggu til grafar, að gefnum forsendum um ævilíkur o.fl. Ennfremur er skoðað hvað óbreytt stefna í ríkisfjármálum þýðir fyrir afkomu ríkisins. Ef um áframhaldandi hallarekstur er að ræða, sem yfirleitt er niðurstaða þessara framreikninga, er gengið út frá því að grípa þurfi til aðgerða til að eyða hallarekstrinum og spurt: Hvað þarf að hækka skatta mikið til að standa undir óbreyttri útgjaldastefnu?

Þessi uppgjörs- eða framreikningsaðferð er tiltölulega ný af nálinni. Bandaríkin voru fyrst til að birta slíka útreikninga, en síðan hafa nokkur lönd bæst við, meðal annars Noregur og Svíþjóð. Enn sem komið er ná útreikningarnir á gjaldahlið fyrst og fremst til ýmiss konar tilfærslugreiðslna, einkum lífeyrisgreiðslna og heilbrigðisútgjalda. Ef vel á að vera þurfa útreikningarnir hins vegar að ná til sem flestra útgjaldaflokka líkt og er um tekjuhliðina.

Kynslóðareikningar munu seint leysa hefðbundnar uppgjörsaðferðir af hólmi, enda gefa þeir aðeins grófa vísbendingu um hvert stefnir í ríkisfjármálum á næstu áratugum, að gefnum tilteknum forsendum. Þeir sýna hins vegar hvert horfir að óbreyttri ríkisfjármálastefnu stjórnvalda með því að draga saman í einni tölu hvað komandi kynslóðir þurfa að greiða miklu hærri skatta en núlifandi kynslóðir.

Fróðlegt er að skoða niðurstöður kynslóðareikninga fyrir Bandaríkin. Samkvæmt þeim er áætlað að komandi kynslóðir þurfi að greiða allt að 70% af tekjum sínum í skatt, miðað við óbreytta útgjaldastefnu. Kynslóðin, sem er rétt nýfædd, þarf að greiða sem svarar til 34% af tekjum sínum í skatt, á meðan sú kynslóð, sem nú er að komast á ellilífeyrisaldur, greiddi aðeins sem nemur um 25% af tekjum sínum í skatt.

3.3 Niðurstöður áætlana fram til ársins 2000

Yfirlit ríkisfjármála. Við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 var tekið mið af niðurstöðum áætlana fyrir árin 1996-1999. Ríkisstjórnin ákvað að grípa strax í taumana, helminga halla ríkissjóðs þegar á árinu 1996 og stefna að hallalausum fjárlögum árið 1997. Til að ná þessu markmiði var ýmsum aðhaldsaðgerðum beitt á útgjaldahlið. Jafnframt var hafinn undirbúningur frekari aðhaldsaðgerða á árinu 1997 og eru þær kynntar í þessu fjárlagafrumvarpi.

Áformaðar aðhaldsaðgerðir á árinu 1996 hafa ekki að öllu leyti gengið eftir. Það er því afar mikilvægt að fylgja þeim aðhaldsáformum sem felast í þessu fjárlagafrumvarpi fast eftir. Ennfremur þarf að beita áframhaldandi aðhaldi í ríkisútgjöldum á næstu árum til að ná þeim markmiðum að skila ríkissjóði með það miklum afgangi að unnt sé að mæta áhvílandi skuldbindingum og grynnka á skuldum ríkisins. Í áætlunum fjármálaráðuneytisins er gengið út frá því að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum næstu ár.

Samkvæmt niðurstöðum þessara áætlana munu almennar horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum fara batnandi næstu ár. Í stað hallareksturs og aukinnar skuldasöfnunar ríkissjóðs eru nú horfur á nokkrum afgangi. Við þessar aðstæður fara heildarskuldir ríkisins smám saman lækkandi fram til aldamóta, eða úr 48% af landsframleiðslu í árslok 1996 í 40% um aldamót.

Í meðfylgjandi töflu eru raktar helstu niðurstöður þessara áætlana hvað varðar þróun ríkisfjármála:

Áætluð tekju- og útgjaldaþróun ríkissjóðs fram til ársins 2000
Verðlag 1996

Í milljörðum króna	1996	1997	1998	1999	2000
Tekjur	126	122	124	127	130
Gjöld	129	121	122	125	127
Afkoma ríkissjóðs	**-3**	**1**	**2**	**2½**	**3**
Heildarskuldir ríkissjóðs, % af VLF	48	45	44	42	40

Efnahagshorfur til aldamóta. Þjóðhagsstofnun hefur lagt mat á efnahagshorfur til aldamóta í ljósi áætlaðrar tekju- og útgjaldaþróunar ríkissjóðs. Samkvæmt þessum spám eykst fjárfesting verulega, jafnt hjá fyrirtækjum sem heimilum. Ennfremur er talið að framleiðni í þjóðarbúskapnum aukist. Heildarútflutningur vöru og þjónustu er talinn aukast um 3,5% á ári, en heildarinnflutningur nokkru minna, eða um tæplega 3%. Viðskiptahallinn snýst því aftur í afgang og erlendar skuldir þjóðarbúsins fara lækkandi og verða nálægt 43% af landsframleiðslu um aldamót, samanborið við 58% árið 1993.

Hagvöxtur er talinn verða um 2½% á ári, eða svipaður og í helstu samkeppnislöndunum. Störfum fjölgar einnig umtalsvert og kaupmáttur launafólks eykst ár frá ári. Verðbólga er talin verða um 2% á ári, eða svipuð og í helstu samkeppnislöndunum. Loks er talið að vextir

fari smám saman lækkandi. Rétt er að hafa í huga að í þessum áætlunum er ekki gert ráð fyrir frekari stóriðju- og virkjunarframkvæmdum en þegar hafa verið ákveðnar, en slíkt myndi vitaskuld breyta þessum horfum umtalsvert.

Í meðfylgjandi töflu eru birtar helstu niðurstöður um efnahagshorfur til aldamóta samkvæmt þessum spám. Tölurnar sýna meðalbreytingar á ári allt tímabilið frá 1997-2000.

Efnahagshorfur til aldamóta

Meðalbreyting á ári	%
Hagvöxtur	2,4
Þjóðarútgjöld	2,0
Einkaneysla	2,4
Samneysla	1,6
Fjárfesting	1,0
Útflutningur	3,6
Innflutningur	2,8
Laun	3,3
Verðlag	2,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	1,4
Atvinnuleysi sem % af mannafla	4,1
Langtímavextir innanlands	5,2

Niðurstaða. Þessar áætlanir sýna glöggt þann ávinning sem felst í markvissum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum á næstu árum. Á hinn bóginn er rétt að vekja athygli á að ekki er um verulegan afgang að ræða, eða 2-3 milljarða króna í lok tímabilsins reiknað á núgildandi fjárlagagrunni, þ.e. greiðslugrunni. Utan fjárlaga eru nú ýmsar skuldbindingar ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar og áfallnir en ógreiddir vextir. Samkvæmt frumvarpi um fjárreiður ríkisins sem lagt verður fram á haustþingi (var reyndar lagt fram á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu) er á hinn bóginn gert ráð fyrir að fjárlög framvegis færð á rekstrargrunni, þ.e. að meðtöldum þeim skuldbindingum sem nú liggja utan fjárlaga.

Stefna fjárlagafrumvarpsins nú er að skila hallalausum fjárlögum fyrir árið 1997, þ.e. að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á greiðslugrunni. Næsta verkefni er að ná jafnvægi á rekstrargrunni. Það er nauðsynlegt til að unnt sé að mæta öllum skuldbindingum ríkissjóðs og grynnka á skuldum ríkisins.

4 Framvinda og horfur í efnahagsmálum

Í þessum kafla er fjallað um framvindu efnahagsmála að undanförnu og þær efnahagsaðstæður sem frumvarp til fjárlaga árið 1997 tekur mið af. Í lok kaflans er yfirlit yfir helstu þjóðhagsforsendur frumvarpsins.

4.1 Helstu áherslur í hagstjórn

Framvinda efnahagsmála síðustu ár ber um margt einkenni hefðbundinnar uppsveiflu í íslensku efnahagslífi. Eftir langvinnt stöðnunartímabil fór útflutningur að vaxa á nýjan leik á árunum 1993 og 1994. Hér skipti sem fyrr mestu máli aukin framleiðsla í sjávarútvegi, en útflutningur iðnaðarvara tók einnig mikinn kipp. Í kjölfarið fylgdu kjarasamningar sem fólu í sér aukinn kaupmátt, í fyrsta sinn um nokkurra ára skeið. Jafnframt jókst fjárfesting í atvinnulífinu, en hún hafði verið í lágmarki mörg undangengin ár. Loks hófust framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík, en það voru fyrstu stóriðjuframkvæmdir hér á landi frá því í lok áttunda áratugarins.

Þegar á árinu 1995 tók að gæta áhrifa vaxandi eftirspurnar í efnahagslífinu á sama tíma og útflutningur dróst saman. Afleiðing aukins misvægis milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna var, að verulega gekk á þann afgang sem hafði smám saman byggst upp á viðskiptajöfnuði. Þessi þróun hefur haldið áfram það sem af er þessu ári. Fjárfesting hefur aukist verulega, einkum vegna stækkunar álversins. Alvarlegri er þó gífurleg aukning neysluútgjalda heimilanna, langt umfram aukningu kaupmáttar sem þó er umtalsverð. Skýringin liggur í auknum útlánum bankakerfisins til einstaklinga og þar með meiri skuldsetningu heimilanna.

Afleiðing þessarar þróunar er sú að afgangur á viðskiptajöfnuði í samfellt þrjú ár hefur nú snúist í halla. Erlendar skuldir þjóðarbúsins fara því aftur vaxandi. Þá hefur einnig gætt tilhneigingar til aukinnar verðbólgu á þessu ári þótt hún sé enn á svipuðu róli og í helstu nágrannaríkjunum.

Mikilvægt er að sporna við þessari þróun. Þess vegna er brýnasta verkefni stjórnvalda nú að treysta stöðu ríkisfjármála og þann stöðugleika sem náðst hefur í verðlags- og gengismálum undanfarin ár.

4.2 Alþjóðlegar efnahagshorfur

Áfram er gert ráð fyrir stöðugum en jafnframt hægum hagvexti í ríkjum OECD, bæði á þessu ári og því næsta. Á árinu 1996 er búist við að hagvöxtur mælist 2% að meðaltali, en hækki í 2½% á árinu 1997. Ennfremur er reiknað með að frávik einstakra landa frá meðaltali minnki.

Hagvöxtur í Bandaríkjunum varð minni í byrjun árs en gert hafði verið ráð fyrir, meðal annars vegna lokana ríkisstofnana síðla árs 1995, verkfalla o. fl. Um mitt ár hafði hagvöxtur náð sér á strik og búist er við að hann nemi 2,3% fyrir árið í heild. Langtímavextir í Bandaríkjunum hafa hækkað á þessu ári og í kjölfar þess er búist við að heldur hægi á hagvexti á næsta ári og að hann verði um 2%. Fjárfesting einkaaðila heldur áfram að aukast, en á móti kemur samdráttur hjá hinu opinbera í átt að hallalausum fjárlögum. Einnig er gert ráð fyrir að utanríkisverslun færist nær jafnvægi er viðskiptahallinn minnkar.

Í Evrópu er ástandið heldur bágbornara. Áhrifa vaxtahækkana í lok árs 1994 og umbrota á gjaldeyrismarkaði á fyrri hluta árs 1995, sem átti sér stað í kjölfar versnandi samkeppnis-

stöðu ríkjanna, gætti snemma á þessu ári. Stjórnendur fyrirtækja voru ekki bjartsýnir á bættan efnahag og héldu því að sér höndum og framleiðsla minnkaði. Það hafði í för með sér að atvinnuleysið mjakaðist upp á við á meðan verðbólga lækkaði. Búist er við að hagvöxtur taki við sér á síðari hluta árs og í heild er gert ráð fyrir 1,6% hagvexti í Evrópu á þessu ári. Reiknað er með að hagvöxtur styrkist á næsta ári og spáð er 2,7% breytingu milli ára. Þá er einnig búist við að fjárfesting fyrirtækja aukist í kjölfar vaxtalækkana á þessu ári svo framarlega sem stjórnendur fyrirtækja telja efnahagsstefnu stjórnvalda trausta.

Hagvöxtur í Japan verður á bilinu 2-2½% á þessu ári og því næsta samkvæmt spám. Eftir því sem gengi japanska jensins lækkar eftir mikla hækkun á síðasta ári, batnar samkeppnisstaða Japans og þar sem vextir eru í sögulegu lágmarki er búist við að fjárfesting fyrirtækja aukist á næstunni.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1996	1997	1996	1997	1996	1997	1996	1997
Ísland	**-1,8**	**-1,1**	**2,5**	**2,0**	**4,2**	**4,0**	**5,5**	**2,5**
Danmörk	-1,5	-0,8	2,2	2,5	9,2	9,2	1,1	2,7
Finnland	-3,2	-1,2	1,5	2,0	16,4	15,5	2,4	3,5
Noregur	3,9	3,7	1,7	2,4	4,3	4,1	4,2	2,4
Svíþjóð	-5,5	-3,1	1,8	2,8	7,6	7,2	1,3	2,0
Norðurlönd, alls	**-1,6**	**-0,5**	**2,0**	**2,3**	**8,3**	**8,0**	**2,9**	**2,6**
Bretland	-4,8	-3,7	2,5	2,5	7,9	7,5	2,2	3,0
Frakkland	-4,3	-3,7	1,9	1,3	12,1	12,2	1,0	2,4
Ítalía	-6,7	-6,4	3,9	2,9	12,1	12,0	1,7	2,3
Þýskaland	-4,1	-3,6	1,6	1,5	10,3	10,4	0,5	2,4
Evrópusambandið	**-4,8**	**-4,1**	**2,5**	**2,2**	**11,4**	**11,3**	**1,4**	**2,5**
Bandaríkin	-1,9	-1,8	2,0	2,3	5,5	5,6	2,3	2,0
Japan	-4,8	-3,7	-0,4	0,6	3,3	3,2	2,2	2,4
Kanada	-2,9	-1,8	1,4	1,4	9,3	9,0	2,1	3,4
OECD-ríkin	**-3,5**	**-3,0**	**2,7**	**2,4**	**7,7**	**7,6**	**2,1**	**2,5**

[1] Afkoma ríkis og sveitarfélaga reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu.

Heimild: OECD Economic Outlook, júní 1996.

Skammtímavextir hafa lækkað töluvert í Evrópu að undanförnu, en minna í Bandaríkjunum og Kanada. Í Japan hafa skammtímavextir haldist í sögulegu lágmarki. Langtímavextir í ríkjum OECD lækkuðu á árinu 1995, en hafa heldur mjakast upp á við á þessu ári.

Búist er við að verðbólga haldist lág í öllum ríkjum OECD á þessu og næsta ári, eða í kringum 2½%. Atvinnuleysi hefur aukist á þessu ári í Evrópu og er nú um 10½%. Atvinnuleysi í ESB-ríkjunum er enn hærra, eða nálægt 11½%. Ekki er búist við að atvinnuleysi minnki á næsta ári. Atvinnuleysi í OECD-ríkjunum í heild er svipað á þessu ári og áætlað er á því næsta, eða um 7,7%.

Betra jafnvægi hefur komist á viðskiptajöfnuð ríkja OECD. Sérstaklega hefur viðskiptahalli Bandaríkjanna minnkað á meðan afgangur á viðskiptajöfnuði Japans hefur dregist saman. Þá er búist við afgangi á viðskiptajöfnuði Evrópuríkja í heild.

Afkoma hins opinbera heldur áfram að batna eftir umtalsverðan hallarekstur á fyrri hluta áratugarins. Gert er ráð fyrir að halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í OECD-ríkjunum verði nálægt 3½% af landsframleiðslu árið 1996 og 3% árið 1997.

4.3 Framvinda og horfur hér á landi

Hagvöxtur. Á árinu 1996 er gert ráð fyrir að hagvöxtur nemi 5½%. Þetta er mun meiri hagvöxtur en sést hefur á undanförnum árum og sá mesti síðan þensluárið 1987. Af ríkjum OECD er einungis búist við meiri hagvexti á Írlandi og í Tékklandi á þessu ári.

Frá árinu 1993 hefur hagvöxtur aukist um tæplega 12%. Hins vegar hefur sú breyting orðið, að í stað þess sem var á árunum 1993 og 1994, að aukinn hagvöxt mátti fyrst og fremst rekja til aukinnar útflutningsframleiðslu, hefur hagvöxtur árin 1995 og 1996 einkum stafað af mikilli aukningu þjóðarútgjalda. Þessi umskipti eru áhyggjuefni, ekki síst þar sem þau hafa orðið til þess að viðskiptajöfnuður hefur snúist úr afgangi í halla og erlenda skuldasöfnun. Að hluta má rekja halla á viðskiptum við útlönd til framkvæmda við álverið í Straumsvík og umtalsverðrar aukningar í fjárfestingum einkaaðila. Þetta mun væntanlega skila sér í auknum hagvexti á næstu árum. Hitt er alvarlegra, að einkaneysla heimilanna hefur aukist afar mikið undanfarin tvö ár, langt umfram kaupmáttaraukningu sem hefur þó verið umtalsverð. Þar með hafa skuldir heimilanna aukist verulega undanfarin ár.

Hagvöxtur á mann



Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1996	1997	1995	1996	1997
Einkaneysla	300.599	317.407	4,6	7,0	3,5
Samneysla	102.478	107.226	2,0	2,5	1,5
Fjárfesting	90.359	97.878	2,2	24,0	5,5
Birgðabreytingar	0	0	0,6	-0,7	0,0
Þjóðarútgjöld	493.436	522.511	4,3	7,9	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	170.389	178.843	-2,3	5,2	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	168.491	181.595	3,8	12,8	5,7
Landsframleiðsla	**495.334**	**519.759**	**2,1**	**5,5**	**2,5**
Viðskiptajöfnuður	-9.051	-14.844	0,8	-1,8	-2,9

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Á komandi ári er gert ráð fyrir að heldur dragi úr hagvexti, og verði um 2½%, sem er svipað og í öðrum OECD-ríkjum. Búist er við minni aukningu einkaneyslu og fjárfestingar.

Þá er búist við að dragi úr vexti bæði í innflutningi og útflutningi. Þjóðarútgjöld munu þó áfram aukast meira en þjóðartekjur og hallinn á viðskiptajöfnuði verður því enn meiri en á þessu ári, eða nálægt 3% af landsframleiðslu. Þess ber að geta að spá þessi gerir ekki ráð fyrir frekari stóriðjuframkvæmdum en þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Samneysla. Gert er ráð fyrir að samneysla ríkis og sveitarfélaga, þ.e. útgjöld til rekstrar og viðhalds, aukist um 2½% á þessu ári. Töluverð tilfærsla varð á samneyslu milli ríkis og sveitarfélaga í byrjun ágúst þegar rekstur grunnskólanna færðist á hendur sveitarfélögunum. Jafnframt er reiknað með að heildarútgjöld til rekstrar grunnskólanna aukist og samneyslan því einnig. Á árinu 1997 er gert ráð fyrir auknu aðhaldi í rekstri ríkisins og í heild er því spáð 1½% aukningu í samneyslu.

Fjárfesting. Undanfarin ár hefur fjárfesting verið mjög lítil á Íslandi og hlutfallslega minni en í öðrum OECD-ríkjum. Á þessu ári hefur fjárfesting hins vegar aukist verulega, eða um 24%. Mestu máli skiptir um 50% aukning í fjárfestingu atvinnuveganna, en tæplega helming hennar má rekja til framkvæmda vegna stækkunar álvers og Hvalfjarðarganga. Til að vega á móti þessari auknu fjárfestingu einkaaðila hefur hið opinbera haldið að sér höndum og dregst fjárfesting þess saman á milli ára.

Fjárfesting heldur áfram að aukast á næsta ári. Þá er búist við að fjárfesting atvinnuveganna aukist um 8½%, að hluta vegna stækkunar álversins. Tæplega 1% samdráttur verður í fjárfestingu hins opinbera á meðan fjárfesting í íbúðarhúsnæði tekur við sér og er spáð 5% aukningu hennar á næsta ári miðað við 2% á þessu ári. Því er gert ráð fyrir að fjárfesting í heild aukist um 5½% á árinu 1997.

Á þessum tveimur árum er þannig búist við ríflega 30% aukningu í fjárfestingu. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu náði lágmarki á árunum 1994 og 1995, rúmlega 15%, en miðað við áætlanir verður fjárfestingarhlutfallið komið í nálægt 19% á árinu 1997. Þrátt fyrir mikinn vöxt er hlutur fjárfestingar enn minni en í OECD-ríkjunum í heild, þar sem fjárfestingarhlutfallið er ríflega 20%.

Einkaneysla. Verulegur samdráttur var í einkaneyslu á árunum 1992 og 1993, en síðan hefur þróunin snúist við og hún vaxið kröftuglega. Í kjölfar almennra launahækkana á árinu 1995 og í byrjun þessa árs hefur einkaneysla tekið verulegan kipp. Vöxtur á árinu 1995 nam 4½%, en á þessu ári er reiknað með að einkaneysla aukist um 7%. Þessi aukning er mun meiri en launahækkanir gefa tilefni til, og stafar því að hluta af auknum lántökum heimila. Skuldir heimilanna hafa því haldið áfram að vaxa.

Aukning einkaneyslu kemur fyrst og fremst fram í kaupum á bifreiðum og heimilistækjum, enda eru þessar vörur mjög næmar fyrir hagsveiflum. Bifreiðainnflutningur hefur aukist gífurlega það sem af er ári. Fyrstu átta mánuði þessa árs voru fluttar inn fleiri bifreiðar en fyrstu ellefu mánuði ársins 1995 og um eitt þúsund fleiri bifreiðar en allt árið 1994. Þessa miklu aukningu má væntanlega að nokkru rekja til þess að endurnýjunarþörf var orðin mikil eftir tiltölulega lítinn innflutning mörg undanfarin ár. Ennfremur hefur lækkun vörugjalds á bifreiðum um mitt ár án efa ýtt undir bílakaup.

Launaþróun. Árið 1995 hækkaði launavísitalan að meðaltali um 4½%. Fyrstu átta mánuði þessa árs hækkaði hún um 7,2% á meðan laun ríkisstarfsmanna hækkuðu um ríflega

10½%. Á árinu er búist við að launavísitalan hækki um 6½% frá fyrra ári. Á árunum 1995 og 1996 hafa laun þannig hækkað almennt um rúmlega 11%.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist um nálægt 9% á þessu tímabili og gætir þar meðal annars áhrifa lækkunar tekjuskatts vegna ákvörðunar um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Til samanburðar má nefna að þjóðartekjur á mann hafa yfir sama tímabil hækkað um 6%.

Kjarasamningar þorra launþega eru lausir um næstu áramót og því óvíst um launaþróun á komandi ári. Í forsendum fjárlagafrumvarps og þjóðhagsáætlunar er gert ráð fyrir að laun hér á landi hækki líkt og í helstu viðskiptalöndum okkar, eða um 3½% að jafnaði, og að samkeppnisstaða atvinnulífsins verði því óbreytt.

Verðlagsþróun. Árin 1994 og 1995 hækkaði verðlag hér á landi minna en í nágrannaríkjunum, eða undir 2% hvort ár. Í kjölfar launahækkana og almennrar uppsveiflu í efnahagslífinu á árunum 1995 og 1996 hefur verðbólga hins vegar aukist á nýjan leik og er búist við að hækkunin nemi 2½% milli áranna 1995 og 1996. Þetta er í takt við verðhækkanir í OECD-ríkjunum í heild, en sé hins vegar horft til helstu samkeppnislanda okkar er samanburðurinn óhagstæður þar sem verðbólgan er um 2%. Það veldur ennfremur nokkrum áhyggjum að almennar verðbreytingar, að frátöldum breytingum á matvælum og húsnæði, síðustu tólf mánuði eru á bilinu 2½-3%. Þessi mælikvarði er gjarnan talinn betri vísbending um verðbólgu (oft nefnt undirliggjandi verðbólga) en neysluverðsvísitalan í heild.

Verðbólga



Þar sem kjarasamningar eru lausir um áramót ríkir óvissa um verðlagsþróunina á næsta ári. Miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins um að launahækkanir verði svipaðar og í helstu viðskiptalöndum okkar, er áætlað að verðlag hækki um 2% milli áranna 1996 og 1997.

Vinnumarkaður. Á undanförnum árum hefur skráð atvinnuleysi farið vaxandi, úr 0,6% árið 1988 og náði hámarki um 5%, á árinu 1995. Samhliða miklum hagvexti og aukinni fjárfestingu fyrirtækja hefur störfum fjölgað töluvert á þessu ári og er áætlað að þeim fjölgi um 2-2½% milli ára. Atvinnuleysi hefur því minnkað töluvert á þessu ári og er búist við að það mælist 4,2% fyrir árið allt. Á næsta ári er búist við að störfum fjölgi um ríflega 1% eða heldur meira en nemur fjölgun fólks á vinnumarkaði. Atvinnuleysi minnkar því heldur á næsta ári, eða í 4%.

Það sem af er ári hefur atvinnuleysi meðal karla minnkað mun meira en atvinnuleysi meðal kvenna. Atvinnulausum körlum hefur fækkað um 720 á fyrstu sjö mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra, en atvinnulausum konum hefur einungis fækkað um 250. Nálægt 650 fleiri konur en karlar voru atvinnulausar að meðaltali fyrstu sjö mánuði þessa árs. Þá

mældist atvinnuleysi meðal karla 3,7% á meðan atvinnuleysi meðal kvenna mældist 6,3%.

Atvinnuleysi



Margt bendir til að erfiðleikatímabilið frá 1988 til 1993/1994 hafi leitt til ýmissa grundvallarbreytinga á vinnumarkaði. Í stað nær samfelldrar umframeftirspurnar eftir vinnuafli allt frá stríðslokum hefur gætt atvinnuleysis um lengra skeið en áður þekktist. Tíðari gjaldþrot fyrirtækja og uppsagnir starfsfólks hafa einnig stuðlað að minna atvinnuöryggi en áður var. Jafnframt gætir hér svipaðrar þróunar og í öðrum löndum þar sem þjónustustörfum fjölgar en hefðbundnum framleiðslustörfum fækkar. Þá hafa kröfur um menntun aukist. Allt þetta hefur orðið til þess að lítið sem ekkert dregur úr skráðu atvinnuleysi víða um land þótt hagvöxtur færist í aukana. Þá hefur einnig gætt tregðu hjá fólki á atvinnuleysisbótum við að leita eftir atvinnu þar sem það skilar oft litlum viðbótartekjum, ýmist vegna hárra jaðarskatta eða hárra bóta borið saman við launatekjur. Af þessum ástæðum er talið brýnt að endurskoða samspil bótagreiðslna og skattkerfis sem og að efla starfsþjálfun og símenntun.

Framleiðsla og velta atvinnugreina. Fyrstu sex mánuði ársins 1996 jókst heildarvelta um 11½% að raungildi samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Veltuaukningin er almenn, en áberandi mest í útflutningsverslun og svo bifreiðaverslun, þar sem velta hefur aukist um nálægt 25% frá fyrra ári. Velta annarra atvinnugreina hefur aukist um 10-15%, en veltuaukning í byggingarstarfsemi og í neysluvörugreinum eins og smásöluverslun og veitingarekstri er undir meðallagi þar sem veltubreytingin milli ára er undir 5%.

Í ár er gert ráð fyrir mikilli aukningu í framleiðslu sjávarafurða, eða sem nemur 7% milli ára. Gætir þar meðal annars aukningar þorskkvótans á nýju fiskveiðiári sem hófst í byrjun september. Einnig er búist við meiri afla af ýmsum öðrum tegundum, ekki síst loðnu. Á næsta ári er búist við að framleiðsla sjávarafurða haldist óbreytt þrátt fyrir aukinn þorskkvóta þar sem búist er við að afli ýmissa annarra tegunda, s.s. ýsu og ufsa, dragist saman.

Framleiðsla áls eykst lítillega á þessu ári, en eftir mitt næsta ár er gert ráð fyrir að taka í notkun þann hluta álversins sem nú er í byggingu og því gert ráð fyrir rúmlega 16% meiri álframleiðslu á árinu 1997. Þá er búist við að framleiðsla iðnaðarvara til útflutnings taki við sér að nýju eftir stöðnun á þessu ári og vaxi um 5%. Framleiðsla kísiljárns jókst um 15% á árinu 1995 og talið er að framleiðslan verði óbreytt á þessu ári og því næsta.

Útflutningur. Með lækkandi raungengi íslensku krónunnar hefur verðlag á íslenskri útflutningsframleiðslu orðið æ hagstæðara. Útflutningur fór hraðvaxandi á árunum 1993 og 1994 og jókst þá um ríflega 17%. Eftir það kom bakslag í útflutning vegna samdráttar í framleiðslu sjávarafurða til útflutnings og þrátt fyrir að útflutningur iðnaðarvara hafi aukist um 15%, dróst heildarútflutningur saman um nærri 2½% á árinu 1995. Í ár er búist við að útflutn-

ingur í heild aukist að nýju, eða um ríflega 5%, aðallega vegna mikils vaxtar í framleiðslu sjávarafurða. Á komandi ári er spáð óbreyttri framleiðslu sjávarafurða en gert ráð fyrir mikilli aukningu í útflutningi á áli. Einnig er talið að útflutningur iðnaðarvara o.fl. aukist nokkuð, eftir stöðnun á þessu ári, eða um 5%.

Þjónustuútflutningur dróst saman í fyrra líkt og vöruútflutningurinn, en gert er ráð fyrir 4½% aukningu á þessu ári og svipaðri aukningu á næsta ári. Tekjur af ferðaþjónustu hafa aukist stöðugt á undanförnum árum og ekki er búist við að þar verði lát á. Á árinu 1995 jukust tekjur af erlendum ferðamönnum um nálægt 11%, en hafa heldur dregist saman á fyrri hluta þessa árs. Á hinn bóginn hafa tekjur af flugsamgöngum aukist að undanförnu.

Innflutningur. Eftir samdrátt í innflutningi 1992 og 1993 tók innflutningur við sér á miðju ári 1994 og hefur síðan vaxið ört. Vöruinnflutningur fyrstu átta mánuði ársins 1996 jókst um 13% að raungildi. Mest ber á aukningu í innflutningi bifreiða sem nemur nær 40%. Töluverð aukning hefur einnig orðið í innflutningi fjárfestingarvara til fyrirtækja, auk hrávöru til framleiðslu. Þá hefur innflutningur neysluvöru einnig aukist töluvert, til dæmis hefur innflutningur heimilistækja aukist um 20% milli ára.

Í heild er búist við að vöruinnflutningur aukist um 14½% á þessu ári. Að meðtalinni 8% aukningu í þjónustuinnflutningi er gert ráð fyrir að heildarinnflutningur aukist um nálægt 13% frá fyrra ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti í innflutningi þótt heldur dragi úr vaxtarhraðanum. Spáð er að innflutningur í heild aukist um tæplega 6%; þar af eykst almennur vöruinnflutningur um 4½% og þjónustuinnflutningur um 5%.

Viðskiptajöfnuður. Á árunum 1993-1995 var afgangur á viðskiptajöfnuði sem náði hámarki árið 1994 og nam þá 2% af landsframleiðslu. Í kjölfar mikils samdráttar í útflutningi á síðasta ári og mikillar aukningar í innflutningi á þessu ári, að hluta til vegna stækkunar álversins í Straumsvík, hefur afgangur á vöruskiptajöfnuði dregist verulega saman, eða úr 13 milljörðum í fyrra niður í 1 milljarð á þessu ári. Reiknað er með að þessi þróun haldi áfram á næsta ári og að vöruskiptajöfnuður verði þá óhagstæður í fyrsta sinn síðan 1991, um 3 milljarða króna.

Viðskiptajöfnuður



Sambærilega þróun má sjá á þjónustujöfnuði sem skilaði 2 milljarða króna afgangi á árinu 1995. Áætlanir gera ráð fyrir að afgangurinn fari niður í tæplega milljarð á þessu ári og í ½ milljarð á því næsta.

Vaxtajöfnuður er óhagstæður sem endranær vegna mikilla afborgana af erlendum skuldum. Þar sem vöruskiptajöfnuður nær ekki lengur að vega upp vaxtajöfnuðinn er gert ráð fyrir óhagstæðum viðskiptajöfnuði á þessu ári, sem nemur nær 2% af landsframleiðslu, miðað við tæplega 1% afgang í fyrra. Viðskiptajöfnuðurinn verður enn óhagstæðari á næsta

ári samkvæmt spám og nemur hallinn þá nær 3% af landsframleiðslu. Aukin fjárfesting, meðal annars í álverinu í Straumsvík skýrir að hluta þennan viðsnúning, en mestu skiptir mikil aukning neysluútgjalda heimilanna. Eitt brýnasta verkefni hagstjórnar nú er að snúa þessari þróun við og freista þess að auka sparnað í efnahagslífinu, jafnt hjá hinu opinbera sem einkaaðilum.

Fjármagnsmarkaður. Á síðustu árum hafa átt sér stað umtalsverðar skipulagsbreytingar á innlendum fjármagnsmarkaði, sem fyrst og fremst hafa miðað að því að treysta starfsemi markaðarins. Verðbréfaútgáfa ríkissjóðs er nú fjölbreyttari en áður og dregið hefur úr verðtryggingu. Öllum hömlum á verðbréfakaupum innlendra aðila erlendis hefur verið aflétt og því er íslenski fjármagnsmarkaðurinn nú í óheftri samkeppni við erlenda markaði.

Það sem af er þessu ári hefur ríkt stöðugleiki á fjármagnsmarkaðnum samanborið við síðastliðin ár. Dregið hefur úr fjármagnsflæði úr landi og Seðlabankinn hefur ekki þurft að grípa til sérstakra aðgerða líkt og á síðasta ári.

Ríkisverðbréfaeign Seðlabanka minnkaði um helming fyrstu sjö mánuði ársins 1996. Í lok júlí átti bankinn ríkisverðbréf að verðmæti um 10 milljarðar króna samanborið við ríflega 21 milljarð í árslok 1995. Mestu munar að ríkisvíxlaeign bankans var aðeins um 400 milljónir í lok júlí, en um síðustu áramót var verðmæti hennar 8 milljarðar króna. Á móti kemur að innlánsstofnanir hafa nánast tvöfaldað verðmæti ríkisvíxla í sinni vörslu.

Í ár hafa Íslendingar keypt mun minna af erlendum verðbréfum en á síðastliðnum tveimur árum. Fyrstu sex mánuði ársins 1994 námu nettókaup á erlendum verðbréfum 5,6 milljörðum króna, árið 1995 var upphæðin 1,4 milljarðar á sama tíma, og í ár nema kaupin um 250 milljónum króna. Það er því ljóst að lækkun vaxta erlendis hefur dregið úr áhuga Íslendinga á að fjárfesta í erlendum verðbréfum. Þessi umskipti endurspeglast í gjaldeyrisstöðu Seðlabanka Íslands og var erlend nettóstaða bankans tvöfalt hærri í lok júlí en um síðustu áramót. Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands hefur vaxið um 6,7 milljarða króna fyrstu sjö mánuði þessa árs, en á sama tíma á síðasta ári hafði hann lækkað um 1 milljarð.

Mikil viðskipti hafa verið með innlend verðbréf á þessu ári. Á fyrstu sjö mánuðum ársins voru skuldabréf seld í útboðum fyrir 40,6 milljarða króna samanborið við 21,9 milljarða króna á síðasta ári. Mestu munar um stóraukna sölu á spariskírteinum og ríkisbréfum sem rekja má að miklu leyti til innköllunar þriggja flokka spariskírteina sem báru mjög háa vexti. Einnig var mun meira boðið út af húsbréfum og húsnæðisbréfum. Skuldabréfaútboð fyrirtækja voru svipuð og á síðasta ári. Aftur á móti er verðmæti skuldabréfa sem boðin hafa verið út á vegum sveitarfélaga, innan við helmingur þess sem var á sama tíma í fyrra.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. desember 1995 m.kr.	Staða 31. júlí 1996 m.kr.	Hreyfing jan.-júlí 1995 %	Hreyfing jan.-júlí 1996 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	192.968	204.533	2,3	6,0
Lán og endurlán	217.417	226.181	-1,6	4,0
Þar af fyrirtæki	124.526	129.947	-3,7	4,4
Þar af einstaklingar	60.182	65.632	3,8	9,1
Þar af bæjar- og sveitarfélög	7.616	7.513	-0,9	1,3
Lausafjárstaða	8.479	18.270	46,4	115,5

Í ár hafa lánahreyfingar innlánsstofnana verið mun meiri en á síðastliðnum tveimur árum. Mikil aukning er í heildarútlánum og aukning innlána og verðbréfaútgáfa er næstum því þrefalt meiri en á síðasta ári. Heildarútlán jukust um 4% fyrstu sjö mánuði ársins, en á síðastliðnum tveimur árum drógust þau saman um 2% til jafnlengdar. Mestu munar að fyrirtækin eru farin að auka lántökur sínar í bankakerfinu á nýjan leik, en á undanförnum tveimur árum voru þau að greiða niður skuldir. Heimilin halda áfram að auka skuldir sínar og eru lántökur einstaklinga um þrefalt meiri í ár en á síðasta ári. Mikil lánsfjáreftirspurn heimila er athyglisverð í ljósi þess að útlánsvextir hafa verið tiltölulega háir. Þrátt fyrir aukin útlán á árinu var lausafjárstaða innlánsstofnana í lok júlí rúmlega tvöfalt hærri en um síðustu áramót. Þetta stafar að hluta til af innköllun spariskírteina þar sem innlánsstofnanir seldu talsvert af spariskírteinum í júlí en keyptu mikið magn ríkisvíxla á sama tíma.

Vextir. Vextir á ríkisverðbréfum hafa lækkað það sem af er þessu ári. Nafnávöxtun ríkisvíxla er nú um 1% lægri en í ársbyrjun og raunávöxtun spariskírteina um 0,5% lægri og eru vextir á ríkisverðbréfum nú svipaðir og í lok árs 1994. Hluta þessarar vaxtalækkunar má e.t.v. rekja til innköllunar þriggja flokka spariskírteina sem báru 8-9% raunvexti, en vextir verðtryggðra spariskírteina á Verðbréfaþingi lækkuðu um 0,3% fljótlega eftir að tilkynnt var um þessa innköllun. Útlánsvextir innlánsstofnana hafa hins vegar ýmist hækkað eða haldist óbreyttir það sem af er árinu. Síðustu vikur hefur þó gætt tilhneigingar til hækkunar vaxta, einkum á óverðtryggðum ríkisverðbréfum til lengri tíma. Þetta má hugsanlega rekja til meiri verðhækkana síðustu mánuði en búist var við og óvissu vegna kjarasamninga á næsta ári. Þá hefur Seðlabankinn nýlega hækkað vexti og lausafjárhlutfall innlánsstofnana í því skyni að hamla gegn aukinni verðbólgu.

Lækkun vaxta á ríkisverðbréfum samhliða óbreyttum útlánsvöxtum hjá innlánsstofnunum hefur aukið vaxtamuninn það sem af er þessu ári. Vaxtamunur milli ríkisvíxla og útlánsvíxla er nú 6,5% samanborið við 5,3% í fyrra og vaxtamunur spariskírteina og verðtryggðra útlána er 3,3%.

Þriggja mánaða ríkisvíxlar



Á árinu 1994 voru vextir á ríkisvíxlum lægri hér á landi en í flestum nágrannaríkjum okkar, en nú er þessu hins vegar öfugt farið. Á meðan vextir hér hækkuðu á árinu 1995 lækkuðu vextir erlendis og þrátt fyrir lækkandi ávöxtun ríkisvíxla á síðustu mánuðum eru vextir hér á landi enn talsvert hærri en í nágrannaríkjum okkar. Vegið með viðskiptavog, er vaxtamunurinn um 2% að meðaltali. Háir vextir hér á landi hafa dregið verulega úr kaupum Íslendinga á erlendum verðbréfum það sem af er þessu ári. Hins vegar hafa háir vextir hér ekki laðað að erlent fjármagn. Það er því ljóst, að ófullkominn fjármagnsmarkaður á Íslandi ásamt einskonar gengisáhættu vegna reynslu fyrri ára gera það að verkum að vextir hér haldast hærri en erlendis.

Vaxtaþróun

	September 1993 %	Júní 1995 %	Janúar 1996 %	Ágúst 1996 %
Nafnávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla á Verðbréfaþingi	9,5	7,4	7,6	6,6
Nafnávöxtun útlánsvíxla banka, meðaltal	19,8	12,7	12,8	13,1
Vaxtamunur	10,3	5,3	5,2	6,5
Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,9	6,0	5,9	5,5
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána banka	9,4	8,9	8,8	8,8
Vaxtamunur	2,5	2,9	2,9	3,3

Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Útlit er fyrir að erlendar skuldir þjóðarbúsins muni lækka á þessu ári, þriðja árið í röð, en í nokkur ár þar á undan uxu erlendar skuldir stöðugt vegna þráláts viðskiptahalla og gengislækkana. Gert er ráð fyrir að erlendar nettóskuldir Íslendinga muni nema rúmlega 48% af landsframleiðslu árið 1997 en árið 1993 var hlutfallið rúmlega 54%. Með lækkandi skuldum og endurfjármögnun erlendra lána hefur greiðslubyrði þeirra minnkað. Spáð er að sem hlutfall af útflutningstekjum verði greiðslubyrði erlendra lána 21% árið 1997 samanborið við rúmlega 34% árið 1994.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins



Erlendar skuldir hafa ekki þróast eins í öllum þjóðfélagsgeirum á síðustu árum. Erlendar skuldir ríkissjóðs hafa aukist en lækkað hjá öðrum aðilum. Erlendar skuldir lánastofnana lækkuðu verulega á árunum 1994 og 1995 þar sem endurlán þeirra til fyrirtækja drógust saman. Þetta stafaði af samdrætti í fjárfestingum auk þess sem fyrirtæki leituðu í auknum mæli á innlendan verðbréfamarkað. Það sem af er þessu ári hafa erlend endurlán lánastofnana hins vegar vaxið á nýjan leik og er það í samræmi við auknar fjárfestingar atvinnuveganna.

Afkoma hins opinbera. Samanlagður halli á rekstri hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, árið 1996 er áætlaður tæplega 2% af landsframleiðslu, miðað við alþjóðlegar skilgreiningar. Tvennt þarf að hafa í huga þegar þessi tala er borin saman við afkomu ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum. Annars vegar bætist hér við halli á rekstri sveitarfélaga, hins vegar er hið opinbera gert upp á svonefndum rekstrargrunni í alþjóðlegum samanburði á meðan fjárlög eru gerð upp á greiðslugrunni. Þetta þýðir að ýmsar áfallnar skuldbindingar ríkissjóðs sem ekki eru komnar til greiðslu, svo sem vextir af spariskírteinum og lífeyrisskuldbindingar, eru teknar með í afkomu hins opinbera, en þær eru utan fjárlaga.

Á árinu 1995 er áætlað að halli á rekstri sveitarfélaga hafi verið um 2 milljarðar króna sem er mun betri afkoma en árið 1994, en þá var 7,4 milljarða halli. Batnandi afkoma stafar bæði af auknum tekjum og lækkun útgjalda, sérstaklega til fjárfestingar. Í fjárhagsáætlunum fyrir árið 1996 er gert ráð fyrir enn minni hallarekstri sveitarfélaga.

Afkoma hins opinbera hér á landi er góð sé litið á hana í alþjóðlegu samhengi. Í Maastricht-skilmálum Evrópusambandsins er kveðið á um að halli hins opinbera þurfi að vera innan við 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir innan við 60% af landsframleiðslu til þess að ríkin geti orðið aðilar að Myntbandalagi Evrópu (EMU). Fjögur Evrópuríki, þar af aðeins eitt aðildarríki, uppfylla öll skilyrði fyrir þátttöku og er Ísland í þeirra hópi.

Árið 1996, er sem fyrr segir, talið að hallinn hér á landi verði tæplega 2% af landsframleiðslu og heildarskuldir hins opinbera nálægt 55½%. Á árinu 1997 er gert ráð fyrir að halli hins opinbera hér á landi verði um 1-1½% og skuldir hins opinbera um 53½% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að halli hins opinbera í OECD-ríkjunum árið 1997 er talinn verða 3% og skuldir 75% að meðaltali og um 0,4% og 65% að meðaltali á hinum Norðurlöndunum.

Heildarskuldir hins opinbera



Þjóðhagsforsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1997

		Áætlun 1996	Frumvarp 1997
I.	**Helstu þjóðhagsstærðir - magnbreytingar milli ára, %**		
	Einkaneysla	7,0	3,5
	Samneysla	2,5	1,5
	Fjárfesting	24,0	5,5
	Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	8,7	3,5
	Útflutningur vöru og þjónustu	5,2	2,8
	Innflutningur vöru og þjónustu	12,8	5,7
	Almennur vöruinnflutningur án olíu	10,1	4,4
	Verg landsframleiðsla	5,5	2,5
	Þjóðartekjur	4,9	2,5
II.	**Launa- og verðlagsforsendur - meðalbreytingar milli ára, %**		
	Ráðstöfunartekjur á mann	7,2	3,5
	Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	4,6	1,5
	Þjóðartekjur á mann	3,9	1,5
	Vísitala neysluverðs	2,5	2,0
	Byggingarvísitala	4,8	3,0
	Innflutningsverðlag	3,8	2,0
	Verðvísitala samneyslu	5,8	3,1
	Verðvísitala landsframleiðslu	3,1	2,4
	Viðskiptakjör, vörur	-2,9	0,0
	Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla	4,2	4,0
III.	**Ýmsar forsendur**		
	Fjöldi innfluttra bíla	9.855	8.950
	Fólksbílar	8.750	7.875
	Atvinnubílar	1.105	1.075
	Sala á bensíni, milljónir lítra	184	188

5 Tekjur

5.1 Heildaryfirlit

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 120,9 milljarðar króna. Frá því að sú áætlun var gerð í lok árs 1995 hafa ýmsar forsendur breyst. Þyngst vega meiri umsvif í þjóðarbúskapnum en spáð hafði verið sem auka tekjurnar um liðlega 4 milljarða króna. Þessi áhrif koma bæði fram í auknum launasköttum vegna meiri tekjubreytinga sem og í veltusköttum, einkum af innflutningi. Þá bæta auknar vaxtatekjur og ýmsir aðrir þættir tekjuhliðina enn frekar um allt að 1 milljarð króna þrátt fyrir neikvæð greiðsluáhrif af breytingum vörugjalds. Allt bendir því til þess að tekjur ríkissjóðs verði um 5 milljörðum meiri á árinu 1996 en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum, eða kringum 126 milljarðar króna.

Vænst er áframhaldandi bata í íslensku efnahagslífi á árinu 1997, sem skilar sér í auknum tekjum hjá ríkissjóði. Spáð er um 5½ milljarðs króna hækkun tekna frá áætlun ársins 1996 í takt við nýjustu spár um horfur í þjóðarbúskapnum á komandi ári. Á móti vega áhrif af tilflutningi tekjuskatts frá ríki til sveitarfélaga í kjölfar yfirtöku þeirra á rekstri grunnskólans. Áætlað er að sú tilfærsla lækki skatttekjur ríkissjóðs um tæplega 6 milljarða króna á næsta ári. Þetta er meginskýring þess að heildartekjur ríkissjóðs eru taldar verða ½ milljarði króna lægri á árinu 1997 í krónum talið en á þessu ári.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu hækka skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lítilsháttar frá árinu 1995. Sama er að segja um heildartekjurnar. Skýringin á þeirri hækkun er fyrst og fremst aukning þjóðarútgjalda umfram þjóðartekjur sem skilar ríkissjóði umtalsverðum viðbótartekjum á þessu ári. Sé horft til ársins 1997 lækka tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lítillega frá þessu ári, eða um 0,1-0,2%. Þá er frátalin tilfærsla tekjuskatts frá ríki til sveitarfélaga, en hún nemur 1,1% af áætlaðri landsframleiðslu.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.
Skatttekjur	105.880	112.935	117.377	117.084
Aðrar tekjur	8.533	7.930	8.610	8.340
Tekjur ríkissjóðs, alls	**114.413**	**120.865**	**125.987**	**125.424**
Verg landsframleiðsla	455.416	487.454	495.333	519.760
Heildartekjur sem % af landsframleiðslu	**25,1**	**24,8**	**25,4**	**24,1**
Skatttekjur sem % af landsframleiðslu	**23,2**	**23,2**	**23,7**	**22,5**

Framvindan 1996. Sem fyrr segir hefur betri afkoma þjóðarbúsins en spáð var í lok síðasta árs styrkt tekjuhlið ríkissjóðs að undanförnu. Mestu munar um meiri tekjubreytingar og þar af leiðandi aukinn kaupmátt heimila í kjölfar aukinna útflutningstekna, lækkunar tekjuskatts vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda og meiri umsvifa almennt. Þá bendir ýmislegt til þess að aukið framboð á lánsfé eigi hér einnig hlut að máli. Þessi þróun birtist í vaxandi eftirspurn, einkum eftir innfluttum vörum, og meiri hagvexti, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Breyttar þjóðhagsforsendur árið 1996

Magnbreytingar, %	Fjárlög	Endurskoðuð áætlun	Frávik
Einkaneysla	4,2	7,0	2,8
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	5,6	8,7	3,1
Landsframleiðsla	3,2	5,5	2,3
Ráðstöfunartekjur á mann	6,3	7,2	0,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,5	4,6	1,1

Breyttar þjóðhagsforsendur endurspeglast einkum í viðbótartekjum af staðgreiðslu tekjuskatts vegna meiri tekjubreytinga og betra atvinnuástands. Þannig má búast við að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hækki um rúmlega 3 milljarða króna frá áætlun fjárlaga. Sömu skýringar liggja að baki auknum tekjum af tryggingagjaldi sem hækka um tæpar 300 m.kr. Þá aukast tekjur af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum um liðlega 1 milljarð króna. Þar er þó aðeins hálf sagan sögð. Fyrst ber að nefna auknar tekjur af sölu áfengis og tóbaks, samtals um 700 m.kr. Tveir þriðju hlutar þeirrar aukningar, eða rúmlega 400 m.kr, skýrast af tilfærslu tekna frá árinu 1995. Þá vega greiðsluáhrif af breyttri álagningu vörugjalds nokkuð þungt, en hún er talin skerða tekjurnar um 600 m.kr. á þessu ári. Hér er fyrst og fremst um greiðsluáhrif að ræða sem ættu að jafnast út á næsta ári. Á hinn bóginn hækka tekjur af virðisaukaskatti nokkru minna en almenn velta. Hér kemur ýmislegt til, svo sem auknar fjárfestingar fyrirtækja sem skapa ákveðna töf í innheimtu, lægri álagning vegna harðnandi samkeppni og auknar endurgreiðslur svo eitthvað sé nefnt. Að lokum verða vaxtatekjur um 400 m.kr. meiri á þessu ári en miðað var við.

Þegar allt er lagt saman eru horfur á að heildartekjur ríkissjóðs verði rúmlega 5 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga á árinu 1996.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Tekjuskattar	**20.992**	**21.850**	**24.965**	**20.635**	**-17,3**
Einstaklingar	16.750	17.250	20.515	15.800	-23,0
Fyrirtæki	4.242	4.600	4.450	4.835	8,7
Tryggingagjöld, launaskattar	**11.453**	**12.865**	**13.122**	**13.965**	**6,4**
Eignarskattar	**3.627**	**3.565**	**3.635**	**3.720**	**2,3**
Skattar á vörur og þjónustu	**69.929**	**74.655**	**75.655**	**78.764**	**4,1**
Virðisaukaskattur	42.358	45.820	46.000	49.000	6,5
Innflutningsgjöld, vörugjöld	8.832	9.441	9.377	9.269	-1,2
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.148	6.500	7.200	7.045	-2,2
Bifreiðagjöld	8.607	8.825	9.088	9.320	2,6
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3.984	4.069	3.990	4.130	3,5
Aðrar tekjur	**8.412**	**7.930**	**8.610**	**8.340**	**-3,1**
Vaxtatekjur	5.139	5.200	5.605	5.360	-4,4
Arðgreiðslur o.fl.	3.273	2.730	3.005	2.980	-0,8
Heildartekjur ríkissjóðs	**114.413**	**120.865**	**125.987**	**125.424**	**-0,4**
Skatttekjur ríkissjóðs	**106.001**	**112.935**	**117.377**	**117.084**	**-0,2**

Frumvarp 1997. Eins og áður er komið fram hafa nýjustu spár um horfur í þjóðarbúskapnum á næsta ári hagstæð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Samkvæmt þeim munu þjóðarútgjöld aukast um 3½%, en landsframleiðsla og þjóðartekjur um 2½%. Þá er gert ráð fyrir 3½% aukningu einkaneyslu milli áranna 1996 og 1997 og að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1½-2% á mann. Verðbólga er talin verða kringum 2% að jafnaði og tekjubreytingar svipaðar og í helstu samkeppnislöndunum. Miðað við þessar forsendur ættu heildartekjur ríkissjóðs að verða 5½ milljarði króna hærri á komandi en í ár. Á móti vegur tilfærsla á tekjum frá ríki til sveitarfélaga vegna breyttrar verkaskiptingar, tæplega 6 milljarðar króna. Að þeim frátöldum eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar 125,4 milljarðar króna á árinu 1997, eða um ½ milljarði króna lægri en á þessu ári.

Skatttekjur ríkissjóðs



5.2 Yfirlit yfir helstu tekjustofna

Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja. Hinn 1. ágúst síðastliðinn tóku sveitarfélögin yfir rekstur grunnskólans, en á móti fá þau aukna hlutdeild í tekjuskattlagningu einstaklinga. Þessi tilfærsla – 2,65% af tekjuskattsstofni – kemur til framkvæmda í byrjun næsta árs og er talin lækka tekjur ríkissjóðs um 5,9 milljarða króna á árinu 1997. Hlutur tekjuskatta í tekjuöflun ríkissjóðs minnkar því nokkuð frá þessu ári, eða úr rúmlega 21% af heildarskatttekjum í 17½%. Þannig verða tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum einstaklinga og fyrirtækja 20,6 milljarðar króna árið 1997 samanborið við tæpa 25 milljarða í ár.

Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Staðgreiðsla, brúttó	**44.055**	**46.210**	**50.000**	**52.500**	**5,0**
- Útsvar sveitarfélaga	-19.369	-20.200	-21.000	-27.800	32,4
- Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.433	-1.520	-1.520	-1.625	7,3
- Barnabætur, barnabótaauki	-4.731	-5.205	-4.920	-5.150	4,7
- Vaxtabætur	-3.155	-3.300	-3.445	-3.650	6,0
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**15.367**	**15.985**	**19.115**	**14.275**	**-25,3**
Sérstakur 5% tekjuskattur	301	315	300	325	8,3
Innheimta eftirstöðva, nettó	1.082	950	1.100	1.200	9,1
Tekjuskattur einstaklinga, nettó	**16.750**	**17.250**	**20.515**	**15.800**	**-23,0**
Tekjuskattur fyrirtækja	**4.242**	**4.600**	**4.450**	**4.835**	**8,7**
Samtals	**20.992**	**21.850**	**24.965**	**20.635**	**-17,3**

Einstaklingar. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir 6% hækkun atvinnutekna á mann frá fyrra ári. Þróunin sem af er ári bendir hins vegar til þess að hækkunin verði talsvert meiri, eða nær 8%. Þetta birtist meðal annars í viðbótartekjum af staðgreiðslu tekjuskatts. Skilin virðast einnig hafa batnað sem skýrir að hluta þessa miklu viðbót. Þá eru greiðslur barnabótaauka heldur lægri en búist var við, en á móti vega auknar greiðslur vaxtabóta. Að lokum hefur innheimta á eftirstöðvum fyrri ára batnað sem bætir enn við tekjurnar. Að öllu samanlögðu má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga verði ríflega 3 milljörðum króna meiri á þessu ári en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga.

Forsendur tekjuáætlunar fyrir árið 1997 eru þær að tekjubreytingar milli ára verði svipaðar og í samkeppnislöndunum, eða um 3½%. Þá eykst hlutur sveitarfélaga í tekjuskatti einstaklinga um 5,9 milljarða króna á komandi ári, eins og áður var komið fram, vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Við þá breytingu hækkar meðalútsvarið um 2,65%, úr 8,78% í 11,43%, en tekjuskattshlutfallið, þ.e. hlutur ríkisins, lækkar samsvarandi, úr 33,15% í 30,5%. Auk þess fengu sveitarfélögin frekari heimild til hækkunar á útsvarshlutfallinu, eða um 0,05%. Eftir breytinguna verður hlutur ríkisins í staðgreiðslu tekjuskatts að frádregnum bótagreiðslum nálægt 5½% samanborið við um 8% á yfirstandandi ári. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir öðrum breytingum á álagningu tekjuskatts á næsta ári en tilfærslunni til sveitarfélaga. Hins vegar er rétt að minna á að tekjuskattskerfið er í heild sinni til skoðunar í sérstakri nefnd sem fjármálaráðherra skipaði fyrr á þessu ári. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum fyrir lok þessa árs.

Að lokum er rétt að nefna að um næstu áramót koma til framkvæmda lög um samræmda skattlagningu fjármagnstekna sem samþykkt voru á Alþingi síðastliðið vor. Nánar er fjallað um þessi lög í sérstökum kafla hér á eftir.

Fyrirtæki. Í nýlegri könnun Þjóðhagsstofnunar á ársreikningum tæplega 1.000 fyrirtækja kemur í ljós, að hagnaður þeirra var að jafnaði um 4% af tekjum á árinu 1995 samanborið við 3,8% árið á undan. Í krónum talið jókst hagnaðurinn um rúmlega einn milljarð króna, úr 9,9 milljörðum í tæpa 11 milljarða, eða 11%. Þrátt fyrir þetta stóð álagning tekjuskatts á lögaðila nánast í stað milli áranna 1995 og 1996 (rekstur áranna 1994 og 1995) í krónum talið. Í áætlun fjárlaga hafði hins vegar verið gert ráð fyrir nokkurri tekjuaukningu í ljósi batnandi afkomu. Skýringa á þessari þróun virðist að hluta til vera að leita í aukinni nýtingu á yfirfæranlegu tapi frá fyrri árum. Jafnframt bendir ýmislegt til þess að fyrirtækin hafi nýtt sér í ríkari mæli en talið var tímabundna heimild til flýtifyrninga, en hún gilti fyrir árin 1994 og 1995. Þetta leiðir til þess að innheimta tekjuskatts hjá lögaðilum verður heldur lægri á þessu ári en spáð hafði verið, eða um 4½ milljarður króna.

Fyrstu vísbendingar um afkomu fyrirtækja á þessu ári gefa til kynna áframhaldandi bata í íslensku atvinnulífi eins og nýjustu spár um framvindu þjóðarbúsins bera raunar vitni. Á þeim forsendum er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila hækki um tæplega 9% milli áranna 1996 og 1997, eða svipað og landsframleiðslan á þessu ári í krónum talið, en skatturinn er lagður á með árs töf.

Tryggingagjöld, launaskattar. Vægi þessara gjaldstofna í tekjuöflun ríkissjóðs hefur aukist nokkuð síðustu árin. Árið 1980 nam hlutur þeirra 7½% af heildarskatttekjum ríkissjóðs. Á árinu 1990 var þetta hlutfall komið í 8½% og stefnir í 12% á næsta ári.

Tryggingagjald. Tekjubreytingar umfram forsendur fjárlaga er meginskýring þess að tekjur af tryggingagjaldi verða 245 m.kr. meiri á þessu ári en miðað var við, en innheimta þess hækkar alla jafna í takt við almennar launabreytingar. Í tekjuáætlun tryggingagjalds fyrir árið 1997 er gengið út frá forsendum frumvarpsins um 3-4% hækkun launa auk vinnuaflsaukningar. Nokkur atriði tengd tryggingagjaldi eru nú til skoðunar. Síðastliðið vor ákvað ríkisstjórnin að frekari lækkun vörugjalds á árinu 1997 yrði mætt með auknum tekjum af tryggingagjaldi. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið að samræma tryggingagjaldið milli atvinnugreina í nokkrum áföngum. Samkvæmt gildandi lögum er það lagt á í tveimur þrepum, þ.e. 3,55% í lægra þrepi, en 6,85% í því hærra. Í lægra þrepinu eru landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður og hótel- og veitingastarfsemi, en allar aðrar greinar í því efra. Ekki er gert ráð fyrir að samræmingin hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs. Loks má nefna atvinnutryggingagjald, en það nemur 1½%, en því er ætlað að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð. Gjaldhlutfallið kemur til endurskoðunar árlega í ljósi fjárþarfar sjóðsins hverju sinni. Að öllu þessu samanlögðu eru tekjur af tryggingagjaldi áætlaðar 13,3 milljarðar króna á komandi ári.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Tryggingagjald	10.673	12.200	12.445	13.305	6,9
Ábyrgðargjald launa	320	200	205	180	-12,2
Framkvæmdasjóður aldraða	460	465	472	480	1,7
Samtals	**11.453**	**12.865**	**13.122**	**13.965**	**6,4**

Ábyrgðargjald. Samkvæmt lögum um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota ákveður félagsmálaráðherra gjaldhlutfallið með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Á árinu 1995 var gjaldið 0,16%, en var lækkað í 0,08% á þessu ári vegna minni fjárþarfar sjóðsins. Reiknað er með óbreyttri gjaldtöku á næsta ári. Þrátt fyrir það lækka áætlaðar tekjur af ábyrgðargjaldi milli áranna 1996 og 1997. Það skýrist af því að í janúar ár hvert er innheimt gjald af desemberlaunum ársins á undan. Gjaldið nam 0,16% í desember í fyrra, en var hins vegar ekki greitt fyrr en í janúar á þessu ári. Það þýðir að meðalgjaldið í ár verður heldur hærra en á næsta ári metið á greiðslugrunni.

Framkvæmdasjóður aldraða. Á þessu ári nemur gjald í Framkvæmdasjóð aldraða 3.985 krónum á hvern framteljanda á aldrinum 16-70 ára, hafi hann tekjur yfir skattleysismörkum. Á árinu 1996 eru gjaldendur tæplega 122 þúsund, eða 60% framteljenda. Innheimta gjaldsins er talin verða 472 m.kr. á yfirstandandi ári, eða svipuð og í fjárlögum. Í tekjuáætlun fyrir árið 1997 er miðað við að gjaldið hækki um 2% milli ára og fjöldi gjaldenda verði svipaður og í ár. Á þessum forsendum verður áætluð innheimta gjaldsins 480 m.kr. á næsta ári.

Eignarskattar. Þessi skattstofn skilar ríkissjóði um 3,6 milljörðum króna árið 1996, en það eru svipaðar tekjur og reiknað hafði verið með. Þar af er hlutur einstaklinga 55%, en lögaðilar bera afganginn. Hlutfall fyrirtækja af eignarsköttum hefur farið hækkandi á undanförnum árum sem skýrist af tvennu. Annars vegar mikilli skuldasöfnun heimila sem hefur

rýrt eignarskattsstofn þeirra verulega. Hins vegar hefur afkoma fyrirtækja batnað sem aftur hefur haft jákvæð áhrif á eignarskattsstofninn.

Eignarskattar einstaklinga. Tekjur af eignarsköttum einstaklinga eru í góðu samræmi við fjárlög. Þá er ekki að vænta neinna sérstakra breytinga á þessum tekjustofni á næsta ári. Áætlun eignarskatta fyrir komandi ár tekur því fyrst og fremst mið af breytingum á fasteignaverði og skuldastöðu heimilanna, en þar hefur gætt svipaðrar þróunar á þessu ári og á undanförnum árum. Á sama tíma og skuldir heimila halda áfram að aukast er óveruleg hækkun á fasteignaverði. Því er ekki að vænta mikilla breytinga á álagningu eignarskatta á árinu 1997.

Erfðafjárskattur. Þessi tekjustofn er alltaf mjög óviss. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að hann skilaði 390 m.kr. tekjum, en innheimta skattsins til ágústloka bendir til talsvert meiri tekna, eða allt að 420 m.kr. Reiknað er með svipuðum tekjum á næsta ári.

Eignarskattar

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Eignarskattur	1.496	1.415	1.417	1.430	0,9
Sérstakur eignarskattur	151	145	148	150	1,4
Erfðafjárskattur	389	390	420	420	0,0
Einstaklingar alls	**2.036**	**1.950**	**1.985**	**2.000**	**0,8**
Eignarskattur	1.325	1.345	1.375	1.435	4,4
Sérstakur eignarskattur	266	270	275	285	3,6
Fyrirtæki, alls	**1.591**	**1.615**	**1.650**	**1.720**	**4,2**
Samtals	**3.627**	**3.565**	**3.635**	**3.720**	**2,3**

Eignarskattar fyrirtækja. Allt bendir til þess að eignarskattar fyrirtækja skili ríkissjóði heldur meiri tekjum á þessu ári og miðað var við í fjárlögum, en betri eiginfjárstaða fyrirtækja í kjölfar batnandi afkomu styrkir óhjákvæmilega þennan gjaldstofn. Áfram er reiknað með nokkurri hækkun eignarskatta á næsta ári, enda margt sem bendir til þess að afkoma fyrirtækja hafi batnað frekar að undanförnu.

Virðisaukaskattur. Í fjárlögum yfirstandandi árs voru tekjur af virðisaukaskatti áætlaðar 45,8 milljarðar króna. Forsendur þeirrar áætlunar voru sem fyrr spár um þróun þjóðarútgjalda, einkum þó einkaneyslu, eins og þær lágu fyrir við samþykkt fjárlaga í lok síðasta árs. Reiknað var með 5½% aukningu þjóðarútgjalda milli áranna 1995 og 1996, en sambærileg tala fyrir einkaneyslu var rösklega 4%. Þá var miðað við 2½% meðalhækkun á verðlagi. Einnig var gert ráð fyrir heldur betri skilum. Á þessum forsendum var talið að innheimta virðisaukaskatts ykist um liðlega 8% á þessu ári.

Eins og fram er komið hafa umsvif í íslensku efnahagslífi verið mun meiri í ár en útlit var fyrir í lok síðasta árs. Allt bendir til þess að aukning þjóðarútgjalda verði kringum 9% á þessu ári, en ekki 5½% eins og áður var talið. Þá eykst einkaneysla líklega um 7% milli áranna 1995 og 1996. Verðlagsbreytingar verða hins vegar svipaðar. Frávikið frá fyrri spá er því kringum 3%. Þessarar þróunar gætir ekki enn í auknum tekjum af virðisaukaskatti, því

að í ágústlok var innheimta hans nánast sú sama og gert hafði verið ráð fyrir. Á þessu eru ýmsar skýringar.

Í fyrsta lagi hafa fjárfestingar fyrirtækja verið óvenju miklar undanfarin misseri eftir langt samdráttarskeið. Af þeim sökum verður innskattsfrádráttur þeirra í mörgum tilvikum óvenju hár samanborið við útskatt af veltu. Þetta getur valdið ákveðinni töf á skilum fyrirtækja og þar með innheimtu virðisaukaskatts milli einstakra tímabila. Þessi áhrif eiga hins vegar að jafnast út yfir lengra tímabil.

Í öðru lagi er mikil samkeppni á markaðnum um þessar mundir, einkum í verslun, og ýmislegt sem bendir til þess að fyrirtækin hafi lækkað álagningu sína. Þar af leiðir að virðisauki innlendrar starfsemi verður minni.

Í þriðja lagi hafa endurgreiðslur innskatts af hráefniskaupum sjávarútvegs verið óvenju miklar það sem af er ári. Þessar endurgreiðslur skila sér - að öðru óbreyttu - síðar í formi útskatts. Til ágústloka á þessu ári námu endurgreiðslurnar 3 milljörðum króna samanborið við 2½ milljarð á sama tíma í fyrra. Í áætlun fjárlaga var gert ráð fyrir svipuðum endurgreiðslum bæði árin.

Allir þessir þættir sem hér hafa verið nefndir gera áætlun um innheimtu virðisaukaskatts óvissa. Sé litið til innheimtunnar síðustu mánuði virðist í fljótu bragði ekki ástæða til að hækka fyrri spá um tekjur af virðisaukaskatti á þessu ári mjög mikið þótt eftirspurnarástandið í þjóðarbúskapnum gefi annað til kynna. Hér er því gert ráð fyrir að innheimta virðisaukaskatts verði svipuð og áður var talið, eða 46 milljarðar króna. Þá hefur verið tekið tillit til þess að endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði var breytt síðastliðið vor í tengslum við breytingar á vörugjaldi, úr 100% í 60%. Áhrif þessarar breytingar koma aðeins að litlu leyti fram á þessu ári meðal annars vegna tafa við framkvæmd málsins. Sparnaður ríkissjóðs, samtals um 400 m.kr., ætti hins vegar að koma fram að fullu á næsta ári.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Virðisaukaskattur af innflutningi	26.301	27.600	30.000	32.000	6,7
- af innlendri starfsemi	18.787	20.920	18.680	19.475	4,3
Virðisaukaskattur, alls	**45.088**	**48.520**	**48.680**	**51.475**	**5,7**
- Endurgreitt v/ vinnu við íbúðarhúsnæði	-1.011	-1.100	-930	-650	-30,1
- Endurgreitt til opinberra aðila	-1.070	-950	-1.150	-1.200	4,3
- Endurgreitt vegna húshitunar, matvöru	-649	-650	-600	-625	4,2
Virðisaukaskattur - endurgreiðslur .	**42.358**	**45.820**	**46.000**	**49.000**	**6,5**

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á virðisaukaskattskerfinu á árinu 1997. Nýjustu spár benda til þess að einkaneysla aukist um 3½% milli áranna 1996 og 1997, en sú stærð ræður mestu um tekjur af þessum skattstofni. Þá er reiknað með að almennt verðlag hækki um 2%. Miðað við þessar forsendur verður innheimta virðisaukaskatts 49 milljarðar króna á komandi ári. Þá hefur verið tekið tillit til breikkunar gjaldstofnsins vegna fyrrnefndrar lækkunar á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

Innflutningsgjöld, vörugjöld. Þegar á heildina er litið eru tekjur af innflutnings- og vörugjöldum eilítið lægri á þessu ári en gert var ráð fyrir í tekjuáætlun fjárlaga. Á næsta ári

má búast við áframhaldandi lækkun tekna af þessum gjaldstofnum, bæði vegna frekari breytinga á vörugjöldum sem og minni innflutnings á bifreiðum eftir mikla aukningu á þessu ári.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Tollar, innflutningsgjöld	1.737	1.817	1.847	1.954	5,8
Vörugjald af bifreiðum	2.474	2.605	3.070	2.750	-10,4
Vörugjald af bensíni	1.662	1.785	1.570	1.635	4,1
Almenn vörugjöld	2.835	3.100	2.500	2.530	1,2
Álgjald	124	134	390	400	2,6
Samtals	**8.832**	**9.441**	**9.377**	**9.269**	**-1,2**

Tollar, innflutningsgjöld. Tekjur af tollum verða heldur meiri í ár en búist var við í kjölfar aukins vöruinnflutnings. Í áætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að tolltekjur hækki nokkurn veginn í takt við almennar þjóðhagsforsendur og nemi tæpum 2 milljörðum króna.

Vörugjald af bifreiðum. Í forsendum fjárlaga var miðað við að fluttir yrðu inn tæplega 8.000 bílar á þessu ári samanborið við 7.000 árið 1995. Upplýsingar um innflutning bifreiða til ágústloka sýna hins vegar mun meiri fjölda. Þannig voru fluttar inn tæplega 7.400 bifreiðar á tímabilinu janúar-ágúst 1996, samanborið við 5.400 sömu mánuði í fyrra. Þessi aukning endurspeglast í viðbótartekjum af vörugjaldi bifreiða sem verða líklega ½ milljarði króna meiri á þessu ári en miðað var við í fjárlögum. Þetta gerist þrátt fyrir þær breytingar sem samþykktar voru á gjaldinu síðastliðið vor, en þær fólust í fækkun gjaldflokka og lækkun gjaldhlutfallsins og hefðu, að öðru óbreyttu, skert tekjurnar um 50-100 m.kr.

Innfluttar bifreiðar



Ekki er gert ráð fyrir jafnmiklum innflutningi bifreiða á næsta ári og í ár. Hér er miðað við að þeir verði um 1.000 færri, eða kringum 9.000 samanborið við tæplega 10.000 bifreiðar á þessu ári. Á þeim forsendum, og að innflutningsverð bifreiða hækki um 2-3%, má reikna með að vörugjaldið skili nálægt 2,8 milljörðum króna í ríkissjóð á árinu 1997.

Vörugjald af bensíni. Hér er um að ræða 97% gjald sem lagt er á cif-verðmæti innflutnings. Í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að tekjur af þessu gjaldi yrðu tæp-

lega 1.800 m.kr., en vegna minni innflutnings og lægra heimsmarkaðsverðs verða þær væntanlega 200 m.kr. lægri. Reiknað er með að innflutningur á bensíni aukist um 1½% á næsta ári og verðbreytingar verði að jafnaði kringum 2%. Samkvæmt því ætti vörugjald af bensíni að skila liðlega 1,6 milljörðum króna á árinu 1997.

Almenn vörugjöld. Síðastliðið vor voru samþykktar á Alþingi umfangsmiklar breytingar á álagningu vörugjalds í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA um tilhögun þess og framkvæmd. Í breytingunum fólst meðal annars fækkun gjaldflokka, álagning magngjalds í stað verðgjalds á sælgæti, öl og gosdrykki, auk lækkunar á gjaldinu og þrenging á skattskyldusviðinu svo eitthvað sé nefnt. Einnig var greiðslufrestur gjaldsins samræmdur milli innfluttra vara og innlendrar framleiðslu sem hefur umtalsverð greiðsluáhrif á tekjuhlið ríkissjóðs á þessu ári. Þegar allt er lagt saman má búast við að tekjur af vörugjaldi verði um 600 m.kr. lægri á þessu ári en miðað var við í fjárlagaáætlun. Eins og áður er komið fram var hluta af því tekjutapi mætt með breytingum á endurgreiðslum virðisaukaskatts. Í tengslum við þessar breytingar samþykkti ríkisstjórnin að beita sér fyrir frekari lækkun vörugjalda sem kæmi til framkvæmda í byrjun næsta árs. Reiknað er með að hún komi til með að kosta ríkissjóð um 350 m.kr., en sem fyrr segir var áformað að mæta þessu tekjutapi með auknum tekjum af tryggingagjaldi. Þetta er meginskýring þess að tekjur af vörugjaldi haldast nær óbreyttar í krónum talið þrátt fyrir spár um 5-6% veltubreytingar milli ára. Samkvæmt þessu verða tekjur af almennu vörugjaldi um 2½ milljarður króna bæði árin.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks. Við afgreiðslu fjárlaga í lok síðasta árs ríkti talsverð óvissa um áætlaðar tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks. Annars vegar sneri sú óvissa að innheimtu á sérstöku áfengisgjaldi í kjölfar breyttra laga sem tóku gildi hinn 1. september 1995. Meginbreytingin felst í því að nú er gjaldið innheimt strax við innflutning í stað þess að vera hluti af hagnaði ÁTVR. Hins vegar var óljóst hvaða áhrif breytt fyrirkomulag hefði á endanleg hagnaðarskil ÁTVR. Niðurstaðan varð sú að reikna með 6½ milljarðs króna heildartekjum af þessum gjaldstofnum, þ.e. áfengisgjaldi, tóbaksgjaldi og eiginlegum hagnaði ÁTVR, fyrir árið 1996. Þar af var hagnaðurinn áætlaður 335 m.kr. Framvindan á þessu ári hefur hins vegar verið nokkuð önnur en búist var við. Þannig skilaði ÁTVR um 430 m.kr. af hagnaði fyrra árs í ríkissjóð í febrúar síðastliðnum. Þá hafa tekjur af áfengisgjaldi verið talsvert meiri það sem af er ári en reiknað hafði verið með í fjárlögum. Þetta leiðir til þess að tekjur af sölu áfengis og tóbaks verða talsvert hærri á árinu öllu en miðað var við. Þar gæti munað um 700 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir að tekjur af áfengisgjaldi og gjaldi af tóbaki aukist í takt við almennar veltubreytingar, en skil á hagnaði verði aftur á móti heldur minni en á þessu ári vegna samdráttar í sölu ÁTVR til veitingahúsa. Á móti vegur sá viðbótarhagnaður sem ÁTVR skilaði á þessu ári vegna liðins árs. Að öllu samanlögðu er þess að vænta að á árinu 1997 verði tekjur af þessum vöruflokkum heldur lægri í krónum talið en á þessu ári, eða rúmlega 7 milljarðar króna.

Bifreiðagjöld. Í ár verða heildartekjur af bifreiðagjöldum talsvert hærri en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Munar þar mestu um betri skil á þungaskatti. Samkvæmt frumvarpinu eiga þessir tekjustofnar að skila 9,3 milljörðum króna á næsta ári.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.509	4.580	4.673	4.780	2,3
Þungaskattur, km-gjald	1.649	1.660	1.795	1.860	3,6
Þungaskattur, árgjald	684	760	810	830	2,5
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.842**	**7.000**	**7.278**	**7.470**	**2,6**
Bifreiðagjald	1.765	1.825	1.810	1.850	2,2
Samtals	**8.607**	**8.825**	**9.088**	**9.320**	**2,6**

Markaðar tekjur til vegagerðar. Allt bendir til þess að innheimta á mörkuðum tekjum til vegagerðar, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, verði verulega meiri á þessu ári en miðað var við í áætlun fjárlaga. Skýringin liggur fyrst og fremst í betri skilum þungaskatts, auk gjaldskrárhækkunar, bæði á bensíngjaldi og þungaskatti, sem ekki var reiknað með við gerð fjárlaga.

Forsendur fyrir áætluðum tekjum af bensíngjaldi á árinu 1997 eru þær að salan aukist um tæplega 1½%, en gjaldskráin haldist óbreytt. Sömu forsendur eru að baki áætlun um þungaskatt. Samkvæmt því ættu þessir tekjustofnar að skila tæplega 7½ milljarði króna í ríkissjóð á næsta ári. Þess má geta að í ársbyrjun 1998 ganga í gildi lög um innheimtu olíugjalds í stað þungaskatts, en framkvæmd þeirra var frestað um tvö ár á síðasta þingi vegna ýmissa tæknilegra örðugleika. Skipuð hefur verið sérstök nefnd til að skoða málið nánar áður en kemur að gildistökunni.

Bifreiðagjald. Tekjur af bifreiðagjaldi virðast ætla að verða heldur minni á þessu ári en búist hafði verið við. Munar þar um 15 m.kr. Ekki er reiknað með hækkun gjaldsins á næsta ári, en gera má ráð fyrir einhverri aukningu vegna innflutnings nýrra bíla og meiri umsvifa í þjóðarbúskapnum. Hér er miðað við að tekjur af bifreiðagjaldi verði 1.850 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 1.810 m.kr. í ár.

Aðrir skattar af vöru og þjónustu. Í tekjuáætlun fjárlaga var reiknað með rúmlega 4 milljarða króna tekjum af þessum safnlið á yfirstandandi ári og virðist það ætla að ganga eftir. Að vísu eru aukatekjur ríkissjóðs (dómsmálagjöld, leyfisgjöld, o.fl.) heldur lægri en búist var við og sama er að segja um ríkisábyrgðargjald. Á móti vegur að tekjur af ýmsum smærri gjöldum eru umfram áætlun. Miðað er við að tekjur af þessum gjaldstofnum aukist í takt við almenn umsvif á næsta ári, eða um 3½%, en gjaldskrár haldist óbreyttar.

Aðrir skattar af vöru og þjónustu

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.343	2.459	2.480	2.605	5,0
Aukatekjur	906	950	870	870	0,0
Ríkisábyrgðargjald	322	250	210	220	4,8
Aðrir skattar	413	410	430	435	1,2
Samtals	**3.984**	**4.069**	**3.990**	**4.130**	**3,5**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nær til þeirra tekna ríkissjóðs sem ekki teljast skatttekjur. Samkvæmt fjárlögum þessa árs voru tekjur af þessum lið áætlaðar tæpir 8 milljarðar króna. Það sem af er ári hafa vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs hins vegar verið mun meiri en spáð var. Á móti vega minni dráttarvaxtatekjur af skattskuldum vegna bættrar innheimtu. Þá skilar sala á ýmsum eignum ríkissjóðs meiri tekjum á þessu ári en talið var við gerð fjárlaga. Sama er að segja um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting 1996-97 %
Vaxtatekjur	5.139	5.200	5.605	5.360	-4,4
Arðgreiðslur	2.842	2.280	2.455	2.280	-7,1
Sala eigna	109	100	200	350	75,0
Aðrar tekjur	322	350	350	350	0,0
Samtals	**8.412**	**7.930**	**8.610**	**8.340**	**-3,1**

Hins vegar er útlit fyrir að vaxtatekjur verði talsvert lægri á næsta ári en í ár, einkum af endurlánum ríkissjóðs. Sama er að segja um arðgreiðslurnar, en sú lækkun skýrist alfarið af minni hagnaði Seðlabanka Íslands. Á móti koma auknar tekjur af sölu eigna, en stefnt er að því að selja hlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum á árinu 1997, að minnsta kosti að hluta. Má þar nefna Skýrr hf., Áburðarverksmiðjuna hf. og Sementsverksmiðjuna hf.

5.3 Fjármagnstekjuskattur

Á síðastliðnu vori samþykkti Alþingi lög um samræmda skattlagningu fjármagnstekna. Í þessum nýju lögum felst tvennt. Annars vegar verður tekinn upp skattur á vaxtatekjur, en þær hafa verið skattfrjálsar. Hins vegar er skattlagning fjármagnstekna samræmd, þ.e. arður, söluhagnaður og leigutekjur verða skattlagðar með sama hætti og vextir.

Aðdragandi. Aðdragandinn að skattlagningu vaxtatekna hefur verið nokkuð langur. Árum saman hefur það verið rætt hér á landi að skattleggja vexti og helst samræma skattlagningu allra fjármagnstekna. Af þessu hefur þó ekki orðið fyrr en nú af margvíslegum ástæðum. Mestu máli skiptir sú óvissa sem ríkir um áhrif skattsins á sparnað, vaxtastig, fjárstreymi til útlanda og stöðuna almennt á íslenskum fjármagnsmarkaði. Þá hefur mörgum vaxið í augum aukin upplýsingagjöf af hendi almennings og nýjar aðferðir við framtal tekna til skatts. Einnig hafa ýmsir haft áhyggjur af áhrifum skattsins á afkomu einstakra hópa.

Á árunum 1988-1990 var unnið að tillögugerð um skattlagningu vaxtatekna án þess að niðurstaða næðist í málinu hjá stjórnvöldum. Árið 1992 skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd til að skoða málið. Sú nefnd skilaði tillögum sem fólu í sér skattlagningu raunvaxta. Þær tillögur voru ræddar í ríkisstjórn og kynntar á frumvarpsformi, en náðu ekki lengra.

Í maí 1993 gaf þáverandi ríkisstjórn að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins út yfirlýsingu þess efnis að talið væri heppilegast að skattlagning vaxtatekna yrði í formi lágs skatthlutfalls á nafnvexti og að skatturinn yrði innheimtur í staðgreiðslu. Þessi samþykkt var útfærð nánar í tillöguformi og birt í sérstakri skýrslu sem unnin var á vegum fjármálaráðuneytisins. Ekki varð þó af afgreiðslu málsins, meðal annars vegna aðgerða stjórnvalda til að lækka vexti síðar á árinu.

Í desember 1994 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem fyrri afstaða um skattlagningu fjármagnstekna var ítrekuð. Þar var kveðið á um skipan sérstakrar nefndar með þátttöku allra þingflokka og fulltrúa ASÍ og VSÍ til að gera tillögur um nánari útfærslu þessarar skattlagningar. Tillögur nefndarinnar lágu síðan fyrir síðastliðið vor eftir að náðst hafði um þær ákveðin málamiðlun. Nýju lögin byggja í megindráttum á þeim tillögum.

Samræmd skattlagning fjármagnstekna. Meginmarkmið þessara nýju laga er samræming í skattlagningu fjármagnstekna. Þrátt fyrir skattfrelsi vaxta er sparnaður einstaklinga hér á landi minni en æskilegt er. Ýmis rök hníga að því að skattlagning vaxta ein og sér kunni að draga frekar úr sparnaði og raska jafnvægi á fjármagnsmarkaði, hækka vexti og hvetja til fjármagnsflutninga úr landi.

Í tillögum nefndarinnar sem og í greinargerð með frumvarpinu um samræmda skattlagningu fjármagnstekna er fullt tillit tekið til þessara sjónarmiða. Af þeim sökum var talið brýnt að gengið yrði til verksins með gát með því að leggja lágan og einfaldan skatt á vaxtatekjur. Jafnframt yrði heimilt að nýta persónuafslátt til frádráttar skattinum til hagsbóta fyrir hina tekjulægstu. Á hinn bóginn þótti sýnt að væri 10% vaxtaskattur tekinn upp – að öðru óbreyttu – yrði enn of mikill munur á skattlagningu vaxta og annarra fjármagnstekna. Sú mismunun sem ríkt hefur milli skattlagningar vaxta og annarra fjármagnstekna er talin hafa unnið gegn æskilegri eiginfjármyndun í íslenskum fyrirtækjum og um leið nauðsynlegri atvinnuuppbyggingu í landinu. Af þessum ástæðum var talið óhjákvæmilegt að allar fjármagnstekjur einstaklinga væru skattlagðar með svipuðum hætti.

Meginefni laganna. Í stórum dráttum eru meginatriði laganna um fjármagnstekjuskatt eftirfarandi:

- 10% skattur verður lagður á allar fjármagnstekjur einstaklinga, þ.e. vexti, verðbætur, afföll, gengishagnað, tekjur af hlutdeildarskírteinum, arð, leigutekjur og söluhagnað.

- Skatturinn verður innheimtur í staðgreiðslu af greiðanda fjármagnstekna og er skilað í ríkissjóð einu sinni á ári, í fyrsta sinn hinn 15. janúar 1998.

- Persónuafsláttur einstaklinga nýtist til greiðslu fjármagnstekjuskatts, en að öðru leyti er hann án frítekjumarks.

- Skatturinn er reiknaður af öllum fjármagnstekjum án frádráttar vaxtagjalda eða annars kostnaðar.

- Hámarksfjárhæð sú sem fyrirtækjum er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum vegna greiðslu á arði er lækkuð úr 10% af nafnverði hlutafjár í 7%. Á móti kemur að ónýtt frádráttarheimild verður yfirfæranleg milli ára.

Áhrif laganna. Samræmd skattlagning fjármagnstekna ætti að öðru óbreyttu að stuðla að tekjujöfnun þar sem tekjuhærri og efnameiri einstaklingar hafa alla jafna meiri vaxtatekjur en hinir tekjulægri. Auk þess kemur nýting persónuafsláttar á móti fjármagnstekjuskatti fyrst og fremst þeim tekjulægstu til góða, en samkvæmt upplýsingum úr skattframtölum virðist fjórðungur þeirra einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur vera í þeim hópi. Í þeim tilvikum þar sem persónuafsláttur nýtist ekki til greiðslu vaxtaskatts hefur skattlagning vaxtatekna óhjákvæmilega þau áhrif að skattbyrði einstaklinga sem hafa einhverjar vaxtatekjur þyngist frá því sem nú er. Þegar á heildina er litið minnkar skattbyrði þeirra sem hafa tekjur af arði, húsaleigu og söluhagnaði frá því sem gilt hefur.

Erfitt er að meta nákvæmlega áhrif laganna á tekjur ríkissjóðs. Talið er að skattlagning vaxtatekna einstaklinga ein og sér geti skilað um 800 m.kr. þegar áhrifin eru að fullu komin fram og hefur þá verið tekið tillit til nýtingar persónuafsláttar. Auk þess munu ýmsir aðilar sem nú eru skattfrjálsir (félagasamtök o.fl.) greiða þennan skatt. Talið er að þær tekjur geti numið allt að 300 m.kr., lauslega metið. Á móti vega eitthvað minni tekjur af skattlagningu annarra fjármagnstekna. Samanlagt má búast við að samræmdur fjármagnstekjuskattur geti skilað ríkissjóði allt að 1 milljarði króna í tekjur þegar fram líða stundir. Tekjuáhrifin verða þó minni framan af, eða kringum 600-700 m.kr., þar sem hluti vaxtateknanna kemur ekki til útborgunar fyrr en að nokkrum árum liðnum. Heildaráhrifin á afkomu ríkissjóðs ráðast síðan endanlega af því hvort og þá í hvaða mæli aðrir skattar lækka á móti svo og því hvort og þá hvernig gjaldstofninn breytist við álagningu skattsins.

6 Gjöld

Í þessum kafla er fjallað um áætluð útgjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1997. Fyrst verður fjallað um útgjöldin í heild sinni og hagræna skiptingu þeirra. Gerð er grein fyrir fjölda ársverka hjá stofnunum ríkisins og hverra breytinga er þar að vænta. Því næst er stutt lýsing á þeim nýjungum í ríkisrekstri sem fyrirhugað er að vinna að á næsta ári. Loks er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Rétt er að geta þess að frumvarpið er á áætluðu meðalverðlagi 1997, en í byrjun kafla 6.3 hér á eftir er gerð grein fyrir verðlagsuppfærslu gjaldategunda milli ára. Í samræmi við þjóðhagsáætlun er reiknað með 3,5% launabreytingum milli áranna 1996 og 1997 og almennri verðbreytingu sem nemur 2%.

6.1 Heildaryfirlit útgjalda

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1997 eru áætluð 124,3 milljarðar króna. Að teknu tilliti til flutnings grunnskólans til sveitarfélaga, sérstakrar innköllunar á eldri spariskírteinum sl. sumar og almennra forsendna um verðþróun, jafngildir það um 1½ milljarðs króna hækkun útgjalda frá fjárlögum yfirstandandi árs en um 2½ milljarðs króna lækkun frá endurskoðaðri áætlun ársins. Lækkunin kemur einkum fram í útgjöldum til rekstrar, viðhalds og fjárfestingar.

Heildarútgjöld ríkissjóðs 1997



Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af eftirfarandi: Í fyrsta lagi lækka útgjöld ríkissjóðs milli ára um 5,3 milljarða króna vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Í öðru lagi eru áform um breyttar áherslur í rekstri fjölmargra ríkisstofnana. Stórstígar framfarir í samgöngum og fjarskiptum leiða til víðari þjónustusvæða og gefur færi á að fækka stofnunum en efla þær sem eftir verða. Á þann hátt tekst í flestum tilvikum að veita betri þjónustu við lægri tilkostnað, einkum þegar frá líður. Í þriðja lagi tekst að halda tilfærsluútgjöldum óbreyttum milli ára, en útgjöld til almannatrygginga á árinu 1996 verða nálægt einum milljarði króna umfram fjárlög en á næsta ári er stefnt að því að ná þeim slaka að mestu til baka. Loks lækka vaxtaútgjöld ríkissjóðs milli ára einkum vegna þess að tekjuafgangur verður á rekstri ríkissjóðs, verðbætur á vexti við innlausn spariskírteina fara lækkandi og einnig þess að vextir erlendis eru lágir um þessar mundir.

Þrátt fyrir aðhaldssamt fjárlagafrumvarp eru nokkrir gjaldaliðir sem hækka. Líkt og undanfarin ár fjölgar vistrýmum og úrræðum fyrir aldraða og fatlaða. Þá var nýr framhaldsskóli, Borgarholtsskóli í Grafarvogi, tekinn í notkun í haust.

	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá áætlun %
1. Rekstrarkostnaður	**47.803**	**50.598**	**51.830**	**45.731**	**-11,8**
Laun	38.440	41.394	42.330	36.770	-13,1
Önnur gjöld	16.193	16.405	16.700	16.857	0,9
Sértekjur	-6.830	-7.201	-7.200	-7.896	9,7
2. Tryggingagreiðslur o.fl.	**47.899**	**48.438**	**49.680**	**51.820**	**4,3**
Lífeyristryggingar	17.180	17.765	17.800	18.087	1,6
Sjúkratryggingar	10.613	10.325	11.200	11.285	0,8
Slysatryggingar	540	390	390	410	5,1
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.523	3.040	3.040	2.860	-5,9
Uppbætur á lífeyri	777	960	1.030	1.105	7,3
Lífeyrissjóður bænda	290	313	300	322	7,3
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.166	5.164	5.250	5.057	-3,7
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	250	208	208	274	31,7
Ábyrgðasjóður launa	265	200	170	180	5,9
Húsaleigubætur	140	200	200	-	-
Niðurgreiðslur á rafhitun	450	447	400	437	9,3
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.444	1.450	1.450	1.500	3,4
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	2.057	2.161	2.223	2.380	7,1
Framlag til sveitarfélaga v. grunnskólans	-	-	-	1.229	-
Annað	5.204	5.815	6.019	6.694	11,2
3. Vaxtagreiðslur	**12.440**	**13.050**	**23.900**	**13.550**	**-43,3**
Vaxtagreiðslur vegna innköllunar	-	-	10.100	-	**-100,0**
Aðrar vaxtagreiðslur	12.440	13.050	13.800	13.550	**-1,8**
4. Viðhald	**3.981**	**3.688**	**3.690**	**3.835**	**3,9**
Vegagerðin	2.993	2.935	2.935	3.130	6,6
Annað	988	753	755	705	-6,6
5. Fjárfesting	**11.221**	**9.042**	**9.700**	**9.404**	**-3,1**
Vegagerðin	4.380	3.444	3.723	3.548	-4,7
Flugvellir	363	203	283	310	9,5
Endurbætur menningarbygginga	270	367	290	420	44,8
Framhaldsskólar	534	555	555	520	-6,3
Heilbrigðisstofnanir	456	452	452	643	42,3
Framkvæmdasjóður fatlaðra	514	257	345	165	-52,2
Hafnamál	776	688	688	691	0,4
Byggðastofnun	484	218	358	190	-46,9
Byggingarsjóðir	534	400	400	300	-25,0
Framkvæmdasjóður aldraða	229	140	140	260	85,7
Annað	2.681	2.318	2.466	2.357	-4,4
Samtals	**123.344**	**124.816**	**138.800**	**124.340**	**-10,4**

Horfur 1996. Áætluð útgjöld samkvæmt fjárlögum 1996, sem Alþingi samþykkti í desember sl., námu 124,8 milljörðum króna. Frá þeim tíma hafa komið upp ný útgjaldatilefni og ýmis sparnaðaráform hafa ekki gengið eftir. Alls er talið að útgjöld ársins verði um 14 milljarða króna umfram fjárlög. Í fyrsta lagi eru vaxtagreiðslur ríkissjóðs taldar fara 10,8 milljarða króna umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð eru 10,1 milljarður króna vegna sérstakrar innköllunar á spariskírteinum sl. sumar. Í öðru lagi stefna útgjöld sjúkrahúsa og sjúkratrygginga vegna lyfja, læknisþjónustu o.fl. í nálægt 1½ milljarð króna umfram fjárlög. Í öðru lagi hækka fjárfestingarframlög til Vegagerðarinnar, Flugmálastofnunar, Byggðastofnunar o.fl. samtals um nálægt 600 m.kr. Önnur útgjöld umfram fjárlög nema alls um 1 milljarði króna þegar frá eru taldar heimildir sem ekki verða nýttar. Þar á meðal eru útgjöld

vegna reksturs grunnskólans, snjóflóða á Vestfjörðum og kjaraúrskurða og -samninga sem gerðir voru undir lok síðasta árs og ekki voru með í forsendum fjárlaga.

Frumvarp 1997. Ríkisstjórnin samþykkti á síðasta ári að hefja þegar starf sem miðaði að því að lækka rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs um allt að 3 milljarða króna. Á vegum ráðherranefndar um ríkisfjármál, þ.e. forsætis-, fjármála-, utanríkis- og landbúnaðarráðherra, var skipulagt umfangsmikið átak til að yfirfara rekstur ríkisins, útfæra hugmyndir um formbreytingu í rekstri og tilflutning rekstrarþátta sem allt miðar að hagræðingu og lækkun útgjalda hjá stofnunum ríkisins. Nefndinni til aðstoðar var ráðgefandi verkefnisstjórn, tveir verkefnisstjórar og samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverju ráðuneyti. Auk þess voru settir á fót 7 vinnuhópar skipaðir fulltrúum ráðuneyta og ríkisstofnana sem komu fram með margvíslegar hugmyndir um endurbætur í ríkisrekstri. Vinnuhóparnir sjö skiluðu í febrúar sl. ítarlegum tillögum, sem ná til flestra þátta ríkiskerfisins. Ráðgefandi verkefnisstjórn, sem m.a. var skipuð stjórnendum úr atvinnulífinu og alþingismönnum, lagði síðan fyrir ráðherranefndina tillögur og ráð um umfangsmikinn sparnað hjá stofnunum ríkisins.

Fjármálaráðherra lagði fram í ríkisstjórn í apríl 1996 yfirlit yfir mat ráðuneyta á útgjaldahorfum fyrir árið 1997 og mat fjármálaráðuneytis á tekjuhorfum ríkissjóðs að óbreyttum skattalögum. Ráðherranefndin útfærði nánar áherslur við fjárlagagerð, meðal annars í ljósi þeirra tillagna sem komu fram hjá ráðgefandi verkefnisstjórn. Í lok maí ákvað ríkisstjórnin, að tillögu ráðherranefndarinnar, útgjaldaramma fyrir hvert ráðuneyti eftir tegundum gjalda í samræmi við fyrri ákvarðanir um að ná jafnvægi í ríkisfjármálum á árinu 1997. Þannig var einn rammi fyrir rekstrargjöld stofnana ríkisins, annar fyrir rekstrartilfærslur og sá þriðji fyrir framlög til viðhalds og stofnkostnaðar. Áhersla var lögð á að lækka rekstrarútgjöld stofnana ríkisins milli áranna 1996 og 1997. Fulltrúum í samráðsnefnd ráðuneyta var ætlað að hafa umsjón með tillögugerð að sparnaði fyrir hvert og eitt ráðuneyti og samræma útfærslur sem snertu fleiri en eitt ráðuneyti.

Um miðjan ágúst skiluðu ráðuneytin til ráðherranefndarinnar nánari útfærslu á framlögum til einstakra stofnana og verkefna. Ráðherranefndin gerði tillögur til ríkisstjórnarinnar um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins sem ríkisstjórnin og stjórnarþingflokkarnir afgreiddu hinn 24. ágúst sl. Frá þeim tíma hafa ráðuneytin unnið nánar að útfærslu á niðurstöðunum sem kynntar eru síðar í þessum kafla.

Rekstrarútgjöld A-hluta ríkissjóðs, þ.e. laun og önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum, eru áætluð 45,7 milljarðar króna og lækka um 11,8% milli ára. Sé tekið mið af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga er lækkunin óveruleg í krónum talið en að raungildi lækka rekstrarútgjöldin um 2½ % frá áætlaðri útkomu 1996.

Almennt er gerð krafa til ráðuneyta um 1% hagræðingu í rekstri til að mæta nýjum eða auknum verkefnum. Þannig var nýr framhaldsskóli tekinn í notkun í Reykjavík í haust og nýtt hjúkrunarheimili mun taka til starfa um mitt næsta ár. Ennfremur fjölgar stofnunum og úrræðum fyrir fötluð börn og unglinga. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir starfsemi nýrra stofnana á árinu 1997.

Þá eru áform um skipulagsbreytingar hjá ýmsum stofnunum ríkisins á næsta ári. Má í því sambandi nefna rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, skattstofur, rannsóknastofnanir og löggæslu. Í öllum þessum tilvikum er verið að laga starfsemina að breyttum aðstæðum m.a. vegna nýrrar tækni og bættra samgangna sem alla jafna eiga að leiða til bættrar þjónustu

fyrir lægri tilkostnað. Í því sambandi var nefnd, skipuð þingmönnum úr stjórnarflokkunum, að ljúka við tillögur um fækkun sýslumannsembætta og verður frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi í haust. Einnig vinnur nefnd ráðuneytisstjóra að tillögum um endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri opinberra rannsóknastofnana. Meðal hugmynda er að eftirlitsmælingar og beinar þjónusturannsóknir verði markaðsvæddar og seldar á raunvirði. Fjárhagslegur ávinningur þessara breytinga mun þegar koma fram á árinu 1997 og enn frekar á næstu árum.

Rekstrarútgjöld ríkissjóðs 1997



Undir hverju ráðuneyti er í frumvarpinu framlag sem heimilt er að verja til skipulagsbreytinga í rekstri stofnana. Framlagið er m.a. háð því að þegar á árinu 1998 verði þeim árangri náð að unnt verði að lækka fjárheimild til viðkomandi stofnunar um a.m.k. helming þeirrar fjárhæðar sem veitt er úr sjóðnum. Heimildin á sér stoð í 6. gr. frumvarpsins og nemur alls um 250 m.kr. á árinu 1997. Henni er einkum ætlað að standa undir tækjakaupum, endurbótum á vinnustað og hugsanlegum biðlaunagreiðslum.

Launagjöld, áhrif kjarasamninga og starfsmannafjöldi. Heildarlaunagjöld eru áætluð 36,8 milljarðar króna á næsta ári og lækka um 13,2% milli ára. Að teknu tilliti til flutnings grunnskólans til sveitarfélaga er hækkunin um 2½ % í krónum talið en að raungildi lækka launagjöldin um 1% frá áætlaðri útkomu 1996.

Kjarasamningar við flest félög opinberra starfsmanna eru lausir um næstu áramót. Í þessu frumvarpi er gengið út frá þeirri forsendu þjóðhagsáætlunar að laun hækki almennt til jafns við launahækkanir í helstu viðskiptalöndum okkar, þ.e. 3,5%, þannig að samkeppnisstaða atvinnulífsins verði óbreytt.

Af launagreiðslum ríkissjóðs fara um 26,8 milljarðar króna um starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eða um 73%. Afgangurinn, um 10 milljarðar króna, er greiddur beint af stofnunum. Þar munar langmest um launagreiðslur sjúkrahúsa, sem eru 8½ milljarður króna, en einungis laun ríkisspítala eru greidd af starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Í töflu hér á eftir er sýndur reiknaður fjöldi ársverka samkvæmt launagreiðslum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis. Fyrstu þrír dálkar töflunnar sýna fjölda ársverka eftir ráðuneytum og eru þau reiknuð eftir samræmdum reiknistuðlum sem fjármálaráðuneyti, ríkisbókhald og ríkisendurskoðun hafa komið sér saman um. Í fjórða dálki eru sýndar breytingar milli áranna 1994 og 1995 og í fimmta dálki eru tilgreindar breytingar milli fyrstu sex mánaða áranna 1995 og 1996. Tölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1996 verður að taka með varúð þar sem niðurstaðan getur orðið önnur á heilu ári. Breytingar á vinnumagni milli ára 1996 og 1997 eru áætlaðar með því að styðjast við heildarlaunatölur fjárlaga 1996 og fjár-

lagafrumvarps 1997, áður en launabætur vegna kjarasamninga eru settar inn. Þá hafa tölurnar verið samræmdar í þeim tilvikum að stofnanir hafa flust milli ráðuneyta.

Launaútgjöld metin í fjölda ársverka

Ráðuneyti	Ársverk 1993	Ársverk 1994	Ársverk 1995	Breyting '94-'95 %	Breyting '95-'96 %	Áætluð breyting '96-'97 %
Æðsta stjórn ríkisins	294	301	312	3,7	1,3	-0,9
Forsætisráðuneyti	61	65	65	0,0	0,0	0,6
Menntamálaráðuneyti	7.466	7.560	7.496	-0,8	17,5	0,2
Utanríkisráðuneyti	239	235	234	-0,4	0,9	3,3
Landbúnaðarráðuneyti	504	512	518	1,2	4,3	-0,5
Sjávarútvegsráðuneyti	480	455	460	1,1	11,5	6,3
Dómsmálaráðuneyti	2.204	2.215	2.222	0,3	1,0	-1,1
Félagsmálaráðuneyti	1.142	1.226	1.273	3,8	-1,4	1,5
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.111	4.139	4.166	0,7	-2,8	0,6
Fjármálaráðuneyti	735	756	772	2,1	0,3	1,0
Samgönguráðuneyti	1.124	1.069	1.125	5,2	0,3	0,6
Iðnaðarráðuneyti	347	338	339	0,3	-1,2	2,0
Viðskiptaráðuneyti	86	86	86	0,0	12,5	-3,1
Hagstofa Íslands	67	70	75	7,1	-5,3	-3,3
Umhverfisráðuneyti	325	339	362	6,8	10,7	5,8
Samtals	**19.185**	**19.366**	**19.505**	**0,7**	**6,7**	**0,5**

Taflan sýnir reiknuð ársverk án launaútgjalda grunnskólans, en talið er að þau megi meta til rúmlega 4 þúsund ársverka á yfirstandandi ári. Ársverkum fjölgar um 6,7% á fyrri hluta árs 1996 frá sama tímabili á árinu 1995, eða um 600 ársverk. Skýringuna má rekja nær eingöngu til fjölgunar ársverka í menntamálaráðuneyti, en þá verður að hafa í huga að ársverk urðu verulega færri á fyrri hluta árs 1995 vegna verkfalls framhaldsskólakennara en fjölgaði umfram það sem áður var síðar á árinu 1995 vegna lækkaðrar kennsluskyldu samkvæmt kjarasamningi við kennara það vor. Reiknuð ársverk annarra ráðuneyta haldast óbreytt á fyrri hluta árs 1996 miðað við sama tímabil árið áður þó þeim fækki í sumum ráðuneytum og fjölgi í öðrum.

Áætlun um breytingar á ársverkum milli áranna 1996 og 1997 verður að taka sem nálgun, en tölurnar gefa engu að síður nokkuð góða mynd af breytingum samkvæmt frumvarpinu frá því sem áformað var í fjárlögum 1996. Af töflunni má ráða að ársverkum ríkisstarfsmanna fjölgar um ½ % frá fjárlögum 1996. Fjölgun ársverka í sjávarútvegsráðuneyti er vegna aukins fiskveiðieftirlits á fjarlægum miðum. Ársverkum fjölgar áfram í umhverfisráðuneyti, einkum hjá Hollustuvernd ríkisins. Þá er einnig nokkur fjölgun ársverka í utanríkisráðuneytinu. Breytingar á ársverkum annarra ráðuneyta er óveruleg, ýmist til lækkunar eða hækkunar.

Nánar er fjallað um helstu launa- og starfsmannabreytingar í umfjöllun um viðkomandi ráðuneyti þar sem þess gerist þörf.

Önnur rekstrargjöld ráðuneyta og stofnana nema 16,9 milljörðum króna og dragast saman um rúmlega 1% að raungildi milli ára. Sú lækkun tengist endurskipulagningu

tiltekinna stofnana ríkisins. Sértekjur stofnana ríkisins eru áætlaðar 7,9 milljarðar króna. Þar af er 160 m.kr. sparnaður í rekstri sjúkrahúsa utan Reykjavíkur færður til sértekna til bráðabirgða, en sparnaðurinn verður útfærður til lækkunar launa og annarra gjalda við afgreiðslu fjárlaga. Sértekjur margra stofnana er í formi útseldrar vinnu sem fylgir hækkun launa. Ýmsum stofnunum ríkisins, einkum eftirlitsstofnunum, er ætlað að mæta rekstrarkostnaði sínum að fullu með sértekjum og skýrir það einnig hækkun sértekna milli ára. Sértekjur í heild hækka því um 7½ %.

Tryggingabætur, niðurgreiðslur og önnur framlög, þ.e. svonefndar rekstrartilfærslur, nema 51,8 milljörðum króna samanborið við 48,4 milljarða króna í fjárlögum 1996 og 49,7 milljarða króna samkvæmt endurskoðaðri útgjaldaáætlun ársins. Á árinu 1997 verður sveitarfélögunum greidd 1,2 milljarða króna eingreiðsla vegna grunnskólans og skekkir það samanburð fjárhæða milli ára. Eingreiðslan er vegna tafar sem á sér stað á innheimtu í staðgreiðslu. Að óbreyttu hefðu sveitarfélögin orðið fyrir meiri kostnaði á árinu 1997 en hærra innheimtuhlutfall útsvars gefur af sér á því ári.

Á árinu 1997 nema rekstrartilfærslur um 42% heildarútgjaldanna. Um 63% þeirra renna til almanna- og atvinnuleysistrygginga og til landbúnaðarins fara um 12%. Árið 1991 var hlutur almannatrygginga af rekstrartilfærslum 58% og landbúnaðar 20%.

Rekstrartilfærslur ríkissjóðs 1997



Greiðslur vegna bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga eru áætlaðar 32,6 milljarðar króna á næsta ári samanborið við 32,4 milljarða króna á yfirstandandi ári. Markmiðið er að bótagreiðslur aukist óverulega milli ára, en að óbreyttu má ætla að útgjöld almannatrygginga aukist um 1½ milljarð króna árlega. Í fjárlögum 1996 voru ætlaðar til þessa þáttar 31,5 milljarðar króna, en nokkuð vantaði á að sparnaðaráform fjárlaga næðu fram að ganga, auk þess sem útgjöld til lyfja og röntgenrannsókna jukust meira en talið var í upphafi árs.

Greiðslur til landbúnaðar nema 5,9 milljörðum króna sem er um 100 m.kr. lægri fjárhæð en greidd verður á yfirstandandi ári. Þá er framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna óbreytt að raungildi og nemur 1,5 milljörðum króna þrátt fyrir fjölgun námsmanna.

Lög um húsaleigubætur tóku gildi í upphafi árs 1995. Bótagreiðslur hafa orðið allnokkru lægri en gert var ráð fyrir í upphafi, m.a. vegna þess að mörg sveitarfélög tóku ekki þátt í bótakerfinu. Lögin eiga að koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að sveitarfélögin taki yfir húsaleigubótakerfið og á móti taki ríkið á sig önnur verkefni sem ríki og sveitarfélög kosta sameiginlega. Þetta er í samræmi við sameiginlega stefnu ríkis og sveitarfélaga að einfalda og gera skýrari verkaskiptingu þeirra á milli. Að þessu er nú unnið milli aðila ásamt því að fækka þeim

verkefnum þar sem fjárhagslegri ábyrgð er skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Af þessum sökum er framlag ríkisins til húsaleigubóta flutt á nýjan fjárlagalið og ætlað til að kosta önnur verkefni sem um semst.

Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs eru áætlaðar rúmlega 13,5 milljarðar króna og lækka um 250 m.kr. frá árinu 1996. Inn í þann reikning eru ekki teknar 10,1 milljarðs króna vaxtagreiðslur vegna innköllunar á eldri spariskírteinum sl. sumar. Lækkunin stafar fyrst og fremst af því að tekjuhalla ríkissjóðs er nú snúið yfir í tekjuafgang og að verðbætur á vexti við innlausn eldri spariskírteina fara lækkandi vegna lágrar verðbólgu á umliðnum 5 árum. Vaxtaútgjöldin, sem nema tæpum 11% af ríkisútgjöldum, eru mjög sveiflukennd og háð gengi, vaxtastigi á innlendum og erlendum lánamörkuðum og innlausn spariskírteina. Þá ráðast vaxtaútgjöld einnig að nokkru af því hvort ríkissjóður mætir nauðsynlegri fjárþörf með skammtímalánum, svo sem ríkisvíxlum, eða verðbréfum til lengri tíma.

Viðhald. Til viðhalds á vegum og byggingum ríkisins er áformað að verja 3,8 milljörðum króna í fjárlagafrumvarpi 1997 og hækkar framlag til Vegagerðarinnar um 6,6% frá fjárlögum þessa árs. Til viðbótar þessu eru verulegar fjárhæðir ætlaðar til endurbóta á húsnæði í eigu ríkisins sem eru hluti af framlagi til fjárfestingar. Einnig hefur nauðsynlegu viðhaldi á húseignum ríkisins í vaxandi mæli verið mætt með innheimtu leigugjalda. Við fjárlagagerðina var lögð áhersla á að aðgerðir til lækkunar útgjalda beindust sem minnst að viðhaldskostnaði.

Nefnd er fjármálaráðherra skipaði til að gera tillögur um hvernig umsýslu og viðhaldi fasteigna yrði best háttað hefur nýlega skilað áliti. Í því er lagt til að öllum ríkisstofnunum verði reiknaður kostnaður vegna húsaleigu. Leigan standi undir öllum kostnaði við eignir, þar með töldum kostnaði við fjárbindingu, og er þá gert ráð fyrir að leigukjör verði lík því sem er á almennum markaði.

Fjárfesting er áætluð 9,4 milljarðar króna á árinu 1997 og lækkar um 200 m.kr. milli ára. Framlög til vegaframkvæmda verða nær óbreytt milli ára en til viðbótar koma framkvæmdir við Hvalfjarðargöng sem eru fjármögnuð sérstaklega. Þær framkvæmdir eru taldar kosta tæplega 1 milljarð króna á árinu 1997. Framlag til heilbrigðisstofnana hækkar um 200 m.kr. og framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 120 m.kr. Hluti erfðafjárskatts sem rennur til framkvæmda fyrir fatlaða á næsta ári er óbreyttur frá yfirstandandi ári. Stjórnir þessara framkvæmdasjóða hafa skuldbundið sjóðina verulega fram í tímann.

Til að tryggja framgang laga um einsetningu grunnskólans hefur verið ákveðið að verja úr ríkissjóði allt að 265 m.kr. á ári næstu fimm árin til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar.

Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar um 100 m.kr. Eftirspurn eftir félagslegu húsnæði hefur dregist saman á undanförnum árum. Eigendur íbúða í félagslega kerfinu hafa lent í erfiðleikum vegna greiðslubyrði lána og víða um land hefur verðlag á íbúðarhúsnæði lækkað verulega vegna mikils framboðs. Einnig glíma mörg sveitarfélög við fjárhagsvanda vegna kaupskyldu þeirra af eigendum þessara íbúða þar sem þeim hefur reynst erfitt að selja þær að nýju. Þá lækka framlög til fjárfestingar um 100 m.kr. þar sem byggingu dómhúss Hæstaréttar og fangelsis að Litla-Hrauni er lokið.

Framkvæmdum er haldið áfram við framhaldsskóla víða um land, í samræmi við framkvæmdasamninga þar um. Hins vegar eru lítil áform um að hefja framkvæmdir við nýjar

byggingar. Loks verður haldið áfram endurbótum gamalla bygginga í eigu ríkisins sem hafa menningarsögulegt gildi.

6.2 Nýskipan í ríkisrekstri

Í desember 1995 samþykkti ríkisstjórnin, að tillögu fjármálaráðherra, stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Kjarni þessarar stefnu er að dreifa valdi og skilja ábyrgð á rekstri frá pólitískri stefnumörkun. Stefnt er að því að auka ábyrgð stjórnenda með því að flytja ákvarðanir um rekstrarmál sem næst vettvangi í þeim tilgangi að tryggja hagkvæma og góða þjónustu. Þá verður leitast við að gera allan kostnað í rekstri ríkisins sem sýnilegastan og samanburðarhæfan við kostnað einkafyrirtækja eftir því sem unnt er. Ákveðin skref hafa nú þegar verið stigin í þessa átt og má þar nefna rammafjárlagagerð, flutning á mismuni útgjalda og fjárheimilda milli ára, tilraun með samningsstjórnun og útgáfu verkefnavísa stofnana. Þá var til umfjöllunar á síðasta þingi frumvarp um fjárreiður ríkisins sem felur m.a. í sér að reikningsskilum ríkisins verður breytt þannig að þau henti betur til stjórnunar og árangursmats. Frumvarpið var ekki afgreitt og kemur aftur til afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Breyttir stjórnunarhættir. Á vegum fjármálaráðherra er starfandi nefnd um árangursstjórnun sem vinnur að tillögum um samskipti ráðuneyta og stofnana og stjórnunarhætti innan stofnana. Vinna nefndarinnar beinist einkum að eftirfarandi þremur atriðum:

1. *Auka framsýni* og skilgreina vandlega markmið rekstrarins og þann árangur sem hann á að skila. Ráðuneytum er ætlað að taka aukinn þátt í stefnumótun stofnana sinna og eftirliti með framkvæmd hennar.
2. *Efla samkeppni og draga úr miðstýringu.* Gerðir verða samningar við stofnanir til 3-5 ára sem fela í sér aukið sjálfstæði þeirra. Stofnanirnar taka ábyrgð á að veita umsamda þjónustu og ná ákveðnum markmiðum. Stofnun á að gera áætlun um framkvæmd samningsins. Viðfangsefni verða falin þeim sem geta veitt góða þjónustu á hagkvæmu verði. Þannig fá rekstraraðilar hvatningu til að sýna frumkvæði og leita leiða til að bæta rekstur og lækka kostnað.
3. Beina eftirliti meira að því að *meta hvort tekist hefur að ná settum markmiðum* um þjónustu og fjármál. Stofnun er ætlað að skila bæði ársreikningi og ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir árangri m.a. með því að birta verkefnavísa. Árangurinn verður mældur með tilliti til magns, gæða, kostnaðar og tíma, þannig að mælikvarðar bæti hver annan upp og gefi yfirsýn yfir reksturinn. Viðurkenning verður veitt fyrir góða frammistöðu.

Þá gaf fjármálaráðuneytið í fyrsta sinn út *verkefnavísa* fyrir stofnanir ríkisins haustið 1995. Verkefnavísar eru víða þekktir erlendis og er ætlað að veita aðgengilegar upplýsingar um viðfangsefni og árangur ríkisstofnana. Upplýsingarnar eru ætlaðar Alþingi, stjórnsýslu og skattgreiðendum til að auðvelda umfjöllun um rekstur ríkisstofnana. Verkefnavísar verða gefnir út öðru sinni síðari hluta október og munu þar birtast upplýsingar frá fleiri stofnunum en í fyrri útgáfu.

Samningar um rekstur við einkaaðila. Um alllangt skeið hafa einkaaðilar, þar á meðal félagasamtök og sjálfseignarstofnanir, annast ýmiss konar þjónustu sem kostuð er af opinberu fé og ríkinu ber að veita samkvæmt lögum. Sem dæmi má nefna þjónustu við landbúnað, rekstur skóla, hjúkrunarheimila, endurhæfingar- og meðferðarstöðva og þjónustu við fatlaða.

Í fæstum tilvikum hefur verið gengið frá skriflegum samningi milli ríkis og viðkomandi rekstraraðila um fjárframlög og þjónustu. Þess í stað hafa einfaldar viðmiðanir um þjónustuna verið látnar nægja og fjárveitingar oft tekið mið af rekstrarkostnaði áranna á undan. Fyrir vikið er oft á tíðum óljóst hverjar eru skyldur og ábyrgð hvors aðila. Í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins, sem lagt verður fram í byrjun haustþings, verða m.a. ákvæði sem skylda gerð slíkra samninga.

Ný starfsmannastefna. Samþykkt hafa verið ný lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lögin marka ákveðin tímamót. Með þeim er réttarstaða ríkisstarfsmanna á almenna markaðnum jöfnuð. Sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana er aukin og starfsfólki er gefið tækifæri til launa umfram grunnlaun með tilliti til hæfni og ábyrgðar í starfi. Gagnvart nýjum starfsmönnum er æviráðning afnumin og biðlaunaréttur ýmist afnuminn eða mjög takmarkaður.

Nýju lögin eru nú í kynningu í öllum ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Mikilsvert er að forstöðumenn og aðrir sem á framkvæmd þeirra halda hafi haldgóða þekkingu á lögunum og framkvæmd þeirra. Gott samstarf hefur verið við stéttarfélög um útfærslu nokkurra þátta, svo sem ráðningarforms og auglýsinga um stöður. Nokkur tími mun þó líða þar til lögin hafa komið að fullu til framkvæmda, t.d. að forstöðumönnum stofnana hafi verið sett erindisbréf en að mótun þess þáttar er nú unnið.

Breytingar á lífeyrismálum. Fjármálaráðherra hyggst leggja fram á Alþingi í haust lagafrumvarp um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Við undirbúning frumvarpsins er gengið út frá því að heildarverðmæti réttinda verði sambærileg í nýju lífeyriskerfi og því kerfi sem nú er við lýði. Stefnt er að því að frá og með næstu áramótum verði núverandi lífeyriskerfi lokað og nýir starfsmenn sem koma til starfa hjá ríkinu fái lífeyrisréttindi samkvæmt nýja kerfinu. Jafnframt verði núverandi starfsmönnum ríkisins gefinn kostur á að færa sig yfir í nýja kerfið telji þeir hag sínum betur borgið með þeim hætti.

Gert er ráð fyrir að í hinu nýja lífeyriskerfi verði greitt af öllum launum, en ekki dagvinnulaunum einum eins og nú er. Reiknað er með því að nýr lífeyrissjóður verði ekki stofnaður í kringum hið nýja kerfi heldur verði um fjárhagslega sjálfstæða deild að ræða innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

6.3 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta greinargerðarinnar eru skýrðar helstu breytingar á útgjöldum til einstakra ráðuneyta, málefnaflokka og stofnana. Í umfjölluninni er áhersla lögð á skýringar er taka til heilla málaflokka, en minna lagt upp úr frásögn af breytingum á rekstrar- og framkvæmdaliðum einstakra stofnana. Með þessu er ætlunin að auðvelda yfirsýn um framlög til veigamikilla útgjaldaflokka og er það í anda þeirra vinnubragða sem viðhöfð voru við undirbúning frumvarpsins.

Rétt er að taka fram að þegar vitnað er til fjárlaga 1996 í þessu frumvarpi er átt við fjárlög eins og þau voru afgreidd frá Alþingi í árslok 1995. Í umfjöllun hér á eftir er þar af leiðandi ekki tekið tillit, nema í fáum tilvikum, til þeirra útgjaldabreytinga sem fram munu koma í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1996 sem lagt verður fyrir Alþingi nú í byrjun þings.

Frumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1997. Í frumvarpinu er miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar að laun hækki að meðaltali svipað og í helstu samkeppnislöndunum eða um 3,5% milli áranna 1996 og 1997. Launaliðir allra stofnana í frumvarpinu

hafa því verið hækkaðir sem því nemur. Sama gildir um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Önnur rekstrargjöld stofnana hafa með sama hætti verið hækkuð um 2%, einnig í samræmi við þjóðhagsáætlun. Sértekjur hafa verið hækkaðar upp í þeim tilvikum þar sem þær ráðast af töxtum á útseldri vinnu eða þeim er ætlað að standa undir útgjöldum af tiltekinni starfsemi. Rekstrartilfærslur eru einungis hækkaðar í þeim tilvikum sem það var óhjákvæmilegt vegna tengingar við laun, vísitölur eða gengi. Viðhald og fjárfestingarframlög hækka ekki.

Eins og í fjárlögum og frumvarpi til fjárlaga er fjallað um allar reikningstölur 1995 á greiðslugrunni.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Embætti forseta Íslands	51,0	53,4	60,8	14	19
Alþingi og stofnanir þess	1.093,8	1.098,5	1.078,9	-2	-1
Ríkisstjórn	65,0	73,3	72,8	-1	12
Rekstrarhagræðing	-	-	2,0	-	-
Annað	178,9	98,9	148,0	50	-17
Samtals	**1.388,7**	**1.324,1**	**1.362,5**	**3**	**-2**
Rekstrarkostnaður	1.033,5	1.076,1	1.112,4	3	8
Neyslu- og rekstrartilfærslur	131,9	142,0	142,0	0	8
Stofnkostnaður og viðhald	223,3	106,0	108,1	2	-52
Samtals	**1.388,7**	**1.324,1**	**1.362,5**	**3**	**-2**

Heildarframlag til æðstu stjórnar ríkisins nemur 1.362 m.kr. og hækkar um 3% frá fjárlögum 1996. Framlag til rekstrar hækkar um 3% og til stofnkostnaðar og viðhalds um 2%.

Embætti forseta Íslands

Heildarfjárveiting til embættis forseta Íslands nemur 60,8 m.kr. og hækkar um 14%. Hækkunin stafar af því að skrifstofa forsetaembættisins flyst nú í sérstakt húsnæði að Staðastað með tilheyrandi rekstrarkostnaði, auk þess sem endurbættur húsakostur að Bessastöðum leiðir til aukins rekstrarkostnaðar. Ætlað er að rekstur Staðastaðar muni kosta um 2,5 m.kr. en hluti af þeim kostnaði var áður greiddur sem hluti af sameiginlegum rekstrarkostnaði Stjórnarráðsins meðan skrifstofa embættisins var í Stjórnarráðshúsinu. Rekstrarkostnaður Bessastaða mun aukast um 2 m.kr., m.a. vegna hærri fasteignagjalda, en nú stendur yfir endurmat húsa og jarðar. Þá mun launakostnaður við rekstur staðarins aukast. Kostnaður við viðgerðir og kaup á nýjum húsgögnum er talinn verða 1 m.kr. og loks er lagt til að í þetta sinn verði 600 þús.kr. veitt til gerðar fræðsluefnis um Bessastaði vegna væntanlegra heimsókna almennings á staðinn. Þá hefur fjárveitingum á fjárlagalið *1.01 Yfirstjórn* verið skipt þannig að undir þann lið heyra nú aðeins launakostnaður við yfirstjórn embættisins og önnur rekstrargjöld, þ.m.t. rekstur Staðastaðar. Rekstur Bessastaða, þ.m.t. kostnaður við móttökur, er nú færður á sérstakt viðfangsefni, *1.30 Bessastaðir.*

Alþingi og stofnanir þess

Eftirtaldir fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Alþingi; 211 Lýðveldissjóður; 610 Umboðsmaður Alþingis og 620 Ríkisendurskoðun. Heildarfjárveiting nemur 1.078,9 m.kr. og lækkar um 1,8% frá fjárlögum þessa árs.

210 ***Alþingi.*** Fjárveiting til Alþingis nemur 780 m.kr. og lækkar um 3% milli ára. Lækkunin stafar eingöngu af því að framlag til viðhalds fasteigna lækkar úr 54 m.kr. í 10 m.kr. þar sem lokið verður á þessu ári við breytingar og endurbætur á húseignum þingsins við Kirkjustræti 8 b og 10. Fjárveitingar til endurbóta á þessum tveim húsum nema alls um 134 m.kr. og þar af eru 44 m.kr. veittar í fjárlögum 1996. Einnig er lagt til að 50 m.kr. verði veitt í fjáraukalögum 1996 en 40 m.kr. var veitt til þessa verkefnis á árunum 1994-95. Að öðru leyti eru fjárveitingar til Alþingis óbreyttar frá fjárlögum 1996 að frátöldum almennum hækkunum launa og annarra rekstrargjalda.

211 ***Lýðveldissjóður.*** Fjárveiting til Lýðveldissjóðs nemur 100 m.kr. og er óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Sjóðurinn var stofnaður í kjölfar þingsályktunar Alþingis á 50 ára afmæli lýðveldisins og var fyrst veitt til hans 100 m.kr. í fjárlögum 1995 og skal sú fjárveiting haldast til ársins 1999 að því ári meðtöldu. Þetta er því þriðja fjárveiting af fimm. Fjárveitingunni er skipt til helminga á milli tveggja viðfangsefna, *1.10 Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar* og *1.15 Efling íslenskrar tungu.*

Stjórn sjóðsins úthlutaði 59,2 m.kr. til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar á þessu ári. Þar af fóru 2,5 m.kr. til rannsókna á umhverfi, svifi og síld í hafinu austan og norðaustan Íslands, 36,8 m.kr. til vistfræðirannsókna á rekslóð fiskilirfa og seiða, 9,7 m.kr. til rannsókna á þara og botndýrum og 3,5 m.kr. til annarra verkefna. Nær öllu þessu fé var úthlutað til Hafrannsóknastofnunarinnar, ýmist til hennar einnar eða í samvinnu við aðrar stofnanir. Þá var einstaklingum úthlutað 6,7 m.kr. til vistfræðirannsókna. Til eflingar íslenskri tungu úthlutaði sjóðsstjórnin samtals 50,2 m.kr. Þar af voru 13,4 m.kr. til verkefnisstjórnar í íslensku sem felst í gerð handbóka, kennslubóka og margmiðlunarefnis, 17 m.kr. var varið til Málræktarsjóðs og 14,6 m.kr. til ýmissa verkefna. Þá hlutu einstaklingar samtals 5,2 m.kr. í styrki.

Ríkisstjórn

Fjárveiting til ríkisstjórnar nemur 72,8 m.kr. og er nær óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 401 Hæstiréttur; 510 Bessastaðir; 520 Opinberar heimsóknir og 999 Ýmis verkefni.

510 ***Bessastaðir.*** Lagt er til að 85 m.kr. verði veitt til mannvirkjagerðar að Bessastöðum. Á þessu ári hefur verið lokið við íbúðarhús forseta Íslands en frágangi á lóð kringum húsið er ólokið þar sem umfangsmiklar fornleifarannsóknir hafa tafið verkið. Á næsta ári verður gengið frá lóðinni en í framhaldi af því verður hafinn fornleifagröftur norðan við Bessastaðastofu og suðurálmu. Þá er áformað að gera við undirstöður suðurálmunnar, en húsið er nú skakkt vegna sigs, og stækka álmuna. Viðgerð á kirkjunni er ólokið, aðallega á ytra byrði hennar og tréverki. Þá er eftir að gera við útihús staðarins og umhverfi

þeirra. Einnig er eftir að ganga endanlega frá lóð í heild sinni, þ.m.t. frárennsli frá stæðum og snjóbræðslu, lýsingu og öryggisbúnaði.

Endurnýjun mannvirkja að Bessastöðum hófst árið 1989 og nemur kostnaður liðlega 800 m.kr. til loka þessa árs, reiknaður á meðalverðlagi 1996, en á verðlagi hvers árs er hann um 700 m.kr.

999 Ýmis verkefni. Undir þennan lið heyrir viðfangsefni *1.11 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku* og er 4,1 m.kr. veitt til þess. Þetta viðfangsefni var áður undir fjárveitingum forsætisráðuneytis á fjárlagalið *01-190 Ýmis verkefni*. Fjárveitingin er ætluð til að kosta undirbúning að hátíðahöldum árið 2000 til að minnast þúsund ára afmælis kristnitöku á Íslandi.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld forsætisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	146,2	111,3	96,9	-13	-34
Rekstrarhagræðing	-	-	1,0	-	-
Annað	671,9	405,5	431,1	6	-36
Samtals	**818,1**	**516,8**	**529,0**	**2**	**-35**
Rekstrarkostnaður	203,1	182,7	224,0	23	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	92,5	98,5	95,2	-3	3
Stofnkostnaður og viðhald	522,5	235,6	209,8	-11	-60
Samtals	**818,1**	**516,8**	**529,0**	**2**	**-35**

Framlög til ráðuneytisins nema 529 m.kr. í frumvarpi þessu og hækka um 2% milli ára. Rekstrarkostnaður hækkar um 23%, aðallega vegna framlags á liðnum *201 Fasteignir forsætisráðuneytisins* og til greiðslu biðlauna við embætti Húsameistara ríkisins. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds lækkar um 11% vegna lægra framlags til Byggðastofnunar.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé heyra undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 96,9 m.kr. og lækkar um 2,1 m.kr. milli ára. Nokkrar breytingar eru á verkefnum þessa málefnaflokks. Viðfangsefni *5.20 Stjórnarráðshús* undir liðnum *101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa* á þessu ári svo og rekstrarviðfangsefnin *1.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu, 1.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum* og viðhaldsviðfangsefnin *5.21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu* og *5.22 Ráðherrabústaður Þingvöllum* færast öll á nýjan fjárlagalið, *201 Fasteignir forsætisráðuneytisins*, en hann er utan þessa málefnaflokks. Þá er þess að geta að á fjárveitingum til aðalskrifstofu ráðuneytisins 1996 var sérstök 6 m.kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði í tengslum við formennsku Íslands í ráðherraráði EFTA. Þessi fjárveiting fellur brott í frumvarpi þessu.

190 Ýmis verkefni. Fyrir utan þær breytingar á þessum fjárlagalið sem upp eru taldar hér á undan hefur viðfangsefnið *1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku* verið fært undir æðstu stjórn ríkisins á fjárlagalið *00-999 Ýmis verkefni.* Þá skal þess getið að á þessu ári er veitt sérstakt 1,5 m.kr. framlag til Hrafnseyrar, en það er styrkur til að kosta að hluta byggingu torfbæjar að Hrafnseyri við Arnarfjörð. Sá styrkur fellur niður 1997.

Annað

Undir þennan málefnaflokk heyra fjárlagaliðirnir 201 Fasteignir forsætisráðuneytisins; 211 Þjóðhagsstofnun; 221 Byggðastofnun; 231 Norræna ráðherranefndin; 241 Umboðsmaður barna; 901 Húsameistari ríkisins og 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Heildarfjárveiting nemur 431 m.kr. og hækkar um 6,3% frá fjárlögum 1996.

201 Fasteignir forsætisráðuneytisins. Tekinn er upp nýr fjárlagaliður undir forsætisráðuneyti. Þar hafa verið sameinaðir allir rekstrarliðir þeirra fasteigna sem undir ráðuneytið heyra nema rekstur Stjórnarráðshúss, sem áfram er á viðfangsefninu *1.20 Stjórnarráðshús* undir aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Nýtt viðfangsefni kemur undir þennan fjárlagalið, *1.10 Fasteignir forsætisráðuneytisins.* Fjárveiting nemur 12,6 m.kr. og er m.a. ætlað að kosta störf við viðhald og umsjón með fasteignum sem heyra undir ráðuneytið. Auk þess er deildinni ætlað að hafa umsjón með höfundarétti á teikningasafni embættis Húsameistara ríkisins sem lagt verður niður um áramót. Einnig á deildin að annast þjónustu og ráðgjöf við húsnæðisnefnd Stjórnarráðsins sem embætti Húsameistara annaðist áður. Fjárveiting á viðfangsefninu *5.23 Aðrar fasteignir* nemur 3 m.kr. og er ætluð til að mæta viðhaldi á Bessastöðum eftir því sem viðhalds verður þörf á þeim húsakosti sem Bessastaðanefnd hefur lokið við lagfæringar á.

211 Þjóðhagsstofnun. Heildarútgjöld stofnunarinnar án sértekna nema 96,6 m.kr. og hækka um 6,3 m.kr. frá þessu ári. Hækkunin stafar nær eingöngu af launa- og verðlagsbreytingum en umfang starfseminnar er nær óbreytt milli ára. Sértekjur nema 50,1 m.kr. og skiptast þannig að framlag Seðlabanka Íslands nemur 46,5 m.kr. og er jafnhátt framlagi ríkissjóðs, en auk þess hefur stofnunin aðrar sértekjur, m.a. af sölu rita og gjaldtöku fyrir verkefni.

221 Byggðastofnun. Framlag til Byggðastofnunar lækkar úr 218 m.kr. í ár í 190 m.kr. á næsta ári. Af fjárveitingu þessa árs eru 8 m.kr. ætlaðar til sérstakra aðgerða til stuðnings ferðaþjónustu og er sú fjárveiting felld niður 1997. Því til viðbótar lækkar framlag til stofnunarinnar um 20 m.kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1996 verður leitað heimildar fyrir 140 m.kr. fjárveitingu til Byggðastofnunar. Þar er annars vegar um að ræða 60 m.kr. til stuðnings atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum og 80 m.kr. til að styðja atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu hefur verið mestur undanfarin ár.

231 Norræna ráðherranefndin. Framlag á þessum fjárlagalið nemur 101,4 m.kr. og lækkar um 3,5 m.kr. milli ára. Framlag á viðfangsefni *1.01 Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar* lækkar eilítið sökum minni umsvifa og framlag til norrænu ráðherranefndar-

innar lækkar um 2 m.kr. í 85 m.kr. sökum þess að heildarfjárlög norrænu ráðherranefndarinnar hafa lækkað en Ísland ber nú 1,1% hlutdeild í þeim.

241 Umboðsmaður barna. Fjárveiting hækkar um 16% í 11,6 m.kr. Hækkunin stafar m.a. af því að embættið sem forsætisráðuneytið hefur hýst til þessa er að flytja í nýtt húsnæði og þarf að leggja í kaup á tækjum.

901 Húsameistari ríkisins. Ákveðið hefur verið að leggja embættið niður frá og með næstu áramótum. Verkefni þess hafa farið minnkandi á undanförnum árum og opinberar stofnanir hafa æ meir snúið sér til einkarekinna arkitektastofa með verkefni sín. Framlag nemur 17,6 m.kr. og er eingöngu ætlað til að greiða biðlaun, en eðli málsins samkvæmt ríkir nokkur óvissa um hver þau verða.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Framlag nemur 27,6 m.kr. og lækkar um 1,5 m.kr. frá framlagi þessa árs, þar af 1,2 m.kr. á rekstri og 0,3 m.kr. til viðhalds fasteigna. Áfram verður haldið við endurbætur á aðstöðu fyrir gesti og ferðamenn á Þingvöllum.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld menntamálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	261,8	280,7	279,4	-0	7
Háskólar og rannsóknir	3.137,8	3.304,0	3.469,4	5	11
Framhaldsskólar	4.740,1	5.257,5	5.258,3	0	11
Grunnskólar	5.602,0	6.626,0	1.618,1	-76	-71
Námsaðstoð	1.553,6	1.561,5	1.626,5	4	5
Söfn, listastofnanir o.fl.	1.173,2	1.314,5	1.328,7	1	13
Rekstrarhagræðing	-	-	42,0	-	-
Annað	834,5	937,7	1.004,4	7	20
Samtals	**17.303,0**	**19.281,9**	**14.626,8**	**-24**	**-15**
Rekstrarkostnaður	12.499,1	14.157,2	8.169,4	-42	-35
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.020,5	3.229,7	4.593,9	42	52
Viðhald og stofnkostnaður	1.783,4	1.895,0	1.863,5	-2	4
Samtals	**17.303,0**	**19.281,9**	**14.626,8**	**-24**	**-15**

Rekstrargjöld ráðuneytisins, án tillits til sértekna Happdrættis Háskóla Íslands sem renna til viðhalds og stofnkostnaðar, eru áætluð 8.476 m.kr. og lækka um 41,4% eða um 5.993 m.kr. Áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar hækka rekstrargjöld um 280 m.kr., flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar rekstrargjöld um 6,2 milljarða króna, en að öðru leyti skýrist mismunurinn einkum af fjölgun nemenda og auknum húsnæðiskostnaði. Gerð er almenn krafa til stofnana og skóla um hagræðingu og öflun meiri sértekna.

Rekstrartilfærslur verða um 4.594 m.kr., sem er hækkun um 1.364 m.kr. Áætlaðar verðlagsbreytingar hækka framlög um 83 m.kr. Að öðru leyti skýrist hækkun af um 1.229 m.kr. eingreiðslu til sveitarfélaga vegna tafar á innheimtu staðgreiðslu í tengslum við breytingu á tekjustofnum í tilefni af flutningi grunnskólans, 49 m.kr. vegna samstarfs við Evrópusam-

bandið á sviði rannsókna og tækniþróunar og 15 m.kr. vegna jöfnunar á námskostnaði framhaldsskólanemenda. Á móti lækka tilfærslur um 18 m.kr. vegna flutnings grunnskólans.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar nemur 1.864 m.kr. og lækkar um 31 m.kr. frá fjárlögum þessa árs einkum vegna framkvæmda framhaldsskóla sem lýkur á þessu ári.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Áætluð útgjöld aðalskrifstofu verða 261,4 m.kr. sem er lækkun um 1,3 m.kr. Raunlækkun er vegna grunnskólaverkefna sem flytjast til sveitarfélaga og kröfu um hagræðingu í rekstri. Ráðstöfunarfé ráðherra er óbreytt fjárhæð, 18 m.kr.

Háskólar og rannsóknir

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201-209 Háskóli Íslands og stofnanir tengdar honum; 210 Háskólinn á Akureyri; 211 Tækniskóli Íslands; 221 Kennaraháskóli Íslands; 223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála; 231 Rannsóknaráð Íslands; 236 Vísindasjóður; 237 Tæknisjóður; 238 Bygginga- og tækjasjóður; 239 Rannsóknarnámssjóður; 269 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður og 299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

Heildarframlag til málefnaflokksins er 3.469,4 m.kr. og skiptist þannig á fjárlagaliði:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Háskóli Íslands	1.680,8	1.751,3	1.840,3	5	9
Tilraunastöð Háskólans að Keldum	133,5	80,9	81,8	1	-39
Raunvísindastofnun Háskólans	130,7	129,1	130,4	1	-
Stofnun Sigurðar Nordals	9,4	9,2	9,4	2	-
Stofnun Árna Magnússonar	43,5	43,0	43,8	2	1
Orðabók Háskólans	14,3	15,5	16,0	3	12
Íslensk málstöð	8,4	8,6	8,9	3	6
Örnefnastofnun	4,4	4,7	4,8	2	9
Háskólinn á Akureyri	189,8	200,3	222,5	11	17
Tækniskóli Íslands	191,6	186,0	198,3	7	3
Kennaraháskóli Íslands	330,2	304,1	331,8	9	-
Rannsóknastofnun uppeldismála	45,3	34,0	34,6	2	-24
Rannsóknaráð Íslands	31,8	40,9	40,1	-2	26
Vísindasjóður	25,6	15,0	25,0	67	-2
Tæknisjóður	199,8	200,0	200,0	-	-
Bygginga- og tækjasjóður	60,0	78,0	78,0	-	30
Rannsóknarnámssjóður	-	20,0	20,0	-	-
Háskóla- og vísindastofnanir, stofnkostn.	-	123,0	123,0	-	-
Háskóla- og rannsóknastarfsemi	38,7	60,4	60,7	-	57
Samtals	**3.137,8**	**3.304,0**	**3.469,4**	**5**	**11**

Framlag til rekstrar og rekstrartilfærslna, án tillits til sértekna Háskóla Íslands frá Happdrætti Háskóla Íslands, er áætlað 3.043,4 m.kr og hækkar um 155,4 m.kr. Hækkun umfram áætlaða launa- og verðlagshækkun skýrist af fjölgun nemenda og auknu húsnæði en einnig af því að grunnskólaverkefni eru færð til Kennaraháskólans. Skólaárið 1994/95 brautskráðust 2.058 stúdentar úr framhaldsskólum, sem jafngildir því að um helmingur tvítugra ungmenna lýkur stúdentsprófi og hefur þetta hlutfall farið hækkandi. Við ákvörðun rekstrarframlaga hefur verið miðað við að allar stofnanir og skólar þurfi að beita aðhaldi og

hagræða í rekstri auk þess sem gert er ráð fyrir öflun meiri sértekna, m.a. með því að taka gjöld fyrir ýmsar umsagnir og vottorð. Í menntamálaráðuneytinu er unnið að undirbúningi löggjafar um háskólastigið með það að leiðarljósi að skilgreina markmið háskólakennslu, tilgreina prófgráður, inntökuskilyrði og kröfur til stjórnsýslu. Fjárframlög til skóla á háskólastigi ráðast aðeins að hluta til af nemendafjölda í skólunum og tengslin þar á milli hafa ekki verið bein. Unnið er að því að gera þessi tengsl skýrari með því að þróa reiknireglur sem taka mið af árangri skóla og námsframboði, auk nemendafjölda. Einnig er í undirbúningi að skoða sameiningu ýmissa stofnana, sem tengjast Háskóla Íslands í öflugari einingar enda gefur smæð stofnana tilefni til að ætla að sameining leiði til betri nýtingar á fjármunum og sérfræðiþekkingu vísindamanna.

Heildarframlag til stofnkostnaðar og viðhalds er 733 m.kr. og hækkar um 5 m.kr. frá fjárlögum ársins.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

202 Háskóli Íslands. Rekstrarframlag til Háskólans er áætlað 2.091,8 m.kr., án tillits til sértekna frá Happdrætti Háskóla Íslands, og hækkar um 100 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Raunhækkun skýrist einkum af auknum framlögum til kennslu og rekstrar húsnæðis. Jafnframt er skólanum ætlað að hagræða í rekstri sínum og afla aukinna sértekna. Framlög til skólans hafa tekið litlum breytingum á síðustu árum þótt að starfsemin hafi aukist og innrituðum nemendum fjölgað. Á nýjum viðfangsefnalið *1.20 Rannsóknarnám* er veitt 7,2 m.kr. framlag vegna kostnaðar við nemendur í meistaranámi en í fjárlögum er áætlað fyrir kostnaði við námið undir *1.06 Kennslu- og vísindadeildir.* Samstarfsverkefni með Vestmannaeyjabæ sem í gildandi fjárlögum fær 1,9 m.kr. framlag á sérstöku viðfangsefni, er fellt undir *1.05 Aðrar stofnanir og verkefni.*



Innritaðir nemendur voru 5.726 haustið 1995, þar af teljast um 70% vera í virku námi. Áætlað er að nemendum fjölgi lítilsháttar í haust. Í athugun er að gera samning milli menntamálaráðuneytis og Háskólans um námsbrautir og kennslu. Við samningsgerðina verður tekið mið af reiknilíkani sem nefnd háskólaráðs hefur unnið að, en í því er m.a. miðað við að fjöldi virkra nemenda hafi áhrif á rekstrarframlag.

Áætlað er að Háskólinn verji 307 m.kr. af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands til byggingarframkvæmda, viðhalds, tækja- og búnaðarkaupa, sem er lækkun um 5 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Ætlast er til að skólinn leggi fram fé til tækjakaupa Tilraunastöðvarinnar á Keldum og Raunvísindastofnunar.

210 Háskólinn á Akureyri. Rekstrarframlag til skólans hækkar um 22,2 m.kr. og verður 222,5 m.kr. Skýrist hækkunin m.a. af leikskólakennaranámi og námi í matvælaframleiðslu sem hefst í haust, ásamt auknum húsnæðiskostnaði. Jafnframt er skólanum ætlað að hagræða í rekstri sínum og afla aukinna sértekna. Skólinn fær á þessu og næsta ári afhent allt húsnæði Sólborgar og tekur það í notkun eftir því sem endurbótum á því miðar áfram. Innritaðir nemendur voru 405 haustið 1995 og er áætlað að þeim fjölgi nokkuð á yfirstandandi skólaári.

Háskólinn á Akureyri



211 Tækniskóli Íslands. Rekstrarframlag hækkar um 12,3 m.kr. og verður 198,3 m.kr. Auk launa- og verðlagshækkana skýrist hækkun af fjölgun nemenda, fjölbreyttara námsframboði og auknum húsnæðiskostnaði en í undirbúningi er að skólinn fái stærra húsnæði. Skólanum er ætlað að hagræða í rekstri sínum og afla aukinna sértekna. Í athugun er að gera samning við skólann um námsframboð og kennslu. Innritaðir nemendur voru 483 haustið 1995 og er áætlað að þeim fjölgi á yfirstandandi skólaári.

Tækniskóli Íslands



221 Kennaraháskóli Íslands. Rekstrarframlag til skólans hækkar um 27,7 m.kr. og verður 331,8 m.kr. Raunhækkun skýrist af því að bætt er við nýjum viðfangsefnalið *130 Æfingakennsla* með 23,7 m.kr. framlagi til æfingakennslu kennaranema og þróunarstarfa sem áður var verkefni Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans. Þessi verkefni verða áfram leyst af ríkinu, en rekstur Æfingaskólans fluttist til Reykjavíkurborgar 1. ágúst sl. Á móti fellur niður 6,3 m.kr. tilfærsluframlag í fjárlögum yfirstandandi árs vegna ferða- og uppihaldskostnaðar grunnskólakennara á endurmenntunarnámskeiðum og kemur í hlut sveitarfélaga að greiða þann kostnað. Bætt er við nýjum viðfangsefnalið *1.10 Menntanetið*. Kennaraháskólanum er ætlað að vera miðstöð upplýsingaþjónustu

Kennaraháskóli Íslands



við skólakerfið. Á þessu ári var skólanum falið að annast rekstur Íslenska menntanetsins, en markmið þess er að tryggja íslenskum nemendum, kennurum og menntastofnunum tækifæri til samstarfs sín á milli og við aðrar þjóðir um tölvunet. Ætlunin er að þjónustugjöld standi undir kostnaði af rekstri menntanetsins. Með fjarnámi má veita fleirum aðgang að þeirri kennslu sem fram fer í skólunum og draga úr þörf fyrir nýtt skólahúsnæði. Rúmlega 300 nemendur stunda fjarnám hjá Kennaraháskólanum, Fósturskóla Íslands og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Áætlað er að innritaðir nemendur í Kennaraháskólanum verði álíka margir og á síðustu árum, um 630 auk fjarnámsnemenda.

231 ***Rannsóknaráð Íslands.*** Rekstrarframlag er áætlað 40,1 m.kr. sem er hækkun um 0,8 m.kr. Áætlað er að rekstrarkostnaður hækki um 6,2 m.kr. m.a. vegna stærra húsnæðis en á móti er áætlað að stofnunin fái auknar sértekjur, þ.m.t. vaxtatekjur. Framlög í Vísindasjóð verða um 165 m.kr. og hækka um 25 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, þar af er áætlað að framlag úr Arðsjóði Seðlabanka Íslands hækki um 15 m.kr.

Ríkisstjórnin hefur haft málefni rannsóknastofnana atvinnuveganna til sérstakrar skoðunar. Nefnd ráðuneytisstjóra var falið að kanna skipulag stofnanna og skilgreina þann þátt starfseminnar sem er í samkeppni við einkamarkaðinn eða ráðlegt væri að starfrækja á samkeppnisgrunni. Tilgangurinn með starfinu er að jafna starfsskilyrði opinberra aðila og einkaaðila sem stunda samskonar eða áþekkan rekstur. Á þetta einkum við um þjónusturannsóknir svo sem þjónustumælingar, sýnatöku og annað framleiðslueftirlit. Starfi nefndarinnar er ekki lokið en þess er vænst að álit liggi fyrir áður en fjárlagafrumvarpið verður að lögum á Alþingi.

269 ***Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður.*** Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar háskóla- og rannsóknastofnana, annarra en Háskóla Íslands, á þessum fjárlagalið verður 123 m.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum þessa árs. Gert er ráð fyrir að ráðstafa framlaginu þannig: Háskólinn á Akureyri 30 m.kr., þar af 20 m.kr. til endurbóta á Sólborgarhúsum; Tilraunastöð Háskólans að Keldum 15 m.kr. vegna endurbóta á húsnæði og afborgana af lánum sem tekin voru vegna fisksjúkdómahúss; Kennaraháskóli Íslands 30 m.kr. þar af 8 m.kr. til húsnæðis að Varmalandi í Borgarfirði, en áætlað er að 17 m.kr. þurfi til að ljúka innanhúss- og lóðaframkvæmdum þar; Norræna eldfjallastöðin 43 m.kr. vegna annarrar greiðslu af þremur álíka háum samkvæmt samningi við Háskóla Íslands um byggingu Náttúrufræðihúss og til annarra stofnana 5 m.kr.

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að semja áætlun um byggingaframkvæmdir skóla á háskólastigi, annarra en Háskóla Íslands, en talið er að skortur á viðeigandi húsnæði standi þróun skóla á háskólastigi fyrir þrifum.

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 301-309 Menntaskólar; 318-319 Framhaldsskólar, safnliðir; 350-365 Fjölbrautaskólar; 440-441 Fullorðinsfræðsla; 506-581 Ýmsir sérskólar og 606-610 Héraðsskólar.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög nr. 80/1996 um framhaldsskóla og gilda þau um allt skólastarf á framhaldsskólastigi er tekur við af skyldunámi og fram til háskólastigs. Lögin gera ráð fyrir ýmsum breytingum á starfi skólanna og eiga þau að koma að fullu til framkvæmda haustið 2000. Helstu breytingarnar snúa að skýrari námsuppbyggingu í framhaldsskólum, auknum tengslum við atvinnulífið, eflingu starfsnáms, auknu frumkvæði og ábyrgð skóla á mótun innra starfs, hvata til nýbreytnistarfa og loks gert ráð fyrir að allar námsbrautir framhaldsskóla verði skipulagðar í samræmi við lokamarkmið náms.

Heildarframlag til framhaldsskóla er áætlað um 5.258 m.kr., sem er hækkun um 37 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Skiptist það á gjaldategundir sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Framhaldsskólar	**4.740,1**	**5.257,5**	**5.258,3**	**0**	**11**
Rekstrarkostnaður	3.965,9	4.517,5	4.554,3	1	15
Viðhald	178,4	190,0	184,0	-3	3
Stofnkostnaður	595,8	550,0	520,0	-5	-13

Áætlað er að innritaðir nemendur haustið 1996 verði um 17.200, en þeir voru 16.820 haustið 1995. Nemendum hefur fjölgað á síðustu árum og benda mannfjöldatölur til að svo verði áfram. Þess ber að geta að alla jafna innritast fleiri nemendur á haustmisseri en á vormisseri, sérstaklega í áfangakerfisskólum, og að tímasókn nemenda er mismikil eftir því hvernig nám þeir stunda og hvar þeir eru staddir í námi. Samanburður kostnaðar og nemendafjölda er því vandmeðfarinn.

Framhaldsskólar



Samkvæmt framhaldsskólalögum skal menntamálaráðherra gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) um útreikning á kennslukostnaði skóla og gera samning um við skóla um annan kostnað. Menntamálaráðherra ber samkvæmt lögunum, að gera tillögur um fjárveitingar til hvers skóla á grundvelli samþykktrar kennslu-

og fjárhagsáætlunar til þriggja ára. Gert er ráð fyrir að breytt tilhögun við fjárlagagerð gildi við undirbúning fjárlaga ársins 1998 og hafa drög að reiknilíkani verið þróuð í samvinnu við fulltrúa skólameistara í framhaldsskólum. Framlög til einstakra skóla eru látin taka mið af drögum að reiknilíkani því sem er í smíðum. Áætluðum nemendafjölda er skipt milli skóla og er miðað við að framlög til einstakra skóla verði leiðrétt ef teljandi frávik verða frá áætluðum nemendafjölda.

Stefnt er að því að á næsta ári verði ýmsu breytt sem mun leiða til bættrar kennslu í samræmi við framhaldsskólalög. Breytingarnar felast einkum í því að gera verkaskiptingu skóla skýrari. Þannig má auka sérhæfingu skólanna enn frekar og efla meginsvið þeirra. Áfram verður unnið að því að gera framhaldsdeildir og fámenna skóla, sem hafa verið með 20-80 nemendur á ári, að hluta af stærri skóla í sama landsfjórðungi. Talið er að fagþekking kennara, tæki og aðstaða nýtist betur og að hópastærðir verði hagkvæmari. Stefnt er að því að efla fjarnám þannig að nemendur við fámenna skóla geti notið leiðsagnar sem veitt er í fjölmennari skólum. Þá er framlag til jöfnunar á námskostnaði hækkað um 15 m.kr.

Miðað er við að starfsemi Hússtjórnarskólans á Hallormsstað verði hætt í núverandi mynd um mitt næsta ár og húsnæði hans afhent Menntaskólanum á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að skólinn geti m.a. starfrækt þar nám í samráði við hagsmuna- eða áhugahópa sem greiðist af þátttakendum. Einnig er miðað við að starfsemi Hússtjórnarskólans í Reykjavík verði hætt í núverandi mynd. Byggð hefur verið upp fullkomin aðstaða til kennslu í matvælavinnslu í Menntaskólanum í Kópavogi, þar sem bjóða má kennslu í hússtjórnarfræðum, og er stefnt að því að koma á samstarfi hans og Hússtjórnarskólans í Reykjavík.

Fjölbrautaskóla Vesturlands var falið að annast kennslu í Héraðsskólanum í Reykholti til reynslu í tvö skólaár, frá hausti 1995. Aðsókn að náminu hefur verið mun minni en gert var ráð fyrir og er því áformað að leggja skólahald þar niður í núverandi mynd í lok yfirstandandi skólaárs.

Í Héraðsskólanum að Skógum hefur verið kennt námsefni 1. og 2. árs framhaldsskóla og hefur skólinn verið í nánu samstarfi við Fjölbrautaskólann á Suðurlandi. Stefnt er að því að skólarnir verði sameinaðir að fullu og nám í þeim skipulagt sem ein heild. Fjárveiting til kennslu í Skógaskóla er lækkuð miðað við að þessi breyting taki gildi um mitt næsta ár og fjárveiting til fjölbrautaskólans hækkuð til samræmis.

Aðsókn að námi í skipstjórnarfræðum hefur minnkað verulega á síðustu árum. Nálægt 100 nemendur hafa stundað þetta nám árlega, flestir í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Framlag til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum er í fjárlögum yfirstandandi árs fært á sérstakan viðfangsefnalið undir fjárlagalið Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Miðað er við að kennsla í skipstjórnarfræðum í Vestmannaeyjum verði eitt af viðfangsefnum Framhaldsskólans og að sérstakur stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum leggist af. Á sama hátt er framlag til sjávarútvegsbrautar á Dalvík, sem í fjárlögum líðandi árs er fært á sérstakan viðfangsefnalið undir fjárlagalið Verkmenntaskólans á Akureyri, fært undir Verkmenntaskólann. Verkmenntaskólinn hefur haft faglega umsjón með kennslu á sjávarútvegsbrautinni ásamt almennu framhaldsnámi á 1. ári og er miðað við að sameina reksturinn á árinu 1997.

Sértekjur framhaldsskóla eru áætlaðar 304,2 m.kr. og hækka um 36,8 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Innritunargjald er áætlað 6 þús.kr. á nemanda á skólaári og efnisgjald til jafnaðar 5 þús.kr. á nemanda í verklegu námi í samræmi við framhaldsskólalög. Tekjur af gjöldunum eru áætlaðar um 136 m.kr. Brottfall úr framhaldsskólum og endurtekning prófa er talin óeðlilega mikil. Ætlunin er að taka 1.500 króna gjald af nemendum sem endurtekur próf. Er þetta gert í þeirri von að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og

auðveldi skipulagningu á kennslu fremur en til útgjalda nemenda. Með hliðsjón af því að endurinnritun er jafnan meiri í áfangaskólum en bekkjaskólum, er áætlun miðuð við 2.500 kr. á nemanda í áfangaskólum en 1.000 kr. í bekkjaskólum. Tekjur vegna endurinnritunar í próf eru áætlaðar um 32 m.kr., en til þess að þetta nái fram að ganga þarf sérstaka lagaheimild. Samkvæmt lögum er heimilt að stofna sérstaka skólasjóði, en hér er ekki áætlað fyrir þeim.

Framlag vegna kennslu í öldungadeildum og á endurmenntunarnámskeiðum sem fært er á viðfangsefnaliðinn *1.09 Önnur kennsla* á fjárlagaliðum einstakra skóla, lækkar um 64 m.kr. og verður 160 m.kr. Kennslukostnaður er áætlaður með hliðsjón af þeirri kennslu sem var haldið uppi á síðasta skólaári og er nemendafjöldi áætlaður um 2.200. Jafnvægi virðist komið á aðsókn að öldungadeildum. Samkvæmt framhaldsskólalögum skulu nemendur greiða sem næst þriðjung kennslulauna í öldungadeildum og námskeiðsgjöld standa að fullu undir endurmenntunarnámskeiðum, farskólum o.þ.h. námi. Tekjur til að standa undir kostnaði af náminu eru áætlaðar um 45 m.kr. eins og í fjárlögum líðandi árs.

Kostnaður við rekstur heimavista er ekki aðgreindur í bókhaldi skólanna en svo virðist sem hann sé mjög mishár eftir skólum og að sama gildi um kostnaðarþátttöku nemenda. Unnið er að úttekt á heimavistum í þeim tilgangi að jafna þennan mun eftir því sem það á við, mynda sjálfstæðar einingar um reksturinn og gera um hann samninga við einstaklinga, námsmannasamtök og aðila í ferðaþjónustu.

Að lokum er rétt að geta þess að framlag til stofnkostnaðar á fjárlagalið Vélskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík í fjárlögum yfirstandandi árs, samtals 6 m.kr. til kaupa á tækjum og búnaði, er fellt niður. Framlag til eignakaupa á rekstrarliðum framhaldsskóla er í frumvarpinu áætlað samkvæmt viðmiðunarreglum menntamálaráðuneytisins.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Framlag er áætlað 674 m.kr. og lækkar um 30 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Ástæða lækkunar er sú að nokkrum stofnkostnaðarverkefnum er að ljúka. Til byggingarframkvæmda eru áætlaðar 520 m.kr. Af þessari fjárhæð skýrast 447 m.kr. af bundnum greiðslusamningum ríkissjóðs um byggingu framhaldsskóla og 50 m.kr. af endurbyggingu skólahúsnæðis á Laugarvatni. Gert er ráð fyrir að ráðstafa mismuninum 23 m.kr. þannig að 10 m.kr. verður varið til að bæta nemendaaðstöðu í Ármúlaskóla, 1 m.kr. í hönnun viðbyggingar við Fjölbrautaskóla Vesturlands, 5 m.kr. til kaupa á tækum og búnaði og 7 m.kr. til kaupa á tölvubúnaði.

Til viðhalds eru áætlaðar 184 m.kr. og þar af verða um 30 m.kr. fjármagnaðar af leigutekjum vegna útleigu skólahúsnæðis, aðallega til hótelrekstrar. Húsnæði framhaldsskóla og héraðsskóla, þar með taldar heimavistir og íþróttahús, er talið vera um 182 þúsund fermetrar að stærð. Á þessu og næsta skólaári er talið að flatarmál skólahúsnæðisins aukist um 9 þúsund fermetra og verði þá um 191 þúsund fermetrar. Áætlað er að brunabótamat þessa húsnæðis sé u.þ.b. 18,2 milljarðar króna og til að halda húsunum vel við þurfi árlega að leggja í kostnað sem nemur 1,5- 3,5% af endurstofnverði. Gerð hefur verið ítarleg könnun á viðhaldi helmings húsnæðis framhaldsskóla sem bendir til þess að tímabært sé að ráðast í viðhaldsverk sem kosta um 900 m.kr. Af þessu er dregin sú ályktun að brýn viðhaldsverk í framhaldsskólum kunni að kosta u.þ.b. 2 milljarða króna. Stefnt er að því að auka viðhald skólanna en draga úr nýframkvæmdum.

319 Framhaldsskólar, almennt. Framlag er 337,2 m.kr. og lækkar um 39,4 m.kr. Helstu skýringar eru sem hér segir: *1.14 Sérkennsla* lækkar um 6,1 m.kr. vegna tilfærslu fram-

laga á tiltekna skóla; *1.16 Nýjungar í skólastarfi* og *1.17 Námskrárgerð* lækka samtals um 7,1 m.kr. vegna framvindu áætlunar um námskrárgerð; *1.20 Framhaldsdeildir* lækkar um 9,7 m.kr. þar sem framhaldsdeild við Réttarholtsskóla er lögð niður og námið flutt til Iðnskólans í Reykjavík og Borgarholtsskóla. Á nýjan viðfangsefnalið, *1.23 Ólympíuleikar í eðlisfræði* er fært 10,4 m.kr. framlag til að undirbúa Ólympíuleika í eðlisfræði sem haldnir verða hér á landi árið 1998. Miðað er við að heildarframlag ríkisins verði 20 m.kr. Liðurinn *1.40 Framhaldsskólar, óskipt* lækkar um 43,8 m.kr. vegna tilfærslu framlags á Borgarholtsskólann sem tekinn var í notkun í byrjun yfirstandandi skólaárs, en liðurinn hækkar á móti um 12,2 m.kr. vegna óvænts kostnaðar. Áætlað er að nemendum í framhaldsskólum kunni að fjölga um 400 haustið 1997 og er gert ráð fyrir að fjárveitingu vegna kostnaðar við fjölgunina, um 29 m.kr., verði skipt á skólana.

Grunnskólar og leikskólar

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 720 Grunnskólar, almennt; 725 Námsgagnastofnun; 750 Skólar fyrir fatlaða og 977 Uppgjör við sveitarfélög. Niður falla eftirfarandi fjárlagaliðir í fjárlögum yfirstandandi árs: 222 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands; 700-708 Grunnskólar; 710-718 Fræðsluskrifstofur; 730 Skólabúðir að Reykjum; 752-758 Skólar fyrir fatlaða; 758 Hvammshlíðarskóli og 798 Einholtsskóli.

Framlag til málefnaflokksins er áætlað um 1.618 m.kr. sem er lækkun um 5 milljarða króna frá fjárlögum. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga mun leiða til lækkunar á útgjöldum menntamálaráðuneytis um 6.211 m.kr. en á móti koma sérstakar greiðslur til sveitarfélaga á árinu 1997 samtals að fjárhæð 1.229 m.kr. vegna flutnings grunnskólans.

Með lögum um grunnskóla nr. 66/1995, var verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga breytt þannig að allur kennslukostnaður og kostnaður sem leiðir af kjarasamningum kennara við ríkið fellur í hlut sveitarfélaga. Ríkið sér eftir sem áður um námsefnisgerð og annast eftirlit með skólum og yfirstjórn fræðslumála. Lögin gengu að fullu í gildi 1. ágúst sl. eftir að samþykkt höfðu verið lög um réttindi og skyldur grunnskólakennara og breytingar á lögum um grunnskóla, lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Útgjöld vegna grunnskólaverkefna sem færast frá ríki til sveitarfélaga munu aukast á næstu árum, einkum vegna fjölgunar kennslustunda. Áætlað er að þau hækki um 359 m.kr. á árinu 1997 og verði þá 6.570 m.kr. Síðan hækki þau árlega um 70 m.kr. árin 1998-2000, um 80 m.kr. árið 2001 og um 50 m.kr. árið 2002 og verði á því ári 6.910 m.kr. Allar þessar fjárhæðir eru á meðalverðlagi ársins 1996. Þá hefur verið tekið tillit til útgjalda í tengslum við lífeyrisskuldbindingar vegna kennara og stjórnenda í grunnskólum sem eiga áfram aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en sveitarfélögum er ætlað að greiða sjóðnum skuldbindingar vegna þeirra jafn óðum og þær myndast. Til að mæta kostnaði við verkefni sem færast frá ríki til sveitarfélaga hækkar útsvar um 2,65% þann 1. janúar 1997 og lækkar tekjuskattur samsvarandi. Áætlað er að tekjutilfærslan hækki útsvarstekjur sveitarfélaga um 7,1 milljarð króna á heilu ári. Þó er talið að á árinu 1997 skili útsvarshækkunin sveitarfélögunum aðeins um 5,8 milljörðum króna. vegna tafar við innheimtu útsvars og mun ríkissjóður greiða sveitarfélögunum á árinu 1997 þann 1,2 milljarð króna sem á vantar. Áætlað er fyrir þeirri greiðslu á fjárlagalið *977 Uppgjör við sveitarfélög*. Þar sem aðstaða sveitarfélaga til að framfylgja grunnskólalögum er mjög mismunandi, sérstaklega ákvæðum um einsetningu skólanna, er þeim heimilt að hækka útsvarsprósentuna um 0,05% til viðbótar því sem ríkið gefur eftir. Að auki mun ríkissjóður verja allt að 265 m.kr. á ári af tekjuskatti áranna 1997-2001 til að stuðla að því að einsetningu grunnskólans

verði sem víðast komið á. Áætlað er fyrir þessum stuðningi á fjárlagalið *07-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.*

Á fjárlagalið *750 Skólar fyrir fatlaða* er áætlað fyrir 75 m.kr. framlagi til að endurgreiða sveitarfélögum viðbótarútgjöld vegna fatlaðra barna í leikskólum skv. 48. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Á síðustu árum hafa fulltrúar ríkis og sveitarfélaga nokkrum sinnum bent á að einfalda þurfi verkaskiptingu á þessu sviði þannig að þetta verkefni færðist að öllu leyti til sveitarfélaganna. Félagsmálaráðuneytið hefur nýlega skipað nefnd með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga til að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu þessara aðila og verður þetta mál eitt af þeim sem nefndin mun taka til skoðunar.

*725 **Námsgagnastofnun.*** Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 ber ríkinu að kosta kennslu- og námsgögn er fullnægja ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla. Framlag til Námsgagnastofnunar verður 252,5 m.kr. og hækkar um 2,6 m.kr. frá fjárlögum 1996. Rekstrarframlag lækkar um 2,4 m.kr. vegna kröfu um hagræðingu og öflun aukinna sértekna. Framlag vegna viðhalds á fasteign stofnunarinnar að Bolholti 6 verður 5 m.kr.

Námsaðstoð

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna og 884 Jöfnun á námskostnaði. Framlag til jöfnunar á námskostnaði er 126,5 m.kr. og hækkar um 15 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs vegna daglegs aksturs með framhaldsskólanemendur í dreifbýli sem eiga rétt á ferða- og uppihaldsstyrk. Um 2.300 nemendur fá ferða- og/eða uppihaldsstyrki og um 450 nemendur fá styrk vegna daglegs aksturs. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er áætlað 1.500 m.kr. Hækkun frá fjárlögum líðandi árs er 50 m.kr. og skýrist af áætluðum verðlagshækkunum. Fjallað er um Lánasjóðinn í athugasemdum við B-hluta í 7. kafla.

Söfn, listastofnanir og fleira

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 902-909 Ýmis söfn; 919 Söfn, ýmis framlög; 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður; 972 Íslenski dansflokkurinn; 973 Þjóðleikhúsið og 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Heildarframlag er um 1.330 m.kr. og skiptist á fjárlagaliði sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Þjóðminjasafn Íslands	138,2	101,3	95,3	-6	-31
Þjóðskjalasafn Íslands	69,1	54,2	53,1	-2	-23
Safnahúsið við Hverfisgötu	6,6	4,2	-	-	-
Landsbókasafn Ísl. - Háskólabókasafn	229,1	248,9	264,5	6	15
Listasafn Einars Jónssonar	8,2	5,3	5,9	11	-28
Listasafn Íslands	74,6	55,8	54,7	-2	-27
Blindrabókasafn Íslands	28,7	32,5	34,9	7	22
Söfn, ýmis framlög	26,8	15,5	14,3	-8	-47
Menningarstofnanir, viðhald og stofnk.	0,0	330,0	335,0	2	-
Þjóðarbókhlaða	96,0	-	-	-	-
Íslenski dansflokkurinn	62,5	42,8	44,0	3	-30
Þjóðleikhúsið	325,4	308,0	311,0	1	-4
Sinfóníuhljómsveit Íslands	108,0	116,0	116,0	0	7
Samtals	**1.173,2**	**1.314,5**	**1.328,7**	**1**	**13**

Sú breyting er gerð á þessum málefnaflokki að fjárveiting vegna reksturs Safnahúss við Hverfisgötu, 4,2 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, er flutt á forsætisráðuneyti. Lækkar rekstrarkostnaður menntamálaráðuneytisins um þá fjárhæð.

Rekstrarframlag lækkar um 9,2 m.kr. og verður 938,7 m.kr. Auk lækkunar vegna Safnahúss er gerð krafa um hagræðingu og öflun aukinna sértekna, m.a. með hækkun aðgangseyris. Á móti kemur aukinn rekstrarkostnaður Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns.

Heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar er 390 m.kr. sem er hækkun um 5 m.kr. frá fjárlögum ársins. Gert er ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 435 m.kr. á árinu 1997 sem er hækkun um 20 m.kr. frá fjárlögum 1996 og að af þeirri fjárhæð renni 285 m.kr. í Endurbótasjóð menningarbygginga. Að auki er áætlað fyrir 50 m.kr. framlagi vegna framkvæmda Ríkisútvarpsins við langbylgjumastur að Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

902 Þjóðminjasafn. Fjárveiting vegna rekstrargjalda er 78,9 m.kr. sem er lækkun um 6,6 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Sérstakt 5 m.kr. framlag vegna tölvumála safnsins í fjárlögum þessa árs fellur niður. Að öðru leyti skýrist lækkun af því að gerð er krafa um hagræðingu og öflun aukinna sértekna, m.a. með hækkun aðgangseyris að sýningum.

905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Rekstrarframlag er 221,5 m.kr. og hækkar um 15,6 m.kr. Rekstrarkostnaður húsnæðisins hefur reynst meiri en áætlað var í upphafi og er framlag því hækkað. Gert er ráð fyrir leigutekjum af aðstöðu fyrir veitingarekstur og auknum sértekjum vegna gjaldtöku fyrir ákveðna þætti í þjónustu safnsins svo sem heimalán, ljósritun og tölvunotkun samkvæmt heimild í lögum. Samkvæmt lögum um safnið er gert ráð fyrir að hluti af fjárveitingu til Háskóla Íslands renni árlega til safnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi þess við skólann. Ekki er áætlað fyrir tekjum safnsins vegna þessa í frumvarpinu.

909 Blindrabókasafn Íslands. Framlag hækkar um 2,4 m.kr. og verður 34,9 m.kr. Skýrist hækkunin af aukinni þjónustu við lesblinda nemendur. Áformað er að setja gjaldskrá fyrir þjónustu safnsins sem taki mið af gjaldskrám annarra safna.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Fjárframlag til viðhalds og stofnkostnaðar menningarstofnana verður 335 m.kr. Tekjur af sérstökum eignarskatti eru áætlaðar 435 m.kr. og er gert ráð fyrir að þar af renni 285 m.kr. í Endurbótasjóð menningarbygginga, en mismunurinn renni í ríkissjóð. Að auki er áætlað fyrir 50 m.kr. framlagi vegna framkvæmda Ríkisútvarpsins við langbylgjumastur að Gufuskálum og er hér um að ræða fyrstu greiðslu af fjórum jafn háum. Gert er ráð fyrir að framlagi Endurbótasjóðs verði skipt þannig: Þjóðminjasafn 110 m.kr.; Þjóðskjalasafn 35 m.kr.; Verndun gamalla húsa 35 m.kr.; Þjóðarbókhlaða 5 m.kr.; Þjóðleikhús 25 m.kr.; Safnahúsið við Hverfisgötu 22 m.kr; Listasafn Einars Jónssonar 21 m.kr.; Listasafn Íslands 15 m.kr.; Stýrimannaskólinn við Öldugötu 8,5 m.kr. sem er þriðja greiðsla af fjórum samkvæmt samningi við Menningar- og fræðslusamband alþýðu; Byggðasöfn 5 m.kr. og Langabúð 3,5 m.kr. vegna þriðju greiðslu af fjórum samkvæmt samningi við Djúpavogshrepp um byggingu Listasafns Ríkharðs Jónssonar í Löngubúð á Djúpavogi.

Annað

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; 804 Kvikmyndaskoðun; 976 Menningarsjóður; 978 Listasjóðir; 979 Húsafriðunarsjóður; 980 Listskreytingasjóður; 981 Kvikmyndasjóður; 982 Listir, framlög; 983 Ýmis fræðistörf; 984 Norræn samvinna; 985 Alþjóðleg samskipti; 988 Æskulýðsmál; 989 Ýmis íþróttamál og 999 Ýmislegt.

Heildarframlag til málefnaflokksins er um 1.004 m.kr. og skiptist það þannig:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	14,5	19,3	17,5	-9	21
Kvikmyndaskoðun	1,9	1,7	1,3	-24	-32
Menningarsjóður	10,5	12,5	13,0	4	24
Listasjóðir	108,8	130,0	143,9	11	32
Húsafriðunarsjóður	11,4	15,5	15,5	-	36
Listskreytingasjóður	3,9	8,0	8,0	-	105
Kvikmyndasjóður	91,6	101,6	102,0	-	11
Listir, framlög	197,5	207,6	216,4	4	10
Ýmis fræðistörf	33,6	26,0	14,0	-46	-58
Norræn samvinna	11,5	8,0	8,0	0	-30
Alþjóðleg samskipti	184,2	266,0	315,0	18	71
Æskulýðsmál	32,6	30,0	30,0	-	-8
Ýmis íþróttamál	89,3	85,0	93,3	10	4
Uppgjör við sveitarfélög	7,0	0,0	0,0	-	-
Ýmis verkefni	36,2	26,5	26,5	-	-27
Samtals	**834,5**	**937,7**	**1.004,4**	**7**	**20**

Framlag til rekstrar og rekstrarstyrkja er áætlað 972,9 m.kr. og hækkar um 66,2 m.kr. Vegur þyngst hækkun framlags til alþjóðlegra samskipta, 49 m.kr., um 14 m.kr. í listasjóði, 10 m.kr. vegna 100 ára afmælis Leikfélags Reykjavíkur og 10 m.kr. vegna smáþjóðaleika sem haldnir verða hér á landi árið 1997. Ýmis framlög lækka á móti.

Heildarframlag til viðhalds og stofnkostnaðar er áætlað 31,5 m.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum líðandi árs.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum eru eftirfarandi:

430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Framlag lækkar um 1,8 m.kr. og verður 17,5 m.kr. Raunlækkun skýrist af því að fyrstu nemendur útskrifast vorið 1997 og ekki verður tekinn inn nýr hópur á því ári.

976 Menningarsjóður. Framlag er áætlað 13 m.kr. og hækkar um 0,5 m.kr. Tekjur af miðagjaldi samkvæmt lögum um skemmtanaskatt eru áætlaðar 13 m.kr. sem er 1,5 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Sjóðurinn hefur að auki fengið viðbótarframlag úr ríkissjóði í fjárlögum síðustu ára.

977 Listasjóðir. Framlag hækkar um 13,9 m.kr. og verður 143,9 m.kr. Í lögum nr. 31/1991, um listamannalaun, er ákvæði um að almenn listamannalaun skulu veitt úr fjórum sjóðum: Launasjóði rithöfunda, Launasjóði myndlistarmanna, Tónskáldasjóði og Listasjóði. Í fjárlögum yfirstandandi árs er framlag miðað við 95 árslaun í launaflokki lektora við Háskóla Íslands og er gert ráð fyrir fjölgun um 5 árslaun í frumvarpinu. Er hámarksfjölda árslauna samkvæmt lögunum þá náð.

982 Listir, framlög. Framlag verður 216,4 m.kr. og hækkar um 8,8 m.kr. Hækkunin skýrist af 10 m.kr. framlagi á viðfangsefnalið *1.31 Leikfélag Reykjavíkur* í tilefni af aldar afmæli leikfélagsins árið 1997. Helstu tilfærslur milli viðfangsefna eru sem hér segir: *1.24 Starfsemi atvinnuleikhópa* hækkar um 2 m.kr. og verður 16 m.kr. *1.25 Starfsemi hljómsveita* er nýr liður með 2,5 m.kr. framlag. *1.27 Tónlist fyrir alla* er nýr liður með 1,5 m.kr. framlag. *1.28 Barnamenningarsjóður* er nýr liður með 1,5 m.kr. Á nýjan viðfangsefnalið *1.40 Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi* er fært 31,4 m.kr. framlag ríkissjóðs til menningarmála og menningarstofnana sem tengjast Akureyrarbæ, samkvæmt samningi sem gerður var um mitt árið 1996 á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Gildir samningurinn til ársloka 1999. Samkvæmt honum skal framlag ríkisins árin 1997-1999 vera 30,5 m.kr. á ári og nemur framlag Akureyrarbæjar ekki lægri fjárhæð en framlag ríkisins er á hverjum tíma. Til menningarmála og menningarstofnana á Akureyri teljast m.a. Leikfélag Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Minjasafn Akureyrar, Listasafnið á Akureyri og Amtsbókasafnið. Aðilarnir sem um ræðir njóta styrks af fjárlagaliðum menntamálaráðuneytisins á yfirstandandi ári og eru áætlaðar styrkfjárhæðir nú færðar á einn viðfangsefnalið. *1.76 Menningarsjóður félagsheimila* hækkar um 1,5 m.kr. í 8,7 m.kr. Hækkunin skýrist af áætluðum tekjuauka af skemmtanaskatti. *1.80 Listahátíð í Reykjavík* lækkar úr 14 m.kr. í 5,5 m.kr. en listahátíð verður næst haldin árið 1998. *1.81 Kvikmyndahátíð í Reykjavík* er nýr liður með 1,5 m.kr. framlag og *1.90 Listir* lækkar um 14,5 m.kr. vegna tilfærslna á aðra viðfangsefnaliði og verður framlag 31,5 m.kr.

985 Alþjóðleg samskipti. Framlag hækkar um 49 m.kr. og verður 315 m.kr. Hækkunin skýrist af aðildargjöldum vegna samstarfs við Evrópusambandið á grundvelli samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Aðildargjöld allra ráðuneyta verða greidd af framlaginu og eru þau áætluð 260 m.kr. Meginhluti aðildargjalda ársins 1997 er vegna fjórðu rammaáætlunar Evrópusambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar, sem hófst árið 1995 og lýkur árið 1998. Í lok júlí 1996 höfðu verið samþykktir styrkir til íslenskra aðila að fjárhæð alls um 650 m.kr. samkvæmt áætluninni. Umsóknir eru enn að berast og verður tekið á móti þeim fram á árið 1998, þannig að fjárhagslegur ávinningur Íslendinga af áætluninni verður ekki ljós fyrr en í lok ársins 1998. Flest styrkhæf verkefni eru unnin í samvinnu aðila í þremur eða fleiri ríkjum og taka tvö til fjögur ár. Skýring á hækkun framlagsins er þríþætt. Í fyrsta lagi hafa mörg verkefni farið hægar af stað en gert var ráð fyrir í upphafi. Í fjárlögum yfirstandandi árs er áætlað að aðildargjöldin verði 211 m.kr. en þau verða um 192 m.kr. Í öðru lagi bætast við nokkur ný verkefni á árinu 1997 og í þriðja lagi er útlit fyrir að nýjar reglur OECD um útreikning á þjóðarframleiðslu hækki greiðsluhlutfall EFTA ríkjanna og þar með hlut Íslands.

989 Ýmis íþróttamál. Framlag verður 93,9 m.kr. og hækkar um 8,3 m.kr. frá fjárlögum líðandi árs. Helstu skýringar eru þessar: *1.11 Ólympíunefnd Íslands* lækkar um 3 m.kr. *1.22 Launasjóður stórmeistara í skák* hækkar um 2,3 m.kr. vegna fjölgunar stórmeistara um einn. *1.91 Smáþjóðaleikar* er nýtt viðfangsefni með 10 m.kr. framlag, en leikarnir verða haldnir hér á landi á árinu 1997. Heildarframlag ríkisins er áætlað 20 m.kr. og skiptist það á tvö ár. Byggingarstyrkur til Skáksambands Íslands sem er 2,5 m.kr. í fjárlögum fellur niður en í staðinn kemur nýr viðfangsefnaliður *6.12 Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur* með 3 m.kr. framlag. Áætlað er að framlagið verði alls 9 m.kr. á þremur árum.

03 Utanríkisráðuneyti

Framlög til utanríkisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	487,5	378,9	383,2	1	-21
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	154,0	167,4	188,6	13	22
Sendiráð og fastanefndir	623,1	661,0	724,7	10	16
Þróunarmál og alþjóðastofnanir	601,0	667,3	670,1	0	11
Rekstrarhagræðing	-	-	5,0	-	-
Samtals	**1.865,6**	**1.874,6**	**1.971,6**	**5**	**6**
Rekstrarkostnaður	1.141,4	1.136,4	1.212,1	7	6
Neyslu- og rekstrartilfærslur	664,1	680,7	683,5	0	3
Stofnkostnaður og viðhald	60,1	57,5	76,0	32	26
Samtals	**1.865,6**	**1.874,6**	**1.971,6**	**5**	**6**

Framlög til utanríkisráðuneytisins nema 1.972 m.kr. og hækka um 5% frá fjárlögum þessa árs. Helstu breytingar milli ára eru hærri fjárveitingar til sýslumanns á Keflavíkurflugvelli, til sendiráðsins í Brussel, sendiráðsbyggingar í Berlín, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og til endurreisnarstarfs í Bosníu-Herzegóvínu en framlag til endurreisnarstarfs á svæðum Palestínumanna í Ísrael fellur brott.

Ráðuneyti

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarfjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 383 m.kr. og hækkar um 1% milli ára.

101 Aðalskrifstofa. Litlar breytingar verða á fjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins. Samtals nemur hún 375 m.kr. og hækkar um 1% milli ára. Fjárveiting til yfirstjórnar nemur 317 m.kr. og hækkar um 3 m.kr. Tímabundið framlag vegna samstarfsnefndar til undirbúnings verkefnaútflutnings, 3 m.kr., fellur niður. Framlag til kaupa á tækjum og búnaði lækkar um 2 m.kr. og verður 4,2 m.kr. Aðrar breytingar eru óverulegar.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Framlag til embættisins nemur 188,6 m.kr. og hækkar um 21,2 m.kr. eða 13% á milli ára. Af þessari hækkun falla 14,7 m.kr. sem sérstakar launahækkanir á liðina *1.10 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli* og *1.20 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli* vegna kjarasamninga tollvarða og lögreglumanna, en kjör þeirra eru leiðrétt til samræmis við kjör tiltekinna viðmiðunarstétta. Slíkur samanburður átti sér stað á seint árinu 1995 og var hækkunin sem af því leiddi því ekki inni í launagrunni fjárlaga þessa árs. Skýrir það hækkun þá sem nú verður frá fjárlögum til frumvarps milli ára. Aðrar hækkanir á fjárveitingum til embættisins stafa eingöngu af áætluðum launa- og verðlagsbreytingum milli ára.

Sendiráð og fastanefndir

Öll sendiráð og fastanefndir Íslands á erlendri grund heyra undir þennan málefnaflokk. Heildarfjárveiting nemur 725 m.kr. og hækkar um tæp 10% milli ára. Mestur hluti hækkun-

arinnar stafar af aukinni fjárveitingu til sendiráðsbyggingar í Berlín en auk þess hækka fjárveitingar til nokkurra sendiráða og fastanefnda og er þar helst að geta Washington, 6,5 m.kr., New York, 5,6 m.kr., Brussel, 9,4 m.kr. og Genf, 3,8 m.kr. Allar þessar hækkanir koma til vegna aukins húsnæðiskostnaðar og breyttrar starfsmannasamsetningar. Aðrar breytingar á rekstrarkostnaði eru mestmegnis vegna gengis- og verðlagsbreytinga.

Framlag á liðnum *320-6.21 Sendiráð Íslands í Berlín* nemur 48 m.kr. og hækkar um 24 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Bygging sendiráðsins verður í samvinnu við hin Norðurlöndin sem öll eru að byggja á sömu lóð. Kaup á lóðinni hafa nú farið fram og er undirbúningur að byggingu hafinn. Fram fór samkeppni meðal arkitekta á Norðurlöndum og á EES svæðinu um heildarskipulag húsa og lóðar og vann austurrísk arkitektastofa þá samkeppni. Síðan var haldin opin samkeppni um hönnun íslenska sendiráðsins og hefur íslenskum arkitekt nú verið falið að hanna það. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta næsta árs og eiga byggingar að verða tilbúnar að utan seint á árinu 1998 og fullbúnar í ársbyrjun 1999. Talið er að heildarkostnaður við framkvæmdina geti numið um 290 m.kr.

Þróunarmál, alþjóðastofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands; 391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi og 401 Alþjóðastofnanir. Fjárveiting til þessa málefnaflokks nemur 670 m.kr. og stendur því sem næst í stað milli ára. Til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi renna 277,4 m.kr. og hækkar framlagið um 13,9 m.kr. Framlög til alþjóðastofnana nema 392,7 m.kr.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til stofnunarinnar nemur 172 m.kr. og hækkar um 14,4 m.kr. milli ára og verður starfsemi stofnunarinnar með líku sniði og á þessu ári. Haldið er áfram starfsemi í sömu löndum og nú, Namibíu, Malawí, Grænhöfðaeyjum og Mósambík. Í Namibíu er aðstoðað við kennslu sjómanna og við rekstur hafrannsóknaskips. Nokkrar framfarir hafa orðið í efnahagslífi Namibíu á undanförnum árum og stjórnvöld þar sækjast nú fremur eftir viðskiptasamvinnu við hérlenda aðila en auknum opinberum stuðningi. Namibía fær enn mesta aðstoð allra samstarfslanda stofnunarinnar og eru þar á annan tug starfsmanna á hennar vegum. Enn dregur úr stuðningi við Grænhöfðaeyjar og er hann að mestu bundinn við sérfræðiaðstoð í sjávarútvegi, auk þess sem nokkru fé er veitt til stuðnings kvennahreyfinga þar í landi. Í Malawí er rannsóknum á fiskistofnum Malawívatns lagt lið svo og kennslu í fiskilíffræði og fiskeldi. Nokkur aukning verður á framlagi í Mósambík þar sem áformað er að bæta við tveimur verkefnum, annars vegar tæknilegri aðstoð í rækjuvinnslu og hins vegar við rannsókn og tilraunaveiðar á botnlægum tegundum. Þessi tvö verkefni eru talin kosta 14 m.kr. til samans og er aukning fjárveitingar til Þróunarsamvinnustofnunar ætluð til þeirra.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Framlög á þessum lið nema 105,4 m.kr. og standa nær í stað frá þessu ári. Þær breytingar eru helstar á þessum fjárlagalið að framlög á viðfangsefninu *1.12 Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP,* lækkar um 4,2 m.kr. í 13,6 m.kr. Framlag á liðnum *1.14 Aðstoð Íslands á svæðum Palestínumanna í Ísrael* fellur niður þar eð loforð Íslands um aðstoð hefur að fullu verið efnt. Í fjárlögum 1994 var framlag 36 m.kr., árið 1995 nam það 33,9 m.kr. og á þessu ári 20,1 m.kr. Samtals nemur framlagið 90 m.kr. á þremur árum í samræmi við upphaflegt samkomulag. Tekinn er upp nýtt viðfangsefni, *1.22 Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-*

Herzegóvínu og nemur fjárveiting 25,4 m.kr. Sú fjárveiting er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því fyrr á þessu ári þess efnis að Ísland taki þátt í endurreisnarstarfi í fyrrum Júgóslavíu. Samþykkt var að þegar á þessu ári yrði 10 m.kr. veitt til alþjóðlegrar neyðaraðstoðar í þessu skyni, í samvinnu við Alþjóðabankann, og 4,4 m.kr. til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar á sömu svæðum. Til viðbótar verður 100 m.kr. veitt til þessa verkefnis á árunum 1996-99. Samtals er því lagt til að 39,4 m.kr. verði veitt í fjáraukalögum fyrir árið 1996 til þessa verkefnis og um 25 m.kr. á ári næstu þrjú ár.

401 Alþjóðastofnanir. Framlag til alþjóðastofnana nemur 392,7 m.kr. og lækkar um 13,1 m.kr. frá þessu ári. Fjárframlög á þessum lið skiptast í þrennt, til friðargæslu, til EFTA og tengdra verkefna og til annarra alþjóðastofnana.

Framlög til friðargæsluverkefna nema 55,7 m.kr. og eru nær óbreytt. milli ára. Verkefnum fækkar úr 16 í 14, þar sem framlög til friðargæslu á Kýpur og í Líbanon falla brott. Til friðargæslu í fyrrum Júgóslavíu á viðfangsefninu *1.56 Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR* er veitt 40,6 m.kr. og er það stærsta verkefnið í þessum flokki. Af því fé fer rúmlega helmingur til að kosta veru íslenskra lækna og hjúkrunarfræðinga á þessu svæði.

Framlög í tengslum við EFTA nema 208,4 m.kr. og lækka um tæpar 5 m.kr. Þar af lækkar framlag til Þróunarsjóðs EFTA um 2,3 m.kr. Önnur framlög lækka eingöngu vegna gengisbreytinga.

Framlög til alþjóðastofnana nema 128,6 m.kr. og lækka um 6 m.kr. Lækkunin kemur aðallega fram á tveimur viðfangsefnum, *1.35 Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið*, en þar lækkar fjárveiting um 3 m.kr. í 6,1 m.kr., og á *1.75 Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE* þar sem framlag lækkar um 1,9 m.kr. í 6,2 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	139,4	115,7	136,2	18	-2
Landbúnaðarstofnanir	531,0	557,6	528,1	-5	-1
Skógrækt og landgræðsla	414,8	410,6	412,9	1	-0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.330,6	5.338,0	5.240,0	-2	-2
Ýmis framlög	567,8	558,8	602,6	8	6
Rekstrarhagræðing	-	-	4,0	-	-
Samtals	**6.983,6**	**6.980,7**	**6.923,8**	**-1**	**-1**
Rekstrarkostnaður	966,3	873,7	901,9	3	-7
Rekstrar- og neyslutilfærslur	5.859,0	5.902,2	5.859,6	-1	0
Stofnkostnaður og viðhald	158,3	204,8	162,3	-21	3
Samtals	**6.983,6**	**6.980,7**	**6.923,8**	**-1**	**-1**

Heildarútgjöld landbúnaðarráðuneytisins eru áætluð 6.924 m.kr. á næsta ári samanborið við 6.981 m.kr. í fjárlögum 1996 og lækka um 57 m.kr. milli ára.

Rekstrarútgjöld ráðuneytisins og stofnana þess eru áætluð 902 m.kr. á næsta ári en það er 28 m.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1996 sem skýrist fyrst og fremst af áætluðum launabreytingum.

Rekstrar- og neyslutilfærslur ráðuneytisins eru áætlaðar 5.860 m.kr. og lækka nettó um 42 m.kr. sem er í samræmi við ákvæði búvörusamninga við bændur, m.a. vegna verðlagsbreytinga og frestunar á greiðslum milli ára.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar verður 162 m.kr. og lækkar um 42 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist af því að endurbyggingu skólahússins á Hólum er að mestu lokið en 52 m.kr. var veitt til verkefnisins á þessu fjárlagaári í samræmi við þjónustusamning milli landbúnaðarráðuneytis og Bændaskólans á Hólum.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirtaldir fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlagið á árinu 1997 verður 136 m.kr. og hækkar um 20 m.kr. Ákveðið hefur verið að veita aðalskrifstofu ráðuneytisins 10,5 m.kr. viðbótarframlag vegna rekstrarvanda og aukinna verkefna m.a. framkvæmdar á ákvæðum EES-samningsins. Einnig er veitt 4 m.kr. framlag til nýrrar nefndar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða sem starfar samkvæmt ákvæðum 75. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Þá hefur verið ákveðið að greiða ekki framar fyrir aðild Íslands að Norður-Atlantshafslaxveiðinefndinni, NASCO. Óskað hefur verið eftir að hagsmunaaðilar greiði aðildarframlagið og leitað verður eftir nýju samkomulagi um greiðsluþátttöku Íslands. Framlag til NASCO fellur því niður á árinu 1997 en það var 3,7 m.kr. á þessu ári.

Landbúnaðarstofnanir

Þessi málefnaflokkur nær til fjárlagaliðanna: 211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins; 221 Veiðimálastofnun; 223 Yfirdýralæknir; 236 Aðfangaeftirlit ríkisins; 261 Bændaskólinn á Hvanneyri; 271 Bændaskólinn á Hólum; 238 Garðyrkjuskóli ríkisins og 293 Hagþjónusta landbúnaðarins. Heildarfjárveiting til málefnaflokksins nemur 528 m.kr. og lækkar um 29 m.kr. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting fjárveitinga til einstakra stofnana.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	137,9	137,0	123,0	-10	-11
Veiðimálastofnun	39,6	35,8	29,8	-17	-25
Yfirdýralæknir	120,4	106,5	117,4	10	-2
Aðfangaeftirlit ríkisins	0,1	-	-	-	-
Bændaskólinn á Hvanneyri	85,5	85,6	93,3	9	9
Bændaskólinn á Hólum	83,2	121,1	92,3	-24	11
Garðyrkjuskóli ríkisins	52,5	58,7	60,0	2	14
Hagþjónusta landbúnaðarins	11,6	12,9	12,3	-5	6
Samtals	**530,8**	**557,6**	**528,1**	**-5**	**-1**

211 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag til stofnunarinnar verður 123 m.kr. á árinu 1997 og lækkar um 14 m.kr. Áformað er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins veiti stofnuninni 15 m.kr. rekstrarframlag til rannsókna. Einnig stendur til að ná fram allt að 3 m.kr. sparnaði með hagræðingu í mannahaldi. Nefnd skipuð ráðuneytisstjórum fjallar nú um endurskipulagningu rannsóknastofnana atvinnuveganna þ.m.t. starfsemi RALA.

221 Veiðimálastofnun. Lagt er til að framlag til stofnunarinnar verði 30 m.kr. á árinu 1997 og lækki um 7 m.kr. frá fjárlögum 1996. Samkvæmt samningi við Stofnfisk hf. munu tveir starfsmenn hjá fiskeldisdeild Veiðimálastofnunar hefja störf hjá fyrirtækinu í byrjun næsta árs og er fjárveiting því færð milli fjárlagaliða í þessu frumvarpi. Auk þess er áformað að vistfræðiverkefni stofnunarinnar verði í auknum mæli kostuð af Fiskræktarsjóði.

233 Yfirdýralæknir. Lagt er til að framlag til embættisins verði 117 m.kr. á árinu 1997 en það var 106 m.kr. á þessu ári. Framlagið hækkar um 4,5 m.kr vegna ákvæða í EES-samningi um eftirlit, sýnatöku o.fl. og um 3 m.kr. vegna uppsafnaðs rekstrarvanda hjá embættinu. Starfsemi héraðsdýralækna er til endurskoðunar hjá ráðuneytinu m.a. í kjölfar kvörtunar til samkeppnisyfirvalda frá sjálfstætt starfandi dýralæknum.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri. Framlag til skólans verður 93 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 85 m.kr. árið 1996. Lagt er til að skólanum verði veittar 5 m.kr. til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda sem m.a. stafar af minnkandi sértekjum af búrekstri.

271 Bændaskólinn á Hólum. Framlag til skólans er áformað 92 m.kr. á árinu 1997 en það var 121 m.kr. árið 1996 og er það í samræmi við gildandi þjónustusamning milli landbúnaðarráðuneytis og Bændaskólans á Hólum. Lækkun fjárveitingar skýrist af því að endurbótum á húsnæði skólans er að verulegu leyti lokið.

Skógrækt og landgræðsla

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 311 Landgræðsla ríkisins; 321 Skógrækt ríkisins og 331 Héraðsskógar. Heildarframlag nemur 412 m.kr. samanborið við 410 m.kr. í fjárlögum 1996. Framlag til Landgræðslu ríkisins verður 200 m.kr. á árinu 1997 og er stofnuninni ætlað að ná fram 3 m.kr. hagræðingu í rekstri. Framlag til Skógræktar ríkisins verður 157 m.kr. á árinu 1997 og er stofnuninni ætlað að ná 2,5 m.kr. hagræðingu í rekstri. Framlag til Héraðsskóga verður 54,9 m.kr. Hér að neðan gefur að líta yfirlit um þróun helstu framkvæmda hjá Héraðsskógum árin 1991-1996.

	Gróðursettar plöntur	Hektarar gróðursettir	Girðingar í km.	Jarðvinnsla í ha.
1991	945.000	315	21	159
1992	1.392.000	464	17	76
1993	1.392.000	464	40	79
1994	1.190.000	397	25	83
1995	1.357.000	452	19	128
1996 (áætlun)	1.300.000	433	35	70
Samtals	**7.576.000**	**2.525**	**157**	**595**

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu og 805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Heildarframlag nemur 5.240 m.kr. samanborið við 5.338 m.kr. í fjárlögum 1996.

801 ***Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu.*** Framlag nemur 2.743 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 2.611 m.kr. í fjárlögum ársins 1996. Beinar greiðslur til bænda eru áætlaðar 2.637 m.kr. en greiðslumark í mjólkurframleiðslu var hækkað um 1 milljón lítra og er 102 milljónir lítra. Grundvallarverð á mjólkurlítra til bænda vegna verðlagsársins 1996/1997 hækkaði þann 1. febrúar 1996 um 4,7% og nema beingreiðslur til bænda nú 25,74 kr. á lítra. Ákvörðun um beingreiðslur byggir á samningi milli ríkisstjórnar og samtaka bænda sem gerður var árið 1992 og gildir til 31. ágúst 1998. Framlag til Lífeyrissjóðs bænda vegna mjólkurframleiðslu verður 106 m.kr. á árinu 1997 sem er 12 m.kr. hækkun frá þessu ári. Framlag ríkissjóðs tekur mið af verðmæti greiðslumarks bænda og er 50% hærra en framlag bænda til sjóðsins.

233 ***Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu.*** Framlag nemur 2.497 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 2.727 m.kr. í fjárlögum ársins 1996 sem er lækkun um 230 m.kr. Framlagið tekur mið af samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli ríkisstjórnarinnar og Bændasamtaka Íslands sem gerður var haustið 1995 og lögfestur var sl. vetur. Gildistími hans er til loka ársins 2000. Samkvæmt honum skulu beingreiðslur nema 1.480 m.kr. á ári og er sú upphæð vísitölubundin. Heimilt er að endurskoða beingreiðslur á tveggja ára fresti miðað við þróun markaðar fyrir sauðfjárafurðir innanlands. Beinar greiðslur til bænda nema 1.510 m.kr. og hækka um 30 m.kr. frá 1996 í samræmi við verðlagsákvæði samningsins. Framlag vegna niðurgreiðslu á ull er nú fastákveðið í samningnum og lækkar um 16 m.kr. frá fyrra ári og verður 214 m.kr. Sama gildir um vaxta- og geymslukostnað sem verður 245 m.kr. og lækkar um 34 m.kr. Uppkaup á fullvirðisrétti eru áætluð 313 m.kr. og lækka um 282 m.kr. milli ára. Í samningnum eru uppkaup áætluð 402 m.kr. en vegna verulega færri umsókna um sölu á fullvirðisrétti munu greiðslur, um 90 m.kr., frestast til síðari tíma svo sem ákvæði í búvörusamningnum heimila. Til afsetningar birgða verða veittar 38 m.kr. og lækkar sú upphæð um 25 m.kr. milli ára í samræmi við samninginn. Samkvæmt hinum nýja búvörusamningi ber að veita 85 m.kr. til hagræðingar og vöruþróunar og 15 m.kr. til sérstaks umhverfisverkefnis. Framlag ríkisins til lífeyrissjóðs bænda vegna sauðfjárframleiðslu er áætlað 77 m.kr. sem er lækkun um 3 m.kr. frá þessu ári.

Ýmis framlög

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 811 Bændasamtök Íslands; 821 Framleiðnisjóður landbúnaðarins; 831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins; 841 Fiskeldisrannsóknir; 851 Greiðslur vegna riðuveiki og 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Heildarframlag 1997 verður 602 m.kr. samanborið við 559 m.kr.1996. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af greiðslu verðbóta á framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en þær nema alls um 70 m.kr.

Lagt er til að framlag til Bændasamtakanna verði 180 m.kr. á árinu 1997 en það var 200 m.kr. árið 1996. Þessi lækkun er liður í endurskoðun á stuðningi við landbúnaðinn í heild. Til athugunar er að ríkið dragi á næstu árum úr fjármögnun þessarar þjónustu. Því til samræmis hefur nú verið tekið fyrsta skrefið í þá átt. Þannig er nú dregið úr niðurgreiðslum til nautgripasæðinga auk þess sem búfjárræktarframlög lækka.

Framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins nemur 274 m.kr. Þar af eru 70 m.kr. vegna uppsafnaðra verðbóta áranna 1992 til 1995. Ætlunin er að Framleiðnisjóður landbúnaðarins gegni stóru hlutverki við aðlögun landbúnaðarins að breyttum aðstæðum m.a. á sviði leiðbeiningarþjónustu við atvinnugreinina. Hér ber einnig að nefna að tímabundið framlag til

sjóðsins að upphæð 8,1 m.kr., vegna endurgreiðslu stimpilgjalda af lánum í loðdýrarækt, fellur nú niður.

Þá er þess að geta að landbúnaðarráðuneytið hefur gert samning við Stofnfisk hf. um að fyrirtækið taki að sér laxakynbótaverkefni ásamt öðrum verkefnum fyrir ráðuneytið í fiskeldisrannsóknum. Ráðuneytið greiðir Stofnfiski 20,9 m.kr. á ári fyrir þjónustuna frá og með ársbyrjun 1997. Á gildistíma samningsins, sem er 10 ár, er einnig gert ráð fyrir frekari 2% árlegri raunlækkun á framlögum til verkefnisins.

Áfram verður unnið að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu lífrænna landbúnaðarafurða. Átakið mun standa til ársins 1998 og er gert ráð fyrir að 25 m.kr. verði veittar á árinu 1997 vegna þessa. Til átaksins var stofnað með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Unnið hefur verið að því að kanna möguleika á útflutningi íslenskrar framleiðslu sem lífrænt unninnar vöru. Starfið hefur beinst að því að afla markaða í Bandaríkjunum og Evrópu. Einnig hefur verið komið á vottunarkerfi fyrir lífrænt ræktaðar landbúnaðarvörur og hefur það starf notið stuðnings.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld sjávarútvegsráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	200,9	223,1	207,3	-7	3
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	923,1	976,8	997,8	2	8
Rekstrarhagræðing	-	-	5,0	-	-
Samtals	**1.124,0**	**1.199,9**	**1.210,1**	**1**	**8**
Rekstrarkostnaður	876,1	982,1	1.001,9	2	14
Neyslu- og rekstrartilfærslur	102,6	100,6	97,5	-3	-5
Stofnkostnaður og viðhald	145,3	117,2	110,7	-6	-24
Samtals	**1.124,0**	**1.199,9**	**1.210,1**	**1**	**8**

Heildarframlag til sjávarútvegsráðuneytisins nemur 1.210 m.kr. og hækkar um tæplega 1% frá fjárlögum þessa árs. Rekstrarkostnaður hækkar um 2% en nokkur lækkun verður á tilfærslum, viðhaldi og stofnkostnaði. Ársverkum mun fjölga um rúm 6%, aðallega vegna aukinna verkefna Fiskistofu.

Ráðuneyti

Fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni; 199 Ráðstöfunarfé ráðherra og 221 Verðlagsráð sjávarútvegsins tilheyra þessum málefnaflokki. Samtals eru 207,3 m.kr. ætlaðar til þessa málefnaflokks og lækkar framlagið um 7% milli ára.

190 Ýmis verkefni. Lagt er til að heildarframlag á þessum fjárlagalið lækki um 14,7 m.kr. milli ára og verður 118,3 m.kr. Framlagið skiptist á átta viðfangsefni og fækkar þeim um fimm frá fjárlögum þessa árs. Til viðfangsefnisins *1.20 Eldi sjávardýra* er varið 19,1 m.kr. og er fjárveiting ætluð til rannsóknaverkefna við fiskeldi sem valin eru af sérstakri verkefnisstjórn. Á undanförnum árum hefur verkefnisstjórnin einkum mælt með að styrkir yrðu veittir til klakrannsókna og tilrauna tengdum lúðueldi auk rann-

sókna á eldi sæeyrna. Í fjárlögum 1996 nemur framlag til sjóvinnukennslu 6,5 m.kr. og til tæknideildar Fiskifélags Íslands 2 m.kr. en bæði framlögin falla niður í frumvarpi fyrir árið 1997. Hins vegar hækkar fjárveiting um 2 m.kr. á móti undir liðnum *1.42 Verktakasamningur um upplýsingaöflun* og verður 23,2 m.kr. Sú fjárveiting er grundvöllur að samningi ráðuneytisins við Fiskifélag Íslands um söfnun og úrvinnslu upplýsinga. Því er fjárveiting til Fiskifélagsins óskert í þessum tilfærslum á framlögum milli viðfangsefna. Samningurinn var gerður í byrjun þessa árs og gildir í fimm ár. Framlag á liðnum *1.31 Stjórn fiskveiða* nemur 10,8 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. Áfram er unnið að gerð hugbúnaðar til að skrá landaðan afla og er búist við að búið verði að setja upp nýja útgáfu af hugbúnaðarkerfinu Lóðsinum á næsta ári í öllum höfnum landsins. Framlag á liðnum *1.32 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir* lækkar um 9,8 m.kr. í 18,8 m.kr. Fjárveiting til starfsmenntunar á námskeiðum fiskverkafólks fellur brott. Fjárveiting rennur aðallega til samstarfsverkefna á vegum ráðuneyta sjávarútvegs, iðnaðar og menntamála, auk annarra smáverkefna. Nokkrir fjárlagaliðir með framlögum til nefndarstarfa á vegum sjávarútvegsráðuneytisins hafa verið sameinaðir í einn, *1.49 Úrskurðarnefndir,* og er framlag á þeim lið 12,8 m.kr. Þarna sameinast liðirnir *1.40 Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla, 1.43 Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, 1.44 Málskotsnefnd heilbrigðiskrafna* og *1.45 Kærunefnd smábáta* sem allir eru í fjárlögum þessa árs. Fjárveiting lækkar um 1,6 m.kr. í 12.8 m.kr. Til verkefnisins *1.46 Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits* er veitt 9,2 m.kr. Í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 84/1995 er kveðið svo á að sjávarútvegsráðherra beri að vinna að könnun á kostum fiskveiðistjórnunar með aðstoð fjareftirlits er byggist á sjálfvirkum búnaði um borð í fiskiskipum. Sérstakur hópur stýrir verkefninu sem ætlað er að taki þrjú ár. Tilraunir eru hafnar og hefur búnaði verið komið fyrir í nokkrum skipum í því skyni. Loks er lagt til að framlög á liðum *1.51 Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO* og *1.52 Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)* um 5 m.kr. í 24,4 m.kr. en hækkunin stafar af auknum þátttökugjöldum í þessum stofnunum.

Rannsókna- og eftirlitsstofnanir

Eftirtaldir fjárlagaliðir heyra undir þennan málefnaflokk: 202 Hafrannsóknastofnunin; 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; 204 Fiskistofa; 272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins og 901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fiskifélag Íslands	7,2	-	-	-	-
Hafrannsóknastofnunin	629,1	652,8	630,6	-3	0
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	104,3	95,4	97,5	2	-7
Fiskistofa	91,5	136,0	177,9	31	94
Bygging rannsóknast. sjávarútvegsins	21,0	21,0	17,5	-17	-17
Skrifstofa rannsóknast. sjávarútvegsins	70,0	71,6	74,3	4	6
Samtals	**923,1**	**976,8**	**997,8**	**2**	**8**
				-	-
Rekstrarkostnaður	763,4	850,6	878,1	3	15
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16,2	9,0	9,0	0	-44
Stofnkostnaður og viðhald	143,5	117,2	110,7	-6	-23
Samtals	**923,1**	**976,8**	**997,8**	**2**	**8**

202 ***Hafrannsóknastofnunin.*** Á Hafrannsóknastofnuninni er unnið að rannsóknum á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Stofnunin er ráðgjafi stjórnvalda við ákvörðun á hámarksafla nytjastofna og nýtingu veiðisvæða og um önnur vísindaleg atriði er lúta að nýtingu sjávarauðlinda. Við stofnunina starfa 110 manns auk 30 manna í áhöfnum á þremur rannsóknaskipum og tveim bátum. Þá eru starfrækt fimm útibú auk tilraunastöðvar að Stað í Grindavík. Stofnunin tekur þátt í víðtæku erlendu samstarfi, einkum á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Minnt er á það hér að sérstakur samstarfshópur nokkurra ráðuneyta fjallar nú um verkefnaskiptingu og hugsanlega samhæfingu þeirra rannsóknastofnana sem kostaðar eru eða vinna á vegum ríkisins. Er nánar fjallað um þessa vinnu í kaflanum um menntamálaráðuneyti hér á undan.

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 630,6 m.kr. og lækkar um 22,2 m.kr. milli ára. Lækkunin stafar af því að tvö af viðfangsefnum stofnunarinnar falla brott, *1.51 Ársfundur Alþjóðahafrannsóknaráðsins, ICES*, en framlag nemur 9 m.kr. á þessu ári og *1.42 Karfarannsóknir;* framlag til þeirra í ár nemur 16,1 m.kr. Minniháttar breytingar eru á framlagi til annarra viðfangsefna.

204 ***Fiskistofa.*** Til starfsemi Fiskistofu er varið 177,9 m.kr. og hækkar framlagið um 31% milli ára. Framlag á viðfangsefni *1.01 Fiskistofa* nemur 151,2 m.kr. og hækkar um 19,2 m.kr. Sú hækkun tengist eingöngu því verkefni að efla og auka skilvirkni eftirlits með framleiðslu sjávarafurða að kröfu Eftirlitsstofnunar EFTA sem telur að núverandi eftirlit standist ekki kröfur Evrópusambandsins um eftirlit við framleiðslu matvæla. Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að bregðast við þessu á þann hátt að herða kröfur um faggildingu skoðunarstofa. Viðfangsefnið *1.10 Landamærastöðvar* er nýtt. Framlag nemur 22,7 m.kr. og kemur til vegna þess að í undirbúningi er að flytja ytri landamæri ESB, að því er varðar heilbrigði sjávarfangs, út fyrir Noreg og Ísland. Það þýðir að setja þarf upp og reka nokkrar landamærastöðvar þar sem skoðanir á heilnæmi innflutts sjávarfangs á að fara fram. Málið er í undirbúningi, en áformað er að setja upp eigi færri en sex landamærastöðvar sem þurfa að uppfylla skilyrði ESB. Þegar fram í sækir er ætlast til að gjald verði innheimt af innflytjendum sjávarafurða til að kosta rekstur landamærastöðvanna, en óraunhæft er að telja að þær falli til á næsta ári. Viðfangsefni *1.11 Eftirlit með úthafsveiðum* er einnig nýtt. Þar er áætlað að útgjöld geti numið 50 m.kr. en þau verði algjörlega kostuð af sértekjum þannig að ekki verði um framlag ríkissjóðs að ræða. Með lögum nr. 88 frá 13. júní 1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands, er leitt í lög að eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Skal kostnaður við eftirlitið greiddur af sérstöku veiðieftirlitsgjaldi eða daggjaldi eftir því sem við á. Á grundvelli þessara laga er ætlast til að eftirlit með úthafsveiðum sé alfarið kostað af viðkomandi skipaútgerðum.

272 ***Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins.*** Framlag nemur 17,5 m.kr. og rennur til áframhaldandi endurbóta á Sjávarútvegshúsinu við Skúlagötu. Á árunum 1991 til 1996 er samtals 222 m.kr. veitt til endurbóta á húsinu, reiknað til verðlags ársins 1996. Þar af voru 149 m.kr. úr ríkissjóði og 73 m.kr. frá Happdrætti Háskóla Íslands. Viðhald á húsinu hafði verið í lágmarki fram að breytingu þess í Sjávarútvegshús.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna. Framlag nemur 74,3 m.kr. og hækkar um 2,7 m.kr. milli ára. Hækkunin rennur öll til rekstrar og er eingöngu tilkomin vegna launa- og verðlagsbreytinga; framlag til viðhalds er óbreytt.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	174,9	161,1	167,7	4	-4
Dómsmál	572,0	637,2	601,4	-6	5
Löggæslustofnanir og öryggismál	2.285,0	2.057,5	2.237,8	9	-2
Sýslumenn	2.171,5	2.157,9	2.263,3	5	4
Fangelsismál	460,0	484,9	440,9	-9	-4
Kirkjumál	488,4	525,7	524,9	-	7
Rekstrarhagræðing	-	-	28,0	-	-
Samtals	**6.151,8**	**6.024,3**	**6.264,0**	**4**	**2**
Rekstrarkostnaður	5.276,4	5.540,0	5.825,1	5	10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	46,4	119,3	159,9	34	245
Viðhald og stofnkostnaður	829,0	365,0	279,0	-24	-66
Samtals	**6.151,8**	**6.024,3**	**6.264,0**	**4**	**2**

Rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis eru áætluð 5.825 m.kr. á næsta ári en það er um 285 m.kr. hækkun frá árinu 1996. Af þeirri fjárhæð eru um 130 m.kr. vegna kjarasamninga við lögreglumenn og tollverði og hefur það mest áhrif hjá löggæslustofnunum og sýslumannsembættum. Í samkomulagi sem fylgir kjarasamningi lögreglumanna og tollvarða er ákvæði um að þeir skuli njóta samanburðar við aðrar stéttir tvisvar á ári og skulu laun þeirra taka hækkun ef laun ákveðinna viðmiðunarhópa hafa hækkað umfram laun lögreglumanna. Í desember sl. fór fram slíkt mat og í kjölfar þess hækkuðu laun lögreglumanna um rúm 6% umfram það sem hafði verið áætlað fyrir í fjárlögum þessa árs. Hækkunin nemur alls tæplega 104 m.kr. Því til viðbótar kom í ljós að mat sem fór fram á vordögum 1995 hafði ekki verið reiknað inn í launagrunn lögreglumanna og áætlaður kostnaðarauki vegna þess var um 26 m.kr. Þá er að geta þess að kjaranefnd úrskurðaði um laun presta í lok desember á síðasta ári eftir samþykkt fjárlaga og hefur sá úrskurður í för með sér um 7,2 m.kr. útgjaldaauka. Framangreindar launabætur sem ekki eru færðar í fjárlög 1996 skýra því um 137 m.kr. af hækkun rekstrargjalda ráðuneytisins. Að þeim og almennum verðlagsbreytingum frátöldum lækka áætluð rekstrargjöld ráðuneytisins og skýrist það m.a. af eingreiðslum til Fangelsismálastofnunar og Biskups Íslands sem falla niður á næsta ári, vegna lokunar Síðumúlafangelsis og þess að gerð er 1% hagræðingarkrafa til stofnana ráðuneytisins. Framlag til kosninga fellur niður og að lokum skal telja áætlaðan sparnað við að leggja niður störf hreppstjóra. Á móti þessum lækkunum eru ýmis hækkunartilefni og munar þar mestu um hækkun á kostnaði skv. lögum um aukatekjur ríkissjóð. Einnig aukast útgjöld vegna Schengen-samstarfs, nýrra lögreglulaga og vegna opinberrar réttaraðstoðar. Að lokum má nefna aukinn rekstrarkostnað hjá Hæstarétti Íslands. Nánar er fjallað um þetta og aðrar smærri breytingar á áætluðum útgjöldum í umfjöllun um einstaka málefnaflokka og stofnanir hér á eftir. Áætluðum ársverkum dóms- og kirkjumálaráðuneytis fækkar um rúmlega 1% frá fjárlögum 1996.

Tekinn er upp nýr liður, *950 Rekstrarhagræðing*, og er framlag 28 m.kr. Þessi fjárlagaliður er í öllum ráðuneytum en í kafla 6.1 að framan er fjallað nánar um þennan lið.

Rekstrartilfærslur eru áætlaðar tæplega 160 m.kr. og hækka um 40 m.kr. eða um 34%. Hækkun skýrist að mestu af þremur fjárlagaliðum. Í fyrsta lagi hækkar framlag til Neyðarsímsvörunar um 10 m.kr. Í annan stað er tekinn inn nýr fjárlagaliður vegna Schengen-samstarfs og eru 20 m.kr. færðar sem tilfærslur. Að lokum er 10 m.kr. framlag til réttaraðstoðar við einstaklinga til að leita nauðasamninga. Tilfærslur hækka um 113,5 m.kr. frá reikningi 1995 einkum vegna tilkomu Neyðarsímsvörunar og með lögum um bætur til brotaþola.

Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar lækkar um 86 m.kr. milli ára og verður 279 m.kr. Munar þar mestu um lækkun framlags til byggingar dómhúss Hæstaréttar Íslands en á móti hækkar framlag til byggingar húsnæðis fyrir héraðsdómstól Suðurlands. Einnig hækkar fjárveiting til véla- og hugbúnaðarkaupa um 20 m.kr. vegna Schengen-samstarfs. Að lokum lækkar framlag til húsnæðis og búnaðar sýslumanna. Loks er að geta þess að veruleg lækkun frá reikningsniðurstöðu ársins 1995 skýrist af þyrlukaupum Landhelgisgæslunnar, lækkun á framlagi til fangelsisbygginga og tölvumálum hjá sýslumannsembættum.

Í fjárlögum 1996 er heimild í 6. gr. til að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og verja allt að 50 m.kr. af söluandvirði þeirra til stofnframkvæmda og búnaðarkaupa. Talið er ljóst að ekki náist að selja bréfin á þessu ári og verður því aftur leitað sambærilegrar heimildar í 6. gr.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Stjórnartíðindi; 103 Lagasafn; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Framlag til þessa málefnaflokks verður 167,7 m.kr. á næsta ári og hækkar um rúm 4% milli ára. Breytingar má nær eingöngu rekja til tveggja fjárlagaliða. Framlag til aðalskrifstofu hækkar um 17,9 m.kr. og verður 122,7 m.kr. Hækkunin er vegna Schengen-samstarfsins og er um að ræða ferðakostnað vegna funda erlendis og launagjöld vegna starfsmanns í Brussel og tölvufræðings sem mun m.a. sinna upplýsingkerfi Schengen. Nánar er gerð grein fyrir Schengen-samstarfinu í umfjöllun um nýjan fjárlagalið, *397 Schengen-samstarf*. Fjárlagaliðurinn *111 Kosningar* fellur nú niður þar sem ekki eru fyrirhugaðar kosningar á næsta ári. Viðfangsefni fjárlagaliðarins *190 Ýmis verkefni* breytast óverulega að því frátöldu að tímabundið 2 m.kr. framlag til rannsóknar á heimilisofbeldi fellur niður.

Dómsmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Hæstiréttur; 211-218 Héraðsdómstólar; 231 Málskostnaður í opinberum málum; 232 Opinber réttaraðstoð; 235 Bætur brotaþola; 290 Dómsmál, ýmis kostnaður og 291 Húsnæði og búnaður dómstóla.

Rekstrarframlag til þessa málefnaflokks, að meðtöldum rekstrar- og neyslutilfærslum, er áætlað 549,4 m.kr. á næsta ári og hækkar um tæp 5% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarkostnaður Hæstaréttar eykst um 5 m.kr. vegna nýrrar stöðu bókavarðar, dómvarðar í hálfu starfi og aukinnar ræstingar. Framlag til fjárlagaliðarins *232 Opinber réttaraðstoð* hækkar um 15,9 m.kr. og verður 25,3 m.kr. Af þeirri hækkun eru 5,9 m.kr. til samræmis við raunútgjöld liðins árs og það sem af er þessu ári. Óski einstaklingur eftir gjafsókn í dómsmáli leggur hann erindi fyrir gjafsóknarnefnd og samþykkir hún eða synjar erindum eftir skilgreindum reglum. Umsóknir um gjafsókn og málafjöldi hefur aukist mjög á síðastliðnum árum. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga*, en síðastliðinn vetur voru samþykkt

lög þar að lútandi. Mörgum einstaklingum í greiðsluerfiðleikum hefur reynst ofviða að leita nauðasamninga þar sem þeir hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að kaupa aðstoð sérfræðings við gerð samnings eða greiða tryggingu fyrir kostnaði við undirbúning nauðasamningsgerðarinnar. Skipuð hefur verið nefnd til að meta umsóknir um réttaraðstoð og í lögunum er kveðið á um að fjárhagsaðstoð til hvers einstaklings nemi að hámarki 250 þús.kr. Fjárveiting til þessa verkefnis er áætluð 10 m.kr. Heildarrekstrargjöld héraðsdómstóla eru með svipuðu sniði og verið hefur en gerðar eru smærri breytingar og millifærslur milli dómstóla. Rekstrarfjárveiting til annarra liða breytist lítið eða ekkert.

Viðhalds- og stofnkostnaðarframlag á fjárlagalið 291 Húsnæði og búnaður dómstóla lækkar um 60 m.kr. og verður 52 m.kr. Framkvæmdum við byggingu dómhúss Hæstaréttar Íslands er nú lokið og hefur húsið verið tekið í notkun. Framlag til viðfangsefnisins *6.01 Húsnæði Hæstaréttar* lækkar um 90 m.kr. og er gert ráð fyrir 10 m.kr. á næsta ári til að greiða upp skuldbindingar sem gerðar voru við verktaka og seljendur búnaðar á þessu ári. Heildarkostnaður við byggingu hússins ásamt lausum innréttingum er 500 m.kr. á verðlagi hvers árs. Fjárveiting til viðfangsefnisins *6.17 Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands* hækkar um 30 m.kr. og verður 35 m.kr. en á þessu ári var gengið frá samningi um kaup á húsnæði fyrir héraðsdóminn.

Löggæslustofnanir og öryggismál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 301 Ríkissaksóknari; 302 Rannsóknalögregla ríkisins; 303 Ríkislögreglustjóri; 305 Lögregluskóli ríkisins; 311 Lögreglan í Reykjavík; 321 Almannavarnir ríkisins; 325 Neyðarsímsvörun; 331 Umferðarráð; 341 Áfengis- og fíkniefnamál; 390 Ýmis löggæslukostnaður; 391 Húsnæði löggæslustofnana; 395 Landhelgisgæslan og 397 Schengen-samstarf.

Heildarframlag til málefnaflokksins er áætlað 2.237,8 m.kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Breyting m.kr.
Ríkissaksóknari	48,6	49,8	1,2
Rannsóknarlögregla ríkisins	184,8	108,4	-76,4
Ríkislögreglustjóri	-	68,5	68,5
Lögregluskóli ríkisins	30,8	34,8	4,0
Lögreglustjórinn í Reykjavík	1.000,4	1.106,0	105,6
Almannavarnir ríkisins	30,0	28,5	-1,5
Neyðarsímsvörun	15,0	25,0	10,0
Umferðarráð	1,6	5,6	4,0
Áfengis- og fíkniefnamál	2,9	2,9	0,0
Ýmis löggæslukostnaður	42,8	55,3	12,5
Húsnæði löggæslustofnana	4,0	4,0	0,0
Landhelgisgæsla Íslands	696,6	709,0	12,4
Schengen-samstarf	-	40,0	40,0
Samtals	**2.057,5**	**2.237,8**	**180,3**

Rekstrarútgjöld, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, eru áætluð 2.153,8 m.kr. á næsta ári og hækka um 160,8 m.kr. frá fjárlögum þessa árs eða sem nemur rúmum 8%. Hækkun má rekja til nokkurra þátta. Í fyrsta lagi hækka laun umfram almennar verðlagsbætur vegna samninga við lögreglumenn eins og gerð er grein fyrir í inngangi að umfjöllun um dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Í annan stað verða töluverðar breytingar og millifærslur milli fjárlagaliða vegna nýrra lögreglulaga. Gerð er grein fyrir breytingum vegna þessara laga og áhrifum sem þau hafa á aðra fjárlagaliði í umfjöllun um nýtt embætti ríkislögreglustjóra. Í þriðja lagi hækkar

framlag til fjárlagaliðarins *390 Ýmis löggæslukostnaður*, m.a. vegna nýrra tölvulesanlegra vegabréfa og eftirlits með ökuritum. Þá er að nefna hækkun fjárveitingar til Neyðarsímsvörunar og tekinn er inn nýr fjárlagaliður, *397 Schengen-samstarf*. Að lokum verða nokkrar smærri breytingar en þar er helst að nefna að framlag til *Umferðarráðs* hækkar um 4 m.kr., m.a. vegna námsstjóra í umferðarfræðslu en kostnaður af því starfi var áður færður undir menntamálaráðuneyti. Fjárveiting til *Almannavarna ríkisins* lækkar um 1,5 m.kr. en í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir tímabundinni fjárveitingu vegna flutnings stofnunarinnar.

Lagt er til að veittar verði 84 m.kr. í viðhald og stofnkostnað á næsta ári og hækkar um 20 m.kr. sem er alfarið vegna stofnbúnaðar sem tengist Schengen-samstarfinu.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

303 Ríkislögreglustjóri. Á 120. löggjafarþingi voru samþykkt ný lögreglulög en þau fela í sér endurskipulagningu æðstu stjórnar lögreglunnar auk annarra þátta og taka gildi 1. júlí 1997. Samkvæmt lögunum skal koma á fót embætti ríkislögreglustjóra sem fer með yfirstjórn lögreglumála í landinu. Embættinu er ætlað að taka við ýmsum verkefnum sem fram til þessa hafa heyrt undir löggæsluskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Rannsóknarlögreglu ríkisins og að nokkru leyti lögreglustjórann í Reykjavík. Við embættið verða rannsóknardeildir sem aðstoða lögreglustjóra við rannsókn skatta- og efnahagsbrota og erfiðra brotamála. Auk þess hefur embættið á að skipa tæknirannsóknadeild. Starfsemi útlendingaeftirlitsins færist frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að embættið verði til húsa í húsnæði Rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi og yfirtaki húsgögn og búnað þess. Rannsóknarlögregla ríkisins verður lögð niður sem sérstök stofnun og starfsemi stofnunarinnar færð til ríkislögreglustjóra og einstakra lögregluembætta og þeim falin rannsókn ýmissa málaflokka sem nú heyra undir Rannsóknarlögregluna. Fjárveiting til Rannsóknarlögreglu ríkisins lækkar því verulega á næsta ári en fellur alveg niður á árinu 1998. Lögin gera einnig ráð fyrir breytingum á námi og námskostnaði lögreglumanna. Annars vegar er kveðið á um að rekin verði framhaldsdeild við Lögregluskóla ríkisins. Því verkefni hefur að einhverju marki verið sinnt við skólann en gert er ráð fyrir að auka við framhaldsnámið. Hins vegar eru gerðar breytingar á ákvæðum vegna nemenda í grunndeild skólans. Þeir eru nú á fullum launum báðar annir en lagt er til að fyrri önnin verði ólaunuð. Að lokum er kveðið á um að lögreglumenn skulu við dagleg störf bera á sér sérstök skilríki er sýni m.a. nafn þeirra og stöðu ásamt mynd. Í eftirfarandi töflu eru sýnd fjárhagsleg áhrif gildistöku nýrra lögreglulaga. Tölurnar sýna raunbreytingar frá fjárlögum 1996 og án launabóta vegna samninga lögreglumanna, hagræðingarkröfu á stofnanir dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og almennrar verðlagsuppfærslu.

Breyting	m.kr.
Rannsóknarlögregla ríkisins, embættið lagt niður 1. júlí 1997	-85,0
Ríkislögreglustjóri, embættið stofnað 1. júlí 1997	63,0
Lögregluskóli ríkisins, skipulagsbreytingar	2,0
Lögreglustjórinn í Reykjavík, skipulagsbreytingar	29,0
Ýmis löggæslukostnaður, útgáfa lögregluskírteina	2,0
Sýslumannsembætti, 8 nýjar stöður lögreglumanna	11,2
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta, kostnaður við löggæslunám	-7,0
Samtals	**15,2**

325 ***Neyðarsímsvörun.*** Á árinu 1995 voru samþykkt lög um samræmda neyðarsímsvörun en í lögunum segir að koma skuli upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku neyðartilkynninga um fólk og eignir og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningsliðs og aðra neyðaraðstoð. Í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárveiting 15 m.kr. Síðastliðið haust var samið við Neyðarlínuna hf. um rekstur neyðarvaktstöðva. Kostnaður dóms- og kirkjumálaráðuneytis vegna þess samnings verður alls 25 m.kr. á næsta ári og hækkar framlag til þessa fjárlagaliðar því um 10 m.kr.

390 ***Ýmis löggæslukostnaður.*** Framlag hækkar um 12,5 m.kr. og er áætlað 55,3 m.kr. Heildargjöld viðfangsefnisins *1.10 Ýmis löggæslukostnaður* verða 20,4 m.kr. og hækka um 4,6 m.kr. frá núgildandi fjárlögum. Hækkunartilefni er tvíþætt. Annars vegar verður lögreglumönnum skylt, samkvæmt nýjum lögreglulögum, að bera sérstök lögregluskírteini og er áætlaður kostnaður við gerð þeirra 2 m.kr. Hins vegar hækkaði iðgjald vegna trygginga lögreglumanna um 60% um sl. áramót vegna hárrar slysatíðni og verður kostnaðaraukinn um 2 m.kr. á næsta ári. Á þetta viðfangsefni eru færðar 30 m.kr. sértekjur en um er að ræða ósundurliðaðan sparnað sem ætlað er að ná með hagræðingu í löggæslu. Starfandi er nefnd sem á að gera tillögur til dómsmálaráðherra um hvernig þessari hagræðingarkröfu skuli skipt á löggæsluembætti og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Fyrirhugað er að leggja tillögurnar fyrir fjárlaganefnd Alþingis í upphafi haustþings. Tvö ný viðfangsefni bætast við fjárlagaliðinn; *1.11 Eftirlit með ökuritum* og *1.12 Tölvulesanleg vegabréf.* Með reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna flutningabifreiða innan Evrópska efnahagssvæðisins skuldbindur Ísland sig á grundvelli EES-samningsins að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum og að koma á fót sérstöku eftirliti með honum. Dómsmálaráðuneyti og Vegagerðin hafa gert með sér samkomulag um eftirlit með ökuritum og er kostnaður ráðuneytisins áætlaður 16,6 m.kr. á næsta ári. Í gildi er samningur um vegabréfsáritun fyrir Íslendinga sem ferðast til Bandaríkjanna. Með samningnum hafa íslensk stjórnvöld skuldbundið sig til að breyta íslenskum vegabréfum þannig að þau verði lesanleg í tölvu en einnig þarf að bæta útgáfu vegabréfa hér á landi, m.a. til að auka öryggi þeirra. Kostnaður á næsta ári er talinn verða 13 m.kr. Að lokum hækkar framlag til *6.01 Tækja og búnaðar* um 8 m.kr. og verður 15 m.kr. Um er að ræða millifærslu af fjárlagalið *491 Húsnæði og búnaður sýslumanna* og lækkar framlag á þeim lið um sömu fjárhæð.

395 ***Landhelgisgæsla Íslands.*** Rekstrarframlag til Landhelgisgæslu Íslands er áætlað 704 m.kr. á næsta ári samanborið við 686,6 m.kr. á þessu ári og er það svo til óbreytt að raungildi. Viðfangsefnið *6.01 Tæki og búnaður* lækkar um 5 m.kr. og verður 5 m.kr. Á þessu ári hefur stofnunin til viðbótar við framlag í fjárlögum 37 m.kr. ónýtta fjárheimild frá árinu 1995. Raunlækkun ráðstöfunarfjárveitingar milli áranna 1996 og 1997 er því 37 m.kr. og verður að laga reksturinn að þeirri lækkun. Vinnuhópur undirbýr nú tillögur um hagræðingu í flugrekstri Landhelgisgæslunnar þannig að sett fjárhagsmarkmið náist.

397 ***Schengen-samstarf.*** Síðastliðið vor samþykkti ríkisstjórnin að þiggja boð um áheyrnaraðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Meginatriði þess er afnám persónueftirlits við för um innri landamæri þátttökuríkjanna. Samþykkt ríkisstjórnarinnar felur m.a. í sér að stefnt er að þátttöku í samstarfinu með þeim fyrirvara að viðunandi samstarfssamningur náist og að Alþingi samþykki slíkan samning. Í áheyrnaraðild felst réttur til setu á fundum í öllum nefndum sem settar hafa verið á fót til að framfylgja ákvæðum Schengen-samningsins en

þær eru um 20. Áheyrnaraðild og undirbúningur að þátttöku í samstarfinu hefur í för með sér nokkurn kostnað. Af þessum fjárlagalið eru veittar 40 m.kr. og skiptist fjárhæðin í tvennt. Annars vegar eru færðar 20 m.kr. á stofnkostnaðarviðfangsefni til kaupa á vél- og hugbúnaði vegna Schengen-upplýsingakerfisins. Hins vegar eru áætlaðar 20 m.kr. til þýðinga á skjölum vegna samningsins og til greiðslu áheyrnaraðildargjalda. Leitað er leiða til að draga úr þýðingarkostnaði eins og frekast er unnt en á þessu stigi liggur áætlun um kostnað ekki fyrir. Þá liggur ekki fyrir hversu háa fjárhæð greiða þarf til Schengen-skrifstofunnar á næsta ári vegna áheyrnaraðildar. Kostnaður vegna Schengen-samstarfsins færist einnig á fjárlagalið aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og nemur alls um 15 m.kr. Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins mun starfa í sendiráði Íslands í Brussel og eru útgjöld vegna launa, starfstengds kostnaðar og staðaruppbóta áætluð rúmar 7 m.kr. á næsta ári. Ráða þarf sérstakan starfsmann til að undirbúa og hafa umsjón með uppsetningu á sérstöku tölvukerfi hér á landi sem verður beintengt miðlæga Schengen-upplýsingakerfinu í Strassborg sem m.a. lögregluyfirvöld koma til með að eiga aðgang að. Árlegur kostnaður vegna þessa starfsmanns er áætlaður rúmar 4 m.kr. og að lokum mun ferðakostnaður aukast nokkuð vegna fundaþátttöku í Schengen-samstarfinu. Heildarkostnaður í frumvarpi til fjárlaga 1997 er því um 55 m.kr.

Sýslumenn

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 411-437 Sýslumenn; 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta og 491 Húsnæði og búnaður sýslumanna.

Heildarframlag til þessa málefnaflokks er áætlað 2.263 m.kr. og skiptist sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Sýslumannsembætti, rekstur	1.875,6	1.942,0	2.063,8	6	10
Ýmis rekstrarkostnaður, safnliður	110,0	105,9	131,5	24	20
Húsnæði og búnaður	185,9	110,0	68,0	-38	-63
Samtals	**2.171,5**	**2.157,9**	**2.263,3**	**5**	**-33**

Fjárveiting til rekstrar sýslumannsembætta hækkar um 121,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum og verður 2.063,8 m.kr. Launagjöld hækka um rúmlega 60 m.kr. að raungildi vegna kjarasamninga við lögreglumenn sem áður er getið. Einnig hækka launagjöld um 11,5 m.kr. vegna átta starfa lögreglumanna sem í kjölfar nýrra lögreglulaga flytjast frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til einstakra sýslumannsembætta. Við gerð þessa frumvarps til fjárlaga var áætlað að einn rannsóknarlögreglumaður bættist við embættin á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði, Keflavík en þrír við sýslumannsembættið í Hafnarfirði og eru áætlaðar fjárveitingar til þeirra embætta í samræmi við það. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að endurskoða hvar þessi störf munu verða. Skipuð hefur verið nefnd sem er ætlað að undirbúa gildistöku lögreglulaga, nr. 90/1996, og skal hún m.a. fjalla um flutning verkefna frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til annarra embætta. Þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir mun dómsmálaráðuneytið óska eftir því við fjárlaganefnd Alþingis fyrir afgreiðslu fjárlaga, að fjárveitingar verði færðar milli sýslumannsembætta þar sem það á við. Ljúki nefndin ekki störfum fyrir árslok er fyrirhugað að óska eftir að fjárveiting vegna þessara átta starfa lögreglumanna verði færð á safnlið undir fjárlagalið *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta*. Að lokum hækka rekstrargjöld sýslumannsembætta um rúmlega 8 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi á viðhaldi fasteigna nokkurra embætta.

Embættin greiða húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs og tekur stofnunin að sér rekstur og viðhald skrifstofuhúsnæðis sýslumannsembætta. Á móti auknum rekstrargjöldum hjá embættunum lækkar viðhaldsfjárveiting á fjárlagalið *491 Húsnæði og búnaður sýslumannsembætta* um sömu fjárhæð. Á móti framangreindum kostnaðarhækkunum er auk almennrar hagræðingar gert ráð fyrir um 7,5 m.kr. sparnaði vegna embætta hreppstjóra sem verða lögð niður.

Að öðru leyti en að framan greinir er framsetning rekstrarútgjalda sýslumannsembætta óbreytt frá yfirstandandi ári en í júní sl. var skipuð nefnd alþingismanna úr stjórnarflokkunum til að fjalla um sameiningu sýslumannsembætta. Með sameiningu embætta á í fyrsta lagi leitast við að efla starfssvið þeirra. Fá, stór og öflug embætti ættu að vera betur fær um að takast á við lögbundin verkefni og búa yfir sérþekkingu til að ráða við flókin verkefni svo sem því aukna ákæruvaldi sem leiðir af breytingum á lögum um meðferð opinberra mála. Í öðru lagi eiga breytingar að tryggja greiðan aðgang íbúa að þjónustu sem sækja þarf til sýslumannsembætta. Breytingarnar ættu að minnka útgjöld ríkissjóðs án þess að dregið verði úr þjónustu. Þegar þetta er ritað hefur nefndin ekki skilað álitsgerð. Embættum verður ekki fækkað nema með lagabreytingu og í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir fjárhagslegum áhrifum af hugsanlegum skipulagsbreytingum.

Fjárlagaliðurinn *490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta* hækkar um 25,6 m.kr. og verður 131,5 m.kr. Meginbreytingin er á tveimur viðfangsefnum. Fjárveiting til löggæslunáms lækkar og verður 14,1 m.kr. en eins og greint er frá í umfjöllun um ný lögreglulög hér að framan, hefur ákvæðum um nám lögreglumanna verið breytt á þann veg að fyrri önn af tveimur við lögregluskólann verður ekki lengur launuð. Viðfangsefnið *1.30 Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs*, hækkar um 31,8 m.kr. og verður 93,5 m.kr. Hækkun er með hliðsjón af raunkostnaði en um er að ræða kostnað sem fellur á sýslumannsembættin vegna innheimtuaðgerða, fjárnáma, gjaldþrotakrafna o.s.frv. Kostnaður þessi er að mestu leyti endurkræfur hjá þeim sem skulda en færist þá sem tekjur ríkissjóðs að því leyti sem hann innheimtist. Til ársins 1992 var sú innheimta færð sem sértekjur viðkomandi embættis.

Viðhalds- og stofnkostnaðarframlag til sýslumannsembætta lækkar um 52 m.kr. og verður 68 m.kr. *Viðhald húseigna* lækkar um 8 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi viðhalds en það verður nú á vegum Fasteigna ríkissjóðs en á móti greiða embættin húsaleigu til þeirrar stofnunar. Fjárveiting til tækja og búnaðar lækkar um 8 m.kr. en þar er um að ræða millifærslu og hækkar fjárveiting fjárlagaliðarins *390 Ýmis löggæslukostnaður* um sömu fjárhæð. Framlag til húsnæðis sýslumanna á Akranesi og Hvolsvelli fellur niður en framkvæmdum og kaupum á búnaði er lokið. Fjárveiting til húsnæðis sýslumanns á Seyðisfirði lækkar um 10 m.kr. en framkvæmdum við lögreglustöð á Vopnafirði lýkur á árinu 1997. Að lokum hækka áætluð útgjöld vegna upplýsingakerfa sýslumanna um 6 m.kr. og verða 26 m.kr. Hækkun er ætluð til að endurnýja tölvubúnað o.fl. við stærstu sýslumannsembættin til að geta tekið upp nýtt tekjubókhaldskerfi á vegum ríkisbókhalds.

Fangelsismál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 501 Fangelsismálastofnun og 591 Fangelsisbyggingar.

Heildarframlag til fangelsismála er áætlað 440,9 m.kr. á næsta ári og lækkar um 44 m.kr. milli ára. Fjárveitingin skiptist sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn	26,4	40,9	35,0	-14	33
Rekstur fangelsa	294,0	374,4	338,6	-10	15
Ýmis fangamál	5,9	6,6	7,3	11	24
Viðhald fangelsisbygginga	7,7	8,0	5,0	-38	-35
Fangelsisbyggingar, stofnframkvæmdir	126,0	55,0	55,0	0	-56
Samtals	**460,0**	**484,9**	**440,9**	**-9**	**-4**

Rekstrarfjárveiting lækkar um rúmlega 40 m.kr. og er skýringin þríþætt. Í fyrsta lagi er í fjárlögum 1996 gert ráð fyrir 20 m.kr. eingreiðslu vegna halla frá fyrri árum en fjárhæð þessi fellur nú niður. Í öðru lagi er ráðgerður 20 m.kr. sparnaður sem fæst með lokun Síðumúlafangelsisins en einnig er fyrirhugað að kanna möguleika á útboði á rekstri Kvíabryggju. Starfrækslu fangelsisins við Síðumúla var hætt sl. vor. Nýting fangelsisins var léleg og hafði farið minnkandi með breyttum áherslum í gæsluvarðhaldsvist og afplánunarleiðum. Auk þess þarfnaðist byggingin við Síðumúla verulegs viðhalds. Með nýrri fangelsisbyggingu á Litla-Hrauni hefur fangarýmum þar fjölgað og var gert ráð fyrir að það gæti að mestu leyti tekið við hlutverki Síðumúlafangelsis. Að lokum er gert ráð fyrir að tekjur af bílnúmeraframleiðslu á Litla-Hrauni hækki um 7,5 m.kr. Við vinnslu þessa fjárlagafrumvarps urðu þau mistök að í stað þess að hækka sértekjur til samræmis við framangreint markmið voru rekstrargjöld lækkuð um sömu fjárhæð. Óskað verður eftir því við fjárlaganefnd Alþingis að þessi mistök verði leiðrétt við afgreiðslu fjárlaga. Undir ýmsum fangamálum, sbr. töflu hér að framan, er áætlað fyrir kostnaði vegna samnings við Vernd, fangavarðaskóla og fleiri þátta er tengjast rekstri fangelsa.

Viðhaldsframlag lækkar um 3 m.kr. en framlag til fangelsisbygginga er óbreytt milli ára og verður 55 m.kr. Á næsta ári er fyrirhugað að ljúka gerð öryggisgirðingar við Litla-Hraun og að hefjast handa við gerð nýs gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsis að Tunguhálsi í Reykjavík.

Kirkjumál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 701 Biskup Íslands. Framlag er áætlað 524,9 m.kr. á næsta ári samanborið við 525,7 m.kr. í ár. Í fjárlögum 1996 er 20 m.kr. eingreiðsla til viðfangsefnisins *1.24 Prestar og prófastar* vegna halla frá fyrra ári. Fjárveiting þessi fellur nú niður en á móti hækkar framlag um rúmlega 7 m.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar um laun presta í lok síðasta árs. Heimiluð störf presta eru nú 136 og þar af eru prófastar 16. Fjöldi embætta sóknarpresta er 102 en aðstoðarprestar eru 8. Farprestar eru 4 talsins en þeir hafa ekki fast brauð heldur fara á milli embætta og leysa af eða aðstoða eftir því sem prófastur ákveður. Því til viðbótar eru 3 sérþjónustuprestar og 3 sendiráðsprestar. Að auki eru greidd náms- og veikindaleyfi af þessu viðfangsefni. Á árinu 1995 voru greiddir tæplega 82 mánuðir vegna framangreindra leyfa og á næsta ári er áætlað fyrir svipuðum fjölda mánaða. Heildargjöld vegna launa og starfskostnaðar presta og prófasta eru áætluð 429,1 m.kr. á næsta ári. Önnur viðfangsefni þessa fjárlagaliðar breytast óverulega en gert er ráð fyrir hagræðingu á þessum lið eins og öðrum.

Framangreind framlög eru færð í A-hluta fjárlaga en að auki fær hver sókn innan þjóðkirkjunnar og nokkrir sjóðir á vegum kirkjunnar, samkvæmt lögum þar um, ákveðna hlutdeild í tekjuskatti. Í töflu hér á eftir er sýnd heildarfjárráðstöfun íslensku þjóðkirkjunnar og hvernig hún skiptist en að frátöldum fyrsta lið taka allar fjárhæðir mið af áætluðum tekjuskatti á þessu og næsta ári.

Fjárhæðir eru í milljónum króna	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Mismunur
Framlag úr A-hluta fjárlaga	525,7	524,9	-0,8
Sóknargjald, hlutur sókna	819,7	881,2	61,5
Kirkjugarðsgjöld, hlutur kirkjugarða	321,7	345,8	24,1
Kirkjumálasjóður	92,6	99,6	7,0
Jöfnunarsjóður sókna	151,7	163,0	11,3
Kirkjugarðasjóður	28,0	30,1	2,1
Samtals	**1.939,4**	**2.044,6**	**105,2**

Kirkjugarðsgjöld eru innheimt af öllum landsmönnum sem eru 16 ára og eldri, óháð því hvort þeir eru skráðir í þjóðkirkjuna eða ekki, og renna 92% gjaldanna beint til kirkjugarða og eiga að standa undir kostnaði við umsjón og viðhald þeirra. Hluti þar af fer til að greiða laun til presta fyrir útfararþjónustu. Eftirstandandi kirkjugarðsgjöld renna í Kirkjugarðasjóð en hann er í umsjá þriggja manna stjórnar sem kosin er af kirkjuráði. Kirkjugarðasjóður er í B-hluta fjárlaga og er nánar gerð grein fyrir starfsemi hans þar. Tekjur Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna er ákveðið hlutfall af þeim sóknargjöldum sem eru greidd til þjóðkirkjunnar. Úr Kirkjumálasjóði er greiddur ýmis kostnaður sem áður var hluti af fjárveitingu í A-hluta fjárlaga, svo sem framlag í Prestssetrasjóð, kostnaður vegna kirkjuþings, kirkjuráðs, prestastefnu, fjölskylduþjónustu þjóðkirkjunnar, söngmálastjóra o.fl. Kirkjuráð hefur á hendi umsjá og stjórn sjóðsins. Meginhlutverk Jöfnunarsjóðs sókna aftur á móti er að jafna aðstöðu og styrkja kirkjusóknir þar sem lögmætar tekjur nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Þá er þess loks að geta að Kristnisjóður og Kirkjubyggingasjóður eru í B-hluta fjárlaga, sbr. umfjöllun um hann. Framlag til Kristnisjóðs er fært á fjárlagalið Biskup Íslands en Kirkjubyggingasjóður fær ekki framlag úr ríkissjóði.

Á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis starfa nú tvær nefndir sem ætlað er að skoða ýmsa þætti í starfsemi kirkjunnar. Annarri er ætlað að vinna að gerð lagafrumvarpa um kirkjuleg málefni. Þar er um að ræða frumvörp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, veitingu prestakalla og álitaefni er tengjast nýsamþykktum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er varða skipun presta til starfa. Aðild að nefndinni eiga dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Alþingi, embætti Biskups Íslands, guðfræðideild Háskóla Íslands og Prestafélag Íslands. Hin nefndin á að skoða þætti er lúta að fjármálum, skipulagi, umsýslu og fleiri þáttum, m.a. tekjum og gjöldum íslensku þjóðkirkjunnar. Einnig skal nefndin kanna hvort og þá hvernig megi einfalda fyrirkomulag sjóða kirkjunnar o.fl. Aðild að þeirri nefnd eiga dóms- og kirkjumálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og biskupsstofa.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld félagsmálaráðuneytisins breytast þannig milli ára:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	105,9	104,8	107,3	2	1
Húsnæðismál	674,3	600,0	300,0	-50	-56
Stjórnsýslustofnanir	167,2	167,3	173,0	3	3
Málefni barna og ungmenna	280,0	242,3	246,3	2	-12
Málefni fatlaðra	2.260,9	2.124,0	2.313,8	9	2
Sveitarfélög	2.069,0	2.202,4	2.845,0	29	38
Vinnumál	3.900,9	3.391,3	3.139,4	-7	-20
Annað	161,2	158,5	153,3	-3	-5
Rekstrarhagræðing	-	-	23,0	-	-
Samtals	**9.619,4**	**8.990,6**	**9.301,1**	**3**	**-3**
Rekstrarkostnaður	2.022,7	2.118,1	2.111,6	-0	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.498,4	6.204,5	6.451,0	4	-1
Stofnkostnaður og viðhald	1.098,3	668,0	738,5	11	-33
Samtals	**9.619,4**	**8.990,6**	**9.301,1**	**3**	**-3**

Heildarútgjöld félagsmálaráðuneytisins eru áætluð 9.301 m.kr. samanborið við 8.990 m.kr. árið 1996 og hækka því um 310 m.kr. milli ára en lækka nokkuð frá niðurstöðu reiknings 1995.

Rekstrarframlag ráðuneytisins er áætlað 2.112 m.kr. árið 1997 eða 6,5 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum yfirstandandi árs. Rekstrarútgjöld lækka um 252 m.kr. vegna samnings við Akureyrarbæ um að bærinn taki að sér rekstur þjónustu við fatlaða á grundvelli laga um reynslusveitarfélög. Þetta framlag, sem fer að stærstum hluta í laun, færist nú sem rekstrartilfærsla. Rekstrarútgjöld aukast hins vegar um 125 m.kr. vegna ýmissa verkefna sem til þessa hafa verið kostuð af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Jafnframt aukast rekstrarútgjöld um 33 m.kr., einkum vegna nýs heimilis fyrir fatlaða og um 87 m.kr. vegna vanmats á áhrifum kjarasamninga frá árinu 1995, fleiri fæðingarorlofa og áætlaðri launa- og verðlagsbreytingu milli ára.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar 6.451 m.kr og aukast um 246 m.kr. milli ára. Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 219 m.kr. vegna aukinna skatttekna. Samningur við Akureyrarbæ um rekstur þjónustu við fatlaða eykur rekstrartilfærslur um 252 m.kr. eins og áður sagði en framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar hins vegar um 180 m.kr. vegna áætlana um minna atvinnuleysi og áforma um endurskoðun á starfsemi sjóðsins.

Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds aukast um 70 m.kr. Til hækkunar kemur 265 m.kr. framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er ætlað til framkvæmda við einsetningu grunnskóla. Á móti kemur að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra lækkar um 92. m.kr., þar sem rekstrarverkefnum hefur verið létt af sjóðnum. Einnig lækkar framlag til Byggingarsjóðs verkamanna um 100 m.kr. þar sem útlán til kaupa á húsnæði dragast saman.

Fjöldi reiknaðra ársverka hjá ráðuneytinu eykst um 1,5% og skýrist það af fjölgun starfa að málefnum fatlaðra.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks heyrir: 101 Aðalskrifstofa og 199 Ráðstöfunarfé. Fjárveiting ársins 1997 verður 107 m.kr. og hækkar um 2 m.kr. milli ára. Starfsemi ráðuneytisins verður að mestu óbreytt.

Húsnæðismál

Til þessa málefnaflokks heyrir: 272 Byggingarsjóður verkamanna. Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna lækkar úr 400 m.kr. í 300 m.kr. Ástæða þess eru færri útlán til kaupa á húsnæði úr 250 í 180 íbúðir. Eftirspurn eftir félagslegu húsnæði hefur farið minnkandi og víða um land stendur félagslegt húsnæði autt. Nánar verður rætt um málefni Byggingarsjóðs verkamanna í athugasemdum við B-hluta frumvarpsins. Vegna fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi húsaleigubóta, sem áður voru innan þessa málaflokks, færast 200 m.kr. yfir á málefnaflokkinn sveitarfélög. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að sveitarfélögin taki alfarið að sér fjármögnun húsaleigubótakerfisins gegn því að ríkið taki yfir önnur verkefni sem ríki og sveitarfélög hafa kostað sameiginlega til þessa.

Stjórnsýslustofnanir

Til þessa málefnaflokks teljast: 302 Ríkissáttasemjari; 311 Jafnréttisráð: 321 Brunamálastofnun ríkisins og 331 Vinnueftirlit ríkisins.

Framlög til þessa málefnaflokks verða 173 m.kr. og eru óbreytt að raungildi frá fjárlögum 1996. Vinnueftirlit ríkisins er fjármagnað með hluta af tryggingagjaldi og nemur framlag til stofnunarinnar 134 m.kr. sem jafngildir 0,06% af tryggingagjaldsstofni.

Málefni barna og ungmenna

Undir þennan málefnaflokk falla fjárlagaliðirnir: 400 Málefni barna og ungmenna og 401 Barnaverndarráð. Sú breyting hefur átt sér stað að rekstur Meðferðarstöðvar ríkisins sem áður var sérstakur fjárlagaliður er nú felldur undir Málefni barna og ungmenna.

Fjárveiting til þessa málaflokks mun á árinu 1997 nema 246 m.kr. sem er 4 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1996.

400 Málefni barna og ungmenna. Á þessum fjárlagalið eru þrjú viðfangsefni: 1.01 Barnaverndarstofa; 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga og 1.50 Meðferðarstöð ríkisins. Fyrsta viðfangsefnið tekur til yfirstjórnar málefnaflokksins og er áætlað að fjárveiting til þess nemi 36 m.kr. Annað viðfangsefnið nær til meðferðarheimilanna í Árbót í Þingeyjarsýslu, Torfastöðum í Árnessýslu, Geldingalæk í Rangárvallasýslu og Bakkaflöt í Skagafjarðarsýslu, auk sambýlisins Sólheimum 17 auk nýs heimilis sem fyrirhugað er að opna á árinu. Til þessara viðfangsefna er áætlað að verja 124 m.kr. Til þriðja viðfangsefnisins, sem er móttöku og meðferðarstöð fyrir unglinga, er áætlað að leggja 74 m.kr. í fjárlögum ársins 1997. Stöðin, sem hlotið hefur nafnið Stuðlar, tók til starfa í september í nýju húsnæði í Grafarvogi. Í stað hennar er starfsemin í Efstasundi 86, meðferðarheimilinu að Sólheimum 7 og Tindum á Kjalarnesi lögð niður.

Málefni fatlaðra

Þessi málefnaflokkur nær til allra stofnana fatlaðra undir fjárlagaliðunum 700-722; 750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Áætlað er að fjárveiting til málefna fatlaðra á árinu 1997 verði 2.314 m.kr. og hækki um 190 m.kr.

Útgjöld aukast um 25 m.kr. vegna útskrifta vistmanna af Kópavogshæli yfir á sambýli hjá svæðisskrifstofunum í Reykjavík og Reykjanes og um 23 m.kr. vegna nýs heimilis hjá svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi fyrir einhverf börn og unglinga. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur eykst um 19 m.kr. Þá hækka framlög til stofnana fatlaðra um 25 m.kr. vegna vanmats á áhrifum samninga frá árinu 1995, um 6 m.kr. vegna barnsburðarleyfa og 56 m.kr. vegna áætlaðra launa- og verðlagsbreytinga.

Gerður var samningur við Akureyrarbæ um að taka að sér framkvæmd þjónustu við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu. Framlag til þess verkefnis er 252 m.kr. og er hér um tilraunaverkefni að ræða. Meginmarkmið samningsins er að færa stjórn og ábyrgð á þjónustu við fatlaða yfir á eina hendi. Vonast er til að þetta leiði til samþættingar á allri félagsþjónustu sem veitt er á svæðinu og stuðli þannig að betri nýtingu á því fjármagni sem veitt er til málaflokksins og bæti þjónustu við fatlaða.

Breytingar á framlagi til stofnana fatlaðra sést á eftirfarandi yfirliti:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Málefni fatlaðra	58,5	118,3	139,3	18	138
Málefni fatlaðra, Reykjavík	266,9	305,9	372,0	22	39
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	245,9	252,8	339,9	34	38
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	60,5	64,7	76,3	18	26
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	48,7	48,9	58,2	19	20
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	91,0	93,8	102,2	9	12
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	250,7	252,1	278,1	10	11
Málefni fatlaðra, Austurlandi	67,2	68,8	82,9	20	23
Málefni fatlaðra Suðurlandi	125,7	127,3	141,5	11	13
Meðferðarh. og sambýli einhverfra	50,9	46,7	47,7	2	-6
Styrktarfélag vangefinna	224,0	204,8	217,9	6	-3
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	110,5	114,1	119,3	5	8
Sólheimar, Grímsnesi	76,9	98,8	98,8	0	28
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	69,4	70,0	74,7	7	8
Framkvæmdasjóður fatlaðra	513,5	257,0	165,0	-36	-68
Samtals	**2.260,3**	**2.124,0**	**2.313,8**	**9**	**2**

Fjárveiting til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* verður 165 m.kr. á árinu 1997 og lækkar um 92 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Af sjóðnum hefur verið létt rekstrarverkefnum að fjárhæð 125 m.kr. Þau rekstrarverkefni sem sjóðurinn greiðir á næsta ári eru kostnaður við starf stjórnarnefndar málefna fatlaðra og styrkir skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er varða félagslega hæfingu og endurhæfingu. Ráðstöfunarfé sjóðsins til stofnkostnaðar- og viðhaldsverkefna er því nokkuð rýmra á árinu 1997 en í fjárlögum 1996.

Sveitarfélög

Undir þennan málefnaflokk heyra: 801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga; 811 Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga og 972 Bjargráðasjóður Íslands.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga ákvarðað með tvennum hætti. Annars vegar 1,4% af skatttekjum ríkisins og er það framlag áætlað 1.641 m.kr. og hins vegar 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs og er það framlag áætlað 739 m.kr. Samkvæmt frumvarpinu verður framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 1997 því alls

2.380 m.kr. Samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans verður veitt sérstakt framlag, allt að 265 m.kr. á ári, til sjóðsins árin 1997-2001. Framlagið er ætlað til að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga við grunnskólabyggingar vegna einsetningar grunnskóla. Til viðbótar framlagi ríkisins leggur Jöfnunarsjóðurinn fram árlega 135 m.kr. Fé þessu verður varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með yfir 2000 íbúa.

*811 **Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.*** Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að sveitarfélögin taki yfir fjármögnun á húsaleigubótakerfinu frá og með næstu áramótum en þau hafa séð um framkvæmd bótagreiðslna og fjármögnun að hluta. Á móti taki ríkið að sér önnur verkefni sem ríki og sveitarfélög hafa kostað sameiginlega til þessa. Hér er því um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga að ræða sem er í samræmi við þá stefnu að gera verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga skýrari með því að fækka samstarfsverkefnum.

*972 **Bjargráðasjóður Íslands.*** Framlag til Bjargráðasjóðs Íslands verður 15 m.kr. en framlagið er 30 m.kr. á yfirstandandi ári. Framlagið í ár var m.a. veitt í þeim tilgangi að auðvelda sjóðnum að bæta þann fjárskaða sem varð haustið 1995.

Vinnumál

Undir þennan málefnaflokk heyra eftirtaldir fjárlagaliðir: 980 Vinnumálaskrifstofa; 981 Vinnumál; 982 Ábyrgðasjóður launa; 984 Atvinnuleysistryggingasjóður og 985 Félagsmálaskóli alþýðu. Heildarframlag til málefnaflokksins verður 3.140 m.kr. árið 1997 og lækkar um 7% að raungildi frá fjárlögum 1996.

*981 **Vinnumál.*** Framlag til starfseminnar verður 49 m.kr. og lækkar um tæpar 67 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagni tvö viðfangsefni sem greidd hafa verið af þessum lið en þau eru *1.70 Atvinnumál kvenna* og *1.32 starfsmenntun í atvinnulífinu.*

*982 **Ábyrgðasjóður launa.*** Framlag til sjóðsins lækkar úr 200 m.kr. í 180 m.kr. en útgjöld sjóðsins hafa farið lækkandi allt frá stofnun hans. Gjaldstofn ábyrgðagjaldsins er sá sami og tryggingagjalds og getur gjaldið verið allt að 0,2% af gjaldstofni en það er miðað við 0,08% árið 1997.

*984 **Atvinnuleysistryggingasjóður.*** Á árinu 1997 er gert er ráð fyrir 4% atvinnuleysi og að útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs nemi 3.043 m.kr. Af þeirri fjárhæð er reiknað með að 2.940 m.kr. fari í atvinnuleysisbætur og átaksverkefni. Ekki er gert ráð fyrir greiðslu launabóta þar sem kjarasamningar renna út um næstu áramót. Þá er sjóðnum ætlað að fjármagna tvö viðfangsefni: Atvinnumál kvenna og starfsmenntun í atvinnulífinu en kostnaður vegna þeirra nemur 67 m.kr. Framlag úr ríkissjóði til sjóðsins er áætlað 2.860 m.kr. Stefnt er að því að ná fram 128 m.kr. sparnaði hjá Atvinnuleysistryggingasjóði með endurskoðun á starfsemi og úthlutunarreglum sjóðsins. Meðal annars er fyrirhugað að lækka þóknun úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta um 1% úr 3,2% í 2,2% og mun það leiða til 25 m.kr. sparnaðar. Nánar er fjallað um sjóðinn í B-hluta frumvarpsins.

Annað

Undir þennan málefnaflokk fellur einn fjárlagaliður, *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Framlag til málefnaflokksins árið 1996 er 158 m.kr. en verður 153 m.kr. árið 1997. Til viðfangsefnisins Snjóflóða- og skriðufallavarnir var veitt 6,4 m.kr. á síðasta ári en viðfangsefnið hefur verið fært yfir til umhverfisráðuneytisins og tilheyrir nú Veðurstofu Íslands.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytast á milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	153,0	131,9	156,5	19	2
Tryggingamál	28.889,3	29.260,9	30.559,5	4	6
Eftirlits-og stjórnsýslustofnanir	202,2	213,3	219,0	3	8
Sjúkrastofnanir	18.202,9	18.208,8	18.900,9	4	4
Heilsugæsla	1.885,5	1.777,0	1.882,8	6	0
Annað	374,3	369,2	400,7	9	7
Rekstrarhagræðing	0,0	53,2	105,0	97	-
Samtals	**49.707,2**	**50.014,3**	**52.224,4**	**4**	**5**
Rekstrarkostnaður	19.164,6	19.551,5	20.304,5	4	6
Neyslu-og rekstrartilfærslur	29.399,8	29.533,2	30.801,3	4	5
Stofnkostnaður og viðhald	1.142,8	929,6	1.118,6	20	-2
Samtals	**49.707,2**	**50.014,3**	**52.224,4**	**4**	**5**

Heildarútgjöld eru áætluð 52,2 milljarðar króna samanborið við 50,0 milljarða króna í fjárlögum 1996. Breyting frá fjárlögum 1996 jafngildir 2,1% hækkun útgjalda að raungildi. Að frádreginni sérstakri fjárveitingu til hagræðingarverkefna er hækkun um 2%.

Áætlað er að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála verði um 51,3 milljarðar króna á árinu 1996 og skýrast útgjöld umfram fjárlög að stærstum hluta af auknum útgjöldum sjúkratrygginga og samkomulagi um lausn á fjárhagsvanda sjúkrahúsanna í Reykjavík. Talsverður innbyggður vöxtur er í útgjöldum heilbrigðis- og tryggingamála sem talið er að skýrist af breytingum á mannfjölda og aldursskiptingu hans. Einnig er talið að ný tækni í læknisfræði og ný lyf auki kostnað. Samkvæmt frumvarpinu verður gripið til ýmissa aðgerða til að minnka útgjöldin frá því sem þau hefðu orðið að óbreyttu. Helstu tillögur til lækkunar á útgjöldum til reksturs stofnana eru að verkaskipting og samstarf milli sjúkrahúsanna í Reykjavík verði markvissari þannig að framlög til þeirra verða þau sömu og í fjárlögum 1996. Jafnframt er gerð tillaga um að breyta fjárframlögum til sjúkrahúsa á landsbyggðinni þannig að þau verði í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Þrátt fyrir þessar breytingar hækka framlög til heilbrigðisstofnana um 0,6% að raungildi frá fjárlögum 1996, einkum vegna aukinna framlaga til hjúkrunarheimila, heilsugæslustöðva og aukins stofnkostnaðar.

Framlög til rekstrartilfærslna, sem eru að stærstum hluta sjúkra- og lífeyristryggingar, eru áætluð samtals tæplega 30,6 milljarðar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til á þessu ári skili viðbótarsparnaði í lífeyristryggingum á því næsta. Þá er áformað að lækka útgjöld til sjúkratrygginga um 650 m.kr. og er nánari grein

gerð fyrir því í kaflanum um tryggingamál hér á eftir. Þrátt fyrir framangreindar aðgerðir hækka framlög til tryggingamála um tæplega 3% að raungildi frá fjárlögum 1996 og skýrist stærstur hluti þess af auknum útgjöldum sjúkratrygginga umfram fjárlög á þessu ári.

Gerð er tillaga um að framlög til stofnkostnaðar og viðhalds hækki nokkuð frá fjárlögum 1996, eða um tæp 18% að raungildi. Á þessu ári var lögð áhersla á að fresta stofnframkvæmdum og draga úr fjárfestingu og gengur sú frestun nú að hluta til baka vegna bundinna samninga.

Rétt er að vekja athygli á því að upplýsingar um reikningstölur 1995 eru í flestum tilvikum greiðslur úr ríkissjóði til viðkomandi stofnana. Nær öll sjúkrahús og hjúkrunarheimili eru utan bókhaldskerfis ríkisins sem og tæplega helmingur heilsugæslustöðva. Þannig geta útgjöld stofnana verið önnur en nemur greiðslum úr ríkissjóði ef um afgang eða hallarekstur er að ræða.

Hér á eftir verður fjallað nánar um málefnaflokka ráðuneytisins og einstaka fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hækkar um 15% að raungildi frá fjárlögum 1996. Hækkunin stafar af sérstöku 20 m.kr. framlagi til að styrkja yfirstjórn ráðuneytisins og er ætlað til að ráða sérhæft starfsfólk m.a. vegna þróunarvinnu í heilbrigðismálum og til að efla upplýsingatækni á því sviði.

Tryggingamál

Bætur almannatrygginga hækkuðu um 3,5% 1. janúar árið 1996. Auk þess komu til eingreiðslur, í samræmi við ákvæði almennra kjarasamninga um launabætur, í júlí og desember en hvor þeirra jafngildir 24% álagi á fjárhæð tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar. Þar til viðbótar var greidd orlofs- og desemberuppbót með álagi á sömu liði. Í forsendum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 2% og að greidd verði orlofs- og desemberuppbót. Eingreiðslur vegna launabóta eru ekki innifaldar í fjárframlögum til almannatrygginga, þar sem kjarasamningar verða lausir um næstu áramót. Þess í stað er samsvarandi fjárhæð og nemur kostnaðinum við eingreiðslurnar færð á fjárlagaliðinn; 989 Launa- og verðlagsmál, hjá fjármálaráðuneyti.

Eftirfarandi tafla sýnir helstu útgjaldaliði tryggingamála:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Yfirstjórn Tryggingastofnunar	440,7	431,1	459,5	7	4
Lög um félagslega aðstoð	3.858,9	3.865,0	3.917,0	1	2
Lífeyristryggingar	13.321,1	13.900,0	14.170,0	2	6
Sjúkratryggingar	10.612,6	10.324,8	11.285,0	9	6
Slysatryggingar	540,0	390,0	410,0	5	-24
Eftirlaunasjóður aldraðra	116,0	350,0	318,0	-9	174
Samtals	**28.889,3**	**29.260,9**	**30.559,5**	**4**	6

201 Tryggingastofnun ríkisins, yfirstjórn. Framlög til yfirstjórnar hækka um 3,5% að raungildi frá fjárlögum 1996. Áætlanir miðast við óbreyttra starfsemi frá fjárlögum yfirstandandi árs, en nokkur hækkun hefur orðið á launalið stofnunarinnar vegna kjarasamninga og endurröðunar í launaflokka til samræmis við sambærilegar stofnanir. Útlit

er fyrir nokkurn hallarekstur á þessu ári og eru framlög til reksturs því hækkuð sérstaklega um 10 m.kr. Ekki verður annað séð en að stofnunin þurfi að grípa til frekari hagræðingar ef rekstur á að verða innan fjárheimilda árið 1997. Loks hækka framlög til tækjakaupa um 5,3 m.kr. vegna tölvuvæðingar til að stofnunin geti annast ýmis verkefni á því sviði.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Gert er ráð fyrir að framlög til bóta samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, hækki um 1% á milli ára. Nokkur vöxtur hefur verið í þessum bótaflokki og hafa breytingar verið gerðar síðustu ár til að mæta honum. Meðal annars hafa mæðra- og feðralaun verið endurskoðuð auk bifreiðakaupastyrkja. Samanburður við reikning árið 1995 sýnir því minni aukningu en raun varð á árin þar á undan.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Mæðra- og feðralaun	283,8	180,0	160,0	-11	-44
Umönnunarbætur	342,0	300,0	350,0	17	2
Makabætur	29,2	25,0	27,0	8	-8
Ekkju- og ekkilsbætur	80,8	80,0	80,0	0	-1
Endurhæfingarlífeyrir	69,6	85,0	100,0	18	44
Barnalífeyrir vegna menntunar	53,9	50,0	50,0	0	-7
Heimilisuppbót	885,9	960,0	960,0	0	8
Sérstök heimilisuppbót	159,0	175,0	160,0	-9	1
Uppbætur	1.829,5	1.930,0	1.950,0	1	7
Bifreiðakaupastyrkir	125,2	80,0	80,0	0	-36
Samtals	**3.858,9**	**3.865,0**	**3.917,0**	**1**	**2**

Eftirlit með greiðslu bóta var styrkt á þessu ári og er áætlað að sú aðgerð skili 100 m.kr. viðbótarsparnaði í útgjöldum árið 1997. Í forsendum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir nýjum sparnaði í bótum til félagslegrar aðstoðar en að áfram verði beitt aðhaldi í greiðslum uppbóta. Loks er ekki hér, fremur en á við um aðra bótaflokka, gert ráð fyrir eingreiðslum vegna launabóta í forsendum næsta árs og eru útgjöldin því 40 m.kr. lægri en á þessu ári.

204 Lífeyristryggingar. Samkvæmt áætluninni hækka lífeyristryggingar um 2% frá fjárlögum. Ekki eru áformaðar sérstakar aðgerðir til að lækka útgjöld lífeyristrygginga í frumvarpinu. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að fjármagnstekjutenging sem tók gildi þann 1. september 1996 skili tæplega 140 m.kr. viðbótarsparnaði árið 1997 og verður sú áætlun tekin til endurskoðunar þegar fyllri upplýsingar liggja fyrir. Helstu bótaflokkar lífeyristrygginga eru eftirfarandi:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Elli- og örorkulífeyrir	4.472,8	4.775,0	5.000,0	5	12
Tekjutrygging	6.730,9	7.000,0	7.000,0	0	4
Örorkustyrkir	207,1	216,0	200,0	-7	-3
Barnalífeyrir	636,3	700,0	760,0	9	19
Fæðingarorlof	1.172,2	1.200,0	1.200,0	0	2
Annað	13,9	9,0	10,0	11	-28
Mismunur	87,9	0,0	0,0	-	-
Samtals	**13.321,1**	**13.900,0**	**14.170,0**	**2**	**7**

Útgjöld vegna elli- og örorkulífeyris hækka um 5% frá fjárlögum. Tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega breytist ekki á milli ára þar sem ekki er gert ráð fyrir eingreiðslum í forsendum um útgjöld á næsta ári eins og fram kemur í inngangi og lækka því framlög til tekjutryggingar um 240 m.kr. frá því sem annars hefði orðið. Undanfarin ár hefur þeim sem fá ellilífeyri greiddan frá Tryggingastofnun fjölgað um 2% árlega samtímis og örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað um 7,8%. Barnalífeyrir vex nánast í réttu hlutfalli við fjölgun öryrkja þar sem hann er greiddur til barna á framfæri þeirra og barna sem misst hafa foreldri.

*206 **Sjúkratryggingar.*** Áætlað er að útgjöld sjúkratrygginga hækki að raungildi um 5,7% frá fjárlögum þrátt fyrir tillögur um 650 m.kr. sparnað og að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni 260 m.kr. af útgjöldum sjúkratrygginga. Hækkunin á sér einkum skýringar í útgjöldum umfram fjárlög í ár, en áætlað er að þau verði 800 - 900 m.kr. hærri en ráðgert var. Þar af eru um 250 m.kr. í lyfjakostnaði og skýrast að hluta af ákvörðunum um að greiða fyrir ný og dýr lyf og um 150 m.kr. í lækniskostnaði, m.a. vegna þess að ekki var gert ráð fyrir að kaupa segulómunarþjónustu (MRI) af Læknisfræðilegri myndgreiningu ehf., en gerðardómur úrskurðaði um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar í ágreiningi um málið. Þá fer kostnaður vegna læknismeðferða erlendis 160 m.kr. fram úr áætlun og vegna rannsókna, röntgengreiningar og slysastofuaðgerða 90 m.kr. Aðrir liðir fara samtals 180 m.kr. fram úr heimildum fjárlaga 1996. Ráðgert er að auka svigrúm Tryggingastofnunar ríkisins til að bjóða út þjónustu og aðfangakaup til þess að ná niður kostnaði á ýmsum sviðum.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vistgjöld á stofnunum	2.664,2	2.600,0	2.700,0	4	1
Lækniskostnaður	1.670,6	1.600,0	1.800,0	13	8
Rannsóknir, röntgen og slysast.	872,2	815,0	840,0	3	-4
Lyf	3.293,4	3.350,0	3.600,0	7	9
Hjálpartæki	565,2	545,0	620,0	14	10
Hjúkrun í heimahúsum	41,1	42,0	50,0	19	22
Þjálfun	394,3	405,0	480,0	19	22
Tannlækningar	703,7	745,0	790,0	6	12
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	133,8	135,0	140,0	4	5
Brýn meðferð erlendis	296,6	250,0	350,0	40	18
Sjúkrakostn. vegna veikinda og slysa	44,2	50,0	45,0	-10	2
Sjúkradagpeningar	246,6	200,0	200,0	0	-19
Annað	26,7	33,0	50,0	52	87
Sértekjur	-118,5	-115,0	-120,0	4	1
Greitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra	-130,0	-330,0	-260,0	-21	100
Mismunur	-91,5	0,0	0,0	-	-
Samtals	**10.612,6**	**10.325,0**	**11.285,0**	**9**	**6**

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir þau hjúkrunarheimili sem rekin eru fyrir daggjöld frá sjúkratryggingum. Áætlunin er miðuð við meðaldaggjald ársins 1997 og sömu verðlagsforsendur og notaðar eru í frumvarpinu. Vakin er athygli á því að taflan sýnir útgjöld daggjaldastofnana miðað við áætlað meðaldaggjald 1997 og fulla nýtingu. Reiknað er með að meðalnýting sé að jafnaði um 97% og getur hún verið mismunandi milli stofnana. Ber því að taka tölum um hverja stofnun með þeim fyrirvara. Taflan

gefur nokkuð góða mynd af umfangi þess reksturs sem staðið er fyrir af sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum vegna reksturs hjúkrunarheimila og endurhæfingastöðva. Hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er fyrirhugað að gera samninga við þessa aðila um þá þjónustu sem ríkissjóður kaupir.

Daggjaldastofnanir	Fjöldi rúma	Reikningur 1995 m.kr.	Áætlað meðaldaggjald 1997 kr. á rúm	Áætlaður kostnaður á ári m.kr.
Seljahlíð, Reykjavík	13	40	6.521	31
Hornbrekka, Ólafsfirði	14	27	6.521	33
Dalbær, Dalvík	20	43	6.521	48
Hlíð, Akureyri	75	160	6.521	179
Skjólgarður, Höfn	31	69	6.521	74
Hulduhlíð, Eskifirði	15	33	6.521	36
Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	15	34	5.337	29
Barmahlíð, Reykhólum	12	20	6.521	29
Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi	20	28	6.521	48
Fellaskjól, Grundarfirði	5	8	5.337	10
Jaðar, Ólafsvík	4	6	4.865	7
Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	12	26	6.521	29
Lundur, Hellu	12	26	6.521	29
Dvalarheimili aldraðra, Stykkishólmi	10	10	4.865	18
Hjallatún, Vík í Mýrdal	10	21	6.521	24
Naust, Þórshöfn	7	13	6.521	17
Höfði, Akranesi	24	50	6.521	57
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Reykjavík	183	396	6.521	436
Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hafnarfirði	146	340	6.965	371
Grund, Reykjavík	150	303	6.521	357
Ás, Hveragerði	64	73	4.150	97
Rauði kross Íslands, Reykjavík	28	34	3.289	34
Vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi	166	462	8.270	501
Hjúkrunarheimilið Fellsenda, Búðardal	17	24	4.361	27
Hjúkrunarheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri	40	80	6.049	88
Dvalarheimili við Vesturhlíð, Reykjavík	5	6	3.779	7
Dagvist:				
Hlíðabær, Flókagötu 53, Reykjavík	18	20	4.640	19
MS félag Íslands	35	26	3.847	29
Múlabær, Ármúla	42	30	2.827	24
Lindargata 59, dagvist	18	0	4.640	19
Dagvistarstofnanir, aðrar	172	63	2.174	72
Samtals	**1.383**	**2.469**		**2.775**
Áætlun, miðað við 97% nýtingu rúma				2.700

Tillögur um sparnaðaraðgerðir í sjúkratryggingum taka mið af því að ná til baka þeim útgjöldum sem fara fram úr áætlun fjárlaga 1996. Gert er ráð fyrir að lækka lyfjakostnað um 400 m.kr., frá því sem hann hefði annars orðið, með því að stuðla að aukinni samkeppni í lyfjainnflutningi og sölu lyfja með samningum eða útboðum. Áformað er að setja nýjar reglur um verðlagningu lyfja og greiðsluþátttöku almannatrygginga. Þá er fyrirhugað að ráðast í gæða- og kostnaðarkynningu fyrir lækna sem vísa á lyf og gefa út nýja lyfjalista sem greiðsluþátttaka almannatrygginga miðist við. Slíkir lyfjalistar geta verið hluti af væntanlegum þjónustusamningum við heilbrigðisstofnanir. Kostir útboða við kaup ákveðinna lyfjaflokka verða kannaðir. Loks er gert ráð fyrir að ýmsar aðgerðir til að hamla á móti lyfjaútgjöldum á þessu ári skili meiri árangri á því næsta, svo sem ákvörðun um þak á álagningu lyfja sem notuð eru á sjúkra-

húsum, lækkun á viðmiðunarverði margra samheitalyfja um 5% og samningur um afslátt apóteka til almannatrygginga auk herts eftirlits með innkaupsverði og greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjaverði. Ráðgert er að lækka kostnað vegna rannsókna og röntgengreiningar um 100 m.kr. og lækniskostnað um 70 m.kr. Þeim sparnaði á að ná með endurskoðun samninga og fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða. Einnig er fyrirhugað að endurskoða sérstaklega greiðslur til sjúkrastofnana og setja um þær sérstakan ramma. Lagt er til að gjaldskrár vegna blóðmeina- og meinefnarannsókna sjúkrahúsa og einkarekinna rannsóknarstofa verði endurskoðaðar með tilliti til raunverulegs kostnaðar og þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa á því sviði. Ráðgert er að gera tilraunir með útboð á rannsóknum og kaupum á röntgenþjónustu. Þá er að nefna að fyrirhugað er að lækka tannlæknakostnað um 80 m.kr. með því að herða reglur um umsóknir og reikningsgerð auk herts eftirlits. Einnig verða heimildir til endurgreiðslu á kostnaði við tannréttingar endurskoðaðar. Loks er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra standi undir 260 m.kr. kostnaði við rekstur daggjaldastofnana eins og áður hefur komið fram. Sú breyting er gerð á framsetningu frumvarpsins að 26 m.kr. eru fluttar af sjúkratryggingum til ríkisspítala vegna hjartaaðgerða á börnum sem áður voru gerðar á erlendum sjúkrahúsum.

208 Slysatryggingar. Framlög til slysatrygginga eru áætluð 410 m.kr., en sú breyting tók gildi árið 1996 að útgerðarmenn greiða iðgjald vegna ábyrgðar slysatrygginga á greiðslu á kaupi og aflahlut sjómanna, umfram slysadagpeninga. Árið 1994 var tryggging stjórnenda aflvéla og bifreiða flutt til almennra tryggingafélaga og fara því greiðslur lækkandi af þeim sökum, en á móti kemur að með nýjum skaðabótalögum féllu endurkröfur slysatrygginga á almenn tryggingafélög niður. Bótagreiðslur slysatrygginga, aðrar en kaup og aflahlutur sjómanna, námu 384 m.kr. árið 1995. Þar af fóru um 27% til stjórnenda bifreiða og aflvéla, 29% til launþega, annarra en sjómanna, rúmlega 10% til íþróttamanna, rúmlega 4% til bænda, tæplega 6% til annarra atvinnurekenda, um 4% til heimilistryggingar og rúm 2% til sjúklingatryggingar. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í varasjóð slysatrygginga árið 1997.

214 Eftirlaunasjóður aldraðra. Í frumvarpinu eru framlög úr ríkissjóði til Eftirlaunasjóðs aldraðra áætluð 317 m.kr., en þar til viðbótar er áætlað að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði 21,5 m.kr. Í samræmi við breytingar á lögum um eftirlaun til aldraðra, með lögum nr. 144/1995, hefur kvöð um þátttöku Atvinnuleysistryggingasjóðs í greiðslu eftirlauna verðið aflétt og greiðist hlutur hans nú úr ríkissjóði. Skýrir sú breyting mikla hækkun frá reikningi 1995. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, falla eftirlaunagreiðslurnar niður þann 1. janúar 1997. Ráðgert er að leggja fram frumvarp um breytingu á þeim lögum og framlengja eftirlaunagreiðslurnar.

Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir

Undir þennan málefnaflokk falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 301 Landlæknir; 311 Héraðslæknir í Reykjavík; 315 Héraðslæknir á Norðurlandi eystra; 324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands; 326 Sjónstöð Íslands; 327 Geislavarnir ríkisins og 330 Manneldisráð.

Framlög til málefnaflokksins lækka um 0,6% að raungildi sem stafar af niðurfellingu á tímabundnu 4,5 m.kr. framlagi til endurbóta á rannsóknarstofu Geislavarna ríkisins. Framlög til Landlæknisembættisins hækka um 3,3 m.kr. Breytingin stafar af því að tímabundið 2 m.kr. framlag fellur niður. Á móti hækkar framlag til almenns reksturs Landlæknisembættisins um 5,5 m.kr, þar af eru 0,8 m.kr. til að standa undir þóknunum til siðaráðs.

Sjúkrastofnanir

Undir málefnaflokkinn falla eftirtaldir fjárlagaliðir: 350-373 Ýmis sjúkrahús; 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 385 Framkvæmdasjóður aldraðra og 400-490 ýmis sjúkrahús og stofnanir, þar með talið endurhæfingarstofnanir, hjúkrunarheimili og áfengismeðferðarstofnanir. Framlög til málaflokksins hækka um 0,6% að raungildi, eða 100 m.kr., þrátt fyrir aðgerðir til sparnaðar. Útfrá úttekt á rekstri nokkurra sjúkrahúsa á landsbyggðinni hefur verið gerð áætlun um hagkvæmustu nýtingu sjúkrastofnana miðað við þarfir á hverjum stað og er áætlað að sameining stofnana og breytt verkaskipting skili 160 m.kr. sparnaði á næsta ári. Þá var í tengslum við samkomulag um lausn á fjárhagsvanda sjúkrahúsanna í Reykjavík gerð áætlun um sparnað sem skila á 340 m.kr. hagræðingu á næsta ári. Því til viðbótar er sjúkrahúsunum í Reykjavík ætlað að grípa til frekari hagræðingaraðgerða sem eiga að skila nauðsynlegum sparnaði til að rekstrarkostnaður þeirra verði innan fjárheimilda árið 1997. Hækkun á framlögum til málefnaflokksins stafar af auknum framlögum til stofnframkvæmda og framlögum til reksturs á nýju hjúkrunarheimili.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstaka liði málefnaflokksins þar sem tilefni er til.

1. Sjúkrahús í Reykjavík. Undir liðinn falla 371 Ríkisspítalar og 375 Sjúkrahús Reykjavíkur. Í samkomulagi, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík gerðu þann 28. ágúst 1996, eru ákvarðanir um aðgerðir sem eiga að lækka útgjöld sjúkrahúsanna um 370 m.kr. á ári. Þar af er áætlað að aðgerðirnar skili 340 m.kr. lækkun rekstrarútgjalda árið 1997. Í samræmi við samkomulagið er gert ráð fyrir að sameiginleg öldrunardeild verði rekin í húsnæði Sjúkrahúss Reykjavíkur að Landakoti og að Grensásdeild taki við sjúklingum af báðum sjúkrahúsunum. Minni útibú öldrunarþjónustu verða lögð niður þegar starfsemin flyst í Landakot. Augndeild sem nú er á Landakoti flyst til ríkisspítala og gert er ráð fyrir hagræðingu í starfsemi skurðdeilda, sameiningu þvottahúsa, að framlög til reksturs leikskóla falli niður í áföngum á næstu þremur árum og að hagrætt verði í yfirstjórn. Framkvæmd ákvarðana þessara er komin vel á veg. Fjárhagsleg áhrif breytinganna eru talin koma nokkuð jafnt niður á sjúkrahúsin. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir 184 m.kr. framkvæmdakostnaði, þannig að 135 m.kr. falla til árið 1996 og 49 m.kr. árið 1997. Stofnkostnaðurinn skiptist þannig að 122 m.kr. eru til breytinga á húsnæði Landakots vegna öldrunarþjónustu, 37 m.kr. er kostnaðar við að færa augndeild til ríkisspítala og 25 m.kr. renna til stofnkostnaðar við skurðstofu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Breytingarnar, samtals 184 m.kr., fjármagnast þannig að 58 m.kr. koma af fjárlagaliðnum 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir 49 m.kr., 40 m.kr. koma úr hagræðingarsjóði ríkisstjórnarinnar, 15 m.kr. fást með sölu eigna og 22 m.kr. er hlutur Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagni 49 m.kr. stofnkostnað sem verður árið 1997. Í eftirfarandi töflu eru sýnd framlög til sjúkrahúsanna í Reykjavík, eftir að fjárveitingar í fjárlögum 1996 hafa verið leiðréttar með tilflutningi af liðnum; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisspítalar	7.121,0	7.087,7	7.369,0	4	3
Sjúkrahús Reykjavíkur	4.122,6	4.008,5	4.141,6	3	0
Samtals	**11.243,6**	**11.096,2**	**11.510,6**	**4**	**2**

Framlög til spítalanna hækka samtals um 0,7% að raungildi eða rúmlega 75 m.kr. frá fjárlögum 1996. Hluti af því, eða um 26 m.kr., er flutningur á fjárveitingu frá sjúkratryggingum vegna hjartaaðgerða á börnum og afgangurinn er hækkun á framlögum til stofnkostnaðar. Í samkomulaginu um aukna samvinnu og breytta verkaskiptingu á milli sjúkrahúsanna eru ákvæði þess efnis að ríkissjóður leggi spítölunum samtals til 430 m.kr. til að þeir geti rekið starfsemi sína án verulegrar röskunar á árinu 1996. Til að ná sparnaði sem á vantar á næsta ári, eru í samkomulaginu nefnd nokkur veigamikil atriði sem ekki hafa verið metin til sparnaðar, en eiga að nægja til að rekstur spítalanna verði innan fjárheimilda eins og þær eru lagðar til í þessu frumvarpi. Þar má nefna hagræðingu á þjónustusviði sjúkrahúsanna, rannsóknar- og myndgreiningarstofum, sameiginleg útboð o.fl. Loks má geta þess að sérstök úttekt hefur verið ákveðin á hagkvæmni þess að auka samvinnu sjúkrahúsanna, eða sameina þau að hluta eða fullu og vinna að breytingum á skipulagi og verkaskiptingu á milli sjúkrahúsa á Suðvesturlandi. Nánar er fjallað um fjármál hvors sjúkrahússins hér á eftir.

*371 **Ríkisspítalar.*** Framlög til ríkisspítala hækka um tæplega 4% frá fjárlögum, eða um 281 m.kr. þar af eru verðlags- og launabætur um 213 m.kr. og aukin framlög tæplega 68 m.kr. Hefur þá verið leiðrétt fyrir 120 m.kr. framlagi sem var á liðnum 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Hækkun framlaga til ríkisspítala skýrist af tæplega 26 m.kr. tilfærslu útgjalda frá sjúkratryggingum vegna samnings um að ríkisspítalar taki að sér hjartaaðgerðir á börnum sem áður voru gerðar í útlöndum. Á móti því vegur að rekstur heimilisins Bjargs á Seltjarnarnesi hefur verið fluttur frá spítölunum, en rekstrarkostnaður Bjargs er áætlaður 22 m.kr. Raunveruleg breyting frá fjárlögum er því 64 m.kr., þar af eru um 25 m.kr. aukinn rekstrarkostnaður og tæplega 39 m.kr. hækkun á stofnkostnaðarframlögum. Hækkun á rekstrarframlögum skýrist af ákvörðun um 13 m.kr. hækkun á framlagi til glasafrjóvgunardeildar og 12 m.kr. framlagi til barna- og unglingageðdeildar en það er til reksturs upplýsingamiðstöðvar um vímuefnavarnir. Stofnkostnaðarframlög breytast nokkuð á milli ára, 10 m.kr. framlag til kaupa á hjarta- og lungnavél fyrir börn fellur niður og einnig 21,5 m.kr. framlag til stofnkostnaðarframkvæmda við glasafrjóvgunardeild. Samtals nema framlög til tækjakaupa 169 m.kr. og framlög til Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð 60 m.kr. Af tækjakaupum eru 34 m.kr. ætlaðar til greiðslu á láni vegna endurnýjunar á línuhraðli, 10 m.kr. til búnaðar vegna hjartaaðgerða á börnum og 30 m.kr. til endurnýjunar á æðarannsóknarstofu. Framlög til Yfirstjórnar mannvirkjagerðar á Landspítalalóð eru ætluð til að ljúka gerð lagnagangs og stofnlagna, aðalraftöflu og til kaupa á spennistöð og lyftu.

Í samræmi við samkomulag um aukna hagræðingu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík verða nokkrar breytingar á rekstri ríkisspítalanna. Augndeild flyst af Landakoti til Landspítala og er áætlað að sú breyting spari fjármuni vegna færri rúma og samnýtingar á vöktum. Gert er ráð fyrir að þær augnlækningar sem nú fara fram á Öldugötu 17 haldi þar áfram fyrst um sinn. Ráðgert er að loka öldrunardeild í Hátúni og sjúklingar flytjist þaðan á Landakot þar sem Landspítalinn eigi aðgang að öldrunar-

rúmum til að bæta fráflæði af bráðadeildum. Þá er gert ráð fyrir að ríkisspítalar hafi umsjón með skurðlæknateymi í lýtalækningum sem skipti verkefnum á milli Landspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur og St. Jósefsspítala, Hafnarfirði. Endurhæfingarþjónusta á Grensásdeild á að auka fráflæði frá bráðaspítölunum og hefur mest áhrif á bráðadeildir Landspítala, lyflækninga- og taugadeild ásamt bæklunarlækninga- og gigtardeild. Loks er gert ráð fyrir að Þvottahús ríkisspítalanna taki við öllum þvotti frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og að rekstri barnaheimila á vegum Landspítalans verði hætt í áföngum á næstu þremur árum.

375 ***Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Framlög til Sjúkrahúss Reykjavíkur hækka um rúmlega 3% frá fjárlögum 1996, eða 133 m.kr. og stafar breytingin nær alfarið af launa- og verðlagsbreytingum. Eru 7,5 m.kr. millifærðar af fjárlagaliðnum; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi til Sjúkrahúss Reykjavíkur til starfrækslu neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb nauðgara. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds eru 131,6 m.kr., sem eru óbreytt frá fjárlögum 1996.

Í samræmi við samkomulag á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar verða talsverðar breytingar í rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að öllum skurðaðgerðum á Landakotsspítala verði hætt og að þar fari fram öldrunarlækningar fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítala. Öldrunarsjúklingar verða fluttir af Hvítabandinu og húsnæði þess fyrst um sinn notað undir dagdeildir geðsviðs Sjúkrahúss Reykjavíkur. Þá flyst dagdeild frá Hafnarbúðum á Landakot og er ráðgert að selja Hafnarbúðir upp í stofnkostnað við nauðsynlegar breytingar. Loks verða þær breytingar í öldrunarþjónustu sjúkrahússins að sjúklingar sem nú eru í Heilsuverndarstöðinni flytjast á Landakot og á nýtt hjúkrunarheimili, Árskóga í Mjódd. Með nýrri aðstöðu fyrir öldrunarlækningar á Landakoti eykst fráflæði af bráðadeildum Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala eins og áður getur. Ákveðið er að Sjúkrahús Reykjavíkur í Fossvogi taki við hluta af skurðaðgerðum sem hætt verður á Landakoti og að sjúkrahúsið hafi ennfremur umsjón með skurðlæknateymi í bæklunarlækningum. Gert er ráð fyrir að starfsemi Grensásdeildar verði efld og að þar verði rekin endurhæfing fyrir bæði sjúkrahúsin og að deild E 61 verði opin að fullu. Einnig verður, samkvæmt samkomulaginu, rekin á Grensási 16 rúma fimm daga deild til endurhæfingar sjúklinga eftir heila- og mænuskaða, önnur slys og gigtarsjúkdóma. Þá er gert ráð fyrir að hafin verði sjúkrahústengd heimahlynning í samvinnu við heilsugæslustöðvar. Með henni á að stytta legutíma á sjúkrahúsum með göngudeildarstarfsemi eða heimsóknum í heimahús. Loks er ákveðið að Sjúkrahús Reykjavíkur hætti rekstri þvottahúss á Seltjarnarnesi og kaupi þjónustuna af Þvottahúsi ríkisspítalanna. Í samræmi við samkomulagið verður rekstri barnaheimila á vegum sjúkrahússins hætt á næstu þremur árum. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að 49 m.kr. verði greiddar úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að standa undir breytingum á Landakotsspítala.

2. Aðrar sjúkrastofnanir. Undir þennan lið falla sjúkra- og meðferðarstofnanir á landsbyggðinni og í Reykjavík, aðrar en Sjúkrahús Reykjavíkur og ríkisspítalar. Undir þessum lið er einnig fjallað um fjárlagaliðinn; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, en áformaður 160 m.kr. sparnaður á sjúkrahúsum á landsbyggðinni er tímabundið færður undir þann lið og verður skipt á viðkomandi stofnanir fyrir afgreiðslu fjárlaga. Helstu breytingar frá fjárlögum eru að gert er ráð fyrir að opna fyrsta áfanga í nýju hjúkrunarheimili Árskógum í

Mjódd, Reykjavík og er framlag til þess 77,3 m.kr. Þá hefur Bjarg, Seltjarnarnesi, verið fært frá ríkisspítölum á sérstakan fjárlagalið með 22 m.kr. fjárveitingu sem áður var færð hjá ríkisspítölum. Framlög til hjúkrunarheimilisins Skjóls hækka um 15 m.kr. vegna reksturs sex nýrra hjúkrunarrúma á efstu hæð heimilisins. Tímabundið 5 m.kr. framlag til Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði vegna hópslysabúnaðar fellur niður. Þá hækka framlög til Sjúkrahúss Suðurnesja Keflavík og St. Jósefsspítala Hafnarfirði um 5 m.kr. hjá hvoru sjúkrahúsi vegna tilfærslu af fjárlagalið 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Loks lækkar framlag til Sjúkrahússins á Seyðisfirði um 2,1 m.kr. og framlag til sjúkrahússins á Egilsstöðum hækkar um sömu fjárhæð. Aðrar breytingar eru minni og gefa ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Ráðgert er að hagræða í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni á næstu árum. Ráðist var í sérstaka úttekt á nokkrum sjúkrahúsum og m.a. kannaður fjöldi sjúkrarúma og hvernig þau eru nýtt og hvaða þörfum þau mæta á hverju svæði. Í framhaldi af því var gerð áætlun um hvernig mætti sinna þörfum íbúanna með sem hagkvæmustum hætti og fjárveitingar aðlagaðar þeirri starfsemi. Athugunin leiddi í ljós að ná má fram verulegum árlegum sparnaði með breyttu fyrirkomulagi og er fyrirhugað að hrinda breytingunum í framkvæmd í áföngum á næstu 2-3 árum. Áformað er að fyrstu aðgerðirnar feli í sér 160 m.kr. sparnað á árinu 1997 og verður honum m.a. náð með endurskoðun á hlutverki sjúkrastofnana, breytingum á verkaskiptingu þeirra og sameiningu stofnana.

Framlög til sjúkrastofnana má sjá í töflu á bls. 331og er athygli vakin á því að framlög á fjárlagalið 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi í fjárlögum 1996 hafa verið lækkuð um 200 m.kr. og flutt í töflu sem fylgir umfjöllun um sjúkrahús í Reykjavík til að gæta samræmis í framsetningu.

3. Stofnkostnaður og tækjakaup. Framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa eru á fjárlagaliðunum 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir; 358 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri; 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi; 371 Ríkisspítalar; 375 Sjúkrahús Reykjavíkur og 385 Framkvæmdasjóður aldraðra. Samtals nema framlög til stofnkostnaðar og tækjakaupa á framangreindum fjárlagaliðum 832,4 m.kr. og hækka um 196,5 m.kr. frá fjárlögum 1996. Hækkun frá fjárlögum 1996 stafar af því að í þeim fjárlögum voru framlög til stofnkostnaðar lækkuð verulega, eða um 277 m.kr. Vegna bundinna samninga eru stofnkostnaðarframlög til Sjúkrahúsa og læknisbústaða hækkuð um 78 m.kr., til Framkvæmdasjóðs aldraðra um 80 m.kr. og til ríkisspítala um 38,5 m.kr. eins og nánar kemur fram í umfjöllun að framan.

Heilsugæsla

Framlög til heilsugæslustöðva eru áætluð 1.883 m.kr. og hækka að raungildi um 1,5%, eða 26,5 m.kr. Þar af eru 23 m.kr. til heimahjúkrunar á heilsugæslustöðvum í Reykjavík, sem Framkvæmdasjóður aldraðra hefur fjármagnað undanfarin ár. Skiptist framlagið þannig að lagt er til að 14 m.kr. verði ráðstafað til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík, 2,8 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar í Mjódd, 1,6 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar í Fossvogi, 4 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar í Hlíðum og 5 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar Miðbæ. Á móti lækka framlög til Heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ um 1 m.kr. Þá lækkar framlag til fjárlagaliðarins 500 Heilsugæslustöðvar, almennt, um 5,3 m.kr. og er skipt á heilsugæslustöðvar utan Reykjavíkur. Þá er 1 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar á Siglufirði og 2,8 m.kr. til Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi vegna heimahjúkrunar. Aðrar breytingar eru minni og er ekki talin ástæða til að rekja þær hér.

Stefna heilbrigðisráðuneytisins í málefnum heilsugæslunnar, sem unnið var að á fyrri hluta þessa árs í samstarfi við heilsugæslulækna, hefur þegar verið kynnt. Viðræður eru að hefjast við Læknafélag Íslands um frekari útfærslu stefnunnar og er ráðgert að þeirri vinnu verði lokið fyrir næstkomandi áramót. Á árinu 1997 er þó stefnt að útboði á rekstri nokkurra heilsugæslustöðva í Reykjavík, en erfitt er að meta fjárhagslegan ávinning af því.

Greiðslugrunnur	Fjöldi rúma	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn %
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi ...	-	43	101	-67	-	-
Sjúkrahúsið Akranesi	75	427	448	468	4	9
Sjúkrahúsið Patreksfirði	16	73	74	77	4	5
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	30	215	216	219	1	2
Sjúkrahús A-Hún.,Blönduósi	40	121	123	128	5	6
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	68	276	280	291	4	6
Sjúkrahúsið Siglufirði	38	138	136	141	4	3
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	214	1.256	1.290	1.338	4	7
Sjúkrahúsið Húsavík	58	237	238	247	4	5
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	23	92	90	91	1	-1
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað ..	39	175	171	178	4	2
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	32	104	105	111	6	7
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	61	250	243	253	4	1
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	27	227	183	189	4	-17
Sjúkrahús Suðurnesja, Keflavík	30	180	179	192	7	6
Víðihlíð, Grindavík	28	64	62	64	3	-1
Sólvangur, Hafnarfirði	95	230	230	239	4	4
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	52	224	239	254	6	13
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi ..	30	110	110	115	4	4
Sjúkrahús Hvammstanga	30	91	91	94	4	3
Sjúkrahús Bolungarvíkur	16	48	45	47	4	-4
Sjúkraskýlið Hólmavík	13	28	29	30	4	7
Sjúkraskýlið Þingeyri	7	13	13	13	5	5
Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri	7	13	13	13	5	5
Sundabúð II, Vopnafirði	12	27	27	29	5	5
Sunnuhlíð, Kópavogi	52	127	127	132	4	4
Hjúkrunarheimilið Skjól	106	276	275	301	10	9
Hjúkrunarheimilið Eir	120	133	311	322	4	141
Garðvangur, Garði	41	101	101	105	4	3
Árskógar, Mjódd, Reykjavík		0	0	77	-	-
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	68	148	164	170	4	15
Meðferðarstofnanir SÁÁ	120	208	208	215	3	3
Víðines	50	73	69	71	3	-2
Hlaðgerðarkot	25	40	39	41	6	4
Sjálfsbjörg, hjúkr.- og endurhæf. stofn.	45	175	178	185	4	6
Heilsuhæli NFLÍ	160	202	199	207	4	3
Bjarg, Seltjarnarnesi	13			23		
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða	7	48	34	35	4	-26
Vistun ósakhæfra afbrotamanna	7	72	72	75	4	4
Samtals	**1.855**	**6.263**	**6.512**	**6.712**	**3**	**7**

Annað

Málefnaflokkurinn nær til ýmissar starfsemi sem fellur undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: 340 Málefni fatlaðra, 393-396 Lyfjamál; 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi og 621 Áfengisvarnir og bindindismál. Framlög hækka að raungildi um 5,2% eða 19,2 m.kr. Munar þar mest um 22,1 m.kr. hækkun á framlögum til *399-1.53 Tóbaksvarnir* vegna ákv-

æða í 7. gr. laga nr. 101/1996 um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir. Samkvæmt ákvæðinu er skylt að verja 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnarstarfs. Framlög til *399-1.65 Heilsuefling* hækka um 2 m.kr. og til *399-1.63 Áfallahjálp* um 2,8 m.kr. Þá hækka framlög til fjárlagaliðarins *340-1.80 Gigtarráð* um 1 m.kr. Loks hækka framlög til *393-1.11 Lyfjaverðsnefndar* um 2,2 m.kr. þar sem nefndin hefur nýlega tekið til starfa og ráðið sér starfsmann. Á móti þessum breytingum eru 9 m.kr. tekjur af símskeytum til Minningarsjóðs Landspítalans færðar af fjárveitingum til heilbrigðismála og framlag til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, lækkar um 1,9 m.kr. Vert er að vekja athygli á auknu starfi Lyfjanefndar, en útgjöldin eru borin uppi af sértekjum og hafa því ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Framlög til áfengisvarna og bindindismála breytast í samræmi við ákvæði í lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi, og verða heildarframlög til þessara mála 55 m.kr. í samræmi við áætlaðar tekjur af mörkuðum tekjustofni samkvæmt 8. gr. laganna.

Rekstrarhagræðing

Fjárframlög til rekstrarhagræðingar verða 105 m.kr. samkvæmt frumvarpinu og hækka um 51,8 m.kr. eða 97% frá fjárlögum. Er framlagið hlutfallslega jafn hátt og hjá öðrum ráðuneytum sé litið til umfangs þeirrar starfsemi sem undir ráðuneytið fellur. Áformað er að vinna að áframhaldandi hagræðingarverkefnum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Í samræmi við samkomulag um hagræðingu og breytta verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík verður gerð athugun á starfsemi sjúkrahúsanna og könnuð hagkvæmni sameiningar eða aukinnar samvinnu þeirra og sjúkrahúsanna á Suðvesturlandi. Einnig er áformað að gera rekstrar- og fjármálaúttekt á Tryggingastofnun ríkisins og unnið verður að athugun á hagræðingu á sjúkrahúsum á landsbyggðinni auk fleiri verkefna.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld fjármálaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti o.fl.	436,0	468,0	476,0	2	9
Skatta- og tollamál	1.567,7	1.645,1	1.683,4	2	7
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	931,7	1.230,0	1.835,0	49	97
Vextir	12.439,8	13.050,0	13.550,0	4	9
Rekstrarhagræðing	-	5,0	15,0	-	-
Annað	1.232,8	1.497,3	1.356,1	-9	10
Samtals	**16.608,0**	**17.895,4**	**18.915,5**	**6**	**14**
Rekstrarkostnaður	2.540,3	2.719,7	2.649,0	-3	4
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.126,2	1.426,4	1.571,4	10	40
Stofnkostnaður- og viðhald	501,7	629,3	655,1	4	31
Verðbætur	-	70,0	490,0	-	-
Vextir	12.439,8	13.050,0	13.550,0	4	9
Samtals	**16.608,0**	**17.895,4**	**18.915,5**	**6**	**14**

Heildarútgjöld ráðuneytisins aukast um rúmlega 1 milljarð króna frá gildandi fjárlögum. Aukningin stafar nær öll af breytingum á fjárheimildum málaflokka sem liggja utan venjubundinnar starfsemi ráðuneytisins. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 500 m.kr. hækkun

á vaxtagreiðslum ríkissjóðs frá fjárlögum í ár. Í annan stað verður um 600 m.kr. hækkun á verðlagsmálum og ríkisábyrgðum. Skýrist það að mestu af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 490 m.kr. fjárheimild til launa- og verðlagsmála, einkum til að mæta hækkun bóta velferðarkerfisins sem kann að leiða af kjarasamningum á næsta ári. Í fjárlögum yfirstandandi árs eru á hinn bóginn einungis 70 m.kr. ætlaðar til verðlagsmála, enda gilda nær allir núverandi kjarasamningar til loka ársins. Á móti þessum breytingum til hækkunar vegur að sérstakt framlag að fjárhæð 150 m.kr. í gildandi fjárlögum, sem ætlað er til þess að greiða fyrir sparnaðaraðgerðum í ríkisrekstri, er nú skipt niður á öll ráðuneyti.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga á fjárheimildum verður rekstrarkostnaður ráðuneytisins nær óbreyttur milli ára að raungildi. Í frumvarpinu er raunar gert ráð fyrir að dregið verði úr rekstrarkostnaði með ýmsum hagræðingaraðgerðum, en á móti vegur útgjaldaauki við framkvæmd nýlegra laga í skattamálum. Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka að raungildi um liðlega 100 m.kr. og skýrist það að fullu af aukningu í greiðslum lífeyrisuppbóta til fyrrverandi ríkisstarfsmanna. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar verður óbreytt milli ára, að frátaldri 40 m.kr. hækkun á fjárlagalið ríkisábyrgða sem telst til þessa útgjaldaflokks.

Ráðuneyti

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa; 103 Ríkisbókhald; 104 Ríkisfjárhirsla; 105 Ríkislögmaður og 199 Ráðstöfunarfé.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	283,2	294,9	299,8	2	6
Ríkisbókhald	98,9	110,4	111,2	1	12
Ríkisfjárhirsla	30,9	33,7	36,3	8	17
Ríkislögmaður	23,1	23,0	22,7	-1	-2
Ráðstöfunarfé	-	6,0	6,0	-	-
Samtals	**436,1**	**468,0**	**476,0**	**2**	**9**

Heildarframlag til málefnaflokksins lækkar um 1% frá gildandi fjárlögum þegar tekið hefur verið tillit til almennra launa- og verðlagshækkana í frumvarpinu. Hjá *aðalskrifstofu* og *ríkisbókhaldi* er gert ráð fyrir að útgjöld lækki samtals um 6 m.kr. með almennri hagræðingu í starfseminni. Hjá ríkisbókhaldi fellur niður framlag sem veitt var tímabundið í fjárlögum þessa árs á viðfangsefninu *1.05 Breytt reikningsskil ríkissjóðs* og að auki sérstakt framlag til endurnýjunar á tækjabúnaði. Aftur á móti hækkar framlag til stofnunarinnar um svipaða fjárhæð vegna breytinga sem unnið er að á uppgjöri ríkissjóðs og ríkisstofnana. Þá verður dregið úr framlagi til *aðalskrifstofu* sem er vegna átaks í gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki og hjá ríkislögmanni er fellt niður sérstakt framlag vegna flutnings embættisins í nýtt húsnæði á árinu 1996.

Skatta- og tollamál

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 201 Ríkisskattstjóri; 202-211 Skattstofur; 212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld; 214 Yfirskattanefnd; 215 Skattrannsóknarstjóri ríkisins; 250 Innheimtukostnaður; 251 Gjaldheimtan í Reykjavík; 261 Ríkistollstjóri og 262 Tollstjórinn í Reykjavík.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ríkisskattstjóri	304,6	299,2	314,0	5	3
Skattstofur	475,3	509,6	525,8	3	11
Skattamál, ýmis útgjöld	33,4	84,6	69,7	-18	109
Yfirskattanefnd	39,4	48,7	52,6	8	34
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	55,5	59,3	61,1	3	10
Gjaldheimtur og innheimtukostnaður	298,5	288,1	293,9	2	-2
Tollaembætti	361,1	355,6	366,3	3	1
Samtals	**1.567,8**	**1.645,1**	**1.683,4**	**2**	**7**

Ýmsar breytingar verða á framlögum til liða í þessum málefnaflokki, bæði til lækkunar og hækkunar, en að samanlögðu er gert ráð fyrir að útgjöldin dragist ívið saman að raungildi frá fjárlögum þessa árs.

201 ***Ríkisskattstjóri.*** Framlag til embættisins eykst um 7 m.kr. til viðbótar við áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar frumvarpsins. Í fyrsta lagi eru veittar tímabundið 6 m.kr. til undirbúnings og kaupa á búnaði til að skanna skattframtöl inn í tölvuskrár skattvinnslukerfa. Talið er að upptaka þessarar tækni geti á næstu árum leitt til töluverðs sparnaðar við vinnu að skráningu upplýsinga úr skattframtölum. Í öðru lagi flytjast þrjú ný störf til stofnunarinnar vegna eftirlits með framleiðslu áfengis hér á landi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafði með höndum áður en nýlegar lagabreytingar varðandi verslun með áfengi og áfengisgjald tóku gildi. Fjárveiting til að mæta kostnaði við þetta eftirlit nemur 7 m.kr. Á móti þessum nýju útgjaldatilefnum vegur að fyrirhugað er að ná fram sparnaði að fjárhæð 6 m.kr. á viðfangsefninu *1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa.*

202 - 211 ***Skattstofur*** **og** *212* ***Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.*** Á föstu verðlagi lækka framlög til þessara liða um 16 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum fjárveitingum til skattstofa að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum og færist lækkunin því öll undir liðinn *212 Skatta- og tollamál.* Af þeirri ástæðu hafa rekstrarframlög til ýmissa sérverkefna undir þeim lið verið sameinuð á einu óskiptu viðfangsefni, *1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld.*

Í fjármálaráðuneytinu er nú til athugunar hvort auka megi skilvirkni skattkerfisins með því að endurskoða skipulag starfseminnar. Ýmsar forsendur hafa breyst frá því núverandi skipan skattstofa og meginverkefni þeirra voru ákveðin með lögum. Búseta í landinu hefur breyst frá því þjónustuumdæmi skatt-

Rekstrargjöld skattstofa í krónum á íbúa 1996



stofa voru ákveðin upp úr 1960 og allar samgöngur innan og milli landsvæða eru orðnar mun betri en áður. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á að samræma meðferð skattyfirvalda á málefnum og að efla skatteftirlit. Einnig má nefna að nýrri tækni hefur fleygt fram við úrvinnslu skattagagna. Fjármálaráðherra hefur ákveðið að starfsemi stofnana skattkerfisins verði athuguð í ljósi þessarar framvindu. Því er fyrirhugað að leggja fram breytingartillögur um fjárveitingar til þessara liða fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Að öðru leyti er á liðnum *212 Skatta- og tollamál* gert ráð fyrir auknu framlagi sem nemur 15 m.kr. til að hrinda í framkvæmd nýjum lögum um skatt af fjármagnstekjum. Gert er ráð fyrir jafn háu framlagi til að standa straum af kostnaði við breytta uppbyggingu á innheimtukerfi þungaskatts, sem einnig leiðir af nýlegri lagasetningu. Á móti fellur niður 24 m.kr. fjárveiting til undirbúnings á innheimtu olíugjalds, en gildistöku laga þar um var frestað um eitt ár eftir að ákveðið var að taka upp litun á olíu. Þá falla niður 4 m.kr. til skattkerfisbreytinga vegna vörugjalda sem lokið verður við á þessu ári.

214 ***Yfirskattanefnd.*** Til viðbótar við almennar launa- og verðlagsbreytingar frumvarpsins hækkar fjárveiting til nefndarinnar um 2,3 m.kr. vegna úrskurðar kjaranefndar um launakjör sem birtur var eftir afgreiðslu fjárlaga ársins 1996. Að öðru leyti er starfsemin með óbreyttu sniði frá gildandi fjárlögum.

250 - 251 ***Gjaldheimtur og innheimtukostnaður.*** Lagt er til að framlag á þessum lið verði óbreytt að verðgildi frá fjárlögum, eða 294 m.kr. Ýmsar aukatekjur ríkissjóðs, svo sem gjöld fyrir fullnustuaðgerðir sem innheimtuembætti greiða í ríkissjóð, eru færð á tekjuhlið ríkisreiknings. Á gjaldahlið, undir viðfangsefninu *1.10 Ýmis innheimtukostnaður*, færist á hinn bóginn útlagður kostnaður innheimtumanna. Á sama viðfangsefni færist einnig kostnaður við búskipti, þóknun Póst- og símamálastofnunarinnar og Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir innheimtu gjalda o.fl. Ávallt er mikil óvissa um fjölda fjárnámsaðgerða og búskipta og því hefur reynst erfitt að áætla fjárframlag á þessum lið.

Sameiginlegur rekstur ríkis og sveitarfélaga á gjaldheimtum er nú til endurskoðunar. Þegar aðstöðugjald var aflagt sem tekjustofn sveitarfélaga hvarf ein helsta ástæðan fyrir sameiginlegri innheimtustarfsemi þessara aðila. Sumstaðar annast gjaldheimtur enn innheimtu fasteignagjalda til sveitarsjóða en fjölmörg sveitarfélög annast þá innheimtu sjálf. Fyrir sl. áramót var samningum ríkis og sveitarfélaga um rekstur gjaldheimtna í nágrenni Reykjavíkur sagt upp og óskað eftir viðræðum við sveitarfélögin um breytta tilhögun. Niðurstöður þeirra kunna að leiða til þess að gera þurfi breytingar á frumvarpinu fyrir afgreiðslu þess.

261 - 262 ***Tollaembætti.*** Launaliðir hjá embætti ríkistollstjóra og tollstjórans í Reykjavík hækka samtals um 9 m.kr. umfram almennar launa- og verðlagshækkanir frumvarpsins. Skýrist það af því að samkvæmt samkomulagi með kjarasamningi frá árinu 1993 skulu laun tollvarða leiðrétt með tilliti til launabreytinga annarra starfsstétta, líkt og á við um lögreglumenn. Laun tollvarða hækkuðu af þessari ástæðu um nálægt 8% í desember árið

1995. Launabætur til embættanna í fjárlögum ársins 1996 tóku hins vegar einungis til hækkana samkvæmt þeim kjarasamningi sem Tollvarðafélagið hafði þá nýlega gert. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að draga úr rekstrarútgjöldum um 2,5 m.kr. hjá *ríkistollstjóra* og um 6,5 m.kr. hjá *tollstjóranum í Reykjavík* með almennri hagræðingu. Framlög til tollastarfseminnar í heild verða því óbreytt að raungildi.

Verðlagsmál og ríkisábyrgðir

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 381 Uppbætur á lífeyri; 971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur og 989 Launa- og verðlagsmál.

381 Uppbætur á lífeyri. Á þennan lið eru færðar greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) vegna uppbóta á lífeyri sem stafa af almennum launahækkunum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir þann hluta uppbótanna sem er umfram vaxta- og verðbótatekjur lífeyrissjóðsins af verðbréfum. Greiðslurnar taka þó einungis til uppbóta á lífeyri fyrrverandi ríkisstarfsmanna hjá A-hluta stofnunum því að B-hluta aðilar annast greiðslur vegna fyrrverandi starfsmanna sinna. Þessu til viðbótar færast á liðinn lífeyrisgreiðslur samkvæmt ýmsum sérlögum, m.a. til fyrrverandi þingmanna, ráðherra, hæstaréttardómara, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og starfsmanna Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárveiting vegna þessara greiðslna hækki um 145 m.kr. frá fjárlögum, einkum vegna lífeyrisþega sem eiga aðild að LSR og vegna áætlaðra áhrifa kjarasamninga á næsta ári. Heildarframlagið sundurliðast þannig:

Áætlunarliðir	m.kr.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-hluti	734
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna	52
Lífeyrissjóður alþingismanna	124
Lífeyrissjóður ráðherra	20
Ljósmæðraeftirlaun	7
Lífeyrir hæstaréttardómara	36
Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	62
Eftirlaun skv. ákvörðun bankaráðs Útvegsbanka Íslands	38
Annar lífeyrir	32
Samtals	**1.105**

971 Ríkisábyrgðir og tjónabætur. Fjárheimild þessa liðar frumvarpsins miðast við að ríkissjóður geti þurft að fjármagna allt að 220 m.kr. greiðslur vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð sem Ríkisábyrgðasjóður verður að leysa til sín. Gerð er grein fyrir fjárreiðum sjóðsins í umfjöllun um Lánasýslu ríkisins í 7. kafla frumvarpsins. Af þessum fjárlagalið eru einnig greiddar bætur til stofnana vegna fjármunatjóna sem ekki falla undir lögboðnar tryggingar. Fjárheimild til greiðslu tjónabóta er óbreytt frá fjárlögum 1996, eða 20 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál. Fjárlagafrumvarpið er sett fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1997. Samið var um launakjör við nær öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna á árinu 1995 og gilda þeir kjarasamningar í flestum tilvikum til ársloka 1996. Í frumvarpinu er miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar um að laun hækki að meðaltali svipað og í helstu samkeppnislöndum eða um 3,5% milli áranna 1996 og 1997. Launaliðir allra stofnana

hafa því verið hækkaðir sem því nemur í frumvarpinu. Sama gildir um þann þátt rekstrartilfærslna viðeigandi fjárlagaliða sem svarar til launa. Önnur rekstrargjöld stofnana hafa með sama hætti verið hækkuð um 2%, einnig í samræmi við þjóðhagsspá. Af þessum ástæðum er fjárheimild til greiðslu launa- og verðlagsbóta óbreytt frá gildandi fjárlögum, eða 40 m.kr. vegna launabóta sem kunna að leiða af ýmsum smærri kjaraákvörðunum og 30 m.kr. vegna ófyrirséðra verðbóta á verksamninga um framkvæmdir á vegum ríkissjóðs. Einnig er í frumvarpinu fært á liðinn 420 m.kr. tilfærsluframlag til að mæta hugsanlegum hækkunum á bótagreiðslum almannatrygginga sem stjórnvöld kunna að ákvarða.

Vextir

Áætlað er að vaxtagreiðslur A-hluta ríkissjóðs verði 13.550 m.kr. á árinu 1997. Undanfarin ár hefur hlutur óverðtryggðra skuldabréfa verið að aukast í innlendri lánsfjáröflun ríkissjóðs. Slíkar skuldbindingar eru almennt gerðar til skemmri tíma en þær verðtryggðu. Reikna má með að óverðtryggðar skuldbindingar beri jafnan hærri vexti en þær verðtryggðu til þess að vega upp óvissu um ávöxtun vegna verðbólgu. Reynsla annarra landa bendir til að fjármagnsmarkaðurinn geri kröfu um hærri vexti þegar skuldbindingar eru óverðtryggðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að vextir af spariskírteinum verði heldur lægri á næsta ári en í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1996, eða sem nemur um 100 m.kr. Er þá undanskilinn vaxtakostnaður vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina í ár sem nemur 10,1 milljarði króna. Talið er að vaxtagreiðslur af öðrum innlendum langtímalánum lækki um 570 m.kr. milli ára. Skýrist það aðallega af því að á næsta ári koma ekki til greiðslu vextir af ríkisbréfum en þeir nema um 400 m.kr. á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir að vextir af ríkisvíxlum verði um 130 m.kr. lægri á næsta ári en tímabundin uppsveifla varð í útgáfu þeirra á þessu ári í tengslum við sérstaka innköllun spariskírteina. Vextir af löngum erlendum lánum eru áætlaðir um 180 m.kr. hærri á næsta ári en í ár og vextir af erlendum veltilánum um 370 m.kr. hærri. Stafar það af auknum skammtímalánum ríkissjóðs en kjör hafa verið hagstæð og heimildir til útgáfu erlendra víxla eru til staðar. Þessar lántökur auka vaxtagreiðslur næsta árs þar sem um er að ræða forvexti sem gjaldfærast strax við lántöku.

Í yfirlitinu hér að neðan er sýnd sundurliðun á vaxtagjöldum 1995-1997:

Greiðslugrunnur, m.kr.	Reikningur 1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Spariskírteini	2.760	2.900	2.800
Önnur innlend lán	524	1.060	490
Skammtímalán	1.260	1.230	1.100
Erlend lán	7.895	7.430	7.610
Erlend veltilán	-	1.180	1.550
Innköllun spariskírteina 1996	-	10.100	-
Samtals	**12.439**	**13.800**	**13.550**

Annað

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokks: 402 Fasteignamat ríkisins; 481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum; 901 Framkvæmdasýslan; 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs; 990 Ríkisstjórnarákvarðanir; 995 Skýrsluvélakostnaður og 999 Ýmislegt.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Fasteignamat ríkisins	43,7	45,5	45,6	-	4
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	3,1	350,0	200,0	-43	-
Framkvæmdasýslan	4,0	5,8	2,8	-52	-30
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	147,5	25,0	20,0	-20	-86
Ríkisstjórnarákvarðanir	-	125,0	125,0	-	-
Skýrsluvélakostnaður	414,4	471,9	475,8	1	15
Ýmislegt	620,0	474,1	486,9	3	-21
Samtals	**1.232,7**	**1.497,3**	**1.356,1**	**-9**	**10**

402 Fasteignamat ríkisins. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til stofnunarinnar er óbreytt frá fjárlögum 1996. Fjárreiður stofnunarinnar tilheyra B-hluta ríkissjóðs og er fjallað um þær í 7. kafla fjárlagafrumvarpsins.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Undir þessum fjárlagalið er áætlað fyrir útgjöldum sem leiða af heimildarákvæðum skv. 6. gr. frumvarpsins, svo og fyrir útgjöldum sem ríkissjóði kann að verða gert að inna af hendi samkvæmt sérlögum en ekki er hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Heimildargrein frumvarpsins skiptist þannig: Í fyrsta lagi er ríkisstjórn og fjármálaráðherra veitt heimild til að gera breytingar á fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar sem leiða af nýjum lögum og sérstökum ákvörðunum. Í öðru lagi eru heimildir um eftirgjöf gjalda sem ekki er sérstaklega áætlað fyrir í frumvarpinu. Í þriðja lagi eru heimildir til eignasölu og er áætlað fyrir sölutekjunum í tekjugrein frumvarpsins. Í fjórða lagi eru heimildir til eignakaupa og lántöku sem þeim kann að fylgja. Loks eru ýmsar útgjaldaheimildir. Áætlun um nýtingu þessara heimilda er jafnan háð nokkurri óvissu en framlag vegna þeirra helst óbreytt frá gildandi fjárlögum og nemur 200 m.kr. Undir þessum fjárlagalið er í ár jafnframt 150 m.kr. fjárveiting á viðfangsefninu *1.90 Sparnaður í ríkisrekstri*. Sú fjárheimild er ætluð til að mæta ýmsum útgjöldum sem hljótast tímabundið af ráðstöfunum til hagræðingar í ríkisstarfseminni, t.d. biðlaunagreiðslum. Þetta viðfangsefni er fellt niður í frumvarpinu, en í staðinn er í hverju ráðuneyti gert ráð fyrir framlagi í sama tilgangi undir sérstökum lið, *950 Rekstrarhagræðing*, samtals að fjárhæð um 250 m.kr.

901 Framkvæmdasýslan. Í frumvarpinu er miðað við að stofnunin afli tekna með sölu á þjónustu til ráðuneyta og ríkisstofnana og fjármagni þannig um 95% af rekstrargjöldum sínum. Framlag úr ríkissjóði lækkar um 3 m.kr.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Á þessum lið eru færð framlög til ýmissa framkvæmda við húsbyggingar á vegum ríkisins. Fyrirhugað er að dregið verði nokkuð úr vinnu að endurbótum á húsnæði Listaskóla og lækkar fjárveiting liðarins því um 5 m.kr. miðað við gildandi fjárlög.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir. Ríkisstjórnin ráðstafar þeirri fjárheimild sem vistuð er undir þessum lið. Viðfangsefni liðarins eru tvö. Hinu fyrra, *1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt samþykktum ríkisstjórnarinnar*, er ætlað sama framlag og í fjárlögum í ár, eða 100 m.kr.

Það viðfangsefni var fyrst tekið upp í fjárlögum ársins 1990 til að mæta ýmsum ófyrirséðum eða brýnum verkefnum, þar sem ástæða þykir til að ríkisstjórn fjalli um þau fremur en eitt tiltekið ráðuneyti. Líkt og gildir um ráðstöfunarfé ráðherra er tilgangurinn með því að hafa slíkt framlag til staðar að koma í veg fyrir að ávallt þurfi að veita nýjar fjárheimildir í fjáraukalögum. Framlag til síðara viðfangsefnisins undir þessum lið, *1.90 Markaðsátak erlendis*, er einnig óbreytt frá gildandi fjárlögum og nemur 25 m.kr. Eins og í fjárlögum undanfarinna ára er sú fjárveiting ætluð til stuðnings við markaðsstarf íslenskra fyrirtækja á erlendri grund.

995 Skýrsluvélakostnaður. Á þessum lið eru veitt framlög til rekstrar, viðhalds og nýsmíði helstu tölvukerfa varðandi fjármál ríkisins. Með stofnkostnaði eru talin hönnun hugbúnaðar og meiri háttar endurbætur á kerfunum. Fjárveiting til þessara verkefna nemur 476 m.kr. og hækkar lítillega frá gildandi fjárlögum, eða um 4 m.kr. Helsta breytingin er að lagt er til að fjárveiting til að hefja endurnýjun launakerfis ríkisins er aukin úr 4 m.kr. í 14 m.kr. milli ára. Á móti er hugbúnaðarsmíði annarra kerfa dregin saman. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu útgjalda á viðfangsefni undir þessum lið:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Launagreiðslukerfi	56,4	61,0	63,0	3	12
Tekjubókhaldskerfi	120,8	119,0	121,0	2	-
Skattvinnslukerfi	81,9	119,0	119,0	-	45
Bókhalds- og áætlanakerfi	43,7	42,0	42,0	-	-4
Innheimtuskilakerfi	14,5	14,5	14,5	-	-
Forsendukerfi innheimtugagna	10,3	16,6	17,0	2	65
Hugbúnaðargerð fyrir	0,2	4,0	14,0	-	-
Hugbúnaðargerð f. tekjubókhaldskerfi	39,7	40,0	35,0	-13	-12
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi	45,9	20,0	17,0	-15	-63
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR	1,0	15,0	14,0	-7	-
Hugbúnaðargerð fyrir rekstrarframtöl	-	12,0	11,0	-8	-
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi	-	8,8	8,3	-6	-
Samtals	**414,4**	**471,9**	**475,8**	**1**	**15**

999 Ýmislegt. Á þennan fjárlagalið er færður ýmis kostnaður sem ekki verður heimfærður til annarra málefnaflokka. Auk almennra launa- og verðlagshækkana breytast einungis framlög til tveggja viðfangsefna. Annars vegar er felld niður 5 m.kr. fjárveiting sem ætluð var til kaupa á bifreiðum fyrir ríkisstofnanir. Gert er ráð fyrir að framvegis verði leyst úr slíkum málum í fjárlagagerð hvers ráðuneytis fyrir sig. Hins vegar er tekið upp 15 m.kr. framlag á nýju viðfangsefni, *1.41 Útboðs- og einkavæðingarverkefni*. Er það ætlað til að mæta kostnaði Framkvæmdanefndar um einkavæðingu við undirbúning að sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa og útboð rekstrarverkefna. Fjárveitingin miðast við að beinn sölukostnaður verði endurheimtur með hlutdeild í sölutekjum en að standa þurfi straum af ýmsum sameiginlegum útgjöldum og þeim sem falla til þótt ekki verði af sölu. Fyrirhugað er að flytja framlagið undir forsætisráðuneytið við afgreiðslu frumvarpsins.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35,1	35,9	2
Kjarasamningar	16,0	16,6	4
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19,9	19,9	-
Kjararannsóknir	5,4	5,5	2
Ýmis sameiginlegur kostnaður	14,0	14,4	3
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar	123,2	123,2	-
Ýmsar endurgreiðslur	40,0	40,0	-
Lífeyrissjóður bænda	139,0	139,0	-
Útboðs- og einkavæðingarverkefni	-	15,0	-
Ýmsar nefndir	3,0	3,1	3
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1,7	1,7	-
Dómkröfur	30,0	30,6	2
Kjaradómur og kjaranefnd	4,5	4,7	4
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5,0	5,0	-
Óviss útgjöld	17,3	17,3	-
Ríkisbifreiðar, framlag	5,0	-	-100
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15,0	15,0	-
Samtals	**474,1**	**486,9**	**-3**

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld samgönguráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	241,4	282,5	266,3	-6	10
Vegamál	7.612,2	6.663,0	6.964,0	5	-9
Siglingamál	871,2	774,3	777,2	0	-11
Flugmál	553,1	411,2	425,4	3	-23
Ferðamál	141,5	125,2	117,3	-6	-17
Rekstrarhagræðing	-	-	7,0	-	-
Samtals	**9.419,4**	**8.256,2**	**8.557,2**	**4**	**-9**
Rekstrarkostnaður	659,6	731,7	656,5	-10	-0
Neyslu- og rekstrar	149,3	249,7	221,5	-11	48
Viðhald og stofnkostnaður	8.610,5	7.274,8	7.679,2	6	-11
Samtals	**9.419,4**	**8.256,2**	**8.557,2**	**4**	**-9**

Heildarútgjöld ráðuneytisins munu nema 8.557 m.kr. á árinu 1997 og hækka um 300 m.kr. frá fjárlögum 1996. Þessi hækkun er nær öll í útgjöldum til vegamála.

Rekstrarkostnaður ráðuneytisins er áætlaður 656 m.kr. á næsta ári en það er 75 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1996. Ástæða þess er að tekjur af flugvallar- og eldsneytisgjaldi, sem eru markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, aukast um 107 m.kr. Þessar tekjur eru færðar sem sértekjur flugvalla og koma til lækkunar á rekstrarkostnaði þó svo að stór hluti þeirra fari til framkvæmda við flugvelli. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessu lækkar rekstrarkostnaður ráðuneytisins um 2% að raungildi eða sem nemur þeirri kröfu sem gerð er til stofnana ráðuneytisins um hagræðingu í rekstri.

Rekstrartilfærslur ráðuneytisins lækka um 28 m.kr. frá fjárlögum 1996 m.a. vegna þess að tímabundið framlag til hótela, sem opin eru allt árið, fellur niður.

Fjárveiting til viðhalds og stofnkostnaðar hækkar um 404 m.kr. í fjárlögum 1997. Skýringin á því er sú að markaðir tekjustofnar til vegagerðar og flugmála hafa hækkað umtalsvert frá fjárlögum 1996.

Reiknuðum ársverkum ráðuneytisins fækkar lítilsháttar milli ára.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Heildarframlag nemur 266 m.kr. samanborið við 282 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og lækkar því um 16 m.kr. Framlag til aðalskrifstofunnar verður 109 m.kr. og breytist ekki að raungildi milli ára. Nýlega er lokið endurbótum og stækkun á húsnæði aðalskrifstofu ráðuneytisins en verkefni hafa færst til aðalskrifstofu m.a. í kjölfar ákvæða í EES-samningi og þess að Póst- og símamálastofnun verður að hlutafélagi um næstu áramót.

190 Ýmis verkefni. Gert er ráð fyrir framlögum til 16 verkefna á árinu 1997, samtals að fjárhæð 152 m.kr. Helstu breytingar eru þær að 6 m.kr. eru veittar í aðstoð við að koma á fót siglingamálastofnun í Namibíu en sá kostnaður felst m.a. í starfi lögfræðings í hálft ár. Sérstök tímabundin framlög til hótela, sem opin eru allt árið, á landsbyggðinni og til kaupa á björgunarbátnum Þór, samtals 19 m.kr., falla nú niður. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þróun fjárveitinga til þessa fjárlagaliðar.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar .	27,9	30,2	28,1	-7	1
Siglingamálastofnun Namibíu	-	-	6,2	-	-
Rannsóknanefnd sjóslysa	9,5	7,0	7,2	3	-24
Lög- og réttindaskráning sjómanna ..	1,2	0,9	0,9	-	-25
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	0,3	3,2	3,0	-6	-
Slysavarnarskóli sjómanna	32,0	33,6	31,9	-5	-0
Tilkynningarskylda íslenskra skipa ..	20,2	19,8	18,8	-5	-7
GPS-staðsetningarkerfi	1,1	7,6	7,2	-5	-
Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	1,4	1,1	1,0	-9	-29
Slysavarnarfélag Íslands	16,7	16,7	15,6	-7	-7
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	1,5	10,0	9,3	-7	-
Landsbjörg	9,0	11,0	8,4	-24	-7
Flugeftirlitsnefnd	2,6	2,6	2,5	-4	-4
Flugskóli Íslands	12,5	10,4	9,7	-7	-22
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1,0	1,0	1,0	-	-
Athugun á öryggi fiskiskipa	1,2	1,3	1,2	-8	-
Hótel, opin allt árið	-	15,0	-	-	-
Önnur verkefni	6,4	-	-	-	-
Samtals	**144,5**	**171,4**	**152,0**	**-11**	**5**

Vegamál

Til þessa málefnaflokks telst eingöngu 211 Vegagerðin. Heildarframlag er áætlað 6.964 m.kr. samanborið við 6.663 m.kr. í fjárlögum 1996. Framlag til sérstaks framkvæmdaátaks í vegamálum vegna atvinnumála er óbreytt á milli ára og verður 650 m.kr. Átakið mun standa til ársins 1998 og tekur til afmarkaðra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Átakið er fjármagnað til helminga með hækkun bensíngjalds og framlagi úr ríkissjóði. Forsendur markaðra tekna þ.e. bensíngjald, þungaskattur og olíugjald, eru nánar skýrðar í 5. kafla greinargerðarinnar. Af mörkuðum tekjustofnum munu 856 m.kr. renna í ríkissjóð, samanborið við 637 m.kr. í fjárlögum 1996. Endurskoða þarf því gildandi vegaáætlun.

Á undanförnum árum hefur verið lögð sérstök áhersla á framkvæmdir í vegamálum. Til að auka atvinnu og efla búsetu í öllum landshlutum. Á tiltölulega stuttu tímabili hafa átt sér stað stórfelldar umbætur í vegamálum. Í ársbyrjun 1988 var til að mynda búið að leggja bundið slitlag á um 1.730 km en í árslok 1997 er talið að bundið slitlag verði komið á um 3.300 km miðað við áform um framlag til vegamála í fjárlagafrumvarpi 1997. Þessu til viðbótar hefur verið ráðist í ýmsar stórframkvæmdir eins og jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla og á Vestfjörðum, samtals 12,6 km löng og 8 stórar brýr sem eru á bilinu 100 til 360 metrar að lengd hver. Eins og sjá má af eftirfarandi töflu verður á þessu 10 ára tímabili varið til vegamála 67,4 milljörðum króna á áætluðu meðalverðlagi 1997, eða 1,5 milljörðum króna umfram lögbundna tekjustofna.

Í milljónum króna á áætluðu meðalverðlagi 1997	Framlög til vegamála	Lögbundnar tekjur	Mismunur
1988	5.171	5.359	-188
1989	5.538	6.137	-599
1990	5.980	5.739	241
1991	6.150	6.107	43
1992	6.359	6.548	-189
1993	8.162	6.869	1.293
1994	7.982	7.044	938
1995	8.034	7.221	813
1996 (áætlun)	7.107	7.453	-346
1997 (frumvarp)	6.964	7.470	-506
Samtals	**67.447**	**65.947**	**1.500**

Gert er ráð fyrir að ráðstafa 6.964 m.kr. til vegamála á árinu 1997 og með eftirfarandi hætti: Til viðhalds vega fara 3.130 m.kr., til yfirstjórnar Vegagerðarinnar renna 286 m.kr. og 460 m.kr. til reksturs ferja og afborgana af byggingarlánum þeirra. Þá fara 650 m.kr. til áðurnefnds framkvæmdaátaks í vegamálum og 2.438 m.kr., til annarra framkvæmda og tilrauna.

Siglingamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 335 Siglingastofnun Íslands. Heildarframlagið nemur 777 m.kr. Starfsemi Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar ríkisins hefur verið sameinuð undir nýju nafni Siglingastofnun Íslands. Auk þess faglega ávinnings sem næst með sameiningunni er talið að árlegur rekstrarkostnaður lækki um 15 m.kr. þegar sameiningunni er að fullu lokið. Rekstrarútgjöld stofnunarinnar lækka á árinu 1997 um 5 m.kr. að raungildi, í samræmi við þjónustusamning ráðuneytisins við Vita- og hafnamálastofnun. Í samræmi við ákvæði EES-samningsins er 4,5 m.kr. varið á næsta ári til

að skoða öryggisbúnað og atvinnuskírteini í fjórða hverju erlendu skipi sem kemur til hafnar hérlendis. Þá er lokið stækkun húsnæðis stofnunarinnar að Vesturvör 2 en bætt var við einni hæð. Starfsemi hinnar sameinuðu stofnunar hefst nú í október. Til framkvæmda í höfnum, verður varið 659 m.kr. eða sömu fjárhæð og í fjárlögum 1996. Þar af fara 567 m.kr. til hafnarmannvirkja, 51 m.kr. til sjóvarnagarða og 41 m.kr. til annarra framkvæmda. Þessum fjárhæðum verður skipt á einstök verk við meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Flugmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir: 471 Flugmálastjórn; 472 Flugvellir og 481 Rannsóknanefnd flugslysa. Heildarframlag á næsta ári er áætlað 425 m.kr. og hækkar um 14 m.kr. milli ára.

471 ***Flugmálastjórn.*** Framlög til Flugmálastjórnar nema 375 m.kr. á næsta ári og hækka um 3 m.kr. milli ára. Vegna aðskilnaðar Rannsóknanefndar flugslysa frá rekstri Flugmálastjórnar í júní sl. færast 6,8 m.kr. til nefndarinnar og koma fram á fjárlagalið 481. Þá er stofnuninni ætlað að lækka rekstrarútgjöld sín um 4,3 m.kr., m.a. með auknu samstarfi við tækjadeild Vegagerðarinnar og auknum útboðum.

472 ***Flugvellir.*** Áætlað er að kostnaður við rekstur og viðhald flugvalla á árinu 1997 nemi 302 m.kr. Þeim kostnaði verður mætt með 76 m.kr. sértekjum flugvalla, einkum lendingargjöldum, 190 m.kr. af mörkuðum tekjustofnum flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallargjaldi og eldsneytisgjaldi og 36 m.kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði. Markaðar tekjur flugmálaáætlunar, flugvallargjald og eldsneytisgjald, eru taldar nema alls um 500 m.kr. árið 1997 en voru 393 m.kr í fjárlögum 1996. Af þeirri fjárhæð er áformað að verja 60 m.kr. til framkvæmda við flugstöð Leifs Eiríkssonar og 250 m.kr. fara til framkvæmda við flugvelli. Þessi áform kalla á endurskoðun á gildandi flugmálaáætlun.

481 ***Rannsóknanefnd flugslysa.*** Lagt er til að framlag til nefndarinnar verði 14 m.kr. á næsta ári samanborið við 5 m.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Ákveðið hefur verið að skilja að rekstur Flugmálastjórnar og nefndarinnar og er gert ráð fyrir 2 m.kr. auknum kostnaði vegna þess. Að auki færist 6,8 m.kr. fjárveiting frá Flugmálastjórn til nefndarinnar sem jafngildir þeim kostnaði sem flugmálastjórn hafði af rekstri nefndarinnar árið 1995.

Ferðamál

Til þessa málefnaflokks telst fjárlagaliðurinn 651 Ferðamálaráð. Framlag næsta árs nemur 117 m.kr. samanborið við 125 m.kr. í fjárlögum 1996 sem er 8 m.kr. lækkun milli ára. Tímabundið framlag vegna ferðamálarannsókna, 3 m.kr., fellur niður svo og tímabundið 5 m.kr. framlag vegna fjölsóttra ferðamannastaða.

11 Iðnaðarráðuneyti

Útgjöld iðnaðarráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	59,7	64,0	64,1	0	7
Iðnaðarmál	268,8	233,7	227,4	-3	-15
Orkumál	888,6	857,1	822,7	-4	-7
Rekstrarhagræðing	-	-	3,0	-	-
Samtals	**1.217,1**	**1.154,8**	**1.117,2**	**-3**	**-8**
Rekstrarkostnaður	486,5	464,0	436,2	-6	-10
Neyslu- og rekstrartilfærslur	678,1	631,6	622,2	-1	-8
Stofnkostnaður og viðhald	52,5	59,2	58,8	-1	12
Samtals	**1.217,1**	**1.154,8**	**1.117,2**	**-3**	**-8**

Heildarframlög til iðnaðarráðuneytis nema 1.117 m.kr. og lækka um rúm 3% milli ára. Lækkun frá reikningi 1995 nemur 8%. Nokkrar breytingar verða á skipulagi stofnana og er ætlað að þær geti aukið skilvirkni og sparað fjármuni, svo sem frá er greint hér á eftir.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 102 Einkaleyfastofan og 199 Ráðstöfunarfé. Framlög nema 64,1 m.kr. og eru sem næst óbreytt frá fjárlögum þessa árs. Á *101 Aðalskrifstofu* fellur niður fjárveiting til verkefnaútflutnings að fjárhæð 3 m.kr. en hins vegar er tekið upp 1,5 m.kr. framlag vegna vinnu við nýsköpunar- og stóriðjumál.

Iðnaðarmál

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 201 Iðntæknistofnun Íslands; 203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins; 240 Iðnaðarrannsóknir og 299 Iðja og iðnaður, framlög. Heildarframlag nemur 227,4 m.kr. og lækkar um nær 3% milli ára.

201 Iðntæknistofnun Íslands. Stofnunin stuðlar að nýsköpun í atvinnulífinu með rannsóknum, vöruþróun, fræðslu, ráðgjöf og prófunum. Um 70% af starfsemi stofnunarinnar er kostuð af sértekjum einstakra verkefna sem stofnunin vinnur, bæði fyrir hið opinbera og einkaaðila. Fjárveiting til stofnunarinnar lækkar um 2,4 m.kr. í 94 m.kr. og er sú lækkun komin til vegna hagræðingar sem m.a. felst í aukinni samvinnu milli Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Framlag til stofnunarinnar lækkar um 1,1 m.kr. og verður 55,1 m.kr. Lækkunin er af sömu ástæðu og hjá Iðntæknistofnun og felst í því að þessar stofnanir auka samvinnu sín í milli. Gerður var þjónustusamningur við stofnunina sem tók gildi í ársbyrjun 1995 og gildir í þrjú ár. Samningurinn tiltekur þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að vinna að, og er gerð hans ein af tilraunum ríkisins við að koma á þjónustusamningum við stofnanir þar sem hlutverk þeirra og verkefni eru skilgreind.

240 Iðnaðarrannsóknir. Fjárveitingunni er varið til að athuga ýmsa iðnaðar- og orkunýtingarkosti og til kynningar á virkjunarmöguleikum. Framlag ráðuneytisins til norrænu orkurannsóknaáætlunarinnar er einnig greitt af þessum fjárlagalið. Þeirri áætlun lýkur 1998. Einnig er kostnaður af þátttöku Íslands í SAVE- og ALTERER-áætlunum Evrópusambandsins greiddur af þessum lið, en þar er um að ræða rannsóknir á sviði orkusparnaðar og endurnýjanlegra orkugjafa. Fjárveiting nemur 13,5 m.kr. og er nær óbreytt frá þessu ári.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Ýmis verkefni á sviði iðnaðarmála eru greidd af þessum lið. Fjárveiting nemur 64,8 m.kr. og lækkar um 3 m.kr. frá þessu ári. Fjárveiting til *1.19 Staðlaráðs* í frumvarpi þessu nemur 3,8 m.kr. og er þar um grunnfjárveitingu til Staðlaráðsins að ræða. Auk gerðar íslenskra staðla sinnir ráðið samstarfi á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi fyrir Íslands hönd. Það hlutast til um gildistöku evrópskra staðla og aðlögun þeirra að íslenskum aðstæðum, m.a. í samræmi við skuldbindingar EES-samningsins. Ráðuneytið hefur að verulegu leyti kostað þetta starf. Vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) ber Íslendingum að gerast fullgildir aðilar að Alþjóðastaðlaráðinu (ISO) og hefur það viðbótarkostnað í för með sér. Því verður óskað lagaheimildar til álagningar sérstaks gjalds til að standa undir hluta af kostnaði vegna staðlamála og tæki atvinnulífið þannig aukinn þátt í kostnaði við starfsemi Staðlaráðsins.

Nokkur viðfangsefni á þessum fjárlagalið hafa verið sameinuð undir tveimur nýjum viðfangsefnum. Annað er *1.30 Alþjóðlegt samstarf* með 18,1 m.kr. fjárveitingu. Áformað er að greiða ýmsan kostnað af þessum lið sem lýtur að erlendu samstarfi, svo sem vegna staðlamála, Parísarsamþykktar um vernd á sviði iðnaðar, Eurekaáætlunarinnar, alþjóðlegs rannsóknarsamstarfs á vegum Evrópusambandsins svo og framlag til viðskiptafulltrúa í Moskvu. Síðastnefnda framlagið var á sérstöku viðfangsefni til þessa, en fellur nú niður um leið og samningur um stuðning ríkissjóðs við að kosta fulltrúann rennur út. Hitt viðfangsefnið er *1.50 Nýsköpun í atvinnumálum* og nemur fjárveiting 32,5 m.kr. Á þessu ári hafa iðnaðarráðuneytið, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Iðntæknistofnun staðið saman að sérstöku átaki til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar. Megnið af þeim liðum sem nú eru sameinaðir falla undir þetta átak sem kostað verður að hluta af þessu viðfangsefni.

Orkumál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 301 Orkustofnun; 302 Rafmagnseftirlit ríkisins; 371 Orkusjóður og 399 Ýmis orkumál. Heildarframlag til þessa málefnaflokks nemur 823 m.kr. og lækkar um 4%.

301 Orkustofnun. Auk ráðgjafar og þjónustu við iðnaðarráðuneytið og aðra opinbera aðila eru meginverkefni Orkustofnunar á sviði rannsókna. Meðal helstu rannsóknarverkefna má nefna undirbúningsrannsóknir fyrir virkjun innlendra orkulinda, nýtingarrannsóknir orku, þróunarrannsóknir til að endurbæta rannsóknar- og vinnsluaðferðir, svo og rannsóknir á orkubúskap.

Starfsemi Orkustofnunar hefur verið til ítarlegrar athugunar undanfarið ár og er nú áformað að breyta skipulagi stofnunarinnar og skipta henni í tvö meginsvið, stjórnsýslusvið og rannsóknarsvið. Stjórnsýslusviðið annist m.a. ráðgjöf fyrir stjórnvöld um

orkubúskap. Það fari jafnframt með þær fjárveitingar sem veitt er til orkurannsókna og kaupi slíkar rannsóknir af rannsóknarsviðinu eða öðrum aðilum. Rannsóknarsviðið verði sjálfstæð rekstrareining sem standi undir sér með sölu á rannsóknarverkum, bæði til stjórnsýsluhluta stofnunarinnar, orkufyrirtækja og annarra aðila. Gerð verði rannsóknaráætlun í samráði við orkufyrirtækin og í kjölfarið verði gerðir rannsóknarsamningar.

Með þessari skipan er gert ráð fyrir að lækka megi heildarframlag til stofnunarinnar um 25 m.kr. Af 184,2 m.kr. fjárveitingu til stofnunarinnar er ætlað að verja megi um tveimur þriðju hlutum til kaupa á rannsóknum.

Skipting fjárveitinga milli stjórnsýslusviðs og rannsóknarsviðs er ekki endanlega ákveðin í frumvarpi þessu og mun sú skipting verða endurskoðuð meðan fjárlagafrumvarpið er í meðförum Alþingis.

302 ***Rafmagnseftirlit ríkisins.*** Á haustþingi verður lagt fram frumvarp um sameiningu Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofunnar sem nú heyrir undir viðskiptaráðuneyti. Ný stofnun, Löggildingarstofa, taki við hlutverki beggja. Með þessari sameiningu er gert ráð fyrir 5 m.kr. sparnaði í sameiginlegum fjárveitingum stofnanna sem í frumvarpi þessu er skipt til helminga milli þeirra. Nái fyrrgreint frumvarp fram að ganga fyrir afgreiðslu fjárlaga, verður lagt til að fjárveitingar stofnananna verði sameinaðar. Fjárveiting til Rafmagnseftirlits nemur 59,5 m.kr. og lækkar um 1 m.kr. milli ára.

371 ***Orkusjóður.*** Framlag til Orkusjóðs nemur 30 m.kr. og er óbreytt frá þessu ári. Áformað er að efna til orkusparnaðarátaks til að draga úr kostnaði við húshitun og fá Orkusjóð til samstarfs um það. Því verður nauðsynlegt að breyta lögum um sjóðinn og útvíkka hlutverk hans.

399 ***Ýmis orkumál.*** Framlag á þessum lið nemur 549 m.kr. og þar af renna 437 m.kr. til niðurgreiðslu á rafhitun og er gert ráð fyrir óbreyttum reglum um úthlutun framlagsins. Aðrar fjárveitingar á þessum lið eru óbreyttar milli ára.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld viðskiptaráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	90,6	85,5	82,5	-4	-9
Viðskiptamál	107,8	112,6	111,0	-1	3
Rekstrarhagræðing	-	-	1,0	-	-
Samtals	**198,4**	**198,1**	**194,5**	**-2**	**-2**
Rekstrarkostnaður	165,1	168,0	164,4	-2	-0
Neyslu- og rekstrartilfærslur	24,6	26,1	26,1	0	6
Stofnkostnaður og viðhald	8,7	4,0	4,0	0	-54
Samtals	**198,4**	**198,1**	**194,5**	**-2**	**-2**

Heildarútgjöld viðskiptaráðuneytisins nema 194,5 m.kr. og lækka um tæp 2% frá þessu ári. Nokkrar breytingar verða á fyrirkomulagi Löggildingarstofu og skráningu hlutafélaga sem eiga að skila sparnaði og hagkvæmni.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé. Fjárveiting til *101 Aðalskrifstofu* ráðuneytisins nemur 69,8 m.kr. og lækkar um 3,1 m.kr. Sérstök 5 m.kr. fjárveiting á árinu 1996 vegna markaðseftirlits fellur niður, samanber umfjöllun um Löggildingarstofu hér á eftir.

190 Ýmis verkefni. Fjárveiting nemur 9,7 m.kr. og er nær óbreytt frá þessu ári. Liðirnir *1.11 Dreifbýlisverslun, stuðningsaðgerðir* og *1.20 Icepro-nefnd* hafa verið færðir undir *1.90 Ýmis viðskipta- og bankamál.* Ætlunin er að kostnaður vegna áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði framvegis greiddur af þessum lið. Fram til þessa hefur engin fjárveiting fengist fyrir þessum kostnaði en hann hefur verið greiddur af ráðstöfunarfé ráðherra. Lögð verður til breyting á samkeppnislögum þess efnis að greitt verði gjald er svari til kostnaðar við áfrýjun mála. Sú lagabreyting er grundvöllur fyrir að þær 2 m.kr. í sértekjum sem færast á þennan lið nái fram að ganga.

Viðskiptamál

Fjárlagaliðirnir 301 Löggildingarstofan; 401 Vátryggingaeftirlitið; 902 Samkeppnisstofnun; 903 Skráning hlutafélaga og 999 Ýmis viðskiptamál heyra undir þennan málefnaflokk.

301 Löggildingarstofan. Svo sem getið var í greinargerð um Rafmagnseftirlit ríkisins undir iðnaðarráðuneyti hér á undan verður frumvarp lagt fram um sameiningu Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofu í nýja stofnun, Löggildingarstofu, sem á að heyra undir viðskiptaráðuneytið. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. sparnaði í rekstri beggja stofnanna og en honum skipt til helminga milli þeirra í frumvarpi þessu. Framlag til Löggildingarstofu nemur 6,7 m.kr. og lækkar um 2,2 m.kr. frá þessu ári. Vakin er athygli á að sértekjur eru taldar hækka um 10,8 m.kr. í 41 m.kr. Að baki því liggur áform ráðuneytisins um að flytja frumvarp til laga um markaðseftirlitsgjald sem geti gefið um 10 m.kr. í tekjur.

902 Samkeppnisstofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 81 m.kr. og hækkar um 4,4 m.kr. frá þessu ári. Hækkunin stafar af auknum verkefnum.

903 Skráning hlutafélaga. Að undanförnu hefur starfshópur ráðuneytisstjóra með aðstoð Hagsýslu ríkisins, unnið að tillögum um samþætta skráningu félaga og fyrirtækja. Er að því stefnt að slík skráning færist alfarið til Hagstofu Íslands þar sem skráning hlutafélaga verði unnin með fyrirtækjaskráningu. Fagleg ábyrgð á hlutafélagaskrá verði hins vegar áfram í höndum viðskiptaráðuneytis. Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessi áform. Tillögur að þessum flutningi eru ekki fullunnar, og fjárveitingar hafa því ekki verið fluttar til Hagstofu í frumvarpi þessu. Unnið verður að málinu meðan fjárlagafrumvarpið er í meðförum þingsins. Talið er að með þessu móti megi spara 4 m.kr.

13 Hagstofa Íslands

Útgjöld Hagstofu Íslands breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Aðalskrifstofa	149,3	158,9	153,3	-4	3
Rekstrarhagræðing	-	-	1,0	-	-
Samtals	**149,3**	**158,9**	**154,3**	**-3**	**3**
Rekstrarkostnaður	139,8	155,1	142,0	-8	2
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5,3	3,8	3,8	0	-28
Stofnkostnaður og viðhald	4,2	-	8,5	-	102
Samtals	**149,3**	**158,9**	**154,3**	**-3**	**3**

Útgjöld Hagstofu Íslands lækka um 4,6 m.kr. í 154,3 m.kr. Lækkunin stafar af 6 m.kr. sparnaði í rekstrargjöldum og niðurfellingu á tímabundinni fjárveitingu til neyslukönnunar, 4 m.kr. Á móti kemur 5,4 m.kr. hækkun vegna áætlaðra verðhækkana og launabreytinga. Sú breyting hefur verið gerð á uppsetningu kostnaðartegunda að nú eru 8,5 m.kr. færðar sem stofnkostnaður en voru færðar sem eignakaup í fjárlögum þessa árs.

Fjárlagaliðir Hagstofunnar breytast þannig að liður *102 Þjóðskráin* sem hefur verið sérstakur fjárlagaliður til þessa er nú færður sem viðfangsefni á lið *101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa*. Ekki þótti ástæða til að halda þessum lið sérstaklega til haga þar sem hann er samofinn annarri starfsemi Hagstofunnar.

Eins og getið er í kaflanum um viðskiptaráðuneyti hér á undan, er áformað að flytja skráningu hlutafélaga til Hagstofunnar. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim tilflutningi enn, en málið verður undirbúið meðan frumvarpið er í meðförum þingsins.

14 Umhverfisráðuneyti

Útgjöld umhverfisráðuneytis breytast milli ára sem hér segir:

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Ráðuneyti	161,4	165,6	176,5	7	9
Umhverfisvernd	194,9	312,4	317,8	2	63
Skipulagsmál	97,5	113,0	115,6	2	19
Rannsóknir o.fl.	307,0	354,5	374,1	6	22
Rekstrarhagræðing	-	-	4,0	-	-
Samtals	**760,8**	**945,5**	**988,0**	**4**	**30**
Rekstrarkostnaður	628,0	702,1	779,7	11	24
Rekstrar- og neyslutilfærslur	70,4	89,7	70,9	-21	1
Viðhald og stofnkostnaður	62,4	153,7	137,4	-11	120
Samtals	**760,8**	**945,5**	**988,0**	**4**	**30**

Áætluð rekstrarútgjöld umhverfisráðuneytis hækka um tæplega 78 m.kr. og verða nálægt 780 m.kr. Raunhækkun rekstrargjalda er um 50 m.kr. og hana má að mestu rekja til

fjögurra stofnana. Fyrsta er að telja Hollustuvernd ríkisins en framlag til hennar hækkar verulega á grundvelli samkomulags milli umhverfisráðherra og fjármálaráðherra um málefni stofnunarinnar. Þá hækkar framlag til aðalskrifstofu, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands vegna aukinna verkefna. Sértekjur hækka hjá Veðurstofu og hjá Náttúrufræðistofnun. Áætlað er að ársverkum umhverfisráðuneytis fjölgi um tæp 6% frá fjárlögum 1996 og rekstrarútgjöld aukast um rúm 24% miðað við reikningsniðurstöðu ársins 1995. Rekja má hækkun rekstrarútgjalda milli áranna 1995 og 1996 til aukinna umsvifa Veðurstofunnar við snjóflóðarannsóknir og -eftirlit, flutnings á verkefnum til ráðuneytisins auk fleiri þátta.

Lagt er til að rekstrar- og neyslutilfærslur verði 70,9 m.kr. á næsta ári en það er um 19 m.kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Nokkrar smærri millifærslur eru milli liða en lækkunin skýrist nær eingöngu af niðurfellingu á endurgreiðslu til sveitarfélaga vegna eyðingar refa.

Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækkar um rúmlega 16 m.kr. milli ára og verður 137,4 m.kr. Lækkunin skýrist að mestu af millifærslu milli gjaldategunda hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands. Þá er framlag til fráveitna sveitarfélaga óbreytt frá fjárlögum 1996 og nemur 100 m.kr.

Hér á eftir er fjallað um einstaka málefnaflokka og fjárlagaliði þar sem tilefni er til.

Ráðuneyti

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 101 Aðalskrifstofa; 190 Ýmis verkefni og 199 Ráðstöfunarfé.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

101 Aðalskrifstofa. Nokkrar breytingar verða á rekstrarframlagi til aðalskrifstofunnar en það nemur alls 98,6 m.kr. Umhverfisráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafa haft sameiginlegan starfsmann við sendiráðið í Brussel. Kostnaður hefur reynst meiri en upphaflega var áætlað og vex hlutur umhverfisráðuneytis um 1,5 m.kr. Þá var á þessu ári ráðinn starfsmaður í hálft starf vegna setningar laga nr. 151/1995, um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, en í lögunum er þessi málaflokkur færður frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Nú er gert ráð fyrir manni í fullu starfi og hækkar framlag af þeim sökum um 2 m.kr. Nýtt starf vegna mengunar- og matvælaeftirlits bætist við en verkefni hafa aukist við flutning Hollustuverndar ríkisins frá heilbrigðisráðuneyti til umhverfisráðuneytis á árinu 1994 og flutning mengunarsviðs Siglingamálastofnunar til Hollustuverndar á miðju síðasta ári. Kostnaður er áætlaður um 3,6 m.kr. Loks hækkar framlag um 3,5 m.kr. vegna stefnumörkunar í umhverfismálum en fjárhæðin er millifærð af fjárlagaliðnum 190 Ýmis verkefni. Á móti framangreindum hækkunum fellur niður tímabundin fjárveiting til að gera úttekt á Hollustuvernd ríkisins en hún nemur 1,5 m.kr. á þessu ári.

190 Ýmis verkefni. Til þessa fjárlagaliðar eru veittar 73,9 m.kr. og hækkar framlagið um 1,2 m.kr. frá fjárlögum 1996. Fjárveitingin skiptist á viðfangsefni sem hér segir:

M.kr.	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Breyting
Stefnumörkun í umhverfismálum	3,5	-	-3,5
Ýmis umhverfisverkefni	13,7	17,0	3,3
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6,5	6,5	0,0
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	2,0	-	-2,0
Umhverfisvöktun	28,0	28,6	0,6
Mengunarslys	0,5	0,5	0,0
Alþjóðastofnanir	9,0	10,2	1,2
Undirbúningur náttúrustofa	0,5	0,5	0,0
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	3,0	3,1	0,1
Vernd Breiðafjarðar	1,5	1,0	-0,5
Þjóðgarður á Snæfellsnesi	2,5	2,0	-0,5
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2,0	2,0	0,0
Náttúruverndarráð	-	2,5	2,5
Samtals	**72,7**	**73,9**	**1,2**

Framlag lækkar um 5,5 m.kr. vegna viðfangsefna sem flytjast á aðra fjárlagaliði. Fjárveiting til viðfangsefnisins *1.22 Stefnumörkun í umhverfismálum* flyst til aðalskrifstofu en framlag til *1.34 Rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls* til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fjárveiting til *1.23 Ýmissa umhverfisverkefna* hækkar um 3,3 m.kr. og verður 17 m.kr. Hækkun er annars vegar vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um jarðvegseyðingu sem haldin verður á Íslandi á næsta ári og hins vegar vegna reksturs svokallaðrar CAFF-skrifstofu á Akureyri (Conservation of Arctic Flora and Fauna). Starfandi er fastanefnd á vegum ríkjasamstarfs um umhverfisvernd á norðurslóðum og hefur skrifstofa þessarar nefndar verið í Kanada en var flutt til Íslands í apríl síðastliðnum. Áætluð útgjöld vegna *1.40 Alþjóðastofnana* hækka um 1,2 m.kr. og er meginhluti hækkunarinnar ætlaður til að greiða aðildargjöld Íslands að Umhverfisstofnun Evrópu. Við bætist nýtt viðfangsefni, *1.59 Náttúruverndarráð*, vegna nýrra laga um náttúruvernd og breytts hlutverks ráðsins og er framlag 2,5 m.kr. Önnur viðfangsefni breytast ekki eða óverulega.

Umhverfisvernd

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn; 205 Náttúruvernd ríkisins; 210 Veiðistjóri; 221 Hollustuvernd ríkisins og 281 Styrkir til fráveitna sveitarfélaga.

Rekstrarframlag, að meðtöldum neyslu- og rekstrartilfærslum, hækkar um 6,9 m.kr. milli ára og er áætlað 203,8 m.kr. Skýringa á hækkun er að mestu að leita til aukinnar fjárveitingar til Hollustuverndar ríkisins en á móti fellur niður endurgreiðsla til sveitarfélaga vegna eyðingu refa. Með lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd, fellur fjárlagaliðurinn *201 Náttúruverndarráð* niður en við bætist nýr liður *205 Náttúruvernd ríkisins*. Breytingin hefur ekki í för með sér hækkun á áætluðum kostnaði.

Viðhalds- og stofnkostnaðarframlag er áætlað 114 m.kr. en er 115,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Framlagið er ætlað að meginhluta til að styrkja framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, sbr. lög nr. 53/1995 þar um.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

205 Náttúruvernd ríkisins. Á 120. löggjafarþingi voru samþykkt lög um náttúruvernd og taka þau gildi um næstu áramót. Náttúruvernd ríkisins tekur að mestu við hlutverki Náttúruverndarráðs og verður í húsnæði þess við Hlemm. Fjárveiting til Náttúruverndar

ríkisins verður 61,6 m.kr. samanborið við 61,2 m.kr. til Náttúruverndarráðs á þessu ári. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 6 m.kr. til skipulags og merkingar þjóðgarða og fellur það nú niður. Á móti eru áætlaðar 5 m.kr. vegna aukinnar áherslu á friðlýsingarmál og uppbyggingu þjóðgarða. Viðhalds- og stofnkostnaðarframlag lækkar um samtals 2,5 m.kr. en rekstur hækkar samsvarandi. Hið nýja Náttúruverndarráð verður skipað níu mönnum og færist kostnaður vegna ráðsins á fjárlagalið 190 Ýmis verkefni.

210 Veiðistjóri. Áætluð rekstrargjöld Veiðistjóra á næsta ári eru 17,2 m.kr. samanborið við 16,5 m.kr. í fjárlögum þessa árs og er reksturinn í stórum dráttum óbreyttur. Á stofnunina eru færðar 17 m.kr. sértekjur, að mestu vegna seldra veiðikorta. Tekjunum er varið til rannsókna og stjórnunar á stofnum villtra dýra og fugla og til að standa undir kostnaði við útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra ákveður árlega, skv. lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi og minka. Ríkissjóður endurgreiðir síðan sveitarfélögum eftir viðmiðunartöxtum helming kostnaðar við veiðarnar. Rekstrartilfærslur Veiðistjóra lækka um 19 m.kr. þar sem nú er ákveðið að greiðslur ríkisins vegna veiða á refum falli niður en skaði af völdum refa er talinn hverfandi.

221 Hollustuvernd ríkisins. Framlag til Hollustuverndar ríkisins hækkar um 22,4 m.kr. og verður 130,7 m.kr. Hækkunartilefnin eru tvö. Annars vegar aukast áætluð útgjöld um rúmlega 5 m.kr. vegna nýrra laga um erfðabreyttar lífverur en Hollustuvernd veitir leyfi og hefur yfirumsjón með notkun og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Í lögunum er einnig kveðið á um að umhverfisráðherra skipi ráðgjafanefnd sem skal aðstoða við framkvæmd laganna, veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf og hafa frumkvæði að endurskoðun laganna. Hins vegar hækkar fjárveiting til Hollustuverndar ríkisins um 15 m.kr. að raungildi. Á síðasta ári skipaði umhverfisráðherra nefnd sem ætlað var að skoða rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Á grundvelli nefndarálits gerðu umhverfisráðherra og fjármálaráðherra með sér samkomulag um ýmsar breytingar á skipulagi stofnunarinnar og er henni m.a. ætlað að gera tillögur um auknar sértekjur sem miða að því að eftirlits-, ráðgjafar- og þjónustustarfsemi standi að mestu undir sér. Stofnuninni verður heimilt að ráðstafa auknum tekjum eftir því sem talið er skilvirkast að mati yfirstjórnar hennar. Að lokum er í samkomulaginu lögð til 15 m.kr. hækkun í frumvarpinu en af þeirri fjárhæð eru 8 m.kr. bundnar við árið 1997 og skal koma til skoðunar við gerð fjárlaga fyrir árið 1998. Þessi hækkun er leiðrétting á fjárveitingagrunni stofnunarinnar en hún hefur átt við hallarekstur að stríða á undanförnum árum.

Skipulagsmál

Til þessa málefnaflokks teljast fjárlagaliðirnir 301 Skipulagsstjóri ríkisins og 310 Landmælingar Íslands.

Rekstrar- og stofnkostnaðarframlag til þessa málefnaflokks er svo til óbreytt milli ára og gefur því ekki tilefni til sérstakrar umfjöllunar.

Rannsóknir o.fl.

Til þessa málefnaflokks teljast eftirfarandi fjárlagaliðir: 401 Náttúrufræðistofnun Íslands; 403 Náttúrustofur og 410 Veðurstofa Íslands.

Helstu breytingar á fjárlagaliðum málefnaflokksins eru eftirfarandi:

401 Náttúrufræðistofnun Íslands. Áætlað rekstrarframlag verður 86,6 m.kr. á næsta ári samanborið við 72,3 m.kr. í fjárlögum þessa árs. Stofnkostnaðarfjárveiting að fjárhæð 4,5 m.kr. er felld niður en færð til hækkunar á eignakaupum í rekstri. Framlag til rannsókna á lifnaðarháttum æðarfugls verður 2 m.kr. en fjárveitingin er í fjárlögum þessa árs færð á fjárlagaliðinn 190 Ýmis verkefni. Þessu til viðbótar hækka fjárframlög til stofnunarinnar um samtals 5 m.kr. Þar af eru um 2,7 m.kr. vegna gróðurgreiningar og gróðurkorta en það verkefni var flutt til stofnunarinnar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á þessu ári og um 2 m.kr. eru til að mæta kostnaði við aðild Íslands að samningi um líffræðilega fjölbreytni sem samþykktur var á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1992. Sértekjur og kostnaður viðfangsefnisins *1.02 Setur í Reykjavík* hækkar um 8,4 m.kr. til samræmis við raunverulegt umfang.

403 Náttúrustofur. Samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er umhverfisráðherra heimilt að styrkja starfrækslu einnar náttúrustofu í hverju kjördæmi. Framlag ríkissjóðs takmarkast við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Fjárveiting að fjárhæð 13,5 m.kr. er ætluð til rekstrar þriggja náttúrustofa, í Neskaupstað, Vestmannaeyjum og Bolungarvík og skiptist jafnt á milli stofanna. Að auki bætist við ný stofa á Vesturlandi sem áætlað er að hefji rekstur um mitt næsta ár og er rekstrarkostnaður áætlaður 2,1 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands. Lagt er til að heildarframlag til stofnunarinnar hækki um 7,2 m.kr. frá fjárlögum og verði 270,8 m.kr. Útgjöld viðfangsefnisins *1.01 Almenn starfsemi* hækka um 22,5 m.kr. Þar af eru tæpar 10 m.kr. vegna millifærslna innan fjárlagaliðarins. Stofnkostnaðar- og viðhaldsframlög lækka um 9,8 m.kr. Frá og með næstu áramótum taka Fasteignir ríkissjóðs við húsnæði stofnunarinnar og hækka rekstrargjöld af þeim sökum. Rekstur og uppsetning jarðskjálftastöðva á Norðurlandi í samvinnu við sveitarfélög er nýtt verkefni stofnunarinnar og eru lagðar um 5,2 m.kr. til þess. Á móti hækkun rekstrargjalda hækka sértekjur milli ára um 5,6 m.kr. Þær eru áætlaðar alls 31,1 m.kr. Veðurstofunni er gert að auka sértekjur enn frekar en nú er með sölu á þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Rekstrargjöld og sértekjur vegna *1.70 Veðurþjónustu fyrir millilandaflug* hækka um rúmar 3 m.kr. frá fjárlögum þessa árs. Samkvæmt samningi ríkisstjórnar Íslands við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO) er gert ráð fyrir að ICAO greiði 95% af útgjöldum vegna þessarar þjónustu.

7 Athugasemdir um ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta

Á undanförnum árum hefur ýmsum fyrirtækjum ríkisins verið breytt í hlutafélög og þau flutt úr B-hluta fjárlaga. Eftirtaldar breytingar verða frá fjárlögum yfirstandandi árs á því hvaða ríkisaðilar teljast til B-hluta: Póst- og símamálastofnun var gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins samkvæmt lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, og tekur Póstur og sími hf. til starfa 1. janúar 1997; hlutafélagið Stofnfiskur sem er í eigu ríkisins tók á miðju þessu ári við rekstri Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði; ekki er áætlað fyrir rekstri Bjargráðasjóðs í B-hluta þar sem sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í sameign ríkis, sveitarfélaga og Bændasamtaka Íslands samkvæmt lögum nr. 146/1995 og rekstri þjónustumiðstöðvar Vita- og hafnamálastofnunar er hætt og tók þjónustumiðstöð Siglingastofnunar Íslands við rekstri hennar 1. október 1996 samkvæmt lögum nr. 6/1996.

Fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta fjárlaga hefur frá árinu 1993 verið gert að greiða þann hluta hækkunar lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fær ekki risið undir með tekjum af vöxtum og verðbótum af útlánum. Gert var tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum einstakra B-hluta fyrirtækja og sjóða miðað við skuldbindingar þeirra hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í árslok 1994 og 1995. Þar kom meðal annars fram að eignir lífeyrissjóðsins nægja aðeins til að mæta 20% af áföllnum skuldbindingum sjóðsins. Var B-hluta fyrirtækjum í ríkisreikningi fyrir árið 1995 gert að færa í reikningshaldi sínu 80% af uppsöfnuðum lífeyrisskuldbindingum til ársloka 1994, alls 14,2 milljarða króna. Fyrir þann tíma höfðu þessar skuldbindingar almennt ekki verið birtar í reikningshaldi þeirra. Þá var þeim gert að færa áunnin lífeyrisréttindi starfsmanna á árinu 1995, og árlega eftir það, með rekstrargjöldum. Samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 1995 nema lífeyrisskuldbindingar sextán B-hluta fyrirtækja um 15,4 milljörðum króna og er hækkun á árinu um 1,2 milljarðar króna. Þar af er skuld Póst- og símamálastofnunar um 9,4 milljarðar króna og Ríkisútvarpsins um 1,6 milljarðar.

Í frumvarpinu er áætlað fyrir þeim hluta áunninna lífeyrisréttinda sem kemur til greiðslu á árinu 1997. Áætlað er að samtals greiði fyrirtæki og sjóðir í B-hluta Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um 67 m.kr. Hæstu gjöldin bera *Ríkisútvarpið* um 16 m.kr., *Áfengis- og tóbaksverslunin* um 13 m.kr., *Rafmagnsveitur ríkisins* um 12 m.kr., *Þjóðleikhúsið* um 7 m.kr., *Sinfóníuhljómsveit Íslands* um 7 m.kr., *Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli* um 5 m.kr., *Framkvæmdasjóður Íslands* um 2 m.kr. en aðrir aðilar minna. Þá er miðað við að Póstur og sími hf. greiði áfram í lífeyrissjóðinn með svipuðum hætti og verið hefur.

Heildaryfirlit yfir gjöld, tekjur og fjármunahreyfingar fyrirtækja og sjóða í B-hluta er í töflu 11 í viðauka og yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta er í töflu 12. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir rekstur og fjármunahreyfingar B-hlutans þar sem starfseminni hefur verið skipt í fernt með sama hætti og í fyrri frumvörpum.

Í milljónum króna	Ríkis-fyrirtæki	Lána-stofnanir	Sjóðir	Aðrir	B-hluti frumvarp Samtals	B-hluti fjárlög 1996
Gjöld	24.001	8.562	4.689	1.841	39.093	51.227
Tekjur af vörusölu, þjónustu o.fl.	26.599	10.334	1.552	1.904	40.389	52.102
Framlag ríkissjóðs	581	2.048	3.441	15	6.085	6.348
Mismunur	**3.179**	**3.820**	**304**	**78**	**7.381**	**7.223**
Fjármunahreyfingar út:						
Veitt lán	-	20.239	78	-	20.317	21.178
Fjárfesting	1.637	22	50	140	1.849	3.788
Afborganir lána	1.573	15.883	569	83	18.108	17.010
Arðgreiðslur í ríkissjóð	161	-	-	-	161	981
Önnur skil í ríkissjóð	3.205	-	-	-	3.205	1.146
Annað, sjóðsbreytingar o.fl.	87	1.546	591	20	2.244	4.566
Fjármunahreyfingar inn:						
Innheimtar afborganir	-	8.259	796	-	9.055	9.980
Afskriftir	1.419	5	33	65	1.522	2.745
Tekin lán	1.950	25.606	130	100	27.786	27.112
Ráðstöfun eigin fjár	3.279	3.820	304	78	7.481	7.224
Annað	15	-	25	-	40	1.609

Breyting á eignarformi Póst- og símamálastofnunar minnkar umsvif í B-hluta verulega enda voru tekjur hennar áætlaðar um 12,7 milljarðar í fjárlögum yfirstandandi árs, eða um 22% af heildartekjum í B-hluta, og arðgreiðslur í ríkissjóð áætlaðar um 860 m.kr. eða 88% af arðgreiðslum B-hluta. Arðgreiðslur Pósts og síma hf. eru áætlaðar óbreyttar á næsta ári í tekjuáætlun frumvarpsins.

Áætlað er að í heild skili aðilar í B-hluta 7,4 milljarða króna tekjuafgangi á árinu 1997 sem er hækkun um 158 m.kr. frá fjárlögum 1996. Breytingar eru þær helstar að tekjuafgangur lækkar um 1.576 m.kr. við að Póst- og símamálastofnun er færð úr B-hluta. Á móti kemur að talið er að afkoma *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins* batni um 1.200 m.kr., afkoma *húsbyggingarsjóða* um 300 m.kr. og afkoma *Atvinnuleysistryggingasjóðs* um 130 m.kr.

Framlög úr ríkissjóði til B-hluta eru áætluð um 6,1 milljarður króna sem er lækkun um 263 m.kr. frá fjárlögum. Helstu breytingar eru þær að framlag í Atvinnuleysistryggingasjóð lækkar um 180 m.kr., framlag í *Byggingarsjóð verkamanna* lækkar um 100 m.kr. og framlag í *Ábyrgðasjóð launa* lækkar um 20 m.kr., auk þess sem 30 m.kr. framlag til Bjargráðasjóðs í fjárlögum 1996 er ekki sýnt í B-hluta. Á móti kemur að framlag til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* hækkar um 50 m.kr. og framlag til *Lánasýslu ríkisins* vegna ríkisábyrgðargjalds um 40 m.kr.

Eins og undanfarin ár er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ríkisfyrirtæki skili arði í ríkissjóð að fjárhæð um 161 m.kr. *Rafmagnsveitum ríkisins* er ætlað að skila 137 m.kr. og *Umsýslustofnun varnarmála*, sem áður hér Sala varnarliðseigna, um 24 m.kr. Áætlað er að arðgreiðslur þessara fyrirtækja hækki um þriðjung frá því sem áætlað er í fjárlögum þessa árs. Önnur skil til ríkisins eru áætluð um 3.205 m.kr. og lækka um 30 m.kr. frá fjárlögum vegna minni skila *Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli*. *Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins* er ætlað að skila 2.240 m.kr., *Fríhöfninni* 580 m.kr. og *Happdrætti Háskóla Íslands* um 385 m.kr.

Fyrirhuguð fjárfesting verður um 1,8 milljarðar króna sem er lækkun um 2 milljarða króna frá fjárlögum 1996. Í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárfesting Póst- og símamálastofnunar áætluð um 2,2 milljarðar króna. Í frumvarpinu munar mest um 600 m.kr. fjárfest-

ingu *Rafmagnsveitna ríkisins*, 600 m.kr. fjárfestingu *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar* og 200 m.kr. fjárfestingu *Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins*.

Framlög til B-hluta



Lántökur B-hluta aðila eru áætlaðar um 27,8 milljarðar króna sem er aukning um 700 m.kr. Mestu munar um lántökur *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*. Gert er ráð fyrir að útgáfa húsbréfa verði um 14,1 milljarður króna og aukist um hálfan milljarð. Þessu til viðbótar er áætlað að húsbyggingarsjóðirnir afli um 7,6 milljarða króna með sölu skuldabréfa á markaði, sem er lækkun um 0,4 milljarða frá fjárlögum. Þá mun ríkissjóður endurlána til nokkurra B-hluta aðila. Sú lánafyrirgreiðsla skiptist þannig að 3.970 m.kr. eru til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna*, 1.950 m.kr. til *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*, 130 m.kr. til *Þróunarsjóðs sjávarútvegsins* og 100 m.kr. til *Alþjóðaflugþjónustunnar*.

Í frumvarpinu eru fjárhæðir í B-hluta settar fram á áætluðu meðalverðlagi ársins 1997 eins og aðrar áætlaðar fjárhæðir í frumvarpinu. Hér á eftir er fjallað nánar um starfsemi og fjárreiður þeirra B-hluta aðila sem ástæða þykir að gera sérstaklega grein fyrir.

22 Menntamálaráðuneyti

201 Happdrætti Háskóla Íslands. Áætlað er að tekjuafgangur happdrættisins verði 390 m.kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Velta happdrættisins var um 1.870 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi ársins 1995. Áætlað er að veltan verði um 1.970 m.kr. á árinu 1997 og greiðsluafgangur um 390 m.kr. Áætlað er að happdrættið greiði í ríkissjóð einkaleyfisgjald sem nemur 20% af rekstrarhagnaði ársins, eða 78 m.kr., sem er sama fjárhæð og áætluð er í fjárlögum yfirstandandi árs. Veitir ríkissjóður jafn hátt framlag til Bygginga- og tækjasjóðs. Áætlað er að um 5 m.kr. af tekjuafgangi verði varið til að greiða afborgun af láni sem happdrættið tók til að hraða greiðslum til Háskóla Íslands vegna framkvæmda við Náttúrufræðihús. Það sem eftir stendur, 307 m.kr., rennur til Háskóla Íslands og er varið til viðhalds og stofnkostnaðar Háskóla Íslands og stofnana hans.

202 Lyfjabúð Háskóla Íslands. Lyfjabúðin festi um mitt ár 1995 kaup á húseigninni Austurstræti 16 fyrir um 110 m.kr. Kaupin eru fjármögnuð með langtímaláni. Miðað er við að tekjuafgangur af rekstri lyfjabúðarinnar og leigutekjur standi undir kostnaði við rekstur húsnæðisins og afborganir og vexti af láninu. Vegna kaupanna er fallið frá kröfu um að lyfjabúðin greiði arð í ríkissjóð á árinu 1997 eins og á árinu 1996 en hann er í fjárlögum 1995 miðaður við 5% af eigin fé.

Vísindasjóður



*236 **Vísindasjóður.*** Hlutverk Vísindasjóðs er að efla íslenskar vísindarannsóknir. Í þeim tilgangi veitir sjóðurinn stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til skilgreindra verkefna. Áætlaðar tekjur Vísindasjóðs á árinu 1997 eru 25 m.kr. fjárveiting ríkissjóðs sem er hækkun um 10 m.kr. frá fjárlögum og um 140 m.kr. framlag Arðssjóðs Seðlabanka Íslands sem er hækkun um 15 m.kr. frá árinu 1996. Áætlað er að sjóðurinn hafi um 165 m.kr. til styrkveitinga á árinu 1997, sem er hækkun um 21,5 m.kr. frá fjárlögum ársins 1996. Skipting styrkfjárhæðar eftir fagsviðum í ár er sýnd á meðfylgjandi mynd, en um 48% fara til Háskóla Íslands, 9% til rannsóknastofnana atvinnuveganna, 22% til annarra stofnana ríkisins og 21% til einstaklinga og fyrirtækja.

Tæknisjóður



*237 **Tæknisjóður**.* Hlutverk Tæknisjóðs er að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf og styrkir hann vísindastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í þessu skyni. Áætlaðar tekjur sjóðsins á árinu 1997 eru 200 m.kr. framlag ríkissjóðs sem er sama fjárhæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Skipting styrkfjárhæðar eftir verkefnaflokkum í ár er sýnd á mynd og er áætlað að um helmingur fari til ríkisstofnana, um þriðjungur til fyrirtækja og það sem á vantar til háskóla. Gert er ráð fyrir að stuðningur Tæknisjóðs dragi að sér tvöfalt hærri fjárhæð frá öðrum aðilum.

*238 **Bygginga- og tækjasjóður.*** Hlutverk Bygginga- og tækjasjóðs er að veita styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði, svo og til að byggja eða kaupa húsnæði til rannsóknar- og þróunarstarfs. Til þessa hafa styrkir aðeins verið greiddir til ríkisstofnana. Áætlaðar tekjur á árinu 1997 er um 78 m.kr. ríkisframlag, eða sem nemur einkaleyfisgjaldi af hagnaði Happdrætti Háskóla Íslands, sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1996.

239 Rannsóknarnámssjóður. Sjóðurinn veitir efnilegum stúdentum sem lokið hafa tilskyldu grunnnámi í háskóla styrki til meistara- eða doktorsnáms við Háskóla Íslands eða á ábyrgð hans í samvinnu við rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki. Tekjur sjóðsins á árinu 1997 eru 20 m.kr. framlag ríkisins sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1996.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. Framlag úr ríkissjóði er áætlað 1.500 m.kr. á næsta ári samanborið við 1.450 m.kr. í fjárlögum líðandi árs. Framlagið miðast við 52% af áætluðum útlánum sjóðsins eins og í fjárlögum þessa árs, sem er í samræmi við útreikning ríkisendurskoðunar á kostnaði við námsaðstoðina. Með því ætti eiginfjárstaða sjóðsins að haldast í horfi. Útlán eru áætluð um 2.883 m.kr. sem er um 93 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Gengið er út frá óbreyttum fjöld umsækjenda og óbreyttu meðalláni að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur er áætlaður 1.084 m.kr. sem er 44 m.kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Áætlað er að sjóðurinn greiði um 1.171 m.kr. í vexti á árinu 1997 og skýrist að það mestu af miklum lántökum sjóðsins á árunum 1989-91, sem var varið að miklu leyti til vaxtalausra útlána. Afborganir lána umfram innheimtar afborganir eru áætlaðar 1.394 m.kr. sem er lækkun um 51 m.kr. frá fjárlögum. Áætlað er að innheimtar afborganir á árinu 1997 verði um 1.366 m.kr. samanborið við 1.138 m.kr. á árinu 1995. Upphæð afborgana af námslánum er tekjutengd og því nokkurri óvissu háð, en greiðendum námslána hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Árið 1992 voru greiðendur 13.519, en áætlað er að þeir verði 25.150 í ár og að þeim fjölgi um 10% á næsta ári. Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða lög um lánasjóðinn og er starf hennar að komast á lokastig. Áætlun sjóðsins fyrir árið 1997 verður endurskoðuð fyrir afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi.

970 - 971 - 972 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður, hljóðvarp og sjónvarp. Samanlagðar tekjur hljóðvarps og sjónvarps eru áætlaðar 2.350 m.kr. samanborið við 2.273 m.kr. í fjárlögum 1996. Tekjur af afnotagjaldi eru áætlaðar um 1.560 m.kr. og er miðað við óbreytt gjald í frumvarpinu, en það var hækkað síðast í febrúar 1993. Gert er ráð fyrir að auglýsingatekjur hækki lítillega frá reikningi ársins 1995 og skýra þær, ásamt fjármagnstekjum hækkun tekna frá fjárlögum yfirstandandi árs. Eins og áður er miðað við að afnotagjald lífeyrisþega falli niður, en þeir eru nú taldir vera um 9.500 og hefur fjölgað um 1.300 frá því sem áætlað var á síðasta ári. Talið er að tekjutap stofnunarinnar vegna niðurfellingar afnotagjalda nemi allt að 200 m.kr. árlega. Heildarrekstrargjöld eru áætluð 2.312 m.kr. sem er hækkun um 86 m.kr. frá fjárlögum. Miðað er við að tekjur standi undir rekstrargjöldum. Samkvæmt reikningum ársins 1995 voru heildarrekstrargjöld um 2.818 m.kr. Meðal gjalda er hækkun á lífeyrisskuldbindingum að fjárhæð um 142 m.kr. en þar af greiddi stofnunin Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins um 26 m.kr. á árinu 1995. Rekstrartap stofnunarinnar og framkvæmdasjóðsins var um 130 m.kr. að teknu tilliti til reiknaðra tekna vegna verðbreytinga samkvæmt reikningum ársins 1995 og skýrist tapið að mestu af hækkun lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna þeirra verði um 15 m.kr. á yfirstandandi ári og nemi um 16 m.kr. á árinu 1997. Afskrift fastafjármuna er áætluð um 192 m.kr. og fjárfesting um 208 m.kr. Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar í framkvæmdasjóð sem verja skal til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins og er fjárhæðin áætluð um 223 m.kr.

973 Þjóðleikhús. Framlag ríkissjóðs til starfsemi Þjóðleikhúss verður 311 m.kr. á næsta ári, samanborið við 308 m.kr. árið 1996. Framlagið jafngildir um 67% af áætluðum heildargjöldum. Áætlað er að heildargjöld stofnunarinnar verði um 464 m.kr. sem er hækkun um 14 m.kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs og skýrist hún af áætlaðri launa- og verðlagsþróun. Miðað er við að sértekjur stofnunarinnar verði um 31% af útgjöldum árið 1997. Hækkun sértekna er áætluð nálægt 17% frá reikningi ársins 1995 og um 6% frá fjárlögum þessa árs. Heildargjöld samkvæmt reikningi ársins 1995 eru um 464 m.kr. og rekstrartap um 61 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra tekna vegna verðbreytinga og sérstaks framlags til endurbóta á húsnæði leikhússins. Meðal rekstrarkostnaðar er hækkun á lífeyrisskuldbindingu að fjárhæð um 47 m.kr. en þar af gjaldféllu um 11 m.kr. sem ekki voru greiddar á árinu 1995.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag ríkissjóðs til starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar verður 116 m.kr. á næsta ári sem er sama fjárhæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Framlagið nemur um 50% af áætluðum heildarútgjöldum. Með framlagi ríkisins er talin hlutdeild hljómsveitarinnar í skemmtanaskatti, 8 m.kr., sem skal varið til árlegra tónleikaferða um landið samkvæmt lögum um hljómsveitina. Áætlað er að hlutdeild í skemmtanaskatti hækki um 1,5 m.kr. milli ára. Sérstakt 3 m.kr. framlag úr ríkissjóði í fjárlögum vegna ferðar sem farin var til Bandaríkjanna í byrjun þessa árs, fellur niður. Samkvæmt lögum skal hljómsveitin kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af hljómleikahaldi til að greiða sem mest af útgjöldum hennar. Ríkissjóður greiðir 56% útgjalda umfram tekjur, Menningarsjóður útvarpsstöðva greiðir 25% hluta Ríkisútvarpsins, Reykjavíkurborg 18% og Seltjarnarnesbær 1%. Miðað er við að sértekjur hljómsveitarinnar verði um 13% af útgjöldum árið 1997 sem er hækkun um nálægt 15% frá árinu 1995 og um 7% frá fjárlögum þessa árs. Heildargjöld samkvæmt reikningi ársins 1995 eru um 224 m.kr. og rekstrartap um 39 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra tekna vegna verðbreytinga. Meðal kostnaðar er hækkun á lífeyrisskuldbindingu að fjárhæð um 38 m.kr. en þar af gjaldféllu um 11 m.kr. sem ekki voru greiddar á árinu 1995.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli. Rekstrargjöld fyrirtækisins eru áætluð 2,1 milljarður króna á næsta ári og rekstrartekjur 2,7 milljarðar. Gert er ráð fyrir að sala nemi 2.650 m.kr. og aukist um 6% frá áætlaðri sölu ársins 1996. Er það heldur minni aukning en þau 11% sem nú er áætlað að verði á árinu 1996. Tekjur fyrirtækisins af endurgreiðslu virðisaukaskatts munu lækka við það að annað fyrirtæki annast þetta verkefni nú í samkeppni við Fríhöfnina, en þær tekjur námu 22,5 m.kr. á árinu 1995 og verða vart meiri en 5 m.kr. á næsta ári. Þá er áætlað að breyta þurfi innréttingum í Fríhöfninni fyrir 10 m.kr., endurnýja bifreiðir fyrir 7 m.kr. og aðrar ófyrirséðar fjárfestingar kosti 3 m.kr. Gert er ráð fyrir að skil fyrirtækisins í ríkissjóð nemi 580 m.kr. Í fjárlögum þessa árs eru þau áætluð 610 m.kr. að meðtöldu 140 m.kr. áfengisgjaldi, en það komst á síðla árs 1995 á grundvelli laga nr. 96/1995, um áfengisgjald. Í þessu frumvarpi er áfengisgjaldið innifalið í vörukaupum eins og önnur gjöld sem leggjast á vörur.

*111 **Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.*** Heildargjöld stofnunarinnar eru áætluð um 263 m.kr. og hækka um 8 m.kr. frá fjárlögum 1996. Tekjur eru áætlaðar 301 m.kr., þar með talin lendingargjöld 275 m.kr. Gert er ráð fyrir 5% aukningu tekna af lendingargjöldum frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1996, að óbreyttri gjaldskrá. Áfram er gert ráð fyrir að Flugmálastjórn greiði 10% af lendingargjöldum til reksturs *Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar,* 27,5 m.kr. Þá er áformað að verja 27,5 m.kr. til fjárfestinga og er það aðallega til endurnýjunar flugstjórnartækja og uppsetningar stefnusendis. Flugmálastjórn greiddi 44 m.kr. á árinu 1995 vegna dóms Hæstaréttar í máli flugumferðarstjóra og myndaðist við það skuld við ríkissjóð sem endurgreiðist á fjórum árum, 11 m.kr. á ári. Greiðslan á árinu 1997 verður önnur af fjórum.

Lendingar flugvéla á Keflavíkurflugvelli og fjöldi farþega sem fara um völlinn hafa verið sem hér segir á árunum 1985-1995:

Fjöldi í þúsundum	Lendingar	Farþegar héðan	Farþegar hingað	Farþegar í millilendingu	Farþegar samtals
1985	4,0	182	183	201	567
1986	4,3	213	212	179	604
1987	5,3	263	259	226	749
1988	5,7	266	266	274	806
1989	5,9	263	260	179	701
1990	6,3	272	272	192	735
1991	6,4	278	279	184	741
1992	6,4	279	277	201	756
1993	6,4	284	284	193	761
1994	6,6	313	310	220	843
1995	7,3	345	343	242	930

Þessar tölur sýna að farþegaumferð um völlinn hefur stóraukist á sl. tveimur árum eftir fremur hægan vöxt næstu ár þar á undan.

*114 **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.*** Rekstrargjöld Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eru áætluð 489 m.kr. og lækka um nær 59 m.kr. frá fjárlögum 1996. Stærsti liður útgjalda er fjármagnskostnaður sem áætlaður er 187 m.kr. og lækkar hann milli ára um 61 m.kr. en sú lækkun stafar eingöngu af því að á næsta ári verður stór hluti af lánum Flugstöðvarinnar endurfjármagnaður og er ekki gert ráð fyrir að vaxtagreiðsla af þeim falli á því ári. Rekstrarhalli Flugstöðvarinnar er talinn muni nema 58,5 m.kr.

Á næsta ári er áætlað að afborganir lána nemi samtals 1.472 m.kr. Stærsti hluti þeirra er afborgun af láni frá Norræna fjárfestingarbankanum er nemur 22 milljónum Bandaríkjadala. Því til viðbótar er áætlað að leggja út í stækkun og breytingar á Flugstöðinni og er áætlað að 525 m.kr. af þeim kostnaði falli til á árinu 1997. Það felst m.a. í byggingu við enda núverandi landgangs, fjölgun útganga í flugvélar, vegabréfahliða, innritunarhliða auk annarra breytinga innanhúss. Þessar breytingar eru að hluta vegna aukins farþegafjölda og að hluta vegna væntanlegrar aðildar Íslands að Schengen-samkomulaginu. Það samkomulag felur í sér að farþegar sem koma utan Schengen-svæðis til landsins eða fara frá því verða að fá sérstaka vegabréfaskoðun, og farþegar frá löndum utan Schengen-svæðis sem millilenda hér verða að vera aðskildir frá öðrum farþegum. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður 525 m.kr. á árinu 1997.

Til að kosta afborganir lána, rekstrarhalla og nýjar framkvæmdir er áætlað að taka þurfi 1.950 m.kr. að láni. Þá mun heimild verða notuð í lánsfjárlögum fyrir 1996 og lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, til að endurfjármagna eldri lán í því skyni að laga greiðsluflæði Flugstöðvarinnar og draga úr rekstrarhalla.

25 Sjávarútvegsráðuneyti

911 Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn hóf störf á miðju ári 1994. Hlutverk hans er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og uppkaupa á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum. Ennfremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Sjóðurinn yfirtók við stofnun eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja og hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, að frádregnum 950 m.kr. endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingardeildar sem ríkissjóður yfirtók.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum til að úrelda fiskiskip. Um miðjan september á þessu ári hafði stjórn sjóðsins veitt loforð um 381 styrk að fjárhæð um 3 milljarða króna. Á þessu ári hefur stjórnin samþykkt 12 styrki til aflamarksskipa samtals að fjárhæð 7,6 m.kr. og 131 styrk til krókabáta samtals að fjárhæð 404 m.kr. Enn eru 84 umsóknir í vinnslu. Greiddir styrkir á þessu ári nema 5,4 m.kr. til aflamarksskipa og 209,5 m.kr. til krókabáta. Á næsta ári er áætlað að verja 100 m.kr. til úreldingarstyrkja.

Annað meginmarkmið sjóðsins er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi m.a. með uppkaupum á fiskvinnslustöðvum og framleiðslutækjum þeirra. Lítill áhugi hefur verið fyrir þessu hjá fyrirtækjunum. Frá upphafi hefur sjóðurinn keypt sjö fiskverkunarhús fyrir um 75 m.kr. og selt aftur til annarrar starfsemi fyrir 56 m.kr.

Hlutafjárdeild Þróunarsjóðs seldi hlutafé sitt í fjórum fyrirtækjum á sl. ári, þ.e. í Odda hf., Gunnarstindi hf., Alpan hf. og Árnesi hf. Á árinu 1994 hafði sjóðurinn selt hlutafé sitt í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. og Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar hf. Á þessu ári er búið að selja hlutafé sjóðsins í Tanganum hf., Búlandstindi hf. og Meitlinum hf. Söluverð nemur 315 m.kr. Aðeins er eftir að selja hlutafé í einu fyrirtæki, Fáfni hf. á Þingeyri, 7,4 m.kr. að nafnvirði.

Tekjur sjóðsins samanstanda af sérstöku gjaldi er eigendur fiskiskipa og fasteigna sem notaðar eru til fiskvinnslu greiða. Er áætlað að það nemi um 160 m.kr. á árinu 1997. Hinn 1. september 1996 kom gjald til sjóðsins af úthlutuðu aflamarki til innheimtu. Á árinu 1997 er áætlað að innheimtan nemi 520 m.kr. Vaxtatekjur eru áætlaðar 525 m.kr. Helstu gjaldaþættirnir eru vaxtagreiðslur, 660 m.kr. og tilfærslur, þ.e. úreldingarstyrkir, 100 m.kr. Hreinar tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 370 m.kr. Afborganir lána eru 500 m.kr. og endurgreiðsla á svokölluðum A-hlutdeildarskírteinum er metin á 550 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að hlutafjárdeild sjóðsins geri upp A-hlutdeildarskírteinin en þau voru á sínum tíma afhent lánastofnunum í skiptum fyrir skuldir sjávarútvegsfyrirtækja. Þau eru vaxtalaus, verðtryggð og með ríkisábyrgð. B-hlutdeildarskírteini eru án ríkisábyrgðar. Nú, þegar búið er að selja mestallt hlutafé hlutafjárdeildar og stefnt er að því að selja það sem eftir er á næstunni, verða A-hlutdeildarskírteinin gerð upp. Á móti koma innheimtar afborganir, 520 m.kr. Fjárþörf sjóðsins er því talin nema 130 m.kr. og verður mætt með nýjum lántökum.

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

701 ***Kristnisjóður.*** Meginhlutverk sjóðsins er stuðningur við þjóðkirkjuna til eflingar kristinni trú og siðgæði í landinu, svo sem með útgáfu á kristilegu fræðsluefni og hjálpargögnum fyrir safnaðarstarf. Enn fremur skal sjóðurinn styrkja félög og stofnanir sem vinna að mikilvægum verkefnum á vegum kirkjunnar. Aðaltekjustofn sjóðsins er framlag ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl. Þar segir að til sjóðsins skuli veita framlag úr ríkissjóði sem svari til hámarkslauna presta í prestaköllum sem lögð voru niður með sömu lögum, auk fjárhæðar tilsvarandi launum presta í prestaköllum sem eru ósetin. Framlagið er áætlað samkvæmt þessum ákvæðum 27,3 m.kr. á næsta ári og er óbreytt milli ára. Sjóðurinn hefur einnig tekjur af sölu Sálmabókarinnar og sölu kirkjujarða. Í lok árs 1994 var fasteignin Suðurgata 22 seld og keypt hús að Laugavegi 31. Gert er ráð fyrir að greiða niður lán vegna húsakaupanna á næstu 13 árum. Rekstrarkostnaður Kristnisjóðs hækkar verulega vegna rekstrar kirkjuhússins að Laugavegi 31 en á móti koma auknar leigutekjur. Á næsta ári er fyrirhugað að fjárfesta í þjófa- og brunavarnakerfi.

732 ***Kirkjubyggingasjóður.*** Samkvæmt lögum nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, er hlutverk sjóðsins að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Framlag ríkissjóðs var ákveðið 0,6 m.kr. 1981 og á að hækka samkvæmt byggingarvísitölu í júlí ár hvert. Á verðlagi fjárlagafrumvarps yrði þessi fjárhæð nú 8,8 m.kr. Framlag úr ríkissjóði var fellt niður með lögum. Tekjur sjóðsins eru innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum og áætlað er að veitt lán úr sjóðnum verði 8,4 m.kr. á næsta ári. Útistandandi kröfur sjóðsins í lok árs 1995 voru 68,7 m.kr. en þar af voru í vanskilum 0,5 m.kr.

733 ***Kirkjugarðasjóður.*** Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, og megintilgangur hans er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Sjóðurinn stendur einnig undir launum og starfskostnaði framkvæmdastjóra skipulagsnefndar kirkjugarða og störfum skipulagsnefndar kirkjugarða. Til sjóðsins renna 8% kirkjugarðsgjalda en þau eru ákveðin fjárhæð lögð á hvern einstakling 16 ára og eldri. Að frátöldum fjármunatekjum eru tekjur sjóðsins áætlaðar 30,6 m.kr. Útistandandi kröfur sjóðsins í lok árs 1995 voru 34 m.kr. en þar af voru í vanskilum 4,1 m.kr.

27 Félagsmálaráðuneyti

Húsnæðisstofnun ríkisins

Þrír sjóðir mynda Húsnæðisstofnun ríkisins, þ.e. Byggingarsjóður ríkisins, Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Rekstrarkostnaði stofnunarinnar er skipt samkvæmt sérstakri reglugerð. Launum og öðrum starfsmannakostnaði, húsnæðiskostnaði og afskriftum fastafjármuna er skipt á hvern sjóð eftir fjölda starfsmanna. Öðrum rekstrarkostnaði er skipt eftir heildareign hvers sjóðs í lok reikningsárs, að frádregnum lánveitingum milli þeirra. Áætlað er að samanlagður rekstrarkostnaður stofnunarinnar

verði 393 m.kr. á árinu 1997 og breytist óverulega milli ára. Innkomnar þjónustutekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 269 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 250 m.kr. á árinu 1996. Tekjur innheimtast af útsendum greiðsluáskorunum, nauðungarbeiðnum, greiðsluseðlum, vanskilakostnaði, skiptigjaldi húsbréfa og þóknun. Einnig koma inn tekjur vegna útseldrar vinnu tæknideildar og útleigu á húsnæði.

270 ***Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild.*** Húsbréfadeild er hluti af Byggingarsjóði ríkisins en fjárhagur hennar er aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi sjóðsins. Rekstrarkostnaður deildarinnar er áætlaður 117 m.kr. og hækkar um 25 m.kr. milli ára. Á móti koma 40 m.kr. tekjur, aðallega vegna vanskilainnheimtu. Gert er ráð fyrir að gefin verði út húsbréf á næsta ári að andvirði 14 milljarða króna samanborið við 13,5 milljarða króna heimild í lánsfjárlögum 1996. Fyrirhugað er að fjölga lánaflokkum og lækka upphæð lágmarkslána til endurbóta á húsnæði en lánshlutfall þeirra sem eru að kaupa fyrstu íbúð sína var hækkað á síðasta ári úr 65% í 70% af matsverði.

Vaxtatekjur deildarinnar verða mun hærri en vaxtagjöld, eða sem nemur 3.945 m.kr., en greiddar afborganir verða á hinn bóginn verulega umfram innheimtar, eða sem nemur 3.430 m.kr. Skapar þetta ásamt öðrum þáttum sjóðsaukningu sem er áætluð 238 m.kr. á árinu 1997. Á árinu 1994 var sett á sérstakt álag á vexti nýrra fasteignaveðbréfa til að mæta útlánatöpum sjóðsins. Það nam fyrst 0,25%, en með reglugerð nr. 537/1994 sem tók gildi í október það ár var vaxtaálagið hækkað í 0,35%.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**18.356**	**19.888**	**21.655**	**9**	**18**
Seld húsbréf	12.363	13.500	14.000	4	13
Innheimtar afborganir	1.912	1.870	2.270	21	19
Innheimtir vextir	4.040	4.500	5.345	19	32
Ýmsar tekjur	41	18	40	122	-2
Útstreymi	**18.356**	**19.888**	**21.655**	**9**	**18**
Rekstrarkostnaður	184	152	177	16	-4
Keypt fasteignaveðbréf	12.511	13.640	14.140	4	13
Greiddar afborganir	3.705	4.800	5.700	19	54
Greiddir vextir	756	1.049	1.400	33	85
Bráðabirgðalán frá BR, nettó	70	-	-	-	-
Annað	27	-	-	-	-
Sjóðsaukning	1.103	247	238	-	-

271 ***Byggingarsjóður ríkisins.*** Með lögum nr. 47/1991, um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, voru felldir niður helstu lánaflokkar hjá Byggingarsjóði ríkisins. Eftir standa þrír lánaflokkar; lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrkir til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útlán sjóðsins til þessara flokka verði um 250 m.kr. sem er sama upphæð og á yfirstandandi ári. Áætlað er að lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursöluíbúða og almennra kaupleiguíbúða nemi 350 m.kr. á árinu 1997 og er það lækkun um 100 m.kr. milli ára. Samtals verða lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins því 600 m.kr. á næsta ári.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**8.009**	**8.075**	**7.804**	**-3**	**-3**
Innlend lántaka	2.668	2.330	2.640	13	-1
Innheimtar afborganir	2.529	2.800	2.400	-14	-5
Innheimtir vextir	3.141	3.270	3.000	-8	-4
Endurgr. bráðabirgðalán	82	-	-	-	-
Skyldusparnaður, nettó	-633	-550	-450	-18	-29
Ýmsar tekjur	222	225	214	-5	-4
Útstreymi	**8.009**	**8.075**	**7.804**	**-3**	**-3**
Rekstrarkostnaður	91	120	104	-13	14
Veitt lán, skv. 11. gr.	384	250	250	0	-35
Lán til BV v.endursölu- og	372	450	350	-22	-6
Greiddar afborganir	3.624	3.995	4.180	5	15
Greiddir vextir	3.244	3.050	2.710	-11	-16
Annað	293	210	210	-	-28
Sjóðsminnkun	1	-	-	-	-

Í frumvarpinu er gengið út frá að útgreiðsla skyldusparnaðar verði 450 m.kr. samanborið við 550 m.kr. í ár. Með lögum nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, var ákvæði um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga, fellt niður. Inneignir skyldusparenda námu 1,2 milljörðum króna í árslok 1995 en gert er ráð fyrir að þær verði rúmlega 280 m.kr. í árslok 1997. Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins eru þannig áætlaðar 2.640 m.kr. vegna lánveitinga, vaxtamunar, útgreiðslu skyldusparnaðar og rekstrarkostnaðar. Byggingarsjóður ríkisins þarf að taka lán fram yfir næstu aldamót en fljótlega eftir það ætti staða sjóðsins að vera komin í jafnvægi.

272 ***Byggingarsjóður verkamanna.*** Á árinu 1997 er gert ráð fyrir að útlán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar félagslegra íbúða nemi 2.320 m.kr. samanborið við 3.747 m.kr. í ár. Framlag til sjóðsins verður 300 m.kr. og lánsheimildir miðast við 180 nýjar íbúðir í stað 250 íbúða á þessu ári og 460 íbúða á árinu 1995. Lán til nýbygginga er áætlað um 5,6 m.kr. að meðaltali sem á að standa undir um 90% af kostnaðarverði íbúðar en það er þá áætlað 6,2 m.kr. Eftirspurn eftir lánum úr félagslega kerfinu hefur dregist saman á síðustu árum. Þannig er áætlað að umsóknir um lán verði tæplega 700 talsins á yfirstandandi ári samanborið við 900 á árinu 1995.

Áætlað er að veita lán vegna 850 endursöluíbúða á árinu 1997 fyrir um 450 m.kr. Meðallán á endursöluíbúð er því um 530 þús. kr. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar um framkvæmdalán vegna nýrra íbúða fyrir um 1 milljarð króna á árinu 1997 og að lánin komi til greiðslu á 15 mánuðum. Áætlað er að viðbótarlán til eigenda félagslegra íbúða í fjölbýlishúsum vegna meiri háttar viðhalds utanhúss nemi 200 m.kr. Alls er því áætlað að sjóðurinn veiti lán sem nemur 2.320 m.kr. sem er 1.430 m.kr. lægri fjárhæð en á árinu 1996.

Á árinu 1997 er gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur sjóðsins nemi 2.290 m.kr. og greiddar afborganir 2.415 m.kr. Fjárþörf sjóðsins er því 4.496 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Innstreymi	**7.854**	**8.140**	**7.137**	**-12**	**-9**
Innlend lántaka	5.332	5.060	4.496	-38	-16
Kaupendur eldri íbúða	51	50	50	0	-2
Lán frá BR v.endurs. og alm.kaupl.íb	372	450	350	-22	-6
Lán frá sveitarfélögum	110	150	150	0	36
Innheimtar afborganir	488	760	650	-14	33
Innheimtir vextir	733	880	800	-9	9
Uppgjör framkvæmdalána	138	300	250	-17	81
Framlag ríkissjóðs	534	400	300	-25	-44
Tryggingarsjóður	47	50	42	-	-11
Ýmsar tekjur	16	7	15	114	-6
Annað	-	33	34	3	-
Sjóðsminnkun	33	-	-	-	-
Útstreymi	**7.854**	**8.140**	**7.137**	**-12**	**-9**
Rekstrarkostnaður o.fl.	117	113	112	-1	-4
Veitt lán	3.645	3.747	2.320	-38	-36
Greiddar afborganir	2.166	2.035	2.415	19	11
Greiddir vextir	1.881	2.245	2.290	-	22
Annað	45	-	-	-	-

984 Atvinnuleysistryggingasjóður. Gengið er út frá 4% atvinnuleysi á árinu 1997 í samræmi við þjóðhagsspá en í ár er talið að atvinnuleysi verði um 4,2%. Áætlað er að útgjöld sjóðsins verði 3.043 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 3.260 m.kr. í fjárlögum 1996. Ekki er hér gert ráð fyrir greiðslu sérstakra launabóta þar sem kjarasamningar renna út um næstu áramót. Framlag til sjóðsins í fjárlagafrumvarpi 1997 er 2.860 m.kr.

Greiðslugrunnur	Reikningur 1995 m.kr.	Áætlun 1996 m.kr.	Frumvarp 1997 m.kr.	Breyting frá áætlun %	Breyting frá reikn. %
Útstreymi	**3.986**	**3.361**	**3.043**	**-9**	**-24**
Atvinnuleysisbætur og átaksverkefni	2.967	2.779	2.365	-15	-20
At.b. til sjálf.starf. og utan.st.félaga	238	197	205	9	-14
At.b. opinberra starfsmanna	280	202	220	20	-21
Kostnaður við úthlutun, þóknanir	104	61	55	-10	-47
Styrkir	90	62	130	-	-
Hlutdeild í rekstri Vinnumálaskrifstofu	43	39	48	23	12
Eftirlaunasjóður aldraðra	249			-	-100
Kjararannsóknarnefnd	5	20	20	-	-
Annað	10	1		-	-
Innstreymi	**3.986**	**3.360**	**3.043**	**-9**	**-24**
Lögbundnar tekjur	3.530	3.040	2.860	-6	-19
Aðrar tekjur	4	20	23	15	475
Vaxtatekjur og innheimtar afborganir	242	170	160	-6	-34
Seld verðbréfaeign	200	130		-100	-100
Annað	10	-	-	-	-

Þá er áætlað að sjóðurinn innheimti 160 m.kr. í afborganir og vexti af verðbréfaeign og fái 23 m.kr. í aðrar tekjur. Miðað við þessar forsendur er reiknað með að 2.365 m.kr. fari til greiðslu atvinnuleysisbóta og til að hrinda í framkvæmd átaksverkefnum, 205 m.kr. fari til greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir sjálfstætt starfandi og utan stéttarfélaga

og 220 m.kr. til greiðslu atvinnuleysisbóta til opinberra starfsmanna. Þá er sjóðnum ætlað að fjármagna tvö styrkjaverkefni; Atvinnumál kvenna og starfsmenntun í atvinnulífinu sem áður heyrðu undir fjárlagaliðinn 981 Vinnumál. Kostnaður við þessi verkefni og aðrar styrkveitingar sjóðsins eru áætlaðar 130 m.kr. Kostnaður við úthlutun bóta og þóknanir til stéttarfélaga eru taldar munu nema 55 m.kr. og hlutdeild sjóðsins í rekstri Vinnumálaskrifstofu er áætluð 48 m.kr. Loks er áætlað að 20 m.kr. renni til starfsemi kjararannsóknarnefndar.

Unnið hefur verið að endurskoðun á starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnumiðlana með áherslu á að forðast hugsanlega misnotkun á sjóðnum. Aukin áhersla er lögð á að fólki á atvinnuleysisskrá verði boðin störf og það missi bætur ef störf eru ekki þegin. Stefnt er að því að ná fram 128 m.kr. sparnaði hjá sjóðnum með endurskoðun á starfsemi hans og úthlutunarreglum. Áætlað er að þóknanir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta lækki að meðaltali úr 3,2% í 2,2% eða um 1 prósentustig sem á að skila 25 m.kr. sparnaði.

29 Fjármálaráðuneyti

*101 **Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.*** Eins og greint var frá í athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga 1996 tóku rekstrarforsendur ÁTVR verulegum breytingum í kjölfar lagasetningar á árinu 1995 um sölu áfengis og álagningu áfengisgjalds. Tekin var upp innheimta áfengisgjalds við tollafgreiðslu innflutts áfengis og við sölu á áfengi sem framleitt er innanlands. Hefur það haft í för með sér að kostnaður ÁTVR af vörukaupum hefur hækkað sem nemur áfengisgjaldinu samtímis því að hagnaðarhlutdeild ríkissjóðs hefur lækkað í sama mæli. Innheimta og skil á álögðu gjaldi af áfengi til ríkissjóðs hafa þannig flust frá fyrirtækinu til innheimtuembætta. Þá var felldur niður einkaréttur ÁTVR til innflutnings á áfengi og heildsölu til aðila með vínveitingaleyfi, þ.e. veitingahúsa og hótela. Á árinu 1994 var þessi sala um 20% af heildarsölunni í landinu. Þetta breytta fyrirkomulag leiðir til þess að mikill hluti sölunnar til vínveitingahúsa færist í hendur einkaaðila og álagning þeirra og þar með hagnaður á að koma fram við skattlagningu. ÁTVR hefur hins vegar einkaleyfi á innflutningi og heildsölu tóbaks og greiðir ríkissjóði álagninguna af þeirri sölu.

Fjárreiður fyrirtækisins í frumvarpinu markast mjög af þessum breytingum. Áætlað er að tekjur af vörusölu dragist í heild saman sem nemur 430 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Söluáætlun fyrir áfengi byggir á vörusamsetningu í sölu undanfarinna tólf mánaða og gildandi verðskrá. Hins vegar er gert ráð fyrir að salan í hverjum mánuði lækki

Söluverðmæti áfengis hjá ÁTVR (án vsk.)



sem nemur um þremur fjórðu hlutum af viðskiptum aðila með vínveitingaleyfi miðað við sama tíma árið áður. Áætlun um tóbakssölu miðast á svipaðan hátt við sölu síðustu tólf mánaða og nýja verðskrá frá 1. júlí sl., sem fól í sér 3,1% meðalhækkun.

Í áætlun um rekstrarkostnað er reiknað með nokkurri aukningu að raungildi, sem skýrist af fjölgun útsölustaða síðustu árin. Einnig er gert ráð fyrir 13 m.kr. útgjöldum vegna greiðslu lífeyrisuppbóta. Á móti hækka fjármunatekjur af reikningsinnistæðum um sömu fjárhæð. Þá er fyrirhugað að ráðstafa 30 m.kr. til fjárfestingar, einkum vegna endurnýjunar á sjóðvélakerfum og opnunar nýrra vínbúða. Með þessu móti mun fyrirtækið skila ríkissjóði 2.240 m.kr. afgangi, sem er 5 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1996. Af þeirri fjárhæð er áætlað að skil á tóbaksgjaldi nemi 2.062 m.kr. en afgangurinn, um 180 m.kr., er hagnaður af versluninni.

103 ***Ríkiskaup.*** Stofnunin annast innkaup á vörum og þjónustu fyrir hönd ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í samræmi við lög nr. 52/1987, um opinber innkaup. Í því skyni gengst stofnunin fyrir sameiginlegum innkaupum ríkisaðila, efnir til útboða, leggur mat á tilboð bjóðenda og kemur á samningum við söluaðila. Þá hefur stofnunin með höndum sölu á ýmsum eigum ríkisins. Færst hefur í vöxt að Ríkiskaup stofni til rammasamninga um viðskipti að undangengnu útboði sem leiða í mörgum tilvikum til hagstæðs verðs. Ríkisstofnanir beina síðan viðskiptum sínum til viðkomandi vörusala án frekari milligöngu Ríkiskaupa. Af þessari ástæðu er útlit fyrir að velta stofnunarinnar í beinum innkaupum og endursölu dragist saman um rúmlega 10% frá gildandi fjárlögum. Starfsemi Ríkiskaupa er fjármögnuð að fullu með þóknun fyrir veitta þjónustu.

402 ***Fasteignamat ríkisins.*** Lögboðið hlutverk stofnunarinnar er að halda skrá um allar fasteignir í landinu með upplýsingum um gerð eignanna, rétt til þeirra og mat á verðmæti. Að lögum er henni einnig ætlað að samræma skráningu fasteigna. Sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að stofnuninni berist viðeigandi upplýsingar um fasteignir og lóðir, svo sem staðsetning, stærð o.þ.h., og sjá byggingafulltrúar sveitarfélaganna að jafnaði um það. Upplýsingar um gangverð eigna berast með tilkynningum seljenda við eigendaskipti en matsverð fjölda eigna er áætlað. Þá annast stofnunin skoðun og mat á eignum og er áætlað að á árinu 1997 verði 17.000 eignir metnar. Á síðustu árum hefur verið unnið í samstarfi við hagsmunaaðila að svonefndri Landskrá fasteigna, sem verður miðlægt upplýsinga- og staðgreinikerfi til nota fyrir ríksaðila, sveitarfélög og einkaaðila. Staðið hefur yfir umfangsmikil endurnýjun á tölvukerfum stofnunarinnar m.a. til að taka skrá þessa í notkun.

Áætlun um fjárreiður stofnunarinnar árið 1997 miðast við áframhaldandi aukningu starfsumfangs, líkt og í fjárlögum yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist um 15 m.kr. frá fjárlögum og að þær renni til að mæta rekstrarkostnaði við framangreind verkefni. Tekjuaukinn skýrist að mestu af umsýslugjaldi, sem er hluti af skipulagsgjaldi og rennur til stofnunarinnar. Gjaldskrá hennar fyrir sölu upplýsinga og veitta þjónustu verður óbreytt. Framlag úr A-hluta ríkissjóðs er hið sama og í gildandi fjárlögum, eða tæpar 44 m.kr., og er ætlað til fjárfestingar vegna tölvubúnaðar, til vinnu að Landskrá fasteigna og til rekstrar.

971 ***Lánasýsla ríkisins.*** Stofnunin annast innlendar lántökur ríkissjóðs með útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði. Við stofnunina hefur verið rekin Þjónustumiðstöð

ríkisverðbréfa sem hefur haft með höndum verðbréfamiðlun á eftirmarkaði, verðbréfavörslu, umsýslu með áskriftarkerfi spariskírteina og gerð tilboða í útboðum Lánasýslu. Þá annast Lánasýslan endurlán lánsfjár og ríkisábyrgðir, en *Ríkisábyrgðasjóður* er í vörslu stofnunarinnar. Að auki hefur Lánasýsla ríkisins umsjón með *Framkvæmdasjóði Íslands*, en reikningum hans er haldið aðgreindum í framsetningu fjárlagafrumvarpsins.

Nokkur breyting verður á starfsemi Lánasýslunnar á árinu 1997. Ákveðið hefur verið að Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa hætti störfum á fyrri hluta ársins. Lánasýslan mun í framtíðinni eingöngu sjá um fjáröflun ríkissjóðs á frummarkaði með útboðum ríkisverðbréfa og hverfa frá eftirmarkaðsviðskiptum, en þau viðskipti munu færast til annarra verðbréfafyrirækja.

Rekstrargjöld Lánasýslunnar hækka um 3,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Skýrist það af almennri verðlagshækkun launa og annars rekstrarkostnaðar. Svipuð hækkun verður á fjármunatekjum. Tekjur af sölulaunum vegna frumsölu ríkisskuldabréfa, söluþóknun fyrir viðskipti á eftirmarkaði og umsýsluþóknun vegna útboða á ríkisskuldabréfum eru alls áætlaðar 46 m.kr. Rekstrartekjur eru alls áætlaðar 78 m.kr. Þessar áætlanir um rekstur Lánasýslunnar eru miðaðar við óbreytta starfsemi frá yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir að rekstraráætlunin verði tekin til endurskoðunar fyrir afgreiðslu fjárlaga 1997 í ljósi þeirrar ákvörðunar að leggja af starfsemi Þjónustumiðstöðvarinnar.

Þá er gert ráð fyrir að framlag úr A-hluta ríkissjóðs verði 220 m.kr. og er þar um að ræða tekjur af áhættugjaldi vegna ríkisábyrgða. Framlaginu er ætlað að mæta vanskilum sem falla á *Ríkisábyrgðasjóð*.

972 ***Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands.*** Sem fyrr miðast áætlun um sjóðinn við að nýjum lánveitingum hefur verið hætt. Starfsemi sjóðsins snýr því aðallega að innheimtu útlána og endurgreiðslu tekinna lána. Þá hafa nú verið seldar flestar eignir sem sjóðurinn hefur eignast við fullnustuaðgerðir og dregur það einnig töluvert úr umfangi starfseminnar. Rekstrarkostnaður verður 29 m.kr. og lækkar um 20 m.kr. frá fjárlögum 1996. Skýrist það einkum af því að reiknað er með fremur lágum kostnaði vegna innleystra eigna, en einnig dregur úr lögfræðiþóknunum við innheimtu vanskila. Fjármagnsgjöld verða 3 m.kr. umfram fjármagnstekjur. Þá er útlit fyrir að innheimtar afborganir verði 690 m.kr. hærri en þær sem sjóðurinn greiðir. Þeim afgangi er ráðstafað til að mæta neikvæðum tekjujöfnuði að fjárhæð 32 m.kr. og til aukningar á handbæru fé um 658 m.kr.

30 Samgönguráðuneyti

330 ***Hafnabótasjóður.*** Hlutverk Hafnabótasjóðs er að veita lán og styrki til hafnargerðar og bæta tjón á hafnarmannvirkjum. Í samræmi við 11. gr. hafnalaga nr. 23/1994, skal sérstakt vörugjald sem greitt er fyrir afnot hafna renna til Hafnabótasjóðs. Á árinu 1997 er gert ráð fyrir að þetta gjald skili 145 m.kr. sem er óbreytt upphæð á milli ára. Gert er ráð fyrir að framlag til Hafnabótasjóðs verði 18 m.kr. Mismunurinn, 127 m.kr., rennur til framkvæmda við hafnir, líkt og í ár.

471 ***Alþjóðaflugþjónustan.*** Ísland er aðili að samningi um þjónustu við alþjóðaflugumferð yfir Norður-Atlantshafið. Í samningnum felst að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO,

tekur að sér að greiða með yfirflugsgjöldum fyrir þá þjónustu sem veitt er á íslenska flugstjórnarsvæðinu af Flugmálastjórn, Póst- og símamálastofnun og Veðurstofu Íslands. Þessar endurgreiðslur eru áætlaðar 325,6 m.kr., samanborið við 303 m.kr á árinu 1996. Til viðbótar kemur framlag Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem er áætlað 411,4 m.kr. Seldar vörur og þjónusta eru því áætlaðar alls 737 m.kr. Alþjóðaflugþjónustan áætlaði að fjárfesta á þessu ári fyrir 100 m.kr. í tækjabúnaði til að fullnýta flugstjórnarmiðstöðina á Reykjavíkurflugvelli en nýtti ekki veitta lántökuheimild. Áætlað er að ráðast í þessa fjárfestingu á næsta ári en lántakan verður endurgreidd af tekjum frá ICAO af yfirflugsgjöldum.

31 Iðnaðarráðuneyti

*321 **Rafmagnsveitur ríkisins.*** Í rekstraráætlun Rafmagnsveitna ríkisins er gert ráð fyrir tæplega 4,3 milljarða króna tekjum og útgjöldum. Rekstur yrði þá því sem næst í jafnvægi borið saman við 64 m.kr. halla í fjárlögum 1996. Fjárfestingar eru áætlaðar 628 m.kr. Þar af eiga 441 m.kr. að renna til almennra framkvæmda, 117 m.kr. til styrkingar og endurnýjunar rafdreifikerfis í sveitum og 70 m.kr. til framkvæmda sem fjármagnaðar verða að mestu af öðrum. Sala er áætluð rúmar 3,9 milljarðar króna og er þar miðað við gjaldskrá frá 1. apríl 1996.

Samkvæmt samningi milli fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Rafmagnsveitna ríkisins frá janúar 1995 skulu arðgreiðslur Rafmagnsveitna ríkisins nema 2% af bókfærðu eigin fé RARIK við næstliðin áramót. Árin 1997 og 1998 skal þó við útreikning á arði lækka eigið fé RARIK um bókfært verðmæti dreifiveitna í sveitum. Samkvæmt þessu ákvæði ættu arðgreiðslur til ríkissjóðs að nema 157 m.kr. Því til viðbótar var ákveðið í desember 1995 að þessum samningi yrði breytt þannig að árlegt framlag RARIK til ríkissjóðs skyldi vera 20 m.kr. lægra á árunum 1997 til 2001. Var það gert til að aðstoða RARIK við að mæta tjóni á raforkukerfi fyrirtækisins. Því lækkar arðgreiðsla til ríkissjóðs í 137 m.kr. Samkvæmt samningnum frá janúar 1995 skal verja arðgreiðslunni á árinu 1997 þannig að 103 m.kr. gangi til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfum í sveitum og 8 m.kr. til rannsókna og þróunarverkefna á vegum RARIK, samtals 110 m.kr.

8 Lánsfjármál

8.1 Framboð og eftirspurn lánsfjár

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn fyrri hluta þessa árs aukist um 4,2% eða 35 milljarða króna, samanborið við 17 milljarða króna eða 2,2% fyrir sama tímabil árið 1995. Frá miðju ári 1995 til jafnlengdar 1996 hefur eftirspurnin aukist um 64 milljarða eða 8% sem er í samræmi við hlutfallslega aukningu landsframleiðslu milli ára. Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er, þ.e. ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurnin hefur þróast hjá þessum aðilum á undanförnum árum:

	Staða í lok tímabils				Hreyfing, %	
Í milljörðum króna	1994	1995	Júní 1995	Júní 1996	jan.-jún. 1995	jan.-jún. 1996
Ríkið	129,5	143,8	140,4	150,1	8,4	4,4
Sveitarfélög	36,9	41,4	38,4	38,6	4,0	-6,7
Fyrirtæki	329,7	330,5	324,2	343,1	-1,7	3,8
Heimili	289,1	315,8	299,5	334,3	3,6	5,8
Samtals	**785,2**	**831,5**	**802,5**	**866,1**	**2,2**	**4,2**

Samkvæmt yfirlitinu hefur átt sér stað athyglisverð breyting á eftirspurninni milli áranna 1995 og 1996. Í fyrsta lagi halda lántökur heimilanna áfram að aukast eða um 11½% frá miðju ári 1995 til jafnlengdar 1996. Af þessu má ráða að heimilin auka enn skuldir sínar þrátt fyrir auknar tekjur og lýsir það misvægi í þróun þjóðartekna og einkaneyslu. Það hlýtur að valda áhyggjum að kaupmáttaraukningin skuli ekki ganga til að greiða niður skuldir heimilanna. Í öðru lagi eru fyrirtækin farin að taka lán að nýju eftir að hafa styrkt fjárhagsstöðu sína m.a. með því að greiða niður skuldir. Uppgang í atvinnurekstri er víða að finna og má í því sambandi nefna miklar fjárfestingar tengdar loðnuvinnslu. Í þriðja lagi vekur það athygli að skuldir sveitarfélaga eru teknar að lækka en þær náðu hámarki á síðasta ári. Síðast en ekki síst hefur vöxtur í lántökum ríkisins dregist verulega saman en þær jukust um 4,4% á fyrri helming þessa árs samanborið við 8,4% á sama tíma í fyrra.

Við afgreiðslu fjárlaga 1996 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 32 milljarðar króna á árinu 1996. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að aukning verði talsvert meiri eða tæpir 43 milljarðar króna. Mestu skiptir að horfur um landsframleiðslu og þjóðartekjur hafa batnað en peningalegur sparnaður er háður tekjuþróuninni og gildir það bæði um frjálsa og ekki síður kerfisbundna sparnaðinn. Bættur fjármagnsjöfnuður sem á rætur að rekja til minni endurgreiðslna erlendra lána fyrirtækja og sveitarfélaga hefur einnig stuðlað að vaxandi sparnaði á innlendum lánamarkaði. Hinn aukni sparnaður og bættur fjármagnsjöfnuður hefur leitt til rýmri stöðu á lánamarkaði en undanfarin tvö ár og vextir langtímabréfa hafa heldur farið lækkandi. Við þessi skilyrði ákvað fjármálaráðherra um mitt ár að segja upp þremur eldri flokkum spariskírteina með óhagstæðum vaxtakjörum, samtals að fjárhæð 17,3 milljarðar króna. Endurfjármögnun þessara flokka á innlendum markaði gekk allvel bæði með sölu spariskírteina til langs tíma og ríkisvíxla. Jafnframt hefur fjáröflun

Byggingarsjóðs verkamanna gengið vel á innlendum markaði en sjóðurinn hefur með útboðum á húsnæðisbréfum náð að fjármagna 5,7 milljarða króna lánsfjárþörf sína, en á árinu á undan hvíldi fjáröflun sjóðsins á ríkissjóði. Innlend fjáröflun þessara aðila hefur því gengið mun betur á þessu ári en í fyrra.

Á árinu 1997 er talið að nýr peningalegur sparnaður verði öllu meiri en í ár, um 46 milljarðar króna, eða 8,8% af landsframleiðslu. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk þessara áætlana eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

8.2 Staða fjármagnsmarkaðar og horfur

Staða ríkissjóðs á markaðnum. Þann tíma sem íslenski fjármagnsmarkaðurinn hefur verið í óheftri samkeppni við erlenda markaði, hefur stjórnendum peningamála tekist að hafa áhrif á inn- og útstreymi gjaldeyris þannig að jafnvægi hefur haldist. Þar vegur þungt að ríkissjóður hefur leitað á erlenda markaði þegar eftirspurn annarra aðila á innlenda lánsfjármarkaðnum hefur aukist og svo öfugt. Þannig hefur tekist að halda vaxtastiginu innanlands stöðugu, sem aftur hefur haft áhrif á framvindu í efnahagsmála.

Auknu útstreymi gjaldeyris vegna óhagstæðs viðskiptajöfnuðar á þessu ári hefur verið mætt með erlendum lántökum bæði hjá ríki og fyrirtækjum. Við innköllun spariskírteina í byrjun júlí þurfti ríkissjóður að draga á erlent lánsfé til að mæta að hluta útgreiðslum úr ríkissjóði en af 17,3 milljarða innlausn tókst að endurfjármagna um 12 milljarða króna innanlands með sölu ríkisverðbréfa. Mismunurinn, um 5 milljarðar króna, var fjármagnaður með erlendum skammtímalánum og bætti það lausafjárstöðu bankakerfisins sem hafði verið í járnum fram að því. Bætt lausafjárstaða bankanna hefur komið fram í auknum kaupum þeirra á ríkisvíxlum og meiri lánum til heimilanna. Nokkuð er um að fjárfestar hafi tekið lán í erlendri mynt og endurlánað, t.d. með kaupum á ríkisverðbréfum sem gefa hærri ávöxtun. Þetta eykur möguleika Seðlabanka til vaxtastýringar, þar sem háir vextir ríkisvíxla geta hindrað útstreymi gjaldeyris og þá um leið dregið inn erlent fé í vaxtaskiptasamningum eins og áður er getið.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir 1997 benda til þess að ríkissjóður lækki skuldir sínar um rúma 2 milljarða króna. Þá bendir allt til þess að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði 19,4 milljarðar króna í ár en samsvarandi fjárhæð fyrir 1997 verði 11,7 milljarðar króna. Minni lánsfjárþörf hins opinbera gefur svigrúm til aukinnar fjárfestingar atvinnufyrirtækja án þess að raska jafnvægi á fjármagnsmarkaði.

Vextir ríkisverðbréfa. Frá því að Verðbréfaþing Íslands hóf starfsemi sína hefur Seðlabanki Íslands verið viðskiptavaki með spariskírteini ríkissjóðs og myndað markaðsverð með kaupum og sölu á þeim. Þetta hlutverk Seðlabankans hefur verið gagnrýnt og ekki talið fara saman við önnur hlutverk hans, eins og að hafa áhrif á skammtímavexti. Af þeim ástæðum og einnig til að örva verðbréfamarkaðinn gerði Seðlabankinn, um miðjan febrúar sl., samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki um vörslu og viðskiptavakt á stórum flokkum ríkisverðbréfa. Samkvæmt samningunum er viðskiptavökum skylt að endurnýja kaup- og sölutilboð reglulega. Óhætt er að fullyrða að þessir samningar hafa haft góð áhrif á verðmyndun á eftirmarkaði.

Ávöxtun spariskírteina var í byrjun árs um 5,9% á 10 ára skírteinum og 5,8% á 20 ára skírteinum. Ávöxtunarkrafan fór svo lækkandi og náði lágmarki í júní en þá var hún 5,4% á 10 ára, en 5,2% á 20 ára skírteinum. Frá þeim tíma hefur hún heldur hækkað og í september var ávöxtunarkrafan 5,5% á 10 ára og 5,4% á 20 ára skírteinum. Sala spariskírteina hefur

verið mjög góð það sem af er árinu. Þannig hefur náðst að selja 20 ára skírteini í almennum útboðum fyrir um 3,5 milljarða króna sem er 68% af heildarsölu spariskírteina í slíkum útboðum.

Vextir óverðtryggðra ríkisbréfa fóru lækkandi framan af árinu en hafa heldur hækkað að undanförnu. Þannig hafa vextir 5 ára bréfa lækkað úr 10,5% um sl. áramót í 8,8% um miðjan september. Sala ríkisbréfa hefur verið nokkuð sveiflukennd. Hún byrjaði vel í upphafi árs, var dræm um mitt ár, en hefur aðeins verið að glæðast nú að undanförnu. Samtals hafa verið seld ríkisbréf fyrir um 4,5 milljarða króna í ár.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða, voru í byrjun janúar u.þ.b. þremur prósentustigum hærri en erlendir skammtímavextir vegnir með viðskiptavog fyrir Ísland. Þessi munur fór lækkandi fram eftir árinu og var um tíma tvö prósentustig, en vegna aðgerða Seðlabanka Íslands í lok september til að draga úr þenslu hækkaði munurinn að nýju og er nú svipaður og hann var í byrjun árs. Hætta er jafnan á streymi fjár til útlanda ef vextir ríkisvíxla nálgast um of erlenda skammtímavexti. Það er hins vegar ávallt háð mati markaðarins hversu mikill þessi munur þarf að vera. Því ráða þættir eins og lánstraust, stöðugleiki og stærð markaðarins.

Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 7,1%, sem er um 0,5% lægri vextir en í byrjun árs. Sala ríkisvíxla í útboðum var í samræmi við áætlanir. Þetta breyttist í skiptiútboði vegna innköllunar spariskírteina þegar heldur meira var selt af víxlum en ráð var fyrir gert. Frá þeim tíma hefur eftirspurn eftir ríkisvíxlum verið heldur meiri en framboð. Fyrstu átta mánuði ársins nam nettó sala þeirra um 3,9 milljörðum króna.

Nýjungar í lánsfjármálum ríkissjóðs. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í tengslum við innlenda fjáröflun ríkisins á þessu ári. Í byrjun febrúar kom til lokainnlausnar flokkur spariskírteina að fjárhæð um 8,5 milljarðar króna. Ákveðið var að mæta þessari innlausn með nýjum hætti. Nokkru fyrir gjalddaga var í fyrsta sinn haldið sérstakt útboð eingöngu ætlað þeim sem áttu spariskírteini í innlausnarflokknum. Í þessu útboði var ekki notuð hefðbundin aðferð við töku tilboða heldur var ákveðið að allir þeir sem lentu undir meðalávöxtun í sínum tilboðum yrðu færðir upp í meðalávöxtun útboðsins. Þessi aðferð er þekkt erlendis og ætluð til að auka þátttöku í útboðum en hún dregur einnig úr áhættu tilboðsgjafa. Þetta skiptiútboð gekk allvel og tókst að endurfjármagna yfir 70% innlausnarinnar. Svipaður háttur var hafður á við innköllun spariskírteina í júlí sl.

Þá var ákveðið að breyta útgáfu ríkisvíxla þannig að hún félli betur að þörfum ríkissjóðs og um leið peningamarkaðarins. Breytingin fólst aðallega í tveimur atriðum. Annars vegar voru útboð bundin ákveðnum mánaðardögum og uppgjörs krafist samdægurs eða daginn eftir, í stað þess að miða útboðið við ákveðna vikudaga með greiðsluuppgjöri tveim dögum síðar. Í öðru lagi var víxlaflokkunum fækkað og gjalddagar þeirra aðlagaðir að tekjustreymi ríkissjóðs. Með þessum breytingum fara saman þarfir ríkissjóðs og banka varðandi inn- og útstreymi fjár. Bankarnir ná að ávaxta fé sitt strax og ríkissjóður nær að brúa betur skammtímafjárþörf sína.

Í lok maí ákvað fjármálaráðherra að innkalla andvirði þriggja flokka spariskírteina frá árinu 1986 sem báru vexti á bilinu 8-9% auk verðtryggingar, en undanfarin misseri hafa vextir spariskírteina í útboðum verið vel innan við 6%. Áætlað er að þessi aðgerð spari ríkissjóði um 2 milljarða króna í vaxtagöldum fram til ársins 2000.

Húsnæðiskerfið. Húsnæðisstofnun og fjármálaráðuneyti gerðu með sér samning um að ríkissjóður fjármagnaði lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1996, samtals 2,3 milljarða króna. Einnig var ákveðið að bjóða út að nýju húsnæðisbréf til að fjármagna Byggingarsjóð verkamanna. Þátttaka í útboðum hefur verið það góð að tekist hefur að mæta 5,7 milljarða króna fjárþörf sjóðsins að fullu í ár. Útgáfa húsbréfa hefur verið samkvæmt áætlun það sem af er árinu, en heimild í lánsfjárlögum nemur 13,5 milljörðum króna.

8.3 Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af lðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins.

Skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Sú skilgreining sem hér er notuð er allvíðtæk miðað við skilgreiningar í alþjóðlegum samanburði. Ýmis fyrirtæki og sjóðir sem hér flokkast sem ríkisaðilar, vegna ríkisábyrgðar á lánum þeirra, teljast til einkaaðila annars staðar. Jafnvíðtæk skilgreining og hér er notuð getur gefið villandi mynd af umsvifum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd. Til að auðvelda yfirsýn og samanburð við önnur lönd hefur lánsfjárþörfinni verið skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Til ríkisins teljast þá A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Undir ríkisfyrirtæki og sjóði fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeign í aðildarríkjum OECD. Hér má nefna Landsvirkjun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin og gefur það sem hér fer á eftir því ekki tæmandi mynd af umsvifum opinberra aðila á fjármagnsmarkaði.

Heildaryfirlit. Heildarlántökur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða eru áætlaðar 47,7 milljarðar króna á árinu 1997. Afborganir eldri lána eru áætlaðar 36 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, er áætluð 11,7 milljarðar króna og er það 7,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána frekar en undanfarin ár. Má rekja það til aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa þar sem vaxta- og gengisþróun ræður miklu um hvernig leitað er á fjármagnsmarkaði. Nú geta erlendir aðilar t.d. keypt ríkisverðbréf útgefin hér á landi og innlendir aðilar erlend ríkisverð-

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



bréf hömlulaust. Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á árinu 1996 og 1997 er sundurgreind í eftirfarandi töflu:

Í milljörðum króna	Áætlun 1996			Áætlun 1997		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**48,6**	**25,4**	**74,0**	-	-	**47,7**
Ríki	32,1	17,5	49,6	-	-	19,5
Ríkissjóður A-hluti	26,4	17,5	43,9	-	-	11,9
Byggingarsjóðir	5,7	-	5,7	-	-	7,6
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	16,5	7,9	24,4	-	-	28,2
Ríkisfyrirtæki	0,5	2,2	2,7	-	-	4,8
Húsbréf	13,5	-	13,5	-	-	14,0
Fjárfestingarlánasjóðir	2,5	5,7	8,2	-	-	9,4
Afborganir	**34,7**	**19,9**	**54,6**	**21,3**	**14,9**	**36,0**
Ríki	25,6	9,5	35,1	12,5	7,6	20,0
Ríkissjóður A-hluti	19,3	9,5	28,8	6,6	7,6	14,2
Byggingarsjóðir	6,3	-	6,3	5,8	-	5,8
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	9,1	10,4	19,5	8,8	7,3	16,0
Ríkisfyrirtæki	-	2,1	2,1	-	2,3	2,3
Húsbréf	4,9	-	4,9	5,7	-	5,7
Fjárfestingarlánasjóðir	4,2	8,3	12,5	3,3	4,7	8,0
Hrein lánsfjárþörf	**13,9**	**5,5**	**19,4**	-	-	**11,7**
Hlutfall af landsframleiðslu	**2,8**	**1,1**	**3,9**			**2,3**

Lánsfjárhreyfingar ríkissjóðs. Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs eru áætlaðar 11,9 milljarðar króna á árinu 1997 samanborið við 43,9 milljarða króna á þessu ári. Greiddar afborganir af teknum lánum eru taldar munu nema 14,2 milljörðum króna. Þannig mun ríkissjóður, í fyrsta skipti frá upphafi síðasta áratugar, greiða niður skuldir sínar á árinu 1997 um sem nemur 2,3 milljörðum króna, en í ár eru þær taldar aukast um rúma 15 milljarða króna. Helstu skýringar á þessari breyttu lánsfjárþörf er að í stað halla í ár er áformað að ríkissjóður verði rekinn með afgangi árið 1997. Einnig falla niður á næsta ári lánveitingar ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar samkvæmt yfirlitinu. Í samræmi við gildandi samkomulag milli stofnunarinnar og fjármálaráðuneytisins getur komið til endurlána ríkissjóðs, teljist það heppilegra. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1996 og 1997 og skiptingu hennar:

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Rekstrarhalli ríkissjóðs	12.813	-1.084
Veitt lán, nettó	1.620	-2.050
Eignfærð framlög	300	400
Viðskiptareikningar	500	400
Hrein lánsfjárþörf	**15.233**	**-2.334**
Afborganir af teknum lánum	28.750	14.240
Heildarlánsfjárþörf	**43.983**	**11.906**

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs skiptist.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1997 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.190 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkis-

sjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 8.240 m.kr. Innstreymi í ríkissjóð er því áætlað rúmlega 2 milljarðar króna, nettó. Á árinu 1997 koma til greiðslu lán sem ríkissjóður endurlánaði Flugstöð Leifs Eiríkssonar að fjárhæð 1.470 m.kr. og er hluti af innheimtum afborgunum ríkissjóðs á árinu 1997 og skýrir hækkun þeirra á milli ára. Til viðbótar þarf á næsta ári að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun flugstöðvarinnar að fjárhæð 525 m.kr. Fjárþörf flugstöðvarinnar verður mætt með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð 1.950 m.kr. sem áformað er að greidd verði af tekjustofnum flugmálaáætlunar á næstu árum og áratugum, ásamt öðrum lánum sem hvíla á flugstöðinni. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingu veittra lána:

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Veitt ný lán	**8.980**	**6.190**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.930	3.970
Húsnæðisstofnun ríkisins	2.330	-
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	850	130
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.950
Alþjóðaflugþjónustan	-	100
Raðsmíðaskip	980	-
Spölur hf.	400	-
Aðrir	490	40
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**7.360**	**8.240**
Bundnar innlendu verðlagi	5.020	5.660
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.340	2.580
Veitt lán, nettó	**1.620**	**-2.050**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs. Á vegum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu er verið að skoða möguleika á að selja eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum eins og Skýrr hf., Sementsverksmiðjunni hf. o.fl. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar í þessu efni. Hæsta stofnfjárframlagið er áætlað til Alþjóðaframfarastofnunarinnar IDA, 85 m.kr. Framlag til tveggja stofnana fellur niður á árinu 1997 en það eru framlög til Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda og Norræna fjárfestingarbankans, NIB. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 400 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 300 m.kr. á árinu 1996.

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Hluta- og stofnfjárframlög	**80**	**-**
Stofnfjárframlag til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar	180	-
Seld hlutabréf í Jarðborunum hf	-70	-
Seld hlutabréf í Þörungaverksmiðjunni hf	-30	-
Alþjóðafjármálastofnanir	**220**	**400**
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington, DC	90	85
Evrópubankinn, EBRD, London	17	8
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	-	19
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	43	53
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	7	6
Annað	63	229
Samtals	**300**	**400**

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 14.240 m.kr. árinu 1997 samanborið við 28.750 m.kr. á þessu ári. Innlausn spariskírteina er áætluð um 5,4 milljarðar króna á næsta ári og afborganir af erlendum lánum dragast saman milli ára um 1,8 milljarða króna m.a. vegna skuldbreytinga yfir í lán með betri kjörum. Gert er ráð fyrir að sala nýrra ríkisbréfa á árinu 1997 nemi álíka fjárhæð og innlausn eldri ríkisbréfa, en á yfirstandandi ári er innlausn 3,4 milljörðum króna umfram seld ríkisbréf. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1996 og 1997:

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Innlausn spariskírteina	14.450	5.400
Innlausn ríkisbréfa	3.440	-
Önnur innlend lán	1.390	1.190
Erlend lán	9.470	7.650
Samtals	**28.750**	**14.240**

Töfluviðauki

Bls.

I Ríkissjóður A- og B-hluti

1. Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs 1988-1997 378
2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1988-1997 379
3. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1988-1997 á verðlagi ársins 1997 380
4. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1988-1997 381
5. Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs 1988-1997 á verðlagi ársins 1997 . 382
6. Sérstakar breytingar á útgjöldum ríkissjóðs - Hagræn skipting 383
7. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1997 384
8. Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum 1988-1997 á verðlagi ársins 1997 .. 385
9. Markaðar ríkissjóðstekjur og ráðstöfun þeirra 1997 386
10. Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur 1996-1997 387
11. Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar 1996-1997 388
12. Heildaryfirlit yfir fjármál fyrirtækja og sjóða í B-hluta 1996-1997 389
13. Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta 1996-1997 390

II Fjárfesting, fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

14. Fjárfesting 1995-1997 391
15. Opinberar framkvæmdir 1988-1997 392
16. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1993-1997 393
17. Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1997 394

III Greiðslujöfnuður, erlend lán og opinber lánastaða

18. Greiðslujöfnuður við útlönd 1988-1997 395
19. Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði 1988-1997 396
20. Flokkun erlendra langtímalána 1986-1995 397
21. Veitt og tekin lán ríkissjóðs 1988-1997 398
22. Skuldir og kröfur opinberra aðila 1988-1997 399

IV Efnahagssmál

23. Verðlags- og launaþróun 1988-1997 400
24. Þjóðhagsyfirlit 1988-1997 401
25. Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða 1988-1997 402

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996 [1]	Frumvarp 1997 [2]
Tekjur	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	109 602	114 413	125 987	125 424
Gjöld	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	116 986	123 344	138 800	124 340
Rekstrarafkoma	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-7 384**	**-8 931**	**-12 813**	**1 084**
Veitt lán, nettó	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	-1 620	2 050
Hlutafé og stofnfjárframlög	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 300	- 400
Viðskiptareikningar, nettó	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 487	- 500	- 400
Hrein lánsfjárþörf	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**14 771**	**18 643**	**15 233**	**-2 334**
Lántökur, nettó	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**14 500**	**-2 240**
Innlend lántaka	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	6 900	-
Ný lán	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	26 150	-
Afborganir	3 356	4 549	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 250	
Erlend lántaka	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 600	-
Ný lán	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	18 900	-
Afborganir	1 032	1 482	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	11 300	
Seðlabanki Íslands, nettó	**- 646**	**-5 548**	**-2 031**	**- 755**	**- 776**	-	-	-	-	-
Greiðsluafkoma	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 837**	**- 733**	**94**
Hlutfall af VLF, %										
Tekjur	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,2	25,1	25,4	24,1
Gjöld	27,9	27,9	26,6	28,4	27,8	27,5	26,9	27,1	28,0	23,9
Rekstrarafkoma	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-1,7	-2,0	-2,6	0,2
Hrein lánsfjárþörf	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	3,4	4,1	3,1	-0,4
Greiðsluafkoma	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	-0,1	0,0

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna og gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997 [1]
Tekjuskattar	**7 980**	**10 610**	**14 738**	**15 550**	**16 462**	**16 103**	**19 163**	**20 992**	**24 965**	**20 635**
Einstaklingar	6 158	8 087	12 060	12 903	13 207	12 835	15 872	16 750	20 515	15 800
Fyrirtæki	1 822	2 523	2 678	2 647	3 255	3 268	3 291	4 242	4 450	4 835
Tryggingagjöld og launaskattar	**4 904**	**5 842**	**7 649**	**9 510**	**9 976**	**10 374**	**10 945**	**11 453**	**13 122**	**13 965**
Eignarskattar	**1 327**	**2 389**	**2 630**	**3 332**	**3 478**	**3 796**	**3 561**	**3 627**	**3 635**	**3 720**
Skattar á vörur og þjónustu	**46 413**	**55 401**	**61 121**	**65 111**	**65 854**	**65 889**	**68 000**	**69 929**	**75 655**	**78 764**
Virðisaukaskattur/söluskattur	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 899	42 358	46 000	49 000
Innflutnings- og vörugjöld	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 696	7 994	8 832	9 377	9 269
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 148	7 200	7 045
Bifreiðagjöld [2]	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 231	8 607	9 088	9 320
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 276	3 984	3 990	4 130
Aðrar tekjur	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 933**	**8 412**	**8 610**	**8 340**
Vaxtatekjur	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 720	5 139	5 605	5 360
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 213	3 273	3 005	2 980
Heildartekjur ríkissjóðs	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**109 602**	**114 413**	**125 987**	**125 424**
Þar af skatttekjur	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	101 669	106 001	117 377	117 084
Hlutfall af VLF, %										
Heildartekjur ríkissjóðs	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,2**	**25,1**	**25,4**	**24,1**
Aðrar tekjur	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,8	1,7	1,6
Skatttekjur	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,4**	**23,3**	**23,7**	**22,5**
Tekjuskattur	3,1	3,4	4,1	3,9	4,1	3,9	4,4	4,6	5,0	4,0
Tryggingagjöld og launaskattar	1,9	1,9	2,1	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5	2,6	2,7
Eignaskattar	0,5	0,8	0,7	0,8	0,9	0,9	0,8	0,8	0,7	0,7
Skattar á vörur og þjónustu	18,1	18,0	16,8	16,4	16,5	16,0	15,6	15,4	15,3	15,2

1) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

2) Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997 [2]
Tekjuskattar	**14 234**	**15 800**	**18 796**	**18 431**	**18 812**	**17 967**	**20 942**	**22 162**	**25 564**	**20 635**
Einstaklingar	10 984	12 043	15 381	15 293	15 093	14 321	17 345	17 684	21 007	15 800
Fyrirtæki	3 250	3 757	3 415	3 137	3 720	3 646	3 597	4 478	4 557	4 835
Tryggingagjöld og launaskattar	**8 747**	**8 700**	**9 755**	**11 272**	**11 400**	**11 575**	**11 961**	**12 091**	**13 437**	**13 965**
Eignarskattar	**2 367**	**3 558**	**3 354**	**3 949**	**3 975**	**4 236**	**3 892**	**3 829**	**3 722**	**3 720**
Skattar á vörur og þjónustu	**82 786**	**82 502**	**77 950**	**77 173**	**75 256**	**73 518**	**74 313**	**73 827**	**77 471**	**78 764**
Virðisaukaskattur/söluskattur	52 671	50 857	47 297	46 171	45 647	45 185	44 696	44 719	47 104	49 000
Innflutnings- og vörugjöld	9 217	11 057	10 654	11 213	9 365	8 586	8 736	9 324	9 602	9 269
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	7 625	7 997	7 550	7 689	7 354	6 862	7 213	6 491	7 373	7 045
Bifreiðagjöld [3]	6 726	7 050	6 977	7 590	8 030	8 382	8 995	9 087	9 306	9 320
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	6 546	5 541	5 471	4 510	4 860	4 502	4 673	4 206	4 086	4 130
Aðrar tekjur	**6 924**	**8 721**	**8 054**	**7 645**	**8 773**	**7 875**	**8 669**	**8 881**	**8 817**	**8 340**
Vaxtatekjur	5 836	6 834	5 224	4 678	4 803	4 932	5 158	5 425	5 740	5 360
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	1 088	1 887	2 830	2 967	3 970	2 943	3 511	3 455	3 077	2 980
Heildartekjur ríkissjóðs	**115 058**	**119 281**	**117 909**	**118 470**	**118 217**	**115 171**	**119 777**	**120 791**	**129 011**	**125 424**
Þar af skatttekjur	108 134	110 560	109 855	110 825	109 444	107 296	111 107	111 910	120 194	117 084
Hlutfall af heildartekjum, %										
Tekjuskattur	12,4	13,2	15,9	15,6	15,9	15,6	17,5	18,3	19,8	16,5
Tryggingagjöld og launaskattar	7,6	7,3	8,3	9,5	9,6	10,1	10,0	10,0	10,4	11,1
Eignaskattar	2,1	3,0	2,8	3,3	3,4	3,7	3,2	3,2	2,9	3,0
Skattar á vörur og þjónustu	72,0	69,2	66,1	65,1	63,7	63,8	62,0	61,1	60,0	62,8
Aðrar tekjur	6,0	7,3	6,8	6,5	7,4	6,8	7,2	7,4	6,8	6,6

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

3) Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996 [1]	Frumvarp 1997 [2]
Rekstrargjöld	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 370**	**47 803**	**51 830**	**45 731**
Laun	19 490	22 410	29 556	33 573	34 343	35 977	37 350	38 440	42 330	36 770
Önnur rekstrarútgjöld	10 969	13 292	12 911	13 445	14 859	15 177	14 655	16 193	16 700	16 857
Sértekjur	3 174	3 584	5 140	4 600	6 820	6 800	6 635	6 830	7 200	7 896
Tilfærslur	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 899**	**49 680**	**51 820**
Almannatryggingar	14 928	18 911	23 851	26 692	27 528	27 927	30 733	32 749	33 760	34 069
Greiðslur til landbúnaðar	5 120	7 067	8 072	9 049	9 415	6 518	5 703	5 818	5 250	5 331
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 480	1 450	1 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 223	2 380
Aðrar tilfærslur	5 895	6 230	4 306	5 570	5 807	5 452	5 211	5 795	6 997	8 540
Vextir	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**10 704**	**12 440**	**23 900**	**13 550**
Viðhald	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 341**	**3 981**	**3 690**	**3 835**
Stofnkostnaður	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**12 505**	**11 221**	**9 700**	**9 404**
Vegagerð	...	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 522	4 380	3 721	3 548
Flugvellir og hafnir	...	808	942	1 228	1 317	1 469	1 336	1 139	971	1 001
Húsnæðisstofnun	...	1 150	534	900	1 075	925	918	534	400	300
Annar stofnkostnaður	...	5 519	5 251	7 455	5 369	5 425	5 729	5 168	4 608	4 555
Gjöld samtals	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**138 800**	**124 340**
Hlutfall af VLF, %										
Heildarútgjöld ríkissjóðs	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,4**	**27,8**	**27,5**	**26,9**	**27,1**	**28,0**	**23,9**
Rekstrargjöld	10,6	10,4	10,3	10,7	10,7	10,8	10,4	10,5	10,5	8,8
Tilfærslur	10,7	11,0	10,9	11,4	11,6	10,5	10,4	10,5	10,0	10,0
Vextir	2,7	2,8	2,3	2,5	2,1	2,4	2,5	2,7	4,8	2,6
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8	0,8	0,9	0,7	0,7
Stofnkostnaður	3,3	3,1	2,6	3,2	2,8	3,0	2,9	2,5	2,0	1,8

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 5 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996 [2]	Frumvarp 1997 [3]
Rekstrargjöld	**48 668**	**47 830**	**47 605**	**50 276**	**48 433**	**49 489**	**49 582**	**50 468**	**53 074**	**45 731**
Laun	34 764	33 373	37 694	39 793	39 246	40 142	40 817	40 583	43 346	36 770
Önnur rekstrarútgjöld	19 565	19 794	16 466	15 936	16 981	16 934	16 016	17 096	17 101	16 857
Sértekjur	5 661	5 337	6 555	5 452	7 794	7 587	7 251	7 211	7 373	7 896
Tilfærslur	**49 141**	**50 641**	**50 516**	**53 466**	**52 845**	**48 081**	**49 250**	**50 569**	**50 872**	**51 820**
Almannatryggingar	26 627	28 162	30 418	31 637	31 458	31 160	33 586	34 575	34 570	34 069
Greiðslur til landbúnaðar	9 132	10 524	10 295	10 725	10 759	7 273	6 232	6 142	5 376	5 331
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 866	2 678	2 773	2 883	2 281	1 896	1 636	1 563	1 485	1 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	...	...	1 539	1 619	1 711	1 669	2 100	2 172	2 276	2 380
Aðrar tilfærslur	10 515	9 278	5 492	6 602	6 636	6 083	5 695	6 118	7 165	8 540
Vextir	**12 243**	**12 730**	**10 552**	**11 704**	**9 538**	**10 859**	**11 698**	**13 133**	**24 474**	**13 550**
Viðhald	**2 631**	**2 654**	**3 012**	**2 711**	**2 904**	**3 751**	**3 651**	**4 203**	**3 779**	**3 835**
Stofnkostnaður	**14 999**	**14 299**	**11 894**	**15 169**	**12 679**	**13 750**	**13 666**	**11 847**	**9 933**	**9 404**
Vegagerð	...	3 165	3 315	3 811	3 810	5 025	4 942	4 624	3 810	3 548
Flugvellir og hafnir	...	1 203	1 201	1 455	1 505	1 639	1 460	1 202	994	1 001
Húsnæðisstofnun	...	1 713	681	1 067	1 228	1 032	1 003	564	410	300
Annar stofnkostnaður	...	8 219	6 697	8 836	6 136	6 053	6 261	5 456	4 719	4 555
Gjöld samtals	**127 682**	**128 153**	**123 579**	**133 326**	**126 399**	**125 930**	**127 846**	**130 220**	**142 131**	**124 340**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %										
Rekstrargjöld	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,3	38,8	38,8	37,3	36,8
Tilfærslur	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,2	38,5	38,8	35,8	41,7
Vextir	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,1	10,1	17,2	10,9
Viðhald	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,9	3,2	2,7	3,1
Stofnkostnaður	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	10,7	9,1	7,0	7,6

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.100 milljónir króna árið 1996.

3) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 6 Sérstakar breytingar á útgjöldum ríkissjóðs - Hagræn skipting

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1995	Áætlun 1996	Sérstakar breytingar 1996 [1]	Leiðréttar tölur 1996	Frumvarp 1997
Rekstrargjöld	**47 805**	**51 830**	**-6 442**	**45 388**	**45 731**
Laun	39 610	42 330	-6 318	36 012	36 770
Önnur rekstrarútgjöld	15 025	16 700	- 124	16 576	16 857
Sértekjur	6 830	7 200		7 200	7 896
Tilfærslur	**47 899**	**49 680**	**1 229**	**50 909**	**51 820**
Almannatryggingar	32 749	33 760		33 760	34 069
Greiðslur til landbúnaðar	5 818	5 250		5 250	5 331
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 480	1 450		1 450	1 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2 057	2 223		2 223	2 380
Aðrar tilfærslur	5 795	6 997	1 229	8 226	8 540
Vextir	**12 440**	**23 900**	**-10 100**	**13 800**	**13 550**
Viðhald	**3 979**	**3 690**		**3 690**	**3 835**
Stofnkostnaður	**11 221**	**9 700**		**9 700**	**9 404**
Vegagerð	4 380	3 721		3 721	3 548
Flugvellir og hafnir	1 139	971		971	1 001
Húsnæðisstofnun	534	400		400	300
Annar stofnkostnaður	5 168	4 608		4 608	4 555
Gjöld samtals	**123 344**	**138 800**	**-15 313**	**123 487**	**124 340**
Hlutfall af VLF, %					
Heildarútgjöld ríkissjóðs	**27,1**	**28,0**	**-3,1**	**24,9**	**23,9**
Rekstrargjöld	10,5	10,5	-1,3	9,2	8,8
Tilfærslur	10,5	10,0	0,2	10,3	10,0
Vextir	2,7	4,8	-2,0	2,8	2,6
Viðhald	0,9	0,7	0,0	0,7	0,7
Stofnkostnaður	2,5	2,0	0,0	2,0	1,8

[1] Útgjöld fyrir árið 1996 eru leiðrétt fyrir sérstökum áhrifum af innköllun spariskírteina og flutnings grunnskóla.

Tafla 7 **Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum**

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Æðsta stjórn ríkisins	679	825	1 052	1 090	1 040	1 106	1 182	1 389	1 453	1 363
Forsætisráðuneyti	386	897	731	778	346	379	706	818	691	529
Menntamálaráðuneyti	11 618	13 556	15 144	17 357	16 629	16 750	17 534	17 333	19 547	14 627 [5]
Utanríkisráðuneyti	807	1 009	1 322	1 540	1 453	1 584	1 693	1 866	1 945	1 972
Landbúnaðarráðuneyti	2 893	3 889	3 621	5 426	5 688	7 821 [2]	7 040	6 984	7 079	6 924
Sjávarútvegsráðuneyti	1 620	2 123	923	1 040	1 028	1 126	924	1 124	1 244	1 210
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 639	3 987	4 536	5 022	5 165	5 535	5 986	6 152	6 120	6 264
Félagsmálaráðuneyti	3 162	3 009	3 760	4 977	4 962	5 362	8 579 [3]	9 619	9 151	9 301
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	26 997	32 313	39 765 [1]	45 095	46 391	47 679	47 041 [3]	49 707	51 362	52 224
Fjármálaráðuneyti	10 188	12 534	12 099	15 374	13 142	14 133	14 926	16 608	29 015 [4]	18 916
Samgönguráðuneyti	4 700	5 770	7 118	7 589	7 824	9 398	9 333	9 419	8 701	8 557
Iðnaðarráðuneyti	1 191	1 453	1 205	1 303	1 011	1 029	1 122	1 217	1 174	1 117
Viðskiptaráðuneyti	3 618	4 596	5 478	5 224	5 197	171 [2]	178	198	198	195
Hagstofa Íslands	85	95	110	142	145	138	156	149	159	154
Umhverfisráðuneyti	-	-	34	533	586	652	586	761	961	988
Samtals	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**138 800**	**124 340**

[1] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[2] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[3] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

[4] Innköllun skariskírteina hækkar vaxtagjöld um 10.100 milljónir króna árið 1996.

[5] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar útgjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 8 Útgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Æðsta stjórn ríkisins	1 211	1 229	1 342	1 292	1 188	1 234	1 292	1 466	1 488	1 363
Forsætisráðuneyti	689	1 336	932	922	395	423	772	864	707	529
Menntamálaráðuneyti	20 723	20 187	19 314	20 573	19 003	18 690	19 162	18 299	20 016	14 627 [6]
Utanríkisráðuneyti	1 439	1 503	1 686	1 825	1 660	1 767	1 850	1 970	1 991	1 972
Landbúnaðarráðuneyti	5 160	5 791	4 618	6 431	6 500	8 727 [3]	7 694	7 373	7 249	6 924
Sjávarútvegsráðuneyti	2 890	3 162	1 177	1 232	1 175	1 256	1 010	1 187	1 274	1 210
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6 491	5 937	5 785	5 952	5 902	6 176	6 542	6 495	6 267	6 264
Félagsmálaráðuneyti	5 640	4 481	4 795	5 899	5 670	5 983	9 375 [4]	10 155	9 370	9 301
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	48 154	48 120	50 714 [2]	53 449	53 015	53 199	51 408 [4]	52 478	52 594	52 224
Fjármálaráðuneyti	18 172	18 665	15 430	18 222	15 018	15 769	16 312	17 534	29 711 [5]	18 916
Samgönguráðuneyti	8 383	8 593	9 078	8 994	8 941	10 486	10 199	9 944	8 910	8 557
Iðnaðarráðuneyti	2 124	2 164	1 536	1 545	1 155	1 148	1 226	1 285	1 202	1 117
Viðskiptaráðuneyti	6 453	6 844	6 986	6 191	5 939	190 [3]	195	209	203	195
Hagstofa Íslands	152	141	141	168	166	154	170	157	163	154
Umhverfisráðuneyti	-	-	44	632	669	727	640	803	984	988
Samtals	**127 682**	**128 153**	**123 579**	**133 326**	**126 399**	**125 930**	**127 846**	**130 220**	**142 131**	**124 340**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Í upphafi árs 1990 breyttist verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sem jók útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

[3] Niðurgreiðslur búvöru fluttar frá viðskiptaráðuneyti til landbúnaðarráðuneytis.

[4] Atvinnuleysistryggingasjóður fluttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.

[5] Innköllun skariskírteina hækkar vaxtagjöld um 10.100 milljónir króna árið 1996.

[6] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar útgjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 9 Markaðar ríkissjóðstekjur og ráðstöfun þeirra 1997

Milljónir króna	Tekjur	Gjaldfærsla
Menntamálaráðuneyti:		
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.	78	
Bygginga- og tækjasjóður		78
Skemmtanaskattur	80	
Sinfóníuhljómsveit Íslands		8
Menningarsjóður félagsheimila		8
Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna		64
Miðagjald í Menningarsjóð	15	
Menningarsjóður		13
Sérstakur eignarskattur	435	
Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu o.fl.		285
Félagsmálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	3 200	
Atvinnuleysistryggingasjóður		2 860
Vinnueftirlit ríkisins		135
Ábyrgðargjald	180	
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota		180
Erfðafjárskattur	420	
Framkvæmdasjóður fatlaðra		165
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:		
Tryggingagjald	9 795	
Tryggingastofnun ríkisins		9 795
Gjald á sölu tóbaks	31	
Tóbaksvarnir		31
Gjald á áfengi	55	
Forvarnarsjóður		55
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraða	480	
Framkvæmdasjóður aldraða		480
Fjármálaráðuneyti:		
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	220	
Ríkisábyrgðir		220
Samgönguráðuneyti:		
Sérstakt vörugjald af bensíni	4 780	
Þungaskattur	2 690	
Vegagerð ríkisins		6 614
Vitagjald	60	
Skipaskoðunargjald	65	
Siglingastofnun Íslands		125
Iðnaðarráðuneyti:		
Rafmagnseftirlitsgjald	120	
Rafmagnseftirlit ríkisins		60
Markaðir tekjustofnar alls	**22 704**	
Gjaldfærsla markaðra tekjustofna		**21 175**
Skerðing markaðra tekjustofna		**1 529**

Tafla 10 Tryggingagreiðslur, framlög og niðurgreiðslur

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997
Einstaklingar og ýmis samtök:	**40 213**	**43 008**
Lífeyristryggingar og lög um félagslega aðstoð	17 765	18 087
Sjúkratryggingar	10 325	11 285
Atvinnuleysistryggingasjóður	3 040	2 860
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	2 161	2 380
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 450	1 500
Flutningur grunnskólans	-	1 229
Uppbætur á lífeyri	960	1 105
Framkvæmdasjóður aldraða	470	480
Niðurgreiðsla á rafhitun	447	437
Slysatryggingar	390	410
Alþjóðastofnanir	406	393
Alþjóðleg samskipti	266	315
Þjóðleikhús	308	311
Þróunarmál	262	277
Framlög til lista	208	216
Ábyrgðarsjóður launa vegna gjaldþrota	200	180
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands	140	144
Listasjóðir, lög nr. 35/1991	130	144
Lífeyrissjóður bænda, lög nr. 50/1984	139	139
Jöfnun á námskostnaði	112	127
Styrkur til útgáfumála	123	123
Sinfóníuhljómsveit Íslands	116	116
Krabbameinsfélag Íslands	104	106
Lýðveldissjóður	100	100
Styrking dreifikerfis í sveitum	100	100
Íþróttamál	75	90
Kvikmyndasjóður	87	86
Framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar	87	85
Greiðslur vegna riðuveiki	72	72
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	61	61
Vinnumál	110	49
Fyrirtæki og atvinnuvegir:	**5 729**	**5 689**
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu og framlag í Framleiðnisjóð	5 372	5 331
Lífeyrissjóður bænda, mótframlag	174	183
Bændasamtök Íslands	158	150
Styrkir til markaðssóknar	25	25
Annað:	**2 496**	**3 122**
Samtals	**48 438**	**51 820**

Tafla 11 Framlög A-hluta ríkissjóðs til fjárfestingar

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997
Stofnkostnaður	**6 357**	**6 479**
Vegagerð án þéttbýlisvega	2 974	3 088
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar	496	612
Almennir framhaldsskólar	568	520
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	330	335
Flugvellir	203	310
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	200	200
Háskóli Íslands	192	187
Framkvæmdasjóður fatlaðra	257	165
Bessastaðir	37	85
Sendiráð	37	59
Húsnæði og búnaður sýslumanna	92	58
Fangelsisbyggingar	55	55
Húsnæði og búnaður dómsmálastofnana	110	50
Fasteignir ríkissjóðs	25	20
Annað	781	735
Fjármagnstilfærslur	**2 686**	**2 925**
Hafnamál	661	659
Ferjur og flóabátar	470	460
Byggingarsjóður verkamanna	400	300
Einsetning grunnskólans	-	265
Ríkisábyrgðir	180	220
Framkvæmdasjóður aldraðra	140	220
Tæknisjóður	200	200
Byggðastofnun	218	190
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	100	100
Bygginga- og tækjasjóður	78	78
Jarðasjóður og jarðeignir ríkisins	31	31
Framlög skv. lögum um jarðrækt og búfjárrækt	43	30
Orkusjóður	26	26
Vísindasjóður	15	25
Annað	126	122
Samtals	**9 042**	**9 404**

Tafla 12

Heildaryfirlit yfir fjármál fyrirtækja og sjóða í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs		Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Breyting m.kr.	Breyting %
51	Launagjöld	8 476	4 394	-4 081	-48,2
54-58	Önnur rekstrargjöld	10 782	5 859	-4 924	-45,7
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	13 990	13 721	- 269	-1,9
571	Fjármagnskostnaður	9 508	9 009	- 500	-5,3
51-57	Viðhald	717	556	- 162	-22,5
593	Afskriftir	2 745	1 522	-1 223	-44,6
59	Tilfærslur	5 009	4 032	- 977	-19,5
5,8	**Gjöld samtals**	**51 227**	**39 092**	**-12 135**	**-23,7**
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	39 741	27 577	-12 165	-30,6
48	Fjármunatekjur	10 266	10 511	244	2,4
4910	Framlög ríkissjóðs	6 348	6 085	- 263	-4,1
49	Aðrar tekjur	2 095	2 401	306	14,6
4,7	**Tekjur samtals**	**58 450**	**46 572**	**-11 878**	**-20,3**
	Mismunur	7 224	7 481	257	3,6
Fjármunahreyfingar út:		**48 668**	**45 883**	**-2 785**	**-5,7**
16	Veitt lán	21 178	20 317	- 861	-4,1
18	Fjárfesting	3 788	1 848	-1 940	-51,2
26	Afborganir lána	17 010	18 108	1 098	6,5
59	Arðgreiðslur í ríkissjóð	981	161	- 820	-83,6
59	Önnur skil í ríkissjóð	3 235	3 205	- 30	-0,9
	Annað	2 477	2 244	- 232	-9,4
Fjármunahreyfingar inn:		**48 668**	**45 883**	**-2 785**	**-5,7**
16	Innheimtar afborganir	9 980	9 055	- 925	-9,3
18	Sala eigna	232	40	- 192	-82,8
19	Afskriftir	2 745	1 522	-1 223	-44,6
26	Tekin lán	27 112	27 786	674	2,5
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 224	7 481	257	3,6
	Annað	1 377	-	-1 377	-100,0

Tafla 13 Yfirlit yfir framlög, fjárfestingu og lántökur í B-hluta

Milljónir króna á verðlagi hvors árs	Framlög		Fjárfesting		Lántaka	
	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997	Fjárlög 1996	Frumvarp 1997
22-236 Vísindasjóður	15	25	-	-	-	-
22-237 Tæknisjóður	200	200	-	-	-	-
22-238 Bygginga- og tækjasjóður	78	78	-	-	-	-
22-239 Rannsóknanámssjóður	20	20	-	-	-	-
22-679 Sam. kostn. við skólana á Laugarvatni	-	-	1	1	-	-
22-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 450	1 500	12	12	3 930	3 970
22-970 Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður	-	-	393	208	200	-
22-973 Þjóðleikhúsið	308	311	-	-	-	-
22-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	116	116	2	2	-	-
23-101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	-	-	10	20	-	-
23-111 Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-	-	20	27	-	-
23-114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	-	20	552	340	1 950
24-831 Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	31	31	30	48	-	-
24-841 Laxeldisstöðin Kollafirði	11	-	-	-	2	-
25-272 Rannsóknarst. sjávarútvegsins, bygging	21	-	31	27	-	-
25-911 Þróunarsjóður sjávarútvegsins	-	-	-	-	850	130
26-701 Kristnisjóður	27	27	-	2		-
26-733 Kirkjugarðasjóður	-	-	2	-	-	-
27-270 Byggingarsjóður ríkisins - húsbréfadeild	-	-	-	-	13 500	14 000
27-271 Byggingarsjóður ríkisins	-	-	10	10	2 330	2 640
27-272 Byggingarsjóður verkamanna	400	300	-	-	5 660	4 996
27-982 Ábyrgðarsjóður launa	200	180	-	-	-	-
27-984 Atvinnuleysistryggingasjóður	3 040	2 860	-	-	-	-
28-378 Læknishéraðasjóður	3	3	-	-	-	-
29-101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	-	-	20	30	-	-
29-103 Ríkiskaup	-	-	3	3	-	-
29-402 Fasteignamat ríkisins	44	44	17	17	-	-
29-931 Arnarhvoll	15	15	12	12	-	-
29-971 Lánasýsla ríkisins	180	220	-	-	-	-
30-101 Póst- og símamálastofnun	-	-	1 830	-	-	-
30-102 Póst- og símamálastofnun, söludeild	-	-	405	-	-	-
30-211 Vegagerð ríkisins, umdæmi og vinnufl.	-	-	15	15	-	-
30-212 Vegagerð ríkisins, vélamiðstöð	-	-	150	130	-	-
30-213 Vegagerð ríkisins, birgðamiðstöð	14	-	1	1	-	-
30-331 Vita- og hafnarmálastofnun, þjónustum.	-		5		-	-
30-335 Hafnabótasjóður	18	18	-	-	-	-
30-336 Siglingastofnun Íslands, þjónustumiðstöð	-	-	-	4	-	-
30-471 Alþjóðaflugþjónustan	-	-	100	100	100	100
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins	100	110	700	628	200	-
31-371 Orkusjóður	28	28	-		-	-
Samtals	**6 319**	**6 085**	**3 789**	**1 848**	**27 112**	**27 786**

Póst- og símamálastofnnunin hefur verið gerð að hlutafélagi og færist því úr B-hluta ríkisins árið 1997.

Tafla 14 **Fjárfesting**

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar [1] frá fyrra ári, %		
	1995	Áætlun 1996	Spá 1997	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Fjárfesting alls	**69 384**	**90 359**	**97 878**	**2,2**	**24,0**	**5,5**
Atvinnuvegir	**35 144**	**54 699**	**60 428**	**12,3**	**50,0**	**8,3**
Landbúnaður	2 050	2 200	2 400	10,9	3,9	6,0
Fiskveiðar [2]	2 100	5 400	4 500	-39,7	145,5	-18,0
Vinnsla sjávarafurða	3 200	4 000	3 800	29,6	21,2	-7,0
Álverksmiðja	410	7 000	6 850	51,6	1556,9	-4,0
Járnblendiverksmiðja	80	300	250	-30,3	264,0	-18,0
Annar iðnaður	5 800	6 600	7 500	14,2	10,2	12,0
Rafvirkjanir og rafveitur	1 800	3 400	3 800	8,4	79,8	9,0
Hitaveitur	1 200	1 200	1 500	19,5	-2,9	23,0
Vatnsveitur	600	600	700	25,8	-2,9	14,0
Byggingarstarfsemi o.fl.	1 750	2 100	2 500	36,0	16,5	17,0
Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	3 850	4 500	5 500	5,1	13,5	20,0
Samgöngur	4 554	8 000	9 300	51,4	67,5	15,0
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	3 000	3 100	3 700	1,1	0,3	12,0
Tölvu- og skrifstofubúnaður	4 750	6 299	8 128	19,8	28,7	27,0
Íbúðarhús	**18 300**	**19 560**	**21 150**	**-5,0**	**2,0**	**5,0**
Opinberar framkvæmdir	**15 940**	**16 100**	**16 300**	**-7,1**	**-1,8**	**-0,8**
Vegir og brýr	3 540	3 700	3 300	-13,9	1,9	-13,0
Götur og holræsi	3 600	3 700	3 900	-1,7	0,2	3,0
Byggingar hins opinbera	8 800	8 700	9 100	-6,3	-4,0	3,0
Fjárfesting, sparnaður og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF, %						
Þjóðhagslegur sparnaður	16,4	16,4	15,9	.	.	.
- Heildarfjárfesting	15,2	18,2	18,8	.	.	.
- Birgðabreytingar	0,4	-	-	.	.	.
Mismunur=viðskiptajöfnuður	**0,8**	**-1,8**	**-2,9**	.	.	.

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Opinberar framkvæmdir

Milljónir króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Á verðlagi hvers árs:										
Vegir og brýr	1 537	1 728	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 540	3 700	3 300
Götur og holræsi	1 947	2 221	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	3 600	3 700	3 900
Skólar og íþróttamannvirki	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 000	4 300
Sjúkrahús	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 250
Félagsheimili og kirkjur	189	217	280	280	720	668	460	500	500	500
Aðrar byggingar hins opinbera	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 950	2 950	3 050
Samtals	**8 510**	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 940**	**16 100**	**16 300**
Verðlag 1997:										
Vegir og brýr	2 742	2 573	2 921	3 084	3 018	4 956	4 352	3 737	3 789	3 300
Götur og holræsi	3 473	3 307	3 271	3 998	3 607	3 671	3 877	3 801	3 789	3 900
Skólar og íþróttamannvirki	3 635	4 055	3 469	3 497	3 680	4 558	4 590	4 117	4 096	4 300
Sjúkrahús	2 201	1 990	1 900	2 276	1 920	1 740	1 683	1 531	1 280	1 250
Félagsheimili og kirkjur	337	323	357	332	823	745	503	528	512	500
Aðrar byggingar hins opinbera	2 791	3 078	4 438	4 326	3 600	3 334	3 169	3 114	3 021	3 050
Samtals	**15 179**	**15 327**	**16 356**	**17 512**	**16 647**	**19 004**	**18 174**	**16 829**	**16 486**	**16 300**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 16 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Hreyfingar í milljónum króna	1993	1994	Bráðab. 1995	Áætlun [1] 1996	Spá 1997
Uppruni fjármagns:					
1 Eigið framlag	**30 068**	**35 533**	**38 314**	**41 216**	**43 300**
Innborgaðar afborganir og vextir	30 227	35 397	37 574	40 016	42 000
Annað innstreymi	550	834	1 467	2 000	2 200
Rekstrarkostnaður	- 709	- 698	- 727	- 800	- 900
2 Framlög, nettó	**9 388**	**8 072**	**8 235**	**8 630**	**8 600**
Iðgjöld	17 219	16 701	17 575	18 717	19 500
Lífeyrisgreiðslur	-7 813	-8 640	-9 451	-10 087	-10 900
Annað, nettó	- 18	11	111	...	...
3 Uppruni (1+2)=Ráðstöfun (4+5+6)	**39 456**	**43 605**	**46 549**	**49 846**	**51 900**
Ráðstöfun fjármagns:					
4 Útlán og skuldabréfakaup	**38 587**	**42 879**	**46 105**	**49 346**	**51 400**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 631	5 198	4 082	...	...
Bæjar- og sveitarfélög	2 751	4 989	4 472	...	...
Fjárfestingarlánasjóðir	20 225	16 094	14 204	...	...
þ.a. húsbréf	10 922	10 852	10 665	...	...
þ.a. húsnæðisbréf	4 712	1 378	52	...	...
þ.a. skuldabréf Húsnæðisstofnunar	2 395	1 378	24	...	...
Aðrar fjármálastofnanir	4 200	5 367	10 502	...	...
Fyrirtæki	2 236	4 848	5 839	...	...
Hlutabréf	794	1 019	1 491	...	...
Einstaklingar (sjóðsfélagar)	4 600	4 343	5 144	...	...
Erlend skuldabréf	150	1 021	371	...	...
5 Aðrar greiðslur, nettó	**206**	**- 50**	**178**	**...**	**...**
6 Innstæðu- og sjóðsbreyting	**663**	**776**	**266**	**500**	**500**

[1] Áætlun, byggð á úrtaki ársfjórðungsgagna.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 17 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1997

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Þróunarsj. sjávarútv.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**1 867**	**2 620**	**8 450**	**1 345**	**6 100**	**2 835**	**1 855**	**-1 316**	**23 756**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	130	-	-	**130**
Innheimtar afborganir	1 490	900	3 000	900	1 580	900	520	-1 110	**8 180**
Fjárfestingarlánasjóðir	1 110	-	-	-	-	-	-	-1 110	**-**
Aðrir	380	900	3 000	900	1 580	900	520	-	**8 180**
Innheimtir vextir	377	500	1 600	430	940	370	525	- 206	**4 536**
Fjárfestingarlánasjóðir	206	-	-	-	-	-	-	- 206	**-**
Aðrir	171	500	1 600	430	940	370	525	-	**4 536**
Tekin lán	-	1 000	3 800	-	3 400	1 100	130	-	**9 430**
Framlög og skatttekjur	-	190	-	-	150	325	655	-	**1 320**
Ríkissjóður	-	190	-	-	150	-	-	-	**340**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	-	325	655	-	**980**
Aðrar tekjur	-	30	50	15	30	10	25	-	**160**
Útstreymi	**1 867**	**2 620**	**8 450**	**1 345**	**6 100**	**2 835**	**1 855**	**-1 316**	**23 756**
Sjóðsaukning	658	-	90	188	40	-	-	-	**976**
Rekstrarkostnaður	29	150	160	67	115	105	45	-	**671**
Fjárfesting	-	-	-	-	5	-	-	-	**5**
Greiddar afborganir	800	855	2 875	600	2 150	1 150	1 050	-1 110	**8 370**
Ríkissjóður	-	55	-	-	-	-	350	-	**405**
Framkvæmdasjóður	-	100	520	-	136	354	-	-1 110	**-**
Aðrir innlendir aðilar	320	30	275	120	1 014	796	700	-	**3 255**
Erlendir aðilar	480	670	2 080	480	1 000	-	-	-	**4 710**
Greiddir vextir	380	295	825	260	790	480	660	- 206	**3 484**
Ríkissjóður	-	20	-	-	-	-	140	-	**160**
Framkvæmdasjóður	-	40	40	-	9	57	60	- 206	**-**
Aðrir innlendir aðilar	80	10	785	70	251	423	460	-	**2 079**
Erlendir aðilar	300	225	-	190	530	-	-	-	**1 245**
Hlutafjárkaup	-	15	-	-	-	-	-	-	**15**
Endurgreidd stofnframlög	-	50	200	-	-	-	-	-	**250**
Veitt lán og styrkir	-	1 300	4 300	230	3 000	1 100	100	-	**10 030**
Annað	-	- 45	-	-	-	-	-	-	**- 45**

Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Vöruskiptajöfnuður	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 662**	**13 356**	**1 185**	**-3 258**
Útfluttar vörur	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**123 995**	**129 254**
Sjávarafurðir	43 819	56 812	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	83 873	93 696	95 944
Ál og kísiljárn	9 045	13 317	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 514	15 902	17 906
Annað	8 803	9 943	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	17 220	14 397	15 404
Innfluttar vörur	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**122 810**	**132 512**
Sérstakur vöruinnflutningur	8 307	10 828	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	17 484	20 391
Almennur innflutningur	53 689	61 775	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 032	105 326	112 121
Olía	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	8 546	9 030
Annað	50 031	55 785	65 262	74 126	68 584	67 947	76 315	86 083	96 780	103 091
Þjónustujöfnuður	**-2 050**	**- 427**	**- 149**	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**1 938**	**712**	**506**
Þjónustutekjur	20 054	26 210	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	43 412	46 393	49 589
Þjónustugjöld	22 104	26 637	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	45 681	49 083
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-6 506**	**-11 164**	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-11 865**	**-10 948**	**-12 092**
Viðskiptajöfnuður	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 429**	**-9 051**	**-14 844**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-3,5	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,8	-2,9
Fjármagnsjöfnuður	**8 806**	**7 778**	**9 277**	**17 333**	**11 658**	**2 082**	**-8 238**	**1 872**	**9 051**	**14 844**
Fjárfesting og verðbréfaviðskipti	- 698	-1 916	- 160	2 945	- 397	-2 572	-7 765	-3 487	-	-
Langtímalántökur, nettó	9 675	15 945	16 362	14 572	13 075	6 352	-5 874	-1 284	-	-
Innkomin langtímalán	16 398	25 165	27 735	29 588	32 195	29 910	33 815	30 541	-	-
Afborganir	6 723	9 220	11 373	15 016	19 120	23 558	39 689	31 825	-	-
Skammtímafjármagnshreyfingar	568	-5 944	-7 132	- 393	- 929	-1 754	5 694	6 781	-	-
Annað	- 739	- 307	207	209	- 91	56	- 293	- 138		
Greiðslujöfnuður	**- 538**	**3 796**	**4 328**	**724**	**4 507**	**-5 748**	**-13 985**	**-1 046**	**-**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 19 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Langtímalán	105 470	151 065	179 712	196 621	208 989	250 265	258 005	253 514	-	-
Skammtímastaða, nettó	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-10 352	660	13 508	11 179	-	-
Gjaldeyrisstaða	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	14 021	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**190 322**	**222 251**	**229 758**	**228 314**	**237 300**	**252 100**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1997 [1]										
Langtímalán	240 223	259 080	272 016	282 596	292 785	292 131	277 745	265 310	-	-
Hrein skuldastaða	242 225	244 138	244 730	259 339	266 633	259 430	247 337	238 937	242 758	252 100
Hlutfall af VLF, %										
Langtímalán	41,1	49,0	49,4	49,6	52,5	60,9	59,4	55,7	-	-
Hrein skuldastaða	41,4	46,2	44,4	45,5	47,8	54,1	52,9	50,1	47,9	48,5
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af langtímalánum	6 599	9 104	11 360	14 880	19 113	23 769	39 818	31 971	25 000	23 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	7 594	12 295	14 345	14 846	14 021	15 562	16 258	15 800	15 100	16 000
Samtals	14 193	21 399	25 705	29 726	33 134	39 331	56 076	47 771	40 100	39 000
Nettóvaxtagreiðslur	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 615	15 167	14 434	13 500	14 700
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	7,8	8,3	9,0	11,8	15,1	16,9	24,6	19,3	14,2	12,4
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,0	11,2	11,4	11,8	11,1	11,1	10,0	9,5	8,6	8,6
Samtals	16,8	19,4	20,4	23,5	26,2	28,0	34,6	28,8	22,7	21,1
Nettóvaxtagreiðslur	9,7	11,8	11,4	11,7	10,8	10,4	9,4	8,7	7,7	7,9
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	17,4	20,0	20,4	23,5	25,8	27,3	33,9	28,0	21,8	20,4

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 20 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Lántökur	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**30 022**	**32 403**	**30 464**	**33 686**	**32 279**
Opinberir aðilar	5 704	2 989	4 745	9 522	8 762	17 300	19 836	14 649	24 892	22 034
Lánastofnanir	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 615	6 285	7 124
Einkaaðilar	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200	2 509	3 121
Afborganir	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 113**	**23 769**	**39 477**	**32 435**
Opinberir aðilar	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104	15 217	8 202
Lánastofnanir	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391	18 109	19 650
Einkaaðilar	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 459	3 274	6 151	4 583
Nettó hreyfing	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**15 142**	**13 290**	**6 695**	**-5 791**	**- 156**
Opinberir aðilar	3 223	675	2 977	6 791	5 815	13 373	10 649	6 545	9 675	13 832
Lánastofnanir	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 224	-11 824	-12 526
Einkaaðilar	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	305	-2 074	-3 642	-1 462
Vaxtagreiðslur	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 846**	**14 021**	**15 562**	**16 253**	**15 939**
Opinberir aðilar	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483	10 777	11 050
Lánastofnanir	1 313	1 438	2 074	4 100	5 231	4 964	4 381	4 222	4 041	3 594
Einkaaðilar	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 781	1 857	1 435	1 295
Staða í árslok	**75 083**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**208 989**	**250 265**	**258 005**	**253 514**
Opinberir aðilar	50 050	51 547	61 994	85 308	98 093	112 498	122 467	149 563	168 444	179 999
Lánastofnanir	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852	68 557	55 055
Einkaaðilar	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 446	23 850	21 004	18 460
Gengisforsendur; krónur/SDR	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6	100,0	98,0
Meðalvextir	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**	**6,2**	**6,3**
Opinberir aðilar	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6	6,7	6,5
Lánastofnanir	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6	5,2	5,6
Einkaaðilar	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3	6,1	6,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 21 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Fjárlög 1997
Tekin lán	**71 773**	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**238 744**	**238 009**
Seðlabanki Íslands	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-
Spariskírteini	20 159	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	-	-
Ríkisbréf	-	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	-	-
Ríkisvíxlar	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	-	-
Aðrir innlendir aðilar	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	-	-
Erlend lán	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	-	-
Lánveitingar	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**83 877**	**87 004**	**86 727**
Veitt lán	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	-	-
Gengisbundin lán	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	19 743	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**24 204**	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**148 708**	**151 739**	**151 282**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	66,3	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	36,1	36,4	36,4
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	**27,1**	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,3**	**49,1**	**50,9**	**48,0**	**45,6**
Þar af erlend lán	15,7	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,2	27,9	-	-
Veitt lán	**11,2**	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,0**	**13,4**	**12,6**
Þar af gengisbundin lán	5,5	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6,4	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	4,3	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**9,5**	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,1**	**32,4**	**30,4**	**29,0**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 22 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**80 845**	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**219 800**	**245 129**	**266 630**	**275 194**	**276 870**
Innlendar skuldir	40 568	55 985	74 562	85 612	95 466	114 096	127 012	133 114	-	-
Erlendar skuldir	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	118 117	133 516	-	-
Kröfur hins opinbera	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 626**	**79 838**	**94 463**	**97 554**	**97 235**
Veitt lán	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 808	61 649	70 220	-	-
Skatta- og viðskiptakröfur	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	22 818	18 189	24 243	-	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**25 371**	**55 087**	**70 514**	**79 252**	**106 512**	**143 175**	**165 291**	**172 167**	**177 640**	**179 635**
Ríkissjóður	24 204	52 440	66 537	74 439	98 417	130 597	144 858	148 708	151 739	151 282
Bæjar- og sveitarfélög	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	21 982	24 853	27 156	29 482
Almannatryggingar	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 394	-1 255	-1 129
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1997 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	160 282	180 640	182 912	196 849	232 030	246 641	261 950	278 628	281 111	276 870
Hreinar skuldir hins opinbera	50 327	86 539	96 928	102 449	133 575	160 896	176 679	179 914	181 459	179 635
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**31,5**	**37,2**	**37,0**	**38,9**	**46,7**	**53,5**	**56,4**	**58,5**	**55,6**	**53,3**
Innlendar skuldir	15,8	18,2	20,5	21,6	24,0	27,8	29,2	29,2	-	-
Erlendar skuldir	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	27,2	29,3	-	-
Kröfur hins opinbera	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,4**	**20,7**	**19,7**	**18,7**
Hreinar skuldir hins opinbera	**9,9**	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,0**	**37,8**	**35,9**	**34,6**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 23 **Verðlags- og launaþróun**

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Vísitölur (1980 = 100)										
Neysluvöruverðsvísitala	1 297	1 571	1 804	1 926	1 998	2 080	2 111	2 147	2 200	2 244
Byggingarvísitala	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 933	1 995	2 091	2 154
Meðalgengi	781	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 263	1 262	1 262	1 262
Verðvísitala samneyslu	1 242	1 440	1 601	1 734	1 798	1 854	1 885	1 952	2 064	2 128
Verðvísitala einkaneyslu	1 277	1 575	1 842	1 970	2 062	2 157	2 192	2 231	2 287	2 333
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	1 252	1 499	1 751	1 884	1 954	2 001	2 043	2 102	2 167	2 219
Ráðstöfunartekjur á mann	1 738	1 941	2 125	2 327	2 357	2 308	2 343	2 478	2 628	2 720
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	134	124	118	121	118	111	111	115	119	121
Breyting milli ára, %										
Neysluvöruverðsvísitala	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,5	2,0
Byggingarvísitala	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,8	3,0
Meðalgengi	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	0,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	23,9	15,9	11,2	8,3	3,7	3,1	1,7	3,6	5,7	3,1
Verðvísitala einkaneyslu	25,4	23,3	17,0	6,9	4,7	4,6	1,6	1,8	2,5	2,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	22,8	19,8	16,8	7,6	3,7	2,4	2,1	2,9	3,1	2,4
Ráðstöfunartekjur á mann	22,0	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,8	6,0	3,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	0,0	4,0	3,5	1,5

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 24 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Á verðlagi hvers árs										
Einkaneysla	161 068	190 254	223 729	248 999	249 044	248 952	257 461	274 195	300 599	317 407
Samneysla	50 537	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 526	102 478	107 226
Fjárfesting	50 498	58 698	70 102	76 153	69 554	64 176	65 877	69 384	90 359	97 878
Neysla og fjárfesting alls	262 103	309 293	363 820	403 309	398 973	397 946	412 762	438 105	493 436	522 511
Birgðabreytingar	-3 085	-8 143	-4 556	-1 226	- 445	435	- 85	2 017	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**259 018**	**301 150**	**359 264**	**402 083**	**398 528**	**398 381**	**412 677**	**440 122**	**493 436**	**522 511**
Útflutningur vöru og þjónustu	81 722	106 282	124 246	124 943	121 248	134 972	156 478	160 019	170 389	178 843
Innflutningur vöru og þjónustu	84 100	99 240	119 595	130 305	121 943	122 493	134 631	144 725	168 491	181 595
Verg landsframleiðsla	**256 640**	**308 192**	**363 915**	**396 721**	**397 833**	**410 860**	**434 524**	**455 416**	**495 334**	**519 759**
Verg þjóðarframleiðsla	**250 133**	**297 028**	**351 514**	**384 035**	**386 528**	**398 718**	**421 688**	**443 857**	**484 751**	**508 040**
Á föstu verðlagi ársins 1997										
Einkaneysla	294 141	281 897	283 263	294 964	281 883	269 400	274 156	286 671	306 611	317 407
Samneysla	86 562	89 168	93 051	95 983	95 164	97 381	101 002	103 011	105 655	107 226
Fjárfesting	97 126	89 481	92 225	94 080	83 505	73 996	73 198	74 820	92 799	97 878
Neysla og fjárfesting alls	477 830	460 546	468 540	485 027	460 552	440 777	448 357	464 502	505 064	522 511
Birgðabreytingar	-1 273	-4 831	-6 107	1 299	- 74	897	- 100	3 302	- 279	0
Þjóðarútgjöld alls	**476 558**	**455 714**	**462 433**	**486 326**	**460 478**	**441 674**	**448 257**	**467 804**	**504 785**	**522 511**
Útflutningur vöru og þjónustu	151 689	156 146	156 107	147 112	144 535	154 167	169 195	165 340	173 967	178 843
Innflutningur vöru og þjónustu	173 220	155 449	156 985	165 692	152 794	139 574	145 450	152 343	171 861	181 595
Verg landsframleiðsla	**455 027**	**456 411**	**461 555**	**467 746**	**452 219**	**456 266**	**472 001**	**480 801**	**506 891**	**519 759**
Verg þjóðarframleiðsla	**442 438**	**441 668**	**447 420**	**452 438**	**436 545**	**440 158**	**457 189**	**467 680**	**494 931**	**508 040**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 25 **Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða**

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Vísitölur (1980 = 100)										
Einkaneysla	136	131	131	137	131	125	127	133	142	147
Samneysla	153	157	164	169	168	172	178	182	186	189
Fjármunamyndun	114	105	109	111	98	87	86	88	109	115
Þjóðarútgjöld alls	**134**	**128**	**130**	**137**	**129**	**124**	**126**	**131**	**142**	**147**
Útflutningur vöru og þjónustu	125	128	128	121	119	127	139	136	143	147
Innflutningur vöru og þjónustu	136	122	124	130	120	110	114	119	134	142
Verg landsframleiðsla	**130**	**130**	**132**	**133**	**129**	**130**	**135**	**138**	**145**	**149**
Verg þjóðarframleiðsla	**127**	**127**	**128**	**129**	**125**	**126**	**131**	**134**	**142**	**146**
Vergar þjóðartekjur	**128**	**126**	**127**	**130**	**125**	**124**	**128**	**132**	**138**	**142**
Breyting milli ára, %										
Einkaneysla	-3,8	-4,2	0,5	4,1	-4,4	-4,5	1,8	4,6	7,0	3,5
Samneysla	4,7	3,0	4,4	3,1	-0,8	2,3	3,7	2,0	2,5	1,5
Fjármunamyndun	-0,2	-7,9	3,0	2,0	-11,3	-11,4	-1,1	2,2	24,0	5,5
Þjóðarútgjöld alls	**-0,6**	**-4,4**	**1,5**	**5,2**	**-5,3**	**-4,1**	**1,5**	**4,3**	**7,9**	**3,5**
Útflutningur vöru og þjónustu	-3,6	2,9	0,0	-5,8	-1,7	6,6	9,8	-2,3	5,2	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-4,6	-10,3	1,0	5,5	-7,8	-8,6	4,1	3,8	12,8	5,7
Verg landsframleiðsla	**-0,1**	**0,3**	**1,2**	**1,3**	**-3,3**	**0,9**	**3,6**	**2,1**	**5,5**	**2,5**
Verg þjóðarframleiðsla	**-0,6**	**-0,1**	**1,2**	**1,1**	**-3,5**	**0,8**	**3,8**	**2,6**	**5,8**	**2,6**
Vergar þjóðartekjur	**-0,9**	**-1,6**	**0,6**	**2,6**	**-4,4**	**-0,8**	**3,5**	**3,0**	**4,9**	**2,5**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal.

Yfirlit yfir lagabreytingar

Hér á eftir fer yfirlit yfir lagabreytingar sem miðað er við í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Sótt verður um heimildir til breytinga á lögum til að áform í frumvarpinu nái fram að ganga og til innlendrar og erlendrar lántöku ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Auk þess verður leitað heimilda til ábyrgðaveitinga og skuldbreytinga á lánum ríkissjóðs og fleiri aðila.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarps:

Lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Lækkun hlutfalls tekjuskatts hjá einstaklingum vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga.

Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. Breytingar á gjaldhlutfalli með hliðsjón af spám um fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1997 og í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru við breytingar á lögum um vörugjald sl. vor. Þá er gert ráð fyrir að hafin verði samræming á gjaldhlutföllum almenns tryggingagjalds.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Lækkun endurgreiðsluhlutfalls vegna vinnu manna við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði.

Lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Hækkun á ýmsum dómsmálagjöldum.

Lög um tóbaksgjald. Gert er ráð fyrir að tekna ríkissjóðs af tóbakssölu verði aflað með sérstöku tóbaksgjaldi í stað álagningar hjá ÁTVR.

Lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Lækkun á vörugjaldi í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á vörugjaldslögum sl. vor.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarps:

Menntamálaráðuneyti

Lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum. Tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 285 m.kr. á árinu 1997 skulu renna í ríkissjóð.

Lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Skólanefndir framhaldsskóla fái heimild til að innheimta 1.500 kr. gjald fyrir endurinnritun í próf.

Landbúnaðarráðuneyti

Lög nr. 84/1989 um búfjárrækt, með síðari breytingum. Framlag ríkisins til launa og reksturs ræktunarstöðva fyrir búfé skal ákveðið í fjárlögum.

Lög nr. 56/1987, jarðræktarlög, með síðari breytingum. Framlag ríkisins til launa og aksturs héraðsráðunauta skal ákveðið í fjárlögum.

Lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Innheimta skal gjald af sláturleyfishöfum til að standa undir kostnaði ríkissjóðs af yfirmati.

Lög nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull. Innheimta skal gjald til að standa undir kostnaði ríkissjóðs af yfirmati.

Félagsmálaráðuneyti
Lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Á árinu 1997 skal greiða af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnað vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar og kostnað vegna stjórnarnefndar.

Lög nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum. Tekjur af erfðafjárskatti umfram 165 m.kr. á árinu 1997 skulu renna í ríkissjóð.

Lög nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu. Framlag til starfsmenntunar í atvinnulífinu skal greitt út Atvinnuleysistryggingasjóði.

Lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum. Framlag til starfsmenntunar í atvinnulífinu skal greitt út Atvinnuleysistryggingasjóði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti
Lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Svæðamörk heilsugæsluumdæma skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í reglugerð. Ráðherra geti ákveðið með reglugerð nánari flokkun sjúkrahúsa og starfsvið þeirra að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa. Skipunartími formanns stjórnar sjúkrastofnunar skal miðast við embættistíma þess ráðherra er skipaði hann.

Fjármálaráðuneytið
Lög. nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Þrátt fyrir ákvæði laganna skulu 856 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum til vegagerðar renna í ríkissjóð á árinu 1997.

Samgönguráðuneytið
Lög nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum. Þrátt fyrir ákvæði laganna verði heimilt að verja tekjum af flugvallargjaldi til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Iðnaðarráðuneyti
Lög nr. 58/1967, orkulög, með síðari breytingum. Heimilt verði að ráðstafa fé úr Orkusjóði sem standi undir sérstöku orkusparnaðarátaki til að draga úr kostnaði við húshitun og gera heildarúttekt á möguleikum til að hita hús með jarðvarma á þeim svæðum þar sem þau eru nú hituð með rafmagni.

Lög nr. 97/1992, um staðla. Heimild til álagningar sérstaks gjalds til að standa undir kostnaði við aukin verkefni Staðlaráðs vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Viðskiptaráðuneyti

Lög nr. 8/1993, samkeppnislög, sbr. lög nr. 24/1994. Heimild til að innheimta gjald vegna áfrýjana til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Lög nr. 124/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Um heimild til að innheimta gjald til að standa undir kostnaði af eftirliti með öryggi vöru.

Umhverfisráðuneyti

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun, og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ríkissjóður hætti að greiða kostnað vegna refaveiða.

Skrá yfir stofnanir, sjóði o.fl. í stafrófsröð
A- og B-hluti

A

	Bls.
Aðfangaeftirlit ríkisins	69
Aðildargjöld ESB	55
Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	64
Afsetning birgða sauðfjárframleiðslu	74
Almannavarnir ríkisins	89
Alþingi	11, 283
Alþjóðabarnahjálparstofnunin, UNICEF	64
Alþjóðaflugþjónusta	176
Alþjóðaflugþjónustan (B-hluti)	219, 367
Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	77
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	134
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	65
Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	82
Alþjóðasamstarf þingmanna	11
Alþjóðasiglingamálastofnunin,IMO	174
Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	82
Alþjóðastofnanir	64, 301
Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	173
Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO	65
Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	117
Alþjóðleg samskipti, menntamálaráðuneyti	55, 298
Alþjóðlegt samstarf, Iðja og iðnaður, framlög	181
Arnarhvoll (B-hluti)	214
ASÍ, Menningar- og fræðslusamband alþýðu	118
Athugun á öryggi fiskiskipa	174
Atlantshafsbandalagið, NATO	65
Atvinnuleit fatlaðra, Reykjavík	108
Atvinnuleysistryggingasjóður	117, 320
Atvinnuleysistryggingasjóður (B-hluti)	211, 364

Á

Ábyrgðasjóður launa (B-hluti)	211
Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota	117, 320
Áfallahjálp	134
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (B-hluti)	213, 365
Áfengis- og fíkniefnamál	90

Bls.
Áfengisvarnaráð 160
Áfengisvarnir og bindindismál 160
Áhrif kjarasamninga 276
Ársverk 277

B

Bandalag íslenskra leikfélaga 54
Bandalag íslenskra skáta 55
Barnamenningarsjóður 54
Barnaverndarráð 108
Barnaverndarstofa 107
Beinar greiðslur til bænda 74
Bessastaðir, mannvirkjagerð 13, 283
Bessastaðir, rekstur 11
Bifreiðagjöld 268
Biskup Íslands 103, 315
Bjargráðasjóður Íslands 116, 320
Bjargráðasjóður Íslands (B-hluti) 210
Blindrabókasafn Íslands 50, 296
Borgarholtsskóli 38
Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins 172
Breytingar á húsnæði og búnaði sýslumannsembætta 102
Bridgesamband Íslands 55
Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur 55
Brunamálaskóli 106
Brunamálastofnun ríkisins 106
Búfjárræktarframlög 74
Byggða- og minjasöfn 48
Byggðastofnun 17, 285
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins 80, 307
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 132
Bygginga- og tækjasjóður (B-hluti) 197, 356
Bygginga- og tækjasjóður 26
Byggingarsjóður ríkisins (B-hluti) 209, 362
Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild (B-hluti) 209, 362
Byggingarsjóður verkamanna 105
Byggingarsjóður verkamanna (B-hluti) 210, 363
Bændasamtök Íslands 74
Bændaskólinn á Hólum 70, 303
Bændaskólinn á Hvanneyri 70, 303
Bætur brotaþola 86
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 120, 323

C

	Bls.
CCC, ICTB	173

D

Dagvist fatlaðra forskólabarna	47
Dagvist og verndaður vinnustaður á Akranesi	110
Dagvistun	108
Dagvistun fatlaðra, Reykjanesi	109
Dómkröfur	173
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	81, 308
Dómsmál, ýmis kostnaður	87
Dýralæknisbústaðir	69

E

Efling íslenskrar tungu, Lýðveldissjóður	12, 283
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD	65
Efnahagsstefna og markmið fjárlaga	231
EFTA	65, 301
EFTA-dómstóllinn	65
Eftirlaunasjóður aldraðra	121, 326
Eftirlit með ökuritum	90
Eftirlit og eftirlitsferðir, Yfirdýralæknir	69
Eftirlitsstofnun EFTA, ESA	65
Eignarskattar	264
Einkaleyfastofan	179
Einsetning grunnskóla	115
Eldi sjávardýra	77
Embætti forseta Íslands	11, 282
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	124
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	124
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	124
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	124
Evrópska lyfjaskráin	133
Evrópuráðið	65

F

Fangelsisbyggingar	103
Fangelsismálastofnun ríkisins	102, 314
FAO	64
Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	63
Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	62

Bls.

Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York ... 62
Fasteignamat ríkisins ... 169, 338
Fasteignamat ríkisins (B-hluti) ... 214, 366
Fasteignir forsætisráðuneytisins ... 16, 285
Fasteignir ríkissjóðs (B-hluti) ... 216
Fálkaorðan ... 11
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 ... 178
Ferðamálaráð ... 178, 343
Ferðamálasamtök landshluta ... 178
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda ... 174
Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp ... 176
Ferjur og flóabátar ... 175
Félag heyrnarlausra ... 108
Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi ... 58
Félagasamtök, styrkir ... 118
Félagsdómur ... 117
Félagsmál, ýmis starfsemi ... 118
Félagsmálaráðuneyti ... 105, 317
Félagsmálaskóli alþýðu ... 118
Fiskeldisrannsóknir ... 75
Fiskistofa ... 79, 307
Fiskveiðisamningar ... 77
Fjarskiptaeftirlit ríkisins ... 177
Fjárfestingarskrifstofa viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs ... 187
Fjármagnstekjuskattur ... 270
Fjármálaráðuneyti ... 161, 332
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri ... 127
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði ... 125
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað ... 128
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra ... 35
Fjölbrautaskóli Suðurlands ... 35
Fjölbrautaskóli Suðurnesja ... 33
Fjölbrautaskóli Vesturlands ... 34
Fjölbrautaskólinn Ármúla ... 33
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti ... 32
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ ... 36
Fjölsóttir ferðamannastaðir ... 178
Flensborgarskóli ... 33
Flugeftirlitsnefnd ... 174
Flugmálastjórn ... 176, 343
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) ... 201, 359
Flugskóli Íslands ... 174
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, rekstur (B-hluti) ... 202, 359
Flugvallagjöld ... 177

Bls.
Flugvellir 177, 343
Flugvellir, framkvæmdir 177
Flutningur grunnskólans 57
Forsendukerfi innheimtugagna 172
Forsætisráðuneyti 15, 284
Fósturskóli Íslands 41
Framhaldsskólar, almennt 31, 293
Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður 31, 293
Framhaldsskóli Vestfjarða 29
Framhaldsskólinn á Húsavík 37
Framhaldsskólinn á Laugum 37
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu 37
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 34
Framkvæmd búvörusamnings 67
Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús,
og laga nr. 36/1994, húsaleigulög 118
Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga 118
Framkvæmdaátak vegna atvinnumála, Vegagerðin 175
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 106
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál 105
Framkvæmdasjóður aldraðra 132, 264
Framkvæmdasjóður fatlaðra 115
Framkvæmdasýslan 170, 338
Framleiðnisjóður landbúnaðarins 74
Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða 76
Framvinda og horfur í efnahagsmálum 248
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Vestur-Sahara, MINURSO 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR, Alþjóðastofnanir 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR 65
Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEMÞII 65
Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR 65
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli (B-hluti) 201, 358
Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA 65
Fræðsluefni um öryggismál sjómanna 174
Fullorðinsfræðsla 39
Fullorðinsfræðsla fatlaðra 39
Fyrirhleðslur 72

G

	Bls.
Gagnalínukostnaður sýslumannsembætta	101
Garðvangur, Garði	138
Garðyrkjuskóli ríkisins	71
Geislavarnir ríkisins	123
Gigtarráð	124
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	124
Gistiheimili Kópavogi	109
Gjaldheimtan í Reykjavík	167
Gjöf Jóns Sigurðssonar	15
Gjöld ríkissjóðs, heildaryfirlit	273
Glímusamband Íslands	55
GPS-staðsetningarkerfi	174
Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	73, 304
Greiðslur vegna riðuveiki	75
Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	74, 304
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	114
Grunnskólar, almennt	46
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Haítí	65
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Persaflóa	65
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	65
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Guatemala	65
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Tadsjikistan	65
Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Georgíu	65

H

Hafnabótasjóður (B-hluti)	218, 367
Hafnabótasjóður, framlag	176
Hafnamannvirki	176
Hafrannsóknastofnunin	78, 307
Hafsbotnsrannsóknir, Ýmis orkumál	183
Hagræðing og vöruþróun í sauðfjárframleiðslu	74
Hagstofa Íslands	188, 348
Hagþjónusta landbúnaðarins	71
Hallgrímskirkja	103
Happdrætti Háskóla Íslands (B-hluti)	195, 355
Happdrættisfé, Háskóli Íslands	20
Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	27, 290
Háskóli Íslands	20, 288
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	64
Háskólinn á Akureyri	24, 289
Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis	54
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	119, 321
Heilbrigðiseftirlit með sláturhúsum	69

Bls.
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 134
Heilsuefling 134
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra 142
Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra 143
Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi 143
Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi 144
Heilsugæslustöð Suðurnesja 158
Heilsugæslustöðin Akranesi 144
Heilsugæslustöðin Akureyri 150
Heilsugæslustöðin Blönduósi 149
Heilsugæslustöðin Bolungarvík 148
Heilsugæslustöðin Borgarnesi 145
Heilsugæslustöðin Búðardal 146
Heilsugæslustöðin Dalvík 150
Heilsugæslustöðin Djúpavogi 154
Heilsugæslustöðin Egilsstöðum 152
Heilsugæslustöðin Eskifirði 153
Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði 154
Heilsugæslustöðin Flateyri 147
Heilsugæslustöðin Garðabæ 158
Heilsugæslustöðin Grundarfirði 146
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði 158
Heilsugæslustöðin Hellu 156
Heilsugæslustöðin Hólmavík 148
Heilsugæslustöðin Húsavík 151
Heilsugæslustöðin Hvammstanga 148
Heilsugæslustöðin Hveragerði 157
Heilsugæslustöðin Hvolsvelli 156
Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði 154
Heilsugæslustöðin Ísafirði 147
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri 155
Heilsugæslustöðin Kópaskeri 151
Heilsugæslustöðin Kópavogi 159
Heilsugæslustöðin Laugarási 156
Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík 144
Heilsugæslustöðin Neskaupstað 153
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði 150
Heilsugæslustöðin Ólafsvík 145
Heilsugæslustöðin Patreksfirði 146
Heilsugæslustöðin Raufarhöfn 151
Heilsugæslustöðin Reykjalundi 159
Heilsugæslustöðin Sauðárkróki 149
Heilsugæslustöðin Selfossi 157
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi 159
Heilsugæslustöðin Seyðisfirði 153

Bls.
Heilsugæslustöðin Siglufirði 149
Heilsugæslustöðin Stykkishólmi 145
Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum 155
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal 155
Heilsugæslustöðin Vopnafirði 152
Heilsugæslustöðin Þingeyri 147
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn 157
Heilsugæslustöðin Þórshöfn 152
Heilsugæslustöðvar, almennt 141
Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands 140
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík 142
Heimili einhverfra 113
Heimili fyrir börn Akurgerði 20 108
Heimili fyrir börn og unglinga 107
Helstu þættir ríkisfjármála 238
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 122
Héraðsbúnaðarsambönd 74
Héraðsdómur Austurlands 85
Héraðsdómur Norðurlands eystra 84
Héraðsdómur Norðurlands vestra 84
Héraðsdómur Reykjaness 85
Héraðsdómur Reykjavíkur 82
Héraðsdómur Suðurlands 85
Héraðsdómur Vestfjarða 84
Héraðsdómur Vesturlands 84
Héraðslæknir á Norðurlandi eystra 122
Héraðslæknir í Reykjavík 122
Héraðsskjalasöfn 49
Héraðsskógar 73
Héraðsskólinn Núpi 46
Héraðsskólinn Reykjanesi 46
Héraðsskólinn Skógum 45
Hið íslenska þjóðvinafélag 11
Hjartavernd, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi 134
Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM 64
Hjúkrunarheimilið Árskógar 138
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum 139
Hjúkrunarheimilið Eir 138
Hjúkrunarheimilið Skjól 137
Hlaðgerðarkot 140
Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða 141
Hollustuvernd ríkisins 191, 351
Hóladómkirkja 103
Hrafnseyri 15, 285
Hugbúnaðargerð fyrir BÁR 172

Bls.
Hugbúnaðargerð fyrir fjárlagakerfi 172
Hugbúnaðargerð fyrir launagreiðslukerfi 172
Hugbúnaðargerð fyrir skattvinnslukerfi 172
Hugbúnaðargerð fyrir staðlað rekstrarframtal 172
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi 172
Hús Jóns Sigurðssonar 11
Húsafriðunarsjóður 53
Húsameistari ríkisins 18, 286
Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands 87
Húsnæði Hæstaréttar 87
Húsnæði löggæslustofnana 91
Húsnæði og búnaður dómstóla 87
Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði 102
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 42
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík 42
Hæfingarstöðvar fatlaðra, Reykjanesi 109
Hæstiréttur 12, 083
Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi 46

I

IAEA 65
Iðja og iðnaður, framlög 181, 345
Iðnaðarrannsóknir 181, 345
Iðnaðarráðuneyti 179, 344
Iðnsaga Íslands 55
Iðnskólinn í Hafnarfirði 40
Iðnskólinn í Reykjavík 40
Iðntæknistofnun Íslands 180, 344
Innflutningsgjöld, vörugjöld 266
Innheimta meðlaga 82
Innheimtukostnaður, fjármálaráðuneyti 167, 251
Innheimtuskilakerfi 172

Í

Íslensk málstöð 23
Íslenska menntanetið 24
Íslenska óperan 54
Íslenski dansflokkurinn 51
Íþróttafélög 55
Íþróttakennaraskóli Íslands 42
Íþróttamiðstöð Íslands 55
Íþróttasamband fatlaðra 55
Íþróttasamband Íslands 55

J

	Bls.
Jafnréttisráð	106
Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	75
Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður (B-hluti)	204
Jöfnun á námskostnaði	48
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	115, 319

K

Keldnaholt	80
Kennaraháskóli Íslands	24, 289
Kirkjubyggingasjóður (B-hluti)	208, 361
Kirkjugarðasjóður (B-hluti)	208, 361
Kirkjumiðstöð Austurlands	103
Kjaradómur og kjaranefnd	173
Kjararannsóknir	172
Kjarasamningar, kostnaður	172
Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	134
Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	118
Kostnaður skv. 3. - 5. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraðra	132
Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	101
Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	134
Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	181
Kostnaður við löggæslunám	101
Krabbameinsfélag Íslands	134
Kristnisjóður	103
Kristnisjóður (B-hluti)	207, 361
Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	134
Kvennaathvarf í Reykjavík	118
Kvennaskólinn í Reykjavík	31
Kvikmyndahátíð í Reykjavík	54
Kvikmyndasafn Íslands	54
Kvikmyndasjóður	54
Kvikmyndaskoðun	47
Kynbótastöðvar	74
Kynsjúkdómar, alnæmi	134
Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	77

L

Lagasafn	81
Lambhagi	112
Landbúnaðarráðuneyti	67, 301
Landgræðsla ríkisins	71

Bls.
Landgræðsluáætlanir ... 67
Landhelgisgæsla Íslands ... 91, 312
Landlæknir ... 121
Landmælingar Íslands ... 192
Landsbjörg ... 174
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn ... 49, 296
Landssamband KFUM og KFUK ... 55
Landsvegir ... 175
Landþurrkun ... 67
Langamýri í Skagafirði ... 103
Langtímaáætlun í ríkisfjármálum ... 243
Laufásvegur 72, viðhald ... 11
Launa- og verðlagsmál ... 171, 336
Launagreiðslukerfi ... 172
Launasjóður stórmeistara í skák ... 55
Lánasjóður íslenskra námsmanna ... 48
Lánasjóður íslenskra námsmanna (B-hluti) ... 198, 357
Lánasýsla ríkisins (B-hluti) ... 215, 366
Lánasýsla ríkisins - Framkvæmdasjóður Íslands (B-hluti) ... 215, 367
Lánsfjárhreyfingar ríkissjóðs ... 373
Lánsfjármál ... 369
Lánsfjárþörf ríkissjóðs ... 372
Leikfangasafn fatlaðra, Suðurlandi ... 112
Leikfangasafn Keflavík ... 109
Leikfangasöfn fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 111
Leikfangasöfn fatlaðra, Vesturlandi ... 110
Leikfélag Reykjavíkur ... 54
Leiklistarskóli Íslands ... 43
Lendingabætur ... 176
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 112
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 110
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra ... 109
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 110
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 111
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Austurlandi ... 112
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 111
Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaða ... 108
Listahátíð í Reykjavík ... 54
Listasafn ASÍ ... 50
Listasafn Ásgríms Jónssonar ... 50
Listasafn Einars Jónssonar ... 49
Listasafn Íslands ... 50
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar ... 50

Bls.
Listasjóðir 53, 297
Listaskóli 171
Listdansskólinn 44
Listir 54
Listskreytingasjóður 53
Lífeyrissjóður bænda 172, 340
Lífeyrissjóður bænda, Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu 73
Lífeyrissjóður bænda, Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu 73
Lífeyristryggingar 120, 323
Lúðueldi á Reykjanesi 78, 307
Lyfjabúð Háskóla Íslands (B-hluti) 196, 355
Lyfjaeftirlit ríkisins 133
Lyfjamál 132
Lyfjanefnd 133
Lyfjaverðsnefnd 132
Lýðveldissjóður 12, 283
Læknaráð 121
Læknishéraðasjóður 131
Læknishéraðasjóður (B-hluti) 212
Lög- og réttindaskráning sjómanna 174
Lögbirtingablað (B-hluti) 207
Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana 87
Löggildingarstofan 185, 347
Lögregluskóli ríkisins 88
Lögreglustjórinn í Reykjavík 89

M

Mannanafnanefnd 82
Manneldisráð 124
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 65
Mannréttindaskrifstofa Íslands 82
Markaðsátak erlendis 171
Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 183
Mat á búvörum 67
Mat á umhverfisáhrifum 192
Matsnefnd eignarnámsbóta 82
Matsnefnd vínveitingahúsa 90
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 64
Málefni barna og ungmenna 107, 318
Málefni fatlaðra 108, 318
Málefni fatlaðra 124
Málefni fatlaðra, Austurlandi 112
Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra 111
Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra 111

Bls.
Málefni fatlaðra, Reykjanesi ... 109
Málefni fatlaðra, Reykjavík ... 108
Málefni fatlaðra, Suðurlandi ... 112
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum ... 110
Málefni fatlaðra, Vesturlandi ... 110
Málskostnaður í opinberum málum ... 86
Meðdómsmenn ... 87
Meðferðarheimili Búhamri 17, Vestmannaeyjum ... 112
Meðferðarheimili og sambýli einhverfra ... 113
Meðferðarstöð ríkisins ... 107
Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981 ... 118
Mengunarslys ... 189
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO ... 64
Menningarsjóður ... 52, 297
Menningarsjóður félagsheimila ... 54
Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður ... 51, 296
Menntamálaráðuneyti ... 20, 286
Menntaskólinn á Akureyri ... 28
Menntaskólinn á Egilsstöðum ... 30
Menntaskólinn á Laugarvatni ... 28
Menntaskólinn í Kópavogi ... 30
Menntaskólinn í Reykjavík ... 27
Menntaskólinn við Hamrahlíð ... 29
Menntaskólinn við Sund ... 29
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna ... 57
Myndlista- og handíðaskóli Íslands ... 43
Myndlistarskólinn Akureyri ... 31
Myndlistarskólinn í Kópavogi ... 31
Myndlistarskólinn í Reykjavík ... 31

N

NATO ... 65
Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna ... 31
Nám táknmálstúlka ... 38
Námsgagnastofnun ... 46, 295
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum ... 118
Námskeið skipstjórnarmanna ... 31
Námsleyfi lögfræðinga ... 82
Námssjóður ... 106
Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum ... 189
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn ... 190
Náttúrustofa Bolungarvík ... 193
Náttúrustofa Bolungarvík, Náttúrustofur ... 193
Náttúrustofa Neskaupstað ... 193

Bls.
Náttúrustofa Neskaupstað, Náttúrustofur ... 193
Náttúrustofa Stykkishólmi ... 193
Náttúrustofa Stykkishólmi, Náttúrustofur ... 193
Náttúrustofa Vestmannaeyjum ... 193
Náttúrustofa Vestmannaeyjum, Náttúrustofur ... 193
Náttúrustofur ... 193, 352
Náttúruvernd ríkisins ... 190, 350
Náttúruverndarráð ... 189
Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 ... 67
Neyðarsímsvörun ... 89, 312
Neytendasamtökin ... 184
Niðurgreiðsla á rafhitun ... 183, 346
Niðurgreiðslur á ull og gærum ... 74
Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO ... 77
Norðurlandaráð ... 11
Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið ... 65
Norræn samvinna ... 55
Norræn samvinna á sviði sakfræði ... 82
Norræn samvinna í lyfsölumálum ... 133
Norræna eldfjallastöðin ... 27
Norræna ráðherranefndin ... 17, 285
Norræni heilsugæsluskólinn ... 134
Norræni verkalýðsskólinn í Genf ... 118
Nýframkvæmdir á Landspítalalóð ... 130
Nýlistasafn ... 50
Nýskipan í ríkisrekstri ... 280
Nýsköpun og markaðsmál, Iðja og iðnaður, framlög ... 181
Nýsköpunarsjóður ... 27

O

OECD ... 65
Opinber réttaraðstoð ... 86
Opinberar heimsóknir ... 13
Orator, almenn lögfræðiaðstoð ... 82
Orðabók Háskólans ... 23
Orkusjóður ... 182, 346
Orkusjóður (B-hluti) ... 221
Orkustofnun ... 182, 345

Ó

Ólympíuleikar í eðlisfræði ... 31
Ólympíunefnd fatlaðra ... 55

Bls.
Ólympíunefnd Íslands 55
Óviss útgjöld 87

P

Póst- og símamálastofnun (B-hluti) 217
Prestar og prófastar 103
Próf fasteignasala 82
Próf málflytjenda 82
Próf skjalaþýðenda 82

R

Rafmagnseftirlit ríkisins 182, 346
Rafmagnsveitur ríkisins (B-hluti) 221, 368
Rannsóknadeild fisksjúkdóma 21
Rannsóknanefnd flugslysa 177, 343
Rannsóknanefnd sjóslysa 174
Rannsóknarlögregla ríkisins 88
Rannsóknarnám, Háskóli Íslands 20
Rannsóknarnámssjóður 26
Rannsóknarnámssjóður (B-hluti) 197, 357
Rannsóknarráð Íslands 25, 290
Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging (B-hluti) 205
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 180, 344
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 78
Rannsóknastofnun landbúnaðarins 68, 302
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála 25
Rannsóknastöðin Mógilsá 72
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum 189
Ratsjárstöðvar, rekstur (B-hluti) 202
Raunvísindastofnun Háskólans 21
Ráðherrabústaður Tjarnargötu 16
Ráðherrabústaður Þingvöllum 16
Reiðvegir 175
Reykholt, kennsla 34
Reynslusveitarfélög 105
Rithöfundasjóður Íslands 54
Ríkisábyrgðir og tjónabætur 170, 336
Ríkisbókhald 161, 333
Ríkisendurskoðun 14
Ríkisfjárhirsla 162, 333
Ríkiskaup (B-hluti) 213, 366
Ríkislögmaður 162, 333
Ríkislögreglustjóri 88, 311

Bls.
Ríkissaksóknari ... 87
Ríkissáttasemjari ... 106
Ríkisskattstjóri ... 163, 334
Ríkisspítalar ... 130, 328
Ríkisspítalar, dauðhreinsun (B-hluti) ... 212
Ríkisspítalar, þvottahús (B-hluti) ... 212
Ríkisstjórn ... 12, 283
Ríkisstjórnarákvarðanir ... 171, 338
Ríkistollstjóri ... 168, 335
Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður (B-hluti) ... 198, 357
Ríkisútvarpið, hljóðvarp (B-hluti) ... 199
Ríkisútvarpið, sjónvarp (B-hluti) ... 199

S

Safnahús, rekstur ... 18
Safnvegir ... 175
Sambýli fatlaðra, Akranesi ... 110
Sambýli fatlaðra, Borgarnesi ... 110
Sambýli fatlaðra, Egilsstöðum ... 112
Sambýli fatlaðra, Norðurlandi eystra ... 111
Sambýli fatlaðra, Reykjanesi ... 109
Sambýli fatlaðra, Selfossi ... 112
Sambýli fatlaðra, Suðurlandi ... 112
Sambýli Stigahlíð 71 ... 108
Sambýli vegna útskrifta af Kópavogshæli ... 108
Sambýlii fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 111
Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa ... 163
Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni (B-hluti) ... 197
Sameinuðu þjóðirnar, UN ... 64
Samfélagsþjónustunefnd ... 82
Samgönguráðuneyti ... 174, 340
Samheitaverðskrá lyfja ... 133
Samkeppnisstofnun ... 186, 347
Samningur við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi ... 54
Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða ... 111
Samráðsnefnd um ferlimál ... 108
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra ... 38, 297
Samskipti við Vestur-Íslendinga ... 58
Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar ... 178
Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið ... 139
Samvinnuskólinn ... 45
Sauðfjárveikivarnir ... 69
Schengen samstarf ... 91, 312
Sendiráð, almennt ... 63

Bls.
Sendiráð Íslands í Berlín ... 63
Sendiráð Íslands í Bonn ... 59
Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu ... 62
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn ... 60
Sendiráð Íslands í London ... 60
Sendiráð Íslands í Moskvu ... 60
Sendiráð Íslands í Ósló ... 61
Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO 61
Sendiráð Íslands í Peking ... 63
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi ... 61
Sendiráð Íslands í Washington ... 61
Setu- og varadómarar ... 87
Sérstakar greiðslur í landbúnaði ... 76
Siðaráð ... 121
Siglingamálastofnun Namibíu ... 174
Siglingastofnun Íslands ... 176, 342
Siglingastofnun Íslands, þjónustumiðstöð (B-hlut) ... 219
Sinfóníuhljómsveit Íslands ... 52
Sinfóníuhljómsveit Íslands (B-hluti) ... 200, 358
Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið ... 172
Sjálfsbjörg Akureyri ... 124
Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ... 140
Sjálfsbjörg í Reykjavík ... 134
Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa ... 174
Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna ... 64
Sjávarútvegsráðuneyti ... 77, 305
Sjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir fórnarlömb pyntinga ... 65
Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit ... 181
Sjómannaskólahúsið ... 44
Sjómannastofur ... 118
Sjónstöð Íslands ... 123
Sjóvarnargarðar ... 176
Sjúkraflutningaráð ... 121
Sjúkrahús Austur-Húnvetninga, Blönduósi ... 126
Sjúkrahús Bolungarvíkur ... 135
Sjúkrahús Hvammstanga ... 135
Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi ... 130
Sjúkrahús og læknisbústaðir ... 132, 330
Sjúkrahús Reykjavíkur ... 131, 329
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi ... 128
Sjúkrahúsið Akranesi ... 125
Sjúkrahúsið Egilsstöðum ... 128
Sjúkrahúsið Húsavík ... 127
Sjúkrahúsið Patreksfirði ... 125
Sjúkrahúsið Sauðárkróki ... 126

Bls.
Sjúkrahúsið Seyðisfirði ... 127
Sjúkrahúsið Siglufirði ... 126
Sjúkrahúsið Suðurnesjum ... 129
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum ... 129
Sjúkraskýlið Hólmavík ... 135
Sjúkraskýlið Þingeyri ... 136
Sjúkratryggingar ... 121, 324
Skaftholt ... 112
Skammtímavistun Álfalandi 6 ... 108
Skammtímavistun fatlaðra, Norðurlandi vestra ... 111
Skammtímavistun fatlaðra, Reykjanesi ... 109
Skammtímavistun fatlaðra, Vesturlandi ... 110
Skammtímavistun Hólabergi ... 108
Skammtímavistun, Reykjadal ... 109
Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld ... 166
Skattrannsóknarstjóri ríkisins ... 166
Skattstofa Austurlands ... 165
Skattstofa Norðurlands eystra ... 164
Skattstofa Norðurlands vestra ... 164
Skattstofa Reykjaness ... 166
Skattstofa Suðurlands ... 165
Skattstofa Vestfjarða ... 164
Skattstofa Vestmannaeyja ... 165
Skattstofa Vesturlands ... 163
Skattstofan í Reykjavík ... 163
Skattvinnslukerfi ... 172
Skáksamband Íslands ... 55
Skákskóli Íslands ... 55
Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ ... 114
Skálholtsskóli ... 103
Skálholtsstaður ... 103
Skipulag miðhálendis ... 192
Skipulagsstjóri ríkisins ... 192
Skógrækt ríkisins ... 72
Skógræktarátak á Fljótsdalshéraði ... 73
Skógræktarfélag Íslands ... 67
Skólaakstur ... 48
Skólaíþróttir ... 55
Skólar fyrir fatlaða ... 47
Skráning hlutafélaga ... 186, 347
Skriðuklaustur ... 57
Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna ... 80
Skýrsluvélakostnaður ... 172, 339
Slysatryggingar ... 121, 326
Slysavarnafélag Íslands ... 174

Bls.
Slysavarnaráð ... 121
Slysavarnaskóli sjómanna ... 174
Smáþjóðaleikar ... 55
Snorrastofa ... 57
Snorrastofa ... 57
Sólheimar Grímsnesi ... 114
Sólvangur, Hafnarfirði ... 130
St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi ... 135
St. Jósefsspítali, Hafnarfirði ... 134
Staðlaráð ... 181
Starfsemi atvinnuleikhópa ... 54
Starfsemi áhugaleikfélaga ... 54
Starfsemi hljómsveita ... 54
Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir ... 77
Starfsþjálfun ... 108
Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit ... 117
Stígamót ... 118
Stjórn fiskveiða ... 77
Stjórnarráðshús ... 15
Stjórnartíðindi ... 81
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi ... 22
Stofnun Sigurðar Nordals ... 22
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ... 189
Styrking dreifikerfis í sveitum ... 183
Styrkir til fráveitna sveitarfélaga ... 192
Styrkir til útgáfumála ... 55
Styrktarfélag vangefinna ... 113
Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingflokka ... 340
Styrkvegir ... 175
Stýrimannaskólinn í Reykjavík ... 40
Sumardvalarheimili í Reykjadal ... 124
Sundabúð II, Vopnafirði ... 137
Sunnuhlíð, Kópavogi ... 137
Sýslumaðurinn á Akranesi ... 92
Sýslumaðurinn á Akureyri ... 96
Sýslumaðurinn á Blönduósi ... 95
Sýslumaðurinn á Eskifirði ... 98
Sýslumaðurinn á Hólmavík ... 94
Sýslumaðurinn á Húsavík ... 97
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli ... 99
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði ... 98
Sýslumaðurinn á Ísafirði ... 94
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli ... 59, 299
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði ... 96

Bls.
Sýslumaðurinn á Patreksfirði 93
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki 95
Sýslumaðurinn á Selfossi 100
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði 97
Sýslumaðurinn á Siglufirði 95
Sýslumaðurinn í Bolungarvík 94
Sýslumaðurinn í Borgarnesi 92
Sýslumaðurinn í Búðardal 93
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði 101
Sýslumaðurinn í Keflavík 100
Sýslumaðurinn í Kópavogi 101
Sýslumaðurinn í Neskaupstað 97
Sýslumaðurinn í Reykjavík 92
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi 93
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum 99
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal 99
Söfn, ýmis framlög 50
Sölvhóll 171

T

Tannverndarsjóður 134
Tekjubókhaldskerfi 172
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks 268
Tekjur ríkissjóðs, heildaryfirlit 260
Tekjuskattar einstaklinga og fyrirtækja 262
Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 171
Tilkynningarskylda íslenskra skipa 174
Tilraunagróðurhús 71
Tilraunastöð Háskólans að Keldum 21
Tilraunastöðin Stóra-Ármóti 67
Tilraunir, Vegagerðin 175
Tollstjórinn í Reykjavík 168
Tóbaksvarnir 134
Tónlist fyrir alla 54
Tónlistarsaga Íslands 55
Tónlistarskólinn í Reykjavík 44
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 172
Tryggingagjöld, launaskattar 263
Tryggingastofnun ríkisins 119, 322
Tæknisjóður 26
Tæknisjóður (B-hluti) 196, 356
Tækniskóli Íslands 24, 289
Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands 108
Tölvulesanleg vegabréf 90

Bls.
Tölvumál Stjórnarráðs o.fl. ... 173
Tölvumiðstöð fatlaðra ... 108
Tölvunefnd ... 82
Tölvuvæðing útflutningsskýrslna ... 166

U

Umboðsmaður Alþingis ... 13
Umboðsmaður barna ... 17, 286
Umferðarráð ... 90
Umhverfisráðuneyti ... 189, 348
Umhverfisverkefni í sauðfjárframleiðslu ... 74
Umhverfisvöktun ... 189, 350
Umsýslustofnun varnarmála (B-hluti) ... 203
Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ... 14, 284
Undirbúningur náttúrustofa ... 189
UNDP ... 64
UNESCO ... 64
Ungmennafélag Íslands ... 55
UNICEF ... 64
Uppbætur á lífeyri ... 168, 336
Uppgjör við sveitarfélög ... 57
Uppkaup á fullvirðisrétti ... 74
Upplýsingakerfi dómstóla ... 87
Upplýsingakerfi sýslumanna ... 102
Utanríkisráðuneyti ... 58, 299

Ú

Úrskurðarnefndir ... 77
Útboðs- og einkavæðingarverkefni ... 172
Útflutningsráð Íslands ... 58
Útgáfa hæstaréttardóma ... 82
Útgáfa norræns dómasafns ... 82
Útgáfa sérlyfjaskrár og lyfjaverðskrár ... 132
Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum ... 169, 338

V

Varnarmálaskrifstofa ... 58
Vátryggingaeftirlitið ... 185
Veðurstofa Íslands ... 194, 352
Veðurþjónusta fyrir millilandaflug ... 194
Vegagerðin ... 175, 341

Bls.
Vegagerðin (B-hluti) 217
Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir (B-hluti) 218
Vegagerðin, vélamiðstöð (B-hluti) 217
Veiðimálastofnun 69, 303
Veiðistjóri 191, 351
Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur 166
Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings 173
Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða 67
Verðlagsráð sjávarútvegsins 79
Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga 115, 320
Verkefni á sviði húsnæðismála 118
Verkfræðistofnun, Háskóli Íslands 20
Verkmenntaskóli Austurlands 36
Verkmenntaskólinn á Akureyri 36
Verktakasamningur um upplýsingaröflun 77
Vernd Breiðafjarðar 189
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Egilsstöðum 112
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Selfossi 112
Verndaður vinnustaður fatlaðra, Vestmannaeyjum 112
Verndaður vinnustaður, Örvi 109
Verslunarskóli Íslands 45
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar 174
Vextir af lánum ríkissjóðs 170, 337
Vélskóli Íslands 39
Viðskiptaráðuneyti 184, 346
Vinnueftirlit ríkisins 107
Vinnumál 117, 320
Vinnumálaskrifstofa 116
Vinnustofa Blindrafélagsins 108
Vinnustofan Ás 113
Virðisaukaskattur 265
Vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar, Lýðveldissjóður 12, 283
Vistheimili fyrir fötluð börn, Reykjanesi 109
Vistheimili fyrir fötluð börn, Suðurlandi 112
Vistheimili fyrir fötluð börn, Reykjavík 108
Vistheimilið að Sólheimum, Grímsnesi 114
Vistheimilið Bjarg 141
Vistheimilið Skálatúni 114
Vistheimilið Tjaldanesi 109
Vistun geðfatlaðra 108
Vistun ósakhæfra afbrotamanna 141
Vitabyggingar 176
Víðines 139
Vígslubiskup Hólum 103
Vígslubiskup Skálholti 103

Bls.
Vísindasjóður 26
Vísindasjóður (B-hluti) 196, 356

W

WTO 65

Y

Yfirdýralæknir 69, 303
Yfirfasteignamatsnefnd 169
Yfirlit yfir helstu tekjustofna 262
Yfirskattanefnd 166, 335

Ý

Ýmis framlög til þróunarmála 64
Ýmis fræðistörf 55
Ýmis íþróttamál 55, 298
Ýmis íþróttamál 55
Ýmis lán ríkissjóðs, vextir 170, 337
Ýmis löggæslukostnaður 90
Ýmis orkumál 183
Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta 101
Ýmis sameiginlegur kostnaður við dómsmál 87
Ýmis viðskipta- og bankamál 184
Ýmis viðskiptamál 187
Ýmsar fasteignir ríkissjóðs 171, 338

Þ

Þéttbýlisvegir 175
þingflokka 172, 340
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 190
Þjóðgarðar og friðlýst svæði 190
Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur 189
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum 18, 286
Þjóðhagsforsendur 259
Þjóðhagsstofnun 16, 285
Þjóðleikhús 52
Þjóðleikhúsið (B-hluti) 200, 358
Þjóðminjasafn Íslands 48, 296
Þjóðskjalasafn Íslands 49
Þjóðskráin 188, 348

Bls.
Þjónusta í Ísafjarðarsýslu við fatlaða 110
Þjónusta í Strandasýslu við fatlaða 110
Þjónusta í Vestur-Barðastrandarsýslu við fatlaða 110
Þjónustumiðstöð fatlaðra, Austurlandi 112
Þroskaþjálfaskóli Íslands 41
Þroskaþjálfun Höfn í Hornafirði 112
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP 64
Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi 64, 300
Þróunarsamvinnustofnun Íslands 64, 300
Þróunarsjóður EFTA 65
Þróunarsjóður leikskóla 46
Þróunarsjóður sjávarútvegsins (B-hluti) 205, 360
Þróunarstarf í grunnskólum 46
Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins 58
Þýðingarsjóður 54

Æ

Æðsta stjórn ríkisins 11, 282
Æskulýðsmál 55
Æskulýðsráð ríkisins 55

Ö

Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri 136
Örnefnastofnun 23
Örorkumatsnefnd 82
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 65, 301

2. Þjóðhagsáætlun [2. mál]

fyrir árið 1997.

(Lögð fram af forsætisráðherra 2. október 1996.)

I. INNGANGUR OG YFIRLIT UM HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Helstu mælikvarðar á almenna efnahagsþróun sýna svo ekki verður um villst að mikill árangur hefur náðst í íslenskum þjóðarbúskap á undanförnum misserum. Hagvöxtur hefur verið með ágætum, verðbólga í hófi, atvinnuleysi hefur minnkað og lífskjör hafa farið batnandi. Á þessa mælikvarða litið er Ísland í hópi þeirra aðildarþjóða OECD sem mestum árangri hafa náð.

Hagvöxtur hér á landi stefnir í 5,5% á þessu ári og miðað við forsendur þjóðhagsáætlunar verður vöxturinn 2,5% á næsta ári. Gangi þessar spár eftir verður meðalhagvöxtur á Íslandi 3,4% á árunum 1994-1997 borið saman við 2,4% í iðnríkjunum. Verðbólga var innan við 2% bæði árin 1994 og 1995 og þótt hún hafi færst nokkuð í aukana á þessu ári er árangurinn á því sviði viðunandi. Atvinnuleysi hefur minnkað úr 5% af vinnuaflinu í fyrra í um 4% á þessu ári. Til samanburðar er atvinnuleysið að meðaltali 11,5% í ESB um þessar mundir og 5,5% í Bandaríkjunum. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist um 9% á árunum 1995 og 1996 og er það um það bil tvöfalt meiri aukning en að meðaltali í OECD.



Að baki þessari hagstæðu þróun liggja ýmsar ástæður. Má þar nefna fjögur veigamikil atriði. Í fyrsta lagi hafa víðtækar umbætur verið gerðar í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum árum sem meðal annars felast í eflingu markaðsbúskapar, opnun fjármagnsmarkaða og aðild að EES. Í öðru lagi hefur almenn hagstjórn beinst í

ríkara mæli en áður að því að tryggja stöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Í þriðja lagi hefur verið almennur skilningur í þjóðfélaginu á þeim takmörkunum sem ytri skilyrði setja þjóðarbúskapnum og á þeim tækifærum sem felast í jafnvægisstefnu þegar til lengri tíma er litið. Loks hafa hagstæð ytri skilyrði lagst á sveif með góðum innlendum vaxtarskilyrðum. Þetta hefur lagt grunninn að þeim framförum og lífskjarabata sem hér hefur átt sér stað að undanförnu.

Ríkisstjórnin mun byggja á þessum grunni á næstu árum. Þannig verður áfram unnið að því að efla markaðsbúskap, meðal annars með því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og stuðla að samkeppni á þeim sviðum einkaréttar þar sem henni verður við komið. Jafnframt verður stjórn ríkisfjármála og peningamála samstillt með það fyrir augum að viðhalda jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Í ljósi vaxandi eftirspurnar og umsvifa er óhjákvæmileg að auka aðhaldið að efnahagslífinu. Fyrir vikið verður halla ríkissjóðs eytt á næsta ári og peningamálum beitt til að koma í veg fyrir að þensla grafi um sig. Á þessum grunni og miðað við að komandi kjarasamningar verði gerðir á raunsæjum forsendum er útlit fyrir að Ísland verði áfram í hópi þeirra OECD-ríkja sem fremst standa á efnahagssviðinu.

Á forsendum þjóðhagsáætlunar er talið að landsframleiðsla muni aukast um 2,5% á árinu 1997 og vöxturinn verði áþekkur næstu árin á eftir. Þetta er svipaður hagvöxtur og reiknað er með í iðnríkjunum. Reiknað er með að verðbólga verði um 2% á árinu 1997 og ástand á vinnumarkaði verði svipað og á þessu ári. Viðsnúningur hefur orðið á viðskiptajöfnuði. Eftir nokkur ár með afgangi stefnir í halla á þessu ári og enn meiri halla á því næsta. Hér er reiknað með að hallinn verði um 15 milljarðar króna, eða sem svarar 2,9% af landsframleiðslu, og undirstrika þær horfur nauðsyn aðhalds að þjóðarútgjöldum. Gert er ráð fyrir að þessi halli hverfi í áföngum á árunum 1998-2000. Í þessari áætlun hefur ekki verið gert ráð fyrir byggingu álvers á Grundartanga, því þótt samningar um það séu á lokastigi um þessar mundir liggur endanleg ákvörðun ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Ef á verið verður reist leiðir það til þess að hagvöxtur á næsta ári verður um 4% í stað 2,5%. Eftir 1997 yrði hagvöxturinn áþekkur vextinum í grunndæmi þjóðhagsáætlunar.

Hér á eftir er lýst stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Í framhaldi er fjallað um ástand og horfur í þjóðarbúskapnum.

II. EFNAHAGSSTEFNAN

Meginmarkmið efnahagsstefnunar er að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa þannig skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti og bættum lífskjörum. Lág verðbólga og sambærileg rekstrarskilyrði og í helstu samkeppnislöndunum stuðla að aukinni fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu. Efnahagsstefnan er nú mótuð í ljósi ört vaxandi eftirspurnar og umsvifa í þjóðarbúskapnum og hún hlýtur því að einkennast af aðhaldi í meira mæli en á undanförnum árum. Þetta á við bæði um stefnuna í ríkisfjármálum og í peningamálum.

Peningamál

Nokkur umskipti hafa orðið á fyrri hluta þessa árs hvað varðar fjármagnshreyfingar við útlönd. Eftir mikið útstreymi vegna lánahreyfinga fyrirtækja og sveitarfélaga og vegna verðbréfakaupa innlendra aðila erlendis á undanförnum tveimur árum hefur dregið úr útstreymi og hefur það ásamt vaxandi innlendum sparnaði stuðlað að því að vextir á innlendum lánamarkaði hafa farið nokkuð lækkandi á þessu ári. Vaxtalækkanir erlendis á síðasta ári hafa ýtt undir þessa þróun. Þessi þróun hefur einnig sett mark sitt á gjaldeyrismarkaðinn en þar hefur Seðlabankinn verið nettókaupandi á þessu ári og gjaldeyrisstaða bankans því styrkst.

Þrátt fyrir að vextir hafi lækkað nokkuð hér á landi í ár eru þeir enn hlutfallslega háir miðað við nágrannalönd, ekki síst skammtímavextir, en þeir hafa að meðaltali verið rúmlega 2% hærri en í nágrannalöndum.

Erfiðara er að bera saman vexti á löngum lánum og á skuldabréfamarkaði þar sem verðtrygging er ráðandi hér á landi en lauslegur samanburður bendir þó til þess að svipaður munur sé á skuldbindingum til langs tíma og skammtímavöxtum. Þannig eru metnir raunvextir á ríkisskuldabréfum í 5 stærstu iðnríkjunum á bilinu 3%-6% og óvegið meðaltal þeirra um 4,5% en raunvextir verðtryggðra ríkisskuldabréfa hér á landi eru um 5,5%. Við þennan samanburð verður að hafa í huga að ríkisskuldabréf erlendis, sem hér er miðað við, eru óverðtryggð og vextir þeirra fela því í sér áhættuálag vegna óvissu um verðlagsþróun. Sem dæmi um áhættuálag má nefna að í Bretlandi þar sem bæði eru í boði verðtryggð og óverðtryggð ríkisskuldabréf eru raunvextir verðtryggðra ríkisskuldabréfa allt að tveimur prósentustigum lægri en metnir raunvextir óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með sama lánstíma.

Hærra vaxtastig hér á landi en í nágrannalöndum má m.a. rekja til ójafnvægis á lánamarkaðnum vegna rýrnunar sparnaðar í kjölfar neikvæðra raunvaxta á áttunda og níunda áratugunum. Einnig má benda á að reynsla margra smærri þjóða, jafnvel þeirra sem eru í evrópska myntsamstarfinu, er að vaxtamunur milli þeirra og Þýskalands sem er þungamiðja í Evrópska myntsambandinu er verulegur. Þannig hafa skammtíma-

vextir í Danmörku lengst af verið einu prósentustigi hærri en sambærilegir vextir í Þýskalandi.

Meginmarkmið í peningamálum er að stuðla að stöðugu verðlagi og er stöðugt gengi krónunnar millimarkmið Seðlabankans að því marki. Til að halda gengi krónunnar innan tilskilinna marka er nauðsynlegt að jafnvægi ríki í gjaldeyrisviðskiptum og beitir bankinn skammtímavöxtum í því skyni. Seðlabankinn beitti sér fyrir vaxtalækkkun á peningamarkaði hér á landi á vormánuðum um 0,7% í kjölfar vaxtalækkana erlendis og bættrar gjaldeyrisstöðu bankans en viðskipti á gjaldeyrismarkaði nú yfir sumarmánuðina hafa sett skorður við frekari lækkun vaxta.

Aukin umsvif í þjóðarbúskapnum hafa smám saman komið fram í lánastærðum. Þannig hafa lán og endurlán innlánsstofnana aukist um 8% á undanförnum tólf mánuðum en stóðu í stað á tólf mánaða tímabilinu þar á undan. Mestu skiptir hér að endurlán erlends lánafjár sem drógust saman á fyrra tímabilinu um röska 11 milljarða króna sýna nú aukningu um röska 0,7 milljarða króna. Jafnframt hafa lán innlánsstofnana til heimila farið vaxandi og er tólf mánaða aukning þeirra miðað við lok júlímánaðar tæp 11%. Þróun peningamagns er þó hægari og gætir þar áhrifa þess að kröfur Seðlabankans hafa dregist saman á árinu. Þannig hefur peningamagn og sparifé (M3) aukist um 4,5% á liðnum tólf mánuðum sem er nokkuð minna en áætluð aukning þjóðartekna á árinu. Peningamagn og sparifé að viðbættri verðbréfaútgáfu innlánsstofnana hefur hins vegar aukist talsvert meira eða um tæp 7% á undangengnum tólf mánuðum. Lausafjárstaða bankanna hefur farið batnandi á árinu en staðan var slök í upphafi ársins og gæti þar áhrifa batnandi fjármagnsjafnaðar annars vegar og hins vegar sérstakrar innlausnar ríkisskuldabréfa í júlímánuði og færði bönkum umtalsvert lausafé. Samtals komu til innlausnar röskir 17 milljarðar króna og er áætlað að um 8 milljarðar króna af þeirri fjárhæð hafi leitað í skammtímaávöxtun meðal annars í innlánsstofnunum en einnig í verðbréfasjóðum.

Ef litið er á lánakerfið í heild þá liggja fyrir bráðabirgðatölur um stöðu þess á miðju ári. Heildaraukning útlána þess á fyrri árshelmingi er um 4,2% en lán til heimila sem leiða þróunina hafa vaxið á árinu um 5,8%. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 3,8% á árinu samanborið við 1,7% á sama tímabili í fyrra.

Verðbólga hér á landi hefur undanfarna mánuði verið um 2½%, sem er meira en í viðskiptalöndum og felur í sér nokkra hækkun frá því sem var á síðasta ári. Að hluta má rekja þessa hækkun til meiri hækkunar á innflutningsverði en einnig hefur útstreymi á gjaldeyri leitt til þess að gengi krónunnar hefur sigið lítillega að undanförnu. Óvissa um launa- og verðlagsmál á næstunni vegna væntanlegra kjarasamninga og vísbendingar um að vinnumarkaður sé að þrengjast, þrátt fyrir að opinberar atvinnuleysismælingar haldist háar, eru einnig ótvíræð hættumerki fyrir stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum.

Lág verðbólga undanfarin ár hefur breytt efnahagsumhverfi atvinnulífs á Íslandi og hefur átt þátt í að skapa skilyrði varanlegs hagvaxtar og bættra lífskjara. Í því skyni að stuðla áfram að lágri verðbólgu ákvað Seðlabankinn að hækka vexti Seðlabankans í viðskiptum við innlánsstofnanir og ávöxtun í tilboðum bankans í ríkisvíxla á Verðbréfaþingi Íslands um 0,4%. Jafnframt var ákveðið að hækka lausafjárhlutfall innlánsstofnanna úr 10% í 12% frá 1. október.

Vaxandi viðskiptahalla á þessu ári má að verulegu leyti rekja til aukinnar innlendrar eftirspurnar vegna bjartari horfa um útflutningstekjur þjóðarinnar á næstu árum. Vænlegasta leiðin við þessar aðstæður til að draga úr viðskiptahalla og varðveita jafnframt verðstöðugleika er að beita aðhaldi í ríkisfjármálum, enda stafar viðskiptahallinn af því að þjóðhagslegur sparnaður er ónógur. Peningamálastefnan er þegar fremur aðhaldssöm sem sést m.a. af því að munur innlendra og erlendra skammtímavaxta hefur að undanförnu verið rösk 2% og verður eftir þessa breytingu orðinn tæp 3% og hefur vaxið um 0,7%-0,8% síðustu vikurnar. Grannt verður fylgst með vísbendingum um framvindu efnahagsmála á komandi vikum og metið hvort þörf verður frekari aðgerða. Framvinda ríkisfjármála og kjaramála mun ráða miklu hvort og hvenær hægt verður að slaka á í peningamálum á ný á komandi vetri.

Ríkisfjármál

Fjárlagafrumvarpið endurspeglar megináherslur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum ársins 1997, eftir samfelldan hallarekstur allt frá árinu 1985. Þetta markmið er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og var fyrsta skrefið í átt til jafnvægis stigið með afgreiðslu fjárlaga ársins 1996. Í framhaldi af hallalausum fjárlögum árið 1997 er mikilvægt að stefna að frekari afgangi á ríkissjóði næstu árin á eftir, meðal annars til þess að standa undir ýmsum skuldbindingum sem ekki eru gjaldfærðar á fjárlögum. Auk þess er nauðsynlegt að ríkissjóður skili afgangi til þess að unnt sé að grynnka á þeim skuldum og vaxtakostnaði sem hallarekstur undanfarinna ára hefur leitt til. Traustari staða ríkisfjármála gefur síðan færi á lækkun skatta á næstu árum.

Til þess að ná markmiðinu um hallalaus fjárlög árið 1997 þarf að beita verulegu aðhaldi á útgjaldahlið. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1997 lækki nokkuð að raungildi frá árinu 1996, einkum útgjöld til rekstrar, viðhalds og fjárfestingar. Jafnframt tekst að halda tilfærsluútgjöldum nær óbreyttum milli ára þrátt fyrir að fjölgun aldraðra þrýsti á um aukin útgjöld. Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins markast af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að auka ekki skattbyrði. Samhliða fjárlagagerðinni hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum. Meðal annars er unnið að heildarendurskoðun á tekjuskatti einstaklinga og ýmsum bótagreiðslum með það fyrir augum að draga úr svonefndum jaðaráhrifum, en fyrstu skerfin voru reyndar stigin þegar á árinu 1996. Þá er gert ráð fyrir að álagning tryggingagjalds á fyrirtæki verði samræmd milli atvinnugreina í nokkrum áföngum og mun fyrsti áfangi koma til framkvæmda á næsta ári.

Ýmis veigamikil rök eru fyrir því að traustari staða ríkisfjármála eigi að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Á sama hátt og leitað var til ríkissjóðs þegar erfiðleikar steðjuðu að atvinnulífinu hér á landi er nú afar brýnt að nýta efnahagsbatann til þess að skila ríkissjóði með afgangi. Það er öruggasta leiðin til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, efla hagvöxt og bæta lífskjör heimilanna. Af þessu leiðir að ekki eru rök fyrir því að slaka á aðhaldi í ríkisfjármálum að svo stöddu. Þvert á móti má færa gild efnahagsleg rök fyrir hinu gagnstæða, þ.e. að auka aðhald enn frekar. Íslensk hagsaga geymir of mörg dæmi um tilslökun í hagstjórn þegar vel

árar. Afleiðingin hefur ávallt verið þensla, verðbólga, gengisfellingar og versnandi lífskjör almennings.

Jafnvægi í ríkisfjármálum er enn mikilvægara fyrir þá sök að afgangur á viðskiptajöfnuði hefur snúist í halla. Í því felst að þjóðin eyðir nú meiru en hún aflar, þ.e. sparnaður er neikvæður. Afgangur á ríkissjóði vegur á móti þessari umframeyðslu og stuðlar þannig að stöðugleika í efnahagslífinu. Ennfremur er rétt að hafa í huga að samfelldur hallarekstur ríkissjóðs undanfarin tólf ár hefur leitt til verulegrar skuldasöfnunar, en hún er í reynd ávísun á skattahækkanir eða frekari niðurskurð útgjalda í framtíðinni. Mikilvægt er að snúa þessari þróun við og fara að greiða niður þær skuldir sem hafa hlaðist upp vegna hallareksturs ríkissjóðs mörg undanfarin ár. Jafnframt er rétt að hafa í huga að þótt skuldastaða ríkisins sé lægri í hlutfalli við landsframleiðslu hér á landi en víða annars staðar vega erlendrar skuldir mun meira hér á landi.

Í kjölfar þeirra aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum sem gripið var til á árinu 1996 og áformaðar eru á fjárlögum ársins 1997 hafa almennar horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum næstu ár batnað til muna. Í stað vaxandi hallareksturs og skuldasöfnunar ríkissjóðs eru nú horfur á afgangi næstu ár, enda verði áfram fylgt mjög aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Við þessar aðstæður fara skuldir ríkisins smám saman lækkandi fram til aldamóta. Ennfremur eru horfur á að hagvöxtur verði svipaður og í samkeppnislöndunum. Störfum fjölgar einnig umtalsvert og kaupmáttur heimilanna eykst ár frá ári.

III. ÁSTAND OG HORFUR

Efnahagsþróunin það sem af er árinu hefur einkennst af vaxandi umsvifum og eftirspurn í þjóðfélaginu. Vöxturinn á sér rætur í hagstæðum skilyrðum og bjartsýni um betri hag. Þetta hefur leitt til þess að fjárfesting og einkaneysla hafa aukist verulega. Áætlað er að fjárfestingin aukist um 24% milli áranna 1995 og 1996 sem skýrist að hluta af stækkun álversins og að hluta af almennri fjárfestingu atvinnuvega. Útgjöld til einkaneyslu eru talin aukast um 7% og eins og við er að búast aukast þau mest vegna liða sem eru næmastir fyrir hagsveiflunni, svo sem bifreiða og heimilistækja. Gert er ráð fyrir að samneyslan aukist mun minna, eða um 2,5%. Samkvæmt þessu verða þjóðarútgjöldin á heild 7,9% meiri í ár en í fyrra. Þessi aukning ásamt mikilli sjávarafurðaframleiðslu leiðir til 5,5% hagvaxtar á árinu 1996.

Af þessu má sjá að þjóðarútgjöldin aukast hraðar um þessar mundir en þjóðartekjurnar, eins og svo oft áður þegar rofað hefur til í íslenskum þjóðarbúskap. Fyrir vikið verður viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður. Reiknað er með að hallinn á viðskiptajöfnuði verði um 9 milljarðar króna á þessu ári borið saman við 3,4 milljarða króna afgang í fyrra. Þessi halli samsvarar 1,8% af landsframleiðslu. Að hluta skýrist hallinn af innflutningi vegna stækkunar álversins. Þenslumerki má víðar greina en í þróun innflutnings og þjóðarútgjalda, meðal annars hefur verðbólga aukist nokkuð, eða úr 1,7% í fyrra í um 2,5% á þessu ári, og ýmislegt bendir til að skráð atvinnuleysi sé farið að nálgast það lágmark sem að öðru óbreyttu samrýmist viðunandi verðstöðugleika. Meginviðfangsefni hagstjórnar á næstunni verður því að sporna við þenslu með aðhaldi að þjóðarútgjöldum þannig að þróun þeirra verði í takt við þjóðartekjur.

Horfur eru á að efnahagsleg skilyrði, innanlands og utan, verði áfram góð á næstu árum. Spáð er viðunandi hagvexti í helstu viðskiptalöndum og skilyrði eru fyrir vöxt í mikilvægum greinum hér heima. En eins og jafnan eru ýmsir þættir óráðnir. Í þeim efnum skiptir mestu máli að kjarasamningar þorra launþega eru lausir frá næstu áramótum og því eru verðlags- og launahorfur óvissar. Hér er miðað við að niðurstöður kjarasamninga verði í samræmi við áframhaldandi verðstöðugleika og viðunandi jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum og peningamálum miðar að þessum markmiðum og í því skyni verður aðhaldið aukið í ríkisfjármálum og stjórn peningamála beitt til að sporna við þenslu. Niðurstaða þjóðhagsáætlunar er sú að hagvöxtur verði 2,5% á árinu 1997 og búast megi við svipuðum hagvexti næstu árin þar á eftir. Hagvöxturinn 1997 verður meiri ef umrætt álver verður byggt, eða um 4%.

Alþjóðaefnahagsmál

Hagþróun í helstu iðnríkjum hefur verið töluvert mismunandi undanfarin misseri. Í Bandaríkjunum hefur verið góður gangur í efnahagsstarfseminni eftir mikla uppsveiflu

á árinu 1994. Á hinn bóginn hefur verið dauft yfir efnahagsmálum í Japan, hagvöxtur var innan við 1% bæði árin 1994 og 1995, og fyrst nú virðist vera að rofa þar til. Einnig virðist hagvöxtur í Evrópu vera að ná sér á strik eftir að hann datt niður upp úr miðju síðasta ári. Utan iðnríkjanna hefur víða verið góður vöxtur og fyrir vikið hefur hagvöxtur í heiminum verið vel viðunandi.

Vaxtarhléið í Evrópu virðist nú á enda. Þetta birtist meðal annars í ýmsum vísbendingum um væntingar atvinnulífs og heimila. Að baki vaxandi bjartsýni liggja ekki síst lágir langtímavextir og stöðugleiki á verðlagssviðinu. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í aðildarríkjum OECD í Evrópu verði að meðaltali rúmlega 2% á seinni hluta þessa árs borið saman við 1,2% á fyrri hluta ársins. Á árinu 1997 er reiknað með að vöxturinn verði um 2,5%.

Búist er við að hagvöxturinn í Bandaríkjunum verði 2,4% árið 1996 og 2,3% 1997. Í Japan er gert ráð fyrir örari vexti, 3,5% 1996 og 2,7% 1997. Hagvaxtarhorfur annars staðar eru misjafnar. Í þróunarríkjunum er áfram reiknað með um 6% vexti og er hann eins og áður borinn uppi af Asíuríkjum. Umbreytingalöndin í Austur-Evrópu virðast vera að snúa vörn í sókn. Þar er spáð 4% hagvexti á næsta ári eftir margra ára samdráttarskeið.

Ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum [1]

	1994	1995	Spá 1996	Spá 1997
Hagvöxtur	3,7	3,5	3,8	4,1
Iðnríki	2,8	2,1	2,3	2,5
Bandaríkin	3,5	2,0	2,4	2,3
Evrópusambandið	2,8	2,5	1,6	2,5
Japan	0,5	0,9	3,5	2,7
Þróunarríki	6,6	5,9	6,3	6,2
Umbreytingalönd	-8,8	-1,3	0,4	4,0
Alþjóðaviðskipti	8,8	8,9	6,7	7,2
Hráolíuverð	-7,8	1,9	17,8	-7,6
Verðbólga				
Iðnríki	2,3	2,4	2,3	2,4
Vextir, LIBOR [2]				
Bandaríkjadollarar	5,1	6,1	5,6	6,0
Japönsk jen	2,4	1,3	1,0	2,4
Þýsk mörk	5,3	4,6	3,3	3,8

1) Hlutfallslegar breytingar frá fyrra ári nema annað sé tekið fram.
2) Millibankavextir í London á innlánum til sex mánaða.

Heimild: Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.

Stöðugleiki á verðlagssviðinu einkennir nær öll iðnríkin en árangur í atvinnumálum hefur verið misjafn. Þannig hefur atvinnuleysi í Bandaríkjunum verið í því lágmarki sem talið er samrýmast verðstöðugleika og almennt virðist atvinnuástand betra í þeim löndum sem búa við sveigjanlegan vinnumarkað og batnandi afkomu hins opinbera en þar sem það á ekki við. Mörg lönd Evrópu eru dæmi um þetta, enda er því spáð að atvinnuleysi þar verði nær óbreytt áfram, nálægt tvöfalt meira að meðaltali en í Bandaríkjunum.

Skammtímavextir fóru víða lækkandi framan af ári. Horfur um vexti í iðnríkjum eru nokkuð óljósar en flestir gera þó ráð fyrir að þeir fari hækkandi á ný með batnandi efnahag. Í því sambandi má nefna að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir ráð fyrir því að svonefndir LIBOR-vextir í Bandaríkjadollurum hækki úr 5,6% í 6% milli áranna 1996 og 1997 og í þýskum mörkum úr 3,3% í 3,8%. Langtímavextir hafa almennt verið fremur stöðugir það sem af er þessu ári eftir mikla lækkun þeirra í fyrra. Þótt spáð sé nokkurri hækkun skammtímavaxta á næstunni er talið óvíst að slík hækkun komi fram í langtímavöxtum og reyndar er búist við að þeir hneigist til lækkunar þegar horft er til lengri tíma.

Flest iðnríki hafa lagt áherslu á að bæta afkomu hins opinbera undanfarin misseri, enda ríkir um það breið samstaða að betra jafnvægi í ríkisfjármálum geti stuðlað að örari hagvexti þegar til lengri tíma er litið. Búist er við að hallinn í búskap hins opinbera í aðildarríkjum OECD verði um 3,5% af landsframleiðslu á þessu ári og um 3% á næsta ári. Í ESB ríkjunum hefur hallinn verið meiri en að meðaltali í OECD. Þar er reiknað með að hallinn samsvari 4,8% af landsframleiðslu á þessu ári og 4,1% á árinu 1997. Þessi afkomubati í ESB skýrist að hluta af viðmiðuninni í Maastricht sáttmálanum um að hámarki 3% halla 1997 til að hluteigandi ríki geti tekið fullan þátt í áformuðum myntsamruna.

Að öllu samanlögðu er ástand og horfur í efnahagsmálum í heiminum fremur upp-örvandi. Alþjóðaefnahagsstofnanir spá viðunandi hagvexti, lítilli verðbólgu og lækkandi langtímavöxtum þegar fram í sækir.

Afli og útflutningur

Þjóðhagsstofnun reiknar með að heildarafli landsmanna verði um 2 milljónir tonna á árinu 1996 og er það aukning úr 1.608 þúsund tonnum frá árinu 1995. Nær einvörðungu er hægt að þakka þessa aukningu meiri loðnuveiðum. Áætlað er að loðnuaflinn verði um 1.100 þúsund tonn en þegar hafa veiðst um 960 þúsund tonn. Nokkur óvissa ríkir um afla landsmanna utan Íslandsmiða, einkum um þorskafla, en ætla má að hann geti numið um 35 þúsund tonnum, og rækjuafli geti numið um 20 þúsund tonnum.

Á föstu verði er gert ráð fyrir að aflinn aukist um 7%. Áætlað er að þorskafli aukist um 1% á meðan afli af öðrum botnfiski dregst saman um 4,7%. Gert er ráð fyrir að aukning í öðrum afla verði 21,9% á föstu verðlagi. Reiknað er með að innlend fiskvinnsla muni kaupa svipað magn af afla af erlendum fiskiskipum árið 1996 og árið áður. Gert er ráð fyrir að útflutningsframleiðslan á árinu 1996 aukist um 7%.



Sjávarútvegsráðuneytið hefur úthlutað heimildum fyrir nýhafið fiskveiðiár að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Í þorskígildum talið eykur sjávarútvegsráðuneytið nú heimildir um 2% frá síðasta fiskveiðiári. Í áætlunum sínum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að afli kvótabundinna tegunda á Íslandsmiðum verði í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegsráðuneytisins að teknu tilliti til ónýttra aflaheimilda sem flytjast á milli ára. Varðandi tegundir sem ekki eru háðar kvóta er byggt á reynslu undanfarandi ára.

Afli og aflaverðmæti 1996-1997

	Afli þús. tonn		Breyting aflaverðmætis á föstu verði
	1996	1997	1996-97, %
Þorskur	205	230	12,2
Annar botnfiskur	303	289	-7,5
Síld	110	100	-9,1
Íslandssíld	173	190	9,8
Loðna	1.100	1.187	7,9
Humar	2	2	0
Rækja	95	82	-13,7
Hörpudiskur	9	9	0
Annað	5	5	0
Botnfiskur	508	519	1,5
Annað	1.495	1.575	-3,6
Samtals	2.003	2.094	-0,7

Gert er ráð fyrir að þorskafli af Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1996/97 verði 195 þúsund tonn sem er 14,7% aukning frá síðasta fiskveiðiári. Þorskafli af fjarmiðum er jafnan afar óviss. Í þjóðhagsáætlun fyrir 1997 er gert ráð fyrir sama afla og útlit er fyrir í ár. En gangi það eftir eykst þorskafli landsmanna um 12,2%. Reiknað er með að annar botnfiskafli dragist saman um 7,5%. Munar þar mest um ýsu upp á 8 þúsund tonn, ufsa upp á 10 þúsund tonn og grálúðu 5 þúsund tonn. Þá er gert ráð fyrir að annar afli dragist saman um 3,6%, en þar er áætluð 7,6% aukning í loðnu og síld. Horfur eru um verulega minnkun rækjuafla og er þó einkum gert ráð fyrir minni afla af Flæmingjagrunni. Að öllu samanlögðu gerir Þjóðhagstofnun ráð fyrir að útflutningsframleiðsla sjávarafurða verði óbreytt á milli áranna 1996 og 1997.

Framleiðsluáætlanir álverksmiðjunnar kveða á um lítilsháttar aukningu milli ára og er reiknað með að í ár verði álframleiðslan um 103 þúsund tonn sem er um 3% aukning frá því í fyrra. Á næsta ári eykst framleiðsla verksmiðjunnar verulega vegna þeirrar stækkunar sem nú er unnið að. Búist er við að framleiðsluaukningin á næsta ári geti orðið um 20 þúsund. Þegar viðbótin er að fullu komin í gagnið eykst framleiðslugeta álverksmiðjunnar um 60 þúsund tonn á ári.

Um þessar mundir eru skilyrði í kísiljárniðnaði mjög hagfeld. Verðlag á afurðum er hátt og eftirspurn er mikil. Glögglega má sjá þessi áhrif í útflutningstölum kísiljárns það sem af er árinu sem sýna að verð á kísiljárni hefur hækkað um 35% mælt í íslenskum krónum. Þar sem verksmiðjan er nú rekin með fullum afköstum verður ekki um framleiðsluaukningu að ræða hvorki á þessu né næsta ári. Hins vegar má fastlega reikna með því að þessi jákvæða þróun auki líkur á því að ráðist verði í stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga í náinni framtíð.

Það vekur óneitanlega spurningar hversu treglega hefur gengið að auka framleiðslu til útflutnings á iðnaðarvörum öðrum en stóriðjuafurðum á þessu ári. Síðastliðin tvö ár hefur þessi útflutningsliður aukist hvað mest. Nú bregður svo við að þessi útflutningur stendur nánast í stað á fyrri hluta ársins. Þetta má ef til vill skýra að nokkru sem hlé eftir mikinn vöxt 1994 og 1995. Að hluta má einnig leita skýringarinnar í minnkandi sölu á lyfjum til útflutnings sem var óvenju mikil á síðasta ári, en samdráttur kemur fram á fleiri sviðum bæði í greinum sem tengjast sjávarútvegi og öðrum iðngreinum. Hugsanlegt er að vöxtur í þessum greinum umfram það sem þegar er orðið krefjist meiri fjárfestingar þar sem framleiðslugeta þessara nýju greina sé nú fullnýtt. Í ljósi þessarar þróunar hljóðar spáin fyrir næsta ár upp á 5% aukningu milli ára.

Í heild eykst útflutningsframleiðslan og vöruútflutningurinn um 5,5% á þessu ári, en á næsta ári felur spáin í sér 2,4% framleiðsluaukningu í útflutningsgreinum og 2,2% magnaukningu í vöruútflutningi.

Gjaldeyristekjur af þjónustu án vaxta og launatekna jukust um tæpar 700 milljónir á fyrri hluta ársins. Þar munar mest um auknar tekjur af flugsamgöngum sem rekja má til markaðssóknar í íslenskum flugrekstri. Tekjur af erlendum ferðamönnum voru á fyrri hluta ársins heldur minni en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir aukningu í fjölda ferðamanna. Fyrir árið í heild gætu þjónustutekjurnar aukist um 4½% að raungildi og spáin fyrir næsta ár felur í sér svipaða aukningu.

Útflutningur vöru og þjónustu eykst samkvæmt þessu um 5,2% í ár og um 2,8% á því næsta.

Viðskiptakjör

Það sem af er árinu hafa viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrnað. Verð útflutningsafurða hefur lækkað og verðlag innflutnings ýmist hækkað eða staðið í stað. Spáð er að viðskiptakjörin versni á þessu ári en standi síðan í stað milli áranna 1996 og 1997.

Verð á sjávarafurðum hækkaði nokkuð á síðari hluta ársins 1995, en hefur lækkað aftur frá því sem var hæst í nóvember s.l. Verðið í ágúst s.l. reyndist 4% lægra en meðalverð ársins 1995. Í þessum breytingum vegur þyngst að verð á pillaðri rækju og loðnulýsi hækkaði mikið í fyrra, en hefur lækkað mikið á þessu ári. Verð á sjávarafurðum á fyrstu 8 mánuðum í ár er svipað og meðalverðið í fyrra.

Þjóðhagsstofnun áætlar að verðlag sjávarafurða hækki nokkurn veginn í takt við almennt verðlag í helstu viðskiptalöndunum á milli áranna 1996 og 1997.



Verð á áli hefur einnig farið lækkandi á árinu. Frá því að álverðið náði síðast hámarki á skyndimarkaði í London (LME) í janúar á síðasta ári hefur það lækkað um tæp 30% í dollurum. Þessi gríðarlega verðlækkun er langt umfram það sem flestir sérfræðingar höfðu spáð og færir okkur heim sanninn um það hversu miklum sveiflum má búast við á mörkuðum sem þessum. Í ljósi væntinga um þróun efnahagsástandsins í heiminum og hversu lágt álverðið hefur verið nú upp á síðkastið má reikna með því að verðið þokist heldur upp á við á næstunni. Verð á kísiljárni hefur ekki fylgt sömu þróun og álverðið heldur hefur heimsmarkaðsverð kísiljárns hækkað jafnt og þétt frá því snemma á síðasta ári og er um þessar mundir hærra en það hefur verið um árabil. Reiknað er með að þetta háa verð haldist að mestu óbreytt á næsta ári.

Fyrstu sex mánuði ársins lækkaði verðlag almenns útflutnings um 0,6% í íslenskri mynt, en án afurða stóriðju var lækkunin 1,1%. Forsendur spárinnar fela í sér að þessi þróun snúist við á seinni hluta ársins og að útflutningsverðlag hækki um 0,8% milli ára. Miðað við fyrirliggjandi mat á verðlagshorfum í viðskiptalöndunum má gera ráð fyrir því að verðlag útflutningsafurða breytist í hátt við almenna verðlagsþróun erlendis og hækki um 2% milli ára.



Verðbreytingar innflutnings hafa flestar verið til hækkunar það sem af er árinu. Þannig hækkaði verð á almennum innflutningi í íslenskum krónum um 4,3% fyrstu sex mánuði ársins. Þessar hækkanir má að hluta rekja til þess að gengi krónunnar hefur á þessu tímabili lækkað miðað við innflutningsvog um 0,9%. Að öðru leyti skýrist hækkunin af breytingum á verði eldsneytis annars vegar og rekstrarvörum til stóriðju hins vegar. Að þessum vörutegundum fráskildum nam hækkun innflutningsverðs 2,7% á fyrri hluta ársins. Þessi verðhækkun er engu að síður í hærri kantinum sé tekið mið af áætluðum verðhækkunum í viðskiptalöndunum í ár, sem áætlað er að verði tæp 2%.

Sú þróun og þær forsendur sem hér hafa verið raktar fela í sér að viðskiptakjör í vöruviðskiptum versni um 2,9% á þessu ári en standi nánast í stað milli áranna 1996 og 1997. Í heild er áætlað að breytingar á viðskiptakjörum lækki tekjur þjóðarbúsins um sem nemur 0,9% af þjóðarframleiðslu á þessu ári en hafi óveruleg áhrif á því næsta.

Hagur atvinnuveganna

Þjóðhagsstofnun hefur nú unnið úr ársreikningum 987 fyrirtækja úr flestum atvinnugreinum fyrir árið 1995. Úrvinnslan nær þó hvorki til landbúnaðar né orkufyrirtækja. Á árinu 1994 var velta þessara fyrirtækja tæplega 40% af heildarveltu þess árs. Velta þeirra jókst um 5,7% milli áranna 1994 og 1995 sem er um 4% meiri en almennar verðbreytingar.

Niðurstöður eru dregnar saman í töflu hér á eftir og til samanburðar eru birtar niðurstöður sömu fyrirtækja fyrir árið 1994. Rétt er að leggja á það áherslu að hér er lýst afkomu þessara 987 fyrirtækja en ekki atvinnulífsins í heild og venjulega sýna úrtaksfyrirtækin betri afkomu en atvinnuvegirnir í heild. Helstu niðurstöður eru þær að bókfærður hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum hefur hækkað úr 3,8% í 4% eða um 0,2 prósentustig. Hér er átt við hagnað fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta og ekki er tekið tillit til óreglulegra gjalda og tekna.

Afkoma fyrirtækja 1994 og 1995

Hreinn hagnaður af reglulegri starfsemi sem % af tekjum

	1994	1995
Samtals 987 fyrirtæki	3,8	4,0
Án banka og sparisjóða	3,6	3,5

Eigið fé sem % af heildareignum

	1994	1995
Samtals 987 fyrirtæki	17,6	19,2
Án banka og sparisjóða	27,8	30,3

Afkoma í hverri atvinnugrein breytist ekki mikið milli ára. Mesta breytingin er hjá bönkum og sparisjóðum, en þar eykst hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum úr 7,2% í 11,9% sem rekja má til lækkunar á framlagi í afskriftareikning útlána. Hjá öðrum fyrirtækjum en bönkum og sparisjóðum hefur hagnaður af reglulegri starfsemi lækkað lítillega eða um 0,1 prósentustig af tekjum og eiginfjárhlutfall hækkað um 2,5 prósentustig.

Arðsemi eigin fjár fyrirtækjanna í heild þegar tekið hefur verið tillit til óreglulegra tekna og gjalda og tekju- og eignarskatta var 12,1% á árinu 1995. Óreglulegar tekjur umfram óregluleg gjöld voru um 2,1 milljarður króna hjá fyrirtækjunum í heild og hækkuðu um 1,7 milljarð frá árinu áður. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til sjávarútvegs. Þar jukust óreglulegar tekjur umfram gjöld um 1,3 milljarða króna vegna hagnaðar af sölu fastafjármuna og varanlegs kvóta en arðsemi eigin fjár úrtaks-fyrirtækjanna í sjávarútvegi var 25,9% á árinu 1995. Án fyrirtækja í sjávarútvegi var arðsemin 9,4%.

Samkvæmt þeim reikningum sem borist hafa Verðbréfaþingi Íslands fyrir fyrri hluta þessa árs hefur hagnaður þingskráðra fyrirtækja aukist frá sama tímabili í fyrra. Hjá 23 fyrirtækjum með samtals um 80 milljarða króna ársveltu hefur hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af tekjum farið úr 2,7% í 4,2%, eða aukist um 1,5 prósentustig. Fjármagnskostnaður lækkar úr 2,6% af tekjum í 1,3% eða um 1,3 prósentustig og má því rekja stærstan hluta afkomubatans til lækkunar fjármagnskostnaðar.

Afkoma sjávarútvegs

Þjóðhagsstofnun hefur að mestu lokið uppgjöri á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1995. Þessar athuganir sýna að afkoma sjávarútvegs í heild var góð á árinu 1995 og nam hagnaður 4½% af tekjum ef miðað er við árgreiðsluaðferð stofnunarinnar. Afkoma einstakra greina sjávarútvegsins var mjög mismunandi eins og fram kemur í töflu hér fyrir neðan. Afkoma í útgerð, loðnuvinnslu og rækjuvinnslu var tiltölulega góð, en halli var af botnfiskvinnslunni.

Afkoma sjávarútvegs

Hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum

	1995	Rekstrarskilyrði í ágúst 1996
Sjávarútvegur í heild [1) 2)]	4½	-½
Veiðar og vinnsla botnfisks [2)]	1½	-2½
Veiðar	4	3½
Bátar	4½	3
Togarar	3	0
Frystiskip	3½	6½
Botnfiskvinnsla	-2½	-8½
Frysting	-4½	-12½
Söltun	1	-1½
Veiðar og vinnsla rækju [2)]	13	-3
Loðnuveiðar og -bræðsla [2)]	9½	15

1) Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og -bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri sjávarafurðaframleiðslunni.

2) Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Frá árinu 1995 hefur afkoman versnað mikið og er talið að miðað við rekstrarskilyrðin nú í ágúst sé tap af rekstri sjávarútvegsins í heild sem nemur um 0,5% af tekjum. Afkoma eftir greinum er áfram mjög misjöfn. Afkoma rækjuveiða og -vinnslu hefur breyst úr miklum hagnaði í nokkuð tap. Verð á pillaðri rækju hefur verið að lækka nokkuð jafnt það sem af er árinu þannig að reikna má með að afkoma rækjuvinnslunnar það sem af er árinu sé nokkuð betri en afkoman í ágúst sýnir vegna hærra verðs á fyrri hluta ársins.

Afkoma botnfiskvinnslunnar, einkum frystingarinnar, er mjög erfið um þessar mundir, en áætlað er að botnfiskvinnslan sé nú rekin með 8,5% tapi. Frá því á árinu 1995 hefur afurðaverð landfrystingar lækkað um 3,6% og afurðaverð söltunar lækkað um 1,4%. Hins vegar hefur hráefnisverð botnfiskvinnslunnar verið nær óbreytt, laun hafa hækkað um 7,5% og almennt verðlag hækkað um 2,9% á mælikvarða neysluverðsvísitölunnar.

Í áætlunum Þjóðhagsstofnunar um afkomu sjávarútvegsfyrirtækja er reiknað til gjalda 1/3 hluti af gjaldi í Þróunarsjóð sjávarútvegsins og gjaldi fyrir veiðieftirlit á yfir-

standandi fiskveiðiári, en það samsvarar þeim fjórum mánuðum fiskveiðiársins sem eru á árinu 1996. Þessi hluti gjaldanna nemur tæpum 0,3% af tekjum sjávarútvegsins.

Laun og hagnaður

Hér að framan hefur hag atvinnurekstrarins verið lýst eins og ráða má í hann út frá bókhaldsuppgjöri fyrirtækjanna. Önnur hlið er einnig á þessu máli. Hún er sú að líta á þau verðmæti sem myndast í þjóðarbúskapnum eins og þau eru skráð í þjóðhagsreikningum og -spám og er þá öll atvinnustarfsemi meðtalin, bæði starfsemi fyrirtækja og hins opinbera. Unnt er að líta þannig á að lagt sé saman framleiðsluverðmæti alls atvinnurekstrar í landinu en síðan dregin frá sú vara og þjónusta sem hver atvinnugrein eða fyrirtæki kaupir frá öðrum fyrirtækjum. Eftir standa þá þau verðmæti sem vinnuaflið og fjármagnið bera úr býtum eða svonefndar vergar þáttatekjur.

Undanfarna tvo áratugi, það er frá 1973 til 1993, hefur þessi skipting verið með þeim hætti að í hlut vinnuaflsins hafa komið að meðaltali 64½% þáttatekna en hlutur fjármagnsins eða hagnaðarhlutfallið hefur verið 35½%. Lægst fór hagnaðarhlutfallið á árunum 1987 og 1988 eða niður í 31-32%. Það hækkaði síðan töluvert árin 1989 og 1990, lækkaði 1991 en fór síðan hækkandi fram til ársins 1994 og var rösk 38% bæði árin 1994 og 1995. Áætlanir benda til þess að í ár verði hlutfallið nokkru lægra eða 37½% og samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1997 er þess að vænta að hlutfallið verði áþekkt eða nokkru hærra á næsta ári. Á meðfylgjandi mynd er þetta hlutfall sýnt fyrir undanfarna áratugi og sambærilegar tölur fyrir OECD.



Eins og áður segir er hagnaðarhlutfallinu ætlað að gefa vísbendingar um skiptingu þess virðisauka sem myndast í þjóðarbúskapnum milli launa og fjármagns. Þetta hagnaðarhlutfall er þó nokkuð annað en sá hagnaður sem fram kemur í bókhaldi fyrirtækja. Ástæðan er sú að hér er um að ræða hagnað áður en gjaldfærðar eru

afskriftir, laun eigenda í einstaklingsfyrirtækjum og raunvextir. Mestu munar hér um raunvextina vegna þess hve mjög þeir sveiflast frá ári til árs en þeir voru jafnvel neikvæðir framan af því tímabili sem hér er miðað við. Til þess að fá nokkurn samanburð við hagnað fyrirtækjanna hefur Þjóðhagsstofnun áætlað hvern þessara þriggja frádráttarliða. Áætlunin nær að heita má til alls atvinnurekstrar annars en hins opinbera og peningastofnana.

Niðurstöður þessara aðferða sýna að á liðnu ári er talið að hreinn hagnaður atvinnurekstrarins, fyrir tekju- og eignarskatta, hafi numið um 3½% af tekjum. Þetta er lítið eitt betri afkoma en árið áður og verulega betri en verið hefur um langt árabil eins og raunar má að nokkru ráða af hagnaðarhlutfallinu á myndinni. Til samanburðar við fyrri ár má geta þess að á árunum 1992 og 1993 var sambærilegur hagnaður talinn hafa verið ½ til ¾% af tekjum.

Setja má fram lauslega áætlun um hag atvinnurekstrarins næstu tvö árin á forsendum þjóðhagsáætlunar. Samkvæmt þessu má búast við að hagur atvinnurekstrarins í heild verði áþekkur í ár og í fyrra og svipaður eða litlu betri á næsta ári.

Í þeim afkomuáætlunum sem hér hafa verið raktar hafa afskriftir verið gjaldfærðar með hefðbundnum hætti. Þessar afskriftir nema nú allt að 40 milljörðum króna og er ætlað að mæta sliti og úreldingu fjármuna í rekstri. Á móti afskriftum kemur fjármunamyndun atvinnurekstrarins en talið er að hún hafi verið um 35 milljarðar króna á liðnu ári eða um 5 milljörðum króna minni en gjaldfærðar afskriftir. Greiðsluafkoma fyrirtækjanna ætti því að hafa batnað talsvert meir en nemur hreinum hagnaði.

Í ár er annað uppi á teningunum því nú er talið að fjármunamyndun atvinnurekstrarins vaxi verulega og verði um 53 milljarðar króna eða um 13 milljörðum króna umfram afskriftir. Hluti þessarar fjármunamyndunar er vegna álversins eða um 7 milljarðar króna. Hreinn hagnaður er á sama tíma áætlaður um 29 milljarðar króna fyrir tekju- og eignarskatta. Af þessu má ráða að áformuð fjármunamyndun í ár ætti hæglega að geta samrýmst greiðslugetu atvinnurekstrarins þegar á heildina er litið.

Hagnaður atvinnurekstrarins hefur hér verið metinn sem hlutfall af tekjum. Einnig kemur til álita að líta á arðsemi eigin fjár, þ.e. að setja hagnaðinn í hlutfall við eigið fé fyrirtækjanna. Á þann mælikvarða litið má ætla að í ár verði arðsemi eigin fjár tæp 6% eftir greiðslu tekju- og eignarskatta eða svipuð og í fyrra og um 1% betri en 1994. Aftur á móti eru þetta veruleg umskipti til hins betra frá næstu árum þar á undan þegar arðsemi eigin fjár eftir skatta var engin eða jafnvel neikvæð.

Tekjur, verðlag og kaupmáttur

Launavísitala Hagstofunnar fyrir júlí er 6,5% yfir ársmeðaltali 1995, en meðallaunavísitala fyrstu sjö mánaða ársins er 7% hærri en á sama tíma í fyrra. Nú er þess að gæta að allar umsamdar launahækkanir eru komnar fram. Þær hækkanir sem mælast kunna í vísitölunni það sem eftir lifir árs ættu því að öðru óbreyttu að vera litlar, eða á bilinu 0,1-0,2% á mánuði. Neðri talan virðist vera lágmarkshækkun og endurspeglar starfsaldurshækkanir, skekkjuliði o.fl. Ef gert er ráð fyrir að mánaðarhækkanir verði 0,1-0,2% fæst að meðallaunavísitala ársins stæði 6,5-6,6% hærra en í fyrra.

Sundurliðun á launavísitölunni sýnir að launahækkun er nokkru meiri hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum en á almenna markaðinum á fyrri hluta ársins.

Þannig hafa laun á almenna markaðnum hækkað um 6%, en um 10,3% hjá fyrrnefnda hópnum. Þessar niðurstöður eru í hátt við það sem Þjóðhagsstofnun spáði í fyrra á grundvelli kjarasamninga. Launavísitalan virðist því ekki mæla neitt launaskrið.

Innheimt staðgreiðsla er 14% meiri á fyrstu 7 mánuðum í ár en í fyrra. Bráðabirgðatölur sýna staðgreiðsluskyldar tekjur séu um 11-11½% hærri á fyrstu sjö mánuðum þessa árs en á sama tímabili í fyrra. Frá september í fyrra eru atvinnuleysisbætur og húsaleigubætur staðgreiðsluskyldar. Þegar tillit er tekið til breytinga á lögum um staðgreiðslu virðist vera þokkalegt samræmi á milli launavísitölu og þróunar staðgreiðsluskyldra tekna. Þessir liðir svara til tæpra 2% af staðgreiðslustofni. Að teknu tilliti til þessara greiðslna gætu staðgreiðsluskyldar tekjur hafa hækkað um 9,5% á milli árshelminga. Einnig þarf að hafa í huga tekjutap vegna verkfalla í fyrra en það gæti numið um ½% af tekjum.

Vinnuaflseftirspurn hefur glæðst frá því í fyrra. Það kemur fram í minnkandi atvinnuleysi, en einnig er hér gert ráð fyrir því að eftirvinna aukist. Í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar kemur fram lenging vinnuvikunnar um 1 klst. frá því í apríl í fyrra. Þar kemur og fram að heilsdagsstörfum fjölgar örar en hlutastörfum. Tiltækar vísbendingar um vinnutíma landverkafólks innan ASÍ á 1. ársfjórðungi sýna hins vegar að úr eftirvinnu hefur dregið hjá verkafólki, þótt vinnutími afgreiðslu- og skrifstofufólks hafi lengst.

Einsýnt er að mikil eftirspurn hefur verið að undanförnu eftir starfsfólki með ákveðna menntun og starfsreynslu og launaskriðs hefur þar gætt, þetta á við um afmarkaða starfshópa s.s. tölvufólk og viðskiptafræðinga. Þessa gætir þó enn ekki í tiltækum launaathugunum. Ástæða er til að ætla að í kjölfar almenns eftirspurnarauka í þjóðfélaginu og batnandi hags fyrirtækja verði þrýstingur um launaskrið innan einstakra fyrirtækja og starfsgreina. Skráð atvinnuleysi er vissulega enn mjög hátt hér á landi í sögulegu samhengi en engu að síður er rétt að benda á að það lágmarksatvinnuleysi sem að öðru jöfnu sa. rýmist verðstöðugleika kann að vera í námunda við núverandi atvinnuleysisstig. Slíkt lágmark fer eftir skipulagi hagkerfis og jafnframt er vísað til þess að erlendar athuganir staðfesta að launaþróun ræðst bæði af breytingum atvinnuleysis og atvinnuleysi. Langtímaatvinnuleysi hefur farið vaxandi og mælist nú um 38% alls atvinnuleysis. Ætla má að atvinnuleit þeirra sem eru atvinnulausir til langframa sé mun minni en hinna sem búa við skammvinnt atvinnuleysi.

Um tekjur sjómanna er fátt vitað, ætla má þó að laun þeirra hækki í takt við aflaverðmæti. Í tonnum talið er afli um 10% meiri en á fyrstu 6 mánuðum ársins en í fyrra. Lækkandi rækjuverð m.m. hefur í för með sér að verðmætisaukningin er minni eða um 7%.

Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að atvinnutekjur á mann hækki um fast að 7,5% frá 1995.

Það hefur einkennt þróun tekna heimilanna að undanförnu að tilfærslutekjur, s.s. bætur almannatrygginga, atvinnuleysisbætur, barnabætur o.fl. hafa hækkað til muna meira en atvinnutekjur. Á þessu ári er þessu öfugt farið. Þar munar mestu að atvinnuleysisbætur hafa lækkað um 13,3% frá því í fyrra. Þá hefur dregið verulega úr vexti í útgjöldum til almannatrygginga og eru bætur almannatrygginga þannig einungis um 5,4% hærri á fyrstu sex mánuðum þessa árs heldur en í fyrra. Svipaða sögu er að segja

af greiðslum úr lífeyrissjóðum. En þess er að gæta að lífeyrisgreiðslur úr SAL sjóðum og fleiri sjóðum almenna vinnumarkaðarins fylgja nú verðlagi en ekki launaþróun.

Nokkuð erfitt er að ráða í vaxtatekjur og -gjöld heimilanna. Undanfarin ár hefur þróun vaxtatekna og -gjalda komið til lækkunar ráðstöfunartekna, en þessu ræður vitaskuld sívaxandi aukning skulda heimilanna. Gert er ráð fyrir að raunvaxtagjöld heimilanna gætu verið 15-16 milljarðar króna, en vaxtatekjur um 4 milljarðar.

Þrátt fyrir óbreytt skattalög mun skattbyrði þyngjast, en því veldur aukinn kaupmáttur. Þetta má rekja til þess að persónuafsláttur o.fl. hækkar ekki í takt við hækkun skattskyldra tekna. Að öllu athuguðu er útlit fyrir 4,5% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann milli áranna 1995 og 1996.

Kjarasamningar verða lausir í byrjun næsta árs. Í þjóðhagsáætlun fyrir 1997 er gert ráð fyrir að hækkun launa hér á landi verði í samræmi við spár OECD um launaþróun í helstu viðskiptalöndum Íslands. Ítrekað er að ekki er um spá að ræða, heldur forsendu. Gerð er grein fyrir verðlags- og launaforsendum fyrir hvert aðildarríki OECD í töflu sem hér fylgir.

Hækkun launa og verðlags í OECD ríkjum

		Spá OECD		
	Viðskipta-vog, %	Launa-hækkun í einkageira 1996-97	Verðbólga 1996	Verðbólga 1997
Bandaríkin	22,0	3,3	2,0	2,3
Bretland	12,8	3,7	2,5	2,5
Kanada	1,5	2,5	1,4	1,4
Danmörk	10,9	3,9	2,3	2,5
Noregur	7,0	5,7	1,7	2,4
Svíþjóð	4,3	4,9	1,8	2,8
Finnland	1,1	2,9	1,5	2,0
Frakkland	5,1	2,7	1,9	1,3
Belgía	1,6	2,7	2,1	1,8
Sviss	1,7	1,9	0,9	1,3
Holland	4,6	2,7	1,8	1,8
Þýskaland	14,6	2,9	1,7	1,5
Ítalía	2,2	4,9	3,9	1,3
Austurríki	0	3,4	1,9	1,7
Portúgal	1,2	4,9	3,2	2,7
Spánn	2,6	3,7	3,5	3,0
Japan	7,1	1,9	-0,4	0,6
Viðskiptavegnar breytingar		3,6	1,9	2,0

Þegar breytingar í einstökum löndum eru vegnar saman með hlutdeild hvers lands í viðskiptavog Íslands fæst að meðalhækkun launa sé 3,6%. Að því gefnu að framleiðniþróun verði hin sama hér og í þessum helstu viðskiptalöndum og skipting milli launa

og hagnaðar verði óbreytt myndi ofangreind hækkun launa viðhalda óbreyttu raungengi miðað við laun.

Spá um ráðstöfunartekjur tekur mið af ofangreindri forsendu um launaþróun og spá um að ársverkum muni fjölga um 1,5%. Á næsta ári taka gildi lög um skatt á fjármagnstekjur einstaklinga, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að skattbyrði verði því sem næst óbreytt. Minna atvinnuleysi dregur úr greiðslum tekjutengdra tilfærslna. Á þessum forsendum fæst að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann muni hækka um 1,5% frá 1996 til 1997.



Stígandi hefur verið í verðbólgunni frá síðari hluta árs 1994. Á árinu 1995 var verðbólgan hér á landi 1,7% á kvarða neysluvísitölu, meðan verðlag í helstu samkeppnislöndum hækkaði um 2%. Tólf mánaða breyting neysluvísitölunnar til september sl. sýnir 2,5% hækkun, samanborið við 1½-2% hækkun í upphafi ársins. Greining á einstökum þáttum neysluverðsvísitölunnar leiðir í ljós að verulegur munur er á breytingum einstakra liða. Þannig hefur hækkun á þjónustuliðum vísitölunnar verið í kringum 4% miðað við tólf mánaða breytingar frá því í apríl á þessu ári og hækkun innfluttra neysluvara verið um 3% á sama tímabili. Verðhækkanir á innlendum neysluvörum að búvörum fráskildum hafa aftur á móti verið nokkru lægri eða um 1½% á sama mælikvarða. Hækkandi verð á innlendri þjónustu endurspeglar vafalítið vaxandi kostnað í atvinnulífinu auk þess sem aukin eftirspurn kann einnig að vera skýring. Breytingar á verðlagi innfluttrar neysluvöru eru í samræmi við verðbreytingar vöruinnflutningsins það sem af er ársins, í kringum 3½-4%. Það er því hagstæð þróun á verðlagi innlendra neysluvara sem hafa haldið aftur af verðbólgunni. Í ljós kemur að það eru einkum innlendar neysluvörur í samkeppni við innflutning sem hækka minnst þannig að svo virðist sem innlendir framleiðendur séu að sækja á í samkeppni við innflutning.



Nú er útlit fyrir að neysluverð verði að meðaltali 2,5% hærra en í fyrra. Verðlagsspá fyrir næsta ár hljóðar upp á 2% hækkun verðlags. Spáin er vitaskuld háð ofangreindri forsendu um launaþróun. Aðrar forsendur hennar eru óbreytt meðalgengi krónunnar og um óbreytta skatta á vörur og þjónustu. Miðað við horfur og spár um verðlagsþróun í helstu viðskiptalöndum er hér um áþekka hækkun að ræða.

Vinnumarkaður

Mikið og þrálátt atvinnuleysi hefur verið eitt helsta viðfangsefni á sviði efnahagsmála undanfarin ár víða um heim. Beinn og óbeinn kostnaður samfara atvinnuleysinu verður æ meiri og sífellt augljósari; fátækt skýtur rótum, mannauður rýrnar og félagsleg togstreita magnast. Efnahagsbati undanfarinna ára hefur ekki skilað sér sem skyldi í fjölgun starfa, einkum í Evrópu. Illvígt langtímaatvinnuleysi virðist þannig ekki minnka með hagvexti einum og sér, heldur þarf mun meira að koma til og í því sambandi þarf að leggja áherslu á aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til skemmri tíma en aukna menntun er til lengri tíma er litið.

Atvinnuleysi er talið aukast lítillega á þessu ári í OECD ríkjunum í heild, eftir að hafa minnkað árið 1995, og er áætlað að það verði 7,7% á árinu. Atvinnuleysi er miklu meira meðal ríkja Evrópu en í Bandaríkjunum eða 10,5% á móti 5,5% af mannafla. Störfum fjölgar mun hraðar í Bandaríkjunum, þar er áætlað að störfum fjölgi um 1,1% í ár en einungis um 0,3% í Evrópuríkjum. Horfur til næstu tveggja ára eru um óbreytt atvinnuleysi í OECD ríkjunum.

Hér á landi hefur atvinnuleysi verið að minnka eftir að hafa náð sögulegu hámarki árið 1995. Aukin umsvif í þjóðarbúskapnum skýra þessa þróun. Skráð atvinnuleysi á fyrstu sjö mánuðum í ár er prósentustigi minna en á sama tíma í fyrra. Í ár mældist það 4,7% en 5,6% á sama tímabili í fyrra. Lækkun atvinnuleysisins virðist hafa hafist í

október og nóvember í fyrra, en útlit er fyrir að úr lækkun þess dragi á næstu mánuðum.

Gert er ráð fyrir að um þriðjungur fólks á atvinnuleysisskrá muni búa við langtímaatvinnuleysi á árinu 1996, þ.e. vera atvinnulaust í 6 mánuði eða lengur. Langtímaatvinnuleysi sem hlutfall af heildaratvinnuleysi hefur aukist lítillega undanfarin ár. Til samanburðar bjó fjórðungur atvinnulausra við langtímaatvinnuleysi árið 1991. Á Norðurlöndum búa frá 35-45% atvinnulausra við langtímaatvinnuleysi.

Af einstökum kjördæmum er atvinnuleysi minnst á Vestfjörðum um þessar mundir, um 1%. Í öðrum kjördæmum er það frá 3½% upp í tæp 5% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi hefur lengstum verið meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en árið 1994 virðist hafa verið vendipunktur í þessu efni. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að meðaltali 4,8% á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári samanborið við 3,4% á landsbyggðinni. Þessi breyting endurspeglar aukið atvinnuleysi meðal verslunar- og skrifstofufólks. Einnig má hafa í huga að á undanförnum árum hefur verið mikill flutningur fólks til höfuðborgarsvæðisins.

Bein framlög hins opinbera til atvinnumála er áætlað um 0,8% af landsframleiðslu á árinu 1996. Þetta framlag er nokkru minna en á árunum 1993 til 1995 þegar það nam 1,2 til 1,4% af landsframleiðslu. Lækkunin stafar fyrst og fremst af betra atvinnuástandi á þessu ári. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysisbætur lækki úr 3½ milljarði króna árið 1995 í 2,9 milljarða á þessu ári. Sérstakt framlag ríkisins til atvinnuskapandi aðgerða minnkar um rúman helming milli ára í 650 milljónir á þessu ári. Átaksverkefnum sveitarfélaga fækkar einnig á milli áranna 1995 og 1996 úr 600 ársverkum í um 350 ársverk.

Spáð er að atvinnuleysi minnki um tæp 1.000 ársverk og verði 4,2% af vinnuaflinu á árinu 1996 samanborið við 5% árið 1995. Það samsvarar því að um 5.600 manns verði án vinnu að meðaltali. Vinnuaflið eykst um 2½% og atvinnuþátttaka eykst lítillega.

Enn fleiri teikn eru um betri horfur á vinnumarkaði. Reynslan kennir að þegar að kreppir flytur fólk til útlanda í mun meira mæla en frá útlöndum. Árin 1994 og 1995 var umtalsverður brottflutningur fólks til útlanda umfram aðflutta. Fyrra árið var nettóbrottflutningur 760 manns og síðara árið 1.418 manns. Úr þessu hefur mjög dregið það sem af er þessu ári. Á fyrstu 8 mánuðum í ár hafa 230 fleiri flutt til útlanda en frá útlöndum, en á sama tíma í fyrra nam brottflutningur nettó tæplega 800 manns. Einnig vekur athygli að í júlí og ágúst fluttust tæplega 100 fleiri til landsins en frá því. Í sömu mánuðum í fyrra var brottfluttningur umfram aðflutta sem nam tæplega 400 manns.

Gert er ráð fyrir að störfum fjölgi um 1.500 milli áranna 1996 og 1997 eða um 1,2%. Þetta er heldur minni fjölgun en á þessu ári. Vinnuaflið eykst heldur minna eða um 1% og atvinnuleysi heldur því áfram að minnka. Áætlað er að atvinnuleysi verði 4% af vinnuaflinu að meðaltali á árinu 1997.



Í lauslegri spá til aldamóta er gert ráð fyrir að störfum fjölgi árlega um 1-1½%. Þessi fjölgun starfa ætti að nægja til að heldur dragi úr atvinnuleysi á næstu árum.

Fjármál hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) á árinu 1996 er áætlaður 8,9 milljarðar króna á rekstrargrunni eða sem svarar til 1,8% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuhalli ársins 1995 15,3 milljarðar króna eða 3,4% af landsframleiðslu. Afkomubatinn er því um 6½ milljarður króna milli ára sem skýrist fyrst og fremst af ríflega 4% raunaukningu tekna, en raunútgjöld aukast aðeins lítillega.

Yfirlit um fjármál hins opinbera 1995-1996

	Í milljörðum króna			
	Brb. 1995	Áætlun 1996	Hlutfall af VLF 1995	1996
Heildartekjur	162,3	175,9	35,6	35,5
1. Skatttekjur	148,9	162,6	32,7	32,8
2. Aðrar tekjur	13,4	13,3	2,9	2,7
Heildarútgjöld	177,6	184,8	39,0	37,3
1. Samneysla	94,5	102,5	20,8	20,7
- þar af afskriftir	2,8	3,0	0,6	0,6
2. Önnur útgjöld	85,8	85,3	18,8	17,2
Tekjuafgangur	-15,3	-8,9	-3,4	-1,8

Áætlað er að heildarútgjöld hins opinbera verði um 185 milljarðar króna og hækki um rúmlega 7 milljarða króna milli ára og mælist 37,3% af landsframleiðslu. Til

samanburðar mældust útgjöld síðasta árs 39% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera eru taldar verða um 176 milljarðar króna til samanburðar við rúmlega 162 milljarðar króna árið á undan. Miðað við landsframleiðslu lækka tekjur um 0,1 prósentustig og mælast 35,5% af landsframleiðslu. Skatttekjur hins opinbera eru áætlaðar aukast um 14 milljarða milli ára í krónum talið eða um 5% að raungildi.

Á fjárlögum A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1996, sem eru á greiðslugrunni, var gert ráð fyrir 4 milljarða króna tekjuhalla, eða ríflega helmingi minni tekjuhalla en árið 1995. Gert var ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs yrðu um 121 milljarður króna og heildarútgjöldin um 125 milljarðar króna. Þá var gert ráð fyrir að kröfu- og hlutafjáreign ríkissjóðs ykist aðeins lítillega, þannig að hrein lánsfjárþörf yrði rúmlega 4 milljarðar króna. En forsendur þessara áforma hafa breyst allnokkuð, bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Á tekjuhlið er nú gert ráð fyrir allt að 3 til 3½ milljarði króna meiri tekjum en í fjárlögum ársins, sem skýrist af mestu af betri efnahagshorfum en reiknað hafði verið með. Á gjaldahlið er reiknað með svipuðum útgjaldaauka meðal annars vegna viðbótarútgjalda til heilbrigðismála, vegna launamála, vaxtakostnaðar og jarðgangagerðar. Tekjuhalli ríkissjóðs ætti því að verða á svipuðu róli og fjárlög kveða á um.

Fjárhagur sveitarfélaga hefur vænkast allnokkuð á síðustu tveimur árum samanborið við árin þar á undan. Bráðabirgðatölur fyrir árið 1995 benda til þess að tekjuhallinn verði ríflega 2 milljarðar króna eða sem svarar til rúmlega 6% af tekjum sveitarfélaganna. Það er umtalsvert betri afkoma en árið þar á undan er tekjuhallinn mældist rúmlega 6,8 milljarðar króna eða 21% af tekjum. Með niðurskurði í fjárfestingum og framlögum til atvinnumála hefur sveitarfélögum tekist að draga verulega úr hallarekstri. Í heildina talið er áætlað að tekjuhalli sveitarfélaganna verði í kringum 1 milljarður króna á árinu 1996 eða 2½% af tekjum þeirra. Gert er ráð fyrir að heildartekjur þeirra hækki um 7½% milli ára en útgjöldin hins vegar aðeins um 4%.



Áætlað er að heildarskuldir hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs og sveitarfélaga, verði um 275 milljarðar króna á árinu 1996 og mælist 55½% af landsframleiðslu, sem er tæplega 3 prósentustigum lægra hlutfall af landsframleiðslu en árið á undan. Þá er reiknað með að hreinar skuldir þess verði um 182 milljarðar króna eða 36,7% af landsframleiðslu. Með skuldum hins opinbera teljast nú áfallnir ógjaldfallnir vextir ríkissjóðs. Erlend lán eru tæplega helmingur heildarskulda hins opinbera.

Hrein lánsfjárþörf opinberra aðila 1995-1997

	Útkoma 1995	Horfur 1996	Breyting frá fyrra ári	Áætlun 1997
Milljarðar króna				
Hrein lánsfjárþörf, alls	13,9	19,3	5,4	11,7
- Ríkissjóður A-hluti	9,6	15,0	5,4	-2,2
- Húsnæðiskerfið	11,8	8,0	-3,8	10,0
- Aðrir opinberir aðilar	-7,5	-3,7	3,8	3,8
Hrein lánsfjárþörf % af VLF	3,1%	3,9%	0,8%	2,2%
Aukning peningalegs sparnaðar	33,8	42,7	8,9	45,9

Í lánsfjárlögum ársins var gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf opinberra aðila yrði 14 milljarðar króna eða 2,8% af landsframleiðslu. Forsendur áætlunarinnar hafa hins vegar breyst verulega þar sem ríkissjóður ákvað að innleysa þrjá flokka spariskírteina frá árinu 1986, en sú ákvörðun fól í sér viðbótar vaxtagreiðslur á árinu upp á 9,9 milljarða króna. Þá hefur ríkissjóður þurft að brúa 2,3 milljarða króna fjárþörf Byggingasjóðs ríkisins á árinu. Í heildina stefnir í ríflega 19 milljarða króna lánsfjárþörf opinberra aðila á árinu 1996, sem er 3,9% af landsframleiðslu og allnokkuð meiri lánsfjárþörf en í fyrra. Áfram eru það A-hluti ríkissjóðs og hið opinbera húsnæðislánakerfi sem draga til sín mest lánsfé. Ríkisfyrirtæki og opinberir fjárfestingarlánasjóðir eru hins vegar með umtalsverðar afborganir umfram lántökur.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 er í fyrsta skipti um langa hríð stefnt að tekjuafgangi á búskap A-hluta ríkissjóðs, en ekki hefur verið afgangur á búskap hans síðan árið 1984. Gert er ráð fyrir að tekjuafgangurinn verði 1,1 milljarður króna og tekjur ríkissjóðs verði 125,4 milljarðar króna eða sem svarar til 24,1% af landsframleiðslu. Tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa lækkað töluvert milli ára vegna flutnings grunnskólans yfir til sveitarfélaga. Stefnt er að því að lánsfjárþörfin verði neikvæð um 2,2 milljarða króna á næsta ár sem er verulegur umsnúningur frá fyrri árum, því þetta þýðir að ríkissjóður er nú að greiða niður skuldir sínar. Líklega verður afkoma sveitarfélaganna í heild heldur lakari á næsta ári en á þessu, þótt erfitt sé um það að spá að svo stöddu.

Peningamál

Þróun peningamála það sem af er árinu hefur mótast af aukinni eftirspurn og umsvifum í þjóðfélaginu. Þannig jukust útlán innlánsstofnana um 4% á fyrstu sjö mánuðum ársins borið saman við 1,6% samdrátt á sama tíma í fyrra. Sé litið yfir lengra tímabil má sjá að tólf mánaða breyting útlána fór minnkandi allt árið 1994, hægt vaxandi á árinu 1995 og síðan eykst vaxtarhraðinn á þessu ári. Það sem meðal annars setur mark sitt á þessa þróun er viðsnúningur í útlánum til fyrirtækja. Útlán til þeirra hafa farið minnkandi undanfarin misseri en á þessu ári hafa þau aukist töluvert á ný. Útlán til heimila hafa einnig aukist meira á þessu ári en í fyrra, eða um 9,1% á fyrstu sjö mánuðum ársins borið saman við 3,8% í fyrra. Þær tölur sem liggja fyrir um útlán lánakerfisins í heild virðast vera á sömu lund og hér hefur verið lýst. Þróun peningamagnsstærða bendir í sömu átt þótt aukningin komi ekki eins skýrt fram í þeim stærðum.



Skammtímavextir fóru almennt lækkandi framan af ári en frá því í júní hafa þeir þokast upp og búast má við að sú þróun haldi áfram meðal annars í kjölfar nýlegra aðhaldsaðgerða Seðlabankans. Til marks um þessa þróun var ávöxtun á þriggja mánaða ríkisvíxlum um 7,5% í byrjun ársins, um 6,5% í júní og um miðjan september var hún komin í 6,65%. Margir þættir hafa komið hér við sögu. Skammtímavextir erlendis hafa víðast hvar hneigst til lækkunar á þessu ári og hefur sú þróun vafalítið stuðlað að vaxtalækkun hér á landi á fyrri hluta ársins. Eftir því sem á árið hefur liðið hafa hins vegar þenslueinkenni skýrst. Jafnframt styttist í gerð nýrra kjarasamninga og við slíkar aðstæður eykst jafnan óvissa um verðlagsþróun. Þetta hefur án efa stöðvað lækkun vaxta um mitt ár þótt innlausn spariskírteina ríkissjóðs á svipuðum tíma hafi losað umtalsverðar fjárhæðir á fjármagnsmarkaði. Við bætist að Seðlabankinn ákvð að hækka vexti bankans í viðskiptum við innlánsstofnanir og á Verðbréfaþingi Íslands um

0,4% 23. september síðastliðinn í því skyni að sporna við þenslu og stuðla áfram að lágri verðbólgu.

Eins og jafnan hafa langtímavextir verið stöðugri en skammtímavextir enda eru verðtryggð skuldabréf ráðandi á þeim markaði. Ávöxtun húsbréfa er nú um 5,5% borið saman við 5,7%-5,8% á fyrstu mánuðum ársins. Þótt vextir á peningamarkaði hækki á næstunni, meðal annars vegna þensluhættu og óvissu um niðurstöður komandi kjarasamninga, er óvíst að slík hækkun komi að marki fram í langtímavöxtum. Í þessu sambandi má meðal annars benda á að 5,5% ávöxtun verðtryggðra skuldabréfa af þessu tagi er há í samanburði við áþekk verðbréf í öðrum löndum.

Í samræmi við markmið peningastofnunnar hefur gengi krónunnar lítið breyst á þessu ári. Eins og við er að búast hefur gengið breyst nokkuð innan marka gengisstefnunnar. Þannig styrkist gengið nokkuð framan af ári en hefur heldur veikst að undanförnu. Nú er gengi krónunnar um 1,2% lægra en viðmiðunargengið. Reiknað er með að gengi krónunnar á næsta ári verði óbreytt frá meðalgengi þessa árs.

Þjóðarútgjöld

Einkaneysla.

Neysluútgjöld heimilanna hafa aukist verulega það sem af er árinu. Af tölum um heildarveltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum fyrir fyrrihluta ársins má ráða að magnaukning einkaneyslunnar hafi verið 6-7% á tímabilinu. Aðrar vísbendingar sýna sömu þróun. Innflutningur neysluvara jókst um 11,6% fyrstu sex mánuði ársins, mikil aukning hefur orðið í greiðslukorta viðskiptum það sem af er árinu og útlán bankakerfisins til heimila voru í júlílok 11,5% hærri en á sama tíma í fyrra. Bílainnflutningur hefur stóraukist og á fyrstu átta mánuðum þessa árs voru skráðar 7.400 nýjar bifreiðar samanborið við 5.400 á sama tíma í fyrra. Í heild er gert ráð fyrir 7% magnaukningu milli ára.

Aukinn kaupmáttur, lækkandi vextir og væntingar um áframhaldandi uppsveiflu liggja til grundvallar aukinni einkaneyslu. Að hluta er þessi neysluaukning þó fjármögnuð með lánsfé og bætist því enn við skuldir heimilanna. Um síðustu áramót námu skuldir heimilanna við lánakerfið 314,7 milljörðum króna og höfðu þá aukist um 8,8% frá árinu á undan. Þegar litið er lengra aftur í tímann kemur í ljós að skuldir heimilanna hafa vaxið jafnt og þétt frá árinu 1980. Þá námu skuldir heimilanna 21-22% af ráðstöfunartekjum, en í ár er áætlað að þetta hlutfall verði 125%. Þessi þróun er keimlík því sem gerst hefur í nágrannalöndunum þar sem aukið frjálsræði á fjármálamörkuðum hefur auðveldað heimilunum aðgang að lánsfé og leitt til aukinnar skuldasöfnunar upp að ákveðnu marki þar sem skuldasöfnunin hefur yfirleitt stöðvast. Svo virðist sem slíku marki hafi enn ekki verið náð hér á landi þrátt fyrir að skuldsetning íslenskra heimila sé nú með því mesta sem þekkist í nágrannalöndunum.

Spá um einkaneysluna fyrir næsta ár hljóðar upp á áframhaldandi magnaukningu um 3½% sem felur í sér miðað við spá um þróun kaupmáttar að skuldir heimilanna aukist ekki í hlutfalli við tekjur.

Samneysla.
Með hliðsjón af framvindu fyrstu átta mánaða þessa árs er nú ljóst að magnaukning samneyslunnar verður heldur meiri en áætlað var og er aukningin einkum rakin til heilbrigðis- og tryggingarmála. Nú er talið að magnaukningin verði um 2½% samanborið við 1½% í forsendum fjárlaga. Á næsta ári er gert ráð fyrir að samneysla ríkissjóðs og almannatrygginga dragist lítillega saman að magni eða um ½ - 1%, auk þess sem verulegur samdráttur verður í samneyslu ríkissjóðs vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Samneysluútgjöld sveitarfélaganna eru hins vegar mun tengdari fólksfjölgun, í málaflokkum eins og barna- og öldrunarmálum og fræðslumálum. Við bætist að sveitarfélögin hafa tekið við rekstri grunnskólans. Að öllu samanlögðu er hér áætlað að samneyslan á árinu 1997 verði 1½% meiri að raungildi en á þessu ári.

Fjármunamyndun.
Teikn um batnandi efnahag sjást greinilega í tölum um fjármunamyndun. Almenn atvinnuvegafjárfesting hefur tekið mikinn fjörkipp á síðustu misserum og helgast það ekki síst af betri afkomu fyrirtækjanna og væntingum um betri tíð í efnahagsmálum á næstu árum. Fyrstu sex mánuði ársins jókst innflutningur á fjárfestingarvörum öðrum en flutningatækjum um 18% og innflutningur á flutningatækjum til atvinnurekstrar jókst um 32% á sama tíma. Aukin umsvif koma einnig greinilega fram í veltuaukningu í þeim atvinnugreinum sem tengjast framkvæmdum innanlands, en án byggingariðnaðar jukust umsvif þessara greina um 19% að magni til fyrstu sex mánuði ársins. Tvær stórframkvæmdir setja mikinn svip á atvinnuvegafjárfestinguna, annars vegar stækkun álversins og hins vegar bygging jarðganga undir Hvalfjörð. Áætlað er að þessar fjárfestingar hljóði upp á 8,1 milljarða á þessu ári og standi fyrir um 42% af aukningu atvinnuvegafjárfestingarinnar. Í heild hljóðar áætlun Þjóðhagsstofnunar um aukningu atvinnuvegafjárfestingarinnar upp á hvorki meira né minna en 50% milli ára.

Á næsta ári stefnir í áframhaldandi aukningu fjárfestingar í atvinnulífinu. Þar sem ekki er á þessu stigi reiknað með stórframkvæmdum á borð við stækkun járnblendiverksmiðjunnar eða nýju álveri í Hvalfirði má búast við að aukningin milli ára verði mun minni en á þessu ári eða um 8%.

Í byggingariðnaði má einnig sjá skýr merki um aukin umsvif. Fyrstu átta mánuði ársins jókst sala á sementi um 10% miðað við fyrra ár. Aukning er í samþykktum skuldabréfum vegna nýbygginga. Tölur um nýbyggingar frá byggingarfulltrúum það sem af er árs benda einnig til þess að íbúðarbyggingum fari fjölgandi. Þetta á einkum við um nágrannabyggðir Reykjavíkur. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að íbúðarframkvæmdir aukist um 2% á þessu ári og um 5% á því næsta.

Samkvæmt áætlunum fyrir þetta ár dragast opinberar framkvæmdir saman um 1,8%. Lítils háttar aukning er í framkvæmdum við vegi og brýr. Byggingarframkvæmdir á vegum hins opinbera dragast saman um 4%, en framkvæmdir við götur og holræsi verða því sem næst óbreyttar. Fjárfestingaráform hins opinbera fyrir næsta ár kveða á um lítilsháttar samdrátt miðað við árið í ár eða 0,8% að magni til. Framkvæmdir við götur og holræsi og byggingar aukast um 3% en vega- og brúarframkvæmdir dragast saman um 13%.

Fjármunamyndunin í heild eykst því um 24% á þessu ári miðað við síðastliðið ár og á næsta ári felur spáin í sér 5,5% aukningu.

Þótt fjárfesting í atvinnulífinu aukist milli ára verður að hafa í huga að fjármunamyndun er enn mjög lág miðað við landsframleiðslu. Árin 1993-1995 gengu aðeins 15-16% landsframleiðslu til fjárfestingar. Stór hluti þessa eru afskriftir og ekki við því að búast að framleiðslufjármagn hagkerfisins aukist við svo lága fjárfestingu. Gangi þær áætlanir og þær spár sem hér er gerð grein fyrir hækkar fjárfestingarhlutfallið um 3,5 prósentustig eða úr 15,2% 1995 í 18,8% árið 1997.



Utanríkisviðskipti og erlendar skuldir

Vöxtur þjóðarútgjalda umfram þjóðartekjur á þessu ári leiðir óhjákvæmilega til versnandi viðskiptajafnaðar. Samkvæmt tölum um viðskipti við útlönd á fyrri hluta þessa árs var viðskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 3,9 milljarða króna en skilaði um 2,1 milljarð króna afgangi á sama tíma í fyrra. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um 4,8 milljarða króna samanborið við 9,1 milljarð á síðasta ári. Mikil umskipti í vöruviðskiptum koma fram innan ársins. Á fyrsta ársfjórðungi voru viðskiptin hagstæð um 5,3 milljarða króna en á öðrum fjórðungi myndaðist halli sem nam um hálfum milljarði króna. Þetta er í fyrsta sinn frá árinu 1993 að vöruskiptajöfnuðurinn á ársfjórðungsgrundvelli er neikvæður.

Að baki þessari þróun liggur mikil aukning innflutnings. Almennur innflutningur að skipum og flugvélum frátöldum jókst um 11,1% að magni til á fyrri hluta ársins frá sama tímabili á síðasta ári. Áberandi mikil aukning er í innflutningi á bifreiðum og fjárfestingarvörum sem eykst að raungildi um 20-30% á umræddu tímabili. Á öðrum sviðum hefur aukningin einnig orðið veruleg. Þannig jókst innflutningur á neysluvörum öðrum en bifreiðum um rúm 7% að magni til og á rekstrarvörum um rúm 6%.

Á sama tíma og vöruinnflutningurinn er að aukast hefur útflutningurinn einnig farið vaxandi. Þetta á sérstaklega við um útflutning sjávarafurða sem jókst um tæp 16% að raungildi á fyrri hluta ársins. Aukinn útflutningur í sjávarútvegi kemur fram í öllum vinnslugreinum, en mest er aukningin í afurðum fiskimjöls- og síldarverksmiðja þar sem verðmætisaukningin er 92% fyrstu sex mánuði ársins. Á móti magnaukningu í útflutningi sjávarafurða vegur nokkur verðlækkun í íslenskum krónum eða um 1½%. Annar útflutningur en sjávarafurðir jókst lítillega, en þegar á heildina er litið hefur það fyrst og fremst verið sjávarútvegurinn sem borið hefur uppi auknar útflutningstekjur á fyrri hluta ársins.

Þjónustujöfnuður án þáttatekna var neikvæður um 1,8 milljarð króna á fyrri hluta ársins samanborið við 0,1 milljarð afgang í fyrra. Jöfnuður þáttatekna var aftur á móti neikvæður um 6,6 milljarða króna, en var neikvæður um 6,9 milljarða í fyrra.

Þróunin framan af árinu staðfestir fyrri spár um að á þessu ári myndist aftur halli á viðskiptum við útlönd eftir þriggja ára samfelldan afgang. Reiknað er með að vöruviðskiptin fyrir árið í heild skili afgangi upp á 1,2 milljarða króna sem felur í sér halla á vöruviðskiptum upp á 3,5 milljarða á seinni helmingi ársins. Í fyrra var 9,1 milljarðs króna afgangur á vöruskiptajöfnuði á fyrri hluta ársins en 4,2 milljarða afgangur á síðari hlutanum.

Þjónustujöfnuður án þáttatekna, sem eru vaxta- og launagreiðslur frá útlöndum, verður jákvæður um 700 milljónir króna samkvæmt spánni, en var í fyrra jákvæður um 1,9 milljarða. Skýringin á óhagstæðri þróun þjónustujafnaðar eru aukin útgjöld Íslendinga erlendis. Áætlað er að jöfnuður þáttatekna verði nokkru hagstæðari en í fyrra þar sem vextir erlendis hafa farið lækkandi á síðustu misserum og þar með leitt til lægri vaxatgreiðslna. Vaxta- og launatekjur frá útlöndum virðast einnig fara vaxandi. Þannig námu launatekjur frá útlöndum 1,8 milljarði króna á fyrri hluta ársins saman borið við 1,5 milljarð í fyrra og vaxtatekjur jukust einnig lítillega. Í heild er reiknað með 10,6 milljarða króna halla á jöfnuði þáttatekna á þessu ári. Þegar alls er gætt er útlit fyrir að halli á viðskiptajöfnuði verði rúmir 9 milljarðar króna sem er 1,8% af landsframleiðslu. Viðsnúningurinn frá árunum 1994 og 1995 er gífurlega mikill eða sem nemur 12½ milljarði króna frá 1995 og 17½ milljarði frá 1994.

Horfur eru á áframhaldandi viðskiptahalla á næsta ári. Að hluta má rekja hallann til áframhaldandi stóriðjuframkvæmda, en meginskýringin er þó áframhaldandi vöxtur þjóðarútgjalda umfram þjóðartekjur. Halli upp á 3,3 milljarða myndast á vöruskiptajöfnuði en þjónustujöfnuður án þáttatekna skilar 500 milljón króna afgangi samkvæmt spánni. Jöfnuður þáttatekna verður áfram óhagstæður um 11,7 milljarða króna þannig að hallinn á viðskiptajöfnuði verður alls 14,8 milljarðar króna, sem samsvarar 2,9% af landsframleiðslu.

Viðskiptaafgangur síðustu ára hefur gert kleift að grynnka á erlendum skuldum og hafa hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins lækkað úr 54,1% af landsframleiðslu árið 1993 í 49,7% á síðasta ári. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir því að nokkur viðskiptahalli myndist á þessu ári mun hlutfall hreinna erlendra skulda halda áfram að lækka og stefnir í 47% á þessu ári, en miðað við horfur í utanríkisviðskiptum á næsta ári er þó útlit fyrir að skuldahlutfallið verði óbreytt milli ára.



Yfirlit þjóðhagsspár 1997

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 felur í sér að landsframleiðsla og þjóðartekjur aukist um 2,5% á árinu. Þetta er áþekkur vöxtur og búist er við í helstu viðskiptalöndum okkar. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöld aukist nokkru meira, eða um 3,5%, og því eykst hallinn á viðskiptajöfnuði úr 1,8% af landsframleiðslu í 2,9%. Útgjöld til einkaneyslu og fjárfestingar valda hér mestu, þótt þau aukist mun hægar samkvæmt áætluninni en á þessu ári. Spáð er að útflutningur vöru og þjónustu aukist um 2,8% á næsta ári og liggur þar að baki vöxtur í álframleiðslu, iðnaðarvöruútflutningi og tekjum



af ferðaþjónustu. Hér hefur ekki verið reiknað með byggingu 60 þúsund tonna álvers á Grundartanga, eins og nú er í skoðun, enda lá ekki fyrir ákvörðun í því máli þegar þetta var skrifað. Ef þessi verksmiðja verður reist má ætla að hagvöxturinn verði um 4%.

Efnahagshorfur á næstu árum

Horfur eru á að ytri skilyrði þjóðarbúsins verði með ágætum á næstu árum. Þar má benda á að stofnanir á borð við OECD og IMF búast við jöfnum hagvexti á alþjóðavettvangi á næstu 5 árum samhliða fremur lágri verðbólgu og lækkandi vöxtum. Þannig verði hagvöxtur í OECD ríkjunum 2,6% að jafnaði árin 1997-2001, verðbólga á sama tíma verði u.þ.b. 2% á ári og langtímavextir lækki alls um 0,6 prósentustig á þessum árum. Þetta þýðir að vænta má jafns vaxtar spurnar eftir íslenskum vörum og þjónustu og jafnframt að viðskiptakjör okkar haldist hagstæð. Ennfremur er líklegt að þorskafli muni fara vaxandi og jafnframt að afli úr öðrum fiskstofnum verði með betra móti.

Á innlendum vettvangi er brýnt að stuðla að áframhaldandi stöðugleika til að hagvöxtur haldist til frambúðar og lífskjör hér haldist í hendur við það sem annars staðar gerist. Þar eru opinber fjármál mikilvæg, einkum vegna stöðugt meiri tengsla íslensks fjármagnsmarkaðar við erlenda markaði af sama toga og þar með minnkandi svigrúms til sjálfstæðrar peningastefnu. Verði t.d. af frekari stóriðjuáformum á næstunni er nauðsynlegt að bregðast við með markvissum samdrætti í umsvifum hins opinbera á byggingamarkaðnum. Svipað gildir ef von er á mikilli aukningu sjávarafla.

Í framreikningum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs standi í járnum á árinu 1997 og afgangur verði á ríkisbúskapnum árin þar á eftir. Jafnframt er miðað við að samneysla hins opinbera aukist árlega um 1,9% að jafnaði árin 1997-2001 og opinber fjárfesting um 2,2% á ári. Þessi þróun stuðlar að því að þjóðhagslegur sparnaður eykst og fyrir vikið minnkar vaxtamunur íslenskra og erlendra vaxta. Reiknað er með að raunvextir fari lækkandi erlendis svo vextir lækka meira hér en í útlöndum, gangi þetta eftir.

Reiknað er með árlegri magnaukningu útflutnings sjávarafurða sem nemur 2% að jafnaði árin 1997-2001. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum í stóriðju og virkjunum vegna hennar umfram það sem þegar er vitað um vegna stækkunar verksmiðju ÍSAL, en gert er ráð fyrir að útflutningur varnings annars en sjávarfangs og framleiðslu stóriðju aukist um 6% að jafnaði á sama tíma. Að öllu samanlögðu er gert ráð fyrir að vöruútflutningur aukist um 3½% á ári á föstu verði að jafnaði á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að tekjur af erlendum ferðamönnum aukist um 7% árlega 1997-2001. Í heild er reiknað með að útflutningur á föstu verði aukist um 3½% á ári á tímabilinu. Reiknað er með eilitlum bata viðskiptakjara, eða 0,5% alls, mestmegnis vegna hækkunar á verði áls.

Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin aukist um 2,3% á ári 1997-2001. Gert er ráð fyrir sama vexti einkaneyslu og fjárfestingar, eða 2½% á ári. Áætlað er að innflutningur aukist um 3% árlega, eða 0,5% hægar en útflutningur. Halli á vöruskiptajöfnuði minnkar því og mun hann standa í járnum undir lok tímabilsins. Erlendar skuldir fara minnkandi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í framreikningunum, lækka úr 47% í árslok 1996 í 41% í árslok 2001.

Á þessum forsendum verður hagvöxtur (vöxtur landsframleiðslu á föstu verði) um 2½% á ári að jafnaði 1997-2001 og að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur aukist með sama hraða. Reiknað er með 1,3% framleiðniaukningu vinnuafls á ári, svo spurn eftir mannafla eykst um 1,2% á ári. Fjölgun fólks á vinnualdri er áætluð verða um 1% á þessu skeiði, og því mun atvinnuleysi minnka í um 3,5% af mannafla að óbreyttri þátttöku þessa hóps á vinnumarkaði. Það er ólíklegt að svigrúm sé fyrir mikið meiri hagvöxt en þetta án þess að verðbólga aukist. Væri t.d. reynt að auka hann með einhverjum aðgerðum stjórnvalda um 1,5% á ári, í 4% á ári, myndi spurn eftir mannafla aukast um 2,7% á ári miðað við sömu framleiðni og vinnutíma. Þátttaka á vinnumarkaði að svipuðu marki og þensluárin 1986 og 1988 (skattlausa árið 1987 var einstætt að þessu leyti) myndi leiða til skráðs atvinnuleysis sem væri innan við 1% af mannafla árið 2001. Það er ákaflega ólíklegt að slíkt eftirspurnarstig á vinnumarkaði færi saman við lága verðbólgu og má benda á reynslu síðustu áratuga í því sambandi.



Tafla 1. Þjóðhagsyfirlit 1994-1997

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1994	1995	1996	1997	1994	1995	1996	1997
1. Einkaneysla	257.461	274.195	300.599	317.407	1,8	4,6	7,0	3,5
2. Samneysla	89.424	94.526	102.478	107.226	3,7	2,0	2,5	1,5
3. Fjármunamyndun	65.877	69.384	90.359	97.878	-1,1	2,2	24,0	5,5
4. Neysla og fjárfesting alls	412.762	438.105	493.436	522.511	1,7	3,6	8,7	3,5
5. Birgðabreytingar [2]	-85	2.017	0	0	-0,2	0,6	-0,7	0,0
6. Þjóðarútgjöld, alls	412.677	440.122	493.436	522.511	1,5	4,3	7,9	3,5
7. Útflutningur vöru og þjónustu	156.478	160.019	170.389	178.843	9,8	-2,3	5,2	2,8
8. Innflutningur vöru og þjónustu	134.631	144.725	168.491	181.595	4,1	3,8	12,8	5,7
9. Verg landsframleiðsla	**434.524**	**455.416**	**495.333**	**519.760**	**3,6**	**2,1**	**5,5**	**2,5**
10. Jöfnuður þáttatekna o.fl.	-12.836	-11.559	-10.582	-11.719	-	-	-	-
11. Rekstrarframlög [3]	-626	-306	-366	-373	-	-	-	-
12. Viðskiptajöfnuður (7.-8.+10.)	8.385	3.429	-9.051	-14.844	-	-	-	-
13. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	**421.688**	**443.857**	**484.751**	**508.040**	**3,8**	**2,6**	**5,8**	**2,6**
14. Viðskiptakjaraáhrif [3]	-	-	-	-	-0,4	0,4	-0,9	-0,1
15. Vergar þjóðartekjur	-	-	-	-	**3,5**	**3,0**	**4,9**	**2,5**
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	-	-	-	-	1,9	0,8	-1,8	-2,9

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

3) Framlög ríkisins til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar o.fl.

4) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Tafla 2. Utanríkisviðskipti 1994-1997

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1994	1995	1996	1997	1994	1995	1996	1997
Útflutningsframleiðsla								
Sjávarafurðir	85.597	86.699	93.696	95.944	7,4	-3,1	7,0	0,0
Ál	10.631	12.492	12.160	14.351	10,4	2,2	2,9	16,5
Kísiljárn	2.451	3.254	3.742	3.555	1,8	15,0	0,0	0,0
Annað	10.924	13.459	13.751	14.744	23,9	15,0	0,1	5,0
Samtals	**109.603**	**115.903**	**123.348**	**128.593**	**8,9**	**-0,3**	**5,5**	**2,4**
Útflutt skip og flugvélar	3.370	3.761	647	661	-	-	-	-
Breyting útflutningsvörubirgða	319	3.057	0	0	-	-	-	-
Vöruútflutningur alls	**112.654**	**116.607**	**123.995**	**129.254**	**12,2**	**-2,2**	**5,5**	**2,2**
Vöruinnflutningur alls	**92.992**	**103.251**	**122.810**	**132.512**	**7,6**	**6,5**	**14,6**	**5,8**
Almennur vöruinnflutningur	83.551	93.032	105.326	112.121	5,1	6,1	9,7	4,4
þ.a. olía	7.237	7.029	8.546	9.030	1,9	1,9	5,7	3,5
þ.a. annað	76.314	86.003	96.780	103.091	5,4	6,5	10,1	4,4
Sérstakur vöruinnflutningur	9.441	10.219	17.484	20.391	13,3	-25,0	72,2	15,7
Vöruskiptajöfnuður	**19.662**	**13.356**	**1.185**	**-3.258**	-	-	-	-
Þjónustutekjur	43.824	43.412	46.393	49.589	3,7	-2,5	4,6	4,7
Þjónustugjöld	41.639	41.474	45.681	49.083	-3,5	-2,7	8,1	5,2
Þjónustujöfnuður	**2.185**	**1.938**	**713**	**506**	-	-	-	-
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-12.836**	**-11.559**	**-10.582**	**-11.719**	-	-	-	-
Rekstrarframlög [2]	-626	-306	-366	-373	-	-	-	-
Viðskiptajöfnuður	**8.385**	**3.429**	**-9.051**	**-14.844**	-	-	-	-

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Framlög ríkisins til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar o.fl.

Tafla 3. Fjármunamyndun 1994-1997

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs				Magnbreytingar frá fyrra ári % [1]			
			Áætlun	Spá			Áætlun	Spá
	1994	1995	1996	1997	1994	1995	1996	1997
Fjármunamyndun alls	**65.877**	**69.384**	**90.359**	**97.878**	**-1,1**	**2,2**	**24,0**	**5,5**
I. Atvinnuvegir	**30.580**	**35.144**	**54.699**	**60.428**	**0,5**	**12,3**	**50,0**	**8,3**
1. Landbúnaður	1.806	2.050	2.200	2.400	-8,8	10,9	3,9	6,0
2. Fiskveiðar[2]	3.471	2.100	5.400	4.500	50,8	-39,7	145,5	-18,0
3. Vinnsla sjávarafurða	2.429	3.200	4.000	3.800	38,1	29,6	21,2	-7,0
4. Álverksmiðja	265	410	7.000	6.850	-56,4	51,6	1556,9	-4,0
5. Járnblendiverksmiðja	112	80	300	250	145,2	-30,3	264,0	-18,0
6. Annar iðnaður	4.969	5.800	6.600	7.500	-1,8	14,2	10,2	12,0
7. Rafvirkjanir og rafveitur	1.609	1.800	3.400	3.800	-23,4	8,4	79,8	9,0
8. Hitaveitur	973	1.200	1.200	1.500	5,8	19,5	-2,9	23,0
9. Vatnsveitur	462	600	600	700	-20,1	25,8	-2,9	14,0
10. Byggingarstarfsemi o.fl. (Vinnuvélar)	1.274	1.750	2.100	2.500	-22,5	36,0	16,5	17,0
11. Verslunarhúsnæði, skrifstofur o.fl.	3.548	3.850	4.500	5.500	-10,8	5,1	13,5	20,0
12. Samgöngur	2.825	4.554	8.000	9.300	-29,6	51,4	67,5	15,0
13. Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2.909	3.000	3.100	3.700	35,9	1,1	0,3	12,0
14. Tölvu- og skrifstofubúnaður	3.928	4.750	6.299	8.128	26,1	19,8	28,7	27,0
II. Íbúðarhús	**18.667**	**18.300**	**19.560**	**21.150**	**0,0**	**-5,0**	**2,0**	**5,0**
III. Starfsemi hins opinbera	**16.630**	**15.940**	**16.100**	**16.300**	**-4,7**	**-7,1**	**-1,8**	**-0,8**
1. Vegir og brýr	3.982	3.540	3.700	3.300	-12,5	-13,9	1,9	-13,0
2. Götur og holræsi	3.548	3.600	3.700	3.900	5,2	-1,7	0,2	3,0
3. Byggingar hins opinbera	9.100	8.800	8.700	9.100	-4,5	-6,3	-4,0	3,0

Skýringar:

1) Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

2) Fiskeldisstöðvar meðtaldar en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða á þessum árum.

Tafla 4. Landsframleiðsla 1986-1995

Milljónir króna, á verðlagi hvers árs ásamt magn- og verðvísitölum, 1990=100

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995
1. Einkaneysla	99.196	133.557	161.068	190.254	223.729	248.999	249.044	248.952	257.461	274.195
2. Samneysla	28.776	38.981	50.537	60.341	69.989	78.157	80.375	84.818	89.424	94.526
3. Fjármunamyndun	30.911	42.639	50.498	58.698	70.102	76.153	69.554	64.176	65.877	69.384
4. Birgðabreytingar	-3.748	-3.783	-3.085	-8.143	-4.556	-1.226	-445	435	-85	2.017
5. Þjóðarútgjöld alls	155.135	211.394	259.018	301.150	359.264	402.083	398.528	398.381	412.677	440.122
6. Útflutningur alls	61.961	71.681	81.721	106.282	124.246	124.943	121.248	134.972	156.478	160.019
6. Vörur, fob	44.968	53.053	61.667	80.072	92.452	91.560	87.833	94.658	112.654	116.607
6. Þjónusta	16.993	18.628	20.054	26.210	31.794	33.383	33.415	40.314	43.824	43.412
7. Frádr.: Innflutningur alls	55.880	73.965	84.100	99.240	119.595	130.305	121.943	122.493	134.631	144.725
7. Vörur, fob	40.988	55.020	61.996	72.603	87.652	94.639	87.909	82.390	92.992	103.251
7. Þjónusta	14.892	18.945	22.104	26.637	31.943	35.666	34.034	40.103	41.639	41.474
8. Verg landsframleiðsla	**161.217**	**209.109**	**256.640**	**308.192**	**363.915**	**396.721**	**397.833**	**410.860**	**434.524**	**455.416**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.142	-12.836	-11.559
10. Verg þjóðarframleiðsla	**155.914**	**204.311**	**250.133**	**297.028**	**351.514**	**384.035**	**386.528**	**398.718**	**421.688**	**443.857**
11. Viðskiptajöfnuður	779	-7.083	-8.885	-4.122	-7.750	-18.048	-12.000	337	8.385	3.429
11 Vöruskiptajöfn. fob/fob	3.980	-1.967	-329	7.469	4.800	-3.079	-76	12.268	19.662	13.356
11 Þjónustujöfnuður	2.101	-317	-2.050	-427	-149	-2.283	-619	211	2.209	1.938
11 Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	-5.302	-4.799	-6.506	-11.164	-12.401	-12.686	-11.305	-12.142	-12.810	-11.559
12. Óbeinir skattar	35.823	48.320	61.324	72.152	79.167	83.965	83.763	77.156	79.106	82.044
13. Framleiðslustyrkir	5.273	5.988	9.107	12.835	12.953	12.319	13.225	10.504	9.607	9.988
14. Afskriftir af fjármunaeign	19.696	23.473	29.001	37.267	43.814	48.346	51.425	54.579	56.741	57.805
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv. (15.=10.-12.+13.-14.)	105.668	138.505	168.915	200.444	241.486	264.043	264.565	277.487	295.448	313.996
Hlutfallsleg skipting										
1. Einkaneysla	61,5%	63,9%	62,8%	61,7%	61,5%	62,8%	62,6%	60,6%	59,3%	60,2%
2. Samneysla	17,8%	18,6%	19,7%	19,6%	19,2%	19,7%	20,2%	20,6%	20,6%	20,8%
3. Fjármunamyndun	19,2%	20,4%	19,7%	19,0%	19,3%	19,2%	17,5%	15,6%	15,2%	15,2%
4. Birgðabreytingar	-2,3%	-1,8%	-1,2%	-2,6%	-1,3%	-0,3%	-0,1%	0,1%	0,0%	0,4%
5. Þjóðarútgjöld alls	96,2%	101,1%	100,9%	97,7%	98,7%	101,4%	100,2%	97,0%	95,0%	96,6%
6. Útflutningur alls	38,4%	34,3%	31,8%	34,5%	34,1%	31,5%	30,5%	32,9%	36,0%	35,1%
6. Vörur, fob	27,9%	25,4%	24,0%	26,0%	25,4%	23,1%	22,1%	23,0%	25,9%	25,6%
6. Þjónusta	10,5%	8,9%	7,8%	8,5%	8,7%	8,4%	8,4%	9,8%	10,1%	9,5%
7. Frádr.: Innflutningur alls	34,7%	35,4%	32,8%	32,2%	32,9%	32,8%	30,7%	29,8%	31,0%	31,8%
7. Vörur, fob	25,4%	26,3%	24,2%	23,6%	24,1%	23,9%	22,1%	20,1%	21,4%	22,7%
7. Þjónusta	9,2%	9,1%	8,6%	8,6%	8,8%	9,0%	8,6%	9,8%	9,6%	9,1%
8. Verg landsframleiðsla	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**	**100,0%**
9. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	-3,3%	-2,3%	-2,5%	-3,6%	-3,4%	-3,2%	-2,8%	-3,0%	-3,0%	-2,5%
10. Verg þjóðarframleiðsla	96,7%	97,7%	97,5%	96,4%	96,6%	96,8%	97,2%	97,0%	97,0%	97,5%
11. Viðskiptajöfnuður	0,5%	-3,4%	-3,5%	-1,3%	-2,1%	-4,5%	-3,0%	0,1%	1,9%	0,8%
12. Óbeinir skattar	22,2%	23,1%	23,9%	23,4%	21,8%	21,2%	21,1%	18,8%	18,2%	18,0%
13. Framleiðslustyrkir	3,3%	2,9%	3,5%	4,2%	3,6%	3,1%	3,3%	2,6%	2,2%	2,2%
14. Afskriftir af fjármunaeign	12,2%	11,2%	11,3%	12,1%	12,0%	12,2%	12,9%	13,3%	13,1%	12,7%
15. Hreinar þjóðartekjur, tekjuv.	65,5%	66,2%	65,8%	65,0%	66,4%	66,6%	66,5%	67,5%	68,0%	68,9%
Magnvísitölur 1990=100										
1. Einkaneysla	92,9	107,9	103,8	99,5	100,0	104,1	99,5	95,1	96,7	101,2
2. Samneysla	83,4	88,9	93,0	95,8	100,0	103,1	102,3	104,6	108,5	110,7
3. Fjármunamyndun	88,9	105,6	105,4	97,1	100,0	102,0	90,5	80,2	79,4	81,1
4. Þjóðarútgjöld alls	89,5	103,6	103,0	98,5	100,0	105,2	99,6	95,5	96,9	101,1
5. Útflutningur alls	97,6	100,8	97,2	100,0	100,0	94,2	92,6	98,8	108,5	106,0
5. Vörur	95,0	99,2	98,0	101,4	100,0	92,1	91,2	95,9	107,5	105,1
5. Þjónusta	105,7	105,9	94,7	95,7	100,0	100,4	96,7	107,2	111,2	108,4
6. Frádr.: Innflutningur alls	93,8	115,6	110,3	99,0	100,0	105,5	97,3	88,9	92,6	96,1
6. Vörur	94,7	118,3	111,9	99,7	100,0	104,9	96,9	83,2	89,5	95,3
6. Þjónusta	91,4	107,8	105,8	97,0	100,0	107,4	98,6	104,6	101,0	98,2
7. Verg landsframleiðsla	**90,9**	**98,7**	**98,6**	**98,8**	**100,0**	**101,3**	**97,9**	**98,8**	**102,3**	**104,4**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	78,3	81,0	93,0	100,5	100,0	106,4	108,1	110,7	107,6	96,1
9. Verg þjóðarframleiðsla	**91,5**	**99,5**	**98,8**	**98,8**	**100,0**	**101,1**	**97,6**	**98,4**	**102,1**	**104,7**
10. Vergar þjóðartekjur	**92,2**	**102,0**	**101,1**	**99,4**	**100,0**	**102,6**	**98,1**	**97,3**	**100,7**	**103,8**

Verðvísitala 1990=100	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Bráðab. 1995
1. Einkaneysla	47,7	55,3	69,3	85,5	100,0	106,9	111,9	117,0	119,0	121,1
2. Samneysla	49,3	62,7	77,6	90,0	100,0	108,3	112,3	115,8	117,7	122,0
3. Fjármunamyndun	49,6	57,6	68,4	86,3	100,0	106,5	109,6	114,1	118,4	122,0
4. Þjóðarútgjöld alls	48,2	56,8	70,0	85,1	100,0	106,4	111,4	116,1	118,5	121,2
5. Útflutningur alls	51,1	57,2	67,7	85,5	100,0	106,7	105,4	110,0	116,1	121,5
5. Vörur	51,2	57,9	68,1	85,4	100,0	107,5	104,1	106,8	113,3	120,0
5. Þjónusta	50,6	55,3	66,6	86,2	100,0	104,6	108,7	118,3	124,0	126,0
6. Frádr.: Innflutningur alls	49,8	53,5	63,7	83,8	100,0	103,2	104,8	115,2	121,6	125,9
6. Vörur	49,4	53,0	63,2	83,1	100,0	103,0	103,5	112,9	118,5	123,6
6. Þjónusta	51,0	55,0	65,4	85,9	100,0	104,0	108,1	120,0	129,1	132,2
7. Verg landsframleiðsla	48,7	58,2	71,5	85,7	100,0	107,6	111,6	114,3	116,7	119,9
8. Verg þjóðarframleiðsla	**48,5**	**58,4**	**72,0**	**85,6**	**100,0**	**108,0**	**112,7**	**115,3**	**117,5**	**120,6**
Magnbreyting, % frá fyrra ári										
1. Einkaneysla	6,9%	16,2%	-3,8%	-4,2%	0,5%	4,1%	-4,4%	-4,5%	1,8%	4,6%
2. Samneysla	7,3%	6,5%	4,7%	3,0%	4,4%	3,1%	-0,8%	2,3%	3,7%	2,0%
3. Fjármunamyndun	-1,6%	18,8%	-0,2%	-7,9%	3,0%	2,0%	-11,3%	-11,4%	-1,1%	2,2%
4. Þjóðarútgjöld alls	4,5%	15,7%	-0,6%	-4,4%	1,5%	5,2%	-5,3%	-4,1%	1,5%	4,3%
5. Útflutningur alls	5,9%	3,3%	-3,6%	2,9%	0,0%	-5,8%	-1,7%	6,6%	9,8%	-2,3%
5. Vörur	10,1%	4,4%	-1,2%	3,5%	-1,4%	-7,9%	-1,0%	5,1%	12,2%	-2,2%
5. Þjónusta	-4,3%	0,2%	-10,6%	1,1%	4,5%	0,4%	-3,7%	10,9%	3,7%	-2,5%
6. Frádr.: Innflutningur alls	0,9%	23,3%	-4,6%	-10,3%	1,0%	5,5%	-7,8%	-8,6%	4,1%	3,8%
6. Vörur	7,7%	25,0%	-5,5%	-10,9%	0,3%	4,9%	-7,6%	-14,1%	7,6%	6,5%
6. Þjónusta	-15,1%	18,0%	-1,8%	-8,3%	3,0%	7,4%	-8,2%	6,1%	-3,5%	-2,7%
7. Verg landsframleiðsla	**6,3%**	**8,5%**	**-0,1%**	**0,3%**	**1,2%**	**1,3%**	**-3,3%**	**0,9%**	**3,6%**	**2,1%**
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	1,0%	3,5%	14,8%	8,0%	-0,5%	6,4%	1,6%	2,5%	-2,8%	-10,7%
9. Verg þjóðarframleiðsla	**6,5%**	**8,7%**	**-0,6%**	**-0,1%**	**1,2%**	**1,1%**	**-3,5%**	**0,8%**	**3,8%**	**2,6%**
10. Vergar þjóðartekjur	**8,9%**	**10,6%**	**-0,9%**	**-1,6%**	**0,6%**	**2,6%**	**-4,4%**	**-0,8%**	**3,5%**	**3,0%**
Verðbreyting, % frá fyrra ári										
1. Einkaneysla	20,1%	15,9%	25,4%	23,3%	17,0%	6,9%	4,7%	4,6%	1,6%	1,8%
2. Samneysla	27,0%	27,1%	23,9%	15,9%	11,2%	8,3%	3,7%	3,1%	1,7%	3,6%
3. Fjármunamyndun	23,0%	16,2%	18,7%	26,2%	15,9%	6,5%	3,0%	4,1%	3,7%	3,0%
4. Þjóðarútgjöld alls	22,9%	17,8%	23,2%	21,6%	17,5%	6,4%	4,7%	4,2%	2,1%	2,2%
5. Útflutningur alls	19,9%	12,0%	18,3%	26,3%	16,9%	6,7%	-1,3%	4,4%	5,6%	4,7%
5. Vörur	21,0%	13,1%	17,7%	25,4%	17,1%	7,5%	-3,1%	2,6%	6,1%	5,8%
5. Þjónusta	18,1%	9,4%	20,4%	29,3%	16,1%	4,6%	3,9%	8,8%	4,8%	1,6%
6. Frádr.: Innflutningur alls	13,8%	7,4%	19,2%	31,5%	19,3%	3,2%	1,5%	9,9%	5,5%	3,6%
6. Vörur	12,7%	7,4%	19,2%	31,4%	20,4%	3,0%	0,6%	9,1%	4,9%	4,3%
6. Þjónusta	17,7%	7,8%	18,8%	31,4%	16,4%	4,0%	3,9%	11,1%	7,5%	2,4%
7. Verg landsframleiðsla	**25,5%**	**19,5%**	**22,8%**	**19,8%**	**16,7%**	**7,6%**	**3,7%**	**2,4%**	**2,1%**	**2,7%**
Meðalmannfjöldi ársins, þús.	243,209	245,962	249,885	252,746	254,788	257,965	261,103	263,783	266,006	267,373
Magnvísitala, 1990=100	95,5	96,5	98,1	99,2	100,0	101,2	102,5	103,5	104,4	104,9
Magnvísitölur á mann										
1. Einkaneysla	97,3	111,8	105,9	100,3	100,0	102,9	97,1	91,8	92,7	96,4
2. Samneysla	87,4	92,1	94,9	96,6	100,0	101,9	99,8	101,1	103,9	105,5
3. Fjármunamyndun	93,1	109,4	107,4	97,9	100,0	100,8	88,3	77,5	76,0	77,3
4. Þjóðarútgjöld alls	93,8	107,3	105,0	99,3	100,0	103,9	97,2	92,2	92,8	96,3
5. Útflutningur alls	102,3	104,4	99,1	100,8	100,0	93,1	90,4	95,4	103,9	101,0
6. Frádr.: Innflutningur alls	98,3	119,8	112,5	99,8	100,0	104,2	95,0	85,9	88,7	91,6
7. Verg landsframleiðsla	95,2	102,2	100,5	99,6	100,0	100,1	95,6	95,4	98,0	99,5
8. Launa- og eignatekjur frá útl., nettó	82,0	83,9	94,8	101,3	100,0	105,1	105,4	106,9	103,0	91,5
9. Verg þjóðarframleiðsla	95,8	103,1	100,8	99,6	100,0	99,9	95,2	95,0	97,8	99,8
10. Vergar þjóðartekjur	96,6	105,6	103,0	100,2	100,0	101,4	95,8	94,0	96,5	98,9

Tafla 5. Tekjur verðlag, kaupmáttur og gengi 1984-1997

	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
I. Vísitölur 1990=100														
Tekjur														
Ráðstöfunartekjur á mann	23,78	34,97	46,03	67,04	81,78	91,308	100,0	109,5	110,9	108,5	110,2	116,5	123,5	127,9
Atvinnutekjur á framteljanda [1]	24,5	34,8	46,0	66,1	83,3	89,0	100,0	109,4	111,9	112,1	114,6	120,6	-	-
Launavísitala [2]	-	-	-	-	-	91,6	100,0	108,4	111,5	113,1	114,5	119,6	127,4	132,0
Verðlag														
Neysluverðsvísitala	30,0	39,8	48,2	57,3	71,9	87,1	100,0	106,8	110,8	115,3	117,0	119,0	122,0	124,4
Byggingarvísitala	30,2	39,9	49,7	58,5	69,0	84,9	100,0	107,6	110,2	112,6	115,5	119,2	125,0	128,7
Kaupmáttur [3]														
Ráðstöfunartekjur á mann	79,1	87,9	95,4	117,0	113,7	104,8	100,0	102,5	100,1	94,1	94,1	97,9	101,3	102,8
Atvinnutekjur á framteljanda	81,4	87,5	95,3	115,3	115,8	102,2	100,0	102,4	101,1	97,3	97,9	101,3	-	-
Launavísitala	-	-	-	-	-	105,1	100,0	101,5	100,7	98,1	97,8	100,5	104,4	106,1
Gengi														
Meðalverð erl. gjaldmiðla [3]	41,0	52,4	60,3	62,5	71,4	89,8	100,0	100,0	100,5	108,9	114,5	114,4	114,4	114,4
Raungengi miðað við verð	97,3	95,8	97,6	107,0	112,4	103,4	100,0	102,7	102,6	97,0	91,7	91,9	92,1	92,1
Raungengi miðað við laun	95,4	96,7	98,9	124,7	129,7	112,2	100,0	101,7	103,0	94,5	87,8	90,6	92,0	91,9
II. Breytingar frá fyrra ári, %														
Tekjur														
Ráðstöfunartekjur á mann	28,0	47,1	31,6	45,6	22,0	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,8	6,0	3,5
Atvinnutekjur á mann	27,7	42,2	32,2	43,7	26,1	6,8	12,4	9,4	2,3	0,2	2,2	5,2	-	-
Launavísitala	-	-	-	-	-	-	9,2	8,4	2,9	1,4	1,2	4,5	6,5	3,6
Verðlag														
Neysluverðsvísitala	29,2	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,7	4,1	1,5	1,7	2,5	2,0
Byggingarvísitala	25,3	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,8	3,0
Kaupmáttur [3]														
Ráðstöfunartekjur á mann	-0,9	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,3	-6,0	0,0	4,0	3,5	1,5
Atvinnutekjur á framteljanda	-1,2	7,4	8,9	21,0	0,5	-11,8	-2,1	2,4	-1,3	-3,8	0,7	3,5	-	-
Launavísitala	-	-	-	-	-	-	-4,9	1,5	-0,7	-2,6	-0,3	2,8	3,9	1,6
Gengi														
Meðalverð erl. gjaldmiðla [4]	16,3	27,8	15,0	3,7	14,2	25,8	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	0,0	0,0
Raungengi miðað við verð	4,9	-1,6	1,9	9,6	5,1	-8,1	-3,3	2,7	-0,1	-5,4	-5,5	0,2	0,2	0,0
Raungengi miðað við laun	-1,0	1,3	2,2	26,2	4,0	-13,5	-10,9	1,7	1,2	-8,2	-7,1	3,3	1,5	-0,1

Skýringar:

1) Samkvæmt skattframtölum.
2) Hækkun launavísitölu milli 1996 og 1997 byggir á forsendum þjóðhagsáætlunar.
3) Miðað við neysluverðsvísitölu.
4) Miðað við viðskiptavog.

Tafla 6. Afli og aflaverðmæti 1988-1997

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Þúsund tonn										
Þorskur	376	354	334	307	267	261	215	203	205	230
Annar botnfiskur	322	338	339	348	318	324	343	308	304	290
Ýsa	53	62	66	54	46	47	58	60	53	45
Ufsi	74	80	95	99	78	70	63	47	43	50
Karfi	94	92	91	97	94	97	95	89	80	70
Úthafskarfi	-	1	4	8	14	20	47	29	47	50
Steinbítur	15	14	14	18	16	13	13	13	15	14
Grálúða	49	58	37	35	32	34	28	27	23	18
Skarkoli	14	11	11	11	11	13	12	11	11	11
Annað	23	20	21	27	28	32	27	31	32	32
Síld	93	97	90	79	123	117	130	110	110	100
Íslandssíld	-	-	-	-	-	-	21	174	173	190
Loðna	911	653	694	260	798	941	754	716	1100	1187
Humar	2	2	2	2	2	2	2	1	2	2
Rækja	30	27	30	38	47	56	75	84	95	82
Hörpudiskur	10	11	12	10	12	12	8	8	9	9
Annað	13	13	4	5	7	4	6	5	5	5
Heildarafli	1.757	1.495	1.505	1.049	1.575	1.716	1.555	1.609	2.003	2.094
Breytingar heildaraflaverðmætis frá fyrra ári á föstu verði[1], %:										
Samtals	-1,9	-3,0	-4,8	-4,6	-3,0	2,6	-0,6	-0,6	7,0	-0,7
Samtals án loðnu	-1,1	-3,1	-3,8	-1,9	-6,9	1,8	-1,1	-1,7	2,1	-2,5

Skýringar:

1) Magnvísitölur eru fengnar með því að verðleggja aflamagnið á föstu verði. Aflamagn árin 1986-1989 er á verðlagi ársins 1987. Aflamagn áranna 1989-1993 er á verðlagi 1990 og aflamagn áranna 1993-1997 er á verðlagi 1995. Allur afli, heima og erlendis er verðlagður á meðalverði útfluttra sjávarafurða. Meðalverðið er fundið með því að deila afla upp úr sjó í verðmæti útflutnings eftir fisktegundum.

Tafla 7. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 1947-1997 [1]

	Verg landsframleiðsla		Vergar þjóðartekjur	
	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári	Magn-vísitala 1990=100	Magn-breyting frá fyrra ári
1947	17,3	11,1%	17,7	8,2%
1948	17,6	2,0%	17,8	0,1%
1949	17,3	-2,0%	17,0	-4,5%
1950	16,9	-2,2%	16,0	-5,5%
1951	16,5	-2,1%	15,3	-4,3%
1952	16,4	-1,0%	15,2	-0,8%
1953	18,9	15,4%	18,0	18,1%
1954	20,6	9,4%	19,9	10,6%
1955	22,7	9,7%	21,9	10,2%
1956	23,2	2,4%	22,2	1,2%
1957	23,2	-0,1%	21,9	-1,2%
1958	25,0	7,9%	24,2	10,4%
1959	25,5	2,0%	24,8	2,3%
1960	26,3	3,2%	25,1	1,3%
1961	26,3	-0,1%	25,9	3,3%
1962	28,5	8,3%	28,3	9,1%
1963	31,4	10,3%	31,2	10,4%
1964	34,5	9,9%	35,1	12,4%
1965	37,0	7,3%	38,8	10,6%
1966	40,3	8,7%	42,2	8,7%
1967	39,8	-1,3%	40,3	-4,5%
1968	37,6	-5,5%	37,8	-6,2%
1969	38,5	2,4%	38,8	2,7%
1970	41,3	7,5%	43,5	12,2%
1971	46,7	13,1%	50,3	15,5%
1972	49,6	6,2%	53,3	6,0%
1973	53,0	6,8%	59,5	11,6%
1974	56,0	5,7%	60,4	1,5%
1975	56,4	0,6%	57,3	-5,1%
1976	59,7	6,0%	62,5	9,0%
1977	65,0	8,8%	70,1	12,1%
1978	68,9	5,9%	74,3	6,1%
1979	72,3	4,9%	75,5	1,5%
1980	76,4	5,7%	78,7	4,4%
1981	79,6	4,3%	81,5	3,5%
1982	81,3	2,2%	82,6	1,3%
1983	79,6	-2,2%	79,5	-3,7%
1984	82,9	4,1%	82,3	3,4%
1985	85,6	3,3%	84,7	2,9%
1986	90,9	6,2%	92,2	8,9%
1987	98,7	8,6%	102,0	10,7%
1988	98,7	-0,1%	101,1	-0,9%
1989	98,9	0,3%	99,5	-1,6%
1990	100,0	1,1%	100,0	0,5%
1991	101,3	1,3%	102,6	2,6%
1992	98,0	-3,3%	98,2	-4,2%
1993	98,8	0,8%	97,4	-0,9%
1994	102,3	3,6%	100,8	3,5%
1995	104,4	2,1%	103,8	3,0%
1996	110,2	5,5%	109,0	4,9%
1997	113,0	2,5%	111,7	2,5%

Skýringar:

1) Bráðabirgðatölur fyrir 1995, áætlun fyrir 1996 og spá fyrir 1997.


Verg landsframleiðsla 1945-1997
Vísitala 1990=100
120
100
80
60
40
20
0
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995


Verg landsframleiðsla 1945-1997
%
Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári
20
15
10
5
0
-5
-10
1945
1950
1955
1960
1965
1970
1975
1980
1985
1990
1995

Tafla 8. Atvinnuleysi eftir landshlutum og kyni 1983-1995

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Fjöldi alls													
Höfðuborgarsvæði	464	519	311	253	114	177	859	913	696	1933	3173	3584	3900
Landsbyggð	723	961	794	570	470	643	1267	1343	1205	1935	2428	2624	2700
Vesturland	84	112	100	63	66	102	192	186	137	216	272	344	300
Vestfirðir	15	23	20	8	27	16	40	22	18	43	115	123	100
Norðurland vestra	127	110	81	75	58	101	179	155	151	196	227	263	270
Norðurland eystra	220	326	247	169	119	166	312	403	351	487	690	800	670
Austurland	75	119	90	59	58	74	160	198	169	219	282	280	300
Suðurland	106	143	104	107	98	134	231	236	202	339	424	451	530
Suðurnes	96	129	151	89	45	50	153	142	177	436	417	364	530
Samtals	**1187**	**1481**	**1105**	**823**	**584**	**820**	**2125**	**2255**	**1901**	**3868**	**5601**	**6209**	**6600**
Fjöldi karla													
Höfðuborgarsvæði	265	264	148	158	52	93	450	479	394	1017	1535	1649	1820
Landsbyggð	335	389	306	246	185	232	488	584	564	917	1178	1208	1280
Vesturland	34	37	31	26	21	22	46	46	51	95	127	159	140
Vestfirðir	9	11	11	7	15	7	18	11	10	22	54	57	50
Norðurland vestra	62	50	37	36	28	42	71	74	82	112	119	121	110
Norðurland eystra	129	155	113	85	49	67	141	216	184	257	342	394	340
Austurland	42	56	40	32	31	32	68	81	82	116	164	140	160
Suðurland	37	43	32	37	30	45	94	107	93	164	201	199	220
Suðurnes	23	37	41	24	11	17	50	51	62	151	173	137	260
Samtals	**600**	**653**	**455**	**404**	**237**	**325**	**938**	**1063**	**959**	**1934**	**2713**	**2857**	**3100**
Fjöldi kvenna													
Höfðuborgarsvæði	199	255	163	95	62	84	408	434	301	915	1639	1935	2080
Landsbyggð	388	573	488	324	285	411	779	758	641	1018	1250	1417	1420
Vesturland	50	74	69	38	45	80	147	140	86	121	146	184	160
Vestfirðir	6	12	9	2	12	9	23	11	9	21	62	66	50
Norðurland vestra	65	60	44	39	31	58	108	81	69	84	109	142	160
Norðurland eystra	91	171	134	84	70	99	171	187	166	230	348	406	330
Austurland	34	63	50	27	27	42	92	118	87	104	119	139	140
Suðurland	69	100	72	70	68	89	136	129	109	174	223	253	310
Suðurnes	73	92	110	65	33	33	103	91	115	284	244	227	270
Samtals	**587**	**828**	**650**	**419**	**347**	**495**	**1187**	**1192**	**942**	**1934**	**2889**	**3352**	**3500**
Alls, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,8	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,2	0,9	2,6	4,3	4,8	5,2
Landsbyggð	1,4	1,8	1,5	1,1	0,8	1,2	2,4	2,5	2,3	3,6	4,5	4,8	4,9
Vesturland	1,2	1,6	1,4	0,9	0,9	1,4	2,6	2,6	1,9	3,0	3,8	4,7	4,1
Vestfirðir	0,3	0,4	0,4	0,1	0,5	0,3	0,8	0,4	0,3	0,9	2,4	2,5	2,0
Norðurland vestra	2,6	2,1	1,6	1,5	1,1	2,0	3,4	3,0	2,9	4,1	4,7	5,4	5,4
Norðurland eystra	1,9	2,8	2,1	1,4	1,0	1,4	2,6	3,3	2,9	3,7	5,2	6,0	5,0
Austurland	1,2	1,9	1,4	0,9	0,9	1,2	2,6	3,3	2,9	3,5	4,5	4,4	4,6
Suðurland	1,1	1,5	1,2	1,1	1,0	1,5	2,4	2,4	2,1	3,3	4,1	4,3	5,0
Suðurnes	1,3	1,7	1,9	1,1	0,5	0,7	2,0	1,9	2,3	6,0	5,8	5,0	7,1
Samtals	**1,0**	**1,3**	**0,9**	**0,7**	**0,4**	**0,6**	**1,7**	**1,8**	**1,5**	**3,0**	**4,4**	**4,8**	**5,0**
Karlar, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,7	0,4	0,4	0,1	0,2	1,1	1,1	0,9	2,5	3,7	3,9	4,3
Landsbyggð	1,1	1,2	1,0	0,7	0,5	0,7	1,5	1,8	1,8	2,8	3,6	3,6	3,8
Vesturland	0,8	0,9	0,7	0,6	0,5	0,5	1,0	1,1	1,2	2,2	2,9	3,6	3,1
Vestfirðir	0,3	0,3	0,3	0,2	0,5	0,2	0,6	0,3	0,3	0,8	1,8	1,9	1,6
Norðurland vestra	2,1	1,6	1,2	1,2	0,9	1,4	2,3	2,4	2,6	3,8	4,0	4,0	3,6
Norðurland eystra	1,8	2,2	1,6	1,2	0,7	0,9	2,0	3,0	2,5	3,3	4,4	5,0	4,2
Austurland	1,1	1,4	1,0	0,8	0,8	0,9	1,8	2,2	2,3	3,0	4,2	3,6	4,0
Suðurland	0,6	0,8	0,6	0,7	0,5	0,8	1,6	1,8	1,6	2,6	3,2	3,1	3,4
Suðurnes	0,5	0,8	0,9	0,5	0,2	0,4	1,1	1,1	1,3	3,4	3,8	3,0	5,6
Samtals	**0,9**	**0,9**	**0,6**	**0,5**	**0,3**	**0,4**	**1,2**	**1,4**	**1,3**	**2,6**	**3,6**	**3,8**	**4,1**
Konur, %													
Höfðuborgarsvæði	0,7	0,9	0,6	0,3	0,2	0,3	1,3	1,4	1,0	2,9	5,1	6,0	6,3
Landsbyggð	1,9	2,8	2,4	1,5	1,3	2,0	3,7	3,6	3,1	4,8	5,9	6,6	6,5
Vesturland	1,9	2,8	2,5	1,3	1,5	2,9	5,2	5,0	3,1	4,3	5,2	6,5	5,5
Vestfirðir	0,3	0,6	0,4	0,1	0,5	0,4	1,1	0,5	0,4	1,1	3,3	3,4	2,6
Norðurland vestra	3,3	2,9	2,2	1,9	1,5	3,0	5,2	4,0	3,4	4,5	5,8	7,5	8,3
Norðurland eystra	2,0	3,7	2,9	1,7	1,4	2,0	3,5	3,8	3,4	4,3	6,5	7,5	6,0
Austurland	1,4	2,6	2,1	1,1	1,1	1,8	3,9	5,1	3,8	4,3	4,9	5,6	5,6
Suðurland	1,9	2,8	2,0	1,9	1,9	2,6	3,8	3,4	2,8	4,4	5,6	6,3	7,6
Suðurnes	2,6	3,1	3,7	2,1	1,0	1,1	3,4	3,2	4,0	10,5	8,9	8,2	9,6
Samtals	**1,2**	**1,7**	**1,3**	**0,8**	**0,6**	**0,9**	**2,2**	**2,3**	**1,8**	**3,7**	**5,4**	**6,2**	**6,4**

3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um veiðileyfagjald.

Flm.: Ágúst Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Forsætisráðherra skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og helstu samtökum útgerða, sjómanna, fiskvinnslu og annarra aðila atvinnulífsins.

Nefndin kanni hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa á eftirtalin atriði m.a.: fjárhagslega stöðu sjávarútvegs, hagvöxt, fiskveiðistjórnun, gengisskráningu, viðskipti með veiðileyfi, hagstjórn hérlendis, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega, útflutning, atvinnu, lífskjör, tekjudreifingu og ríkisfjármál. Nefndin leiti ráðgjafar m.a. hjá sérfræðingum á sviði hagfræði innan lands og utan og kynni sér fyrirkomulag í öðrum löndum.

Nefndin kanni enn fremur leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku.

Nefndin skili áliti fyrir marslok 1997 og verði frumvarp um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1997.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga um veiðileyfagjald var flutt á 119. og 120. löggjafarþingi en var ekki útrædd. Hún er nú flutt að nýju, nokkuð breytt.

Inngangur.

Umræðan um fiskveiðistjórnun er í reynd tvíþætt.

Annars vegar er rætt um *fiskveiðistjórnunarkerfið*, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, takmarkanir á einstök veiðarfæri, svæðalokanir, takmarkanir á einstakar gerðir fiskiskipa, framsalsmöguleika, verðmyndun o.fl.

Hins vegar er umræðan um *veiðileyfagjald* sem tengist réttlæti og hagkvæmni, öðrum atvinnurekstri, hagstjórn og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Þessu er oft blandað saman í opinberri umræðu og er það miður. Í þingsályktunartillögunni er aðeins fjallað um veiðileyfagjald en ekki fyrirkomulag við stýringu veiðanna, enda getur álagning veiðileyfagjalds verið óháð stýrikerfinu, þar með töldu núverandi kvótakerfi.

Grundvöllur veiðileyfagjalds er sú staðreynd að fiskstofnarnir kringum landið eru *eign allrar þjóðarinnar*. Þótt nauðsynlegt sé að koma upp stýrikerfi til að stjórna veiðum, þ.e. til að hindra ofnýtingu fiskstofna og nýta þá á hagkvæman hátt, breytir það því ekki hverjir eiga fiskinn í sjónum.

Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðunum og fiskstofnunum er ótvíræður og bundinn í lögum þótt útgerðin fái *tímabundinn afnotarétt* til að draga þann fisk úr sjó. Þessi tímabundni afnotaréttur felst í veiðiheimildum. Fiskimiðin eru sameiginleg og því er óeðlilegt að arður af þeim renni eingöngu til fámenns hóps sem fær afnotaréttinn. Þannig eru hugtökin veiðileyfagjald, *auðlindagjald, veiðigjald* eða *leiga fyrir veiðileyfi* samheiti yfir það að taka gjald við úthlutun veiðiheimilda.

Það gildir um veiðiheimildir eins og annað sem er af skornum skammti að þær eru ávísun á verðmæti. Þar sem ekki er unnt að hafa frjálsar veiðar hér við land, eins og var á árum áður, vegna hættu á ofveiði og óhagkvæmum útgerðarháttum verður ríkisvaldið að úthluta veiðiheimildum eða stýra veiðum eftir öðru fastmótuðu skipulagi.

Þegar ríkið skammtar þegnunum takmörkuð gæði verða þau fémæti ef þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaði. Einmitt þetta hefur gerst og vitaskuld er mjög brýnt og í alla staði eðlilegt að eigandi auðlindarinnar fái í sinn hlut raunverulegt afgjald fyrir notkun eða nýtingarrétt annarra sem ríkið hefur úthlutað samkvæmt eigin ákvörðun. Veiðileyfagjald mun staðfesta þjóðareign á fiskimiðunum og slík skipan stuðlar einnig að skynsamlegri framþróun í efnahagsmálum.

Þetta er nátengt umræðu um hver eigi að njóta afraksturs sameiginlegra auðlinda. Hagkerfi austantjaldsríkjanna gerði ráð fyrir ríkiseign og ríkisnýtingu sem þungamiðju hagkerfisins. Það kerfi var óhagkvæmt og brotnaði niður á örfáum árum eftir að brestirnir urðu öllum ljósir. Þannig verður um öll kerfi sem skapa forréttindi til fárra á kostnað hinna mörgu, ekki hvað síst þegar um sameiginlegar auðlindir er að ræða.

Þessi úthlutun verðmæta af hálfu ríkisins hefur verið án gjaldtöku hingað til þótt vísi að slíku gjaldi megi finna í lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Gjaldtaka Þróunarsjóðs er nú 1,10 kr. á hvert úthlutað þorskígildistonn miðað við afla á fiskveiðiárinu 1994/1995. Hér er um gjald á landaðan afla að ræða. Þessi gjaldtaka er vissulega eins konar veiðileyfagjald. Gjaldið er tiltölulega lágt og rennur til hagræðingar í sjávarútvegi, svo sem til úreldingar fiskiskipa. Hins vegar er mjög umdeilanlegt að Þróunarsjóðurinn skyldi hafa verið látinn yfirtaka skuldir Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Ríkissjóður bar fulla ábyrgð á þeim sjóðum og átti að mati flestra aðila í sjávarútvegi að axla þær ábyrgðir sjálfur en ekki velta þeim yfir á sjávarútveginn. Þessi ráðstöfun fyrsta veiðileyfagjaldsins hefur vitaskuld skapað tortryggni gagnvart ríkisvaldinu og brýnt er að næstu skref við álagningu veiðileyfagjalds verði skýr og sanngjörn.

Fiskveiðiarður og aðrar atvinnugreinar.

Skilvirkt stýrikerfi við fiskveiðar leiðir til þess að svokallaður *fiskveiðiarður*, tekjur umfram kostnað við veiðar, myndast. Í tilviki sjávarútvegs eru tekjurnar það sem fæst fyrir fiskinn. Gengisskráning skiptir vitaskuld miklu máli við myndun tekna í sjávarútvegi þar sem nær allur okkar afli er seldur á erlendum mörkuðum.

Ef veiðarnar eru stundaðar á óhagkvæman hátt, t.d. með því að veiða fiskinn á miklu fleiri skipum en nauðsynlegt er, getur sú staða komið upp að tekjur fyrir afurðirnar dugi rétt til að greiða þann heildarkostnað sem fellur til. Þá myndast enginn fiskveiðiarður og ekkert er aukalega til skiptanna. Markmið fiskveiðistjórnunar er hins vegar að hámarka afraksturinn af auðlindinni til lengri tíma og vissulega stefnum við að því að fiskveiðiarðurinn verði meiri en nú er. Fiskveiðiarðurinn dreifist um hagkerfið, m.a. í formi keyptra aðfanga og fjárfestinga.

Eitt af helstu vandamálum okkar í hagstjórn er hve illa hefur gengið að byggja upp aðrar útflutningsgreinar. Styrkleiki sjávarútvegs er svo mikill, aðallega vegna gjöfulla fiskimiða, að annar útflutningsiðnaður hefur átt mjög erfitt uppdráttar. Sjávarútvegurinn sem heild þolir almennt miklu hærra gengi en annar útflutningsiðnaður. Það eru hins vegar takmörk fyrir því hve mikil verðmæti við fáum úr íslenskum fiskimiðum. Fiskstofnarnir eru flestir fullnýttir og nokkrir ofveiddir. Vitaskuld munum við enn auka nokkuð verðmætasköpun í sjávarútvegi, m.a. með nýtingu fleiri fiskstofna, meiri úrvinnslu afla og öflugri markaðsstarfsemi. En Íslandsmið eru ekki ótakmörkuð auðlind.

Sókn Íslendinga til betri lífskjara verður m.a. erlendis þar sem við munun væntanlega ásamt öðru veiða, vinna og selja fisk í enn ríkara mæli en nú er. Fjöldi Íslendinga mun í framtíðinni starfa erlendis en annar öflugur útflutnings- og samkeppnisiðnaður verður að byggjast upp hérlendis. Liður í því er m.a. að sjávarútvegurinn greiði fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind.

Höfuðatriði við fiskveiðar er að fiskveiðistjórnunarkerfið sé hagkvæmt og feli í sér að fiskveiðiarður myndist og að honum sé ekki sóað með röngu skipulagi. Ástæða þess að ríkisvaldið heldur uppi skipulagi og eftirliti við fiskveiðar er vitaskuld sú að með slíku fæst verulegur afrakstur í þjóðarbúið. Það er hins vegar grundvallaratriði að ekki sé hægt að fénýta eign annarra án þess að gjald komi fyrir og fiskimiðin eru eign allrar þjóðarinnar en ekki útgerðarmanna. Hugmyndir um veiðileyfagjald lúta þannig að því að hluti af fiskveiðiarðinum renni beint til þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna.

Verslun með veiðiheimildir í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er umfangsmikil. Stór hluti hennar felst í skiptum á veiðiheimildum milli skipa í sömu útgerð eða skipti á veiðiheimildum milli óskyldra aðila. Umtalsverð viðskipti eru einnig með kvóta sem er leigður eða seldur gegn greiðslu. Hækkandi verð á leigukvóta og varanlegum kvóta auk góðrar afkomu í flestum greinum útgerðar sýnir glöggt að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur aukið fiskveiðiarð.

Fiskveiðiarður er umtalsverður í núverandi kerfi. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á tiltölulega háu verði sem er sönnun fyrir því að innan sjávarútvegsins er til fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Þau viðskipti eiga sér hins vegar stað án þess að almenningur fái nokkuð í sinn hlut þar sem veiðiheimildunum er úthlutað án endurgjalds.

Hafa ber í huga að *nýir aðilar í útgerð* greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir. Þeir greiða hins vegar ekkert til ríkisvaldsins eða almennings heldur til annarra útgerðarmanna sem fá þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári. Miðað við að fiskveiðiarðurinn aukist mun verð á veiðiheimildum sífellt hækka, eins og reyndar hefur gerst undanfarin ár. Gjaldið rennur hins vegar allt til þeirra sem fá hina árlegu, ókeypis úthlutun.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á áhrifum þessarar ókeypis úthlutunar á fiskvinnsluna. Fiskveiðiarðurinn myndast fyrst og fremst innan útgerðarinnar og kemur m.a. fram í hærra kvótaverði sem fiskvinnslan verður í mörgum tilvikum að greiða. Þannig þrengir sífellt að fiskvinnslunni. Henni eru ekki gefnir rýmri möguleikar eins og væri ef veiðileyfagjald er lagt á samhliða gengislækkun. Fiskvinnslan á þannig t.d. sífellt erfiðara með að mæta kröfum um hærri laun og meiri framleiðni í kjölfar aukinna fjárfestinga.

Almenningi í landinu blöskrar það óréttlæti sem blasir við í núverandi kerfi, þegar einstakir útgerðarmenn geta hagnast um margar milljónir króna á sölu eða leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð fyrir þann rétt að vera handhafi heimildanna. Spurningin er hvort eigandi auðlindarinnar, þjóðin öll, eigi að fá greiddan arð af eign sinni eins

og eigendur annarra eigna fá eða hvort úthluta eigi kvótanum áfram á meintum sögulegum forsendum þannig að þeir sem hingað til hafi fengið hann fái hann áfram og þá endurgjaldslaust.

Ákveðnir aðilar eiga ekki að fá ókeypis aðgang að sameiginlegri auðlind. Það er óásættanlegt að ríkið skuli skammta mönnum rétt til þess að selja og hagnast á annarra manna eign.

Framkvæmd þingsályktunartillögunnar.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að undirbúa löggjöf um veiðileyfagjald. Flutningsmenn telja eðlilegt, með tilliti til mikilvægis málsins, að *forsætisráðherra* skipi nefndina. Í fyrri tillögum var gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra skipaði slíka nefnd. Við nánari athugun, eins og skýrt er ítarlega í greinargerðinni, eru áhrif álagningar veiðileyfagjalds víðtæk, m.a. á önnur svið efnahagsmála. Því þykir eðlilegt að forsætisráðherra, sem fer með meginþætti efnahagsmála af hálfu framkvæmdarvaldsins, skipi slíka nefnd. Að mati flutningsmanna kemur einnig til greina að Alþingi skipi nefndina sem skili fullbúnu frumvarpi sem síðan yrði lagt fyrir Alþingi.

Gert er ráð fyrir tilnefningum ýmissa aðila í nefndina, þ.e. fulltrúum þingflokka og hagsmunasamtaka, og að leitað verði álits sérfræðinga. Nefndinni er falið að kanna áhrif veiðileyfagjalds á eftirfarandi þætti m.a.:

— fjárhagslega stöðu sjávarútvegs,
— hagvöxt,
— fiskveiðistjórnun,
— gengisskráningu,
— viðskipti með veiðileyfi,
— hagstjórn hérlendis,
— byggðaþróun,
— samkeppnisstöðu atvinnuvega,
— útflutning,
— atvinnu,
— lífskjör,
— tekjudreifingu og
— ríkisfjármál.

Nefndinni er þannig ætlað að vinna vandað lagafrumvarp þar sem áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar verði könnuð ítarlega.

Vitaskuld er hugmyndafræðin um veiðileyfagjald eða auðlindagjald víðtækari en svo að hún eigi einungis við í sjávarútvegi. Víða erlendis þekkist að greitt sé sérstaklega fyrir nýtingu á námum sem eru í þjóðareign. Það er fullt samræmi í því að leggja *auðlindagjald* á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis, t.d. vatnsaflið. Sama gildir ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum eins og sjónvarpsrásum. Í þingsályktunartillögunni er beinilínis gert ráð fyrir því að nefnd sem skipuð verður til að undirbúa löggjöf um veiðileyfagjald í sjávarútvegi verði einnig falið að kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi eru ýmiss konar.

Í fyrsta lagi er *réttlætissjónarmið*. Hér er átt við að það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og þeir sem fengu úthlutað veiðiheimildum upphaflega geti hagnast verulega með því að selja þær eða leigja. Þeir hafi ekkert greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald. Það er forsenda fyrir því að sátt náist um framsal veiðiheimilda í núverandi kvótakerfi að lagt sé á veiðileyfagjald.

Í öðru lagi er nefnt sem röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að annars safnist mikill hagnaður, *fiskveiðiarður*, innan útgerðar þegar fram líða stundir, arður sem ætti að dreifast meðal landsmanna allra. Undanfarna áratugi hefur þetta verið „leyst" þannig að gengið hefur verið tiltölulega hátt skráð sem leiðir til ódýrari innflutnings. Þetta er ástæðan fyrir því að oft er sagt að sjávarútvegurinn hafi í reynd alltaf greitt nokkurs konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald.

Þannig hefur afrakstri af sjávarútvegi verið veitt inn í hagkerfið öllum til hagsbóta. Aðrar atvinnugreinar hafa hins vegar þurft að sætta sig við það gengisstig sem hentar sjávarútveginum hverju sinni og hefur það einkum komið illa niður á öðrum útflutnings- og samkeppnisiðnaði. Þegar illa hefur gengið í fiskiðnaði hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem allir þekkja. Þetta á ekki lengur við þegar efnahagsstefnan er sú að:

— halda gengi sem stöðugustu,
— halda verðbólgu sem lægstri og
— freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs.

Veiðileyfagjald í sjávarútvegi er því eðlilegt og rökrétt framhald þjóðarsáttar um jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram sem rökum fyrir veiðileyfagjaldi að með því sé hægt að *draga úr óhagkvæmri sókn* vegna kostnaðaraukans af gjaldinu fyrir útgerðina. Þannig væri skattlagning veiðiheimilda liður í fiskveiðistjórnunarkerfi. Innan fiskihagfræðinnar er talið að slík skattlagning sé erfið í framkvæmd sem stýritæki og erfitt sé að hitta á rétt skatthlutfall til að tryggja hagkvæmni. Það er þó grundvallaratriði í stýrikerfi veiðanna að útgerðaraðilar geti framselt heimildir sín í milli og þannig tryggt hagkvæmni í útgerðarháttum. Helsti galli framsals við núverandi aðstæður er að hægt er að hagnast á viðskiptum með eign annarra án þess að greiða nokkuð til eigendanna.

Í fjórða lagi getur veiðileyfagjald verið leið til *sveiflujöfnunar* í sjávarútvegi en sveiflur innan þeirrar atvinnugreinar vegna verðbreytinga á erlendum mörkuðum hafa oft veruleg áhrif á hagstjórn hérlendis. Hér liggur sú hugmynd að baki sem hefur verið haldið á loft af ýmsum hagfræðingum að með breytilegu veiðileyfagjaldi sé hægt að vinna gegn sveiflum í sjávarútvegi. Þannig yrði veiðileyfagjald hækkað þegar vel árar í atvinnugreininni og útlit væri fyrir þenslu innan sjávarútvegs sem hefði verðbólguhvetjandi áhrif í hagkerfinu. Hins vegar yrði gjaldið lækkað þegar útflutningsverð lækkar eða afli dregst meira saman en gert er ráð fyrir. Þessi röksemdafærsla er náskyld umræðunni um verðjöfnunargjald eða verðjöfnunarsjóð. Því hefur hins vegar oft verið haldið fram að sveiflujöfnun ætti að vera innan fyrirtækjanna sjálfra en einnig hefur verið bent á að með því að auka sveigjanleika í skattkerfinu er hægt að búa til umgjörð um sveiflujöfnun. Þó er hægt að fella sveiflujöfnuð inn í veiðileyfagjald ef hluti aflaheimilda, t.d. 10–20% kvótans, yrði seldur á opinberum markaði. Þá ræður markaðurinn veiðileyfagjaldinu. Það yrði hærra í góðæri og lægra ef verr árar og stuðlaði þannig sjálfkrafa að sveiflujöfnun í sjávarútvegi.

Þannig eru fjölmörg rök fyrir veiðileyfagjaldi, bæði hagræns eðlis, svo sem að styrkja annan atvinnurekstur, og réttlætissjónarmið gagnvart þjóðinni.

Hagræn áhrif veiðileyfagjalds.

Því er oft haldið fram að veiðileyfagjald sé viðbótarskattlagning á eina atvinnugrein. Hér þarf að hafa í huga að veiðileyfagjald er lagt á vegna þess að það hefur myndast og mun myndast verulegur arður af nýtingu fiskstofnanna að því tilskildu að stjórn fiskveiða sé skynsamleg.

Ef veiðileyfagjald verður nýtt til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg er ekki um skattlagningu að ræða, sbr. alþjóðlegar skilgreiningar. Staðlar OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skipta tekjum ríkisins í fjóra flokka, þ.e.:

— skatttekjur,
— rekstrartekjur,
— aðrar tekjur og
— þjónustutekjur.

Íslensk yfirvöld hafa tekið upp sömu flokkun í meginatriðum, þó þannig að aðrar tekjur skiptast í tekjur vegna sölu eigna, svo og fjármagnstilfærslur og fjárframlög. Þjónustutekjur eru ekki færðar í tekjuhlið fjárlaga heldur dregnar frá gjöldum á gjaldahlið. Meginatriði er að skatttekjur eru lögbundin gjöld sem ríkið innheimtir án þess að þjónusta sem svarar beinlínis til gjaldanna komi á móti. Þetta er það sem kallast skattar í daglegu tali og undir skatttekjur ríkisins fellur t.d. tekjuskattur, eignarskattur og virðisaukaskattur.

Rekstrartekjur eru greiðslur frá einstaklingum og lögaðilum fyrir tiltekna þjónustu ríkisins sem það eitt veitir og þeir sem greiða hafa þörf fyrir. Undir þennan flokk falla einnig arðgreiðslur og *leigutekjur,* t.d. afgjöld ríkisjarða, greiðslur vegna útgáfu vegabréfa, vottorða eða ökuskírteina o.fl. Hér er grunnhugsunin sú að gjaldtaka af aðila sem veitt er tiltekin, sérhæfð, afmörkuð þjónusta kallast ekki skattar í hefðbundnum skilningi. Þannig er ljóst að sé lagt á veiðileyfagjald til að standa undir sérhæfðum kostnaði við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir og eftirlit við veiðar og vinnslu, er *ekki um að ræða skattheimtu* samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum heldur rekstrartekjur eða eins konar þjónustugjöld. Þess má geta að Nýsjálendingar, sem búa við svipað kvótakerfi og við, hafa gjaldtöku við úthlutun veiðiheimilda til að standa undir hluta af kostnaði við þjónustu við sjávarútveg.

Ef veiðileyfagjald yrði hins vegar aukið verulega umfram beinan kostnað ríkisins við sjávarútveg og kæmi í stað annarra skatta, t.d. tekjuskatta, er um skatttekjur ríkisins að ræða enda er álagning veiðileyfagjalds þá liður í stórfelldri endurskipulagningu á skattkerfi ríkisins.

Beinn kostnaður hins opinbera við sjávarútveg er um 3 milljarðar kr. Hafrannsóknir kosta um 700 millj. kr. á ári, annar kostnaður á vegum sjávarútvegsráðuneytis, þar með talinn rekstur Fiskistofu, er um 300 millj. kr. Kostnaður í menntakerfi vegna sjávarútvegs er á annað hundrað millj. kr., kostnaður við hafnagerð ríflega 500 millj. kr. Einnig má nefna sérstakan afslátt í tekjuskattskerfinu, svokallaðan sjómannaafslátt, sem er einn og hálfur milljarður kr.

Hugmyndir um upphæð veiðileyfagjalds, eins og þær birtust í breytingartillögum þingmanna Alþýðuflokks og Þjóðvaka við síðustu fjárlagagerð, voru á bilinu 500–700 millj. kr. Þegar haft er í huga að árlegt aflaverðmæti er á milli 50–60 milljarðar kr. er ljóst að til að byrja með yrði um lágt veiðileyfagjald að ræða. Það sést vel á samanburði á þeim fjárhæðum sem eru til skiptanna innan sjávarútvegsins og á markaðsvirði veiðiheimilda, eins og það endurspeglast í viðskiptum með kvótann, að sú gjaldtaka sem er fyrirhuguð er mjög lág þótt hún hækki vitaskuld eftir því sem fiskveiðiarðurinn eykst.

Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema *15–30 milljörðum kr.* árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð. Núverandi fiskveiðiarður er mun minni, líklega innan við 5 milljarðar kr., en er þó nokkrir milljarðar, eins og sést m.a. vel á umfangi kvótaviðskipta. Þannig er ljóst að talsmenn veiðileyfagjalds hafa fæstir talað um að mjög stór hluti fiskveiðiarðsins yrði tekinn út úr greininni, a.m.k. ekki fyrst um sinn. Ef veiðileyfagjald yrði nýtt til almennrar tekjuöflunar ríkisins telst það hagkvæmur skattur í skilningi hagfræðinnar miðað við aðra skatta, eins og tolla, tekjuskatt og virðisaukaskatt.

Þótt hagkerfi samkeppninnar ásamt einkaeignarrétti einstaklinga á framleiðslutækjum og varanleg afnot einstaklinga af náttúruauðlindum skili þegnum samfélagsins betri lífskjörum en önnur þekkt hagkerfi samkvæmt kenningum í sígildri hagfræði sýna sömu fræði að almenn velsæld er ekki best tryggð með því að fáir einstaklingar sitji nær einir að afrakstri mestu auðlindar þjóðarinnar.

Sýnt hefur verið fram á að með góðu fiskveiðistjórnunarkerfi er hægt að ná fiskveiðiarðinum upp í allt að 30 milljarða kr. á ári. Tekjuskattur einstaklinga er um 17 milljarðar kr. á ári þannig að með álagningu veiðileyfagjalds væri þegar fram liðu stundir hægt að fella niður tekjuskatt einstaklinga en skilja þó verulegan hluta arðsins eftir innan sjávarútvegsins eða mun meiri arð en óbreytt fyrirkomulag tryggir.

Eitt helsta vandkvæði við umræðu um veiðileyfagjald er að flestir forsvarsmenn sjávarútvegsins og ýmsir stjórnmálamenn átta sig ekki á að álagning veiðileyfagjalds styrkir sjávarútveg til lengri tíma, ekki síst ímynd hans. Þannig:

— skapast svigrúm til að haga gengisskráningunni þannig að aðrar atvinnugreinar verði öflugar við hlið sjávarútvegs,
— helst fiskveiðiarðurinn að hluta til innan sjávarútvegsins,
— yfirtekur sjávarútvegurinn ýmis þjónustuverkefni ríkisvaldsins með kostnaðarþátttöku og
— næst sátt um að lagfæra það mikla óréttlæti sem felst í því að handhafar veiðiheimilda geta hagnast stórlega á viðskiptum með þær án þess að greiða nokkuð til hinna lögmætu eigenda fiskimiðanna.

Ef veiðileyfagjald er ekki tekið upp mun skapast mikil þensla innan sjávarútvegs við gott stjórnkerfi og vaxandi fiskveiðiarð, m.a. í formi hærri launa sjómanna vegna hlutaskiptakerfisins. Þetta ójafnvægi í efnahagsmálum mun leiða til þess að þrýstingur á raungengið eykst og það hækkar sem svarar til gengishækkunar eða minni gengislækkunar en nauðsynlegt er við mikla verðbólgu eins og við þekkjum vel. Þannig verður aftur farin hin gamalkunna leið við að draga fiskveiðiarðinn út úr sjávarútvegi með gengisstefnunni án þess að skilja nokkuð eftir og önnur fyrirtæki búa áfram við slæmt rekstrarumhverfi.

Álagning veiðileyfagjalds er einfaldlega betri leið til að skipta fiskveiðiarðinum en gamla aðferðin sem fólst í því að taka fiskveiðiarðinn út úr sjávarútvegi með of hátt skráðu gengi.

Þessi atburðarás hjá þjóðum sem eiga auðuga auðlind til gjaldeyrissköpunar en ná ekki að nýta það sóknarfæri til að örva hagvöxt og bæta lífskjör með skynsamlegri gengisstefnu hefur verið kölluð *hollenska veikin.* Með því er vísað til vandkvæða sem Hollendingar lentu í þegar jarðgas fannst þar í landi. Þetta leiddi til svo hás gengis að annar útflutningsiðnaður lenti í kröggum og afleiðingin varð atvinnuleysi og minnkandi hagvöxtur. Íslendingar hafa lent í sama feni með efnahagsstjórn sína undanfarna áratugi og ekki nýtt þá möguleika sem aukinn útflutningur gefur til hagvaxtar.

Útflutningsviðskipti hafa verið uppspretta aukins hagvaxtar síðustu áratugi hjá flestum þjóðum. Hérlendis hefur hlutur útflutnings í landsframleiðslunni verið óbreyttur í 30 ár eða um þriðjungur. Hlutdeild útflutnings í verðmætasköpun hjá öðrum þjóðum hefur aukist um helming á sama tíma. Þessi válega staðreynd tengist umræðunni um veiðileyfagjald. Okkur tókst að losna út úr verðbólgudansinum sem einkenndi efnahagslífið frá 1970 til 1990 og nú er lífsnauðsynlegt að endurskipuleggja sjávarútveginn og efnahagslífið eins og hugmyndafræðin um veiðileyfagjald gerir ráð fyrir, annars fellur allt í sama farið og áður, lífskjör hér verða lakari og afkoma sjávarútvegsfyrirtækja verri en þyrfti að vera.

Rök gegn veiðileyfagjaldi.

Ýmiss konar rök hafa verið færð gegn álagningu veiðileyfagjalds. Því er m.a. haldið fram að veiðileyfagjald tefli í tvísýnu þeirri þróun í átt að meiri hagkvæmni sem þegar á sér stað. Þetta eru ekki sterk rök ef þess er gætt að stilla álagningu veiðileyfagjalds í hóf, sérstaklega fyrst um sinn þar til fiskveiðiarðurinn hefur aukist. Sama á við þegar rætt er um að útgerðin sé ekki aflögufær núna.

Vitanlega er hægt að hugsa sér þá útfærslu á veiðileyfagjaldi að hluti þess greiddi kostnað hins opinbera við sjávarútveg og hluti væri notaður til að lækka erlendar skuldir landsmanna.

Þau rök heyrast einnig gegn veiðileyfagjaldi að fái ríkið umráð yfir nýjum tekjustofni verði skatturinn fljótlega hækkaður auk þess sem ríkið á að fara illa með fé. Þessu er ekki hægt að svara með öðru en því að mikilvægt er að tryggilega sé gengið frá löggjöf um þetta efni, eins og þingsályktunartillagan gerir reyndar ráð fyrir. Hæfi ríkisvaldsins til að fara með fjármuni er vitaskuld pólitískt matsatriði en flutningsmenn tillögunnar telja ekki ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af því.

Einnig er nefnt að veiðileyfagjald sé sérstakur skattur á landsbyggðina. Áður hefur verið sýnt fram á að hér er ekki um skattlagningu að ræða ef gjaldinu er varið til að greiða sértækan kostnað vegna sjávarútvegs. Veiðileyfagjald er einnig almenn gjaldtaka fyrir úthlutaðar aflaheimildir, óháð því hvar fyrirtækin eru staðsett.

Þvert á móti er hægt að halda því fram að núverandi kerfi, án veiðileyfagjalds, sé sérstakur skattur á þá staði sem ráða yfir litlum kvóta og verða að greiða verulegar fjárhæðir til handhafa veiðiheimilda sem hafa fengið þær ókeypis. Þessir staðir eru einkum á landsbyggðinni.

Landsbyggðin þarf ekki síst á því halda að annar og fjölbreyttari atvinnuvegur nái að byggjast upp, svo sem ýmiss konar þjónustuiðnaður við sjávarútveginn. Sjávarútvegur er víða rekinn annars staðar en á landsbyggðinni og þess má geta að Reykjaneskjördæmi er langstærsta sjávarútvegssvæði landsins. Það er því mikil skrumskæling á þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki veiðileyfagjaldi að reyna að reka fleyg milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Hvernig ber að leggja á veiðileyfagjald?

Ýmsir möguleikar eru við útfærslu veiðileyfagjalds og fer afstaða manna eðlilega eftir stjórnmálalegum grundvallarsjónarmiðum og þeim hagsmunum sem menn vilja taka tillit til. Ekki er líklegt að nein ein aðferð yrði ofan á í hreinu formi enda þarf m.a. að gæta að fiskveiðistjórnun við útfærslu veiðileyfagjalds. Einnig þarf að ákveða hvernig tekjum af veiðileyfagjaldi er varið og til greina kemur að verja þeim til að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir o.fl. Hér á eftir eru raktir helstu möguleikar við útfærslu á álagningu veiðileyfagjalds.

Í fyrsta lagi er hægt að *dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna* og leyfa þeim að versla með þær þannig að útgerðarmenn yrðu að kaupa þær á markaði, svipuðum hlutafjármarkaði, til að geta haldið til veiða. Þetta kerfi gæti reynst nokkuð erfitt í framkvæmd en aðferðin hefur verið notuð víða við almannavæðingu eða einkavæðingu.

Í öðru lagi er hægt að *leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi.* Kvóta yrði úthlutað til langs tíma, eins og nú, sem hlutdeildarkvóta. Þetta er líklega einfaldasta leiðin í framkvæmd. Gjaldið gæti runnið til hafrannsókna og uppbyggingar, m.a. á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi.

Í þriðja lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu *uppboði,* annaðhvort veiðiheimildir fyrir allan fiskafla eða hluta hans.

Í fjórða lagi er hægt að láta útgerðina *greiða gjald í eitt skipti fyrir veiðiheimildir* og yrði afnotarétturinn þá eign í þeim skilningi að vildu stjórnvöld breyta kerfinu yrði að taka þennan rétt eignarnámi og greiða bætur þar sem aðilar hefðu þegar greitt fyrir réttinn. Þetta kerfi er til langs tíma en það tekur hins vegar ekki til efnahagsstjórnunar.

Í fimmta lagi er hægt að *skattleggja útvegsfyrirtæki sérstaklega í tekjuskattskerfinu.* Þá væri útvegsfyrirtækjum gert að greiða hærri tekjuskatt en öðrum fyrirtækjum vegna þess að þau nýta sameiginlega auðlind til að mynda þennan hagnað. Þessi aðferð hefur þann kost að ekki er skattlagt nema hagnaður sé til staðar og fiskveiðistjórnunarkerfið á að leiða til hagnaðar í greininni.

Í sjötta lagi er hægt að láta gjaldtöku fyrir veiðiheimildir aðeins ná til *viðbótarkvóta* eftir því sem fiskstofnar eflast. Í annig væri einungis lagt á veiðileyfagjald fyrir þær heimildir sem væri úthlutað t.d. umfram 200 þús. tonn af þorski en úthlutun fyrir fiskveiðiárið 1996/1997 var 185 þús. tonn af þorski og fyrir fiskveiðiárið 1995/1996 155 þús. tonn. Með þessari útfærslu er komið til móts við þær mótbárur að álagning veiðileyfagjalds sé þungbær skattlagning á vanmáttuga atvinnugrein. Þessi aðferð hentar einnig vel til sveiflujöfnunar ef viðbótarheimildirnar væru seldar á opinberu uppboði.

Í sjöunda lagi er hægt að *blanda saman einhverjum þessara aðferða.* Skapa má svigrúm og auðvelda aðgang nýliða með því að hafa annars vegar árlegt gjald og hins vegar uppboð eða sérúthlutun, t.d. þannig að hver útgerðarmaður ætti árlega rétt á að leigja á ný 90% af heimildum fyrra árs en yrði að nálgast umframheimildir á uppboði þar sem allir ættu rétt á að bjóða. Þannig mundi hætta á kapphlaupi um sem mestar heimildir minnka þar sem á hverju ári væri hægt að bæta við sig ef menn teldu þörf á.

Flutningsmenn telja að leiðir 2, 6 og 7 hér að framan séu heppilegastar sem fyrsta skref, miðað við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Ný efnahagsstefna.

Flutningsmönnum þykir rétt að gera nokkra grein fyrir tiltekinni útfærslu við álagningu veiðileyfagjalds sem hefur oft verið gerð að umtalsefni undanfarin ár. Þessi útfærsla felst í að:

— innheimta árlegt veiðileyfagjald,
— lækka gengið sem styrkir stöðu annars útflutningsiðnaðar og auðveldar sjávarútveginum greiðslu gjaldsins og
— nota veiðileyfagjaldið til að lækka skatta þannig að almenningur verði ekki fyrir tekjutapi vegna gengislækkunar.

Sjávarútvegurinn stæði í sömu sporum og áður en aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar hefðu hagnast. Þessi útfærsla er liður í því að styrkja annan útflutningsiðnað, þó án þess að hagur sjávarútvegs versni, en einföld útfærsla þessa gæti þýtt nokkra kjaraskerðingu í byrjun. Hins vegar er nauðsynlegt við álagningu veiðileyfagjalds að fikra sig í þessa átt til að skapa betri skilyrði fyrir annan atvinnurekstur, í ljósi aukinnar erlendrar samkeppni.

Hér hefur skýrt verið dregið fram að fiskveiðiarðurinn mun aukast hérlendis miðað við að fiskveiðistjórnunarkerfið haldi áfram að skila hagkvæmni við veiðar, svo og að vinnsla og sala afurða byggist á hagkvæmum lögmálum markaðshagkerfisins. Stöðugt hækkandi kvótaverð staðfestir þessa þróun.

Jafnframt hefur verið leidd í ljós ósanngirni þess að almenningur nýtur ekki þessa arðs nema óbeint og nýir aðilar verða að greiða fullt verð fyrir veiðiheimildir — til þeirra sem fá þeim úthlutað ókeypis. Þeir stjórna því í reynd hverjir fá að veiða.

Aukinn fiskveiðiarður svarar til uppsveiflu í sjávarútvegi og leiðir til *raungengishækkunar* sem mun valda öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum miklum erfiðleikum. Raungengi, sem er hlutfall verðlags eða launa innan lands og utan mælt í sömu mynt, ræðst m.a. af framboði og eftirspurn eftir vinnuafli. Launahækkun í sjávarútvegi sem afleiðing af auknum fiskveiðiarði hefur mikil áhrif á launaþróun í öðrum atvinnugreinum. Álagning veiðileyfagjalds ásamt gengislækkun samhliða skattalækkun er leið til að vinna gegn raungengishækkun.

Um þessar mundir býr sjávarútvegurinn við mjög lágt raungengi, afkoman er góð í mörgum greinum sjávarútvegs og iðnaðar- og samkeppnisframleiðsla hefur tekið vel við sér undanfarin ár, enda er efnahagsumhverfið allt annað en var fyrir 1990.

Þjóðhagsstofnun reiknaði út árið 1994 tvö dæmi um áhrif þess að leggja á veiðileyfagjald samhliða gengislækkun. Gengislækkunin var þannig ákveðin að auknar tekjur sjávarútvegsins vegna hennar voru jafnháar veiðileyfagjaldinu. Fyrra dæmið fólst í því að tryggja með lækkun virðisaukaskatts að verðlag hækki ekki. Virðisaukaskattur var því lækkaður meira en nam veiðileyfagjaldinu. Það leiðir til:
— nokkuð verri afkomu ríkissjóðs,
— sömu stöðu sjávarútvegs,
— nokkru betri stöðu annarra útflutningsgreina,
— sama kaupmáttar launafólks,
— ívið verri viðskiptajafnaðar,
— verulegrar aukningar landsframleiðslu og
— verulega aukinnar atvinnu.

Síðara dæmið fólst í því að virðisaukaskattur var lækkaður um svipaða fjárhæð og veiðileyfagjaldið. Þetta hefur þau áhrif að:
— verðlag hækkar aðeins,
— afkoma ríkissjóðs verður óbreytt,
— staða sjávarútvegs er sú sama,
— staða annarra útflutningsgreina batnar verulega,
— kaupmáttur dregst aðeins saman,

— viðskiptajöfnuður batnar,
— landsframleiðsla eykst nokkuð og
— atvinna eykst einnig nokkuð.

Sjávarútvegurinn er í sömu stöðu og áður þrátt fyrir álagningu veiðileyfagjalds. Þetta sýnir vel að rök fyrir veiðileyfagjaldi eru mjög þung, bæði *réttlætisröksemdirnar* og *hin hagrænu rök.*

Þannig eru til margs konar leiðir við að leggja á veiðileyfagjald og nefndin mun fjalla um þessar og aðrar aðferðir. Meginatriðið er að því verði komið á. Skynsamlegt er að í byrjun sé um tiltölulega lágar greiðslur að ræða sem gætu hækkað eftir því sem sjávarútvegurinn hefur burði til að greiða. Ef genginu væri jafnframt beitt til að auðvelda sjávarútveginum greiðslu gjaldsins mundi annar útflutningsiðnaður styrkjast. Þá er hér komin *samræmd efnahagsstefna* sem:

— skilar auknum hagvexti á næstu árum,
— eflir sjávarútveginn og
— er fylgt fram í samræmi við réttlætiskennd þjóðarinnar, eiganda fiskimiðanna.

4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um styttingu vinnutíma án lækkunar launa.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögu að áætlun til þriggja ára um raunverulega styttingu vinnutímans og við það miðað að í lok áætlunartímabilsins verði vinnutími hér á landi ekki lengri en er að jafnaði í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, t.d. í Danmörku eða annars staðar á Norðurlöndum.

Jafnframt verði tekið til athugunar að skipta vinnu milli fólks sem lið í að draga úr atvinnuleysi og stytta vinnutíma.

Til samstarfs um þetta verkefni verði kallaðir aðilar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandinu og Vinnuveitendasambandi Íslands. Áætlunin verði unnin undir forustu forsætisráðuneytisins.

Í áætluninni verði við það miðað að launatekjur lækki ekki þrátt fyrir styttri vinnutíma.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir lok ársins 1997.

Greinargerð.

Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra bað á síðasta þingi um skýrslu frá forsætisráðherra um muninn á lífskjörum á Íslandi og í Danmörku. Einsök atriði skýrslunnar verða ekki rifjuð upp hér en fram kom að aðalmunurinn á lífskjörum hér og þar felst í lágu tímakaupi á Íslandi og gríðarlegri yfirvinnu til að vinna það upp. Af þessu leiðir að minni tími er fyrir fjölskyldur og heimili. Þingsályktun þessi er fyrsta þingmál þing-

flokks Alþýðubandalagsins og óháðra á þessu hausti. Ástæða þess er sú að þingflokkurinn telur allt of langan vinnutíma undirrót margvíslegra félagslegra vandamála. Lág laun og langur vinnutími hefur veruleg áhrif á stöðu fjölskyldunnar í íslensku samfélagi. Þessi tillaga er fyrsta framlag þingflokksins í málatilbúnaði sem lýtur að því að móta heildstæða stefnu í fjölskyldumálum.

Umræða um málefni fjölskyldunnar hefur verið almenn og óljós. Þess vegna hafa verið teknar ákvarðanir í skattamálum og atvinnumálum, heilbrigðismálum, tryggingamálum og menntamálum sem hafa kippt stoðum undan afkomu margra fjölskyldna í landinu. Aðalvandi fjölskyldnanna er ekki einstakar aðgerðir heldur og því miður röð ákvarðana núverandi stjórnvalda þar sem frumkvæði, vilji og orka almennings eru troðin niður. Gleggstu dæmin í þeim efnum eru jaðarskattarnir.

Nú styttist í að samþykkt ESB nr. 93/104 taki gildi hér á landi. Þá eykst þrýstingur á að vinnutíminn verði styttur og því er mikilvægt að fundnar séu leiðir til þess án þess að það lækki ráðstöfunartekjur heimilanna. Í skýrslunni um samanburð á kjörum fólks á Íslandi og í Danmörku kemur m.a. fram að vinnutími einstakra hópa hér á landi er allt að 51 stund á viku að jafnaði en nær ekki 40 stundum í Danmörku. Þrátt fyrir þetta mikla vinnuálag nær íslenskur launamaður ekki sömu ráðstöfunartekjum á mánuði og danskur. Við þetta verður ekki unað. Hér verður ekki mótuð raunhæf fjölskyldustefna ef ekki er tekið á þessum vanda. Taxtalaun verða að vera meginuppistaða í tekjum heimilanna. Með bættu skipulagi innan fyrirtækja og aukinni framleiðni þeirra ætti að vera unnt að ná þessu markmiði. Tillaga þessi er ekki aðeins mikilvæg frá almennu félagslegu sjónarmiði heldur er hún einnig mikilvægur þáttur í mótun heildstæðrar atvinnustefnu sem Alþýðubandalagið leggur áherslu á.

5. Beiðni um skýrslu [5. mál]

frá félagsmálaráðherra um afleiðingar langs vinnutíma hér á landi.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um þau áhrif sem langur vinnutími hér á landi hefur á þjóðarbúið og hag íslenskra fjölskyldna. Í skýrslunni komi fram hver áhrif vinnutíma eru m.a. á:

a. kjör launafólks,
b. framleiðni fyrirtækja og afkomu þeirra,
c. slysa- og veikindatíðni og
d. fjölskyldulíf.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Á síðasta þingi óskaði þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra eftir skýrslu um muninn á launum og lífskjörum á Íslandi og í Danmörku.

Í þeirri skýrslu kemur glögglega fram að íslenskt launafólk þarf að vinna mun lengri vinnutíma en launafólk í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Oft er litið á langan vinnutíma sem afleiðingar þess hve lágir launataxtar eru algengir hér á landi, launafólk verði að bæta sér upp lág laun með óhóflega löngum vinnudegi. Ekki er úr vegi að athuga hvort það sé ekki vegna þessa langa vinnutíma sem launataxtar eru svona lágir. Líklegt er að áhrif langs vinnutíma komi m.a. fram í minni framleiðni, lélegri skipulagningu vinnu og þar af leiðandi verri afkomu fyrirtækja.

Langur vinnutími er einnig líklegur til að auka fjarveru vegna veikinda og e.t.v. slysatíðni. Fróðlegt væri t.d. að kanna á hvaða tímum er algengast að vinnuslys eigi sér stað og hvort tengsl séu á milli vinnutíma og slysatíðni. Ekki þarf að fjölyrða um þann aukna kostnað sem veikindi og slys leiða af sér fyrir samfélagið á ýmsum sviðum og sem e.t.v. má rekja til þessa langa vinnutíma.

Langur vinnutími og mikið álag fækkar samverustundum fjölskyldunnar, hefur áhrif á uppeldi og öll samskipti innan og utan heimilis og getur þar með orsakað los innan fjölskyldunnar og hugsanlega leitt til margvíslegra félagslegra vandamála.

Nauðsynlegt er að vandað verði til þessarar skýrslu þannig að hægt verði að hafa hliðsjón af niðurstöðum hennar í mótun heildarstefnu um styttingu vinnutímans án lækkunar launa.

6. Frumvarp til laga [6. mál]

um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fyrri málsliðar 66. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar.

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur.

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafa álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt. Af þeim sökum hefur kjararýrnun orðið mest hjá því fólki sem á við sjúkdóma að stríða. Þessar álögur hafa birst í ýmsum myndum, dregið hefur verið úr stuðningi við einstaklinga í gegnum almannatryggingar, t.d. með aukinni greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði fyrir börn og ellilífeyrisþega, og gildir það sama almennt um kostnaðarhlutdeild sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Staða þeirra sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda hefur þannig stórversnað. Þau gjöld sem hér um ræðir, þ.e. komugjöld á heilsugæslustöðvar, eru aðeins hluti af stærri mynd og þau ber að skoða í ljósi óheillaþróunar síðustu ára. Vegna þess hve mikilvæg heilsugæslan er sem grunnur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að einmitt þar verði hafist handa við að snúa til réttrar áttar á ný.

Þess skal getið að ýmsar reglur hafa gilt um hámarksgreiðslur fyrir læknisþjónustu og heilsugæslu. Í upphafi áratugarins var þannig 8 þús. kr. hámark fyrir aðra en elli- og örorkulífeyrisþega. Þessari upphæð var breytt og einnig var innleidd sú regla að eftir að viðmiðunarupphæð var náð var aðeins veittur afsláttur þar sem áður hafði verið þak á greiðslur. Viðmiðunarupphæðin nú er 12 þús. kr. fyrir einstakling, 6 þús. kr. fyrir öll börn undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu og 3 þús. kr. fyrir lífeyrisþega.

2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hljóðar nú svo:

„Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar."

Þessi grein eða ígildi hennar hefur verið í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá upphafi. Nú er lagt til að hún verði felld niður og að heilsugæsla verði ókeypis framvegis. Ástæðurnar eru þessar:

1. Það gafst vel á árunum fram að 1992 þegar heilsugæsla var ókeypis. Það ýtti undir að fólk notaði sér heilsugæsluna. Um leið á sérfræðingakostnaður að minnka. Því vinnst tvennt, annars vegar sparar heilbrigðiskerfið í heild og hins vegar verður aðgengi almennings að frumþjónustunni greiðara.
2. Komið hefur í ljós á þessum áratug að heilbrigðisráðherrar vilja misnota þessa grein og leggja íþyngjandi byrðar á þá sem þurfa heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimildin til að leggja á gjöld í heilsugæslu verði afnumin úr almannatryggingalögum. Þar hljóðar ákvæðið nú á þessa leið:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum."

Hér á eftir fer yfirlit yfir komugjöld í heilsugæslunni frá og með fjárlögum fyrir árið 1992:

Greiðslur fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis.

	Almennt gjald		Lífeyrisþegar og börn yngri en 16 ára	
	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti	Án afsláttarkorts	Með afsláttarkorti
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	0	0	0	0
1996	700	300	300	100
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislækna utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	500	0	500	0
1996	1.100	700	500	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis á dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	400	0	400	0
1996	1.100	700	400	300
Vitjun heilsugæslu- eða heimilislæknis utan dagvinnutíma.				
Fyrir áramót 1991/1992	1.000	0	1.000	0
1996	1.600	1.000	600	400
Krabbameinsleit hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð.				
Fyrir áramót 1991/1992	900	0	300	0
1996	1.500	500	500	300
Koma til röntgengreiningar eða rannsókna.				
Fyrir áramót 1991/1992	300	0	100	0
1996	1.000	400	300	100

7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Námslán skal greiða út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám.

Námslán skal þó ekki greitt út fyrr en námsmaður hefur lokið einu missiri af námi sínu með tilskildum árangri. Þegar námsmaður hefur lokið einu missiri með tilskildum árangri fær hann lán fyrir það missiri og svo áfram mánaðarlega meðan hann stundar nám.

b. 7. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað 3. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,5%. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

3. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fyrir 1. september 1997 skal lokið heildarendurskoðun á lögum þessum. Menntamálaráðherra skipar nefnd með fulltrúum þingflokka og samtaka námsmanna sem geri tillögur um breytingar á lögum og reglum um námslán. Í þeirri endurskoðun skal sérstaklega tekið á eftirfarandi þáttum:

a. reglum um námsframvindukröfur,
b. ákvæðum um endurgreiðslubyrði,
c. kröfum um ábyrgðarmenn,
d. úthlutunarreglum og framsetningu þeirra.

Menntamálaráðherra leggi fram tillögur til breytinga á lögunum, sem byggist á endurskoðun þessari, eigi síðar en þegar þing kemur saman að hausti árið 1997.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga.

Það er ekki ofsagt að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hafi þrengt allhraustlega að námsmönnum þegar samþykkt voru lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hin nýja löggjöf fól í sér grundvallarbreytingar á námsaðstoð á Íslandi. Tvær breytingar hafa reynst námsmönnum hvað afdrifaríkastar, hinar svokölluðu eftirágreiðslur lánanna og hækkun endurgreiðsluhlutfallsins.

Þrjú höfuðatriði eiga að einkenna Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðurinn á að vera:

— félagslegur jöfnunarsjóður sem stuðlar að jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag,
— fjárfestingarsjóður; ein besta leið ríkisins til að fjárfesta í menntun þegnanna,
— framfærslusjóður sem gerir ungu fólki kleift að nota framtíðartekjur til neyslu á námstíma.

Ísland greiðir nú eitt ríkja Norðurlandanna út námslán eftirá. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt kerfi er í andstöðu við það hlutverk LÍN að vera framfærslusjóður. Nám er vinna og það er jafnóskynsamlegt og óásættanlegt fyrir námsmenn að fá námslán greidd út tvisvar á ári og það væri fyrir einstaklinga að fá launin sín með þeim hætti. Afleiðingar núverandi fyrirkomulags leiðir flestar beint af því að námsmönnum er gert að fjármagna framfærslu sína með yfirdráttarlánum í bönkum þangað til útkoma úr prófum liggur fyrir og LÍN afgreiðir lánin. Þetta leiðir til eftirfarandi:

— Óeðlilegs fjármagnskostnaðar á námstíma sem leggst ofan á námslán í formi vaxtabótaláns frá LÍN.
— Ef námsmaður fellur á prófi þarf hann að endurgreiða bankanum lánið þegar í stað, ef ekki eiga að hlaðast upp vextir.
— Slík endurgreiðsla getur riðlað frekara námi enda eru námsmenn oftar en ekki óviðbúnir falli. Upphæð endurgreiðslunnar til bankans er yfirleitt á bilinu 50–400 þús. kr.
— Sýna þarf 100% námsárangur á hverju missiri ef skuld við bankann á ekki að myndast og LÍN veitir því ekkert svigrúm til að flytja námsálag milli missira.
— Ekki geta allir fengið yfirdráttarlán því að mörgum reynist erfitt að fá ábyrgðarmenn á lán sem fellur í gjalddaga ef ónógur árangur næst á prófum.

Helstu kostir samtímagreiðslna felast í því að þegar námslán eru borguð út mánaðarlega þurfa námsmenn ekki að fjármagna framfærslu sína með dýrum yfirdráttarlánum í bönkum. Námsmaður sem fellur á prófi á kost á að bjarga sér í upptökuprófum án þess að lánið falli í gjalddaga. Í stað bankaskulda vegna yfirdráttarláns verður til árangursskuld við LÍN sem greiða má með námsárangri og þar með neyðist námsmaður síður til að hætta námi til að vinna fyrir skuldum ef honum hlekkist einu sinni á.

Þegar lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna var breytt árið 1992 var endurgreiðsluhlutfallið hækkað verulega. Tekjutengda afborgunin hækkaði úr 3,75% í 5% fyrstu fimm árin og er síðan 7% af tekjum þar til lánið er að fullu greitt. Margt ungt fólk þarf nú að velja á milli náms eða húsnæðis. Þeir sem þurfa á námslánum að halda í námi sínu standa mjög höllum fæti gagnvart greiðslumati og möguleikum til húsnæðiskaupa að námi loknu sökum þess hve endurgreiðslubyrði námslána er þung. Til að standast greiðslumat Húsnæðisstofnunar vegna íbúðarkaupa þurfa þeir sem eru með hámarksendurgreiðslu, 7% af tekjum samkvæmt lögum nr. 21/1992, að hafa 30% hærri tekjur en hefði þurft samkvæmt eldri lögum um LÍN, en þar var tekjutengda afborgunin 3,75%. Ef greiðslubyrði vegna námslána meðalmanns með meðallaun og meðallán er reiknuð út kemur í ljós að hún er yfir 10% af ráðstöfunartekjum.

Þingmeirihluti var fyrir þessum breytingum á sínum tíma. Alþýðuflokkurinn hefur hefur hins vegar skipt um skoðun eftir að hann lenti í stjórnarandstöðu og allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa því lýst sig fylgjandi því að samtímagreiðslur verði teknar upp og endurgreiðslubyrði námslána lækkuð. Framsóknarflokkurinn lofaði hvoru tveggja í síðustu kosningum og barðist hart gegn setningu laganna árið 1992 og þeim breytingum sem þau höfðu í för með sér.

Í frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um heildarendurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem sérstaklega verði tekið á reglum um námsframvindukröfur og um endurgreiðslubyrði.

Þá er nauðsynlegt að endurskoða reglur um ábyrgðarmenn, en samkvæmt núgildandi lögum er þess krafist að fasteignareigandi ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð endurgreiðslu lánsins. Ljóst er að slíkar kröfur útiloka marga frá því að taka lán úr sjóðnum. Hugsanlegt væri að veita ríkisábyrgð fyrir lánum úr sjóðnum á þeirri forsendu að sjóðurinn sé fjárfestingarsjóður í menntun námsmanna.

Einnig er í bráðabirgðaákvæðinu lagt til að úthlutunarreglur og framsetning þeirra séu teknar til skoðunar. Samkvæmt núgildandi reglum mótar stjórn sjóðsins úthlutunarreglurnar og framsetningu þeirra. Reglurnar eru óskýrar og þyrfti að kveða mun skýrar á um þær í lögum og reglugerð en nú er.

8. Beiðni um skýrslu [8. mál]

frá dómsmálaráðherra um gjaldtöku við innheimtu vanskilaskulda.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um gjaldtöku lögmanna við innheimtu vanskilaskulda og tengdar aðfararaðgerðir hér á landi. Í skýrslunni komi fram samanburður á þessum þáttum hér og annars staðar á Norðurlöndum. Fram komi m.a. eftirfarandi:

1. Er munur á því milli landa á hvaða stigi málsins innheimtustofnanir eins og bankar senda innheimtumál til lögfræðiskrifstofu?
2. Er munur á gjaldtöku fyrir slíka innheimtu milli landa?
3. Hefur þegar á heildina er litið orðið hækkun á þessari þjónustu lögmanna umfram almenna verðlagsþróun síðan bannað var að gefa út samræmda gjaldskrá?

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa fjölmargir Íslendingar sem annars hafa reynt að standa í skilum með skuldbindingar sínar lent í vanskilum við innheimtustofnanir hreinlega vegna þess að skuldabyrðarnar uxu þeim yfir höfuð samfara breyttu atvinnuástandi. Oft endar þetta með því að lán „lenda í lögfræðingi“, eins og það er kallað, og bætist þá við skuldina með vöxtum og vaxtavöxtum óhæfilegur lögfræðikostnaður þar sem hvert bréf sem skrifað er, hvert nýtt stig í aðfararferlinu, leiðir til aukins kostnaðar. Almennum launamanni, sem hafði þó fyrir átt erfitt með að greiða skuldina, er þannig gert gersamlega ókleift að borga hana.

Flutningsmenn beiðninnar hafa haft spurnir af mjög alvarlegum málum af þessu tagi og þætti fróðlegt að vita hvort þessi mikla gjaldtaka sem hér viðgengst tíðkast í sama mæli í öðrum löndum og hvort ef til vill er þar um eitthvert millistig að ræða í innheimtuaðgerðum af þessu tagi. Reyna t.d. sérstakar lögfræðideildir banka að aðstoða fólk við að koma málum í lag áður en til aðfarar að lögum kemur? Lögð er áhersla á að skýrslan verði rædd sem fyrst.

9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónusta barna og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu barna og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrahúsa greiða sjúkratryggingar samkvæmt reglum og gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um þjónustuna.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrahúsa á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Ýmislegt bendir til þess að vaxandi þörf sé fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Þessi þjónusta er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dvelja á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Sérfræðiþjónusta í skólakerfinu hefur öðlast fastari sess á síðustu árum en engu að síður er það staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þurfa á sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ráðið sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu sem margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér. Félagið hefur þannig reynt að bregðast við vanda sem til staðar er hjá þessum fjölskyldum. Það er hins vegar ljóst að til lengri tíma litið getur félagið ekki staðið alfarið undir þessari þjónustu, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti ýtt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Það er einnig ljóst að börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni fer stöðugt vaxandi.

Það er staðreynd að mjög margar fjölskyldur búa við það bágan efnahag að geta ekki mætt þeim kostnaði sem því fylgir að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að nýta sér þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frumvarp flutt.

10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Flm.: Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða hver sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis á rétt á greiðslum fyrir umönnunarstörf á heimili sínu. Upphæð þessara greiðslna skal ákveða með reglugerð sem ráðherra setur. Við ákvörðun um upphæð greiðslna skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar og tekna vegna vinnu utan heimilis. Ráðherra skal setja reglugerð varðandi mat á umönnunarþörf lífeyrisþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum eru ákvæði þess efnis að aðeins maki á rétt á bótum fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega í heimahúsi. Hér er lögð til sú breyting að ekki einungis maki hafi þennan rétt heldur að hver sá sem heldur heimili með og annast lífeyrisþegann eigi rétt á greiðslum fyrir umönnun. Það er þó háð því skilyrði að viðkomandi geti ekki eða takmarkað vegna umönnunarstarfa sinna stundað vinnu utan heimilis. Ráðherra ákveður með reglugerð hver upphæð þessara greiðslna verður. Taka skal tillit til annarra tekna er launþeginn hefur af vinnu utan heimilis. Jafnframt skal tekið tillit til umfangs hjúkrunar og annarrar umönnunar lífeyrisþegans sem í hlut á. Þá er ráðherra falið að setja reglugerð um mat á umönnunarþörf, þ.e. hver metur og hvað skal metið, en nauðsynlegt er að koma á samræmdu mati á hjúkrunarþörf vistmanna á öldrunarstofnunum. Á árinu 1994 var unnið rannsóknarverkefnið Daglegt líf á hjúkrunarheimili. Rannsóknarverkefnið var unnið í samvinnu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, öldrunarlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og nokkurra hjúkrunarheimila. Í framhaldi af verkefninu var sett reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum. Á sama hátt mætti koma á samræmdu mati á heilsufari og aðbúnaði lífeyrisþega í heimahúsi sem gæti gefið raunsanna mynd á þörf á hjúkrun og annarri aðhlynningu.

Á undanförnum árum hefur því oft verið lýst yfir af hálfu stjórnvalda að stefnt skuli að því að aldraðir og öryrkjar geti sem lengst dvalist í heimahúsi. Það sé hagkvæmasta, besta og manneskjulegasta leiðin varðandi aðbúnað þessa hóps þjóðfélagsþegna. Fjöldi lífeyrisþega, sem þarfnast mikillar umönnunar, dvelst í heimahúsum. Þeir eru þó mun fleiri sem veldu þann kost að dveljast heima ef þess væri nokkur kostur. Munur á lífskjörum einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu er mjög mikill. Sumir hafa rúmar ráðstöfunartekjur og mikinn tíma fyrir fjölskylduna á meðan stór hópur þarf að vinna langan vinnudag en býr engu að síður við þröngan fjárhag. Vegna bágra kjara er því margri fjölskyldunni ókleift að annast lífeyrisþega inni á heimili. Ef frumvarpið verður samþykkt þýðir það að aðstandendur lífeyrisþega eiga rétt á launum fyrir umönnunarstörf í heimahúsi en ekki einungis maki lífeyrisþegans eins og nú er heldur börn, tengdabörn og

aðrir þeir sem halda heimili með honum og veita þá hjúkrun og aðra umönnun sem viðkomandi þarfnast. Það er löngu tímabært að þessi störf séu metin að verðleikum.

11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

a. Við álagningu tekjuskatts árið 1997 skal, til að draga úr jaðaráhrifum tekjutengingar bótaliða í skattkerfinu, haga útreikningi tekjutengdra bótaliða þannig: Samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða skal vera að hámarki 55%. Skal skerðing vaxtabóta eða húsaleigubóta reiknuð fyrst en síðan skerðing barnabótaauka að áðurnefndum mörkum.

b. Alþingi skal kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, auk formanns sem fjármálaráðherra skipar, til að gera í samráði við samtök launafólks ítarlega úttekt á áhrifum tekjutengingar í skattkerfinu og samspili slíkrar tekjutengingar við aðra þætti, svo sem almannatryggingakerfið, lífeyrisréttindi, tekjutengdar afborganir námslána o.fl.

Nefndin skal skila tillögum um breytingar á skattalögum sem fela það í sér að komist verði hjá óhóflegum jaðaráhrifum vegna tekjutengingar bótaliða, í skattkerfinu og utan þess.

Fjármálaráðherra skal leggja tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi haustið 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur athygli manna í auknum mæli beinst að óhóflegum jaðaráhrifum eða jaðarskatti vegna tilhneigingar til að tekjutengja ýmsa bótaliði og þætti innan og utan skattkerfisins. Út frá þeim markmiðum í skattamálum að jafna aðstöðu einstakra hópa og styðja t.d. sérstaklega við bakið á barnafólki eða húsbyggjendum getur verið fullkomlega eðlilegt að tekjutengja bætur. Með þeim hætti er reynt að beina takmörkuðum fjármunum til þeirra sem mesta hafa þörfina, þ.e. til fólks með lægstu launin. Þegar hins vegar slíkar tekjutengingar verða virkar samtímis (á svipuðu tekjubili) fyrir marga þætti leggjast áhrifin saman. Ef tekið er dæmi af barnafjölskyldu sem nýlega hefur ráðist í að koma sér upp húsnæði getur það litið þannig út:

Fyrst eru tekin samtals u.þ.b. 42% í tekjuskatt og útsvar þegar komið er upp fyrir skattleysismörk. Við tiltekin tekjumörk hjá fjölskyldunni skerðast vaxtabætur um 6% af tekjum, barnabótaauki vegna fyrsta barns um 6%, annars barns um 5% o.s.frv. Þá þegar eru jaðaráhrifin (jaðarskattsprósentan) orðin u.þ.b. 60% hjá viðkomandi fjölskyldu, sem þýðir að í reynd skila launatekjur á tilteknu tekjubili aðeins 40% í bættri afkomu til fjöl-

skyldunnar. Ef tekið er dæmi af stærri fjölskyldu sem auk þess er með tekjutengdar skuldbindingar utan skattkerfisins, svo sem afborganir námslána, geta samanlögð jaðaráhrif orðið mun meiri og raunverulegur ávinningur fjölskyldunnar af auknum launatekjum á ákveðnu tekjubili mjög óverulegur. Skattalegt hagræði sem ætlunin var að einstakir hópar, svo sem barnafólk og húsbyggjendur, nytu tapast nær alveg. Þótt deila megi um hversu hátt upp í tekjustigann slíkar ívilnanir eigi að ná verður því ekki á móti mælt að núverandi ástand er óverjandi hvað varðar útkomu ungs barnafólks með húsnæðisskuldbindingar og meðallaun eða lægri. Þetta ástand verkar einnig letjandi en ekki hvetjandi á viðleitni til að vinna sig út úr vandanum með því að afla meiri tekna.

Samspil skattkerfisins, launa og annarra atriða sem áhrif hafa á afkomu fólks er flókið. Á það ekki síst við um þann þátt málsins sem hér er fjallað um. Þannig er nauðsynlegt að fram fari heildarúttekt á umfangi og áhrifum tekjutengingar, bæði innan og utan skattkerfisins. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að sérstök þingkjörin nefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka, taki að sér það verkefni að annast slíka úttekt og gera tillögur til úrbóta í samráði við samtök launafólks. Rétt er að leggja áherslu á mikilvægi þess að um allar aðgerðir á þessu sviði sé haft fullt samráð við verkalýðshreyfinguna, enda getur útkoman skipt sköpum um afkomu fjölmennra hópa umbjóðenda hennar.

Erfitt er að meta kostnað vegna þeirra breytinga sem frumvarpið felur í sér fyrir árið 1997, en líklegt er að um nokkur hundruð millj. kr. tekjutap yrði að ræða fyrir ríkissjóð kæmi ekkert annað til. Lægri jaðarskattsprósenta gæti þó orðið til þess að launatekjur ykjust nokkuð og þar með skattar. Það er einnig sjálfstætt ákvörðunaratriði hvort tekjutapi vegna þaks á jaðarskatt er mætt með tekjuskatti og eignarskatti eða öðrum hætti innan skattkerfisins. Tekjuáhrifin ein mega ekki verða til þess að augljós réttlætismál í skattalegu tilliti nái ekki fram að ganga.

Fylgiskjal.

Fjölskyldan og skattarnir.

(Grein SJS í Vikublaðinu, 25. ágúst 1995.)

Ef innistæður eru fyrir tali um fjölskyldustefnu þá hlýtur það ekki síst að þurfa að taka til þess að skattkerfið sé ekki fjandsamlegt fjölskyldum og einkum og sér í lagi barnafjölskyldum.

Það sem einkennir skattkerfið á Íslandi eða tekjuöflun hins opinbera er hátt hlutfall óbeinna skatta eins og kunnugt er. Fyrst skal frægan telja eitt hæsta virðisaukaskattshlutfall í heimi. Víða erlendis er komið til móts við fjölskyldurnar með því að hafa ekki bara matvæli heldur ýmsar nauðsynjavörur fjölskyldnanna og barnafólks lægra sköttuð. Það á þá við t.d. um fatnað á börn og barnavörur.

Hér sér þessa stað fyrst og fremst í lægra skatthlutfalli á matvörur og án þess að rifja nú alla þá umræðu upp hér er höfundur eindregið þeirrar skoðunar að lægri skattlagning á matvæli, brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna, sé réttlát og skynsamleg aðgerð. Aðgerð sem komi þeim fjölskyldum til góða og hlutfallslega mest þeim sem stærstar eru og lægstar hafa tekjurnar. Þessi staðreynd hefur ekki verið og mun ekki verða hrakin og er ein og sér fullgild réttlæting, að mínu mati, fyrir því að haga skattlagningu með þessum hætti.

Af beinni skattlagningu er hins vegar aðra sögu að segja. Vissulega eru greiddar barnabætur og tekjutengdur barnabótaauki er fyrir hendi, en að öðru leyti er sama skattprósenta fyrir alla og enginn sérstakur frádráttur fyrir barnafólk. Gallinn er að þróunin hefur gengið í þá átt að tekjutengja stærstan hluta af því skattalega hagræði sem barnafjölskyldunni er ætlað, þ.e. hafa það í formi barnabótaauka sem leiðir til þess að þegar komið er upp fyrir tiltekin tekjumörk er sáralítill skattalegur munur gerður á barnafjölskyldum og einhleypingum eða barnlausu fólki. Eftir stendur að það hlýtur óumdeilanlega, burt séð frá tekjum, að vera dýrara að framfleyta stórri fjölskyldu heldur en lítilli. Verst er þó tekjutengingargildran, ógöngurnar, sem við erum komin í í okkar skattkerfi og hin óhóflega háa jaðarskattsprósenta sem þar fyrirfinnst, sem í mörgum tilvikum er á bilinu 65–80%. Jafnvel eru til dæmi um ennþá hrikalegri útkomu ef allar bætur frá, og greiðslur til, opinberra aðila sem tengdar eru tekjum eru teknar með auk tekjutengdrar endurgreiðslu námslána og fleiri þátta.

Þessi staða er hrikaleg og afar ósanngjörn gagnvart því fólki sem hér um ræðir. Ástandið bitnar einkum og sér í lagi á barnafólki með miðlungstekjur og gerir því nánast ókleift að bjarga sér, því aukin vinna og tekjuöflun, sé slíkt á annað borð í boði, skilar nánast engu í launaumslagið.

Tillögur Alþýðubandalagsins um þak á jaðarskatt.

Í skattatillögum sínum á síðasta ári mótaði Alþýðubandalagið þá stefnu að setja þak á tekjutengingu bótaliða eða jaðarskattsprósentuna og var niðurstaðan að leggja þar til 55%. Þetta yrði gert til þess að tryggja að enginn greiddi meira en 55 kr. af hverjum 100 sem aflað væri til hins opinbera í formi skatta, eða ígildi þess í skerðingu á bótum. Til að orða það öðruvísi, að lágmarki 45 kr. af hverjum 100 sem aflað væri yrðu eftir til ráðstöfunar hjá fjölskyldunni. Í tillögum okkar var ekki útfært í einstökum atriðum tæknilega hvernig þakið skyldi sett, en hugmynd undirritaðs er sú að það yrði gert með því að forgangsraða bótunum, með því að raða bótunum eða greiðsluþáttunum upp í röð þannig að barnabæturnar skertust síðast. Þannig mætti hugsa sér að tekjutenging vaxtabóta eða húsaleigubóta yrði fyrr virk og næði að 55% mörkunum og ef að þeim væri komið þá héldust aðrar tekjutengdar bætur óskertar þar til allar vaxtabætur væru búnar miðað við 55%. Síðan kæmu eftir atvikum aðrar tekjutengdar greiðslur eða afborganir ef þær væru fyrir hendi en síðast barnabætur eða barnabótaaukinn og þær þá skertar með sömu aðferð, miðað við hámark 55% af tekjum á hverju tekjubili, þ.e. 45 kr. af hverjum 100 yrðu alltaf eftir, þangað til tekjur væru orðnar svo háar að allar tekjutengdar greiðslur væru horfnar.

Til að útskýra málið skulum við skoða einfaldaða mynd af samspili skattkerfis og bóta og nota þessa aðferð til að setja 55% þak á jaðarskatt:

Tekjuskattur + útsvar = 42%.

Við bætist skerðing vegna vaxtabóta 6% og ef við á skerðing barnabótaauka vegna fyrsta barns 7%. Alls 13%, þ.e. 42 + 13 = 55.

Ef ekki er um að ræða vaxtabætur skerðist barnabótaauki um 7% vegna fyrsta barns og 6% vegna annars. Samtals 13% og 42 + 13 = 55.

Ef ekki er um vaxtabætur að ræða geta komið til tekjutengdar húsaleigubætur og eru þær nú á vissu tekjubili skertar sem nemur 24% tekna. Skerðing húsaleigubótanna getur því jafngilt 14% skattlagningu og ein og sér þýtt ofan á tekjuskatt og útsvar 56% jaðarskatt. Ef skerðingarhlutfall bótanna yrði lækkað úr 24% í 22% lækkaði ígildi skattlagningar í 13% og 42 + 13 = 55.

Jaðarskatturinn er að sjálfsögðu bundinn aðstæðum í hverju tilviki, þ.e. hann ræðst af fjölskyldustærð, eignum, skuldum o.s.frv. Ef tekið er dæmi af fjölskyldu með þrjú börn, þar af tvö yngri en sjö ára, sem skuldar 3 millj. kr. vegna húsnæðiskaupa, er jaðarskattur hennar í eftirfarandi þrepum:



Dæmið og meðfylgjandi mynd sýna að á tekjubilinu 1,4–2,7 millj. kr. væri jaðarskatturinn hjá þessari fjölskyldu ellefu prósentustigum lægri. Það þýðir að 11 þús. kr. meira yrðu eftir til ráðstöfunar miðað við hverjar 100 þús. kr. í launatekjur. Einmitt á þessu tekjubili eru þúsundir fjölskyldna, með börn á framfæri og þunga greiðslubyrði vegna húsnæðis, námslána o.s.frv., að berjast við að ná endum saman spólandi í tekjutengingargildrunni.

Rétt er að undirstrika að hér er síður en svo um ýkt dæmi að ræða. Stærri fjölskylda með meiri skuldir, þar með talið námslán, getur farið mun verr út úr hlutunum.

Erfitt er að áætla tekjutap ríkissjóðs vegna svona breytinga enda er það sjálfstætt ákvörðunaratriði hvort tekjuöflun eða álagningu er breytt á móti til að skila ríkissjóði óbreyttum tekjum þannig að um tilfærslu yrði að ræða.

Aðstöðumunur kynslóðanna.

Lagfæring á þessum þáttum er mikið réttlætismál. Nægur er aðstöðumunur kynslóðanna samt. Annars vegar fólks sem tók óverðtryggð námslán, byggði hús á verðbólgutímanum fyrir daga verðtrygginga lána, átti allt saman nánast skuldlaust um það bil sem verðtrygging og háir vextir í kjölfarið hófu innreið sína, hóf þá að leggja fyrir hluta af launum sínum og nýtur nú skattfrjáls vaxtagróða. Hins vegar fólks, sem segjum 10 árum seinna gekk í gegnum það sama. Fór í langskólanám og tók til þess verðtryggð námslán, keypti íbúð með verðtryggðum lánum sem vextir hafa síðan verið hækkaðir á. Hvað þá ef afföll voru með í spilinu eftir tilkomu húsbréfakerfisins. Reyni þetta fólk að bæta stöðu sína í dag með því að bæta við sig vinnu og auka tekjur sínar með öðrum hætti þá situr það uppi með jaðarskattsprósentu upp á 70–80% og fjórða hver króna verður eftir í launaumslaginu þegar upp er staðið.

Þessi aðstöðumunur kynslóðanna er eins og hrikaleg gaddavírsgirðing þvert í gegnum íslenskt samfélag og tvímælalaust fjölskyldufjandsamlegur. Ástandið bitnar á þeirri kynslóð sem ber nú hitann og þungann af barnauppeldi, er að koma sér upp húsnæði og í vaxandi mæli fá á sínar herðar þungann af ábyrgð í þjóðfélaginu. Þess sér með margvíslegum hætti stað í fjölskylduerfiðleikum, hjónaskilnuðum, áfengisvandamálum og ýmsu öðru slíku sem óþarft er upp að telja.

Breytingar í réttlætisátt í skattamálum, svo sem þak á jaðarskattsprósentu, er einföld og árangursrík aðgerð gagnvart vandamáli sem mikið hefur verið talað um en ekkert aðhafst til að leysa.

12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um fæðingarorlof feðra.

Flm.: Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt ásamt greinargerð er henni fylgdi.

Mikilvægt er að tryggja barni rétt til samvista við bæði föður og móður á fyrsta æviskeiðinu. Það er réttur barnsins að fá að mynda náin tengsl við báða foreldra sína á fyrstu dögum og vikum ævi sinnar. Fram til þessa hafa feður verið afskiptir hvað varðar samskipti við börn sín og liggja til þess margar skýringar. Með tveggja vikna orlofi eftir fæðingu er stuðlað að því að fjölskyldan geti verið saman.

Ljóst er að Íslendingar standa grannþjóðunum að baki varðandi feðraorlof. Í ljós hefur komið að þar sem sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs hefur verið tryggður í lögum hafa feður í stórauknum mæli nýtt sér hann og þar með axlað aukna ábyrgð gagnvart fjölskyldu sinni.

Nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar á fæðingarorlofi almennt og skal í því sambandi vísað til nýlegra tillagna karlanefndar Jafnréttisráðs þar sem hvatt er til gagngerra úrbóta á þessu sviði. Tveggja vikna feðraorlof er fyrsti áfangi á þeirri leið.

Lenging fæðingarorlofs og aukinn réttur fjölskyldunnar að þessu leyti er viðamikið mál og kostar mikið fé. Það er hins vegar forsenda fjölskyldustefnu sem tekur mið af almennri atvinnuþátttöku og breyttum þjóðfélagsháttum að körlum sé gert kleift að sinna skyldum sínum að þessu leyti.

Fylgiskjal.

Tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs.

Frá því fyrst var tekið að ræða á opinberum vettvangi hérlendis um hlutverk og þátttöku karla í baráttunni fyrir jafnrétti kynja hefur verið ljóst að lykilatriði þar er aukin þátttaka karla í heimilis- og uppeldisstörfum. Jafnljóst hefur verið að til þess að ná árangri þar væri nauðsynlegt að auka og bæta möguleika karla til að tengjast börnum sínum nánum böndum. Ekkert er líklegra til að skila okkur fram á við á því sviði en breytt og bætt lög um fæðingarorlof.

Karlanefnd Jafnréttisráðs telur því að brýna nauðsyn beri til að gjörbreyta lögum og reglum um fæðingarorlof. Nefndin telur þetta mikilvægt fyrir börnin, fyrir hvort foreldra um sig og fyrir jafnrétti kynjanna.

Tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs til breytinga á lögum og reglum um fæðingarorlof eru þessar:

1. *Stefnt verði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum.*

   Lenging orlofsins er mikilvæg af ýmsum ástæðum. Sex mánuðir eru það stuttur tími að karlar munu veigra sér við að taka eitthvað af því, sérstaklega í ljósi þess að flestar mæður kjósa að hafa börn sín á brjósti þennan tíma. Annars staðar á Norðurlöndum hefur sýnt sig að karlar taka sinn hluta fæðingarorlofs fyrst og fremst eftir að barnið er orðið sex mánaða. Lenging fæðingarorlofs hafði í för með sér að fleiri karlar tóku fæðingarorlof. Erlendar athuganir hafa sýnt að lykilþáttur í því að brjóta niður fordóma gagnvart föðurhlutverkinu og fá karla til að taka sér leyfi er að ákveðinn hluti fæðingarorlofs sé bundinn feðrum og ekki yfirfæranlegur á móður.
2. *Lágmarkskrafa er að feður fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns.*

   Fjölskyldunni veitir ekki af þessum tíma meðan verið er að finna tilverunni nýjan takt, enda tíðkast slíkt orlof annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst eftir fæðingu barns myndast mjög mikilvæg tengsl við þá sem næstir eru og það skiptir miklu fyrir barnið og föðurinn að hann sé þá virkur þátttakandi í fjölskyldulífinu.
3. *Foreldrar hafi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og greiðslna.*

   Eins og staðan er nú er réttur annars foreldris (föður) afleiddur af rétti hins. Karlanefndin telur þetta mjög óeðlilegt og til þess fallið að ýta undir hugmyndir um að börnin séu kvennanna en ekki karlanna. Þetta skiptir þannig máli sem leið til að gera feðrum ljósari foreldraábyrgð sína.
4. *Áhersla verði á sveigjanleika í töku orlofs, til að mynda að því megi dreifa á tvö ár.*

   Sveigjanleiki er annað atriði sem erlendar athuganir hafa sýnt að skiptir miklu til að fá feður til að taka fæðingarorlof. Margir kjósa að halda tengslum við vinnustaðinn. Að sjálfsögðu er þetta einnig mikilvægt atriði til að draga úr því að konur á barneignaraldri teljist sérstakur áhættuhópur við ráðningu í starf en það er einn

þeirra þátta sem hamla starfsframa kvenna. Það er skoðun karlanefndar að gefist foreldrum og atvinnurekendum færi á muni þessir aðilar finna þá lausn sem hentugust er í hverju einstöku tilfelli. Sumum kemur ef til vill vel að vinna aðra hverja viku, hjá öðrum er heppilegra að vinna hálfan daginn o.s.frv.

5. *Tekjuskerðing foreldra í fæðingarorlofi má ekki standa í vegi fyrir töku þess.*
   Að sjálfsögðu er æskilegast að fólk haldi fullum launum en mikið neðar en 90% má tekjutengingin ekki fara ef fjárhagsatriði eiga ekki að verða hindrun eða afsökun í vegi fæðingarorlofs karla, en eins og kunnugt er eru laun karla að jafnaði hærri en laun kvenna.

13. Beiðni um skýrslu [13. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um stöðu og þróun bolfiskfrystingar í landi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu og horfur í úrvinnslu bolfisks í frystihúsum í landi. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver er nú efnahagsleg afkoma bolfiskfrystingar í landi og til hvaða aðgerða hyggst ríkisstjórnin grípa á næstunni til að treysta rekstrarstöðu hennar?
2. Er afkoman mismunandi eftir landshlutum (kjördæmum) og ef svo er, hverjar eru þá ástæður þess?
3. Hversu margir hafa haft atvinnu við hefðbundna frystingu á bolfiski í landi undanfarin fimm ár í heild og flokkað eftir kjördæmum?
4. Hvaða breyting hefur orðið á fjölda starfa við hefðbundna frystingu bolfisks það sem af er árinu 1996 og hverjar eru horfurnar á komandi vetri (1996–97) á landinu í heild og í helstu sjávarplássum?
5. Hvaða þróun hefur orðið í frystingu bolfisks um borð í frystiskipum sl. tíu ár reiknað sem hlutfall bolfiskafla af heimamiðum og hvernig hafa starfsskilyrði frystingar í landi breyst á þessu tímabili samanborið við frystingu um borð í skipum?
6. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu stjórnvalda til að ýta undir aukna verðmætasköpun í úrvinnslu bolfisks í landi og búa fiskvinnslufólki viðunandi atvinnuöryggi?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Fram hefur komið af hálfu atvinnurekenda í fiskvinnslu að undanförnu að lélegur eða enginn rekstrargrundvöllur er fyrir hefðbundinni frystingu bolfisks í landi. Á nokkrum stöðum hefur fiskvinnslufólki verið sagt upp störfum og jafnvel boðað að ekki verði um endurráðningu þess að ræða. Á stöðum þar sem unnt er að hagnýta afla uppsjávarfiska einbeita fyrirtæki sér að úrvinnslu hans og mikið er um fjárfestingar í því skyni. Önnur svæði, t.d. Vestfirðir, hafa litla möguleika á hlutdeild í slíkri vinnslu. Í flestum sjávar-

plássum hefur frysting á bolfiski verið kjölfesta í atvinnulífi staðanna, ekki síst fyrir konur. Nú þegar hætta er á að slík starfsemi leggist af í frystihúsum víða um land getur afleiðingin orðið vaxandi atvinnuleysi og aukið óöryggi fjölda fólks sem byggt hefur afkomu sína á vinnu í frystihúsum.

Brýnt er að fá yfirlit yfir stöðu þessara mála og þróunarhorfur varðandi frystingu bolfisks í landi. Ríkisstjórn og Alþingi hljóta að láta sig þessi mál varða og geta með ýmsum hætti beint og óbeint haft áhrif á rekstrarskilyrði og þróun þessarar mikilvægu greinar. Því óskar þingflokkur Alþýðubandalagsins eftir að sjávarútvegsráðherra afli gagna um málið og geri grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarinnar í skýrslu til þingsins. Æskilegt er að slík skýrsla liggi sem fyrst fyrir og verði síðan rædd á Alþingi.

14. Frumvarp til laga [14. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ragnar Arnalds, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er, og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum samkvæmt ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr., nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1998 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknaleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknaleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m.a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti, svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita skv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám samkvæmt þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns nema skylt sé að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa skuli í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur oft áður verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins en ekki verið útrætt. Það var fyrst lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp.

Á 113. löggjafarþingi fjallaði iðnaðarnefnd neðri deildar allítarlega um frumvarpið, en ekki vannst tími til að afgreiða það frá nefndinni. Iðnaðarnefnd barst m.a. erindi frá iðnaðarráðuneytinu 26. nóvember 1990 með tillögum um breytingar á frumvarpinu ásamt athugasemdum og er það birt sem fylgiskjal.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var lagt fram á ný snemma á 117. löggjafarþingi. Iðnaðarnefnd, sem fékk málið til umfjöllunar, taldi rétt að hinkra við með efnislega umfjöllun þar eð fram kom hjá fulltrúa iðnaðarráðuneytis að í ráðuneytinu væri verið að ljúka vinnu við stjórnarfrumvarp um sama efni og væri stefnt að því að leggja það fyrir þingið. Það frumvarp kom hins vegar ekki fram þrátt fyrir ákvæði í málefnasamningi stjórnarflokkanna. Þá var frumvarpið lagt fram á 118. og 120. löggjafarþingi.

Lögfesting fyrirliggjandi frumvarps eða annarra hliðstæðra ákvæða er brýnni nú en nokkru sinni fyrr vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem meiri hluti á Alþingi samþykkti í ársbyrjun 1993.

Hvati að undirbúningi þessa frumvarps fyrir meira en áratug var m.a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978 þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971–74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o.fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974–76, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara þar eð það tekur til alls jarðhita hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknaleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, ásamt smávægilegum breytingum.

Um framhald greinargerðar, athugasemdir við einstakar greinar og fylgiskjal vísast til þskj. 71 (69. mál), bls. 930–943 í A-deild Alþt. 1992–93 (116. löggjafarþing). Þar sem þar er vísað í 67. gr. stjórnarskrárinnar á nú við um 72. gr., sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995, og ártal breytist á einum stað í textanum í athugasemdum við 8. gr. þar sem 1998 kemur í stað 1988. Í fylgiskjali var erindi frá iðnaðarráðuneytinu til iðnaðarnefnda Alþingis 26. nóvember 1990 um frumvarp til laga um jarðhitaréttindi.

15. Frumvarp til laga [15. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ragnar Arnalds, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Ögmundur Jónasson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kw.,
b. þeirra aðila sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kw., þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Gera skal skipulagsáætlun sem lýsi fyrirhuguðum framkvæmdum. Áður en veitt er leyfi skv. 3. gr. skal skipulagsáætlunin hafa hlotið samþykki sveitarstjórnar þar sem það á við, svo og skipulagsstjórnar ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1964, að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs. Ef um er að ræða vatnsaflsvirkjun með uppsett afl meira en 10 megavött eða vatnsmiðlun þar sem meira en 5 ferkílómetrar fara undir vatn getur skipulagsstjórn krafist þess að fram fari umhverfismat á kostnað framkvæmdaraðila áður en skipulagsáætlun er samþykkt.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m.a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kw., sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ í 1. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, kemur: allt að 200 kw.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15/1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á 107., 108., 116. 117., 118. og 120. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrætt.

Flutningsmenn tillögunnar telja að vel komi til álita að breyta viðmiðunum varðandi stærð þeirra virkjana sem heimildir þarf fyrir, sbr. 2. og 3. gr., en í frumvarpinu er miðað við gildandi ákvæði orkulaga. Mætti athuga þetta sérstaklega við endurskoðun þeirra laga.

Að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta ákvæði frumvarpsins út frá almennum sjónarmiðum, en einnig vegna breyttrar réttarstöðu erlendra ríkisborgara hér á landi að gerðum samningi um evrópskt efnahagssvæði. Frumvarpið var upphaflega afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal.

Um framhald greinargerðar og athugasemdir við einstakar greinar vísast til þskj. 179 (157. mál), bls. 1736–1742 í A-deild Alþt. 1992–93 (116. löggjafarþing). Þar sem þar er vísað í 67. gr. stjórnarskrárinnar á nú við um 72. gr., sbr. stjórnarskipunarlög nr. 97/1995.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Nefndarálit um virkjunarrétt fallvatna.

II. Álit minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 61 (59. mál) á bls. 600–603 í A-deild Alþt. 1985–86 (108. löggjafarþing).

16. Frumvarp til laga [16. mál]

um rétt til launa í veikindaforföllum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Nú vill launamaður neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr.

II. KAFLI
Breyting á sjómannalögum, nr. 35/1985.

3. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Ef skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er forfallaður af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis er sýni að hann hafi verið forfallaður.

Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði enda þótt skipverji hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 118. löggjafarþingi og aftur á 120. löggjafarþingi, með smávægilegum breytingum á greinargerð sem gerðar voru í ljósi ábendinga sem fram komu í umsögnum um frumvarpið. Frumvarpið er nú endurflutt nær óbreytt frá 120. þingi. Markmið með frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launafólks hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launafólks til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins, nr. 411/1989. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að þróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launafólks hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Þannig má sem dæmi nefna að starfsmenn ríkis og bæja fá greidd laun í fimmtán daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni. Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launafólks til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega. Enn hefur ekki reynt á rétt þessa hóps fyrir dómstólum en þegar hafa komið upp dæmi um að atvinnurekendur neiti að greiða heilbrigðum líffæragjöfum laun vegna fjarvista þeirra við líffæragjöf, enda þótt margir vinnuveitendur muni væntanlega kjósa að greiða starfsfólki sínu laun í slíkum tilvikum. Þess má geta að árið 1993 voru skráð fjögur tilvik líffæragjafa hjá Íslendingum.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að réttur launafólks til launa í veikindaforföllum verði rýmkaður þannig að til sjúkdóma teljist hvers kyns aðgerðir, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar. Eins og fram kemur í greinargerð er þessari breytingu ætlað að tryggja þeim sem gangast m.a. undir hjartaþræðingu rétt til launa í forföllum af þeim sökum, jafnvel þótt þeir hafi ekki verið óvinnufærir við upphaf læknismeðferðar. Ákvæðum frumvarpsins er hins vegar ekki ætlað að lögskylda atvinnurekendur til geiðslu launa vegna áfengismeðferðar. Þá er lögð til sú grundvallarbreyting að heilbrigðum líffæragjöfum sé tryggður réttur til launa á meðan þeir eru fjarri vinnu af þeim sökum á sama hátt og um sjúkling væri að ræða.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að fellt verði brott skilyrði um að menn séu óvinnufærir, sbr. það sem segir í greinargerð. Í stað þess er lagt til að kveðið verði á um að forföll hafi verið óhjákvæmileg vegna veikindanna eða slyssins, en með því er tryggt að forföll viðkomandi séu í raun að læknisráði án þess að gert sé að skilyrði að viðkomandi teljist óvinnufær, sbr. þó undantekningu í 5. mgr. 5. gr. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í ákvæðinu að læknisvottorð varði „veikindi og slys“ og er sú breyting í samræmi við þá meginbreytingu sem felst í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú grundvallarbreyting á rétti sjómanna til launa í veikindaforföllum að ekki verði lengur gert að skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær, enda hefur það skilyrði þrengt verulega rétt sjómanna þar sem þeir geta eðli málsins samkvæmt ekki leitað sér lækninga fyrr en að lokinni veiðiferð. Þannig hefur ósérhlífni sjómanna, sem reyna að vinna störf sín til loka veiðiferðar, þrátt fyrir óumdeilanleg veikindi, leitt til brottfalls réttar til veikindalauna. Þá er lagt til að ekki verði tiltekið í 5. mgr. að vottorð læknis varði „veikindi“ eða „slys“ og er sú breyting í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 36. gr. Bent skal á ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna sem veitir útgerðarmanni rétt til að kanna hvort sá sem vill ráða sig á skip sé haldinn sjúkdómi eða meiðslum sem geri hann ófæran til að gegna skipsstörfum og á 33. gr. laganna um skyldu skipverja til að gangast undir læknisrannsókn að kröfu skipstjóra.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,
b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,
c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,
d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttarsamtök, eftir því sem við á, um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en vorið 1997 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á.

Greinargerð.

Flutningur opinberra stofnana frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar hefur oft verið til umræðu undanfarin ár og hafa stjórnskipaðar nefndir skilað tillögum um það efni. Minna má á viðamiklar tillögur nefndar frá árinu 1975 um þetta efni og önnur nefnd skilaði áliti árið 1993. Lítið hefur í reynd gerst í þessum efnum og flutningur ríkisstofnana ekki verið í neinu samræmi við umfang tillagna og mikla umræðu um málefnið. Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur lengst af verið afar óskýr og vöntun á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum hefur gert málstök erfiðari en ella.

Miklu skiptir fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Því fylgja m.a. störf fyrir sérhæft fólk sem kemst þá í snertingu við mannlíf og viðfangsefni í byggðum víða um landið. Að mati flutningsmanna tillögunnar hefur of mikill kraftur farið í skeggræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess að byggja með samræmdum hætti upp þjónustu við íbúana í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum ríkisins.

Mikilvægt er að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu.

Í umræðu um þessi mál hefur hingað til skort verulega á umfjöllun um starfsaðstöðu þeirrar stjórnsýslu eða stofnana sem flytja á í nýtt umhverfi og enn óljósari hefur stefnan verið að því er varðar kjör og réttindi hlutaðeigandi starfsmanna. Hefur þetta í senn leitt til ómarkvissra vinnubragða og til óvissu og óánægju hjá starfsmönnum sem átt hafa hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðs flutnings.

Tilfinnanlega skortir á að til séu skýrar reglur m.a. um samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar, bæði þá sem vilja halda starfi sínu áfram og hina sem ekki kjósa að flytjast með stofnuninni.

Segja má að hér sé um að ræða málefni sem varðað geti vinnumarkaðinn í heild og þörf sé á að skoða í víðara samhengi sem viðfangsefni kjarasamninga eða í löggjöf. Til dæmis er full ástæða til að setja almennar reglur sem tryggi frekar rétt verkafólks til sjós og lands, við þær aðstæður að skip eða kvóti er seldur frá því fyrirtæki sem það starfar við. Flutningsmönnum þykir rétt að skipta málinu í tvennt, annars vegar setja reglur gagnvart starfsemi ríkisins, eins og lagt er til hér, og hins vegar um aðra atvinnustarfsemi, sem huga þarf betur að.

Hérlendis eru ekki til neinar heildarreglur er taka á réttarstöðu starfsmanns ríkisstofnunar sem fyrirhugað er að flytja á milli landshluta. Hugsanlegt er, vegna ágreiningsmála sem koma upp við flutning stofnunar, að styðjast við reglur sem koma fram í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Nú hafa verið sett ný starfsmannalög en í þeim er ekki, frekar en í gömlu lögunum, að finna reglur eða ákvæði um réttindi starfsmanna við flutning ríkisstofnunar.

Rétt er að minna á að í áliti nefndar um flutning ríkisstofnana frá árinu 1993 kemur fram að leita eigi allra ráða til að stofnunum haldist á starfsmönnum sínum. Þá kemur og fram að starfsmenn, sem láta af störfum vegna flutnings stofnunar, ættu að hafa forgang að hliðstæðum störfum í öðrum ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti er lítið fjallað um þennan undirstöðuþátt, þ.e. starfsmennina, en mörgum öðrum atriðum eru gerð veruleg skil um leið og settar eru fram ýmsar tillögur um stofnanaflutning.

Við mótun þeirra reglna sem tillagan gerir ráð fyrir er ástæða til að líta til annarra ríkja Norðurlanda þar sem mun stærri skref hafa verið stigin en hérlendis við dreifingu stjórnsýslu ríkisins. Hér á eftir verður greint frá aðalatriðum í reglum sem gilda í Noregi varðandi starfsmenn við stofnanaflutning og m.a. var beitt við flutning Norsk Polarinstitutt frá Ósló til Tromsö. Í tengslum við þá ákvörðun var gerður samningur milli starfsmanna og stofnunar og ráðuneytis þess er stofnunin heyrði undir. Náði samningurinn bæði til þeirra starfsmanna sem fluttu með stofnuninni og þeirra sem ekki fluttu. Í honum felst m.a. að stofnunin greiðir starfsmanni sem flytur ákveðinn kostnað vegna ferðalaga, flutnings og kaupa á nýju húsnæði, svo og kostnað við sölu á eldra íbúðarhúsnæði. Einnig á starfsmaður rétt á lánum frá hinu opinbera vegna kostnaðar sem hann hefur af því að skipta um húsnæði. Þá er reynt er að útvega maka starfsmanns vinnu og börnum hans pláss á barnaheimili. Starfsmaður, sem ekki flytur með stofnun, á möguleika á að fara á tólf mánaða endurmenntunarnámskeið á fullum launum eftir að stofnunin er flutt eða í launalaust leyfi í eitt ár. Þá hefur slíkur starfsmaður forgang að sambærilegri stöðu hjá stofnunum sem heyra undir sama ráðuneyti og svo virðist sem starfsmenn, sem ákveða að flytjast ekki með stofnun, eigi kost á biðlaunum sem nema allt að 100% af fastakaupi þeirra. Einnig er ástæða til að benda á að mörg ár eiga að líða frá ákvörðun um flutning þar til hann er um garð genginn. Með því gefst hlutaðeigandi kostur á rúmum tíma til aðlögunar að breyttum aðstæðum. Verður það ásamt efnahagslegum tryggingum og ýmiss konar fyrirgreiðslu við hlutaðeigandi að teljast grundvallaratriði.

Mál þetta var flutt síðla á 120. þingi af fyrsta flutningsmanni og kom þá ekki til umræðu. Nú er það endurflutt af öllum þingmönnum Alþýðubandalagsins með viðbótum í greinargerð.

18. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [18. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 26. gr. stjórnarskrárinnar bætist nýr málsliður, er verður 3. málsl., svohljóðandi: Sama á við ef forseta berst áskorun um það frá þriðjungi kosningabærra manna í landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu til stjórnarskipunarlaga er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Aðeins er mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni, þ.e. í 11. gr. (ef ¼ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti), í 26. gr. (ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum) og í 79. gr. (ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni). Ekki er að finna þar neitt ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Þótt oft hafi komið fram krafa um að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu hefur ekkert orðið úr því. Réttur fólks til að hafa áhrif á framgang einstakra mála er bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, svo sem opnun á áfengisútsölum og um hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum.

Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. Samkvæmt stjórnskipan okkar getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Telja verður að lýðræðinu séu þannig nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórnir það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu, auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá frá loforðum og kosningastefnuskrám.

Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Þannig var hávær krafa uppi hjá stórum hluta þjóðarinnar um að efnt skyldi til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi. Það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en þeir hafa nú.

Forsetinn hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust. Færa má að því gild rök, eins og að framan segir, að frumvarp til laga um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu sé einmitt mál sem rétt hefði verið að bera undir þjóðina með þessum hætti. Þegnar landsins geta átt réttmæta kröfu á því að fá að taka á beinan hátt þátt í ákvörðun um mikilvæg atriði, eins og að framan greinir. Því er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir þeim þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga.

19. Frumvarp til laga [19. mál]

um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð.

Flm.: Svavar Gestsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Lög þessi kveða á um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem tekur til starfa 1. janúar 1997 og er starfræktur til loka ársins 2000. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og er vistaður í forsætisráðuneytinu. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við banka eða lánastofnanir um vistun sjóðsins og annast stjórnsýslu fyrir hann.

Fyrir lok ársins 2000 tekur Alþingi ákvörðun um framlengingu eða breytingu á starfseminni með hliðsjón af þeirri reynslu sem þá liggur fyrir.

2. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn fimm manna sem eru tilnefndir sem hér segir: Einn er tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega, annar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sá þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega, en forsætisráðherra skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnarinnar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Við skipan stjórnarinnar skal þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu af nýsköpun í atvinnulífi.

Forsætisráðherra skipar stjórnina og heyrir starfsemi sjóðsins undir forsætisráðuneytið.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar nýsköpun í atvinnulífi, en einnig þróunar- og tilraunastarfi og nýjum verkefnum sem virðast geta orðið arðsöm. Sjóðurinn skal sérstaklega sinna þörfum þeirra sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að öðrum sjóðum né hefðbundnum lánastofnunum sem þó starfa í þágu atvinnulífsins. Sjóðurinn beinist ekki

síst að því að styrkja þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki geta uppfyllt hefðbundnar kröfur um venjulega veðsetningu fyrir lánum eða skortir áhættufé í formi hlutafjár til að ráðast í ný verkefni.

Til þess að fundur sé lögmætur þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnar. Ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um vanhæfi gilda um meðferð mála hjá sjóðstjórn.

4. gr.

Tekjustofnar sjóðsins eru þessir:

a. stofnfé sjóðsins greiðist úr ríkissjóði og er 1.000 millj. kr. á ári meðan sjóðurinn starfar,
b. aðrar tekjur sem eignir sjóðsins skila í formi vaxta eða með öðrum þeim hætti sem sjóðstjórnin tekur ákvörðun um.

5. gr.

Stjórn áhættu- og nýsköpunarlánasjóðsins getur ráðstafað fjármunum sjóðsins sem hér segir:

1. Til að kaupa hlut eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum vegna nýrra verkefna sem efnt er til innan lands eða erlendis, enda selji sjóðurinn hlut sinn strax og viðkomandi fyrirtæki ræður eitt við verkefnið að mati sjóðstjórnar. Við frágang á kaupum sjóðsins á hluta í fyrirtæki skal frá því gengið hvenær sjóðurinn hverfur úr rekstri þess.
2. Til að veita endurkræfan styrk, víkjandi lán eða vaxtalaus lán úr sjóðnum, enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til fyrirtækisins.
3. Til að veita lán úr sjóðnum, jafnvel þótt fyrirtækið geti ekki veðsett eignir á móti lánunum með hefðbundnum hætti.
4. Til að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki.
5. Til að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Ráðherra setur í reglugerð, að fenginni tillögu stjórnar, nánari ákvæði um útfærslu þessarar greinar, svo og um úthlutun, umsóknarfresti og önnur skilyrði eftir því sem þörf krefur, sérstaklega þó um þau skilyrði sem það fyrirtæki verður að uppfylla sem fær lán án hefðbundinna veða eða hlýtur styrk úr sjóðnum.

Í reglugerðinni skal miða við að 40–70 aðilar geti fengið styrk úr sjóðnum á ári hverju, að hámarki þó 20 millj. kr. hvert fyrirtæki. Nái fyrirtæki verulegum tekjuauka má gera ráð fyrir því í reglum sjóðsins að styrkur verði endurgreiddur eða innheimta hafin á víkjandi láni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er skylt að gera strangar faglegar kröfur til stjórnenda fyrirtækis sem fær lán eða stuðning frá sjóðnum. Óheimilt er að veita stuðning úr sjóðnum til fyrirtækja sem sérstaklega tengjast stjórnarmönnum.

7. gr.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á starfsemi, rekstri og stjórnsýslu sjóðsins á sama hátt og tíðkast með önnur fyrirtæki í eigu ríkisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 en falla úr gildi 31. desember árið 2000 nema Alþingi hafi áður tekið ákvörðun um að framlengja þau. Alþingi skal fyrir 31. desember 2000 taka ákvörðun um hvernig farið verður með eignir og skuldir áhættulánasjóðsins eftir þann tíma.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram og kynnt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Enn einn sjóðurinn — til hvers? Eru ekki nægilega margir sjóðir til? Og bankar? Svarið er bæði já og nei. Vissulega eru til nægilega margir sjóðir til þess að sinna margvíslegum verkefnum. Hins vegar er ekki til nein stofnun sem getur veitt fyrirtækjum og einstaklingum áhættulán — jafnvel án þess að venjuleg veðsetning sé fyrir hendi. Þingmenn Alþýðubandalagsins heimsóttu í jólaleyfi Alþingis 1995–96 nokkur fyrirtæki sem glíma við nýjungar. Hér er um að ræða fyrirtæki sem hafa sprottið af hugviti en ekki eignum. Forráðamenn þeirra hafa ekki fengið fjárhagslegan stuðning, en samt hefur þessum fyrirtækjum tekist á undraverðum hraða að rífa sig upp. Dæmi um slík fyrirtæki eru Tæknival og Oz en það síðarnefnda hefur vakið athygli víða um heim og hefur reyndar þegar stofnað útibú í tveimur öðrum heimsálfum.

Þær þjóðir, sem hafa náð mestum árangri í efnahagsmálum á síðustu árum, hafa einmitt lagt áherslu á fyrirtæki sem byggjast á hugviti og athyglisvert er að nokkur þeirra landa sem fátækust eru af auðlindum hafa náð einna lengst í því að byggja upp hagvöxt. Margt bendir til þess að möguleikar Íslendinga liggi einnig þarna; auk þess að leggja áherslu á nýtingu hefðbundinna auðlinda til lands og sjávar.

Um þessi mál var fjallað á fundi miðstjórnar Alþýðubandalagsins 17. og 18. febrúar í tengslum við umræður um kjaramál. Þar var bent á hróplegan mun á launum fólks á Íslandi og í grannlöndunum og jafnframt minnt á nauðsyn þess að efla Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þá var minnt á áhættulánasjóðinn sem gerðar hafa verið samþykktir um á vegum Alþýðubandalagsins.

Miklar umræður hafa verið um áhættulánasjóð á undanförum árum. Hafa þær ekki farið fram á Alþingi heldur fremur í fjölmiðlum. Á aðalfundi SF fjallaði Einar Svansson framkvæmdastjóri um þessi mál og benti m.a. á stórfellda styrki innan Evrópusambandsins. Þá kom fram að styrkir næmu 3% af veltu sjávarútvegsins í Noregi. Því er þetta nefnt að þarna kom fram að um er að ræða margvíslega starfsemi hins opinbera í grannlöndum okkar og samkeppnislöndum sem auðveldar atvinnulífinu að þróa nýjungar á hverjum tíma. Íslendingar hafa hins vegar í seinni tíð hafnað hvers konar stuðningsstarfsemi við atvinnulífið sem aftur hefur það í för með sér að íslenskt atvinnulíf býr að þessu leytinu við lakari skilyrði en sambærileg fyrirtæki erlendis.

Íslensk stjórnvöld hafa reyndar verið ótrúlega treg til að skapa aðstæður í þjóðfélaginu sem styrkja nýsköpunarstarf. Endalausar kröfur um steinsteypuveð hafa dregið mátt úr hugvitsmönnum sem hafa viljað þróa nýjungar í atvinnulífinu hér á landi. Aðrar þjóðir, t.d. Danir, veita margar mikið fé til hugvitsmanna. Fullyrða þeir sem til þekkja að hver króna sem þeir verja til þessa skili sér sjötugföld til baka! Hugvitsmenn á Íslandi hafa stofnað með sér félag og hefur það haldið fram nauðsyn þess að hér á landi yrði stofnaður áhættulánasjóður.

Alþýðubandalagið fjallaði sérstaklega um áhættulánasjóð í útflutningsleið sinni. Útflutningsleiðin byggðist á samþykktum landsfundar 1993 og varð hún undirstaða kosningastefnuskrár Alþýðubandalagsins 1995. Í útflutningsleiðinni er fjallað um fjölmarga þætti atvinnumála, auk velferðarmála og efnahagsmála almennt. Þar sagði m.a. á bls. 82:

„5. Áhættufjármagn fyrir hugvits- og hæfileikafólk.

Nýsköpun í hagkerfinu verður aldrei án þess að opnaður sé aðgangur að verulegu áhættufjármagni fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja fara inn á nýjar brautir. Skortur á slíku áhættufjármagni hindrar verulega þróunarmöguleika íslensks atvinnulífs.

Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum áhættulánasjóði sem fjármagnaður yrði með árlegum greiðslum frá bönkum, stórfyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum. Með starfsemi slíks sérstaks áhættulánasjóðs mundi staða bankanna styrkjast og því væri eðlilegt að þeir tækju þátt í því að koma honum á fót.

Áhættulánasjóðurinn fæli í sér:

5.1 Árlega yrðu veittar 500–700 millj. kr. til fyrirtækja og einstaklinga til að greiða fyrir nýjungum í atvinnulífi.

5.2 Hámark yrði á hverri lánveitingu, t.d. 20 millj. kr. Leitast yrði við að sem flestir fengju aðgang að áhættufjármagni. Miðað yrði við að 40–100 aðilar fengju árlega aðstoð til nýrra verkefna.

5.3 Hugvit, nýjar hugmyndir, hæfileikar einstaklinga, frumleiki og aðrir slíkir eiginleikar nýsköpunar yrðu ráðandi þættir við ákvarðanir sjóðstjórnar.

5.4 Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð settu svip á störf sjóðsins. Árlega yrði birt skrá yfir ákvarðanir sjóðstjórnar og jafnframt birt lýsing á þeim árangri sem fyrri ákvarðanir hefðu skilað.

5.5 Engra veða yrði krafist því hér yrði um áhættufjármagn en ekki venjuleg lán að ræða.

5.6 Nái einstaklingar og fyrirtæki árangri og hljóti verulegan tekjuauka verði áhættustyrkurinn greiddur til baka á tíu árum.

5.7 Þeir sem einu sinni hafa fengið áhættufjármagn úr sjóðnum en ekki náð árangri gætu ekki komið til greina aftur fyrr en að tíu árum liðnum."

Frumvarpið um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð er því flutt í beinu framhaldi af fyrri samþykktum Alþýðubandalagsins, auk þess sem sókn í atvinnumálum er undirstaðan fyrir bættum kjörum og því að kjörin hér verði sambærileg við það sem gerist í grannlöndum okkar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. kveður á um stofnun sjóðsins frá og með næstu áramótum. Gert er ráð fyrir að hann starfi í fjögur ár og er því hugsaður sem eins konar tilraun til skemmri tíma. Stefna frumvarpsins byggist á því að sjóðurinn verði eins konar viðbót við það sjóðaumhverfi sem atvinnulífinu er búið á Íslandi. Í frumvarpinu er miðað við að Alþingi taki fyrir árslok árið 2000 ákvörðun um að leggja sjóðinn niður og sameina starfsemi hans öðrum aðilum eða að framlengja starfsemi hans, enda verði hún talin réttlætanleg að fenginni reynslu.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipan stjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að stjórnin verði undir forustu annars þess fulltrúa sem skipaður verði af forsætisráðherra. Lögð er áhersla á að allir stjórnarmenn búi yfir þekkingu á atvinnulífinu.

Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn verði vistaður hjá forsætisráðuneytinu. Meðan ekki er til sérstakt atvinnuvegaráðuneyti er eðlilegt að sjóðurinn sé í forsætisráðuneytinu.

Um 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því að tekin verði upp ný verkefni í atvinnulífi jafnvel þó að eigendur fyrirtækjanna eigi ekki aðgang að öðrum sjóðum sem starfa í þágu atvinnulífsins og geti ekki uppfyllt hefðbundnar kröfur um veðsetningu fyrir lánum. Hér er vissulega ekki hvatt til þess að „hver sem er“ geti fengið stuðning úr sjóðnum. Þvert á móti ber að gæta aðhalds og vandvirkni við val á lántaka. En hér er lögð áhersla á að þeir sem ekki geta veðsett steinsteypu geti samt lagt af stað í nýsköpun í atvinnulífinu.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið geti lagt fram allmikið fjármagn eða alls 4 milljarða kr. til sjóðsins. Það kann að virðast mikið fjármagn. Til samanburðar skal það nefnt að ríkið leggur til atvinnulífsins um hálfan milljarð kr. á ári í formi skattafrádráttar við hlutabréfakaup. Heildarvaxtatekjur í þjóðfélaginu árið 1994 voru um 33 milljarðar kr. Talið er að 10% nafnvaxtaskattur á vexti, eins og nú er reiknað með í sérstakri skýrslu, geti skilað ríkissjóði um 1.100 millj. kr. Fyrirtæki borga um 4,7 milljarða kr. í tekjuskatt á þessu ári og auðvitað mætti hugsa sér að tekjuskattur félaga yrði hækkaður til þess að standa undir framlögum í áhættulánasjóðinn að einhverju leyti. Verður ekki sagt að mati flutningsmanna að hér sé um gríðarlega há framlög að ræða í þetta mikilvæga verkefni. Þá er mögulegt að taka til þess sérsakt gjald að standa undir sjóði þessum. Má í því sambandi minna á iðnrekstrarsjóð sem hafði verkefni sem voru keimlík þeim sem hér er flutt tillaga um. Hann var fjármagnaður með aðlögunargjaldi á innfluttar iðnaðarvörur og var sá skattur viðurkenndur af bandalagsþjóðum okkar í EFTA.

Verður loks á það minnst til samanburðar að hvert eitt prósent í hagvexti skilar þjóðarbúinu 4 milljörðum kr. Því ekki að taka hluta af hagvextinum til þess að borga niður skuldir ríkisins með jákvæðum hætti, þ.e. með því að auka verðmætasköpun í atvinnulífinu verulega? Þannig er unnt að rífa efnahagslífið út úr þeim vítahring stöðnunar og stóriðjuvona sem hafa einkennt það á undanförnum árum.

Flutningsmenn telja einnig að til greina komi að taka sérstaka ákvörðun um tekjustofna fyrir sjóðinn eða að einhver þeirra sjóða sem nú eru starfræktir renni að hluta til eða að öllu leyti í áhættulánasjóðinn. Þá má benda á að þegar ríkið selur fyrirtæki væri eðlilegt að þeir fjármunir rynnu beint í sjóð eins og þann sem hér er gerð tillaga um.

Í b-lið er gert ráð fyrir vaxtatekjum og e.t.v. tekjum af verðbréfum eða hlutafjáreignum. Þá má hugsa sér að stjórn sjóðsins hafi samband við sveitarstjórnir og forráðamenn lífeyrissjóða til þess að beina fjármunum þessara aðila í svipaðan farveg þegar það á við.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um helstu stuðningsleiðir sjóðsins við starfsemi fyrirtækja.

Þar er gert ráð fyrir:

a. að kaupa megi hlutafé eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum sem kjósa að glíma við ný verkefni — þá er jafnframt miðað við að um leið og gengið

er frá kaupum á hlut í fyrirtæki verði ákveðið hvenær sjóðurinn hættir þátttöku í fyrirtækinu þannig að það verði frá upphafi að reikna með því að standa á eigin fótum,

b. að veita vaxtalaus lán úr sjóðnum, endurkræfan styrk eða víkjandi lán, enda séu gerðar strangar faglegar kröfur til verkefnisins,
c. að veita lán úr sjóðnum jafnvel þó að fyrirtæki geti ekki veðsett eignir fyrir lánunum með hefðbundnum hætti,
d. að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki,
e. að veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Ekki er þó um tæmandi upptalningu að ræða þar sem gera verður ráð fyrir að stjórnin þurfi að hafa allmikið svigrúm í starfsemi sinni. Engu að síður eru sett inn stefnumarkandi ákvæði eins og þau að leitast skuli við að styðja tiltekinn fjölda fyrirtækja á ári hverju, að heimilt verði að krefjast endurgreiðslu fjár eftir fimm til tíu ár og að styrkur til eins fyrirtækis megi ekki fara yfir 20 millj. kr. í hvert skipti.

Um 6. gr.

Stjórn sjóðsins er skylt að gera strangar faglegar kröfur til stjórnenda fyrirtækis sem fær lán eða stuðning frá sjóðnum. Óheimilt er að veita stuðning úr sjóðnum til fyrirtækja sem sérstaklega tengjast stjórnarmönnum. Hér er kveðið á um nauðsyn þess að stjórnin vandi verk sín að öllu leyti eins og framast er kostur.

Um 7. gr

Gert er ráð fyrir að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun á starfsemi, rekstri og stjórnsýslu sjóðsins, á sama hátt og tíðkast með önnur fyrirtæki í eigu ríkisins.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um gildistöku og þá skyldu Alþingis að hafa fyrir lok ársins 2000 tekið ákvörðun um það sem á að koma í staðinn fyrir starfsemi sjóðsins og hvernig fara á með eigur hans framvegis.

20. Beiðni um skýrslu [20. mál]

frá forsætisráðherra um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–96.

Frá Ragnari Arnalds, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun launa og lífskjara á Íslandi á hverju ári allt frá árinu 1991 til og með 1996.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig hefur kaupmáttur launa á Íslandi þróast á þessu tímabili:
   a. kaupmáttur dagvinnulauna, sundurliðaður eftir helstu atvinnustéttum,
   b. kaupmáttur ráðstöfunartekna, sundurliðaður eftir helstu atvinnustéttum,

c. kaupmáttur atvinnuleysisbóta,
d. kaupmáttur elli- og örorkulífeyris, sbr. lög um almannatryggingar, nr. 117/1993,
e. kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu og uppbótum, sbr. lög um almannatryggingar, nr. 117/1993?

2. Hvaða breytingar hafa orðið á lífskjörum aldraðra, öryrkja og sjúklinga með breytingum á lögum, reglugerðum, lyfjakostnaði og þjónustugjöldum á fyrrnefndu tímabili?
3. Hvaða breytingar hafa orðið á skuldastöðu heimilanna á fyrrnefndu tímabili?
4. Hver er fjöldi nauðungaruppboða á húseignum einstaklinga og fjöldi gjaldþrota á þessum árum?
5. Hver er fjöldi nýbyggðra íbúða þessi ár?
6. Hver hafa vanskil hjá Húsnæðisstofnun ríkisins verið á þessum árum?
7. Hvaða breytingar voru gerðar á barnabótum, vaxtabótum og tekjuskattslögum á árunum 1991–96?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna og enn fremur að skýrslubeiðnin verði prentuð með skýrslunni er hún birtist.

21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögum nr. 55 31. maí 1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ágúst Einarsson, Össur Skarphéðinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.

Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna er málið varða og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er því haldið fram að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Alþingi ber skylda til að standa vörð um það hlutverk sitt að vera meginstoð stjórnskipunar landsins. Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar lög-

gjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing. Þessi staðreynd er alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa.

Stjórnarfrumvörp eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneytanna eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins. Frumkvæði í lagasetningu hefur því smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Frumvarpi því sem hér er lagt fram er ætlað, ef að lögum verður, að skerpa á eftirlits- og aðhaldshlutverki Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og fela fastanefndum þingsins víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum, umfram það sem þær nú þegar hafa í 26. gr., sbr. 28. gr. þingskapalaga. Árið 1981 hafði Vilmundur Gylfason frumkvæði að því að flytja á Alþingi frumvarp svipaðs efnis, en það náði ekki fram að ganga.

Í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði þess efnis að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Þetta ákvæði hefur reynst mjög þungt í vöfum. Nokkrum sinnum hafa komið fram á Alþingi tillögur er varða þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og á miðjum 6. áratugnum náði ein fram að ganga þegar samþykkt var skipan nefndar til að rannsaka okur. Nefnd þingmanna rannsakaði málið og skilaði um það skýrslu til Alþingis.

Alþingi hefur óumdeilt eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslu ríkisins, sbr. t.d. 2. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis. Að mati flutningsmanna ber þinginu því skylda til þess að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé farið með það vald sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins. Ef eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu á að vera virkt er ákvæði stjórnarskrárinnar ekki nægjanlegt. Frumvarpið byggist á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar en með flutningi þess er stefnt að því að koma á virku aðhaldi og eftirliti fastanefnda Alþingis með framkvæmdarvaldinu, um framkvæmd laga og reglugerða og meðferð opinberra fjármuna. Þannig getur þingnefnd hvenær sem henni þykir ástæða til haft frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka án þess að heimild þurfi að fást fyrir því frá Alþingi. Í lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu. Fumvarpinu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu Ríkisendurskoðunar.

Ef frumvarpið nær fram að ganga má búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem ekki lúta einungis að tæknilegum útfærslum. Frumvarpið er þó einungis flutt til að taka af allan vafa um þessi atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefnd áður en reglugerð er gefin út. Í nefndaráliti gæti einnig komið fram ósk nefndar um sama atriði. Þótt fjárlög séu ekki almenn lög og hafi því e.t.v. takmarkað fordæmisgildi á þessu sviði má þó benda á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, en í greininni eru nokkrar heimildir til fjármálaráðherra m.a. bundnar samþykki fjárlaganefndar. Í Danmörku er reglugerðarheimild stundum bundin samráði við hlutaðeigandi þingnefnd en einnig eru dæmi þess að

nefnd óski eftir því að sjá drög að reglugerð eða viðkomandi ráðherra óski eftir því að bera reglugerð undir þingnefnd.

Helsta nýmæli þessa frumvarps er tillaga um að þingnefnd geti tekið mál er varða framkvæmd laga og meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar er að öllu jöfnu fari fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis. Munur á rannsókn samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. frumvarpsins og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Því er það gert að skilyrði að nefnd telji ríka ástæðu til þeirrar málsmeðferðar sem fyrir er mælt um í seinni málsgreininni og ber að beita ákvæðinu af varúð. Þannig mundi þingnefnd ekki geta tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum.

22. Beiðni um skýrslu [22. mál]

frá forsætisráðherra um samanburð á lífskjörum hérlendis og í Danmörku.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi viðbótarskýrslu um samanburð á þróun ýmissa þátta lífskjara, skiptingu þjóðartekna og fleira.

Í skýrslunni komi m.a. fram:

— ítarlegri samanburður á verði matvara hérlendis og í Danmörku,
— samanburður á samningsbundnum réttindum hér og í Danmörku,
— ítarlegri samanburður á kostnaðarþáttum í heilsugæslu, svo sem lyfjakostnaði,
— samanburður á skiptingu þjóðartekna til nokkurra ára annars vegar og skiptingu innbyrðis milli einstakra hópa launafólks hins vegar á Íslandi og í Danmörku,
— hver er ástæða þess að danskir vinnuveitendur geta greitt hærri laun en íslenskir vinnuveitendur? Rétt er að athuga bæði framleiðni vinnu og nýtingu fjármagns í atvinnustarfseminni, þar með talið skilvirkni og kostnað íslenska og danska fjármagnsmarkaðarins fyrir atvinnulífið.

Greinargerð.

Á síðasta löggjafarþingi lagði forsætisráðherra fram skýrslu um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar. Þar komu fram fróðlegar upplýsingar um helstu þætti lífskjara hérlendis og gerð var tilraun til að varpa ljósi á sömu þætti í Danmörku. Samanburður þessara þátta gaf nokkra mynd af mismunandi lífskjörum í löndunum án þess að reynt væri að kafa dýpra í málið.

Við þær umræður sem urðu er skýrslan var birt tilkynnti formaður þingflokks Alþýðuflokksins að farið yrði fram á viðbótarskýrslu frá forsætisráðherra um þetta mál strax við upphaf þinghalds nú í haust.

Þótt skýrsla forsætisráðherra hafi á ýmsan hátt verið fróðleg og ítarlegar upplýsingar gefnar skorti tilfinnanlega á að reynt væri að finna orsakir þess mismunar lífskjara í löndunum sem greint er frá. Til þess að sú mikla vinna sem lögð var í skýrsluna komi að fullum notum er nauðsynlegt að þoka umræðunni úr hreinum samanburði yfir í greiningu á orsökum.

Ljóst er að sumir liðir beiðninnar voru reifaðir lauslega í fyrrnefndri skýrslu, þótt umfjöllun um einstaka þætti hafi ekki verið fullnægjandi. Hér er því í nokkrum tilfellum verið að biðja um fyllri mynd fremur en nýjar upplýsingar. Gagnasöfnun ætti nú að vera mun auðveldari og byggja má að nokkru á gögnum sem þá var aflað. Kostnaður við skýrsluna ætti því ekki að vera óhóflegur.

Óskað er eftir að skýrslugerðinni verði hraðað eftir föngum þannig að niðurstöður geti legið fyrir um næstkomandi áramót.

23. Beiðni um skýrslu [23. mál]

frá dómsmálaráðherra um málefni Neyðarlínunnar hf.

Frá Lúðvík Bergvinssyni, Ögmundi Jónassyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Hjörleifi Guttormssyni, Margréti Frímannsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Ragnari Arnalds, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísun til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að dómsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um ákvarðanir sínar og málsmeðferð er varðar málefni Neyðarlínunnar hf.

Í ljósi mikillar óánægju og gagnrýni á ákvörðun dómsmálaráðherra um hvernig hagað skuli fyrirkomulagi á rekstri samræmdrar neyðarsímsvörunar fyrir landið allt (112), af hálfu lögreglu-, slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna auk lækna, verði m.a. gerð grein fyrir hvernig staðið var að vali á þeim fyrirtækjum og stofnunum sem aðild eiga að Neyðarlínunni hf., hvaða skilyrði voru sett fyrir aðild og hvaða kröfur viðkomandi aðilar þurftu að uppfylla og einnig fyrir forsendum og útreikningum ráðuneytisins vegna samnings þess við Neyðarlínuna hf. Jafnframt verði upplýst um heildarkostnað ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra næstu átta árin af rekstri Neyðarlínunnar hf. og um árlegt framlag Reykjavíkurborgar, Slysavarnafélags Íslands og Pósts og síma til starfseminnar. Þá verði upplýst um áætlaðan byggingarkostnað þess húsnæðis sem verið er að reisa yfir starfsemina.

Lagðir verði fram nákvæmir útreikningar um hagkvæmni þeirrar leiðar sem ráðherra ákvað að fara borið saman við aðrar leiðir sem kannaðar voru, auk þess sem upplýst verði hvaða leiðir voru kannaðar. Því verði svarað hvort mögulegt sé að nýta þann tækjabúnað sem nú er fyrir hendi hjá lögreglu eða slökkviliði eða öðrum aðilum hér á landi til að sinna þjónustunni sem Neyðarlínunni hf. er ætlað að sinna. Rökstudd verði nauðsyn þess að skilja að símsvörun annars vegar og starfsemi viðbragðsaðila hins vegar, jafnframt því sem gefnar verði upplýsingar um hvernig slíkri starfsemi er háttað annars staðar á Norðurlöndum.

Fram komi hvaða kröfur ráðuneytið hefur sett um faglega kunnáttu starfsfólks Neyðarlínunnar hf., einkum er varðar skólagöngu þess, reynslu í starfi og af vettvangi. Þá verði í skýrslunni gerð grein fyrir hvernig samstarfi ráðherra annars vegar og heilbrigðisstétta, sjúkrahúsa, lögreglu og slökkviliðs hins vegar hafi verið háttað meðan á undirbúningi málsins stóð og hvort fulltrúar þessara hópa hafi á einhverju stigi undirbúnings málsins komið að því og með hvaða hætti. Jafnframt verði upplýst um nauðsyn þess að ráðast í byggingu nýs húsnæðis og hvers vegna húsnæðinu er auk þess að hýsa starfsemi Neyðarlínunnar hf. ætlað að hýsa starfsemi einkafyrirtækja og hvernig starfsemi þessara aðila fer saman, t.d. varðandi trúnaðarupplýsingar.

Í skýrslunni komi fram upplýsingar um kostnað við kaup nauðsynlegra tækja, fjármögnun þeirra og hvernig eignarhaldi og ráðstöfunar- og notkunarrétti verði háttað á húsnæði og tækjum Neyðarlínunnar hf., auk þess hvernig samvinnu starfsmanna Neyðarlínunnar hf. annars vegar og starfsmanna þeirra einkafyrirtækja sem aðild eiga að Neyðarlínunni hins vegar verði háttað. Að lokum verði gerð grein fyrir gjaldskrá Neyðarlínunnar hf. og væntanlegum sértekjum hennar.

Greinargerð.

Samhljóða beiðni um skýrslu, flutt af sömu alþingismönnum, var lögð fram á síðasta þingi, 15. apríl, og á 119. fundi 16. apríl var beiðnin samþykkt. Skýrsla barst ekki fyrir þingfrestun 5. júní sl. og því er beiðnin lögð fram að nýju. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Með samþykkt laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, var ákveðið að koma á fót samræmdri neyðarsímsvörun fyrir landið allt til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð.

Í lögunum er kveðið á um að til að sinna viðtöku og úrvinnslu þeirra tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skuli koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Í lögunum er dómsmálaráðherra svo nánast selt sjálfdæmi um hvernig slíkri stöð eða stöðvum er komið á fót og á hendi hvers reksturinn verði.

Rekstur samræmds neyðarnúmers er framfaramál sem varðar öryggi allra landsmanna. Því er mikilvægt að sátt ríki um hann. Sú sátt næst ekki nema öryggi landsmanna sé tryggt. Í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið, sérstaklega af hálfu þeirra aðila sem starfa munu náið með Neyðarlínunni hf., á þá ákvörðun dómsmálaráðherra að fela Neyðarlínunni hf. rekstur einnar vaktstöðvar fyrir landið allt og vegna þeirra miklu fjárfestinga og útgjalda sem ríki og sveitarfélög þurfa að standa straum af vegna uppbyggingar og reksturs Neyðarlínunnar hf. er þess óskað að ráðherra geri í skýrslu til Alþingis ítarlega grein fyrir málsmeðferð af sinni hálfu, allt frá því að lögin voru samþykkt.

24. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]

fyrir árið 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 12.000 m.kr. á árinu 1997.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1997 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 6.183 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.970 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, allt að 130 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.950 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.
5. Bæjarveitna Vestmannaeyja, allt að 33 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1997 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–8. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þeir eru:

1. Landsvirkjun, allt að 4.800 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.640 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 4.500 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 14.000 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.100 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 3.400 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.

8. Ferðamálasjóður, allt að 150 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

5. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

6. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

7. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 6. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

8. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

9. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

10. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka skuldir Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

11. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1997. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1998 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1997 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á því ári. Þannig næst heildarsýn yfir lánsfjármál ríkissjóðs á einum vettvangi. Framsetning frumvarpsins er hliðstæð því sem kemur fram í núgildandi lánsfjárlögum.

Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti lánsfjármála hins opinbera, einkum ríkissjóðs. Fyrst verður fjallað um framboð og eftirspurn lánsfjár 1996 og 1997, þá stöðu fjármagnsmarkaðarins, því næst um lánsfjárþörf hins opinbera og síðan ráðstöfun á lántökum A-hluta ríkissjóðs. Loks er fjallað um efni sérhverrar greinar frumvarpsins.

I. Framboð og eftirspurn lánsfjár.

Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands hefur lánsfjáreftirspurn fyrri hluta þessa árs aukist um 4,2% eða 35 milljarða króna, samanborið við 17 milljarða króna eða 2,2% fyrir sama tímabil árið 1995. Frá miðju ári 1995 til jafnlengdar 1996 hefur eftirspurnin aukist um 64 milljarða eða 8% sem er í samræmi við hlutfallslega aukningu landsframleiðslu milli ára. Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er, þ.e. ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig lánsfjáreftirspurnin hefur þróast hjá þessum aðilum á undanförnum árum:

	Staða í lok tímabils				Hreyfing, %	
	1994	1995	Júní 1995	Júní 1996	Jan.-Jún. 1995	Jan.-Jún. 1996
Ríkið	129,5	143,8	140,4	150,1	8,4	4,4
Sveitarfélög	36,9	41,4	38,4	38,6	4,0	-6,7
Fyrirtæki	329,7	330,5	324,2	343,1	-1,7	3,8
Heimili	289,1	315,8	299,5	334,3	3,6	5,8
Samtals	**785,2**	**831,5**	**802,5**	**866,1**	**2,2**	**4,2**

Samkvæmt yfirlitinu hefur átt sér stað athyglisverð breyting á eftirspurninni milli áranna 1995 og 1996. Í fyrsta lagi halda lántökur heimilanna áfram að aukast eða um 11,5% frá miðju ári 1995 til jafnlengdar 1996. Af þessu má ráða að heimilin auka enn skuldir sínar þrátt fyrir auknar tekjur og lýsir það misvægi í þróun þjóðartekna og einkaneyslu. Það hlýtur að valda áhyggjum að kaupmáttaraukningin skuli ekki ganga til að greiða niður skuldir heimilanna. Í öðru lagi eru fyrirtækin farin að taka lán að nýju eftir að hafa styrkt fjárhagsstöðu sína m.a. með því að greiða niður skuldir. Uppgang í atvinnurekstri er víða að finna og má í því sambandi nefna miklar fjárfestingar tengdar loðnuvinnslu. Í þriðja lagi vekur það athygli að skuldir sveitarfélaga eru teknar að lækka en þær náðu hámarki á síðasta ári. Síðast en ekki síst hefur vöxtur í lántökum ríkisins dregist verulega saman en þær jukust um 4,4% á fyrri helming þessa árs samanborið við 8,4% á sama tíma í fyrra.

Við afgreiðslu fjárlaga 1996 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 32 milljarðar króna á árinu 1996. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að aukning verði talsvert meiri eða tæpir 43 milljarðar króna. Mestu skiptir að horfur um landsframleiðslu og þjóðartekjur hafa batnað en peningalegur sparnaður er háður tekjuþróuninni og gildir það bæði um frjálsa og ekki síður kerfisbundna sparnaðinn. Bættur fjármagnsjöfnuður sem á rætur að rekja til minni endurgreiðslna erlendra lána fyrirtækja og sveitarfélaga hefur einnig stuðlað að vaxandi sparnaði á innlendum lánamarkaði. Hinn aukni sparnaður og bættur fjármagnsjöfnuður hefur leitt til rýmri stöðu á lánamarkaði en undanfarin tvö ár og vextir langtímabréfa hafa heldur farið lækkandi. Við þessi skilyrði ákvað fjármálaráðherra um mitt ár að segja upp þremur eldri flokkum spariskírteina með óhagstæðum vaxtakjörum, samtals að fjárhæð 17,3 milljarðar króna. Endurfjármögnun þessara flokka á innlendum markaði gekk allvel bæði með sölu spariskírteina til langs tíma og ríkisvíxla. Jafnframt hefur fjáröflun Byggingarsjóðs verkamanna gengið vel á innlendum markaði en sjóðurinn hefur með útboðum á húsnæðisbréfum náð að fjármagna 5,7 milljarða króna lánsfjárþörf sína, en á árinu á undan hvíldi fjáröflun sjóðsins á ríkissjóði. Innlend fjáröflun þessara aðila hefur því gengið mun betur á þessu ári en í fyrra.

Á árinu 1997 er talið að nýr peningalegur sparnaður verði öllu meiri en í ár, um 46 milljarðar króna, eða 8,8% af landsframleiðslu. Rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk þessara áætlana eru veruleg og því verður að skoða niðurstöðurnar með fyrirvara.

II. Staða fjármagnsmarkaðarins og horfur.

Staða ríkissjóðs á markaðnum. Þann tíma sem íslenski fjármagnsmarkaðurinn hefur verið í óheftri samkeppni við erlenda markaði, hefur stjórnendum peningamála tekist að hafa áhrif á inn- og útstreymi gjaldeyris þannig að jafnvægi hefur haldist. Þar vegur þungt að ríkissjóður hefur leitað á erlenda markaði þegar eftirspurn annarra aðila á innlenda lánsfjármarkaðnum hefur aukist og svo öfugt. Þannig hefur tekist að halda vaxtastiginu innanlands stöðugu, sem aftur hefur haft áhrif á framvindu í efnahagsmála.

Auknu útstreymi gjaldeyris vegna óhagstæðs viðskiptajöfnuðar á þessu ári hefur verið mætt með erlendum lántökum bæði hjá ríki og fyrirtækjum. Við innköllun spariskírteina í byrjun júlí þurfti ríkissjóður að draga á erlent lánsfé til að mæta að hluta útgreiðslum úr ríkissjóði en af 17,3 milljarða innlausn tókst að endurfjármagna um 12 milljarða króna innanlands með sölu ríkisverðbréfa. Mismunurinn, um 5 milljarðar króna, var fjármagnaður með erlendum skammtímalánum og bætti það lausafjárstöðu bankakerfisins sem hafði verið í járnum fram að því. Bætt lausafjárstaða bankanna hefur komið fram í auknum kaupum þeirra á ríkisvíxlum og meiri lánum til heimilanna. Nokkuð er um að fjárfestar hafi tekið lán í erlendri mynt og endurlánað, t.d. með kaupum á ríkisverðbréfum sem gefa hærri ávöxtun. Þetta eykur möguleika Seðlabanka til vaxtastýringar, þar sem háir vextir ríkisvíxla geta hindrað útstreymi gjaldeyris og þá um leið dregið inn erlent fé í vaxtaskiptasamningum eins og áður er getið.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir 1997 benda til þess að ríkissjóður lækki skuldir sínar um rúma 2 milljarða króna. Þá bendir allt til þess að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar verði 19,4 milljarðar króna í ár en samsvarandi fjárhæð fyrir 1997 verði 11,7 milljarðar króna. Minni lánsfjárþörf hins opinbera gefur svigrúm til aukinnar fjárfestingar atvinnufyrirtækja án þess að raska jafnvægi á fjármagnsmarkaði.

Vextir ríkisverðbréfa. Frá því að Verðbréfaþing Íslands hóf starfsemi sína hefur Seðlabanki Íslands verið viðskiptavaki með spariskírteini ríkissjóðs og myndað markaðsverð með kaupum og sölu á þeim. Þetta hlutverk Seðlabankans hefur verið gagnrýnt og ekki talið fara saman við önnur hlutverk hans, eins og að hafa áhrif á skammtímavexti. Af þeim ástæðum og einnig til að örva verðbréfamarkaðinn gerði Seðlabankinn, um miðjan febrúar sl., samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki um vörslu og viðskiptavakt á stórum flokkum ríkisverðbréfa. Samkvæmt samningunum er viðskiptavökum skylt að endurnýja kaup- og sölutilboð reglulega. Óhætt er að fullyrða að þessir samningar hafa haft góð áhrif á verðmyndun á eftirmarkaði.

Ávöxtun spariskírteina var í byrjun árs um 5,9% á 10 ára skírteinum og 5,8% á 20 ára skírteinum. Ávöxtunarkrafan fór svo lækkandi og náði lágmarki í júní en þá var hún 5,4% á 10 ára, en 5,2% á 20 ára skírteinum. Frá þeim tíma hefur hún heldur hækkað og í september var ávöxtunarkrafan 5,5% á 10 ára og 5,4% á 20 ára skírteinum. Sala spariskírteina hefur verið mjög góð það sem af er árinu. Þannig hefur náðst að selja 20 ára skírteini í almennum útboðum fyrir um 3,5 milljarða króna sem er 68% af heildarsölu spariskírteina í slíkum útboðum.

Vextir óverðtryggðra ríkisbréfa fóru lækkandi framan af árinu en hafa heldur hækkað að undanförnu. Þannig hafa vextir 5 ára bréfa lækkað úr 10,5% um sl. áramót í 8,8% um miðjan september. Sala ríkisbréfa hefur verið nokkuð sveiflukennd. Hún byrjaði vel í upphafi árs, var dræm um mitt ár, en hefur aðeins verið að glæðast nú að undanförnu. Samtals hafa verið seld ríkisbréf fyrir um 4,5 milljarða króna í ár.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða, voru í byrjun janúar u.þ.b. þremur prósentustigum hærri en erlendir skammtímavextir vegnir með viðskiptavog fyrir Ísland. Þessi munur fór lækkandi fram eftir árinu og var um tíma tvö prósentustig, en vegna aðgerða Seðlabanka Íslands í lok september til að draga úr þenslu hækkaði munurinn að nýju og er nú svipaður og hann var í byrjun árs. Hætta er jafnan á streymi fjár til útlanda ef vextir ríkisvíxla nálgast um of erlenda skammtímavexti. Það er hins vegar ávallt háð mati markaðarins hversu mikill þessi munur þarf að vera. Því ráða þættir eins og lánstraust, stöðugleiki og stærð markaðarins.

Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 7,1%, sem er um 0,5% lægri vextir en í byrjun árs. Sala ríkisvíxla í útboðum var í samræmi við áætlanir. Þetta breyttist í skiptiútboði vegna innköllunar spariskírteina þegar heldur meira var selt af víxlum en ráð var fyrir gert. Frá þeim tíma hefur eftirspurn eftir ríkisvíxlum verið heldur meiri en framboð. Fyrstu átta mánuði ársins nam nettó sala þeirra um 3,9 milljörðum króna.

Nýjungar í lánsfjármálum ríkissjóðs. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar í tengslum við innlenda fjáröflun ríkisins á þessu ári. Í byrjun febrúar kom til lokainnlausnar flokkur spariskírteina að fjárhæð um 8,5 milljarðar króna. Ákveðið var að mæta þessari innlausn með nýjum hætti. Nokkru fyrir gjalddaga var í fyrsta sinn haldið sérstakt útboð eingöngu ætlað þeim sem áttu spariskírteini í innlausnarflokknum. Í þessu útboði var ekki notuð hefðbundin aðferð við töku tilboða heldur var ákveðið að allir þeir sem lentu undir meðalávöxtun í sínum tilboðum yrðu færðir upp í meðalávöxtun útboðsins. Þessi aðferð er þekkt erlendis og ætluð til að auka þátttöku í útboðum en hún dregur einnig úr áhættu tilboðsgjafa. Þetta skiptiútboð gekk allvel og tókst að endurfjármagna yfir 70% innlausnarinnar. Svipaður háttur var hafður á við innköllun spariskírteina í júlí sl.

Þá var ákveðið að breyta útgáfu ríkisvíxla þannig að hún félli betur að þörfum ríkissjóðs og um leið peningamarkaðarins. Breytingin fólst aðallega í tveimur atriðum. Annars vegar voru útboð bundin ákveðnum mánaðardögum og uppgjörs krafist samdægurs eða daginn eftir, í stað þess að miða útboðið við ákveðna vikudaga með greiðsluuppgjöri tveim dögum síðar. Í öðru lagi var víxlaflokkunum fækkað og gjalddagar þeirra aðlagaðir að tekjustreymi ríkissjóðs. Með þessum breytingum fara saman þarfir ríkissjóðs og banka varðandi inn- og útstreymi fjár. Bankarnir ná að ávaxta fé sitt strax og ríkissjóður nær að brúa betur skammtímafjárþörf sína.

Í lok maí ákvað fjármálaráðherra að innkalla andvirði þriggja flokka spariskírteina frá árinu 1986 sem báru vexti á bilinu 8–9% auk verðtryggingar, en undanfarin misseri hafa vextir spariskírteina í útboðum verið vel innan við 6%. Áætlað er að þessi aðgerð spari ríkissjóði um 2 milljarða króna í vaxtagöldum fram til ársins 2000.

Húsnæðiskerfið. Húsnæðisstofnun og fjármálaráðuneyti gerðu með sér samning um að ríkissjóður fjármagnaði lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1996, samtals 2,3 milljarða króna. Einnig var ákveðið að bjóða út að nýju húsnæðisbréf til að fjármagna Byggingarsjóð verkamanna. Þátttaka í útboðum hefur verið það góð að tekist hefur að mæta 5,7 milljarða króna fjárþörf sjóðsins að fullu í ár. Útgáfa húsbréfa hefur verið samkvæmt áætlun það sem af er árinu, en heimild í lánsfjárlögum nemur 13,5 milljörðum króna.

III. Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða

Að framan var fjallað um lánsfjáreftirspurn eftir endanlegum notendum fjármagnsins. Þannig voru t.d. húsnæðislán Húsnæðisstofnunar ríkisins hluti af lánsfjáreftirspurn heimila og fjárfestingarlán veitt af Iðnlánasjóði hluti af lántökum fyrirtækja. Hér er hins vegar gerð grein fyrir lánsfjárþörf, lántökum og afborgunum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða óháð því hver er endanlegur notandi fjármagnsins.

Skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Sú skilgreining sem hér er notuð er allvíðtæk miðað við skilgreiningar í alþjóðlegum samanburði. Ýmis fyrirtæki og sjóðir sem hér flokkast sem ríkisaðilar, vegna ríkisábyrgðar á lánum þeirra, teljast til einkaaðila annars staðar. Jafnvíðtæk skilgreining og hér er notuð getur gefið villandi mynd af umsvifum ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á fjármagnsmarkaði og efnahagsáhrifum þeirra, sérstaklega í samanburði við önnur lönd. Til að auðvelda yfirsýn og samanburð við önnur lönd hefur lánsfjárþörfinni verið skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Til ríkisins teljast þá A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Undir ríkisfyrirtæki og sjóði fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeign í aðildarríkjum OECD. Hér má nefna Landsvirkjun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin og gefur það sem hér fer á eftir því ekki tæmandi mynd af umsvifum opinberra aðila á fjármagnsmarkaði.

Heildaryfirlit. Heildarlántökur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða eru áætlaðar 47,7 milljarðar króna á árinu 1997. Afborganir eldri lána eru áætlaðar 36 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, er áætluð 11,7 milljarðar króna og er það 7,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána frekar en undanfarin ár. Má rekja það til aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa þar sem vaxta- og gengisþróun ræður miklu um hvernig leitað er á fjármagnsmarkaði. Nú geta erlendir aðilar t.d. keypt ríkisverðbréf útgefin hér á landi og innlendir aðilar erlend ríkisverðbréf hömlulaust. Lánsfjárþörf ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða á árinu 1996 og 1997 er sundurgreind í eftirfarandi töflu:

Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



Í milljörðum króna	Áætlun 1996			Áætlun 1997		
	Innlent	Erlent	Samtals	Innlent	Erlent	Samtals
Lántökur	**48,6**	**25,4**	**74,0**	**-**	**-**	**47,7**
Ríki	32,1	17,5	49,6	-	-	19,5
Ríkissjóður A-hluti	26,4	17,5	43,9	-	-	11,9
Byggingarsjóðir	5,7	-	5,7	-	-	7,6
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	16,5	7,9	24,4	-	-	28,2
Ríkisfyrirtæki	0,5	2,2	2,7	-	-	4,8
Húsbréf	13,5	-	13,5	-	-	14,0
Fjárfestingarlánasjóðir	2,5	5,7	8,2	-	-	9,4
Afborganir	**34,7**	**19,9**	**54,6**	**21,3**	**14,9**	**36,0**
Ríki	25,6	9,5	35,1	12,5	7,6	20,0
Ríkissjóður A-hluti	19,3	9,5	28,8	6,6	7,6	14,2
Byggingarsjóðir	6,3	-	6,3	5,8	-	5,8
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	9,1	10,4	19,5	8,8	7,3	16,0
Ríkisfyrirtæki	-	2,1	2,1	-	2,3	2,3
Húsbréf	4,9	-	4,9	5,7	-	5,7
Fjárfestingarlánasjóðir	4,2	8,3	12,5	3,3	4,7	8,0
Hrein lánsfjárþörf	**13,9**	**5,5**	**19,4**	**-**	**-**	**11,7**
Hlutfall af landsframleiðslu	**2,8**	**1,1**	**3,9**			**2,3**

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Heildarlántökur A-hluta ríkissjóðs eru áætlaðar 11,9 milljarðar króna á árinu 1997 samanborið við 43,9 milljarða króna á þessu ári. Greiddar afborganir af teknum lánum

eru taldar munu nema 14,2 milljörðum króna. Þannig mun ríkissjóður, í fyrsta skipti frá upphafi síðasta áratugar, greiða niður skuldir sínar á árinu 1997 um sem nemur 2,3 milljörðum króna, en í ár eru þær taldar aukast um rúma 15 milljarða króna. Helstu skýringar á þessari breyttu lánsfjárþörf er að í stað halla í ár er áformað að ríkissjóður verði rekinn með afgangi árið 1997. Einnig falla niður á næsta ári lánveitingar ríkissjóðs til Húsnæðisstofnunar samkvæmt yfirlitinu. Í samræmi við gildandi samkomulag milli stofnunarinnar og fjármálaráðuneytisins getur komið til endurlána ríkissjóðs, teljist það heppilegra. Eftirfarandi yfirlit sýnir lánsfjárþörf ríkissjóðs 1996 og 1997 og skiptingu hennar. Þar á eftir er gerð nánari grein fyrir hvernig lánsfjárþörf ríkissjóðs skiptist.

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Rekstrarhalli ríkissjóðs	12.813	-1.084
Veitt lán, nettó	1.620	-2.050
Eignfærð framlög	300	400
Viðskiptareikningar	500	400
Hrein lánsfjárþörf	**15.233**	**-2.334**
Afborganir af teknum lánum	28.750	14.240
Heildarlánsfjárþörf	**43.983**	**11.906**

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs, þ.e. veitt ný lán að frádregnum innheimtum afborgunum af eldri lánum. Á árinu 1997 er ráðgert að veita ný lán að fjárhæð 6.190 m.kr. til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkissjóðs. Á móti koma innheimtar afborganir af eldri lánum sem eru áætlaðar samtals 8.240 m.kr. Innstreymi í ríkissjóð er því áætlað rúmlega 2 milljarðar króna, nettó. Á árinu 1997 koma til greiðslu lán sem ríkissjóður endurlánaði Flugstöð Leifs Eiríkssonar að fjárhæð 1.470 m.kr. og er hluti af innheimtum afborgunum ríkissjóðs á árinu 1997 og skýrir hækkun þeirra á milli ára. Til viðbótar þarf á næsta ári að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun flugstöðvarinnar að fjárhæð 525 m.kr. Fjárþörf flugstöðvarinnar verður mætt með nýrri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð 1.950 m.kr. sem áformað er að greidd verði af tekjustofnum flugmálaáætlunar á næstu árum og áratugum, ásamt öðrum lánum sem hvíla á flugstöðinni. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á hreyfingu veittra lána:

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Veitt ný lán	**8.980**	**6.190**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.930	3.970
Húsnæðisstofnun ríkisins	2.330	-
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	850	130
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	-	1.950
Alþjóðaflugþjónustan	-	100
Raðsmíðaskip	980	-
Spölur hf.	400	-
Aðrir	490	40
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**7.360**	**8.240**
Bundnar innlendu verðlagi	5.020	5.660
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	2.340	2.580
Veitt lán, nettó	**1.620**	**-2.050**

Eignfærð framlög. Hér er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til kaupa á hlutabréfum í innlendum fyrirtækjum, en báðir þessir liðir eru færðir í efnahagsreikning ríkissjóðs.

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Hluta- og stofnfjárframlög	**80**	-
Stofnfjárframlag til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar	180	-
Seld hlutabréf í Jarðborunum hf	-70	-
Seld hlutabréf í Þörungaverksmiðjunni hf	-30	-
Alþjóðafjármálastofnanir	**220**	**400**
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington, DC	90	85
Evrópubankinn, EBRD, London	17	8
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington, DC	-	19
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	43	53
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO, Helsinki	7	6
Annað	63	229
Samtals	**300**	**400**

Á vegum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu er verið að skoða möguleika á að selja eignarhlut ríkisins í fyrirtækjum eins og Skýrr hf., Sementsverksmiðjunni hf. o.fl. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar í þessu efni. Hæsta stofnfjárframlagið er áætlað til Alþjóðaframfarastofnunarinnar IDA, 85 m.kr. Framlag til tveggja stofnana fellur niður á árinu 1997 en það eru framlög til Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda og Norræna fjárfestingarbankans, NIB. Eignfærð framlög eru áætluð samtals 400 m.kr. á árinu 1997 samanborið við 300 m.kr. á árinu 1996.

Greiddar afborganir af teknum lánum. Greiddar afborganir af teknum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 14.240 m.kr. árinu 1997 samanborið við 28.750 m.kr. á þessu ári. Innlausn spariskírteina er áætluð um 5,4 milljarðar króna á næsta ári og afborganir af erlendum lánum dragast saman milli ára um 1,8 milljarða króna m.a. vegna skuldbreytinga yfir í lán með betri kjörum. Gert er ráð fyrir að sala nýrra ríkisbréfa á árinu 1997 nemi álíka fjárhæð og innlausn eldri ríkisbréfa, en á yfirstandandi ári er innlausn 3,4 milljörðum króna umfram seld ríkisbréf. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um greiddar afborganir ríkissjóðs á árunum 1996 og 1997:

Í milljónum króna	Áætlun 1996	Frumvarp 1997
Innlausn spariskírteina	14.450	5.400
Innlausn ríkisbréfa	3.440	-
Önnur innlend lán	1.390	1.190
Erlend lán	9.470	7.650
Samtals	**28.750**	**14.240**

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Þessi grein heimilar fjármálaráðherra að endurlána til fimm aðila í B-hluta fjárlaga allt að 6.183 m.kr. af þeirri fjárhæð er kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Þeir eru:

1. **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Gert er ráð fyrir að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.970 m.kr. á árinu 1997 og er það 60 m.kr. lægri upphæð en í lánsfjárlögum þessa árs. Afborganir lána umfram innheimtar afborganir eru áætlaðar 1.194 m.kr. sem er lækkun um 51 m.kr. frá því í ár, þar sem greiðendum námslána fer fjölgandi. Fjármagnskostnaður umfram fjármunatekjur er áætlaður 1.084 m.kr. sem er 44 m.kr. hækkun frá því í ár.
2. **Þróunarsjóður sjávarútvegsins.** Gert er ráð fyrir að endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 130 m.kr. á árinu 1997. Sjóðurinn hóf störf á miðju ári 1994. Hlutverk hans er að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Það er gert með því að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og uppkaupa á fiskvinnslustöðvum ásamt framleiðslutækjum til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi.
3. **Flugstöð Leifs Eiríkssonar.** Ráðgert er að endurlána Flugstöð Leifs Eiríkssonar allt að 1.950 m.kr. á árinu 1997. Á árinu 1997 kemur til greiðslu lán sem ríkissjóður endurlánaði Flugstöð Leifs Eiríkssonar að fjárhæð 1.470 m.kr. Auk þess þarf að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun flugstöðvarinnar vegna Schengensamkomulagsins að fjárhæð 525 m.kr.
4. **Alþjóðaflugþjónustan.** Áætlað er að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 100 m.kr. á árinu 1997 en lánsfjárheimild stofnunarinnar var ekki nýtt í ár. Hér er um að ræða fé til kaupa á tækjum og búnaði fyrir nýja flugstjórnarmiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að Alþjóðaflugmálastofnunin, ICAO, endurgreiði stærstan hluta kostnaðarins á næstu 15 árum.
5. **Bæjarveitur Vestmannaeyja.** Fyrirhugað er að endurlána Bæjarveitum Vestmannaeyja allt að 33 m.kr. vegna afborgana og vaxta af eldri lánum.

Að öðru leyti er vísað til greinargerðar um viðkomandi stofnanir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997.

Um 4. gr.

Í þessari grein er sett hámark á nýtingu þeirra lántökuheimilda sem kveðið er á um í sérlögum viðkomandi aðila. Er þetta í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem hljóðar svo: „Sé í öðrum lögum en fjárlögum og lánsfjárlögum kveðið á um lántöku og ábyrgðarheimildir skal nýting þeirra ætíð vera innan þeirra marka sem sett eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ár hvert.“ Um er að ræða eftirtalda aðila:

1. **Landsvirkjun.** Áætlað er að Landsvirkjun taki lán að fjárhæð allt að 4.800 m.kr. á árinu 1997. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 2.500 m.kr. og vaxtagreiðslur 3.400 m.kr. Rétt er að benda á það að tillögur Landsvirkjunar gera ekki ráð fyrir lántökum í tengslum við orkuöflun vegna samninga um nýjan orkufrekan iðnað og eru því gerðar með fyrirvara hvað það varðar.

2. **Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins.** Gert er ráð fyrir að heimila afgreiðslu húsbréfa fyrir allt að 14.000 m.kr. á árinu 1997. Á þessu ári er útlit fyrir að afgreiðsla húsbréfa nemi allt að 13.500 m.kr. sem er sama fjárhæð og áætluð var í lánsfjárlögum í ár.
3. **Byggingarsjóður ríkisins.** Miðað er við að Byggingarsjóði ríkisins verði heimilt að taka að láni allt að 2.640 m.kr. á árinu 1997 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 2.330 m.kr. árið 1996. Áformað er að sjóðurinn veiti á árinu 1997 alls 250 m.kr. í lán til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða, sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir og lán eða styrki til tækninýjunga og annarra umbóta í byggingariðnaði. Einnig veitir sjóðurinn 350 m.kr. lán til Byggingarsjóðs verkamanna vegna endursöluíbúða og almennra kaupleiguíbúða. Alls er því ráðgert að sjóðurinn veiti 600 m.kr. í lán á næsta ári.
4. **Byggingarsjóður verkamanna.** Lagt er til að Byggingarsjóði verkamanna verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 4.500 m.kr. á árinu 1997 en lántökur sjóðsins eru áætlaðar samtals 5.060 m.kr. á árinu 1996. Ráðgert er að veita lán til 180 nýrra íbúða og 850 endursöluíbúða. Meðallán til endursöluíbúðar er um tíundi hluti af láni til nýrrar íbúðar. Alls er áætlað að sjóðurinn veiti lán sem nemur 2.320 m.kr. á árinu 1997 sem er 1,4 milljarði króna lægri fjárhæð en á yfirstandandi ári.
5. **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.100 m.kr. á árinu 1997 og er það 100 m.kr. hærri fjárhæð en á þessu ári. Innheimtar afborganir og vextir deildarinnar eru áætlaðar 1.270 m.kr. Greiddar afborganir og vextir eru hins vegar áætlaðar 1.630 m.kr. á árinu 1997 og veitt lán og styrkir 1.100 m.kr.
6. **Byggðastofnun.** Lagt er til að Byggðastofnun verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. á árinu 1997 sem er sama fjárhæð og í ár. Innheimtar afborganir og vextir stofnunarinnar eru áætlaðar 1.400 m.kr. á næsta ári. Greiddar afborganir og vextir eru hins vegar ráðgerðar 1.150 m.kr. Á árinu 1997 er talið að stofnunin komi til með að veita 1.300 m.kr í lán og styrki.
7. **Iðnlánasjóður.** Lagt er til að Iðnlánasjóði verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 3.400 m.kr. á árinu 1997 og er það 200 m.kr. hærri fjárhæð en á yfirstandandi ári. Umsvif sjóðsins hafa aukist verulega á undanförnum árum. Til að mynda námu lántökur sjóðsins samtals um 1.700 m.kr. á árinu 1992.
8. **Ferðamálasjóður.** Ferðamálasjóði er heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 150 m.kr. á árinu 1996 og er það sama fjárhæð og sjóðnum er heimilað að taka að láni á yfirstandandi ári. Innheimtar afborganir og vextir sjóðsins eru áætlaðar 210 m.kr. á næsta ári, en greiddar afborganir og vextir eru áætlaðar 218 m.kr. Á árinu 1997 er talið að stofnunin komi til með að veita 125 m.kr. í lán og styrki.

Engin takmörk eru á ábyrgð ríkissjóðs á lántökum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, með áorðnum breytingum, önnur en þau sem þar koma fram.

Iðnþróunarsjóður mun ekki taka lán á næsta ári. Útlán sjóðsins verða 230 m.kr. og innheimtar afborganir 1.330 m.kr. Iðnþróunarsjóður varð alfarið í eigu íslenska ríkisins í byrjun árs 1995 eftir að endurgreiðslu stofnfjárframlaga til hinna Norðurlandanna var lokið.

Í lánsfjárlögum fyrir árið 1992 var ríkisábyrgð afnumin af öllum skuldbindingum sem Fiskveiðasjóður stofnaði til eftir 1. mars 1992. Þannig er ekki sett þak á lántökur Fiskveiðasjóðs í 4. gr. frumvarpsins. Til upplýsingar má geta þess að lántökur Fiskveiðasjóðs eru áætlaðar 3.800 m.kr. á næsta ári og afborganir eldri lána 2.875 m.kr. Á árinu 1997 er talið að sjóðurinn komi til með að veita 4.300 m.kr. í lán og styrki.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lántökur samkvæmt lögum þessum skuli fara fram innan lands eða utan.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjármálaráðherra heimilað að samþykkja að þeir aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, geti ýmist endurfjármagnað lánin þegar hagstæðari kjör bjóðast, stofnað til vaxta- eða skuldaskipta eða nýtt skammtímalánsform þegar það á við til þess að komast hjá áhrifum af vaxtasveiflum. Í síðastnefnda liðnum felst m.a. heimild til þess að semja um hámark eða lágmark á breytilegum vöxtum.

Um 7. gr.

Hér er áréttað ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, þar sem fram kemur að bera þurfi undir hana lánskjör á nýjum erlendum lánum, sbr. II. kafla þessa frumvarps, svo og lánabreytingar, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Með greininni er ætlað að tryggja að kjör á erlendum lánum þessara aðila séu ávallt í samræmi við það að þau beri ríkisábyrgð.

Um 8. gr.

Í þessari grein segir að til lántöku viðkomandi aðila teljist yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra. Þessar lántökur skulu rúmast innan heimildar sem tilgreind er í II. kafla frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að erlendar fjárhæðir miðist við kaupgengi gjaldmiðla samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

Um 10. gr.

Skuldir Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti nema nú um 26 m.kr. og er stór hluti þeirra í vanskilum. Á sínum tíma voru tekin lán vegna byggingaframkvæmda við stöðina. Ekki hefur tekist að greiða lánin niður með tekjum af stöðinni eins og gert var ráð fyrir í upphafi þar sem aðsókn hestamanna reyndist minni en áætlað var.

Um 11. og 12. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða

Hreyfingar í milljónum króna	1993	1994	Bráðab. 1995	Áætlun [1] 1996	Spá 1997
Uppruni fjármagns:					
1 Eigið framlag	**30 068**	**35 533**	**38 314**	**41 216**	**43 300**
Innborgaðar afborganir og vextir	30 227	35 397	37 574	40 016	42 000
Annað innstreymi	550	834	1 467	2 000	2 200
Rekstrarkostnaður	- 709	- 698	- 727	- 800	- 900
2 Framlög, nettó	**9 388**	**8 072**	**8 235**	**8 630**	**8 600**
Iðgjöld	17 219	16 701	17 575	18 717	19 500
Lífeyrisgreiðslur	-7 813	-8 640	-9 451	-10 087	-10 900
Annað, nettó	- 18	11	111	...	...
3 Uppruni (1+2)=Ráðstöfun (4+5+6)	**39 456**	**43 605**	**46 549**	**49 846**	**51 900**
Ráðstöfun fjármagns:					
4 Útlán og skuldabréfakaup	**38 587**	**42 879**	**46 105**	**49 346**	**51 400**
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	3 631	5 198	4 082	...	...
Bæjar- og sveitarfélög	2 751	4 989	4 472	...	...
Fjárfestingarlánasjóðir	20 225	16 094	14 204	...	...
þ.a. húsbréf	10 922	10 852	10 665	...	...
þ.a. húsnæðisbréf	4 712	1 378	52	...	...
þ.a. skuldabréf Húsnæðisstofnunar	2 395	1 378	24	...	...
Aðrar fjármálastofnanir	4 200	5 367	10 502	...	...
Fyrirtæki	2 236	4 848	5 839	...	...
Hlutabréf	794	1 019	1 491	...	...
Einstaklingar (sjóðsfélagar)	4 600	4 343	5 144	...	...
Erlend skuldabréf	150	1 021	371	...	...
5 Aðrar greiðslur, nettó	**206**	**- 50**	**178**	**...**	**...**
6 Innstæðu- og sjóðsbreyting	**663**	**776**	**266**	**500**	**500**

[1] Áætlun, byggð á úrtaki ársfjórðungsgagna.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 2 Greiðsluáætlun fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna 1997

Milljónir króna	Framkvæmda-sjóður	Byggða-stofnun	Fiskveiða-sjóður	Iðnþróunar-sjóður	Iðnlána-sjóður	Stofnlánad. landbúnaðar	Þróunarsj. sjávarútv.	Innbyrðis færsla	Samtals
Innstreymi	**1 867**	**2 620**	**8 450**	**1 345**	**6 100**	**2 835**	**1 855**	**-1 316**	**23 756**
Sjóðslækkun	-	-	-	-	-	130	-	-	**130**
Innheimtar afborganir	1 490	900	3 000	900	1 580	900	520	-1 110	**8 180**
Fjárfestingarlánasjóðir	1 110	-	-	-	-	-	-	-1 110	**-**
Aðrir	380	900	3 000	900	1 580	900	520	-	**8 180**
Innheimtir vextir	377	500	1 600	430	940	370	525	- 206	**4 536**
Fjárfestingarlánasjóðir	206	-	-	-	-	-	-	- 206	**-**
Aðrir	171	500	1 600	430	940	370	525	-	**4 536**
Tekin lán	-	1 000	3 800	-	3 400	1 100	130	-	**9 430**
Framlög og skatttekjur	-	190	-	-	150	325	655	-	**1 320**
Ríkissjóður	-	190	-	-	150	-	-	-	**340**
Sveitarfélög	-	-	-	-	-	-	-	-	**-**
Aðrir	-	-	-	-	-	325	655	-	**980**
Aðrar tekjur	-	30	50	15	30	10	25	-	**160**
Útstreymi	**1 867**	**2 620**	**8 450**	**1 345**	**6 100**	**2 835**	**1 855**	**-1 316**	**23 756**
Sjóðsaukning	658	-	90	188	40	-	-	-	**976**
Rekstrarkostnaður	29	150	160	67	115	105	45	-	**671**
Fjárfesting	-	-	-	-	5	-	-	-	**5**
Greiddar afborganir	800	855	2 875	600	2 150	1 150	1 050	-1 110	**8 370**
Ríkissjóður	-	55	-	-	-	-	350	-	**405**
Framkvæmdasjóður	-	100	520	-	136	354	-	-1 110	**-**
Aðrir innlendir aðilar	320	30	275	120	1 014	796	700	-	**3 255**
Erlendir aðilar	480	670	2 080	480	1 000	-	-	-	**4 710**
Greiddir vextir	380	295	825	260	790	480	660	- 206	**3 484**
Ríkissjóður	-	20	-	-	-	-	140	-	**160**
Framkvæmdasjóður	-	40	40	-	9	57	60	- 206	**-**
Aðrir innlendir aðilar	80	10	785	70	251	423	460	-	**2 079**
Erlendir aðilar	300	225	-	190	530	-	-	-	**1 245**
Hlutafjárkaup	-	15	-	-	-	-	-	-	**15**
Endurgreidd stofnframlög	-	50	200	-	-	-	-	-	**250**
Veitt lán og styrkir	-	1 300	4 300	230	3 000	1 100	100	-	**10 030**
Annað	-	- 45	-	-	-	-	-	-	**- 45**

Tafla 3 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs										
Langtímalán	105 470	151 065	179 712	196 621	208 989	250 265	258 005	253 514	-	-
Skammtímastaða, nettó	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-10 352	660	13 508	11 179	-	-
Gjaldeyrisstaða	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	14 021	-	-
Hrein skuldastaða við útlönd	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**190 322**	**222 251**	**229 758**	**228 314**	**237 300**	**252 100**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1997 [1]										
Langtímalán	240 223	259 080	272 016	282 596	292 785	292 131	277 745	265 310	-	-
Hrein skuldastaða	242 225	244 138	244 730	259 339	266 633	259 430	247 337	238 937	242 758	252 100
Hlutfall af VLF, %										
Langtímalán	41,1	49,0	49,4	49,6	52,5	60,9	59,4	55,7	-	-
Hrein skuldastaða	41,4	46,2	44,4	45,5	47,8	54,1	52,9	50,1	47,9	48,5
Greiðslubyrði erlendra lána										
Afborganir af langtímalánum	6 599	9 104	11 360	14 880	19 113	23 769	39 818	31 971	25 000	23 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	7 594	12 295	14 345	14 846	14 021	15 562	16 258	15 800	15 100	16 000
Samtals	14 193	21 399	25 705	29 726	33 134	39 331	56 076	47 771	40 100	39 000
Nettóvaxtagreiðslur	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 615	15 167	14 434	13 500	14 700
Hlutfall af útflutningstekjum, %										
Afborganir af erlendum langtímalánum	7,8	8,3	9,0	11,8	15,1	16,9	24,6	19,3	14,2	12,4
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	9,0	11,2	11,4	11,8	11,1	11,1	10,0	9,5	8,6	8,6
Samtals	16,8	19,4	20,4	23,5	26,2	28,0	34,6	28,8	22,7	21,1
Nettóvaxtagreiðslur	9,7	11,8	11,4	11,7	10,8	10,4	9,4	8,7	7,7	7,9
Afborganir og nettó vaxtagreiðslur alls	17,4	20,0	20,4	23,5	25,8	27,3	33,9	28,0	21,8	20,4

1) Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 4 Flokkun erlendra langtímalána

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Lántökur	**12 042**	**12 819**	**16 632**	**26 070**	**28 037**	**30 022**	**32 403**	**30 464**	**33 686**	**32 279**
Opinberir aðilar	5 704	2 989	4 745	9 522	8 762	17 300	19 836	14 649	24 892	22 034
Lánastofnanir	4 311	7 620	10 055	12 798	9 095	7 639	9 803	14 615	6 285	7 124
Einkaaðilar	2 027	2 210	1 832	3 750	10 180	5 083	2 764	1 200	2 509	3 121
Afborganir	**5 937**	**5 777**	**6 599**	**9 104**	**11 360**	**14 880**	**19 113**	**23 769**	**39 477**	**32 435**
Opinberir aðilar	2 481	2 314	1 768	2 731	2 947	3 927	9 187	8 104	15 217	8 202
Lánastofnanir	2 387	2 169	2 856	4 471	6 154	7 019	7 467	12 391	18 109	19 650
Einkaaðilar	1 069	1 294	1 975	1 902	2 259	3 934	2 459	3 274	6 151	4 583
Nettó hreyfing	**6 105**	**7 042**	**10 033**	**16 966**	**16 677**	**15 142**	**13 290**	**6 695**	**-5 791**	**- 156**
Opinberir aðilar	3 223	675	2 977	6 791	5 815	13 373	10 649	6 545	9 675	13 832
Lánastofnanir	1 924	5 451	7 199	8 327	2 941	620	2 336	2 224	-11 824	-12 526
Einkaaðilar	958	916	- 143	1 848	7 921	1 149	305	-2 074	-3 642	-1 462
Vaxtagreiðslur	**6 152**	**6 158**	**7 594**	**12 295**	**14 345**	**14 846**	**14 021**	**15 562**	**16 253**	**15 939**
Opinberir aðilar	4 321	4 199	4 856	7 130	7 551	8 010	7 859	9 483	10 777	11 050
Lánastofnanir	1 313	1 438	2 074	4 100	5 231	4 964	4 381	4 222	4 041	3 594
Einkaaðilar	518	521	664	1 065	1 563	1 872	1 781	1 857	1 435	1 295
Staða í árslok	**75 083**	**83 806**	**105 471**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**208 989**	**250 265**	**258 005**	**253 514**
Opinberir aðilar	50 050	51 547	61 994	85 308	98 093	112 498	122 467	149 563	168 444	179 999
Lánastofnanir	18 493	24 646	35 155	53 229	60 396	61 673	64 076	76 852	68 557	55 055
Einkaaðilar	6 540	7 613	8 322	12 528	21 223	22 450	22 446	23 850	21 004	18 460
Gengisforsendur; krónur/SDR	48,2	49,9	57,8	73,1	79,0	80,7	81,0	94,6	100,0	98,0
Meðalvextir	**8,7**	**7,8**	**7,8**	**8,9**	**8,6**	**8,0**	**7,0**	**6,4**	**6,2**	**6,3**
Opinberir aðilar	9,1	8,2	8,1	8,9	8,1	7,8	6,9	6,6	6,7	6,5
Lánastofnanir	7,7	7,0	7,0	8,7	9,0	8,1	7,0	5,6	5,2	5,6
Einkaaðilar	8,9	7,5	7,9	9,6	10,2	8,7	8,1	7,3	6,1	6,6

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 5 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Fjárlög 1997
Tekin lán	**71 773**	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**238 744**	**238 009**
Seðlabanki Íslands	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-
Spariskírteini	20 159	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	-	-
Ríkisbréf	-	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	-	-
Ríkisvíxlar	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	-	-
Aðrir innlendir aðilar	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	-	-
Erlend lán	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	-	-
Lánveitingar	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**83 877**	**87 004**	**86 727**
Veitt lán	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	-	-
Gengisbundin lán	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	19 743	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**24 204**	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**148 708**	**151 739**	**151 282**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	66,3	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	36,1	36,4	36,4
Hlutfall af VLF, % [2]										
Tekin lán	**27,1**	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,3**	**49,1**	**50,9**	**48,0**	**45,6**
Þar af erlend lán	15,7	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,2	27,9	-	-
Veitt lán	**11,2**	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,0**	**13,4**	**12,6**
Þar af gengisbundin lán	5,5	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	6,4	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	4,3	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**9,5**	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,1**	**32,4**	**30,4**	**29,0**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 6 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Verðlag og gengi hvers árs										
Heildarskuldir hins opinbera	**80 845**	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**219 800**	**245 129**	**266 630**	**275 194**	**276 870**
Innlendar skuldir	40 568	55 985	74 562	85 612	95 466	114 096	127 012	133 114	-	-
Erlendar skuldir	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	105 704	118 117	133 516	-	-
Kröfur hins opinbera	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 626**	**79 838**	**94 463**	**97 554**	**97 235**
Veitt lán	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	53 808	61 649	70 220	-	-
Skatta- og viðskiptakröfur	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	22 818	18 189	24 243	-	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**25 371**	**55 087**	**70 514**	**79 252**	**106 512**	**143 175**	**165 291**	**172 167**	**177 640**	**179 635**
Ríkissjóður	24 204	52 440	66 537	74 439	98 417	130 597	144 858	148 708	151 739	151 282
Bæjar- og sveitarfélög	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	21 982	24 853	27 156	29 482
Almannatryggingar	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 394	-1 255	-1 129
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1997 [2]										
Heildarskuldir hins opinbera	160 282	180 640	182 912	196 849	232 030	246 641	261 950	278 628	281 111	276 870
Hreinar skuldir hins opinbera	50 327	86 539	96 928	102 449	133 575	160 896	176 679	179 914	181 459	179 635
Hlutfall af VLF, %										
Skuldir hins opinbera	**31,5**	**37,2**	**37,0**	**38,9**	**46,7**	**53,5**	**56,4**	**58,5**	**55,6**	**53,3**
Innlendar skuldir	15,8	18,2	20,5	21,6	24,0	27,8	29,2	29,2	-	-
Erlendar skuldir	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	25,7	27,2	29,3	-	-
Kröfur hins opinbera	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,4**	**20,7**	**19,7**	**18,7**
Hreinar skuldir hins opinbera	**9,9**	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,0**	**37,8**	**35,9**	**34,6**

1) Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

2) Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við neysluverðsvísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Í þeim tilgangi skal tryggt að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi. Það er enn fremur markmið laga þessara að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

2. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um allar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi.

3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverða röskun og spjöll á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Ákvörðun ráðherra skal fylgja rökstuðningur þar sem fram koma forsendur þess að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Er það nú endurflutt óbreytt.

Markmið laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er að koma í veg fyrir spjöll á náttúrunni sem oft eru afleiðing framkvæmda. Í markmiðsgrein laganna kemur þetta ekki skýrt fram. Vikið var að þessu grundvallaratriði í athugasemdum með frumvarpi til laga um umhverfismat. Mat á umhverfisáhrifum er ekki markmið laganna í sjálfu sér, heldur er matið það verkfæri sem löggjafinn hefur fengið framkvæmdarvaldinu til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Tilgangur laganna er ekki að koma í veg fyrir breytingar. Þannig er það ekki í samræmi við tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum að fella undir þau ýmsar framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, efla gróðurlendi og hefta jarðvegseyðingu. Í sérstökum lögum er fjallað um hlutverk Landgræðslu ríkisins (lög nr. 17/1965) og Skógræktar ríkisins (lög nr. 3/1955) en þessum stofnunum er beinlínis ætlað það hlutverk að verja og efla gróðurlendi. Hefur löggjafinn ætlað þessum stofnunum það jákvæða þjóðþrifaverk að hafa forustu um endurheimt landgæða og eflingu þeirra.

Grundvallarmunur er á því að meta spjöll sem verða í náttúrunni við virkjanaframkvæmdir, vegagerð eða við uppsetningu förgunarstöðva fyrir eitraðan úrgang annars vegar og hins vegar að leggja mat á breytingar sem verða á landi við uppgræðslu. Með ræktun örfoka lands og friðun er verið að koma af stað gróðurframvindu sem með skynsamlegri landnýtingu leiðir til eðlilegs ástands gróðurs miðað við aðstæður hverju sinni. Þær aðgerðir eiga því ekkert sameiginlegt með því sem lögum um mat á umhverfisáhrifum er fyrst og fremst ætlað að fjalla um, þ.e. röskun og spjöll á umhverfi af völdum framkvæmda.

Í 5. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eru tilgreindar þær framkvæmdir sem ætíð skulu háðar mati á umhverfisáhrifum. Þegar frumvarp til laga um umhverfismat var til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis bárust ábendingar frá nokkrum aðilum um að eðlilegt væri að framkvæmdir við framræslu votlendis, landgræðslu og skógrækt yrðu felldar undir 5. gr. laganna og þannig ætíð háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisnefnd Alþingis féllst ekki á þetta sjónarmið. Í nefndaráliti kom fram að nefndin væri sammála um að nauðsynlegt væri að skipulega væri unnið að verkefnum á þessu sviði með tilliti til fjölþættra landnota og umhverfisverndar. Þannig gæti verið ástæða til að fram færi mat á umhverfisáhrifum eða hliðstæður undirbúningur áður en ráðist yrði í meiri háttar verkefni af þessum toga, enda er heimild til þess í 6. gr. laganna. Það er álit flutningsmanns frumvarps þessa að ekki sé rétt að beita heimildarákvæðinu nema líklegt sé að framkvæmdir valdi umhverfisspjöllum og er það í samræmi við markmið laganna.

Við framkvæmd laga um umhverfismat hefur komið í ljós að framkvæmdarvaldið hefur talið ástæðu til þess að beita heimildarákvæði laganna vegna landgræðsluverkefna. Hefur því til stuðnings verið vitnað sérstaklega í nefndarálit umhverfisnefndar, en litið hefur verið fram hjá þeirri staðreynd að nefndin hafnaði því að fella skógrækt og landgræðslu undir framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Verður að gera ráð fyrir að þessi beiting heimildarákvæðisins hafi fordæmisgildi um framkvæmd laganna. Flutningsmaður telur því nauðsynlegt að taka af tvímæli að því er varðar markmið laganna og þrengja heimildarákvæði 6. gr. Gengur flutningsmaður út frá því að með þessari breytingu verði landgræðsla og skógrækt ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Áætlanagerð á vegum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins hefur tekið miklum framförum á síðustu árum. Gera verður ráð fyrir að í áætlanagerð framangreindra stofnana felist það mat að þau verkefni, sem ráðist er í hverju sinni, séu nauðsynleg framfaramál og jákvæðir áfangar á sviði umhverfismála.

Þá felur frumvarp þetta í sér nákvæmari markmiðslýsingu en nú er í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Eru með því tekin af öll tvímæli um að lögunum sé ætlað að tryggja að með mati á umhverfisáhrifum sé komið í veg fyrir umhverfisspjöll. Til samræmis eru gerðar breytingar á 4. og 6. gr. laganna þannig að í stað þess að miðað sé við *umtalsverð áhrif* á umhverfi er lagt til að miðað verði við *umtalsverða röskun og spjöll.*

Enn fremur eru gerðar breytingar á 1., 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum *eða* samfélagi, þ.e. að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern einn þessara þátta en ekki á alla þrjá þættina eins og orðalag gildandi laga gefur tilefni til að ályktta.

Loks er lagt til að bætt verði við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þannig að forsendur fyrir því að þörf sé talin á matinu komi skýrt fram. Talin er full þörf á að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem um verulega íþyngjandi ákvarðanir er að ræða, en ákvæði 21. og 22. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um rökstuðning eru hér til fyllingar eftir því sem við getur átt.

26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson.

1. gr.

Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Er það nú endurflutt óbreytt.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, bæði hjá einkaaðilum og opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til

að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu veðurfarslegu álagi.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992, um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6% telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti vinnuliður að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að bruttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%. Miðað við 10% skattendurgreiðslu af heildarverkupphæð, eða um 100 þús. kr., yrðu nettótekjur ríkissjóðs um 150 þús. kr.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja ska lausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með skattendurgreiðslu má ná þessu markmiði.

Ávinningur slíkrar endurgreiðslu er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

— Endurgreiðslurnar hvetja til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.
— Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minni svartar vinnu.
— Endurgreiðslurnar hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.
— Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærð-

argráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Ætla má að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og hafi það aukist í atvinnuleysinu á undanförnum árum. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum og eru verktakafyrirtæki jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna.

27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um varðveislu ósnortinna víðerna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytis, sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni og kortleggja þau svæði á Íslandi sem falla undir það. Engar framkvæmdir verði ákveðnar eða hafnar á miðhálendi landsins eða öðrum stórum óbyggðum svæðum fyrr en að þessu verki loknu og settar hafa verið reglur um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna landsins.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi og er hér flutt að nýju með lítillega breyttri greinargerð.

„Náttúra Íslands er ein mikilvægasta auðlind og gersemi þjóðarinnar. Því skiptir miklu að við nýtum hana og verndum af framsýni og fyrirhyggju í þágu þeirra kynslóða sem erfa munu landið.

Það er eitt af mikilvægustu verkefnum nútíðar og framtíðar að vernda landið og lífríki þess gegn mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Flestum er nú ljósara en áður hve mikils virði þau lífsgæði eru sem felast í óspilltu umhverfi, hreinu lofti, tæru vatni og óheftum samvistum við náttúruna í hennar margbreytilegu mynd.“

Þannig kemst Gunnar G. Schram prófessor að orði í formála nýútkominnar bókar sinnar „Umhverfisréttur. Verndun náttúru Íslands.“ (Háskólaútgáfan. Landvernd. 1995.) Orð hans eru dæmigerð fyrir þau viðhorf sem góðu heilli njóta vaxandi skilnings og fylgis meðal þjóðarinnar. Æ fleirum er orðið ljóst að „í óspilltri náttúru Íslands felst gífurleg eign íslensku þjóðarinnar, mesta eignin ásamt auðlindum hafsins og ekki auðvelt að meta hvor eignin er verðmeiri“ eins og komist var að orði í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 14. janúar sl. Þar var eindregið hvatt til víðtækra stefnumarkandi umræðna á Alþingi og meðal almennings um það hvernig standa beri að verndun öræfa og óbyggða á næstu árum og áratugum.

Framangreint var einmitt efni ráðstefnu Ferðamálaráðs Íslands og Skipulags ríkisins sem haldin var 8. mars sl. og fjallaði fyrst og fremst um nýtingu hálendisins með tilliti til ferðaþjónustu. Frummælendur og þátttakendur á ráðstefnunni virtust á einu máli um mikilvægi þeirrar auðlindar, sem miðhálendið er, en höfðu mismunandi hugmyndir um hversu langt mætti ganga til að greiða för um það og til að njóta þess sem þar er að finna. Sumir vildu markvissa uppbyggingu og betri vegi á hálendinu, en aðrir töldu vonda vegi hálendinu beinlínis til tekna. Ýmsir urðu til að minna á eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á fjölmennri ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs árið 1991: „Nauðsynlegt er að miðhálendi Íslands verði sett undir eina skipulagsstjórn og svæðið skýrt afmarkað og skilgreint. Ferðamálaráðstefnan telur að stefna beri að því að gera hálendið allt að einum þjóðgarði."

Um þessar mundir vinnur samvinnunefnd héraðsnefnda að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands. Nefndin hefur kynnt starf sitt og hugmyndir víða á undanförnum vikum og stefnir að skilum tillagna fyrir árslok. Hugtakið ósnortið víðerni hefur verið til umræðu, en þegar leitað er eftir skilgreiningu kemur í ljós að hún er ekki fyrir hendi.

Brýnt er að skilgreina þetta hugtak, ósnortið víðerni, sem fyrst og má leita til annarra þjóða að fyrirmyndum í því efni, t.d. til Norðmanna. Þeir hafa sett sér ákveðnar viðmiðanir og reglur um ósnortin víðerni, sem þeir kalla „villmark", og hafa þegar kortlagt svæði sem falla undir þær viðmiðanir. Þeir eru nú að vinna nánari úttekt á þessum svæðum og kortleggja þau enn frekar. Slík svæði verða að vera í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum á borð við uppbyggða vegi, járnbrautir, orkuver og raflínur. Miðað við þá skilgreiningu geta aðeins um 12% landsins talist til ósnortinna víðerna og varð mörgum Norðmanninum hverft við þær upplýsingar í lok síðasta árs. Þeir höfðu talið sig ríkari af þeirri auðlind en raun er orðin og mætti það vera okkur til varnaðar.

Þá má sækja fyrirmyndir til Bandaríkjamanna sem hafa verið brautryðjendur í svæðisbundinni náttúruvernd. Þeir hafa víða tekið frá svæði sem flokkast undir ósnortið víðerni eða „wilderness" eins og þeir kalla slík verndarsvæði. Þessi svæði eru orðin yfir 500 talsins og eru vernduð með lögum þannig að í hvert sinn sem ætlunin er að hrófla við einhverju þarf umræðu um málið á þingi. Eftirfarandi skilgreining á „wilderness" er frá árinu 1964 (í íslenskri þýðingu): „Ósnortið víðerni, öndvert við land sem mótast af umsvifum mannsins, er hér með skilgreint sem landsvæði þar sem landið og lífríki þess er upprunalegt og maðurinn kemur þar aðeins sem gestur. Ósnortið víðerni er frekar skilgreint í þessum kafla sem landsvæði í eigu Alríkisstjórnarinnar, svæði með sínum upprunalegu einkennum og áhrifum og án varanlegra breytinga af völdum manna eða mannlegrar búsetu, svæðið nýtur verndar og stjórn þess miðar að því að vernda náttúrulegar aðstæður þess, það á 1) í meginatriðum að bera svip af náttúruöflunum einum saman og mannleg ummerki að vera tæpast merkjanleg; 2) að fela í sér einstaka möguleika til einveru eða frumstæðrar og óhindraðrar afþreyingar; 3) að vera hið minnsta fimm þúsund ekrur (um tvö þúsund hektarar) að stærð eða nægilega stórt til þess að framkvæmanlegt sé að vernda það og nýta í óbreyttri mynd; og 4) að búa einnig gjarna yfir vistfræðilegri eða jarðfræðilegri sérstöðu eða öðrum einkennum sem gefa því vísindalegt gildi, fræðslugildi eða gildi sem felast í landslagi eða sögu svæðisins." Löggjöf og reynsla Bandaríkjamanna gæti reynst notadrjúg við það starf sem nauðsynlegt er til þess að marka stefnu um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna hér á landi.

Um allan heim hefur maðurinn breytt landi og náttúru í sína þágu eftir þörfum og vexti og til skamms tíma óvitandi og áhyggjulaus um afleiðingar gjörða sinna. Óbætanlegt tjón hefur verið unnið á umhverfi og náttúru, og víða er svo komið að ósnortið land og villt náttúra telst fágætur munaður. Í mörgum löndum er nú unnið að verndun slíkra svæða og víst er að möguleikar Íslendinga í þeim efnum eru ýmsum öfundarefni.

Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem flestar aðrar þjóðir hafa alls ekki og geta aldrei öðlast. Íslendingar hafa enn tækifæri sem engin önnur þjóð í Evrópu hefur og þótt víðar væri leitað. Á Íslandi er enn hægt að taka frá stórar víðáttur, náttúrulegar heildir, og varðveita þær þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirra, geti leitað sér þangað lífsfyllingar og þekkingar.

Nauðsynlegt er að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu ósnortið víðerni og gera sér grein fyrir hvaða landsvæði geta fallið undir slíka skilgreiningu. Að svo búnu þarf að vinna nánari úttekt á þeim svæðum og setja ákveðnar reglur um varðveislu þeirra og umgengni um þau. Þetta verkefni er nauðsynleg viðbót við það skipulagsstarf sem unnið er að og fyrr er getið. Tillagan sem hér er borin fram hefur það markmið að efla umræðu um þessi mál og tryggja nauðsynlegan undirbúning fyrir stefnumótun um verndun og nýtingu ósnortinna víðerna landsins.

28. Frumvarp til laga [28. mál]

um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Heimildir til að selja fasteignir, skip og fyrirtæki.

1. gr.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum, fyrirtækjum sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

Þar sem rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögum þessum er átt við þá sem hafa heimild ráðherra til að annast sölu framangreindra eigna.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Er slík áritun á skjal skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína.

Þeir sem hafa, í öðru EES-ríki, fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasali eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

2. gr.

Hver maður getur fengið löggildingu sem fasteignasali ef hann:

a. er heimilisfastur hér á landi,
b. er lögráða og hefur haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af hans völdum,
d. hefur staðist próf fyrir fasteignasala.

Undanþegnir prófi eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eða verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu sem fasteignasali skal standast próf sem sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Ráðherra skipar prófnefnd til að standa fyrir prófi fyrir þá sem öðlast vilja löggildingu sem fasteignasalar. Skal prófnefnd skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf fyrir fasteignasala. Prófnefnd, eða menn sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs, sjá um prófraun og ákveða námsefni, nema ráðherra feli það öðrum aðilum, svo sem Háskóla Íslands.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þar með talin þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum er ráðherra ákveður.

5. gr.

Fasteignasali skal hafa ábyrgðartryggingu sem tryggir viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber skaðabótaábyrgð á og leitt hefur af störfum hans eða starfsmanna hans. Ekki skiptir máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða setja aðra tryggingu jafngilda að mati ráðherra. Trygging skal nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10.000.000 kr. Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvers annars teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu og skal þá lágmarkstryggingarfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

Ef fasteignasali, samhliða fasteignasölu, hefur með höndum lögmannstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur má telja hann hafa með því fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

6. gr.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Sá einn má nefna sig fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasala sem hefur til þess löggildingu.

7. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn.

Fasteignasali skal tilkynna ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð en er þó heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því sem starfsstöð hans er í. Tilkynna ber ráðherra um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf þeirra og starfshættir.

8. gr.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara.

9. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um sölu fasteignar hafi hann, vegna annarra starfa sinna eða starfsmanna sinna, sérstakar upplýsingar sem hafa þýðingu við sölu eignarinnar og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

10. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

11. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum til að ganga frá samningum og annarri skjalagerð. Sama er ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega hvort um einkaumboð er að ræða.

12. gr.

Þegar fasteignasali hefur fengið eign til sölumeðferðar eða honum verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningsgerð skal hann semja rækilegt yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu eignarinnar.

13. gr.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum, veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst. Einnig skal fasteignasali geta nafns síns í öllum auglýsingum.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig glögg.

14. gr.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar, gera samning við umbjóðanda sinn um þóknun fyrir starfann og greiðslu útlagðs kostnaðar, þar með talinn auglýsingakostnaður.

III. KAFLI
Aðili fullnægir ekki skilyrðum til fasteignasölu.

15. gr.

Eftirlit með starfsemi fasteignasala er í höndum ráðherra.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu. Heimilt er að afhenda aðila löggildingarskírteinið að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til löggildingar sem fasteignasali.

Ef ráðherra berast upplýsingar um að maður sem ekki hefur fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi, eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur, er ráðherra heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

16. gr.

Sæti fasteignasali ákæru í opinberu máli ber ákvörðun um sviptingu löggildingar undir dómara þess máls.

IV. KAFLI
Heimild til útgáfu reglugerða, refsiákvæði og gildistaka.

17. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um námskeið og próf fyrir fasteignasala. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna. Ákvæði reglugerðarinnar um tilhögun námskeiðs, inntökuskilyrði, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett að fengnum tillögum prófnefndar.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð hvaða upplýsingar skuli koma fram í söluyfirliti eigna og staðfesta með reglugerð stöðluð eyðublöð fyrir slík yfirlit. Jafnframt getur hann sett nánari ákvæði um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þar á meðal um að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteignasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

Ráðherra kveður í reglugerð á um prófraun og tryggingar að því er varðar þá sem hafa fengið leyfi til að starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í reglugerð skal mælt fyrir um nánara fyrirkomulag trygginga skv. 5. gr. og um sjálfsáhættu tryggingartaka.

Heimilt er með reglugerð að mæla fyrir um rekstur útibúa skv. 2. mgr. 7. gr. laga þessara.

Heimilt er að setja reglugerð um samninga um þóknun skv. 14. gr. laga þessara.

18. gr.

Það varðar sektum að:

a. nefna sig fasteigna-, skipa eða fyrirtækjasala án þess að hafa löggildingu sem slíkur,
b. annast fasteignasölu án löggildingar eða heimildar samkvæmt lögum þessum,
c. tilkynna ekki um starfsstöð eða útibú,
d. semja ekki söluyfirlit eða gera það með ófullnægjandi hætti,
e. árita ekki skjöl um fasteigna- skipa- eða fyrirtækjaviðskipti eða gera það með ófullnægjandi hætti,
f. brjóta gegn ákvæðum 12. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, með síðari breytingum.

Þeir sem hafa fengið útgefið leyfi til fasteignasölu á grundvelli laga nr. 47/1938 eða á grundvelli laga nr. 34/1986 halda réttindum sínum enda fullnægi þeir skilyrðum þessara laga til löggildingar sem fasteignasali.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju, óbreytt.

Með frumvarpinu sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi fylgdu svohljóðandi athugasemdir:

„Þótt núgildandi lög um fasteignaviðskipti séu ekki komin til ára sinna hefur þeim í raun lítið verið breytt frá þeim lögum sem sett voru í upphafi árs 1938. Síðustu árin hefur komið í ljós, við framkvæmd laganna og í daglegu starfi stéttarinnar, að þörf er á endurskoðun laganna.

Undanfarin ár hefur starfað á vegum dómsmálaráðuneytisins og Félags fasteignasala samstarfsnefnd til að fjalla um málefni og starfsemi stéttarinnar. Hefur nefnd þessi skilað tillögum að efnisbreytingum á núgildandi lögum um fasteigna- og skipasölu sem flestar varða öryggi viðskiptamanna fasteignasala.

Í framhaldi af starfi og tillögum framangreindrar samstarfsnefndar ákvað dómsmálaráðuneytið að taka lög um fasteigna- og skipasölu til heildarendurskoðunar. Var því á vegum dómsmálaráðuneytisins samið frumvarp það sem hér er lagt fram. Felur það í sér lagfæringar á texta núgildandi laga og breytingar á efnisatriðum.

Helstu nýmæli, sem lögð eru til, eru eftirfarandi:

1. Að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum, þ.e. að til sölu á fyrirtækjum þurfi sambærilega löggildingu við þá sem nú þarf til sölu fasteigna og skipa. Nú eru engin ákvæði til í lögum um sölu slíkra eigna.
2. Að niður falli ákvæði 14. gr. sem tilgreinir 2% hámarkssöluþóknun, en í stað þess komi ákvæði um að ávallt skuli gerður sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda.
3. Að hert verði á ákvæðum um eftirlit með fasteignasölustarfsemi og ráðherra fái ótvíræða heimild til að stöðva starfsemi sem gengur í berhögg við ákvæði laganna.
4. Að þegar þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skuli öll skjöl, sem tengjast sölunni, unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra, og skuli slík áritun vera skilyrði fyrir þinglýsingu skjals.
5. Að meðal þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir löggildingu til fasteignasölu, skuli vera það skilyrði að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.
6. Að sett verði beint ákvæði um framkvæmd á skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber ábyrgð á og að ekki skipti máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis. Þá er einnig lagt til að lögfest verði lágmarksfjárhæð tryggingabóta. Sambærileg ákvæði um tryggingar eru nú í reglugerð.
7. Að fellt verði niður ákvæði 18. gr. núgildandi laga sem heimilar þeim mönnum sem hafa löggildingu til fasteignasölu, að hafa með sér félag. Þar sem félagafrelsi gildir hér á landi og öllum er heimilt að stofna slík hagsmunafélög þykir óþarft að mæla sérstaklega fyrir um það í sérlögum eins og nú er gert, sérstaklega þegar litið er til þess að lögin gera ekki ráð fyrir að félagið hafi sérstakt eftirlitshlutverk varðandi framkvæmd laganna.
8. Þá eru einnig lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar á textanum til þess að gera hann skýrari og markvissari.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, til viðbótar núgildandi ákvæðum varðandi fasteignir og skip, að engum sé heimilt að annast fyrir aðra kaup, sölu eða skipti á fyrirtækjum sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi, nema hafa til þess löggildingu ráðherra. Ljóst er að í slíkum viðskiptum getur verið um verulega hagsmuni að ræða. Er því mikilvægt að aðili, sem hefur opinbera starfsviðurkenningu, annist slík viðskipti, geri yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu fyrirtækisins og beri ábyrgð á að þannig sé að samningsgerð staðið að hagsmunir beggja séu tryggðir. Til þessa hafa engin lagaákvæði tekið til þeirra aðila sem milligöngu hafa um sölu slíkra fyrirtækja. Hefur vantað ákvæði sem leggi á þeirra herðar ábyrgð á viðskiptunum og að þeir skuli tryggja að fyrir liggi fullnægjandi gögn varðandi hið selda.

2. mgr. er efnislega óbreytt frá 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Aðeins er um orðalagsbreytingu að ræða.

Í 3. mgr. er skilgreint hvað við er átt með hugtökunum fasteignasali og fasteignasölu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. núgildandi laga.

Í 4. mgr. er nýmæli. Lagt er til að þegar þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skuli öll skjöl, sem tengjast sölunni, unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra og slík áritun skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu skjals. Að baki þessari tillögu búa fyrst og fremst sjónarmið um neytendavernd. Ljóst er að í slíkum tilvikum getur aðstaða þeirra sem að viðskiptunum standa verið ærið ójöfn þar sem seljandinn þekkir eignina til hlítar og hefur eftir atvikum mikla reynslu af sölu eigna en kaupandinn er e.t.v. að eiga slík viðskipti í fyrsta sinn. Því er lagt til að aðili, sem hefur opinbera starfsviðurkenningu og ber ábyrgð sem opinber sýslunarmaður, annist alla skjalagerð og/eða tryggi með áritun sinni að hún sé þannig úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

5. mgr. kemur í stað 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 133/1993, um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Um 2. gr.

1. mgr. 2. gr. er efnislega samsvarandi 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga að því undanskildu að gerð er tillaga um að það verði almennt skilyrði fyrir veitingu fasteignasöluleyfis að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samkvæmt því gæti fasteignasali, sem úrskurðaður væri gjaldþrota, ekki öðlast fasteignasöluleyfi að nýju fyrr en að tveimur árum liðnum frá lokum skipta. Endurveiting leyfis yrði þá heimil. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.

2. mgr. 2. gr. er óbreytt frá 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga.

3. mgr. 2. gr. kemur í stað 4. mgr. 2. gr. núgildandi laga þar sem segir að heimilt sé að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hagi hans. Þykir það orðalag, sem hér er lagt til, skýrara.

Um 3. gr.

3. gr. kemur í stað 3. gr. núgildandi laga. Hún er stytt en að mestu sama efnis. Þó er lagt til að reglugerðarheimild 2. mgr. 3. gr. flytjist í 17. gr. þar sem allar reglugerðarheimildir verði taldar í einu ákvæði

Um 4. gr.

4. gr. er að mestu efnislega óbreytt frá 4. gr. núgildandi laga. Lagt er til að reglugerðarheimild 1. mgr. 4. gr. flytjist í 17. gr. þar sem allar reglugerðarheimildir verði taldar í einu ákvæði.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er lagt til að lögfest verði beint ákvæði um skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur verði hann fyrir tjóni sem fasteignasalinn ber skaðabótaábyrgð á.

Í núgildandi lögum er ákvæði um tryggingar í 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. þar sem talin eru þau skilyrði sem fullnægja þarf til að maður geti fengið löggildingu til að starfa sem fasteigna- og skipasali, en þau hafa hins vegar ekki að geyma nánara efnislegt ákvæði um tryggingarskylduna að öðru leyti eins og hér er lagt til að verði lögfest. Nánari ákvæði um tryggingar eru nú í 3. gr. reglugerðar um löggildingu og tryggingarskyldu fasteigna-

og skipasala nr. 520/1987, eins og henni var breytt með reglugerð nr. 161/1990. Þar er mælt fyrir um tryggingarfjárhæðir og um eigin áhættu. Þar sem hér er um íþyngjandi fyrirmæli að ræða telst rétt að slíkt eigi sér ótvíræða lagastoð. Í 17. gr. er heimilað að sett verði reglugerð um fyrirkomulag trygginga, svo og um eigin áhættu tryggingartaka. Geta má þess að nú eru í 7. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, með síðari breytingum, samsvarandi fyrirmæli um tryggingarskyldu lögmanna.

Um 6. gr.

6. gr. kemur í stað 5. gr. núgildandi laga og er að mestu efnislega óbreytt. Þó er lagt til að í þessa grein verði tekið ákvæði sem er í 20. gr. núgildandi laga, varðandi einkarétt á að nota heitið fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasali.

Um 7. gr.

7. gr. kemur í stað 6. gr. núgildandi laga. Lagt er til að felld verði niður sú heimild sem eftirlifandi maki hefur haft til að reka áfram fasteignasölu látins maka, þótt hann fullnægi ekki lagaskilyrðum til löggildingar sem fasteignasali, ráði hann forstöðumann sem löggiltur er til starfans. Þessi tillaga byggist á því að eignaraðild að rekstri fasteignasölu er í sjálfu sér ekki bundin við réttindi. Því hefur umrætt ákvæði ekki sérstaka raunhæfa þýðingu þar sem aðeins er skilyrði að sá sem annast viðskiptin hafi til þess löggildingu og engin sérstök hindrun því í vegi að eftirlifandi maki sé eignaraðili að rekstri fasteignasölu fremur en hver annar.

Þá er í þessari grein lagt til að fasteignasala sé heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því sem starfsstöð hans er í. Samkvæmt núgildandi lögum getur fasteignasali aðeins haft eina starfsstöð, í sama húsnæði og fasteignasalan er rekin í. Breytingartillagan byggist á því að rétt þykir að taka tillit til þess að víða um land er ekki grundvöllur til að reka sjálfstæða fasteignasölu þótt þar sé augljóslega þörf fyrir þjónustu fasteignasala.

Geta má þess að tilgangurinn með því að ákveða að fasteignasali skuli aðeins hafa eina starfsstöð er að koma í veg fyrir svokallaða „leppun“, svo sem að sami fasteigasali starfi við fleiri en eina fasteignasölu eða að lögmaður reki lögmannsstofu og fasteignasölu hvora í sínu húsnæði.

Samkvæmt 17. gr. er ráðherra heimilt að setja nánari fyrirmæli um rekstur slíkra útibúa með reglugerð.

Um 8. gr.

8. gr. kemur í stað 1. málsl. 7. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

9. gr. kemur í stað 13. gr. og 2. málsl. 7. gr. núgildandi laga. Lagt er til að í stað þess að fasteignasali megi ekki gegna stöðu hjá því opinbera, ef ætla má að staðan gefi honum færi á að kynnast málefnum sem hafa þýðingu í viðskiptum með einstakar eignir, verði honum óheimil milliganga um sölu fasteigna hafi hann vegna annarra starfa sinna eða starfsmanna sinna sérstakar upplýsingar sem hafa þýðingu við sölu eignarinnar og aðrir hafa ekki aðgang að. Þessi breyting er lögð til í því skyni að skýra og ná betur því markmiði ákvæðisins að hindra að óeðlilegar upplýsingar, svo sem trúnaðarupplýsingar, hafi áhrif á starf fasteignasalans og þá ráðgjöf sem hann veitir.

Um 10. gr.

10. gr. er óbreytt frá 8. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

11. gr. kemur í stað 9. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Í grein þessari er fjallað um skyldu fasteignasala til að semja yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt fyrir kaupanda við kaup á eign, hvort sem um er að ræða fasteign, fyrirtæki eða skip.

Í 10. og 11. gr. núgildandi laga eru ákvæði um þetta efni og eru þar tilgreind ítarlega öll þau atriði sem í söluyfirliti fasteignar skal greina. Hér er hins vegar lagt til að sú ítarlega upptalning verði í reglugerð þar sem talið er hentugra að gera það með þeim hætti en lagasetningu. Vísast til 2. mgr. 17. gr. varðandi heimild til reglugerðarsetningar.

Um 13. gr.

Þessi grein er að mestu óbreytt frá 12. gr. núgildandi laga.

Um 14. gr.

Í 14. gr. frumvarps þessa er fjallað um þóknun fyrir störf fasteignasala. 14. gr. núgildandi laga fjallar sömuleiðis um það efni, en samkvæmt henni má þóknun fyrir aðstoð við kaup eða sölu ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar. Við tilkomu samkeppnislaga, nr. 8/1993, kom fram hjá Félagi fasteignasala sú skoðun að þetta ákvæði samrýmdist ekki markmiðum þeirra laga og því yrði að fella það úr gildi. Taldi félagið að yrði það gert mundu ákvæði samkeppnislaganna gilda um alla þætti gjaldtökunnar.

Um nánari skýringar á því hvers vegna í frumvarpi þessu er lagt til að núgildandi ákvæði um 2% hámarkþóknun verði fellt niður, og þess í stað komi ákvæði um að samið skuli um þóknun hverju sinni, vísast til þeirra bréfaskipta sem átt hafa sér stað milli dómsmálaráðuneytisins og Samkeppnisstofnunar. Eru þau prentuð sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Um 15. gr.

1. mgr. 15. gr. kemur í stað 3. mgr. 17. gr. núgildandi laga.

2. og 3. mgr. 15. gr. koma í stað 16. gr. núgildandi laga. Lagt er til að sett verði fyllra ákvæði um viðbrögð ráðherra við ólögmætri starfsemi og hvernig hann megi bregðast við þegar stunduð er starfsemi sem fer í bága við ákvæði laganna. Í núgildandi lögum hafa ekki reynst vera nægilega skýrar heimildir til að stöðva slíka starfsemi án tafar (t.d. þegar fram hefur komið að fasteignasali hefur eigi lengur fullnægjandi tryggingar) og er ákvæði þessu m.a. ætlað að bæta úr því.

Um 16. gr.

Í 16. gr. er ákvæði sambærilegt við 1. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Hins vegar er lagt til að ákvæði 2. mgr. 17. gr. núgildandi laga, sem kveður á um að ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika sem eigi leiða til ákæru beri undir ráðherra, verði fellt niður þar sem ákvæðið þykir vera of óljóst að því er varðar þau atvik er þar geta fallið undir til að það komi að notum.

Um 17. gr.

Í 17. gr. er steypt saman öllum ákvæðum um heimildir ráðherra til útgáfu reglugerða. Í núgildandi lögum eru slík ákvæði alldreifð en hentugra þykir til glöggvunar að hafa þau öll á einum stað. Í núgildandi lögum eru þau, nánar tiltekið, í 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., 5. tölul. 1. mgr. 1. gr., 3. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 2. mgr. 11. gr. og 15. gr. Þær reglugerðarheimildir, sem taldar eru í 17. gr. frumvarps þessa, eru að mestu efnislega samhljóða framangreindum ákvæðum, en þó er að finna nýmæli í 5. mgr. þar sem lagt er til að heimilt verði að setja í reglugerð ákvæði um rekstur útibúa og í 6. mgr. um heimild til að setja í reglugerð ákvæði um samninga um þóknun fyrir starfa fasteignasala.

Um 18. gr.

18. gr. kemur í stað 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga. Lagt er til að tíunduð verði þau atvik sem sæta sektum, en í núgildandi lögum er aðeins almennt ákvæði um að brot gegn lögunum, og reglum settum samkvæmt þeim, varði sektum nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er mælt fyrir um gildistöku laganna. Er lagt til að þeir sem hafa fengið útgefið leyfi til fasteignasölu á grundvelli eldri laga geti haldið þeim réttindum sínum, fullnægi þeir að öðru leyti skilyrðum til löggildingar.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frumvarp þetta felur í sér endurskoðun á núgildandi lögum, nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu. Breytingarnar miða flestar að auknu öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Nýmæli frumvarpsins eru tíunduð í greinargerð en þar eru veigamest ákvæði um að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum og að fellt sé niður ákvæði um 2% hámarkssöluþóknun. Þess í stað er gert ráð fyrir að gerður skuli sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum.

Frumvarpinu fylgdu fjögur önnur fylgiskjöl:

II. Bréf Félags fasteignasala til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. maí 1993.

III. Bréf Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 30. júní 1993.

IV. Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Samkeppnisstofunar, dags. 14. september 1993.

V. Bréf Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. apríl 1994.

Um samhljóða fylgiskjöl vísast til þskj. 615 (355. mál) á bls. 2963–2967 í A-deild Alþt. 1995–96 (120. löggjafarþing).

29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (barnaklám).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á 120. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp um breyting á almennum hegningarlögum þar sem m.a. var lagt til að gert verði refsivert að hafa í vörslu sinni efni með barnaklámi sem sýnir kynferðisbrot framið á barni. Það frumvarp varð eigi útrætt. Í frumvarpi þessu er lagt til að refsivert verði að hafa í vörslu sinni efni með hvers kyns barnaklámi.

II.

A. Varsla efnis með barnaklámi.

Markmið þess að gera vörslu efnis með barnaklámi refsiverða er að auka vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun. Bann við því að hafa slíkt efni í vörslu sinni er talið geta dregið úr eða jafnvel fyrirbyggt kynferðislega misnotkun barna í tengslum við gerð slíks efnis.

Þegar efni með barnaklámi er framleitt eru jafnframt framin alvarleg refsiverð brot gegn börnunum. Með því að banna vörslu á efni með barnaklámi er mótuð skýr afstaða gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, jafnframt því sem það getur stuðlað að því að bæta réttarstöðu barna. Ef ríki heims gera vörslu á efni með barnaklámi refsiverða er það

til þess fallið að takmarka eftirspurn eftir slíku efni og þar með kynferðislega misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess.

Á móti framangreindum rökum kemur að ekki er fyllilega ljóst hvaða áhrif slíkt bann kemur til með að hafa í reynd og að rannsókn á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs.

Í 1. gr. frumvarpsins er valin sú leið að gera refsivert að hafa í vörslu sinni efni sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt, svo og efni sem sýnir börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða að nota hluti á grófan klámfenginn hátt. Það er ekki skilyrði að við töku myndefnis hafi verið framið kynferðisbrot gegn barninu.

Með hugtökunum „kynferðislegur“ og „klámfenginn“ er í ákvæðinu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.

B. Gildandi réttur.

Í almennum hegningarlögum eru ýmis ákvæði sem vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun. Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það m.a. sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum að búa til klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti og það sama gildir um að dreifa þeim eða útbýta. Þá gæti upptaka af klámmyndum af börnum fallið undir 209. gr. sömu laga um brot gegn blygðunarsemi, en brot á þeirri grein varðar fangelsi allt að 4 árum. Hinn kynferðislegi verknaður sem mynd er tekin af getur verið refsiverður skv. 202. gr. laganna þar sem samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára varðar allt að 12 ára fangelsi. Samkvæmt þeirri grein varðar önnur kynferðisleg áreitni við barn fangelsi allt að 4 árum. Samkvæmt sömu grein varðar það allt að 4 ára fangelsi ef ungmenni á aldrinum 14–16 ára er tælt til samræðis eða annarra kynferðismaka. Unnt er að refsa öðrum sem taka þátt í slíkum kynferðislegum verknaði, t.d. ljósmyndara, framleiðanda myndar o.s.frv., fyrir hlutdeild skv. 22. gr. laganna.

Í framkvæmd geta komið upp mikil sönnunarvandamál ef beita á framangreindum ákvæðum gegn framleiðslu efnis með barnaklámi. Erfitt getur reynst að afla upplýsinga um þá einstaklinga sem tóku myndirnar eða áttu hlutdeild að því og um nánari aðstæður í sambandi við myndatökuna. Myndirnar geta verið teknar og framkallaðar erlendis eða framkallaðar hér á landi af filmum erlendis frá, hugsanlega af einstaklingum sem ekki tóku þátt í myndatökunni sjálfri.

Samkvæmt 1. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það þann sem ber ábyrgð á því að klám birtist á prenti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar varðar það sömu refsingu að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar varðar það sömu refsingu að láta af hendi við unglinga yngri en 18 ára klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Klám er afstætt hugtak og inntak þess tekur breytingum eftir tíðaranda. Í athugasemdum við frumvarp til almennra hegningarlaga er ekki skilgreint hvað sé refsivert klám. Í Íslenskri orðabók Menningarsjóðs, 2. útgáfu 1985 segir m.a. um þetta orð: „gróft orð, klúryrði (einkum um kynferðismál eða kynfæri); málfar, mynd eða annað sem beinir athyglinni að kynlífi eða kynfærum án nauðsynjar í listrænu samhengi ... “

Samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga er ekki refsivert að búa til, eiga eða flytja inn klámrit eða klámmynd til eigin afnota. Tilbúningur og innflutningur í útbreiðsluskyni og öll dreifing er aftur á móti refsiverð.

C. Tilmæli Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðsins.

Samkvæmt 34. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989 um réttindi barnsins, sem Ísland fullgilti 28. október 1992, ber aðildarríkjunum að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Í þeim tilgangi skulu þau einkum gera allt sem við á, bæði innan lands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til þess að koma í veg fyrir:

a. Að barn sé talið á eða þvingað til að taka þátt í hvers konar ólögmætri kynferðislegri háttsemi.
b. Að börn séu notuð til vændis eða annarra ólögmætra kynferðisathafna.
c. Að börn séu notuð í klámsýningum eða til að búa til klámefni.

Í samræmi við 44. gr. samningsins sendi Ísland í nóvember 1994 til nefndar sem stofnuð er samkvæmt ákvæðum samningsins skýrslu um það sem gert hefur verið hér á landi til að koma í framkvæmd réttindum sem eru viðurkennd í samningnum og hvernig hefur miðað í beitingu þeirra. Á bls. 85–86 í sérprentun skýrslunnar er fjallað um hvernig Ísland uppfyllir ákvæði 34. gr. samningsins. Þessi grein samningsins leggur ekki skyldu á aðildarríkin til að gera refsivert að hafa barnaklám í vörslu sinni og uppfylla íslensk lög þegar skuldbindingar samkvæmt greininni.

Hinn 5. mars 1992 samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna aðgerðaáætlun varðandi sölu á börnum, barnavændi og barnaklám (ályktun 1992/74). Í 53. gr. hennar er áskorun til aðildarríkjanna um að gera vörslu á barnaklámi refsiverða. Ráðið tilnefndi sérstakan fulltrúa til að vinna að framgangi áætlunarinnar. Í 254. mgr. í skýrslu hans frá 14. janúar 1994 setur hann fram sambærileg tilmæli og í ályktun frá 9. mars 1994 (ályktun 1994/92) fellst mannréttindaráðið á tilmæli hans.

Mannréttindaráðið hefur samþykkt að setja á fót vinnuhóp til að gera uppkast að hugsanlegum valfrjálsum viðauka við samninginn um réttindi barnsins þar sem fjallað yrði um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám. Í þessu sambandi vísast til 17. gr. ályktunar ráðsins frá 9. mars 1994 (ályktun 1994/90).

Í ályktun Evrópuráðsins nr. (91)11 um kynferðislega misnotkun, klám, vændi og verslun með börn og ungmenni er því beint til aðildarríkjanna að íhuga hvort ráðlegt sé að gera vörslu á barnaklámi refsiverða („examine the advisability of introducing penal sanctions for mere possession of pornographic material involving children").

Í tilmælum Norðurlandaráðsins nr. 9/1994, sem samþykkt voru 9. mars 1994, er norrænu ráðherranefndinni falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að varsla á efni með barnaklámi verði gerð refsiverð á Norðurlöndunum.

D. Réttarstaðan í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

a. Danmörk.

Með lögum nr. 1100 21. desember 1994 var bætt við 235. gr. hegningarlaganna ákvæði sem gerir vörslu á myndefni með barnaklámi refsiverða. Samkvæmt málsgreininni varðar það sektum að hafa í vörslum sínum ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni með börnum í samförum eða öðrum kynferðismökum. Með sama hætti er það refsivert að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðislegum athöfnum með dýrum eða sem nota hluti á klámfenginn hátt.

b. Noregur.

Með lögum nr. 49 22. maí 1992 var 211. gr. norsku hegningarlaganna breytt og varsla á myndefni með barnaklámi gerð refsiverð. Samkvæmt d-lið 1. mgr. greinarinnar varðar það þann sektum eða fangelsi allt að 2 árum, eða hvort tveggja, sem hefur í vörslu sinni eða flytur inn myndir, kvikmyndir, myndbönd eða sambærilegt efni, þar sem einhver sem er eða virðist vera yngri en 16 ára er sýndur á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar skal refsa fyrir framangreinda verknaði án tillits til þess að í einstaka tilviki teljist verknaður viðkomandi til gáleysis. Í slíkum tilvikum varðar brot sektum og/eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Í 5. mgr. greinarinnar eru m.a. ákvæði um refsiábyrgð fyrir ákveðin vanrækslubrot sem tengjast vörslu á efni með barnaklámi. Þar segir að með sama hætti eigi að refsa þeim handhafa eða yfirmanni sem af ásetningi eða gáleysi vanrækir að koma í veg fyrir að í rekstri (starfsemi) verði framdir verknaðir sem falla undir ákvæði greinarinnar.

Samkvæmt 6. mgr. greinarinnar eru það refsiþyngjandi aðstæður ef hið klámfengna efni sýnir notkun á börnum, dýrum, ofbeldi, þvingun og kvalalosta.

c. Svíþjóð.

Samkvæmt sænskum lögum er ekki refsivert að hafa rit eða annað efni sem sýnir barnaklám í vörslu sinni.

Samkvæmt 10. gr. a í 16. kafla sænsku hegningarlaganna skal sá sem sýnir barn í klámmynd sem er gerð í þeim tilgangi að dreifa henni eða sem dreifir slíkri mynd af barni, ef verknaðurinn, með tilliti til aðstæðna, telst ekki forsvaranlegur, sæta sektum eða fangelsi að hámarki í tvö ár fyrir barnaklámsbrot.

Í greinargerð sænska dómsmálaráðuneytisins frá 1993 um aukna vernd fyrir börn — frekari aðgerðir gegn kynferðislegum brotum o.fl. (Ds. 1993:80) er m.a. fjallað um hvort gera eigi vörslu á efni með barnaklámi refsiverða. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki eigi að setja refsiákvæði um vörslu á efni með barnaklámi. Sú niðurstaða er rökstudd með því að slíkt refsiákvæði sé undantekning frá stjórnarskrárbundnum ákvæðum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi g að þegar séu nægileg refsiákvæði til að beita gegn barnaklámi.

Sænska þingið ákvað í júní 1994 að varsla á efni með barnaklámi skyldi gerð refsiverð frá og með 1. janúar 1999. Jafnframt voru lögfest ákvæði sem tóku gildi 1. janúar 1995 um að heimilt væri gera slíkt efni upptækt án þess að sá sem hefði það undir höndum sætti refsingu. Ástæðan fyrir því að varsla á efni með barnaklámi verður ekki refsiverð fyrr árið 1999 er að áður en unnt er að setja slíkt ákvæði þarf að breyta sænsku stjórnarskránni. Frumvarp til breytinga á sænsku stjórnarskránni ber almennt að leggja fyrir þing í síðasta lagi níu mánuðum fyrir þingkosningar og nýtt þing þarf jafnframt að samþykkja breytingarnar. Fyrir síðustu kosningar í Svíþjóð var ekki nægjanlegur meiri hluti (minnst 5/6) til að víkja frá níu mánaða frestinum nema varðandi breytingarnar sem gera það mögulegt að gera efni með barnaklámi upptækt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að gert verði refsivert að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt og að sama gildi um vörslu á ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt. Það er ekki skil-

yrði refsiábyrgðar samkvæmt greininni að vörsluaðili hyggist dreifa efni með barnaklámi. Sá sem dreifir efni með barnaklámi getur hins vegar sætt strangari refsiviðurlögum skv. 2. mgr. 210. gr.

Ákvæðið breytir ekki öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga um kynferðisbrot gegn börnum.

Refsiábyrgð samkvæmt greininni er skilgreind þeim þeim hætti að börn séu sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Eins og áður segir er með þessu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta. Eðlilegar nektarmyndir af börnum falla utan gildissviðs ákvæðisins.

Það er ekki skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt greininni að viðkomandi eigi efni með barnaklámi. Með vörslu er auk þess að eiga efnið m.a. átt við að viðkomandi hafi efnið að láni, á leigu eða í geymslu.

Hvenær einstaklingur telst hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni getur gefið tilefni til nánari umfjöllunar, sérstaklega þegar efni er dreift með vélrænum hætti.

Þegar horft er á sjónvarpssendingar (t.d. sem sendar eru gegnum gervihnött) eða myndir sem sóttar eru í gagnabanka en skoðaðar á eigin tölvuskermi teljast myndirnar ekki í vörslu þess sem á þær horfir. Ef myndirnar eru aftur á móti teknar upp á myndband, fluttar á harðan disk tölvu, diskling eða geisladisk þannig að viðkomandi geti kallað myndirnar fram sjálfur telst hann hafa efnið í vörslu sinni.

Í frumvarpinu er talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 er með börnum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs og er í frumvarpi þessu miðað við sömu aldursmörk. Ljóst er að það getur verið erfitt sönnunarvandamál hvort um er að ræða yngri einstaklinga en 16 ára. Í því sambandi er þó mikilvægast að alvarlegustu tilvikin falla án vafa undir þessi aldursmörk. Vafatilvikin eru ekki hvort verið sé að misnota 12–13 ára börn eða yngri við framleiðslu efnis.

Í greininni er lagt til að það varði sektum að hafa í vörslu sinni efni með barnaklámi. Ef ásetningur til að dreifa efninu telst sannaður getur brotið, eins og að nefnt var að framan, fallið undir 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn þeirri grein varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Um 2. gr.

Lagt er til að gildistaka laganna verði 1. júlí 1997. Tilgangur þess er að láta lögin ekki öðlast gildi þegar í stað er að þeim sem hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni gefist hæfilegur frestur til að eyða því efni sem fellur undir ákvæði frumvarpsins.

30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum (réttarstaða handtekinna manna o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Dómari ákvarðar þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda sem greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Við 1. mgr. 32. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í því tilviki skal lögregla, svo fljótt sem kostur er eftir að sakborningur var handtekinn, tilkynna nánustu vandamönnum hans að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja má handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. Við 5. mgr. bætist: en lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákvarðar þóknun.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

6. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun yfirheyrslna.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

4. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 108. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra málsgreina samkvæmt því:

2. Þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. mega gæsluvarðhaldsfangar taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþings og verjanda síns án þess að efni þeirra sé athugað. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Í frumvarpinu eru efnislega lagðar til þrjár breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í fyrsta lagi er lagt til að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda og að sú þóknun greiðist úr ríkissjóði og þegar þörf er túlks vegna yfirheyrslna hjá lögreglu ákvarði lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans þóknunina. Í öðru lagi er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglugerðir um nánari ákvæði um hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína, sbr. 1. mgr. 32. gr. laganna, um framkvæmd yfirheyrslna hjá lögreglu og um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr. og a-lið 3. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, skal Stjórnarráðið semja og setja verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Í bréfaskiptum sem dómsmálaráðuneytið hefur átt við Samkeppnisstofnun hefur komið fram að stofnunin telur að framangreint lagaákvæði stríði gegn markmiðum samkeppnislaga. Jafnframt hefur komið fram að þegar dómstóll kveður dómtúlk til starfa og kostnaður er greiddur af ríkinu verði samkeppni við slíkar aðstæður vart komið við og telur Samkeppnisstofnun að færa megi rök fyrir því að í þeim tilvikum sé eðlilegt að ákvarða þóknun fyrir slíka vinnu í samræmi við skráðar réttarreglur.

Samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, sem féllu úr gildi við gildistöku laga nr. 19/1991 1. júlí 1992, taldist kostnaður við skjalaþýðingar og dómtúlkun til sakarkostnaðar. Í 164. gr. núgildandi laga þar sem fjallað er um sakarkostnað eru þessi atriði ekki tilgreind en í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi til þeirra laga er tekið fram að þessi kostnaður teljist ekki til sakarkostnaðar. Skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu skal sakborningur eiga rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur ekki eða talar mál það sem notað er fyrir dómi. Sams konar ákvæði er í 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 16. desember 1966 og Ísland er aðili að.

Með vísun til þess sem að framan er rakið er í 1. gr. lagt til að við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem segir að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda og að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði og að við 5. mgr. 69. gr. bætist ákvæði um að lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi hans ákvarði þóknun túlks þegar hans er þörf við yfirheyrslu hjá lögreglu. Er þetta sama fyrirkomulag og gildir um ákvörðun þóknunar til handa réttargæslumanni, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna. Jafnframt er í 6. gr. lagt til að ákvæði er mælir fyrir um opinbera gjaldskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda verði fellt úr gildi.

Um 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr.

Í skýrslu, sem Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) sendi ríkisstjórn Íslands 23. mars 1994 í framhaldi af heimsókn nefndarinnar til Íslands dagana 6.–12. júlí 1993, er m.a. fjallað um nokkur atriði er varða réttarstöðu handtekinna manna.

Í 31. mgr. í skýrslu nefndarinnar er lagt til að settar verði nánari reglur um það hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína, en í síðasta málslið 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála segir að handtekinn maður megi hafa samband við nánustu vandamenn sína, „nema sérstök ástæða sé til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins“.

Í 39. mgr. skýrslu nefndarinnar er lagt til að til viðbótar ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála er fjalla um yfirheyrslur verði settar reglur um yfirheyrslur þar sem lýst verði nákvæmlega hvernig fara beri að í ýmsum atriðum.

Í 43. mgr. skýrslunnar er lagt til að settar verði reglur um samræmda skráningu á ýmsum atriðum er varða vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu.

Í svari íslenskra stjórnvalda, dags. 27. september 1994, til Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. varðandi framangreind atriði segir að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur m.a. um nánari reglur um hvenær fresta megi því að handtekinn maður fái að tilkynna nánum vandamanni um að hann sé í haldi, um almennar reglur um tilhögun yfirheyrslna hjá lögreglu og um almennar reglur um skráningu á ýmsum atriðum varðandi vistun handtekinna manna í fangageymslum lögreglu. Jafnframt var tekið fram að áður en slíkar reglur yrðu settar þyrfti lagaheimild til setningar þeirra.

Með bréfi, dags. 8. desember 1994, skipaði dómsmálaráðherra Arnar Guðmundsson, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, Boga Nilsson rannsóknarlögreglustjóra og Ólaf Hauksson sýslumannsfulltrúa í nefnd til að semja reglur um framangreind atriði. Nefndin skilaði tillögum sínum til ráðherra með bréfi, dags. 11. desember 1995.

Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu eru framangreindar málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. og svör við þeim athugasemdum.

Með vísun til þessa er í 2. gr. lagt til að við 1. mgr. 32. gr. laganna bætist tveir nýir málsliðir sem kveði á um að þegar því er frestað að tilkynna nánustu vandamönnum um handtöku skuli lögregla svo fljótt sem kostur er eftir að sakborningur var handtekinn tilkynna nánustu vandamönnum hans að hann hafi verið handtekinn og hvar hann sé vistaður og að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína. Í b-lið 3. gr. er lagt til að við 69. gr. laganna bætist ný málsgrein þar sem segi að dómsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um tilhögun yfirheyrslna og í 4. gr. er lagt til að við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein sem segi að dómsmálaráðherra setji í reglugerð ákvæði um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum.

Um 5. gr.

Í 121. og 122. mgr. í áðurgreindri skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum o.fl. er spurst fyrir um hvort gæsluvarðhaldsfangar megi hafa samskipti við nánar tilgreind yfirvöld án eftirlits. Í svari íslenskra stjórnvalda kemur fram að ekki sé bannað að hafa eftirlit með samskiptum gæsluvarðhaldsfanga við þessi stjórnvöld og að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskiptum við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld í trúnaði.

Í fylgiskjali I eru framangreindar málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndarinnar um varnir gegn pyndingum o.fl. og svör við þeim athugasemdum.

Í 1. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála eru ákvæði um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga. Í d-lið segir að gæslufangar megi senda og taka við bréfum og öðrum skjölum en þó geti sá sem rannsókn stýrir látið athuga efni bréfa eða annarra skjala og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar og í slíku tilviki skuli sendanda gert viðvart.

Hér er lagt til að á eftir 1. mgr. 108. gr. laganna komi ný málsgrein þar sem segi að þrátt fyrir ákvæði d-liðar 1. mgr. megi gæsluvarðhaldsfangar taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmálaráðherra, umboðsmanns Alþingis og verjenda síns, án þess að efni þeirra sé athugað, og að dómsmálaráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Um 6. gr.

Gildistökuákvæðið þarfnast ekki skýringa. Með vísun til þess sem fram kemur í athugasemdum við 1. gr. og a-lið 3. gr. frumvarpsins er hér jafnframt lagt til að 5. gr. laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, nr. 32 2. nóvember 1914, verði felld úr gildi, en í þeirri grein segir að Stjórnarráðið skuli semja og setja verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalþýðenda.

Fylgiskjal I.

Í þessu fylgiskjali eru teknar upp orðrétt þær málsgreinar úr skýrslu Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT) sem nefndin sendi ríkisstjórn Íslands í framhaldi af heimsókn nefndarinnar til Íslands dagana 6.–12. júlí 1993 sem vitnað er til í athugasemdum við frumvarp þetta og svör íslenskra stjórnvalda við þeim athugasemdum.

Í 31. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Á Íslandi á handtekinn maður skv. 1. mgr. 32. gr. OML rétt á að tilkynna nánum vandamanni þegar í stað um að hann sé í haldi, enda séu ekki sérstakar ástæður til að ætla að það muni torvelda rannsókn málsins. **CPT leggur til að skýrar verði kveðið á um hvenær fresta megi nýtingu tilkynningarréttar og að þeim rétti sé veitt viðeigandi vernd (til dæmis að öll frestun sé skráð og rökstudd, og að hún sé háð samþykki saksóknara eða yfirmanns í lögreglu).**“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd til þess að kanna í hvaða tilvikum handteknum mönnum hefur verið synjað um að hafa samband við ættingja og til að gera tillögur um skýrari reglur um þessi atriði.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 39. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Að áliti CPT væri æskilegt að til viðbótar ákvæðum OML um yfirheyrslur verði settar reglur um yfirheyrslur, þar sem lýst væri nákvæmlega hvernig fara bæri að í hinum ýmsu atriðum. Tilvist slíkra reglna myndi m.a. stuðla að því að árétta það sem lögreglumönnum hefði verið kennt við þjálfun.

Meðal annars ættu slíkar reglur að fjalla um eftirtalin atriði: Að hinum yfirheyrða sé á fyrirfram ákveðinn hátt kynnt hverjir séu viðstaddir yfirheyrsluna (nöfn þeirra og/eða fjöldi), hver sé hvíldartími milli yfirheyrslulota og hver hlé skuli gerð, á hvaða stöðum yfirheyrslur megi fara fram, hvort gera megi handteknum manni að standa uppréttur meðan á yfirheyrslu stendur, og hvernig haga skuli yfirheyrslu fólks sem er undir áhrifum fíkniefna, áfengis eða lyfja, eða er í losti. Í reglunum ætti einnig að kveða á um fasta tilhögun á skráningu þeirra sem viðstaddir eru hverja yfirheyrslu og hverjar óskir hinn yfirheyrði kann að bera fram meðan á yfirheyrslu stendur.

Ákveðnar verndarreglur þyrftu að gilda um fólk sem sérstaklega er veikt fyrir, svo sem um ungmenni, þroskahefta eða geðveika.

Nefndin leggur því til að slíkar siðareglur verði samdar til handa íslenskri lögreglu.“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að settar verði nánari reglur um tilhögun yfirheyrslna, þar sem m.a. verði höfð hliðsjón af þeim atriðum er greinir í 39. málsgrein í skýrslu nefndarinnar.

Nefnd þeirri sem gerð er grein fyrir í svari við tillögu í 31. málsgrein verður falið að gera tillögur að reglum um yfirheyrslur.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 43. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Sendinefndin veitti því athygli að viss atriði varðandi vistun manna í fangageymslum lögreglu voru skráð á tölvu, en önnur voru rituð.

Að áliti CPT myndi það verða til að treysta þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru með tilliti til vistunar í fangageymslu lögreglu ef ein heildarskráning væri viðhöfð fyrir hvern þann sem í haldi er, þar sem skráð væru öll atriði varðandi vistun hans og það sem gert væri í tilefni af þeim atriðum (hvenær handtaka fór fram og ástæður hennar, hvenær viðkomandi var tilkynnt um réttindi sín, merki um áverka eða geðsjúkdóm o.s.frv., samband við nána vandamenn eða heimsóknir þeirra, lögmanns, læknis eða fulltrúa erlends ríkis, hvenær hinum handtekna var boðinn matur, hvenær yfirheyrslur fóru fram, hvenær viðkomandi var látinn laus eða færður fyrir saksóknara eða dómara o.s.frv.). Hvað sum atriði snertir (eigur handtekins manns sem frá honum eru teknar, að handteknum manni hafi verið skýrt frá réttindum sínum og hver slík réttindi hann nýtir sér eða hverjum hann kýs að halda ekki fram) ber að afla undirritunar hins handtekna eða setja fram skýringu á að undirritun vanti. Ennfremur ber að veita lögmanni hins handtekna aðgang að slíkri vistunarskrá.

CPT leggur til að íslensk stjórnvöld athugi möguleika á því að koma slíkri vistunarskráningu á.“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að settar verði samræmdar reglur um skráningu á atriðum varðandi vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu, þar sem m.a. verði höfð hliðsjón af þeim atriðum er greinir í 43. málsgrein í skýrslu nefndarinnar.

Nefnd þeirri sem gerð er grein fyrir í svari við tillögu í 31. málsgrein verður falið að gera tillögur að samræmdum reglum um skráningu á atriðum varðandi vistun á handteknum mönnum í fangageymslum lögreglu.

Tekið skal fram að áður en unnt er að setja slíkar reglur er nauðsynlegt að breyta lögum um meðferð opinberra mála og hefur dómsmálaráðherra ákveðið að frumvarp að nauðsynlegum lagabreytingum verði undirbúið.“

Í 121. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„Bæði gæsluvarðhalds- og afplánunarfangar eiga rétt á símtölum út fyrir stofnunina (19. gr. fangelsislaga og 27.–28. gr. rgl. um bréfaskipti o.fl.), þótt vissar takmarkanir megi á því gera gagnvart gæsluvarðhaldsföngum með tilliti til rannsóknarþarfa (62. gr. rgl. um gæsluvarðhaldsvist).

Komst sendinefndin að raun um að á Litla-Hrauni var framkvæmdin sú að fangar gátu hringt þrjú sex mínútna símtöl á viku og jafnframt tekið við þremur símtölum, og með svipuðum hætti gátu fangar í Síðumúlafangelsi og í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hringt út fyrir stofnunina þrisvar á viku milli kl. 18 og 20, í tíu mínútur í senn.

Starfsmenn viðkomandi stofnana gátu fylgst með símtölunum, en að vísu er fanga sagt frá því fyrirfram að með símtali hans verði fylgst. Bann liggur við því að fylgjast með símtölum fanga við lögmenn sína, við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld, umboðsmann Alþingis og Mannréttindanefnd Evrópu. **CPT er umhugað um að vita hvort hið sama gildi um símtöl gæsluvarðhaldsfanga við lögmenn sína eða einhver þau yfirvöld sem að ofan eru nefnd.**“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Það liggur ekki beint bann við því að hlustað sé á símtöl gæsluvarðhaldsfanga við framangreinda aðila.

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskiptum við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld og fleiri aðila í trúnaði.“

Í síðari hluta 122. mgr. í skýrslu nefndarinnar segir:

„55.–61. gr. rgl. um gæsluvarðhaldsvist fjalla um réttindi gæsluvarðhaldsfanga varðandi bréfaskriftir. Athuga má bréf undir vissum kringumstæðum, en viðkomandi einstaklingur getur borið málið undir dómara. **CPT er umhugað um að vita hvort skoða megi bréf gæsluvarðhaldsfanga til lögmanna eða nokkurra þeirra stofnana sem að ofan eru nefndar, og sé svo, þá hvernig.**“

Í svari íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar varðandi þetta atriði segir:

„Heimilt er að rannsaka bréf til þeirra aðila sem hér eru nefndir. Um það gilda sömu reglur og bréfaskipti gæsluvarðhaldsfanga almennt, sbr. 55.–61. gr. reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist, en í þeim greinum eru útfærð nánar ákvæði í d-lið 1. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að fela réttarfarsnefnd að gera tillögur um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála í þá veru að gæsluvarðhaldsfangar eigi rétt á samskiptum við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld og fleiri aðila í trúnaði.“

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér þrjár efnislegar breytingar á núgildandi lögum; í fyrsta lagi að dómari ákvarði þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda og að sá kostnaður greiðist af ríkissjóði, í öðru lagi að dómsmálaráðherra setji reglugerðir um réttarstöðu handtekinna manna og í þriðja lagi að gæsluvarðhaldsfangar megi senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Samkvæmt lögum setur Stjórnarráðið verðskrá fyrir verk dómtúlka og skjalþýðenda en Samkeppnisstofnun telur að færa megi rök fyrir því að réttara sé að ákvarða þóknun fyrir túlkun í dómi og hjá lögreglu í samræmi við skráðar réttarreglur. Í 1. gr. og a-lið 3. gr. frumvarpsins eru gerðar breytingar á núgildandi lögum er miða að þessu og í 6. gr. er lagt til að fellt verði brott ákvæði er mælir fyrir um opinbera gjaldskrá. Að mati fjármálaráðuneytis hefur þessi breyting lítil sem engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Tvær síðarnefndu breytingarnar hafa ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs.

31. Frumvarp til laga [31. mál]

um helgidagafrið.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Tilgangur laganna.
1. gr.

Um helgidagafrið er mælt í lögum þessum í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í lögunum.

II. KAFLI
Um helgidagafrið og helgidaga þjóðkirkjunnar.
2. gr.

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru þeir sem nú skal greina:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.

2. Jóladagur og föstudagurinn langi til kl. 6.00 að morgni næsta dags, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18.00.

III. KAFLI
Um helgidagafrið.

3. gr.

Óheimilt er að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi viðkomandi athafnar.

4. gr.

Um starfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á helgidögum skv. 1. tölul. 2. gr. er öll almenn starfsemi heimil.
2. Á helgidögum skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. er eftirfarandi starfsemi óheimil:
   a. Skemmtanir, svo sem dansleikir eða einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Hið sama gildir um opinberar sýningar og skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram.
   b. Markaðir og verslunarstarfsemi, svo og önnur viðskiptastarfsemi.

5. gr.

Eftirfarandi starfsemi er undanþegin banni því er greinir í 4. gr.:

1. Starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, verslana með neyðarbúnað, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga. Hið sama gildir um gististarfsemi og tengda þjónustu.
2. Íþrótta- og útivistarstarfsemi.
3. Listsýningar, leiksýningar eða sams konar sýningar og samkomur er hafa sígilt listrænt gildi og samrýmast helgidagafriði, svo og sýningar er varða vísindi eða er ætlað að gegna almennu upplýsingahlutverki, má halda eða veita aðgang að á þeim tímum þegar helgidagafriður á að ríkja skv. 2. tölul. 2. gr., en þó ekki fyrr en kl. 15.00. Hið sama gildir um listasöfn og bókasöfn.
4. Heimila má að dansleikir er hefjast að kvöldi laugardags fyrir páska eða hvítasunnu standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags samkvæmt almennum reglum, þó eigi lengur en til kl. 3.00.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Lögreglustjóri getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, leyft að haldnar séu samkomur og sýningar eða að stofnað sé til svipaðrar starfsemi, sem greinir í 5. gr., á þeim tíma sem helgidagafriður skv. 5. gr. á að ríkja.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. tölul. 4. gr. er lögreglustjóra heimilt að veita leyfi fyrir einkasamkvæmi af sérstöku tilefni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Brjóti handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögum þessum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

8. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

A. Almennt.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Með bréfi, dags. 24. maí 1995, skipaði dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926. Nefndarmenn voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og sr. Hjálmar Jónsson alþingismaður. Ritari nefndarinnar var Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Drög að lagafrumvarpi lágu fyrir í október 1995 og voru þau lögð fyrir 26. kirkjuþing. Ályktaði kirkjuþing um frumvarpsdrögin efnislega með eftirfarandi hætti:

1. Lögð var til breyting á kaflaheiti II. og III. kafla.
2. Lagt var til að bann við skemmtanahaldi gilti aðfaranótt páskadags.
3. Vakin var athygli á nauðsyn nánari skilgreininga ýmissa atriða.

Í frekari vinnu nefndarinnar við frumvarpið eftir að umsögn kirkjuþings lá fyrir voru gerðar eftirfarandi breytingar á því auk orðalagsbreytinga:

1. Kaflaheitum II. og III. kafla var breytt til samræmis við ályktun kirkjuþings.
2. Auk þess að leggja áfram til að skemmtanahald yrði heimilt aðfaranótt páskadags var lagt til að skemmtanahald aðfaranótt hvítasunnudags yrði með sama hætti. Er þetta rökstutt nánar í athugasemdum við 5. gr. Er lagt til að sett verði tímamörk í þessu efni þannig að skemmtanir standi þessar nætur eigi lengur en til kl. 3.00.
3. Orðið var við því að skilgreina ýmis atriði nánar.
4. Í 2. tölul 2. gr. er helgi jóladags og föstudagsins langa framlengd til kl. 6.00 daginn eftir. Þetta er gert til að nálgast bann við skemmtanahaldi þennan tíma með öðrum hætti en var í þeim drögum er lögð voru fyrir kirkjuþing. Til samræmis var fellt út sérstakt bann við skemmtanahaldi þennan tíma í 4. gr.
5. Farin var önnur leið en áður til að skilgreina hvaða starfsemi væri heimil á helgidögum skv. 1. tölul. 5. gr.

B. Söguleg atriði.

Ákvæði um helgidaga og helgidagahald voru upprunalega í kristinna laga þætti, sbr. síðar Kristinrétt Árna biskups Þorlákssonar, 31.–37. kap. Sú löggjöf var víðtækari en helgidagalöggjöf síðari alda. Voru m.a. ákvæði „um að meir segðist á brotum“ sem unnin væru á helgum dögum en endranær. Við siðaskipti urðu aldahvörf og er talið að 26 messudagar hafi verið afnumdir með kirkjuskipan Kristjáns III. frá 1537, lögfest hér á landi 1541 og 1551, en raunar bætti það lagaboð við helgidögum þótt í litlum mæli væri og breytti auk þess ákvæðum um helgidagahald öðrum þræði. Í Alþingissamþykkt 1552 var fjallað um helgibrot, kirkjugrið og helgidagahald og er m.a. getið þar tveggja helgidaga sem kirkjuskipanin vék ekki að sérstaklega, þ.e. skírdegi og föstudeginum langa. Síðari lagaboð, m.a. kirkjuskipan Kristjáns IV. frá 1607, lögfest hér 1629, áréttuðu ákvæði fyrri kirkjuskipanar (frá 1537). Helgisiðabókin frá 1685 var ekki lögleidd hér á landi þótt eftir henni væri farið í ýmsum greinum. Ákvæði Dönsku og Norsku laga frá 1683 og 1687 um helgidaga og helgidagahald, að svo miklu leyti sem því var til að dreifa, voru ekki lögleidd hér á landi. Tilskipunin um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga frá 29. maí 1744 á rót að rekja til píetismans og voru þar ströng ákvæði um helgihald og m.a. um kirkjusókn. Tilskipun 26. október 1770 stafar frá tímum Struensee en þá voru nokkrir helgidagar afnumdir. Eftir sem áður gilti tilskipun 29. maí 1744 að verulegu leyti. Helgidagalöggjöf Dana var breytt með nýjum lögum frá 1845 mjög í frjálsræðisátt. Bárust Alþingi, er það var endurreist, bænaskrár um breytingar á helgidagalöggjöf. Með tilskipun frá 1855 var komið á nýskipan að því er varðaði helgihaldið og var sú löggjöf mjög reist á dönsku helgidagalögunum frá 1845. Var þessi skipan ólíkt frjálslegri en hin fyrri skipan og þótti sumum of langt gengið sérstaklega með að draga úr friðun sunnudags. Var þessu atriði breytt með opnu bréfi 28. september 1860.

Þegar leið á 19. öldina voru flutt frumvörp á Alþingi er vörðuðu þetta mál, m.a. 1893, um afnám helgidaga, skírdags, uppstigningardags, annars dags í páskum og hvítasunnu og kóngsbænadags. Frumvarp þetta náði aðeins fram að ganga að því er varðar afnám kóngsbænadags, sbr. lög nr. 37/1893. Þá voru sett sérstök lög um fermingu og affermingu skipa, nr. 19/1897, en heildarlög um helgidaga, sem sett voru í Danmörku 1876, voru ekki lögfest hér á landi eða lög sniðin eftir þeim. Hins vegar voru lögtekin ný lög um helgidaga og helgidagahald árið 1901, sbr. lög nr. 47 það ár. Var þar kveðið rækilega á um helgidagahald, en helgidagar látnir haldast. Í meðferð málsins á Alþingi kom glögglega fram að greina bæri í milli helgidagalöggjafar og vinnuverndarlöggjafar. Fáum árum seinna (1919) var flutt frumvarp á Alþingi sem var gagngert af vinnuverndarrótum runnið og mælti fyrir um að helgidagar yrðu raunverulega að hvíldardögum fyrir verkamenn.

Núgildandi lög um þetta efni eru nr. 45/1926. Þau fólu m.a. í sér þá breytingu að takmarka skyldi vinnu við fermingu og affermingu skipa á helgidögum og í öðru lagi var leyft að hafa fleiri verslanir opnar á helgidögum en fyrr var, svo og þjónustustofnanir. Skírdegi var ekki gert hærra undir höfði en sunnudögum og almennar skemmtanir voru bannaðar eftir kl. 18.00 kvöldið fyrir stórhátíðardaga. Þessi lög hafa gilt í rösklega sjö áratugi óbreytt að kalla, en breytingar er gerðar hafa verið varða annars vegar refsiviðurlög í 8. gr. sem breytt var með lögum nr. 75/1982 er fjalla m.a. um sektarmörk nokkurra laga og hins vegar atriði er tengdust aðskilnaði umboðsvalds og dómsvalds í héraði og tóku gildi 1. júlí 1992.

Á 111. löggjafarþingi árið 1988 var lagt fram frumvarp til laga um helgidagafrið en það varð ekki útrætt.

C. Gildandi lög.

Eins og áður getur eru gildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar frá árinu 1926. Eitt einkenni þeirra laga er að í þeim eru ekki taldir upp þeir dagar sem teljast vera helgidagar. Hins vegar hefur ekki verið ágreiningur um að það eru þeir sömu dagar og getur í 2. gr. frumvarps þessa.

Í lögunum er í 1. gr fjallað um bann við vinnu á helgidögum er hefur hávaða í för með sér eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti að hún raskar friði helgidagsins. Er fjallað sérstaklega um fermingu og affermingu skipa í þessu sambandi.

Í 2. gr. er fjallað um verslunarstarfsemi. Er hún bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar en undanþegnar banninu eru tilteknar búðir eins og lyfjabúðir, brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk, fiskbúðir o.fl. Kemur og fram að öll sala opinberlega sé bönnuð á helgidögunum en undanþága er varðandi sölu á fiski, bókum, blöðum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árdegis og eftir kl. 3 síðdegis.

Í 3. gr. er kveðið á um að á helgidögum þjóðkirkjunnar megi ekki á neinum almennum veitingastað halda veislur eða aðra hávaðasama fundi fyrr en eftir miðaftan.

Samkvæmt 4. gr. má á helgidögum þjóðkirkjunnar hvorki halda almennar skemmtanir né heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sér stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

Samkvæmt 5. gr. má á helgidögum þjóðkirkjunnar ekki, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing eða dómþing.

Samkvæmt 6. gr. má ekki halda almenna fundi um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyrr en um nónbil.

Í 7. gr. laganna er mælt fyrir um að bönn þau er áður getur í lögunum nái yfir allan föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna og eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla. Kemur og fram að kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemmtanir bannaðar eftir miðaftan.

D. Álit umboðsmanns Alþingis.

Í tveimur álitum umboðsmanns Alþingis árið 1995 hefur verið vikið að ákvæðum laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45/1926. Í áliti sínu frá 25. apríl 1995 beindi umboðsmaður því til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það hygði að því hvort ástæða væri til breytinga á lögunum. Í sama áliti vakti umboðsmaður athygli á nauðsyn þess að tryggja samræmi í framkvæmd laganna. Í álitinu er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að lögin standi ekki í vegi fyrir almennri veitingastarfsemi á páskadegi.

Í öðru áliti umboðsmanns frá 12. maí 1995 kemur fram að hann telji að lögin standi ekki í vegi fyrir skemmtanahaldi aðfaranótt laugardags fyrir páska (frá miðnætti). Í áliti hans segir m.a. að laugardagurinn fyrir páska sé ekki meðal helgidaga þjóðkirkjunnar í skilningi laga nr. 45/1926. Verði bann við skemmtanahaldi þann dag því ekki byggt á helgidagafriðun. Dagur þessi falli hins vegar undir kvöldfriðun skv. 2. mgr. 7. gr. laganna. Þar sem fyrir lá að fyrirhugað skemmtanahald átti ekki að fara fram á þeim tíma varð bann við því ekki byggt á þessu ákvæði. Jafnframt segir umboðsmaður að umræddur tími dags verði ekki felldur undir lögin með öðrum hætti.

Hvað varðar annan dag hvítasunnu segir umboðsmaður Alþingis að hann sé ótvírætt meðal helgidaga þjóðkirkjunnar og því hafi skemmtanahald ekki verið heimilt þann dag nema með leyfi lögreglustjóra. Gerir umboðsmaður hins vegar athugasemdir við ósamræmi í framkvæmd milli einstakra landshluta og einstakra helgidaga sem eðlilegt sé að hafi samstöðu.

II. Almennt.

A.

Löggjöf um helgidaga og helgidagahald á langa sögu að baki svo sem vikið hefur verið að. Löggjöfin hefur lengstum verið af trúarlegum toga spunnin. Ýmis önnur sjónarmið hafa þó tengst löggjöfinni. Í því efni hafa á síðari árum tengst málefninu vinnuverndarsjónarmið í þeirri viðleitni að tryggja fólki frí frá vinnu á helgidögum. Löggæslusjónarmið tengjast og málinu að því leyti að haga verður löggjöfinni þannig að auðvelt sé að framfylgja henni og tengist það afstöðu almennings til helgidaga og helgidagahalds þar sem ætla má að auðveldara sé að framfylgja reglum er falla almennt að sjónarmiðum almennings. Í þessu verður og að hafa í huga að með löggjöf sem þessari eru atvinnustarfsemi sett takmörk og frjálsræði manna heft.

Í starfi nefndarinnar er samdi frumvarp þetta var nokkuð rætt um markmið með lagasetningu sem þessari. Voru nefndarmenn sammála um að leitast bæri við að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum. Jafnframt bæri að gera lögin þannig úr garði að hið sama fólk gæti innan vissra takmarka átt þess kost að stunda afþreyingu sem samræmdist helgi þeirra daga er hér um ræðir.

B.

Í gildandi lögum er fjallað um ýmsa starfsemi á helgidögum, svo sem verslunarstarfsemi, skemmtanir og almennar samkomur. Þótti ekki ástæða til að hverfa frá þeirri uppbyggingu löggjafarinnar.

Á undanförnum árum og áratugum hefur orðið veruleg breyting á þjóðfélagsháttum hér á landi. Í því efni má t.d. nefna rúman opnunartíma verslana, skemmtanahald fer í vaxandi mæli fram í tengslum við helgidaga, svo og íþróttakeppnir ýmiss konar. Þessi atriði tengjast öll meira eða minna því sem fyrr var getið um tengsl löggjafarinnar við vinnuverndarsjónarmið. Þessi sjónarmið hafa komið fram í því m.a. að gert hefur verið ráð fyrir að á helgidögum þjóðkirkjunnar hafi fólk almennt frí frá störfum. Með þeim breytingum, sem orðið hafa á þjóðfélagsháttum, hafa til viðbótar vinnuverndarsjónarmiðum komið sjónarmið og kröfur um svigrúm til afþreyingar á þessum frídögum.

Nokkur umræða hefur einnig skapast um að veitingastaðir séu lokaðir á tilteknum helgidögum þjóðkirkjunnar, einkum um páska og hvítasunnu. Hefur það m.a. verið tengt þeirri viðleitni að markaðssetja Ísland í auknum mæli sem ferðamannaland og þetta verið talið því fjötur um fót. Í lögum nr. 88/1971, um 40 stunda vinnuviku, og í kjarasamningum einstakra stéttarfélaga eru skilgreindir frídagar launþega. Eru þessir dagar gjarnan miðaðir við helgidaga þjóðkirkjunnar og ýmsa aðra skilgreinda daga. Hins vegar er heimilt samkvæmt tilvitnuðum lögum að víkja frá ákvæðum þeirra með samningum sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum. Er þess og að geta að samkvæmt gildandi lögum eru ekki hömlur við starfsemi veitinga- eða gististaða á helgidögum þjóðkirkjunnar. Heimildir til áfengisveitinga á nefndum dögum hafa hins vegar verið takmarkaðar samkvæmt reglugerð um sölu og veitingar áfengis og skemmtanahald er bannað samkvæmt gildandi lögum um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Samkvæmt

þessu er hins vegar ljóst að helgidagalöggjöfin stendur því ekki í vegi að veitingastarfsemi fari fram á helgidögum þjóðkirkjunnar. Því er hér um að ræða atriði sem aðilar vinnumarkaðarins geta haft áhrif á í samningum sín í milli.

C.

Reglulega fer fram umræða um hvort fækka beri helgidögum eða takmarka helgi þeirra með öðrum hætti.

Í frumvarpi því, er lagt var fram 1988, var lagt til að dregið yrði úr helgidagafriðun án þess að dögunum væri með því fækkað. Í þessu skyni var m.a. lagt til að afnumin yrði friðun laugardags fyrir páska og hvítasunnu.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er gengið lengra. Lagt er til að helgidagar verði þeir sömu og mælt var fyrir um í frumvarpinu 1988. Hins vegar er breytt ákvæðum um hvaða athafnir skuli heimilar á helgidögum. Þótti ekki ástæða til að fækka hinum helgu dögum þó að heimil starfsemi á þeim dögum sé nokkuð rýmkuð. Eru þessar breytingar skilgreindar með þeim hætti að á stórhátíðisdögum verði heimiluð starfsemi mjög takmörkuð en á öðrum dögum mjög rúm. Þykir þessi skipan falla að viðhorfum almennings á þessu sviði og koma til móts við kröfur um svigrúm til afþreyingar á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Hins vegar þótti rétt að reisa skorður við þeirri framkvæmd sem komist hefur á í ýmsum umdæmum undanfarin ár að dansleikir hefjist á miðnætti að liðnum föstudeginum langa (aðfaranótt laugardags fyrir páska) og aðfaranótt annars dags jóla. Fyrir þessu eru þau rök að skemmtanahald raskar óhjákvæmilega þeirri helgi, friði og ró sem stefnt er að tiltekna daga með frumvarpi þessu jafnframt því að helgi föstudagsins langa og jóladags verði óhjákvæmilega raskað með samkomuhaldi sem þessu. Er sú leið farin að þessu markmiði að framlengja helgi jóladags og föstudagsins langa til kl. 6.00 næsta dag svo sem greinir í 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins. Felur þetta hins vegar í sér að slíkt samkomuhald mun verða heimilt um hvítasunnu og páska án sérstakra leyfa annarra en lögbundina skemmtanaleyfa, þó eigi lengur en til kl. 3.00.

D.

Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint almennt markmið með lagasetningu þessari. Gætir þar þeirra viðhorfa að markmiðið sé ekki það eitt að tryggja helgi þeirra daga sem eru helgidagar þjóðkirkjunnar heldur og að vernda helgihald og tryggja almenningi frið og ró þessa daga, jafnframt því að veita almenningi svigrúm fyrir afþreyingu innan tiltekinna marka.

Í 2. gr. frumvarpsins eru taldir upp helgidagarnir og er þeim skipt í þrjá flokka. Má til einföldunar segja að í 2. og 3. tölul. sé að finna þá daga sem oft eru nefndir stórhátíðisdagar. Er vakin athygli á því að helgi jóladagsins og föstudagsins langa er framlengd til kl. 6.00 að morgni næsta dags svo sem vikið hefur verið að. Er þetta gert í því skyni að skemmtanir hefjist ekki á miðnætti að liðnum þessum dögum.

Í 3. gr. frumvarpsins er að finna almenn ákvæði um athafnir og starfsemi sem raskar helgi guðsþjónustu og kirkjuathafna sem slíkra. Í 4. gr. er hins vegar sérgreint ákvæði sem kveður á um athafnir og starfsemi sem andstæðar eru helgidagafriði. Er þar að finna það nýmæli að sérstaklega er tekið fram að öll almenn starfsemi sé heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. en hins vegar er kveðið á um bann við tilteknum athöfnum á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. en undanþágur eru frá því í 5. gr. þar sem leitast er við að koma til móts við menningar- og listastarfsemi og íþrótta- og úti-

vistarstarfsemi. Í 6. gr. er ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að víkja frá ákvæðum 5. gr. og í einu tilviki frá ákvæði 4. gr.

E.

Ákvæði frumvarpsins hafa í för með sér eftirfarandi:

1. *Helgidagar þar sem mælt er fyrir um fulla friðun:* Jóladagur og föstudagurinn langi til kl. 6.00 að morgni næsta dag, páskadagur og hvítasunnudagur, sbr. 2. tölul. 2. gr. og 2. tölul. 4. gr. Þó er heimilað að dansleikir standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr., en eigi lengur en til kl. 3.00. Lögreglustjóra er heimilt skv. 6. gr. að veita undanþágur vegna einkasamkvæma.
2. *Friðun frá kl. 18.00:* Aðfangadagur jóla, sbr. 3. tölul. 2. gr.
3. *Frávik frá friðun eru í 5. og 6. gr.*
4. *Helgidagar þar sem ekki er lögboðin friðun:* Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu, sbr. 1. tölul. 2. gr. og 1. tölul. 4. gr.

F.

Bera má saman efni frumvarpsins og gildandi laga með eftirfarandi hætti.

1. Helgidagar eru þeir sömu, en þeir eru tilgreindir í frumvarpinu, andstætt því sem nú er.
2. Frumvarpið gerir ráð fyrir að felld verði niður friðun laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eftir kl. 18.00, sbr. 2. mgr. 7. gr. gildandi laga. Lagt er til að heimilt verði að dansleikir standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, þó eigi lengur en til kl. 3.00.
3. Friðun sunnudaga og annarra helgidaga er greinir í 1. tölul. 2. gr. er felld niður (en samkvæmt frumvarpinu frá 1988 var hún kl. 10.00–15.00) en sett eru takmörk varðandi skemmtanir í framhaldi jóladags.
4. Ákvæðin um starfsemi þá sem bönnuð er á helgidögum eru sérgreindari í frumvarpinu en samkvæmt gildandi lögum og er lagt til að ýmis frávik verði lögfest í ljósi reynslunnar.
5. Ekki eru tekin upp í frumvarpið sérákvæði 1. gr. gildandi laga eða 5. gr. þeirra um sveitarstjórnarfundi o.fl. eða 6. gr. um almenna fundi. Þýðir það í raun að engin takmörk eru á slíkum fundum.
6. Aukið er við helgidagafriðun með því að taka fram að friðun föstudagsins langa nái til aðfaranætur laugardagsins fyrir páska.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint markmið frumvarpsins ef að lögum verður. Er þar um þau nýmæli að ræða að frumvarpinu er ætlað að vernda helgihald almennt og tryggja almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Er sérstaklega tekið fram að markmiðið sé og að tryggja almenningi frið, ró, næði og afþreyingu þá daga er greinir í 2. gr. Er þess getið að slík afþreying takmarkist af ákvæðum er greinir í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæðið er að mestu með sama hætti og í frumvarpinu frá 1988. Helgidagarnir eru óbreyttir. Gerðar eru orðalagsbreytingar sem ekki hafa efnisleg áhrif á ákvæðið en að auki er helgi föstudagsins langa og jóladags framlengd fram á næsta dag, sbr. 2. tölul.

Í ákvæðinu felst einvörðungu talning á helgidögunum. Hins vegar ræðst það af öðrum ákvæðum frumvarpsins hvaða starfsemi er heimil á þessum dögum og eftir atvikum innan hvaða tímamarka. Eins og ákvæðið er framsett eru engin tímamörk sett og gildir því bann við tiltekinni starfsemi allan daginn, þ.e. frá kl. 00.00 til kl. 24.00. Frá þessu eru svo undanþágur í 4. og 5. gr. Einnig er lögreglustjóra heimilt að veita tilteknar undanþágur skv. 6. gr.

Sú leið er farin að framlengja helgidagafrið jóladagsins og föstudagsins langa til kl. 6.00 næsta dag til þess að hindra skemmtanahald í framhaldi þessara daga. Er þetta nýmæli. Þykir sú hefð, sem skapast hefur í ýmsum umdæmum, að heimila skemmtanir (dansleiki, jafnvel með áfengisveitingum) á þessum tíma, ganga gegn þeim markmiðum sem stefnt er að með frumvarpinu. Skemmtanahald hefur óhjákvæmilega áhrif á helgi föstudagsins langa og jóladags og er ástæða til að ætla að undanfari slíkra skemmtana sé ýmiss konar ónæði að kvöldi föstudagsins langa og jóladags. Takmörkun þessi er og í samræmi við ályktun 19. kirkjuþings frá 1988 sem lagði áherslu á að sporna gegn samkomuhaldi eftir miðnætti á jóladag og páskadag. Hins vegar var ákveðið að leggja til að takmörkun þessi næði eingöngu til föstudagsins langa og jóladags. Rökin fyrir þeirri takmörkun eru fyrst og fremst þau að í huga fólks er helgi þessara daga með öðrum hætti en annarra hátíðisdaga, en hafa ber í huga að um páska og hvítasunnu leitar fólk sér í auknum mæli afþreyingar í ýmsum tómstundum og slíkt ber að styrkja frekar en hitt. Því er t.d. ekki lagt til að takmörkun verði á skemmtanahaldi eftir miðnætti páskadags eða hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr., að öðru leyti en því að lagt er til að skemmtanahald standi eigi lengur en til kl. 3.00. Er slíkt til þess fallið að auka möguleika á að bjóða fólki upp á margvíslega afþreyingu meðan flestir eiga frí frá vinnu.

Eins og áður er getið er í gildandi lögum ekki að finna ákvæði um það hverjir séu helgidagar þjóðkirkjunnar. Úr þessu er bætt með þeirri upptalningu er greinir í ákvæðinu.

Þess er og vert að geta að með þeirri skipan, sem lagt er til að tekin verði upp í 2. gr., er felld niður sú friðun sem er samkvæmt gildandi lögum frá kl. 18.00 laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu. Felur þetta í sér t.d. að kvikmyndasýningar, verslunarstarfsemi, skemmtanir o.fl. geta farið fram allt til miðnættis þessa daga verði frumvarpið að lögum. Rýmri heimildir eru þó lagðar til að því er varðar skemmtanahald aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags, sbr. 5. tölul. 5. gr.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um að óheimilt sé að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru sem andstætt kann að vera helgi viðkomandi athafna. Með ákvæðinu er gert ráð fyrir að helgihald almennt njóti þessarar verndar og er hún hvorki bundin við helgidaga þjóðkirkjunnar eða þjóðkirkjuna heldur nýtur athöfnin verndar þótt hún fari fram í öðru trúfélagi eða utan þess friðunartíma sem annars er markaður í frumvarpinu. Er ekki ástæða til að gera greinarmun á trúfélögum í þessu sambandi.

Er í þessu efni og vakin athygli á 3. mgr. 122. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákvæðinu er lagt bann við að trufla framangreindar trúarathafnir. Sú háttsemi sem hér kemur til getur verið af ýmsum toga. Oftast má ætla að um sé að ræða hávaðasama háttsemi í grennd við kirkju eða samkomuhús sem truflar trúarlega athöfn. Annað kann og að falla hér undir eðli málsins samkvæmt.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru settar fram almennar reglur um takmörk á heimilaðri starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. gr. Frá þeim takmörkunum er greinir í ákvæðinu eru undantekningar í 5. gr. og 2. mgr. 6. gr.

Í 1. tölul. er að finna nýmæli. Það er sú breyting frá gildandi lögum, og frá því sem lagt var til í frumvarpinu frá 1988, að öll almenn starfsemi skuli vera heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. Þetta felur í sér að engin takmörk eru lögð við starfsemi þá daga vegna helgidagafriðar. Þykir slíkt fara gegn ríkjandi viðhorfum almennings og gegn þeim breytingum er orðið hafa á íslenskum þjóðfélagsháttum í þá veru að nýta daga sem þessa í auknum mæli til ýmiss konar afþreyingar, gjarnan í samveru fjölskyldu. Er mikilvægt að stuðla að slíku. Þetta felur m.a. í sér að frumvarpið leggur ekki skorður við skemmtistarfsemi tilgreinda daga, utan aðfaranótt annars dags jóla. Verslunarstarfsemi er almennt heimil. Íþróttastarfsemi, kvikmyndasýningar o.fl. er því heimilt að viðhafa þessa daga. Hafa ber þó í huga að önnur lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða kjarasamningar kunna í framkvæmd að setja takmarkanir í þessu efni.

Í 2. tölul. er að finna takmarkanir á ýmsa starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. Upptalning sú er greinir í 2. tölul. er almenns eðlis en sú leið er ekki farin, svo sem var gert í frumvarpinu frá 1988, að telja upp einstaka starfsemi sem óheimil er.

Í a-lið 2. tölul. er lagt bann við skemmtanahaldi á opinberum veitingastöðum eða öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að, svo og einkasamkvæmum. Hið sama gildir um opinberar sýningar og skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram.

Með opinberu skemmtanahaldi og sýningum er átt við að aðgangur að slíkum skemmtunum eða sýningum sé frjáls fyrir almenning eða óákveðinn hóp manna eða fyrir félagsmenn og boðsgesti þeirra þegar félag, samtök manna eða stofnun gengst fyrir skemmtun eða sýningu sem hænir að mannsöfnuð án tillits til þess hvort aðgangur er án endurgjalds eður ei eða hvort samkoma eða sýning er utan eða innan dyra. Með skemmtun í þessu samhengi er m.a. átt við dansleiki, hljómleika eða aðrar sams konar skemmtanir.

Í ákvæðinu er einnig lagt bann við einkasamkvæmum á nefndum stöðum. Er bann þetta lagt til með það að markmiði að koma í veg fyrir að skemmtunum sé haldið uppi á þessum stöðum í skjóli þess að um einkasamkvæmi sé að ræða. Mun þetta auðvelda til muna alla framkvæmd laganna. Hins vegar er lagt til í 2. mgr. 6. gr. að lögreglustjóra verði heimilt að víkja frá banni við einkasamkvæmum í sérstökum tilvikum.

Í ákvæðinu er og lagt til bann við opinberu skemmtanahaldi tilgreinda daga þar sem fram fer tiltekin spilastarfsemi. Ákvæði þetta er í samræmi við frumvarpið frá 1988 að öðru leyti en því að bannið er bundið við opinberar skemmtanir af þessu tagi en samkvæmt eldra frumvarpi gat bannið einnig náð til samkoma á einkaheimilum manna. Þykja rök ekki standa til þess að grípa inni í einkalíf almennings með þeim hætti á grundvelli friðunar helgidaga. Það bann sem í ákvæðinu greinir er ekki bundið við tiltekna staðsetningu heldur gildir það hvort heldur skemmtun er haldin í veitingahúsi eða öðru sam-

komuhúsi. Samkvæmt orðanna hljóðan er bannið bundið við skemmtun þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram. Felur þetta í sér ætlan um að með ákvæðinu sé reynt að takmarka spilastarfsemi þar sem spilað er um fjármuni með einum eða öðrum hætti. Með þessu er leitast við að leggja ekki höft á ýmsa starfsemi sem fram fer á tilgreindum dögum, svo sem bridsmót, skákmót eða slíka starfsemi. Með þessu ákvæði er ekki ætlunin að leggja höft á notkun spilakassa á þeim stöðum sem opnir eru greinda daga.

Í ákvæðinu er lagt bann við opinberum sýningum nefnda daga. Gildir það bann um allar sýningar en í 5. gr. er mælt fyrir um undanþágur frá því og innan marka 5. gr. er hægt að veita frekari undanþágur á grundvelli 6. gr.

Ákvæði a-liðar 2. tölul. tekur til skemmtana og sýninga á þeim dögum er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr. Felur þetta í sér það nýmæli að skemmtanahald verður óheimilt á tímabilinu 00.00 til kl. 6.00 aðfaranótt annars dags jóla og laugardags fyrir páska. Í athugasemdum við 2. gr. var nánar vikið að þessu.

Rétt er að benda á að þessi ákvæði leggja ekki frekar en verið hefur takmarkanir á heimildir veitingastaða til að stunda veitingastarfsemi þessa daga. Ákvæðið nær eingöngu til skemmtanahalds. Þannig geta veitingastaðir, þar með talin hótel, verið opnir þessa daga. Hafa ber þó í huga að á grundvelli áfengislaga eru takmarkanir á áfengisveitingum á þeim dögum er hér greinir.

Í b-lið 2. tölul. er lagt bann við markaðsstarfsemi, verslunarstarfsemi og annarri viðskiptastarfsemi á tilgreindum dögum. Hér er lagt til að öll almenn verslunar- og viðskiptastarfsemi verði óheimil nefnda daga. Í því felst að starfsemi almennra verslana, peningastofnana o.s.frv. er óheimil. Vakin er athygli á þeim undanþágum sem heimilar eru frá þessu í 5. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér nánari afmörkun á starfsemi sem 4. gr. spornar almennt við en í ákvæðinu er mælt fyrir um ýmsar undantekningar frá takmörkunum 4. gr. Markmiðið með þeim undantekningum er greinir í ákvæðinu er að stuðla að því að ýmiss konar afþreying verði möguleg fyrir almenning á þeim dögum er greinir í 2. tölul. 2. gr., enda sé um að ræða starfsemi sem almennt má ætla að falli að helgidagafriði. Jafnframt er markmið með ákvæðinu að leitast við að helgidagafriður komi ekki í veg fyrir ýmsa starfsemi sem nauðsynleg er fyrir ferðamenn.

Þeim undanþágum er greinir í ákvæðinu má í grófum dráttum skipta í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða almennar og ótímabundnar undanþágur frá banni 4. gr. við starfsemi á þeim dögum er greinir í 2. tölul. 2. gr., þ.e. að undanþágurnar gilda allan daginn. Í þennan flokk falla lyfjabúðir, bensínstöðvar, verslanir á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, verslanir með neyðarbúnað, blómaverslanir, söluturnar og myndbandaleigur, auk íþrótta- og útivistarstarfsemi. Hins vegar er um að ræða undanþágur er varða starfsemi sem heimil verður eftir kl. 15.00 tilgreinda daga, en í þann flokk fellur ýmiss konar lista- og vísindastarfsemi. Tímasetningu í þessu sambandi er ætlað að stuðla að því að umrædd starfsemi rekist ekki á við almennt helgihald.

Í 1. tölul. er að finna nýmæli. Í frumvarpi því er lagt var fram 1988 var gert ráð fyrir að almennt væru lyfjabúðir og bensínsölur undanþegnar banni en ýmis önnur verslunarstarfsemi einungis á tilteknum dögum. Öll verslunarstarfsemi er heimil á þeim dögum er greinir í 1. tölul. 2. gr. Hér er lagt til að lyfjabúðir og önnur nánar tilgreind verslunar- og þjónustustarfsemi verði alfarið undanþegin takmörkunum b-liðar 2. tölul. 4. gr.

Með þessu ákvæði er m.a. leitast við að koma til móts við það sjónarmið að unnt verði að bjóða ferðamönnum ýmsa nauðsynlega þjónustu án tillits til helgidagafriðar. Þetta þýðir m.a. að veitingastarfsemi verður heimil á þessum dögum (svo sem reyndar hefur verið), þjónustustarfsemi við ferðamannastaði, bensínsölur o.s.frv. Markmiðið er eingöngu að þjónustuaðilum verði gert mögulegt að sinna ýmissi grunnþjónustu, þar með talið við ferðamenn, á þessum hátíðardögum. Ákvæðinu verður ekki beitt til að hafa almennar verslanir og þjónustustarfsemi opna þessa daga, svo sem matvöruverslanir, fataverslanir o.s.frv. Heimill starfstími allrar þessarar þjónustu ræðst á þessum dögum af almennum reglum er um opnunartímann gilda. Með því að telja nákvæmlega upp þá starfsemi sem er undanþegin banni 4. gr. er leitast við að auðvelda framkvæmd laganna. Með því verður ljósar en ella hvað heimilt er og hvað ekki. Rétt er að víkja sérstaklega að söluturnum og myndbandaleigum. Ástæða þess að slík starfsemi er undanþegin banni 4. gr. er sú að með því að undanþiggja bensínstöðvar banni 4. gr. er heimilað að bensínstöðvar verði almennt opnar tilgreinda daga. Þær eru í eðli sínu söluturnar þar sem margvíslegar aðrar vörur en olíuvörur eru seldar. Er eðlilegt að starfsemi annarra söluturna sitji við sama borð og megi hafa opið þessa daga. Jafnframt er þá nauðsynlegt að heimila að myndbandaleigur megi vera opnar þar sem slík starfsemi er nánast undantekningarlaust rekin í blönduðum rekstri með söluturnum. Það að leggja bann við starfsemi myndbandaleiga en heimila opnun söluturna mundi leiða til mikilla erfiðleika í framkvæmd.

Í 2. tölul. er að finna nýmæli frá því sem var í frumvarpinu frá 1988 en þar var gert ráð fyrir að íþróttastarfsemi væri bundin við þá daga er greinir í 1. tölul. 2. gr. ef slíkt væri nauðsynlegt, svo og páskadag og hvítasunnudag eftir kl. 15.00. Undanþágan tók þó ekki til keppni vélknúinna farartækja, þar með talinna loftfara, veðreiðakeppni og íþróttakeppni eða íþróttamóta atvinnumanna. Um er að ræða almenna undanþágu fyrir íþrótta- og útivistarstarfsemi, þ.e. hún er ekki bundin við tiltekinn tíma dagsins. Þykir ekki ástæða til að setja takmörk við því á hvaða tíma dagsins íþrótta- og útivistarstarfsemi fer fram. Samræmist það best því markmiði að almenningi standi til boða afþreying á þeim dögum er frumvarpið nær til. Verður almennt að líta svo á að íþróttastarfsemi sé af hinu góða sem ekki beri að leggja hömlur við. Jafnframt er í þessu efni tekið tillit til þess að í auknum mæli fer fram ýmiss konar skipulögð íþrótta- og útivistarstarfsemi á þeim dögum er hér um ræðir. Má í því efni nefna skipulögð skíðamót. Í þessu efni eru ekki settar takmarkanir á íþróttagreinar og tekur undanþágan því til akstursíþrótta, íþróttamóta atvinnumanna o.s.frv. Hins vegar verður ekki stunduð veðmálastarfsemi í skjóli þessarar undanþágu.

Í 3. tölul. er að finna ákvæði er einnig var í frumvarpinu frá 1988 að öðru leyti en því að undanþágu er eingöngu þörf að því er varðar þá daga er greinir í 2. og 3. tölul. 2. gr., frá kl. 15.00. Það að undanþiggja sýningar með listrænu og fræðandi efni frá almennu banni 4. gr. byggist á því viðhorfi er áður greinir að stuðla beri að því að almenningur geti tilgreinda daga sótt tiltekna afþreyingu sem fellur að þeim friði og ró sem stefnt er að þessa daga. Þykja listsýningar, vísindasýningar, listasöfn og bókasöfn falla almennt undir þetta atriði. Rétt er og að taka fram að ýmis starfsemi, er tengist þeirri starfsemi sem hér er undanþegin, mundi einnig vera heimil, svo sem veitingastarfsemi og sölustarfsemi. Með listsýningum er átt við sýningar á hvers konar myndlist, hvort heldur er um að ræða málverk, teikningar, höggmyndir, grafík, gjörninga, ljósmyndir eða annað. Hvað varðar vísindasýningar og sýningar sem ætlað er að gegna almennu upplýsingahlutverki er m.a. átt við sýningar á vísindatækjum, vísindalegum vinnubrögðum, handritasýningar og sýningu vísindarita, svo og sýningar er varða nýjungar í mannvirkjagerð,

tölvutækni, ferðamannaþjónustu o.s.frv. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur ákvæðið og til leiksýninga, ballettsýninga o.s.frv. Hins vegar eru kvikmyndasýningar ekki heimilar samkvæmt ákvæðinu.

Í 3. tölul. er og að finna undanþágu að því er varðar samkomur er hafa sígilt listrænt gildi og samrýmast helgidagafriði, enda séu þær haldnar eftir kl. 15.00. Undir þetta ákvæði falla ýmsar listrænar samkomur, svo sem listahátíðir, bókmenntakynningar, listkynningar o.s.frv. Undir ákvæðið falla og tónlistarsamkomur sem hafa sígilt og listrænt gildi og samræmast helgidagafriði. Sú takmörkun sem í þessu felst felur m.a. í sér að „popptónleikar" mundu óheimilir þessa daga en tónleikar með sígildri tónlist, kirkjutónlist, kórtónlist o.s.frv. eru heimilir. Þykir takmörkun sem þessi samræmast best þeim friði sem stefnt er að tilgreinda daga.

Í 4. tölul. er gert ráð fyrir að heimilt verði að dansleikir standi yfir aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags samkvæmt almennum reglum, þó eigi lengur en til kl. 3.00. Felur það í sér að almennar reglur um opnunartíma skemmtistaða gilda að þessu leyti. Rökin að baki þessu eru þau sem áður getur, þ.e. að ekki beri að standa í vegi fyrir afþreyingu fólks þessa daga. Hafa ber í huga að í auknum mæli fara fram skipulagðar samkomur á þessum árstíma, einkum hvítasunnu, sem oft tengjast útivist og útiveru. Er undanþágu sem þessari ætlað að koma til móts við slíka starfsemi. Með því að láta undanþáguna ná bæði til páskadags og hvítasunnudags er leitast við að gæta samræmis á milli þessara hátíða. Rétt þótti hins vegar að setja tiltekin tímamörk í þessu efni.

Um 6. gr.

Í ákvæðinu er að finna heimild fyrir lögreglustjóra, þegar sérstakar ástæður mæla með, að leyfa samkomur, sýningar eða svipaða starfsemi og greinir í 5. gr. á þeim tíma er helgidagafriður skv. 5. gr. á að ríkja. Ákvæðið þykir nauðsynlegt til að möguleikar verði fyrir hendi til að leysa ýmis vandmál er upp kunna að koma og ekki eru fyrirséð. Hins vegar þykir nauðsynlegt að takmarka þessa undanþáguheimild svo sem unnt er til að tryggja að sem best samræmi náist á milli umdæma í þessum efnum, en reynsla sýnir m.a. að rúm undanþáguheimild samræmist ekki því markmiði sem stefnt er að með lögum sem þessum.

Ákvæðið felur í sér að þær undanþágur er lögreglustjóri getur heimilað snúa eingöngu að 5. gr. Það þýðir t.d. að lögreglustjóri getur vikið frá þeim tímamörkum sem sett eru í 5. gr. en hann getur hins vegar ekki heimilað að skemmtun sem annars er bönnuð skv. 4. gr. verði haldin, utan einkasamkvæma sem hann hefur heimild til að leyfa skv. 2. mgr. ákvæðisins. Rökin að baki þeirri sérstöku undanþáguheimild eru að nauðsynlegt þykir að leggja bann við einkasamkvæmum á opinberum veitingastöðum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að til að tryggja að ekki verði haldið uppi skemmtanahaldi andstætt lögunum í skjóli einkasamkvæma. Hins vegar er nauðsynlegt að tryggja að við sérstakar aðstæður væri unnt að heimila einkasamkvæmi á þessum stöðum á nefndum dögum. Má í því efni nefna afmæli, brúðkaup og jólaskemmtanir.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er annars vegar kveðið á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum frumvarpsins ef að lögum verður og hins vegar um leyfissviptingu ef brotið er gegn ákvæðum frumvarpsins, en það er nýmæli frá gildandi lögum og frumvarpinu frá 1988.

Ekki er talin ástæða til að kveða á um þyngri refsingar en sektir og gildir hér því ákvæði 50. gr. almennra hegningarlaga.

Rétt þykir að kveða á um það í lögum að heimilt sé að svipta handhafa opinbers leyfis því ef brotið er ítrekað gegn lögunum. Getur sviptingin ýmist verið tímabundin eða fyrir fullt og allt. Í þessu felst t.d. að ef handhafi áfengisveitingaleyfis brýtur gegn ákvæðum frumvarpsins verður heimilt að svipta hann leyfinu sé brot hans ítrekað. Er ákvörðun í því efni í höndum lögreglustjóra.

Um 8. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum almenna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samanburður á gildandi lögum og frumvarpinu.

Dagur	Gildandi lög	Frumvarp
Sunnudagur	• Bann við tiltekinni starfsemi (skemmtunum o.fl.) á veitingastöðum fyrir kl. 15.00. • Verslunarbann með undanþágum. • Takmarkanir á vinnu.	• Öll almenn starfsemi heimil.
Aðfangadagur jóla	• Almennt bann eftir kl. 18.00.	• Almennt bann eftir kl. 18.00. • Undanþágur eru um nauðsynlega verslunarstarfsemi, íþrótta- og útivistarstarfsemiog menningarviðburði. • Leyfa má einkasamkvæmi af sérstöku tilefni, sbr. 6. gr.
Jóladagur	• Almennt bann.	• Almennt bann framlengt til kl. 6.00 á öðrum degi jóla. • Undanþágur sömu og á aðfangadag, menningarviðburðir heimilir eftir kl. 15.00. • Leyfa má breytingar á tímasetningum 5. gr. skv. 6. gr.
Annar dagur jóla	• Sama og sunnudagur.	• Jóladagshelgi til kl.6.00. • Sama og sunnudagur.
Nýársdagur	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Skírdagur	• Sama og sunnudagur. • Vakin athygli á helgi föstudagsins langa frá miðnætti.	• Sama og sunnudagur
Föstudagurinn langi	• Sama og jóladagur.	• Almennt bann framlengt til kl. 6.00 á laugardegi. • Annars sama og jóladagur.
Laugardagur fyrir páska	• Almennar skemmtanir bannaðar eftir kl. 18.00.	• Helgi föstudagsins langa framlengd til kl. 6.00. • Að öðru leyti engar takmarkanir.
Páskadagur	• Sama og jóladagur.	• Sama og jóladagur. • Dansleikir leyfðir aðfaranótt páska dags til kl. 3.00.
Annar dagur páska	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Uppstigningardagur	• Sama og sunnudagur.	• Sama og sunnudagur.
Laugardagur fyrir hvítasunnnu	• Sama og laugardagur fyrir páska.	• Engar takmarkanir.
Hvítasunnudagur	• Sama og páskadagur.	• Sama og páskadagur.
Annar dagur hvítasunnu	• Sama og annar dagur páska.	• Sama og sunnudagur.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um helgidagafrið.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem falið var að endurskoða lög nr. 45/1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frumvarpið felur í sér rýmkun á heimildum til ýmiss konar starfsemi á helgidögum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

32. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um endurskoðun á launakerfi ríkisins.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins. Hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka. Sérstaklega ber nefndinni að benda á leiðir til að hækka lægstu laun og draga úr launamun kynjanna. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins og samtaka opinberra starfsmanna.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 117., 118. og 120. löggjafarþingi en kom ekki til umræðu.

Það er löngu orðið tímabært að hefja endurskoðun á launakerfi ríkisins með það markmið í huga að draga úr launamisrétti, hækka lægstu laun, einfalda launakerfið og gera það gagnsærra þannig að ljóst sé hver launakjörin eru í raun og veru. Ýmsar launakannanir hafa sýnt fram á að launamunur kynjanna, jafnt í opinbera geiranum sem og á hinum almenna markaði, er óafsakanlega mikill. Má í þessu sambandi minna á könnun sem gerð var í fjármálaráðuneytinu og skýrt er frá í greinargerð starfshóps fjármálaráðuneytisins um jafnréttismál til fjármálaráðherra í nóvember 1995 (sbr. fylgiskjal I).

Samkvæmt lögum ber ríkinu að greiða konum sömu laun og körlum, en á því hefur verið mikill misbrestur. Þannig hefur t.d. nefnd Sameinuðu þjóðanna sent íslenskum stjórnvöldum tillögur og tilmæli í sambandi við framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim tillögum segir m.a. að stjórnvöld verði að gera viðeigandi ráðstafanir til að vinna gegn launamisrétti karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum einstæðra mæðra. Eins hvetur nefndin íslensk stjórnvöld til að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi jöfn laun kynjanna fyrir sambærileg störf og að stuðla að launajöfnuði á öllum sviðum atvinnulífsins (sjá fylgiskjal II).

Eins má benda á að samskipti ríkisins við starfsmenn sína hafa vægast sagt verið með sérkennilegum hætti undanfarin ár. Grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum meðan hvers kyns yfirborganir og sérgreiðslur til ákveðinna hópa hafa aukist. Þetta kemur m.a. fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur o.fl. á 120. löggjafarþingi (sbr. fylgiskjal III). Bráðabirgðalögum sem ganga þvert á kjarasamninga hefur ítrekað verið beitt. Á undanförnum árum hefur fjöldi mála verið rekinn fyrir dómstólum vegna þessa (sbr. fylgiskjöl IV–VI). Árangur næst ekki í hagræðingu í ríkisrekstri ef það er gert í andstöðu við ríkisstarfsmenn. Það gengur ekki lengur að ríkisvaldið standi í eilífum styrjöldum við starfsmenn sína og beiti lögum og dómstólum gegn þeim ef það kallar ekki sjálft yfir sig málaferli. Besta leiðin til að bæta samskiptin er að ganga í það nauðsynjaverk að stokka upp launakerfi ríkisins í góðri sátt við ríkisstarfsmenn. Kjarasamningar eru lausir um næstu áramót. Áður en til þeirra verður gengið ber að marka stefnu sem felur í sér réttlátara og raunhæfara launakerfi.

Með þingsályktunartillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr greinargerð til fjármálaráðherra frá starfshópi fjármálaráðuneytis um jafnréttismál (nóvember 1995). (Sjá þskj. 803, 468. mál 120. löggjafarþings, bls. 3874–3888 í A-deild Alþt. 1995–96.)
II. Úr svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og sáttmála um afnám alls misréttis gegn konum. (Sjá þskj. 617, 278. mál 120. löggjafarþings, bls. 2970–2977 í A-deild Alþt. 1995–1996.)
III. Úr svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Ögmundar Jónassonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar um heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins. (Sjá þskj. 175, 90. mál 120. löggjafarþings, bls. 1376–1378 í A-deild Alþt. 1995.)
IV. Félagsdómsmál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra og öfugt 1987–92. (Sjá fskj. III í þskj. 810, 520. mál 117. löggjafarþings, bls. 3742–3744 í A-deild Alþt. 1993–94.)
V. Mál BHMR og aðildarfélaga þess gegn fjármálaráðherra fyrir héraðsdómi og Hæstarétti 1985–92. (Sjá fskj. II í þskj. 810, 520. mál 117. löggjafarþings, bls. 3740–3742 í A-deild Alþt. 1993–94.)
VI. Dómsmál á vegum BHMR 1994–96. (Sjá þskj. 803, 468. mál 120. löggjafarþings, bls. 3889–3895 í A-deild Alþt. 1995–96.)

33. Tillaga til þingsályktunar [33. mál]

um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa þegar í stað til aðgerða til að afnema launamisrétti kynjanna. Jafnframt verði gerð áætlun um ráðstafanir til að bæta stöðu

kvenna á vinnumarkaði sem komi til framkvæmda í áföngum á næstu fjórum árum. Gripið verði til eftirfarandi aðgerða:

1. Framfærslukostnaður einstaklinga verði skilgreindur.
2. Lægstu laun verði hækkuð í áföngum og miðað við skilgreindan framfærslukostnað.
3. Á grundvelli starfs þess hóps, sem lagt hefur fram tillögur um nýtt starfsmat, fari að loknu tilraunaverkefni fram nýtt og breytt starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum sem tekur tillit til starfsreynslu og menntunar og mismunar ekki kynjunum.
4. Í næstu kjarasamningum verði samið um að leggja til hliðar ákveðna upphæð, t.d. 1 milljarð kr., sem verði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða. Þessi aðgerð nái jafnt til almenna vinnumarkaðarins sem ríkis og sveitarfélaga.
5. Launakerfi ríkisins verði stokkað upp í því skyni að afnema launamisrétti sem m.a. er falið í ýmiss konar aukagreiðslum, einfaldað og gert gagnsætt.
6. Ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.
7. Fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði í áföngum og feðrum tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs.
8. Vinnulöggjöfin og vinnuverndarlögin verði endurskoðuð, einkum með tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði.
9. Viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert, svo og eftirlit með að henni sé framfylgt.
10. Tryggingakerfið og lífeyris- og skattamál verði endurskoðuð til að jafna stöðu kynjanna.
11. Komið verði á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til að grunnskólar geti starfað samkvæmt lögum.
12. Áætlun verði gerð til tíu ára um að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði nýttur til aðstoðar þeim sveitarfélögum sem erfitt eiga með að standa við áætlunina.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 120. löggjafarþingi en varð ekki útrædd.

Fyrir síðustu kosningar tókst að koma launamálum kvenna á dagskrá og lýstu allir stjórnmálaflokkar yfir vilja sínum til að afnema það himinhrópandi launamisrétti kynjanna sem viðgengst hér á landi og var afhjúpað enn einu sinni í rannsókn sem gerð var fyrir Jafnréttisráð. Niðurstaða hennar var sú að launamunur milli kynjanna er verulegur og eykst því meiri menntun sem fólk hefur. Launamunur kynjanna hefur aukist frá árinu 1980 eins og fram kemur í bæklingi Hagstofunnar *Konur og karlar* (1994), svo og í skýrslu þeirri sem tekin var saman í tilefni af kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing haustið 1995. Þessi þróun er ekki í samræmi við það sem gerst hefur meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við þótt þar sé einnig verulegur launamunur milli kynja. Bent hefur verið á af hálfu nefndar Sameinuðu þjóðanna að launamisrétti kynjanna hér á landi jaðri við mannréttindabrot. Í ábendingum frá nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fylgist með framkvæmd sáttmálans um afnám allrar mismununar gagnvart konum kemur fram hvatning til íslenskra stjórnvalda um „að halda áfram skilgreindum aðgerðum sínum varðandi launajöfnuð kynjanna“. (Sjá svar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur, þskj. 617 á 120. löggjafarþingi.) Þá kemur fram í athuga-

semdum nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 24. lið: „Nefndin leggur til að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar til að vinna gegn launamisrétti á milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu.“ (Sjá þskj. 617.) Jafnframt blasir við okkur sú staðreynd að laun fjölmennra kvennastétta, sem vinna mjög ábyrgðarmikil störf, eru skammarlega lág, enda ber mikið á óánægju þessara stétta svo sem sést hefur í verkföllum og vinnudeilum undanfarinna ára.

Nú þegar betur árar í íslensku efnahagslífi er tækifæri til að taka á því óréttlæti sem í launamisréttinu felst og jafnframt að grípa til aðgerða sem bætt geta stöðu kvenna á vinnumarkaði og þar með fjölskyldnanna í landinu.

Fyrst þarf að skilgreina framfærslukostnað einstaklinga þannig að ljóst sé hver lágmarkslaun verða að vera. Engin slík viðmiðun er til og mjög mismunandi við hvað er miðað þegar verið er að reikna fólki t.d. námslán, atvinnuleysisbætur eða semja um lægstu taxta.

Lánasjóður íslenskra námsmanna skilgreinir framfærslukostnað einstaklinga í leiguhúsnæði 54.600 kr. á mánuði. Eigi námsmaðurinn eitt barn hækkar framfærslan í 79.170 kr. Atvinnuleysisbætur einstaklings á fullum bótum eru 52.728 kr. á mánuði. Ellilífeyrir og tekjutrygging nema 37.978 kr. á mánuði. Sextán ára Sóknarstúlka, sem hefur störf í eldhúsi á Landspítalanum, fær nú í byrjunarlaun 53.596 kr. Þrítug kona, sem vinnur við umönnun og hefur sótt eitt námskeið, fær í grunnlaun 64.226 kr. samkvæmt Sóknartaxta. Fyrir síðustu kosningar lét Kvennalistinn reikna út framfærslukostnað einstaklings eftir tilbúnu dæmi og varð niðurstaðan sú að hann yrði að hafa um 94.000 kr. á mánuði til ráðstöfunar eða um 121.500 kr. í tekjur á mánuði. Hver er framfærslukostnaður í raun? Skilgreina þarf hver hann er og niðurstaðan verður að liggja fyrir áður en gengið er í það verk að hækka lægstu laun og gera nauðsynlegar breytingar í skatta- og tryggingakerfinu.

Næsta skref á að vera nýtt og breytt starfsmat sem aðrar þjóðir hafa beitt með góðum árangri til að draga úr launamisrétti og bæta kjör kvenna. Fyrrverandi félagsmálaráðherra, Rannveig Guðmundsdóttir, skipaði hóp sem falið var það hlutverk að safna upplýsingum um starfsmat og leggja fram tillögur um hvernig nýta mætti það til að draga úr launamisrétti. Núverandi launakerfi hjá ríki og sveitarfélögum byggjast á gömlu og úreltu starfsmati sem metur umönnun, uppeldi, þjónustu og ábyrgð á fólki mun minna en umsjón peninga og steinsteypu eins og sjá má á launum fjölmennra kvennastétta. Nú liggja tillögur hópsins fyrir og stendur til að gera tilraun hjá nokkrum stofnunum og fyrirtækjum, en að þeim loknum hlýtur að fara fram nýtt starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum. Líklegt er að slík aðgerð hefði mikil áhrif á almennan vinnumarkað, en þar þarf ekki síður að taka til hendi.

Mjög mikilvægt er að fylgja jafnréttislögunum eftir og tryggja að vinnuveitendur, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða hjá opinberum aðilum, framfylgi lögunum. Nýta þarf 3. gr. jafnréttislaganna markvisst og í mun ríkari mæli en nú er gert, en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Þá þarf að stórherða viðurlög við brotum á jafnréttislögunum en þau eru nú þverbrotin. Í löndum eins og Bandaríkjunum er fylgst grannt með því að stofnanir og fyrirtæki virði lög um jafnan rétt þegnanna, eftirlitsmenn eru sendir á vettvang og fyrirtæki lögsótt ef þau brjóta jafnréttislög.

Til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði þarf einnig að grípa til félagslegra aðgerða, svo sem lengingar fæðingarorlofs, endurskoðunar á tryggingakerfinu, svo og að taka á skatta- og lífeyrismálum í þeim tilgangi að jafna stöðu kynjanna. Því miður virðast allar hugmyndir stjórnvalda stefna í þveröfuga átt í sparnaðarskyni, en réttindamissi verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust. Kvennalistinn hefur lagt fram tillögur til breytinga á lögum um fæðingarorlof og eru þær samhljóða þessum tillögum. Þá þarf að vinna að endurbótum á skólakerfinu þannig að skólinn taki jafnt mið af þörfum barna sem vinnutíma foreldra þannig að börn fái fyrsta flokks menntun og umönnun. Fullnægja þarf eftirspurn eftir leikskólaplássum og tryggja að öll sveitarfélög geti boðið slíka þjónustu. Loks þarf að endurskoða alla vinnulöggjöfina með sérstöku tilliti til réttinda og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Sú endurskoðun þarf að eiga sér stað í samvinnu við samtök launafólks og atvinnurekendur og tryggja verður að allar breytingar taki mið af þörfum kvenna ekki síður en karla.

Afnám launamisréttis kynjanna er mannréttinda- og réttlætismál sem krefst tafarlausra aðgerða. Því er þessi tillaga flutt.

34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög eru lögaðilar og ákveða sjálf nafngift sína sem þó þarf að hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

2. gr.

Í stað orðsins „Kaupstaðir“ í 4. málsl. 4. mgr. 6. gr. laganna kemur: Öll sveitarfélög.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Framkvæmdastjóri sveitarfélags nefnist sveitarstjóri, sbr. 69. gr. Formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti. Sveitarstjórn er þó heimilt að gefa störfum sveitarstjóra og oddvita önnur heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

4. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í fyrirsögn efst á kjörseðli skal tilgreina að um sé að ræða sveitarstjórnarkosningar í tilteknu sveitarfélagi, dagsetningu þeirra og ártal.

5. gr.

Orðin „borgarstjóri, bæjarstjóri eða sveitarstjóri“ í 1. mgr. 50. gr. laganna falla brott.

6. gr.

1. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð og skal það kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

7. gr.

3. mgr. 69. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi og er hér endurflutt óbreytt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu.

Með gildistöku sveitarstjórnarlaganna, nr. 8/1986, varð réttarstaða allra sveitarfélaga á Íslandi hin sama. Sýslufélög voru þá lögð niður og þar með urðu hreppar og kaupstaðir samkvæmt eldri lögum jafnréttháir. Eftirlit sýslunefnda með hreppum heyrði sögunni til og kaupstaðarréttindi sköpuðu viðkomandi sveitarfélögum ekki lengur neina sérstöðu. Sveitarstjórnarstigið var þar með skýrar afmarkað en fyrr þótt eftir sem áður væri gífurlegur munur á íbúafjölda milli sveitarfélaga. Eftir þessar breytingar átti m.a. að vera kleift að gera þetta stjórnsýslustig skiljanlegra og gegnsærra fyrir alla, jafnt uppbyggingu þess sem verkefni. Vissir annmarkar á löggjöfinni drógu hins vegar úr eða komu í veg fyrir að öllum almenningi yrði ljós sú grundvallarbreyting sem orðin var þar sem viðhaldið var lagaboði um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda og ýmissa stofnana og stöðuheita á þeirra vegum. Vafalítið hefur fastheldni og metnaður hinna stærri sveitarfélaga ráðið hér miklu og Alþingi hróflaði ekki að þessu leyti við þeim tillögum sem félagsmálaráðherra lagði þá fyrir þingið og undirbúnar höfðu verið af stjórnskipuðum nefndum.

Við framkvæmd sveitarstjórnarlaganna hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á ákvæðum laganna að því er varðar þau atriði sem tekið er á með frumvarpi þessu. Á það ekki síst við um ákvæðin um mismunandi heiti sveitarfélaga eftir íbúafjölda. Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar að því er varðar heiti sveitarfélaga og kveðið skýrt á um heiti formanns og framkvæmdastjóra sveitarstjórnar, sem og heiti framkvæmdanefndar sveitarfélagsins. Allar lúta þessar breytingar að því að afnema lögbindingu á nafngiftum eftir íbúafjölda en festa í sessi tiltekin samheiti fyrir öll sveitarfélög, svo sem sveitarstjórn, oddviti, sveitarstjóri og byggðarráð. Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að sveitarstjórn sé í sjálfsvald sett að nota jafnframt aðrar nafngiftir á stöðuheitum og binda í samþykktir sínar, ef þær svo kjósa.

Nú er svo fyrir mælt í 1. gr. sveitarstjórnarlaganna að sveitarfélög verði að bera eitthvert heitanna hreppur, bær eða kaupstaður. Enginn greinarmunur er í lögunum gerður á bæ og kaupstað sem hvorir tveggja verða að hafa haft 1.000 íbúa hið fæsta „í þrjú ár samfellt“. Hins vegar skuli sveitarfélög heita hreppar sé íbúafjöldi þeirra undir þessum mörkum. Engin rök eru til þess að mati flutningsmanns að viðhalda slíkri aðgreiningu með lagaboði auk þess sem viðbætur af þessu tagi fara oft ekki vel í íslensku máli. Einnig er óæskilegt vegna sameiningar sveitarfélaga sem víða er á döfinni að binda nafngiftir sveitarfélaga við tiltekna íbúatölu.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu gera ráð fyrir að sveitarstjórn ráði nafni síns sveitarfélags, en gert er ráð fyrir staðfestingu af hálfu félagsmálaráðuneytis til að koma í veg fyrir hugsanlega árekstra og tryggja samfellu. Ætti ekki að þurfa að reyna á inngrip af hálfu ráðuneytisins nema í algjörum undantekningartilvikum. Samkvæmt þessu geta sveitarfélög haldið núverandi nafngiftum óátalið en eru jafnframt frjáls að því að breyta þeim, t.d. að fella niður viðbót í sérheiti, hvort sem viðbótin er hreppur, bær eða kaupstaður. Sama máli gegnir um Reykjavík sem stundum skreytir sig með borgarheiti þótt ekki sé það lögboðið.

Athygli vekur að nýlega hafa sveitarfélög tekið upp heitin *byggð* eða *sveit* sem hluta af sérnafni eða sem viðbót þótt engin stoð sé sjáanleg fyrir því í lögum og það stangist á við ákvæði núgildandi sveitarstjórnarlaga. Sýnir það eitt með öðru að þörf er á að rýmka lagaákvæði frá því sem nú er að því er varðar nafngiftir sveitarfélaga. Sveitarfélögin í landinu má flokka eftir heitum, miðað við árslok 1995, sem hér segir: Borg 1, kaupstaðir 16, bæir 12, byggðir 3, sveitir 4 og hreppar 134.

Ákvæði frumvarpsins um starfs- og stöðuheiti á vegum sveitarstjórna eru til verulegrar einföldunar frá gildandi lögum og til samræmis við þá stefnu að hætta að gera lögbundinn greinarmun á sveitarfélögum eftir íbúafjölda. Þannig breytt kvæðu lögin aðeins á um það að framkvæmdastjóri sveitarfélags nefndist sveitarstjóri og formenn sveitarstjórna oddvitar. Sveitarstjórnum verður þó í sjálfsvald sett að velja til viðbótar eða viðhalda öðrum sértækari stöðuheitum ef þær svo kjósa, eins og t.d. bæjarstjóri, borgarstjóri og forseti. Æskilegt væri þó og til skilningsauka fyrir almenning um eðli þessara starfa að ein aðalnafngift sé notuð um hliðstæð störf innan sveitarstjórnarstigsins.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að aðeins heitið byggðarráð verði notað sem samheiti yfir fjárhags- og framkvæmdanefndir sveitarstjórna sem gengið hafa undir ýmsum nöfnum, svo sem bæjar-, borgar- eða hreppsráð. Þykir óheppilegt og ástæðulaust að viðhalda ólíkum nöfnum yfir þessa þýðingarmiklu nefnd innan sveitarstjórna.

Margar umsagnir bárust til félagsmálanefndar um frumvarpið á 120. löggjafarþingi. Nokkrir umsagnaraðilar mæltu með samþykkt frumvarpsins eins og það er, aðrir töldu rétt að á málinu verði tekið í sambandi við heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga sem nú stendur yfir og enn aðrir gerðu ekki athugasemdir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sveitarfélögunum í landinu verði frjálst að ákveða nafn sitt og því felld niður sú skylda að þau skuli ýmist bera heitin hreppar, bæir eða kaupstaðir. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir staðfestingu félagsmálaráðuneytisins. Þannig þarf ráðuneytið að staðfesta nafn hvers sveitarfélags og verður þannig t.d. hægt að koma í veg fyrir að tvö sveitarfélög velji svo svipuð nöfn að ruglingi geti valdið.

Um 2. gr.

Í samræmi við breytingar á 1. gr. laganna er lagt til að heimild til aðildar að héraðsnefndum verði ótvírætt fengin öllum sveitarfélögum, en af gildandi lögum mætti ætla að *bæir* og *sveitir* væru þar útilokuð.

Um 3. gr.

Hér er lögð til sú breyting að framkvæmdastjóri sveitarfélags skuli bera heitið sveitarstjóri og formaður sveitarstjórnar heitið oddviti. Þó er með vísan til 69. gr. laganna lögð áhersla á að ekki er skylt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags þar sem eru 500 íbúar eða færri. Þá er og gert ráð fyrir að sveitarstjórn sé heimilt að nefna störf sveitarstjóra og oddvita öðru heiti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð til samræmis við aðrar breytingar og til skýringar og vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 5. gr.

Hér vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 6. gr.

Með breytingum á greininni er lagt til að ákvæði í 4. mgr. 10. gr. laganna frá 1986 þess efnis að fulltrúar í byggðarráði séu kosnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn verði tekið upp hér sem 1. mgr. 55. gr. þar sem rætt er um byggðarráð. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 7. gr.

Til samræmis við aðrar breytingar á lögunum er ákvæði 3. mgr. 69. gr. fellt brott. Vísast til athugasemda við 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um endurskoðun á lögum um þjóðsöng Íslendinga.

Flm.: Unnur Stefánsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983. Meðal annars verði tekið til athugunar hvort rétt sé að taka upp annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs sem væri aðgengilegri í flutningi og hentaði betur til almennrar notkunar, svo sem í skólum, á íþróttakappleikjum og við önnur svipuð tækifæri.

Greinargerð.

Lofsöngurinn „Ó, Guð vors lands“ var fyrst fluttur við hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík 2. ágúst 1874 í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi. Matthías Jochumsson orti ljóðið þegar hann dvaldist í Edinborg og London haustið og veturinn áður og Sveinbjörn Sveinbjörnsson samdi lagið síðla vetrar 1874. Það mun ekki hafa ver-

ið í huga höfundanna að þeir væru að semja þjóðsöng handa Íslendingum og það tók langan tíma fyrir „Ó, Guð vors lands“ að vinna sér sess sem þjóðsöngur.

Á síðari hluta 19. aldar og fram á þessa öld litu margir á ljóð Bjarna Thorarensen við lag enska þjóðsöngsins, „Eldgamla Ísafold“, sem eins konar þjóðsöng Íslendinga. Þegar leið á 20. öldina þótti hins vegar ekki við hæfi að nota lag við þjóðsöng annars ríkis í slíkum tilgangi. „Ó, Guð vors lands“ vann sér með árunum sess í huga þjóðarinnar sem eitt helsta tákn íslensks þjóðernis.

Íslenska ríkið eignaðist höfundarrétt að laginu við þjóðsönginn árið 1948 og að ljóðinu árið 1949. Alþingi samþykkti síðan árið 1983 lög um þjóðsöng Íslendinga þar sem segir í 1. gr.: „Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó, Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.“

Tæpast er nokkur ágreiningur um tign og fegurð íslenska þjóðsöngsins. Hitt er annað mál hvort „Ó, Guð vors lands“, sem er lofsöngur trúarlegs eðlis eins og nafnið ber með sér, getur að öllu leyti þjónað hlutverki þjóðsöngs við þær fjölbreytilegu aðstæður sem skapast geta á okkar tímum. Tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er ekki sá að „Ó, Guð vors lands“ verði aflagður sem þjóðsöngur Íslendinga heldur sá að athugað verði hvort rétt sé að taka upp við hlið núverandi þjóðsöngs annan söng sem betur hentar við ýmis minna hátíðleg tækifæri. Að margra dómi er það misnotkun á „Ó, Guð vors lands“ að flytja hann á íþróttakappleikjum og útisamkomum, oft af takmarkaðri getu og við ýmiss konar aðstæður. Heppilegra væri að nota við slíkar aðstæður söng sem aðgengilegri væri í flutningi en vísaði jafnframt til þjóðernisvitundar fólks. Til eru margir íslenskir söngvar sem gætu þjónað slíku hlutverki vel og hafa unnið sér sess í huga þjóðarinnar sem slíkir. Einnig kæmi til greina að hafa samkeppni á meðal ljóðskálda og tónskálda þjóðarinnar um nýjan þjóðsöng. Vel væri við hæfi að „vígja“ slíkan söng á aldamótaárinu 2000. Eftir sem áður mundi „Ó, Guð vors lands“ þjóna hlutverki sínu sem þjóðsöngur við hátíðlegustu tækifæri, trúarlegs og veraldlegs eðlis.

Annað sem vert er að hafa í huga í þessu sambandi er að þjóðsöngurinn „Ó, Guð vors lands“ hefur þrátt fyrir háan aldur ekki orðið þjóðareign í þeim skilningi að fólk taki almennt undir þar sem hann er fluttur eða syngi hann við hátíðleg tækifæri og annars staðar þar sem menn vilja stilla saman strengi sína og skerpa þjóðernisvitundina líkt og tíðkast meðal annarra þjóða, t.d. frænda okkar annars staðar á Norðurlöndum. Til þess er lagið of erfitt í flutningi fyrir ósöngvant fólk. Til dæmis mun fátítt að skólabörn hér á landi syngi þjóðsönginn í almennum söng. Því þarf að gæta þess við val á nýjum þjóðsöng að hann geti orðið slík þjóðareign.

36. Fyrirspurn [36. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Forvarnasjóð.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hversu margar umsóknir bárust um styrki úr Forvarnasjóði vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu? Hvaða aðilar voru það sem sóttu um og til hvaða verkefna eða starfsemi?
2. Hverjir fengu úthlutun úr sjóðnum og til hvaða starfsemi?

3. Hvað hefur verið gert til þess að samræma forvarnastarf á sviði áfengis- og fíkniefnavarna í þeim ráðuneytum sem fulltrúa eiga í sjóðnum, þ.e. heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti?
4. Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir úthlutunum úr sjóðnum, þ.e. framgangi og árangri þeirra verkefna sem veitt er til?

Skriflegt svar óskast.

37. Fyrirspurn [37. mál]

til dómsmálaráðherra um fræðslu fyrir dómara á sviði jafnréttismála og mannréttinda.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi dómsmálaráðuneytisins að jafnréttisfræðslu fyrir dómara, í samræmi við tilmæli nefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum)?
2. Hver var niðurstaða fundar sem ráðuneytið hélt með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins, Dómarafélagsins og skrifstofu jafnréttismála í vor?
3. Hefur ráðuneytið í hyggju frekari aðgerðir vegna tillagna nefndarinnar um námskeið fyrir dómara um mannréttindamál og ef svo er, hverjar eru þær?

38. Fyrirspurn [38. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamála ..ðherra um skerðingu bóta almannatrygginga.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvernig hefur verið hagað framkvæmd ákvæða reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 245/1996 frá 29. apríl sl. um breytingu á reglugerð nr. 59/1996,
   a. um heimilisuppbót,
   b. um sérstaka heimilisuppbót,
   c. um aðrar uppbætur en heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót?
2. Hversu margir hafa misst frekari uppbót skv. 1. gr. reglugerðarinnar um tekju- og eignamörk?
3. Hver er „sparnaður“ Tryggingastofnunar ríkisins vegna þessara ákvæða reglugerðarinnar?
4. Hversu margir hafa orðið að sæta lækkun uppbótar vegna þeirrar endurskoðunar sem fram fór á frekari uppbót þeirra sem þó halda henni áfram? Hverju nemur „sparnaðurinn“?

5. Hve margir hafa notið hækkunar frekari uppbótar með tilliti til heimildar í 2. gr. sömu reglugerðar?

Skriflegt svar óskast.

39. Fyrirspurn [39. mál]

til iðnaðarráðherra um orkukostnað.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið kostnaður á kílówattstund við hitun íbúðarhúsnæðis, miðað við 32.800 kwst. notkun á ári frá árinu 1990 mælt á föstu verðlagi ársins í ár, hjá eftirtöldum orkuveitum:
   a. Hitaveitu Reykjavíkur,
   b. Hitaveitu Suðurnesja,
   c. Orkubúi Vestfjarða,
   d. Rafmagnsveitum ríkisins,
   e. Hitaveitu Akureyrar?
2. Hver hefur þessi orkukostnaður verið á sama tíma vegna olíuhitunar, mælt á sama verðlagi?
3. Hvert hefur verið árlegt framlag ríkisins til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar á árunum 1990–96 á verðlagi þessa árs?
4. Hver hefur verið árlegur afsláttur Landsvirkjunar af orkusölu til húshitunar á árunum 1990–96, reiknað í kr./kwst. á verðlagi þessa árs?
5. Hvernig verður unnið að því markmiði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að lækka húshitunarkostnað?

Skriflegt svar óskast.

40. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að beita sér fyrir að skipulega verði brugðist við málum er varða kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum og að skipuleggja fræðslu um slíka áreitni. Tryggt verði að allir starfsmannastjórar, trúnaðarmenn, dómarar og lögfræðingar eigi kost á slíkri fræðslu.

Greinargerð.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð samkvæmt íslenskum lögum árið 1992, sbr. 198. gr. almennra hegningarlaga en þar segir:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum."

Þrátt fyrir það er hvergi að finna skilgreiningu á kynferðislegri áreitni í íslenskum lögum.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1991 segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna fólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í norrænni löggjöf um jafnréttismál eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, t.d. í 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433).

Kynferðisleg áreitni hefur verið skilgreind sem óvelkomin framkoma, kynferðislegs eðlis, sem beinist að kynferði eða kynímynd einstaklings og hefur þau áhrif eða markmið að honum eru sköpuð auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til náms, vinnu eða félagslegrar samveru. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi eða stöðu, andlega kúgun og árás á sjálfsvirðingu og sjálfsímynd einstaklingsins. Áreitnin er alltaf niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans. Það sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá daðri t.d. er það að hún er aldrei velkomin, ekki gagnkvæm og er aldrei á jafnréttisgrundvelli.

Evrópusambandið skilgreinir kynferðislega áreitni á eftirfarandi hátt í starfsreglum frá árinu 1992 (*Code of practice: On measures to combat sexual harassment*):

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun eða önnur kynbundin hegðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu kvenna og karla á vinnustað. Þessi óvelkomna hegðun getur verið líkamleg, orðbundin eða myndræn.

Kynferðisleg áreitni nær því yfir margs konar hegðun sem er óvelkomin, óskynsamleg og móðgandi fyrir viðkomandi; það hvort viðkomandi viðurkennir eða mótmælir slíkri hegðun af hálfu yfirmanns eða samstarfsmanns skiptir máli beint eða óbeint fyrir aðgang viðkomandi að starfsþjálfun, atvinnu, hvort starfi er haldið, stöðuhækkun, laun eða annað viðkomandi starfsumhverfi; og/eða hegðunin skapar óþægilegt, fjandsamlegt eða auðmýkjandi vinnuumhverfi fyrir þann sem hegðunin beinist að.

Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að hegðunin er óvelkomin, og það er mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er talin móðgandi. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt til kynna að viðkomandi hagðun sé óvelkomin, þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Það er fyrst og fremst það einkenni að hegðunin er óvelkomin sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá vinalegri hegðun sem er velkomin og gagnkvæm."

Sem dæmi um líkamlega áreitni má nefna óvelkomna snertingu, atlot, kossa eða þvingun til samræðis. Dæmi um orðbundna áreitni eru klámyrði, blístur, hróp, kynferðislega niðurlægjandi athugasemdir um líkama einhvers eða lifnaðarhætti eða óvelkom-

in, endurtekin tilboð eða þrýstingur á kynferðisleg samskipti. Myndræn áreitni eða áreitni án orða er tvíræðar augngotur, hljóð og hreyfingar, kynferðislega niðurlægjandi tákn eða veggspjöld og notkun slíkra tákna til að auglýsa atburði eða samkomur.

Með tilvísun í nýleg dæmi um ásakanir um kynferðislega áreitni er brýnt að sjá til þess að fræðsla eigi sér stað um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum, einnig að markaður verði skipulegur farvegur með skýrum starfsreglum innan allra opinberra stofnana og helst allra vinnustaða fyrir kvartanir og ásakanir um kynferðislega áreitni í þeim tilgangi að stöðva mál af þessu tagi á byrjunarstigi. Fyrirmyndir um slíka farvegi má finna hjá fjölmörgum erlendum háskólum, fyrirtækjum og stofnunum, m.a. á veraldarvefnum. Yfirleitt er um litlar trúnaðarnefndir að ræða þar sem bæði kynin eiga fulltrúa. Hlutverk þeirra er að hlusta á báða málsaðila, veita áminningar við fyrsta brot og grípa til róttækari aðgerða ef kvartanir eða ásakanir halda áfram. Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt fyrirbyggjandi tilgang en þeim er einnig ætlað að leysa þau vandamál sem upp koma og ekki er vísað til dómstóla.

Umræðan um kynferðislega áreitni er loksins komin upp á yfirborðið hér á landi, en slík mál hafa lengi verið í opinberri umræðu í flestum nágrannalanda okkar. Fyrstu viðbrögð eru svipuð og þegar umræðan um konur og heimilisofbeldi var að öðlast viðurkenningu eða umræðan um sifjaspell. Þá var spurt hvort það væri ekki einkamál hvað gerðist á milli hjóna innan veggja heimilisins og hvort feður mættu ekki lengur sýna dætrum sínum hlýju. Nú er spurt hvort ekki sé lengur leyfilegt að leggja höndina á öxl nemanda og hvort banna skuli daður á vinnustað.

Þessar spurningar og viðbrögð eru skýr merki um vanþekkingu á efninu og sýna betur en margt annað þörfina á að unnið verði markvisst fyrirbyggjandi starf á þessu sviði. Gera verður skýran greinarmun á snertingu umhyggjusams kennara og kynferðislegri áreitni, daðri og áreitni, ástarleikjum og nauðgun. Annars vegar er umhyggja og gagnkvæm ánægja, hins vegar misbeiting á valdi sem aldrei er á jafnréttisgrundvelli — óvelkomin, endurtekin kynferðisleg hegðun.

Það er eitt að kynferðisleg áreitni er refsiverð samkvæmt íslenskum lögum og annað að móta reglur og skapa skipulegan farveg fyrir ásakanir og fræðslu um kynferðislega áreitni á vinnustöðum og opinberum stofnunum. Flest mála af þessu tagi sem á annað borð koma upp á yfirborðið, nema þau allra grófustu, enda ekki með ákæru fremur en mál er varða heimilisofbeldi. Þetta skýrist m.a. af því að oft eru aðstæður þannig að viðkomandi getur ekki kært ef hún eða hann ætlar að ljúka sínu námi, halda vinnunni eða viðhalda mikilvægu trúnaðarsambandi. Oft er um mjög viðkvæm mál að ræða sem erfitt er að taka upp eftir sömu leiðum og önnur brot á vinnustað.

Lítið hefur reynt á 198. gr. hegningarlaganna frá árinu 1992 þegar kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð að íslenskum lögum. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur. Við flesta bandaríska og marga evrópska háskóla og marga skóla á lægri skóla-

stigum hafa verið mótaðar skýrar reglur fyrir mál af þessu tagi. Um leið og nemi eða kennari verður var við ítrekaða áreitni veit hann hvert á að snúa sér með kvartanir. Yfirleitt þarf að bera fram kvartanir skriflega. Í fyrstu eru aðeins veittar áminningar og oft dugar það. Háskólinn í Stokkhólmi samþykkti slíkar reglur árið 1992, Óslóarháskóli 1995 og háskólinn í Helsinki 1996.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til af menningarlegum toga, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða. Tiltækar íslenskar kannanir, þó takmarkaðar séu og ekki alveg nýjar, sýna að þrátt fyrir að fyrirbærið hafi að mestu legið í þagnargildi telja tæp 10% kvenna sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar (liður 2.3.2). Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Það er fagnaðarefni að þessari könnun á kynferðislegri áreitni á Íslandi er nú lokið og að niðurstöður hennar verða kynntar fljótlega. Ljóst þykir að niðurstöður könnunarinnar munu ekki breyta því að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu er löngu tímabær. Eðlilegt þykir að sú nefnd, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, hafi samráð við þá aðila sem vinna með kynferðislega áreitni á skrifstofu jafnréttismála og við áðurnefnda könnun.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Þess vegna og til að stuðla að skýrum starfsreglum er fræðsla um þessi mál mjög mikilvæg, ekki síst meðal starfsmannastjóra, trúnaðarmanna, atvinnurekenda, lögfræðinga og dómara. Mikilvægt er að starfsreglur stofnana séu skýrar og aðgengilegar fyrir starfsfólk þannig að fólk verði meðvitað um rétt sinn og viti hvernig beri að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað. Sem fyrsta skref í fræðslu af þessu tagi má benda á bækling Jafnréttisráðs um kynferðislega áreitni og tilboð skrifstofu jafnréttismála um að svara spurningum um efnið.

Það er skoðun flutningsmanna að þessi þingsályktunartillaga hafi annars vegar fyrirbyggjandi tilgang og hins vegar leiðbeinandi ef vandamálið kemur upp. Markmiðið er að á öllum vinnustöðum verði skapað vinnuumhverfi sem dragi úr líkum á að fólk verði fyrir kynferðislegri áreitni; að komið verði á fót ódýru og skilvirku fræðslukerfi fyrir starfsmenn ríkisins; og að starfsreglur stofnana geri fólk meðvitað um rétt sinn og hvernig ber að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað eða í trúnaðarsambandi í opinberri stofnun.

41. Frumvarp til laga [41. mál]

um umboðsmann jafnréttismála.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Stofna skal embætti umboðsmanns jafnréttismála sem hafi það hlutverk að hafa eftirlit með jafnréttismálum hér á landi og hvernig fyrirmælum alþjóðasamninga um jafnrétti kynjanna sem Ísland er aðili að er fylgt. Embættið skal einnig stuðla að því að náð verði markmiðum laga er varða jafnrétti kynjanna, m.a. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og vinna sérstaklega að bættri stöðu kvenna.

2. gr.

Forseti Íslands skipar, að tillögu forsætisráðherra, umboðsmann jafnréttismála til fimm ára í senn. Skipa má umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en eigi oftar nema sérstaklega standi á.

Umboðsmaður jafnréttismála skal hafa lokið háskólaprófi. Hafi umboðsmaður jafnréttismála ekki lokið embættisprófi í lögfræði skal lögfræðingur starfa við embættið.

Laun og starfskjör umboðsmanns jafnréttismála skulu ákveðin með hliðstæðum hætti og gerist um sambærileg störf hjá ríkinu. Umboðsmanni jafnréttismála er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf eða takast á hendur verkefni sem eigi samrýmast starfi hans.

3. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála skal vinna að því að stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfélög, einstaklingar, félög og önnur samtök einstaklinga og fyrirsvarsmenn lögpersóna hafi í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Í starfi sínu skal umboðsmaður jafnréttismála setja fram ábendingar og tillögur til að ná megi sem víðast jafnri stöðu kvenna og karla.

Umboðsmaður jafnréttismála skal einkum:

a. hafa frumkvæði að fræðslu og stefnumarkandi umræðu um jafnréttismál,
b. koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða jafnrétti kynjanna,
c. stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem varða jafnrétti kvenna og karla og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu og stuðla að því að samningar um þetta efni verði fullgiltir,
d. bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að aðilar þeir, er greinir í 1. mgr., hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn ákvæðum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla,
e. kynna fyrir almenningi löggjöf og aðrar réttarreglur er varða jafnrétti kynjanna og beita sér fyrir því að gerðar séu rannsóknir á sviði jafnréttismála.

Telji umboðsmaður jafnréttismála að brotið hafi verið gegn ákvæði d-liðar 2. mgr. skal hann beina rökstuddri álitsgerð til viðkomandi aðila ásamt tillögum um úrbætur, eigi það við.

4. gr.

Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns jafnréttismála með erindi sín.

Umboðsmaður jafnréttismála tekur mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann ákveður hvort ábending gefur tilefni til meðferðar af hans hálfu.

Umboðsmaður jafnréttismála tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en honum ber að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu og hjá dómstólum.

5. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála skal eiga samvinnu við aðra opinbera aðila sem starfa að jafnréttismálum, m.a. Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála, sbr. lög nr. 28/1991. Náist ekki viðunandi sættir eða leiðrétting mála fyrir tilstuðlan umboðsmanns jafnréttismála getur hann vísað viðkomandi máli til kærunefndar jafnréttismála.

Skrifstofa jafnréttismála sem annast þjónustu við Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála er jafnframt skrifstofa umboðsmanns jafnréttismála.

Félagsmálaráðherra setur að höfðu samráði við forsætisráðherra nánari reglur um samskipti umboðsmanns jafnréttismála, kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisráðs og um skipulag sameiginlegrar skrifstofu þessara aðila.

6. gr.

Stjórnvöldum er skylt þrátt fyrir þagnarskyldu að veita umboðsmanni jafnréttismála allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Með sama hætti er einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga skylt að veita umboðsmanni jafnréttismála allar upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti rækt skyldur sínar, skv. d-lið 3. gr. Umboðsmaður jafnréttismála getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins inn á við eða út á við eða utanríkismál er leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Komi upp ágreiningur vegna ákvæðis 1. mgr. er umboðsmanni jafnréttismála heimilt að leita úrskurðar dómstóla. Um málsmeðferð fer eftir lögum um meðferð einkamála.

7. gr.

Umboðsmanni jafnréttismála ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfi og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns jafnréttismála. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Að öðru leyti fer um þagnarskyldu umboðsmanns jafnréttismála og starfsmanna hans samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins.

8. gr.

Umboðsmaður jafnréttismála ræður sjálfur starfsmenn embættisins. Honum er einnig heimilt að ráða sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

9. gr.

Forsætisráðherra skal hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Umboðsmaður jafnréttismála skal gefa forsætisráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega sem hluta af ársskýrslu skrifstofu jafn-

réttismála fyrir 1. september ár hvert. Að öðru leyti er umboðsmaður jafnréttismála sjálfstæður og óháður fyrirmælum framkvæmdarvalds.

Forsætisráðherra setur nánari reglur um starfshætti umboðsmanns jafnréttismála að fengnum tillögum umboðsmanns.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa um langt árabil verið starfandi umboðsmenn jafnréttismála og er reynslan af störfum þeirra talin góð. Í Danmörku hefur verið rætt um að koma á hliðstæðri skipan en jafnréttislöggjöf þar er nú til endurskoðunar. Þegar lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru til endurskoðunar 1988–90 lagði fyrsti flutningsmaður frumvarpsins til í nefnd sem vann að endurskoðun laganna fyrir félagsmálaráðherra að stofnað yrði embætti umboðsmanns jafnréttismála. Það varð þó ekki niðurstaðan er lög nr. 28/1991 voru sett, en í umfjöllun um málið kom fram áhugi á að slíkt skref yrði stigið innan tíðar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns jafnréttismála frá ársbyrjun 1998. Skrifstofa jafnréttismála verði styrkt til að geta tekið við þjónustu við embættið. Með því næst fram ákveðin hagkvæmni er kemur í veg fyrir óeðlilega skörun verkefna.

Afar góð reynsla er af starfi umboðsmanns Alþingis þau ár sem liðin eru frá því að embættið var stofnað. Á árinu 1994 var stofnað til embættis umboðsmanns barna. Er sú starfsemi hafin og lofar góðu. Skynsamlegt er að stíga nú næsta skref í þessu efni með stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála. Nauðsyn góðrar og vandaðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála er nú almennt viðurkennd og stofnun embættis jafnréttismála getur vegið þungt til að því markmiði verði náð.

Meginverkefni umboðsmanns eru sett fram í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að fylgjast með því að hvarvetna í þjóðfélaginu séu höfð í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Jafnframt skal umboðsmaður bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið sé gegn þessum ákvæðum, þar á meðal getur hann vísað máli til kærunefndar jafnréttismála. Fræðsla og kynning er einnig mikilvægur þáttur slíks embættis og gerð tillagna um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda um jafnrétti kynjanna.

Gert er ráð fyrir samstarfi embættis umboðsmanns jafnréttismála við aðra aðila stjórnsýslunnar er vinna að jafnrétti kynjanna, sbr. 5. gr. Skrifstofa jafnréttismála sem annast þjónustu við Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála skal jafnframt vera skrifstofa umboðsmanns jafnréttismála. Með því geta sparast fjármunir þar eð unnt verður að samnýta starfskrafta, hafa sameiginlegan gagnabanka og koma að öðru leyti við hagkvæmri verkaskiptingu.

Um líklegan kostnað við embættið má hafa hliðsjón af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarp um umboðsmann barna (117. löggjafarþing, þskj. 573), en hann var þá metinn á um 10 millj. kr. á ári miðað við tvö stöðugildi, þ.e. umboðsmann og lögfræðing og ritara, þau síðartöldu eru reiknuð sem hálft starf. Þá var áætlað að fljótlega mætti reikna með auknum launakostnaði og kostnaði við aðkeypta þjónustu þannig að árlegur kostnaður við embættið gæti hækkað um 2–3 millj. kr.

Flutningsmenn telja að jafnframt því sem sett verði á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála sé tímabært að hefja endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Þótt gerðar hafi verið endurbætur á eldri löggjöf um jafnréttismál fyrir fimm árum varð margt útundan við þá endurskoðun. Síðan hefur fengist reynsla af þeim nýmælum sem þá voru tekin upp, m.a. af kærunefnd jafnréttismála, og af annarri réttarþróun á þessu sviði hér heima og erlendis. Úr öllu þessu þarf að vinna hið fyrsta til að löggjöf á þessu sviði sé í samræmi við réttarþróun og framsækin viðhorf um jafnrétti kynjanna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að stofnað skuli embætti umboðsmanns jafnréttismála. Embættið skal hafa eftirlit með jafnréttismálum hér á landi og fylgjast með hvernig fyrirmælum alþjóðasamninga á sviði jafnréttismála sem Ísland er aðili að er fylgt. Embættið skal einnig stuðla að því að náð verði markmiðum laga er varða jafnrétti kynjanna. Embættinu er þannig falin hagsmunagæsla með tilteknum málaflokki og er ætlað að ná jafnt til opinberra aðila sem einkaaðila.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir að umboðsmaður jafnréttismála skuli skipaður af forseta Íslands að tillögu forsætisráðherra til fimm ára í senn. Heppilegt er talið að sami einstaklingur gegni starfinu að jafnaði ekki lengur en í tíu ár eða tvö skipunartímabil. Embætti umboðsmannsins kemur til með að mótast af þeim sem gegnir starfinu hverju sinni. Þannig má búast við að áherslur í starfi verði mismunandi eftir því hver gegnir því á hverjum tíma og verður að telja það af hinu góða.

Með hliðsjón af þeim verkefnum sem umboðsmanni eru ætluð í frumvarpinu þykir nauðsynlegt að gera kröfu um háskólamenntun, sbr. 2. mgr. Án efa mun umfjöllun um ýmis lagaleg atriði á sviði jafnréttismála og túlkun þeirra verða eitt meginverkefni umboðsmanns jafnréttismála í framtíðinni. Hafi umboðsmaður jafnréttismála ekki lokið embættisprófi í lögum er talið nauðsynlegt að við embættið starfi lögfræðingur.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að laun og starfskjör umboðsmanns jafnréttismála skuli ákveðin með hliðstæðum hætti og gerist um sambærileg störf hjá ríkinu. Ákvæðið miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði og virðingu í starfi. Til að tryggja enn frekar sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns er honum óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf og á það jafnt við um störf hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Æskilegt er enn fremur að sá sem gegnir embættinu hverju sinni hafi ekki með höndum ólaunuð störf eða starfi í þágu félagasamtaka eða annarra hagsmunahópa sem telja verður að samrýmist ekki starfi umboðsmanns jafnréttismála.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er hlutverk umboðsmanns jafnréttismála skilgreint. Umboðsmanni er hvorki ætlað að taka til meðferðar mál sem heyra undir verksvið umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna né mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Umboðsmaður getur hins vegar vakið athygli á, gert athugasemdir við eða gert tillögur í tilefni af niðurstöðu dómsmáls eða stjórnvalds ef niðurstaðan er þess eðlis að hún varði jafnréttismál almennt.

Í 2. mgr. ber ekki að skilja orðalagið „umboðsmaður jafnréttismála skal einkum“ að um tæmandi talningu á verkefnum embættisins sé að ræða heldur eru hér talin upp mikilvægustu verkefnin. Í a-lið er lögð sú skylda á umboðsmann að hann hafi frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um jafnréttismál. Umboðsmaður skal taka þátt í almennri þjóðfélagsumræðu með það fyrir augum að vekja athygli á jafnréttismálum almennt. Honum er ætlað að setja fram tillögur og úrbætur í jafnréttismálum og metur hann sjálfur hvort og þá hvaða mál hann tekur til umræðu hverju sinni. Með réttarreglum í b-lið er átt við skráðar réttarheimildir, svo sem lög og reglugerðir. Einnig er átt við óskráðar réttarheimildir, svo sem réttarvenju, fordæmi, lögjöfnun, meginreglur laga og eðli máls. Jafnframt skal umboðsmaður koma á framfæri tillögum um úrbætur á fyrirmælum stjórnvalda og framkvæmdavenju í stjórnkerfinu. Umboðsmaður metur sjálfur hvert hann beinir tillögum sínum um úrbætur samkvæmt ákvæði þessu. Ákvæði c-liðar tekur til allra alþjóðasamninga á þessu sviði sem Ísland er nú þegar aðili að og einnig til samninga sem umboðsmaður telur rétt að fullgilda á þessu sviði. Í d-lið kemur sérstaklega fram að umboðsmaður fer ekki með úrskurðarvald í þeim málum sem hann tekur til meðferðar. Honum er hvorki ætlað að hafa afskipti af deilum einstaklinga né heldur hefur hann heimild til að gera athugasemdir við einstaklingsbundin afskipti stjórnvalda. Hins vegar er honum í ákvæðinu tryggður víðtækur réttur til að bregðast við ef hann telur tilgreinda aðila með athöfnum sínum eða athafnaleysi hafa brotið gegn ákvæðum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Með stjórnvaldi í frumvarpinu er átt við handhafa stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, stofnanir og hvers konar rekstur á þeirra vegum.

Í 3. mgr. er síðan kveðið á um viðbrögð umboðsmanns telji hann að brotið sé gegn ákvæði d-liðar 2. mgr. Athugasemdir til hlutaðeigandi aðila skulu rökstuddar og getur umboðsmaður sett fram tillögur um úrbætur telji hann ástæðu til.

Um 4. gr.

Í ákvæði 1. mgr. er kveðið á um að öllum sér heimilt að leita til umboðsmanns jafnréttismála með erindi sín. Erindi eða ábending þarf ekki að uppfylla sérstakar formkröfur og ekki er gerð krafa um að viðkomandi telji rétt á sér brotinn á einn eða annan hátt. Þannig felst í ákvæðinu ótakmarkaður aðgangur að embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Í 2. mgr. segir að umboðsmaður taki mál til meðferðar í kjölfar ábendinga eða erinda að eigin frumkvæði. Hann ákveður sjálfur hvort ábending eða erindi gefi tilefni til meðferðar af hans hálfu og er ákvörðun hans endanleg. Í 3. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir því að umboðsmaður taki ekki til meðferðar eða sinni persónulegum ágreiningsmálum milli einstaklinga. Berist slík mál umboðsmanni veitir hann þeim sem til hans leita upplýsingar um leiðir sem færar eru innan stjórnsýslunnar, hjá dómstólum eða með því að vísa máli til umboðsmanns Alþingis eða umboðsmanns barna.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um samvinnu umboðsmanns jafnréttismála við aðra opinbera aðila sem starfa að jafnréttismálum og er gert ráð fyrir því að félagsmálaráðherra setji að höfðu samráði við forsætisráðherra nánari reglur um samskipti umboðsmanns, kærunefndar jafnréttismála og Jafnréttisráðs og skipulag sameiginlegrar skrifstofu. Um samstarfið vísast að öðru leyti til almennra athugasemda í greinargerð.

Um 6. gr.

Til þess að umboðsmaður jafnréttismála geti sinnt hlutverki sínu er nauðsynlegt að veita honum óheftan og greiðan aðgang að öllum gögnum hjá stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga sem snerta mál er hann hefur til meðferðar. Umboðsmaður skal meta hvort og hvaða upplýsingar eru honum nauðsynlegar. Einstaklingum, félögum og samtökum einstaklinga er einnig skylt að veita umboðsmanni upplýsingar, en upplýsingaskylda þeirra nær einungis til d-liðar 3. gr. og er því takmarkaðri. Þá er í ákvæðinu sérstaklega tekið fram í hvaða tilvikum umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga.

Um 7. gr.

Í störfum sínum verða umboðsmanni jafnréttismála án efa kunn ýmis atvik er varða einka- og almannahagsmuni sem þurfa að fara leynt. Hins vegar er ljóst að til að rækja hlutverk sitt skv. 1. og 3. gr. frumvarpsins kunngjörir hann álit sitt í einstökum málum og skýrir opinberlega frá málefnum sem hann vinnur að. Því er í greininni lögð sú skylda á umboðsmann að hann meti frá hverju sé viðeigandi að skýra og leggja til grundvallar álitsgerðum sínum.

Um 8. gr.

Með greininni er ætlað að stuðla frekar að sjálfstæði umboðsmanns jafnréttismála í starfi með því að hann ráði hverja hann velur sem starfsmenn sína og sérfræðinga til að vinna að einstökum verkefnum.

Um 9. gr.

Lagt er til að embætti umboðsmanns jafnréttismála heyri undir forsætisráðuneytið fremur en félagsmálaráðuneytið sem jafnréttismál heyra að öðru leyti undir. Hlutleysi gagnvart fagráðuneyti er umboðsmanni jafnréttismála nauðsyn til þess að hann geti unnið að jafnréttismálum af fullri einurð. Telja verður að traust almennings á störfum umboðsmanns verði best tryggt með því að embættið heyri undir ráðuneyti sem fjallar almennt lítið um jafnréttismál. Til að tryggja sjálfstæði umboðsmanns er þó forsætisráðuneyti eingöngu ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Um boð- eða eftirlitsvald af hálfu ráðuneytisins er því ekki að ræða. Fyrirsjáanlegt er að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns jafnréttismála geti beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni nauðsyn á sjálfstæði í starfi. Þá er lagt til að skýrsla umboðsmanns, sem hluti af ársskýrslu skrifstofu Jafnréttismála, skuli gefin forsætisráðherra árlega. Skýrsla af þessu tagi er gagnleg heimild um störf embættisins og jafnframt til þess fallin að vekja athygli á og undirstrika enn frekar þau málefni sem umboðsmaður beitir sér fyrir.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að settar verði reglur um starfshætti umboðsmanns jafnréttismála, svo sem aðgang að embættinu og meðferð og afgreiðslu mála.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

42. Fyrirspurn [42. mál]

til umhverfisráðherra um málefni Hollustuverndar ríkisins.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjar eru meginniðurstöður könnunar á viðbótarmannaflaþörf Hollustuverndar ríkisins, sem unnin var fyrir ráðuneytið fyrr á þessu ári?
2. Hve mörgum gerðum sem eru til komnar vegna EES-samningsins, þ.e. EB-gerðum, hefur ráðuneytið vísað til úrvinnslu Hollustuverndar ríkisins og hversu margar slíkar gerðir eru þar nú óafgreiddar?
3. Hvenær á afgreiðsla á þeim EB-gerðum sem nú eru í vinnslu að vera lokið? Óskað er eftir yfirliti yfir stöðu hverrar einstakrar gerðar.
4. Hafa ráðuneytinu borist athugasemdir vegna umræddra gerða og ef svo er, í hverju hafa þær verið fólgnar?
5. Hversu mikið fjármagn hefur ráðuneytið ætlað Hollustuvernd ríkisins til að sinna umbeðnum verkefnum vegna EB-gerða á árunum 1995 og 1996 og hver er tillaga ráðuneytisins um það efni við fjárlagagerð fyrir árið 1997?
6. Hve hárri upphæð nam fjárlagabeiðni Hollustuverndar ríkisins vegna fjárlaga ársins 1995, 1996 og 1997 sundurliðað eftir sviðum stofnunarinnar, hver var tillaga ráðuneytisins þessi ár og hversu miklu fé var veitt til stofnunarinnar á fjárlögum áranna 1995 og 1996?
7. Hvað líður endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hverjir vinna að þeirri endurskoðun og hvenær er þess að vænta að nýtt frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir Alþingi?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Við umræðu um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1996 kom fram að mikill óleystur fjárhagsvandi væri hjá Hollustuvernd ríkisins. Af hálfu umhverfisráðuneytis kom þá fram að á næstu mánuðum yrði unnið að úttekt á málefnum stofnunarinnar og tillagna væri að vænta um lausn á fjárhagsvanda hennar í framhaldi af því.

Mikið álag er á starfsliði Hollustuverndar ríkisins, m.a. vegna vinnu að EB-gerðum fyrir umhverfisráðuneytið. Mikið er talið vanta á að unnt sé að sinna þeim verkefnum fyrir ráðuneytið ásamt lögboðnum og brýnum verkefnum á starfssviði stofnunarinnar.

43. Fyrirspurn [43. mál]

til viðskiptaráðherra um verðtryggingu lána og skuldir heimilanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru skuldir heimilanna í árslok síðustu tíu árin á sambærilegu verðlagi, hve stór hluti þeirra voru óverðtryggðar skuldir og hve stór hluti verðtryggðar?
2. Hve mikinn hluta af hækkun skulda heimilanna á sl. tíu árum má rekja til verðtryggingar?
3. Hvernig er háttað verðtryggingu fjárskuldbindinga í einstökum ríkjum OECD?
4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að verðtrygging lána verði bönnuð á þessu eða næsta ári í ljósi langvarandi stöðugleika og lágrar verðbólgu, en nú er bannað að verðtryggja lán til skemmri tíma en þriggja ára, 1. janúar 1998 lengist sá tími í fimm ár og 1. janúar árið 2000 í sjö ár, jafnframt því sem bannað verður að verðtryggja innlán frá 1. janúar árið 2000?

Skriflegt svar óskast.

44. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Ágúst Einarsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. 1. tölul. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því að um fiskiðnað gildi almennt sömu reglur og annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gildandi lögum um útgerð.

Samkvæmt gildandi lögum um fjárfestingar erlendra aðila er þeim heimilt að eiga óbeinan hlut í íslenskum sjávarútvegi og ekki er gerður greinarmunur á veiðum og vinnslu nema að því er varðar tiltekna vinnsluþætti. Heimild til óbeinnar eignaraðildar var lögfest til að laga lögin að veruleikanum, en vitað var um óbeina eignaraðild erlendra fyrirtækja í sjávarútvegsfyrirtækjum og ekki var talið ráðlegt að fylgja fortakslausu banni

eftir, eins og þágildandi lög gerðu ráð fyrir. Með því að heimila einungis óbeina eignaraðild voru því engir nýir möguleikar opnaðir.

Með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði, eins og í öðrum matvælaiðnaði, geta skapast ýmsir nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir annan matvælaiðnað þar sem mjög er nú sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki. Þekking erlendra aðila á Íslandi er lítil, hvort sem um er að ræða aðila í matvælaframleiðslu eða fjárfesta, en mestar líkur á að þekking þeirra tengist sjávarútvegi í einhverri mynd. Heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti því laðað að aðila sem síðar, eða jafnframt, vildu gerast þátttakendur í öðrum matvælaiðnaði.

Nú háttar þannig til að erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum mörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint í fiskvinnslu þýddi því ekki útflutning hráefnis miðað við reynslu okkar heldur gæti sú skipan mála eflt frekari vinnslu hérlendis.

Fjölmörg veigamikil rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum:

— Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru.
— Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.
— Lengi hefur verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. Það hefur helst gengið í stóriðju hingað til en hættulega lítið verið um fjárfestingar í öðrum greinum.
— Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geta örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.
— Fiskiðnaðurinn gæti sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé.
— Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum.
— Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis. Sú þróun er sterk að fyrirtæki verði til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af.
— Heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá geta orðið til hliðarfyrirtæki vegna nýrra umsvifa.
— Lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Ætlunin er eingöngu að bjóða upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og að ekki þurfi að fara kringum lögin. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá stofna sérstakt fyrirtæki um þann vinnsluþátt sem þau hyggjast efna til samstarfs um.

Í núgildandi lögum eru eftirtaldar vinnsluaðferðir þegar undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Ef frumvarp þetta yrði að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir aðilar fjárfestu í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu.

Þar sem sumar vinnsluaðferðir eru nú þegar undanþegnar lögunum um fjárfestingu erlendra aðila en í öðrum má eignaraðild einungis vera óbein verður framkvæmd laganna bæði flókin og erfið. Aðilar beina jafnvel samstarfinu í allt annan farveg en æskilegt væri þar sem erfitt getur verið að skipta vinnslunni upp eftir einstökum þáttum.

Íslendingar hafa undanfarin ár afnumið sérstakar hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Afnám sérstakra takmarkana í fiskvinnslu er eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Í frumvarpinu er lagt til að orðin „eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi“ í 4. gr. laganna falli brott en með því ná takmarkanir við fjárfestingu erlendra aðila aðeins til útgerðar. Enn fremur er felld er niður skilgreining á vinnslu sjávarafurða sem lýtur sérstökum takmörkunum.

45. Fyrirspurn [45. mál]

til fjármálaráðherra um launajafnrétti.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig er fyrirhugað að afnema kynbundinn launamun svo að ákvæði 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um sömu laun fyrir sambærileg störf verði uppfyllt í ljósi þess að kannanir hafa sýnt að kynbundinn launamunur er á bilinu 10–15% bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði?

46. Fyrirspurn [46. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hvernig hefur forstöðumönnum opinberra stofnana verið kynnt þingsályktun um „framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna“ frá 7. maí 1993?

Hefur forstöðumönnum verið bent sérstaklega á ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar um starfsmannamál ríkisins við kynningu á nýjum lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

47. Fyrirspurn [47. mál]

til menntamálaráðherra um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Frá Unni Stefánsdóttur.

Hvað líður skipan nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna í framhaldi af ályktun sem samþykkt var á Alþingi 4. júní sl.?

Skriflegt svar óskast.

48. Frumvarp til fjáraukalaga [48. mál]

fyrir árið 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**5 122 000**
Tekjuskattar	3 115 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	257 000	
Eignarskattar	70 000	
Skattar á vörur og þjónustu	1 000 000	
Vaxtatekjur	405 000	
Aðrar tekjur	275 000	
Gjöld		**15 870 400**
Samneysla	1 240 900	
Rekstrargjöld	1 155 900	
Viðhald	85 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 035 500	
Vaxtagjöld	10 850 000	
Fjárfesting	1 744 000	
Gjöld umfram tekjur		**10 748 400**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		2 270 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**13 018 400**
Afborganir af teknum lánum		7 590 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**20 608 400**
Lántökur		20 600 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-8 400**

2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	129 000	
01 Forsætisráðuneyti	174 000	
02 Menntamálaráðuneyti	277 800	
03 Utanríkisráðuneyti	94 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	98 500	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	44 500	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	95 700	
07 Félagsmálaráðuneyti	160 200	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 347 200	
09 Fjármálaráðuneyti	13 051 000	
10 Samgönguráðuneyti	364 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	19 200	
14 Umhverfisráðuneyti	15 300	
Samtals		15 870 400

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

	Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 000
1 01 Yfirstjórn	5 000	
Stofnkostnaður:		74 000
6 21 Sóleyjargata 1	74 000	
Gjöld samtals		79 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	79 000	
5 Gjöld samtals		**79 000**
00–201 Alþingi		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		50 000
5 20 Fasteignir	50 000	
Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	50 000	
5 Gjöld samtals		**50 000**
Samtals		129 000

01 Forsætisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		25 000
5 20 Stjórnarráðshús	25 000	
Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	25 000	
5 Gjöld samtals		**25 000**
01-190 Ýmis verkefni		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		9 000
1 90 Ýmis verkefni	9 000	
Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	9 000	
5 Gjöld samtals		**9 000**
01-221 Byggðastofnun		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		140 000
6 01 Byggðastofnun	140 000	
Gjöld samtals		140 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	140 000	
5 Gjöld samtals		**140 000**
Samtals		174 000

02 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–221 Kennaraháskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 10	Íslenska menntanetið	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
02–318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			21 000
6 50	Tölvubúnaður	21 000	
	Gjöld samtals		21 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	21 000	
5	Gjöld samtals		**21 000**
02–720 Grunnskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			239 000
1 41	Einkaskólar, rekstrarstyrkir	5 000	
1 90	Grunnskólar, óskipt	234 000	
	Gjöld samtals		239 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	119 000	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	15 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
5	Gjöld samtals		**239 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–972 Íslenski dansflokkurinn			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Íslenski dansflokkurinn	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**
02–982 Listir, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 500
1 31	Leikfélag Reykjavíkur	15 000	
1 80	Listahátíð í Reykjavík	3 500	
	Gjöld samtals		18 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	18 500	
5	Gjöld samtals		**18 500**
02–985 Alþjóðleg samskipti			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−18 700
1 91	Aðildargjöld ESB	−18 700	
	Gjöld samtals		−18 700
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	−18 700	
5	Gjöld samtals		**−18 700**
	Samtals		277 800

03 Utanríkisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
03–101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		21 500
1 01 Yfirstjórn	21 500	
Gjöld samtals		21 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	21 500	
5 Gjöld samtals		**21 500**
03–190 Ýmis verkefni		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		12 000
1 90 Ýmis verkefni	12 000	
Gjöld samtals		12 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	12 000	
5 Gjöld samtals		**12 000**
03–320 Sendiráð, almennt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		14 500
1 90 Rekstur, óskipt	14 500	
Gjöld samtals		14 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	14 500	
5 Gjöld samtals		**14 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–391	**Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			42 800
1 22	Aðstoð Íslands við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu	42 800	
	Gjöld samtals		42 800
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	42 800	
5	Gjöld samtals		**42 800**
03–401	**Alþjóðastofnanir**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 200
1 63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	2 100	
1 66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ	1 100	
	Gjöld samtals		3 200
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	3 200	
5	Gjöld samtals		**3 200**
	Samtals		94 000

04 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 500
1 16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4 000	
1 51	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	1 000	
1 90	Ýmis verkefni	1 500	
	Gjöld samtals		6 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	5 500	
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	1 000	
5	Gjöld samtals		**6 500**
04–801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			90 000
1 01	Beinar greiðslur til bænda	90 000	
	Gjöld samtals		90 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	90 000	
5	Gjöld samtals		**90 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–841 Fiskeldisrannsóknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 000
1 01	Fiskeldisrannsóknir	2 000	
	Gjöld samtals		2 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	2 000	
5	Gjöld samtals		**2 000**
	Samtals		98 500

05 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
05–204 Fiskistofa			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			44 500
1 11	Eftirlit með úthafsveiðum	44 500	
	Gjöld samtals		44 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	44 500	
5	Gjöld samtals		**44 500**
	Samtals		44 500

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
06–101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		4 000
1 01 Yfirstjórn	4 000	
Gjöld samtals		4 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	4 000	
5 Gjöld samtals		**4 000**
06–111 Kosningar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		3 500
1 10 Kosningar	3 500	
Gjöld samtals		3 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	3 500	
5 Gjöld samtals		**3 500**
06–232 Opinber réttaraðstoð		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		22 500
1 10 Opinber réttaraðstoð	20 000	
1 15 Réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga	2 500	
Gjöld samtals		22 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	20 000	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 500	
5 Gjöld samtals		**22 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 000
1 11	Meðdómsmenn	11 000	
	Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 000	
5	Gjöld samtals		**11 000**
06–325 Neyðarsímsvörun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 10	Neyðarsímsvörun	14 000	
	Gjöld samtals		14 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 000	
5	Gjöld samtals		**14 000**
06–390 Ýmis löggæslukostnaður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			11 200
1 10	Ýmis löggæslukostnaður	2 200	
1 11	Eftirlit með ökuritum	9 000	
Stofnkostnaður:			5 000
6 05	Búnaður til eftirlits með ökuritum	5 000	
	Gjöld samtals		16 200
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	2 200	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	14 000	
5	Gjöld samtals		**16 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–395 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**
06–397 Schengen samstarf			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 500
1 01	Schengen samstarf	4 500	
	Gjöld samtals		4 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5918 Til erlendra aðila	4 500	
5	Gjöld samtals		**4 500**
	Samtals		95 700

07 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–700 Málefni fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 200
1 50	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	10 200	
	Gjöld samtals		10 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 200	
5	Gjöld samtals		**10 200**
07–795 Framkvæmdasjóður fatlaðra			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			88 000
6 01	Framkvæmdasjóður fatlaðra	88 000	
	Gjöld samtals		88 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	88 000	
5	Gjöld samtals		**88 000**
07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	62 000	
	Gjöld samtals		62 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	62 000	
5	Gjöld samtals		**62 000**
	Samtals		160 200

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–201 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			32 500
1 01	Tryggingastofnun ríkisins	32 500	
	Gjöld samtals		32 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	32 500	
5	Gjöld samtals		**32 500**
08–206 Sjúkratryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			830 000
1 10	Sjúkratryggingar	830 000	
	Gjöld samtals		830 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	830 000	
5	Gjöld samtals		**830 000**
08–371 Ríkisspítalar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			200 000
1 01	Ríkisspítalar	200 000	
	Gjöld samtals		200 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	200 000	
5	Gjöld samtals		**200 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
08–375 Sjúkrahús Reykjavíkur		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		244 300
1 01 Sjúkrahús Reykjavíkur	244 300	
Stofnkostnaður:		15 000
6 01 Tæki og búnaður	15 000	
Gjöld samtals		259 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	230 000	
52–58 Önnur gjöld	29 300	
5 Gjöld samtals		**259 300**
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		11 000
1 53 Tóbaksvarnir	11 000	
Gjöld samtals		11 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	11 000	
5 Gjöld samtals		**11 000**
08–584 Heilsugæslustöðin Kópavogi		
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		14 400
6 21 Fasteignir	14 400	
Gjöld samtals		14 400
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	14 400	
5 Gjöld samtals		**14 400**
Samtals		1 347 200

09 Fjármálaráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
09–201 Ríkisskattstjóri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 000
1 01 Yfirstjórn	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
09–381 Uppbætur á lífeyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		70 000
1 01 Uppbætur á lífeyri	70 000	
Gjöld samtals		70 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	70 000	
5 Gjöld samtals		**70 000**
09–801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		10 850 000
1 10 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	750 000	
1 19 Innlausn spariskírteina	10 100 000	
Gjöld samtals		10 850 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 850 000	
5 Gjöld samtals		**10 850 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–989	**Launa- og verðlagsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			812 300
1 01	Rekstur	565 300	
1 90	Launa- og verðlagsmál	247 000	
Stofnkostnaður:			1 022 600
6 01	Stofnkostnaður	1 022 600	
	Gjöld samtals		1 834 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	−100 900	
52–58	Önnur gjöld	1 154 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	781 100	
5	Gjöld samtals	1 834 900	
4	Sértekjur	−36 100	
	Mismunur		**1 871 000**
09–999	**Ýmislegt**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			250 000
1 70	Aðstoð vegna snjóflóðs í Súðavík	183 000	
1 71	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri	67 000	
	Gjöld samtals		250 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	250 000	
5	Gjöld samtals		**250 000**
	Samtals		13 051 000

10 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–211 Vegagerðin			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			277 000
6 10	Nýframkvæmdir	277 000	
	Gjöld samtals		277 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	277 000	
5	Gjöld samtals		**277 000**
10–471 Flugmálastjórn			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			87 000
6 51	Flugvél	87 000	
	Gjöld samtals		87 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	87 000	
5	Gjöld samtals		**87 000**
10–472 Flugvellir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			80 000
6 80	Flugvellir, framkvæmdir	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	80 000	
5	Gjöld samtals	80 000	
4	Sértekjur	80 000	
	Samtals		364 000

11 Iðnaðarráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		1 700
1 15 Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	1 700	
Gjöld samtals		1 700
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5918 Til erlendra aðila	1 700	
5 Gjöld samtals		**1 700**
11–399 Ýmis orkumál		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		17 500
1 17 Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	17 500	
Gjöld samtals		17 500
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	17 500	
5 Gjöld samtals		**17 500**
Samtals		19 200

14 Umhverfisráðuneyti

	Þús. kr.	Þús. kr.
14–221 Hollustuvernd ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 300
1 01 Hollustuvernd ríkisins	5 300	
Gjöld samtals		5 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	5 300	
5 Gjöld samtals		**5 300**
14–410 Veðurstofa Íslands		
Viðfangsefni:		
Viðhaldsverkefni:		10 000
5 20 Viðhald fasteigna	10 000	
Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	10 000	
5 Gjöld samtals		**10 000**
Samtals		15 300

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Forsendur fjárlaga. Fjárlög ársins 1996 báru með sér glögg merki um að ríkisfjármálin væru að færast í betra horf. Tveir þættir höfðu þar einna mesta þýðingu. Í fyrsta lagi voru horfur á að efnahagslífið héldi áfram að rétta sig við eftir langvinnt erfiðleikatímabil, sem einkenndist ýmist af samdrætti eða kyrrstöðu allt frá miðjum síðasta áratug fram til ársins 1994. Þannig gerði þjóðhagsáætlun ársins 1996 ráð fyrir að vöxtur landsframleiðslu yrði 3,2% jafnframt því að atvinnuástand færi batnandi og stöðugleiki héldist í verðlagsmálum. Reiknað var með 16,3% aukningu fjárfestingar í einkageiranum, m.a. vegna stækkunar álvers, og að hlutur hennar í hagvexti yrði þar með heldur meiri en vöxtur einkaneyslu, sem áætlaður var 4,2%. Þá var talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast um 3,5%. Forsendur launaþróunar, þ.m.t. hjá ríkissjóði, voru álitnar vera fremur traustar þar sem vel flest stéttarfélög í landinu höfðu fyrir setningu fjárlaga gert kjarasamninga sem gilda til loka ársins 1996. Að samanlögðu voru þessar horfur í efnahagsmálum taldar skila ríkissjóði tekjuaukningu sem næmi um 6,5 milljörðum króna miðað við árið 1995.

Í annan stað báru fjárlög ársins 1996 merki um þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að nýta tekjuaukann til þess að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og ná jafnvægi í ríkisfjármálum á tveimur árum. Meginmarkmið fjárlaganna var að lækka halla ríkissjóðs í innan við 4 milljarða króna í lok ársins 1996 þannig að hann yrði rúmlega helmingi minni en áætlaður halli ársins 1995. Til þess að ná því markmiði var megináherslan lögð á að sporna gegn aukningu útgjalda umfram óhjákvæmileg áhrif kjarasamninga ársins 1995. Í því skyni var fyrirhugað að draga úr sjálfvirkni í vexti útgjalda á sviði heilbrigðis- og tryggingamála jafnframt því að áfram yrði beitt almennu aðhaldi í rekstrarframlögum ríkisstofnana. Þá voru framlög til stofnkostnaðar lækkuð um rúmlega 2,5 milljarða króna milli ára, m.a. í ljósi fyrirsjáanlegrar aukningar í fjárfestingu fyrirtækja. Að samanlögðu var gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 lækkuðu um 2% að raungildi frá áætlun ársins 1995 og yrðu alls 124,8 milljarðar króna.

Endurskoðaðar afkomuhorfur. Endurmat á áætlun um framvindu ríkisfjármála á árinu bendir til að framangreind áform muni ná fram að ganga í stórum dráttum. Rekstrarhalli ríkissjóðs árið 1996 er nú talinn verða 2,7 milljarðar króna eða um 1,2 milljörðum króna lægri en reiknað var með í fjárlögum. Gangi þetta eftir verður að fara allt aftur til ársins 1984 til að finna betri rekstrarafkomu hjá ríkissjóði.

Í þessu mati á útkomu ársins eru undanskilin áhrif af sérstakri innköllun sl. sumar á nokkrum stórum flokkum spariskírteina, sem báru afar háa vexti auk verðtryggingar, eins og nánar er greint frá í athugasemdum við 3. grein frumvarpsins. Áætlað er að með þessari aðgerð muni vaxtaútgjöld ríkissjóðs lækka alls um 2 milljarða króna á næstu þremur árum. Fyrir vikið færist hins vegar 10,1 milljarður króna til bókar á greiðslugrunni yfirstandandi árs vegna vaxta og verðbóta af innleystu skírteinunum.

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1995	Fjárlög 1996	Áætlun 1996	Breyting frá fjárl.
Tekjur	114.413	120.865	125.987	5.122
Gjöld	123.344	124.816	138.800	13.984
Gjöld án áhrifa innköllunar á vaxtagjöld	-	-	*128.700*	*3.884*
Rekstrarafkoma	**-8.931**	**-3.951**	**-12.813**	**-8.862**
Rekstrarafkoma án áhrifa innköllunar á vaxtagjöld	-	-	*-2.713*	*1.238*
Veitt lán, nettó	-9.133	850	-1.620	-2.470
Hluta- og stofnfjárframlög	-75	-500	-300	200
Viðskiptareikningar	-451	-500	-500	-
Hrein lánsfjárþörf	**-18.590**	**-4.101**	**-15.233**	**-11.132**
Hrein lánsfjárþörf án áhrifa innköllunar á vaxtagjöld	-	-	*-5.133*	*-1.032*
Lántökur, nettó	**17.807**	**4.140**	**14.500**	**10.360**
Innlend lántaka – afborganir	2.193	-	6.900	-
Erlend lántaka – afborganir	15.614	-	7.600	-
Greiðsluafkoma	**-783**	**39**	**-733**	**-772**

Helstu frávik tekna og gjalda. Þótt rekstrarafkoma ríkissjóðs verði betri í ár en gert var ráð fyrir verða engu að síður ýmsar veigamiklar breytingar frá forsendum fjárlaga, bæði tekju- og gjaldamegin.

Nú er talið að tekjur ársins 1996 verði nærri 126 milljarðar króna, eða um 5,1 milljarði meiri en samkvæmt fjárlögum. Valda þar mestu veltuáhrif af meiri umsvifum í efnahagslífinu en reiknað hafði verið með, einkum aukinn fiskafli, meiri kaupmáttur heimilanna og minna atvinnuleysi. Þannig er nú gert ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 5,5% í stað 3,2% í fyrri áætlunum og að einkaneysla aukist um 7% í stað 4,2%. Aukin umsvif í þjóðarbúskapnum eru ein og sér talin skila ríkissjóði nálægt 4 milljarða króna tekjuauka á árinu, en þeirra áhrifa gætir einkum í tekjuskatti einstaklinga, tryggingagjaldi og gjöldum af innflutningi bifreiða. Afganginn má að mestu rekja til aukinna tekna af sölu áfengis og tóbaks, sem að stórum hluta skýrast raunar af tilfærslu tekna frá árinu 1995, og til aukinna vaxtatekna.

Á gjaldahlið stefnir í heldur minna frávik en á tekjuhlið. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 verði um 128,7 milljarðar króna, að undanskildum áhrifum af innlausn spariskírteina, eða 3,9 milljörðum króna hærri en í fjárlögum.

Aukning útgjaldanna stafar að stærstum hluta af fremur fáum en veigamiklum útgjaldatilefnum, sem flest tengjast sparnaðaráformum sem ekki ganga eftir, ákvörðunum stjórnvalda um ný verkefni og ófyrirséðum eða vanáætluðum útgjöldum. Að frátöldum framangreindum áhrifum af innköllun spariskírteina vega umframgjöld sjúkratrygginga þyngst í útgjaldaaukningunni, en útlit er fyrir að þau verði 830 m.kr. á árinu. Þá er áætlað að vaxtagjöld verði um 750 m.kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Aukin framlög til að mæta rekstrarhalla heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrahúsa í Reykjavík, nema um 500 m.kr. Fyrirhugað er að 280 m.kr. aukning í mörkuðum tekjustofnum vegáætlunar renni til vegaframkvæmda. Viðbótarútgjöld vegna aðstoðar við íbúa Súðavíkur og Flateyrar í kjölfar snjóflóða nema 250 m.kr. Gert er ráð fyrir að verja jafn hárri fjárhæð til að bæta stofnunum áhrif kjarasamninga sem ekki voru komin fram við setningu fjárlaga. Þá þarf ríkissjóður að

leggja til 240 m.kr. vegna uppgjörs á rekstrarhalla grunnskóla o.fl. í tengslum við flutning skólanna til sveitarfélaga. Flýting viðhaldsframkvæmda við húseignir Alþingis og endurbætur í húsnæðismálum forsetaembættis og forsætisráðuneytis hafa í för með sér um 150 m.kr. viðbótarútgjöld. Loks má nefna 140 m.kr. aukaframlag til Byggðastofnunar vegna erfiðleika í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum og á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárrækt hefur verið hvað mestur. Á móti vegur að reiknað er með að í lok ársins falli niður nærri 300 m.kr. af ónotuðum fjárheimildum. Þar er um að ræða nokkra stóra liði þar sem nýting fjárveitinga er jafnan háð nokkurri óvissu, s.s. útgjöld samkvæmt heimildum í 6. grein fjárlaga.

Helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum 1996, m.kr.

	Tekjur:	
1.	**Tekju- og launaskattar**	**3.360**
2.	**Sala áfengis og tóbaks**	**700**
3.	**Bifreiðagjöld**	**260**
4.	**Vaxtatekjur og arðgreiðslur**	**680**
5.	**Önnur atriði**	**100**
	Heildarfrávik tekna frá fjárlögum	**5.100**
	Gjöld:	
1.	**Heilbrigðismál**	**1.350**
	– Sjúkratryggingar	830
	– Rekstrarhalli sjúkrahúsa í Reykjavík	430
	– Önnur heilbrigðismál	90
2.	**Vaxtagjöld**	**750**
3.	**Stofnkostnaður**	**660**
	– Vegagerð	280
	– Endurbætur húsnæðis forsetaembættis, Alþingis og forsætisráðuneytis	150
	– Byggðastofnun	140
	– Flugvél Flugmálastjórnar	90
4.	**Ný útgjaldatilefni og ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis**	**1.390**
	– Aðstoð vegna snjóflóða á Súðavík og Flateyri	250
	– Launabætur til stofnana vegna áhrifa kjarasamninga	250
	– Uppgjör á grunnskóla vegna flutnings til sveitarfélaga	240
	– Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	90
	– Annað	560
5.	**Ónotaðar fjárheimildir sem falla niður í árslok**	**-270**
6.	**Innköllun spariskírteina**	**10.100**
	Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**14.000**
	Frávik gjalda án áhrifa innköllunar á spariskírteinum	***3.900***

Fjárheimildir og umframgjöld sem flytjast milli ára. Til viðbótar nýjum fjárheimildum fyrir framangreindum útgjaldatilefnum, sem alls nema 4,2 milljörðum króna, er lagt til í frumvarpinu að fjárveitingar gildandi fjárlaga verði hækkaðar sem nemur óhöfnum fjárheimildum í árslok 1995 og lækkaðar sem nemur umfram-

gjöldum á árinu 1995. Nettóhækkun framlaga í frumvarpinu vegna stöðu fjárlagaliða gagnvart eldri heimildum í árslok 1995 er 1,6 milljarðar króna. Þar við bætist fjárheimild á vaxtagjaldalið, 10,1 milljarður króna, vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina. Að samanlögðu nema nýjar heimildir ársins 1996 og yfirfærð staða frá árinu 1995 því um 15,9 milljörðum króna í frumvarpi til fjáraukalaga 1996.

Á sama hátt er gert ráð fyrir að í lok yfirstandandi árs hafi myndast sambærilegar afgangsheimildir og umframgjöld, sem leitað verði staðfestingar á með frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1997. Eins og áður getur eru þó horfur á að fjárheimildir sem nema tæplega 300 m.kr. falli niður ónotaðar í árslok. Miðast greiðsluáætlun ársins 1996 því við að greidd útgjöld umfram forsendur fjárlaga verði um 14 milljarðar króna á árinu, þ.e. sem nemur nýjum fjárheimildum að frádregnum niðurfelldum heimildum í árslok.

Lánahreyfingar. Betri rekstrarafkoma ríkissjóðs en miðað var við í fjárlögum dregur úr lánsfjárþörf sem nemur um 1,2 milljörðum króna. Á hinn bóginn munu lánveitingar aukast um 2,3 milljarða króna þar sem ríkissjóður hefur þurft að hafa milligöngu um lántökur Húsnæðisstofnunar ríkisins til að mæta fjárþörf Byggingasjóðs ríkisins með sölu skuldabréfa á markaði. Þau endurlán hafa þó engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila. Að auki mun ríkisjóður lána Speli ehf. 400 m.kr., sem varið verður til framkvæmda við vegtengingar Hvalfjarðarganga. Að teknu tilliti til þessara breytinga og nokkurrar aukningar í innheimtum afborgunum er áætlað að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði rúmlega 1 milljarði króna umfram forsendur fjárlaga. Þá hafði sérstök innlausn spariskírteina sl. sumar í för með sér að endurfjármagna þurfti með lántökum um 17,3 milljarða króna, eða um 10,1 milljarð króna vegna vaxta og verðbóta og rúmlega 7 milljarða króna vegna fullnaðarafborgunar á höfuðstól. Að meðtaldri þessari endurfjármögnun er reiknað með að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1996 verði um 19 milljarðar króna umfram fjárlög, eða alls 44 milljarðar króna.

Tekjur

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 120,9 milljarðar króna. Frá því að sú áætlun var gerð í lok ársins 1995 hafa ýmsar forsendur breyst. Kaupmáttur heimila hefur aukist í kjölfar aukinna útflutningstekna, lækkunar tekjuskatts vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda og meiri umsvifa almennt. Þessi áhrif leiða til aukningar bæði í launasköttum vegna meiri tekjubreytinga og í veltusköttum, einkum af innflutningi, og hækka tekjurnar um liðlega 4 milljarða króna. Þá bendir ýmislegt til þess að aukið framboð á lánsfé eigi einnig hlut að máli. Auknar vaxtatekjur og ýmsir aðrir þættir bæta tekjuhliðina enn frekar um allt að 1 milljarð króna þrátt fyrir neikvæð greiðsluáhrif af breytingum vörugjalds. Allt bendir því til þess að tekjur ríkissjóðs verði 5 milljörðum meiri á árinu 1996 en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum, eða í kringum 126 milljarðar króna.

Breyttar þjóðhagsforsendur árið 1996

Magnbreytingar, %	Fjárlög	Endurmat	Frávik
Einkaneysla	4,2	7,0	2,8
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	5,6	8,7	3,1
Landsframleiðsla	3,2	5,5	2,3
Ráðstöfunartekjur á mann	6,3	7,2	0,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,5	4,6	1,1

Sem fyrr segir endurspeglast breyttar þjóðhagsforsendur einkum í viðbótartekjum af staðgreiðslu tekjuskatts og betra atvinnuástandi. Þannig má búast við að tekjuskattur einstaklinga skili rúmlega 3 milljörðum króna umfram áætlun fjárlaga. Sömu skýringar liggja að baki tæplega 300 m.kr. hækkun tekna af tryggingagjaldi.

Þá aukast tekjur af virðisaukaskatti og öðrum veltutengdum sköttum um liðlega 1 milljarð króna. Fyrst ber að nefna auknar tekjur af sölu áfengis og tóbaks, samtals um 700 m.kr. Tveir þriðju hlutar þeirrar aukningar, eða rúmlega 400 m.kr, skýrast af tilfærslu tekna frá árinu 1995. Greiðsluáhrif af breyttri álagningu vörugjalds eru talin skerða tekjurnar um 600 m.kr. á þessu ári en þau eru að mestu vegin upp af auknum bifreiðainnflutningi. Tekjur af virðisaukaskatti hækka nokkru minna en almenn velta. Hér kemur ýmislegt til, svo sem aukin fjárfesting fyrirtækja, sem skapar ákveðna töf í innheimtu, lægri álagning vegna harðnandi samkeppni og auknar endurgreiðslur, svo eitthvað sé nefnt. Einnig bendir flest til þess að innheimta á bifreiðagjöldum, þ.e. bensíngjaldi og þungaskatti, verði verulega meiri á þessu ári en í áætlun fjárlaga. Skýringin liggur einkum í betri skilum þungaskatts, auk gjaldskrárhækkunar, bæði á bensíngjaldi og þungaskatti, sem ekki var reiknað með við gerð fjárlaga. Að lokum verða vaxtatekjur um 400 m.kr. hærri á þessu ári en miðað var við, auk þess sem sala ríkiseigna og arðgreiðslur skila heldur meiri tekjum.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1995	Fjárlög 1996	Áætlun 1996	Breyting frá fjárl.	Breyting frá fjárl. í %
Tekju- og eignarskattar	**20.992**	**21.850**	**24.965**	**3.115**	**14,3**
Einstaklingar	16.750	17.250	20.515	3.265	18,9
Fyrirtæki	4.242	4.600	4.450	-150	-3,3
Tryggingagjöld, launaskattar	**11.453**	**12.865**	**13.122**	**257**	**2,0**
Eignarskattar	**3.627**	**3.565**	**3.635**	**70**	**2,0**
Skattar á vörur og þjónustu	**69.929**	**74.655**	**75.655**	**1.000**	**1,3**
Virðisaukaskattur	42.358	45.820	46.000	180	0,4
Innflutnings- og vörugjöld	8.832	9.441	9.377	-64	-0,7
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.148	6.500	7.200	700	10,8
Bifreiðagjöld	8.607	8.825	9.088	263	3,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	3.984	4.069	3.990	-79	-1,9
Aðrar tekjur	**8.412**	**7.930**	**8.610**	**680**	**8,6**
Vaxtatekjur	5.139	5.200	5.605	405	7,8
Arðgreiðslur o.fl.	3.273	2.730	3.005	275	10,1
Heildartekjur ríkissjóðs	**114.413**	**120.865**	**125.987**	**5.122**	**4,2**

Útgjöld

Að undanförnu hefur fjármálaráðuneytið í samvinnu við önnur ráðuneyti farið yfir erindi um auknar fjárveitingar í fjáraukalögum og lagt mat á fjárvöntun einstakra verkefna. Þá hefur áætlun um útgjöld ríkissjóðs á yfirstandandi ári verið endurskoðuð í ljósi þeirra upplýsinga vegna undirbúnings fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997. Sú endurskoðun bendir til að útgjöldin verði um 128,7 m.kr. á árinu, eða um 3,9 milljörðum króna hærri en samkvæmt fjárlögum. Að teknu tilliti til áhrifa áðurnefndrar innköllunar á spariskírteinum verða útgjöldin 138,8 milljarðar króna, eða 14 milljörðum króna umfram fjárlög. Er þá miðað við að tæplega 300 m.kr. af heimildum fjárlaga komi ekki til greiðslu á árinu. Til skýringar er rétt að benda á að greiðsluheimildirnar sem sótt er um í frumvarpinu eru um 1,6 milljarði króna hærri vegna ráðstöfunar á afgangsheimildum og umframgjöldum frá liðnu ári.

Áætluð útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1995	Fjárlög 1996	Áætlun 1996	Breyting frá fjárl.	Breyting frá fjárl. í %
Rekstrarkostnaður	**47.803**	**50.598**	**51.830**	**1.232**	**2,4**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	**47.899**	**48.438**	**49.680**	**1.242**	**2,6**
Lífeyristryggingar	17.180	17.765	17.800	35	0,2
Sjúkratryggingar	10.613	10.325	11.200	875	8,5
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.166	5.164	5.250	86	1,7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.057	2.161	2.223	62	2,9
Uppbætur á lífeyri	777	960	1.030	70	7,3
Annað	12.106	12.063	12.177	114	0,9
Vaxtagjöld	**12.440**	**13.050**	**23.900**	**10.850**	**83,1**
Vaxtagreiðslur vegna innköllunar	-	-	10.100	-	-
Aðrar vaxtagreiðslur	12.440	13.050	13.800	750	5,7
Viðhald	**3.981**	**3.688**	**3.690**	**2**	**0,1**
Stofnkostnaður	**11.221**	**9.042**	**9.700**	**658**	**7,3**
Vegamál	4.380	3.444	3.723	279	8,1
Flugmál	363	203	283	80	39,4
Menningarbyggingar	270	367	290	-77	-21,0
Byggðastofnun	484	218	358	140	64,2
Annað	5.724	4.810	5.046	236	4,9
Samtals	**123.344**	**124.816**	**138.800**	**13.984**	**11,2**

Rekstrarkostnaður verður 1,2 milljörðum króna hærri á árinu 1996 en gert var ráð fyrir í fjárlögum, ef svo fer fram sem horfir. Á föstu verðlagi mun rekstrarkostnaður ríkisins þó lækka lítillega miðað við útkomu síðasta árs. Viðbótargjöldin skýrast að mestu af þremur stórum útgjaldatilefnum. Þar bera hæst 430 m.kr. útgjöld vegna hallareksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Gert hefur verið sérstakt samkomulag milli fjármálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar í því skyni að ná fram hagræðingu í starfseminni með aukinni verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna. Í annan stað er gert ráð fyrir að stofnunum verði lagðar til 250 m.kr. í launabætur vegna áhrifa kjarasamninga og kjaraúrskurða sem ekki voru komin

fram fyrir afgreiðslu fjárlaga. Um tveir þriðju hlutar þeirrar fjárhæðar eru vegna úrskurðar um launahækkun lögreglumanna og tollvarða umfram kjarasamninga. Í þriðja lagi er fyrirhugað að gera upp 240 m.kr. rekstrarhalla grunnskóla frá þessu ári og því síðasta vegna yfirfærslu skólanna til sveitarfélaga á árinu. Önnur útgjaldatilefni eru minni og snúa í flestum tilvikum annað hvort að ákvörðunum stjórnvalda um ný verkefni eða að skuldbindingum sem leiða af lagasetningu Alþingis, eins og nánar er greint frá í athugasemdum um einstakar tillögur í 3. grein frumvarpsins.

Neyslu- og rekstrartilfærslur eru áætlaðar um 1,2 milljörðum króna hærri en í fjárlögum. Að stærstum hluta er þar um að ræða 800-900 m.kr. umframgjöld sjúkratrygginga vegna ýmissa frávika frá áformum og forsendum fjárlaga. Þá falla til 250 m.kr. vegna ákvarðana stjórnvalda um aðstoð við sveitarfélögin á Súðavík og Flateyri í kjölfar náttúruhamfaranna sem þar urðu á síðasta ári. Þá má nefna að hækkun á grundvallarverði og greiðslumarki mjólkur samkvæmt ákvæðum búvörusamnings leiðir til 90 m.kr. hækkunar á beingreiðslum.

Vextir eru taldir verða 750 m.kr. umfram viðmiðun fjárlaga, en þar af eru 500 m.kr. vegna erlendra langtímalána og 250 m.kr. vegna innlendrar skammtímafjáröflunar. Þar við bætist að 10,1 milljarður króna bókfærist sem vaxtagreiðslur í greiðslugrunni þessa árs vegna sérstakar innköllunar á spariskírteinum, eins og nánar er vikið að annars staðar í greinargerð frumvarpsins.

Viðhald og stofnkostnaður stefna í að verða tæplega 700 m.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegur þyngst 280 m.kr. aukning markaðra tekna vegáætlunar. Þá renna 140 m.kr. til Byggðastofnunar til að mæta aðsteðjandi vanda í atvinnulífi annars vegar á Vestfjörðum og hins vegar á sauðfjárræktarsvæðum. Um 150 m.kr. af útgjaldaaukanum skýrast af framkvæmdum við endurbætur í húsnæðismálum Alþingis, forsetaembættis og forsætisráðuneytis.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld frá árinu 1995. Líkt og undanfarin ár er gert ráð fyrir að með frumvarpinu verði gerðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum þessa árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum í lok síðasta árs. Meginatriðin í fyrirkomulagi þessara fjárráðstafana eru rakin hér á eftir.

Í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1995, eftir að endanlegt greiðsluuppgjör hafði farið fram, var leitað eftir fjárheimildum vegna allra umframgreiðslna ráðuneyta á því ári. Í fylgiskjali með frumvarpinu voru jafnframt kynntar tillögur um fyrirhugaðar hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs með tilliti til óhafinna fjárveitinga og umframgjalda í lok liðins árs. Á því stigi voru tillögurnar einungis lagðar fram til kynningar og voru ekki hluti af heimildarákvæðum frumvarpsins. Þar sem fjárveitingar fjárlaga ársins 1995 gilda aðeins fyrir það ár eru þær tillögur nú fluttar óbreyttar í 2. gr. þessa frumvarps og koma þannig til ákvörðunar á Alþingi á sama hátt og aðrar heimildir frumvarpsins. Tillögurnar byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er horft til þess hvort útgjöld eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða eru fremur á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan er að umframgjöldum og óhöfnum fjárheimildum í rekstri er ráðstafað til næsta árs. Sama

gildir um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar viðkomandi framkvæmdum er ólokið. Á tilfærsluliðum er hins vegar almennt lagt til að umframgjöld og ónotaðar fjárveitingar falli niður, enda eru þær greiðslur í flestum tilvikum lög- eða samningsbundnar. Í reynd eru fjárheimildir því ekki yfirfærðar eða fluttar sjálfkrafa milli ára, heldur ákvarðar Alþingi breytingar á gildandi fjárlögum með hliðsjón af greiðslustöðu liða í lok liðins árs og að fengnum tillögum fjármálaráðherra. Hefur þetta fyrirkomulag, líkt og í mörgum öðrum löndum, aukið ráðdeild í ríkisrekstrinum og stuðlað að agaðri fjármálastjórn ráðuneyta og stofnana.

Skipting tillagna um hækkanir og lækkanir á fjárveitingum yfirstandandi árs eftir ráðuneytum og hagrænni flokkun kemur fram í meðfylgjandi yfirliti. Þar hefur verið tekið tillit til breytinga á framsetningu fjárlagaliða innan og milli ráðuneyta í fjárlögum 1996, sem í nokkrum tilvikum hefur áhrif á heildarfjárhæðir ráðuneyta.

Breytingar framlaga 1996 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1995

Greiðslugrunnur, þús. kr.	Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald
00 Æðsta stjórn	10.715	614	10.110	-
01 Forsætisráðuneyti	4.660	6.368	-680	77.553
02 Menntamálaráðuneyti	183.170	300.499	72.874	337.590
03 Utanríkisráðuneyti	-	54.533	182.370	72.333
04 Landbúnaðarráðuneyti	16.207	25.808	92.257	-7.174
05 Sjávarútvegsráðuneyti	65.019	14.255	11.293	9.500
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	123.664	122.696	2.678	90.654
07 Félagsmálaráðuneyti	72.942	53.257	72.422	165.566
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	123.815	157.082	99.017	123.205
09 Fjármálaráðuneyti	122.795	13.898	6.581	123.293
10 Samgönguráðuneyti	29.705	10.269	22.555	28.543
11 Iðnaðarráðuneyti	5.899	17.937	31.700	-
12 Viðskiptaráðuneyti	5.451	7.771	999	-
13 Hagstofa Íslands	11.489	9.274	-	-
14 Umhverfisráðuneyti	35.104	19.475	300	1.574
Samtals	**810.635**	**813.736**	**604.476**	**1.022.637**

Í frumvarpinu er lagt til að framlög til rekstrar samkvæmt fjárlögum ársins 1996 verði aukin um 811 m.kr. vegna afgangsheimilda liðins árs, en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 814 m.kr. vegna umframgjalda sama árs. Afgangur á tilfærsluframlögum síðasta árs sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 604 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar ársins 1995 til viðhalds og stofnkostnaðar 1.023 m.kr. Sótt er um þessar breytingar á fjárveitingum í einu lagi undir liðnum *09-989 Launa- og verðlagsmál* í frumvarpinu, en í fylgiskjali 1 er sýnd sundurliðun eftir málefnaflokkum og einstökum fjárlagaliðum. Nánari umfjöllun um ráðstöfun á afgangsheimildum og umframgjöldum einstakra fjárlagaliða milli áranna 1995 og 1996 er að finna í frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1995.

Lánahreyfingar

Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs var áætluð 4,1 milljarður króna í fjárlögum ársins 1996. Eins og nú horfir er hins vegar gert ráð fyrir að hrein lánsfjárþörf verði 11,1 milljarði króna hærri en í fjárlögum, eða alls 15,2 milljarðar króna. Af þeirri viðbót skýrist 10,1 milljarður króna af vöxtum og verðbótum sem bókfærast í greiðslugrunn þessa árs í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda sl. sumar um að segja upp þremur eldri flokkum spariskírteina með óhagstæðum vaxtakjörum, samtals að fjárhæð 17,3 milljarðar króna. Þá er reiknað með að lánveitingar aukist um 3,7 milljarða króna frá fjárlögum. Þar af eru 2,3 milljarðar króna vegna samnings sem fjármálaráðuneytið gerði við Húsnæðisstofnun ríkisins um að ríkissjóður afli Byggingarsjóði ríkisins lánsfjár á árinu 1996. Þá eru 400 m.kr. af viðbótarlánveitingunum vegna láns til Spalar ehf., sem varið verður til vegtenginga við Hvalfjarðargöng. Á móti þessum hreyfingum vegur að útlit er fyrir að innheimtar afborganir hækki um 1,2 milljarða króna frá fjárlögum og að nettóaukning lánveitinga verði því um 2,5 milljarðar króna. Einnig verða stofnfjárframlög 200 m.kr. lægri en í fjárlögum. Betri rekstrarafkoma ríkissjóðs en gert var ráð fyrir dregur síðan úr hreinni lánsfjárþörf sem nemur 1,2 milljörðum króna.

Afborganir af eldri lánum voru áætlaðar 21,2 milljarðar króna í fjárlögum en nú stefnir í að þær verði um 7,6 milljörðum hærri og eykst heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs sem því nemur. Aukningin stafar nær öll af endurgreiðslu höfuðstóls vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina á árinu.

Lánahreyfingar og lánsfjárþörf ríkissjóðs

Greiðslugrunnur, m.kr.	Greiðslur 1995	Fjárlög 1996	Áætlun 1996	Breyting frá fjárl.	Breyting frá fjárl. í %
Rekstrarafkoma	**-8.931**	**-3.951**	**-12.813**	**-8.862**	**224,3**
Rekstrarafkoma án áhrifa innköllunar	-	-	*-2.713*	*1.238*	*-31,3*
Lánveitingar, nettó	**-9.133**	**850**	**-1.620**	**-2.470**	**-290,6**
Lánveitingar	-17.036	-5.320	-8.980	-3.660	68,8
Innheimtar afborganir	7.903	6.170	7.360	1.190	19,3
Hluta- og stofnfjárframlög	**-75**	**-500**	**-300**	**200**	**-40,0**
Viðskiptareikningar	**-451**	**-500**	**-500**	**-**	**-**
Hrein lánsfjárþörf	**-18.590**	**-4.101**	**-15.233**	**-11.132**	**271,4**
Hrein lánsfjárþörf án áhrifa innköllunar	-	-	*-5.133*	*-1.032*	*25,2*
Afborganir	**-17.780**	**-21.160**	**-28.750**	**-7.590**	**35,9**
Spariskírteini	-7.323	-7.300	-14.450	-7.150	97,9
Önnur innlend lán	-3.722	-4.730	-4.830	-100	2,1
Erlend lán	-6.735	-9.130	-9.470	-340	3,7
Heildarlánsfjárþörf	**-36.370**	**-25.261**	**-43.983**	**-18.722**	**74,1**
Lántökur	**35.587**	**25.300**	**43.900**	**18.600**	**73,5**

Athugasemdir við einstaka fjárlagalið, sbr. 3. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 129 m.kr.

101 Embætti forseta Íslands. Sótt er um auknar fjárveitingar sem samtals nema 79 m.kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða heimild fyrir 74 m.kr. útgjöldum vegna flutnings skrifstofu forsetaembættisins úr Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg að Sóleyjargötu 1 í Reykjavík. Annars vegar eru 36 m.kr. til kaupa á sjálfri húseigninni. Hins vegar eru 38 m.kr. til lagfæringa á húsnæðinu. Framkvæmdar voru gagngerar endurbætur á innréttingum, auk þess sem kaupa þurfti ýmsan tækjabúnað, svo sem öryggiskerfi. Í annan stað er gerð tillaga um 5 m.kr. viðbótarframlag til þess að jafna rekstrarhalla á fyrri árshelmingi áður en nýkjörinn forseti tók við embættinu.

201 Alþingi. Fyrr á þessu ári ákvað forsætisnefnd Alþingis að ljúka í einum áfanga framkvæmdum við endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10 og smíði tengibygginga milli húsanna, í stað þess að skipta verkinu í tvo áfanga, eins og gert hafði verið ráð fyrir við setningu fjárlaga. Framkvæmdakostnaður í ár er áætlaður 94 m.kr., en þar af eru 10 m.kr. vegna skrifstofubúnaðar, húsgagna og flutninga. Framlag í fjárlögum er 44 m.kr. Farið er fram á viðbótarfjárveitingu til þess að gera upp allan kostnaðinn í ár, eða 50 m.kr. Til framkvæmdanna hafa þegar verið veittar 84 m.kr., þar af 20 m.kr. í fjáraukalögum ársins 1995, og verður heildarframlagið þannig orðið 134 m.kr. Fjárveiting til verkefnisins í gildandi fjárlögum fellur því niður í fjárlagafrumvarpi ársins 1997.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 174 m.kr.

101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa. Fyrirhugað er að hefja endurbætur á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg í kjölfar flutnings skrifstofu forseta Íslands í annað húsnæði. Gerð er tillaga um 25 m.kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

190 Ýmis verkefni. Leitað er eftir 9 m.kr. viðbótarframlagi vegna aukinnar áherslu á útboðs- og einkavæðingarverkefni á þessu ári. Framlagið er ætlað til að standa straum af úttektum verðbréfafyrirtækja, aðkeyptri sérfræðiþjónustu og kynningarátaki um verklagsreglur einkavæðingar.

221 Byggðastofnun. Lagt er til að veitt verði 140 m.kr. aukaframlag til stofnunarinnar af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða 60 m.kr. viðbót við 300 m.kr. framlag sem veitt var með fjáraukalögum ársins 1994, í samræmi við lög

nr. 96/1994, til þess að gera Byggðastofnun kleift með víkjandi lánum að stuðla að samruna fyrirtækja á Vestfjörðum. Framlagið nú er ætlað til sambærilegra aðgerða vegna erfiðleika í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum, enda uppfylli viðkomandi fyrirtæki sömu skilyrði og sett voru fyrir fyrri lánveitingum á grundvelli áðurnefndra laga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 80 m.kr. framlagi sem renni til afskriftasjóðs Byggðastofnunar til að uppfylla bókanir í viðauka II við fyrri búvörusamning frá árinu 1991. Er þeim fjármunum ætlað að standa straum af stuðningi stofnunarinnar við atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu hefur verið mestur undanfarin ár.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 277,8 m.kr.

221 Kennaraháskóli Íslands. Farið er fram á 10 m.kr. aukafjárveitingu. Með kaupum á eignum og rekstri Íslenska menntanetsins ehf., sbr. skýringar við næsta fjárlagalið, var Kennaraháskóla Íslands falið að taka við þeim rekstri tölvunetsins fyrir skólakerfið sem fyrirtækið hafði með höndum áður, að undanskildri þjónustu við einkaaðila sem felld var niður. Leggja þurfti í kostnað við yfirtökuna vegna breytinga á húsnæði, sérfræðiaðstoðar, tölvukaupa og undirbúningsvinnu. Sá kostnaður féll til í eitt skipti en rekstrinum er að öðru leyti ætlað að standa undir sér með þjónustutekjum frá skólum.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Fyrirtækið Íslenska menntanetið ehf. vann að því undanfarin ár að tengja skóla landsins saman í eitt tölvunet, sem nú þjónar þeim m.a. til fjarkennslu, samstarfs innbyrðis og samskipta við sambærileg tölvunet erlendra skóla. Fjárhagsstaða fyrirtækisins var hins vegar orðin afar erfið og blasti við að ef rekstur þess hefði komist í þrot hefði þessi netþjónusta skólanna stöðvast, þ.m.t. fjarnám um 300 nemenda. Í samræmi við niðurstöður skýrslu um stöðu fyrirtækisins og framtíðarhorfur tölvunetsins, og í samráði við ríkisstjórnina, ákvað menntamálaráðuneytið sl. sumar að ganga til kaupa á eignum og rekstri Íslenska menntanetsins. *Kennaraháskóla Íslands* hefur verið falið að annast starfsemina eftirleiðis. Sótt er um viðbótarheimild sem nemur kaupverðinu, 21 m.kr.

720 Grunnskólar, almennt. Leitað er heimildar á þessum lið fyrir auknum framlögum að fjárhæð 239 m.kr. í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Fjárþörfin skýrist í fyrsta lagi af 175 m.kr. uppsöfnuðum rekstrarhalla grunnskólans á síðasta ári og á þessu ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 34 m.kr. útgjöldum vegna biðlauna til starfsmanna sem ekki verða endurráðnir hjá sveitarfélögunum. Í þriðja lagi er 10 m.kr. fjárvöntun vegna hækkunar tryggingargjalds árið 1996 sem ríkið mun bæta sveitarfélögum með sérstöku framlagi. Í fjórða lagi er sótt um 15 m.kr. fjárheimild sem er ætluð til að mæta kostnaðarauka sveitarfélaga fram til 1. ágúst nk. vegna undirbúnings þeirra á yfirfærslu

grunnskólans. Er það í samræmi við ákvæði samkomulags milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í mars sl. um flutning grunnskólans milli stjórnsýslustiganna. Loks samþykkti ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í fjáraukalögum til þess að treysta fjárhagsstöðu einkaskóla áður en rekstur grunnskólans færðist til sveitarfélaga.

972 Íslenski dansflokkurinn. Farið er fram á 8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla. Hallinn var orðinn um 15 m.kr. í lok síðasta árs þrátt fyrir auknar fjárveitingar til dansflokksins á undanförnum árum, bæði í fjárlögum og fjáraukalögum. Rekstrarvandi flokksins stafar af því að haldið hefur verið uppi umfangsmeiri starfsemi en fjárheimildir hafa gefið tilefni til, sérstaklega með tilliti til fjölda uppsettra verka og sýninga. Skipuð hefur verið ný stjórn yfir dansflokkinn og hefur hún gert ráðstafanir til að koma böndum á reksturinn. Þá leysist hluti rekstrarvandans með því að 3,9 m.kr. fjárheimild er flutt frá Listdansskólanum í ár vegna uppgjörs á sameiginlegum kostnaði þeirra síðustu árin, auk þess sem flokkurinn fær um 1 m.kr. í launabætur umfram forsendur fjárlaga. Tillaga um viðbótarfjárveitingu er háð því að fyrir afgreiðslu frumvarpsins verði gerður þjónustusamningur um starfsemina við stjórn dansflokksins, enda verður fjárveitingin ekki greidd út að öðrum kosti.

982 Listir, framlög. Gerð er tillaga um 18,5 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Í fyrsta lagi er sótt um 15 m.kr. aukaframlag til stuðnings við Leikfélag Reykjavíkur í tilefni af 100 ára afmæli félagsins á næsta ári. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997 er gert ráð fyrir 10 m.kr. framlagi til félagsins af sama tilefni. Í annan stað er óskað eftir viðbótarframlagi að fjárhæð 3,5 m.kr. vegna halla sem varð á Listahátíð í Reykjavík á árinu 1996. Reykjavíkurborg mun leggja fram jafn hátt mótframlag á þessu ári.

985 Alþjóðleg samskipti. Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 18,7 m.kr. Allar greiðslur vegna aðildargjalda rammaáætlana Evrópusambandsins í ár hafa þegar verið inntar af hendi og reyndist fjárveiting hafa verið ofáætluð. Skýrist það að mestu af lækkaðri hlutdeild Íslands í heildarframlagi EFTA-ríkjanna. Gert hafði verið ráð fyrir að Ísland greiddi 5,4% af framlaginu en raunin varð að hlutfallið lækkaði í 4,93% vegna breytinga á landsframleiðslu ríkjanna.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 94 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. Gerð er tillaga um 21,5 m.kr. aukafjárveitingu vegna nokkurra útgjaldatilefna sem utanríkisráðuneytið gerði ekki ráð fyrir í fjárlagagerð sinni fyrir árið 1996. Í fyrsta lagi er sótt um aukið framlag vegna ráðherrafundar EFTA á Íslandi í júní sl., 5,2 m.kr., og ferðakostnaðar í tengslum við formennsku Íslands í samtökunum á þessu ári, 2,6 m.kr. Tillagan

miðast við að hluti útgjaldanna verði greiddur af sérstöku framlagi sem veitt var í ár til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins í tengslum við formennsku Íslands í EFTA. Í öðru lagi er óskað eftir 6 m.kr. aukafjárveitingu til þess að mæta auknum ferðakostnaði, einkum vegna EES samstarfsins og þátttöku í Eystrasaltsráðinu, Barentshafsráðinu og Norðurskautsráðinu. Í þriðja lagi er leitað eftir 5,8 m.kr. fjárheimild vegna þátttöku Íslands í Habitat ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um búsetu og byggðaþróun, sem haldin var í Istanbúl sl. sumar. Útgjöldin skiptast annars vegar í laun starfsmanns, 2,8 m.kr., og hins vegar í ferðakostnað, 3 m.kr. Í fjórða lagi er farið fram á 1,9 m.kr. vegna prentkostnaðar í tengslum við fríverslunarsamninga, en hann stafar að mestu af endurgreiðslum til Stjórnartíðinda Alþingis. Í fjáraukalögum undanfarinna ára hafa verið veittar alls 25 m.kr. til aðalskrifstofunnar af því tilefni.

190 Ýmis verkefni. Sótt er um aukna heimild að fjárhæð 12 m.kr. til að mæta áætluðum útgjöldum vegna forræðismáls Sophiu Hansen í Tyrklandi á þessu ári. Um er að ræða ferðakostnað, styrk til samtakanna Börnin heim, auk greiðslna til ræðismanns Íslands í Istanbúl.

320 Sendiráð, almennt. Lagt er til að veitt verði 14,5 m.kr. viðbótarframlag vegna umframgjalda í rekstri sendiráða og fastanefnda. Utanríkisráðuneytið gerði í upphafi ársins áætlun um að jafnvægi yrði milli útgjalda og fjárveitinga á árinu, enda var veitt 69,3 m.kr. framlag í fjáraukalögum 1995 til að jafna uppsafnaðan rekstrarhalla. Síðan hefur komið fram kostnaður sem þær áætlanir gerðu ekki ráð fyrir, einkum hjá sendiráði Íslands í Brussel, París og Washington. Útgjaldaaukningin stafar að mestu af hækkunarákvæðum í húsaleigusamningum, breyttri samsetningu starfsmanna og fjölgunar starfsmanna frá öðrum fagráðuneytum. Gerð hefur verið sambærileg hækkun á framlögum til þessarar starfsemi í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Ríkisstjórnin samþykkti fyrr á árinu að veita framlag til endurreisnarstarfs í Bosníu-Herzegóvníu sem nemi alls 100 m.kr. á árunum 1996 til 1999, eða 25 m.kr. árlega. Því til viðbótar ákvað ríkisstjórnin að afla heimildar fyrir 10 m.kr. í fjáraukalögum sem skyldi ráðstafað í samvinnu við Alþjóðabankann. Þá hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkt ályktun um að aðildarríkin veiti Flóttamannastofnun samtakanna sérstakt framlag vegna flóttamannavandans á svæðinu og kemur í hlut Íslands að greiða 4,4 m.kr. vegna þessa. Loks er lagt til að veittar verði 3,4 m.kr. til fjárstuðnings vegna framkvæmdar kosninga í Bosníu. Alls er því leitað eftir 42,8 m.kr. fjárveitingu til endurreisnarstarfsins.

401 Alþjóðastofnanir. Gerð er tillaga um viðbótarheimild að fjárhæð 3,2 m.kr. vegna ákvarðana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um aukna friðargæslu annars vegar í Mósambik, 1,1 m.kr., og hins vegar í Angóla, 2,1 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 98,5 m.kr.

190 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. hækkun fjárheimildar á þessum lið af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi var með breytingum á búvörulögum á haustþingi 1995, í tengslum við samþykkt GATT-samkomulagsins, komið á fót ráðgefandi nefnd til að fjalla um inn- og útflutning landbúnaðarvara samkvæmt ákvæðum laganna, einkum úthlutun tollkvóta, ákvörðun verðjöfnunargjalda og beitingu viðbótartolla. Leitað er eftir 4 m.kr. viðbótarframlagi til að standa straum af kostnaði við störf nefndarinnar á árinu 1996. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997 hefur verið gert ráð fyrir samsvarandi fjárveitingu. Í öðru lagi samþykkti ríkisstjórnin fyrr á árinu að leita eftir heimild í fjáraukalögum til að greiða hluta kostnaðar við að halda á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna 8. fund vinnuhóps um hlutverk kvenna og fjölskyldna til sveita í atvinnuuppbyggingu dreifðra byggða í Evrópu. Um 50 erlendir ráðstefnugestir sóttu ráðstefnuna, einkum frá löndum Austur-Evrópu. Tillagan miðast við að 1 m.kr. af útgjöldum vegna ráðstefnunnar verði greidd af ráðstöfunarfé landbúnaðarráðherra. Loks er sótt um 1 m.kr. vegna aðildargjalds til Norður-Atlantshafslaxveiðinefndarinnar, NASCO. Samkvæmt gildandi samningi við NASCO ber Íslandi að greiða 3,7 m.kr. til samtakanna í ár. Við setningu fjárlaga 1996 var hins vegar gert ráð fyrir að aðildargjaldið yrði 2,7 m.kr. Landbúnaðarráðuneytið hefur talið viðmiðun árgjaldsins vera óeðlilega þar sem greitt hefur verið sama gjald fyrir hafbeitarlax og stangveiddan lax, en því fyrirkomulagi hefur ekki fengist breytt. Af þeirri ástæðu er ekki gert ráð fyrir framlagi til samtakanna í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997. Leitað verður eftir nýju samkomulagi um greiðsluþátttöku Íslands með því móti að hagsmunaaðilar greiði aðildarframlagið.

801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu. Farið er fram á að fjárheimild liðarins verði aukin sem nemi 90 m.kr. Í fyrsta lagi hækkaði grundvallarverð mjólkur um 4,71% 1. febrúar sl. samkvæmt ákvæðum búvörulaga vegna hækkunar á rekstrarkostnaði framleiðenda. Í annan stað var greiðslumark mjólkur aukið um 1 milljón lítra 1. september sl. í samræmi við gildandi búvörusamning. Loks hafa framangreindar breytingar í för með sér nokkra hækkun á framlagi ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs bænda.

841 Fiskeldisrannsóknir. Framlag ríkisins til þessa verkefnis er sett fram sem rekstrartilfærsla í fjárlögum en er að stærstum hluta varið til launagreiðslna. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1996 féll af tæknilegum orsökum niður útreikningur á launabótum til liðarins vegna kjarasamninga ársins 1995. Farið er fram á 2 m.kr. viðbótarheimild til að leiðrétta framlagið vegna þessa. Að öðru leyti munu framlög liðarins fara eftir ákvæðum þjónustusamnings sem landbúnaðarráðuneytið gerði við Stofnfisk hf. fyrr á árinu.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegsráðuneytis verði aukin um 44,5 m.kr.

204 Fiskistofa. Á aðalfundi Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, haustið 1995 skuldbundu Íslendingar sig til þess að hafa eftirlitsmenn um borð í íslenskum skipum að veiðum á Flæmingjagrunni. Samkvæmt þágildandi lögum var ekki unnt að endurheimta eftirlitskostnaðinn hjá útgerðum viðkomandi skipa, líkt og gert er vegna veiða innan landhelgi Íslands. Þetta var hins vegar gert kleift með lögum nr. 99/1996, sem sett voru á síðasta vorþingi og tóku gildi 25. júní 1996. Farið er fram á 44,5 m.kr. aukafjárveitingu til þess að mæta útgjöldum við eftirlitið fram að gildistöku laganna.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 95,7 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Farið er fram á aukna fjárheimild að fjárhæð 4 m.kr. til að greiða laun tveggja nýrra starfsmanna sem munu annast verkefni ráðuneytisins í tengslum við Schengen-samstarfið um landamæraeftirlit. Annar starfsmaðurinn verður staðsettur í sendiráði Íslands í Brussel og er ætlað að taka þar þátt í nefndastörfum og fundahöldum vegna samstarfsins. Hinn starfsmaðurinn mun sjá um uppsetningu á íslenskum hluta Schengen-upplýsingakerfisins ásamt tengingum þess við kerfi erlendra og innlendra eftirlitsaðila.

111 Kosningar. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 3,5 m.kr. þar sem útgjöld vegna forsetakosninga sl. sumar reyndust vera umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

232 Opinber réttaraðstoð. Með lögum sem sett voru á síðasta vorþingi er einstaklingum frá og með 1. júlí þessa árs veittur réttur á fjárhagsstuðningi sem getur numið allt að 250 þús. kr. í því skyni að afla sér réttaraðstoðar við gerð nauðasamninga. Farið er fram á 2,5 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta áætluðum útgjöldum við fjárhagsaðstoðina seinni hluta þessa árs. Þá er óskað eftir 20 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna aukins kostnaðar við gjafsóknir en fjöldi mála hefur aukist verulega umfram forsendur gildandi fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997 er gert ráð fyrir að fjárveiting liðarins hækki úr 9,4 m.kr. í 15,2 m.kr.

290 Dómsmál, ýmis kostnaður. Greiðslur vegna meðdómsmanna hafa orðið mun meiri á árinu en reiknað var með í fjárlögum. Óskað er eftir að fjárheimild liðarins verði hækkuð um 11 m.kr. vegna þessara lögboðnu útgjalda.

325 Neyðarsímsvörun. Leitað er eftir 14 m.kr. framlagi til að mæta fjárvöntun vegna samnings um starfrækslu neyðarsímsvörunar. Eftir að tillögur um fjárveitingar til verkefnisins höfðu verið settar fram í fjárlagafrumvarpi ársins 1996 breyttust forsendur samningsins um 15 m.kr. árlegt rekstrarframlag. Í samningnum sem dómsmálaráðuneytið gerði við Neyðarlínuna hf. síðla árs 1995 bættist við 7 m.kr. stofnkostnaður og aðrar 7 m.kr. til kynningarmála árin 1995 og 1996. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun framlags til þessarar starfsemi.

390 Ýmis löggæslukostnaður. Farið er fram á 16,2 m.kr. aukafjárveitingu á þessum lið af tveimur tilefnum. Hið fyrra tengist því að dómsmálaráðuneytið setti á árinu 1995 reglugerð um akstur og hvíldartíma ökumanna o.fl. vegna skuldbindinga í tengslum við EES-samninginn. Ráðuneytið gerði á þessu ári sérstakt samkomulag við Vegagerðina um að hafa umsjón með framkvæmd reglugerðarinnar, þar á meðal að skipuleggja og annast eftirlitskerfi með ökuritum í flutningabifreiðum samhliða eftirliti með þungaskattsmælum. Samningurinn felur í sér breytta tilhögun að því leyti að laun fjögurra lögreglumanna sem starfa með Vegagerðinni að eftirlitinu verða ekki lengur greidd af stofnuninni, heldur færast þau nú til dómsmálaráðuneytis. Óskað er eftir 9 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta þeim kostnaði hluta ársins 1996. Gert hefur verið ráð fyrir samsvarandi fjárveitingu vegna málsins í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997. Samkvæmt samkomulaginu við Vegagerðina fær stofnunin jafnframt greiddan stofnkostnað við verkefnið vegna tækjakaupa og smíði hugbúnaðar og er sótt um 5 m.kr. framlag af þeirri ástæðu. Síðara útgjaldatilefnið sem tengist þessum lið er að á árinu 1984 ákvað þáverandi fjármálaráðherra að taka upp þá tilhögun að ríkið greiddi helming af frjálsri hópslysatryggingu fyrir lögreglumenn. Dómsmálaráðuneytið hefur litið svo á að sú ákvörðun hafi til þessa verið bindandi sem hluti af heildarkjörum lögreglumanna samkvæmt kjarasamningum. Við flutning tryggingarinnar milli tryggingafélaga um síðustu áramót hækkuðu iðgjöldin um 60%. Þar sem um samningsbundin kjör er að ræða er leitað eftir 2,2 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að standa undir hlutdeild ríkisins í þeirri hækkun. Fyrirhugað er að efna til útboðs á tryggingunum vegna næsta árs.

395 Landhelgisgæsla Íslands. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir heimild að fjárhæð 20 m.kr. í frumvarpi að fjáraukalögum vegna kostnaðar við að senda varðskip til að veita aðstoð og læknisþjónustu við fiskiskip að veiðum í Barentshafi. Síðla sumars voru yfir fimmtíu íslensk skip á svæðinu og var fjöldi sjómanna að störfum um borð í þeim á annað þúsund.

397 Schengen-samstarf. Ísland hefur haft áheyrnaraðild að Schengen-samstarfinu frá 1. maí 1996. Í því felst m.a. að leggja þarf til framlag vegna reksturs sameiginlegrar skrifstofu samstarfsaðilanna. Óskað er eftir 4,5 m.kr. fjárheimild til að greiða árgjald Íslands fyrir árið 1996.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði aukin um 160,2 m.kr.

700 Málefni fatlaðra. Farið er fram á 10,2 m.kr. viðbótarfjárveitingu til viðfangsefnis sem ætlað er til að standa straum af launaútgjöldum vegna veikinda- og barnsburðarleyfa starfsfólks hjá stofnunum fatlaðra. Fjárvöntun hefur verið á liðnum undanfarin ár og hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra. Markaðar tekjur sjóðsins af erfðafjárskatti á árinu 1995 námu 398 m.kr. Framlag í fjárlögum ársins 1995 var hins vegar 330 m.kr. Þar af voru 20 m.kr. sérstök fjárveiting úr ríkissjóði til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða. Leitað er eftir 88 m.kr. viðbótarheimild til að greiða til sjóðsins það sem vantar upp á innheimtar tekjur.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Sjóðurinn hefur fengið 1,4% af skatttekjum ríkisins á ári hverju í sinn hlut, auk 0,227% hlutdeildar í útsvarsstofni liðins árs. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um ríkistekjur árið 1996 verða markaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 62 m.kr. hærri en áætlað var við setningu fjárlaga. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins verði leiðrétt sem því nemur á sama hátt og í fjáraukalögum síðustu ára.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.347,2 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins. Verulegur rekstrarhalli hefur myndast í starfseminni á árinu og áætlar stofnunin að hann verði orðinn 62,5 m.kr. í lok ársins. Um helmingur umframgjaldanna skýrist af hraðari uppbyggingu tölvukerfa en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum, einkum við smíði lyfjaeftirlitskerfis, lyfjaverðskrárkerfis og sérstaks kerfis fyrir læknadeild stofnunarinnar. Þá stafa um 20 m.kr. af hallanum af auknum launakostnaði, bæði vegna breytinga á launaflokkaröðun starfsmanna og vegna nýráðninga til að styrkja eftirlit með útgreiðslum stofnunarinnar. Loks er talið að um 10 m.kr. skorti á öflun sértekna miðað við forsendur fjárlaga. Gripið hefur verið til ráðstafana til að draga úr umframgjöldunum í rekstrinum, m.a. með fækkun starfsfólks. Þá er gert ráð fyrir að leysa úr 30 m.kr. af fjárvöntuninni með framlagi af rekstrarhagræðingarfé heilbrigðisráðuneytisins. Samsvarar það kostnaði við fjárfestingu í tölvukerfum á árinu, enda er talið að þau muni efla eftirlit stofnunarinnar með útgreiðslum og leiða til vinnusparnaðar. Í frumvarpi þessu er lagt til að veitt verði viðbótarframlag til að mæta afganginum af hallanum, eða sem nemur 32,5 m.kr. Þá hefur heilbrigðisráðuneytið gert ráð fyrir að fjárveiting til Tryggingar-

stofnunar hækki um 15,3 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga ársins 1997. Þannig verði mætt þeim útgjaldaauka sem verður varanlegur og þar með verði rekstrarumfangi stofnunarinnar haldið innan markaðrar fjárveitingar í fjárlögum.

206 Sjúkratryggingar. Farið er fram á 830 m.kr. aukafjárveitingu til sjúkratrygginga vegna ýmissa frávika frá áformum og forsendum fjárlaga. Áætlun um lyfjakostnað bendir til að hann verði um 250 m.kr. hærri en stefnt var að í fjárlögum. Þá eru horfur á 165 m.kr. umframgjöldum vegna læknismeðferða erlendis miðað við fjárlög, en um 50 m.kr. af þeirri fjárhæð eru vegna ársins 1995. Einnig er áætlað að lækniskostnaður verði 150 m.kr. umfram heimildir fjárlaga. Þar af eru 100 m.kr. vegna gerðardóms um notkun á nýju segulómtæki hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu ehf. og 50 m.kr. vegna áforma um aukna greiðsluþátttöku almennings í sérfræðikostnaði sem munu ekki ná fram að ganga að fullu. Þá er talið að útgjöld vegna rannsókna, röntgenmyndatöku og slysastofuaðgerða verði 90 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Útgjöld vegna tannlækninga stefna í 70 m.kr. halla og munar þar mest um greiðslur vegna tannréttinga. Kostnaður við útvegun hjálpartækja leiðir til 45 m.kr. umframgjalda og virðist sem árangur af útboðum verði ekki sem skyldi. Loks er halli á þjálfunarkostnaði áætlaður 30 m.kr. Ýmsir aðrir liðir valda einnig um 30 m.kr. viðbótarútgjöldum.

371 Ríkisspítalar. Endurskoðuð rekstraráætlun spítalanna bendir til að halli yfirstandandi árs verði á bilinu 150 til 200 m.kr. Er þá gert ráð fyrir að hagræðingaraðgerðir sem ákveðnar voru í upphafi ársins gangi eftir. Þá nam halli síðasta árs 158 m.kr. Fjármálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið komu á fót sameiginlegum starfshópi sl. sumar til að fara yfir rekstrarvanda sjúkrahúsanna í Reykjavík og gera tillögur um hagræðingaraðgerðir. Á grundvelli þeirra tillagna hafa ráðuneytin nú ákveðið hvernig brugðist verði við vandanum. Í því skyni var gengið frá sérstöku samkomulagi við Reykjavíkurborg um aðgerðir í rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala.

Samkomulagið miðar að því að auka samvinnu sjúkrahúsanna og breyta verkaskiptingu milli þeirra á ýmsum sviðum. Öldrunarlækningadeildir verða áfram á báðum sjúkrahúsunum en sameiginleg þjónusta verður á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Endurhæfing verður starfrækt á Grensásdeild sameiginlega fyrir bæði sjúkrahúsin. Augndeild færist frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til Landspítala. Skurðstofur og dagdeildir sem verið hafa á Landakoti flytjast til Borgarspítala, auk þess sem gerðar verða breytingar á verkaskiptingu og starfsskipulagi skurðstofa. Rekstur þvottahúsa sjúkrahúsanna verður sameinaður. Þá munu sjúkrahúsin hætta rekstri leikskóla í áföngum á árunum 1996 til 1999. Loks er stefnt að hagræðingu í myndgreiningu og starfsemi rannsóknarstofa sjúkrahúsanna. Áætlað er að þessar aðgerðir skili um 370 m.kr. sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna miðað við heilt ár.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að veitt verði 200 m.kr. viðbótarframlag til ríkisspítala á árinu og er leitað eftir heimild fyrir greiðslunni undir þessum lið í frumvarpinu. Framlagið miðast við að ríkisspítalar vinni að öðru leyti á upp-

söfnuðum rekstrarhalla sínum. Þá er það einnig forsenda samkomulagsins að rekstrarumfanginu á næsta ári verði haldið innan marka fjárveitingar í fjárlögum yfirstandandi árs.

375 ***Sjúkrahús Reykjavíkur.*** Áætlað er að rekstrarhalli sjúkrahússins verði um 250 m.kr. á árinu miðað við að hagræðingaraðgerðir sem ákveðnar voru snemma á árinu skili tilætluðum árangri. Því til viðbótar var uppsafnaður greiðsluhalli síðustu ára um 85 m.kr. Fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg hafa gert með sér samkomulag til að leysa úr rekstrarvandanum með auknu samstarfi og hagræðingu hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og ríkisspítölum. Efnisatriðum samkomulagsins er gerð nánari skil í athugasemdum við *08-371 Ríkisspítalar.*

Í samræmi við það samkomulag er leitað eftir 230 m.kr. aukafjárveitingu. Þar af eru 48 m.kr. til greiðslu uppbóta á lífeyri fyrrverandi starfsmanna sjúkrahússins vegna áranna 1995 og 1996. Samkomulagið miðast við að sjúkrahúsið geri ráðstafanir í rekstrinum til þess að ekki þurfi frekari framlög vegna þessa árs eða fyrri ára. Þá er það einnig forsenda samkomulagsins að rekstrarumfanginu á næsta ári verði haldið innan marka fjárveitingar í fjárlögum yfirstandandi árs.

Í samkomulaginu er jafnframt miðað við að leggja þurfi í 184 m.kr. stofnkostnað við að hrinda hagræðingaraðgerðum í framkvæmd, t.d. með breytingum á húsnæði. Þar af falla 135 m.kr. til á árinu 1996 og 49 m.kr. á árinu 1997. Þessari fjárþörf verður að mestu mætt með heimildum sem þegar eru fyrir hendi á nokkrum liðum fjárlaga, þ.e. á *08-385 Framkvæmdasjóði aldraðra*, *09-481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum* og *08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.* Einnig er miðað við að 15 m.kr. verði aflað með sölu eigna. Hins vegar er gert er ráð fyrir að sölutekjurnar skili sér ekki fyrr en síðar og er því farið fram á viðbótarheimild til að leysa úr þeirri fjárvöntun í ár.

Loks er sótt um 14,3 m.kr. aukafjárveitingu vegna skaðabóta sem sjúkrahúsið hefur verið dæmt til að greiða sjúklingi. Reykjavíkurborg, sem ber ábyrgð á starfseminni, hefur nú keypt tryggingar vegna mistaka sem kunna að verða í sjúkrameðferð.

399 ***Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.*** Í fjárlögum ársins 1996 voru veittar 8,9 m.kr. til tóbaksvarnastarfs. Framlagið var miðað við ákvæði í lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, þar sem tilgreint var að 0,2% af brúttsölu tóbaks skyldi varið með þessum hætti. Á sl. vorþingi samþykkti Alþingi hins vegar lög nr. 101/1996, um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, þar sem m.a. er kveðið á um að hlutfallið hækki í 0,7% frá og með 1. júlí 1996. Óskað er eftir 11 m.kr. fjárheimild til að greiða út hækkun framlagsins eftir gildistöku þessa lagaákvæðis.

584 ***Heilsugæslustöðin Kópavogi.*** Tekist hefur samkomulag milli ríkisins og Kópavogskaupstaðar um fullnaðaruppgjör á kostnaði vegna kaupa, innréttinga og framkvæmda við heilsugæslustöð að Fannborg 7-9, Kópavogi, sem hófust á árinu 1978. Leitað er eftir 14,4 m.kr. viðbótarheimild til að greiða hlut ríkissjóðs í uppgjörinu.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 11.427 m.kr.

201 Ríkisskattstjóri. Sótt er um 10 m.kr. á þessum lið. Annars vegar var, í kjölfar nýlegrar lagasetningar um ársreikninga fyrirtækja og bókhald, ákveðið að fela ríkisskattstjóra að hafa með höndum móttöku og úrvinnslu ársreikninga, sem fyrirtækjum verður skylt að afhenda frá og með árinu 1996. Farið er fram á 5 m.kr. aukafjárveitingu í frumvarpinu vegna útgjalda við þetta verkefni, þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í gildandi fjárlögum. Hins vegar var í tengslum við lagabreytingar varðandi gjald af áfengi í lok síðasta árs ákveðið að flytja eftirlit með framleiðslu áfengis frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins til ríkisskattstjóra. Leitað er eftir heimild fyrir 5 m.kr. viðbótarframlagi til að mæta þessum auknu útgjöldum hjá embættinu. Samsvarandi hækkun er að finna í frumvarpi að fjárlögum ársins 1997.

381 Uppbætur á lífeyri. Óskað er eftir 70 m.kr. hækkun fjárheimildar af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi eykst fjárþörf á þessum lið vegna endurmats sem gert hefur verið á eftirlaunum fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild verði hækkuð um 25 m.kr. til þess að gera upp vangreidd eftirlaun þeirra á tímabilinu frá desember 1993 til ágúst 1996. Áætlað er að árlegur kostnaðarauki vegna þessa verði eftirleiðis um 7 m.kr. og hefur verið gert ráð fyrir þeirri hækkun í frumvarpi að fjárlögum ársins 1997. Í annan stað bendir endurskoðuð áætlun til þess að uppbætur lífeyrisþega í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins hafi verið vanmetnar sem nemur 45 m.kr. og er farið fram á aukna heimild sem því nemur.

801 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Farið er fram á hækkun heimildar á þessum lið sem nemur 10.850 m.kr. til að mæta aukinni fjárþörf frá áætlun fjárlaga. Í fyrsta lagi hækka vaxtagreiðslur af erlendum langtímalánum um 500 m.kr. Skýrist það einkum af því að þegar á þessu ári þarf að greiða vexti af nýju láni sem tekið var í ársbyrjun, en vanalega er fyrsta vaxtagreiðsla ári eftir lántöku, auk þess sem vaxtagreiðslur af lánum teknum á síðasta ári voru vanmetnar í áætlun fjárlaga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skammtímavextir og lántökukostnaður aukist um 250 m.kr. í tengslum við skammtímalántöku vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina fyrr á árinu.

Á miðju þessu ári var ákveðið að ráðast í endurfjármögnun á þremur flokkum spariskírteina ríkissjóðs sem gefin voru út á árinu 1986. Skírteinin báru 8-9% vexti auk verðtryggingar og áttu að endurgreiðast í síðasta lagi árið 2000, en heimilt var að segja þeim upp sl. sumar þannig að þau bæru ekki vexti eða verðbætur eftir það. Heildarandvirði innlausnarinnar nam um 17,3 milljörðum króna. Eigendum skírteinanna var boðið að skipta á þeim og nýjum ríkisverðbréfum í sérstöku skiptiútboði og tókst að afla 12,3 milljörðum króna með þeim hætti. Afgangurinn var fjármagnaður með skammtímalántöku. Áætlað er að með þessari aðgerð verði vaxtaútgjöld ríkissjóðs rúmlega 2 milljörðum króna

lægri alls næstu þrjú árin en ella hefði orðið. Á rekstrargrunni munu útgjöld ríkissjóðs því lækka vegna minni vaxtakostnaðar. Við uppgjör á greiðslugrunni þessa árs munu uppsafnaðir vextir og verðbætur innleystu skírteinanna á hinn bóginn færast til bókar í einu lagi sem útgjöld, eða alls 10,1 milljarður króna, umfram það sem ætlað var við setningu fjárlaga. Leitað er eftir fjárheimild sem því nemur í frumvarpinu.

989 ***Launa- og verðlagsmál.*** Alls er leitað eftir 247 m.kr. viðbótarframlagi til greiðslu launabóta af þessum lið á árinu 1996. Fyrst skal nefnt að í forsendum fjárlaga 1996 var lagt mat á launabætur til lögregluembætta dómsmálaráðuneytisins vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 1995. Í matinu láðist að reikna með 1,4% hækkun á kjörum lögreglumanna sem tók gildi í maí 1995. Sú hækkun var gerð í samræmi við samkomulag í tengslum við kjarasamning lögreglumanna, þar sem kveðið er á um að laun þeirra skuli borin saman við umsamin kjör stéttarfélaga annarra ríkisstarfsmanna tvisvar á ári og hækkuð til jafns við þá samninga þegar tilefni er til. Auka þarf fjárheimildir um 45 m.kr. til að bæta embættunum þessar launahækkanir. Þar af eru 20 m.kr. vegna ársins 1995 og 25 vegna ársins 1996. Undir lok síðasta árs leiddi sama samanburðarákvæði til þess að lögreglumönnum var ákvörðuð 6,1% launahækkun og tollvörðum 7% hækkun, sem ekki var heldur gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Fjárþörf vegna þessara launabóta nemur 120 m.kr.

Í öðru lagi er fjárvöntun á liðnum sem nemur 50 m.kr. vegna launabóta til heilbrigðisstofnana þar sem við afgreiðslu fjárlaga lá ekki fyrir að hjúkrunarfræðingar mundu fá 3% hækkun í ársbyrjun 1996 til viðbótar við gildandi kjarasamning sinn. Launabætur að fjárhæð 64 m.kr. vegna hjúkrunarfræðinga sem starfa á sjúkrahúsunum í Reykjavík eru undanskildar hér því þær eru innifaldar í framlögum sem sótt er um undir þeim fjárlagaliðum í frumvarpinu.

Í þriðja lagi er leitað eftir 25 m.kr. viðbótarheimild til að mæta auknum launakostnaði hjá stofnunum fatlaðra í kjölfar launaflokkahækkana vegna námskeiða samkvæmt kjarasamningum ársins 1995. Hækkanirnar höfðu ekki verið metnar inn í launaforsendur við setningu fjárlaga 1996. Í frumvarpi til fjárlaga 1997 hefur hins vegar verið gerð sambærileg hækkun á launalið stofnananna.

Í fjórða lagi er lagt til að fjárheimild liðarins verði aukin um 7 m.kr. til að hækka launabætur til presta. Kjaranefnd birti nýjan úrskurð um laun presta skömmu eftir setningu fjárlaga og fól hann í sér heldur meiri hækkun en gert hafði verið ráð fyrir.

Loks er á þessum lið sótt um heimild í einu lagi til breytinga á fjárveitingum fjárlaga yfirstandandi árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða í lok síðasta árs, þ.e. miðað við óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ársins 1995. Þær tillögur voru kynntar og skýrðar nánar í greinargerð með frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1995. Þessar heimildir nema alls 1.624 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. til lækkunar á rekstrarheimildum stofnana, 604 m.kr. til hækkunar á tilfærsluheimildum og 1.023 m.kr. heimildir til hækkunar á viðhaldi og stofnkostnaði. Sundurliðun tillagna um óhafnar fjárveitingar og umframgjöld ráðuneyta og einstakra fjárlagaliða kemur fram í fylgiskjali 1.

999 Ýmislegt. Lagt er til að fjárheimild liðarins verði hækkuð alls um 250 m.kr. vegna náttúruhamfaranna á Súðavík og Flateyri. Ríkisstjórnin ákvað fyrr á árinu að leita eftir viðbótarframlagi í frumvarpi til fjáraukalaga til að styrkja gatnagerðarframkvæmdir sveitarfélagsins á Súðavík í kjölfar snjóflóðsins sem þar féll á síðasta ári. Heildarkostnaður framkvæmdanna er áætlaður 175 m.kr. Þar af hefur Bjargráðasjóður greitt tæplega 9 m.kr. en ríkissjóður fjármagnar afganginn, enda verða engin gatnagerðargjöld lögð á vegna nýrrar byggðar í Súðavík. Ríkissjóður mun einnig greiða sölutap á sumarhúsum sem nýtt voru sem bráðabirgðahúsnæði en hafa nú að hluta verið rýmd og seld. Þá hefur ríkissjóður á þessu og síðasta ári greitt um 43 m.kr. af ýmsum útgjöldum, s.s. við björgunarstörf og hreinsun, eða um 13 m.kr. umfram 30 m.kr. framlag sem veitt var í fjáraukalögum ársins 1995. Alls er því farið fram á 183 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna veittrar aðstoðar í kjölfar snjóflóðsins á Súðavík. Í annan stað hefur ríkissjóður á síðasta ári og þessu ári greitt 102 m.kr. vegna ýmiss kostnaðar sem hlaust af snjóflóðinu á Flateyri á liðnu ári. Þar er einkum um að ræða kostnað við björgunarstörf og hreinsun svæðisins en einnig voru keypt 8 sumarhús fyrir 28 m.kr. sem nýtt hafa verið sem bráðabirgðahúsnæði. Í fjáraukalögum ársins 1995 voru veittar 35 m.kr. til þessarar aðstoðar. Í frumvarpinu er sótt um viðbótarheimild fyrir þeim útgjöldum sem fallið hafa til umfram það framlag, eða 67 m.kr.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 364 m.kr.

211 Vegagerðin. Farið er fram á viðbótarframlag að fjárhæð 277 m.kr. Annars vegar er um að ræða breytingar á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar sem ákvarðaðar voru í þingsályktun um vegáætlun eftir setningu fjárlaga. Af því tilefni er í fyrsta lagi lagt til að 100 m.kr. tekjuaukning af bensíngjaldi renni til stofnunarinnar. Í öðru lagi fái stofnunin 34 m.kr. vegna aukinna tekna í kjölfar hækkunar á þungaskatti, sem gerð var til að mæta lækkun tekna af bensíngjaldi þegar sölu blýbensíns var hætt. Í þriðja lagi er sótt um 50 m.kr. sem fyrirhugað var að afla með sérstöku innheimtuátaki í þungaskatti samkvæmt vegáætlun. Hins vegar er gert ráð fyrir 93 m.kr. hækkun fjárheimildar til viðbótar þessu vegna bættrar innheimtu þungaskatts um 75 m.kr., auk 18 m.kr. til að vega upp tekjutap vegna tímabundinnar lækkunar á bensíngjaldi sem ákveðin var fyrr á árinu til að jafna sveiflur í bensínverði. Gert er ráð fyrir að þessar 93 m.kr. sem er óráðstafað samkvæmt vegáætlun gangi til að mæta hluta af umframgjöldum við gerð jarðganga á Vestfjörðum.

471 Flugmálastjórn. Farið er fram á 87 m.kr. fjárheimild vegna endurnýjunar á flugvél stofnunarinnar. Flugvélin er 22 ára gömul og leiðsögutæki hennar orðin úr sér gengin. Gert er ráð fyrir að sú vél gangi upp í kaupverð nýrri flugvélar og að skiptiverðið nemi 107 m.kr. Stofnunin mun sjálf leggja 20 m.kr. til kaup-

anna á þessu ári. Þær 87 m.kr. sem þá skortir og sótt er um í frumvarpinu eru skilyrtar því að þær verði endurgreiddar með lækkun á rekstrarframlagi ríkissjóðs til Flugmálastjórnar í fjárlögum næstu tíu ára. Stofnunin mun mæta því með auknum tekjum af rekstri flugvélarinnar. Áður hafði verið fyrirhugað að stofnunin tæki lán til kaupanna og var gert ráð fyrir því með ákvæði í lánsfjárlögum. Fallið hefur verið frá þeirri tilhögun.

472 Flugvellir. Útlit er fyrir að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar, þ.e. flugvallargjald og eldsneytisgjald, skili 80 m.kr. umfram það sem reiknað var með við setningu fjárlaga. Í frumvarpinu er lagt til að sértekjur hækki sem þessu nemur og jafnframt að tekjuaukanum verði varið til flugvallarframkvæmda. Heildarfjárveiting liðarins verður eftir sem áður sú sama og í fjárlögum.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 19,2 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög. Óskað er eftir aukinni fjárheimild að fjárhæð 1,7 m.kr. til að mæta útgjöldum Staðlaráðs Íslands vegna aðildar að Alþjóðastaðlasamtökunum, ISO, sem leiðir af skuldbindingum í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO.

399 Ýmis orkumál. Leitað er eftir 17,5 m.kr. viðbótarframlagi til Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar vegna undirbúningsathugana og viðræðna um stóriðjuframkvæmdir. Erlend fyrirtækjasamsteypa hefur í samvinnu við íslenska aðila unnið að hagkvæmniathugun á rekstri magnesíumverksmiðju hér á landi. Niðurstöður úr fyrri hluta athugunarinnar voru jákvæðar og hefur þegar verið samið um að hanna verksmiðjuna. Gert er ráð fyrir að markaðsskrifstofan styrki verkefnið um 10 m.kr. Á móti þessu framlagi ríkisins kemur jafn hátt framlag frá Landsvirkjun. Þá hefur kostnaður við könnunarviðræður um álverksmiðjur orðið 7,5 m.kr. hærri en ætlað var við setningu fjárlaga vegna vaxandis áhuga erlendra aðila á fjárfestingartækifærum hér á landi. Þar er einkum um að ræða Atlantsáls-hópinn, kínverska aðila, Hydro Aluminum og Columbia-fyrirtækið.

14 Umhverfisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis verði aukin um 15,3 m.kr.

221 Hollustuvernd ríkisins. Farið er fram á 5,3 m.kr. aukafjárveitingu af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi hefur stofnunin um nokkurt skeið átt við uppsafnaðan fjárhagsvanda að etja. Sérstakri starfsnefnd var falið að taka málið til athugunar og í framhaldi af því hafa fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti gert með sér sam-

komulag um málefni stofnunarinnar. Það gerir ráð fyrir að með lagafrumvarpi verði gerðar breytingar á stjórnskipulagi stofnunarinnar sem taki gildi í ársbyrjun 1997 og miði að því að fækka starfssviðum. Þá verði sértekjuöflun aukin og verkefni boðin út í ríkari mæli. Samkomulagið miðast við að leitað verði eftir 3,5 m.kr. aukaframlagi í frumvarpi til fjáraukalaga 1996 vegna rekstrarhalla frá árinu 1995. Einnig er gert ráð fyrir að í fjárlagafrumvarpi ársins 1997 hækki fjárveiting til stofnunarinnar varanlega um 7 m.kr. og tímabundið um 8 m.kr. Í öðru lagi samþykkti Alþingi á sl. vorþingi lög um erfðabreyttar lífverur til þess að standa við skuldbindingar sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Hollustuvernd ríkisins mun hafa yfirumsjón með framkvæmd laganna og hefur verið ráðinn starfsmaður til að annast það eftirlit. Sótt er um 1,8 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði sem fellur til á þessu ári umfram gjaldtöku fyrir meðferð líftækniumsókna.

410 Veðurstofa Íslands. Ríkisstjórnin samþykkti sl. sumar að leita eftir heimild í frumvarpi til fjáraukalaga 1996 fyrir 10 m.kr. viðbótarframlagi til endurbóta á húsnæði Veðurstofunnar. Stofnunin flutti í núverandi húsnæði að Bústaðavegi 9 árið 1973 en það er samtals um 2.000 m^2 að flatarmáli. Starfsmenn stofnunarinnar í Reykjavík voru þá 25-30 manns. Þeim hefur hins vegar fjölgað í um 65 og eru húsnæðisþrengsli farin að standa starfseminni fyrir þrifum. Til þess að leysa þennan vanda er fyrirhugað að breyta fyrrum fjarskiptasal í skrifstofur og að stækka efstu hæð hússins. Framkvæmdirnar verða að hluta til fjármagnaðar með 5 m.kr. viðhaldsframlagi í fjárlögum yfirstandandi árs, auk þess sem sú fjárhæð hækkar í 10,4 m.kr. í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Fylgiskjal 1

Breytingar framlaga 1996 vegna óhafinna heimilda og umframgjalda 1995

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**10.715**	**614**	**10.110**	**-**	**20.211**
	Alþingi og stofnanir þess	*10.715*	*614*	*10.110*	-	*20.211*
211	Lýðveldissjóður	-	-	10.110	-	10.110
610	Umboðsmaður Alþingis	-	614	-	-	-614
620	Ríkisendurskoðun	10.715	-	-	-	10.715
01	**Forsætisráðuneyti**	**4.660**	**6.368**	**-680**	**77.553**	**75.165**
	Ráðuneyti	-	*6.368*	*-680*	*7.456*	*408*
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	-	-	35	35
190	Ymis verkefni	-	6.368	-1.800	7.421	-747
199	Ráðstöfunarfé	-	-	1.120	-	1.120
	Annað	*4.660*	-	-	*70.097*	*74.757*
221	Byggðastofnun	-	-	-	69.000	69.000
231	Norræna ráðherranefndin	4.332	-	-	-	4.332
241	Umboðsmaður barna	328	-	-	-	328
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-	-	-	1.097	1.097
02	**Menntamálaráðuneyti**	**183.170**	**300.499**	**72.874**	**337.590**	**293.135**
	Ráðuneyti	*5.229*	-	-	-	*5.229*
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	5.229	-	-	-	5.229
	Háskólar og rannsóknir	*2.249*	*37.363*	*8.408*	*15.332*	*-11.374*
201	Háskóli Íslands	-	24.744	-	-	-24.744
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-	6.176	-	-	-6.176
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	-	2.894	-	-	-2.894
206	Orðabók Háskólans	-	2.359	-	-	-2.359
207	Íslensk málstöð	-	121	-	-	-121
208	Örnefnastofnun	34	-	-	-	34
210	Háskólinn á Akureyri	-	169	-	-	-169
211	Tækniskóli Íslands	-	900	-	-	-900
221	Kennaraháskóli Íslands	1.851	-	-	-	1.851
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	364	-	-	-	364
236	Vísindasjóður	-	-	-	-564	-564
237	Tæknisjóður	-	-	-	12.882	12.882
239	Rannsóknarnámssjóður	-	-	147	-	147
269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostn.	-	-	-	3.014	3.014
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	-	-	8.261	-	8.261
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	*130.702*	*99.807*	*18.707*	*311.944*	*361.546*
301	Menntaskólinn í Reykjavík	2.897	-	-	-	2.897
302	Menntaskólinn á Akureyri	1.119	-	-	-	1.119
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-	3.930	-	-	-3.930
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-	16.313	-	-	-16.313
305	Menntaskólinn við Sund	-	4.302	-	-	-4.302
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	-	1.917	-	-	-1.917
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	1.804	-	-	-	1.804
308	Menntaskólinn í Kópavogi	-	5.175	-	-	-5.175
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-	4.849	-	-	-4.849
318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	-	-	-	311.944	311.944
319	Framhaldsskólar, almennt	53.238	27.928	18.281	-	43.591
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	493	-	-	-	493
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	4.229	-	-	-	4.229
352	Flensborgarskóli	-	1.905	-	-	-1.905
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4.356	-	-	-	4.356
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	4.513	-	-	-	4.513
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4.128	-	-	-	4.128
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-	3.145	-	-	-3.145
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	7.001	-	-	-	7.001
358	Verkmenntaskóli Austurlands	848	-	-	-	848
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-	6.491	-	-	-6.491
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-	2.119	-	-	-2.119
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	1.697	-	-	-	1.697
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	776	-	-	-	776

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
363	Framhaldsskólinn á Laugum	833	-	-	-	833
440	Fullorðinsfræðsla	-	-	426	-	426
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	8.551	-	-	-	8.551
506	Vélskóli Islands	-	1.588	-	-	-1.588
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-	1.598	-	-	-1.598
514	Iðnskólinn í Reykjavík	12.682	-	-	-	12.682
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	6.602	-	-	-	6.602
517	Hótel- og veitingaskóli Islands	2.257	-	-	-	2.257
523	Fósturskóli Islands	-	4.481	-	-	-4.481
524	Þroskaþjálfaskóli Islands	8.347	-	-	-	8.347
531	Íþróttakennaraskóli Islands	-	716	-	-	-716
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	2.328	-	-	-	2.328
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-	1.924	-	-	-1.924
561	Myndlista- og handíðaskóli Islands	36	-	-	-	36
562	Leiklistarskóli Islands	-	3.745	-	-	-3.745
563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	344	-	-	-	344
564	Listdansskólinn	-	6.623	-	-	-6.623
571	Sjómannaskólahúsið	-	858	-	-	-858
580	Samvinnuskólinn	-	200	-	-	-200
581	Verslunarskóli Islands	668	-	-	-	668
606	Héraðsskólinn Skógum	414	-	-	-	414
610	Héraðsskólar	541	-	-	-	541
	Grunnskólar og sérskólar	*37.397*	*136.342*	*-492*	*3.274*	*-96.163*
222	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Islands	1.932	-	-	-	1.932
700	Grunnskólar, Reykjavík	-	34.367	-	-	-34.367
701	Grunnskólar, Reykjanesi	-	67.249	-	-	-67.249
703	Grunnskólar, Vesturlandi	-	4.695	-	-	-4.695
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	-	5.772	-	-	-5.772
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	-	4.060	-	-	-4.060
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	4.373	-	-	-	4.373
707	Grunnskólar, Austurlandi	-	2.284	-	-	-2.284
708	Grunnskólar, Suðurlandi	2.397	-	-	-	2.397
710	Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis	360	-	-	-	360
711	Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	-	89	-	-	-89
713	Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	-	59	-	-	-59
714	Fræðsluskrifstofa Vestfjarðaumdæmis	299	-	-	-	299
715	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	-	109	-	-	-109
716	Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis eystra	306	-	-	-	306
717	Fræðsluskrifstofa Austurlandsumdæmis	2.332	-	-	-	2.332
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-	604	-	-	-604
720	Grunnskólar, almennt	23.572	9.577	51	3.274	17.320
725	Námsgagnastofnun	-	510	-	-	-510
730	Skólabúðir að Reykjum	-	1.944	-	-	-1.944
750	Skólar fyrir fatlaða	-	-	-543	-	-543
752	Oskjuhlíðarskóli	-	2.879	-	-	-2.879
754	Safamýrarskóli	974	-	-	-	974
755	Dalbrautarskóli	94	-	-	-	94
758	Hvammshlíðarskóli	180	-	-	-	180
798	Einholtsskóli	578	-	-	-	578
799	Vesturhlíðarskóli	-	2.144	-	-	-2.144
	Námsaðstoð	-	-	*-7.091*	-	*-7.091*
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-	-	504	-	504
884	Jöfnun á námskostnaði	-	-	-7.595	-	-7.595
	Söfn, listastofnanir o.fl.	*6.804*	*26.578*	*-13.186*	*7.703*	*-25.257*
902	Þjóðminjasafn Islands	5.615	-	-	-	5.615
903	Þjóðskjalasafn Islands	-	5.121	-	-	-5.121
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-	3.583	-	-	-3.583
905	Landsbókasafn Islands - Háskólabókasafn	-	2.435	-	-	-2.435
906	Listasafn Einars Jónssonar	1.189	-	-	-	1.189
909	Blindrabókasafn Islands	-	791	-	-	-791
919	Söfn, ýmis framlög	-	-	89	-	89

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	-	-	-	7.703	7.703
972	Islenski dansflokkurinn	-	14.648	-	-	-14.648
973	Þjóðleikhús	-	-	-13.230	-	-13.230
974	Sinfóníuhljómsveit Islands	-	-	-45	-	-45
	Annað	*789*	*409*	*66.528*	*-663*	*66.245*
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-	409	-	-	-409
804	Kvikmyndaskoðun	789	-	-	-	789
976	Menningarsjóður	-	-	1.024	-	1.024
978	Listasjóðir	-	-	52.405	-	52.405
979	Húsafriðunarsjóður	-	-	-	-663	-663
981	Kvikmyndasjóður	-	-	8.238	-	8.238
982	Listir, framlög	-	-	9.623	-	9.623
983	Ymis fræðistörf	-	-	-13.828	-	-13.828
984	Norræn samvinna	-	-	197	-	197
985	Alþjóðleg samskipti	-	-	-373	-	-373
988	Æskulýðsmál	-	-	877	-	877
989	Ymis íþróttamál	-	-	6.930	-	6.930
999	Ymislegt	-	-	1.435	-	1.435
03	**Utanríkisráðuneyti**	**-**	**54.533**	**182.370**	**72.333**	**200.170**
	Ráðuneyti	-	*19.005*	*16.356*	-	*-2.649*
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	19.005	-	-	-19.005
190	Ymis verkefni	-	-	16.356	-	16.356
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	*4.480*	-	-	*-4.480*
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-	4.480	-	-	-4.480
	Sendiráð og fastanefndir	-	*31.048*	-	*72.333*	*41.285*
301	Sendiráð Islands í Bonn	-	2.522	-	-	-2.522
302	Sendiráð Islands í Kaupmannahöfn	-	2.205	-	-	-2.205
303	Sendiráð Islands í London	-	3.483	-	-	-3.483
304	Sendiráð Islands í Moskvu	-	267	-	-	-267
305	Sendiráð Islands í Osló	-	1.577	-	-	-1.577
306	Sendiráð Islands í París og fastanefnd hjá Evrópuráð	-	3.142	-	-	-3.142
307	Sendiráð Islands í Stokkhólmi	-	1.095	-	-	-1.095
308	Sendiráð Islands í Washington	-	3.450	-	-	-3.450
309	Fastanefnd Islands hjá Sameinuðu þjóðunum og að	-	3.975	-	-	-3.975
310	Sendiráð Islands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	-	3.676	-	-	-3.676
311	Fastanefnd Islands hjá Norður-Atlantshafsbandalag	-	1.760	-	-	-1.760
312	Fastanefnd Islands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í	-	3.239	-	-	-3.239
314	Sendiráð Islands í Peking	-	657	-	-	-657
320	Sendiráð, almennt	-	-	-	72.333	72.333
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	-	-	*166.014*	-	*166.014*
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	-	-	81.469	-	81.469
401	Alþjóðastofnanir	-	-	84.545	-	84.545
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**16.207**	**25.808**	**92.257**	**-7.174**	**75.482**
	Ráðuneyti	*13.290*	*11.359*	-	-	*1.931*
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	7.348	-	-	-7.348
190	Ymis verkefni	13.290	4.011	-	-	9.279
	Landbúnaðarstofnanir	*367*	*14.351*	-	*-7.174*	*-21.158*
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-	2.479	-	-	-2.479
221	Veiðimálastofnun	160	-	-	-	160
233	Yfirdýralæknir	-	6.776	-	-	-6.776
236	Aðfangaeftirlit ríkisins	104	-	-	-	104
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-	4.880	-	-	-4.880
271	Bændaskólinn á Hólum	-	-	-	-7.174	-7.174
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	103	-	-	-	103
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	-	216	-	-	-216
	Skógrækt og landgræðsla	*2.550*	*98*	-	-	*2.452*
311	Landgræðsla ríkisins	2.550	-	-	-	2.550
321	Skógrækt ríkisins	-	48	-	-	-48
331	Héraðsskógar	-	50	-	-	-50

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	-	-	*90.757*	-	*90.757*
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	-	-	5.553	-	5.553
805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	-	-	85.204	-	85.204
	Ymis framlög	-	-	*1.500*	-	*1.500*
821	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	-	-	1.500	-	1.500
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**65.019**	**14.255**	**11.293**	**9.500**	**71.557**
	Ráðuneyti	*20.544*	*56*	-	*9.500*	*29.988*
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	-	56	-	-	-56
190	Ymis verkefni	20.544	-	-	9.500	30.044
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	*44.475*	*14.199*	*11.293*	-	*41.569*
201	Fiskifélag Islands	-	-	11.293	-	11.293
202	Hafrannsóknastofnun	14.239	-	-	-	14.239
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-	14.199	-	-	-14.199
204	Fiskistofa	30.236	-	-	-	30.236
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**123.664**	**122.696**	**2.678**	**90.654**	**94.300**
	Ráðuneyti	*16.934*	*10.450*	*391*	-	*6.875*
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.283	-	-	-1.283
102	Stjórnartíðindi	8.744	-	-	-	8.744
103	Lagasafn	-	529	-	-	-529
190	Ymis verkefni	8.190	8.638	391	-	-57
	Dómsmál	*33.824*	*2.525*	-	*118.983*	*150.282*
201	Hæstiréttur	8.744	-	-	-	8.744
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	2.257	-	-	-	2.257
212	Héraðsdómur Vesturlands	-	20	-	-	-20
213	Héraðsdómur Vestfjarða	-	533	-	-	-533
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	961	-	-	-	961
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	4.495	-	-	-	4.495
216	Héraðsdómur Austurlands	1.387	-	-	-	1.387
217	Héraðsdómur Suðurlands	4.289	-	-	-	4.289
218	Héraðsdómur Reykjaness	6.660	-	-	-	6.660
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	5.031	1.972	-	-	3.059
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	-	-	-	118.983	118.983
	Löggæslustofnanir og öryggismál	*45.658*	*27.140*	-	*-2.760*	*15.758*
301	Ríkissaksóknari	252	-	-	-	252
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	-	1.961	-	-	-1.961
305	Lögregluskóli ríkisins	6.997	-	-	-	6.997
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-	24.304	-	-	-24.304
321	Almannavarnir ríkisins	-	875	-	-	-875
331	Umferðarráð	626	-	-	-	626
341	Afengis- og fíkniefnamál	310	-	-	-	310
391	Húsnæði löggæslustofnana	-	-	-	-2.760	-2.760
395	Landhelgisgæsla Islands	37.473	-	-	-	37.473
	Sýslumenn	*21.226*	*32.558*	-	*-24.739*	*-36.071*
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	1.722	-	-	-	1.722
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-	16.160	-	-	-16.160
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	1.340	-	-	-	1.340
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	706	-	-	-	706
415	Sýslumaðurinn í Búðardal	564	-	-	-	564
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-	1.571	-	-	-1.571
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	67	-	-	-	67
418	Sýslumaðurinn á Isafirði	614	-	-	-	614
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	-	97	-	-	-97
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	2.090	-	-	-	2.090
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	2.361	-	-	-	2.361
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.268	-	-	-	1.268
423	Sýslumaðurinn á Olafsfirði	948	-	-	-	948
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	1.326	-	-	-	1.326
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	762	-	-	-	762
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-	4.590	-	-	-4.590
427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	343	-	-	-	343

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	381	-	-	-	381
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	-	103	-	-	-103
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	519	-	-	-	519
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	32	-	-	-	32
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	261	-	-	-	261
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	-	3.089	-	-	-3.089
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-	4.735	-	-	-4.735
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	5.922	-	-	-	5.922
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	-	2.213	-	-	-2.213
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-	-	-	-24.739	-24.739
	Fangelsismál	-	*18.358*	-	*441*	*-17.917*
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	-	18.358	-	-	-18.358
591	Fangelsisbyggingar	-	-	-	441	441
	Kirkjumál	*6.022*	*31.665*	*2.287*	*-1.271*	*-24.627*
701	Biskup Islands	6.022	31.665	2.287	-1.271	-24.627
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**72.942**	**53.257**	**72.422**	**165.566**	**257.673**
	Ráðuneyti	*12.323*	-	-	-	*12.323*
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	12.323	-	-	-	12.323
	Húsnæðismál	-	-	-	*73.488*	*73.488*
272	Byggingarsjóður verkamanna	-	-	-	73.488	73.488
	Sjórnsýslustofnanir	*36.642*	*14.092*	-	-	*22.550*
302	Ríkissáttasemjari	3.574	-	-	-	3.574
311	Jafnréttisráð	381	-	-	-	381
321	Brunamálastofnun ríkisins	32.687	-	-	-	32.687
331	Vinnueftirlit ríkisins	-	14.092	-	-	-14.092
	Málefni barna og ungmenna	*5.638*	-	-	*11.000*	*16.638*
400	Málefni barna og ungmenna	5.602	-	-	11.000	16.602
401	Barnaverndarráð	36	-	-	-	36
	Málefni fatlaðra	*5.448*	*39.051*	*18.700*	*81.078*	*66.175*
700	Málefni fatlaðra	-	1.226	-	-	-1.226
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-	10.130	-	-	-10.130
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	-	4.807	-	-	-4.807
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	-	1.223	-	-	-1.223
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	-	3.445	-	-	-3.445
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	4.261	-	-	-	4.261
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	-	8.757	-	-	-8.757
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	-	703	-	-	-703
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-	2.802	-	-	-2.802
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	1.120	-	-	-	1.120
711	Styrktarfélag vangefinna	-	5.774	-	-	-5.774
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	67	-	-	-	67
722	Sólheimar Grímsnesi	-	-	18.700	-	18.700
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-	184	-	-	-184
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	-	-	-	81.078	81.078
	Vinnumál	*2.070*	-	*33.984*	-	*36.054*
980	Vinnumálaskrifstofa	2.070	-	-	-	2.070
981	Vinnumál	-	-	33.984	-	33.984
	Rekstrarhagræðing	*9.321*	-	-	-	*9.321*
950	Rekstrarhagræðing	9.321	-	-	-	9.321
	Annað	*1.500*	*114*	*19.738*	-	*21.124*
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	1.500	114	19.738	-	21.124
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**	**123.815**	**157.082**	**99.017**	**123.205**	**188.955**
	Ráðuneyti	-	*48*	-	-	*-48*
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifst	-	48	-	-	-48
	Tryggingamál	-	*10.408*	-	-	*-10.408*
201	Tryggingastofnun ríkisins	-	10.408	-	-	-10.408
	Sjúkrastofnanir	*94.923*	*112.335*	*77.121*	*131.623*	*191.332*
357	Sjúkrahúsið Siglufirði	1.201	-	-	-	1.201
358	Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	1.501	-	-	-	1.501

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
360	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	-	543	-	-	-543
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	91.014	-	-	-	91.014
371	Ríkisspítalar	-	111.792	-	78.200	-33.592
375	Sjúkrahús Reykjavíkur	1.207	-	-	-	1.207
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	-	-	-	53.423	53.423
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	-	-	77.121	-	77.121
	Heilsugæsla	*7.369*	*28.356*	*6.270*	-	*-14.717*
378	Læknishéraðasjóður	-	-	173	-	173
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	-	-	6.097	-	6.097
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-	5.420	-	-	-5.420
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðr	-	411	-	-	-411
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	-	4.276	-	-	-4.276
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-	1.433	-	-	-1.433
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-	6.032	-	-	-6.032
515	Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	-	700	-	-	-700
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-	929	-	-	-929
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-	2.704	-	-	-2.704
525	Heilsugæslustöðin Grundarfirði	-	53	-	-	-53
526	Heilsugæslustöðin Búðardal	-	846	-	-	-846
531	Heilsugæslustöðin Patreksfirði	4.799	-	-	-	4.799
544	Heilsugæslustöðin Siglufirði	400	-	-	-	400
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	80	-	-	-	80
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	413	-	-	-	413
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	-	48	-	-	-48
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	-	217	-	-	-217
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	62	-	-	-	62
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	207	-	-	-	207
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	258	-	-	-	258
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	18	-	-	-	18
568	Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	-	170	-	-	-170
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	79	-	-	-	79
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	520	-	-	-	520
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-	507	-	-	-507
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	29	-	-	-	29
577	Heilsugæslustöðin Selfossi	400	-	-	-	400
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-	35	-	-	-35
579	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	-	151	-	-	-151
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	104	-	-	-	104
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-	547	-	-	-547
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	-	2.116	-	-	-2.116
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-	1.761	-	-	-1.761
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	*3.911*	*5.935*	*-12.518*	-	*-14.542*
301	Landlæknir	-	5.935	-	-	-5.935
311	Héraðslæknir í Reykjavík	145	-	-	-	145
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-	-	-12.518	-	-12.518
326	Sjónstöð Íslands	202	-	-	-	202
327	Geislavarnir ríkisins	1.922	-	-	-	1.922
330	Manneldisráð	1.642	-	-	-	1.642
	Rekstrarhagræðing	*4.479*	-	-	-	*4.479*
950	Rekstrarhagræðing	4.479	-	-	-	4.479
	Annað	*13.133*	-	*28.144*	*-8.418*	*32.859*
340	Málefni fatlaðra	-	-	9.823	-8.418	1.405
393	Lyfjamál	430	-	-	-	430
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	4.071	-	-	-	4.071
396	Lyfjanefnd	8.513	-	-	-	8.513
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	119	-	15.035	-	15.154
621	Afengisvarnir og bindindismál	-	-	3.286	-	3.286
09	**Fjármálaráðuneyti**	**122.795**	**13.898**	**6.581**	**123.293**	**238.771**
	Ráðuneyti o.fl.	*1.264*	*1.446*	*6.581*	-	*6.399*
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.264	-	-	-	1.264

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
103	Ríkisbókhald	-	1.353	-	-	-1.353
105	Ríkislögmaður	-	93	-	-	-93
199	Ráðstöfunarfé	-	-	6.581	-	6.581
	Skatta- og tollamál	*55.009*	*10.354*	-	*1.825*	*46.480*
201	Ríkisskattstjóri	-	-	-	1.825	1.825
202	Skattstofan í Reykjavík	-	7.181	-	-	-7.181
203	Skattstofa Vesturlands	1.869	-	-	-	1.869
204	Skattstofa Vestfjarða	-	75	-	-	-75
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-	717	-	-	-717
206	Skattstofa Norðurlands eystra	2.617	-	-	-	2.617
207	Skattstofa Austurlands	-	376	-	-	-376
208	Skattstofa Suðurlands	-	141	-	-	-141
209	Skattstofa Vestmannaeyja	-	132	-	-	-132
211	Skattstofa Reykjaness	2.089	-	-	-	2.089
212	Skattamál, ýmis útgjöld	37.438	-	-	-	37.438
214	Yfirskattanefnd	989	-	-	-	989
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	841	-	-	-	841
259	Gjaldheimta Suðurnesja	1.500	-	-	-	1.500
261	Ríkistollstjóri	7.666	-	-	-	7.666
262	Tollstjórinn í Reykjavík	-	1.732	-	-	-1.732
	Rekstrarhagræðing	*3.100*	-	-	-	*3.100*
950	Rekstrarhagræðing	3.100	-	-	-	3.100
	Annað	*63.422*	*2.098*	-	*121.468*	*182.792*
402	Fasteignamat ríkisins	-	262	-	-	-262
901	Framkvæmdasýslan	2.719	-	-	-	2.719
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	-	-	-	64.138	64.138
995	Skýrsluvélakostnaður	33.770	1.836	-	53.543	85.477
999	Ymislegt	26.933	-	-	3.787	30.720
10	**Samgönguráðuneyti**	**29.705**	**10.269**	**22.555**	**28.543**	**70.534**
	Ráðuneyti	*24.204*	*8.586*	*22.555*	-	*38.173*
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-	1.161	-	-	-1.161
190	Ymis verkefni	24.204	7.425	22.555	-	39.334
	Siglingamál	-	*677*	-	*28.543*	*27.866*
330	Vita- og hafnamálastofnun	-	-	-	28.543	28.543
341	Siglingamálastofnun ríkisins	-	677	-	-	-677
	Flugmál	*1.084*	*1.006*	-	-	*78*
471	Flugmálastjórn	-	1.006	-	-	-1.006
481	Rannsóknanefnd flugslysa	1.084	-	-	-	1.084
	Ferðamál	*1.064*	-	-	-	*1.064*
651	Ferðamálaráð	1.064	-	-	-	1.064
	Annað	*3.353*	-	-	-	*3.353*
511	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	3.353	-	-	-	3.353
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**5.899**	**17.937**	**31.700**	**-**	**19.662**
	Ráðuneyti	*4.638*	*4.428*	-	-	*210*
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-	4.428	-	-	-4.428
102	Einkaleyfastofan	4.638	-	-	-	4.638
	Iðnaðarmál	*1.261*	*3.980*	*26.700*	-	*23.981*
201	Iðntæknistofnun Islands	694	-	-	-	694
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-	2.076	-	-	-2.076
240	Iðnaðarrannsóknir	-	1.353	-	-	-1.353
299	Iðja og iðnaður, framlög	567	551	26.700	-	26.716
	Orkumál	-	*9.529*	*5.000*	-	*-4.529*
301	Orkustofnun	-	2.316	-	-	-2.316
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-	7.213	-	-	-7.213
399	Ymis orkumál	-	-	5.000	-	5.000
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**5.451**	**7.771**	**999**	**-**	**-1.321**
	Ráðuneyti	-	*4.412*	*999*	-	*-3.413*
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-	4.412	-	-	-4.412
190	Ymis verkefni	-	-	999	-	999

Þúsundir króna		Rekstur óhafið	Rekstur umframgj.	Tilfærslur	Stofnkost. og viðhald	Samtals
	Viðskiptamál	*5.451*	*3.359*	-	-	*2.092*
301	Löggildingarstofan	-	3.359	-	-	-3.359
401	Vátryggingaeftirlitið	2.146	-	-	-	2.146
902	Samkeppnisstofnun	2.847	-	-	-	2.847
903	Skráning hlutafélaga	458	-	-	-	458
13	**Hagstofa Islands**	**11.489**	**9.274**	**-**	**-**	**2.215**
	Hagstofa Islands	*11.489*	*9.274*	-	-	*2.215*
101	Hagstofa Islands, aðalskrifstofa	-	9.274	-	-	-9.274
102	Þjóðskráin	11.489	-	-	-	11.489
14	**Umhverfisráðuneyti**	**35.104**	**19.475**	**300**	**1.574**	**17.503**
	Ráðuneyti	*2.200*	*8.695*	*300*	*1.574*	*-4.621*
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-	5.695	-	-	-5.695
190	Ymis verkefni	2.200	3.000	300	1.574	1.074
	Umhverfisvernd	*4.029*	*7.038*	-	-	*-3.009*
201	Náttúruverndarráð	-	3.433	-	-	-3.433
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	-	152	-	-	-152
210	Veiðistjóri	4.029	-	-	-	4.029
221	Hollustuvernd ríkisins	-	3.453	-	-	-3.453
	Skipulagsmál	*27.343*	*149*	-	-	*27.194*
301	Skipulagsstjóri ríkisins	27.343	-	-	-	27.343
310	Landmælingar Islands	-	149	-	-	-149
	Rannsóknir	*1.532*	*3.593*	-	-	*-2.061*
401	Náttúrufræðistofnun Islands	26	-	-	-	26
403	Náttúrustofur	1.506	-	-	-	1.506
410	Veðurstofa Islands	-	3.593	-	-	-3.593
	Samtals öll ráðuneyt.	***810.635***	***813.736***	***604.476***	***1.022.637***	***1.624.012***

49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Maður er sjálfráða 18 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði, og fjárráða 18 ára gamall, nema sviptur sé fjárræði. Sá sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta löggjafarþingi voru lögð fram tvö þingmannafrumvörp um að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár. Annað frumvarpið var flutt af Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Margréti Frímannsdóttur. Hitt var flutt af þingmönnum Kvennalistans, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur. Þessi tvö þingmannafrumvörp voru efnislega samhljóða. Flutningsmenn hafa ákveðið við endurflutning málsins að samræma sjónarmið í greinargerð og flytja um málið eitt frumvarp sem flutt er af fyrstu flutningsmönnum frumvarpanna frá síðasta þingi.

Í frumvarpi þessu leggja flutningsmenn til að sjálfræðisaldur barna verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Hækkun sjálfræðisaldurs hefur verið til umræðu á Íslandi um árabil og fagfólk verið mjög á einu máli um að hann beri að hækka.

Sjálfræðisaldur hefur verið 16 ár á Íslandi allt frá árinu 1281 þegar Jónsbók var lögfest. Síðan hafa þjóðfélagsaðstæður breyst mikið, ekki síst á undanförnum áratugum. Um leið hefur staða ungmenna innan fjölskyldunnar einnig breyst. Í fyrstu lögræðislögunum sem sett voru hér á landi árið 1917 var 16 ára sjálfræðisaldrinum haldið og samkvæmt núgildandi lögræðislögum frá árinu 1984 er enn miðað við 16 ár.

Þróunin í nágrannalöndunum hefur verið önnur. Í langflestum nágrannalanda okkar er sjálfræðisaldurinn nú 18 ár. Eftir lok miðalda var sjálfræðisaldur annars staðar á Norðurlöndum hækkaður úr 12 árum í 25 og á seinni hluta 19. aldar var hann lækkaður í 21 ár. Á árunum 1968–76 var sjálfræðisaldurinn á Norðurlöndum og í Englandi lækkaður úr 21 ári í 18 ár. Í Bandaríkjunum verða einstaklingar sjálfráða 18 ára.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 segir í 1. gr.: „Börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára.“ Samningurinn var fullgiltur af hálfu Íslands árið 1992. Barnasáttmálinn, sem er brjóstvörn mannréttinda barna, mælir fyrir um réttindi og vernd barna aðildarríkjanna. Hugsunin á bak við 1. gr. samningsins er sú að skapa varnarmúra umhverfis réttindi barna til 18 ára aldurs samtímis því að leggja ábyrgð á herðar foreldra og samfélagsins alls gagnvart ungviði þjóðanna. Hækkun sjálfræðisaldurs er framlenging á ábyrgð og skyldum foreldra, forráðamanna og samfélagsins í heild gagnvart börnum.

Á Íslandi eru foreldrar forsjárskyldir við barnið til 16 ára aldurs þess. Forsjáraðilar eru þó framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs þeirra og geta einstakar forsjárskyldur haldist lengur ef þörf krefur. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar getur haldist til 20 ára aldurs.

Inntak forsjárskyldu er uppeldisskylda svo sem best hentar hag barns og þörfum. Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla að því eftir mætti að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál. Í forsjá felst bæði réttur og skylda foreldra til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Löggjöfin byggist öðru fremur á því að fela foreldrum ákveðið vald, þar sem börn hafi takmarkaða getu til að ráða sér sjálf, samfara þeirri hugsun að barnið eigi rétt á umsjá foreldra sinna til þess að þau fái náð fullum þroska. Framlenging á forsjárskyldum foreldra miðar því gagngert að auknu réttaröryggi barnsins. Í barnalögunum er mælt fyrir um að foreldrar skuli hafa samráð við barn sitt áður en persónulegum málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem gerlegt er, þar á meðal með tilliti til þroska barns. Barnasáttmálinn gerir ráð fyrir því að eðlilegt sé að miða aldursmörkin við 18 ár, en við þau mörk taki börnin yfir réttinn til að ráða sér alfarið sjálf og séu þá jafnframt tilbúin til að axla þá ábyrgð sem frelsinu fylgir. Þeir sem hafa forsjá barns á hendi hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. ákvæði lögræðislaga.

Nú er það svo að þroski barna er einstaklingsbundinn. Mörg ungmenni eru fullfær um að bera ábyrgð á sjálfum sér þegar við 16 ára aldurinn og því eðlilegt að þau öðlist rétt til að ráða persónulegum högum sínum, svo sem dvalarstað, við 16 ára aldur. Þegar það er virt að framlenging á forsjárskyldum foreldra um tvö ár, sem eru oft miklvæg ár í þroska og félagsmótun barna, felur í sér aukna vernd fyrir börn, eiga þau tilvik almennt ekki að leiða til skerðingar á réttaröryggi barna. Skjótur og eðlilegur þroski barna mælir ekki heldur gegn því að foreldraskyldur og vald viðhaldist til 18 ára aldurs.

Það er alkunna að þjóðfélagsaðstæður hafa gjörbreyst frá því að 16 ára reglan var innleidd í lög. Ungmenni eru nú háðari foreldrum sínum efnahagslega en áður var raunin, með auknum kröfum um menntun og færni í nútímasamfélagi. Nú búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum. Lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Einnig hefur aukið atvinnuleysi á undanförnum árum gert það að verkum að atvinnuleysi meðal ungmenna hefur aukist verulega. Fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á aldrinum 15–19 ára hefur rúmlega tífaldast á árunum 1987–94, þ.e. fjölgað úr 44 í 531. Þetta hefur haft þær afleiðingar að möguleikar barna og ungmenna til að standa á eigin fótum og vera efnahagslega sjálfstæð hafa minnkað. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kemur til móts við þessar breytingar og tryggir réttarstöðu ungmenna á aldrinum 16–18 ára.

Skv. 1. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, eru íslensk börn einstaklingar innan 16 ára aldurs en 16–18 ára einstaklingar kallast ungmenni. Í vinnuverndarlögunum er barn einstaklingur innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldrinum 16 og 17 ára, sbr. 59. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og 1. gr. laga nr. 61/1990, um breytingar á þeim lögum. Þetta ósamræmi og frávikið frá barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skýrist að hluta til af því að samkvæmt núgildandi lögræðislögum, nr. 68/1984, verða íslensk börn sjálfráða 16 ára en lögráða 18 ára. Í 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, segir hins vegar að framfærsluskyldu ljúki er barn verður 18 ára. Í lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er miðað við að börn séu einstaklingar allt að 18 ára aldri. Þetta sýnir að í íslenskum lögum er ekki samræmi í því hvort hugtakið barn nær til 18 ára aldurs, eins og kveðið er á í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða aðeins til 16 ára aldurs. Til sambanburðar má benda á að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna (ESB 94/33) er *ungmenni* einstaklingur undir 18 ára aldri, *barn* er einstaklingur sem er undir 15 ára aldri

eða í skyldunámi og *unglingur* er einstaklingur sem er minnst 15 ára en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi. Mismunandi skólaskyldualdur í Evrópusambandinu hefur því áhrif á hve lengi börn kallast börn og hugtakið unglingur hefur lagalega skilgreiningu sem skarast við hugtakið ungmenni. Hækkun sjálfræðisaldurs miðar að samræmi í íslenskri löggjöf.

Nokkuð hefur borið á því í umræðu um áfengis- og vímuefnaneyslu unglinga að hinn lági sjálfræðisaldur geri foreldrum og þjóðfélaginu í heild erfitt að taka á vandanum. Í 13. gr. lögræðislaga segir: „Sjálfráða maður verður ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.“ Þetta gerir það að verkum að þau úrræði sem fyrir hendi eru, svo sem meðferð ungmenna á lokuðum deildum, hafa ekki nýst sem skyldi og skoðun sérfræðinga og annarra þeirra sem komið hafa að þessu vandamáli er að hækka beri sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Í tilvikum sem þessum er nauðsynlegt að foreldrar geti haft yfirráð og eftirlit með börnum sínum lengur en til 16 ára aldurs í því skyni að veita þeim vernd. Með þessu er ekki verið að gera ungmenni ábyrgðarlaus heldur er það viðurkenning á því að ábyrgðin sé ekki einungis þeirra heldur og foreldranna og samfélagsins alls.

Samráðsnefnd um málefni barna og ungmenna skilaði áfangaskýrslu í október 1992. Þar kom eftirfarandi fram varðandi sjálfræðisaldurinn: „Það er álit samráðsnefndarinnar að fyrst á annað borð var farið að framkvæma víðtæka endurskoðun á barnaverndarlögunum hefði verið eðlilegt að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar. Nú á tímum dveljast langflestir unglingar á Íslandi í heimahúsum fram að og jafnvel fram yfir tvítugt og lúta þar almennum húsaga og handleiðslu foreldra sinna og sjálfræði þeirra hefur því einungis táknrænt gildi. Einu tilvikin þar sem sjálfræðisaldurinn hefur einhverja verulega þýðingu er gagnvart unglingum í alvarlegum vanda. Þegar skjólstæðingurinn verður 16 ára og þar af leiðandi sjálfráða standa þeir sem starfa að meðferðarmálum unglinga oft frammi fyrir því að það meðferðarstarf sem hafið er ónýtist.“

Í tillögum starfshóps á vegum borgarstjóra um úrbætur í miðbæ Reykjavíkur kom einnig fram tillaga um að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður úr 16 árum í 18. Sömuleiðis hefur fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga lagt til við stjórn sambandsins að það beiti sér fyrir því að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 18 á yfirstandandi þingi.

Nái þetta frumvarp fram að ganga koma önnur lög til endurskoðunar, svo sem lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, nr. 25/1975, og lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, nr. 16/1938, án þess að hér sé lagt til að aldursmörk verði hækkuð, en nú er miðað við að samþykki foreldra þurfi að koma til ef viðkomandi er undir 16 ára aldri.

Helstu rökin fyrir þessari lagabreytingu eru því þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, miði að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum.

Umsagnir um frumvörpin tvö sem lögð voru fram á síðasta löggjafarþingi hafa borist frá eftirtöldum aðilum og er meiri hluti þeirra fylgjandi hækkun sjálfræðisaldurs: Sambandi íslenskra sveitarfélaga, barnaverndarráði, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssamtökunum Heimili og skóli, Lögmannafélagi Íslands, umboðsmanni barna og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

50. Frumvarp til laga [50. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 81. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en kjósandi gerir grein fyrir sér getur hann óskað eftir því við kjörstjórn að umboðsmenn lista fái ekki að vita nafn hans og ber henni að verða við þeirri ósk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu alþingismenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Samkvæmt kosningalögum er umboðsmönnum þeirra lista sem í kjöri eru heimilt að fylgjast með framkvæmd kosninga, m.a. með því að sitja í kjörfundarstofu. Með þessu fá flokkarnir upplýsingar um hverjir þeirra sem á kjörskrá eru hafa neytt kosningarréttar síns. Þær eru síðan nýttar til þess að hafa samband við hugsanlega kjósendur listans sem ekki hafa kosið en listinn telur æskilegt að kjósi, svokölluð kosningasmölun. Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylda að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki. Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning“ nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frumvarp flutt. Er til þess ætlast að kjörstjórn tryggi kjósendum þann rétt sem hér er gert ráð fyrir og að hún beiti til þess þeim aðferðum sem æskilegar teljast.

51. Fyrirspurn [51. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skerðingu frekari uppbótar vegna umönnunar- og lyfjakostnaðar til lífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir lífeyrisþegar hafa misst frekari uppbót sína frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt skerðingarákvæðum í reglugerð sem tók gildi á þessu ári og þrengri vinnureglum:
   a. hæstu uppbót (140% umönnunaruppbót) og hversu há er hún í krónum talið,
   b. 120% umönnunaruppbót,
   c. 90% umönnunaruppbót,
   d. 70% umönnunar- og lyfjauppbót,
   e. 35% uppbót?

2. Hversu hátt hlutfall lífeyrisþega missti frekari uppbót eða fékk hana skerta eftir að reglunum var breytt?
3. Hverjar eru nú meðalmánaðargreiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra sem misstu uppbótina:
   a. til örykja,
   b. til ellilífeyrisþega?
4. Hverjar eru nú meðalmánaðargreiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra sem uppbótin skertist hjá:
   a. til öryrkja,
   b. til ellilífeyrisþega?
5. Hvernig skiptast þeir lífeyrisþegar hlutfallslega eftir aldri og kyni sem misstu frekari uppbót eða urðu fyrir skerðingu nú?

Skriflegt svar óskast.

52. Fyrirspurn [52. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skerðingu bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hjá hversu mörgum öryrkjum skertust greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna þeirra eftir að lög um fjármagnstekjur tóku gildi 1. september sl. og hversu hátt hlutfall er það af öllum öryrkjum sem fá greidda tekjutryggingu?
2. Hjá hversu mörgum ellilífeyrisþegum skertust greiðslur frá Tryggingastofnun vegna fjármagnstekna á sama tíma og hversu hátt hlutfall er það af þeim ellilífeyrisþegum sem fá greidda tekjutryggingu?
3. Hver er sparnaður Tryggingastofnunar á mánuði vegna þessara aðgerða?

Skriflegt svar óskast.

53. Fyrirspurn [53. mál]

til sjávarútvegsráðherra um færslu aflaheimilda.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

1. Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996? Hvaða skip áttu hlut að máli og hve mikið magn af hverri tegund var flutt til og frá hverju skipi?

2. Hvert var heildarmagn hverrar fisktegundar?
3. Hve mikið var flutt til og frá hverri verstöð (heildarmagn hverrar fisktegundar)?

Skriflegt svar óskast.

54. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim sem samþykktur var í New York 4. ágúst 1995.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 4. ágúst 1995 lauk úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í New York með því að 112 ríki auk Evrópusambandsins samþykktu samhljóða bindandi alþjóðasamning um veiðar á úthafinu. Voru þá liðin rúm þrjú ár frá því að samkomulag varð um það á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að kalla ráðstefnuna saman. Samningurinn hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn, en rétt heiti hans er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Samningurinn liggur frammi til undirritunar í eitt ár frá og með 4. desember 1995 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu hann þann dag. Hann mun öðlast gildi 30 dögum eftir að 30 ríki hafa tilkynnt um fullgildingu hans. Hins vegar er gert ráð fyrir að ríki geti af fúsum og frjálsum vilja beitt samningnum til bráðabirgða sín á milli þar til hann hefur tekið gildi.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á ofangreindum samningi. Er hann prentaður sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Samkvæmt frumvarpi til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eru sköpuð skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Hér á eftir verður til einföldunar notað heitið úthafsveiðisamningurinn, enda lýsir það vel meginviðfangsefni samningsins sem er stjórnun veiða á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk-íslenska síldarstofninn, úthafskarfann á Reykjaneshrygg, íslenska loðnustofninn og þorskstofninn í Barentshafi. Helstir víðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum.

Hér verður gerð stutt grein fyrir helstu efnisatriðum úthafsveiðisamningsins og þýðingu hans, en fyrst farið nokkrum orðum um tildrög og tilgang úthafsveiðiráðstefnunnar.

Tildrög og tilgangur úthafsveiðiráðstefnunnar.

Með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur, sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og takmarka áttu þetta frelsi, voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu. Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnunnar að bæta hér úr, nánar til tekið að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Sú staðreynd þrýsti mjög á að ráðstefnan yrði haldin að sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur stóraukist og leitt til ofveiði þar víða um heim. Er nú svo komið að um 70% fiskstofna í heiminum eru fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir samkvæmt skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir því að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar þær deilur, sem sprottið hafa á undanförnum árum um þessar veiðar, hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags.

Helstu efnisatriði úthafsveiðisamningsins.

Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum.

Almennar reglur og varúðarleiðin.

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggjast á. Hér er annars vegar um að ræða hinar almennu reglur 5. gr. samningsins, en meðal þeirra er sú að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru. Þessu tengd eru ákvæðin um söfnun gagna um veiðar sem nánar er fjallað um í I. viðauka við samninginn og um eflingu vísindarannsókna. Hins vegar er hér um að ræða ákvæði 6. gr. um varúðarleiðina. Þar er m.a. gert ráð fyrir að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar. Einnig er ríkjum skylt að ákvarða svonefnd viðmiðunarmörk fyrir hvern stofn um sig, en nánar er fjallað um þau í II. viðauka við samninginn.

Þær reglur, sem hér hafa verið nefndar, gilda ekki aðeins á úthafinu, heldur einnig innan lögsögu ríkja og svo er einnig um ákvæði 7. gr. sem fjallað er um hér á eftir.

Svæðisbundið samstarf.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins og kjarni hans eru reglur III. hluta um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Ef fyrir hendi er svæðisbundin stofnun, sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna, skulu ríki sem veiða úr stofnunum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að ger-

ast aðilar að stofnuninni ef þau eru það ekki fyrir. Aðild að slíkri stofnun er opin öllum ríkjum á jafnræðisgrundvelli sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi fiskveiðum. Ríki telst væntanlega hafa raunverulega hagsmuni af veiðum úr stofni ef það hefur stundað slíkar veiðar eða ef stofninn heldur sig að einhverju leyti innan efnahagslögsögu þess. Þetta skilyrði hefur mikla þýðingu því að aðeins þau ríki, sem eru aðilar að slíkri stofnun eða fallast á að hlíta þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum er stofnunin hefur ákveðið, eiga möguleika á að fá aðgang að þeim auðlindum sem þessar ráðstafanir ná til. Það að ríki fái aðild að slíkri stofnun leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að það fái veiðiheimildir. Það ræðst af þeim viðmiðunarreglum sem taldar eru upp í 11. gr. samningsins og vikið er að hér á eftir. Ef svæðisbundin veiðistjórnarstofnun er ekki fyrir hendi skulu viðkomandi strandríki og þau ríki, sem veiða úr viðkomandi stofni á úthafinu, í sameiningu koma henni á fót.

Innan svæðisstofnunar skulu ríki m.a. koma sér saman um verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna viðkomandi stofna, ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnunum, úthluta kvótum til einstakra ríkja, ákveða hver veiðisókn skuli vera, setja reglur um veiðar og veiðarfæri, taka saman og dreifa gögnum um veiðarnar, fylgjast með ástandi stofnanna og setja reglur um eftirlit með veiðunum.

Samþýðanleiki verndunar- og stjórnunarráðstafana.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði 7. gr. hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samþýðanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar. Sérstaklega er tekið fram að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögu sinnar og tryggja að ráðstafanir, sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu, grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana. Hér er annars vegar tekið tillit til þess að fiskstofnarnir eru líffræðilegar heildir sem samræmd stjórn þarf að vera á og hins vegar þess að strandríki hafa samkvæmt hafréttarsamningnum óskoraðan fullveldisrétt yfir auðlindum í efnahagslögsögu sinni.

Meðal annarra atriða, sem taka skal tillit til við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana, er dreifing viðkomandi stofns og veiðarnar úr honum, þ.e. í hve miklum mæli stofninn heldur sig og veitt er úr honum á úthafinu annars vegar og innan lögsögu ríkja hins vegar. Einnig má nefna að taka skal tillit til þess að hve miklu leyti strandríki og úthafsveiðiríki eru háð veiðum úr viðkomandi stofni hvor um sig. Ísland lagði mikla áherslu á þetta ákvæði á úthafsveiðiráðstefnunni og varði það þegar önnur ríki lögðu til að það yrði fellt brott úr samningsdrögunum.

Þó að úthafsveiðisamningurinn hafi þannig að geyma viðmiðunarreglur um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar inniheldur hann engar almennar viðmiðunarreglur um skiptingu kvóta milli einstakra ríkja. Hinum svæðisbundnu veiðistjórnarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta milli aðildarríkja þeirra.

11. gr. samningsins felur þó í sér mikilvæga undantekningu frá þessu, en þar er kveðið á um ýmsar viðmiðunarreglur við ákvörðun veiðiréttinda nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum. Meðal þess sem taka skal tillit til er ástand viðkomandi stofna, veiðihagsmunir einstakra ríkja, framlög þeirra til verndunar og stjórnunar og til vísindarannsókna, þarfir strandbyggða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á veiðum úr viðkomandi

stofnum og síðast en ekki síst þarfir strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög miklum mæli háður fiskveiðum. Síðastnefnda ákvæðið var tekið inn í samninginn fyrir frumkvæði Íslands, enda er leitun að öðru ríki sem það á jafnvel við um.

Þrátt fyrir að þessar viðmiðunarreglur eigi samkvæmt orðanna hljóðan aðeins við í þeim tilvikum þegar veiðiréttindi nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum eru ákvörðuð er ljóst að þær verða einnig hafðar til hliðsjónar í öðrum tilvikum, enda er um almennt viðurkennd viðmið að ræða sem ríki hafa lagt til grundvallar skiptingu kvóta sín á milli.

Eftirlit og framkvæmdarvald.

Fjórði meginþátturinn, sem úthafsveiðisamningurinn er reistur á, eru ákvæði V. og VI. hluta hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og framfylgd þeirra sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi.

Ekki er þó látið við eftirlit og framfylgd af hálfu fánaríkja einna sitja. Strandríkin lögðu áherslu á það á úthafsveiðiráðstefnunni að misbrestur gæti orðið á því að fánaríki sinntu skyldum sínum í þessum efnum eins og dæmin sýndu, bæði vegna skorts á getu og vilja. Því væri nauðsynlegt að veita öðrum ríkjum heimildir að þessu leyti. Úthafsveiðisamningurinn yrði marklaust plagg ella. Í 21. gr. samningsins er mjög komið til móts við þessi sjónarmið strandríkjanna. Þar er gert ráð fyrir að öll aðildarríki samningsins sem eru aðilar að svæðisstofnun hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Þannig gæti t.d. strandríki gripið í taumana og stöðvað ólöglegar veiðar skips á úthafinu ef fánaríkið léti undir höfuð leggjast að gera það. Ákvæði 21. gr. var lengi vel þyrnir í augum margra úthafsveiðiríkja og reyndar helsti ásteytingarsteinninn á ráðstefnunni. Til að stuðla að almennu samkomulagi um ákvæðið var komið til móts við sjónarmið úthafsveiðiríkja með því m.a. að takmarka framkvæmdarvald annarra ríkja en fánaríkisins við svonefnd alvarleg brot sem talin eru upp í ákvæðinu og setja strangar og nákvæmar reglur um meðferð þessa valds til að koma í veg fyrir misbeitingu þess.

Loks gerir samningurinn ráð fyrir að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Lausn deilumála.

Fimmti og síðasti meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði VIII. hluta hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins. Deilur þessar geta annars vegar snúist um túlkun eða beitingu samningsins sjálfs og hins vegar um túlkun eða beitingu svæðisbundins fiskveiðisamnings um deilistofna eða víðförula fiskstofna sem ríkin eru aðilar að. Hér undir falla m.a. deilur um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Ljóst er að það er afar mikilvægt að ríkjum, sem ekki geta komið sér saman um ráðstafanir til verndunar tiltekins stofns

og stjórnunar veiða úr honum, skuli opin sú leið að skjóta deilumáli sínu til alþjóðlegs dómstóls eða gerðardóms til bindandi úrlausnar.

Þýðing úthafsveiðisamningsins.

Þegar þýðing úthafsveiðisamningsins er vegin og metin er rétt að hafa í huga það markmið hans að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ljóst er að langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að þessu markmiði verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar úr þessum stofnum á úthafinu víðs vegar í heiminum. Engin ríki eiga þó meira undir því en ríki sem byggja afkomu sína að mjög miklu leyti á fiskveiðum eins og Ísland.

Sérstakir hagsmunir strandríkja af verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim eru viðurkenndir með ýmsum hætti í samningnum. Skýrasta dæmið um það er e.t.v. áðurnefnt ákvæði 7. gr. um að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögu sinnar og tryggja að ráðstafanir sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana. Annað dæmi er ákvæði 21. gr., sem áður er nefnt, en samkvæmt því hafa önnur ríki en fánaríki oft einnig rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra ríkja á úthafinu og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim í ákveðnum tilvikum. Vegna landfræðilegrar nálægðar og hagsmuna sinna af því að verndunar- og stjórnunarreglur séu virtar á úthafinu er við því að búast að strandríkin komi fyrst og fremst til með að hafa þetta hlutverk á hendi og hefur ákvæðið því sérstaka þýðingu fyrir þau. Loks má nefna ákvæði 4. gr. samningsins um að ákvæði hans skuli ekki hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum og að ákvæðin skuli túlkuð til samræmis við ákvæði hans. Þetta er afar mikilvægt fyrir strandríkin, enda er með þessu tryggt að ákvæði úthafsveiðisamningsins skerði ekki á neinn hátt fullveldisrétt þeirra innan efnahagslögsögunnar samkvæmt hafréttarsamningnum.

Óhætt er því að fullyrða að almennir hagsmunir strandríkja séu eftir atvikum vel tryggðir í úthafsveiðisamningnum. Jafnframt er þar viðurkennd sérstaða strandríkja á borð við Ísland sem eru í mjög miklum mæli háð fiskveiðum, eins og áður er vikið að. Ljóst er að þegar ákvarðanir eru teknar um verndun og stjórnun veiða á deilistofnum sem halda sig bæði innan og utan íslensku efnahagslögsögunnar, t.d. norsk-íslenska síldarstofninum og úthafskarfanum á Reykjaneshrygg, skal taka tillit til þessarar sérstöðu Íslands. Og réttindi Íslands á fjarlægari miðum eru tryggð í þeim tilvikum þegar veiðireynsla er fyrir hendi og skilyrðinu um raunverulega hagsmuni af veiðunum þar með fullnægt, t.d. að því er varðar þorskstofninn í Barentshafi.

Af framansögðu er ljóst að úthafsveiðisamningurinn getur haft mikla þýðingu bæði almennt séð og fyrir Ísland. Hitt er jafnljóst að hann mun ekki leysa sjálfkrafa hinar ýmsu deilur um veiðar á úthafinu sem sprottið hafa á undanförnum árum víðs vegar í heiminum, þ.m.t. þær deilur sem Ísland er aðili að. Þar reynir fyrst og fremst á pólitískan vilja þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni. Samningurinn mun hins vegar mynda ramma um og þrýsta á um samstarf ríkja á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana og þannig hvetja til lausnar hinna ýmsu deilumála.

Í fylgiskjali með tillögunni var prentaður samningur, á íslensku og ensku, um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Um hann vísast til þskj. 1119, 538. mál 120. löggjafarþings, bls. 4860–4901 í A-deild Alþt. 1995–96, svo og til þingskjalsins (lausaskjalsins).

55. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Liðurinn *Létt bifhjól* í 2. gr. laganna orðast svo:

Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.

2. gr.

Orðin „eða sýsluvegi“ í 2. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

3. gr.

3. og 4. mgr. 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn, sem er án hemla og 300 kg eða meira að heildarþyngd, eða óskráð tengitæki má aldrei vera meiri en 60 km á klst.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993:

a. Í stað orðsins „vörubifreið“ í a-lið 1. mgr. kemur: bifreið, þó ekki hópbifreið.
b. Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ og „er innan við 3.500 kg“ í c-lið 1. mgr. kemur: meira en 750 kg, og: fer ekki yfir 3.500 kg.

5. gr.

A-liður 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

a. ökunám og ökukennslu.

6. gr.

2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eða í öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, gildi hér á landi, samkvæmt nánari reglum, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða til að mega stjórna bifhjóli“ í 3. mgr. kemur: eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.
b. 4. mgr. orðast svo:
   Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla.
b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Ökukennarar og ökuskólar**.

9. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 4. mgr. 57. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, kemur: tólf.

10. gr.

Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ í 1. mgr. 63. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, kemur: meira en 750 kg.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga“ í 1. mgr. kemur: þéttbýlis.
b. Orðin „eða sýsluveg“ í 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna, sbr. V. kafla vegalaga“ í 3. mgr. kemur: þéttbýlis.

12. gr.

Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna og sýsluveg“ í 85. gr. laganna kemur: þéttbýlis.

13. gr.

2. mgr. 113. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, orðast svo:

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

14. gr.

4. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögunum sem lagt var fram á síðasta löggjafarþingi en varð eigi útrætt. Meginefni frumvarpsins er samhljóða hinu fyrra frumvarpi, 11., 12. og 14. gr. eru með smávægilegum breytingum en 3., 5., 8. og 9. gr. eru nýjar. Breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu varða einkum tvö atriði, þ.e. aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini og breytingar er tengjast gildistöku nýrra vegalaga.

1. Tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/439/EBE, um ökuskírteini, var tekin inn í reglukerfi EES-samningsins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 21. mars 1994, svo sem fram kom í tillögu til þingsályktunar sem lögð var fram á 117. löggjafarþingi 1993–94 (547. mál, þskj. 841).

Tilskipunin kveður á um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina sem gefin eru út í aðildarríkjunum, án tillits til búsetu skírteinishafa. Í því sambandi er byggt á samræmdri flokkun ökuréttinda og samræmdum reglum um skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis, svo sem að því er varðar lágmarksaldur, um þekkingu, leikni og hæfni og um líkamlegt og andlegt hæfi. Ákvæði tilskipunarinnar áttu að koma til framkvæmda í aðildarríkjunum 1. júlí 1996. Í sérstökum viðauka við tilskipunina er gert ráð fyrir að tekið verði upp samræmt form á ökuskírteinum, sex blaðsíðna pappírsskírteini. EFTA-ríkin fengu undanþágu frá því að taka þetta skírteinisform upp og var miðað við að sameiginlega EES-nefndin hefði endurskoðað þá ákvörðun fyrir 1. júlí 1994. Þessu hefur síðan verið frestað til 31. desember 1997. Á vegum ESB hefur um nokkurt skeið verið unnið að mótun nýs forms fyrir ökuskírteini. Er þar gert ráð fyrir að skírteinin verði gerð úr plasti, af svipaðri gerð og greiðslukort. Hefur sú gerð ökuskírteina verið viðurkennd innan ESB frá 1. júlí 1996 en þau ákvæði hafa enn ekki verið tekin fyrir í sameiginlegu EES-nefndinni. Hafinn er undirbúningur að því að íslensk ökuskírteini verði í formi plastkorts.

Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að breyta þarf skilgreiningu umferðarlaganna á léttu bifhjóli. Þá þarf að kveða á um gildi ökuskírteina útgefinna í EES-löndunum (öðrum en Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð) hér á landi eftir að viðkomandi hefur sest hér að. Að auki eru lagðar til orðalagsbreytingar á 50. og 63. gr. laganna til frekara samræmis við tilskipunina. Að öðru leyti samrýmist tilskipunin ákvæðum umferðarlaganna.

2. Með vegalögum, nr. 45 6. maí 1994, var skilgreiningu þjóðvega breytt. Jafnframt hefur verið felld niður sú flokkun á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum sem var í V. kafla eldri vegalaga. Þá hefur orðið sú breyting að sýsluvegir eru ekki lengur sérstakur flokkur vega. Skv. 7. gr. vegalaga eru þjóðvegir nú „þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá“, svo sem nánar greinir í 8. gr. laganna. Í 9. gr. laganna eru almennir vegir og einkavegir skilgreindir. Eru almennir vegir „þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar“. Einkavegir „eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum“. Samkvæmt þessu munu vegir í þéttbýli almennt falla undir hugtakið almennir vegir.

Af þessu leiðir að breyta þarf ákvæðum umferðarlaga sem víkja að sýsluvegum og þjóðvegum skv. V. kafla eldri vegalaga.

3. Auk þess sem hér hefur verið greint er lagt til að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar á umferðarlögunum. Eru þær þessar:

a. Lagt er til að 3. og 4. mgr. 38. gr. verði breytt þannig að leyfður hámarksökuhraði bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki verði 80 km á klst. Þó verði leyfður hámarksökuhraði ekki meiri en 60 km á klst. ef eftirvagninn er án hemla og 300 kg eða meira að heildarþyngd, svo og þegar bifreið dregur óskráð tengitæki.
b. Lagt er til að a-lið 1. mgr. 52. gr. verði breytt þannig að tekið verði fram að ráðherra geti sett reglur um ökunám auk ökukennslu.
c. Lagt er til að 3. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að réttindi til að stjórna bifreið feli sjálfkrafa í sér rétt til að stjórna léttu bifhjóli.
d. Lagt er til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að enginn megi stjórna torfærutæki nema hafa gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið. Í þessu felst að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki verður 17 ár í stað 15.
e. Lagt er til að við 56. gr. verði bætt ákvæði er heimili ráðherra að setja reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla.
f. Lagt er til að æfingaakstur, sbr. 4. mgr. 57. gr., megi hefjast tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið í stað sex mánaða.
g. Lagt er til að 2. mgr. 113. gr. verði breytt þannig að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð nánari skipun Umferðarráðs.
h. Lagt er til að 4. mgr. 114. gr. verði breytt að því er varðar sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa og að ráðherra verði fengið rýmra vald um fjölda nefndarmanna og um skipun og skipulag nefndarinnar að öðru leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að skilgreiningu létts bifhjóls verði breytt þannig að ökutækjaflokkurinn takmarkist eingöngu af slagrúmmáli og mögulegum hámarkshraða að því er varðar bifhjól með brunahreyfli. Þá er lagt til að skilgreiningin taki einnig til bifhjóla með rafhreyfli með sama mögulegum hámarkshraða. Er þetta til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins nr. 91/439/EBE, um ökuskírteini. Þá er lagt til að hámarkshraði létts bifhjóls verði 45 km á klst. til samræmis við tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/61/EBE, um gerðarviðurkenningu bifhjóla.

Um 2. gr.

Lagt er til að tilvísun til sýsluvega falli brott, enda er sú flokkun vega ekki lengur til.

Um 3. gr.

Í 38. gr. laganna eru ákvæði um ökuhraða sérstakra gerða ökutækja sem takmarka ökuhraða þeirra meira en almennar hraðatakmarkanir skv. 37. gr.

Skv. 3. mgr. 38. gr. má ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki (hjólhýsi eða tjaldvagn) aldrei vera meiri en 70 km á klst. og skv. 4. mgr. 38. gr. má ökuhraði bifreiðar með annað tengitæki aldrei vera meiri en 50 km á klst. Samkvæmt þessu er ökuhraði bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki ákveðinn 10 km á klst. lægri en vörubifreiða, en leyfður hámarkshraði þeirra er 80 km á klst. skv. 2. mgr. 38. gr. Er lagt til að hámarkshraði þessara ökutækjaflokka verði samræmdur og að leyfður hámarkshraði bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki verði þá ákveðinn 80 km á klst. Þó þykir ekki rétt að heimila svo mikinn hámarkshraða þegar bifreið dregur eftirvagn sem er án

hemla og 300 kg eða meira að heildarþyngd né þegar bifreið dregur óskráð tengitæki. Er lagt til að leyfður hámarkshraði þessara ökutækja verði ákveðinn 60 km á klst.

Um 4. gr.

Lagt er til að ökuréttindaflokkur skv. a-lið 1. mgr. 50. gr. miðist við bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd almennt en takmarkist ekki við vörubifreiðir einar. Þó er gert ráð fyrir að réttindaflokkur hópbifreiða haldist óbreyttur. Jafnframt er lagt til að notað verði orðalagið „meira en 750 kg“ í stað „a.m.k. 750 kg“ og „fer ekki yfir 3.500 kg“ í stað „er innan við 3.500 kg“. Eru breytingar þessar í samræmi við orðanotkun í tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini.

Um 5. gr.

Skv. a-lið 1. mgr. 52. gr. laganna setur ráðherra reglur um ökukennslu. Reglur um ökunám eru ekki síður mikilvægar en reglur um ökukennslu. Er lagt til að skýrt verði kveðið á um þetta atriði. Undir reglur um ökunám koma m.a. ákvæði um námskrá fyrir einstaka flokka ökuréttinda. Undir það mundu og geta fallið nánari reglur um tilhögun æfingaaksturs með leiðbeinanda, sbr. 6. mgr. 57. gr. laganna.

Um 6. gr.

Tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini kveður á um að ökuskírteini, sem gefin eru út í aðildarríkjunum, skuli viðurkennd gagnkvæmt af þeim ríkjum. Sú viðurkenning skal gilda hvort heldur um er að ræða skemmri dvöl í öðru ríki en því sem gaf ökuskírteinið út eða fasta búsetu þar. Samkvæmt umferðarlögum er dómsmálaráðherra nú eingöngu heimilt að ákveða að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi við þessar aðstæður hér á landi.

Um 7. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að í ökuréttindum til að stjórna bifreið felist jafnframt réttur til að stjórna léttu bifhjóli án þess að til þess þurfi sérstakt próf. Jafnframt er lagt til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að réttur til að stjórna torfærutæki verði bundinn við þá sem hafa rétt til að stjórna bifreið. Þetta felur í sér að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki færist úr 15 árum í 17. Rökin fyrir þessari tillögu eru þau að torfærutæki, einkum vélsleðar, eru almennt mun aflmeiri en þegar gildandi ákvæði voru sett. Standa ekki rök til þess að ungmenni, sem ekki hafa reynslu af akstri, öðlist réttindi á þessi ökutæki með því einu að öðlast réttindi til að stjórna léttu bifhjóli sem er mun aflminna en torfærutækin. Er ákvæðið í þessu horfi í samræmi við fyrirkomulag réttinda til að stjórna vinnuvél.

Breyting á 4. mgr. 55. gr. er í samræmi við tillögu í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Um 8. gr.

Ýmislegt ökunám fer fram í ökuskólum. Er þar einkum um að ræða bóklegt nám vegna almennra ökuréttinda. Þá fer allt nám til aukinna ökuréttinda fram á vegum ökuskóla. Eðlilegt er því að settar verði reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla og er lagt til að dómsmálaráðherra geti sett slíkar reglur.

Um 9. gr.

Frá 1. júní 1993 lengdist sá tími, sem nemandi má stunda æfingaakstur áður en hann hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið, úr þremur mánuðum í sex mánuði. Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að setja reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda en án löggilts ökukennara, enda hafi nemandinn áður hlotið lágmarksþjálfun. Reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda tóku gildi í maíbyrjun 1994. Æskilegt er að lengja þann tíma sem nemandi hefur til að stunda æfingaakstur, hvort heldur er hjá ökukennara eða með leiðbeinanda, áður en til próftöku kemur. Með auknum æfingaakstri öðlast nemandinn meiri reynslu í akstri sem honum nýtist þegar hann síðar hefur öðlast rétt til að aka sjálfstætt. Er því lagt til að æfingaakstur geti hafist þegar tólf mánuðir eru þar til nemandi hefur aldur til. Æfingaakstur til almenns bifreiðastjóraprófs getur þá hafist þegar nemandi verður 16 ára.

Um 10. gr.

Lagt er til að þyngdarviðmiðun eftirvagns breytist í samræmi við breytingar á 50. gr. laganna.

Um 11. gr.

Lagt er til að tilvísun til þjóðvega utan kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga falli brott þar sem sú flokkun þjóðvega, sem þar var, er fallin brott. Í staðinn verði tillögugerð vegamálastjóra um sérreglur um umferð miðuð við þjóðvegi utan þéttbýlis en afmörkun þéttbýlis ræðst af umferðarmerkjum, sbr. skilgreiningu 2. gr. umferðarlaga. Þá er tilvísun til sýsluvega felld brott, enda er sú flokkun vega ekki lengur til.

Um 12. gr.

Lagt er til að tilvísun til þjóðvega utan kaupstaða og kauptúna og sýsluvega falli brott, enda er sú flokkun vega ekki lengur til. Í staðinn komi að vegamálastjóri skuli sjá um uppsetningu merkja á þjóðvegum utan þéttbýlis.

Um 13. gr.

Í 2. mgr. 113. gr. laganna er lögfest hvaða stofnanir og samtök eiga rétt á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð. Lagt er til að tilnefningarheimild þessi verði framvegis ekki bundin í lögum heldur verði kveðið á um hana í reglugerð. Reynslan hefur sýnt að breytingar hafa orðið á stofnunum og samtökum sem hafa mátt tilnefna fulltrúa í Umferðarráð. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, verður mun viðurhlutaminna að bregðast við slíkum breytingum en nú er.

Um 14. gr.

Lagt er til að ákvæði umferðarlaganna um rannsóknarnefnd umferðarslysa verði breytt þannig að ráðherra hafi á valdi sínu hverju sinni hversu marga aðila hann skipar í rannsóknarnefnd. Fulltrúar skulu hins vegar hafa yfir að ráða viðeigandi sérþekkingu. Þá er lagt til að numið verði úr lögum að Umferðarráð skuli hafa eftirlit með störfum nefndarinnar. Rétt er að taka fram að slíkri rannsóknarnefnd er ekki ætlað að yfirtaka lögbundið rannsóknarhlutverk lögreglu samkvæmt réttarfarslögum.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar á núgildandi lögum.

Í fyrsta lagi er ákvæðum breytt til að laga lögin að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini. Tilskipunin kveður á um að aðildarríkin viðurkenni ökuskírteini hvert annars án tillits til búsetu. Samkvæmt núgildandi lögum getur dómsmálaráðherra ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að þessi heimild nái einnig til ríkja sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ákvæðið hefur eitt og sér ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs en þess má geta að í sérstökum viðauka við tilskipunina er gert ráð fyrir að tekið verði upp samræmt form á ökuskírteinum og er hafinn undirbúningur að breytingu íslenskra ökuskírteina. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

Í öðru lagi eru gerðar breytingar er tengjast skilgreiningum í nýjum vegalögum og ákvæðum um hámarkshraða sem hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar varðandi setningu reglna um ökunám og ökuskóla, svo og lengingu á þeim tíma sem æfingaakstur er heimill. Kostnaðaráhrif þessara ákvæða eru óljós.

Að lokum eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skipan Umferðarráðs og rannsóknarnefndar umferðarslysa. Í núgildandi lögum er lögfest hvaða stofnanir og samtök eigi rétt á að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð en í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að þessi tilnefningarheimild verði framvegis ekki bundin í lög heldur verði kveðið á um hana í reglugerð. Í 14. gr. er lagt til að ákvæði um rannsóknarnefnd umferðarslysa verði breytt á þann veg að ráðherra hafi á valdi sínu hversu marga aðila hann skipar í nefndina en í núgildandi lögum er fjöldi þeirra ákveðinn. Einnig er lagt til að numið verði úr lögum að Umferðarráð skuli hafa eftirlit með störfum nefndarinnar og þess í stað gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um starfsemi hennar. Kostnaðaráhrif þessara ákvæða eru óljós og fara eftir því hvort og þá hversu miklar breytingar verða gerðar á starfsemi og skipan Umferðarráðs og rannsóknarnefndar umferðarslysa.

56. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara.

Tillögurnar feli m.a. í sér eftirfarandi:

a. Dregið verði úr gjaldtöku og skattlagningu hins opinbera vegna skulda einstaklinga, svo sem stimpil- og þinglýsingargjöldum, gjaldtöku við fjárnám og nauðungarsölu og virðisaukaskatti á innheimtukostnað lögmanna.
b. Tryggður verði betur réttur skuldara við fjárnáms- og uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð, m.a. með löggjöf um greiðsluaðlögun sem gæti að verulegu leyti komið í stað uppboðsmeðferðar eða gjaldþrotaskipta.
c. Sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum.
d. Settar verði reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark gjaldtöku vegna vanskila skuldara.
e. Settar verði reglur sem tryggi betur réttarstöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga, svo sem um skyldu lánveitanda til að upplýsa ábyrgðarmenn um hvað felst í sjálfskuldarábyrgð og/eða veðleyfi þeirra.
f. Efnalitlu fólki verði tryggð ókeypis lögfræðiþjónusta og fjármálaaðstoð vegna innheimtuaðgerða kröfuhafa.

Tillögum sem m.a. byggjast á framangreindum þáttum verði komið í framkvæmd svo fljótt sem verða má og nauðsynleg lagafrumvörp þar að lútandi lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Markmiðið með þingsályktunartillögu þessari er að dregið verði úr óhóflegri gjaldtöku og skattlagningu á skuldir og vanskil einstaklinga, auk þess sem tryggð verði betur réttarstaða fólks við fjárnám, uppboðsaðgerðir og gjaldþrotameðferð. Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Ástæður og umfang vanskila.

Allir vita að það er fyrst og fremst launafólk sem hefur borið hitann og þungann af því að hér hefur ríkt stöðugleiki og atvinnulífið fengið svigrúm til að rétta úr kútnum. Þannig hefur launafólk á undanförnum árum sætt sig við lítið breytt launakjör, en allt of stór hluti þjóðarinnar hefur þurft að framfleyta sér af lágmarkslaunum sem eru ekki mikið hærri en atvinnuleysisbætur.

Á meðan launafólk hefur þurft að sætta sig við nánast óbreytt launakjör hafa skuldir einstaklinga aukist verulega. Samhliða því hefur gætt vaxandi vanskila hjá heimilum í landinu og nauðungaruppboðum fjölgað. Þannig hafa aldrei verið seldar fleiri fasteignir á nauðungaruppboði í Reykjavík en á sl. ári en þá voru 380 fasteignir seldar nauðungarsölu í Reykjavík.

Ástæður skuldaaukningar og vaxandi vanskila heimilanna eru ekki síst atvinnuleysi og minni atvinnutekjur hjá fjölda heimila í landinu, auk ýmissa stjórnvaldsaðgerða sem þrengt hafa kjör þeirra. Við slíkar aðstæður er mjög óeðlilegt að ríkisvaldið sé að græða á neyð heimilanna, en eftir því sem vanskilin aukast og nauðungaruppboðum fjölgar hefur ríkið meiri tekjur. Þannig hefur verið áætlað að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, þinglýsingargjöldum, gjöldum af fjárnámi og nauðungarsölum auk tekna af virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum nemi ekki undir 2 milljörðum kr. á ári. Þar að auki er um að ræða þóknun lögmanna og fjármálastofnana, svo sem banka, sparisjóða og verðbréfafyrirtækja, fyrir innheimtuaðgerðir sem er oft umtalsverður kostnaður við vanskil.

Ríkið, fjármálastofnanir, lögmannastéttin og aðrir innheimtuaðilar hafa því haft miklar tekjur af fólki sem býr við sára neyð og á í miklum greiðsluerfiðleikum. Á meðan ríkið skattleggur skuldir einstaklinga eru fjármagnstekjur skattfrjálsar.

Kostnaður hærri en höfuðstóll.

Ljóst er að þessi gjaldtaka ríkisins er skuldurum afar þungbær og getur haft úrslitaáhrif á það hvort fólk getur unnið bug á fjárhagserfiðleikum sínum. Til að forðast nauðungaruppboð þarf viðkomandi einstaklingur oft að greiða til ríkisins í formi stimpil- og þinglýsingargjalda, réttargjalda og virðisaukaskatts tugi eða jafnvel hundruð þúsunda króna ofan á hinar eiginlegu skuldir og gjöld til lögmanna. Þannig er algengt að þóknun, kostnaður og álög á skuldir einstaklinga, til ríkisins og innheimtuaðila, geta þegar upp er staðið orðið mun hærri en höfuðstóll skuldarinnar. Slík skattheimta ríkissjóðs misbýður siðferðiskennd fólks og verður oft til þess að brjóta niður einstaklinga sem þurfa á öllu sínu að halda til að ráða fram úr erfiðleikunum.

Það hlýtur að vera siðferðileg spurning hvort réttlætanlegt sé að ríkið nýti sér þannig neyð fólks í tekjuöflunarskyni og komi jafnvel í veg fyrir að það geti náð tökum á lífi sínu á nýjan leik. Það má vissulega segja að ekki sé óeðlilegt að þeir sem eru í vanskilum greiði fyrir þau útgjöld sem ríkið verður fyrir af þeim sökum. Þegar gjaldtakan er hins vegar orðin margföld sú fjárhæð sem svarar beinum útgjöldum ríkissjóðs er um beina skattlagningu að ræða á skuldir og neyð heimilanna í landinu.

Ábyrgð kröfuhafa.

Það sjónarmið hefur um of ríkt í þjóðfélaginu að kröfuhafinn hafi einn réttinn sín megin og grundvallast það á þeirri meginreglu samningaréttarins að gerðan samning skuli halda og á þörfum viðskiptalífsins. Sífellt flóknari uppbygging viðskiptalífsins krefst aukinnar skilvirkni og hafa reglur fjármunaréttarins miðað að setningu skýrra lagaákvæða sem kveða á um hagræðingu við innheimtu skulda. Með þessu hefur dómskerfið í auknum mæli færst í þá átt að þjóna hagsmunum kröfuhafa.

Gera verður þær kröfur til þeirra sem lána fé í ágóðaskyni að þeir beri nokkra ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni. Ákvörðun um lánveitingu á fyrst og fremst að byggjast á lánstrauti neytandans. Tryggja verður með lögum vernd fyrir ábyrgðarmenn þar sem kveðið verður á um ríka upplýsingaskyldu lánveitanda um gildi ábyrgðar og um efni samnings. Jafnframt þarf að liggja fyrir skylda lánveitanda til að upplýsa ábyrgðarmenn um breytingar á efni og stöðu samnings sem ábyrgðin nær til. Æskilegt væri einnig að ábyrgðarmenn hefðu aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu skuldara.

Opinber réttaraðstoð.

Nauðsynlegt er að komið verði á fót opinberri réttaraðstoð til að veita almenningi ráðgjöf á sviði lögfræði til að tryggja að réttindi einstaklinga glatist ekki sökum lítilla efna. Til þess að slík aðstoð verði raunverulegt úrræði þarf hún að ná til leiðbeininga um réttarreglur og lagaúrræði, hvort sem um réttarágreining er að ræða eða ekki, svo og ráðgjafar í einstökum málum. Benda má á nauðsyn þess að einstaklingar fái hjálp við einfalda skjalagerð, bréfaskriftir og aðstoð við kærur og við að koma nýrri skipan á fjármál sín.

Greiðsluaðlögun.

Þau úrræði, sem skuldugum einstaklingum standa til boða, svo sem frjálsir samningar, greiðslustöðvun og nauðasamningar, eru fremur sniðin að þörfum atvinnulífsins. Þau miða að því að tryggja kröfuhöfum skilvísa greiðslu af eignum skuldara, fremur en að tryggja afkomu þess sem eftir þeim leitar. Því er þörf á sérstakri löggjöf um greiðsluaðlögun eins og þeirri sem nágrannaþjóðir okkar hafa sett. Markmiðið með greiðsluaðlögun er að tryggja afkomu einstaklinga sem komnir eru í greiðsluþrot en gætu ef vel væri að staðið komið reglu á fjármál sín. Rétt væri að greina á milli tvenns konar greiðsluaðlögunar: Annars vegar er frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samningi skuldara við lánardrottna um frestun á greiðslu skuldar, niðurfellingu skuldar að öllu eða nokkru leyti eða eftirgjöf vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili sem stæði yfir í fimm ár. Hins vegar geta dómstólar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, úrskurðað að greiðsluaðlögun skuli heimil ef ekki næst samkomulag við kröfuhafa. Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara og verður honum m.a. gert skylt að selja þær eignir sem hann getur verið án. Greiðsluaðlögun leysir skuldara undan greiðsluskyldu á þeim skuldum sem greiðsluaðlögunin nær til og kröfuhafar geta ekki krafist gjaldþrotaskipta vegna sömu skuldar.

Rökin með slíku úrræði eru þau að tryggð verði greiðsla til kröfuhafa meðan enn eru til verðmæti, svo og að koma í veg fyrir þjóðfélagslegt tjón sem leiðir af fjöldagjaldþrotum einstaklinganna. Til þess að markmið greiðsluaðlögunar náist verður hún að ná til allra skulda, þar með talið skulda sem tryggðar eru með veði í fasteignum skuldara, ábyrgðar þriðja manns og samninga með eignarréttarfyrirvara og kaupleigu. Einnig kemur til greina að skattayfirvöld fái heimild til að fella niður opinber gjöld einstaklinga á því ári sem þeir verða gjaldþrota.

Opinber gjaldskrá vegna innheimtukostnaðar lögmanna.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að sett verði opinber gjaldskrá um innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtukostnað. Þeir sem verið hafa í vanskilum eða á nauðungaruppboði, að ekki sé talað um gjaldþrot, þekkja að það er ekki síst hár lögfræðikostnaður sem gerir kostnað við vanskil oft og tíðum óviðráðanlegan. Staðreyndin er sú að á meðan nánast hefur ríkt verðstöðvun og launafólk hefur þurft að búa að mestu við óbreytt kjör hafa einstakir lögmenn margfaldað gjaldtökur sínar og því sem næst eftirlitslaust makað krókinn á kostnað fólks í greiðsluerfiðleikum. Nefna má að þóknun lögmanna fyrir það eitt að mæta í fjárnámsfyrirtöku hjá sýslumanni var lengst af innan við 3.000 kr. Nú finnast þess fjölmörg dæmi að einstakir lögmenn rukki fjárnámsþola um allt að 15.000 kr. fyrir að mæta í fjárnámsfyrirtöku sem tekur venjulega um 6–8 mínútur. Mun hærri fjárhæðir, eða allt að 40.000 kr., eru ekki óþekktar fyrir þetta litla viðvik lögmanna.

Í febrúar 1994 kvað Samkeppnisstofnun upp úrskurð um beiðni Lögmannafélags Íslands um undanþágu frá banni við útgáfu á sameiginlegri gjaldskrá. Í úrskurði sínum taldi Samkeppnisstofnun hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, ekki til þess bæran aðila að gefa út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna, reglur sem ætlað er að gæta hagsmuna dómþola þegar dómstólar dæma um málskostnað, eða til að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum, enda eiga lögmenn sjálfir annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum. Lögmannafélagið taldi í rökstuðningi sínum að hætta væri á að ósamræmi skapaðist innan dómaraembætta og milli þeirra um ákvörðun málskostnaðar ef ekki væri við leiðbeinandi reglur að styðjast. Enn fremur var vikið að hagsmunum

skuldara í innheimtumálum. Um þetta atriði sagði Samkeppnisstofnun orðrétt í úrskurði sínum: „Ef setja þarf reglur eða gjaldskrá til að gæta hagsmuna þeirra sem áður er um rætt eða til að gæta samræmis hjá dómstólum, sbr. það sem fjallað er um í beiðni Lögmannafélags Íslands, telur Samkeppnisstofnun eðlilegt að það sé löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það geri.“

Rök mæla með því að sett verði opinber gjaldskrá um innheimtukostnað lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á þann kostnað. Fólk í vanskilum velur sér ekki lögmann, heldur eru það kröfuhafar þeirra sem það gera. Lögmál frjáls markaðar um framboð og eftirspurn, þar sem fólk beinir viðskiptum sínum þangað sem það fær ódýrasta þjónustu, gildir því ekki í þessum tilvikum. Ef skuldari greiðir ekki lögmanni það sem hann er krafinn um gengur lögmaðurinn að skuldurum með fjárnámi og nauðungarsölu og þeim er því nauðugur einn kostur að greiða lögmönnum, sem fengnir eru til að gæta hagsmuna annarra, uppsett verð fyrir þeirra þátt í innheimtu skulda. Því er eðlilegt að til komi atbeini opinberra aðila til að gæta hagsmuna skuldara með útgáfu opinberrar gjaldskrár um innheimtukostnað lögmanna.

Víðtækar aðgerðir – tekjutap ríkissjóðs ekki sjálfgefið.

Með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt um sífellt versnandi kjör almennings verður að grípa til víðtækra úrræða af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds. Tillögur þær, sem þessi þingsályktunartillaga felur í sér, miða að því að rétta við hag þeirra sem verst hafa farið út úr efnahagsþrengingunum og óhóflegu álagi og þóknunum ríkis, fjármálastofnana, lögfræðinga og annarra aðila á vaxandi skuldir einstaklinga og heimilanna í landinu. Það er ekki þjóðfélagslega hagkvæmt að illa statt fjölskyldufólk missi allar eigur sínar í kjölfar minnkandi launa eða atvinnuleysis. Því fylgja aukin félagsleg vandamál, meiri þörf fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins og þar með aukin útgjöld ríkis og sveitarfélaga. Þótt tillaga þessi feli í sér einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð er tekjutap ríkissjóðs þess vegna ekki sjálfgefið þegar á heildina er litið, vegna aðgerða til að aðstoða skuldara sem við neyð búa.

Raunveruleg dæmi.

Hér verða annars vegar sýnd þrjú raunveruleg dæmi af skuldurum í gjaldþrotaskiptum árið 1995 (dæmi 1–3) og hins vegar dæmi um álagðan kostnað þegar mál er komið í uppboðsmeðferð (dæmi 4), dæmi um sundurliðaðan kostnað af fjárnámi (dæmi 5) og loks dæmi um áfallinn kostnað samkvæmt kröfulýsingu í uppboðsandvirði að loknu nauðungaruppboði (dæmi 6). Þessi dæmi sýna þann mikla kostnað sem fallið getur á skuldara og ábyrgðarmenn með ýmiss konar gjaldtöku og þóknunum ríkis, fjármálastofnana, lögfræðinga og annarra aðila.

1. Kröfuhafi (banki) krefst gjaldþrotaskipta vegna vangoldins skuldabréfs (tveggja ára gömul vanskil):

Höfuðstóll gjaldfelldur		1.500.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest dráttarvextir)		517.252 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (fjárnámsgjald, þinglýsingar- og stimpilgjöld, virðisaukaskattur)		81.660 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtuþóknun	114.000	
– mót við fjárnám	39.623	
– annar lögfræðikostnaður	16.417	170.040 kr.
	Samtals	2.268.952 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 51%.

2. Krafa fellur á ábyrgðarmann (eins árs gömul vanskil):

Höfuðstóll skuldar		40.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest vextir)		14.560 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs		6.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– málskostnaður	21.000	
– kostnaður af fyrri innheimtutilraunum	15.000	
– annar lögfræðikostnaður	10.000	46.000 kr.
	Samtals	106.560 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 166%.

3. Kröfuhafi krefst gjaldþrotaskipta vegna rúmlega fimm ára vanskila skuldar:

Höfuðstóll gjaldfelldur		323.000 kr.
Gjaldtaka banka (mest dráttarvextir)		990.000 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (virðisaukaskattur, þinglýsingar- og stimpilgjöld)		38.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– málskostnaður	38.000	
– vörslusviptingarbeiðni	6.000	
– fjárnám	22.000	
– uppboðsbeiðni	7.000	
– vextir af kostnaði	55.000	
– annar lögfræðikostnaður	9.000	137.000 kr.
	Samtals	1.488.000 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 360%.

4. Álagður kostnaður þegar mál er komið í uppboðsmeðferð. Gjaldfallið skuldabréf (eins og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll gjaldfelldur		103.000 kr.
Kostnaður kröfuhafa		14.800 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (fjárnámsbeiðni, þinglýsingar- og stimpilgjöld, nauðungarsölugjöld)		9.700 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtukostnaður	23.000	
– annar lögfræðikostnaður	10.300	33.300 kr.
	Samtals	160.800 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 56%.

5. Sundurliðaður kostnaður vegna fjárnáms á vangoldinni skuldakröfu (tveggja og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll		126.000 kr.
Dráttarvextir kröfuhafa		63.000 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (aðfarargjald)		3.000 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtukostnaður	27.000	
– mót við fjárnám	10.800	
– annar lögfræðikostnaður	4.700	42.500 kr.
	Samtals	234.500 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur hækkað um 86%.

6. Áfallinn kostnaður samkvæmt kröfulýsingu í uppboðsandvirði að loknu nauðungaruppboði. Krafa vegna ógreiddrar stöðumælasektar (tæplega eins og hálfs árs vanskil):

Höfuðstóll		1.050 kr.
Dráttarvextir		140 kr.
Gjaldtaka ríkissjóðs (þinglýsingar- og stimpilgjöld, uppboðsbeiðni, virðisaukaskattur)		6.739 kr.
Lögfræðikostnaður:		
– innheimtuþóknun	3.396	
– vörslusviptingarkostnaður	23.400	
– kostnaður við uppboð	13.000	
– annar lögfræðikostnaður	7.602	47.398 kr.
	Samtals	55.327 kr.

Höfuðstóll skuldar hefur í þessu dæmi meira en fimmtíufaldast.

57. Frumvarp til laga [57. mál]

um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Fiskveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

2. gr.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

3. gr.

Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

4. gr.

Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn, sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt ofansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 5. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 5. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum, sem um ræðir í þessari grein, utan lögsögunnar enda uppfylli þau skilyrði lokamálsliður 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

6. gr.

Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim, sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt ofansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 6. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

8. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skip-

um að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu sem veitt verða á grundvelli 2. og 5. mgr. 4 gr. laga þessara skal greiða gjald skv. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Útgerðir skipa, sem fá úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 5. gr. skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum á grundvelli 6. gr. skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 4. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 4. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 4. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands, skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður, skulu útgerðir skipa, er veiðar stunda úr þeim stofni, greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald, fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna samkvæmt þessari málsgrein greiðist mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

Sé á grundvelli 1. mgr. ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingarbúnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir greiða kostnað sem af slíku eftirliti hlýst, þar með talin hlutdeild í yfirstjórn.

Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningaskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

9. gr.

Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

II. KAFLI
Fiskveiðar erlendra skipa.

10. gr.

Óheimilt er að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum ef veiðarnar brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Í þessum tilvikum er viðkomandi skipum einnig óheimilt að sækja hvers konar þjónustu til íslenskra hafna. Þessar takmarkanir koma til viðbótar ákvæðum 3. gr. laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Þá getur ráðherra ákveðið að 1. mgr. skuli beitt gagnvart skipum ef ætla má vegna veiða þeirra úr tilteknum stofni að slíkt sé nauðsynlegt til verndunar lifandi auðlinda hafsins eða ef viðkomandi skip er skráð undir hentifána og ætla má að það sé gert til að forðast stjórnun fiskveiða á viðkomandi hafsvæði.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Þá skerða ákvæðin ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafna þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

11. gr.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis, fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

13. gr.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum eða varðhaldi og sviptingu afla og veiðarfæra nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Um mál er rísa út af brotum gegn lögum þessum fer að hætti opinberra mála.

15. gr.

Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 6. mgr. 1. gr. laga 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands, vegna starfa eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum á tímabilinu 1. ágúst 1996 til gildistöku laga þessara fellur í gjalddaga einum mánuði eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta fjallar um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Er það í öllum meginatriðum samhljóða frumvarpi um sama efni er flutt var á síðasta vorþingi.

Núgildandi lög um þetta efni eru lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 34/1976. Skv. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga setur sjávarútvegsráðherra með reglugerð þær reglur um slíkar veiðar sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland gerist aðili að eða samninga sem gerðir eru milli íslenskra og erlendra stjórnvalda. Reglugerð nr. 676/1995, sem og reglugerð nr. 471/1994, sem hún leysti af hólmi, er sett á grundvelli þessa ákvæðis. Skv. 2. mgr. 1. gr. laganna er ráðherra heimilt að setja aðrar nauðsynlegar reglur um veiðar utan lögsögu Íslands, m.a. til samræmingar við reglur þær er gilda um veiðar innan lögsögunnar. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa verið settar reglugerðir um möskvastærðir. Í 2. gr. laganna er loks tekið fram að brot gegn reglum settum samkvæmt lögunum varði sektum og upptöku afla og veiðarfæra.

Þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað í úthafsveiðimálum síðan framangreind lög öðluðust gildi var orðin brýn þörf á endurskoðun þeirra. Veiðar á úthafinu hafa færst mjög í vöxt á síðustu árum, bæði af hálfu Íslendinga og annarra þjóða. Slíkar veiðar eru því orðnar miklu brýnna hagsmunamál en fyrirsjáanlegt var árið 1976.

Ljóst er að hin aukna sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur leitt til ofveiði þar víða um heim. Þjóðir heims hafa í vaxandi mæli gert sér grein fyrir því að koma verður í veg fyrir stjórnlausar fiskveiðar á úthafinu. Allar þær deilur, sem sprottið hafa á undanförnum

árum um fiskveiðar á úthafinu, hafa og fært mönnum heim sanninn um nauðsyn bindandi samkomulags. Hin mikla aukning í úthafsveiðum hefur leitt til örrar þróunar í hafréttarmálum.

Með hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982 voru settar ítarlegar reglur um landhelgina, efnahagslögsöguna og landgrunnið. Hins vegar má segja með nokkrum rétti að úthafið hafi verið skilið eftir. Áfram var fylgt þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthafinu væru öllum ríkjum frjálsar. Þær reglur, sem settar voru um verndun fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim á úthafinu og takmarka áttu þetta frelsi, voru of almenns eðlis til að geta þjónað tilgangi sínum og þörfnuðust nánari útfærslu.

Það var hlutverk úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að útfæra nánar ákvæði hafréttarsamningsins um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna, stjórnun veiða úr þeim og hrinda þeim í framkvæmd. Samkomulag varð um að kalla ráðstefnuna saman á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júní 1992. Úthafsveiðiráðstefnunni lauk hinn 4. ágúst 1995 með því að 112 ríki auk Evrópusambandsins samþykktu samhljóða bindandi alþjóðasamning um veiðar á úthafinu. Samningurinn liggur frammi til undirritunar í eitt ár frá og með 4. desember 1995 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu hann þann dag. Hann mun öðlast gildi 30 dögum eftir að 30 ríki hafa tilkynnt um fullgildingu hans. Rétt heiti samningsins er samningur um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, en hann hefur almennt gengið undir nafninu úthafsveiðisamningurinn, enda fjallar hann fyrst og fremst um stjórnun veiða úr þessum stofnum á úthafinu. Langflestir þeirra fiskstofna, sem veitt er úr á úthafinu, teljast annaðhvort deilistofnar, þ.e. stofnar sem halda sig bæði innan og utan lögsögu ríkja, eða víðförulir fiskstofnar og falla því undir samninginn. Sem dæmi um deilistofna má nefna norsk-íslenska síldarstofninn, þorskstofninn í Barentshafi, úthafskarfann á Reykjaneshrygg og íslenska loðnustofninn. Helstir víðförulla fiskstofna eru túnfiskstofnar víðs vegar í heiminum.

Yfirlýst markmið úthafsveiðisamningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum:

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggð á. Hér er annars vegar um að ræða almennar reglur, m.a. þá að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru, og hins vegar ákvæði um varúðarleiðina, en þar er m.a. gert ráð fyrir því að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru reglur hans um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir því að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun áðurnefndra stofna og stjórnun veiða úr þeim. Skulu ríkin m.a. ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnum, úthluta kvótum til einstakra ríkja og setja reglur um veiðar og veiðarfæri og um eftirlit með veiðunum.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samrýmanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar.

Fjórði meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og að þeim sé framfylgt, sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að öll aðildarríki samningsins, sem eru aðilar að svæðisstofnun, hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdavaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Loks gerir samningurinn ráð fyrir því að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Fimmti og síðasti meginþáttur samningsins eru ákvæði hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins.

Á undanförnum árum hefur á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, verið unnið að gerð bálks um ábyrgar fiskveiðar. Samkomulag um endanlegan texta hans náðist haustið 1995 og var bálkurinn samþykktur af aðildarríkjum FAO á ársfundi stofnunarinnar í október 1995. Bálkurinn samanstendur af almennum reglum og nokkrum undirköflum. Þar er m.a. að finna reglur um fiskveiðistjórnun, framkvæmd fiskveiða og vísindarannsóknir. Einnig er svonefndur samningur um skyldur fánaríkja hluti af bálkinum. Efnisatriði bálksins eru í samræmi við ákvæði hafréttarsamningsins og úthafsveiðisamningsins. Ólíkt því sem gildir um úthafsveiðisamninginn er bálkur FAO um ábyrgar fiskveiðar ekki bindandi. Hins vegar má gera ráð fyrir að hann geti haft áhrif á þróun mála. Þannig munu ríki, sem eiga í fiskveiðideilum, ef að líkum lætur vitna til ákvæða bálksins og dómstólar líta til hans við úrlausn deilumála.

Á árinu 1993 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Var Geir H. Haarde alþingismaður skipaður formaður nefndarinnar en auk hans voru skipuð í nefndina alþingismennirnir Halldór Ásgrímsson, Matthías Bjarnason, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands og Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna. Með bréfi dagsettu 5. júlí 1995 voru gerðar þær breytingar á skipan nefndarinnar að Halldóri Ásgrímssyni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Matthíasi Bjarnasyni var veitt lausn frá störfum en alþingismennirnir Einar Oddur Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Stefán Guðmundsson og Ágúst Einarsson voru skipuð í nefndina. Svanfríður Jónasdóttir, alþingismaður hefur setið í nefndinni í stað Ágústs Einarssonar að nokkru leyti. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri hefur verið ritari nefndarinnar. Þá hefur Arnór Halldórsson, lögfræðingur starfað með nefndinni.

Nefndin lauk störfum hinn 7. maí sl. og er skilabréf nefndarinnar svohljóðandi:

„Hr. sjávarútvegsráðherra
Þorsteinn Pálsson
Sjávarútvegsráðuneytinu
Skúlagötu 4
Reykjavík

Með bréfi 23. september 1993 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefndina voru skipaðir þingmenn úr öllum þinglokkum sem og fulltrúar sjómannasamtaka og stærstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Nokkrar mannabreytingar hafa orðið í nefndinni á starfstímanum. Nefndin hefur haldið samtals 37 fundi.

Snemma í nefndarstarfinu var ákveðið að bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna áður en samið yrði nýtt lagafrumvarp. Þeirri ráðstefnu lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðlegan samning í ágúst sl. og hefur nefndin unnið að frumvarpsgerðinni undanfarna mánuði. Á starfstíma nefndarinnar hefur hún jafnframt verið gagnlegur samráðsvettvangur þingflokka og hagsmunaaðila um úthafsveiðimál og samningaviðræður við erlend ríki um þau efni. Hefur samstarf nefndarmanna um þessu mikilvægu málefni verið með ágætum.

Með bréfi þessu fylgja drög að frumvarpi til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands ásamt greinargerð. Ekki er í nefndinni samkomulag um öll atriði málsins og hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara, ýmist um frumvarpið í heild eða einstakar greinar þess. Hér er ekki farin sú leið að tíunda fyrirvara einstakra nefndarmanna, en þeir nefndarmanna sem þess óska munu koma sínum fyrirvörum á framfæri sérstaklega. Það er mat mitt sem formanns nefndarinnar að hjálögð drög endurspegli þær skoðanir sem mestan stuðning hafa í nefndinni. Ekki er líklegt að frekara nefndarstarf á þessum vettvangi leiði til breiðara samkomulags um einstök atriði. Eðlilegt er því að Alþingi fái málið til meðferðar og nánari úrvinnsla fari fram á vegum þess.

Lít ég svo á nefndin hafi skilað því verkefni sem henni var falið og er störfum hennar því lokið.

Virðingarfyllst,
(sign)
Geir H. Haarde
formaður“

Á síðasta vorþingi var flutt frumvarp samhljóða þeim drögum er fylgdu skilabréfi nefndarinnar. Ekki tókst að ljúka afgreiðslu málsins í heild og varð samkomulag um að samþykkja á vorþinginu aðeins ákvæði um veiðieftirlit utan íslenskrar lögsögu. Voru þau birt sem lög nr. 88/1996 um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands. Með frumvarpi þessu er málið endurflutt í heild. Frumvarpið byggist sem fyrr að meginstefnu til á drögum er fylgdu skilabréfi nefndarinnar. Á þeim drögum hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi til samræmis við tillögur meiri hluta sjávarútvegsnefndar á sl. vori á þingskjali 1079. Í öðru lagi er bætt við ákvæði í 4. gr. varðandi stjórn veiða í því tilviki er Ísland andmælir niðurstöðu alþjóðlegrar fiskveiðistofnunar. Loks eru gerðar smávægilegar breytingar varðandi innheimtu veiðieftirlitsgjalds.

Frumvarpið skiptist í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fiskveiðar íslenskra skipa, einkum um það hvernig veiðiheimildum úr viðkomandi stofnum verði skipt á milli skipanna og um eftirlit með veiðunum. Í öðrum kafla er fjallað um fiskveiðar erlendra

skipa, m.a. um það hvernig bregðast skuli við brotum slíkra skipa á reglum um auðlindastjórnun. Þriðji kafli geymir ýmis ákvæði, svo sem reglur um uppgöngu erlendra eftirlitsaðila á íslensk skip, refsiákvæði og ákvæði um gildistöku.

Frumvarpið byggir að miklu leyti, þar sem við getur átt, á þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða innan efnahagslögsögu Íslands hin síðari ár. Þar sem í núgildandi lögum um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 34/1976 er gert ráð fyrir því að ráðherra geti sett þær reglur sem honum þykir þurfa, svo sem til samræmingar við reglur í fiskveiðilandhelgi Íslands er því, að þessu leyti, ekki um neina byltingu að ræða.

Hins vegar er með frumvarpinu fyrst og fremst leitast við að skilgreina, með ítarlegri hætti en gert er í gildandi lögum, heimildir ráðherra til að setja reglur. Í núgildandi lögum eru þær heimildir lítt skilgreindar.

Sérstaklega er vert að nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að í vissum tilvikum verði skip sem haldið er til veiða á úthafinu að hafa til þess sérstakt leyfi, líkt og er um veiðar innan lögsögunnar. Er þetta breyting frá þeirri framkvæmd sem að mestu hefur verið viðhöfð varðandi veiðar íslenskra skipa utan íslenskrar lögsögu. Vísast um nánari skýringu á þessu til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Einnig er rétt að nefna að í frumvarpinu er með ítarlegum hætti gerð grein fyrir heimildum til veiðieftirlits á úthafinu af hálfu Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands og eftirlitsaðila erlendra ríkja. Til þessa hafa lagaheimildir til þess að koma á veiðieftirliti á úthafinu verið afar almenns eðlis. Í lögum nr. 34/1976 er að vísu ákvæði sem heimilar ráðherra að setja reglur sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og hefur á grundvelli þessa ákvæðis verið sett reglugerðarákvæði um þetta atriði. Þegar alþjóðasamningi viki ekki við yrði ráðherra að styðja sig við enn almennari heimild í nefndum lögum stæði vilji íslenskra stjórnvalda til þess að koma á eftirliti á úthafinu. Þar sem kostnaður fylgir slíku eftirliti er óhjákvæmilegt að heimildir verði skýrari í þessum efnum en fram að þessu. Rétt þykir að kveðið sé í lögum á um hvernig heimildum erlendra eftirlitsaðila til þess að hafa eftirlit með veiðum íslenskra skipa skuli háttað þar sem í slíkum heimildum kann að felast takmörkun á sérlögsögu Íslands yfir viðkomandi skipum.

Nauðsynlegt þykir að kveða sérstaklega á um heimildir Landhelgisgæslu Íslands til þess að stunda veiðieftirlit á úthafinu þar sem núgildandi löggjöf um hana tekur mið af þörfum slíks eftirlits hér við land en ekki utan íslensku lögsögunnar. Er því gert ráð fyrir að í kjölfar þessa frumvarps verði flutt frumvarp til breytinga á lögum nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands þar að lútandi. Þá þykir og nauðsynlegt að í kjölfar þessa frumvarps verði flutt frumvarp til laga er miði að því að koma í veg fyrir að skip stundi stjórnlausar veiðar í skjóli hentifána á sama tíma og íslensk skip þurfa að sæta takmörkunum lögum samkvæmt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða taka skv. 2. gr. þeirra til veiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, þ.e. á hafsvæðinu frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Þessum lögum er hins vegar ætlað að taka til veiða utan þessa svæðis hvort sem er á úthafinu, sbr. 86. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, í lögsögu annarra ríkja eða í lögsögu samkvæmt sérstökum samningi, enda þótt réttarstaðan sé að sjálfsögðu

mjög mismunandi á þessum svæðum. Þá er lögunum ætlað að gilda um nýtingu lífvera á hafsbotni hvort sem er á landgrunni Íslands utan lögsögunnar eða á öðrum svæðum utan hennar. Þótt gildissvið laga þessara sé takmarkað eins og að ofan greinir er ljóst að þau geta í sumum tilvikum haft áhrif innan lögsögunnar, sbr. t.d. 6. mgr. 5. gr. og 7. mgr. 6. gr.

Skilgreining á því hvað teljist veiðar er byggð á sama grunni og í lögum nr. 38/1990. Þó er hér valin sú leið að skilgreina í sjálfum lögunum hugtakið veiðar. Hér er þó ekki á ferðinni efnisleg breyting frá fyrr nefndum lögum svo sem ráða má af efni þeirra. Þótt orðið veiðar sé ekki vel fallið til þess að lýsa tekju sjávargróðurs er það, til einföldunar, engu að síður látið ná til slíkra athafna fari svo að til slíkrar nýtingar sé stofnað utan íslenskrar lögsögu. Nýting lífvera á hafsbotni á landgrunni Íslands sem og annarsstaðar utan íslenskrar lögsögu fellur undir lögin. Þá er ljóst að föngun lifandi dýra fellur undir lögin.

Um 2. gr.

Til samræmis við ákvæði 3. málsl. 1. gr. laga nr. 38/1990 þykir rétt að hafa skýrt ákvæði um eignarrétt og forræði yfir veiðiheimildum, sem til úthlutunar koma samkvæmt lögum þessum. Með því er ætlunin að koma í veg fyrir stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það er íslenska ríkið, en ekki einstakir þegnar þess eða fyrirtæki, sem ber skyldur gagnvart öðrum ríkjum vegna veiða á úthafinu.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er lagt til að ráðherra sé heimilað að setja reglur til að fullnægja þeirri almennu hafréttarskyldu Íslands að vernda lifandi auðlindir hafsins. Að því er varðar úthafið kemur þessi skylda fram í 2. kafla VII. hluta hafréttarsamningsins og er nánar útfærð í úthafsveiðisamningnum, einkum II. hluta hans. Hér er um sjálfstæða skyldu Íslands að ræða án þess að til þurfi að koma frekari skuldbindingar samkvæmt öðrum samningum en þeim sem hér eru nefndir.

Um 4. gr.

Með ákvæði 1. mgr. er mótuð sú meginstefna að öllum íslenskum skipum er heimilt að stunda veiðar utan lögsögu Íslands og að takmarkanir á slíkum veiðum verði að eiga sér stoð í lögum eða reglum settum með stoð í þeim.

Í 2. mgr. eru nefnd þrjú tilvik þar sem ráðherra er skylt að leyfisbinda veiðar íslenskra skipa á úthafinu:

Í fyrsta lagi ef það er nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands. Sem dæmi um slíkt má nefna skuldbindingar sem samið hefur verið um innan þeirra fiskveiðistofnana sem Ísland er aðili að, samninga sem gerðir hafa verið við einstök ríki og fjölþjóðlega samninga. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í úthafsveiðisamningnum er í b-lið ii) 3. tölul. 18. gr. sérstaklega tekið fram að ríki skuli banna skipum veiðar á úthafinu hafi þau ekki tilskilin leyfi eða ef veiðar þeirra samrýmast ekki skilmálum og skilyrðum leyfis eða heimildar. Öðlist úthafsveiðisamningurinn gildi gagnvart Íslandi er ráðherra þar með skylt að leyfisbinda allar veiðar á úthafinu. Þess má þar að auki geta að samkvæmt reglu 7.2.2. bálks Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um ábyrgar fiskveiðar er ríkjum uppálagt að tryggja að engin fiskiskip er sigla undir fána þeirra stundi veiðar á úthafinu eða í lögsögu annarra ríkja án leyfis þar til bærra yfirvalda.

Í öðru lagi ef það er nauðsynlegt til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr. Vísast til athugasemda um 3. gr. í þessu sambandi.

Í þriðja lagi ef það er nauðsynlegt til þess að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem veiðast bæði innan og utan íslensku lögsögunnar. Í þessu sambandi skal bent á að nauðsynlegt kann að vera fyrir íslensk stjórnvöld að sýna frumkvæði í verndaraðgerðum hvað varðar viðkomandi stofna, enda þótt ekki sé á þeirri stundu sýnt fram á að slíkra aðgerða sé þörf til þess að fullnægja skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins. Skoða ber þetta ákvæði m.a. í ljósi 116. gr. hafréttarsamningsins en samkvæmt henni er heimild ríkja til að láta ríkisborgara sína stunda veiðar á úthafinu háð því að réttindi, skyldur og hagsmuni strandríkja séu virt. Einnig er vert að geta þess að í 7. gr. úthafsveiðisamningsins er byggt á því að verndunar- og stjórnunarreglur, sem samþykktar eru fyrir úthafið annars vegar og þær sem ákveðnar eru fyrir innlenda lögsögu hins vegar, skuli vera samþýðanlegar. Ákvæði sama efnis er í 5. gr. samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi sem Ísland er aðili að.

Sérstaklega er tekið fram í 2. málsl. 2. mgr. að viðkomandi veiðileyfi skuli bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru.

Í lokamálslið 2. mgr. er kveðið á um að ekki megi veita öðrum skipum leyfi skv. 4. gr. en þeim sem fullnægja skilyrðum þargreindra laga til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands.

Sé um að ræða stofna sem veiðast bæði innan íslenskrar lögsögu og í lögsögu annarra ríkja myndu takmarkalitlar eða óheftar veiðar innan lögsögu þeirra ríkja gera verndunaraðgerðir innan íslensku lögsögunnar hvað þá stofna varðar marklitlar. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er að finna ákvæði um aðgerðir til þess að sporna við slíkum veiðum erlendra skipa auk þess sem ákvæði 10. gr. þessa frumvarps hnígur í sömu átt. Með ákvæði 3. mgr. er ætlunin að tryggja að stjórnun veiða íslenskra skipa úr þessum stofnum verði á hendi íslenskra stjórnvalda að því marki sem unnt er.

Svo sem að ofan er getið kveður regla 7.2.2. bálks Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, um ábyrgar fiskveiðar á um að ríki skuli sjá til þess að skip sem sigla undir fána þeirra stundi ekki ólöglegar veiðar innan lögsögu annarra ríkja. Sams konar reglu er að finna í b-lið iv) 3. tölul. 18. gr. úthafsveiðisamningsins. Í samræmi við þetta er í 4. mgr. kveðið á um að veiðar í lögsögu annarra ríkja án leyfa þar til bærra yfirvalda séu óheimilar. Er þetta nýmæli í íslenskum rétti.

Algengt er að reglur svæðisbundinna fiskveiðistofnana geri ráð fyrir heimild aðildarríkja þeirra til þess að mótmæla samþykktum viðkomandi stofnunar um fiskveiðistjórnun sem þau ella yrðu bundin af. Komi til þess að íslensk stjórnvöld beiti slíkri heimild kann að vera nauðsynlegt að þau geti sett reglur um veiðar íslenskra skipa, t.d. í þeim tilvikum sem samkomulag er um það innan viðkomandi stofnunar að nauðsynlegt sé að grípa til veiðitakmarkana en ágreiningur ríkir um það hvaða aðferðum skuli beitt. Í 6. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til veiðistjórnunar í slíkum tilvikum. Til þess að taka af allan vafa er í niðurlagsákvæði 5. mgr. tekið fram að ákvæði 5. og 6. gr. gildi hér eftir því sem við getur átt.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að ákvæði laganna um stjórn fiskveiða gildi eftir því sem við getur átt um veiðar utan íslensku lögsögunnar úr íslenskum deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögumarkanna. Ákvæði þetta verður að sjálfsögðu að skilja með þeim fyrirvara að samningar við önnur ríki eða ákvarðanir innan svæðisbundinna stofnana geta sett þessum veiðum sérstakar takmarkanir. Verður að telja mjög æskilegt að samræmd stjórn gildi um veiðar úr slíkum stofnum hvort sem þær fara fram innan eða utan lögsögu. Þannig hefur þessu verið varið með nýtingu loðnustofnsins til þessa. Þar hefur kvóta verið úthlutað til skipa án tillits til þess hvort hann er veiddur innan eða utan lögsögumarka og gilda allar sömu reglur um veiðarnar án tillits til þess hvar þær fara fram, að teknu tilliti til samningsákvæða um tilkynningaskyldu o.fl. Af upphafsorðum 2. mgr. er ljóst að ekki er ætlunin að hrófla við aflahlutdeild skipa sem úthlutað hefur verið fyrir gildistöku laga þessara.

Í 5. gr er lagt til að mismunandi ákvæði gildi eftir því hvort veiðireynsla er samfelld úr viðkomandi stofni eða ekki. Varðandi fyrra tilvikið er í 2. mgr. fylgt þeirri meginreglu, sem fram kemur í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, að þar sem heildarafli er ákveðinn skuli úthluta tilteknu aflamarki til einstakra skipa á grundvelli veiðireynslu þeirra. Er sérstaklega tekið fram í þessu sambandi hvenær veiðireynsla telst samfelld. Er miðað við að afli íslenskra skipa hafi í a.m.k. þrjú af undangengnum sex almanaksárum svarað til a.m.k. þriðjungs þess sem íslensk stjórnvöld hafa til skipta í umrætt sinn. Er kveðið svo á að aflahlutdeild hvers skips skuli miðast við þrjú bestu veiðitímabil þess. Þegar rætt er um veiðitímabil er átt við þau árlegu tímabil, eða vertíðir, sem viðkomandi veiðar standa venjulega. Þegar ekki er hægt að afmarka slík tímabil sýnist augljóst að miðað sé við fiskveiðiár hafi viðkomandi stofni verið stjórnað með stoð í lögum um stjórn fiskveiða en almanaksár í öðrum tilvikum. Af þessu má ljóst vera að um mismunandi viðmiðunartímabil getur verið að ræða eftir því hvort metin er veiðireynsla einstakra skipa eða metið er hvort veiðireynsla íslenskra skipa telst samfelld úr tilteknum stofni.

Með 3. mgr. er ráðherra veitt heimild til þess að binda úthlutun aflamarks skv. 2. mgr. því skilyrði að viðkomandi skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands, er svari, reiknað í þorskígildum, til allt að 15% af þeim aflaheimildum sem til skipta koma samkvæmt þeirri málsgrein. Umreikningur veiðiheimilda í þorskígildi er byggður á verðmætastuðlum sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu með stoð í lögum um stjórn fiskveiða. Til þess að jafnræðis sé gætt skal ráðherra láta þær útgerðir sem ekki geta afsalað sér aflaheimildum innan íslenskrar lögsögu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum skv. 5. gr.

Þegar ekki er um að ræða veiðireynslu sem telst samfelld skal ráðherra skv. 5. mgr. engu að síður ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Er honum þá skylt að taka mið af fyrri veiðum skips meðal annarra atriða. Vísað er til athugasemda við 1. mgr. 6. gr, sem þó eru ekki tæmandi taldar um það hvaða viðmiðun hann getur að öðru leyti lagt til grundvallar úthlutun og hvaða aðferðum hann getur beitt við hana. Sérstaklega er tekið fram í niðurlagsákvæði 5. mgr. að ráðherra geti með sérstakri aðferð úthlutað veiðiheimildum til útgerða þeirra skipa sem láta fyrir þær aðrar veiðiheimildir.

Í 6. mgr. er gert er ráð fyrir að þær aflaheimildir sem útgerðir hafa afsalað af skipum sínum á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. og á grundvelli 5. gr. skuli ráðstafað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild hvers þeirra.

Eftir að í íslenska fiskiskipaflotann hafa bæst skip, sem ekki hafa leyfi til veiða innan íslensku lögsögunnar, skapast sérstök vandamál varðandi veiðar úr deilistofnum sem grein þessi tekur til. Með ákvæði 7. mgr. er tekinn af vafi um heimildir ráðherra til að veita slíkum skipum leyfi til veiða úr viðkomandi stofni komi til leyfisbindingar veiðanna á grundvelli 2. mgr. 4. gr. Þessi heimild er þó bundin við veiðar utan lögsögunnar. Jafnframt skulu þessi skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Með ákvæði lokamálsgreinar 5. gr. er ætlunin að veita ráðherra heimild til þess að verðlauna sérstaklega frumkvöðla í veiðum á úthafinu.

Um 6. gr.

Komi tiltekið aflamagn í hlut Íslands við skiptingu veiðiheimilda úr stofni, sem heldur sig alfarið utan íslensku lögsögunnar, eða vegna samninga Íslands um veiðar í lögsögu annars ríkis er nauðsynlegt að kveða á um hvernig slíkum veiðum skuli stjórnað til að tryggt verði að afli íslenskra skipa verði innan umsaminna marka. Um það er fjallað í 1. mgr. Nærtækt er að sú leið verði farin að skipta hlut Íslands milli einstakra skipa, svo sem skylt er að gera í hliðstæðu tilfelli hvað varðar stofna sem um er rætt í 5. gr. Erfitt er að setja fastar reglur um hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar slíkri skiptingu og verður að taka mið af öllum atvikum. Væri í flestum tilvikum eðlilegt að auglýsa eftir umsóknum og úthluta veiðiheimildum á grundvelli tiltekinna efnislegra viðmiðana, svo sem veiðireynslu og gerðar, búnaðar eða stærðar skips. Oft er þetta þó ógerlegt og yrði þá að láta önnur atriði ráða, jafnvel hlutkesti milli skipa er fullnægja tilteknum kröfum. Sem dæmi um skiptingu af þessu tagi má nefna að Íslendingar hafa í ár m.a. heimild til að veiða 1.000 lestir af makríl í færeyskri lögsögu. Ef áhugi væri mikill á þessum veiðum væri augljóslega erfitt að velja örfá skip úr flota 40–50 nótaskipa til veiðanna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga jafnt við um samninga, sem gerðir hafa verið beint við önnur ríki, og þá samninga, sem gerðir hafa verið á vettvangi viðkomandi svæðisstofnana, t.d. Norðvestur-Atlantshafs-fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

Um athugasemdir við efni 2.–4. mgr. vísast til athugsemda við 2.–4. mgr. 5. gr. að breyttu breytanda.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að hverju skipi sé úthlutað aflahlutdeild með líkum hætti og gert er á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða. Er á grundvelli ákvæðisins unnt að úthluta viðkomandi skipum aflahlutdeild til tiltekinna ára eða ótiltekið þar til síðar verður ákveðið að breyta henni.

Um athugasemdir við efni 6.–7. mgr. vísast til athugsemda við 5.–6. mgr. 5. gr. að breyttu breytanda.

Í 8. mgr. er fjallað um það hvernig samningsskyldum Íslands skuli fullnægt þegar stofnum er stjórnað með öðrum hætti en með setningu heildarkvóta. Þær leiðir til sóknartakmörkunar, sem tilgreindar eru í þessari málsgrein, eru aðeins nefndar í dæmaskyni. Með vísan til þessa ákvæðis væri því einnig unnt að takmarka veiðar með því að heimila einungis tiltekna gerð og útbúnað veiðarfæra, binda leyfi við ákveðið form útgerðar o.s.frv. Tveir síðustu málsliðir athugasemda við 1. mgr. eiga hér við að breyttu breytanda.Ef nauðsynlegt er að takmarka veiðar íslenskra skipa í öðrum tilvikum en þegar hefur verið getið samkvæmt þessari grein til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins, sbr. 3. gr., er ráðherra skv. 9. mgr. heimilt að setja reglur þar að lútandi. Augljóslega þarf sterk rök til að beita takmörkunum í slíkum til-

vikum og er því lagt til að leitað sé álits Hafrannsóknastofnunarinnar um nauðsyn þeirra.

Um athugasemdir við lokamálsgrein 6. gr. vísast til athugasemda við lokamálsgrein 5. gr.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um svonefndar tæknilegar fiskverndunaraðgerðir, þ.e. ákvæði um gerð og búnað veiðarfæra, lágmarksmöskvastærð, seiðaskiljur, smáfiskskiljur, leggglugga, lokun veiðisvæða o.s.frv. Er ráðherra falið að setja reglur um þessi atriði öll með það að markmiði að tryggja ábyrgar fiskveiðar. Eðli máls samkvæmt getur löggjafinn ekki lagt línurnar í smáatriðum í þessum efnum heldur verður að framselja ráðherra vald til slíkra ákvarðana til að ná áðurnefndu markmiði. Með 3.–4. málsl. greinarinnar er þó settur ákveðinn rammi um efni þessara reglna. Að sjálfsögðu verða þessar reglur að fullnægja þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist með samningum við önnur ríki svo sem gert er ráð fyrir í 3. málsl. Ráðherra getur gengið lengra en beinlínis er skylt samkvæmt slíkum samningum, því eðlilegt getur verið að taka mið af reglum sem gilda í íslenskri lögsögu. Er gert ráð fyrir þessu í 4. málsl.

Samkvæmt a–c-lið 2. tölul. 7. gr. úthafsveiðisamningsins skulu aðildarríki hans við ákvörðun ráðstafana til verndunar deilistofnum og víðförulum fiskstofnum og til stjórnunar veiða úr þeim taka tillit til verndunar- og stjórnunarráðstafana vegna sömu stofna, sem ákveðnar hafa verið og beitt er af strandríkjum skv. 61. gr. hafréttarsamningsins, sem áður hafa verið samþykktar og beitt er af viðkomandi strandríkjum og úthafsveiðiríkjum samkvæmt hafréttarsamningnum, og sem áður hafa verið ákveðnar og beitt er af veiðistjórnunarstofnun eða samkvæmt veiðistjórnunarfyrirkomulagi á undirsvæði eða svæði samkvæmt hafréttarsamningnum. Með niðurlagsákvæði 7. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra geti fylgt þessum atriðum að mestu leyti. Þegar úthafsveiðisamningurinn tekur gildi gagnvart Íslandi verður ráðherra skylt að taka tillit til allra þessara atriða, sbr. 3. málsl.

Um 8. gr.

Samkvæmt 8. gr. er reiknað með að veiðieftirliti utan íslenskrar lögsögu verði hagað með svipuðum hætti og nú er tíðkað innan hennar. Er beinlínis vísað til gildandi laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum. Sérstaklega er tekið fram í 3. málsl. 1. mgr. að ráðherra geri íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Sem dæmi um samning, sem fjallað er um í 3. málsl. 1. mgr., má nefna úthafsveiðisamninginn. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að ráðherra mæli fyrir um eftirlit í reglugerð í öðrum tilfellum. Í þeim tilfellum yrði ráðherra þó að grundvalla framkvæmdina á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 54/1992 um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eða þeim lögum sem sett kunna að verða þessum lögum til fyllingar eða í stað þeirra. Þó er ráðherra heimilt að setja reglur um eftirlit í þeim tilvikum sem Ísland hefur mótmælt ákvörðunum er grundvallast á slíkum samningum, sbr. 5. mgr. 4. gr.

Í 2. mgr. er lagt til að í þeim tilfellum sem leyfi verður gefið út til veiða á úthafinu verði greitt fyrir það leyfi sama gjald og greitt er fyrir leyfi til veiða í atvinnuskyni við Ísland skv. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Á yfirstandandi fiskveiðiári 1996/97 er gjaldið 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að útgerðir greiði kostnað vegna eftirlits með veiðum úr stofnum er um ræðir í 5. gr. með sama hætti og eftir sömu reglum og gilda um greiðslu eftirlitskostnaðar vegna veiða í lögsögu Íslands. Er lagt til að unnið verði eftir þeirri meginreglu að þær útgerðir sem stunda viðkomandi veiðar séu gjaldskyldar. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Er lagt til að útgerðir greiði sams konar veiðieftirlitsgjald, þ.m.t. gjaldstofn og gjaldstig og útgerðir greiða vegna eftirlits með veiðum skv. gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeim lögum greiða útgerðir fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — fyrir tilkynningu um aflamark sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra. Á yfirstandandi fiskveiðiári greiða útgerðir fiskiskipa 139 kr. á hvert þorskígildistonn í gjald fyrir aflamarkstilkynningu sem jafngildir 0.139 kr. á kg. Gjald skv. tilvitnuðum lögum má aldrei vera hærra en sem nemur 0,4% af áætluðu verðmæti þess afla sem aflamark skips heimilar veiðar á á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili. Gjaldstig gildandi gjalds vegna tilkynningar um aflamark er því langt innan heimilaðra marka.

Útgerðir skipa sem stunda veiðar á úthafinu á grundvelli 6. gr. skulu einnig greiða sérstakt gjald vegna eftirlits með veiðum skipanna. Miðast gjaldið ýmist við úthlutaðan eða landaðan afla, sbr. ákvæði 5. og 6. mgr., sem metinn er til þorskígilda með sambærilegum hætti og gert er skv. lögum 38/1990, um stjórn fiskveiða. Er miðað við 30 aura á hvert aflakíló þannig metið. Gert er ráð fyrir að veiðieftirlitsgjaldið verði innheimt fyrirfram í þeim tilfellum að veiðum verði stjórnað með úthlutun veiðiheimilda. Í þeim tilfellum sem veiðum er stjórnað með öðrum hætti er lagt til að gjaldið verði innheimt eftir á og taki þá mið af lönduðum afla viðkomandi fiskiskips á 12 mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Kveði milliríkjasamningar eða aðrar jafngildar skuldbindingar á um að um borð í hverju veiðiskipi skuli vera eftirlitsmaður er í 7. mgr. gert ráð fyrir að útgerðir skipa sem veiða úr viðkomandi stofni greiði 15.000 kr. á dag í veiðieftirlitsgjald enda gæti venjulegt veiðieftirlitsgjald ekki staðið undir kostnaði við slíkt eftirlit. Það er því lagt til að unnt verði að leggja þann kostnaði á þau veiðiskip sem stunda veiðar á svæðum þar sem samið hefur verið um svo umfangsmikið eftirlit með veiðunum. Í ýmsum ríkjum, s.s. Bandaríkjunum og Kanada, er hefð fyrir slíku eftirliti og má gera ráð fyrir að þegar um verður að ræða stofna sem halda sig á alþjóðahafsvæðum í nágrenni þeirra ríkja verði þeirri kröfu fylgt fast eftir af hálfu þeirra. Þess má geta að samkvæmt samþykktum sem gerðir voru á vegum NAFO í september 1995 er kveðið á um að veiðieftirlit á Flæmingjagrunni árin 1996 og 1997 verði m.a. með þeim hætti að veiðieftirlitsmaður verði um borð í hverju veiðiskipi til að fylgjast með veiðum þess. Þess vegna er lagt til að ráðherra hafi heimild til að ákvarða hærra veiðieftirlitsgjald í þeim tilfellum þegar veiðieftirlitsmaður dvelur um borð í fiskiskipi til eftirlits á grundvelli alþjóðasamninga Í þeim tilfellum sem alþjóðasamningur kveður á um að eftirlitsmenn skuli einungis vera um borð í tilteknum hluta þeirra skipa sem um ræðir er gert ráð fyrir að gjald fyrir hvert skip er veiðar stunda úr viðkomandi stofni lækki í samræmi við þetta. Sé til dæmis kveðið á um að eftirlitsmenn skuli vera um borð í þriðjungi skipanna og gjaldið er 15.000 kr. fyrir hvern dag skal hvert þeirra greiða 5.000 kr. fyrir hvern veiðidag.

Samkvæmt 8. mgr. skal útgerð skips sjá veiðieftirlitsmanni fyrir fæði um borð endurgjaldslaust svo og aðstöðu sem nauðsynleg er til þess að hann geti sinnt starfa sínum.

9. og 10. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Það leiðir af almennum reglum að ákvæði íslenskra laga ná til íslenskra skipa án tillits til þess hvar þau eru stödd, t.d. varðandi búnað skips og öryggi og aðbúnað áhafnar. Í þessari grein er þessi meginregla áréttuð varðandi meðferð afla um borð í íslenskum fiskiskipum. Jafnframt er heimilað að veita undanþágur varðandi aflanýtingu ef aðstæður krefjast.

Um 10. gr.

Í 3. gr. laga nr. 13/1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, er kveðið á um að bannað sé að landa hérlendis afla úr skipum sem veiddur er úr nytjastofnum, sem veiðist bæði innan og utan íslenskrar lögsögu, hafi ekki verið gerður samningur um nýtingu stofnsins við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Með þessari grein er lagt til að hliðstætt bann gildi ef veiðar brjóta í bága við samninga sem Ísland er aðili að, enda þótt ekki sé um að ræða íslenskan deilistofn. Samkvæmt orðalagi 1. málsl. skiptir ekki máli hvernig viðkomandi afla er komið til Íslands eða hvort viðkomandi skip er að landa eigin afla annarra skipa. Afli sem umskipað hefur verið um borð í annað skip, þ. á m. íslenskt skip gæti því fallið undir ákvæðið.

Þá er í 2. mgr. opnuð heimild til ráðherra til að banna landanir og þjónustu við erlend skip í enn ríkara mæli. Skv. 1. tölul. 23. gr. úthafsveiðisamningsins er ríkjum ekki einungis heimilt að beita hafnríkislögsögu sinni til þess að stuðla að virkni alþjóðlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana, heldur er þeim það og skylt. Sá fyrirvari er gerður að aðgerðirnar séu í samræmi við alþjóðalög. Ætlunin með 2. mgr. er að veita ráðherra skýra lagaheimild til að beita hafnríkislögsögunni. Beiting þess ákvæðis getur þó verið vandmeðfarin, þar sem oft kann að orka tvímælis hver sé alþjóðaréttur í þessu sambandi. Með 3. mgr. er ætlunin að koma í veg fyrir að ráðherra verði skyldugur til þess að grípa til aðgerða sem beinlínis brjóta í bága við skuldbindingar Íslands að þjóðarétti.

Um 11. gr.

Með 11. gr. er mælt fyrir um lagagrundvöll fyrir íslensk stjórnvöld til þess að gera aðrar ráðstafanir gagnvart erlendum skipum en um getur í 10. gr. vegna veiða þeirra á úthafinu sé slíkt nauðsynlegt til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að. Má hugsa sér að með vísan í þessa grein geti íslensk stjórnvöld tekið þátt í ýmiss konar samræmdum aðgerðum ríkja til þess að tryggja virkt eftirlit með úthafsveiðum eða beitt sér fyrir sérstökum aðgerðum gegn lögbrjótum. Að sjálfsögðu verður að gera þá kröfu að slíkar aðgerðir séu í samræmi við þjóðarétt. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í úthafsveiðisamningnum og reglum ýmissa svæðisstofnana er gert ráð fyrir því að önnur ríki en fánaríki geti haft eftirlit með því að fiskiskip virði viðkomandi verndunar- og stjórnunarreglur og geti jafnframt í vissum kringumstæðum farið með framkvæmdarvald gagnvart þeim. Er með ákvæði þessarar greinar ætlunin að veita íslenskum stjórnvöldum heimild til þess að kveða með reglugerð á um eftirlit erlendra aðila um borð í íslenskum fiskiskipum og um réttarstöðu íslenskra og erlendra aðila í þessum tilvikum.

Um 13.–16. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa. Að sjálfsögðu falla ekki niður önnur gjöld sem til stofnast á grundvelli laga 88/1996 og enn eru óinnheimt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af endurskoðun eldri laga um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976. Upphaflega var frumvarpið lagt fram sl. vor, en þá náði aðeins 8. gr. þess frumvarps fram að ganga, en þar er kveðið svo á að útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum skuli greiða veiðieftirlitsgjald vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skuli gjaldið renna til Fiskistofu og vera miðað við að standa undir eftirlitskostnaði hennar. Sú grein, er varð að 1. gr. laga nr. 88/1996, er nú felld inn í þetta frumvarp sem 8. gr. Greininni er breytt þannig að gjald vegna veiðieftirlitsmanna í 7. m.gr. greiðist mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar, en í lögum nr. 88/1996 er kveðið svo á að gjaldið greiðist árlega eftir á, fyrir eftirlit á 12 mánaða tímabili. Eins og lögunum er nú háttað mundi skuld útgerða safnast upp innan hvers 12 mánaða tímabils og yrði þar um nokkuð háar fjárhæðir að ræða. Samkvæmt reikningum Fiskistofu nam slíkur kostnaður 61,3 m.kr. á fyrstu sjö mánuðum þessa árs og er áætlað að hann nemi 27 m.kr. á síðustu fimm mánuðum ársins. Ekki hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi að Fiskistofa beri þessa viðskiptaskuld innan hvers tólf mánaða tímabils.

Að öðru leyti verður ekki séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

58. Fyrirspurn [58. mál]

til forsætisráðherra um jöfnun atkvæðisréttar.

Frá Ólafi Erni Haraldssyni.

Hvað líður vinnu ríkisstjórnarinnar að einföldun kosningalöggjafarinnar og jöfnun á vægi atkvæða á milli kjördæma, sbr. ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar um?

59. Fyrirspurn [59. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afleiðingar afnáms línutvöföldunar.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða áhrif, jákvæð og neikvæð, telur ráðherra afnám línutvöföldunarinnar hafa?
2. Telur ráðherra ástæðu til að setja vinnuhóp á laggirnar til að meta breytingar sem verða m.a. á þróun byggðar, atvinnu, sjósóknar og ferskfisksútflutnings vegna afnáms línutvöföldunarinnar?
3. Mun ráðherra endurskoða afnám línutvöföldunarinnar eftir reynslu yfirstandandi fiskveiðiárs ef breytingin er talin hafa skaðað þjóðina að mati óvilhallra aðila?

60. Fyrirspurn [60. mál]

til samgönguráðherra um opinbera fjárstyrki til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela á landsbyggðinni.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Eftir hvaða reglum og sjónarmiðum vann sú nefnd sem samgönguráðherra skipaði til þess að gera tillögur að úthlutun á 20 millj. kr. sem Alþingi veitti á fjárlögum ársins 1995 til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela á landsbyggðinni? Byggðist úthlutunin á langtímastefnumótun ráðuneytisins í ferðamálum? Var kannað sérstaklega hvort einstök hótel gætu frekar aukið nýtingu sína utan háannatímans en önnur og hvaða hótel á landsbyggðinni væru betur en önnur til þess búin að halda fundi og ráðstefnur? Hvernig var rekstrareiningin heilsárshótel skilgreind? Hvaða gögn þurftu styrkþegar að leggja fram áður en styrkur kom til útborgunar?
2. Hvaða rök lágu að baki styrkveitingu til hvers hinna ellefu hótela og því að viðkomandi hótel fékk þá fjárhæð sem því var úthlutað?
3. Hvernig fylgdist ráðuneytið með því að féð væri notað eins og til var ætlast?
4. Er Ferðamálasjóður hluthafi í einhverju þeirra hótela sem fengu styrk og þá hverra? Hversu hátt hlutfall hlutafjár á Ferðamálasjóður í viðkomandi hótelum? Hvernig var greiðslustaða þeirra hótela sem fengu styrk gagnvart Ferðamálasjóði þegar styrkirnir komu til útborgunar?
5. Er lokið úthlutun á þeim 15 millj. kr. sem heimilt er að verja á árinu 1996 til heilsárshótela á landsbyggðinni og ef svo er, til hvaða hótela runnu þeir styrkir? Ætlar ráðherra að fara að tilmælum samkeppnisráðs, sem fram koma í áliti þess nr. 7/1996, um að við framkvæmd styrkveitinga á vegum ráðuneytisins verði tekið mið af ákvæðum samkeppnislaga?

6. Hvers vegna var gert upp á milli heilsárshótela í Vestmannaeyjum við úthlutun styrkja fyrir árið 1995, en þar eru starfandi tvö heilsárshótel, hvort um sig með átján herbergjum og góðri fundaaðstöðu? Telur ráðherra að sú úthlutun sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga?

Skriflegt svar óskast.

61. Frumvarp til laga [61. mál]

um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðni Ágústsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Kristín Halldórsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

72. gr. a laganna orðast svo:

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en 1. júní 1999.

Greinargerð.

Svipuð frumvörp voru áður flutt á 111., 113., 117. og 120. löggjafarþingi en urðu þá eigi útrædd.

Síðastliðin tíu ár hafa verið lagðar fram slysaskýrslur hér á landi er sýna að höfuðslys við hjólreiðar eru mjög tíð meðal barna og ungmenna og að slík slys hafa jafnan alvarlegar afleiðingar. Þessum slysum hefur þó fækkað aðeins á síðastliðnum árum samhliða því sem notkun sérhannaðra hjólreiðahjálma hefur aukist hratt. Samkvæmt könnun er Umferðarráð stóð fyrir í júlí 1993 var hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli hérlendis þá um 20% en sambærileg könnun á þessu ári sýndi að þetta hlutfall var komið upp í 30%. Víða erlendis hafa verið gerðar athuganir er sýna að langflest börn, sem slasast alvarlega eða deyja vegna höfuðáverka er hlýst við hjólreiðar, hafa ekki borið hjálm á höfði. Sama niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð er slysaskráning á sjúkrahúsum hér á landi síðustu árin.

Árið 1990 voru sett lög um skyldunotkun hjólreiðahjálma í Ástralíu og í kjölfarið fækkaði alvarlegum höfuðmeiðslum hjólreiðamanna um 60–70% þar í landi. Sömu sögu er að segja frá nokkrum fylkjum Bandaríkjanna þar sem slík lög hafa verið sett. Fá lönd í Evrópu hafa hins vegar enn sem komið er sett slík ákvæði í löggjöf sína en samtök um

öryggi evrópskra neytenda (ECOSA) ákváðu á fundi í Stokkhólmi í apríl 1992 að stefna að því að árið 2010 yrði hjálmanotkun orðin sem útbreiddust í öllum löndum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skylda til bílbeltanotkunar var leidd í lög á Íslandi árið 1987, tíu árum eftir að fyrstu tillögur voru lagðar fram í því efni. Margir voru þá efins um ágæti þeirrar skyldu en nú efast fáir enda hefur slysum af völdum árekstra fækkað um nálægt 50% og framrúðuslys eru nánast algerlega horfin. Stjórnvöld hljóta að leitast við að tryggja öryggi borgaranna eftir fremsta megni og lögleiðing bílbeltanotkunar var heillavænlegt spor í þá átt. Nú er tækifæri til að halda áfram á sömu braut og huga þá í upphafi sérstaklega að yngstu vegfarendunum.

Á 116. þingi var samþykkt sú viðbót við umferðarlögin að dómsmálaráðherra gæti sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði lengra og slík skylda lögleidd og því er gert ráð fyrir að framangreind breyting verði felld brott. Börn undir 15 ára aldri teljast ósakhæf og verður því ekki refsað. Heimilt er hins vegar að sekta forráðamann barns og fer um slíkar sektir eftir almennum reglum um meðferð ákæruvalds. Þó er ekki gert ráð fyrir að farið verði að sekta fyrir brot gegn lögunum fyrr en tveimur árum eftir gildistöku þeirra. Er þar farin svipuð leið og þegar bílbelti voru lögleidd á níunda áratugnum.

Gert er ráð fyrir að lögin sjálf taki gildi 1. júní 1997.

Loks skal bent á að þó að með þessu frumvarpi sé aðeins ætlað að lögleiða notkun hlífðarhjálma hjá ungum hjólreiðamönnum geta slíkir hjálmar bjargað miklu og komið í veg fyrir höfuðmeiðsl þeirra sem detta á hjólabrettum, hjólaskautum, línuskautum, skautum, skíðum og snjóþotum.

Fylgiskjal I.

Landlæknisembættið:

Fjöldi innlagðra barna 0–14 ára með höfuðáverka á Borgarspítala 1987–1991.
(Rúm 50% slasast á reiðhjóli.)

Heilahristingur	259
Heilamar, tættur heili	17
Blæðingar	18
Annar áverki	3
Aðrir spítalar	62
Alls	**359**

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

Könnun á notkun hjálma við hjólreiðar í þéttbýli í júlí 1993 og í júlí 1995.

	Fjöldi á reiðhjóli	Þar af með hjálm	
1993:			
Reykjavík	831	187	22,5%
Seltjarnarnes	292	52	17,8%
Kópavogur	259	50	19,3%
Garðabær	290	84	29,0%
Mosfellsbær	300	57	19,0%
Dalvík	278	33	11,9%
Öll bæjarfélögin	**2.250**	**463**	**20,6%**
1995:			
Reykjavík	394	184	46,7%
Seltjarnarnes	386	105	27,2%
Hafnarfjörður	532	160	30,1%
Akureyri	1.059	290	27,4%
Dalvík	316	56	17,7%
Öll bæjarfélögin	**2.687**	**795**	**29,6%**

62. Frumvarp til laga [62. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 11. gr. a laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þá skal þeim sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forritið í því skyni að kanna virkni þess og þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á að því tilskildu að aðgerðir þessar tengist þeim afnotum sem rétthafa eru heimil í sambandi við nýtingu forritsins.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

2. gr.

23. gr. a laganna orðast svo:

Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almenn-ings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við

samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skv. 23. gr. Höfundar er standa utan samtakanna skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til höfundar.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Við 42. gr. a laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Einnig er heimil afritun forrits og þýðing eða afþýðing þess þegar slíkt er óhjákvæmilegt til öflunar upplýsinga sem þörf er á til að ná fram rekstrarsamhæfni sjálfstæðs forrits við önnur forrit að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1. að sú aðgerð sé framkvæmd af þeim aðila sem aflað hefur sér með lögmætum hætti heimildar til notkunar forritsins,
2. að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tölul. með greiðum hætti,
3. að aðgerðirnar takmarkist við þann hluta hins upphaflega forrits sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfni.

Upplýsingar, sem aflað hefur verið með heimild í grein þessari, verða aðeins notaðar til að auðvelda rekstrarsamhæfni við önnur forrit, en ekki á neinn þann hátt er raski lögmætum hagsmunum hins upprunalega forritshöfundar til eðlilegrar hagnýtingar þess né brjóti gegn höfundarétti hans á annan hátt.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

4. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmyndaverks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

5. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Þegar verk hefur verið birt án þess að höfundur hafi verið nafngreindur, sbr. 2. mgr. 8. gr., helst höfundaréttur að verkinu uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu þess. Nú er um verk að ræða sem birt er í einstökum hlutum, svo sem heftum, bindum eða með öðrum hliðstæðum hætti, og gildir þá sjálfstæður verndartími fyrir hvern einstakan hluta.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 8. gr. áður en framangreint 70 ára tímabil er liðið eða leitt er í ljós að höfundur var látinn er verkið birtist skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

Sé um verk að ræða sem ekki hefur verið birt og höfundur ókunnur fellur höfundarétturinn niður er 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir tilurð verksins.

6. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, svohljóðandi:

Hafi verk ekki verið birt almenningi innan verndartímabils skv. 43. og 44. gr. skal sá sem fyrst birtir verkið að því liðnu öðlast hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af verkinu og höfundar hafa samkvæmt ákvæðum laga þessara. Verndin helst uns 25 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu.

7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda eftir því sem við á ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

8. gr.

Á eftir 45. gr. laganna bætist við ný grein, 45. gr. a., svohljóðandi:

Listflutningi, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra listflytjenda og framleiðenda og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, sbr.

þó ákvæði 47. gr., varðandi flutning efnis á markaðshljóðritum. Rétthafar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalkerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til rétthafa samkvæmt grein þessari.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

9. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

11. gr.

Á eftir 2. mgr. 60. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

12. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð, þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmyndaverka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áðurgildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á 119. og 120. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju, nánast óbreytt. Það var samið að tilhlutan menntamálaráðherra af sérstakri nefnd sem hefur fylgst með þróun höfundaréttarmála á vegum ráðuneytisins á síðustu árum og unnið að endurskoðun höfundaréttarlöggjafarinnar. Samdi nefndin m.a. tillögur til breytinga á höfundalögum sem samþykktar voru sem lög nr. 57 2. júní 1992.

Með aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) skuldbatt Ísland sig til þess að aðlaga löggjöf landsins að hinu almenna verndarstigi hugverka í Evrópusambandslöndunum. Vísast um þetta efni til 65. gr. samningsins, sbr. viðauka XVII, bókun 28. Í 3. tölul. 1. gr. bókunar 28 segir: „... munu EFTA-ríkin samkvæmt beiðni og að höfðu samráði við samningsaðila aðlaga löggjöf sína um hugverk til þess að ná að minnsta kosti því almenna stigi í verndun hugverka sem er í Evrópubandalaginu við undirritun þessa samnings“.

Allt frá árinu 1984 hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sýnt mikinn áhuga á samræmingu hugverkalöggjafar innan markaðssvæðisins og lagt fram ýmsar tillögur að tilskipunum á þessu sviði sem auk samræmingarmarkmiða miða að háu verndarstigi hugverka innan sambandsins. Þegar hafa verið samþykktar fjórar tilskipanir ráðsins á sviði höfundaréttar, þ.e. um vernd tölvuforrita, um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti, um samræmingu á tilteknum reglum varðandi útsendingar um kapal og gervihnetti og um lengd verndartíma.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar í samræmi við tilskipun ráðsins um vernd tölvuforrita frá 14. maí 1991 (91/250/EBE), en ákvæði íslenskra höfundalaga um tölvuforrit, sbr. lög nr. 57/1992, falla í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar, enn fremur tilskipun ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE), tilskipun ráðsins frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengdum höfundarétti um útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal (93/83/EBE) og að síðustu tilskipun ráðsins frá 29. október 1993 um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdum höfundarétti (93/98/EBE).

Í tilskipun ráðsins um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti er aðalreglan sú að kveða skuli á í lögum um rétt til að heimila eða banna leigu eða útlán verka sem njóta höfundaréttar eða hliðstæðra réttinda (grannréttar). Með hliðstæðum réttindum er átt við réttindi listflytjenda og framleiðenda (grannréttindi). Skv. 5. gr. tilskipunarinnar er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum um einkarétt til útlána til almennings að því tilskildu að a.m.k. höfundur fái þóknun vegna slíkra útlána. Í greininni segir um þetta atriði að aðildarríkjum sé heimilt að ákveða þóknunina með hliðsjón af markmiðum þeirra til stuðnings menningarstarfsemi. Verði frumvarp þetta að lögum gildir framangreind undanþága eingöngu um bókmenntaverk, en höfundar annarra verka, svo og flytjendur, geta bannað útlán og leigu verka sinna. Tilskipunin krefst þess ekki að vikið verði frá núverandi skipan á greiðslum fyrir útlán hugverka í bókasöfnum samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, en þar segir m.a. í 11. gr. að ríkissjóður greiði tiltekna fjárhæð árlega í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í söfnum þeim sem lögin gilda um, en þau taka ekki til sívaxandi starfsemi skólabókasafna. Þar sem höfundar bókmenntaverka njóta að þessu leyti takmarkaðri verndar á höfundarétti sínum en aðrir höfundar og listflytjendur er vakin athygli á nauðsyn þess að endurskoða ákvæði um greiðslur til höfunda fyrir afnot verka í bókasöfnum og verði greiðslurnar látnar renna til allra höfunda sem hagsmuna eiga að gæta vegna verka á bókasöfnum. Jafnframt verði höfð hliðsjón af endurgjaldi fyrir slík afnot með útlánum bóka á almenningsbókasöfnum annars staðar á Norðurlöndum.

Það sem skilur milli leigu og útlána samkvæmt tilskipuninni er hvort verkinu er ráðstafað í þeim tilgangi að hagnast á því fjárhagslega, beint eða óbeint. Hvað varðar rétt til leigu kveður tilskipunin á um það að höfundur eða annar rétthafi eigi rétt til endurgjalds fyrir leigu og að þann rétt sé ekki hægt að takmarka með samningum. Með tilskipuninni er verndarstig á listflutningi hækkað þar sem listflytjendum er veittur einkaréttur til flutnings í útvarpi og annarrar dreifingar á listflutningi til almennings. Listflytjendum og framleiðendum er með tilskipuninni veittur réttur til dreifingar á upptökum, þ.e. einkaréttur til þess að gera upptökur aðgengilegar fyrir almenning með sölu eða á annan hátt. Listflytjendur og framleiðendur skulu eiga rétt til að krefjast einstaklingsbundinnar þóknunar vegna dreifingar efnis af hljóðritum til almennings með flutningi í útvarpi eða með öðrum hætti.

Samkvæmt gildandi höfundalögum er kveðið svo á að hafi höfundur að undanskildum kvikmyndaleikstjórum, tónhöfundum, handritshöfundum og höfundum samtalstexta veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks geti hann ekki án sérstaks áskilnaðar hindrað eintakagerð, útbreiðslu, opinbera sýningu, hvers konar dreifingu eða aðra notkun á verkinu. Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1992 um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti (92/100/EBE) er kveðið svo á að höf-

undar skuli engu að síður halda rétti sínum til sanngjarnrar þóknunar fyrir nýtingu verksins. Í 2. mgr. sömu greinar tilskipunarinnar segir að höfundur geti ekki afsalað sér rétti þessum með samningum. Skv. 8. tölul. 13. gr. tilskipunarinnar má fresta framkvæmd þess ákvæðis til 1. júlí 1997 og er endurskoðunarnefnd höfundalaga sammála um að rétt sé að fresta gildistöku ákvæðisins með vísan til þessarar greinar tilskipunarinnar.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal er leitast við að samræma vernd höfunda, listflytjenda, framleiðenda og útvarpsstöðva þegar um er að ræða gervihnattasendingar eða endurvarp í kapalkerfum á hugverkum eða listflutningi yfir landamæri. Með því að samræma lagareglur er unnt að komast hjá því að koma upp „fríhöfnum“ (clearing centers) þar sem gerðar yrðu upp greiðslur vegna afnota hugverka og listflutnings í gervihnattasendingum yfir landamæri. Þessi tilskipun krefst ekki breytinga á íslenskri höfundalöggjöf, nema að því er varðar endurvarp um kapal. Slíkt endurvarp er því aðeins heimilt að verki sé endurvarpað óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu. Jafnframt er það skilyrði endurvarps að fyrir liggi um það efni samningar milli einstaklinga eða samtaka handhafa grannréttinda annars vegar og dreifenda efnis um kapal hins vegar. Í gildandi höfundalögum, 23. gr. a, er að finna ákvæði um afnotakvöð í þessu sambandi, þ.e. að endurvarp efnis sé heimilt án leyfis rétthafa en gegn greiðslu þóknunar. Jafnhliða þeirri breytingu, sem lagt er til að gerð verði á gildandi ákvæðum um afnotakvöð, er lagt til að ákvæði gildandi laga um allsherjarinnheimtustofnun fyrir alla rétthafa vegna endurvarps efnis um kapal komi ekki til framkvæmda en dreifingaraðilar semji við lögformlega viðurkennd samtök rétthafa hvert á sínu sviði.

Með tilskipun ráðsins um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda tengdra höfundarétti er gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma frá því sem tíðkast almennt, þar á meðal hér á landi, eða úr 50 árum frá næstu áramótum eftir lát höfundar í 70 ár. Þá er það og nýmæli samkvæmt tilskipuninni að sé um verk að ræða sem ekki hafa verið birt áður og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn látinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins, en birting slíkra verka er talin með öllu óheimil samkvæmt gildandi lögum. Að því er varðar listflytjendur og framleiðendur gerir tilskipunin ráð fyrir 50 ára verndartíma, en hliðstæð ákvæði voru lögfest hér á landi með lögum nr. 57/1992. Tilskipunin gerir þó ráð fyrir þeirri breytingu frá áður gildandi reglum að sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skuli verndin haldast í 50 ár frá fyrstu dreifingu hennar. Getur hér verið um verulega verndarauka að ræða. Þá er það eftirtektarverð nýjung í tilskipuninni að sé verk í fyrsta sinn löglega birt, að loknum verndartíma, öðlast sá er verkið birtir hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af því og höfundur hefur samkvæmt ákvæðum höfundalaga. Helst þessi vernd í 25 ár frá næstu áramótum eftir birtingu.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á höfundaréttarlöggjöfinni, takmarkast eingöngu við það markmið að aðlaga hana tilskipunum Evrópusambandsins varðandi höfundavernd. Þótt segja megi að íslensku höfundalögin séu í flestum greinum mjög fullkomin miðað við löggjöf annarra þjóða eru þó ýmis ákvæði í henni sem þurfa endurskoðunar við á næstunni, einkum vegna hinna stórstígu framfara á sviði eintakagerðar og miðlunar hugverka. Má í því sambandi nefnda stafræna (digital) miðlun og eintakagerð og rekstur gagnabanka. Frekari lagabreytingar á höfundaréttarlöggjöfinni eru því aðkallandi og er nú unnið að nauðsynlegum lagabreytingum í því sambandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru að orðalagi og efni því sem næst algerlega í samæmi við ákvæði 3. tölul. 5. gr. tilskipunar ráðsins um tölvuforrit (91/250/EBE) frá 14. maí 1991. Tekin eru af öll tvímæli um það að sá er öðlast hefur rétt til notkunar tölvuforrits hafi heimild til að brjóta til mergjar þau grundvallarsjónarmið sem forritið hvílir á, en eingöngu í þeim tilgangi að það nýtist honum í vinnslu. Í þessu sambandi er rétt að árétta þann skilning sem lagður er til grundvallar í tilskipuninni að einungis framsetning tölvuforritsins í ytra formi þess er vernduð, en hugmyndir og grundvallarforsendur sem liggja þar að baki, þar með taldar þær sem fólgnar eru í skilflötum þess, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipuninni. Er sá skilningur almennt lagður til grundvallar í íslenskri löggjöf um höfundarétt. Segir svo orðrétt um þetta efni í forsendum tilskipunarinnar: „Til að taka af allan vafa skal það koma skýrt fram að einungis framsetning tölvuforrits er vernduð en hugmyndir eða grundvallarforsendur, sem liggja þar að baki, þar með talið þær sem viðmót þess byggist á, njóta ekki verndar sem hugverk samkvæmt tilskipun þessari."

Um 2. gr.

Í 23. gr. a gildandi höfundalaga, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 57/1992, er viðstöðulaust endurvarp um kapal heimilað án samþykkis höfundaréttarhafa, en gegn gjaldi sé endurvarpað til færri samtengdra íbúða en 25. Skv. 8. gr. tilskipunar ráðsins um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal (93/83/EBE) frá 27. september 1993 er slík afnotakvöð óheimil og aðildarríkjunum gert skylt „að taka tillit til höfundaréttar og skyldra réttinda þegar dagskrárefni frá öðrum aðildarríkjum er endurvarpað um kapal á yfirráðasvæði þeirra", eins og segir orðrétt í tilskipuninni, og enn fremur „að slíkt endurvarp eigi sér stoð í samningum einstaklinga eða heildarsamningum milli handhafa höfundaréttar eða skyldra réttinda og dreifenda efnis um kapal".

Í samræmi við þessi ákvæði tilskipunarinnar og reynslu annarra þjóða í þessu efni er lagt til í frumvarpinu að horfið verði frá afnotakvöð og þess í stað tekin upp svokölluð samningskvöð þannig að dreifingaraðilar efnis um kapal semji við lögformlega viðurkennd samtök höfundaréttarhafa, hvert á sínu sviði, og að ráðgerð stofnun allsherjarinnheimtustofnunar fyrir alla rétthafa skv. 3. mgr. 23. gr. a höfundalaga komi ekki til framkvæmda. Jafnframt er haldið ákvæði um frjálsa kapaldreifingu sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25. Sjálfgefið er að þau samtök rétthafa, sem þegar hafa fengið lögformlega viðurkenningu til að annast samninga vegna flutnings verka í útvarpi, annist það einnig vegna endurvarps um kapal.

2. mgr. er samin með hliðsjón af 11. gr. tilskipunarinnar um að einn eða fleiri milligöngumenn veiti aðstoð í samningaviðræðum og leggi tillögur fyrir samningsaðila. Þykir heppilegt að tengja úrræði þetta við störf úrskurðarnefndar skv. 57. gr. þar sem þar er að finna sérþekkingu á þessu sviði. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt grein þessari yrði þó einvörðungu að leita sátta með aðilum en ekki fella úrskurði í deilumálum á grundvelli 23. gr. a.

Rétt er að taka fram að samkvæmt tilskipuninni merkir „endurvarp um kapal“ samtímis, óbreytt og óstytt endurvarp til almennings um kapalkerfi eða örbylgjukerfi frá upprunalegri útsendingu á hljóðvarps- eða sjónvarpsdagskrám um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um gervihnött frá öðru aðildarríki. Er þessi skilgreining lögð til grundvallar í lögum þessum.

Um 3. gr.

Með grein þessari er fullnægt ákvæðum 6. gr. tilskipunar ráðsins um vernd tölvuforrita. Það er meginreglan varðandi tölvuforrit að afritun, þýðing, aðlögun eða breyting á framsetningu forritsins í því formi sem aðrir hafa aðgang að telst brot á einkarétti höfundarins. Hins vegar geta komið upp aðstæður sem krefjast þess að forrit verði afrituð og þýdd á annað form til að unnt verði að afla upplýsinga um vinnslumáta þeirra þannig að unnt verði að nota þau með öðrum forritum. Af þeim sökum er nauðsynlegt við þessar sérstöku aðstæður að heimila þeim sem hefur rétt til að nota afrit af tölvuforriti að afrita eða þýða forrit án þess að samþykki rétthafans komi til. Tilgangur þessarar undanþágu er að gera mönnum kleift að tengja alla íhluti í tölvukerfi, þar með talda íhluti frá ólíkum framleiðendum, svo að unnt verði að nota þá í sameiningu. Óheimilt er að beita þessari undanþágu þannig að hún skaði löglega hagsmuni höfundarins eða stríði gegn eðlilegri hagnýtingu forritsins.

Um 4.–6. gr.

Svo sem vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið er í tilskipun ráðsins hér að lútandi (93/98/EBE), sjá 1.–6. mgr. 1. gr., gert ráð fyrir umtalsverðri lengingu verndartíma hugverka frá því sem nú tíðkast almennt eða úr 50 árum í 70 ár frá næstu áramótum eftir lát höfundar eða lát þess höfundar sem lengst lifir séu tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki. Að því er kvikmyndaverk varðar miðast verndartíminn þó einvörðungu við andlát helsta höfundar, þ.e. aðalkvikmyndaleikstjóra, handritshöfundar, höfundar samtalstexta og tónhöfundar sé tónlist sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum. Þá ber að miða verndartíma verka, án þess að höfundur sé nafngreindur og verkin gefin út í heftum, bindum eða á hliðstæðan hátt, við birtingu hvers einstaks hluta um sig. Þá er það nýmæli, að sé um verk að ræða sem ekki hafa verið birt og höfundur er ókunnur er höfundarétturinn talinn haldast í 70 ár frá tilurð verksins en birting slíkra verka var talin óheimil samkvæmt gildandi lögum. Loks er það mjög umtalsverð nýjung, svo sem áður er vikið að í athugasemdum við frumvarpið, sbr. 4. gr. tilskipunarinnar, að útgefendum verka, sem fyrst eru birt að liðnum verndartíma, er veitt sérstök 25 ára vernd til fjárhagsnytja af verkum. Mun þetta ákvæði sett af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi til að hvetja menn til útgáfu slíkra verka og í öðru lagi til þess að verja þá aðila sem leggja í slíka útgáfu fjárhagslegum áföllum vegna hugsanlegrar birtingar annarra útgefenda á sama verki.

Ákvæðum 4.–6. gr. frumvarpsins er ætlað að aðlaga íslenska löggjöf framangreindum fyrirmælum tilskipunar ráðsins varðandi verndartíma.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er í flestum greinum hliðstætt 45. gr. gildandi höfundalaga um vernd listflytjenda. Þó eru í samræmi við 9. gr. tilskipunar ráðsins frá 19. nóvember 1992 tekin af öll tvímæli um að auk einkaréttar til eintakagerðar skuli listflytjandi hafa einkarétt til dreifingar listflutnings til almennings, þó þannig að listflytjendur hafi einvörðungu

þóknunarrétt þegar um er að ræða flutning af hljóðritum skv. 47. gr. Er það í samræmi við 2. mgr. 8. gr. framangreindrar tilskipunar. Þá er og verndartímaákvæðinu breytt, sbr. umsögn í almennum athugasemdum við frumvarpið. Þá er lagt til í samræmi við 5. tölul. 2. gr. tilskipunarinnar að lögfest verði löglíkindaregla um afsal leiguréttar þegar listflytjandi hefur veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks, þó þannig að sérstakt endurgjald komi fyrir leiguna. Loks er bætt við ákvæði þess efnis að tæmingarregla 24. gr. gildi aðeins um upptökur listflutnings sem fyrst eru markaðssettar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 8. gr.

Í grein þessari er fjallað um réttindi listflytjenda vegna viðstöðulauss endurvarps listflutnings um kapal. Í samræmi við ákvæði tilskipunar um samræmingu á tilteknum reglum varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal (93/83/EBE) er hér lagt til að tekin verði upp svokölluð samningskvöð vegna slíkrar dreifingar á listflutningi, þó þannig að áfram gildi afnotakvöð á dreifingu markaðshljóðrita á grundvelli 47. gr.

Um 9. gr.

Samkvæmt 46. gr. gildandi laga er eftirgerð hljóðrita án samþykkis framleiðenda óheimil. Í samræmi við 9. gr. tilskipunar frá 19. nóvember 1992 er einnig óheimil án samþykkis framleiðenda hvers konar dreifing til almennings á eintökum hljóðrita og myndrita. Er hér um að ræða verndarauka til handa framleiðendum. Ákvæði þetta ber að skilja með þeim fyrirvara að réttur framleiðenda til dreifingar skerði á engan hátt rétt höfunda eða listflytjenda yfir efni sem upp hefur verið tekið. Þá er mörkum verndartíma breytt eins og vikið er að í almennum athugasemdum við frumvarpið. Loks er bætt við ákvæði þess efnis að tæmingarregla 24. gr. gildi aðeins um upptökur sem fyrst eru markaðssettar innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 10. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 47. gr. gildandi laga og 2. mgr. 8. gr. tilskipunar frá 19. nóvember 1992 um þóknunarrétt listflytjenda og framleiðenda fyrir flutning í útvarpi eða aðra opinbera dreifingu. Þóknunarréttur er hér víkkaður þannig að hann tekur til allra útgefinna hljóðrita, en ekki einvörðungu til markaðshljóðrita sem gildandi ákvæði kveða á um. Þykja ekki fullnægjandi forsendur fyrir slíkri aðgreiningu. Greinin kveður á um það að krafa til endurgjalds verði aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjenda fyrir öll vernduð hljóðrit að íslenskum lögum, enn fremur að slíkum samtökum sé heimilt að setja gjaldskrá um þóknun vegna flutnings efnis af hljóðritum utan útvarps að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Greinin girðir ekki fyrir að fleiri en ein sameiginleg innheimtusamtök framleiðenda og listflytjenda geti gert kröfu til endurgjalds samkvæmt greininni, enda hafi þau hlotið staðfestingu menntamálaráðherra, þó að það sé ríkjandi skipan í öðrum löndum að aðeins ein innheimtusamtök annist þessa réttargæslu í því skyni að koma böndum á réttarframkvæmdina og hefur svo einnig verið hér á landi.

Um 11. gr.

Hér er skýrt kveðið á um að hin nýja regla um 25 ára verndartíma til handa útgefendum gildi aðeins um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sú takmörkun helgast af því að hér er um að ræða almennt lagaákvæði til verndar útgefendum eingöngu (sui generis) þannig að hin almenna regla Bernarsáttmálans um þegnlega vernd (national treatment) er ekki skuldbindandi í þessu tilviki.

Um 12. gr.

Þegar við setningu íslensku höfundalaganna 1972 voru tekin inn í íslensku lögin skýlaus ákvæði þess efnis að ákvæði laganna gildi einnig um eldri verk sem orðið hafi til fyrir gildistöku laganna. Var hér gengið lengra til verndar eldri verkum en víðast hvar, t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Nú eru bein fyrirmæli um þessi afturverkandi áhrif tekin inn í tilskipun Evrópusambandsins um verndartíma. Slík ákvæði valda því að verk, sem kunna að hafa verið fallin úr vernd, geti „endurlífgast" til verndar og vaknar þá sú spurning hvernig fari um ráðstafanir sem gerðar hafi verið eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga þegar afnot verksins voru frjáls. Í íslensku lögunum frá 1972 er ekki tekið nánar á þessu ákvæði og það eftirlátið dómstólunum að túlka í hverju einstöku tilviki hvernig með skuli fara og þá gengið út frá því að við slíkum ráðstöfunum á réttindum verði ekki hróflað. Í 12. gr. frumvarps þessa er hins vegar horfið að því ráði í samráði við aðrar Norðurlandaþjóðir að skilgreina hver réttarstaðan sé í einstökum tilvikum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Bréf til menntamálaráðherra frá endurskoðunarnefnd höfundalaga.

(17. maí 1995.)

Hjálagt sendast yður formlega herra menntamálaráðherra tillögur endurskoðunarnefndar höfundalaga að frumvarpi til breytinga á höfundalögum, nr. 73/1972, með áorðnum breytingum.

Endurskoðunarnefndin stendur einhuga að þessum tillögum.

Tilgangur lagafrumvarpsins er sá að samræma íslenska höfundalöggjöf ákvæðum tilskipana Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar. Meginefni frumvarpsins er að lengja verndartíma höfunda úr 50 árum miðað við næstu áramót eftir andlát í 70 ár. Listflytjendur njóta nú þegar 50 ára verndartíma, sbr. ákvæði laga nr. 57/1992, og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Tillögur nefndarinnar fela það einnig í sér að inntak listflytjendaverndar verður nánast hið sama og höfunda og að réttarstaða samtaka listflytjenda og framleiðenda er bætt með tilliti til opinbers flutnings markaðshljóðrita. Þá er með tillögum nefndarinnar skýrð réttarstaða notenda tölvuforrita í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við tillögur nefndarinnar að frumvarpi til laga.

Undirbúningur ofangreindrar tillögugerðar hófst þegar á síðasta ári og fól nefndin þeim Tómasi Þorvaldssyni hdl. og Gunnari Guðmundssyni hdl. ásamt Þórunni J. Hafstein að undirbúa tillögugerð vegna tilskipana um leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi annars vegar og tilskipunar um samræmingu reglna um höfundarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og kapal hins vegar. Formaður nefndarinnar, Sigurður Reynir Pétursson hrl., sat einnig fundi vinnuhópsins.

Á síðari stigum vann formaður nefndarinnar, Sigurður Reynir Pétursson hrl., frumdrög að tillögugerð vegna ofangreindra tilskipana, auk tilskipunar um samræmingu reglna um verndartíma höfundaréttinda og hliðstæðra réttinda sem tengd eru höfundarétti. Þá voru ákvæði tilskipunar um vernd tölvuforrita yfirfarin, en ákvæði íslenskra höfundalaga, sbr. lög nr. 57/1992, falla nú þegar í höfuðatriðum að fyrirmælum tilskipunarinnar. Þau Sigurður Reynir Pétursson hrl. og Þórunn J. Hafstein yfirfóru síðan í sameiningu þessi frumdrög áður en þau voru lögð fram til umfjöllunar í nefndinni m.a. í ljósi lagasetningaráforma á Norðurlöndum um þetta efni.

Endurskoðunarnefndin hittist á þremur vinnufundum þar sem ofangreind drög að lagafrumvarpi og greinargerð voru yfirfarin og rædd og þeim breytt í einstökum atriðum. Þessum hluta nefndarstarfsins lauk föstudaginn 12. maí sl. með samhljóða niðurstöðu. Ritara fundarins, Þórunni J. Hafstein, var falið að koma tillögum nefndarinnar jafnskjótt til ráðherra.

Með bréfi þessu vill nefndin skila þessum hluta nefndarstarfsins formlega til ráðherra með von um að tillögur nefndarinnar nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Fyrir hönd endurskoðunarnefndar höfundalaga í fjarveru formanns.

Ragnar Aðalsteinsson hrl. (sign.).	Eiríkur Tómasson prófessor (sign.).
Knútur Bruun hrl. (sign.).	Gunnar Guðmundsson hdl. (sign.).
Tómas Þorvaldsson hdl. (sign.).	Þórunn J. Hafstein (sign.).

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum.

Tilgangur frumvarpsins er að samræma íslenska höfundalöggjöf ákvæðum í tilskipunum Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar. Í frumvarpinu eru ákvæði um verndartíma höfunda, réttarstöðu notenda tölvuforrita, höfundarétt vegna leigu og útlána hugverka og höfundarétt vegna endurvarps hugverka og listflutnings um gervihnött eða kapal.

Frumvarpið kann að hafa í för kostnaðarauka fyrir stofnanir og fyrirtæki sem miðla hugverkum með útsendingu, sýningu, leigu eða útlánum. Tekjur rétthafa að hugverkum og listflutningi munu þá aukast að sama skapi, en ógerningur er að áætla fjárhæðir í

þessu sambandi. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki geti einkum komið fram vegna lengingar á verndartíma höfundaréttar úr 50 í 70 ár. Leiði frumvarpið til aukins kostnaðar ríkisins mun hann væntanlega einkum koma fram hjá menningarstofnunum og sem kostnaður við úrskurðarnefnd skv. 57. gr. höfundalaga, með síðari breytingum.

63. Fyrirspurn [63. mál]

til félagsmálaráðherra um samanburð á verði, greiðslubyrði og leigu íbúða í félagslega kerfinu og á almennum markaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var verð á fermetra í 90 m^2 íbúð í félagslega kerfinu árið 1995, skipt eftir kjördæmum? Hvert er áætlað fermetraverð sambærilegra fullbúinna nýrra íbúða á almennum markaði?
2. Hver er greiðslubyrði á mánuði á sambærilegri 90 m^2 fullbúinni nýrri þriggja herbergja íbúð, annars vegar á almennum markaði og hins vegar í félagslega kerfinu, skipt eftir þeim kostum sem þar bjóðast, miðað við að:
   a. kaupendur eigi ekkert eigið fé,
   b. eigið fé kaupenda sé 10% af kaupverði?

   Óskað er eftir að einnig verði sýnd greiðslubyrði kaupleiguíbúða miðað við að sveitarfélögin láni til viðbótar 10% til 15 ára eins og lögin heimila.
3. Hver er mánaðarleg leiga sambærilegrar þriggja herbergja íbúðar, annars vegar á almennum markaði og hins vegar í félagslega kerfinu?

Skriflegt svar óskast.

64. Fyrirspurn [64. mál]

til félagsmálaráðherra um félagslegar íbúðir.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast félagslegar íbúðir eftir kjördæmum?
2. Hvert er hlutfall félagslegra íbúða sem standa auðar,
   a. í heild á landinu öllu,
   b. skipt eftir kjördæmum?

   Hver er ástæða þess að ekki er hægt að selja þær eða leigja?
3. Hefur fjöldi félagslegra íbúða í einstökum sveitarfélögum haft áhrif á markaðsverð íbúða á almennum markaði?
4. Hverjar eru helstu ástæður greiðsluerfiðleika fólks í félagslega íbúðakerfinu og hvernig skiptist þessi hópur eftir kjördæmum, tekjum og félagslegri stöðu?

5. Hvaða áhrif hefur mikill niðurskurður ríkisframlaga á þessu og næsta ári á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna?

Skriflegt svar óskast.

65. Fyrirspurn [65. mál]

til utanríkisráðherra um skiparatsjár.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Er uppsetningu skiparatsjáa í tengslum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli lokið?

66. Fyrirspurn [66. mál]

til landbúnaðarráðherra um jarðeignir ríkisins.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?
2. Hvert er heildarfasteignamat þeirra?
3. Hve margar þeirra eru í ábúð eða nýttar á einhvern hátt?
4. Hversu miklar eru árlegar leigutekjur ríkisins af jörðum þessum?
5. Hve margar jarðir hefur ríkið selt á síðustu þremur árum og hvert er heildarsöluverðmæti þeirra, sundurliðað eftir árum, á núgildandi verðlagi?

Skriflegt svar óskast.

67. Frumvarp til laga [67. mál]

um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa

í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess.
b. 6. mgr. fellur brott.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Greinargerð.

Það frumvarp til laga sem hér er lagt fram hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu, verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða

til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskistofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, sbr. ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að spyrna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er um að ræða ný ákvæði um að útgerð geti skilað Fiskistofu veiðiheimildum sem ekki verða nýttar á fiskveiðiárinu og verði þeim þá úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki nýttust á fiskveiðiárinu, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári. Þessi úthlutun miðast við aflahlutdeild viðkomandi tegundar sérhvers skips. Ef einhverjar útgerðir óska ekki eftir úthlutun þessara veiðiheimilda skal úthluta þeim til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum. Fyrir veiðiheimildir sem úthlutað er með þessum hætti greiða útgerðir sérstakt umsýslugjald er renni í ríkissjóð.

Þetta eru ný ákvæði og nauðsynleg til að tryggja að auðlindin verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt.

Um 2. gr.

Í a-lið er tekinn af allur vafi um að aflahlutdeild fylgir skipi við sölu þess innan lands. Þetta ákvæði á augljóslega ekki við þegar skip er selt úr landi eða það úrelt. Komi annað skip í stað þess sem úrelt var eða selt úr landi skal aflahlutdeild flytjast til þess. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rýra veðhæfni skips þar sem útgerðin, sem átti skipið eða keypti það, heldur ávallt aflahlutdeild skipsins.

Þar sem frumvarpið veldur því að hvorki má leigja kvóta innan ársins né færa varanlega hluta af aflamarki milli skipa er sjálfgefið að 6. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott, eins og kveðið er á um í b-lið.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frumvarpinu er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið“ hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip, sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund, noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum enda markmið frumvarpsins að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunar aðgangs að afla innan kvótakerfisins.

Loks er tekið fram að önnur skipti en jöfn séu óheimil. Fiskistofa staðfestir að flutningur sé heimill í jöfnum skiptum.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

68. Fyrirspurn [68. mál]

til félagsmálaráðherra um fíkniefnaneyslu barna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Eru þær upplýsingar réttar, sem fram komu í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 9. október sl., að um 200 börn undir 16 ára aldri séu ofurseld fíkniefnum? Ef svo er, hvernig hyggst ráðherra bregðast við?

69. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um stuðning við konur í Afganistan.

Flm.: Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér á alþjóðavettvangi til stuðnings konum í Afganistan sem nú hafa verið sviptar nánast öllum mannréttindum. Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hvetja þjóðir heims til nauðsynlegra aðgerða gegn stjórnvöldum í Afganistan sem dugi til þess að þau sjái að sér og virði alþjóðasáttmála um almenn mannréttindi og réttindi kvenna.

Greinargerð.

Um áratuga skeið hefur geysað borgarastyrjöld í því fjarlæga fjallalandi Afganistan. Fyrir nokkrum vikum komst þar til valda skæruliðahreyfing Talebana sem fylgir strangtrúarstefnu múslima, en hún hefur það m.a. í för með sér að mjög er þrengt að konum í daglegu lífi. Þeim hefur verið bannað að vera utan dyra nema í fylgd karlmanns úr fjölskyldunni, þeim ber að hylja andlit sitt með öllu, þær mega ekki lengur ganga í skóla og ekki vinna fyrir sér. Afleiðingar þessarar stefnu eru að heilbrigðiskerfi landsins er lamað. Margar konur hafa læknismenntun, eins og reyndar tíðkast í ríkjum múslima þar sem karlar mega ekki koma nálægt sér óskyldum konum, en kvenlæknar mega ekki lengur starfa. Þá gefur auga leið að eftir svo langvarandi styrjaldarástand er fjöldi ekkna og munaðarleysingja í landinu þannig að vandséð er hvernig hægt er að banna konum að vera einum utan dyra og að vinna fyrir sér.

Alvarlegast er þó að með aðgerðum sínum þverbrjóta hin nýju stjórnvöld þau mannréttindi sem konum eru tryggð í alþjóðlegum sáttmálum og voru þau þó ekki beysin fyrir. Það er nöturlegt að horfa upp á afturhvarf til lifnaðarhátta sem svipta konur réttindum og möguleikum til að sjá sér og sínum farborða. Þjóðir heims eiga ekki að líða mannréttindabrot, hvorki í Afganistan né annars staðar.

Megintilgangur þessarar tillögu er að hvetja íslensk stjórnvöld til að beita sér hvar sem því verður við komið í þágu kvenna í Afganistan. Fram undan er umræða á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna og mannréttindi almennt og þar geta íslensk stjórnvöld beitt sér af krafti. Þá geta þjóðir heims gripið til aðgerða gegn stjórnvöldum í Afganistan, svo sem vopnasölu- og viðskiptabanni og stórhertu landamæraeftirliti, en sem kunnugt er fjármagna skæruliðahreyfingarnar baráttu sína með sölu á eiturlyfjum. Íslenskum stjórnvöldum ber að standa vörð um mannréttindi og því skora flutningsmenn á ríkistjórnina að grípa þegar í stað til sinna ráða.

70. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [70. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Flm.: Ragnar Arnalds, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Þuríður Backman, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Við 72. gr. stjórnarskráinnar bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, er ekki skylt að taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðlækkunar.

Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýnt er orðið að taka af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum og landi og marka skýra stefnu í því máli. Hér er miðað við þá grundvallarreglu:

— að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, verði í stjórnarskrá lýðveldisins lýstar sameign þjóðarinnar allrar;
— að mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar verði ákveðin með löggjöf þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og að þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og til lands undir húsbyggingar á sanngjörnu verði;
— að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

I. *Verðmæti í sjó og á sjávarbotni* meðfram ströndum landsins gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir ef séreignarstefnan verður enn frekar ofan á í íslenskri löggjöf og ekki er tekinn af allur vafi með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði.

II. Eignarréttur að *afréttum og almenningum* hefur lengi verið bitbein manna á milli en þó hefur það verið margviðurkennd túlkun á íslenskum rétti að einstakir menn eigi almennt ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955, bls. 108, er fjallað um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur en Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á það að Landmanna- og Holtahreppar hefðu öðlast eignarrétt á afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464 en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu“. „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina.“

Í greinargerð með frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m.a. að ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 50/1909, séu á þeim sjónarmiðum reist „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign“.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. frumvarpsins þess efnis að bændur haldi þeim beitirétti í óbyggðum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum ber að sjálfsögðu ekki að skilja ákvæðið svo að ríkið geti ekki ákveðið aðgerðir til að hamla gegn ofbeit.

III. Um *námur í jörðu* gildir nú sú stefna hér á landi að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum að finnandi námunnar telst eigandi. En mjög víða og m.a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugrefti eða annarri efnistöku en að öðru leyti virðist eðlilegast að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

IV. Eignarréttur að *orku í rennandi vatni* hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt að land, sem þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi. Það er einnig óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t.d. vegna lands sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt er fráleitt að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá snemma á öldinni var það álit meiri hluta svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagaprófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda en talsmenn séreignarstefnunnar stóðu fast á móti svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn að því verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

V. Eignarréttur landeigenda á *jarðhita* djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Með stjórnarskrárákvæði þarf að tryggja rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og taka af öll tvímæli um það að eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna sem um þetta hafa fjallað, m.a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t.d. 50–100 metra dýpi, en séreignaröflin munu vafalaust spyrna á móti eins lengi og þau geta og vísa til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna þarf að ákveða það í stjórnarskrá að allur jarðhiti, a.m.k. neðan við 100 metra dýpi, sé sameign þjóðarinnar.

Frumvarp þetta hefur oft verið flutt af þingmönnum Alþýðubandalagsins undanfarna tvo áratugi og hefur margoft verið lagt fram í stjórnarskrárnefndum sem tillaga flokksins.

Rétt er að minna á að í maí 1990 samþykkti Alþingi lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins en fyrsti flutningsmaður frumvarpsins var þingmaður Alþýðubandalagsins, Hjörleifur Guttormsson.

71. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Þar sem ákveðið er að leggja starfsmanni til húsnæði skal gera skriflegan húsaleigu-

samning á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af fjármálaráðuneyti. Slíkur leigumáli fellur niður án sérstakrar uppsagnar ef um leigjanda eiga við einhver þau atvik sem upp eru talin í 25. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi segir starfinu upp eða er sagt upp á grundvelli gagnkvæms uppsagnarfrests í ráðningarsamningi eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið. Ákvæði gildandi húsaleigulaga um uppsögn ótímabundins leigumála eiga við að öðru leyti.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnæðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við markaðsleigu. Þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skal þó miða húsaleigu við brunabótamat, staðsetningu og notagildi. Heimilt er að setja í reglugerð viðmiðunarreglur um lágmark og hámark leigu sem taki breytingum eftir vísitölu.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað, er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Heimilt er þó að fresta sölu, ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.

Sala fasteigna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara eftir ákvæðum laga nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs. Lánin séu verðtryggð, með 3% vöxtum og til allt að 15 ára. Innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Í reglugerð sem sett verður skv. 11. gr. skal nánar kveðið á um framkvæmd þessa. Með sama hætti er ráðherra heimilt að selja slíkt húsnæði í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúa ef þeir sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 120. löggjafarþingi flutti fjármálaráðherra frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Frumvarpið náði ekki fram að ganga og er því endurflutt hér. Inn í frumvarpið hafa verið teknar breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar fólust aðallega í eftirfarandi atriðum:

— Að mat á markaðsleigu og sala eigna yrði á vegum fjármálaráðuneytis og Ríkiskaupa í stað sérstakrar embættisbústaðanefndar.
— Að miða mörk bústaðasvæða við byggðakjarna fremur en sveitarfélög.
— Að skilgreina í lagatextanum þau sérstöku kjör sem bjóða á starfsmönnum sem kost eiga að kaupa.
— Að heimila fjármálaráðherra að selja með sama hætti eignir í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúa ef þeir starfsmenn sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum.

Auk þess hefur verið bætt við frumvarpið grein til að lögfesta reglur sem gilt hafa um gerð skriflegra húsaleigusamninga og uppsagnarákvæði þeirra.

Fjármálaráðherra skipaði í janúar 1995 nefnd til að gera tillögur um það til ríkisstjórnarinnar hvernig fækka megi embættisbústöðum með markvissum hætti. Í skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að verkefni hennar væri að þrengja eins og kostur er þau lög og reglur sem gilda um úthlutun embættisbústaða og í hvaða áföngum dregið verði úr eign ríkisins á íbúðarhúsnæði þannig að viðkomandi starfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á þeirra högum.

Í nefndinni áttu sæti Skarphéðinn B. Steinarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, sem var formaður hennar, Baldur Ólafsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Helgi Jóhannesson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, Hermann Jóhannesson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Jóhann Guðmundsson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Gylfi Ástbjartsson, deildarsérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

Frumvarp þetta byggist á niðurstöðu nefndarinnar.

Gildandi lög og reglur.

Um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins gilda lög nr. 27/1968. Í 2. gr. laganna segir að það skuli vera meginreglan að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Önnur helstu ákvæði laganna eru eftirfarandi:

— Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjármálaráðherra hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði.
— Starfsmönnum ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir íbúðarhúsnæði sem miðast skal við brunabótamat, staðsetningu húsnæðisins og notagildi þess fyrir viðkomandi starfsmann.
— Ríkissjóður greiðir alla skatta, skyldur og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins.

— Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis svo og endurbætur á því skulu vera undir yfirstjórn þess ráðherra sem hlutaðeigandi embætti heyrir undir.
— Þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu skal húsnæði selt þegar leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Þó er heimilt að fresta sölu ef slíkt er bersýnilega hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Skýrar reglur eru um hvernig sala skal fara fram, en þeim embættismanni sem býr í húsnæðinu við sölumeðferð þess er heimilt að ganga inn í hæsta verðtilboð, enda eigi salan sér stað á grundvelli söluskyldu skv. 1. mgr. 9. gr. laganna, þ.e. viðkomandi húsnæði er innan svæðis þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Lög nr. 27/1968 komu í stað margvíslegra og brotakenndra lagaákvæða um embættisbústaði, sem mörg hver áttu sér langa sögu og byggðust á hefð. Þau gerðu á engan hátt greinarmun á aðstöðu manna í þéttbýli eða í dreifbýli til að afla sér íbúðarhúsnæðis og var því brýn þörf á að marka skýra og samræmda stefnu í þessum málum. Meðal þeirra meginreglna sem leitast var við að fylgja við samningu lagafrumvarpsins voru:

— Ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna staðhátta eða annarra brýnna ástæðna.
— Starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast slíkt húsnæði ef þeir búa á þéttbýlissvæðum þar sem venjulegur markaður er fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Árið 1969 var sett reglugerð nr. 289/1969, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, en þar er tekið á ýmsum atriðum sem snúa að framkvæmd laganna. Helstu atriði voru:

— Landinu var skipt í sex bústaðasvæði og hverju þeirra gefin gildistala sem notuð skyldi við útreikning húsaleigugjalds.
— Kveðið var á um hverjum mætti leigja húsnæði.
— Húsaleigugjald var ákveðið 6% af brunabótamati, en þó tekið tillit til gildistölu bústaðasvæðis. Notuð var eftirfarandi líking:

$$Leiga = \frac{Brunabótamat \times gildistala\ bústaðasvæðis \times \%\ brunabótamats \times nýttir\ fermetrar}{100 \times 12 \times reiknaðir\ fermetrar}$$

Nýttir fermetrar voru reiknaðir eftir sérstöku ákvæði í reglugerðinni og var tekið tillit til fjölskyldustærðar o.fl. Reiknaðir fermetrar voru hins vegar heildarfermetrafjöldi íbúðarhúsnæðis og starfshúsnæðis sem nýtt er af ríkinu.

Í reglugerðinni var landinu skipt upp í bústaðasvæði og hverju svæði gefin gildistala sem réð því hvort ríkið legði starfsmönnum sínum til húsnæði og þá hve há húsaleiga skyldi greidd. Embættismönnum á búsetusvæðum með gildistölu 1,0 var ekki lagt til húsnæði nema vegna sérstakra gæslustarfa.

Árið eftir var reglugerðinni síðan breytt lítillega með reglugerð nr. 104/1970. Gildistölum búsetusvæða var breytt nokkuð og húsaleiguviðmiðun lækkuð í 5% af brunabótamati.

Árið 1982 var aftur gerð smávægileg breyting á reglugerðinni með reglugerð nr. 334/1982. Breytingin fólst í því að bústaðasvæði með gildistölu 1,0 var stækkað lítillega. Um var að ræða nokkra stærri þéttbýlisstaði.

Fjármálaráðherra skipaði í október 1991 nefnd til að endurskoða reglur um afnot og leigugreiðslur ríkisstarfsmanna af fasteignum í eigu ríkissjóðs. Nefndin skilaði áliti um mitt ár 1992 og voru helstu niðurstöður hennar þessar:

— Verulega skortir á að gildandi reglum sé framfylgt um leigugreiðslur ríkisstarfsmanna fyrir afnot af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.
— Engum skilgreindum reglum er fylgt við útvegun íbúðarhúsnæðis.
— Viðhaldi íbúðarhúsnæðis er víða ábótavant vegna fjárskorts til viðhaldsframkvæmda.
— Þágildandi reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins var óþarflega flókin í framkvæmd.

Nefndin taldi, að þrátt fyrir að ýmis ákvæði þeirrar reglugerðar sem þá gilti hafi verið flókin og erfið í framkvæmd, verði misbrestir í framkvæmd ekki raktir til hennar sem slíkrar, heldur fremur til áhugaleysis eða andvaraleysis þeirra stjórnvalda sem falin var framkvæmd reglugerðarinnar.

Nefndin benti á tvær leiðir til að bæta úr helstu göllum þess fyrirkomulags sem þá var.

— Óverulegar breytingar á gildandi reglum til samræmingar og einföldunar.
— Umfangsmeiri breytingar á reglugerð, án lagabreytinga, sem miða að fækkun eigna og aukinna leigutekna af hverri eign fyrir sig.

Ákveðið var að fara að fyrri tillögu nefndarinnar og gefin út ný reglugerð nr. 480/1992, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Helstu breytingar voru þær að bústaðasvæðum var fækkað, bústaðasvæði með gildistölu 1,0 var stækkað og ákvæði til lækkunar húsaleigu voru þrengd. Eftir þá breytingu er líkingin fyrir upphæð húsaleigu þannig:

$$\text{Leiga} = \frac{\text{Brunabótamat} \times \text{gildistala} \times \% \text{ brunabótamats}}{100 \times 12}$$

Nú er skylt samkvæmt reglugerð að gera skriflegan húsaleigusamning. Innheimtar húsaleigutekjur skulu renna til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar og haldið aðgreindu í bókhaldi frá öðrum rekstri.

Eftir þá breytingu sem gerð var 1992 hefur rekstri og viðhaldi íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins almennt verið vel sinnt og mun betur en áður. Í langflestum tilvikum er farið eftir reglugerðinni við útreikning húsaleigu. Leigutekjurnar renna í sjóði á vegum stofnana eða ráðuneyta og er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og viðhald. Hins vegar hafa húsaleigutekjurnar ekki nægt til viðhalds húseignanna.

Tillögur um fækkun íbúða.

Íbúðir í eigu ríkisins eru um 400. Er þá bæði átt við einbýlishús og íbúðir í fjölbýlishúsum. Þar eru þó ekki meðtaldir prestsbústaðir sem eru í umsjá Prestssetrasjóðs. Ekki er mælt með sölu alls íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins. Bæði er að húseignirnar eru margar á litlum og afskekktum stöðum þar sem fasteignamarkaður er ýmist ekki fyrir hendi eða framboð á fasteignum mikið og því illmögulegt að selja fasteignir þar. Einnig eru fasteignir víða inni á lóðum stofnana, svo sem skóla eða sjúkrahúsa, og því óæskilegt að selja þær.

Verði frumvarp þetta að lögum verður mögulegt að fækka umræddum íbúðum með markvissum hætti en þess þó gætt að viðkomandi ríkisstarfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á þeirra högum. Þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast gera eftirfarandi kleift:

1. *Sala eigna á hagstæðum kjörum.*

   Ríkisstarfsmenn geti keypt það íbúðarhúsnæði sem þeir búa nú í sem leigutakar og fái til þess hagstætt lán fyrir hluta kaupverðs úr ríkissjóði, til viðbótar þeim lánamöguleikum sem eru á húsnæðismarkaði, svo sem í formi húsbréfa. Ríkið hafi kaupskyldu í tiltekinn tíma og forkaupsrétt eftir það. Ef núverandi íbúar vilja ekki kaupa verði íbúð seld þegar þeir flytja út.

2. *Hækkun húsaleigu.*

   Með því að hækka húsaleigu í áföngum upp í það sem gengur og gerist á húsaleigumarkaði á hverjum stað muni það leiða til þess að ríkisstarfsmenn kaupi fremur en að leigja. Það gæti stuðlað að því að fasteignamarkaður í viðkomandi byggðarlagi verði tilbúinn að leysa húsnæðisþörf ríkisstarfsmanna og hægt verði að selja íbúðir í eigu ríkisins.

Nefndin var sammála um að eðlilegt sé að íbúðum í sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa verði fækkað með markvissum hætti. Þeir staðir sem hér um ræðir eru: Borgarnes, Stykkishólmur, Ólafsvík, Ísafjörður, Bolungarvík, Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík, Egilsstaðir, Neskaupstaður, Eskifjörður, Höfn í Hornafirði auk þeirra bústaðasvæða sem áður höfðu gildistölu 1,0. Með þessu fækkaði íbúðum um allt að 123.

Auk þess taldi nefndin, að í sveitarfélögum með yfir 1.000 íbúa sé fasteignamarkaður nægilega þróaður til að hægt sé að selja íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins og eftirláta húsnæðismarkaði á þeim stöðum að leysa húsnæðismál starfsmanna þess. Þó skuli bjóða ríkisstarfsmönnum forkaupsrétt á hagstæðari kjörum en gengur og gerist á fasteignamarkaði. Með því móti verði róti á högum þeirra haldið í lágmarki. Þeir ríkisstarfsmenn sem það kjósi, geti haldið áfram að leigja íbúðir í eigu ríkisins á kjörum sem í gildi eru hverju sinni., en íbúðirnar verði seldar þegar þeir flytja úr húsnæðinu. Lagt er til að leigutakar greiði markaðsleigu á þeim stöðum sem hafa yfir 1.000 íbúa. Það yrði til þess að hvetja ríkisstarfsmenn til að kaupa það húsnæði sem þeir leigja, auk þess sem ástæðulaust er að niðurgreiða húsaleigu þar sem húsnæðismarkaður getur séð fyrir húsnæði á eðlilegum kjörum. Á stöðum með færri en 1.000 íbúa verði húsnæði almennt ekki selt að sinni. Bæði getur verið nauðsynlegt á minni stöðum að geta boðið upp á húsnæði, og erfitt getur verið að selja þar sem mikið framboð er. Á þeim stöðum er nauðsynlegt að hækka húsaleigu til þess að hún standi undir kostnaði við rekstur og viðhald. Gert er ráð

fyrir að í byrjun árs 1999 verði gildistala húsaleigu á þessum stöðum hækkuð annars vegar úr 0,3 í 0,4 og hins vegar úr 0,4 í 0,6. Einnig getur reynst nauðsynlegt að fá endurmetið brunabótamat einhverra eigna þar sem það gefur sumstaðar ekki rétta mynd af verðmæti þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að lögfestar verði hér þær reglur sem gilt hafa um gerð skriflegra húsaleigusamninga og uppsagnarákvæði þeirra. Í núgildandi reglugerð er kveðið á um gerð skriflegra samninga en þess er hvergi getið í lögunum. Á eyðublaði því sem fjármálaráðuneytið hefur gefið út eru skilmálar um leigutíma og hvenær leigumáli fellur niður án sérstakrar uppsagnar. Eðlilegt er að þessi atriði séu lögfest og er það lagt til hér.

Um 2. gr.

Lagt er til að meginviðmið húsaleigu verði markaðsleiga, en þar sem ekki er eðlilegur húsaleigumarkaður fyrir hendi sé eldri viðmiðunin notuð, þ.e. brunabótamat, staðsetning og notagildi. Með þessu er tryggt jafnræði í húsnæðiskostnaði milli heimamanna og aðfluttra, en hingað til hefur húsaleiga íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins á flestum stöðum verið mun lægri en markaðsleiga. Einnig er lagt til að heimilt sé að setja viðmiðunarreglur um lágmark og hámark húsaleigu. Þetta er gert þar sem í sumum tilfellum er hlutfall flatarmáls og brunabótamats óeðlilegt, ýmist allt of hátt eða allt of lágt. Ef ekki væri lágmark og hámark gætu ríkisstarfsmenn því orðið að greiða óeðlilega háa eða lága húsaleigu miðað við stærð leigðs húsnæðis.

Um 3. gr.

Lagt er til að reglur þær sem settar voru í lögum nr. 27/1968, um sölu íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins, verði felldar niður og í þeirra stað verði beitt almennum reglum um sölu eigna ríkisins samkvæmt lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og reglugerð nr. 651/1994 settri samkvæmt þeim lögum. Þetta leiðir til samræmdra aðferða við sölu eigna ríkisins, bæði fasteigna og lausafjár.

Um 4. gr.

Í því ákvæði til bráðabirgða sem hér er lagt til er fjármálaráðherra heimilað að selja núverandi leigutökum og íbúum íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins viðkomandi húsnæði með sérstökum kjörum, enda sé húseignin staðsett í byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúa. Þessi kjör eru skilgreind í greininni. Einnig er lagt til að ráðherra sé með sama hætti heimilt að selja eignir í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúa ef þeir sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum. Fjármálaráðherra verður þá að meta í hverju tilfelli hvort sala eignarinnar sé hagkvæm fyrir ríkissjóð. Breytingar þær sem gerðar hafa verið á greininni frá því frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi eru í samræmi við breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

72. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem lýst er í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í ályktuninni.

I. KAFLI
Meginforsendur fjölskyldustefnu.

Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags. Ríkisstjórn á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar.

Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

— að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar
— að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla
— að fjölskyldulífið veiti börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta.

II. KAFLI
Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

* Að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu foreldra. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna.
* Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna m.a. með fjölskylduráðgjöf.
* Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.
* Að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði skilgreind í lögum.
* Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka. Öldruðum verði gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.
* Að tekið verði mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu, útivistar og umferðaröryggis.

* Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Grundvallarréttur fatlaðra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur.
* Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.
* Að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar og í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
* Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar.
* Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með auknum stuðningi við fjölskyldurannsóknir.

III. KAFLI
Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

1. Fjölskylduráð.

Stofnað verði opinbert fjölskylduráð, sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum. Þrír verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn verði tilnefndur af Háskóla Íslands, en félagsmálaráðherra skipi þann fimmta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Starfsemi fjölskylduráðsins skal heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

a. Að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum.
b. Að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
c. Að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar.
d. Að hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu.
e. Að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

2. Barnafjölskyldur.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

3. Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs.

Ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

4. Tillaga um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktunartillagan, sem hér er lögð fram, er að stofni til endurskoðuð tillaga sem unnin var á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar 1994 og lögð var fyrir Alþingi vorið 1995. Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, tók á sínum tíma efnislega undir tillögu landsnefndarinnar en hafði hug á að útfæra hana nánar. Í lok október sl. skipaði hann starfshóp til að yfirfara og endurskoða tillöguna. Í starfshópnum voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Árni Gunnarsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra og var hann jafnframt formaður hópsins. Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti var ritari starfshópsins. Þingsályktunartillögu þessari var dreift til þingmanna á sl. vori, en félagsmálaráðherra náði ekki að mæla fyrir henni.

Fjölskyldan verður að búa við skilyrði sem gera henni kleift að taka ábyrgð á sjálfri sér. Verkefni fjölskyldnanna hafa breyst mikið samfara breyttum lífsháttum á þessari öld, ekki síst á síðustu áratugum. Samfélagið er orðið flóknara og heimilislífið hefur leitast við að aðlaga sig að þessum breytingum. Í nútímanum er farsælt samspil atvinnu og fjölskyldulífs grundvallaratriði í lífi fólks. Breytt verkefni fjölskyldnanna stafa m.a. af löngum vinnudegi beggja foreldra utan heimilis. Því hafa skólarnir orðið að taka við auknu hlutverki í uppeldi barnanna og aldraðir eyða ævikvöldinu í ríkari mæli en áður á stofnunum. Fjölskyldan í dag verður að gefa einstaklingnum rótfestu og hún er vettvangur lífsnauðsynlegra tilfinningatengsla. Þrátt fyrir aukið hlutverk skólanna í uppeldi æskunnar er umönnun og uppeldi barna enn í dag mikilvægasta verkefni fjölskyldunnar.

Íslensk heimili skera sig að mörgu leyti úr í alþjóðlegum samanburði. Fjölskyldurnar eru barnmargar og hlutfallslega mörg pör búa saman án þess að hafa gengið í hjónaband. Heimilin eru töluvert fjölmennari en á hinum Norðurlöndunum og það er einkennandi fyrir íslensku fjölskyldurnar hve lengi ungt fólk býr í foreldrahúsum. Hér á eftir fylgja töflur sem sýna þróun fjölskyldugerða frá 1960 til 1988, búsetu ungra kvenna og karla, stærð heimila og aldursskiptingu íbúa á Norðurlöndum. Þessar töflur eru fengnar úr bókinni „Fjölskyldan uppspretta lífsgilda“, sem gefin var út á vegum landsnefndar um Ár fjölskyldunnar á árinu 1994.

Skipting einkaheimila á Íslandi eftir tegundum frá 1960 til 1993.

	Manntal 1960	Manntal 1981 *	Lífskjara-könnun 1988**	Vinnu-markaðs-könnun 1993**
	%	%	%	%
Tegund heimilis:				
Einn fjölskyldukjarni:				
Barnlaus hjón	**11,3**	**15,3**	**18,9**	**20,3**
Hjón með barn/börn	**58,7**	**49,7**	**43,1**	**42,5**
Foreldri með barn/börn	**7,6**	**9,1**	**9,3**	**9,3**
þar af mæður	*5,4*		*8,0*	*8,4*
Fleiri en einn fjölskyldukjarni, samtals	**5,3**	**8,3**	**5,6**	**4,7**
þar af Tvenn hjón með eða án fleiri fjölskyldukjarna	2,0	2,5	1,9	1,9
Ein hjón og einn eða fleiri aðrir fjölskyldukjarnar	2,7	3,9	3,7	2,8
Ekki hjón en einn eða fleiri aðrir fjölskyldukjarnar	0,7	1,9		
Annað sambýli	**3,8**	**2,7**	**2,1**	**1,4**
Einbýlingar og leigjendur	**13,2**	**15,0**	**20,9**	**21,8**
ALLS	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
Fjöldi heimila	44.399	69.318	82.000	93.000

* Hér er um bráðabirgðatölur að ræða og hafa verður fyrirvara á um breytingar þeirra við síðari og nákvæmari úrvinnslu.
** Vegið með þátttökulíkum og síðan áætlað fyrir elstu aldurshópa.
Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 140.

Búseta karla og kvenna 16 til 30 ára 1993.

	Býr hjá foreldrum og er ekki í sambúð	Býr hjá foreldrum og er í sam-búð	Býr sjálf-stætt í sambúð	Býr sjálf-stætt ein-hleypur	ALLS
	%	%	%	%	%
Karlar					
16 til 18 ára	81,3	6,5	3,3	8,9	100,0
19 til 21 árs	71,9	5,8	12,9	9,4	100,0
22 til 24 ára	35,9	3,1	40,4	20,6	100,0
25 til 27 ára	21,6	3,6	54,0	20,8	100,0
28 til 30 ára	12,8	,8	69,6	16,8	100,0
Alls	**42,1**	**3,7**	**36,4**	**17,8**	**100,0**
Konur					
16 til 18 ára	75,3	7,2	5,2	12,3	100,0
19 til 21 árs	58,6	2,6	27,6	11,2	100,0
22 til 24 ára	16,8	4,8	54,4	24,0	100,0
25 til 27 ára	9,2	,9	66,4	23,5	100,0
28 til 30 ára	3,1	1,5	76,5	18,9	100,0
Alls	**29,2**	**2,7**	**48,7**	**19,4**	**100,0**

Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 142.

Stærð heimila á Norðurlöndum.

	Meðalfjöldi íbúa
Danmörk 1991	2,2
Finnland 1991	2,4
Ísland 1993	2,8
Noregur 1990	2,4
Svíþjóð 1990	2,1

Heimild: Norræna tölfræðiárbókin 1994, nema Ísland þar Vinnumarkaðskönnun.
Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 144.

Hlutfallsleg skipting íbúa á Norðurlöndum eftir aldri 1991.

	Danmörk	Finnland	**Ísland**	Noregur	Svíþjóð
Aldur	%	%	%	%	%
0 til 14 ára	16,9	19,2	**24,8**	19,0	18,1
15 til 64 ára	67,5	67,2	**64,5**	64,7	64,1
65 ára og eldri	15,6	13,5	**10,7**	16,3	17,7

Heimild: Norræna tölfræðiárbókin 1992.
Fjölskyldan, uppspretta lífsgilda, bls. 146.

Jafnréttismál og hagsmunamál barna eru veigamikill þáttur í stefnumótun í málefnum fjölskyldunnar. Farsæl fjölskyldustefna felur í sér aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna bæði á vinnumarkaði og innan veggja heimilanna. Enn fremur leitast hún við að jafna rétt barna án tillits til þess í hvernig fjölskyldugerð þau búa. Hugtakið jöfnuður er grundvöllur markvissrar fjölskyldustefnu og nær það m.a. yfir mismunandi aðstöðu ólíkra fjölskyldugerða, ójöfnuð kynjanna, misjafnar uppeldisaðstæður barna og réttarstöðu bæði ungra og aldraðra í fjölskyldunni. Með hliðsjón af því hve barnmörg íslenska þjóðin er, er rétt að minna á að Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Í samningnum er m.a. kveðið á um full mannréttindi allra barna og að velferð þeirra verði sett í fyrirrúm.

Ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa þau áhrif að fjölskyldum reynist lífsbaráttan auðveldari og má þar t.d. nefna öfluga heilsugæslu um allt land og almannatryggingar. Á hinn bóginn geta aðgerðir stjórnvalda eða aðgerðaleysi haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir fjölskylduna án þess að það hafi verið yfirlýstur tilgangur þeirra. Hlutverk stjórnvalda er að setja þær leikreglur sem þjóðfélagið á að fara eftir og þess vegna er mikilvægt að þau hafi fjölskylduna í huga við ákvarðanatöku á hverjum tíma.

Einstakar aðgerðir stjórnvalda beinast yfirleitt að ákveðnum hóp svo sem að öldruðum eða sjúkum. Fjölskyldan sem heild er sjaldan til umfjöllunar og mönnum reynist oft erfitt að fóta sig í þeirri umræðu. Fólki er tamara að hugleiða aðstæður einstaklinganna innan fjölskyldunnar fremur en að hugleiða stöðu hennar sem heildar. Engin heildar-

stefna er fyrir hendi um fjölskyldumál og ekki hafa verið gerðar tilraunir til að meta áhrif einstakra stjórnvaldsaðgerða á fjölskyldulífið. Í eftirmála rannsóknarinnar Barnafjölskyldur, Samfélag — lífsgildi — mótun er fjallað um jöfnuð og fjölskylduvernd. Þar segir m.a. að á meðan litið er á fjölskylduna sem einkastofnun en ekki sem eina af grunnstofnunum samfélagsins sem snertir almannaheill, er útilokað að uppræta ójöfnuð milli kynja, aðstöðumun foreldra eftir fjölskyldugerðum og mismunun barna eftir uppeldisaðstæðum. Það sé sanngirnismál að stjórnvöld geri ráð fyrir fjölskyldunni „í stefnumörkun og taki ábyrgð á velferð hennar en láti ekki einstökum fjölskyldum á grundvelli eigin verðleika og hagsmuna að leysa það sem er samfélagslegt hagsmunamál. Í raun eru einstaklingar og fjölskyldur heldur ekki fær um að hafa þá yfirsýn sem þarf til að koma málum þannig fyrir að þau reynist vel sem heildarlausn. Þannig hlýtur það að teljast réttlætismál og eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórnvalda að marka fjölskyldustefnu sem gerir ráð fyrir misjafnri aðstöðu og bætir upp bresti og tryggir hinum ýmsu fjölskyldugerðum viðunandi lífsskilyrði“ (bls. 117.)

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um fjölskylduna og gefur henni ákveðinn sess innan stjórnsýslunnar. Með samþykkt hennar er fjölskyldan viðurkennd með formlegum hætti sem hornsteinn og grunneining samfélagsins og þess vænst að með því móti verði fjölskyldunum búnir betri afkomumöguleikar.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögunnar.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla eru meginforsendur fjölskyldustefnunnar dregnar fram. Áhersla er lögð á að fjölskyldan er grunneining samfélagsins og stjórnvöldum á hverjum tíma beri því að veita henni sérstaka athygli og móta stefnu í málefnum hennar sem hafi það að markmiði að styðja hana og styrkja. Stefnumótunin skal unnin með tilliti til hinna mismunandi fjölskyldugerða sem búa í landinu. Þrátt fyrir að flestir búi í hinni hefðbundnu kjarnafjölskyldu eru ýmsar aðrar fjölskyldugerðir til staðar og nægir hér að nefna barnafjölskyldur þar sem einstætt foreldri er í forsvari.

Umfang opinberrar fjölskyldustefnu er margþætt. Fjölskyldulífið snertir með einum eða öðrum hætti flest svið mannlífsins og á sama hátt tekur opinber fjölskyldustefna til langflestra sviða opinberrar stjórnsýslu. Fjölskyldur á hverjum tíma eiga samskipti við fjölmargar stofnanir samfélagsins. Algengast er að samskiptin fari fram milli einstakra fjölskyldumeðlima og stofnana, en oft færi betur á að þjónustustofnanir litu á fjölskylduna sem heild.

Meginforsendur fjölskyldustefnu byggjast ekki síst á jafnrétti kynjanna og sameiginlegri ábyrgð þeirra á verkaskiptingu í heimilishaldi. Á þetta er lögð rík áhersla í þingsályktunartillögunni. Fjölskyldan er viðurkenndur vettvangur tilfinningalegra tengsla og í farsælu fjölskyldulífi felst að börn njóti öryggis og tækifæra til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta og komast til manns.

Um II. kafla.

Í öðrum kafla eru tilgreind almenn markmið, sem stjórnvöldum ber að hafa í huga við framkvæmd fjölskyldustefnu. Kaflinn fjallar um ellefu mismunandi viðfangsefni sem öll hafa veigamiklu hlutverki að gegna við mótun og framkvæmd fjölskyldustefnu. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða heldur er litið á viðfangsefnin sem leiðarljós við stefnumótun í þessum málaflokki og nánari útfærsla á þeim er falin stjórnvöldum.

Ein meginforsenda þess að börn njóti öryggis og nauðsynlegrar umönnunar á heim-

ilunum er að atvinnulífið gefi foreldrum kost á þeim sveigjanleika sem til þarf. Sameiginleg ábyrgð foreldra á uppeldi þeirra og í heimilishaldi er nauðsynleg og er mikilvægt að feðrum verði gert kleift að taka virkan þátt í fjölskyldulífinu. Skipulögð fræðsla til ungs fólks um stofnun heimilis hefur verið af skornum skammti og er lagt til að úr verði bætt. Hér er átt við leiðsögn um grundvallaratriði sem fylgja fjölskyldulífi og stofnun og rekstri heimilis, svo sem um fjármál, foreldraábyrgð, fræðslu um samskipti kynjanna og getnaðarvarnir. Þá er ekki síður mikilvægt að fyrir hendi sé fjölskylduráðgjöf bæði handa börnum og fullorðnum, þar sem stuðningur er veittur við úrlausn ýmissa vandamála, svo sem vegna uppeldis, samskiptaerfiðleika eða skilnaðar.

Önnur almenn atriði sem kaflinn fjallar um beinast m.a. að því að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og að tekið verði tillit til þarfa fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu og umferðar. Þar verður að koma til samstarf við sveitarfélögin í landinu. Þó svo að dauðaslysum og öðrum áverkum vegna slysa hafi fækkað verulega á undanförnum árum eru slys á börnum hérlendis mun tíðari en hjá nágrannaþjóðunum. Á Íslandi verður fjórða hvert barn fyrir slysi árlega en í Svíþjóð verður áttunda hvert barn fyrir slysi á ári hverju.

Þá er bent á nauðsyn þess að skilgreina betur í lögum réttindi og skyldur sambúðarfólks. Fjölskyldur sem þarfnast sérstaks stuðnings eru sérstaklega tilgreindar og á það við um fjölskyldur fatlaðra, aldraðra og nýbúa. Þá er lögð áhersla á að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem eiga undir högg að sækja vegna ýmissa fordóma. Að lokum er fjallað um eflingu forvarna vegna fíkniefnaneyslu og að vernd gegn ofbeldi, jafnt innan fjölskyldu sem utan, verði aukin.

Um III kafla.

Í þessum kafla eru lagðar fram fjórar tillögur að aðgerðum í þágu fjölskyldnanna. Þær beinast að almennum atriðum sem ættu að koma öllum fjölskyldum til góða, en sérstök áhersla er lögð á barnafjölskyldur. Í fyrsta lagi er lagt til að stofnað verði fjölskylduráð. Í öðru lagi að gerð verði úttekt á afkomu barnafjölskyldna. Í þriðja lagi að sköpuð verði skilyrði til að tryggja rétt beggja foreldra til launa í fæðingarorlofi, og að lokum að undirbúið verði að Ísland geti fullgilt tillögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Markmiðið með stofnun fjölskylduráðs er m.a. að tryggja stjórnvöldum aðgang að ráðgjafarnefnd sem hafi yfirsýn yfir aðstæður fjölskyldnanna í landinu. Ráðinu er enn fremur ætlað að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um fjölskyldumál. Í því felst einkum að vekja athygli á því sem betur má fara og móta tillögur að úrbótum. Enn fremur er lagt til að ráðið beiti sér fyrir því að ýmis samtök og einkaaðilar láti málefni fjölskyldunnar til sín taka.

Í þeim tilgangi að tryggja heildarsýn í málaflokknum er lagt til að fjölskylduráðið annist tillögugerð um stefnumarkandi áætlun í málefnum fjölskyldunnar í samráði við einstök ráðuneyti, sambærilega við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem gerð er til fjögurra ára í senn. Við tillögugerðina skal ráðið hafa til hliðsjónar viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Eins og kunnugt er deilast þessi verkefni á milli flestra ráðuneytanna og enn fremur hafa sveitarfélögin hér mikilvægu hlutverki að gegna.

Lagt er til að fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum, þrír verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn verði tilnefndur af Háskóla Íslands og félagsmálaráðherra skipi formann án tilnefningar. Þátttaka fulltrúa Háskóla Íslands er m.a. hugsuð til að treysta

fræðilegan grunn fjölskylduráðsins og auðvelda því að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Lagt er til við ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar ef nauðsynlegt er talið. Íslenskar fjölskyldur eru barnmargar og sker þjóðin sig úr á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi. Það er því einkar mikilvægt að þannig sé búið að fjölskyldunum, bæði fjárhagslega og félagslega, að þeim takist að veita börnunum það öryggi og umönnun sem nauðsynlegt er til að þau nái að þroskast og dafna. Langur vinnudagur og mikil atvinnuþátttaka beggja foreldra einkennir íslenskt fjölskyldulíf. Nauðsynlegt að kanna áhrif skattalaga á barnafjölskyldur svo og hvernig barnabóta- og vaxtabótakerfið hefur reynst þeim í raun. Einnig er æskilegt að gera tilraunir með sveigjanlegan vinnutíma.

Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs er veigamikið atriði í allri jafnréttisumræðu. Ákvörðun um að tryggja feðrum aukinn rétt á við mæður mun án efa leiða til þess að fleiri feður sjái sér fært að taka virkan þátt í uppeldi og umönnun barnanna strax á fyrsta æviskeiði. Mikilvægi samvista móður og barns á fyrstu mánuðunum í ævi barnsins er óumdeilt. Engu að síður er það jafn mikilvægt, að feður taki sem fyrst þátt í umönnun þess og að tilfinningatengsl föður og barns nái að myndast í frumbernsku.

Að lokum er lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin felur í sér fjölmörg veigamikil atriði sem skipta fjölskyldur máli og tryggja að starfsmenn geti sinnt þörfum fjölskyldunnar samhliða þátttöku í atvinnulífinu. Stefna íslenskra fyrirtækja í málefnum starfsmanna með fjölskylduábyrgð er frekar sveigjanleg. Samkomulag á milli helstu samtaka á vinnumarkaði um greiðslur til starfsfólks vegna veikinda barna, framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum, þátttaka í norrænum samstarfsverkefnum og markviss uppbygging dagvistarheimila fyrir börn ættu að gera það kleift að fullgilda samþykktina. Það atriði, sem hefur komið í veg fyrir fullgildingu er ákvæði 8. gr. um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Þessi tillaga að þingsályktun var flutt á síðasta löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Hún er nú endurflutt, óbreytt. Efni tillögunnar er að Alþingi álykti að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem þar er lýst. Jafnframt álykti Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í tillögunni.

Þingsályktunartillagan skiptist í þrjá kafla sem bera eftirfarandi heiti:

I. Meginforsendur fjölskyldustefnu.

II. Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

III. Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

Að því er tekur til kostnaðar sem leiða mun af samþykkt tillögunnar er hans einkum að vænta af verkefnum undir III. kaflanum þar sem getið er eftirfarandi aðgerða:

Fjölskylduráð. Stofnað verði opinbert fjölskylduráð sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Í því sambandi eru talin upp nokkur atriði sem skulu vera hlutverk fjölskylduráðs, eins og ráðgjöf til stjórnvalda í fjölskyldumálum, að annast tillögugerð um framkvæmda áætlun í fjölskyldumálum, eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála og stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

Barnafjölskyldur. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs verði tryggður með því að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

Fullgilding á samþykkt ILO nr. 156. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði fyrir því að Ísland geti fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin felur í sér mörg veigamikil atriði sem skipta fjölskyldur máli og tryggja að starfsmenn geti sinnt þörfum fjölskyldunnar samhliða þátttöku í atvinnulífinu.

Stofnun fjölskylduráðs mun valda nokkurri kostnaðaraukningu hjá ríkissjóði en gert er ráð fyrir að ráðið verði skipað fimm mönnum. Sé gert ráð fyrir að það haldi um 20 fundi á ári og að með því starfi ritari má reikna með að kostnaður verði um 1,5–2,0 m.kr. á ári. Er þá reiknað með nefndarþóknun til sex manna auk annars kostnaðar sem felst í launum starfsmanns í hlutastarfi, ferðum, húsnæðisaðstöðu o.fl.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis voru greiddar tæplega 240 m.kr. í fæðingarorlof og skylda liði árið 1995 en í þeirri tölu eru ekki taldar greiðslur sjúkrahúsa annarra en ríkisspítala. Komi til þess að karlar taki fæðingarorlof í jafnríkum mæli og konur má reikna með að þessi fjárhæð hækki verulega.

Um annan kostnað er erfitt að segja og fer eftir framkvæmd ályktunarinnar verði tillagan samþykkt.

73. Frumvarp til laga [73. mál]

um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara ná til virkja í landi og á skipum en ekki til virkja annarra farartækja, svo sem flugvéla og bifreiða.

Ef ágreiningur verður um það hvort tiltekin virki falli undir lög þessi sker ráðherra úr.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lögmætu ástandi þeirra.

Innra eftirlit: Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt.

Innra eftirlitskerfi: Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt kröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu.

Löggiltur rafverktaki: Sá sem hlotið hefur löggildingu Löggildingarstofu til rafvirkjunarstarfa.

Neysluveita: Raflögn og raflagnabúnaður innan við stofnkassa (eða búnað sem gegnir hlutverki stofnkassa).

Raffang: Hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns.

Raforkuvirki: Mannvirki til vinnslu og dreifingar rafmagns.

Rafskoðunarstofa: Faggiltur óháður aðili sem hefur starfsleyfi frá Löggildingarstofu til að annast skoðanir á raftæknisviði.

Rafveita: Fyrirtæki sem framleiðir, flytur, dreifir og/eða selur rafmagn.

Skoðun: Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi laga, reglugerða og annarra lögmætra fyrirmæla.

Virki: Samheiti fyrir raforkuvirki, neysluveitur og rafföng.

Yfireftirlit: Eftirlit með að ákvæðum þessara laga sé fylgt í framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

II. KAFLI
Öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

4. gr.

Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

Virki þessi mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu virkja sem fyrir eru. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum skulu þær gerðar á kostnað eigenda hinna nýju virkja. Þó má skylda eiganda hinna eldri virkja til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu þeirra framvegis. Svo má og ákveða að eigandi eldri virkja skuli kosta að nokkru eða öllu leyti öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af hans virkjum og hans eign, ef þær eru nauðsynlegar sökum þess að hin eldri virki hafa verið ófullkomnari eða miður trygg en venja er til eða krafist er um ný virki á þeim tíma þegar ráðstafanir koma til framkvæmda.

Rafföng, neysluveitur og raforkuvirki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna og dýra, umhverfi eða eignum í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

5. gr.

Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna bera ábyrgð á að þau séu í lögmætu ástandi. Á sama hátt skulu framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga bera ábyrgð á lögmætu ástandi við sölu þeirra.

Í því skyni að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt skulu ábyrgðarmenn raforkuvirkja rafveitna og stóriðjuvera, samkvæmt ákvörðun ráðherra, koma upp innra eftirlitskerfi með virkjum sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara. Einnig skulu rafverktakar koma upp innra eftirliti með eigin starfsemi sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara. Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um innri eftirlitskerfi og viðurkenningu Löggildingarstofu á þeim, svo og um skyldur ábyrgðarmanna.

III. KAFLI
Rafmagnseftirlit.

6. gr.

Yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Hlutverk Löggildingarstofu á sviði rafmagnsöryggis skal m.a. vera eftirfarandi:

1. vera ráðherra til ráðuneytis um rafmagnsöryggismál;
2. hafa faglega umsjón með framkvæmd rafmagnsöryggismála;
3. annast löggildingu rafverktaka, veita skoðunarstofum og ábyrgðarmönnum rafveitna starfsleyfi, ákveða viðurlög og beita sviptingum ef skilyrði leyfis eru ekki uppfyllt eða lögboðnar skyldur eru vanræktar;
4. skera úr ágreiningi um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

7. gr.

Með reglubundum hætti skal fara fram skoðun á því hvort raforkuvirki, neysluveitur og rafföng og starfsemi þeirra er hlotið hafa löggildingu eða starfsleyfi Löggildingarstofu uppfylli ákvæði þessara laga. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um tíðni, umfang og framkvæmd skoðana sem skulu vera í samræmi við þá hættu sem stafar af viðkomandi gerð virkja.

8. gr.

Einstaklingar og lögaðilar sem stofna vilja til reksturs rafskoðunarstofu skulu sækja um starfsleyfi til Löggildingarstofu. Til að öðlast slík leyfi skal skoðunarstofa vera faggilt í samræmi við lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Starfsleyfi skulu ná til landsins alls og vera veitt til fimm ára í senn. Löggildingarstofa getur að undangenginni áminningu svipt rafskoðunarstofu starfsleyfi ef hún fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfisins eða vanrækir skyldur sínar.

9. gr.

Hlutverk rafskoðunarstofa í eftirliti með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum skal vera sem hér greinir:

1. að skoða ný og eldri raforkuvirki, og neysluveitur;
2. að skoða innra eftirlitskerfi rafveitna og framkvæmd þess;
3. að skoða aðstöðu og búnað rafverktaka;
4. að skoða innra eftirlitskerfi rafverktaka og framkvæmd þess;
5. að hafa eftirlit með rafföngum og raforkuvirkjum á markaði.

Í þeim tilvikum sem ekki er fyrir hendi faggilt rafskoðunarstofa til þess að annast skoðanir á tilteknu sviði skal Löggildingarstofa annast þær og sú starfsemi vera faggilt.

10. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og starfsmenn rafskoðunarstofa sem hafa starfsleyfi á rafmagnsöryggissviði skv. 8. gr. skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að raforkuvirkjum, neysluveitum, starfsstöðum rafverktaka og rafföngum sem til skoðunar eru hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna og rafverktakar, svo og framleiðendur og innflytjendur raffanga, skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir.

11. gr.

Telji starfsmenn rafveitna, rafskoðunarstofa eða rafverktaki að tiltekin neysluveita, rafföng eða hvers konar hlutar raforkuvirkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði laga þessara skal án tafar senda tilkynningu þess efnis til Löggildingarstofu. Tilkynning skal einnig send til Löggildingarstofu ef skoðunarstofa telur að tiltekinn rafverktaki, starfsmaður rafveitu eða ábyrgðarmaður rafveitu uppfylli ekki ákvæði laga þessara.

Berist Löggildingarstofu tilkynning skv. 1. mgr. þessarar greinar eða verði hún að öðru leyti þess áskynja að hætta kunni að stafa af tilteknum virkjum, skal stofnunin tafarlaust grípa til þeirra úrræða sem grein þessi mælir fyrir um.

Leiki rökstuddur grunur á því að tiltekin virki uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa tímabundið bannað sölu eða notkun á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Leiði rannsókn Löggildingarstofu í ljós að tiltekin virki uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa bannað sölu þeirra, stöðvað notkun, bannað uppsetningu og krafist niðurtöku og innköllunar.

Telji Löggildingarstofa að einstaklingur eða lögaðili sem starfar samkvæmt leyfi eða löggildingu hennar hafi brotið ákvæði leyfisins eða löggildingarinnar skal stofnunin, áður en gripið er til leyfissviptingar, senda viðkomandi fyrirmæli þar sem tilgreina skal ávirðingar, benda á leiðir til úrbóta og tilgreina fyrir hvaða tíma framkvæma skuli úrbætur.

Ákvörðunum og fyrirmælum Löggildingarstofu má skjóta til úrskurðar ráðherra en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

12. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og rafskoðunarstofa eru bundnir þagnarskyldu um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og atvinnuleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að Löggildingarstofa birti opinberlega upplýsingar um hættuleg raforkuvirki, neysluveitur og rafföng ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af hlutum þessum stafar hætta.

13. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

1. gerð, tilhögun, setningu, starfrækslu og eftirlit með raforkuvirkjum og neysluveitum, svo og öðrum mannvirkjum sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum og neysluveitum að tjón, hætta eða tilfinnanleg truflun geti stafað af;
2. framkvæmd og tilhögun yfireftirlits Löggildingarstofu;
3. ábyrgð ábyrgðarmanna á ástandi virkja og meðferð þeirra;
4. takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu, smíði innan lands og notkun raffanga og einstakra hluta raforkuvirkja eða neysluveitna sem fullnægja ekki settum skilyrðum;
5. skyldur ábyrgðarmanna til þess að tilkynna, gefa skýrslu um og halda skrá yfir raforkuvirki og neysluveitur sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu og endurbætur eldri virkja;
6. heimild til handa Löggildingarstofu til að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja eða neysluveitna og rjúfa rafstraum hjá einstökum notendum og fyrirtækjum sem hlíta ekki ákvæðum laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra, svo og svipta þá löggildingu eða starfsleyfi sem gerst hafa brotlegir við lög þessi eða reglugerðir á grundvelli þeirra;
7. eftirlit með raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum, innfluttum eða smíðuðum innan lands;
8. starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, löggildingu rafverktaka og um skilyrði sem fullnægja þarf;
9. fræðslu og upplýsingar til almennings um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast henni;
10. birtingu niðurstaðna skoðana, upplýsinga um slys og tjón og annarra upplýsinga um rafmagnsöryggismál;
11. heimildir Löggildingarstofu til að setja nánari reglur um gerð, tilhögun, eftirlit og starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og um starfsemi og skoðunaraðferðir rafskoðunarstofa og starfsemi rafveitna og rafverktaka.

Í reglugerð er ráðherra m.a. heimilt að setja ákvæði um:

1. að í viðskiptum með íbúðarhúsnæði skuli seljandi leggja fram skýrslu rafskoðunarstofu eða rafverktaka um ástand neysluveitunnar. Um ástandsskoðanir þessar skulu settar sérstakar reglur;
2. raforkuvirki eða rafföng sem falla ekki undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar með taldar bókanir hans og viðauka.

IV. KAFLI
Gjaldtaka.

14. gr.

Til reksturs rafmagnsöryggismála sem Löggildingarstofu eru falin samkvæmt lögum þessum skal aflað fjár á eftirfarandi hátt:

1. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu með rafveitum skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun. Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf.
2. Vegna úrtaksskoðana sem Löggildingarstofa lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innra eftirliti þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.
3. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjaldtöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

   Undir gjaldtöku samkvæmt tölulið þessum má fella kostnað við yfireftirlit og skoðanir á einkarafstöðvum og virkjum skipa.
4. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana, sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri, skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti.

   Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf.
5. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða til stofnunarinnar eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru.

   Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem seld eru úr landi.
6. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innra eftirliti rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.
7. Löggildingarstofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Löggildingarstofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin gefur út og ráðherra staðfestir.
8. Löggildingarstofu er heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra. Þeir sem slíkar aukaskoðanir beinast að skulu greiða kostnað sem af þeim hlýst samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um gjöld þessi. Í reglugerð getur ráðherra heimilað rafveitum, eigendum neysluveitna og rafverktökum að semja beint við rafskoðunarstofur um skoðanir skv. 2., 3. og 6. tölul. þessarar greinar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð.

16. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðunum eða fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt lögum þessum getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að þeim. Dagsektir geta numið frá 10 til 500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvarðanir skv. 1. mgr. um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Við aðför samkvæmt ákvörðunum um dagsektir skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð skal fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

Öll gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

17. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk raforkuvirki og rafföng sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt öryggisfyrirmælum Löggildingarstofu.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Rafveitur geta óskað eftir allt að tólf mánaða aðlögunartíma frá gildistöku laga þessara til að hverfa frá eftirliti með rafmagnslögnum og tækjum sem notuð eru í sambandi við veitur þeirra. Rafveitur skulu hafa samráð við Löggildingarstofu um þá aðlögun. Á aðlögunartíma skal skoðun rafveitna fylgja reglum Löggildingarstofu sem eru þær sömu fyrir landið allt. Grein þessi frestar ekki gildistöku ákvæða 14. gr. laga þessara.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60 31. maí 1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að laga lagaákvæði um rafmagnsöryggismál að breyttum tímum og lögfesta tiltekin ákvæði um framkvæmd þeirra. Fyrst og fremst er hér um að ræða tvö atriði, annars vegar aðskilnað stjórnsýsluþáttar rafmagnsöryggismála frá framkvæmd eftirlits og hins vegar eflingu gæðastjórnunar og innra eftirlits þeirra sem rafmagnsöryggismál snerta, í þeim tilgangi að auka ábyrgð eigenda og umráðamanna svo að

unnt sé að minnka eftirlit hins opinbera. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan verði sameinaðar í nýja stofnun, Löggildingarstofu, er taki við hlutverkum þeirra og verkefnum.

Frumvarp þetta byggist á niðurstöðum nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði 19. júní 1995 til að endurskoða lög um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979. Í nefndina voru skipaðir: Ásgeir Einarsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Bergur Jónsson, Rafmagnseftirliti ríkisins, Gísli Þór Gíslason, Landssambandi íslenskra rafverktaka, Gunnar Ingi Gunnarsson, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Ófeigur S. Sigurðsson rafmagnstæknifræðingur, Steinar Friðgeirsson, Sambandi íslenskra rafveitna, Sveinn Þorgrímsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, formaður, og Þorleifur Finnsson, Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með nefndinni starfaði Eiríkur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra rafveitna.

Eitt helsta verkefni nefndarinnar var að endurskoða lög um Rafmagnseftirlit ríkisins í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd rafmagnsöryggismála eftir gildistöku reglugerðar nr. 543/1993, um breytingu á reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki, með áorðnum breytingum. Reglugerð þessi fjallar um verksvið og tilhögun rafmagnseftirlits og hafa komið fram ýmsar ábendingar um breytingar á henni í þeim tilgangi að gera framkvæmdina markvissari og skilvirkari og ábyrgðarsvið þeirra sem að rafmagnsöryggismálum koma ótvíræðara.

Núverandi lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins þarf að breyta til þess að unnt sé að færa framkvæmd rafmagnsöryggismála hér á landi til nútímalegri hátta. Æskilegt er að yfirstjórn rafmagnsöryggismála verði efld og hún gerð eins óháð framkvæmd rafmagnseftirlits og unnt er. Mikilvægt er að aðskilja stjórnsýslu og framkvæmd eftirlits þannig að stjórnvaldið sé óháð þeim aðilum sem annast framkvæmdina, geti óháð fylgst með störfum þeirra og fellt hlutlausa úrskurði í þeim álitamálum sem upp kunna að koma. Jafnframt er nauðsynlegt að gera sambærilegar kröfur til stjórnvaldsins og þeirra sem starfa með leyfi þess. Hér er m.a. átt við kröfur um hlutleysi og skilgreint skipulag er nái til allrar starfsemi stjórnvaldsins.

Samkvæmt gildandi lögum gegnir Rafmagnseftirlit ríkisins margþættu hlutverki. Stofnunin setur reglur, annast framkvæmd eftirlits, túlkar niðurstöður prófana, túlkar vafaatriði, sker úr um álitamál, ákvarðar viðurlög og annast fullnustu þeirra. Hið samfléttaða eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar hefur sætt gagnrýni og bent hefur verið á að það sé andstætt nútímasjónarmiðum um góða stjórnsýsluhætti sem kalla á hlutleysi, jafnræði og réttaröryggi.

Forsenda þess að unnt sé að fela einkaaðilum framkvæmd eftirlits sem hið opinbera hefur haft með höndum er að þeir séu óháðir öllum þeim sem eftirlitið beinist að eða öðrum þeim sem gætu haft hagsmuni af niðurstöðum þeirra.

Starf eftirlitsaðila getur verið umfangsmikið og fólgið í því að meta verk annarra, meta hvort starfað sé eftir settum reglum, sjá um athugun á vinnuferlum, meta tæknilegan frágang, framkvæma nauðsynlegar mælingar og annast sýnatöku. Þessi starfsemi krefst mjög strangra og ákveðinna hæfniskrafna til þess að almenningur og stjórnvöld geti borið fullt traust til þeirra sem eftirlitinu sinna. Slíkt traust getur aðeins skapast ef allir þættir starfseminnar eru einsleitir og trúverðugir og starfsemin gagnsæ. Einsleitni fæst ef gerðar eru sömu kröfur til allra sem eftirlitinu sinna og ef skilningur þeirra og framkvæmd er eins. Trúverðugleiki fæst ef allir sem eftirlitið beinist að geta verið vissir um að þeir sem eftirlitinu sinna vinni samkvæmt sömu fyrir fram ákveðnu reglum.

Gagnsæi tryggir að allir geti fylgst með því hvort starfsemi eftirlitsaðila sé í samræmi við settar reglur og að allir sem eftirlitið beinist að njóti jafnræðis.

Faggilding er sú aðferð sem valin hefur verið til að tryggja að þeir sem falið hefur verið öryggiseftirlit á rafmagnssviði uppfylli framangreindar forsendur. Faggilding grundvallast á evrópskum stöðlum og faggildingaraðili sér til þess að þeir sem faggiltir hafa verið starfi eftir og uppfylli að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru í viðkomandi staðli. Með faggildingu á að vera fullvissa fyrir því að tiltekin starfsemi uppfylli ákveðnar kröfur um starfsemina, þar með talið að unnið sé eftir fastmótuðum verklagsreglum og starfsemin lúti aðferðum gæðastjórnunar þannig að fullt traust megi bera til þeirra sem faggildingu hljóta. Faggilding er almennt notuð innan ESB til að tryggja hæfni óháðra prófunar- og vottunarstofa sem gefa út vottorð vegna frjálsra viðskipta og ákvæða um gagnkvæma viðurkenningu á vottunum og prófunum. Faggilding hefur átt auknu fylgi að fagna enda byggist hún á ýmsum grundvallarmarkmiðum neytendaverndar.

Dómsmálaráðuneytið reið á vaðið með kröfu um faggildingu með því að gera faggildingu að skilyrði fyrir leyfi til að stunda bifreiðaskoðun hér á landi, sbr. reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558/1993. Þetta var m.a. með hliðsjón af ákvörðunum Svía um bifreiðaskoðun og er ekki annað að sjá en að í Svíþjóð verði faggildingar krafist á þeim sviðum eftirlits sem flytjast munu frá hinu opinbera til einkaaðila.

Í Finnlandi mun vera unnið að undirbúningi lagasetningar um rafmagnseftirlit sem gengur í svipaða átt og hér. Auk þess er sú almenna krafa gerð í aðildarríkjum ESB að prófunarstofur sem jafnframt eru tilnefndir aðilar á sviði raffangaprófunar skuli vera faggiltar.

Þær auknu kröfur sem gerðar eru til rafveitna og rafverktaka um innleiðingu gæðastjórnunar í starfsemi sína eru í grundvallaratriðum þær sömu og almennt er beitt í atvinnulífinu við framleiðslu og þjónustustarfsemi. Í þessu felst m.a. að ábyrgð eigenda, umráðamanna eða sérstakra ábyrgðarmanna raforkuvirkja og neysluveitna á lögmætu ástandi þeirra er gerð ótvíræð. Þeim ber að koma upp skilgreindu innra eftirlitskerfi til að tryggja öryggi raforkuvirkja sinna og fullnægjandi stjórn á rekstri stöðva og veituvirkja.

Innra gæðaeftirlit fyrirtækja er talið árangursríkasta leiðin til að tryggja öryggi og til að bæta starfsemina yfirleitt. Þetta næst m.a. með því að eigendur og umráðamenn virkja, og starfsmenn allir í tengslum við þau, verði meðvitaðri um öryggismál og virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum. Tekið er upp skipulag þar sem unnið verður eftir skilgreindum verklagsreglum og ótvírætt skilgreint hver beri ábyrgð á að lágmarksöryggiskröfum sé fullnægt og á hvern hátt að því er staðið.

Með innra eftirlitskerfi hjá rafveitum og rafverktökum er unnt að breyta og draga úr ytra stjórnvaldseftirliti og um leið minnka kostnað þeirra sem eftirlitið beinist að.

Um leið og ábyrgð er alfarið lögð á herðar eigenda og umráðamanna virkja eru rafveitur leystar undan þeirri skyldu að hafa eftirlit með því að rafmagnslagnir og tæki sem notuð eru í sambandi við rafveitur þeirra brjóti ekki í bága við ákvæði laga og reglugerða. Með þessu breytist starfssvið rafveitna nokkuð og verða þær fyrst og fremst framleiðendur, flytjendur, dreifendur og seljendur rafmagns en þær losaðar undan ábyrgð á raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum annarra en þeirra sjálfra.

Miklar breytingar hafa orðið hér á landi í stjórnsýsluháttum og viðskiptalífi allra seinustu ár. Sé tekið mið af nýlegum sjórnsýslulögum, sem fjalla m.a. um vanhæfi aðila máls, og samkeppnislögum, þar sem horfið er frá verðlagseftirliti en samkeppni og markaðs-

búskapur festur í sessi, má segja að mörkuð hafi verið braut að nýskipan eftirlitsstarfsemi hér á landi. Þessi nýskipan tekur fyrst og fremst til almennrar neytendaverndar en endurskoðun á eftirlitsstarfseminni er einnig þáttur í þeirri viðleitni stjórnvalda að hagræða í ríkisrekstri og endurmeta hvaða verkefni er eðlilegt að ríkið annist. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að leita leiða til að samræma eða sameina skilda eftirlitsstarfsemi þannig að ekki verði gerðar andstæðar kröfur til fyrirtækja af öðrum eftirlitsaðilanum.

Sameining starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofunnar stuðlar að því að gera ríkisreksturinn einfaldari en um leið skilvirkari. Stofnanir þessar fjalla báðar um viðskipta- og neytendamál á tæknilegum forsendum. Með tilkomu nýrrar stofnunar sem annast þessa tvo málaflokka næst umtalsverð hagræðing og beinn sparnaður án þess að faglegum þáttum í starfsemi þeirra sé fórnað. Líta verður svo á að með ráðstöfunum þessum sé aðeins stigið fyrsta skrefið í þá átt að endurskoða alla eftirlitsstarfsemi ríkisins. Heppilegast hefði verið að fella fleiri skylda eftirlitsþætti undir þessa nýju stofnun og ná þannig fram enn tryggari grunni að samhæfingu opinberrar eftirlitsstarfsemi og enn frekari hagræðingu í opinberum rekstri en hér er gert.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði laga og reglugerða um rafmagnsöryggismál hafa fram til þessa einungis tekið til raforkuvirkja og neysluveitna í landi. Rafkerfi skipa eru með fáum undantekningum með sama spennukerfi og dreifikerfi í landi, þ.e. 400/230V. Enginn grundvallarmismunur er á rafkerfum skipa og t.d. rafstöðva í landi. Auk þess eru rafkerfi skipa í auknum mæli tengd við dreifikerfi í landi og þurfa að lúta sömu öryggisfyrirmælum og þær veitur sem þau eru tengd við og lagður er grunnur að í lögum þessum. Sömu fagmenn vinna við raflagnir í skipum og í landi og eru gerðar sömu kröfur til þeirra. Tilgangur þess að fella rafkerfi skipa hér undir er því að tryggja að rafmagnsöryggi í skipum sé engu lakara en almenn krafa er gerð um, þar með talið að raflagnir skipa lúti sambærilegu eftirliti.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Grein þessi fjallar um almennar öryggiskröfur og öryggisráðstafanir til að afstýra hættu eða truflunum frá raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og skyldur eigenda til að bera kostnað af öryggisráðstöfunum sem nauðsynlegar kunna að vera til að afstýra hættu og truflunum.

Um 5. gr.

Kveðið er á um hverjir beri ábyrgð á lögmætu ástandi raforkuvirkja og innra eftirliti til að tryggja öryggi virkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt. Sú skylda fellur í fyrsta lagi á eiganda raforkuvirkis. Mikilvægt er þó að hin raunverulega ábyrgð liggi sem næst því virki sem öryggisráðstafanirnar ná til. Því er ábyrgð þessi í öðru lagi lögð á umráða-

menn virkjanna, ef þeir eru aðrir en eigendur, og í þriðja lagi á sérstaka ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna sem tilnefndir hafa verið til að annast uppsetningu eða rekstur þeirra.

Einnig er kveðið á um ábyrgð framleiðenda eða innflytjenda á lögmætu ástandi raffanga við sölu og að rafverktakar komi upp innra eftirliti með starfsemi sinni.

Með innra eftirliti er átt við að á kerfisbundinn hátt verði með fyrirbyggjandi ráðstöfunum tryggt að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar sé á öllum tímum fullnægt. Nánari ákvæði um innra eftirlit verða sett í reglugerð.

Um 6. gr.

Hlutverk Löggildingarstofu í framkvæmd rafmagnsöryggismála verður að því leyti annað en verið hefur hjá Rafmagnseftirliti ríkisins að hið samfléttaða eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk verður skilið í sundur. Stjórnsýsluþátturinn verður efldur og gerður trúverðugri við það að hagsmunir sem áður sköruðust eru aðskildir. Framkvæmd eftirlitsins færist til sjálfstæðra óháðra skoðunarstofa. Starfsemi stjórnvaldsins og eftirlitsins tekur auk þess nokkrum breytingum til samræmis við aukið innra eftirlit fyrirtækjanna.

Um 7. gr.

Mikilvægt er að eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sé í samræmi við þá hættu sem af þeim kann að stafa. Við það að rafveitur og rafverktakar taka upp innra eftirlit með starfsemi sinni mun öryggi batna og unnt verður að hverfa frá 100% skoðunum í öllum tilvikum eins og gert er ráð fyrir í eldri lögum. Almennt verður beitt svonefndri úrtaksskoðun þar sem í upphafi er gert ráð fyrir að með tiltölulega fáum skoðunum megi ganga úr skugga um að öllum öryggiskröfum sé fullnægt, enda á innra eftirlit viðkomandi að hafa tryggt að svo sé. Komi við slíka úrtaksskoðun í ljós að öryggi sé ábótavant verður skoðunum fjölgað sem getur leitt til þess að öll virki viðkomandi fari í skoðun. Í þeim tilvikum þegar umfang skoðunar verður óvenjumikið þarf að leita ástæðna þess í innra eftirliti viðkomandi þar sem rætur vandans liggja. Innra eftirlitið þarf því að koma til gagngerrar endurskoðunar og gera þarf á því nauðsynlegar lagfæringar til að tryggja öruggari framkvæmd til frambúðar.

Nánari ákvæði um tíðni, umfang og framkvæmd skoðana verða sett í reglugerð.

Um 8. gr.

Löggildingarstofa veitir faggiltum rafskoðunarstofum starfsleyfi og sviptir þær því leyfi ef skilyrðum þess er ekki uppfyllt.

Um 9. gr.

Mikilvægt er að hlutverk rafskoðunarstofa sé ótvírætt. Hefðbundið eftirlit á vettvangi er flutt frá hinu opinbera og rafveitum til óháðra skoðunarstofa. Í þessu eftirliti felst ekkert stjórnsýsluvald. Komi í ljós við skoðun að vanefndir eru á framkvæmd öryggiskrafna eða leiki grunur á að svo sé mun Löggildingarstofa skera úr um vafaatriði og ákveða úrbætur eða viðurlög eins og við á. Skoðunarstofurnar skulu skoða í samræmi við verklagsreglur og verklýsingar sem Löggildingarstofa hefur gert eða samþykkt. Verklagsreglurnar byggjast á öryggiskröfum laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra.

Hlutverki rafskoðunarstofa er skipt í fimm þætti sem þó eru allir skyldir. Skoðun nýrra og eldri raforkuvirkja og neysluveitna skv. 1. tölul. er hið hefðbundna skoðunarsvið sem Rafmagnseftirlit ríkisins og rafveitur hafa annast á undangengnum árum. Eðli skoðana þessara mun þó í grundvallaratriðum breytast þar sem úrtaksskoðanir virkja munu í auknum mæli tengjast skoðun á innra eftirlitskerfi rafveitna og rafverktaka og því beinast að verklagi og gæðum vinnunnar almennt.

Þau nýmæli eru í 2. og 4. tölul. greinarinnar að nú skal innra eftirlitskerfi rafveitna og rafverktaka skoðað reglulega og framkvæmd innra eftirlits metin til að tryggja viðvarandi gæði þess. Þar verður m.a. gætt að skráningum og verkfyrirkomulagi, skilgreindum innri úttektum og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum rafveitna og rafverktaka sem nauðsynlegar eru til að tryggja lágmarkskröfu um öryggisstig. Ein forsenda þess að bæta megi árangur í rafmagnsöryggismálum er að þeir sem hlut eiga að máli bæti gæði vinnu sinnar og séu meðvitaðir um eigin ábyrgð. Tilgangslítið er að gera endurteknar athugasemdir eftir skoðun ef gæðakerfi viðkomandi er ekki í lagi. Reglubundin skoðun á innra eftirliti er því eitt af grundvallaratriðum bætts öryggis.

Skoðun á aðstöðu og búnaði rafverktaka, sbr. 3. tölul., er gerð í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að þeir uppfylli kröfur er lúta að löggildingu þeirra.

Eftirlit með rafföngum og raforkuvirkjum á markaði, sbr. 5. tölul., er óbreytt frá því sem nú er en markaðseftirlit var tekið upp hér á landi í kjölfar EES-samingsins á grundvelli gagnkvæmra viðurkenninga á vottunum og prófunum vöru á innri markaði EES.

Fari svo ólíklega að ekki séu faggiltar skoðunarstofur til að annast eftirlit þetta skal Löggildingarstofa taka það að sér. Vegna mikilvægis þeirrar neytenda- og réttarverndar, sem felst í aðskilnaði stjórnsýslu og eftirlits, þykir rétt að sömu kröfur um hlutleysi og trúverðugleika gildi um slíkt opinbert eftirlit og gerðar eru til óháðra rafskoðunarstofa.

Um 10. gr.

Grein þessi fjallar um aðgengi þeirra sem við skoðanir vinna að þeim búnaði og stöðum sem til skoðunar eru og rétt þeirra til að taka sýni og gera þær athuganir sem nauðsynlegar eru. Heimild þessi þarf að vera ótvíræð þótt ólíklegt sé að henni þurfi að beita nema í undantekningartilvikum.

Um 11. gr.

Mikilvægt er að sú skylda sé lögð á herðar starfsmanna rafveitna, rafskoðunarstofa og rafverktaka að þeir tilkynni Löggildingarstofu um öll tæki eða starfsemi sem hætta kann að stafa af eða af öðrum ástæðum uppfylla ekki ákvæði laganna.

Einnig þykir ástæða til að lögfesta skyldur stofnunarinnar um meginatriði málsmeðferðar sem getur falist í banni við sölu eða notkun, banni við uppsetningu, kröfu um niðurtöku eða innköllun. Sömuleiðis er stofnuninni veitt heimild til leyfissviptingar séu skilyrði leyfis ekki uppfyllt. Með beitingu íþyngjandi ákvarðana er lögð áhersla á að þær leiði fyrst og fremst til bættra vinnubragða og auki almenna hæfni þeirra sem að rafmagnsöryggismálum koma. Leiði úrtaksskoðun í ljós vanefndir eða galla verður skoðunum fjölgað og ástæður vanefnda og galla greindar og bent á leiðir til úrbóta, jafnframt því sem gefinn er frestur til úrbóta. Með þessu er stuðlað að endurbótum á innra eftirliti viðkomandi sem leiðir til betri vinnubragða til frambúðar.

Öllum framangreindum aðgerðum Löggildingarstofu má skjóta til úrskurðar ráðherra.

Um 12. gr.

Í núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eru almenn ákvæði um þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Þar sem lög þessi ná að auki til annarra starfsmanna þykir rétt að sambærileg ákvæði nái til allra sem eftir lögum þessum starfa.

Þótt almennt hvíli ekki mikil leynd yfir þeim virkjum sem eftirlitsákvæði laga þessara ná til getur svo verið í vissum tilvikum. Einkum á það við um ýmis viðskiptamál sem nauðsynlegt er að farið verði með sem trúnaðarmál til að tryggja eðlilega samkeppni, t.d. milli þeirra sem skoðanir stunda. Einnig er líklegt að með aukinni samkeppni í raforkuframleiðslu, -flutningi og -dreifingu aukist mikilvægi ákvæðis þessa. Þrátt fyrir þetta er mikilvægt að stjórnvaldið geti birt opinberlega upplýsingar um hættuleg tæki, greint frá tjónum og slysum og ástæðum þeirra, en birting upplýsinga af þessu tagi telst hluti af nauðsynlegum forvarnaraðgerðum.

Um 13. gr.

Rafmagnsöryggismál spanna umfangsmikinn málaflokk og er óhjákvæmilegt að í lögum verði ráðherra gert að setja nánari reglur um framkvæmd einstakra ákvæða þeirra. Meiri hluti þeirra reglugerðarákvæða, sem grein þessi tekur til, er efnislega óbreyttur frá núverandi lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins. Þetta á við 1., 3.–7. og 9. tölul. 2. mgr. Í 8. tölul. 2. mgr. hefur verið bætt við starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna og starfsleyfi skoðunarstofa.

Ný ákvæði eru:

a. 2. tölul. 2. mgr. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um framkvæmd og tilhögun yfireftirlits Löggildingarstofu. Um hlutverk stofnunarinnar er fjallað í 6. gr. laga þessara og þarf m.a. að skilgreina nánar í reglugerð helstu markmið starfseminnar og leiðir að þeim, þar með talið innra skipulag og gæðastýringu. Einnig þarf að skilgreina faglega umsjón með framkvæmd rafmagnsöryggismála en í því felst m.a. að ganga úr skugga um fagmennsku rafskoðunarstofa og virkni gæðakerfa þeirra og að framkvæmd verklagsreglna sem stofnunin setur þeim sem eftir lögum þessum starfa sé fullnægjandi.
b. 10. tölul. 2. mgr. Í reglugerð skal setja ákvæði um birtingu niðurstaðna skoðana í þeim tilgangi m.a. að unnt sé að meta öryggisstig raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga á hverjum tíma og þróun þeirra mála. Einnig er mikilvægt að gerð sé grein fyrir slysum og tjónum sem orsakast af rafmagni svo að unnt sé að bregðast við þeim með fyrirbyggjandi hætti.
c. 11. tölul. 2. mgr. Þrátt fyrir að birta eigi öll öryggisákvæði í reglugerð breytast þau nokkuð hratt, t.d. vegna nýrra staðla og viðmiðunarkrafna, m.a. fyrir áhrif ákvæða EES-samningsins um upptöku samræmdra öryggiskrafna. Einnig þarf stofnunin að hafa lögmæta heimild til að gefa út verklagsreglur og verklýsingar sem eru nánari leiðbeiningar eða fyrirmæli til þeirra sem eftir lögum þessum starfa. Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gefið út svokallaðar orðsendingar til þeirra sem unnið hafa eftir reglugerð um raforkuvirki en fram hafa komið efasemdir um lögmæti þeirra á grundvelli núgildandi laga.
d. Heimildarákvæði 1. tölul. 3. mgr. tekur mið af þróun neytendaverndar í viðskiptum með notaða vöru, sbr. ákvæði og heimildir um ástandsvottorð í lögum um sölu notaðra ökutækja, nr. 69/1994. Fyrir almenna neytendur er ekki síður erfitt að meta ástand neysluveitu en t.d. ástand ökutækis og fjárhagslegir hagsmunir geta verið mun

meiri. Því þykir rétt að ráðherra fái heimild með lögum þessum til að setja í reglugerð ákvæði um að í fasteignaviðskiptum liggi fyrir vottorð ábyrgs aðila um ástand veitunnar.

e. Heimildarákvæði 2. tölul. 3. mgr. er til að unnt verði að setja í reglugerð öryggisákvæði um raforkuvirki eða rafföng sem notuð eru hér á landi og falla ekki undir samræmda staðla eða önnur ákvæði EES-samningsins.

Um 14. gr.

Með gjaldtökuákvæðum þessarar greinar er þeirri meginstefnu fylgt að gjaldtaka er færð nær þeim sem þjónustunnar nýtur en nú er. Jafnframt er með þessum ákvæðum tryggt að jöfnuður haldist milli einstakra landshluta hvað varðar greiðslu kostnaðar af skoðunum neysluveitna og raffanga.

Í núgildandi lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins er tekna til að standa straum af opinberu eftirliti með nýjum og eldri raforkuvirkjum aflað með prósentuálagi á virðisauka raforkusölu eða -framleiðslu. Gjald þetta getur numið allt að 1,2%, en er nú samkvæmt reglugerð 0,7%. Auk þessa er í núgildandi lögum ákvæði um að Rafmagnseftirlitinu skuli greiddur kostnaður af eftirliti með uppsetningu nýrra raforkuvirkja.

Gjaldtaka þessi byggist því á föstu afgjaldi, er fer eftir raforkusölu rafveitnanna, til að standa straum af reglubundnu opinberu eftirliti og sérstakri greiðslu fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra virkja.

Kostnaður rafveitna af rafmagnseftirliti er talsvert meiri því að í núgildandi lögum er sú skylda lögð á rafveitur að þær hafi eftirlit með því að nýjar og eldri neysluveitur, rafmagnslagnir og tæki sem notuð eru í sambandi við rafveitur þeirra uppfylli sett öryggisákvæði. Með frumvarpi þessu eru rafveitur leystar undan ábyrgð á og kostnaði af öðrum raforkuvirkjum og neysluveitum en þeirra eigin.

Í frumvarpinu er rafveitum gert að greiða kostnað af rafmagnseftirliti með tvennum hætti, skv. 1. og 2. tölul. þessarar greinar.

Í 1. tölul. er fylgt sömu meginreglu og gert er í núgildandi lögum, að því marki að kostnaður Löggildingarstofu af yfireftirliti með rafveitum greiðist með ákveðnu prósentugjaldi af virðisauka raforkusölu þeirra eða raforkuframleiðslu. Undanskilin frá þessu er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., sbr. sérlög um þessi fyrirtæki.

Til viðbótar gjaldtöku skv. 1. tölul. greiða rafveitur skv. 2. tölul. allan kostnað sem hlýst af beinum skoðunum á raforkuvirkjum þeirra til að fullnægja kröfum laga þessara og reglugerða um rafmagnsöryggi.

Í 3. tölul. er kveðið á um kostnað við eftirlit hjá stóriðjuverum sem undanskilin eru í 1. tölul. Fyrirtæki þessi greiða kostnað við skoðanir á búnaði sínum eftir gjaldskrá og er það óbreytt frá því sem nú er. Heimild er til gjaldtöku fyrir skoðanir á einkarafstöðvum og virkjum skipa samkvæmt þessum tölulið, enda mun það í flestum tilvikum vera einfaldari leið en að áætla orkuframleiðslu þeirra skv. 1. tölul.

Í 4. tölul. er fjallað um skoðanir á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri. Kostnaður við skoðanir á nýjum neysluveitum fellur aðeins einu sinni á eigendur þeirra, þ.e. þegar veitan er tekin í notkun. Neysluveitur í rekstri eru skoðaðar á nokkurra ára fresti eftir stærð þeirra og áraun. Eftirlit þetta hefur verið á ábyrgð rafveitna sem hafa sinnt því með eigin mannskap og innheimt kostnað fyrir það. Við það að rafveitur eru leystar undan þessari ábyrgð eykst kostnaður ríkisins af eftirliti með neysluveitum til samræmis. Kostnaður vegna þessa hefur verið borinn af eigendum neysluveitnanna og er gert

ráð fyrir að svo verði áfram. Í þeim tilgangi að hafa gjaldtökuna einfalda er notaður sami gjaldstofn fyrir neysluveitueftirlit og gert er í 1. tölul.

Í 5. tölul. er fjallað um markaðseftirlit með rafföngum. Í núgildandi lögum er ákvæði um gjaldtöku af eftirlitsskyldum rafföngum sem er efnislega sambærilegt við þennan tölulið. Gjald þetta er til að standa straum af kostnaði af eftirliti með rafföngum á almennum neytendamarkaði.

Í 6. tölul. er fjallað um skoðanir á búnaði, aðstöðu og innra eftirliti rafverktaka sem framkvæma þarf til að ganga úr skugga um að þeir uppfylli skilyrði löggildingarinnar.

Í 7. tölul. er fjallað um prófanir nýrra raffanga sem gerðar eru til að sannreyna að þau uppfylli samræmd öryggisákvæði sem gilda á innri markaði EES en slíkt er forsenda fyrir heimild til markaðssetningar þeirra. Gert er ráð fyrir að Löggildingarstofa geti veitt innlendum framleiðendum aðstoð við að láta framkvæma slíkar prófanir, t.d. með samningi við viðurkenndar (faggiltar) erlendar prófunarstofur. Þjónusta þessi yrði veitt samkvæmt gjaldskrá.

Í 8. tölul. er fjallað um aukaskoðanir. Meginhluti kostnaðar við skoðanir samkvæmt þessari grein endurspeglar umfang skoðunar. Það þýðir að ef grípa þarf til fleiri eða ítarlegri skoðana að mati Löggildingarstofu fellur sá kostnaður beint á þann sem uppvís hefur orðið að vanrækslunni.

Kostnaður við skoðanir á neysluveitum skv. 4. tölul. og vegna eftirlits með rafföngum á markaði skv. 5. tölul. er aftur á móti bundinn föstum gjaldstofni. Fastur gjaldstofn hefur þann ókost að ekki er hægt að beita íþyngjandi aðgerðum vegna kostnaðarauka sem hlýst af aukaskoðunum hjá þeim sem vanrækt hafa lagalegar skyldur sínar um rafmagnsöryggi. Ákvæði 8. tölul. beinist því fyrst og fremst að aukaskoðunum er tengjast 4. og 5. tölul. þessarar greinar en er jafnframt lögfesting á þeirri nauðsynlegu heimild að geta beitt aukaskoðunum hjá þeim sem uppvísir verða að vanefndum samkvæmt lögum þessum.

Þær tölur fyrir gjaldstofna, sem fram eru settar í þessari grein, eru hámarkstölur.

Gert er ráð fyrir að ráðherra geti í reglugerð heimilað rafveitum, eigendum stóriðjuvera og rafverktökum að semja beint við rafskoðunarstofur um tilteknar skoðanir. Þá gæti kostnaður, t.d. vegna úrtaksskoðana á búnaði rafveitna skv. 2. tölul., orðið með þeim hætti að rafveita gerði samning beint við rafskoðunarstofu um skoðun á framkvæmd innra eftirlits rafveitunnar og úrtaksskoðanir því tengdu. Rafveita greiðir þá kostnað beint til rafskoðunarstofu samkvæmt samningi í stað þess að samningur væri milli rafskoðunarstofu og Löggildingarstofu um þá vinnu. Möguleiki rafveitu og rafverktaka til að skipta beint við rafskoðunarstofu er mikilvæg forsenda þess að ná niður kostnaði við skoðanir en mun ekki koma niður á gæðum skoðana, enda er það eitt af verkefnum Löggildingarstofu að tryggja viðvarandi gæði þeirra.

Um 15.–18. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Nýskipan rafmagnsöryggismála þarf að hafa rúman aðlögunartíma er gefur rafveitum svigrúm til þess að kynna sér sem best nýtt fyrirkomulag og laga starfsemi sína að því. Þrátt fyrir að allnokkur aðdragandi hafi nú þegar orðið að breyttri skipan rafmagnsöryggismála er talið nauðsynlegt að rafveitur geti fengið allt að tólf mánaða aðlögunartíma eftir gildistöku laga þessara til að hverfa frá eftirliti með virkjum á veitusvæði sínu.

Í þeim tilgangi að ekki skapist tómarúm í framkvæmd rafmagnsöryggismála á aðlögunartímanum þurfa rafveitur að hafa náið samráð við Löggildingarstofu um yfirfærslu þessa eftirlits.

Um 20. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Eins og kemur fram í 1. gr. frumvarpsins er tilgangur þess að draga úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra. Verði það að lögum leysa þau af hólmi lög nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins, en eftirlitið flyst frá iðnaðarráðuneyti til viðskiptaráðuneytis og verður yfirstjórnin sameinuð Löggildingarstofunni í nýrri stofnun sem nefnist Löggildingarstofa. Um það er nánar fjallað í umsögn um frumvarp til laga um Löggildingarstofu.

Frumvarpið er flutt til að laga rafmagnsöryggismál að breyttum aðstæðum og lögfesta tiltekin ákvæði um framkvæmd þeirra. Er þar einkum átt við aðskilnað stjórnsýsluþáttar rafmagnsöryggismála frá framkvæmd eftirlits og eflingu gæðastjórnunar og innra eftirlits þeirra sem rafmagnsöryggismál snerta í þeim tilgangi að auka ábyrgð eigenda og umráðamanna svo að unnt sé að minnka eftirlit hins opinbera.

Í umsögn um frumvarp til laga um Löggildingarstofu kemur fram að við sameiningu Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins megi áætla sparnað á yfirstjórn þessarar nýju stofnunar 6–7 m.kr. á ári. Að því er tekur til breytingar á kostnaði við þennan þátt í rekstri nýju stofnunarinnar má ætla nokkra breytingu á útgjöldum ríkissjóðs. Í núgildandi lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins (9. gr), er gert ráð fyrir öflun sértekna, rafmagnseftirlitsgjalds, til að standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins. Í fjárlögum fyrir árið 1996 er áætlað að rafmagnseftirlitsgjald skili í ríkissjóð 100 m.kr. Þar af munu um 10 m.kr. vera markaðseftirlitsgjald með rafföngum þannig að sjálft eftirlitsgjaldið nemur 90 m.kr. Fjárveiting til Rafmagnseftirlits ríkisins er 60,5 m.kr. í fjárlögum 1996, þannig að 29,5 m.kr. af rafmagnseftirlitsgjaldinu er ætlað að renna í ríkissjóð sem skattur. Ný áætlun frá Rafmagnseftirliti ríkisins gerir ráð fyrir að gjaldið sé ofmetið í fjárlögum um 23 m.kr. og megi áætla að það muni nema um 67 m.kr. og lækkar því afgangur ríkisins af gjaldinu um þá fjárhæð. Í 14. gr. frumvarpsins eru ákvæði um gjaldtöku og hvernig fjár skuli aflað til að standa undir öllum rekstrarkostnaði við eftirlitið. Er fjárins aflað með gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá og álagningu 0,2% rafveitueftirlitsgjalds sem leggst á heildartekjur rafveitna af orkusölu og leigu mælitækja að frátöldu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti. Gert er ráð fyrir að þessi gjaldtaka nægi til

að fjármagna rekstur stofnunarinnar og rafmagnseftirlitsgjald í núverandi mynd verði fellt niður og mun ríkssjóður þá verða af áætluðum afgangi af rafmagnseftirlitsgjaldi sem fyrr er lýst og er hér talinn um 6,5 m.kr.

74. Frumvarp til laga [74. mál]

um Löggildingarstofu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Löggildingarstofa er ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir hún undir viðskiptaráðherra.

2. gr.

Löggildingarstofa hefur með höndum faggildingu, löggildingu og eftirlit því tengt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Löggildingarstofa annast eftirfarandi málaflokka:

1. rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga;
2. lögmælifræði, hagnýta mælifræði og faggildingu, eins og kveðið er á um í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992;
3. öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995;
4. önnur verkefni sem stofnuninni eru falin.

3. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Löggildingarstofu til þriggja ára í senn, þar af einn formann. Stjórnin hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar og samþykkir starfs- áætlanir hennar, fjárhagsáætlanir og fjárhagsuppgjör, yfirfer gjaldskrá og sér til þess að starfshættir séu á hverjum tíma gagnsæir. Ráðherra staðfestir skipulag stofnunarinnar og skiptingu hennar í deildir.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar. Forstjóri stýrir faglegu starfi stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

Heimilt er að stofna nefndir sérfróðra manna til að vera stofnuninni til ráðuneytis um starfsemi einstakra fagsviða.

5. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hin nýja stofnun skal taka til starfa 1. janúar 1997.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott 2. mgr. 14. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, sbr. lög nr. 147/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnanirnar Löggildingarstofan, sbr. lög nr. 100/1992, og Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 60/1979, eru lagðar niður frá og með 1. janúar 1997 og eru öll störf á þessum stofnunum lögð niður þegar Löggildingarstofa tekur til starfa. Löggildingarstofa tekur á sama tíma við eignum og skuldum Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins. Í lögum og reglugerðum þar sem fyrir koma heitin Löggildingarstofan og Rafmagnseftirlit ríkisins ber eftir gildistöku þessara laga að líta svo á að átt sé við Löggildingarstofu.

Strax eftir gildistöku laga þessara skal stjórn Löggildingarstofu skipuð. Staða forstjóra skal auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara svo fljótt sem því verður við komið. Starfsmenn Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Nýr forstjóri skal ráða í þær stöður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að ná fram aukinni hagræðingu í ríkisrekstri með því að gera hann einfaldari og skilvirkari og til þess að samræma skylda eftirlitsstarfsemi sem ríkið þarf að sinna.

Gert er ráð fyrir að ný stofnun, sem beri nafnið Löggildingarstofa, taki við verkefnum sem Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan gegna nú. Löggildingarstofan á sér langa sögu sem rekja má til ársins 1917 er sett voru lög um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingarstofan hefur alla tíð síðan gætt þeirra grundvallarhagsmuna viðskiptalífsins að rétt sé mælt.

Hin síðari ár hefur starf Löggildingarstofunnar fengið stóraukna þýðingu fyrir atvinnulífið, einkum í ljósi mikilla framfara sem orðið hafa í mælitækni og nýrra þarfa í nákvæmni í mælingum, t.d. á hitastigi, tíðni, geislun og fleiri atriðum. Auk þess er mælifræðin ein helsta undirstaða gæðakerfa í iðnaði og verslun.

Löggildingarstofan hefur verið virkur þátttakandi í framkvæmd ákvæða EES-samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum í samræmi við tækniákvæði sem gilda eiga í öllum aðildarríkjunum um vörur á almennum neytendamarkaði. Mikilvægur þáttur í þessu er faggildingin. Löggildingarstofan veitir prófunar-, skoðunar- og vottunarstofum faggildingu samkvæmt sameiginlegum reglum sem settar eru fram í evrópskum stöðlum og skulu þá vottorð frá faggiltum aðilum njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í öllum aðildarríkjunum.

Þar sem Löggildingarstofan er ein elsta stofnun ríkisins þykir við hæfi að hin nýja stofnun, sem tekur við hlutverki hennar og Rafmagnseftirlits ríkisins, haldi að stofni til hinu rótgróna nafni. Sú breyting er þó gerð að hún er nú kölluð Löggildingarstofa í stað Löggildingarstofan, sbr. t.d. Fiskistofa.

Hlutverk Rafmagnseftirlits ríkisins er um margt líkt hlutverki Löggildingarstofunnar. Báðar þessar stofnanir fjalla um neytendavernd út frá tæknilegum forsendum. Rafmagnseftirlit ríkisins sér um öryggi raffanga og opinbera markaðsgæslu þeirra og Löggildingarstofan annast á sama hátt öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu fyrir vöruflokka sem ekki falla undir önnur sérlög. Báðar stofnanirnar eru stjórnsýslustofnanir er

fjalla um opinbert eftirlit og er eðlilegt að gætt sé ýtrasta samræmis í meðferð þeirra mála. Það á að vera tryggt með sameiningu stofnananna.

Samræming vöruöryggis og rafmagnsöryggis er ekki óeðlileg og má geta þess að í Noregi hefur starfsemi rafmagnseftirlits verið útvíkkuð og tekur nú til öryggis vöru í stofnun sem nefnist Produkt- og Elektrisitetstilsynet.

Önnur starfsemi Löggildingarstofunnar fellur einnig vel að þessu þar sem sú stofnun sér um faggildingu og lögmælifræði.

Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan eru litlar stofnanir. Með sameiningu þeirra má ná fram umtalsverðri hagræðingu í rekstri og með samþættingu verkefna fæst betri og markvissari þjónusta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Löggildingarstofan heyrir nú undir viðskiptaráðherra en Rafmagnseftirlit ríkisins undir iðnaðarráðherra. Skipting þessi á sér sögulegar og eðlilegar ástæður þar sem lögmælifræði tengist fyrst og fremst viðskiptalífinu og hagsmunum neytenda en rafmagnsöryggismál hafa til skamms tíma fyrst og fremst talist vera raforkumál.

Með tilkomu gæðastjórnunar og innra eftirlits fyrirtækja hin síðari ár hefur hið opinbera haft tækifæri til að breyta hlutverki sínu í tæknilegu eftirliti á raforkusviði. Fyrirtækin hafa þannig orðið virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum til varnar hættum og tjóni af völdum rafmagns en áður. Við þetta hefur hið opinbera getað breytt eftirliti sínu í takt við kröfur og þarfir atvinnulífsins. Breytingarnar felast fyrst og fremst í því að fyrirtækin taka sjálf við hluta af fyrra stjórnvaldseftirliti án þess þó að það sé að öllu leyti afnumið. Þannig verður til sívirkt innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra í stað stopulla heimsókna fulltrúa opinberra eftirlitsstofnana.

Á grundvelli þessa er fyrirséð að opinbert eftirlit muni í framtíðinni að meira eða minna leyti verða viðskipta- og neytendamál en ekki tæknimál. Málaflokkur þessi er því í heild sinni fluttur undir viðskiptaráðherra.

Um 2. gr.

Við það að Löggildingarstofan og Rafmagnseftirlit ríkisins eru sameinuð í eina stofnun mun hún jafnframt yfirtaka málaflokka þeirra.

Hér er um að ræða rafmagnsöryggismál samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979, sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi verði frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, sem nú liggur fyrir þinginu, að lögum.

Löggildingarstofan fer nú með málaflokka sem nefnast lögmælifræði og hagnýt mælifræði og m.a. tengjast elstu verkefnum stofnunarinnar um vog og mál. Þá annast Löggildingarstofan einnig faggildingar hér á landi. Um þessa málaflokka er fjallað í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992. Auk þessa annast Löggildingarstofan um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. lög nr. 134/1995, sem taka til þeirra vöruflokka er ekki falla undir önnur lög.

Um 3. og 4. gr.

Í þeim tilgangi að tryggja farsæla framkvæmd allra verkefna hinnar nýju stofnunar er henni sett stjórn sem ráðherra skipar. Stjórninni er falið nokkuð umfangsmeira hlutverk en tíðkast um stjórnir margra ríkisstofnana. Ástæða þess er einkum mikilvægi þess að starfshættir stofnunar sem fer með stjórnsýslu eftirlits er beinist að atvinnulífinu og neyt-

endum séu skýrir og trúverðugir í hvívetna. Með þessu og tímabundinni ráðningu forstjóra er reynt að tryggja að starfsemin verði sem virkust á öllum sviðum í samræmi við ákvæði laga sem stofnunin lýtur og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Um 5. gr.

Fyrirsjáanlegt er að starfsemi sem fjallar um opinbert eftirlit þarf stöðugt að geta lagað sig að breytilegum þörfum atvinnulífsins, sem m.a. endurspeglast í reglugerðum sem starfað er eftir hverju sinni. Jafnframt þarf að vera hægt að taka upp tæknilegar reglugerðir til samræmis við ákvæði EES-samningsins.

Þrátt fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerðir á grundvelli þeirra laga, sem Löggildingarstofa mun starfa eftir, er litið svo á að nauðsyn beri til að ráðherra hafi jafnframt heimild samkvæmt lögum þessum til að setja reglugerðir með stoð í þeim. Þetta er ekki hvað síst mikilvægt þegar um er að ræða ákvæði sem fjalla um samræmda framkvæmd er tekur til fleiri en eins málaflokks.

Ekki er talin þörf fyrir langan aðdraganda að starfsemi hinnar nýju stofnunar og er talið eðlilegt að miða við áramót, t.d. vegna reikningsskila.

Um 6. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur brott 2. mgr. 14. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, sbr. lög nr. 147/1992, enda hefur ákvæði hennar verið fellt inn í þessi lög.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða lýsir reglum um stofnun Löggildingarstofu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Löggildingarstofu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sameiningu tveggja ríkisstofnana, Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, undir nafninu Löggildingarstofa. Hún heyri undir viðskiptaráðuneytið og taki yfir verkefni fyrrnefndra stofnana.Tilgangurinn er að ná fram aukinni hagræðingu í rekstrinum og gera hann einfaldari og skilvirkari. Einkum má gera ráð fyrir hagræðingu í yfirstjórninni sem kemur fram í fækkun starfsliðs, betri nýtingu skrifstofuhúsnæðis o.s.frv. Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Þetta ákvæði er í 2. gr. laga nr. 147/1995, og hefur stjórnin þegar verið skipuð. Má gera ráð fyrir að stjórnarlaun nemi um 250 þús. kr. á ári og er þá tekið mið af stjórnarlaunum í hliðstæðum stofnunum. Þá er í 3. gr. frumvarpsins heimild til að setja á laggirnar nefndir sérfróðra manna til að vera stofnuninni til ráðuneytis um starfsemi einstakra fagsviða. Kostnaður af hliðstæðum ráðgjafanefndum er nokkuð hærri, um 500–700 þús. kr. á ári. Kostnaður við hina formlegu sameiningu stofnananna er talinn óverulegur þar eð þær starfa í sama húsi. Sé gert ráð fyrir að

tvö og hálft starf sparist í yfirstjórninni má reikna þann sparnað sem hlýst af lagabreytingunni um 5 m.kr. Er þá ekki reiknað með biðlaunum vegna starfa sem kunna að verða lögð niður.

75. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Húseigendur skulu árlega greiða umsýslugjald af brunabótamati húseignar er nema skal 0,025‰ (prómillum) af brunabótamatinu og skal gjald þetta renna til Fasteignamats ríkisins. Gjaldið skal notað til þess að standa undir kostnaði stofnunarinnar við að halda skrá yfir brunabótamat húseigna í landinu. Vátryggingafélag skal innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila til stofnunarinnar eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga þess. Ekki greiðist þóknun vegna innheimtunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lokamálsgrein 6. gr. og í ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 484/1994, um lögboðna brunatryggingu húseigna, er kveðið á um greiðslu húseigenda á svokölluðu umsýslugjaldi er renna skal til Fasteignamats ríkisins. Er ákvæði þessi voru samin var talið að þau ættu sér stoð í 5. gr. laganna, um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Athugasemdir voru gerðar við tilhögun þessa og var því ákveðið að skjóta styrkari stoðum undir heimild ráðherra til þess að ákveða með reglugerð álagningu gjaldsins. Var talið að það hefði verið gert með lögum nr. 150/1994, um breyting á lögum um brunatryggingar, er kváðu á um að með reglugerð væri heimilt að ákveða að húseigendur greiddu gjaldið.

Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli viðskiptaráðherra á því að hann telji umsýslugjald samkvæmt lögum um brunatryggingar skatt í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt að hann telji núgildandi lagagrundvöll umsýslugjalds ekki viðhlítandi í ljósi þeirra krafna sem nú eru gerðar til skattlagningarheimilda skv. 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Af framangreindum ástæðum hefur frumvarp þetta verið samið í viðskiptaráðuneytinu. Er í því tekinn af allur vafi um að með lögum sé ákveðið að lagt skuli á umsýslugjald og hver upphæð gjaldsins skuli vera.

Í 1. gr. er kveðið á um skyldu húseigenda til greiðslu umsýslugjalds og hvernig gjaldið skuli reiknað. Í núgildandi lögum segir að heimilt sé að ákveða að gjaldið megi vera allt að 0,03‰ (prómill). Í lokamálsgrein 6. gr. reglugerðar nr. 484/1994 segir: „húseigendur greiða árlega umsýslugjald 0,025‰ (prómill) af brunabótamati húseignar til Fasteignamats ríkisins“, þannig að ekki hefur verið nýtt heimild til hámarksálagningar. Frumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttu gjaldi eins og kveðið hefur verið á um í reglugerðinni.

Nýtt er að nú er kveðið á um þann tímafrest er innheimtuaðilar hafa til þess að standa skil á innheimtunni til Fasteignamats ríkisins. Þykir ekki ósanngjarnt að miða við að þeir hafi 45 daga frá gjalddaga brunatryggingar til þess að standa skil á því.

Til þess að taka af allan vafa er einnig tekið fram að innheimta umsýslugjaldsins skuli vera Fasteignamatinu að kostnaðarlausu. Innheimta gjaldsins á sér enda stað samhliða annarri innheimtu vátryggingafélags og má ætla að óverulegur kostnaðarauki fylgi henni fyrir innheimtuaðila.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er verið að gera skýrari heimild til álagningar umsýslugjalds af brunabótamati húseignar er renni til Fasteignamats ríkisins. Gjaldið er nú þegar lagt á og á því er engin breyting. Því hefur samþykkt þessa frumvarps ekki áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs.

76. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 2.–3. mgr., er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að reka hér iðnað og starfa sjálfstætt eða sem launþegar í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið og önnur lög er máli skipta. Ráðherra getur kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð.

Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Ágreining um rétt má bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi:

6. Ef ríkisborgari aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en er nú endurflutt efnislega óbreytt að undanskildu því að umsagnaraðili í 2. efnismgr. 1. gr. er ekki „iðnaðarmannafélag“ heldur „félag iðnaðarmanna, m.a. landssamtök meistara og sveina“.

Að áliti eftirlitsstofnunar EFTA hafa ákvæði fimm gerða, sem voru hluti af EES-samningnum í upphaflegri mynd, ekki verið tekin til fulls upp í landsrétt hér. Að meginstefnu til veita gerðir þessar ríkisborgurum EES-ríkja rétt til starfa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfsreynslu nánar tiltekinn tíma. Álitið hafði verið og eftirlitsstofnuninni tilkynnt að ákvæðin hefðu m.a. verið tekin upp í landsrétt í lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Þau fjalla hins vegar ekki um þessar gerðir heldur aðrar gerðir sem tengjast starfsmenntun.

Eftirlitsstofnun EFTA tók fram að ríkisborgarar EES-ríkja nytu ekki hér á landi réttar til að taka upp þau störf í iðnaði sem ákvæði tilskipananna veittu þeim þótt þeir hefðu þá starfsreynslu sem greint væri frá í tilskipununum. Ákvæði iðnaðarlaganna kæmu í veg fyrir slíkt. Þá mundu Íslendingar með starfsreynslu í öðrum EES-ríkjum njóta réttar samkvæmt gerðunum hér á landi. Leiðir þetta af dómi Evrópudómstólsins nr. 115/1978, sbr. 6. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið um túlkun ákvæða EES-samningsins í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta.

Tekið skal fram hér að ákvæði gerðanna eru ekki einungis til hagsbóta fyrir ríkisborgara annarra EES-ríkja hér á landi heldur einnig fyrir íslenska ríkisborgara í öðrum EES-ríkjum.

Samkvæmt EES-samningnum hefði átt að taka ákvæði gerðanna upp í landsrétt hér við gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu.

Þær fimm EES-gerðir, sem að framan greinir, eru:

1. Tilskipun ráðsins 64/427/EBE frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk) (sjá texta 31. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi í Stjórnartíðindum 1993, deild C 3, bls. 1244, m.a. um breytingu á gerðinni með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969, en texti gerðarinnar er birtur í sérriti S34 í EES-gerðum sem tengjast Stjórnartíðindum);
2. tilskipun ráðsins 64/429/EBE frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23–40 (Iðnaður og handverk) (sjá 32. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);

3. tilskipun ráðsins 68/365/EBE frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) (sjá 35. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);
4. tilskipun ráðsins 68/366/EBE frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21) (sjá 36. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti);
5. tilskipun ráðsins 82/489/EBE frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í háriðn (sjá 47. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn í framangreindu hefti Stjórnartíðinda og textann í framangreindu sérriti).

Tekið skal fram hér að í gerðunum er sums staðar vikið að rétti til að staðfesta sig hér á landi, þ.e. atvinnurekstrarrétti eða stofnsetningarrétti. Á þeim málum er almennt tekið í lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, sbr. breytingar á þeim lögum með lögum nr. 23/1991, 121/1993 og 46/1993. Þá geta gerðir þessar snert réttindi launþega til starfa í iðnaði og hefur verið tekið á því í lögum nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum. Þá kann að reynast visst hald í jafnréttisákvæði EES-samningsins o.fl. sem hefur verið lögfest með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

Þegar litið er á framangreindar gerðir sést að ákvæði gerða 64/427/EBE og 64/429/EBE tengjast, svo og ákvæði gerða 68/365/EBE og 68/366/EBE en gerð 82/489/EBE stendur sjálfstætt. Í stuttu máli gilda þó þær reglur um réttindi viðkomandi iðnaðarmanna að starf og eftir atvikum þjálfun um alllangt skeið í einu EES-ríki nægir til starfsréttinda í öðru EES-ríki, 6–8 ár almennt fyrir ýmsar iðngreinar, 6–8 ár fyrir tilteknar iðngreinar á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu og 6–8 ár í háriðn. Ákvæði iðnaðarlaga um íslensk meistarabréf og sveinsbréf halda gildi sínu. Þær breytingar verða, ef frumvarpið verður samþykkt, að ríkisborgarar EES-ríkja geta öðlast rétt til starfa í iðngreinum á grundvelli starfsreynslu og starfsþjálfunar. Viðkomandi geta þó ekki titlað sig sveina eða meistara. Meginreglan er með öðrum orðum gagnkvæm viðurkenning á starfsréttindum en einstakar þjóðir geta gert strangari kröfur fyrir þá borgara sína sem öðlast starfsréttindi í iðnaði heima fyrir, t.d. krafist sveinsbréfs eða meistarabréfs.

Bæta má við um efni framangreindra gerða að í tilskipun 64/427/EBE felst að aðili, sem hefur lagt stund á viðkomandi starfsemi í EES-ríki ákveðinn tíma, uppfyllir skilyrði til að stunda þá starfsemi í öðrum EES-ríkjum. Starfstíminn í upphaflega ríkinu þarf að vera 6–8 ár eftir því hve lengi viðkomandi hefur starfað sjálfstætt og hvort eða hve langa starfsþjálfun hann hefur hlotið að öðru leyti. Ríkið, þar sem starfsemin var stunduð, verður að gefa út skilríki er staðfesti að viðkomandi aðili hafi lagt stund á starfsemina. Ef ekkert skilyrði er um starfsþjálfun í upphaflega ríkinu verður sá aðili, er vill fá starfstímann metinn í öðru EES-ríki, að sýna fram á að ekki hafi meira en 10 ár liðið frá því að hann lagði stund á viðkomandi starfsemi.

Í viðauka við tilskipun 64/429/EBE sést að samkvæmt alþjóðlegum staðli um iðngreinaskiptingu (ISIC), sem stuðst var við á sínum tíma, falla flestar iðngreinar þar undir. Undanþegnar þessari tilskipun eru framleiðsla lyfja, skipasmíðar og skipaviðgerðir o.fl.

Í tilskipun 68/365/EBE er fjallað um þrengra svið iðngreina en í tilskipunum tveimur frá árinu 1964. Þessi tilskipun á fyrst og fremst við um framleiðsluiðnað en vissar löggiltar iðngreinar geta fallið þar undir, svo sem bakaraiðn og kjötiðn.

Í tilskipun 68/366/EBE, sem snertir einnig matvæla- og drykkjarvöruiðnað, segir að viðurkenna skuli vottorð um 6–8 ára starf og starfsþjálfun.

Í tilskipun 82/489/EBE, sem snertir háriðn, er miðað við 6–8 ára starf og þjálfun.

Áður hefur verið minnst á lög nr. 83/1993 um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum sem menntamálaráðherra lagði fram frumvarp um. Þá má nefna fleiri lög sem snerta upptöku gerða samkvæmt VII. viðauka við EES-samninginn, um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, í íslenskan rétt. Nefna má lög nr. 116/1993, um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. reglugerð nr. 244/1994 á grundvelli laganna, en EES-gerðirnar á þessu sviði eru um sumt líkar framangreindum iðnaðargerðum. Þá má nefna lög nr. 62/1993, um breytingar á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu og heimild í þeim lögum til setningar reglugerða á grundvelli ýmissa laga, t.d. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. reglugerð nr. 571/1993 um þau mál. Eru ákvæði EES-gerða á sviði ferðamála t.d. mjög lík framangreindum iðnaðargerðum og er stefnt að upptöku iðnaðargerðanna í íslenskan rétt með svipuðum hætti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um ákvæði fyrstu efnismálsgreinar vísast til almennra athugasemda hér að framan, sbr. einkum tilvísun í skuldbindingar samkvæmt VII. viðauka við EES-samninginn og það sem segir um fjárfestingarlögin og atvinnu- og búseturéttarlögin. Stefnt er að því að ákvæði framangreindra iðnaðargerða öðlist reglugerðargildi hér á landi. Yrði þannig tryggt til fulls að ákvæði EES-gerða á sviði iðnaðar yrðu virk hér á landi. Ekki er gert ráð fyrir að veittur sé meiri réttur en í gerðunum felst.

Ákvæði 2. efnismgr. byggjast á því kerfi sem er við lýði í iðnaðarlögum en þar kemur m.a. fram að lögreglustjórar láti af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi. Bætt er við ákvæði um álit frá félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina.

Það skal ítrekað hér að af hálfu EES-ríkjanna er um að ræða gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Íslenskir iðnaðarmenn munu því njóta réttar samkvæmt gerðum þessum hyggi þeir á störf í öðrum EES-ríkjum.

Um 2. gr.

Vegna breytingarinnar í frumvarpi þessu er bætt við refsiákvæði í anda annarra refsiákvæða laga þessara.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gildistökuákvæði og þarfnast hún ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42/1978, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt efnislega óbreytt. Í frumvarpinu felast viðbætur við 2. og 15. gr. iðnaðarlaga vegna ákvæða í EES-samningi. Í 2. gr. iðnaðarlaga segir að enginn megi reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt þessum lögum. Áformuð breyting laganna miðar að því að þrátt fyrir þetta ákvæði hafi ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að reka hér iðnað og starfa sjálfstætt eða sem launþegar í iðnaði á grundvelli skuldbindinga um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Í 15. gr. iðnaðarlaga eru ákvæði um að sektum skuli beitt ef vissum skilyrðum er ekki fullnægt og gerir þetta frumvarp ráð fyrir einu til viðbótar er varðar erlenda ríkisborgara og er afleiðing af breytingu á 2. gr.

Samþykkt þessa frumvarps mun hafa í för með sér að álag á störf kunna að aukast hjá embættum lögreglustjóra við rannsóknir á umsóknum áður en til leyfisveitinga kemur. Á móti koma gjöld sem greidd eru í ríkissjóð fyrir staðfestingu lögreglustjóra á starfsréttindum samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Því verður ekki séð að samþykkt frumvarpsins hafi aukinn kostnað fyrir ríkissjóð í för með sér.

77. Fyrirspurn [77. mál]

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvers vegna hefur samningum um sjúkraflutninga við Reykjavíkurborg annars vegar og Hafnarfjarðarbæ hins vegar verið sagt upp?
2. Telur ráðherra að núverandi samhæfing slökkvistarfs og sjúkraflutninga í þessum sveitarfélögum sé óheppileg?
3. Áformar ráðherra að bjóða út þjónustu sjúkraflutninga á upptökusvæðum Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarbæjar? Ef svo er, verður útboðið opið?

78. Fyrirspurn [78. mál]

til heilbrigðisráðherra um læknavakt í Hafnarfirði, Garðabæ og Bessastaðahreppi.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hvers vegna er engin virk læknavakt í Hafnarfirði frá kl. 12 á miðnætti til kl. 8 að morgni eins og verið hefur um langt árabil?

2. Hvert eiga 25 þús. íbúar Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps að snúa sér þurfi þeir læknisaðstoð í heimahúsi að næturlagi?
3. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta úr því ófremdarástandi sem í þessum málum ríkir?

79. Breytingartillögur [55. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Siv Friðleifsdóttur, Hjálmari Jónssyni, Árna Johnsen og Einari K. Guðfinnssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:
   a. 2. mgr. orðast svo:
      Utan þéttbýlis má ökuhraði ekki vera meiri en 110 km á klst., þó ekki meiri en 90 km á klst. á malarvegum.
   b. 3. mgr. fellur brott.
2. 3. gr. (er verði 4. gr.) orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:
   a. Í stað orðanna „90 km“ í 1. mgr. kemur: 100 km.
   b. Í stað orðanna „80 km“ í 2. mgr. kemur: 90 km.
   c. 3. og 4. mgr. orðast svo:
      Ökuhraði bifreiðar með tengivagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 80 km á klst.
      Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn, sem er án hemla og 300 kg eða meira að heildarþyngd, eða óskráð tengitæki má aldrei vera meiri en 60 km á klst.

Greinargerð.

Vegakerfi landsins hefur tekið stakkaskiptum á síðustu 10–15 árum. Langmestur hluti hringvegarins hefur nú verið lagður bundnu slitlagi og hefur hlutur þess einnig aukist mjög á öðrum vegum utan þéttbýlis. Á sama tíma hefur aksturseiginleikum og öryggisbúnaði fólksbifreiða sífellt fleygt fram. Sú almenna hraðatakmörkun sem umferðarlögin setja við akstur á bundnu slitlagi, þ.e. 90 km á klst., er barn síns tíma og ekki lengur raunhæf viðmiðun.

Lög eru sett til að farið sé eftir þeim. Það slævir réttarvitund almennings ef í gildi eru lög sem nær óframkvæmanlegt er fyrir löggæsluna að framfylgja. Hér er lagt til að ákvæðum umferðarlaganna um hraðatakmarkanir verði breytt með tilliti til betra vegakerfis og til samræmis við þau hraðatakmörk sem gilda í nágrannaríkjum okkar. Rétt er þó að benda á að meginregla 36. gr. umferðarlaganna um að akstri beri að haga í samræmi við aðstæður verður að sjálfsögðu í fullu gildi áfram.

80. Fyrirspurn [79. mál]

til félagsmálaráðherra um móttöku flóttamanna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur ríkisstjórnin markað stefnu um móttöku flóttamanna til landsins?
2. Hefur ráðherra lagt fyrir ríkisstjórnina tillögu um að tekið verði á móti ákveðnum fjölda flóttamanna á ári hverju eins og flóttamannaráð lagði til?

81. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um markmið í lífrænni og vistrænni framleiðslu íslenskra afurða.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Egill Jónsson, Svanfríður Jónasdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Halldórsdóttir, Þuríður Backman.

Alþingi ályktar að stefna beri að því að 20% af hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu verði lífræn árið 2003. Á sama tíma verði stuðlað að því að framleiðsla íslenskra matvælaafurða hljóti viðurkenningu sem vistræn.

Landbúnaðarráðherra skipi starfshóp er skuli á árinu 1997 skila mótaðri áætlun um markmið í lífrænni og vistrænni framleiðslu íslenskra afurða.

Greinargerð.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið í þessum efnum. Þau búa þó við þann ókost að jörð er mengaðri af völdum áburðarnotkunar á mörgum svæðum en þekkist hér á landi sem skýrist af legu landsins.

Miklar breytingar eiga sér stað á aðferðum við framleiðslu matvæla. Ástæðan er aukin krafa neytenda til umhverfisþátta og siðferðisþátta í umgengni við dýr, svo og um aukin gæði framleiðslu og hollustu fæðunnar.

Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli náttúruverndarsjónarmiða, gæða með tilliti til heilsufars og góðrar meðferðar á skepnum og þjóðhagslegra sjónarmiða sem lúta að arðbærum rekstri atvinnugreinanna.

Á Íslandi er framleiðsla lífrænt ræktaðra afurða lítil, en þó hefur í nokkurn tíma verið stunduð slík ræktun og hefur náðst mjög góður árangur. Má þar nefna bændur í Pétursey í nágrenni Víkur í Mýrdal, Skaftholti í Gnúpverjahreppi, Sólheimum í Grímsnesi, Dyrhólum, Mýrdal, Neðri-Hálsi í Kjós og Vallarnesi á Héraði sem dæmi. Afurðir þessara bænda eru mjög eftirsóttar og hafa vakið athygli fyrir hollustu, og seljast þær vel þegar þær eru í boði.

Neytendur krefjast í æ ríkari mæli meira framboðs lífrænna matvæla og gera einnig kröfu til þess að fæðuframleiðslan taki tillit til umhverfisþátta. Einnig er þung áhersla lögð á að landbúnaður valdi sem minnstu álagi á umhverfið og framleiði gæðavöru.

Traust neytenda á lífrænt ræktuðum vörum á sér stoð í þróuðu eftirlitskerfi og leyfisveitingu. Nú eru fyrirliggjandi lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, og reglugerð þar að lútandi þannig að sú umgerð er til staðar og er tilgangur tillögu þessarar að fylgja þeim eftir.

Ef skyggnst er fram til þess tíma sem tillaga þessi er miðuð við má gera ráð fyrir að neytendur muni þá gera enn stífari kröfur í þessum efnum. Það markmið að árið 2002 verði hlutur lífrænna framleiðsluvara 20% af smávöruverslun á heimamarkaði má því teljast eðlilegt.

Langtímamarkmið í landbúnaði verður að snúast um sjálfbæran búskap sem er grundvöllur lífrænnar matvælaframleiðslu og að greinin standist kröfur um vörugæði, meðferð dýra og vistvæna sambúð við náttúruna. Matvælaframleiðslan verður að byggjast á samstilltri hringrás lífræns efnis. Ljóst er að maturinn endurspeglar umhverfið sem hann er framleiddur í. Því verður að skerpa áherslur varðandi þessi mál til að svara kröfum tímans.

Íslendingar, íslenskir bændur, eiga að setja sér það markmið að framleiða búvörur í heimsins hreinasta landi. Með þessu markmiði getum við mætt alþjóðasamkeppni. Við þurfum að geta sagt og staðið við þau skilaboð til umheimsins að Íslendingar rækti í hreinustu jörðinni, noti hreinasta vatnið, búi við hreinasta loftið og lúti ströngustu kröfum um meðferð matvæla.

Nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér markmið um lífræna framleiðslu. Danir stefna t.d. að því að árið 2000 verði 15–20% landbúnaðarframleiðslu þeirra viðurkennd sem slík, þar af grænmeti u.þ.b. 50%, og stefna þeir að verulegum útflutningi lífrænt ræktaðs grænmetis ásamt auknu framboði á heimamarkaði.

Sums staðar erlendis hefur notkun áburðar og varnarefna aukist gífurlega frá árinu 1970 og því er framboðsaukningin gífurleg. Heildarframleiðsla margfaldaðist í fyrstu, dróst síðan snögglega saman til ársins 1980 en hefur aukist jöfnum skrefum síðan þá. Talið er að sjö alþjóðleg fyrirtæki ráði u.þ.b. 80% af matvælamarkaðinum í heiminum. Því er ekki að undra að fjármagnið leiti út fyrir frumframleiðsluna.

Lífrænn landbúnaður væri mótvægi við þessa þróun. Kostnaður af aðföngum og vélum minnkar, sem vegur upp tekjutap vegna minni uppskeru. Milliliðakostnaður er miklu minni á lífrænu mörkuðunum sem skilar sér í auknum tekjum til bænda. Þetta verður tvímælalaust hagur þjóðfélagsins og landbúnaðarins í heild sinni því að vistræn framleiðsla hlífir umhverfinu og gerir kröfu til þess að viðkvæm svæði séu ekki ofbeitt. Draga mun úr kostnaði vegna efnamengunar en það stuðlar að betri ímynd landbúnaðarins.

Segja má að að lífrænn og vistrænn landbúnaður sé lykillinn að bættri sambúð manns og náttúru, landbúnaðar og samfélagsins.

Fylgiskjal I.

Dr. Nicolas Lampkin,
Rannsóknastofnun landbúnaðarins
við háskólann í Wales:

Áhrif ES-reglugerðar nr. 2078/92,
um þróun lífræns landbúnaðar í Evrópusambandinu.
(CEPFAR/IFOAM-ráðstefna um lífrænan landbúnað,
Vignola, Ítalíu, 6.–8. júní 1996.)

Hvað er lífrænn landbúnaður?

Lífrænan landbúnað má skilgreina sem búskaparhætti þar sem markmiðið er að koma á samþættum og mannúðlegum framleiðslukerfum sem eru sjálfbær, bæði efnahagslega og með tilliti til umhverfisins. Í því skyni að framleiða fullnægjandi næringu fyrir þá uppskeru sem sáð er til, bústofninn og mannfólkið, til að halda uppi vörnum gegn skaðvöldum og sjúkdómum og til að tryggja hámarksávinning bæði fyrir fólkið sem á búinu vinnur og fyrir auðlindirnar sem nýttar eru, er meginähersla lögð á ræktunar- og lífkerfi sem eru sjálfum sér nóg, endurnýjanleg aðföng sem eru ekki aðflutt og eru jafnvel unnin eða framleidd á staðnum og stýringu á vistfræðilegum og líffræðilegum ferlum og gagnverkunum. Reynt er eftir föngum að hamla gegn notkun aðfluttra efna, hvort heldur er kemískra eða lífrænna. Í mörgum löndum Evrópu gengur lífrænn landbúnaður undir heitinu „vistfræðilegur landbúnaður", en sú nafngift ber með sér að byggt er á stýringu vistkerfis fremur en á aðfluttum efnum.

Sjálfbærni er meginatriði í lífrænum landbúnaði og ræður hún m.a. úrslitum um hvort tilteknar framleiðsluaðferðir fást viðurkenndar eða ekki. Orðið „sjálfbærni" er notað í víðasta skilningi og nær ekki aðeins til verndunar óendurnýjanlegra auðlinda (jarðvegs, orku, steinefna) heldur einnig til málefna er varða umhverfislega, efnahagslega og félagslega sjálfbærni. Best er að líta svo á að orðið „lífrænn" lúti ekki aðeins að þeim aðföngum sem notuð eru heldur að búinu sjálfu sem lífrænnni heild þar sem allir þættir — jarðefnin, lífræn efni, örverur, skordýr, skepnur og menn — orka hver á annan og mynda samstæða og stöðuga heild. Í sumum löndum Evrópu er lífrænn landbúnaður kallaður „vistfræðilegur" eða „líffræðilegur" landbúnaður, en sú nafngift ber með sér að byggt er á stýringu vistkerfis fremur en á aðfluttum efnum, hvort heldur er kemískum eða öðrum.

Nákvæma lýsingu á grundvallarreglum og aðferðum í lífrænum landbúnaði er að finna í ýmsum bókum sem gefnar hafa verið út um þetta málefni víða um heim á undanförnum árum (t.d. Lampkin, 1990; Neuerburg og Padel, 1992). Það sem skilur lífrænan landbúnað frá öðrum sjálfbærum búskaparháttum er að til eru staðlar, lögboðnir og valkvæðir, og vottunaraðferðir (t.d. EC, 1991a; IFOAM, 1995) til að greina lífrænan landbúnað með skýrum hætti frá öðrum landbúnaðaraðferðum, fyrst og fremst í markaðssetningarskyni. Það að til skuli vera sérstakur markaður fyrir matvæli sem framleidd eru með lífrænum aðferðum gerir að verkum að framleiðendur geta fengið greitt fyrir ytri kostnaðarliði sem þeir taka á sig en samfélagið mundi að öðrum kosti þurfa að greiða. Það er vöxtur þessa markaðar sem hefur leitt til þessarar ráðstefnu, en grundvallarstefnumið líf-

ræns landbúnaðar, sjálfbærni, umhverfisvernd, velferð dýra og félagsleg velferð, eru meginmarkmiðið; markaðurinn er aðeins tæki til að ná því.

Á undanförnum árum hefur lífrænn landbúnaður vaxið afar hratt í Evrópusambandinu og landrýmið þar sem lífrænn búskapur er stundaður hefur stækkað úr 0,12 milljónum hektara árið 1986 í nálægt 1,2 milljónir hektara árið 1996 (sjá mynd 1), þ.e. um 25% á ári. Lífrænum búum hefur fjölgað úr 7.000 í 50.000 á sama tímabili. Á Norðurlöndum og í þýskumælandi löndum hefur lífrænn landbúnaður breyst úr því að vera jaðarbúgrein á innan við hálfum hundraðshluta alls ræktarlands og í það að vera umtalsverður hluti landbúnaðarins með þeim árangri að meðaltalið fyrir Evrópusambandið í heild nemur nú því sem næst einum af hundraði.

Rökin fyrir stuðningi við lífrænan landbúnað.

Umhverfisvernd.

Mikilvægi lífræns landbúnaðar fyrir umhverfisvernd hefur nú verið rökstutt með rannsóknum (sbr. Greenpeace, 1992, og Unwin o.fl., 1995). Af þessum rannsóknum er ljóst að búast má við töluverðum almennum ávinningi af lífrænum landbúnaði sem m.a. felst í verndun jarðvegsauðlinda, dýralífs og óendurnýjanlegra auðlinda, svo og mengunarvörnum. Lífrænn landbúnaður hefur auk þess þann kost að markaðurinn greiðir að hluta fyrir þennan ávinning sem umhverfið nýtur fremur en að eingöngu sé um opinberan stuðning að ræða og því gæti hér verið um að ræða þarflega hliðarráðstöfun við þá meginumhverfisstefnu sem mörkuð er. Endurskipulagningin sem mundi fylgja því að koma á lífrænu landbúnaðarkerfi og það að framleiðslustaðlar eiga rætur sínar í kröfum neytenda gætu leitt til varanlegri skuldbindinga og þar með varanlegri ávinnings en raunin yrði við aðstæður þar sem bændur væru einfaldlega að bregðast við opinberum styrkjum, svo sem greiðslum fyrir minnkaða notkun áburðar á viðkvæmum svæðum (EC, 1985; EC, 1992b).

Það eru hins vegar takmörk fyrir þeim ávinningi sem hægt er að hafa af lífrænum landbúnaði í núverandi mynd. Í fyrsta lagi er ekki víst að með lífrænum landbúnaði megi tryggja að tiltekin umhverfismarkmið náist, t.d. varðandi uppgræðslu beitilyngssvæða og kalkríkra graslenda eða viðhald laufskóga. Þótt fella mætti einhverjar viðbótarkröfur inn í framleiðslustaðla mundu önnur sértæk markmið áfram vera liðir í öðrum áætlunum, svo sem landbúnaðar- og umhverfisáætluninni (EC, 1992b).

Í öðru lagi eru framleiðendur lífrænna afurða sem stendur að taka sjálfviljugir á sig hluta af kostnaði sem ellegar væri borinn af samfélaginu. Ef bændur eru ekki allir skyldaðir til þess að leggja niður búskaparhætti sem kunna að hafa hættur í för með sér verður ekki hægt að viðhalda þessari aðferð að „innbyggja" samfélags- og umhverfiskostnað nema með markaðsöflum (þ.e. hærra afurðaverði) eða stuðningi innan landbúnaðaráætlunarinnar. Ef ekki kemur til stuðningur úr styrkjakerfi landbúnaðarins er ekki víst að núverandi verðlag sé nógu hátt til þess að tryggja tekjur sem eru sambærilegar eða hærri en í hefðbundnum landbúnaði fyrir *allar* tegundir búa og kostnaður við breytingu yfir í lífræna búskaparhætti gæti orðið veruleg hindrun fyrir þá fjölmörgu bændur sem áhuga hafa á að taka upp lífrænan landbúnað (Lampkin og Padel, 1994). Á hinn bóginn kynnu of miklar styrkveitingar að koma alfarið í stað markaðarins og hafa þannig öfug áhrif.

Í þessu samhengi er rétt að taka fram að stuðningur á grundvelli opinberra áætlana þarf ekki að vera í formi beingreiðslna. Kvótar, skattar eða framseljanlegar mengunarheimildir sem miða að því að takmarka notkun aðfanga (Dubgard, 1987) og reglugerðir sem miða að því að takmarka óæskilega búskaparhætti, eins og sinubruna eða óhóf-

lega notkun áburðar, eru meðal aðferða til þess að ná fram æskilegum umhverfismarkmiðum. Slíkar aðgerðir mundu einnig styrkja samkeppnisstöðu lífræns landbúnaðar, einkum ef þeim tekjum sem til verða er dreift með þeim hætti að þær hvetji til umhverfisvænna búskaparhátta.

Minnkun framleiðslu og sparnaður opinberra útgjalda.

Möguleikar lífræns landbúnaðar til þess að draga úr umframframleiðslu stafa af tvennu: Annars vegar minni framleiðslugetu á hverja einingu lands eða á hverja skepnu *og* minnkun á ræktunarsvæðum og stærð bústofna. Framleiðsluminnkunin er *innbyggður* þáttur í þessari landbúnaðargrein og um hana gildir það sama og um hin jákvæðu umhverfisáhrif að hún er líkleg til þess að vera varanleg og þannig laus við suma megingalla annarra áætlana til að draga úr framleiðslu, svo sem áætlana um ræktunarhlé (*set-aside;* EC, 1987). Gagnrýnin á slíkar áætlanir felst meðal annars í því að þær taka ekki til grundvallarvandans, sem er ójafnvægi á markaði vegna of hás verðs; líklegt sé að ræktunarhlé verði gert á þeim jörðum sem eru undir meðallagi að því er varðar framleiðslugetu; líklegt sé að álag á það land sem eftir er eða á aðrar jarðir aukist vegna hagstæðs verðs og það vegi upp allan ávinning af framleiðsluminnkun (svonefnt „skrik", e. *slippage*); og svo sé enginn ávinningur frá umhverfissjónarmiði (Potter, 1986; nafnl., 1992).

Ávinningurinn af framleiðsluminnkun þeirri sem lýst er í Lampkin og Padel (1994) er slíkur að stuðningur við lífrænan landbúnað býður upp á möguleika á *sparnaði* í opinberum útgjöldum, jafnvel þótt um væri að ræða beinar greiðslur til bænda til að liðka fyrir breytingum yfir í lífrænan landbúnað. Eftir umbæturnar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (CAP) frá 1992 (EC, 1992a) vegur kostnaður vegna útflutnings og birgðahalds ekki jafnþungt. Lækkanir á opinberum útgjöldum nást enn þar sem akurlendisgreiðslur hafa lækkað eftir því sem akurlendum hefur verið breytt í beitiland með tilsvarandi aukningu í framleiðslu á búpeningi. Greiðslur vegna búpenings mundu ekki aukast til jafnaðar vegna þess að tilsvarandi kaup og sala á kvóta valda samsvarandi breytingum annars staðar. Á hinn bóginn munu bújarðir sem auka við akurlendi sitt ekki eiga kost á auknum greiðslum vegna akurlendis.

Markaðsbreytingar og þróun.

Hár dreifingar- og markaðssetningarkostnaður sem fylgir því að dreifa og selja vöru í litlu magni, svo og vandamál við stöðugt framboð, hafa hægt á þróun lífræns landbúnaðar og munu halda áfram að hafa hamlandi áhrif á þróun hans. Hraðfara aukning á framleiðslugetu til að ná því vörumagni sem þarf til að halda uppi stöðugu framboði og eftirspurn mundi gera kleift að hefja markaðsþróun bæði á hefðbundnum markaði og fyrir svonefnda syllumarkaði (*niche markets*). Ef meira framboð væri á lífrænu hráefni gætu matvælaframleiðendur einnig byrjað að nota lífrænar vörur í neytendavörur sem markaðssettar eru undir þekktum vörumerkjum í stað þess að leggja út í mikinn kostnað við að auglýsa upp ný vörumerki fyrir þrönga hópa neytenda. Slík þróun gæti aukið mjög á framlag markaðarins til þess að ná fram umhverfislegum og félagslegum markmiðum lífræns landbúnaðar. Á sama tíma er hætta á því að hraðfara aukning á framboði án tilsvarandi markaðsstarfs gæti leitt til þrýstings á lægra verð og fjárhagslegra vandamála fyrir þá framleiðendur lífrænna afurða sem fyrir eru.

Kostnaður við umbreytingu.

Ein meginhindrunin fyrir því að tekinn sé upp lífrænn landbúnaður, þrátt fyrir hagstætt afurðaverð og aðra kosti, er óvissa um það hvað breytingin feli í sér. Breytingarferlið yfir í lífræna landbúnaðarkerfið felur í sér að endurskipuleggja verður búskaparhætti frá grunni og það er flókið mál sem hefur í för með sér miklar nýjungar og kallar á töluverða þekkingaröflun af hálfu bóndans (Lampkin og Padel, 1994). Því er mikil þörf á upplýsingamiðlun, þjálfun og ráðgjöf samhliða fjárhagslegum stuðningi og aðstoð við markaðsþróun. Þótt umbreytingartíminn sé opinberlega skilgreindur (EC, 1991a) sem tvö ár (þar til markaðssetja má afurðir sem lífrænar) er hann í raun mun lengri. Tíminn sem þarf og vandamálin, sem eru samfara þeim breytingum sem nauðsynlegar eru, eru breytileg eftir þeim búskaparháttum sem fyrir eru og ástandi búsins fyrir breytinguna, eftir því að hvaða marki er ráðist í ný verkefni og nýjar markaðsaðgerðir, eftir þeim möguleikum sem eru á bættri afkomu og eftir því tekjutapi sem tengist beint breytingarferlinu. Kostnaður við breytingar getur því verið afar mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni. Í mörgum tilvikum er erfitt að líta á þennan kostnað sem fjárfestingu viðkomandi bónda í framtíðartekjuaukningu þar sem engin trygging er fyrir bættri afkomu þegar til langs tíma er litið.

Áætlanir um stuðning við lífrænan landbúnað fyrir umbæturnar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni 1992.

Kostnaðurinn við umbreytingar og sú staðreynd að kostnaðurinn er borinn af einstökum bændum sem leitast við að ná umhverfistengdum markmiðum og öðrum markmiðum sem koma þjóðfélaginu í heild til góða varð til þess að komið var á fót áætlunum um stuðning við umbreytingu yfir í lífrænan landbúnað og annars konar fjárhagsaðstoð við bændur sem stunda lífrænan landbúnað á árunum 1987–1992 í Austurríki, Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Noregi, Sviþjóð og Sviss (Besson, 1990; Lampkin og Padel, 1994) og einnig í ýmsum löndum Mið- og Austur-Evrópu (Znaor, 1994).

Danmörk varð fyrsta landið til að koma á áætlun um verulegan fjárstuðning við lífrænan landbúnað (Dubgaard og Holst, 1994). Áætlunin náði til aðstoðar við minnkun á álagi, svo og til upplýsinga- og markaðsþjónustu og fjárhagslegrar aðstoðar á umbreytingartíma. Í árslok 1992 hafði 39 millj. danskra kr. verið varið til umbreytinga en 98 millj. kr. til þróunaraðstoðar. Greiðslur til stuðnings við umbreytingar voru til þriggja ára, en umbreytingin þurfti að eiga sér stað innan sex ára samkvæmt samþykktri áætlun og greiðslur miðuðust við birgðagjöld fyrir búfénað.[1] Einnig voru greiðslur hærri í upphafi umbreytingartímans. Eftir að stuðningsáætluninni var komið á þrefaldaðist fjöldi vottaðra búa úr 219 árið 1988 í 672 árið 1992. Á sama tímabili stækkaði landsvæðið sem umbreytt var eða sem verið var að umbreyta umtalsvert, eða úr 5.880 hekturum í 18.500 hektara. Óvissa á markaðinum varð hins vegar til þess að umsóknum um stuðning fækkaði og árið 1993 gerðist það að lítillegur samdráttur varð bæði í fjölda búa og stærð landsvæða þar sem lífrænn landbúnaður var stundaður (Dubgaard og Holst, 1994). Þetta gjörbreyttist síðan aftur þegar markaðurinn tók við sér árin 1994 og 1995.

---

[1] Ekki er ljóst hvað átt er við með „*stocking rates for livestock*". – *Þýð.*

Í *Austurríki* var varið 2 millj. austurríska skildinga árið 1989 og 6 millj. skildinga árið 1990 til þess að aðstoða stofnanir sem tengdust lífrænum landbúnaði með ráðgjöf, vottun, auglýsingastarfi og markaðssetningu. Áhersla var lögð á að byggja upp innviði markaðarins áður en ráðist væri í að veita almennan aðgang að greiðslum fyrir umbreytingu. Nokkrar tilraunir voru gerðar með greiðslu fyrir umbreytingu árið 1990 í nokkrum héruðum. Víðtækur fjárstuðningur á umbreytingarskeiði hófst ekki fyrr en 1992. Styrkupphæðir árið 1994 voru ákveðnar ATS 4.000 á hvern umsækjanda auk ATS 2.400/ha fyrir akurlendi, ATS 5.000/ha fyrir garðyrkju og ATS 1.000/ha fyrir graslendi (lækkað þegar um var að ræða mikil landsvæði). Heildarfjárveitingin til málsins var ATS 220 milljónir (Schneeberger o.fl., 1995). Greiðslurnar leiddu til þess að fjöldi lífrænna búa tólffaldaðist, frá 1.500 árið 1990 og upp í 18.000 árið 1996. Um er að ræða 7,5% af öllu ræktarlandi í Austurríki.

Í *Noregi* var tekin upp áætlun um styrki vegna umbreytinga árið 1990. Sérhvert bú sem réðst í umbreytingu fékk eingreiðslu sem nam 15.000 norskum kr. fyrir bú sem voru minni en 5 ha og 20.000 norskar kr. fyrir bú sem voru stærri en 5 ha (meðalbú í Noregi er u.þ.b. 10 ha). Til viðbótar þessu komu 2.000/ha af ræktanlegu landi (þar með talin beitilönd þar sem hægt var að koma við vinnuvélum) á fyrsta ári umbreytingartímans og 1.000 norskar kr./ha árlega á öðru og þriðja ári. Árið 1991 voru greiðslur takmarkaðar við 60.000 norskar kr. á hvert bú. Frá 1992 fengu bændur 500 norskar kr./ha árlega í þrjú ár eftir umbreytinguna. Skilyrði var að búinu væri breytt innan 10 ára. Heildarfjárveitingin fyrir 1990 var 16 millj. norskra kr. og var þar innifalinn kostnaður við ráðgjafarþjónustu og rannsóknir. Árið 1990 hófu 218 bú fyrsta ár umbreytingar af 450 búum sem skráð voru í áætluninni.

Í *Finnlandi* var komið á fót áætlun um stuðning við umbreytingu árið 1990. Greidd voru 2.800 finnsk mörk/ha árlega (2.200 í Mið-Finnlandi og 1.800 í Norður-Finnlandi) fyrir þrjú fyrstu ár umbreytingartímans. Umbreytingin mátti taka átta ár, en lífrænan landbúnað varð að stunda í a.m.k. fimm ár. 1.443 bú réðust í umbreytingu og náði umbreytingin til 25.249 ha, sem var sexföldun á fjölda búa þar sem lífrænn landbúnaður er stundaður. Fjárveitingin gerði einnig ráð fyrir tíu ráðgjöfum í fullu starfi. Stuðningur við rannsóknir og minnkun ræktunar- og beitarálags í lífrænum landbúnaði jókst úr 50.000 finnskum mörkum árið 1985 í 2,2 millj. finnskra marka árið 1990.

Í *Svíþjóð* var ráðist í áætlun um að styrkja lífrænan landbúnað í umhverfisverndarskyni og til að grynnka á umframbirgðum árið 1989. Í áætluninni fólst meðal annars stuðningur við opinbera ráðgjafarþjónustu fyrir bændur sem stunda lífrænan búskap og einnig áætlun um eingreiðslu fyrir umbreytingu yfir í lífrænan búskap og áframhaldandi lífrænan landbúnað, en hið síðarnefnda er einsdæmi. Styrkurinn nam allt frá 750 sænskum krónum upp í 2.900/ha á ári í allt að þrjú ár, allt eftir landgæðum, afkastagetu og landnýtingu, en styrkurinn náði ekki til alls landsins sem umbreytt var og var ekki greiddur út fyrir garðrækt. Graslendi og vistvæn áburðardreifing (þ.e. notkun grænáburðar, *green manures*[2]) hlutu styrk í eitt ár. Stuðningur fékkst aðeins við jarðir sem búið var að skrá árið 1989 þótt hægt væri að fresta umbreytingu allt til 1992. 1.000 bú hófu umbreytingu árið 1989, sem gerði meira en að tvöfalda fjölda lífrænna búa, og landnotkun

[2] Með þessu mun vera átt við að sjálfur gróðurinn sé notaður sem áburður, t.d. með því að slá hann og láta liggja eða með því að plægja hann ofan í jarðveginn. – *Þýð.*

undir lífrænan landbúnað fór úr 10.000 í 30.000 hektara. Vöxtur í lífrænum landbúnaði var hins vegar hægari síðar er styrkir lögðust af.

Könnun (Svensson, 1991), sem gerð var á þeim 1.781 bónda sem breyttu yfir í lífræna búskaparhætti eða sem stunduðu lífrænan landbúnað fyrir og nutu styrkjanna 1989, leiddi í ljós að 97% bændanna mundu sennilega eða örugglega halda áfram lífrænum búskaparháttum eftir að styrktartíma lyki, en 52% þeirra sem réðust í umbreytingu árið 1989 sögðu að tilvist styrkjakerfisins hefði haft mikil eða þó nokkur áhrif á ákvörðun þeirra um að ráðast í umbreytingu og 11% sögðu að niðurgreiðslurnar hefðu verið meginástæða fyrir umbreytingunni (samanborið við 67% sem tiltóku umhverfismál, 22% fjárhagslegar ástæður og 17% starfsánægju).

Í *Sviss* voru teknar upp stuðningsáætlanir í ýmum kantónum árið 1989. Þeirra í stað er nú komin alríkisáætlun um stuðning við lífrænan landbúnað og blandaðan búskap. Nákvæmar upplýsingar er að finna í Schmid (1994). Frá því að þessi áætlun var sett á laggirnar árið 1994 hefur fjöldi býla aukist úr 1.700 í 4.000 og landsvæði í lífrænni ræktun úr 25.000 í 60.000 ha.

Þýskaland var fyrsta ríkið í Evrópusambandinu, árið 1989, til að taka upp áætlun um að styðja umbreytingu yfir í lífrænan landbúnað í samhengi við stefnu Evrópubandalagsins um að minnka álag á ræktarland (*extensification policy*). Meginmarkmið áætlunarinnar var að minnka framleiðslu fremur en að ná fram umhverfismarkmiðum. Álagsminnkunarstefna Evrópubandalagsins tengdist fyrst áætluninni um ræktunarhlé (*set-aside*) og gerði ráð fyrir 20% minnkun á „magni" af umframbirgðum, einkum fjölda fjár og nautgripa á einstökum býlum (EC, 1988a). Þetta reyndist óheppileg aðferð til þess að styðja umbreytingu yfir í lífrænan landbúnað. Í endurskoðaðri löggjöf (EC, 1988b) var settur fram valkostur um „framleiðsluaðferðir", en tilgangur með þessum kosti var að ná fram 20% minnkun á framleiðslu með því að taka upp afkastaminni framleiðsluaðferðir og það var þessi löggjöf sem varð grunnurinn að þýsku áætluninni um að liðka fyrir umbreytingu.

Áætlunin var mismunandi í smáatriðum frá einu ríki til annars, en bændur áttu yfirleitt um þrjá kosti að velja: að breyta yfir í lífrænan landbúnað, að rækta korn án úðunar eða áburðar (svonefnt 00 korn) og loks að breyta um korntegund, frá því að rækta hveiti og vetrarbygg yfir í að rækta rúg, vorbygg eða hveitikorn (e. *spelt wheat*). Greiðsla fyrir að breyta yfir í lífræna búskaparhætti var 425 þýsk mörk/ha á ári fyrir tegundir sem til voru umframbirgðir af og 300 þýsk mörk/ha á ári fyrir aðrar tegundir, mest í fimm ár. Á árunum 1991–92 voru upphæðirnar hækkaðar í 510 mörk/ha og 360 mörk/ha. Þeir sem þegar höfðu hafið lífrænan landbúnað áttu ekki kost á styrkjum. Skilyrði álagsminnkunarstefnunnar um 20% samdrátt í þeim tegundum sem til væru umframbirgðir af án þess að á móti kæmi aukning á neinum öðrum offramleiddum vörum eins og nauta- og kindakjöti átti einnig við um umbreytingarvalkostinn. Greiðslur fyrir valkosti sem ekki fólu í sér umbreytingu yfir í lífrænan landbúnað voru ákveðnar 300 þýsk mörk/ha. Meira en 10.000 býli á 380.000 hekturum lands völdu umbreytingarkostinn samkvæmt þessari áætlun frá 1989–93. Innan við helmingur þessara býla kaus hins vegar að stofna vottuð lífræn býli.

Reynsla Þjóðverja hefur verið rannsökuð nokkuð ítarlega (Schulze-Pals, Braun og Dabbert, 1994). Býlin sem kusu umbreytingu voru stærri en í meðallagi og minna ræktunarálag var á þeim en á meðalbýlum, sem gæti tengst birgðastiginu sem krafist var í áætluninni og þeirri staðreynd að meira álag er yfirleitt á smærri býlum, sem þurfa þá hærri greiðslur til að vega upp tekjutap. Margir bændurnir sem breyttu yfir í lífrænan landbúnað hefðu gert það hvort sem er þótt engar greiðslur hefðu komið til og í mörgum tilvikum, einkum í suður Þýskalandi, hafa tekjur ekki lækkað í kjölfar umbreytingar vegna mikillar eftirspurnar á markaðinum. Sumir hefðu heldur kosið umbreytingu í áföngum til þess að ráðrúm gæfist til að öðlast reynslu og til þess að lágmarka áhættu á frumstigum umbreytingarinnar. Vera kann að mikil þátttaka í Austur-Þýskalandi hafi stafað af þeirri þörf sem fyrir var á endurskipulagningu og vegna þess fjárhagslega ábata sem var af greiðslunum.

Fylgiskjal II.

Úr ES-reglugerð nr. 2078/92.

Mynd 1. **Viðurkennd vistræn framleiðsla á landi í Vestur-Evrópu.**



Mynd 2. **Hlutfall vistrænna framleiðslusvæða árin 1993 og 1996 af nýtilegu landsvæði í hverju landi árið 1993.**



82. Frumvarp til laga [81. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 50.212 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildarbætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga getur aðeins maki elli- eða örorkulífeyrisþega fengið umönnunarbætur leggi hann niður störf vegna umönnunar á heimili. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. 4. gr. gildandi laga. Börnin fá sjálf örorkubætur þegar þau verða 16 ára og umönnunarbætur til foreldra falla niður þótt umönnunar sé áfram þörf.

Mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunar þurfi.

Fólk annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja en á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Það samræmist ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þann sem það annast.

Breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu, þar sem lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er og fái þjónustu þar, eru einnig rök fyrir því að umönnunarbætur greiðist fleirum en maka. Margir sjúkir og fatlaðir sem þurfa umönnun heima eiga ekki maka, en e.t.v. er einhver sem býr með þeim sem vill annast þá. Þessar bætur gera þeim sem eru umönnunar þurfi kleift að vera lengur heima sem sparar hinu opinbera dýra sjúkrahúslegu. Hámarksupphæðin er miðuð við hámarksgreiðslur vegna umönnunar fatlaðra og sjúkra barna.

Þessi lagabreyting er samhljóða grein í frumvarpi til almannatryggingalaga sem Guðmundur Bjarnason þáverandi heilbrigðisráðherra lagði fram á Alþingi til kynningar vorið 1991 eftir heildarendurskoðun á þeim lögum.

Einnig lagði fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps fram samhljóða frumvarp á 115. löggjafarþingi árið 1992 og á 120. löggjafarþingi 1996. Það hefur verið sent til umsagnar og voru umsagnir undantekningarlaust í þá veru að þetta væru nauðsynlegar réttarbætur fyrir sjúka og fatlaða, og mikilvægt væri að frumvarp í þessa veru yrði að lögum.

83. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um tóbaksverð og vísitölu.

Flm.: Þuríður Backman, Svavar Gestsson, Siv Friðleifsdóttir,
Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram í upphafi næsta þings og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Í lok síðasta þings voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta og eru líklegar til nokkurs árangurs. Þar er þó ekki gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu ungmenna, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hafði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega því meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve *margir* reykja en hitt hve *mikið* er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja.

Á þessu er byggt í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 þar sem mælt er með slíkum hækkunum tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni“ en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs“, og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa slík tengsl með því að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi.

84. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um aðlögun að lífrænum landbúnaði.

Flm.: Þuríður Backman, Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Greinargerð.

Búvöruframleiðsla sem byggist á lífrænni ræktun er í örum vexti í mörgum löndum. Víðast hvar er skortur á lífrænt vottuðum vörum enda markaðseftirspurn vaxandi. Á Norðurlöndum og víðar er efling lífræns búskapar liður í landbúnaðarstefnunni, t.d. að 10–20% búvöruframleiðslunnar verði vottuð lífræn fyrir aldamót. Slíkt er í anda þeirrar stefnu að efla beri sjálfbæra þróun enda mun meiri kröfur gerðar til umhverfis- og búfjárverndar í lífrænum búskap en í þeim hefðbundna. Bændur, sem vilja taka upp viðurkennda lífræna búskaparhætti, geta fengið sérstaka aðlögunarstyrki í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Austurríki, Þýskalandi, Sviss og víðar. Verið er hverfa frá *framleiðslutengdum* stuðningi til *umhverfistengds* stuðnings við landbúnað og er aðlögunarstyrkur við lífrænan búskap veigamikill liður í þeirri þróun. Þar með er viðurkennt að bændur sem stunda lífrænan búskap séu að taka á sig mun stærri hluta umhverfiskostnaðar en þeir sem stunda efna- og lyfjavæddan búskap er veldur sums staðar mengun og öðrum vandamálum. Bóndi, sem fer út í lífræna ræktun, þarf að kosta töluverðu til endurræktunar, breyta gripahúsum, aðlaga vélakost og standa straum af eftirlits- og vottunarkostnaði, en vottun er neytendum trygging fyrir því að varan sé framleidd og unnin samkvæmt reglum og stöðlum fyrir lífrænan landbúnað.

Nú er unnið að gerð skýrslu í samræmi við ályktun frá búnaðarþingi 1996 (mál nr. 42, þingskjal nr. 81) þar sem lagðar verða fram tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap. Í lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, er ekki heimild til að veita slíkan stuðning og ljóst er að lög nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistrænna og lífrænna afurða, varða ekki beinan stuðning til einstakra bænda sem hyggjast framleiða lífrænar afurðir með búháttabreytingu sem felur í sér verulega aðlögun samkvæmt lögum nr. 162/1994. Því þarf að marka aðlögunarstuðningi við lífrænan búskap ákveðinn bás í landbúnaðarlöggjöfinni og mætti í því sambandi einnig nefna lög um búfjárrækt, nr. 84/1989, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, en þau eru nú í endurskoðun. Þess ber að geta að í aðlögun að lífrænum búskap gæti falist stuðningur við landgræðslu og skógrækt og þá sérstaklega skjólbeltarækt sem verður að teljast nauðsynlegur liður lífrænnar ræktunar víða um land. Þá má tengja aðlögunarstyrkj-

um ákveðin skilyrði um náttúruvernd, svo sem verndun votlendis og viðhald erfðafjölbreytni dýra og plantna.

Fylgiskjal.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson:

Hvers vegna lífrænn landbúnaður?
(Grein í Bændablaðinu, 13. tbl., 2. árg. 1996.)

Undanfarin þrjú ár hefur umræða um lífræna ræktun og lífræna búskaparhætti aukist mjög hér á landi. Við erum að vísu um áratug á eftir nágrannalöndunum en gætum dregið mjög á þau ef átak er gert til að efla þessa búskaparhætti. Eitt er víst að markaður fyrir lífrænt vottaðar landbúnaðarafurðir fer vaxandi og í flestum tilvikum er greitt hærra verð fyrir þessar vörur en þær hefðbundnu enda er framleiðslukostnaðurinn hærri.

Lífræn ræktun, sem byggist á uppbyggingu langtímafrjósemi jarðvegs með hvers konar lífrænum áburði, er undirstaðan. Hér á landi hafa verið settar skýrar reglur lögum samkvæmt um þessa búskaparhætti, verið er að efla leiðbeiningar og fræðslu og tvær vottunarstofur, Tún í Mýrdal og Vistfræðistofan í Reykjavík, hafa fengið starfsleyfi til að annast eftirlit og vottun samkvæmt lögum og reglugerð um lífræna landbúnaðarframleiðslu. Þá er unnið að markaðsöflun erlendis.

Ljóst er að hér á landi eru skilyrði til lífræns búskapar ákjósanleg að mörgu leyti. Þar sem minna er um sjúkdóma í búfé og nytjajurtum hér en víðast hvar erlendis er lyfja- og efnanotkun minni. Einnig eru búskaparhættir hér að mörgu leyti í betri sátt við náttúruna en gerist erlendis þar sem mengun vegna áburðar og ýmissa eiturefna er víða stórfellt vandamál. Þó er ljóst að flestir íslenskir bændur eru mjög háðir notkun tilbúins áburðar á ræktað land og er það tvímælalaust helsti þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga ef fara á út í aðlögun að lífrænni ræktun í stórum stíl. Þeir bændur sem rutt hafa brautina sýna að á mörgum búum í landinu væri hægt að taka upp viðurkennda lífræna búskaparhætti í ýmsum búgreinum, þótt í smáum stíl væri til að byrja með.

Ég fæ ekki betur séð en að það sé hagur okkar allra, jafnt bænda sem neytenda, að efla lífrænan landbúnað, því að öll viljum við vernda umhverfið, og helst bæta það, og framleiða um leið hollustu matvæli sem völ er á á byggðu bóli. Ekki skaðar að lífrænn búskapur er atvinnuskapandi og gæti stuðlað að viðhaldi og vernd byggðar í landinu. Þetta getur verið liður í nýsköpun og aukinni fjölbreytni. Þótt mest sé rætt um möguleika á útflutningi þarf einnig að sinna heimamarkaði. Verið er að flytja inn lífrænt vottaðar vörur sem sumar hverjar væri hægt að framleiða hér, t.d. grænmeti, og við skulum ekki gleyma þeim erlendu ferðamönnum sem í heimalöndum sínum eru fastir kaupendur lífrænna vara og tengja neyslu þeirra eftirsóknarverðum lifnaðarháttum og umhverfisvernd. Athygli vakti hvað poppstjarnan David Bowie vildi hafa á matseðlinum þegar hann heimsótti Ísland fyrr í sumar. Lífrænt og aftur lífrænt.

Í könnun, sem gerð var í vor, kom í ljós töluverður áhugi meðal sauðfjárbænda á að framleiða lífrænt vottað dilkakjöt til útflutnings. Nú er það orðið deginum ljósara að eigi að stunda útflutning á dilkakjöti þarf að koma til gæðavottun í æ ríkari mæli. Þar mundi

lífræn vottun vega þyngst vegna þess að ímynd lífrænna búvara er mjög sterk á markaðnum. Í vetur var gerð úttekt á útbreiðslu kúariðu á lífrænt vottuðum búum í Bretlandi og kom þá í ljós að engin riðutilfelli voru þekkt á slíkum búum nema á þeim sem höfðu keypt að kálfa frá hefðbundnum búum. Með öðrum orðum, lífrænu búin í Bretlandi hafa öðlast ákveðið traust neytenda vegna þeirra búskaparhátta sem þar eru stundaðir.

Á sama tíma og verksmiðjubúskapurinn sætir vaxandi gagnrýni og hefðbundinn landbúnaður er í kreppu víða um lönd blása nú ferskir vindar um lífræna búskaparhætti. Við megum ekki láta þá jákvæðu strauma fram hjá okkur fara. Eftir hverju er verið að bíða?

85. Fyrirspurn [84. mál]

til menntamálaráðherra um reglur um innritun barna í grunnskóla.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir að aðrir en forráðamenn barna innriti þau í grunnskóla?
2. Hvaða reglur gilda um innritun barna í grunnskóla þegar foreldrar fara saman með forsjá barnanna?

86. Fyrirspurn [85. mál]

til forsætisráðherra um fátækt á Íslandi og aðgerðir gegn henni.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvernig skilgreina íslensk stjórnvöld fátæktarmörk?
2. Er ríkisstjórnin samþykk þeirri skilgreiningu á fátæktarmörkum og þeirri greiningu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur gert og birt er í Morgunblaðinu 12. október sl.?
3. Hyggst ríkisstjórnin bregðast við áðurnefndum upplýsingum um fátækt á Íslandi?
4. Ef aðgerðir eru fyrirhugaðar, að hvaða leyti munu þær ná sérstaklega til kvenna, ungs fólks og aldraðra?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samkvæmt greiningu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (sjá Mbl. 12. okt. 1996) hefur hlutfall Íslendinga sem lenda undir skilgreindum fátæktarmörkum hækkað úr 8% árið 1989 í 12% árið 1995. Skilgreining Félagsvísindastofnunar á fátæktarmörkum miðast við 50% af meðalfjölskyldutekjum í landinu og byggist á ráðstöfunartekjum fjölskyldna á hvern mann. Árið 1995 voru 8% landsmanna 25% undir skilgreindum fátæktarmörkum. Sama greining sýnir að árið 1995 stóðu þrír hópar verst að þessu leyti, þ.e. konur, ungt fólk innan við þrítugt og aldraðir.

87. Svar [47. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Unnar Stefánsdóttur um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað líður skipan nefndar um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna í framhaldi af ályktun sem samþykkt var á Alþingi 4. júní sl.?

Með bréfi forsætisráðuneytisins 22. ágúst sl. var framkvæmd þeirrar þingsályktunar sem hér um ræðir falin menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ráðuneytið hefur undirbúið skipun nefndar til að annast það verkefni sem ályktunin fjallar um. Í því skyni var 1. október sl. sent bréf til Íþróttasambands Íslands, Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ungmennafélags Íslands og þessir aðilar beðnir að tilnefna fulltrúa til starfa í nefndinni. Óskað var eftir að tilnefningu yrði hraðað eftir föngum.

88. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Magnús B. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hvort hagkvæmt geti verið að vinna áburð eða fóðurblöndunarefni úr kalkþörungum sem m.a. finnast í allmiklu magni í Húnaflóa og Arnarfirði. Verði niðurstaðan jákvæð skulu þessi mið könnuð frekar, áætlað magn kalkþörunga og árleg endurnýjun. Enn fremur verði markaðir fyrir þessa framleiðslu kannaðir.

Greinargerð.

Um árabil hefur verið vitað að í Húnaflóa og Arnarfirði er að finna auðug mið kalkþörunga. Dr. phil. Helgi Jónsson segir frá þessu í ritum sínum um íslenska sæþörunga árið 1910. Sigurður V. Hallsson efnaverkfræðingur tók sýni úr Arnarfirði árið 1969 og Karl Gunnarsson sjávarlíffræðingur var þar einnig við rannsóknir árið 1975.

Árið 1979 var gerð könnun á Húnaflóa með svokallaðri Shipek-botngreip. Kjartan Thors og Guðrún Helgadóttir lýstu þessum leiðangri í grein sem nefnist „Kalkþörungar á Húnaflóa og hugsanleg nýting þeirra“ í ritinu Íslenskar landbúnaðarrannsóknir árið 1980. Á vestanverðum Húnaflóa voru tekin 140 sýni. Tilgangur þeirrar ferðar var m.a. að kanna hvort þar mætti finna skeljasand sem nýta mætti til áburðar á ræktað land. Niðurstaða sýndi að „í Húnaflóanum, þ.e. á Miðfirði, Hrútafirði og Bitrufirði utanverðum, eru víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti. Ekki er unnt að segja til um þykkt þessa sets, en hin mikla útbreiðsla þess sýnir að um mikið magn er að ræða. Kalkþörungasetið er á litlu dýpi og því aðgengilegt til dælingar eða moksturs af hafsbotni.“

Sýni sem tekin voru í Arnarfirði árið 1969 voru þurrkuð í fiskimjölsverksmiðju á Patreksfirði og síðan efnagreind hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Niðurstaða greiningarinnar var sem hér segir:

	%
Kalsíumkarbónat ($CaCO_3$)	79,3
Magnesíumkarbónat ($MgCO_3$)	9,7
Vatn (H_2O)	0,7
Köfnunarefni (N)	0,25
Sandur (óuppleysanlegt í saltsýru)	1,5

Sigurður V. Hallsson segir m.a. í grein sem hann skrifaði í blaðið Ísfirðing 11. október 1969 þar sem hann lýsir miðunum við Langanes í Arnarfirði: „Brún neðansjávarnessins var staðsett með sextant og kortlögð, og reyndist flatarmál kalkþörungamiðanna við Langanes um 2,4 km^2. Á þessu svæði ætti því samkvæmt mælingum á rúmþyngd kalkþörunga að vera um 2 millj. tonna af ferskum kalkþörungum í eins metra þykku lagi, en þykkt lagsins er enn ókönnuð. Ef miðað væri við að vöxtur þörunganna væri 1 sm á einu ári, en lifandi skel sem fannst innan í kalkþörungsmola gefur það til kynna, ætti framleiðslan að vera 20 þús. tonn af kalkþörungum á Langanessvæðinu einu saman. Framangreindum tölum er einungis ætlað að gefa til kynna í hvaða stærðarflokki mærlingsframleiðslan gæti verið samkvæmt þeim frumathugunum sem hér hafa verið gerðar.“ (Sigurður notar hér orðið mærlingur um þörungana.)

Frakkar taka árlega um 300.000 lestir af kalkþörungaseti (maerl) af hafsbotni við Bretagne-skaga. Úr kalkþörungasetinu vinna þeir kalkáburð til notkunar í landbúnaði, en einnig hefur því verið blandað í skepnufóður og það notað til síunar á súru neysluvatni.

Þar sem alllangt er síðan þessu máli hefur verið gefinn gaumur, en ástæða er til að ætla að hér geti verið um veruleg verðmæti að ræða, er þessi þingsályktunartillaga flutt nú. Það er skoðun flutningsmanna að athuga beri allar auðlindir sjávar og landgrunns sem nýtanlegar kunni að vera, ekki síst ef hægt er að nota aðstöðu og vélakost sem þegar er fyrir hendi til vinnslunnar.

89. Frumvarp til laga [87. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skulu ekki vera undir 80.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1997.

Greinargerð.

Meginvandinn í íslensku þjóðfélagi er fátækt sem stafar af lágum launum. Þau hafa leitt til fólksflótta frá landinu. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum.

Launakerfið á Íslandi hefur einkennst af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör. Þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar við taxtalaun. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig augljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi.

Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu mánuði að fjármunir til þessa málaflokks eru þegar uppurnir hjá mörgum sveitarfélögum.

Lág framleiðni og fólksflótti.

Alþjóðlegur samanburður sýnir að laun á Íslandi eru áberandi lægri en í helstu viðmiðunarlöndum okkar. Ein aðalástæða þessa er að framleiðni íslenskra fyrirtækja er mun lægri en þekkist annars staðar. Þannig er samkeppnisstaða Íslands mjög léleg í alþjóðlegum samanburði. Framleiðni á hverja vinnustund á Íslandi er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Í samanburði á landsframleiðslu á vinnustund í 24 OECD-ríkjum er Ísland í 20. sæti.

Þetta hefur leitt til fólksflótta frá landinu. Íslendingum fjölgaði 50% meira í Danmörku en á Íslandi árið 1995. Alls fluttu 1.060 héðan til Danmerkur árið 1994. Íslendingum fjölgaði um 30% í Noregi og um 60% á Grænlandi. Alls eru 20.800 Íslendingar búsettir erlendis og fjölgaði þeim um 10% milli áranna 1994 og 1995.

Þegar borin eru saman laun og lífskjör verður vitaskuld að taka tillit til margra þátta, svo sem bótakerfis, skattkerfis, húsnæðiskerfis, vaxta, matvöruverðs, heilbrigðiskerfis og gjalda fyrir opinbera þjónustu.

Í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur vitaskuld breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndunum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur á Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá eðlilegu þjónustu sem nútímaþjóðfélag veitir. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar vitaskuld verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur, ásamt öðru, stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skuli vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér bera vitaskuld margir ábyrgð.

Tímakaup í dönskum iðnaði er 97% hærra en í íslenskum. Tekjur hjóna í Danmörku árið 1993 voru um 39% hærri en á Íslandi. Danskur byggingaverkamaður hefur um 28% hærri ráðstöfunartekjur en sá íslenski. Þessar tölur, sem komu fram í skýrslu forsætisráðherra um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar, segja alla söguna.

Skattar og lág laun.

Í þessum samanburði við Danmörku ber að hafa í huga að byrði beinna skatta er minni hér en í Danmörku. Meðalheimili í Danmörku greiðir 38% tekna sinna í tekju- og eignarskatt samanborið við 21% á Íslandi. Jaðarskattar eru hærri í Danmörku en á Íslandi en þykir þó mörgum nóg um þá hérlendis.

Hins vegar er athyglisvert að skattleysismörk hér á landi eru 57.000 kr. á mánuði en í Danmörku eru engin skattleysismörk. Það er umhugsunarvert hvort skattleysismörk hér á landi, sem vissulega eru ekki há, hafi komið í veg fyrir hækkun taxtalauna undanfarin ár. Ef greiddur væri skattur af öllum tekjum, ef til vill 10–15% skattur af lægstu tekjum, er ekki ósennilegt að það hefði leitt til hærri taxtalauna í kjarasamningum síðustu ár. Umræðu vantar um þennan þátt mála hérlendis.

Í alþjóðlegum samanburði kemur skýrt fram að óbeinir skattar hérlendis eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að löngu er tímabært að stokka upp landbúnaðarstefnu stjórnvalda. Endurbætur á því sviði væru ein mesta kjarabót fyrir láglaunafólk sem um getur.

Við gerð kjarasamninga undanfarin ár hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Það hefur ekki tekist. Á verðbólgutímanum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á örskömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga hin síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa haldið nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir fá greitt samkvæmt þessum töxtum og má þar nefna ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir í sárafátækt og á fárra kosta völ.

Gildistaka frumvarpsins.

Flutningsmenn telja að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skuli ekki vera undir 80.000 kr. en 2. gr. kveður á um að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en 1. mars 1997. Ástæða þessa er að þannig skapast svigrúm fyrir aðila vinnumarkaðarins til að semja sjálfir um þá niðurstöðu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nú er ljóst að 80.000 kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há og flestir launþegar hafa hærri heildarlaun, að vísu með nokkurri eftirvinnu. Frumvarpinu er þannig fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín.

Rökin fyrir þessu eru augljós. Hækkun lægstu launa í 80.000 kr. á mánuði mun auka velferð í íslensku þjóðfélagi, einkum hjá þeim fátækustu, jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Það er engin ástæða til að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast nú niður í alvöru til að semja um hækkun lægstu taxtalauna, eins og þeir hafa margoft talað um undanfarin ár.

Að mati flutningsmanna mundi lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að gera það kleift að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum.

Lögbinding lágmarkslauna.

Launaumræða verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru vitaskuld í samkeppni við erlendar, hvort sem um er að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi.

Löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun hefur verið í Bandaríkjunum í aðdraganda að forsetakosningunum þar í næsta mánuði.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Þau eiga ekki við núverandi aðstæður hérlendis að mati flutningsmanna. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum.

Að skapa umhverfi fyrir sérhæfð störf, hálaunastörf, er vitaskuld háð mörgum þáttum, m.a. menntakerfi og því sem varið er í rannsóknir og þróunarstarf innan og utan fyrirtækja. Á þessu sviði er stefna ríkisstjórnarinnar mjög á reiki. Ekki hefur verið unnið nóg hérlendis í menntamálum og rannsóknum undanfarna áratugi.

Íslendingar verða að gera upp við sig hvort hér eigi að verða láglaunasvæði eins og allt stefnir í og landsmenn verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort þróa eigi hagkerfið í átt til sérhæfðra starfa sem eru betur launuð. Flutningsmenn efast ekki um að síðari leiðin er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Lokaorð.

Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður landflótti viðvarandi og Ísland verður áfram láglaunaland.

Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir á lágmarkstöxtum og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg.

Frumvarpinu fylgdu tvö fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Laun verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (febrúar 1996).
II. Samanburður á tekjum verkafólks á Íslandi og í Danmörku. *Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur* (október 1995).

90. Fyrirspurn [88. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun siglingalaga.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna lífs- eða líkamstjóns?

91. Fyrirspurn [89. mál]

til heilbrigðisráðherra um endurskoðun laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður endurskoðun laga um málefni aldraðra, nr. 82/1989, sem öðluðust gildi 1. janúar 1990, en í 31. gr. laganna segir að þau skuli endurskoða innan fimm ára?

92. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

2. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Börn má ekki ráða til vinnu.

Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttaeða auglýsingastarfsemi. Hafi þau ekki náð 13 ára aldri skal aflað leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.
b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi og í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.
c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin.

3. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafla þessum.

4. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

a. Vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
b. Vinnu sem getur valdið varanlegu heilsutjóni.
c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.

d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
e. Vinnu sem getur stofnað heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hita, hávaða eða titrings.

Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

5. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukkustundir.
c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.
d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

Virkur vinnutími unglinga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

Heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja reglur m.a. um skilyrði og takmörk vegna frávika samkvæmt málsgrein þessari.

Ef daglegur virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6. Óheimilt er að láta unglinga vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglingnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta ungling vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþrótta eða auglýsinga.

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2. og 3. mgr.

Unglingar eiga, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. b, er orðast svo:

Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglingar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfellt ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótel- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2.–4. mgr.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. c, er orðast svo:

Heimilt er í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum. Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. d, er orðast svo:

Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. e, er orðast svo:

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu. Ráðherra skal

að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 22. september 1995 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem var falið að vinna að undirbúningi þess að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna en gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku. Í nefndinni sátu Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur, tilnefnd af Vinnueftirliti ríkisins, Guðmundur Stefánsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Halldór Grönvold skrifstofustjóri, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnumálasambandinu, Linda Rós Michaelsdóttir kennari, tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Ólöf Sigurðardóttir sérkennari, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands, Ragnar Árnason lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Sesselja Árnadóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, vann með nefndinni við samningu frumvarps þessa.

Nefndin skilaði félagsmálaráðherra skýrslu sinni hinn 22. febrúar 1996. Í skýrslunni er fjallað um ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB, um vinnuvernd barna og ungmenna, og gerð grein fyrir ákvæðum í öðrum alþjóðasamningum sem snerta vinnu barna og ungmenna, en þeir eru eftirtaldir: Samþykkt ILO nr. 138 og tillaga nr. 146, um lágmarksaldur við vinnu, yfirlýsing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 20. nóvember 1959, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 1989, samningur Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1976, yfirlýsing og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um afkomu, vernd og þróun barna frá 1990, yfirlýsing þings Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn 1995 um þróun félagsmála og félagsmálasáttmáli Evrópu frá 1961. Loks er fjallað í skýrslunni um ákvæði íslenskra laga og kjarasaminga sem snerta vinnu barna og unglinga.

Jafnframt aflaði nefndin ýmissa gagna um vinnu barna og unglinga. Af þeim má draga þær ályktanir að vinna barna undir 13 ára í leyfum frá skólanámi fari minnkandi. Hún hefur fyrst og fremst takmarkast við blaðburð og barnagæslu. Sumarvinna barna eldri en 13 ára er almenn. Í yngri aldurshópunum takmarkast hún að verulegu leyti við þátttöku í vinnuskólum sveitarfélaga. Sjaldgæft er að börn yngri en 14 ára séu ráðin til almennra starfa á vinnumarkaði.

II.

Í niðurlagi skýrslunnar er greint frá tillögum nefndarinnar og eru þær eftirfarandi:

1. Samkvæmt 17. gr. tilskipunar ESB um vinnuvernd barna og ungmenna er heimilt að hrinda ákvæðum hennar í framkvæmd með tvennum hætti. Með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða samningum aðila vinnumarkaðarins. Nefndin hefur fjallað um þetta atriði. Nefndin vekur athygli á því að ýmis frávik frá meginefni tilskipunarinnar eru háð heimildum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Með hliðsjón af skipunarbréfi hennar hefur hún komist að þeirri niðurstöðu að breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sé nauðsynleg þannig að

hægt verði að nýta það svigrúm sem felst í tilskipuninni til að heimila unglingum hæfilega atvinnuþátttöku. Í ljósi þessa er það álit nefndarinnar að heppilegra sé að markmiðum tilskipunarinnar verði hrundið í framkvæmd með lögum og reglugerðum í stað þess að sett verði almenn lagaákvæði sem síðan verði útfærð í almennum kjarasamningum. Með þeim hætti er strax tekin efnisleg afstaða til ákvæða tilskipunarinnar og útilokuð hugsanleg óvissa sem gæti leitt af nánari framkvæmd á einstökum atriðum með ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

2. Nefndin telur ástæðu til að vekja athygli á ákvæði í 2. mgr. 32. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja. Samkvæmt ákvæðinu skulu aðildarríki samningsins gera ráðstafanir til að hrinda ákvæðum greinarinnar í framkvæmd, einkum með því að kveða á um lágmarksaldur eða aldursmörk til ráðningar í starf, en einnig með því að setja viðeigandi reglur um vinnutíma og vinnuskilyrði. Loks ber aðildarríkjum að mæla fyrir um viðeigandi refsingar eða önnur viðurlög til að tryggja virka framkvæmd.
3. Með hliðsjón af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna leggur nefndin til breytingar á X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Í skýrslunni er gerð grein fyrir breytingunum og eru þær útfærðar í formi frumvarps sem er fylgiskjal með henni.
4. Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði í kjarasamningum um vinnu ungmenna verði skoðuð með tilliti til reglna tilskipunar ESB.

   Í þeim starfsgreinum, þar sem vinna barna og unglinga verður áfram heimil, er nauðsynlegt að meginefni tilskipunarinnar komi fram í viðkomandi kjarasamningi eða í þeim verði vísað til ákvæða gildandi laga og reglugerða. Við endurskoðun kjarasamninga verði reynt að tryggja með sem bestum hætti að ungmenni séu tryggð við vinnu sína eins og aðrir starfsmenn samkvæmt almennum skilmálum um slysatryggingar launafólks.
5. Í skýrslu sinni setur nefndin fram ábendingar um breytingar á öðrum lögum, t.d. grunnskólalögum. Auk þess er vakin athygli á því að vera kunni að breyta þurfi ákvæðum sjómannalaga um lágmarksaldur við vinnu á skipum.

   Þá mælir nefndin með því að kannað verði hvort unnt sé að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu og hvort Ísland geti undirgengist skuldbindingar samkvæmt ákvæðum 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu um vernd barna og ungmenna.

III.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum í samræmi við tillögu nefndarinnar, sbr. 3. tölul. hér að framan. Helstu atriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Bannað verður að ráða börn til vinnu nema með nánar tilgreindum undantekningum.
2. Heimilt verður að ráða unglinga til vinnu.
3. Heimilt verður að ráða börn 14 og eldri til vinnu enda sé vinnan hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
4. Heimilt verður að ráða börn 13 ára og eldri til að vinna störf af léttara tagi.
5. Sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi.
6. Skýrar reglur verða um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma barna og unglinga.

7. Kveðið er á um skyldur atvinnurekenda til að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga sem hjá þeim starfa.

Um einstaka efnisþætti er fjallað nánar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um gildissvið X. kafla laganna. Þær undanþágur, sem tilgreindar eru í 2. málsl., eru grundvallaðar á 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Rétt er að taka fram að orðið „fjölskyldufyrirtæki“ er ekki til í íslensku lagamáli. Leitað var eftir upplýsingum hjá Evrópusambandinu um hvaða fyrirtæki teljist til þeirra, þ.e. „family undertaking“ samkvæmt enskum texta tilskipunarinnar. Samkvæmt upplýsingum þaðan er aðildarríkjunum látið það eftir að gefa orðinu inntak. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, gerir tillögu um að orðið verði skýrt með hliðsjón af vanhæfisreglum stjórnsýslulaga og réttarfarslaga. Orðið „fjölskyldufyrirtæki“ mætti skýra þannig að það taki til rekstrar sem er að verulegum hluta í höndum einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður barni eða unglingi í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB gildir hún um alla einstaklinga undir 18 ára aldri sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarkjör (employment relationship) sem eru skilgreind í gildandi lögum aðildarríkis og/eða falla undir gildandi lög aðildarríkis. Vakin er athygli á að lagt er til að gildissvið X. kafla laganna verði víðtækara en gildissvið tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. eru skilgreind þau hugtök sem notuð eru í lögunum. Skilgreiningarnar eru efnislega samhljóða skilgreiningum í a–c-liðum 3. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að börn megi ekki ráða til vinnu, sbr. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Í tilskipuninni er tilgreint að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna vinnu barna. Hér er farin sú leið að nota það rðalag að ekki megi ráða börn til vinnu, en með því er skýrt hver bera skuli ábyrgð skv. 99. gr. laganna ef brotið er gegn lögunum, þ.e. atvinnurekandi.

Í 2. mgr. eru tilgreindar undanþágur frá banni við að ráða börn til vinnu. Þær undanþágur eru sams konar og undanþágur sem tilgreindar eru í 2. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar.

Um vinnu þá, sem fjallað er um í a-lið 2. mgr., eru nánari ákvæði í 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar eru enn fremur fyrirmæli um starfsskilyrði barna í viðkomandi störfum og hvað hafa skuli við viðmiðunar þegar leyfi skv. a-lið 2. mgr. eru veitt.

Í c-lið 2. mgr. eru ekki tæmandi talin þau störf sem 13 ára börn mega vinna, en létt garðyrkju- og þjónustustörf eru nefnd í dæmaskyni. Gert er ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um framkvæmd b- og c-liða 2. mgr., m.a. um hvað teljist vera störf af léttara tagi. Þar til gilda m.a. leiðbeinandi skilgreiningar Vinnueftirlits ríkisins um hvað telja skuli létt störf.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir í framhaldi af ákvæði um vinnu barna að taka fram að almennt sé heimilt að ráða unglinga til vinnu. Þó er gerður sá fyrirvari að í þessum kafla laganna eru tilgreindar ákveðnar takmarkanir á vinnu unglinga.

Um 4. gr.

Greinin er grundvölluð á 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Þar er gert ráð fyrir að börn og unglingar séu varin fyrir öllum þeim hættum sem öryggi þeirra, heilsu og þroska eru búnar og rekja má til ungs aldurs þeirra og reynsluleysis, grandvaraleysis þeirra gagnvart þeirri hættu sem er eða kann að vera fyrir hendi eða þess að þau hafa ekki náð fullum þroska.

Í 1. mgr. eru tilgreindar aðstæður þar sem ekki er talið eðlilegt að börn og unglingar vinni. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum 1. mgr. þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga, sbr. 3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Þau skilyrði eru sett að öryggi þeirra og heilbrigði sé tryggt með því að láta vinnuna fara fram undir eftirliti hæfs einstaklings, sbr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Jafnframt verður að tryggja að sú vernd, sem kveðið er á um í þeirri tilskipun, sé til staðar. Ráðherra er ætlað að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um vinnutíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga og er ákvæðið sams konar og 1., 2. og 5. mgr. 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB. Um er að ræða virkan vinnutíma, þ.e. þann tíma sem ungmenni er við störf eða er atvinnurekanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við lög og/eða venju.

Virkur vikulegur dagvinnutími íslensks launafólks samkvæmt kjarasamningum er 37 stundir og 5 mínútur. Þegar reiknaður er út samanlagður vinnutími ungmennis skal miða við að þegar vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi sé sá tími sem námið tekur talinn til vinnutíma. Ef ungmenni starfar hjá fleiri en einum atvinnurekanda skal miða við samanlagðan vinnudaga- og vinnustundafjölda.

Í 3. og 4. mgr. greinarinnar er um að ræða þrengingu frá þeim heimildum sem tilgreindar eru í 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 3. mgr. er heimiluð undanþága frá 2. mgr. í tilteknum tilfellum, en samkvæmt tilskipuninni er einnig heimilt að setja undanþágu vegna a-liðar 1. mgr. Ekki eru talin vera rök til að veita slíkar undanþágur þegar um börn er að ræða.

Í 4. mgr. er lagt til að réttur til að fá 30 mínútna hlé skapist þegar daglegur vinnutími er lengri en fjórir tímar, en samkvæmt tilskipuninni skapast slíkur réttur eftir fjóran og hálfan tíma. Eðlilegt þykir að miða frekar við fjóra tíma þar sem það samræmist betur því sem almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvernig hátta skal næturvinnu barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga, sbr. 9. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 4. mgr. er tekið fram að heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni unglings sem er ráðinn til að vinna í næturvinnu skuli vera honum að kostnaðarlausu. Atvinnurekandinn skal sjá til þess að slík skoðun fari fram.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um hvíldartíma barna sem falla undir b- og c-liði 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins) og unglinga. Ákvæðið er sams konar og 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um frávik skv. 2.–4. mgr. greinarinnar. Um slík frávik getur t.d. verið að ræða þegar það er réttlætanlegt af tæknilegum eða skipulagslegum ástæðum, sbr. ákvæði 2. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er tilgreint að heimilt sé við ákveðnar kringumstæður að víkja frá ákvæðum laganna um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga. Skv. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB er um að ræða vinnu sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 89/391/EBE, en það ákvæði fjallar um svokölluð force majeure tilvik. Ákvæði 4. mgr. 5. gr. hljóðar svo: „Tilskipun þessi skal ekki takmarka möguleika aðildarríkjanna til að létta ábyrgð af vinnuveitanda eða takmarka hana, sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórnað, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt ýtrasta aðgát hafi verið sýnd.“ Skilyrði er að ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn og að unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

Um 9. gr.

Í ákvæði þessu er tekið fram að börn í fullu skyldunámi eigi rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur. Í samræmi við 11. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB á ákvæðið ekki við um börn sem ráðin eru til vinnu skv. a-lið 2. mgr. 60. gr. (2. gr. frumvarpsins). Tilskipunin gerir jafnframt ráð fyrir að börn skuli fá leyfi að svo miklu leyti sem hægt er , en sá fyrirvari er ekki tekinn upp í frumvarpið.

Um 10. gr.

Í greininni er tekið fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga með gerð mats á áhættu sem starf getur valdið þeim. Kveðið er á um að matið fari fram áður en börn eða unglingar hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum. Fyrirmæli þessi eru í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/33/EB, en sú grein fjallar um almennar skyldur atvinnurekanda. Í tilskipuninni er nánar kveðið á um hvaða atriði skulu einkum skoðuð. Rétt er talið að tilgreina þau í reglum sem ráðherra setji að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins ásamt öðrum atriðum sem varða framkvæmd greinar þessarar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt. Það er samið með það að markmiði að Ísland geti framfylgt tilskipun ESB nr. 94/33, um vinnuvernd barna og ungmenna, en á sama tíma gefið íslenskum unglingum áfram möguleika til atvinnuþátttöku. Með hugtakinu barn er átt við einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Til unglinga teljast hins vegar einstaklingar sem eru minnst 15 ára að aldri en hafa ekki náð 18 ára aldri og eru ekki lengur í skyldunámi. Efnisatriðum frumvarpsins má skipta í tvennt eftir því hvort um barn eða ungling er að ræða.

Í fyrsta lagi er í frumvarpinu kveðið á um að bannað verði að ráða börn til vinnu nema í undantekningartilfellum. Í því sambandi má nefna að heimilt verður að ráða börn 13 ára og eldri til að vinna störf af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku og að sérstakar reglur gilda um vinnu barna sem tengist menningarstarfsemi, listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Í öðru lagi er í frumvarpinu kveðið á um að heimilt verði að ráða unglinga í vinnu en með ákveðnum takmörkunum. Settar eru skýrar reglur um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma barna og unglinga. Einnig er atvinnurekenda gert skylt að gera ráðstafanir sem tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga sem hjá þeim starfa.

Lögfesting frumvarpsins mun leiða til aukinna umsvifa hjá Vinnueftirliti ríkisins við setningu reglna og kynningar þeirra. Gert er ráð fyrir að kostnaður stofnunarinnar aukist um 1 m.kr. vegna þessa og skiptist aukningin þannig að um 700 þús. kr. fara til setningar reglugerða og 300 þús. kr. til fræðslu og kynningar. Þessi aukni kostnaður rúmast innan núgildandi fjárhagsramma stofnunarinnar en skv. 77. gr. núgildandi laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber fyrirtækjum þeim er lögin gilda um að fjármagna rekstur Vinnueftirlits ríkisins. Því verður ekki séð að lögfesting frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

93. Fyrirspurn [91. mál]

til samstarfsráðherra Norðurlanda um aðgerðir gegn útlendingaandúð.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

Hvers eðlis var átakið „Norðurlönd gegn útlendingaandúð“? Hvað var gert hér á landi?

94. Fyrirspurn [92. mál]

til menntamálaráðherra um verkefnaáætlun í skólum gegn útlendingaandúð.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

Er unnið í skólum landsins samkvæmt verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð?

95. Fyrirspurn [93. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hvað hafa mörg skip verið úrelt síðan 1994, í hvaða stærðarflokki og frá hvaða landsvæðum?
2. Hafa einhver fiskverkunarhús verið úrelt síðan 1994?

Skriflegt svar óskast.

96. Fyrirspurn [94. mál]

til sjávarútvegsráðherra um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Frá Petrínu Baldursdóttur.

1. Hve mikið fé hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins veitt í styrki til úreldingar fiskiskipa síðan lögin um sjóðinn tóku gildi árið 1994?
2. Hvað hefur verið gert við skipin sem úrelt hafa verið?
3. Telur ráðherra að með lögum um sjóðinn hafi náðst árangur í hagræðingu innan sjávarútvegsins?

97. Fyrirspurn [95. mál]

til samgönguráðherra um „Símatorgið“.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Telur ráðherra eðlilegt að Póstur og sími annist innheimtu fyrir þá margvíslegu þjónustu sem veitt er á svokölluðu „Símatorgi“?

98. Fyrirspurn [96. mál]

til samgönguráðherra um takmarkanir á aðgangi að „Símatorgi“.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Mun ráðherra beita sér fyrir takmörkunum á aðgangi að þjónustu svokallaðs „Símatorgs“, t.d. að miðað verði við þann sem skráður er fyrir síma og þá sem hann heimilar aðgang?

99. Svar [43. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um verðtryggingu lána og skuldir heimilanna.

1. *Hverjar voru skuldir heimilanna í árslok síðustu tíu árin á sambærilegu verðlagi, hve stór hluti þeirra voru óverðtryggðar skuldir og hve stór hluti verðtryggðar?*

Eftirfarandi tafla sýnir skuldir heimilanna við lánakerfið árin 1986–95 og hlutfall verð- og óverðtryggðra skulda. Tölur eru í millj. kr. í lok hvers árs.

Ár	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verði 1995 með lkv.	Verðtryggður hluti í %	Óverðtryggður hluti í %
1986	55.773	122.594	83,6	16,4
1987	76.983	138.433	86,3	13,7
1988	101.428	153.099	87,4	12,6
1989	135.744	168.517	87,0	13,0
1990	170.726	197.810	87,1	12,9
1991	211.270	227.399	86,9	13,1
1992	237.367	251.553	87,4	12,6
1993	262.518	270.135	87,9	12,1
1994	289.054	293.751	90,7	9,3
1995	315.834	315.834	90,8	9,2

2. *Hve mikinn hluta af hækkun skulda heimilanna á sl. tíu árum má rekja til verðtryggingar?*

Ekki er unnt að svara því með neinni vissu hve mikinn hluta af hækkun skulda heimilanna á sl. tíu árum má rekja til verðtryggingar. Það stafar af því að ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig breyting á útlánum lánastofnana skiptist í nýjar lánveitingar, endurgreiðslur lána og verðbætur. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um það hvenær endurgreiðslur lána og nýjar lánveitingar falla til innan hvers árs.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi að mestu máli skiptir fyrir lántaka að raunvextir af lánum séu sem lægstir. Frá árinu 1990 hefur meðalraunávöxtun óverðtryggðra skuldabréfalána banka og sparisjóða reyndar verið talsvert hærri en verðtryggðra skuldabréfa. Útlit er fyrir að þessi munur verði um 1,5 prósentustig á yfirstandandi ári að óbreyttum vöxtum og spám um verðlagshorfur til aldamóta. Það er ljóst að á tímum vaxtafrelsis munu lánastofnanir leitast við að hafa raunvexti óverðtryggðra lána hærri en verðtryggðra lána þar sem ætíð hlýtur að vera fólgið nokkurt áhættuálag í vöxtum óverð-

tryggðra lána vegna óvissu um verðlagsbreytingar. Raunkjör verða því ljósari og yfirleitt lægri á verðtryggðum markaði, a.m.k. af lánum til lengri tíma.

3. Hvernig er háttað verðtryggingu fjárskuldbindinga í einstökum ríkjum OECD?

Erlendis hefur verðtryggingu einkum verið beitt á skuldabréf til langs tíma, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda hér á landi um að afnema verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Vaxandi áhuga hefur gætt erlendis að undanförnu á notkun verðtryggingar. Verðtryggingu hefur þó ekki verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum: Ástralíu, Bretlandi, Danmörku, Írlandi, Íslandi, Kanada, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Hlutdeild verðtryggingar er hins vegar mjög mismunandi í einstökum löndum. Heildarfjárhæð verðtryggðra ríkisskuldabréfa er mest í Bretlandi, jafnvirði um 4.800 milljarða kr. borið saman við um 70 milljarða kr. hér á landi. Hlutfall verðtryggingar á ríkisskuldabréfum er hins vegar hæst hér á landi, um 86%, í Bretlandi er það um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4% en lægra annars staðar. Auk þessara landa stefna bandarísk stjórnvöld að útgáfu verðtryggðra ríkisskuldabréfa á næsta ári.

4. Mun ráðherra beita sér fyrir því að verðtrygging lána verði bönnuð á þessu eða næsta ári í ljósi langvarandi stöðugleika og lágrar verðbólgu, en nú er bannað að verðtryggja lán til skemmri tíma en þriggja ára, 1. janúar 1998 lengist sá tími í fimm ár og 1. janúar árið 2000 í sjö ár, jafnframt því sem bannað verður að verðtryggja innlán frá 1. janúar árið 2000?

Ekki stendur til að banna verðtryggingu lána umfram það sem þegar hefur verið ákveðið. Þessar breytingar hafa að yfirlögðu ráði verið gerðar á löngum tíma og tilkynntar með góðum fyrirvara, enda eru miklir hagsmunir bundnir notkun verðtryggingar og óvarlegt að raska með skömmum fyrirvara reglum um verðtryggingu þar sem þær eru afar mikilvægur þáttur í starfsumhverfi banka- og lánastofnana.

Á undanförnum árum hefur farið fram mikil umræða um framtíð verðtryggingar og hlutverk hennar á lánamarkaðnum hér á landi. Niðurstaðan hefur verið sú að verðtrygging hentaði í skuldbindingum til langs tíma en stefna bæri að því að draga úr notkun hennar á skammtímaskuldbindingum. Það stafar m.a. af því að verðtrygging á skammtímaskuldbindingum skapar mikla rekstraráhættu fyrir lánastofnanir og hefur óæskileg áhrif á vaxtamyndun. Auk þess hefur verðtrygging þau áhrif að einangra innlendan lánamarkað þar sem erlendir fjárfestar eru lítt kunnugir verðtryggingu, sérstaklega á skammtímaskuldbindingum.

Á hinn bóginn hefur verðtrygging á langtímaskuldbindingum margvíslega kosti sem njóta nú æ meiri alþjóðlegrar viðurkenningar. Þegar lán er veitt til langs tíma með óverðtryggðum vöxtum þarf lánveitandinn að mynda sér einhverja skoðun á verðbólguhorfum á öllum lánstímanum. Það segir sig sjálft að það kann að vera erfitt þegar t.d. er um að ræða tíu ára lán eða lengra. Fjárfestar hafa einnig mismunandi skoðanir á verðbólguhorfum. Af þessum ástæðum áskilja þeir sér því áhættuálag í vöxtum. Því hærri sem þeir telja að verðbólgan verði þeim mun hærri verða nafnvextirnir og því hræddari sem þeir eru um að verðbólgan geti orðið enn meiri en þeir reikna með þeim mun hærra verður verðbólguálagið og þar með vextirnir. Áhættuálagið veldur því ótvírætt að raunvextir verða hærri en ella. En þeir verða einnig hærri en ella, eftir á reiknað, ef verðbólga verður

lægri en vænta mátti. Það er aðeins ef óvæntur verðbólguskellur á sér stað að raunvextir verða lægri en fjárfestar ætluðu í upphafi. Aukinn verðbólguótti getur einnig valdið því að lánstími óverðtryggðra lána sem í boði eru styttist.

Að öðru jöfnu er greiðslubyrði verðtryggðra lána léttari en á sambærilegum óverðtryggðum lánum framan af lánstímanum. Þetta snýst hins vegar við þegar líður á lánstímann. Þegar til viðbótar kemur að óverðtryggð lán hafa yfirleitt hærri raunvexti og lánstími er að öðru jöfnu styttri á óverðtryggðum lánum er hætt við að afnám verðtryggingar á langtímalánum geti þyngt mjög verulega greiðslubyrði nýrra lána.

Niðurstaðan af framangreindu er því sú að hætt er við að afnám verðtryggingar á langtímaskuldbindingum mundi hafa í för með sér allt í senn, hærri raunvexti, styttri lánstíma og þyngri greiðslubyrði af lánum. Þessu til viðbótar kynni skyndilegt afnám verðtryggingar að valda usla á fjármagnsmarkaði með tilheyrandi óvissu og vaxtahækkun. Heillavænlegast er því að halda áfram á þeirri leið sem þegar hefur verið mörkuð, þ.e. að draga úr verðtryggingu í áföngum án þess að rýra traust á fjármagnsmarkaðnum.

100. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vernd gegn mismunun).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Ný 180. gr. laganna verður svohljóðandi:

Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Sömu refsingu varðar að neita manni um aðgang til jafns við aðra að opinberum samkomustað eða öðrum stöðum sem opnir eru almenningi.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 233. gr. a laganna:

a. Í stað orðanna „hóp manna“ kemur: mann eða hóp manna.
b. Í stað orðanna „kynþáttar eða trúarbragða“ kemur: kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Breytingar á almennu hegningarlögunum samkvæmt frumvarpinu eru í meginatriðum tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að refsilöggjöf verði færð til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um afnám kynþáttamisréttis með því að gera refsivert að neita manni um vöru eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis, litarháttar eða

kynþáttar. Í öðru lagi er lagt til að sambærileg refsivernd verði veitt fólki gegn slíkri mismunun og ofsóknum vegna kynhneigðar.

Á 120. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum er eigi varð útrætt. Í því frumvarpi voru m.a. efnislega sömu atriði og greinir í b-lið 2. gr. þessa frumvarps.

II.

Hinn 26. apríl skipaði forsætisráðherra nefnd í samræmi við ályktun Alþingis frá 19. maí 1992 þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skilaði skýrslu sinni í október 1994. Í kjölfar þess ákvað ríkisstjórnin að vísa tillögum nefndarinnar um lagabreytingar til meðferðar í dóms- og kirkjumálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti.

Í skýrslu nefndarinnar er bent á að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafi refsiákvæðum sem fjalla um kynþáttamisrétti o.fl. verið breytt á þann veg að refsivernd ákvæðanna næði nú einnig til samkynhneigðra. Með vísan til þessa lagði nefndin til að 233. gr. a almennu hegningarlaganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1973, yrði breytt þannig að hún tæki einnig til samkynhneigðra. Í skýrslunni segir að þess sé ekki að vænta að oft muni reyna á slíkt ákvæði fyrir dómstólum frekar en í nágrannalöndunum, en í slíkri lagasetningu fælist skýr yfirlýsing um ótvíræð réttindi samkynhneigðra til fullrar aðildar að íslensku samfélagi sem stuðlaði að því að samkynhneigðir leituðu óhikað réttar síns.

Þá benti nefndin á að ekki væru í íslenskum lögum sambærileg ákvæði og í löggjöf Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar þar sem refsivert er að neita mönnum um þjónustu og vöru sem boðin er almenningi í atvinnuskyni eða aðgang að almenningsstöðum á grundvelli kynþáttar þeirra, litarháttar, þjóðernis, trúar eða samkynhneigðar. Lagði nefndin til að hugað yrði að því hvort rétt væri að setja slík ákvæði í almenn hegningarlög eða önnur lög.

Tilefni þess að 233. gr. a var bætt inn í almennu hegningarlögin með lögum nr. 97/1973 var aðild Ísland að samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965. Samkvæmt (a)-lið 4. gr. samningsins eru aðildarríki skuldbundin til að gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öll ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna.

Af sama tilefni voru refsiákvæði sett í hegningarlög Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Síðar voru umrædd refsiákvæði í lögum þessara landa rýmkuð þannig að þau veita nú einnig vernd gegn árásum og ofsóknum á menn vegna kynhneigðar eða samkynhneigðar þeirra. Orðalag danska og norska refsiákvæðisins er mjög sambærilegt íslenska ákvæðinu í 233. gr. a.

Samkvæmt 266. gr. b dönsku hegningarlaganna skal hver sem opinberlega eða af ásetningi breiðir út til fjölda manna ummæli eða aðra yfirlýsingu þar sem hópi manna er ógnað, þeir smánaðir eða niðurlægðir vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðlegs uppruna, trúar eða kynhneigðar (seksuelle orientering) sæta sektum varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Samkvæmt 135. gr. a norsku hegningarlaganna skal refsa þeim með sektum eða fangelsi allt að 2 árum sem með yfirlýsingu eða annarri tilkynningu, sem er borin fram opinberlega eða er dreift á annan hátt meðal almennings, hótar eða hæðir eða lætur hatur, ofsókn eða lítilsvirðingu bitna á manni eða hópi manna vegna trúarjátningar þeirra, kyn-

þáttar, hörundslitar eða þjóðernis- eða þjóðlegs uppruna. Samsvarandi á við slíkar óvirðingar gagnvart manni eða hópi manna vegna samkynhneigðar þeirra, lífshátta eða viðhorfa. Þess má geta að norska refsiákvæðið veitir samkvæmt orðanna hljóðan afdráttarlausari refsivernd fyrir einstaklinga, þar sem það tiltekur sérstaklega ofsóknir sem bitna á manni eða hópi manna, en einskorðast ekki við hóp manna eins og samsvarandi refsiákvæði íslensku og dönsku laganna.

Aðild að alþjóðasamningnum um afnám alls kynþáttamisréttis varð tilefni frekari lagabreytinga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en þeirra sem að framan er getið. Samkvæmt (f)-lið 5. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki sig til þess tryggja öllum, án nokkurs greinarmunar vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis- eða þjóðlegs uppruna, jafnan rétt til aðgangs að öllum stöðum eða þjónustu sem veitt er almenningi, svo sem að samgöngutækjum, hótelum, veitingahúsum, kaffihúsum, leikhúsum og almenningsgörðum.

Þessi samningsskuldbinding varð til þess að árið 1971 voru sérstök lög sett í Danmörku um bann við kynþáttamisrétti o.fl. Samkvæmt 1. gr. laganna varðaði það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum að neita að afgreiða mann á sömu kjörum og aðra í atvinnuskyni eða almenningsþjónustu á grundvelli kynþáttar hans, litarháttar, þjóðernis, þjóðlegs uppruna eða trúarbragða svo og að neita manni um aðgang af þessum ástæðum til jafns við aðra að stað, sýningu eða samkomu. Með breytingu á lögunum frá árinu 1987 var kynhneigð bætt við framangreinda talningu.

Sambærileg þróun átti sér stað í Noregi og Svíþjóð. Var ákvæðum bætt í hegningarlög sem lýstu refsivert að neita manni um þjónustu eða aðgang að almenningsstöðum á grundvelli þeirra atriða sem talin eru í (f)-lið 5. gr. samningsins, sbr. 349. gr. a norsku hegningarlaganna og 9. gr. í 16. kafla sænsku hegningarlaganna. Árið 1981 var vernd 349. gr. a norsku hegningarlaganna rýmkuð með lagabreytingu þannig að nú eru samkynhneigð, lífshættir og viðhorf talin meðal þeirra atriða sem bannað er að byggja mismunun á. Breyting í þessa átt var gerð árið 1987 á sænska refsiákvæðinu með því að lýsa refsiverða mismunun á grundvelli samkynhneigðar.

Engar breytingar hafa orðið á íslenskri löggjöf til samræmis við ákvæði (f)-liðar 5. gr. samningsins um afnám kynþáttamisréttis um skyldu aðildarríkja til tryggja að öllum jafnan aðgang að þjónustu og opinberum stöðum án mismununar á grundvelli kynþáttar, litarháttar eða þjóðernis. Hefur þetta meðal annars orðið tilefni fyrirspurna frá alþjóðlegri nefnd um afnám kynþáttamisréttis, sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins, um hvernig þessi réttindi séu tryggð í reynd hér á landi. Á síðustu árum hefur vaxið tilhneiging til að setja ákvæði í íslenska löggjöf til þess að tryggja með skýrum hætti að jafnræðisregla skuli í heiðri höfð og banna mismunun. Sem nýleg dæmi um þetta má nefna jafnræðisregluna í 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og 65. gr. stjórnarskrárinnar eftir að henni var breytt með lögum nr. 97/1995.

Í ljósi þessarar þróunar þykir eðlilegt að leggja til í 1. gr. frumvarpsins að veita réttinum til jafns aðgangs að þjónustu og opinberum stöðum sérstaka refsivernd í 180. gr. almennu hegningarlaganna. Samhliða því að koma með þessu til móts við þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis verður einnig gerð refsiverð mismunun á grundvelli kynhneigðar, líkt og gert hefur verið á nágrannalöndum okkar.

Með hliðsjón af tilögum nefndar um málefni samkynhneigðra er í 2. gr. frumvarpsins lagt til að í 233. gr. a í almennu hegningarlögunum verði kynhneigð einnig talin meðal þeirra atriða sem njóta refsiverndar samkvæmt ákvæðinu. Einnig er sú breyting lögð til á 233. gr. a að veita einstaklingi, sem tilheyrir þeim hópum sem taldir eru í ákvæð-

inu skýra refsivernd. Ákvæðið í núverandi mynd veitir ekki afdráttarlaust slíka refsivernd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að í 180. gr. laganna verði nýtt ákvæði sem gerir refsiverðan þann verknað að neita manni um þjónustu, svo og aðgang að almenningsstöðum á grundvelli þeirra atriða sem talin eru upp í 1. mgr. Eldra ákvæði í 180. gr. sem fjallaði um vanrækslu vinnufærs manns á að sinna framfærsluskyldu gagnvart öðrum, var fellt niður með 10. gr. laga nr. 42/1985. Þykir eðlilegt að hið nýja ákvæði eigi heima í XX. kafla laganna sem fjallar m.a. um brot á reglum um atvinnuháttu, enda er gengið út frá því í 1. mgr. að um ræði neitun um vöru eða þjónustu í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi sem veitt er almenningi. Ekki er þó skilyrði að atvinnurekstur eða þjónustustarfsemi sé einkarekin, heldur gildir ákvæðið jafnt um opinbera þjónustu.

Upptalning atriða í 1. mgr. sem óheimilt er að byggja mismunun á er sú sama og í 233. gr. a laganna eftir að kynhneigð hefur verið bætt við eins og ráðgert er í b-lið 2. gr. frumvarpsins.

Með því að tiltaka þjóðerni, litarhátt og kynþátt er sérstaklega skírskotað til sambærilegra atriða og talin eru í (f)-lið 5. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis. Þótt samningurinn geri ekki kröfu um vernd fyrir mismunun á grundvelli trúarbragða þykir rétt að telja trúarbrögð með hér, líkt og í 233. gr. a, enda er ekki síður hætta á mismunun á þeim grundvelli en öðrum atriðum sem talin eru í ákvæðinu. Þá er hér með talin kynhneigð án þess að bann við mismunun sé bundin við samkynhneigð eingöngu. Þetta er í samræmi við að önnur atriði, sem talin eru í ákvæðinu eru hlutlaus, þar sem ekki er rætt um tiltekið þjóðerni, litarhátt, kynþátt o.s.frv. Er þetta og sambærileg skipan þeirri sem höfð er í danskri löggjöf um bann við mismunun þar sem rætt er um kynhneigð (seksuelle orientering). Með þessu rúma orðalagi eru tekin af tvímæli um að ákvæðið veitir einnig vernd t.d. tvíkynhneigðum sem er mismunað á grundvelli kynhneigðar sinnar. Þess ber þó að geta að tilgreiningu á kynhneigð í ákvæðinu er ekki ætlað að breyta gildandi reglum um mörk löglegrar og ólöglegrar kynhegðunar. Hefur verið tekið sem dæmi í þessu sambandi að það teldist ekki brot á 2. mgr. ef manni sem hefur gerst sekur um kynferðisáreitni gagnvart börnum verður ekki hleypt inn á opinberan stað eða samkomu ef hætta er talin á að hann áreiti börn og unglinga vegna kynhneigðar sinnar.

Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að það varði sömu refsingu að neita manni um aðgang til jafns við aðra að stöðum sem opnir eru almenningi. Hér er því um að ræða staði þar sem ekki er veitt sérstök þjónusta í atvinnuskyni. Þannig mundi t.d. aðgangur að veitingastað, hóteli eða samgöngutækjum frekar falla undir 1. mgr. greinarinnar, en sem dæmi um aðstæður sem 2. mgr. næði yfir má nefna aðgang að opnum fundum, almenningsgörðum eða sýningum.

Ráðgert er að háttsemi sem lýst er í ákvæðinu varði sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Eru þetta sömu refsimörk og í sambærilegum refsiákvæðum danskrar, norskrar og sænskrar löggjafar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 233. gr. a skal hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á sambærilegan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Eins og lýst var í al-

mennum athugasemdum að framan var ákvæði þessu bætt í lögin með 1. gr. laga nr. 96/1973 vegna aðildar Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1965 um afnám alls kynþáttamisréttis. Varðandi skýringu á ákvæðum 233. gr. a er vísað til A-deildar Alþingistíðinda 1973–74, bls. 530–535.

Í þessari grein eru lagðar til tvær breytingar á 233. gr. a. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að tilgreina einvörðungu hóp manna sem nýtur verndar gegn því að á þá sé ráðist opinberlega með háði, rógi, smánun eða ógnun, verndi ákvæðið einnig skýrlega einstaklinga sem tilheyra slíkum hópum. Samkvæmt núgildandi hljóðan ákvæðisins er vernd einstaklinga gegn slíkum árásum ekki afdráttarlaus. Í greinargerð með 1. gr. laga nr. 96/1973 segir að árásir í garð einstaklings geti fallið undir gildissvið ákvæðisins ef í þeim felast í reynd háð, smánun eða rógur um hóp manna. Þannig sé unnt beita ákvæðinu með því að telja viðkomandi einstakling tákn fyrir heildina, pars pro toto. Í sumum tilvikum sé unnt að beita ákvæðum hegningarlaga um ærumeiðingu eða röskun einkalífs en endranær varði háttsemi ekki við ákvæðið. Markmið þess að bæta við orðinu manni í texta ákvæðisins er að leggja berum orðum að jöfnu þá háttsemi að hæða, rægja, smána eða ógna einstaklingi opinberlega vegna þeirra atriða sem talin eru í ákvæðinu, og þann verknað að ráðast á hóp manna af sömu ástæðum.

Í öðru lagi er ráðgerð sú breyting á 233. gr. a að menn njóti verndar gegn því að á þá sé ráðist opinberlega vegna kynhneigðar þeirra. Um röksemdir fyrir breytingunni má vísa til forsendna sem raktar eru í almennum athugasemdum að framan.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu á núgildandi lögum. Annars vegar er refsilöggjöfin færð til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands um afnám kynþáttamisréttis og hins vegar að sambærileg refsivernd mun verða veitt fólki gegn mismunun og ofsóknum vegna kynhneigðar. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

101. Frumvarp til laga [98. mál]

skipulags- og byggingarlaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.
Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára samfelldu tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma, en ekki heimild til að hefja framkvæmdir.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess og varðar m.a. einstakar lóðir og byggingar á þeim, kvaðir á lóðum, götur, stíga og opin svæði.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi að uppfylltum nánari skilyrðum.

Hverfisvernd: Sérstök ákvæði í deiliskipulagi til að vernda sérkenni eldri byggðar og tryggja að breytingar og framkvæmdir falli vel að þeirri byggð sem fyrir er.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, vörugeymslur, útivist, landbúnað o.s.frv.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar, ítölu o.fl.

Landsskipulag: Samþætting áætlana um landnotkun og landnýtingu sem varða landið allt, svo sem samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, náttúruvernd, varðveislu sögulegra minja, landnotkun atvinnuvega og byggðar í meginatriðum. Hlutverk landsskipulags er m.a. að stuðla að samræmi í landnýtingar- og landnotkunaráætlunum.

Nýtingarhlutfall lóðar: Hlutfall milli brúttógólffletar á lóð og flatarmáls hennar.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í fjóra flokka: Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í deiliskipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í deiliskipulagsáætlun til viðbótar þeim atriðum sem skipulagsuppdrættir kveða á um eða til skýringar við þau.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að skapa ramma fyrir aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu og samræma þannig stefnu þeirra og framkvæmdir.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólffletar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
b. að framfylgja ákvæðum laga þessara um landsskipulag, sbr. 29. gr., og um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð, sbr. 28. gr., og laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum og hafa eftirlit með því að skipulagstillögur, framkvæmdaáætlanir og mannvirkjagerð uppfylli ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
d. að aðstoða sveitarfélög við aðal- og svæðisskipulagsgerð,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
g. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra.

5. gr.
Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa sérmenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd. Formenn skipulags- og byggingarnefnda skulu vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Byggingarfulltrúar skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt. Slökkviliðsstjórar og heilbrigðisfulltrúar eiga rétt á setu á fundum nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um skipulags- og byggingarnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Sveitarfélag með færri en 1.000 íbúa skal hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag/-félög um kosningu svæðisbyggingarnefndar og ráðningu byggingarfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög skulu þá gera með sér samning, sem umhverfisráðuneytið staðfestir, um stofnun svæðisbyggingarnefndar.

Ráðherra skipar byggingarnefndir sem annast framkvæmd laga þessara utan sveitarfélagsmarka nái aðliggjandi sveitarfélög ekki samkomulagi um rekstur byggingarnefndar.

7. gr.

Starfslið byggingar- og skipulagsnefnda.

Í hverju sveitarfélagi eða byggingarnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi.

Ráðherra setur að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Félags byggingarfulltrúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur byggingarfulltrúa og má enginn starfa sem slíkur nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 51. og 52. gr.

Sveitarstjórn ræður framkvæmdastjóra skipulagsnefndar, skipulagsfulltrúa sveitarfélags eða skipulagsstjóra og skal hann hafa sérmenntun á sviði skipulagsfræða. Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að starfa fyrir skipulagsnefnd sveitarfélagsins þar sem það á við.

Starfsmanni skipulags- og byggingarnefnda er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem síðar kann að koma til afgreiðslu nefndanna í umdæmi hans.

8. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Ráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn sem hér segir: Hæstiréttur tilnefni einn og er hann formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til þess að vera héraðsdómari. Þá tilnefna umhverfisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hvort sinn fulltrúa og skulu þeir hafa sérþekkingu á þessum málum. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar.

Nefndinni er heimilt að kveðja til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurður nefndarinnar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex vikum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndi tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurð um stöðvun ber byggingarnefnd að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulags.

9. gr.
Skipulagsskylda.

Landið allt er skipulagsskylt. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að fyrir hendi sé staðfest aðalskipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið. Bygging húsa og annarra mannvirkja, ofan jarðar og neðan, og aðrar framkvæmdir og aðgerðir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til þess að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur Skipulagsstofnun til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur sveitarstjórn, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

10. gr.
Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur reglugerð um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar skal kveðið á um mælikvarða, innihald og frágang skipulagsuppdrátta, atriði sem fram skuli koma í greinargerðum um skipulagsáætlanir og forsendur þeirra, kvaðir sem ákveða megi með skipulagi og um innihald skipulagsskilmála.

Kveðið skal m.a. á um lágmarksfjarlægðir milli húsa með tilliti til birtuskilyrða í vistarverum og á lóðum og til þess að koma í veg fyrir truflun milli íbúða og tryggja brunavarnir. Enn fremur skal kveða á um önnur atriði sem taka ber tillit til í skipulagi, svo sem um breidd gatna og stíga, flokkun gatna, lágmarksfjölda bílastæða, útivistar- og leiksvæði í íbúðarhverfum, stærðir lóða og hámarksnýtingarhlutföll. Þá skal sérstaklega kveðið á um hvernig auðvelda skuli aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að því er varðar götur, gangstéttar, bílastæði og einstök mannvirki.

Skilgreina skal landnotkunarflokka, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa.

Í reglugerðinni skulu einnig vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag, um menntun og starfsreynslu þeirra sem falin er stjórn vinnu við skipulagsáætlanir og um nánari útfærslu lagaákvæða um vinnslu og meðferð skipulagsáætlana.

11. gr.

Aðalskipulag.

Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á nánar tilteknu 12 ára tímabili. Í greinargerð með aðalskipulagi skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum í sveitarfélaginu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð tillögu að aðalskipulagi skal, eftir því sem við á, leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Aðalskipulag skal vera í samræmi við svæðisskipulag, sé það fyrir hendi. Aðalskipulagsáætlanir samliggjandi sveitarfélaga skulu vera í innbyrðis samræmi. Tillaga að aðalskipulagi skal vera rökstudd m.a. með tilliti til áhrifa sem framkvæmdir samkvæmt tillögunni kunna að hafa á umhverfið.

Feli tillaga í sér framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag skal gera grein fyrir þeim kostum sem voru skoðaðir og umhverfisáhrifum hvers þeirra.

Eftir því sem við á skal gera grein fyrir og sýna á uppdráttum:

1. Byggingarsvæði fyrir atvinnustarfsemi og íbúðir, flokkuð eftir landnotkun og þéttleika þeirra.
2. Svæði fyrir byggingar til þjónustu við almenning, m.a. skóla, kirkjur, heilbrigðisstofnanir, menningar- og félagslegar stofnanir og önnur svæði til sameiginlegra þarfa, t.d. fyrir íþróttamannvirki og leikvelli.
3. Samgöngumannvirki, m.a. flugvelli, þjóðvegi og hafnir, svo og helstu umferðaræðar og tengingar við þær.
4. Háspennulínur/-strengi, aðveituæðar vatns- og hitaveitna og svæði fyrir veitustöðvar, sorpstöðvar og hreinsistöðvar skólps.
5. Opin svæði, m.a. skrúðgarða, garðlönd, kirkjugarða, íþrótta- og leiksvæði, tjaldstæði og almenn útivistarsvæði.
6. Vatnsfleti sjávar, vatna og fallvatna.
7. Svæði til landfyllinga og námuvinnslu jarðefna.
8. Sumarbústaðalönd.
9. Svæði til landbúnaðarnytja og skógræktarsvæði.

Auðkenna skal sérstaklega í aðalskipulagi:

1. Svæði þar sem hætta getur stafað af náttúruhamförum.
2. Svæði þar sem deiliskipulag skal háð staðfestingu ráðherra, sbr. 20. gr.
3. Staði og svæði sem njóta friðunar samkvæmt lögum um náttúruvernd eða þjóðminjalögum, svo og verndarsvæði vatnsbóla.
4. Svæði þar sem skipulagi eða staðfestingu skipulags er frestað, sbr. 15. gr.

12. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur, kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 13. gr.

Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

13. gr.

Auglýsing aðalskipulagstillögu og umfjöllun um athugasemdir.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina til hvaða svæðis tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta boðið að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.–2. mgr. Séu breytingar óverulegar nægir að gefa aðilum, sem athugasemdir gerðu um þau atriði sem breytingin varðar, kost á að gera á ný athugasemdir við hina breyttu tillögu.

Senda skal Skipulagsstofnun endanlega tillögu til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 4. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.

14. gr.

Staðfesting, birting og gildistaka aðalskipulags.

Aðalskipulag, eða breyting á því, er háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar skal rökstudd með greinargerð þar sem m.a. komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Byggist tillaga Skipulagsstofnunar á þessum atriðum skal ráðherra leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun sína.

15. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

16. gr.

Endurskoðun aðalskipulags.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.

17. gr.

Óveruleg breyting á aðalskipulagi.

Gera má óverulega breytingu á staðfestu aðalskipulagi án undangenginnar kynningar og auglýsingar skv. 12.–13. gr.

Ef sveitarstjórn ákveður að gera breytingu á staðfestu aðalskipulagi með þessum hætti skal hún senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Tillögu nefndarinnar skal auglýsa sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 13. og 14. gr.

19. gr.

Deiliskipulag.

Skylt er að gera deiliskipulag og skal það gert á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Deiliskipulag má gera áður en staðfest aðalskipulag liggur fyrir þegar svo stendur á sem getið er í 2. mgr. 9. gr.

Deiliskipulagsuppdrætti skal fylgja greinargerð þar sem forsendum skipulagsins er lýst og einstök atriði þess skýrð, svo og skipulags- og byggingarskilmálar sem kveða nánar á um skipulagskvaðir og önnur atriði sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu.

Ef innan marka deiliskipulags eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja inn ákvæði um hverfisvernd. Þar sem ákvæði eru um hverfisvernd í deiliskipulagi er það háð staðfestingu ráðherra.

Sveitarstjórn getur óskað eftir staðfestingu ráðherra á samþykktu deiliskipulagi þótt það falli ekki undir 3. mgr.

Við gerð deiliskipulagstillögu skal leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra hagsmunaaðila á svæðinu. Sérstaklega skal huga að þörfum barna, aldraðra og fatlaðra.

Í deiliskipulagi skal útfæra nánar ákvæði aðalskipulags um viðkomandi svæði. Eftir því sem við á skal m.a. gera sérstaka grein fyrir og sýna á uppdráttum:

1. Afmörkun þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til.
2. Afmörkun svæða eftir landnotkun og landnýtingu, skiptingu byggingarsvæða í lóðir, kvaðir um gróðursetningu og frágang á lóðarmörkum. Heimilt er að skilgreina landnotkun nánar og þrengra í deiliskipulagi en gert er í aðalskipulagi.
3. Mannvirki og svæði fyrir umferð, m.a. vegi og götur, gangstéttir, almenn bílastæði, torg, vistgötur, göngu-, hjólreiða-, og reiðstíga. M.a. skal gerð grein fyrir umferðartengingu landa og lóða og kvöðum um bílastæði og umferð.
4. Byggingar sem fyrir eru, byggingarreiti og byggingarlínur fyrir fyrirhugaðar byggingar, svo og nánari ákvæði um hæðarlegu, lögun og hæðafjölda bygginga, fjölda íbúða í íbúðarhúsum og notkun annarra bygginga. Heimilt er að kveða á um mismunandi notkun einstakra hæða bygginga.
5. Legu hvers kyns lagna og leiðslna og kvaðir á lóðir þeirra vegna.
6. Leiksvæði og önnur opin svæði, þar með talinn gróður, landslagsmótun, stíga, girðingar og lýsingu.
7. Aðgerðir til varnar gegn umferðarhávaða, vatns- eða ofanflóðum.
8. Friðanir samkvæmt náttúruverndar- og þjóðminjalögum og aðra þætti sem varðveita skal og ákvæði um hverfisvernd taka til.
9. Hættu- og verndarsvæði samkvæmt aðalskipulagi.
10. Fyrirkomulag brunavarna.

20. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um sumarbústaðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

21. gr.

Auglýsing deiliskipulagstillögu, umfjöllun um athugasemdir.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi sem ekki fer til staðfestingar ráðherra skal hún auglýst og kynnt á þann hátt sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 13. gr.

Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun skv. 4. mgr.

Berist athugasemdir innan tilskilins frests skal skipulagsnefnd viðkomandi sveitarfélags fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til athugasemdanna og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef breyting er óveruleg skal gefa aðilum sem athugasemdir gerðu um þau atriði er breytingin varðar kost á að tjá sig um hina breyttu tillögu áður en hún er tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Ákveði sveitarstjórn hins vegar að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag, sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn, ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn þegar í stað.

22. gr.

Meðferð deiliskipulagstillögu til staðfestingar.

Ef staðfesta á deiliskipulag, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr., skal meðferð skipulagstillögu vera eins og um tillögu að aðalskipulagi sé að ræða, sbr. 12.–14. gr.

23. gr.

Birting og gildistaka deiliskipulags.

Sveitarstjórn birtir samþykkt deiliskipulags í Lögbirtingablaðinu og einnig svo sem venja er um tilkynningar stjórnvalda í sveitarfélaginu og tekur skipulagið þá gildi.

Staðfesti ráðherra deiliskipulag öðlast það gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

24. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Málsmeðferð fer þá eftir því hvort gildandi skipulag er samþykkt eða staðfest.

Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða, enda hafi þeim sem hagsmuna eiga að gæta verið gefinn kostur á að tjá sig um hana. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun hið breytta skipulag til athugunar, sbr. 21. gr., eða staðfestingarmeðferðar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., ásamt athugasemdum hagsmunaaðila, umsögn sinni um þær og yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna.

Samþykktar eða staðfestar breytingar á deiliskipulagi taka gildi þegar þær hafa verið birtar, sbr. 23. gr.

25. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórna eða skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á 12 ára tímabili og laga hana að gildandi landsskipulagsáætlunum.

Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem undir það falla. Við gerð svæðisskipulags skal gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Skipulagsstofnun skal tilnefna fulltrúa sinn til þess að starfa með nefndinni með fullum réttindum annarra nefndarmanna, öðrum en atkvæðisrétti. Að fengnum tillögum samvinnunefndarinnar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda.

Svæðisskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, ef sveitarstjórn á svæðinu gerir samþykkt þar um.

26. gr.

Svæðisskipulag miðhálendis.

Ráðherra er heimilt að skipa samvinnunefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands. Svæði þess markast í aðalatriðum af línu sem dregin skal milli heimalanda og afrétta.

Héraðsnefndir þær, sem hlut eiga að máli, skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar og ákveður henni starfstíma.

Um málsmeðferð tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis fer skv. 27. gr.

27. gr.

Kynning og samþykkt svæðisskipulags.

Þegar samvinnunefnd hefur lokið gerð tillögu að svæðisskipulagi skal tillagan auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í fjórar vikur.

Íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til samvinnunefndar. Samvinnunefnd tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn samvinnunefndar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan þriggja mánaða taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir og Skipulagsstofnun hafa samþykkt það.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag eða tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.

28. gr.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð.

Þegar fyrirhugað mannvirki, t.d. þjóðvegur, orkumannvirki eða fjarskiptalína, nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur sá aðili, sem ábyrgð ber á framkvæmdinni, óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Svæðisskipulagsmeðferð samkvæmt þessari grein er fólgin í því að Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að legu mannvirkis eftir að hafa kynnt hana viðkomandi sveitarstjórnum. Tillagan skal auglýst og staðfest sem um aðalskipulag væri að ræða, sbr. 13. og 14. gr.

29. gr.

Landsskipulag.

Skipulagsstofnun skal í samvinnu við opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra. Skipulagsstofnun skal afla gagna og hafa aðgang að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði.

30. gr.

Landmælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Sveitarstjórn, í samvinnu við Skipulagsstofnun, ákveður hvar mælingar, myndataka úr lofti og kortagerð skuli fara fram hverju sinni.

Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

31. gr.

Lóðaskrár.

Sveitarstjórnir láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang lóðaskrár, sbr. 1., 5. og 9. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

32. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í lóðaskrá, sbr. 31. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir lóðaskrá og þinglýsingarstjóra.

33. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku aðal- eða deiliskipulags eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulagsáætlunina.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

34. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja varðveislu þess.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðaskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum og sanngjörnum hætti leitast við að ná samningum við eiganda þeirrar eignar eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir reglum laga nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

35. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði.

Eigi er þó skylt að greiða bætur ef og að svo miklu leyti sem skipulagsákvörðun sú, er krafa um bætur byggist á, er beinlínis tekin til þess að bæta úr ágöllum sem tengjast fasteigninni eða uppfylla kröfur laga og reglugerða til hennar.

Ef samþykkt skipulags veldur aðila verulegu fjárhagstjóni eða svo miklu óhagræði að ekki sé réttmætt með tilliti til eðlilegra hagsmuna hans að ætlast til þess að hann nýti fasteign sína áfram getur hann krafist þess að sveitarstjórn leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Fallist sveitarstjórn á hana skal matsnefnd eignarnámsbóta, sbr. lög nr. 11/1973, falið að ákveða kaupverð. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur.

36. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð áætlana sem ná til landsins alls greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum eða fyrirtækjum. Skipulagsstofnun ber kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning.
3. Þar sem sveitarstjórn annast reglulega endurskoðun og gerð aðalskipulags án sérstaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfærir stofnunin árlega til sveitarsjóðs helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, sbr. 37. gr.
4. Með sérstökum samningi sveitarfélags við Skipulagsstofnun getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarþáttöku Skipulagsstofnunar.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
6. Kostnaður við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð sem nauðsynleg er vegna aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul. Í þeim sveitarfélögum tekur Skipulagsstofnun ekki þátt í kostnaði. Sami kostnaður, sem nauðsynlegur er vegna svæðisskipulags, skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

37. gr.
Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald er nefnist skipulagsgjald. Skipulagsgjald nemur 3‰ af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Nú er um að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs og skal þá miða skipulagsgjaldið við endurstofnverð mannvirkisins. Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

IV. KAFLI
Mannvirki.

38. gr.
Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan, þar á meðal holræsa og annarra mannvirkja sem áhrif hafa á umhverfið, svo sem breyting lands með jarðvegi, gróðri og efnistöku.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, vegir, brýr og jarðgöng utan þéttbýlis, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Enn fremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara.

39. gr.
Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga byggingarreglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd þessa kafla. Byggingarreglugerð nær til landsins alls.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi fatlaðra, öryggi, tæknilegan frágang og viðhald. Kveða skal á um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræsingu, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, umgengni og öryggi á vinnustöðum, gróður og frágang lóða. Enn fremur skulu vera ákvæði um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa og þess háttar.

Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, grenndarkynningu, verksviði byggingarfulltrúa, gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð, sem byggingarfulltrúi lætur í té, og hvernig þau skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og þarfnast skýringa, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til annarra reglugerða sem áhrif hafa á framkvæmd hennar og gildandi staðla um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum. Enn fremur skal vísa til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær er byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar skal m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðisbyggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytisins og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

40. gr.

Hlutverk byggingarnefnda.

Byggingarnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem það á við, fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarnefnd fjallar um leyfisumsóknir sem berast og gerir tillögu um endanlega úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Byggingarnefnd leitar umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila, m.a. ferlinefndar fatlaðra.

41. gr.

Störf byggingarnefnda.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi, a.m.k. einu sinni í mánuði, svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

Nefndinni er skylt að rökstyðja synjanir á erindum sem henni berast. Ákvarðanir nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Hafi sveitarstjórn ekki tekið ályktun byggingarnefndar til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá því að hún var gerð telst hún samþykkt.

Byggingarnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum, minni háttar framkvæmdum, enda sé ótvírætt að framkvæmd samræmist gildandi deiliskipulagi og að hönnunargögn séu fullnægjandi. Erindi, sem byggingarfulltrúi afgreiðir með þessum hætti, skulu færð til bókar á næsta fundi nefndarinnar til formlegrar afgreiðslu.

Þegar sótt er um leyfi fyrir nýbyggingu, viðbyggingu, breytingu á húsi eða verulegri breytingu á notkun húss í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða kveður ekki greinilega á um að aðgerðir þær sem sótt er um séu heimilar skal skipulagsnefnd fjalla um málið áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Byggingarnefnd lætur fara fram grenndarkynningu sem felst í því að nágrönnum, er hagsmuna eiga að gæta, skal gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd innan þess frests sem nefndin setur og skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um fyrirhugaða framkvæmd skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er honum heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Rísi ágreiningur milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls sker ráðherra úr en leita skal hann áður umsagnar Skipulagsstofnunar.

42. gr.

Byggingarfulltrúar.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að aðaluppdrættir séu í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir, lög og reglugerðir.

Byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna framkvæmdaleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og leyfi til niðurrifs mannvirkja og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir og eftirlit einstakra þátta byggingarframkvæmda, eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn sem ákvarðanir byggingarnefndar eru byggðar á séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

43. gr.

Byggingareftirlit.

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis ábótavant eða stafi af því hætta að mati byggingarfulltrúa, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum og byggingarlýsingu, skal hann gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

Sinni eigandi eða umráðamaður ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur innan tiltekins frests fer um málsmeðferð skv. 60. gr.

44. gr.

Kröfur til hönnunar og efnisvals.

Byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða að krefjast prófreikninga hönnunar frá löggiltum prófhönnuði á kostnað byggjanda.

Byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og hús skulu hafa hlotið vottun faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnareglugerða, standist staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda.

Byggingarfulltrúi getur krafið framleiðanda eða innflytjanda um vottorð eða prófunarskýrslu frá faggiltri prófunarstofu á viðkomandi byggingarsviði um að byggingarefni, sem er til sölu, standist kröfur staðla og byggingarreglugerðar.

Framleiðandi raðframleiddra byggingareininga og húsa ber fimm ára ábyrgð á göllum sem fram kunna að koma á þessari vöru og rekja má til hönnunar hennar eða framleiðslu.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að óháðum löggiltum hönnuðum eða sérfræðingum með tilhlýðilega þekkingu sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist. Standist mannvirkið ekki prófun skal byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

45. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarnefndar.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma eða á breyttri notkun húss. Það felur ekki í sér leyfi til framkvæmda skv. 47. gr.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989.

46. gr.

Staðfesting sveitarstjórnar.

Byggingarleyfi öðlast ekki gildi fyrr en sveitarstjórn hefur samþykkt það.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, þar sem við á, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Staðfesting skv. 1. tölul. fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar.

47. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfi veitir heimild til framkvæmda í samræmi við byggingarleyfi. Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út. Framkvæmdaleyfi skal vera skriflegt og er heimilt að gefa það út þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Byggingarfulltrúi hefur áritað öll hönnunargögn sem snerta þá þætti framkvæmda sem leyfðir eru og samræmingarhönnuður hefur áritað þau.
2. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum og tilkynnt byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

48. gr.

Gildistími byggingar- og framkvæmdaleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi ef framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út innan 12 mánaða frá samþykkt sveitarstjórnar. Sömuleiðis fellur framkvæmdaleyfi úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Byggingarframkvæmdir teljast hafnar í þessu sambandi þegar undirstöður hafa verið gerðar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi framkvæmdaleyfið og þann hluta byggingarleyfisins sem ekki er farið að nota.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 60. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

49. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja sem heyra undir þessi lög greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti og séruppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, skipulagi lóðar og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Séruppdrættir eru:

1. Byggingaruppdrættir sem gera nánari grein fyrir mannvirki í heild sinni.
2. Uppdrættir að skipulagi lóðar, gróðri og girðingum.
3. Burðarþolsuppdrættir sem gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.
4. Kerfisuppdrættir er sýna eðli, fyrirkomulag og frágang innri og ytri þjónustukerfa, svo sem brunavarna- og lagnakerfa, þar með talinna raflagnakerfa, svo og hvers konar boð-, stjórn- og rafkerfa.
5. Deiliuppdrættir er gera nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á öðrum uppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

50. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 51. og 52. gr. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Ákveða skal samræmingarhönnuð fyrir sérhvert mannvirki. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum á að séruppdrættir, sem lagðir eru fram til samþykktar, séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

51. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir, sem sækja um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skulu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitis samkvæmt lögum nr. 62/1986.

Umsækjandi skal hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutími skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

Ráðherra getur sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingu að umsækjandi hafi staðist próf í íslenskri skipulags- og byggingarlöggjöf ásamt tilheyrandi reglugerðum sem Skipulagsstofnun stendur fyrir.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta hönnuði til byggingarfulltrúa.

52. gr.

Löggilding á sérsviði.

Arkitektar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu ráðherra til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar, byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.

Byggingarfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.

53. gr.

Löggilding prófhönnuða.

Verkfræðingar með sérmenntun og löggildinu á viðkomandi hönnunarsviði geta hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir, enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á þessu sviði, þar af minnst eitt ár við eftirlit með framkvæmdum.

Ráðherra setur nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Setja má það skilyrði að umsækjandi gangist undir próf.

54. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis skal vera byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 55. gr. og tilskilið starfsleyfi.
2. Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Byggingarstjóri gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta. Við lok framkvæmda skal byggingarstjóri staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

55. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Samtaka iðnaðarins. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta iðnmeistara til byggingarfulltrúa.

V. KAFLI
Leyfisgjöld.

56. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnir skulu ákveða gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Jafnframt skal ákveða gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

57. gr.

Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til þess að afla bílastæða þannig að gagn verði að fyrir þá lóð sem um er að ræða.

Ef fimm ár líða frá greiðslu bílastæðagjalds án þess að aflað sé bílastæða skv. 2. mgr. og ekki eru gildar ástæður fyrir drættinum má krefja sveitarstjórn um endurgreiðslu gjaldsins með vöxtum.

58. gr.

Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 56. og 57. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

VI. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

59. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laganna, brýtur í bága við skipulag, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en byggingarnefnd hefur heimilað getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Hann skal leita staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem verða má.

Byggingarnefndin getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni varð kunnugt um málið getur Skipulagsstofnun látið fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

60. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

61. gr.

Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 51. eða 52. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu og skal tilkynna ráðherra um hana. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því að ráðherra svipti hlutaðeigandi hönnuð löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

62. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu og skal tilkynna ráðherra um hana. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

63. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Refsimál samkvæmt lögum þessum skal því aðeins höfðað að áður hafi reynt á þvingunarúrræði 59.–62. gr.

Með mál samkvæmt grein þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

VII. KAFLI

Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

64. gr.

Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðunm eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga sem hlut geta átt að máli. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

65. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í 25. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, falla brott orðin „á skipulegum svæðum".

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 39. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.
3. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
4. Þeir sem gegna starfi byggingarfulltrúa við gildistöku laga þessara eiga rétt á löggildingu skv. 7. gr. laga þessara.

Um athugasemdir við frumvarpið vísast til samhljóða athugasemda á þskj. 390, 251. mál 120. löggjafarþings, bls. 2064–2080 í A-deild Alþt. 1995.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til skipulags- og byggingarlaga.

Með frumvarpi þessu eru sameinuð og endurskoðuð skipulagslög, nr. 19/1964, og byggingarlög, nr. 54/1978. Þeir þættir, sem munu að mati fjármálaráðuneytis hafa áhrif á útgjöld og tekjur ríkissjóðs, eru eftirfarandi:

1. Skipulagsgjald verður nú innheimt af öllum mannvirkjum sem reist verða (37. gr.), en í núgildandi lögum er það einungis innheimt af nýbyggingum. Skipulagsgjald er óbreytt og nemur 3‰ af brunabótamati hvers mannvirkis sem reist er. Ef um er að ræða mannvirki sem ekki er metið til brunabótaverðs skal miða skipulagsgjaldið við

endurstofnverð mannvirkisins. Hér er um umtalsverða viðbót að ræða þar sem gjaldið mun nú ná til allrar mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna, flugvalla, virkjana, veitna o.fl. Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hvað telst vera mannvirki eða hvort miðað sé við einhver neðri mörk í álagningu gjaldsins, en gert er ráð fyrir að það verði skilgreint í skipulags- og byggingarreglugerð eftir því sem talin er þörf á.

Það er mat Þjóðhagsstofnunar að fjármunamyndun í mannvirkjum hins opinbera, öðrum en húsbyggingum sem greitt er skipulagsgjald af samkvæmt gildandi lögum, geti numið um 15 milljörðum kr. á árinu 1996. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir sambærilegt mat fyrir næsta ár. Sé gert ráð fyrir að fasteignamat slíkra mannvirkja nálgist kostnaðarverð má ætla að 3‰ skipulagsgjald gefi um 45 m.kr. í tekjur til viðbótar við 72,4 m.kr. sem áætlað er að skipulagsgjald gefi af sér í sértekjur við embætti skipulagsstjóra ríkisins í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997. Mannvirki í einkageiranum, önnur en nýbyggingar, verða einnig skipulagsgjaldsskyld með frumvarpinu, en slík mannvirki eru fá enn sem komið er.

2. Í 36. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um greiðslu kostnaðar.

1. tölul. fjallar um kostnað við gerð svokallaðs landsskipulags. Sá kostnaður greiðist að fullu af viðkomandi stofnun en Skipulagsstofnun ber kostnað af gagnaöflun og vinnslu sem hún annast fyrir landsskipulag. Unnið hefur verið að svokölluðu landfræðilegu upplýsingakerfi, en stefnt er að því að færa gagnaupplýsingar inn í það. Heildarkostnaður Skipulagsstofnunar af landsskipulagi er talinn geta numið um 2 m.kr. og meira ef til þess kemur að landsskipulag verði meira en upplýsingabanki og rammi fyrir aðrar skipulagsáætlanir.

2. tölul. kveður á um að kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áður gerðan samning. Embætti skipulagsstjóra telur að á næsta áratug verði ráðist í tíu ný svæðisskipulagsverkefni og muni hvert þeirra kosta ríkissjóð um 5 m.kr., samtals um 50 m.kr. Að auki er gert ráð fyrir 3 m.kr. á ári til endurskoðunar svæðisskipulagsáætlana. Þetta er svipaður kostnaður og gert er ráð fyrir í þetta verkefni á næsta ári þannig að ekki er um kostnaðarauka að ræða.

Í 3. tölul. segir að þar sem sveitarstjórnir annist reglulega endurskoðun og gerð aðalskipulags án sérstaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfæri stofnunin árlega til sveitarsjóðs allt að helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu. Hér er um að ræða alls 15–20 m.kr. sem endurgreiðast til tíu sveitarfélaga og er það ekki breyting frá því sem nú er.

4. tölul. kveður á um kostnað við gerð aðalskipulags en með sérstökum samningi sveitarfélags við Skipulagsstofnun getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja er unnt að semja um aukna kostnaðarþátttöku Skipulagsstofnunar. Í ákvæði til bráðabirgða segir að tíu árum eftir gildistöku laganna skuli öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag, en talið er að það séu um 40 nýjar aðalskipulagsáætlanir. Ef miðað er við helmingaskipti getur hlutur ríkissjóðs í kostnaði hvers þeirra numið 3 m.kr. eða samtals 120 m.kr. Sé þeim kostnaði dreift á næsta áratug yrði hann um 12 m.kr. á ári. Því til viðbótar má reikna með 10 m.kr. á ári til endurskoðunar aðalskipulagsáætlana. Árlegur kostnaður mundi því nema um 22 m.kr. og er það um 8 m.kr. aukning miðað við það sem nú er.

Í 5. tölul. er kveðið á um að deiliskipulag greiðist úr sveitarsjóði og er það óbreytt frá gildandi fyrirkomulagi.

Í 6. tölul. er fjallað um kostnað við mælingar, loftljósmyndun og kortagerð sem nauðsynleg er vegna aðalskipulags og svæðisskipulags. Kveðið er á um að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði en að sveitarfélög skuli endurgreiða helming slíks kostnaðar. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum en í reynd hefur þetta verið framkvæmt með þessum hætti. Talið er að kostnaður við þetta verkefni geti numið um 6 m.kr. sem er svipað og verið hefur.

Alls er áætlað að kostnaðarauki vegna 36. gr. geti numið um 10 m.kr.

3. Skipulagsstjórn ríkisins, sem skipuð er fimm mönnum, verður lögð niður samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála (8. gr.) sem skipuð verði þremur mönnum. Ætla má að sparnaður af niðurlagningu skipulagsstjórnar vegi á móti kostnaðarauka vegna úrskurðarnefndarinnar.
4. Gert er ráð fyrir að Skipulagsstofnun standi fyrir prófum fyrir hönnuði og próf-hönnuði sem leita löggildingar. Kostnaðarauki af slíkum prófum er talinn vera óverulegur en að mati fjármálaráðuneytis er eðlilegt að þau standi undir sér með próf-gjöldum.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það hafa í för með sér að útgjöld aukist um 10 m.kr. Áætlaður tekjuauki er um 45 m.kr., að því gefnu að skipulagsgjaldið innheimtist að fullu. Hluti þessara auknu tekna endurgreiðist til þeirra sveitarfélaga sem sjálf annast sín skipulagsmál, sbr. 3. tölul. 36. gr.

Ekki er talið að frumvarpið muni hafa veruleg áhrif á útgjöld sveitarsjóða.

102. Frumvarp til laga [99. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1995 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1995
A-HLUTI

Tekjur:	
Skatttekjur	
Skattar á tekjur einstaklinga	16.577.605
Skattar á tekjur lögaðila	4.596.729
Tryggingagjöld	11.631.618
Eignarskattur	3.969.173
Virðisaukaskattur	41.377.797
Tollar, vörugjöld og önnur gjöld af innflutningi	14.471.319
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6.638.644
Skattar ótaldir annars staðar	6.937.626
Skatttekjur samtals	**106.200.531**
Rekstrartekjur	
Arðgreiðslur	2.859.477
Vaxtatekjur	4.683.210
Aðrar rekstrartekjur	291.301
Rekstrartekjur samtals	**7.833.988**
Sala eigna	**155.164**
Tekjur samtals	**114.189.683**
Gjöld:	
Æðsta stjórn ríkisins	1.391.065
Forsætisráðuneyti	834.236
Menntamálaráðuneyti	17.336.801
Utanríkisráðuneyti	1.873.332
Landbúnaðarráðuneyti	6.481.175
Sjávarútvegsráðuneyti	1.114.234
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.186.072
Félagsmálaráðuneyti	9.649.575
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	49.641.837
Fjármálaráðuneyti	23.320.449
Samgönguráðuneyti	9.189.660
Iðnaðarráðuneyti	1.221.468
Viðskiptaráðuneyti	200.125
Hagstofa Íslands	149.535
Umhverfisráðuneyti	766.238
Gjöld samtals	**129.355.802**
Tekjujöfnuður	**-15.166.119**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1995
A-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankareikningur	5.136.169
Óinnheimtar ríkistekjur	23.336.884
Skammtímakröfur, aðrar	12.808.166
Vöru- og efnisbirgðir	359.070
Veltufjármunir samtals	**41.640.289**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Veitt löng lán	57.382.327
Hlutabréf	2.969.429
Stofnfjárframlög	4.511.491
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**64.863.246**
Eignir samtals	**106.503.535**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	459.551
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé	1.131.440
Ógreidd gjöld (án vaxta)	2.451.551
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	7.103.157
Tekin stutt lán	16.992.124
Aðrar skammtímaskuldir	5.645.751
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	22.050.751
Skammtímaskuldir samtals	**55.834.325**
Langtímaskuldir	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	19.019.934
Tekin löng innlend lán	69.321.518
Næsta árs afb. af innl. lánum fluttar á skammtímaskuldir	-13.194.273
Tekin löng erlend lán	127.261.112
Næsta árs afb. af erl. lánum fluttar á skammtímaskuldir	-8.856.478
Langtímaskuldir samtals	**193.542.813**
Lífeyrisskuldbindingar	**81.398.673**
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-195.317.546
Endurmat	-13.788.611
Tekjujöfnuður	-15.166.119
Höfuðstóll í árslok	**-224.272.276**
Skuldir og höfuðstóll samtals	**106.503.535**

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1995 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1995
B-HLUTI

Tekjur:	
Rekstrartekjur	40.235.172
Vaxtatekjur	18.116.974
Aðrar fjármunatekjur	345.481
Framlög samtals	8.848.457
Óreglulegar tekjur	515.845
Tekjur samtals	**68.061.929**
Gjöld:	
Rekstrargjöld	
Laun og launatengd gjöld	10.060.200
Hráefni og vörur til endursölu	9.610.410
Afskriftir	2.909.345
Önnur rekstrargjöld	11.490.997
Rekstrargjöld samtals	**34.070.952**
Vaxtagjöld	18.117.360
Önnur fjármagnsgjöld	861.285
Tilfærslur	6.990.853
Óregluleg gjöld	1.531.295
Gjöld samtals	**61.571.745**
Hagnaður til ráðstöfunar	**6.490.184**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1995
B-HLUTI

Eignir:	
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnistæður	7.777.475
Skammtímakröfur	20.432.414
Vöru- og efnisbirgðir	1.981.211
Veltufjármunir samtals	**30.191.100**
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur/veitt löng lán	242.927.044
Afskriftarreikningur útlána	-10.428.285
Hlutafé og stofnfjárframlög	769.080
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	**233.267.839**
Varanlegir rekstrarfjármunir	
Farartæki og vélar	11.417.785
Fasteignir	23.569.102
Orkumannvirki	10.693.835
Aðrar eignir	1.824.034
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	**47.504.756**
Eignir samtals	**310.963.695**
Skuldir:	
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	341.566
Ógreidd gjöld	3.589.314
Viðskiptareikningar	6.036.671
Tekin stutt lán	1.639.397
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	3.315.190
Skammtímaskuldir samtals	**14.922.138**
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals	210.022.931
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	-3.315.190
Langtímaskuldir samtals	**206.707.741**
Lífeyrisskuldbindingar	**15.400.692**
Eigið fé:	
Eigið fé í ársbyrjun	86.493.661
Ráðstöfun hagnaðar á eigið fé	-758.836
Lífeyrisskuldbindingar til ársloka 1994	-13.396.485
Aðrar breytingar	1.594.784
Eigið fé í árslok samtals	**73.933.124**
Skuldir og eigið fé samtals	**310.963.695**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1995 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjármálaráðherra til forseta í ágúst 1996.

Helstu niðurstöður.

Á árinu 1995 nam tekjuhalli ríkissjóðs 15,2 milljörðum króna eða 13,3% af tekjum ársins. Árið á undan nam hallinn 15,6 milljörðum króna eða 14,1% af tekjum þess árs. Hallinn lækkaði því lítils háttar á milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 18,5 milljörðum króna á árinu 1995 sem jafngildir 4,0% af landsframleiðslu ársins, samanborið við 15,5 milljarða króna árið 1994 eða um 3,6% af landsframleiðslu þess árs.

Í milljónum króna	Reikningur 1995	Reikningur 1994	Breyting m.kr.	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1995
Tekjur	114.190	110.364	3.826	3,5	114.413
Gjöld	129.356	125.939	3.417	2,7	123.344
Tekjujöfnuður	**-15.166**	**-15.575**	**409**	.	**-8.931**
Hrein lánsfjárþörf	**18.459**	**15.515**	**2.944**	.	**18.590**
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
Tekjur	25,0	25,5	.	.	25,1
Þar af skatttekjur	23,3	23,0	.	.	23,5
Gjöld	28,4	29,1	.	.	27,1
Tekjujöfnuður	**-3,3**	**-3,6**	.	.	**-2,0**
Hrein lánsfjárþörf	**4,0**	**3,6**	.	.	**4,1**

Tekjur ríkissjóðs námu alls 114,2 milljörðum króna á árinu 1995 eða 25,0% af landsframleiðslu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 3,8 milljarða króna eða um 3,5%.

Hækkun tekna sundurliðast þannig að skatttekjur hækka um 6,4 milljarða króna, en vaxtatekjur og aðrar tekjur lækka um 2,6 milljarða króna. Hækkun skatttekna skiptist þannig að tekju- og eignarskattar hækka um 2,9 milljarða króna, virðisaukaskattur um 1,6 milljarða króna, tryggingagjöld um 0,9 milljarða króna og aðrir skattar á vöru og þjónustu um 1,0 milljarð króna.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 skiptust þannig að skattar á tekjur námu 18,5%, tryggingagjöld og launaskattar 10,2%, eignarskattar 3,5% og skattar á vöru og þjónustu 60,8%. Þá voru fjármunatekjur 6,6% og aðrar tekjur 0,4%. Af sköttum á vöru og þjónustu er virðisaukaskattur stærstur og var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36,2% af heildartekjunum, en skattar af framleiðslu og innflutningi námu 12,7%.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 129,4 milljörðum króna á árinu 1995 eða 28,4% af landsframleiðslu ársins. Gjöld ríkissjóðs hækkuðu um 3,4 milljarða króna eða um 2,7% á milli ára. Af einstökum liðum sem hækka á milli ára má nefna; lífeyris- og sjúkratryggingar um 1,4 milljarða króna, fjármagnskostnað ríkissjóðs um 1,6 milljarða króna, útgjöld til heilbrigðismála um 0,9 milljarða króna og framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 0,8 milljarða króna.

Árið 1995 námu rekstrar- og viðhaldsgjöld um 39,9% af gjöldum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar 2,9%, fjármagnskostnaður 12,4%, stofnkostnaður 5,5% og tilfærslur 39,3%. Af einstökum gjaldaflokkum voru tryggingamál fjárfrekust eða um 22,3% af heildinni, heilbrigðismál 15,9% og mennta- og menningarmál 13,2%. Gjöld til þessara málaflokka að viðbættum vaxtagjöldum af lánum námu 63,8% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 1995. Er það ívið hærra hlutfall en árið á undan en þá nam það 62,2%.

Yfirlitið að framan sýnir einnig greiðsluuppgjör ársins 1995. Þar kemur fram að tekjuhalli ríkissjóðs eykst úr 8,9 milljörðum í greiðsluuppgjöri í 15,2 milljarða króna í reikningi eða um 6,3 milljarða króna. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð. Stærstu liðir af þessu tagi í uppgjöri ársins 1995 eru 3,0 milljarðar króna vegna lífeyrisskuldbindingar ársins og áfallnir ógjaldfallnir vextir jukust um 3,1 milljarð króna á milli ára.

Skuldastaða og greiðslubyrði lána.

Yfirlitið hér að neðan gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 1995. Af heildarlántökum ríkissjóðs var um fimmtungs aflað á innlendum markaði. Ákveðið var að selja ekki húsnæðisbréf til fjáröflunar Húsnæðisstofnunar á árinu og tók ríkissjóður að sér að hafa milligöngu um öflun lánsfjár til að brúa fjárþörf byggingarsjóðanna. Í reikningsskilunum kemur þetta fram sem lántaka ríkissjóðs og jafnframt sem lánveiting hans til sjóðanna. Á árinu 1995 veitti ríkissjóður Byggingarsjóði ríkisins rösklega 8,1 milljarð króna í langtímalán.

Í milljónum króna	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afborganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
Skuldir				
Spariskírteini	52.161	2.115	854	55.130
Ríkisvíxlar/ríkisbréf	20.193	1.980	-	22.173
Önnur innlend lán	11.118	-2.204	95	9.009
Erlend lán samtals	113.633	15.085	-1.457	127.261
Tekin lán samtals	**197.106**	**16.976**	**-508**	**213.575**
Áfallnir ógjaldfallnir vextir af spariskírteinum	16.824	2.187	-	19.011
Skuldir samtals	**213.929**	**19.163**	**-508**	**232.586**
Lánveitingar				
Veitt löng lán	55.383	8.718	-38	64.064
Veitt stutt lán	86	-16	-	70
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir	13.597	-466	-70	13.061
Lánveitingar samtals	**69.066**	**8.236**	**-107**	**77.195**
Skuldir umfram lánveitingar	**144.863**	**10.927**	**-400**	**155.392**

Mismunur á teknum og veittum lánum gefur til kynna hver lánsfjárþörf ríkissjóðs er til eigin þarfa. Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 1995 námu 233 milljörðum króna, en að teknu tilliti til lánveitinga voru þær rúmlega 155 milljarðar króna eða rúm 34% af landsframleiðslu ársins.

Vaxtagjöld og lántökukostnaður ríkissjóðs námu alls 16,0 milljörðum króna á árinu 1995 samanborið við 14,3 milljarða króna árið á undan. Vaxtatekjur ríkissjóðs lækkuðu hins vegar úr 5,0 milljörðum króna í 4,7 milljarða króna á milli ára.

Í milljónum króna	Reikningur 1995	Reikningur 1994	Breyting m.kr.	Breyting %	Greiðslu-uppgjör 1995
Vaxtagjöld og lántökukostnaður					
Innlend lán	7.580	6.919	661	9,6	4.545
Erlend lán	8.402	7.405	997	13,5	7.895
Vaxtagjöld og lántökukostnaður alls	**15.982**	**14.324**	**1.658**	**11,6**	**12.440**
Vaxtatekjur					
Dráttarvextir	749	1.273	-524	-41,2	1.411
Vextir af skammtímakröfum	194	164	30	18,3	140
Vextir af langtímakröfum	3.741	3.574	167	4,7	3.587
Vaxtatekjur samtals	**4.683**	**5.010**	**-326**	**-6,5**	**5.138**
Vaxtakostnaður umfram vaxtatekjur	**11.299**	**9.314**	**1.984**	**21,3**	**7.302**

Með stöðugum hallarekstri ríkissjóðs undanfarin ár hafa vaxtagjöld orðið sífellt fyrirferðarmeiri útgjaldaliður. Þannig námu vaxtagjöldin 12,4% af útgjöldum ríkissjóðs árið 1995 samanborið við 10,2% árið 1990. Vaxtatekjurnar námu hins vegar 4,1% af tekjum ríkissjóðs árið 1995 samanborið við 4,9% árið 1990.

Lífeyrisskuldbindingar.

Með ríkisreikningi fyrir árið 1989 voru uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar færðar í reikningshald ríkissjóðs. Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hafa verið metnar árlega út frá réttindum sem starfsmenn hafa áunnið sér og greiðslugetu hlutaðeigandi lífeyrissjóða. Gerðar hafa verið tryggingafræðilegar úttektir á lífeyrissjóðunum á þriggja ára fresti, þ.e. miðað við árslok 1989 og 1992. Önnur ár hafa skuldbindingarnar verið framreiknaðar með hliðsjón af launabreytingum.

Vegna uppgjörs ríkisreiknings fyrir árið 1995 var við stjórnir opinberu sjóðanna, óskað eftir nýju tryggingafræðilegu mati á skuldbindingum þeirra. Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því að bæta skráningu á réttindum þeirra sem eiga aðild að þessum sjóðum. Við matið nú voru ýmsir liðir endurmetnir í ljósi betri og aðgengilegri upplýsinga en áður. Úttektin á sjóðunum sýndi töluverða hækkun frá fyrra mati sem var nauðsynlegt að leiðrétta bæði vegna vanmats í fyrri úttektum og liða sem ekki hafði verið tekið tillit til áður. Niðurstöður matsins leiddu meðal annars í ljós að bókfærðar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs eru vanmetnar í ríkisreikningi 1994 um 6,1 milljarð króna.

Í ríkisreikningi fyrir árið 1994 var greint frá því að lífeyrisskuldbindingar vegna stofnana sem reknar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum hafa ekki verið færðar hjá ríkissjóði. Skýrist það af því að ekki hefur legið fyrir hvernig skipta á þessum skuldbindingum á milli rekstraraðila. Nefnd á vegum fjármálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur unnið að samkomulagi um þessa skiptingu, en því starfi er ekki lokið. Við uppgjör ríkisreiknings 1995 var óskað eftir tryggingafræðilegu mati á skuldbindingum þessara aðila hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Til bráðabirgða var ákveðið að bókfæra hjá ríkissjóði 75% af þeim skuldbindingum sem þessir sjóðir geta ekki mætt af eignum sínum og nam það 4,3 milljörðum króna í ársbyrjun 1995.

Við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1995 var tekið fullt tillit til niðurstöðu tryggingafræðilega matsins. Samkvæmt því námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs 81,4 milljörðum króna í árslok 1995 og hækkuðu um 17,3 milljarða króna á árinu. Eftirfarandi yfirlit sýnir hvernig lífeyrisskuldbindingarnar skiptast:

Í milljónum króna	Staða í ársbyrjun	Nýjar skuldbindingar á árinu	Greiðslur á árinu	Endurmat samtals	Staða í árslok
Lífeyrisskuldbindingar					
Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins (LSR)	55.141	3.179	-479	11.557	69.398
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (LHK)	4.012	204	-43	2.978	7.151
Lífeyrissjóður alþingismanna	2.339	223	-89	-13	2.460
Lífeyrissjóður ráðherra	311	31	-14	-22	306
Eftirlaunasj. fyrrv. starfsm. Útv.b. Ísl.	1.907	33	-62	-147	1.731
Eftirlaunasj. fyrrv. bankastj. Útv.b. Ísl.	350	8	-32	32	358
Ýmsar eftirlaunagreiðslur	-	-5	-	-	-5
Lífeyrisskuldbindingar samtals	**64.060**	**3.673**	**-719**	**14.385**	**81.399**

Í greinargerð ríkisreiknings fyrir árið 1995 er fjallað ítarlega um lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og vísast til skýringa sem þar koma fram til frekari upplýsingar.

Loks ber að nefna að við ársuppgjör 1995 var B-hluta aðilum gert að færa inn lífeyrisskuldbindingar, en þær hafa almennt ekki verið birtar í reikningshaldi þeirra. Í árslok 1995 voru lífeyrisskuldbindingar B-hluta aðila metnar alls um 15,4 milljarðar króna, þar af námu skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar 9,4 milljörðum króna og Ríkisútvarps 1,6 milljörðum króna.

Höfuðstóll.

Eftirfarandi yfirlit sýnir höfuðstól A-hluta ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi 1994 og 1995.

Í milljónum króna	Reikningur 1995	Reikningur 1994
Höfuðstóll		
Höfuðstóll í ársbyrjun	-195.318	-178.480
Tekjujöfnuður	-15.166	-15.574
Endurmat, leiðrétting lífeyrisskuldbindinga í ársbyrjun	-10.342	.
Endurmat, annað	-3.446	-1.263
Höfuðstóll í árslok	**-224.272**	**-195.318**

Yfirlitið sýnir neikvæðan höfuðstól A-hluta ríkissjóðs í árslok 1995 að fjárhæð 224,3 milljarðar króna. Staðan versnaði um 29,0 milljarða króna á milli ára, þar af eru 13,8 milljarðar króna vegna endurmats og 15,2 milljarðar króna vegna tekjuhalla ársins. Fram hefur komið að í ársbyrjun 1995 voru lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs leiðréttar og voru þær færðar um endurmatsreikninginn samtals um 10,3 milljarðar króna.

Í þessu samhengi ber að hafa í huga að reikningsskil ríkisins lúta ekki að öllu leyti sömu lögmálum og reikningsskil fyrirtækja. Meginfrávikið kemur einkum fram í A-hluta ríkisreiknings og ársreikningum A-hluta stofnana að því er varðar bókhaldslega meðferð á fjárfestingu og á eignarhlutum í fyrirtækjum. Sérreglan um fjárfestingu í A-hluta er að hana ber að gjaldfæra jafnóðum í rekstrarreikningi í stað þess að eignfæra hana í upphafi í efnahagsreikningi og afskrifa síðan í rekstri í samræmi við endingar-

tíma eins og gert er í reikningsskilum fyrirtækja. Eignarhlutar í fyrirtækjum eru almennt ekki uppfærðir í efnahag ríkissjóðs nema um hlutabréfaeign sé að ræða. Höfuðstóll ríkissjóðs sýnir því ekki það sama og höfuðstóll hjá atvinnufyrirtækjum. Mismunurinn skýrist af ólíkri bókhaldslegri meðferð á fjárfestingu og eignarhlutum í fyrirtækjum. Samkvæmt ríkisreikningi er höfuðstóll ríkissjóðs verulega neikvæður. Hins vegar segir hann ekkert um heildareignir ríkissjóðs eða hæfi hans til að standa við skuldbindingar sínar þar sem ljóst er að ríkissjóður á miklar eignir sem ekki koma fram á efnahagsreikningi. Nægir að nefna miklar eignir ríkissjóðs í byggingum, samgöngumannvirkjum og ríkisfyrirtækjum.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um fjárreiður ríkisins og tekur það meðal annars til reikningsskilareglna ríkisins og ríkisreiknings. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á vorþinginu en gert er ráð fyrir að það hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Samkvæmt því er ráðgert að færa reikningsskil ríkisins nær því sem tíðkast hjá fyrirtækjum og er þar meðal annars miðað við að eignarhlutar í ríkis- og atvinnufyrirtækjum verði færðir til eignar í efnahagsreikningi. Áfram er gert ráð fyrir að fjárfesting verði gjaldfærð á kaupári en jafnframt lögð rík áhersla á að komið verði upp hjá A-hluta stofnunum skrá yfir eignir og verðmæti þeirra. Vanhöld hafa verið á því að ákvæðum núgildandi bókhaldslaga um eignaskrá hafi verið framfylgt. A-hluta stofnunum hefur verið tilkynnt að þeim beri að gera eignaskrá og hefur fjármálaráðuneyti sent þeim hugbúnað og leiðbeiningar í því skyni.

103. Frumvarp til laga [100. mál]

um fjárreiður ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI

Ríkisreikningur.

Almennt um bókhald og reikningsskil ríkisins.

1. gr.

Bókhaldi ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri þess og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ríkisaðilar.

2. gr.

Ríkisaðilar eru þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins.

Flokkun í ríkisreikningi.

3. gr.

Ríkisreikningur skiptist í eftirfarandi hluta:

1. A-hluti. Til hans teljast ríkissjóður, æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir, þar með taldir sjóðir í eigu ríkisins sem sinna starfsemi er að stærstum hluta er fjármögnuð af almennum skatttekjum. Sama á við um verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum þótt kostnaður við starfsemi þeirra sé ekki greiddur af almennu skattfé. Í A-hluta skal jafnframt gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi.
2. B-hluti. Til hans teljast ríkisfyrirtæki er starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.
3. C-hluti. Til hans teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
4. D-hluti. Til hans teljast fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og vátryggingarfyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
5. E-hluti. Til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningsár ríkisins.

4. gr.

Reikningsár ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja, skal vera almanaksárið.

Áritun ríkisreiknings.

5. gr.

Með ríkisreikningi skal fylgja áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara þar sem m.a. komi fram að reikningurinn nái til allra stofnana ríkisins og að hann sé gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Endurskoðun.

6. gr.

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga stofnana og fyrirtækja ríkisins, sbr. lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, og skal hann árita þá.

Framlagning ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti.

A-hluti ríkisreiknings.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenju, sbr. þó 1. gr., og skal m.a. geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. Reikningsyfirlit er sýni:
   1. Rekstrarreikning.
   2. Efnahagsreikning.
   3. Sjóðstreymi.

Í yfirlitum skv. 1.–3. tölul. skal sýna samanburð við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs.

b. Skýringar þar sem m.a. komi fram:
   1. Lýsing á reikningsskilaaðferðum.
   2. Yfirlit yfir lán og ábyrgðir þar sem m.a. komi fram:
      a. Tekin löng lán.
      b. Veitt löng lán.
      c. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar, m.a. vegna rekstrar og framkvæmda.
      d. Ábyrgðarskuldbindingar.
   3. Önnur yfirlit þar sem m.a. komi fram:
      a. Áhættufé í fyrirtækjum og sjóðum.
      b. Gjaldfærð fjárfesting.
      c. Útgjöld umfram heimildir.
      d. Breytingar á höfuðstólsreikningi.

Ríkistekjur.

9. gr.

Til ríkistekna í A-hluta teljast:

1. Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur.
2. Aðrar rekstrartekjur, þ.e. lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins, auk tekna af eignum, viðurlögum og sektum.
3. Tekjur af sölu eigna, sbr. þó 35. gr.
4. Fjármagnstilfærslur, þ.e. tekjur frá öðrum en opinberum aðilum sem eingöngu eru ætlaðar til að fjármagna fjárfestingar.
5. Fjárframlög, þ.e. óafturkræf framlög frá öðrum.

Skattafslættir.

10. gr.

Skattafslættir, sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum skv. 1. tölul. 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.

Útborganlega skattafslætti og bætur skal færa til gjalda.

Innheimta fyrir aðra.

11. gr.

Af sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila sem ríkissjóður innheimtir og skiptist í föstum hlutföllum skal aðeins telja þann hluta meðal ríkistekna sem ríkissjóður hefur til eigin ráðstöfunar. Sé hins vegar sveitarfélögum ætluð föst fjárhæð af hinum sameig-

inlega tekjustofni skal færa tekjurnar að fullu hjá ríkissjóði og sýna ráðstöfun þeirra á gjaldahlið rekstrarreiknings.

Sérgreindir tekjustofnar sveitarfélaga, sem ríkissjóður annast innheimtu á, teljast ekki með tekjum ríkissjóðs.

Lögbundnir tekjustofnar sem ríkissjóður innheimtir, annarra en sveitarfélaga, skulu teljast meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra koma fram á gjaldahlið A-hluta ríkisreiknings.

Sértekjur.

12. gr.

Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum skulu færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra.

Flokkun útgjalda.

13. gr.

Gjöldum skal skipt á æðstu stjórn ríkisins og ráðuneyti, en þó skal sýna fjármagnsgjöld sérstaklega. Í séryfirlitum skal sýna:

1. Skiptingu gjalda eftir málaflokkum.
2. Hagræna skiptingu útgjalda.
3. Skiptingu gjalda eftir stofnunum og viðfangsefnum.
4. Ráðstöfun fjár sem veitt er óskiptu í fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar með sundurliðunum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

Varanlegir rekstrarfjármunir.

14. gr.

Varanlega rekstrarfjármuni stofnana í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári sem til þeirra er stofnað.

Eignir utan efnahags.

15. gr.

Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.

B- og C-hluti ríkisreiknings.

16. gr.

B- og C-hluti ríkisreiknings skulu a.m.k. hafa að geyma samandregna útgáfu af ársreikningum ríkisfyrirtækja og lánastofnana sem flokkast undir 2. og 3. tölul. 3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um stytta útgáfu ársreikninga skv. 1. mgr.

D- og E-hluti ríkisreiknings.

17. gr.

Í D- og E-hluta ríkisreiknings skulu sýndar lykiltölur eða samandregin útgáfa ársreikninga fjármálastofnana og félaga, sbr. 4. og 5. tölul. 3. gr.

II. KAFLI
Ársreikningar.

Gerð ársreikninga stofnana.

18. gr.

Ársreikningar stofnana í A-hluta skulu hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 8. gr. eftir því sem við getur átt. Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra að leita eftir kennitölum um umsvif og árangur af starfsemi stofnana til birtingar með ársreikningi umfram það sem kveðið er á um í 8. gr.

Um ársreikninga stofnana ríkisaðila utan A-hluta gilda ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði sérlaga ef þau kveða á um jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar.

Undirritun ársreikninga stofnana í A-hluta.

19. gr.

Ársreikningur stofnunar í A-hluta skal undirritaður af forstöðumanni hennar og aðalbókara. Um ábyrgð fyrir gerð ársreikningsins gilda ákvæði 49. gr.

Skil á ársreikningum.

20. gr.

Allar stofnanir A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og ríkisendurskoðunar. Ríkisbókhaldi er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent ríkisbókhaldi og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Ríkisbókhald getur framlengt skilafrest um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og ríkisendurskoðunar innan þess frests sem getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra, samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

III. KAFLI
Frumvarp til fjárlaga.

Almennt.

21. gr.

Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

A-hluti frumvarps til fjárlaga.

22. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal sýna áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta og jafnframt skal þar gerð grein fyrir áætluðu sjóðstreymi og lánahreyfingum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs skulu sýndar eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Skulu þar bæði sýndir álagðir skattar og gjöld og innheimtar tekjur.

Gjöld ríkissjóðs skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum og viðfangsefnum. Gjöld skulu sýnd á rekstrargrunni, sbr. 1. mgr. 21. gr., þannig að þau sýni skuldbindingar að frádregnum sértekjum. Þá skal sýnd fjármögnun gjaldanna.

Fjárveitingar skulu flokkaðar eftir viðfangsefnum og skiptast í almenn rekstrargjöld, viðhaldsgjöld og stofnkostnað.

Lánahreyfingar ríkissjóðs skulu sundurgreindar í langtímalán eða skammtímalán.

Markaðir tekjustofnar og lögbundin framlög.

23. gr.

Breytingar á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum skal gera í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í frumvarpi til fjárlaga skal vera sérstakt yfirlit um stöðu og ráðstöfun markaðra tekna og lögbundinna framlaga.

Skýringar við tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

24. gr.

Í fjárlagafrumvarpi skal í athugasemdum gerð grein fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs og útgjaldaáformum æðstu stjórnar ríkisins, ráðuneyta, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana. Gerð skal grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga og efnislegum breytingum frá einu ári til annars. Enn fremur komi fram lýsing á helstu verkefnum einstakra ríkisaðila, verðmæti fjárfestingar og tilgangur styrkja til einkaaðila.

Æðstu stjórn ríkisins, ráðuneytum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og lánastofnunum er skylt að veita fjármálaráðherra þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar við gerð frumvarpsins.

B- og C-hluti frumvarps til fjárlaga.

25. gr.

Í B- og C-hluta frumvarps til fjárlaga skal koma fram áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingu, lántökur og lánveitingar einstakra aðila í B- og C-hluta ríkisreiknings.

Í séryfirlitum skal sýnd sundurliðun á rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Lántökur, endurlán og ábyrgðir.

26. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða. Í athugasemdum skal jafnframt vera yfirlit um heildarlántökur ríkisaðila, lánveitingar til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og skiptingu þeirra eftir helstu ábyrgðarflokkum.

Áætlun yfir fjárfestingar og lánsfjárþörf.

27. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal geyma áætlun yfir fjárfestingu opinberra aðila og lánsfjárþörf. Undirbúningur þessarar áætlunar skal vera á vegum fjármálaráðuneytis og skal það hafa forgöngu um gerð hennar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Í henni skulu m.a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m.a. til fjármögnunar og fjárráðstafana ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um lántökur opinberra aðila.
4. Yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum lánum minnst þrjú ár fram í tímann.
5. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

Langtímaáætlun.

28. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gerð grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána.

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlunin endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar.

IV. KAFLI
Framkvæmd fjárlaga.

Ráðstöfun eigna og samningar hjá A-hluta.

29. gr.

Ríkisaðilar í A-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirtaldar eignir:

1. Fasteignir.
2. Eignarhluta í félögum.
3. Skip og flugvélar.
4. Söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti.
5. Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar greinar, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal heimilt að taka á leigu og leigja út eignir skv. 1. mgr. ef um er að ræða venjubundna rekstrarleigu, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis.

30. gr.

Einstökum ráðherrum er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs við aðra ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Slíkir samningar skulu í engu breyta réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að.

Í samningi um verkefni skv. 1. mgr. skal m.a. skilgreina þá þjónustu sem ríkissjóður kaupir, greiðslur ríkissjóðs, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

Eignir keyptar nauðungarsölu og ráðstöfun þeirra hjá A-hluta.

31. gr.

Ríkisaðilar í A-hluta geta án sérstakrar lagaheimildar keypt eignir við nauðungarsölu á grundvelli veðréttar eða skilmála að baki áfallinna ábyrgðarskuldbindinga.

Eignir, sem keyptar eru skv. 1. mgr., skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt.

Viðskipti án staðgreiðslu í A- og B-hluta.

32. gr.

Ríkisaðilum í A- og B-hluta er heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda, og skal jafnan um það samið hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti.

Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta.

33. gr.

Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

34. gr.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Ráðstöfun lausafjár A-hluta.

35. gr.

Ríkisaðilum í A-hluta er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þær hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað. Söluandvirði skal skilað í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ríkisstofnun að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði.

Gjafir til A-hluta.

36. gr.

Ákveði ríkisstjórn eða ríkisstofnun að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Á sama hátt er ríkisstjórn og ríkisstofnunum óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.

Yfirfærsla umframgjalda og ónýttra fjárveitinga A-hluta.

37. gr.

Heimilt er að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna innan stofnunar, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.

Yfirfærsla lántökuheimilda.

38. gr.

Heimilt er að geyma ónýttar lántökuheimildir yfir áramót. Lántökuheimildir skulu þó falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl á næsta ári á eftir fjárlagaári því þegar þær voru veittar.

Fjárvarsla A-hluta.

39. gr.

Ríkisstofnunum er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra og með þeim skilyrðum sem hann setur að halda eigin bankareikninga.

Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.

40. gr.

Gera skal mánaðarlega greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Jafnframt skal fjármálaráðuneytið einu sinni innan reikningsársins gera grein fyrir sérstökum fjárskuldbindingum og kröfum ríkissjóðs sem áfallnar eru á árinu og ekki hafa komið til greiðslu. Að minnsta kosti einu sinni innan reikningsársins skal fjármálaráðherra gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu og helstu frávik frá fjárlögum í afkomu stofnana.

Fjárskuldbindingar B- og C-hluta.

41. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar B-, C- og D-hluta.

42. gr.

Ríkisaðilar í B-, C- og D-hluta skulu skila eðlilegum hluta af rekstrarhagnaði sínum sem arði í ríkissjóð eftir nánari reglum er fjármálaráðherra setur með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, enda mæli lög ekki fyrir um annað.

V. KAFLI
Frumvarp til fjáraukalaga.

Almennt um frumvarp til fjáraukalaga.

43. gr.

Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs.

44. gr.

Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.

45. gr.

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða óhöfnum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Ríkisreikningsnefnd.

46. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.

Ef vafi leikur á um túlkun laga þessara eða framkvæmd þeirra að öðru leyti skal óskað álits ríkisreikningsnefndar áður en ákvörðun er tekin eða reglur settar.

Skipun ríkisreikningsnefndar.

47. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri, auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Ríkisbókhald.
48. gr.

Ríkisbókhald er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Ríkisbókari veitir ríkisbókhaldi forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

Ábyrgð á fjárreiðum.
49. gr.

Forstöðumenn og stjórnir ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja er undir þá heyra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningur viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis sé gerður í samræmi við lög þessi og að staðið sé við skilaskyldu á ársreikningum til ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. KAFLI
Reglugerðir og gildistaka.
Reglugerðarheimildir.
50. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.
51. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 51. gr. skal frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997 svo og frumvarp til fjáraukalaga fyrir það ár fylgja ákvæðum laga nr. 52/1966. Sama gildir um uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997.

II.

Fyrir 1. september 1997 skal endurskoða samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs sem ríkissjóður greiðir og ekki fullnægja skilyrðum 30. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

Nýjungar í opinberri stjórnsýslu ryðja sér nú víða til rúms. Greina má þrennt sem hæst rís í þessu efni:

Í fyrsta lagi hafa samskipti löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins verið til skoðunar. Á tímum veikrar stöðu opinberra fjármála, þar sem tekjuöfluninni eru sett þröng mörk en útgjaldaþarfirnar sýnast óþrjótandi, hefur reynt á valdsvið hvors aðila um sig.

Í öðru lagi er ljóst, að hlutverk fjárlaga er margþætt. Hlutverk þeirra í hagstjórn getur stangast á við þjónustumarkmið þeirrar starfsemi sem ríkið starfrækir. Ákvörðun um lækkun útgjalda til þess að draga úr lánsfjárþörf ríkisins verður t.d. að fylgja eftir með samdrætti útgjalda til verkefna og rekstri stofnana. Samhæfing aðgerða er því forsenda árangurs.

Í þriðja lagi hafa stjórnvöld ríkja á borð við Kanada, Stóra-Bretland, Ástralíu og Nýja-Sjáland rutt leið nýrra viðhorfa og aðferða í opinberri stjórnsýslu. Þannig er nú meira lagt upp úr því að meta árangur af starfsemi ríkisins fremur en að fylgja ávallt fastsettum reglum út í hörgul; sveigjanleiki til athafna fer vaxandi og hvatt er til frumkvæðis stjórnenda ríkisins. Veigamikill liður í því að nýjar leiðir séu færar er að upplýsingar um ráðstöfun fjármuna og árangur í starfi séu sem gleggstar. Þáttur í þessu er endurskoðun fjárlagagerðar og reikningshalds ríkisins. Af þessu hefur verið dreginn drjúgur lærdómur.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um fjárreiður ríkisins, þ.e. um ríkisreikning, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkissjóðs. Gildandi löggjöf um þetta efni er brotakennd, jafnframt því sem skort hefur skýrar lagareglur um framkvæmd fjárlaga.

Frumvarpið felur annars vegar í sér endurskoðun á núverandi lögum, einkum lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði um framkvæmd fjárlaga. Að sumu leyti koma þau í stað eldri lagaákvæða, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, sem lagt er til að falli niður, en að öðru leyti er hér um nýmæli að ræða.

Á árinu 1990 fól fjármálaráðherra ríkisreikningsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum nr. 52/1966, að endurskoða reglur um bókhald ríkisins, reikningsskil þess og gerð fjárlaga. Ríkisreikningsnefnd skilaði tillögum sínum í sérstakri greinargerð í nóvember 1994 er nefnist Fjárreiður ríkisins. Frumvarpið byggir í megindráttum á þeim tillögum.

Frumvarpið er samið í kjölfar mikilla breytinga sem orðið hafa á gerð ársreikninga, bókhaldi, tölvutækni og hvers konar upplýsingastreymi. Á þetta jafnt við einkaaðila og hið opinbera. Þörfin fyrir upplýsingar um þjóðhagsstærðir og peningamál hefur aukist. Þá hafa sveitarfélög tekið bókhaldsreglur sínar til gagngerrar endurskoðunar. Reikningsskil ríkisins hafa að sama skapi tekið ýmsum breytingum án þess að fram hafi farið heildarendurskoðun laga.

Helstu markmið sem lögð voru til grundvallar við samningu frumvarpsins eru:

— að setja heildstæð lög um fjárreiður ríkisins,
— að skilgreina ríkisaðila, ríkistekjur og ríkisútgjöld í samræmi við alþjóðastaðla,
— að byggja reikningsskil ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja í meginatriðum á nýsettum lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 145/1994, um bókhald,
— að færa til eignar í efnahagsreikningi hlut ríkisins í fyrirtækjum eða sjóðum óháð rekstrarformi þeirra,

— að sýna í ríkisreikningi lykiltölur úr ársreikningum allra ríkisaðila, þar með talinna lánastofnana, ríkisbanka og hluta- og sameignarfélaga í meirihlutaeigu ríkisins,
— að framsetning fjárlaga verði á rekstrargrunni með sama hætti og ríkisreikningur og jafnframt verði sýnt sjóðstreymi,
— að gera fjárlög og ríkisreikning fyllilega sambærileg til eflingar eftirlits með fjárreiðum ríkisins og einstakra stofnana,
— að fjárlög taki til fjárreiða ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana ríkisins,
— að fella efni lánsfjárlaga inn í fjárlög og samræma þinglega meðferð ríkisfjármálanna,
— að afgreiðsla ríkisreiknings á Alþingi verði tengd afgreiðslu á lokafjárlögum liðins árs og með því verði ríkisreikningur staðfestur,
— að setja skýrari reglur um framkvæmd fjárlaga,
— að taka saman eignaskrá stofnana ríkisins til aðhalds og eftirlits.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Tveir fyrstu kaflarnir fjalla um skilgreiningar, ríkisreikning og ársreikninga stofnana. Þriðji kafli fjallar um frumvarp til fjárlaga. Fjórði kafli er um framkvæmd fjárlaga. Fimmti kafli er um frumvarp til fjáraukalaga. Í sjötta kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald o.fl. Að lokum eru í sjöunda kafla ákvæði um reglugerðarheimildir og gildistöku. Hér verður gerð stutt grein fyrir meginhluta frumvarpsins, en um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Ríkisreikningur (I. og II. kafli).

Í I. kafla eru almenn ákvæði um ríkisreikning. Núgildandi lagaákvæði um hann er að finna í lögum nr. 52/1966. Þótt þau lög hafi á sínum tíma verið mikil réttarbót hafa ákvæði þeirra staðist tímans tönn misvel. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga sagði að á rúmlega 30 ára gildistíma laga nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, hefðu kröfur til opinberra reikningsskila breyst mikið og þyrftu að fullnægja fleiri sjónarmiðum og aðilum en árið 1931.

Þótt lögin frá 1931, sem samin voru að danskri fyrirmynd, þyki nú ekki síður en árið 1966 afar ófullkomin varð við gildistöku þeirra bylting í reikningsskilum ríkisins. Meginmarkmið ríkisreiknings hefur löngum verið að sýna álagningu og ráðstöfun skattekna ríkisins og gefa sem gleggsta mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Á síðustu árum hefur þróunin verið sú að reikningshald ríkisins gegnir æ þýðingarmeira hlutverki við stjórnun og árangursmat sem og við samanburð á starfsemi ríkisins og einkaaðila.

Í I. kafla þessa frumvarps eru almenn ákvæði um ríkisreikning, skilgreiningu á ríkisaðilum, flokkun í ríkisreikningi, reikningsárið o.fl. Í kaflanum eru jafnframt ákvæði sem snerta A-hluta ríkisreiknings sérstaklega, og eru þar settar fram skýrar reglur um færslu skatttekna og ýmissa bótaliða.

Skilgreining á flokkun ríkisaðila, ríkistekjum og útgjöldum er byggð á alþjóðlegum stöðlum þar að lútandi. Þannig verður alþjóðlegur samanburður markvissari og auðveldari. Ríkisaðilar teljast þeir sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir ákvörðunarvald stjórnvalda vegna eignarhalds ríkisins á starfseminni og lögþvingunar eða vegna þess að ríkið kostar starfsemina að verulegu eða að öllu leyti. Þá eru í kaflanum ákvæði um aðra hluta ríkisreiknings. Gert er ráð fyrir að í ríkisreikningi séu a.m.k. sýndar helstu niðurstöður ársreikninga ríkisfyrirtækja, lána- og fjármálastofnana ríkisins og hluta- og sameignarfélaga í eigu þess.

Reikningsskil hins opinbera hafa um árabil verið frábrugðin reikningsskilum fyrirtækja sem starfa á almennum markaði. Skýrist það einkum af ólíku hlutverki og markmiðum hins opinbera borið saman við einkafyrirtæki. Í reikningshaldi fyrirtækja er lögð áhersla á að sýna kostnað af framleiðslustarfsemi fyrirtækisins og varpa ljósi á rekstrarárangur þess. Hjá ríkinu eru markmiðin mun fjölþættari og í mörgum tilvikum stangast þau jafnvel á. Síðustu áratugina hefur hlutverk hins opinbera í efnahagsstarfseminni farið mjög vaxandi og í auknum mæli verið gerðar kröfur til afskipta af þess hálfu. Óhjákvæmilega hafa umsvif þess aukist.

Viðhorf stjórnvalda til rekstrar ríkisstofnana og fyrirtækja hafa verið breytileg frá einum tíma til annars. Stundum hefur þeim verið ætlað að starfa samkvæmt ströngum miðstýringarreglum, t.d. um mannaráðningar og ráðstöfun fjár til einstakra verkefna. Á öðrum tíma hafa stofnanir verið hvattar til sjálfstæðra athafna, t.d. til að afla eigin tekna til frjálsrar ráðstöfunar. Þá hafa kröfur um lækkun ríkisútgjalda, hagræðingu og sparnað í ríkisrekstri skerpst til muna undanfarin ár. Áhersla hefur verið lögð á að meta hvaða árangri ríkisreksturinn skilar miðað við þá fjármuni sem hann hefur til umráða. Þetta gerir aðrar kröfur til reikningshalds en áður, m.a. þarf að vera hægt að bera saman rekstrarárangur ólíkra ríkisstofnana, svo og ríkisrekstur og einkarekstur.

Nýlega hafa verið sett almenn lög um ársreikninga og bókhald. Í þessu frumvarpi er mörkuð sú stefna að reikningshald ríkisins fylgi þeim lögum í meginatriðum. Reglur ársreikninga- og bókhaldslaga verða þó ekki að fullu lagðar til grundvallar við reikningsskil ríkisins. Þau frávik, sem kveðið er á um í frumvarpinu, byggjast fyrst og fremst á því að starfsemi ríkissjóðs lýtur ekki sömu lögmálum og almenn fyrirtæki. Sérstaða reikningsskila ríkisins birtist einkum í A-hluta ríkisreiknings og ársreikningum A-hlutastofnana. Meginfrávikið er sérregla um fjárfestingu í A-hluta. Samkvæmt henni ber að gjaldfæra á kaupári alla varanlega rekstrarfjármuni í rekstrarreikningi í stað þess að eignfæra þá í efnahagsreikningi og afskrifa síðan í rekstri í samræmi við endingartíma eins og kveðið er á um almennum lögum. Í frumvarpinu er lögð sú skylda á stofnanir í A-hluta að haldin sé skrá yfir eignir og verðmæti þeirra, en vanhöld hafa verið á því að ákvæðum gildandi laga um eignaskrá hafi verið fylgt. Í ljósi þeirrar reglu að gjaldfæra skuli alla varanlega rekstrarfjármuni er brýnt að eignaskráin sé nákvæm. Auk þess að styrkja eftirlit með eignum ríkissjóðs verður unnt að nota fjárbindingu stofnana í varanlegum rekstrarfjármunum til samanburðar innbyrðis og út á við. Einnig er að nefna að samkvæmt frumvarpinu munu eignarhlutar ríkissjóðs í fyrirtækjum og lánastofnunum, að frátöldum þeim sem gagngert þjóna félagslegu hlutverki, metnir ríkissjóði til eignar út frá eiginfjárstöðu þeirra að teknu tilliti til árlegra breytinga vegna ríkisframlaga og endurmats.

Með þessu frumvarpi flytjast fjölmargir aðilar úr B-hluta yfir í A-hluta, þar á meðal eru nokkrar stofnanir sem hafa verið reknar á viðskiptalegum forsendum og hagað reikningshaldi sínu í samræmi við það. Mikilvægt er að bókhald stofnana þjóni þörfum þeirra, þannig að það nýtist þeim sem best til rekstrar og aðhalds. Tilflutningur þessara aðila inn í A-hlutann mun ekki raska reikningshaldi að öðru leyti en því að þeim verður gert að skila inn skilgreindum upplýsingum til ríkisbókhalds. Sú ráðstöfun að færa þessar stofnanir undir A-hlutann á því ekki að raska starfsemi eða þjónustu þessara aðila á nokkurn hátt.

Auk þeirra breytinga á efni og gerð ríkisreiknings sem að framan er lýst er lagt til að framlagning ríkisreiknings á Alþingi og umræða um hann verði með öðru sniði en verið hefur. Sú skylda er lögð á fjármálaráðherra að leggja fram endurskoðaðan ríkisreikning eigi síðar en 10 dögum eftir að þing kemur saman að hausti. Með þeim ríkisreikningi skal, honum til staðfestingar, leggja fram frumvarp til lokafjárlaga vegna sama fjárhagsárs. Í samþykkt Alþingis á lokafjárlögum felst samþykkt á ríkisreikningi og er fjárhagsárinu þannig formlega lokað. Í þessu er einnig fólgin sú breyting að ríkisreikningur er ekki framvegis samþykktur með sérstökum lögum.

Frumvarp til fjárlaga (III. kafli).

Í III. kafla þessa frumvarps er að finna ákvæði um gerð frumvarps til fjárlaga. Lagt er til að gerðar verði verulegar breytingar á framsetningu frumvarps til fjárlaga, en í grófum dráttum skiptast þannig:

— Það skal sett fram á rekstrargrunni en sýni jafnframt greiðsluhreyfingar.
— Frumvarp til lánsfjárlaga verður fellt inn í frumvarp til fjárlaga og sama máli gegnir um tillögur um tímabundnar breytingar á mörkuðum tekjustofnum og framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga.
— Flokkun ríkisaðila er endurskoðuð með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum og er lagt til að í frumvarpi til fjárlaga verði sýndar fjárreiður A-, B- og C-hluta.
— Umfang og innihald frumvarpsins breytist að því leyti að nýir fjárlagaliðir koma inn en fjölmargar stofnanir flytjast úr B-hluta, einkum yfir í A-hluta en einnig í C-hluta en fjárreiður lánastofnana ríkisins verða sýndar þar.
— Uppbygging og efnisskipan fjárlaga skiptist í lagagreinar, sundurliðanir og séryfirlit.

Markmiðið með þessum breytingum er að skapa festu og samræmda uppbyggingu í áætlanagerð og reikningshaldi ríkisins. Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir einstökum þáttum breytinganna.

Hingað til hefur fjárlagafrumvarpið verið sett upp á greiðslugrunni en hér er lagt til að það verði á rekstrargrunni en greiðsluhreyfingar jafnframt sýndar. Breytingin hefur það í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar, en ríkisreikningur hefur til margra ára sýnt bæði rekstrarniðurstöður og greiðsluhreyfingar.

Með framsetningu fjárlaga á greiðslugrunni eru sýndar ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar, þ.e. samtímaráðstöfun fjár til tiltekinna verkefna. Þessi grunnur hentar vel til eftirlits með greiðslum ráðuneyta og stofnana þar sem auðvelt er að fylgjast með greiðslum þegar þær eiga sér stað og bera þær saman við fjárveitingar og greiðsluáætlanir. Þá hentar aðferðin vel til að sýna skammtímaáhrif ríkisbúskaparins á hagkerfið, bæði á innlenda eftirspurn og peningamarkaðinn. Fjárhagsáætlanir og samanburður þeirra við raunverulega útkomu á þessum grunni eru því mikilvægar fyrir hagstjórn í landinu.

Gallinn við greiðslugrunnsaðferðina er að ekki eru allar tekjur ríkissjóðs innheimtar um leið og þær eru kræfar og öll útgjöld eru ekki staðgreidd. Greiðslugrunnurinn leiðir ekki fram áhrifin af skuldbindingum sem stofnað er til á árinu og koma til greiðslu síðar. Því gefur þessi uppgjörsaðferð ekki fullnægjandi mynd af rekstrarniðurstöðum ríkissjóðs og skuldbindingum. Til að bæta úr þessu er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga verði hér eftir sett fram á rekstrargrunni en þar verði einnig sýndar greiðsluhreyfingar.

Kostirnir við framsetningu fjárlaga á rekstrargrunni eru þeir að heildarumsvif ríkissjóðs koma skýrt fram og mat á langtímaáhrifum ríkisfjármálanna verður auðveldara. Fjölmargar skuldbindingar ríkisins hafa orðið tilefni sérstakrar umræðu, m.a. á Alþingi. Þetta á ekki síst við um skuldbindingar ríkisins vegna lífeyrisréttinda og um ábyrgðir sem hafa fallið eða kunna að falla á ríkissjóð. Mat á ríkisfjármálum sem eingöngu tekur tillit til greiðslu gjalda og innheimtu tekna, þ.e. sjóðstreymis, er því ófullnægjandi í umræðu um ríkisfjármálin og við mat á framtíðarhorfum í ríkisbúskapnum. Ákvörðun um að setja frumvarp til fjárlaga fram á rekstrargrunni er veigamikil breyting sem mun veita betri yfirsýn og auka skilning á samhengi ríkisfjármála. Með þessari breytingu mun m.a. hugtakið fjárveiting öðlast nýja merkingu. Samkvæmt gildandi lögum felur fjárveiting til stofnunar í fjárlögum í sér ígildi greiðslu til hennar. Með hinni breyttu framsetningu mun fjárveiting þýða heimild til að stofna til skuldbindingar jafnhliða því sem sýnt verður hvað ríkissjóður mun greiða til stofnunarinnar á fjárlagaárinu.

Önnur grundvallarbreyting á fjárlögum sem hér er lagt til að gerð verði er að sameina fjárlög og lánsfjárlög. Sterk rök mæla með því að fella fjárlög og lánsfjárlög saman þannig að allar helstu stefnumarkandi ákvarðanir í ríkisfjármálum verði teknar samtímis, hvort sem þær snerta lögbundin framlög, rekstur, fjárfestingu, lánsfjármál eða ríkisábyrgðir. Samhengi ríkisfjármálanna verður við þetta mun skýrara en ella. Þessi breyting kemur óhjákvæmilega til með að hafa nokkur áhrif á störf Alþingis. Hingað til hefur afgreiðsla fjárlaga fallið undir verksvið fjárlaganefndar en afgreiðsla lánsfjárlaga undir verksvið efnahags- og viðskiptanefndar.

Lagt er til að frumvarp til fjárlaga taki til fjárreiða ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana ríkisins í C-hluta. Ekki er gert ráð fyrir að þar verði sýndar fjárreiður fjármálastofnana ríkisins eða sameignar- og hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Skilgreining ríkisaðila leiðir til að fjölmargir nýir aðilar koma inn í frumvarp til fjárlaga sem ekki hafa verið þar áður. Fjölmargir aðilar flytjast úr núverandi B-hluta vegna eðli starfseminnar, ýmist yfir í A-hluta, C-hluta eða jafnvel út úr reikningshaldi ríkisins. Þá er lagt til að fjárreiður nokkurra lánastofnana ríkisins, sem nú eru utan frumvarps til fjárlaga, verði felldar inn í það.

Loks er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga samanstandi af þremur hlutum: lagagreinum fyrir A-, B- og C-hluta, sundurliðunum á ríkissjóðstekjum, fjárreiðum einstakra stofnana og framlögum til einstakra viðfangsefna, svo og séryfirlitum af ýmsu tagi. Miðað er við að sundurliðanir verði hluti laganna þó svo þær verði ekki innan sjálfs lagatextans. Um þær mun gilda hið sama og sundurliðanir ýmissa framkvæmdaframlaga í núgildandi fjárlögum. Gert er ráð fyrir að á grundvelli fjárlaga verði gefið út sérstakt fullgert sem sýni ítarlega tegundasundurliðun útgjalda fyrir stofnanir í A-hluta.

Í þessu frumvarpi er lagt til að uppbygging og efnisskipan lagaákvæða frumvarps til fjárlaga verði eftirfarandi:

Frumvarp til fjárlaga.

Lagagreinar:

1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs.
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs.
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
4. gr. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
6. gr. Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.
7. gr. Heimildir fjármálaráðherra.
8. gr. Önnur ákvæði.

Sundurliðanir:

1. Tekjur A-hluta.
2. Stofnanir í A-hluta og framlög ríkissjóðs.
3. Ýmsar sundurliðanir fyrir A-hluta.
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta.
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta.

Séryfirlit:

1. Heildaryfirlit um fjármál A-hluta.
2. Málaflokkasundurliðun gjalda í A-hluta.
3. Tegundasundurliðun gjalda í A-hluta.
4. Markaðar tekjur og lögbundin framlög.
5. Skipting ríkissjóðstekna.
6. Lánsfjármál aðila í A-, B- og C-hluta.

Framkvæmd fjárlaga (IV. kafli).

Í kafla IV er fjallað um ýmis atriði er lúta að framkvæmd fjárlaga. Lengi hefur verið rætt um hvar mörk heimilda framkvæmdavaldsins til fjárráðstöfunar liggja. Engar heilsteyptar reglur eru í lögum um þessi mörk. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að eigi megi greiða gjald úr ríkissjóði nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þetta ákvæði setur framkvæmdarvaldinu ákveðnar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi veiti fyrirfram heimildir til greiðslna úr ríkissjóði. Almennt hefur ákvæðið verið skilið á þá leið að þar sé ekki lagt ófrávíkjanlegt bann við því að greiða úr ríkissjóði nema að fenginni heimild fjárveitingarvaldsins heldur hafi það að geyma meginreglu sem fara beri eftir nema sérstakar aðstæður heimili annað. Í þessu frumvarpi er reynt að skýra þær aðstæður sem upp kunna að koma og réttlæta frávik frá fyrir fram veittum fjárheimildum og tryggja þannig virkt aðhald með framkvæmdarvaldinu og ráðstöfun þess á fjármunum ríkissjóðs. Þannig er gert ráð fyrir að settur verði lagarammi um heimildir framkvæmdarvaldsins með hliðsjón af þeirri takmörkun sem felst í stjórnarskránni.

Afar fábrotin ákvæði eru í gildandi löggjöf um framkvæmd fjárlaga. Lagt er til að úr þessu verði bætt og settar reglur um heimildir framkvæmdarvaldsins til fjárráðstöfunar, þ.e. heimildir til greiðslna úr ríkissjóði, heimildir til að takast á hendur skuldbindingar, reglur um ráðstöfun eigna, eigin tekjur stofnana og meðferð þeirra svo fátt eitt sé talið. Fjárveitinganefnd Alþingis samdi fyrir nokkrum árum frumvarp um þetta efni en ekki var það afgreitt sem lög frá Alþingi. Fjölmörg efnisatriði þess frumvarps er að finna í IV. kafla þessa frumvarps.

Frumvarp til fjáraukalaga (V. kafli).

Í V. kafla eru ákvæði um fjáraukalög og lokafjárlög. Í þeim ákvæðum er mörkuð skýr stefna um hlutverk fjáraukalaga. Þeirrar tilhneigingar hefur gætt að setja í fjáraukalög ýmsar útgjaldaheimildir sem með réttu hefði átt að gera ráð fyrir í fjárlögum. Þannig hefur í reynd verið vikist hjá því að fjalla um allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir í fjárlögum og málum frestað og þau tekin upp í fjáraukalögum. Í þessu frumvarpi er mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga, fjáraukalaga og lokafjárlaga. Gert er ráð fyrir að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan fjárhagsárs verði fjallað um þær fjárráðstafanir sem ekki var hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Fjáraukalög snerust þannig fyrst og fremst um ófrávíkjanleg málefni en ekki um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana. Aðrar fjárhagsráðstafanir eiga að koma til umfjöllunar eftir atvikum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta fjárhagsár eða við afgreiðslu lokafjárlaga fyrir síðasta fjárhagsár.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokafjárlög verði afgreidd frá Alþingi um leið og ríkisreikningur og að Alþingi fjalli þannig um lokun fjárhagsársins með umræðu um ríkisreikning og lokafjárlög. Ekki verður flutt sérstakt frumvarp til laga um samþykkt ríkisreiknings eins og verið hefur heldur felist staðfesting á reikningnum í samþykkt lokafjárlaga frá Alþingi.

Ýmis ákvæði (VI. og VII. kafla).

Í VI. kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald og ábyrgð stjórnenda á fjárreiðum stofnana ríkisins. Ákvæðin um ríkisreikningsnefnd eru efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga. Ákvæðin um ríkisbókhald eru að ýmsu leyti ítarlegri en ákvæði gildandi laga og er markmiðið með þeim að skilgreina betur hlutverk ríkisbókhalds.

Í VII. kafla er að finna ákvæði um heimild til setningar reglugerðar og gildistöku laganna.

Breytingar á frumvarpinu við endurframlagningu.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því lagt fram að nýju lítt breytt. Sérstök þingnefnd fékk málið til umfjöllunar og lagði fram við aðra umræðu tilteknar breytingartillögur um efni þess. Annars vegar voru gerðar kröfur um ítarlegri upplýsingar um ríkisfjármál auk orðalagsbreytinga og hins vegar ákvæði er draga fram sérstöðu æðstu stjórnar ríkisins og um samráð við fjárlaganefnd áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Við gerð þessa frumvarps sem nú er lagt fram, hafa allar tillögur þingnefndarinnar, aðrar en þær sem snúa að sérstöðu æðstu stjórnar skv. 20., 30. og 32. gr., verið felldar inn í texta þess ásamt minni háttar breytingum sem gerðar eru vegna ábendinga sem borist hafa. Jafnframt var á síðasta þingi lagt fram frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri. Er efni þess nú fellt inn í frumvarp

um fjárreiður ríkisins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum sem lagðar eru til:

1. Í 8. gr. segir að reikningsskil ríkisins skuli vera í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur. Bætt er inn í ákvæði greinarinnar tilvísun til þeirra sérákvæða sem gilda um reikningsskil ríkisins.
2. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar (Fjárreiður ríkisins, nóvember 1994) er vakin athygli á nauðsyn þess að bókhald ríkisins gefi, auk fjármálalegra upplýsinga, jafnframt upplýsingar um verkefni stofnana og árangur af starfsemi þeirra. Bætt er inn í 18. gr. ákvæði sem kveður á um heimild ráðuneytis til að krefja stofnanir um að veita slíkar upplýsingar í ársskýrslu.
3. Athugasemdir höfðu borist um það að ýmis ákvæði frumvarpsins sköpuðu mikla óvissu um mikilvæga þætti í starfsemi lánastofnana eins og um ávöxtun fjár í hlutabréfasjóðum og hlutabréfaeign í einstökum fyrirtækjum svo og möguleika til fullnustu krafna. Felld er niður skylda ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana í C-hluta að hlíta ákvæði 29. gr. til að afla fyrirfram heimilda til kaupa og sölu ýmissa eigna. Jafnframt eru ákvæði um þessa aðila í 31. gr. og 42. gr. felld út úr frumvarpinu og að hluta til úr 21. gr. Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir þurfa eftir sem áður að gera grein fyrir fjárreiðum sínum í fjárlagafrumvarpi og í ríkisreikningi.
4. Þá má nefna að ákvæði 43. gr. í eldra frumvarpi sem verður 42. gr. í þessu frumvarpi er breytt þannig að eðlilegum hluta hagnaðar skuli skila sem arði í ríkissjóð í stað þess að miða við að allur hagnaður verði greiddur í ríkissjóð. Þetta ákvæði í eldra frumvarpinu þótti of fortakslaust þar sem rekstrarstaða fyrirtækja getur verið með þeim hætti, t.d. með tilliti til eiginfjárstöðu eða skuldsetningar, að ástæða þyki til að auka eigið fé í stað þess að skila öllum hagnaði sem arði í ríkissjóð.
5. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri sem ekki varð útrætt. Vegna skyldleika efnisins við ákvæði 30. gr. í frumvarpi þessu, var ákveðið að fella það inn hér.
6. Loks er í 8., 17., 28., 40. og 45. gr. gerðar breytingar sem kveða á um ríkari upplýsingaskyldu fjármálaráðherra um framvindu og uppgjör ríkisfjármála en áður var.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla að lög nr. 145/1994, um bókhald, og lög nr. 144/1994, um ársreikninga, skuli gilda um bókhald og reikningsskil ríkisins, stofnana og fyrirtækja þess, nema sérstaklega sé mælt á annan veg. Þetta hefur til að mynda í för með sér að alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og álit reikningsskilaráðs verða leiðandi við túlkun og framkvæmd laga um fjárreiður ríkissjóðs. Í frumvarpinu er mælt fyrir um ákveðin frávik frá reglum almennra laga og snúa þau einkum að A-hluta ríkisreiknings, en ákveðin sérsjónarmið eiga við um A-hlutann sem hafa í för með sér að reglur ársreikningalaga verða ekki að fullu lagðar til grundvallar í reikningsskilum hans. Tekur þetta einkum til færslu á fjárfestingarkostnaði í A-hluta, en lagt er til að hann sé gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað andstætt því sem gert er hjá atvinnufyrirtækjum þar sem hann færist um efnahagsreikning og er afskrifaður árlega.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hugtakinu *ríkisaðili*, en það hugtak kemur fyrir allvíða í frumvarpinu. Samkvæmt skilgreiningunni eru ríkisaðilar þeir sem fara með ríkisvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt eru ríkisaðilar þær stofnanir og fyrirtæki sem ríkið á að hálfu eða meirihluta. Tekið skal fram að ríkisreikningur getur tekið til fjárreiða einkaaðila ef ríkið kostar starfsemi þeirra að mestu leyti. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 3. gr. þar sem kveðið er á um flokkun aðila í ríkisreikningi.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um flokkun í ríkisreikningi. Gert er ráð fyrir að ríkisreikningi verði skipt upp í eftirfarandi hluta:

A-hluti. Ríkissjóður, æðsta stjórn, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þessi starfsemi nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana. Starfsemin einkennist af valdi ríkisins yfir öðrum aðilum hagkerfisins í krafti laga, t.d. til að leggja á og innheimta skatta og gjöld. Útgjöld þessara aðila eru jafnan að langstærstum hluta fjármögnuð af skatttekjum, og skiptir þá ekki máli hvort ráðstöfun þeirra er bundin ákveðnum verkefnum eða ekki. Skatttekjurnar renna fyrst og fremst til þess að standa straum af rekstri æðstu stjórnar ríkisins, ráðuneyta, ríkisstofnana og ýmsum samfélagslegum rekstri og framkvæmdum, auk tilfærslu fjármuna ríkissjóðs til fjölmargra aðila í hagkerfinu.

Í undantekningartilvikum er starfsemi aðila A-hluta ekki fjármögnuð af skattfé heldur af þjónustugjöldum og er gjaldskrá þeirra ætlað að standa undir tilkostnaði að fullu. Er hér einkum átt við ríkisstofnanir sem eru starfræktar til að framfylgja ákveðinni lagasetningu eða stefnu stjórnvalda, svo sem um Tryggingaeftirlitið og Brunamálastofnun ríkisins og enn aðrar sem hafa nánast það hlutverk eitt að þjóna öðrum ríkisaðilum, t.d. Ríkiskaup, Lánasýsla ríkisins og húsameistari ríkisins. Með ríkisaðilum er einnig átt við stofnanir eða fyrirtæki sem hafa með höndum starfsemi sem lúta ákvörðunarvaldi stjórnvalda eða eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins, sbr. 2. gr. Hér falla undir m.a. verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóðir og öryggis- og eftirlitsstofnanir.

Undir A-hluta flokkast enn fremur ýmsir aðilar sem ekki teljast ríkisaðilar í hefðbundnum skilningi en ríkissjóður fjármagnar engu að síður starfsemi þeirra að öllu eða verulegu leyti samkvæmt lögum eða samningi þar um. Endurhæfingarstöðin að Reykjalundi, SÁÁ og Sólheimar í Grímsnesi eru dæmi um starfsemi af þessu tagi. Eðlilegt þykir að gerð sé grein fyrir fjárreiðum slíkra aðila til þess að í ríkisreikningi megi skýra með fullnægjandi hætti ráðstöfun ríkisframlagsins.

B-hluti. Ríkisfyrirtæki. Hér falla undir fyrirtæki sem eru alfarið í eigu ríkisins. Ríkisfyrirtækin starfa á markaði og byggja afkomu sína í aðalatriðum á sölu til almennings og fyrirtækja, ýmist í samkeppni við aðra eða í skjóli einokunar. Í flestum tilvikum miðast verðlagning vöru og þjónustu, sem fyrirtækin framleiða og selja, við að standa undir kostnaði af starfseminni.

Ríkisfyrirtæki í B-hluta eru einnig frábrugðin ríkisstofnunum A-hluta að því leyti að starfsemi þeirra er ekki eins háð beinum afskiptum stjórnvalda. Fyrirtækin hafa þó oft stjórn sem skipuð er af framkvæmdarvaldinu eða kosin af Alþingi. Ólíkt aðilum A-hluta geta ríkisfyrirtæki tekið lán til starfseminnar að fenginni heimild stjórnvalda. Afskipti stjórnvalda við afgreiðslu fjárlaga beinast einkum að gjaldskrám fyrirtækjanna, arðgreiðslum, fjárfestingu og heimildum til lántöku. Dæmi um ríkisfyrirtæki í B-hluta eru Ríkisútvarpið, Rafmagnsveitur ríkisins og ÁTVR. Ef ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag eða sameignarfélag flyst það í E-hluta ríkisreiknings svo framarlega sem það verður að

hálfu eða meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar þess ekki í ríkisreikningi.

C-hluti. Lánastofnanir. Hér falla undir lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir sem starfa á fjármagnsmarkaði þar sem þær stofna til skuldbindinga og mynda fjárkröfur á aðra. Hvorki skiptir máli hvort ríkið ábyrgist skuldbindingar viðkomandi lánastofnunar né hvort hún veitir lán með öðrum kjörum en ríkja á fjármagnsmarkaði hverju sinni. Dæmi um þessar stofnanir eru Byggingarsjóður ríkisins, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fiskveiðasjóður Íslands.

Til lánastofnana ríkisins er stofnað með lagasetningu og þeim skipaðar stjórnir. Ráðstöfunarfé þeirra er ávöxtun eigin fjár og að stórum hluta lánsfé sem aflað er bæði innan lands og utan. Í sumum tilvikum leggur ríkissjóður slíkum stofnunum einnig til ráðstöfunarfé með beinum fjárframlögum og ábyrgist skuldbindingar þeirra. Ef stofnun í C-hluta er breytt í sameignar- eða hlutafélag flyst hún í E-hluta ríkisreiknings verði hún að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar hennar ekki í ríkisreikningi.

D-hluti. Fjármálastofnanir ríkisins. Hér er átt við starfsemi peningayfirvalda, viðskiptabanka ríkisins og annarra fjármálastofnana þess. Auk Seðlabanka Íslands teljast til fjármálastofnana ýmsir þeir aðilar sem taka við innlánum og stofna til skulda, veita lán á almennum markaði eða stunda vátryggingarstarfsemi. Ríkisbankarnir eru Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands. Af öðrum fjármálastofnun ríkisins má nefna Póstgíróstofuna, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Viðlagatryggingu Íslands. Ef stofnun í D-hluta er breytt í hlutafélag eða sameignarfélag flyst hún í E-hluta verði hún að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkissjóðs en ella birtast ársreikningar hennar ekki í ríkisreikningi.

E-hluti. Sameignarfélög og hlutafélög að hálfu eða í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Þessi fyrirtæki starfa á svipuðum grundvelli og ríkisfyrirtæki en eru frábrugðin þeim hvað snertir eignarhald og rekstrarform. Með meirihlutaeign sinni geta stjórnvöld haft áhrif á starfsemi þeirra og gert kröfur t.d. um arðgreiðslur. Yfirleitt eru stjórnir þessara fyrirtækja skipaðar af framkvæmdarvaldinu eða kosnar af Alþingi.

Með þessari grein og þeirri flokkun sem þar er sett fram er skýrt kveðið á um þá aðila sem teljast skulu í ríkisreikningi. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að tryggja að jafnan sé fylgt föstum reglum í þessu efni.

Um 4. gr.

Í þessari grein sem er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 52/1966 er gert ráð fyrir að almanaksárið verði áfram lögbundið sem reikningsár ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Lög um ársreikninga fyrirtækja gera ráð fyrir því að fyrirtæki geti haft annað reikningsár ef slíkt er viðtekið í sambærilegum rekstri. Hvað ríkið áhrærir er nauðsynlegt að hér gildi afdráttarlaus lagaregla til að tryggja að ekki verði hægt með stjórnvaldsákvörðun að breyta um reikningsár.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að bæði fjármálaráðherra og ríkisbókari skuli árita ríkisreikning. Skv. 48. gr. er það ríkisbókhald sem annast gerð ríkisreiknings og leggur fjármálaráðherra hann fyrir Alþingi. Með vísan til þessa þykir eðlilegt að fjármálaráðherra og ríkisbókari undirriti ríkisreikning og er það í samræmi við það sem verið hefur.

Um 6. gr.

Ákvæðið vísar til laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, en þar er að finna fyllri ákvæði um endurskoðunarhlutverk stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er sett fram skylda fjármálaráðherra til að leggja endurskoðaðan ríkisreikning næst liðins reikningsárs fyrir reglulegt Alþingi eigi síðar en 10 dögum eftir að það er saman komið að hausti. Rétt þykir að um þetta gildi ákveðin tímamörk svo að tryggt sé að gerð reikningsins dragist ekki á langinn og sé löggjafanum til nota við gerð fjárlaga fyrir næstkomandi fjárlagaár.

Um 8. gr.

Greinin hefur að geyma lágmarksfyrirmæli um upplýsingar í A-hluta ríkisreiknings. Þessi fyrirmæli eru ekki tæmandi heldur eru tiltekin helstu atriði. Byggt er á hefðbundinni framsetningu ársreikninga fyrirtækja, að teknu tilliti þeirra sérreglna sem gilda um reikningsskil A-hluta ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu. Að þessum sérreglum slepptum gilda ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eftir því sem við verður komið.

Rekstrarreikningur ríkissjóðs verður settur fram á almennu formi fyrirtækja að teknu tilliti til þeirra reglna sem settar eru fram í 9.–14. gr. frumvarpsins.

Efnahagsreikningur verður einnig settur upp með svipuðum hætti og hjá fyrirtækjum með þeirri undantekningu að gert er ráð fyrir að varanlegir rekstrarfjármunir séu ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi heldur séu þeir gjaldfærðir á kaupári. Þá er lagt til að tilteknar reglur gildi um færslu eignarhluta ríkisins í ríkisfyrirtækjum, lánastofnunum og félögum. Gengið er út frá að hlutdeild ríkissjóðs í eigin fé þessara aðila verði metin með hliðsjón af fjárhagsstöðu þeirra. Eignin breytist síðan í samræmi við ný framlög ríkissjóðs og árlegt endurmat eignarinnar. Þess skal og getið að gert er ráð fyrir að til eignar ríkissjóðs í efnahagsreikningi teljist framlög til stofnana og sjóða erlendis sem eru endurkræf eða fást endurgreidd þegar stofnun er lögð niður eða sjóður lagður af. Í lok hvers árs ber að endurmeta þessa eignarhluta ríkissjóðs. Framlög ríkissjóðs til erlendra stofnana, sjóða og verkefna, sem teljast óendurkræf, ber aftur á móti ávallt að færa um rekstrarreikning. Þá er miðað við að veitt og tekin lán ríkissjóðs verði sundurgreind eftir formi og lengd lána.

Almennar reglur gilda um skuldahlið efnahagsreiknings. Í því felst m.a. að þar skuli færðar lífeyrisskuldbindingar en samkvæmt lögum er ríkissjóður m.a. ábyrgur fyrir skuldbindingum lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Í ríkisreikningi fyrir árið 1989 var mörkuð sú stefna að færa þessar skuldbindingar til bókar í A-hluta ríkisreiknings og teljast þær til langtímaskuldbindinga.

Skuldfærslan miðast við heildarskuldbindingar hlutaðeigandi sjóðs vegna aðila A-hluta að frádreginni hreinni eign sjóðsins.

Færslur á höfuðstól ríkissjóðs eru að meginstofni tvenns konar, tekjujöfnuður ársins og endurmat ársins á eignum og skuldum, m.a. við verðbreytingar. Höfuðstóll ríkissjóðs sýnir ekki það sama og höfuðstóll hjá atvinnufyrirtækjum og skýrist sá mismunur einkum af ólíkri meðferð óeignfærðra fjármuna. Í ríkisreikningi er höfuðstóllinn neikvæður þar sem reikningurinn sýnir aðeins peningalegar eignir og eignarhluta í fyrirtækjum og sjóðum ríkisins. Fjárfesting ársins er að fullu gjaldfærð í rekstrarreikningi. Þar sem varanlegir rekstrarfjármunir eru utan efnahagsreiknings og ríkissjóður á miklar eignir í byggingum og samgöngumannvirkjum segir höfuðstóll ríkisins ekkert um heildareignir rík-

issjóðs eða hæfi hans til að standa við skuldbindingar sínar. Til að vega á móti þessu er gert ráð fyrir að árlega sé unnin skrá um helstu eignir ríkisins og verðmæti þeirra, sbr. 15. gr.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna skilgreiningu á ríkistekjum í A-hluta. Skilgreining ríkistekna miðar að því að gefa skýra mynd af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni. Gert er ráð fyrir að tekjur ríkisins verði að fullu taldar í ríkisreikningi og fjárlögum. Sú skilgreining, sem hér er kveðið á um, er mun víðtækari en sú sem liggur nú til grundvallar í ríkisreikningi og fjárlögum. Markmiðið er að koma í veg fyrir að lögmælt skattheimta eða gjaldtaka opinberra aðila annarra en sveitarfélaga lendi utan fjárlaga og ríkisreiknings. Gengið er út frá tveimur meginforsendum. Annars vegar er með skatti átt við gjald sem krafið er af einstaklingum eða lögaðilum samkvæmt lögum án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. Hins vegar er átt við að til hins opinbera teljist einungis ríki og sveitarfélög.

Í hinni nýju skilgreiningu ríkistekna felst sú meginbreyting frá núverandi tilhögun að lögbundin verðjöfnunar- og verðmiðlunargjöld teljast til ríkistekna. Gildir þá einu hvort skatttekjunum er ráðstafað til sömu aðila og greiða skattinn eða annarra.

Ríkistekjum er samkvæmt greininni skipt upp í fimm flokka sem byggja á stöðlum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Meginflokkar teknanna eru sem hér segir:

1. Skatttekjur. Þær eru skilgreindar sem lögbundin gjöld er ríkið krefur einstaklinga eða lögaðila um án þess að á móti komi samsvarandi bein framlög eða þjónusta. Flestir skattar falla að þessari skilgreiningu, t.d. tekjuskattar, eignarskattar og virðisaukaskattur. Í öðrum tilvikum getur leikið vafi á. Er þá einkum um það að ræða að tiltekin þjónusta er veitt gegn gjaldtökunni þó svo að óvíst geti verið hvort hún svari beinlínis til þess gjalds sem áskilið er. Reglan sem beitt skal er að sé kostnaðurinn við þjónustuna álíka mikill eða minni en gjaldið er ekki um skatt að ræða. Sé gjaldið hins vegar til muna hærra en kostnaðurinn við veitta þjónustu ber að líta á það sem skatt.

2. Aðrar rekstrartekjur. Til þeirra teljast greiðslur einstaklinga eða lögaðila fyrir tiltekna þjónustu ríkisins sem það eitt veitir hlutaðeigandi aðila. Dæmi um tekjur af þessu tagi er gjald fyrir útgáfu vegabréfa, afnotagjöld Ríkisútvarpsins, göngudeildargjöld sjúkrahúsa og skólagjöld. Til þess að slíkar greiðslur teljist rekstrartekjur mega þær ekki vera hærri en kostnaðurinn við þjónustuna og jafnframt er áskilið að greiðandinn njóti hennar. Að öðrum kosti teljast slíkar greiðslur til skatta. Enn fremur er skilyrt að þessar greiðslur séu lögbundnar eins og skattar eða tengdar skyldubundinni þjónustu. Sé á hinn bóginn um að ræða greiðslur fyrir þjónustu að eigin vali kaupanda ber að fara með þær sem sértekjur viðkomandi stofnunar en ekki sem aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs. Til annarra rekstrartekna teljast einnig tekjur af eignum, svo sem leigutekjur, arður og vextir, svo og viðurlög og sektir.

3. Tekjur af sölu eigna. Þessar tekjur myndast við sölu fasteigna, náttúruauðlinda, réttinda og stærri véla og tækja. Sama gildir um söluhagnað af eignarhlutum í fyrirtækjum. Sérstök undanþága er veitt í 3. tölul. greinarinnar þar sem vísað er til 35. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeirri grein er ríkisstofnun í A-hluta heimilt, án sérstakrar lagaheimildar, að selja lausafé sem hún hefur notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar og áhöld og annan búnað. Fjármálaráðherra getur skv. 35. gr. heimilað ríkisstofnun að

ráðstafa söluandvirðinu t.d. til endurnýjunar á búnaði. Ef slík heimild er ekki veitt rennur söluandvirðið í ríkissjóð sem tekjur af sölu eigna.

4. Fjármagnstilfærslur. Til þeirra teljast tekjur ríkisins frá öðrum en opinberum aðilum og er eingöngu ætlað til að fjármagna fjárfestingar, m.a. byggingu sjúkrahúsa, skóla og menningarstofnana. Sem dæmi má nefna framlög utan lands frá til framkvæmda sem ríkið stendur að. Hlutur sveitarfélaga í framkvæmdum af þessu tagi færist ekki hér heldur í reikningum þeirra.

5. Fjárframlög. Undir þennan flokk falla tekjur af ýmsu tagi. Má þar nefna rekstrarframlög frá innlendum sem erlendum aðilum og framlög frá fjölþjóðastofnunum. En allir þessir liðir eiga það sammerkt að vera óendurkræfir.

Um 10. gr.

Mjög hefur tíðkast hérlendis, eins og víðar, að nettófæra skatta, þ.e. draga veittan afslátt eða frádrátt frá skatttekjum í tekjuhlið ríkissjóðs. Mikilvægt er að þessir liðir séu settir fram með skýrum hætti þar sem þeir hafa oft umtalsverð áhrif á fjárstreymi ríkissjóðs. Í samræmi við alþjóðastaðla er lagt til að farið verði með afsláttar- og frádráttarliði með tvennu móti eftir eðli þeirra.

Annars vegar er lagt til að afsláttar- og frádráttarliðir frá álögðum sköttum, sem ekki eru útborganlegir, skuli dregnir frá tekjum eins og verið hefur. Hér er um liði að ræða sem falla niður að svo miklu leyti sem þeir nýtast ekki á móti skattálagningu. Er þá litið svo á að afsláttur frá skatti sé órjúfanlegur hluti skattlagningar og sé í reynd hluti af ákvörðun skatts fremur en sjálfstæður afsláttur. Dæmi um liði af þessu tagi eru persónuafsláttur, sjómannaafsláttur og afsláttur vegna innleggs á húsnæðissparnaðarreikninga. Þrátt fyrir að þessir liðir séu dregnir frá þeim sköttum sem þeir tengjast er lagt til að þeir séu sýndir í tekjuyfirliti fjárlaga og ríkisreiknings.

Hins vegar er lagt til að sé styrkur eða afsláttur útborganlegur eða óháður eiginlegri ákvörðun skatts skuli hann færður sem gjöld. Hér teljast ekki síst ýmsir styrkir og bætur, sem eru ákvarðaðar af skattyfirvöldum en eru bæði útborganlegar og óháðar skattlagningu viðkomandi aðila. Dæmi um þetta eru barnabætur og barnabótaauki sem ráðast af fjölda og aldri barna og tekjum og eignum forsjármanna en eru ótengdar skattlagningunni sem slíkri og auk þess útborganlegar. Sama máli gegnir um vaxtabætur.

Ýmis markatilvik geta komið upp við framkvæmd þessa ákvæðis þótt dregnar séu upp í greininni allskýrar og afmarkaðar línur. Má í þessu sambandi nefna að vafi getur leikið á því hvort réttara er að færa endurgreiðslu virðisaukaskatts og niðurfellingu vörugjalda til frádráttar tekjum eða sem útgjöld á rekstrarreikningi. Ljóst er að slík endurgreiðsla og niðurfelling er háð skattgreiðslu eða skattálagningu. Í samræmi við staðla IMF og OECD er hér gert ráð fyrir því að enn sem komið er verði endurgreiðsla og niðurfelling af þessu tagi dregin frá viðkomandi sköttum, þ.e. nettófærð. Sennilega verða reglur staðlanna skerptar áður en langt um líður og kann þá að verða nauðsynlegt að taka þessa tilhögun til endurskoðunar.

Um 11. gr.

Hér eru settar fram reglur um hvernig farið skuli með innheimtu á tekjum fyrir aðra en ríkissjóð í reikningsskilum ríkisins. Í því tilliti skal greint á milli hvort um er að ræða innheimtu á tekjum fyrir sveitarfélög eða aðra aðila.

Sveitarfélög. Innheimta ríkissjóðs á tekjum fyrir sveitarfélögin er af tvennum toga. Annars vegar innheimta á sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, og hins vegar innheimta á sérgreindum tekjustofnum sveitarfélaga.

Ef um er að ræða tekjustofna sem ákveðnir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og skiptast í föstum hlutföllum á milli þeirra skal aðeins sýna hluta ríkissjóðs af tekjunum í rekstrarreikningi. Dæmi um slíkan tekjustofn er staðgreiðsla opinberra gjalda. Sé hins vegar fyrir fram ákveðið hve háa fjárhæð sveitarfélög eigi að bera úr býtum af hinum sameiginlega tekjustofni ber að líta á það sem ígildi fjárveitingar af hálfu ríkisins. Með öðrum orðum, sé hlutur sveitarfélaga í sameiginlegum tekjustofni fyrir fram ákveðin fjárhæð en ekki tiltekið hlutfall teknanna, skal færa tekjurnar í heild í tekjuhlið rekstrarreiknings ríkissjóðs og ráðstöfun hans til sveitarfélaga í gjaldahlið. Sama á við ef hlutfall sveitarfélaga er ákvarðað af öðru en tilgreindum skattstofni. Þá ber að færa hlut sveitarfélaganna í gjaldahlið rekstrarreiknings. Dæmi um slíkan tekjustofn er framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ákvarðast sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs.

Ef á hinn bóginn er um að ræða sérgreindan tekjustofn sveitarfélaga sem ríkissjóður annast innheimtu á er lagt til að innheimtan teljist ekki með tekjum ríkissjóðs. Dæmi um skattheimtu af þessu tagi er innheimta fasteignagjalda, en ríkið annast innheimtu þeirra í sumum tilvikum á grundvelli samnings ríkisins við viðkomandi sveitarfélag.

Aðrir aðilar. Í 3. mgr. greinarinnar er kveðið á um að lögbundna tekjustofna annarra en sveitarfélaga sem ríkissjóður innheimtir skuli telja meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra færð til gjalda í rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings. Sem dæmi má nefna verðjöfnunargjald af olíu og bensíni. Sama máli gegnir um sóknargjöld, en þau voru fyrir upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda lögbundinn tekjustofn kirkjusókna, innheimt af ríkissjóði. Sú breyting er nú lögð til að færa álagningu og innheimtu verðjöfnunargjalda um tekjur og gjöld ríkissjóðs en svo hefur ekki verið. Jafnframt er lagt til að sóknargjöldin komi fram bæði á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs en verði ekki dregin frá staðgreiðsluskilum til ríkissjóðs á tekjuhlið eins og verið hefur.

Um 12. gr.

Með sértekjum ríkisstofnana er átt við tekjur af sölu á vörum eða markaðstengdri þjónustu til einstaklinga eða lögaðila sem þeir nýta að jafnaði að eigin vali og ekki er skylt að lögum að greiða fyrir. Dæmi um þetta eru tekjur af sölu á hagskýrslum, af gjöldum fyrir ljósritun og af trjáplöntusölu Skógræktar ríkisins, svo fátt eitt sé nefnt. Sértekjur eru tengdar eða háðar starfsemi þeirra stofnana sem inna þjónustuna af hendi, þ.e. selja hana. Þannig er samhengi milli útgjalda viðkomandi stofnunar og sértekna hennar. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að þessar tekjur færist sem tekjur hlutaðeigandi stofnunar á móti útgjöldum hennar á gjaldahlið. Þessi tilhögun styðst einkum við það að beint samhengi er milli útgjalda og sértekna stofnunar og þess hvata til tekjuöflunar sem þessi tengsl mynda. Því er lagt til að þau séu sett fram með formlegum hætti í ríkisreikningi og fjárlögum.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir hefðbundinni skiptingu gjalda á ráðuneyti að öðru leyti en því að fjármagnskostnaður er sýndur sérstaklega. Á undanförnum árum hefur vaxtakostnaður ríkissjóðs verið færður sem kostnaðarliður innan fjármálaráðuneytisins. Er hér um verulegar fjárhæðir að ræða sem ekki eru í tengslum við rekstur ráðuneytisins. Víða erlendis er vaxtakostnaður settur fram sérstaklega, aðskilinn frá öðrum út-

gjaldaliðum, vegna sérstöðu sinnar. Með þessum hætti blandast sá útgjaldaliður ekki fjárreiðum fjármálaráðuneytisins þótt hann sé eftir sem áður á ábyrgðarsviði þess.

Gert er ráð fyrir að sýna sundurliðun útgjalda á málaflokka: heilbrigðismál, fræðslumál, landbúnaðarmál, almannatryggingar o.s.frv. Þessi sundurliðun gefur góða vísbendingu um stefnumörkun stjórnvalda í ríkisfjármálum og með henni er unnt að sýna þróun útgjalda á ákveðnu tímabili. Hún auðveldar einnig alþjóðlegan samanburð og skipulagsbreytingar í stjórnsýslunni hafa engin áhrif á hana, hvorki í innlendum né erlendum samanburði. Með öðrum orðum, útgjöld til ákveðins málaflokks eru óháð því hvort þau tilheyra einu eða fleiri ráðuneytum og hvort verkefni flytjast til í stjórnsýslunni. Sundurliðun af þessu tagi tryggir því að útgjöld verða samanburðarhæf milli ára. Sú sundurliðun, sem gert er ráð fyrir að lögð verði til grundvallar, byggist á staðli Sameinuðu þjóðanna (COFOG).

Þá er lagt til að útgjöldum verði skipt eftir hagrænu eðli í rekstrargjöld, tilfærslur og stofnkostnað til þess að draga fram hlut ríkisins í þjóðarbúskapnum. Með þessari flokkun gjalda er sýnt hver áhrif þau hafa utan ríkisins, þ.e. á vöru- og þjónustumarkað, fjármagnsmarkað og tekjuskiptingu. Hagræn flokkun af þessu tagi sýnir einnig tengsl ríkisfjármála við þjóðhagsreikninga. Í skýrslugerð um ríkisfjármál hér á landi hefur hagrænni flokkun útgjalda ríkisins jafnan verið gerð skil og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Loks skal nefna að sé fé veitt óskipt til einstakra ráðuneyta eða verkefna um fjárlög skal gerð grein fyrir ráðstöfun þess fjár í ríkisreikningi hverju sinni.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að varanlegir rekstrarfjármunir stofnana í A-hluta skuli færðir til gjalda á því reikningsári sem til þeirra er stofnað. Þetta er sama regla og er í gildandi lögum. Í henni felst eitt stærsta frávikið frá rekstraruppgjörsreglum atvinnufyrirtækja, en þar eru kaup fastafjármuna eignfærð í efnahagsreikningi og síðan afskrifuð árlega í rekstrarreikningi í samræmi við áætlaðan endingartíma. Reikningar fyrirtækja sýna þannig notkun framleiðsluþátta við reksturinn á reikningstímabilinu óháð greiðslum og hversu mikið er notað af þeim eignum sem endast lengur en uppgjörstímabilið, svo sem fjárfesting í húsnæði eða tækjum.

Segja má að þessi færsluaðferð fyrirtækja gæti haft marga kosti fyrir rekstur stofnana ríkisins. Má ætla að þá yrði auðveldara að bera saman rekstur ríkisstofnana, svo og rekstur þeirra við rekstur einkaaðila. Þetta fellur vel að sjónarmiðum sem snúa að rekstri einstakra stofnana þar sem lögð er meiri áhersla á að sýna notkun fjármuna sem endast lengur en fjárlagaárið. Í því sambandi er oft gagnrýnt af stjórnendum stofnananna að í framsetningu ríkisfjármála séu allar fjárfestingar gjaldfærðar jafnóðum og til þeirra er stofnað. Þannig geta tvær svipaðar rekstrareiningar sýnt gjörólíka afkomu ef stofnað er til fjárfestingar hjá annarri þeirra. Bent hefur verið á að réttara væri að sýna notkun viðkomandi stofnana á fjármunum sínum með árlegri afskrift þeirra og fáist þá eðlilegur innbyrðis samanburður á milli þeirra og við rekstur einkaaðila.

Vandamálið hvað snertir ríkisreikning í þessu samhengi er að í mjög mörgum tilvikum er ekki til sæmilega skilgreint verð á eignum ríkisins. Það er til að mynda erfiðleikum bundið að meta til verðs og skilgreina árlega afskrift vega, gatna, holræsa, hafna, safna og þjóðgarða. Einnig er álitamál hversu marktækur sá efnahagsreikningur er þar sem eignahliðin væri að miklu leyti mynduð af eignum sem þessum. Segja má að meginrök þess að gjaldfæra fjárfestingu að fullu á kaupári séu þau að sýna ráðstöfun skatt-

tekna á árinu í ríkisreikningi. Er litið svo á að þau rök vegi þyngra en þau sem búa að baki almennum reikningsskilareglum sem sýna notkun aðfanga við öflun tekna ársins.

Um 15. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er kveðið á um að tekið skuli saman yfirlit yfir verðmæti óeignfærðra fjármuna ríkisins eigi sjaldnar en á 10 ára fresti, sbr. 47. gr. laga nr. 52/1966. Þessi skrá hefur ekki verið birt, en fasteignaskrá ríkissjóðs er til og við haldið. Hún hefur að geyma upplýsingar um fasteignir ríkissjóðs, hvort heldur þær eru skráðar hjá A-hluta eða B-hluta ríkissjóðs. Heilsteypt skrá um aðrar eignir ríkisins er ekki tiltæk, en æskilegt er að þær verði skráðar með markvissum hætti. Undirbúningur þessa verks er hafinn en talið er rétt að mótaðar séu skýrar reglur í löggjöf og reglugerðum hvernig þessu verki skuli hagað. Skránni er ætlað að ná yfir varanlega rekstrarfjármuni ráðuneyta og ríkisstofnana. Helstu eignaflokkarnir eru fasteignir, farartæki, vélar og vélasamstæður, húsgögn og húsbúnaður, tölvubúnaður og skrifstofuvélar, tæki og áhöld og aðrar eignir.

Tilgangurinn með gerð eignaskrár er einkum tvíþættur. Í fyrsta lagi ber að lýsa helstu eignum ríkisins út frá gerð þeirra og verðmæti. Efnahagsreikningur ríkissjóðs lýsir ekki eignum í sannanlegum rekstrarfjármunum en með gerð eignaskrár og mati eignanna má nálgast heildarvirði þeirra. Litið er svo á að allar fasteignir skuli meta til verðmætis, enda er fasteignamati þeirra ætlað að gera slíkt. Sama á við um aðrar meiri háttar eignir ríkisins. Í öðru lagi er tilgangur eignaskrárinnar að efla eftirlit með eigum ríkisins. Árlega er háum fjárhæðum varið til kaupa á hvers konar búnaði til starfsemi stofnana og fyrirtækja. Tekur þetta til húsbúnaðar, stærri og smærri tækja hvers konar og áhalda.

Áhersla er lögð á verðmeiri eignir og að tilteknir eignaflokkar séu ávallt skráðir að tölu og verðgildi en hinar verðminni að tölu fyrst og fremst. Þannig verði öllum stofnunum og fyrirtækjum skylt að telja, merkja og skrá þessar eignir. Með þessum hætti er vænst að stofnanir og fyrirtæki gefi eignum sínum meiri gaum bæði þegar kemur að endurnýjun þeirra og ráðstöfun. Jafnframt á skráin að vera til þess fallin að mynda grunn til afskriftar efnislegra fjármuna hjá einstökum ríkisstofnunum ef svo ber undir. Þannig á að fást samsvörun milli rekstrarkostnaðar ríkisstofnunar og einkafyrirtækja.

Með vísan til 1. gr. frumvarpsins og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, og laga nr. 145/1994, um bókhald, er miðað við að þær eignir, sem falla undir reglur um eignfærslu í efnahagsreikningi fyrirtækja, verði skilyrðislaust metnar til verðmætis, en verðminni eignir verði fyrst og fremst skráðar að tölu. Samkvæmt ákvæði greinarinnar er miðað við að skránni sé viðhaldið með reglubundnum hætti af ríkisstofnunum og niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi árlega.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að B- og C-hluti ríkisreiknings hafi að geyma ársreikninga þeirra sem þar teljast, án heildarskýringa. Byggt er á reglu 69. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, en þar er kveðið á um birtingu á samandreginni útgáfu tiltekinna ársreikninga. Ekki þykja rök standa til að birta ársreikninga B- og C-hlutans í heild, enda á þessi framsetning að nægja til að sýna þátt B- og C-hluta aðila í heildarumsvifum ríkisins.

Um 17. gr.

Lagt er til að í D- og E-hluta ríkisreiknings verði aðeins birtar helstu niðurstöður úr ársreikningum þeirra aðila sem falla undir D- og E-hluta, sbr. ákvæði 3. gr. Úr ársreikningum þeirra verði unnar tilteknar lykiltölur eða samandregin útgáfa ársreikninga til birtingar í ríkisreikningi.

Um 18. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um ársreikninga stofnana. Gert er ráð fyrir að framsetning og innihald ársreikninga verði sem líkast því sem gerist hjá einkafyrirtækjum og nánar er lýst í 8. gr. Jafnhliða er gengið út frá því að í ársskýrslu stofnana verði gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnið er að svo og mælikvörðum á árangri með svipuðum hætti og birst hefur í verkefnavísum.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu forstöðumanns og aðalbókara til að undirrita ársreikninga stofnunar í A-hluta. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd, en með ákvæðinu er áherslan lögð á þá ábyrgð sem hvílir á stjórnendum hvað varðar reikningsskilin. Með þessu er jafnframt tryggt að forstöðumaður geti ekki varpað ábyrgð yfir á bókara heldur beri hann einnig ábyrgð á gerð ársreikningsins. Um ábyrgðina er vísað til 49. gr. frumvarpsins.

Um 20. gr.

Í greininni er kveðið á um skilaskyldu stofnana A-hluta á ársreikningum til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Gert er ráð fyrir að einstök ráðuneyti beri ábyrgð á skilum þeirra stofnana og fyrirtækja sem undir þau heyra samkvæmt lögum og reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Það breytir í engu skilaábyrgð forstöðumanna á ársreikningunum en sérstaklega er kveðið á um ábyrgð þeirra í 49. gr. og vísast til athugasemdar við hana.

Í 3. mgr. er sérstaklega kveðið á um skilaskyldu þeirra aðila sem ekki teljast ríkisaðilar en ríkissjóður kostar starfsemi þeirra að öllu eða mestu leyti. Nauðsynlegt þykir að gera skilaskyldu þeirra ótvíræða til þess að tryggja að í ríkisreikningi komi fram upplýsingar um þann hluta rekstrar þessara aðila sem borinn er uppi af framlagi ríkisins. Talin er eðlileg krafa að þessir aðilar skili ársreikningum því að litið er svo á að ríkissjóður eigi kröfu til að sjá ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til viðkomandi starfsemi.

Um 21. gr.

Hér er almennt ákvæði um efni og reikningsgrunn frumvarps til fjárlaga. Lagt er til að fjárlög verði á rekstrargrunni og jafnframt verði sýnt hreint sjóðstreymi ríkissjóðs. Um nánari forsendur vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum, skýrslu ríkisreikningsnefndar og viðauka með frumvarpi þessu.

Sú framsetning fjárlaga, sem hér er gerð tillaga um, á að veita betri yfirsýn og auka samræmi og skilning á samhengi ríkisfjármála og áhrifum þeirra á þjóðarbúskapinn. Þetta hefur og í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar.

Í greininni er kveðið á um að leita skuli fyrir fram heimilda til greiðslu úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna, þar með talinna opinberra gjalda, ráðstöfunar eigna, sbr. 29. gr., og til að gera hvers konar fjárhagsskuldbindingar. Heimildir til fjárráðstafana eru nú með mismunandi hætti. Má þar nefna heimildir 6. gr. fjárlaga til handa ríkisstjórn eða fjármálaráðherra til fjölmargra fjárhagsákvarðana og laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Í öðrum tilvikum eru formlegar lagaheimildir ófullnægjandi, t.d. um gerð fjárhagsskuldbindinga umfram fjárlagaárið. Í ákvæði greinarinnar er lagt til að í fjárlagafrumvarpi skuli ávallt leita formlegra heimilda til hvers konar fjárráðstafana sem ekki eru heimilar samkvæmt almennum lögum og ákvæðum þessa frumvarps. Gengið er út frá að ýmissa heimilda, þar sem fjáhæðir liggja ekki fyrir, verði aflað með hliðstæðum hætti og nú gildir um 6. gr. fjárlaga. Efnisbreyting þessa ákvæðis frá því sem verið hefur er því m.a. sú að í frumvarpi til fjárlaga verða áætlaðar skuldbindingar, t.d. við kaup fasteigna en ekki aðeins greiðslu ársins. Fram til þessa hafa einungis verið sýndar þær fjárhæðir sem til greiðslu koma en í ríkisreikningi skuldbindingin. Þessi mismunandi málsmeðferð hefur iðulega valdið misskilningi.

Eins og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að frumvarp til fjárlaga og fjárlög verði byggð á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun, svo sem um hagvöxt, verðlag og þróun launa. Hér er því ekki um breytingu að ræða.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað almennt um það með hvaða hætti skuli gerð grein fyrir fjárreiðum A-hlutaaðila í frumvarpi til fjárlaga. Samkvæmt greininni skal setja fram áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta, sjóðstreymi og lánahreyfingar.

Tekjur skal sýna eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Tekjur á rekstrargrunni sýna áætlanir um álagða skatta og gjöld á árinu en sjóðstreymi sýnir áætlun um innheimtu þeirra.

Gjöld skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum, þ.e. ráðuneytum. Í samræmi við ákvæði 13. gr. og skýringum við hana er gert ráð fyrir að fjármagnsgjöld verði sýnd sérstaklega en ekki talin með fjárreiðum fjármálaráðuneytisins eins og verið hefur. Gjöld á rekstrargrunni sýna þær skuldbindingar ríkissjóðs sem gert er ráð fyrir að stofnað sé til á árinu, að frádregnum sértekjum. Sjóðstreymi sýnir hins vegar ákvarðanir um greiðslur á árinu. Gert er ráð fyrir því að uppsetning sjóðstreymis ríkissjóðs verði að fyrirmynd reikningsskila fyrirtækja með þeim breytingum sem stafa af efnisatriðum sem eru sérstök fyrir ríkisfjármálin.

Lánahreyfingar eru allar breytingar sem verða á efnahagsreikningi ársins. Niðurstöðutala rekstrar- og fjármunahreyfinga er hrein lánsfjárþörf. Hún er ein af lykilstærðum í reikningsskilum ríkissjóðs og sá mælikvarði sem þykir gefa hvað besta mynd af áhrifum ríkisfjármálanna á efnahagslífið. Lánsfjárþörf ríkissjóðs er ýmist skoðuð að meðtöldum afborgunum (heildarlánsfjárþörf, verg lánsfjárþörf) eða að þeim frátöldum (hrein lánsfjárþörf). Á móti lánsfjárþörfinni er sýnt hvernig henni er mætt með lántökum en mismunur lánsfjárþarfar og lánsfjármögnunar kemur fram sem breyting á handbæru fé.

Um 23. gr.

Þessi grein kveður á um að í frumvarpi til fjárlaga skuli sýndar tillögur um tímabundnar breytingar á mörkuðum tekjustofnum og á ýmsum framlögum sem háð eru ákvæðum annarra laga. Skerðingarheimilda hefur til þessa einkum verið aflað með lánsfjárlögum en með þeirri tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir, verður hvort tveggja í fjár-

lögum, ákvarðanir um að skerða markaðar tekjur eða framlög og beinar lagaheimildir til þeirra ákvarðana. Hér kæmi einungis til ákvörðunar tímabundin skerðing sem tekur einungis til fjárlagaársins. Ákvæðið felur í sér að gert er ráð fyrir að haldið verði utan um ráðstöfun markaðra tekna með skipulegri hætti en nú er. Lagt er til að birt verði sérstakt yfirlit fyrir hverja stofnun og hvern þann tekjustofn sem í hlut á. Yfirlitið sýni bæði rekstrarhreyfingar og sjóðstreymi, þ.e. fram komi munur álagningar og innheimtu, skuldbindinga og greiðslna. Með þessu er stefnt að því að jafnan sé fyrir hendi skýrt yfirlit yfir stöðu og hreyfingar hvers markaðs tekjustofns og lögbundins framlags.

Um 24. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skýringar við tekjur og útgjöld ríkisins. Lagt er til að skýringar við tekjuáætlun ríkissjóðs verði með svipuðu sniði og verið hefur. Að því er varðar útgjöld er gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjárlaga skuli veittar upplýsingar um málaflokka hvers ráðuneytis og ráðstöfun fjárveitinga til einstakra stofnana. Með greininni er lögð sú skylda á stjórnvöld að Alþingi sé upplýst með glöggum hætti um þær fjárveitingar sem lagt er til að veittar verði, auk þess sem efnislegar skýringar á verkefnum og viðfangsefnum fylgi þeim.

Á undanförnum árum hafa nýjar aðferðir við gerð fjárlaga rutt sér til rúms. Aðild ráðuneyta hefur vaxið og þar með hefur sú sérþekking, sem einstök ráðuneyti búa yfir um þá málaflokka sem undir þau heyra, nýst betur við fjárlagagerðina en fyrr á árum. Einnig hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á ýmiss konar kennitölur um ríkisstarfsemina þegar fjallað er um ráðstöfun ríkisfjármuna. Hér á landi hefur markvisst verið unnið að því að flytja ábyrgð og umfjöllun um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta og þar með að ráðuneytin skýri skiptingu þeirra milli verkefna. Greinin leggur þá skyldu á ráðuneytin að þau veiti upplýsingar og nauðsynlegar skýringar við gerð fjárlagafrumvarpsins. Jafnframt er fjármálaráðherra veitt heimild til þess að krefjast upplýsinga með samræmdum hætti fyrir ríkisstarfsemina umfram það sem kveðið er á um í lögum eða reglugerð.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að í frumvarpi til fjárlaga verði sýndar lykiltölur um starfsemi ríkisaðila í B- og C-hluta sem skipta máli við afgreiðslu og ákvörðun Alþingis. Hér er einkum um fimm liði að ræða, þ.e. hagnað eða tap, arðgreiðslu til ríkissjóðs, fjárfestingu, lánveitingar og lántöku ef um slíkt er að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að frekar verði fjallað um fjárreiður B- og C-hluta í lagagreinum fjárlaga en gerð verði nánari grein fyrir þeim í sundurliðun.

Um 26. gr.

Lagt er til að ákvæði, sem nú eru í lánsfjárlögum um lántökur ríkisins, heimildir til endurlána til aðila utan A-hlutans og um veitingu ríkisábyrgða, verði í sérstakri grein fjárlaga. Þannig munu sjálfstæð lánsfjárlög heyra sögunni til. Grein þessi er efnislega samhljóða 71. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Um 27. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við ákvæði 72. gr. laga nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum.

Um 28. gr.

Gert er ráð fyrir að fjárlagafrumvarpi hvers árs skuli fylgja áætlun sem lýsi í aðalatriðum ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Hérlendis sem erlendis fer skilningur vaxandi á því að ríkisfjármálin þurfi að skoða yfir lengra tímabil en nemur fjárlagaárinu.

Nú er áætlun af þessu tagi gerð í samvinnu við Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Hún felur fyrst og fremst í sér lýsingu á ríkisbúskapnum miðað við að gildandi lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sé fylgt. Þannig má segja að áætlunin til þessa hafi falið í sér mat á horfum án þess að þar hafi verið gerð sérstök grein fyrir stefnu stjórnvalda.

Í greininni er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að leggja fram stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til lengri tíma. Auk þess sem langtímaáætlun fylgi fjárlagafrumvarpi hvers árs eins og verið hefur hin síðari ár er lagt til að fjármálaráðherra verði skylt að endurskoða áætlunina og leggja fyrir Alþingi breytist forsendur hennar verulega.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar kveður á um að stofnanir í A-hluta þurfi að afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma ýmsar eignir sem telja má verulegar. Með lögum í þessu samhengi er átt við almenn lög, fjárlög eða fjáraukalög. Leiga til langs tíma miðast við samning til lengri tíma en eins árs. Hugtakið leiga tekur í þessu sambandi til fjármögnunarleigu auk hefðbundinna leigusamninga. Með þessu er reynt að tryggja að hvorki sala á veigameiri eignum ríkisins né kaup, skipti eða leiga á slíkum eignum geti átt sér stað nema Alþingi samþykki viðskiptin fyrir fram. Liggi slík heimild ekki fyrir verður að semja um viðskiptin með fyrirvara um samþykki Alþingis. Þó slíkur fyrirvari sé ekki gerður í einstökum samningum breytir það engu um það að samningurinn er ekki bindandi fyrir ríkið nema Alþingi veiti samþykki sitt fyrir honum. Heimildir framkvæmdarvaldsins til ráðstöfunar eigna eru gerðar nokkru þrengri en núgildandi lög kveða á um. Hlutabréf í félögum, skip og flugvélar hefur verið litið á sem lausafé og því ekki þurft lagaheimildir til sölu slíkra eigna. Sú venja hefur þó mótast að sækja jafnan um slíkar heimildir í lánsfjárlögum eða 6. gr. fjárlaga.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sérstakri undanþágu varðandi leigusamninga sem teljast hefðbundnir rekstrarsamningar. Í slíkum tilvikum þykir eðlilegt að hægt sé að gera samninga án þess að heimildar hafi sérstaklega verið aflað í fjárlögum. Það skilyrði er þó sett að fjármálaráðuneyti og viðkomandi ráðuneyti samþykki gjörninginn. Sem dæmi um samninga af þessu tagi væri t.d. ef ríkið vildi leigja embættismanni fasteign í eigu ríkisins. Þá væri nægjanlegt að fjármálaráðuneytið og viðkomandi ráðuneyti árituðu samninginn um samþykki sitt en ekki þyrfti að bera samninginn sérstaklega undir Alþingi.

Gert er ráð fyrir að ákvæði greinarinnar nái ekki til ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana í C-hluta. Engu að síður þurfa þessir aðilar að gera grein fyrir fjárráðstöfunum og áætlunum í fjárlagafrumvarpi og ríkisreikningi.

Um 30. gr.

Með þessari grein er einstökum ráðherrum að fengnu samþykki fjármálaráðherra heimilað að gera samninga sem bundnir eru til lengri tíma en fjárlagaársins. Í greininni eru settar fram almennar kröfur um innihald slíkra samninga. Dæmi eru um það að aðilum utan ríkisins hafi verið falin lögbundin verkefni án þess að gerður hafi verið formlegur samningur um þau verkefni. Í ákvæði til bráðabirgða er sérstaklega kveðið á um að slík-

ir óformbundnir samningar skuli endurskoðaðir þannig að þeir standist þær kröfur sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerðar skuli til slíkra samninga samkvæmt þessari grein. Er gert ráð fyrir að þeirri endurskoðun skuli lokið fyrir 1. september 1997. Eftir það tímamark eiga að vera skriflegir samningar um öll þau lögbundnu verkefni sem samið hefur verið um að aðrir en ríkisaðilar skuli inna af hendi, þar sem m.a. er skilgreind sú þjónusta sem veita á, greiðslur fyrir þjónustuna, eftirlit með samningi og hvernig hagað skuli meðferð ágreiningsmála. Það skilyrði er sett fyrir gerð samninga af þessu tagi að í fjárlögum sé gert ráð fyrir kostnaði við verkefnið.

Áherslur í stjórnun ríkisrekstrar hafa tekið breytingum á undanförnum árum. Í stað þess að líta á stofnanir sem rekstrareiningu hefur athygli beinst meira að þeim verkefnum eða rekstrarþáttum sem ríkið annast. Litið er til þess hvernig þau eru leyst, hagkvæmni í vinnubrögðum, skilvirkni þjónustunnar, tilgangi verkefnisins o.s.frv. Samhliða þessu hefur ábyrgð á framkvæmdaatriðum verið færð til stofnana og þær hvattar til aukins sjálfstæðis í rekstri og um ákvarðanir. Þá er einnig gerð krafa um að auka útboð ýmissa rekstrarverkefna, sbr. lög nr. 52/1987 og reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins.

Þessar breytingar hafa leitt til þess að þjónustusamningum hefur fjölgað en venjulega ná þeir út yfir fjárlagaárið og eru til nokkurra ára. Bæði þekkist að slíkir samningar séu gerðir við einkaaðila, sveitarfélög eða innan ríkisins. Framkvæmd þessara samninga hlýtur þó eðli máls samkvæmt alltaf að vera á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Þannig verður aldrei hægt með gerð slíkra samninga að framselja eða takmarka rétt einstaklinga til þjónustu eða upplýsinga sem bundin er í lögum. Í engu er breytt þeirri ábyrgð sem hvílir á viðkomandi ráðherra lögum samkvæmt.

Í greininni er sérstaklega kveðið á um að samningur af þessu tagi breyti í engu réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að. Þannig er tryggt að réttarstaða notenda þjónustu verði hin sama hvort sem þjónustan er veitt að ríkisstofnun, sveitarfélagi eða einkaaðila. Samkvæmt stjórnsýslulögum gilda þau um stjórnsýslu ríkisins. Litið hefur verið svo á að þau gildi jafnframt um það þegar einkaaðila hefur verið fengið opinbert vald á grundvelli samnings. Enda þótt réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að sé tryggð í stjórnsýslulögum þykir rétt að árétta það sérstaklega í lokamálslið 1. mgr. greinarinnar. Gert er ráð fyrir að ef um er að ræða eiginleg stjórnsýsluverkefni verði í samningi kveðið á um að ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun, sem og aðrar grundvallarreglur stjórnsýsluréttar, gildi um þá sem taka að sér að veita þjónustuna fyrir hönd ríkisins, að því marki sem hún beinist að borgurunum. Eðli máls samkvæmt þarf engin slík ákvæði í samningnum um verkefni sem ekki teljast til eiginlegrar stjórnsýslu í skilningi stjórnsýslulaga.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um undirbúning, gerð, innihald og eftirlit með slíkum samningum að svo miklu leyti sem slík ákvæði eru ekki í reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, en þar eru m.a. reglur um samskipti, stöðu og gagnkvæmar kröfur til verkkaupa og verksala. Þar verður jafnframt kveðið á um samráð við fjárlaganefnd eða fulltrúa hennar við undirbúning samninga um rekstrarverkefni skv. þessari grein. Sérstök samráðsnefnd um ríkisfjármál sem skipuð er formanni og varaformanni fjárlaganefndar Alþingis auk fulltrúum fjármálaráðuneytisins hefur starfað um árabil. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði staða nefndarinnar skilgreind og samráð um slíka samninga verði á þeim vettvangi. Fordæmi eru fyrir þess háttar samráðsvettvangi t.d. í lögum um skipan opinberra framkvæmda en þar á það sama við að samningar eru oft gerðir til lengri tíma en fjárlagaársins.

Um 31. gr.

Eðli máls samkvæmt kemur fyrir að knýja þurfi fram fullnustu á kröfum sem ríkissjóður kann að eiga með kaupum á eignum við nauðungarsölu. Í þessari grein er gert ráð fyrir að kaup og endursala slíkra eigna sé heimil án þess að til komi sérstök lagaheimild í hvert sinn. Miðað er við að eignir sem keyptar eru með þessum hætti verði seldar jafnskjótt og hagkvæmt þykir. Þetta ákvæði er sambærilegt 2. málsl. 1. mgr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 32. gr.

Í samræmi við almennar venjur viðskiptalífsins er hér kveðið á um að ríkisaðilum í A- og B-hluta sé heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji nánari reglur um viðskipti af þessu tagi, þ.e. bæði að því er varðar heimildir til greiðslufrests og veitingu slíks frests.

Um 33. gr.

Hér er kveðið á um heimild til að greiða úr ríkissjóði ef ófyrirséð atvik verða þess valdandi að greiðsluskylda fellur á ríkissjóð. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt við samþykkt frumvarps til fjárlaga að sjá fyrir öll atvik komandi árs sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Ákvæðið gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra sé skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og afla heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Sem dæmi um greiðslur af þessu tagi má nefna greiðslu bóta vegna bótaskyldu sem fellur á ríkið samkvæmt skaðabótareglum. Ríkið kaupir almennt ekki frjálsar ábyrgðartryggingar til að standa straum af slíkum útgjöldum.

Um 34. gr.

Í þessu ákvæði er fjallað um kjarasamninga sem gerðir eru og hafa í för með sér frekari launaútgjöld en fjárlög gerðu ráð fyrir. Aldrei er hægt með vissu að áætla hver niðurstaða kjarasamninga kemur til með að verða. Væri vald fjármálaráðherra til að gera kjarasamninga takmarkað við fjárveitingu í fjárlagafrumvarpi gæti það valdið ófyrirséðum vandkvæðum við samningsgerð, einkum ef ráðherra yrði ekki talinn hafa fullt umboð til samninganna. Greinin gerir ráð fyrir því að haga skuli launagreiðslum í samræmi við gerðan kjarasamning en jafnframt skuli fjármálaráðherra leita heimildar Alþingis til útgjalda með fjáraukalögum eins fljótt og kostur er.

Um 35. gr.

Kveðið er á um heimildir til ráðstöfunar lausafjár stofnana í A-hluta. Meginreglan er sú að söluandvirði skuli skilað í ríkissjóð. Þó er sú undantekning gerð að fjármálaráðherra geti heimilað ríkisstofnunum að ráðstafa söluandvirðinu til endurnýjunar á búnaði. Sem dæmi má nefna að ef stofnun í A-hluta selur bifreið og kaupir nýja í hennar stað getur fjármálaráðherra heimilað að söluandvirði eldri bifreiðarinnar renni til kaupa á þeirri nýju. Með þessum heimildum er reynt að koma í veg fyrir að strangar formkröfur letji ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki til að koma í verð varanlegum rekstrarfjármunum sem notaðir hafa verið við starfsemina, t.d. við endurnýjun þeirra. Með lausafé samkvæmt þessari grein er einungis átt við það lausafé sem ekki fellur undir upptalningu 29. gr. frumvarpsins. Um sölu eigna ríkisins gilda að öðru leyti lög nr. 52/1987, um opinber innkaup.

Um 36. gr.

Í samræmi við meginreglu 41. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að óheimilt sé að taka við gjöf sem gefin er með kvöð eða skilyrði sem kemur til með að hafa í för með sér útgjöld. Gera þarf fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Með fjárlögum er í þessu sambandi átt við fjárlög í rýmri merkingu þess orðs, þ.e. í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Um 37. gr.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna, enda séu verkefnin skilgreind í fjárlögum og heildarútgjöld stofnana verði óbreytt. Með ákvæðinu er komið til móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Litið er svo á að stofnun sé einungis heimilt að flytja fjármuni milli rekstrarverkefna, t.d. starfsdeilda, en ekki til stofnkostnaðarverkefna eða nýrra verkefna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að heimilt sé, með samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra, að geyma ónýttar fjárheimildir í lok reikningsárs. Þetta þykir eðlilegt þar sem verkefni geta frestast af ýmsum ástæðum, svo sem undirbúningi við framkvæmdir. Með áþekkum hætti er lagt til að verði útgjöld umfram heimildir ársins komi það til greiðslu af fjárveitingu næsta fjárlagaárs. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að sérstaklega þurfi að sækja um heimildir til þessara ráðstafana í fjáraukalögum heldur nægi þessi heimild laganna. Í lokafjárlögum verði nánar gerð grein fyrir innstæðum og skuldum sem flytjast milli ára og þar leitað afstöðu Alþingis til meðferðar á mismuni fjárheimilda og niðurstöðu ríkisreiknings.

Um 38. gr.

Í samræmi við gildandi framkvæmd er gert ráð fyrir að heimilt sé að flytja lántökuheimildir fram yfir áramót. Slíkar heimildir falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl. Lagt er til að sami háttur verði nú hafður á samkvæmt ákvæði greinarinnar.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru þrenns konar og fela öll í sér nýmæli. Í fyrsta lagi er sú skylda lögð á ríkisbókhald að vinna mánaðarlegt greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Þetta er nú þegar gert. Miðað er við að svo skjótt sem auðið er birti fjármálaráðherra niðurstöðurnar opinberlega. Það verði gert með fréttatilkynningu eða með öðrum reglubundnum hætti.

Í öðru lagi verður fjármálaráðherra skylt að gefa yfirlit um fjárhagsskuldbindingar og kröfur ríkissjóðs sem áfallnar eru. Miðað skal við að slíkt uppgjör fari fram á miðju ári og eigi síðar en í lok ágúst.

Í þriðja lagi verður fjármálaráðherra skylt að birta opinberlega mat á horfum í ríkisfjármálum a.m.k. einu sinni á fjárhagsárinu.

Undanfarin ár hefur fjármálaráðherra gert Alþingi grein fyrir greiðsluafkomu ríkissjóðs næstliðins árs með framlagningu skýrslu um afkomu ríkissjóðs. Gengið er út frá að svo verði áfram. Rétt þykir að taka af tvímæli um birtingu upplýsinga um þróun og horfur í fjármálum ríkisins. Því verði fjármálaráðherra skylt að upplýsa um stöðu þeirra,

eins og að framan getur, með reglubundnum hætti svo og um helstu frávik í afkomu einstakra stofnana frá fjárlögum.

Um 41. gr.

Hér er aðilum í B- og C-hluta sett sú sérregla að fjármálaráðherra og viðkomandi ráðherra geta heimilað þessum aðilum að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög kveða á um. Gert er ráð fyrir að þessi heimild verði túlkuð þröngt og ekki nýtt nema þegar nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins. Í lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, er samsvarandi heimild en á hana hefur lítið reynt á undanförnum árum.

Um 42. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ríkisaðilar sem tilgreindir eru í B-, C- og D-hluta ríkisreiknings, skuli skila ríkissjóði rekstrarhagnaði liðins árs ef ekki er sérstaklega mælt fyrir um annað í lögum. Efnislega er þetta ákvæði svipað ákvæðum 54. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að það tekur ekki einungis til B-hluta eins og gildandi ákvæði heldur og til C- og D-hlutans. Í lögum um ríkisaðila sem samkvæmt frumvarpi þessu flokkast í C- eða D-hluta ríkisreiknings er nær undantekningarlaust mælt sérstaklega fyrir um það hver skuli taka ákvörðun um ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða hvernig honum skuli ráðstafað. Má nefna ákvæði laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, 7. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðisjóð Íslands, 39. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, en undir þau lög heyrir Iðnlánasjóður meðal annarra. Að óbreyttum lögum á ákvæði þetta því ekki við um fyrrgreinda ríkisaðila eða aðra aðila sem svipað er ástatt um. Í ljósi þess að ákvæðið nær til fleiri aðila en það gerði áður þykir eðlilegt að fjármálaráðherra hafi samráð við viðkomandi ráðherra þegar reglur um skil á rekstrarhagnaði eru settar. Við mótun reglna um skil á eðlilegum hluta rekstrarhagnaðar til ríkissjóðs og ákvörðun þar um er gert ráð fyrir að höfð verði hliðsjón af rekstrarafkomu, fjárfestingu, lántökum og lánveitingum viðkomandi aðila, sjónarmiðum um aukningu eigin fjár, rekstraráætlun þeirra og öðrum atriðum sem máli skipta þegar gerðar eru arðgreiðslukröfur til fyrirtækja. Rétt er að taka fram að um arð af hlutabréfum í eigu ríkisins gilda reglur laga um hlutafélög og hefur þetta ákvæði engin áhrif á þær.

Um 43. gr.

Gert er ráð fyrir að frumvarp til fjáraukalaga verði sett fram með sama hætti og frumvarp til fjárlaga, þ.e. á rekstrargrunni en jafnframt sýndar greiðsluhreyfingar. Með þessu er tryggt að samræmi sé milli framsetningar fjárlaga og fjáraukalaga enda fjáraukalög í reynd ekkert annað en breyting á fjárlögum. Hins vegar er nafnið á þessum breytingalögum ákveðið í stjórnarskrá og komin hefð á að kalla þau fjáraukalög. Um nánari skýringar og forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 44. gr.

Um skýringar vísast til almennra athugasemda, svo og athugasemda við 33. og 34. gr.

Um 45. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er gert ráð fyrir að um leið og Alþingi fjallar um ríkisreikning verði fjallað um lokafjárlög ársins. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um skýringar.

Um 46.–47. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd. Þau eru með svipuðu sniði og ákvæðin um ríkisreikningsnefnd í gildandi lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Framsetningu ákvæðanna er nokkuð breytt án þess að í því felist breyting á hlutverki og verksviði ríkisreikningsnefndar. Sem fyrr er gengið út frá því að nefndin sé fjármálaráðherra til ráðgjafar um bókhaldsmálefni og vafaatriði um túlkun laga og reglna um fjárreiður ríkisins. Gert er ráð fyrir að skipan nefndarinnar verði með sama hætti og fyrr, en þó er lagt til að þeir tveir einstaklingar sem skipaðir eru í nefndina samkvæmt tilnefningu, verði skipaðir til fjögurra ára í senn. Hinir fjórir nefndarmennirnir sitja í nefndinni stöðu sinnar vegna. Þá er fellt brott ákvæði um varamenn.

Um 48. gr.

Kveðið er á um stöðu og hlutverk ríkisbókhalds og ríkisbókara við framkvæmd reglna þeirra sem felast í frumvarpinu. Ákvæðin eru fyllri en í gildandi lögum og gera stöðu ríkisbókhaldsins skýrari, m.a. með því að kveða á um heimild til að setja framkvæmdar- og verklagsreglur fyrir þá aðila sem undir gildissvið laganna falla. Rísi ágreiningur um reglur af því tagi kemur til kasta ríkisreikningsnefndar og fjármálaráðherra.

Um 49. gr.

Í greininni er ákvæði um ábyrgð forstöðumanna og stjórna hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum. Greinin er nýmæli þar sem ákvæði af þessu tagi er ekki í gildandi lögum frá 1966. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þetta hafi nein áhrif á þá ábyrgð sem leiða kann af öðrum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, né rýrir ákvæðið þær eftirlitsskyldur sem ráðuneyti hafa með þeim stofnunum og fyrirtækjum sem undir þau heyra, sbr. 9. gr. laga nr. 73/1979, um Stjórnarráð Íslands.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildistöku og lagaskil. Lagt er til að lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja falli brott. Efni þessara lagaákvæða er ýmist að finna í frumvarpinu eða þau fá ekki samrýmst ákvæðum þess.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 51. gr. er gert ráð fyrir að fjárlög ársins 1997 svo og uppgjör ríkisreiknings verði samkvæmt eldri lögum. Engu að síður mun uppgjör ríkisreiknings árið 1997 verða fært að hinu nýja formi eftir því sem hægt er innan ramma gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um þær kröfur sem gera skal til samninga um rekstrarverkefni sem ríkissjóður greiðir. Dæmi eru um að í gildi séu samningar til lengri tíma en eins árs sem ekki fullnægja þeim kröfum sem settar eru í 30. gr. frumvarpsins. Í þessu ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að skylt sé að segja upp slíkum samning-

um og endurskoða þá. Þeirri endurskoðun skal lokið fyrir 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir að eftir þann tíma verði engir samningar um rekstrarverkefni í gildi sem ekki fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í 30. gr. frumvarpsins. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 30. gr.

Viðauki.

Fjárlög
fyrir árið 199X.

A-hluti **Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana**
1. gr. Rekstraryfirlit ríkissjóðs
2. gr. Sjóðstreymi ríkissjóðs

B-hluti **Fjárreiður ríkisfyrirtækja**
3. gr. Fjárreiður ríkisfyrirtækja

C-hluti **Fjárreiður lánastofnana**
4. gr. Fjárreiður lánastofnana

Ýmis ákvæði
5. gr. Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir
6. gr. Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina
7. gr. Heimildir fjármálaráðherra
8. gr. Önnur ákvæði

Sundurliðanir
1. Tekjur A-hluta
2. Stofnanir í A-hluta og framlög ríkissjóðs
3. Ýmsar sundurliðanir í A-hluta
4. Fjárreiður ríkisfyrirtækja í B-hluta
5. Fjárreiður lánastofnana í C-hluta

Séryfirlit
1. Heildaryfirlit um fjármál A-hluta
2. Málaflokkasundurliðun gjalda í A-hluta
3. Tegundarsundurliðun gjalda í A-hluta
4. Markaðar tekjur og lögbundin framlög
5. Skipting ríkissjóðstekna
6. Lánsfjármál ríkisaðila A-, B- og C-hluta

A-hluti.
Rekstraryfirlit ríkissjóðs.

1. gr.

Árið 199X er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

Þús. kr.	Reiknings-grunnur	Sjóðs-hreyfingar
Tekjur		
Skatttekjur		
Skattar á tekjur einstaklinga	0	0
Skattar á tekjur lögaðila	0	0
Tryggingagjald	0	0
Eignarskattar	0	0
Virðisaukaskattur	0	0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	0	0
Skattar ótaldir annars staðar	0	0
Skatttekjur samtals	0	0
Rekstrartekjur		
Arðgreiðslur	0	0
Vaxtatekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0
Rekstrartekjur samtals	0	0
Sala eigna	0	0
Fjármagnstilfærslur, framlög	0	0
Tekjur samtals	**0**	**0**
Gjöld		
Æðsta stjórn ríkisins	0	0
Forsætisráðuneyti	0	0
Menntamálaráðuneyti	0	0
Utanríkisráðuneyti	0	0
Landbúnaðarráðuneyti	0	0
Sjávarútvegsráðuneyti	0	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	0	0
Félagsmálaráðuneyti	0	0
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	0	0
Fjármálaráðuneyti	0	0
Samgönguráðuneyti	0	0
Iðnaðarráðuneyti	0	0
Viðskiptaráðuneyti	0	0
Hagstofa Íslands	0	0
Umhverfisráðuneyti	0	0
Fjármagnskostnaður	0	0
Gjöld samtals	**0**	**0**
Tekjujöfnuður	**0**	

A-hluti.
Sjóðstreymi ríkissjóðs.

2. gr.

Árið 199X er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

	Þús. kr.
Rekstrarhreyfingar:	
Tekjujöfnuður	0
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:	
Reiknaðir vextir	0
Lífeyrisskuldbindingar	0
Ýmsar afskriftir	0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur (breyting)	0
Viðskiptaskuldir (breyting)	0
Handbært fé frá rekstri	**0**
Fjármunahreyfingar:	
Veitt stutt lán	0
Veitt löng lán	0
— Afborganir veittra lána	0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0
Fjármunahreyfingar samtals	**0**
Hrein lánsfjárþörf	**0**
Fjármögnun:	
Skammtímalán	0
Tekin löng lán	0
— Afborganir lána	0
Fjármögnun samtals	**0**
Breyting á handbæru fé	**0**
Handbært fé í ársbyrjun	0
Handbært fé í árslok	0

B-hluti.
Fjárreiður ríkisfyrirtækja.

3. gr.

Árið 199X er ætlast til þess að rekstri, fjárfestingu og lántöku eftirtalinna ríkisfyrirtækja verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 4.

Þús. kr.	Hagnaður/ tap	Arðgreiðsla til ríkissjóðs	Fjárfesting	Lántökur
Happdrætti Háskóla Íslands	0	0	0	0
Lyfjabúð Háskóla Íslands	0	0	0	0
Ríkisútvarpið, sjónvarp	0	0	0	0
Ríkisútvarpið, hljóðvarp	0	0	0	0
Þjóðleikhúsið	0	0	0	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	0	0	0	0
Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	0	0	0	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	0	0	0	0
Ratsjárstöðvar, rekstur	0	0	0	0
Sala varnarliðseigna	0	0	0	0
Laxeldisstöðin Kollafirði	0	0	0	0
Tryggingastofnun ríkisins, frjálsar slysatryggingar	0	0	0	0
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	0	0	0	0
Póst- og símamálastofnun	0	0	0	0
Rafmagnsveitur ríkisins	0	0	0	0
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**

C-hluti.
Fjárreiður lánastofnana.

4. gr.

Árið 199X er ætlast til þess að rekstri og lánveitingum eftirtalinna stofnana og sjóða verði hagað eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 5.

Þús. kr.	Hagnaður/ tap	Arðgreiðsla til ríkissjóðs	Veitt lán	Fjár-festing	Lán-tökur
Byggðastofnun	0	0	0	0	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	0
Húsbréfadeild	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður ríkisins	0	0	0	0	0
Byggingarsjóður verkamanna	0	0	0	0	0
Framkvæmdasjóður Íslands	0	0	0	0	0
Hafnabótasjóður	0	0	0	0	0
Orkusjóður	0	0	0	0	0
Ferðamálasjóður	0	0	0	0	0
Landflutningasjóður	0	0	0	0	0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	0	0	0	0	0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	0	0	0	0	0
Fiskveiðasjóður	0	0	0	0	0
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	0	0	0	0	0
Iðnlánasjóður	0	0	0	0	0
Iðnþróunarsjóður	0	0	0	0	0
Samtals	**0**	**0**	**0**	**0**	**0**

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilað að taka lán, endurlána og veita ríkisábyrgðir samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Lántökur ríkissjóðs.

1.1. Að taka lán allt að 15.970 m.kr. á árinu 1993 og ráðstafa því í samræmi við ákvæði annarra greina þessara fjárlaga.

Endurlán.

2.1. Að endurlána Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 3.900 m.kr.

2.2. Að endurlána Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar allt að 1.300 m.kr.

Ríkisábyrgðir.

3.1. Að ábyrgjast allt að 7.750 m.kr. lántöku Landsvirkjunar.

3.2. Að veita ríkisábyrgð til Vatnsleysuhrepps, allt að 55 m.kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn.

6. gr.

Skerðingarákvæði í samræmi við ákvæði annarra greina.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1993.
2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda.

1.1. Að fella niður toll og vörugjald af öryggis- og hjálpartækjum fyrir fatlaða.

1.2. Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

Ráðstöfun eigna.

2.1. Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Vogagerði 6, Vogum.

2.2. Að selja fasteignina Sólborg á Akureyri.

Fasteignakaup.

3.1. Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal.

3.2. Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum.

Ýmsar heimildir.

4.1. Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.

8. gr.
Önnur ákvæði.

1. Skattvísitala árið 199X skal vera 123 stig miðað við 120 stig árið 199X.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins.

Frumvarp þetta var áður flutt á 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þá og er nú endurflutt með nokkrum breytingum, sem ekki eru taldar hafa umtalsverð kostnaðaráhrif. Hins vegar hefur verið lagt nýtt mat á tímabundinn upphafskostnað ríkisbókhalds og er nú reiknað með að hann hækki um 5 m.kr. frá fyrri áætlun. Að öðru leyti er umsögnin sem fer hér á eftir um kostnaðaráhrif frumvarpsins sú sama og fylgdi með fyrri gerð þess.

Árið 1990 fól fjármálaráðherra ríkisreikningsnefnd að gera heildarendurskoðun á reglum um bókhald, reikningsskil, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Nefndin skilaði skýrslu í nóvember árið 1994 um tillögur sínar varðandi breytingar á reikningshaldi ríkissjóðs. Í skýrslunni kemur fram það álit nefndarinnar að tryggja þurfi með nýrri löggjöf samræmi í endurskoðun reikningsskila ríkissjóðs og fulla samanburðarhæfni milli fjárlaga og ríkisreiknings. Lagafrumvarpið, sem hér liggur fyrir, var undirbúið á grundvelli tillagna nefndarinnar. Við mat á kostnaðaráhrifum hefur því verið tekið mið af ýmsum efnisatriðum skýrslunnar auk ákvæða frumvarpsins.

Í meginatriðum miðar frumvarpið að því að aðlaga ríkisreikning og fjárlög betur breyttum kröfum um upplýsingar varðandi samhengi ríkisfjármála og efnahagsmála, árangur í ríkisstarfseminni og fjármálastjórn hins opinbera eins og nánar er rakið í athugasemdum með frumvarpinu. Til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins verður að ráðast í miklar endurbætur á gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Miklar breytingar verður að gera á uppbyggingu og framsetningu á þingskjölum fjárlaga og fjáraukalaga. Þau verður að færa að öllu leyti í nýjan búning, enda hafa umbæturnar, sem ætlunin er að lögfesta með frumvarpinu, ekki verið teknar upp í fjárlagaritum fram að þessu. Endurbætur á ríkisreikningi eru lengra á veg komnar því unnið hefur verið að þeim í reikningum undanfarinna ára. Þannig var þegar árið 1989 tekin upp fullkomnari færsla á rekstrargrunni ríkissjóðs og í ríkisreikningi fyrir árið 1994 var framsetning margra talnayfirlita færð í það horf sem lagt er til í skýrslu ríkisreikningsnefndar.

Einungis hefur verið gerð lausleg athugun á helstu þáttum þess sem snúa að breyttri framsetningu fjárlaga. Vinnu ráðuneytisins að þessum verkefnum má skipta annars vegar í tímabundinn undirbúningskostnað og hins vegar í aukinn kostnað til lengri tíma litið. Í stórum dráttum verða helstu undirbúningsverkefnin að útfæra nýjar lagagreinar og fjármálayfirlit fyrir ný þingskjöl fjárlaga og fjáraukalaga, að skilgreina rekstrargrunn og breyta fyrirkomulagi og úrvinnslu talnaefnis í tölvukerfi og endurskipuleggja inntak og form upplýsingamiðlunar milli stjórnsýsluaðila og vinnubrögð þeirra við fjárlagagerð, auk þess að leiðbeina starfsfólki ráðuneyta og stofnana um allt sem varðar hina breyttu til-

högun. Sem dæmi um aukin verkefni sem verða viðvarandi má nefna að allmargir nýir aðilar verða teknir inn í fjárlögin. Þá má gera ráð fyrir að fjárlagagerðin verði almennt tímafrekari með framsetningu á rekstrargrunni, þar sem flóknara er að meta skuldbindingar fram í tímann en greiðsluhreyfingar til eins árs. Stefnt er að því að með betra skipulagi fjárlagagerðar, endurbættu tölvukerfi og breyttum starfsáherslum megi mæta þessum nýju verkefnum án þess að fjölga starfsfólki eða efna til nýrra útgjalda svo nokkru nemi.

Breytingar á framsetningu fjárlaga verða unnar í nánum tengslum við hönnun nýs tölvukerfis fyrir fjárlagagerð sem hafinn er undirbúningur að og hefur fjárveitingu í fjárlögum ársins 1996. Hins vegar var þegar fyrirhugað að endurnýja tölvukerfið af öðrum ástæðum þar sem núverandi kerfi er orðið tæknilega úrelt og þjónar ekki nægilega vel nýju skipulagi rammafjárlagagerðar sem hefur verið í mótun síðustu árin. Þessi stofnkostnaður er því ekki talinn til viðbótarútgjalda sem leitt geti af ákvæðum frumvarpsins.

Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir auknum útgjöldum til þess að ná fram markmiðum frumvarpsins á þeim verksviðum sem snúa að ríkisbókhaldi. Ræðst það af því að þær endurbætur, sem eftir er að gera í reikningshaldinu, eru talsvert umfangsmiklar. Bæði er að breytingarnar ná til mjög margra bókhaldsaðila, eða allra ríkisstofnana, og hitt að þær beinast að margbrotinni upplýsingavinnslu í þremur stærstu tölvukerfunum sem annast fjárreiður ríkissjóðs: bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins (BÁR), lánakerfi ríkisins (SKIL) og tekjubókhaldskerfi ríkisins. Ekki þykir ástæða til að greina nákvæmlega frá öllum þeim verkefnum sem leysa þarf úr á þessu sviði heldur er látið nægja að draga saman stærstu þættina hér á eftir.

— *Nýir ríkisaðilar og breytt flokkun í A–E-hluta.*
Taka þarf marga nýja aðila inn í ríkisreikning, innheimta viðeigandi bókhaldsgögn og annast bókun á fjárreiðum þeirra. Gera þarf breytingar á skipulagi bókhaldskerfa til þess að þau ráði við skiptingu ríkisreiknings í fimm hluta í stað tveggja hluta áður.

— *Árshlutauppgjör rekstrargrunns tvisvar á ári og flýting.*
Stefnt er að því að einu sinni innan árs verði gerð grein fyrir áföllnum skuldbindingum þó ekki sé um fullkomið rekstraruppgjör að ræða. Það árshlutauppgjör krefst talsverðrar viðbótarvinnu, auk þess sem gera verður endurbætur á BÁR og breyta bókhaldi að þessu leyti hjá stofnunum. Þá þarf að gera ráðstafanir til flýta lokauppgjöri ríkisreiknings um nokkra mánuði til þess að talnaefnið komi að notum við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár á rekstrargrunni.

— *Ný fjármálayfirlit og aukin tölvuvinnsla þeirra.*
Fyrirhugað er að taka í gagnið ýmis ný yfirlit um fjármál ríkisins og vinna að því að þau verði í auknum mæli mynduð með vélrænum hætti í stað þess að vera handunnin.

— *Ný eignaskrá ríkisins.*
Byggja þarf upp miðlæga eignaskrá fyrir allar ríkisstofnanir. Tryggja þarf samræmda skráningu og upplýsingaskil stofnana.

— *Ný yfirlit um lánahreyfingar úr SKIL.*
Stefnt er að því að taka upp ný yfirlit í ríkisreikningi sem sýni horfur í lánsfjármálum næstu ára, einkum skuldastöðu, afborganir af teknum lánum og skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Setja þarf úrvinnslu á talnaefninu í SKIL og miðla því inn í BÁR.

— *Breytt flokkun og umsýsla ríkistekna.*
Gera verður nýja aðgreiningu á sértekjum stofnana, t.d. göngudeildargjöldum, og rekstrartekjum sem teljast til ríkistekna, t.d. gjöldum fyrir vegabréf eða vottorð. Við þá breytingu þarf að koma innheimtu ýmissa stofnana á rekstrartekjum fyrir í tekjubókhaldi ríkisins og tryggja fullnægjandi skil og uppgjör.
— *Upplýsingamiðlun til alþjóðastofnana.*
Aðlaga þarf núverandi fjármálayfirlit og útbúa ný með hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum. Fylgjast þarf betur með breytingum á stöðlum og uppgjörsaðferðum á alþjóðlegum vettvangi.
— *Kynning og leiðbeiningar.*
Til að koma við þessum umbótum á reikningshaldi ríkissjóðs þarf að veita markvissa fræðslu til viðkomandi bókhaldsaðila. Ákvarða þarf samræmdar reglur um bókun, skilgreina hugtök og semja leiðbeiningar. Undirbúa þarf námskeið og fræðsluefni til kynningar fyrir stofnanir.

Ríkisbókhald hefur lagt mat á kostnað sinn af framangreindum verkefnum þar sem reynt er að aðgreina viðbótarútgjöldin sérstaklega. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að tímabundin viðbótarútgjöld við þau verkefni sem beinast að undirbúningi og framkvæmd breytinganna á reikningshaldi ríkisins verði um 12 m.kr. Þar af verði um helmingurinn vegna sérfræðivinnu og kynningarstarfs hjá ríkisbókhaldi og hinn helmingurinn vegna verkefna í tengslum við breytingar á tölvukerfum. Þá áætlar stofnunin að viðbótarútgjöld við þau verkefni sem leiða til varanlegrar aukningar í starfsumfangi verði nálægt 10 m.kr. Stærstur hluti þessa kostnaðar, eða um 7,5 m.kr., skýrist af auknum launagjöldum hjá stofnuninni. Þannig er gert ráð fyrir nýju starfi við umsýslu með eignaskrá ríkisins og auknum launagjöldum vegna umfangsmeira og flóknara uppgjörs ríkisins en verið hefur.

104. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið lögð fram á tveimur síðustu þingum en eigi orðið útrædd. Enn situr allt við það sama í Írak og í reynd fer ástandið versnandi meðal almennings eftir því sem hörmungarnar dragast á langinn. Tillögunni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Það er óumdeilt að aðgerðir viðskiptalegs eðlis ásamt stjórnmálalegum aðgerðum hafa iðulega skilað árangri í alþjóðamálum og er þar nærtækast að nefna þátt viðskiptahindrana og pólitískrar einangrunar í því að ráða niðurlögum hinnar illræmdu aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku. Í alþjóðasamskiptum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að kappkosta að beita friðsamlegum aðferðum, þ.e. öðrum en vopnavaldi, við lausn deilumála.

Aðgerðir á viðskiptasviðinu, svo sem vopnasölubann, ákvarðanir um viðskiptakjör eða jafnvel viðskiptabann, geta reynst áhrifaríkar en aukin umræða hefur orðið um nauðsyn þess að beiting slíkra aðgerða verði þó ávallt að samræmast viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum.

Hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Írak og sú staðreynd að Saddam Hussein er þar enn við völd sýna að þörf er á að taka meðferð slíkra „aðgerða“ eða „ráðstafana“ í alþjóðasamskiptum til gagngerrar endurskoðunar.

Undanfarið, eða síðan fljótlega eftir að Flóastríðinu lauk, hafa verið að koma fram skelfilegar upplýsingar um ástand mála í Írak. Ljóst er að lífskjör þar eru afar bágborin og aðstæður alls þorra almennings hörmulegar. Fer þar allt saman, langvarandi vígbúnaðarkapphlaup, harðstjórn og styrjaldarrekstur og síðan alþjóðlegt viðskiptabann sem leitt hefur til vöruskorts og efnahagshruns.

Fórnarlömb þessa ástands eru ekki valdhafar, því að harðstjórn landsins virðist fastari í sessi en nokkru sinni, heldur almenningur, ekki síst börn. Viðskiptabannið er því ekki að skila neinum sýnilegum árangri varðandi það að knésetja harðstjórn Saddams Hussein eða knýja írösk stjórnvöld til að bæta framferði sitt. Írakar þverskallast enn við að veita fullnægjandi upplýsingar um kjarnorku- og eiturefnaumsvif sín. Afleiðingar viðskiptabannsins eru enn sem komið er ólýsanlegar hörmungar almennings, vöruskortur og hungursneyð, skortur á lyfjum og læknishjálp o.s.frv. Hið alþjóðlega samfélag getur ekki horft upp á slíkt ástand og enn síður borið ábyrgð á því með viðskiptabanni.

Hvað Íslendinga varðar var ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um viðskiptabann fullgilt með auglýsingu frá utanríkisráðuneytinu. Sú sem nú er í gildi er dagsett 28. apríl 1992. Við berum því ábyrgð á þessu ástandi til jafns við aðra.

Íslendingar eiga samkvæmt hefð sinni sem óvopnuð smáþjóð að leggja áherslu á friðsamlegar aðgerðir og mannúðarstefnu í alþjóðastjórnmálum. Endurskoðun viðskiptabannsins á Írak og þessara mála í heild á alþjóðavettvangi er slíkt verkefni.“

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Auglýsing nr. 160 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt. (Lögbirtingablaðið 29. júní 1994.)

II. Grein eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur: Fyrri hluti: „Heil kynslóð íraskra barna að þurrkast út og þið virðist kæra ykkur kollótt.“ (Morgunblaðið 14. maí 1995.)
Seinni hluti: „Við erum að rotna sem manneskjur.“ (Morgunblaðið 21. maí 1995.)

105. Beiðni um skýrslu [102. mál]

frá heilbrigðisráðherra um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur,
Ágústi Einarssyni, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni,
Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Petrínu Baldursdóttur,
Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur
og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að heilbrigðisráðherra flytji Alþingi skýrslu um biðlista eftir aðgerðum á sjúkrahúsum og utan þeirra, áhrif biðarinnar á útgjöld hins opinbera, félagslegt öryggi og fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra sem á biðlistum eru, sem og áhrif langrar biðar eftir aðgerð á framvindu sjúkdóma og sjúkdómseinkenni.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirtöldum spurningum:

1. Hvernig hefur þróun biðlista eftir læknisaðgerðum innnan og utan sjúkrahúsa verið sl. fimm ár, skipt eftir sjúkdómum, lengd biðtíma, kyni, aldri og félagslegri stöðu?
2. Hvaða áhrif hafa sumarlokanir sjúkrahúsa haft á biðlista?
3. Eru til skilgreind öryggismörk um hámarksbið eftir aðgerðum, skipt eftir sjúkdómum?
4. Hver má áætla að útgjöld ríkis og sveitarfélaga séu á ári af heimaþjónustu og heimahjúkrun, læknismeðferð, lyfjum og vistunarplássum fyrir þá sjúklinga sem bíða eftir aðgerð?
5. Hver eru helstu áhrif biðar eftir aðgerð á atvinnuöryggi, afkomu og fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra?
6. Hvert er áætlað vinnutap sökum langvarandi biðar eftir aðgerðum á sjúkrahúsum og hvað má ætla að margir missi vinnu árlega af þeim sem eru á biðlistum eftir aðgerðum?
7. Hvaða sjúkdómar sem kalla á aðgerðir á sjúkrahúsum leiða helst til fjarvista frá vinnu? Hver má áætla meðalútgjöld og vinnutap þessara sjúklinga?
8. Hvað má ætla að margir fari árlega yfir á sjúkradagpeninga vegna biðar eftir aðgerðum og hvað er vitað um félagslega stöðu þeirra?
9. Hver hefur þátttaka sjúkrasjóða stéttarfélaganna verið í að bæta sjúklingum á biðlistum tekjutap þeirra?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Greinargerð.

Fram hefur komið opinberlega að sparnaðaraðgerðir hafi valdið því að biðlistar eru sífellt að lengjast. Í mars sl. voru á fjórða þúsund manns á biðlistum, þar af um 1.300 manns á biðlistum bæklunardeilda sjúkrahúsanna.

Draga verður í efa að sífellt lengri biðlistar leiði til sparnaðar. Þvert á móti er líklegt að bið sjúklinga eftir nauðsynlegum aðgerðum skapi gríðarleg útgjöld. Ekki bara fyrir ríkissjóð, heldur einnig sjúklingana sem bíða og fjölskyldur þeirra. Varla hverfur sjúkdómurinn þótt fólk sé sett á biðlista. Þvert á móti þurfa sjúklingar iðulega að vera undir læknishendi og á dýrum lyfjum meðan þeir bíða eftir aðgerð, kannski mánuðum eða árum saman. Sjúklingar á biðlistum þurfa líka oft á heimahjúkrun og heimaþjónustu að halda og jafnvel vistunarplássi meðan á biðinni stendur. Sá kostnaður bætist því ofan á kostnað við aðgerðina sjálfa þegar að henni kemur. Biðin kostar því ríkissjóð mikla fjármuni og er einungis frestun á þeim útgjöldum sem aðgerðinni fylgja. Ætla má að aðgerðin geti líka orðið umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Verst er þó biðin fyrir sjúklinginn sjálfan og fjölskyldu hans. Mörg heimili eru þannig stödd fjárhagslega að ekkert má út af bera til að fjármálin fari ekki úr skorðum. Þannig getur það stefnt heimili í gjaldþrot ef framfærandi heimilis er frá vinnu langtímum saman. Sé viðkomandi algjörlega óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda verður hann fljótlega fyrir miklu tekjutapi. Sjúkradagpeningar, um 17 þús. kr. á mánuði, taka við af föstum launum en það getur bitnað mjög harkalega á framfærslu heimilisins. Þjáningum sjúklingsins fylgir því ekki einungis mikið álag fyrir heimilið heldur einnig miklar fjárhagsáhyggjur.

Nauðsynlegt er að fram fari ítarleg úttekt á því hvað sífellt lengri biðlistar kosti ríkissjóð, heimilin og samfélagið allt. Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Má nefna að í Svíþjóð voru settar reglur um þriggja mánaða hámarksbiðtíma eftir aðgerðum á sjúklingum með tiltekna sjúkdóma. Svipaðar reglur voru settar í Danmörku. Í Noregi var miðað við að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma ættu rétt á nauðsynlegri meðferð eða aðgerð innan sex mánaða. Brýnt er að settar verði reglur hér á landi um hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Slíkar reglur geta bæði auðveldað skipulagningu í heilbrigðisþjónustunni og leitt til sparnaðar fyrir samfélagið allt. Að ekki sé minnst á að lina þjáningar sjúklinga og eyða óvissu þeirra sem bíða eftir aðgerðum. Úttekt sú sem hér er farið fram á gæti auðveldað ákvörðun um að setja reglur um hámarksbið eftir aðgerð.

106. Svar [42. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um málefni Hollustuverndar ríkisins.

1. *Hverjar eru meginniðurstöður könnunar á viðbótarmannaflaþörf Hollustuverndar ríkisins, sem unnin var fyrir ráðuneytið fyrr á þessu ári?*

Fyrri hluta þessa árs vann ráðgjafarfyrirtækið Skipulag og stjórnun sf. að stjórnsýsluúttekt á Hollustuvernd ríkisins. Meðal þess sem fyrirtækið lét kanna voru sjónarmið forstöðumanna einstakra sviða stofnunarinnar um framtíðarmannaflaþörf miðað við óbreytt verkefni stofnunarinnar. Að mati forstöðumanna var algjör lámarksaukning í starfsmannahaldi 20,5 stöðugildi.

2. *Hve mörgum gerðum sem eru til komnar vegna EES-samningsins, þ.e. EB-gerðum, hefur ráðuneytið vísað til úrvinnslu Hollustuverndar ríkisins og hversu margar slíkar gerðir eru þar nú óafgreiddar?*
3. *Hvenær á afgreiðsla á þeim EB-gerðum sem nú eru í vinnslu að vera lokið? Óskað er eftir yfirliti yfir stöðu hverrar einstakrar gerðar.*
4. *Hafa ráðuneytinu borist athugasemdir vegna umræddra gerða og ef svo er, í hverju hafa þær verið fólgnar?*

Rétt þykir að gera grein fyrir þeim atriðum sem spurt er um í liðum 2–4 í einni heild og gera jafnframt stutta grein fyrir hlutverki Hollustuverndar ríkisins í vinnslu og undirbúningi að lögfestingu EES/ESB-gerða hér á landi:

Samkvæmt 6. tölul. 16. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, hefur Hollustuvernd ríkisins eftirlit með framkvæmd alþjóðasamþykkta og samninga sem Ísland er aðili að og eru á verksviði hennar. Undir þetta ákvæði falla ýmsar gerðir í EES-samningnum, einkum í II. og XX. viðauka við samninginn.

Í framkvæmd er því þannig háttað að Hollustuvernd ríkisins kemur að EES/ESB-gerðum á eftirtöldum stigum:

a. Við umræðu og undirbúning nýrra tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins sem ætla má að verði hluti af EES-samningnum þegar þær hafa verið afgreiddar hjá Evrópusambandinu.
b. Við lögfestingu gerðanna í íslenskum rétti þegar ákvarðanirnar hafa verið samþykktar af sameiginlegu EES-nefndinni.
c. Framkvæmd gerðanna eftir að þær hafa formlega verið teknar inn í íslenskan rétt.

Undirbúningur gerða (*pre-pipeline* og *pipeline*).

Ísland hefur rétt til setu á fundum sérfræðinganefnda og vinnuhópa ESB með tillögurétti og málfrelsi. Hollustuvernd ríkisins fylgist með starfi nefndanna, með fundarsókn eða öðrum hætti. Nefndir þessar eru um 40 talsins og fundir í hverri nefnd haldnir tvisvar til þrisvar sinnum á ári. Gerðir í umræðu og mótun hjá Evrópusambandinu er varða starfsemi Hollustuverndar og gera má ráð fyrir að komi inn í EES-samninginn eru nú 106 talsins og á ýmsum stigum undirbúnings. Auk þess hafa rúmlega 40 gerðir sem væntanlega verða hluti EES-samningins þegar fram líða stundir nýlega verið samþykktar af Evrópusambandinu.

Við undirbúning fylgjast sérfræðingar stofnunarinnar með því hvort og hvernig mögulegt er að koma einstökum gerðum til framkvæmda á Íslandi og hvort einhverja fyrirvara þurfi að gera við ákvæði þeirra, svo sem tímamörk varðandi gildistöku eða undanþágur vegna sérstakra aðstæðna hér á landi.

Lögfesting í íslenskum rétti.

Eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur samþykkt upptöku gerða frá Evrópusambandinu þarf að innleiða viðkomandi gerð í íslenskan rétt. Slíkt gerist með lagasetningu, reglugerðarsetningu eða með auglýsingu, eftir því sem við á. Langalgengast er að gerð sé innleidd með setningu nýrrar reglugerðar eða með breytingu á eldri reglugerð. Sérfræðingar Hollustuverndar ríkisins sjá um að semja drög að slíkum breytingum þegar um er að ræða reglugerðir og auglýsingar.

Nú teljast u.þ.b. 160 grunngerðir Evrópusambandsins til þess hluta af EES-samningnum sem fellur undir verksvið Hollustuverndar ríkisins, en með breytingum og viðbótum eru gerðirnar alls 397.

Rétt er að taka fram að gerðirnar og breytingar á þeim eru mjög misjafnar að umfangi. Í sumum tilvikum er um einfaldar gerðir að ræða sem unnt er koma fyrir í reglugerð eða auglýsa án mikils undirbúnings. Í öðrum tilvikum er um viðmiklar gerðir að ræða, stundum með viðaukum, þar sem þörf er á umfangsmiklum undirbúningi og vinnu. Dæmi um hið síðarnefnda eru gerðir á eiturefnasviði sem enn á eftir að innleiða í íslenskan rétt.

Stærstur hluti gerðanna hefur verið tekinn inn í íslenskan rétt en eftirtaldar gerðir eru enn eftir:

A. Matvæla- og heilbrigðiseftirlitssvið.

1. *Tilskipun um mjólkurduft, nr. 76/118/EBE, með tveimur breytingum (78/630/EBE og 83/635/EBE) ásamt greiningaraðferðum (79/1067/EBE) og aðferðum við sýnatöku (87/524), samtals fimm tilskipanir:* Drög að endurskoðaðri mjólkurreglugerð eru nú til umfjöllunar í umhverfisráðuneytinu og hjá Hollustuvernd ríkisins. Framangreindar tilskipanir eru teknar með sem hluti reglugerðarinnar, sem ráðgert er að lokið verði við fyrir áramót.
2. *Tilskipun um ungbarnaþurrmjólk og stoðblöndur, nr. 91/321/EBE:* Drög að reglugerð eru til vinnslu hjá Hollustuvernd ríkisins og eru langt komin.
3. *Breytingar á reglugerð um umbúðamerkingar, tilskipanir nr. 94/54/EB og 95/42/EB:* Drög að reglugerð eru til skoðunar í umhverfisráðuneytinu ásamt umsögnum sem borist hafa frá hagsmunaaðilum. Í drögunum er einnig að finna ákvæði vegna tilskipunar nr. 96/21/EB, sem ekki hefur enn verið afgreidd í sameiginlegu nefndinni, ásamt leiðréttingu vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði við eitt ákvæði í reglugerð hér á landi um umbúðamerkingar.
4. *Breyting á reglugerð um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, tilskipun nr. 95/3/EB:* Fyrstu drög að reglugerð munu liggja fyrir áður en langt um líður og er gert ráð fyrir að þau nái einnig til tilskipunar nr. 96/11/EB, sem er breyting á sömu reglugerð.
5. *Breyting á reglugerð um aðskotaefni (varnarefni í matvælum), tilskipun nr. 95/38/EB:* Unnið er að skoðun aðskotaefnareglugerðar hér á landi með hliðsjón af þessari tilskipun. Í framhaldi af því verður hafist handa við gerð draga að reglugerðabreytingu í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar. Tímasetningar liggja ekki fyrir.

ESA hefur gert formlega athugasemd við framkvæmd mála vegna 1. og 2. tölul. að framan og einnig vegna tilskipunar nr. 94/54/EB undir 3. tölul. Samtals eru þetta sjö tilskipanir. Breytingar samkvæmt 4. og 5. tölul. eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en síðar. Staða mála er því þannig að aðeins er eftir að lögfesta tíu tilskipanir á matvæla- og heilbrigðiseftirlitssviði og er vinna við þær allar vel á veg komin.

B. Eiturefnasvið.

Á eiturefnasviði hafa verið samþykktar alls 99 gerðir, þar af hafa 35 gerðir ekki enn komið til framkvæmda á Íslandi, sbr. meðfylgjandi yfirlit. ESA hefur gert formlegar athugasemdir við 18 þessara gerða. Því er ljóst að á þessum vettvangi eru verkefni óleyst.

C. Rannsóknarstofa.

Rannsóknarstofu Hollustuverndar ríkisins hefur verið falin framkvæmd tveggja gerða EES-samningsins er varða erfðabreyttar örverur. Þar er um að ræða tilskipanir nr. 91/220/EB og 91/219/EB. ESA hefur sent íslenskum stjórnvöldum rökstutt álit (*reasoned opinion*) vegna beggja þessara gerða. Lítur stofnunin svo á að núverandi löggjöf um erfðabreyttar lífverur sé ekki fullnægjandi fyrr en búið er að setja nauðsynlegar reglugerðir um framkvæmdina. Er nú unnið að því.

D. Mengunarvarnasvið.

Á sviði umhverfismála hafa fram til þessa verið lögleiddar 74 gerðir og auk þess fjallað um lögleiðingu sjö gerða sem taka til farartækja en tengjast umhverfismálum einnig að verulegu leyti vegna hávaða eða losunar loftmengunarefna. Auk þessa hefur verið fjallað um 43 breytingar við framangreindar gerðir. Á mengunarvarnasviði eru, að því er lögleiðingu varðar, aðeins þrjár gerðir óafgreiddar:

1. *Tilskipun um pökkunarefni og úrgang vegna pökkunarefna, nr. 94/62/EBE:* Drög að sérstakri reglugerð eru til skoðunar hjá Hollustuvernd og umhverfisráðuneytinu.
2. *Ákvörðun ráðsins um spilliefnalista, nr. 94/904/EBE:* Drög að breytingu á mengunarvarnareglugerð til lögleiðingar listans eru í vinnslu hjá Hollustuvernd.
3. *Tilskipun um rokgjörn lífræn efni, nr. 94/63/EBE:* Fyrirvari vegna lögleiðingar gerðarinnar er enn til skoðunar. Engin drög að breytingum á reglugerð eru í vinnslu til lögleiðingar gerðarinnar.

Auk framangreinds á eftir að senda upplýsingar til ESA um á hvern hátt nokkrar gerðir hafa verið lögleiddar.

Niðurstaða.

Þegar á heildina er litið má segja að vel hafi gengið að innleiða þær EES-gerðir sem eru á verksviði Hollustuverndar ríkisins í íslenskan rétt. Undantekning frá því eru þó gerðir á eiturefnasviði stofnunarinnar og þar er átaks þörf. Fyrir liggja í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 og í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1996 tillögur um að styrkja starfsemi Hollustuverndar ríkisins til þess að bæta hér úr.

5. *Hversu mikið fjármagn hefur ráðuneytið ætlað Hollustuvernd ríkisins til að sinna umbeðnum verkefnum vegna EB-gerða á árunum 1995 og 1996 og hver er tillaga ráðuneytisins um það efni við fjárlagagerð fyrir árið 1997?*

Ráðuneytið hefur ekki sérmerkt þær fjárveitingar á einstök verkefni sem Hollustuvernd ríkisins hefur hlotið á fjárlögum frá því að stofnunin fluttist öll frá heilbrigðisráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Sú hækkun sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi 1997 um samtals 25 millj. kr. á að auðvelda Hollustuvernd ríkisins að vinna að undirbúningi lögleiðingar ófrágenginna EES-gerða.

6. *Hve hárri upphæð nam fjárlagabeiðni Hollustuverndar ríkisins vegna fjárlaga ársins 1995, 1996 og 1997 sundurliðað eftir sviðum stofnunarinnar, hver var tillaga ráðuneytisins þessi ár og hversu miklu fé var veitt til stofnunarinnar á fjárlögum áranna 1995 og 1996?*

Fjárlagabeiðnir Hollustuverndar ríkisins fyrir árin 1995, 1996 og 1997 voru eftirfarandi, sundurliðaðar eftir sviðum:

Svið	1995	1996	1997
Matvæla- og heilbrigðissvið	26,6	29,0	31,7
Mengunarvarnir	30,0	37,6	40,0
Mengun sjávar	*	20,4	15,8
Eiturefnasvið	11,3	13,1	13,5
Rannsóknarstofa	24,8	28,3	28,4
Yfirstjórn	34,0	38,7	47,3
Samtals	**126,8**	**167,1**	**176,7**

* Heyrði undir Siglingamálastofnun ríkisins og þar með samgönguráðuneytið á árinu 1995.

Eins og fram kemur í svari við lið fimm hér að framan hefur ráðuneytið ekki sérmerkt fjárveitingar á einstök svið Hollustuverndar ríkisins frekar en hjá öðrum stofnunum ráðuneytisins.

Samkvæmt útgjaldaramma sem ríkisstjórnin hafði samþykkt voru fjárveitingar á fjárlögum til Hollustuverndar ríkisins árin 1995 og 1996 sem hér segir:

1995	85,6	millj. kr.
1996	106,8	millj. kr.
Fjárlagafrumvarp 1997	130,7	millj. kr.

7. *Hvað líður endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, hverjir vinna að þeirri endurskoðun og hvenær er þess að vænta að nýtt frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir Alþingi?*

Hinn 16. febrúar sl. var skipuð nefnd til að endurskoða lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í nefndinni eiga sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu, formaður, Guðjón Ólafur Jónsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra, Ingunn St. Svavarsdóttir, stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins, tilnefnd af Hollustuvernd ríkisins, Karl Björnsson, bæjarstjóri á Selfossi, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Baldur Hjaltason, framkvæmdastjóri Lýsis hf., tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Halldór Runólfsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, tilnefndur af Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa. Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, starfar með nefndinni. Óskar Maríusson frá Vinnuveitendasambandi Íslands hefur starfað með nefndinni sem varamaður Baldurs Hjaltasonar.

Störfum nefndarinnar hefur miðað vel og gerir hún ráð fyrir að senda fljótlega frá sér drög að frumvarpi til umsagnar hlutaðeigandi aðila. Gert er ráð fyrir að nefndin skili frumvarpi til ráðherra um næstu áramót, þannig að mögulegt verði að leggja það fyrir Alþingi fljótlega eftir áramót.

Fylgiskjal.

Samþykktar ESB-gerðir um eiturefni sem ekki hafa komið til framkvæmda á Íslandi.

	Númer	Heiti	Aðgerðir	ESA
1	384L0449	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. apríl 1984, sjötta tæknibreytingin, um prófunaraðferðir.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	
2	388L0302	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. nóvember 1987, níunda tæknibreytingin, um prófunaraðferðir varðandi eituráhrif og umhverfisáhrif.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	
3	390D0420	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1990 um flokkun dí(2-etýlhexýl)talats.	Endurskoðun á reglugerð.	
4	391L0325	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 1991, tólfta tæknibreytingin, um breytingar á flokkun og merkingum.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	
5	391L0326	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. mars 1991, þrettánda tæknibreytingin, um flokkun og merkingar.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	
6	391L0410	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. júlí 1991, ákvæði um öryggislok á umbúðir hættulegra efna.	Ný reglugerð.	Forml. ath.
7	391L0632	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. október 1991, fimmtánda tæknibreytingin, breytingar á lista yfir merkingarskyld efni.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
8	392L0032	Tilskipun ráðsins frá 30. apríl 1992, sjöunda breyting (viðamikil tilskipun, mikil breyting frá gildandi íslenskum reglum á þessu sviði).	Ný reglugerð. Skoða þarf sérstaklega öll ný efni, bæði hrein og í blöndu, og meta þarf áhættu af öllum þessum efnum. Einnig endurskoðun á 236.	Forml. ath.

	Númer	Heiti	Aðgerðir	ESA
9	392L0037	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 1992, sextánda tæknibreyting, breyting á viðaukum um flokkun og merkingu.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
10	392L0069	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. júlí 1992, sautjánda tæknibreyting, varðar prófunaraðferðir (ekki til staðar í íslenskum reglugerðum).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
11	393L0021	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. apríl 1993, átjánda tæknibreyting, varðar viðvörunarmerki og varnaðarorð, svo og leiðbeiningar um flokkun og merkingar (ekki í samræmi við íslenskar reglugerðir).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
12	393L0072	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. september 1993, nítjánda tæknibreyting, breyting á flokkunarlista yfir hættuleg efni (ekki í samræmi við íslenskar reglugerðir).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
13	393L0090	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. október 1993 um sérstaka viðurkenningarmeðferð varðandi tiltekin efni (ekki í samræmi við íslenskar reglugerðir).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
14	393L0101	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 1993, tuttugasta tæknibreyting, viðbætur við efnalista (ekki í samræmi við íslenskar reglugerðir).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
15	393L0105	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 1993 um tækniupplýsingar varðandi fjölliður (ekki í samræmi við íslenskar reglur).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
16	394L0027	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 30. júní 1994, tólfta breyting, um nikkel (gildistaka 1. febrúar 1995, ekki til staðar í íslenskum reglugerðum).	Ný reglugerð.	
17	394L0060	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. desember 1994, fjórtánda breyting, um krabbameinsvaldandi efni og efni sem geta valdið stökkbreytingum eða vansköpun (gildistaka 1. júlí 1995, ekki til staðar í íslenskum reglugerðum).	Ný reglugerð.	Forml. ath.
18	388L0379	Tilskipun ráðsins frá 9. júní 1988 um samræmingu í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum (tilskipunin, ásamt breytingum við hana, var með fyrirvara til 1. júlí 1995).	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	Forml. ath.
19	389L0178	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 22. febrúar 1989 um sérstakar viðvörunarmerkingar varðandi klór og kadmíum.	Endurskoðun á reglugerð 236 frá 1990.	

	Númer	Heiti	Aðgerðir	ESA
20	390L0035	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. desember 1990 um öryggislok á umbúðir (hefur ekki verið komið í reglugerð).	Ný reglugerð, sama og mál nr. 6.	
21	390L0492	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. september 1990 um flokkun (hefur ekki verið komið í reglugerð).	Endurskoðun á 236.	
22	391L0155	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. mars 1991 um sérstök öryggismerki, öryggisblöð (hefur ekki verið komið í reglugerð).	Samstarf við Vinnueftirlit, ný reglugerð.	
23	393L0112	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. desember 1993, leiðbeiningar um gerð öryggisgagna (ekki í íslenskum reglugerðum).	Samstarf við Vinnueftirlit, ný reglugerð.	Forml. ath.
24	393L0018	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. apríl 1993, þriðja tæknibreyting, um merkingar og reiknireglur fyrir efnablöndur með hættulegum efnum (viðamikil breyting frá gildandi reglum).	Endurskoðun á 236.	Forml. ath.
25	391L0157	Tilskipun ráðsins frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni (hefur ekki verið komið í reglugerð, með fyrirvara til 1995).	Ný reglugerð.	
26	393L0086	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. október 1993 um merkingar (hefur ekki verið komið í reglugerð).	Sama og nr. 25.	
27	391L0442	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. júlí 1991 um umbúðir hættulegra efna, öryggislok (gildistaka 1. júlí 1994, ekki til staðar í íslenskri löggjöf).	Sama og nr. 6.	Forml. ath.
28	393L0067	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. júlí 1993 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af efnum sem tilkynnt eru í samræmi við tilskipun ráðsins nr. 67/548/EBE (gildistaka 1. júlí 1994).	Sama og nr. 8.	Forml. ath.
29	393R0793	Reglugerð ráðsins (EBE) frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (gildistaka 1. febrúar 1995).	Ný reglugerð. Afla þarf upplýsinga frá öllum framleiðendum og innflytjendum um hættuleg efni, bæði hrein efni og efni í blöndu með öðrum.	Forml. ath.

	Númer	Heiti	Aðgerðir	ESA
30	395R2268	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 27. september 1995, varðandi lista nr. 2 yfir útvalin efni í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 (gildistaka 1. desember 1995).	Sama og nr. 29.	
31	394R1488	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 1994 um meginreglur um mat á áhættu sem mönnum og umhverfi stafar af skráðum efnum (gildistaka 1. apríl 1995).	Sama og nr. 28.	Forml. ath.
32	374L0556	Tilskipun ráðsins frá 4. júní 1974 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi verslunar með og dreifingar á eiturefnum og vegna starfsemi sem felur í sér notkun slíkra efna í atvinnuskyni.	Annaðhvort breyting á reglugerð eða auglýsing.	
33	374L0557	Tilskipun ráðsins frá 4. júní 1974 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga og milliliða til þess að veita þjónustu á sviði verslunar og dreifingar.	Annaðhvort breyting á reglugerð eða auglýsing.	
34	375L0324	Tilskipun ráðsins frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa.	Breyting á reglugerð 236 frá 1990.	
35	394L0001	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. janúar 1994 um aðlögun nokkurra tækniatriða.	Sama og nr. 34.	

107. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um aukið framlag til þróunarsamvinnu.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir.

Alþingi ályktar að auka skuli framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu og tengdra verkefna í áföngum á árunum 1997–2000 með eftirtöldum aðgerðum:

1. Á árinu 1997 verði framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands aukið sérstaklega um 15 millj. kr. Verði þeim fjármunum varið til áætlanagerðar og undirbúnings aukinna verkefna á komandi árum.
2. Á árunum 1998 og 1999 verði grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 250 millj. kr. samkvæmt fjárlögum, auk tekna af sérstöku álagi á hátekjuskatt og tekjuskatt fyrirtækja. Á sérstakan tekjuskatt manna leggist 1% álag hvort ár og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja (lögaðila) 1,5% álag.
3. Frá og með árinu 2000 verði grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 350 millj. kr., auk 2% álags á hátekjuskatt og 3% álags á tekjuskatt fyrirtækja.
4. Á árinu 1997 skal Þróunarsamvinnustofnun vinna nauðsynleg undirbúningsverkefni, m.a. verði gerð áætlun um verkefni sem talin eru brýn á sviði þróunarsamvinnu þar sem Íslendingar geta einir sér eða í samvinnu við aðra orðið að liði í krafti sérþekkingar, t.d. á sviði sjávarútvegs eða tengdra greina. Utanríkisráðherra leggi áætlun Þróunarsamvinnustofnunar fyrir Alþingi haustið 1997 í formi skýrslu.

Greinargerð.

Saga opinberrar þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna er hvorki ýkja löng né glæsileg af Íslands hálfu.

Á áttunda áratugnum og allt til ársins 1981, þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa, var aðstoðin bundin við framlög til alþjóðastofnana og samnorrænna verkefna. Varið var á bilinu 0,03–0,07% af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Undan eru þó skilin framlög til hjálparstarfs og neyðaraðstoðar, oftast í samstarfi við aðila eins og Rauða krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa voru bundnar vonir við að úr frammistöðu okkar rættist að þessu leyti. Í kjölfarið komu vissulega til sögunnar fyrstu tvíhliða verkefnin þar sem Íslendingar reyndu að aðstoða fátækar þjóðir við uppbyggingu, oftast á sviði sjávarútvegs. Framlög jukust árin 1982 og 1983, en lækkuðu síðan aftur.

28. maí 1985 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar frá utanríkismálanefnd um þróunaraðstoð Íslands. Ályktunin var um að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga ná því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Gengið var út frá þeim viðmiðunarmörkum sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu samþykkt fyrir velmegunarríkin, að varið skyldi a.m.k. jafnvirði 1% þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þróunarríki og þar af væri 0,7% opinber þróunaraðstoð.

Skemmst er frá því að segja að framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis frá 1985 hefur orðið harla dapurleg. Árin á eftir, þ.e. 1986–88, lækkuðu framlög til þróunarsamvinnu sem hlutfall af þjóðartekjum og fóru niður í um 0,05%. Framlögin hækkuðu hins vegar verulega næstu þrjú ár, 1989–91, og náðu þá hæsta hlutfalli hingað til eða yfir 0,13%. Síðan hafa framlögin aftur farið heldur lækkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og

samkvæmt nýframlögðu fjárlagafrumvarpi munu þau ekki gera betur en u.þ.b. standa í stað í krónum talið á næsta ári.

Tillagan gerir ráð fyrir að framlag Íslands til þróunarsamvinnu verði verulega aukið á árunum fram að aldamótum. Í ljósi reynslunnar er lagt til að sú aukning verði að verulegu leyti fjármögnuð með sérstakri tekjuöflun í skattkerfinu, þ.e. sérstöku álagi á hátekjuskatt einstaklinga og á tekjuskatt fyrirtækja. Auk þess verði fjárveiting eða grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar hækkuð nokkuð, í fyrsta sinn strax á næsta ári, og verði þeir fjármunir notaðir til undirbúnings nýrra verkefna. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður framlag til þróunarmála 670 millj. kr. og stendur nokkurn veginn í stað. Til Þróunarsamvinnustofnunar fara 172 millj. kr. og hækkar framlagið um 14,4 millj. kr. til nýrra verkefna í Mósambík. Tillagan gerir ráð fyrir að stofnunin fái 15 millj. kr. í viðbót til að undirbúa aukin verkefni og gera áætlun um hvernig auknum framlögum til þróunaraðstoðar verði best varið.

Tillagan gerir ráð fyrir að framlögin hækki síðan á árunum 1998–2000 með hærra grunnframlagi og sérstakri tekjuöflun. Lauslega áætlað ættu opinber framlög þá að geta orðið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu, reiknað á núgildandi verðlagi. Er þá gert ráð fyrir óbreyttum framlögum til þróunarmála annarra en Þróunarsamvinnustofnunar og til hjálparstarfsemi og alþjóðastofnana sem flokkast undir þróunarmál.

	1997	1998	1999	2000
Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar	187	250	250	350
Önnur framlög til þróunarmála og alþjóðastofnana á því sviði	498	500	500	500
Tekjur af álagi á hátekjuskatt	0	65	65	130
Tekjur af álagi á tekjuskatt fyrirtækja	0	220	220	440
Samtals	685	1035	1035	1420
Hlutfall af* þjóðarframleiðslu	0,13%	0,20%	0,20%	0,28%

* Gert er ráð fyrir að allar upphæðir færist upp í takt við aukningu (breytingu) þjóðartekna þannig að hlutfallstalan verði óbreytt.

Þótt þessi áætlun gengi eftir og opinber framlög til þróunarmála rúmlega tvöfölduðust á árunum fram að aldamótum yrði samt langt í land að ná áðurnefndu markmiði um að opinber þróunaraðstoð verði 0,7% af þjóðarframleiðslu. Hér er því fyrst og fremst verið að leggja til fyrstu skref á þeirri löngu leið sem Íslendingar eiga fyrir höndum ef þeir á annað borð vilja kinnroðalaust geta gengist við frammistöðu sinni í þessum efnum. Á árunum eftir aldamótin þarf því að halda áfram á sömu braut og auka framlög til þróunarsamvinnu með frekari hækkun grunnfjárveitinga og/eða aukinni sjálfstæðri tekjuöflun.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Þróunarsamvinna Íslands. — 10. kafli skýrslu íslenskra stjórnvalda vegna fjórðu ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna í Peking 1995.

II. Þingsályktun um þróunaraðstoð Íslands (samþykkt 28. maí 1985) og greinargerð með þingsályktunartillögunni (Sjá þskj. 947, 507. mál 107. löggjafarþings, bls. 3417–3420 í A-deild Alþt. 1984–85. Tillagan var samþykkt óbreytt.)

III. Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um framlög til þróunarsamvinnu og hjálparstarfs. (Sjá þskj. 216, 95. mál 109. löggjafarþings, bls. 1369–1370 í A-deild Alþt. 1986–87.)

Um tillöguna í heild vísast og til þingskjalsins (lausaskjalsins).

108. Svar [85. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um fátækt á Íslandi og aðgerðir gegn henni.

1. Hvernig skilgreina íslensk stjórnvöld fátæktarmörk?

Vandasamt er að skilgreina „fátæktarmörk“ og ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að reyna að skilgreina hverjir skuli teljast „fátækir“ og hverjir ekki. Vandinn sem því er samfara er að hugtakið er afar afstætt, til að mynda þýðir fátækt í efnuðum ríkjum annað en fátækt í vanþróuðum ríkjum, fátækt sem stafar af tímabundnum tekjumissi hefur aðra merkingu en fátækt sem á rætur í takmörkuðum tekjuöflunarmöguleikum þegar litið er til langs tíma og fátækt fólk á mælikvarða tekna getur átt töluverðar eignir. Vafasamt er því að einhver ein skilgreining á fátæktarmörkum þjóni gagnlegum tilgangi. Réttara er að skoða lífskjör lágtekjuhópa frá ýmsum sjónarhornum og meta í því ljósi hvað er líklegast til að skila þeim betri kjörum þegar fram í sækir.

2. Er ríkisstjórnin samþykk þeirri skilgreiningu á fátæktarmörkum og þeirri greiningu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur gert og birt er í Morgunblaðinu 12. október sl.?

Umrædd aðferð Félagsvísindastofnunar Háskólans mælir fátækt hlutfallslega með hliðsjón af meðaltekjum í þjóðfélaginu. Þessi aðferð er háð þeim augljósa annmarka að hún sýnir eingöngu tekjudreifinguna, en vandinn er hins vegar sá að hún þarf ekki að segja neitt um raunverulega hagi fólks. Með henni má til að mynda sýna fram á vaxandi fátækt á sama tíma og aðrir hlutlægir mælikvarðar sýna að kjör allra hafa batnað. Jafnframt verður nánast útilokað að útrýma fátækt þegar þessari skilgreiningu er beitt og jafnvel er vafasamt hvort það sé að öllu leyti æskilegt. Því ber að varast að draga of víðtækar ályktanir af niðurstöðum sem fengnar eru með aðferðinni.

Aðferð Félagsvísindastofnunar hefur það hins vegar sér til ágætis að hún tekur tillit til mismunandi efnahags ríkja, auk þess sem hún sýnir breytingar á tekjudreifingunni frá einu tímabili til annars.

Einnig hefur verið algengt að miða skilgreiningu á fátæktarmörkum við fastar fjárhæðir og er þá leitað eftir lágmarksfjárhæð sem dugir til lífsviðurværis. Ekki er vandinn minni við slíkar skilgreiningar en áðurnefndar rannsóknir á hlutfallslegri fátækt. Viðfangsefnið er flóknara en svo að það hafi nokkurn tilgang að samþykkja einhverja eina skilgreiningu á fátæktarmörkum sem hina einu réttu. Greining Félagsvísindastofnunar er hins vegar gagnlegt innlegg í málið.

3. Hyggst ríkisstjórnin bregðast við áðurnefndum upplýsingum um fátækt á Íslandi?

Eins og bent er á í athugum Félagsvísindastofnunar hneigist umfang fátæktar til að fylgja hagsveiflum. Á árunum 1988–93 setti hagvaxtarleysi mark sitt á þjóðarbúskapinn, en þá jókst „mæld fátækt". Frá árinu 1994 hefur hagvöxtur hins vegar verið að ná sér á strik. Eðli máls samkvæmt líður nokkur tími áður en hagvöxtur skilar sér í minna atvinnuleysi. Því fór atvinnuleysið vaxandi um hríð eftir að botni hagsveiflunnar hafði verið náð, eða til ársins 1995, en frá þeim tíma hefur það hins vegar farið minnkandi. Má ætla að það hafi ráðið miklu um að mæld fátækt fór einnig vaxandi til ársins 1995, enda bendir Félagsvísindastofnun á mikla fylgni atvinnuleysis og mældrar fátæktar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur hins vegar farið vaxandi frá árinu 1994.

Þetta sýnir að hagvöxtur er ráðandi um þróun lífskjara. Fyrir vikið leggur ríkisstjórnin áherslu á góð skilyrði fyrir hagvöxt á traustum og varanlegum grunni. Það er skammgóður vermir að víkja frá þessu markmiði ef það skaðar hagvöxt þegar til langs tíma er litið. Enginn vafi er á því að stefna stöðugleika og jafnvægis í þjóðarbúskapnum á undanförnum árum hefur lagt grunninn að minnkandi atvinnuleysi, auknum kaupmætti og bættum kjörum almennings.

4. Ef aðgerðir eru fyrirhugaðar, að hvaða leyti munu þær ná sérstaklega til kvenna, ungs fólks og aldraðra?

Ýmsum úrræðum er beitt til að bæta lífskjör þeirra einstaklinga og þjóðfélagshópa sem eiga á brattann að sækja, ekki síst í gegnum skattkerfið og með ýmsum tilfærslum og bótum, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Sérstaklega má nefna atvinnuleysistryggingar og bætur almannatrygginga. Hagvöxtur og almenn kaupmáttarþróun hafa mikla þýðingu fyrir umrædda hópa, en viðunandi hagvöxtur tryggir fjölgun starfa og tækifæra á vinnumarkaði sem kemur sér ekki síst vel fyrir ungt fólk. Lífeyriskerfið hefur eflst, sem felur í sér betri hag fyrir aldraða í framtíðinni. Jafnframt mun draga úr mun á mældri fátækt meðal kvenna og karla því að konur eru hlutfallslega fleiri meðal aldraðra. Rétt er að huga sérstaklega að fekari ráðstöfunum til að örva sparnað sem ætlað er að bera uppi lífskjör aldraðs fólks í framtíðinni.

109. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um olíuleit við Ísland.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Horft verði til þeirra svæða á landgrunninu sem fyrri rannsóknir benda til að séu líklegust til að geyma slíkar auðlindir og leitað samstarfs við erlenda aðila um rannsóknirnar.

Greinargerð.

Eftir því sem næst verður komist mun fyrsta fyrirspurn um leyfi til leitar að olíu og gasi hér við land frá erlendum aðila hafa borist til íslenskra stjórnvalda í mars 1970. Frá þessum tíma til ársloka 1974 bárust íslenskum stjórnvöldum sams konar óskir frá 25 er-

lendum aðilum. Íslenskum stjórnvöldum fannst fyrirspurnirnar ekki þess eðlis að rétt væri að veita þeim jákvæða afgreiðslu, með einni undantekingu þó. 1. desember 1970 lagði Shell International í Haag fram umsókn um vísindalega leit að olíu og gasi á hafsbotninum umhverfis Ísland. Með bréfi iðnaðarráðuneytis 10. febrúar 1971 var fyrirtækinu heimilað að framkvæma jarðeðlisfræðilegar mælingar á landgrunni Íslands. Aðrar rannsóknir voru ekki leyfðar né heldur vinnsla. Það skilyrði var sett, að niðurstöður rannsókna yrðu sendar íslenskum stjórnvöldum og fulltrúi tilnefndur af iðnaðarráðuneytinu yrði um borð í rannsóknarskipinu. Sérstaklega var tekið fram að rannsóknarheimildin takmarkaðist ekki við hafsvæðið út að 200 m dýptarlínu heldur giltu íslenskar reglur á öllu nýtanlegu svæði. Rannsóknir Shell fóru fram 6.–8. september 1971. Voru mælingar framkvæmdar eftir 350 km langri línu sem Shell ákvað vestur af landinu. Dr. Guðmundur Pálmason var fulltrúi Íslands um borð í rannsóknarskipinu. Niðurstaða rannsóknanna varð sú að jarðlög þarna væru svipuð og undir landinu sjálfu og ekki talið líklegt að um olíulindir væri þar að ræða. Í umræðum um málið á Alþingi kom m.a. fram hjá þáverandi forsætisráðherra, Geir Hallgrímssyni, að áhugi þessara aðila benti til þess að þeir teldu ekki tilgangslaust með öllu að leita fyrir sér á yfirráðasvæði okkar. Hann sagði jafnframt: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að heildarrannsókn fari fram á landgrunni Íslands, svo að gengið sé úr skugga um það með þeirri tækni, sem menn ráða nú yfir, hvaða auðlindir kunna þar að finnast og hvort þar er að finna olíu eða gas. Tækniframfarir við olíuvinnslu eru örar. Sá tími kann að koma fyrr en varir að mikið hafdýpi útiloki ekki lengur vinnslu á þeim svæðum þar sem mestar líkur kunna að vera á, að olía finnist við Ísland. Hins vegar er rétt að vara við allri bjartsýni og leggja áherslu á að varlega sé farið í þessar sakir, um leið og áhersla er enn fremur lögð á það að rannsóknum sé haldið áfram."

17. ágúst 1978 heimilaði þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Co. að framkvæma rannsóknir og olíuleit á landgrunni Íslands, þ.e. á svæði út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa. Niðurstöður lofuðu mjög góðu um tilvist auðlinda á þessu svæði. Það voru að vísu frummælingar sem þarna voru gerðar, en í ljós kom að út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa mátti finna allt upp í 4 km þykk setlög, en setlög eru algjör forsenda fyrir því að um olíu eða gaslindir geti verið að ræða. Almennt er talin ástæða til að halda áfram rannsóknum ef setlögin ná 1 km að þykkt. Á þessu svæði voru þau frá 2 og upp í 4 km þykk og því má segja að ástæða hafi verið til að halda áfram þessum rannsóknum. Árið 1981 fóru fram frekari rannsóknir og þá rannsóknaboranir í Flatey á Skjálfanda að tilstuðlan nefndar sem með þessi mál fór. Þá fól þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, Orkustofnun að framkvæma þar sérstaka rannsóknaborun sumarið 1982. Niðurstöðurnar voru staðfesting á tilvist setlaga þar. Borholan var hins vegar aðeins 554 m djúp en til að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögum þar nyrðra þarf að bora niður á yfir 2000 m dýpi.

Í október 1981 var gerður samningur milli Íslands og Noregs sem tók gildi 2. júní 1982 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Í þeim samningi var ákveðið að Ísland og Noregur mundu sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar yrðu reglur um hvernig hátta skyldi olíuleit á þeim ef til kæmi. Norðmenn áttu að kosta forrannsóknir á hafsbotninum, en skipulag að vera í höndum beggja aðila sameiginlega. Lítið hefur farið fyrir þessu samstarfi frændríkjanna, en sjálfsagt og eðlilegt er að endurvekja það og halda því áfram.

Rannsóknir á landgrunni Íslands, svo víðáttumikið sem það er, eru tímafrekar og ekki á færi Íslendinga einna. Því er eðlilegt að beina rannsóknum að ákveðnum svæðum og einbeita sér þá helst að svæðinu út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa þar sem talin er nokkur von um auðlindir. Verði einskis látið ófreistað til að ná samningum við erlenda aðila um frekari rannsóknir þar sem fyllstu aðgæslu verði gætt með tilliti til náttúruverndar. Nái þessi þingsályktunartillaga fram að ganga væri ekki óeðlilegt að ríkisstjórnin skipaði starfshóp vísindamanna er ynni að framgangi málsins og fylgdist með störfum erlendra rannsóknaraðila.

110. Svar [66. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um jarðeignir ríkisins.

1. *Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?*
   Jarðir í eigu ríkisins eru 638.

2. *Hvert er heildarfasteignamat þeirra?*
   Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins er heildarfasteignamat jarða í eigu ríkisins, þ.e. lands, hlunninda, ræktunar og mannvirkja, 3.835.973 þús. kr. Ekki liggur fyrir skipting á milli ríkisins sem landeiganda og ábúenda á ræktun og mannvirkjum.

3. *Hve margar þeirra eru í ábúð eða nýttar á einhvern hátt?*
   Jarðir í ábúð eru samtals 459 og eyðijarðir 179. Allar jarðir á forræði jarðadeildar eru leigðar til ábúðar eða til nytja án búsetu.

4. *Hversu miklar eru árlegar leigutekjur ríkisins af jörðum þessum?*
   Álögð leiga fyrir jarðir og lóðir á þessu ári er 27.800 þús. kr.

5. *Hve margar jarðir hefur ríkið selt á síðustu þremur árum og hvert er heildarsöluverðmæti þeirra, sundurliðað eftir árum, á núgildandi verðlagi?*
   Samkvæmt eftirfarandi upplýsingum hafa 20 jarðir verið seldar á árunum 1994–96. Hafa ber í huga að í langflestum tilvika er um að ræða sölu jarða samkvæmt heimild í 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum, til ábúenda viðkomandi jarða, sem eiga mannvirki og ræktun á jörðinni, þannig að hinn seldi eignarhluti ríkisins er land jarðarinnar og hlunnindi, ef um þau er að ræða.
   a. Árið 1994 voru fimm jarðir seldar fyrir samtals 8.338 þús. kr.
   b. Árið 1995 voru tíu jarðir seldar fyrir samtals 19.054 þús. kr.
   c. Á árinu 1996 hafa fimm jarðir verið seldar fyrir samtals 6.512 þús. kr.

111. Fyrirspurn [105. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ökutækjastyrki og hjálpartæki til fatlaðra íbúa á sambýlum.

Frá Sigurði Hlöðvessyni.

1. Hver hefur verið þróun fjárveitinga til ökutækjastyrkja til fatlaðra á síðustu fimm árum, á föstu verðlagi í október 1996?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að reglur Tryggingastofnunar ríkisins um úthlutun ökutækjastyrkja til fatlaðra nái einnig til sambýla, þannig að sambýli, þar sem búa einn eða fleiri einstaklingar sem fullnægja skilyrðum um styrk, eigi rétt á styrk?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að reglum Tryggingastofnunar um afgreiðslu hjálpartækja, svo sem baðtækja, baðlyfta, sturtustóla og annarra slíkra hjálpartækja, til íbúa á sambýlum verði breytt þannig að þörf einstaklingsins fyrir hjálpartæki verði metin út frá persónulegum þörfum hans þannig að það komi ekki í veg fyrir úthlutun að aðrir íbúar sambýlisins þurfi ekki á tækjunum að halda?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Á sl. árum hefur sambýlum fatlaðra fjölgað mikið. Því ber að fagna en því miður virðast hliðarverkanir þessa stundum vera að réttur fatlaðs fólks sem býr á sambýlum sé skertur af Tryggingastofnun ríkisins.

Almannatryggingum er ætlað að auðvelda fötluðum að taka þátt í daglegu lífi, m.a. með ökutækjastyrkjum. Fatlaðir, ekki síst þeir sem búa á landsbyggðinni þar sem almenningssamgöngur eru engar, eru háðari einkabílum en aðrir og ökutækjastyrkir geta auðveldað þeim að eignast bíl. Styrkirnir geta skipt sköpum, m.a. gert fötluðum mögulegt að stunda atvinnu og þannig rofið félagslega einangrun þeirra. Á umsóknarárinu 1996 gerir Tryggingastofnun ráð fyrir 50 svokölluðum hærri styrkjum og 355 lægri styrkjum. Samkvæmt reglum stofnunarinnar geta íbúar á sambýli ekki sótt í sameiningu um ökutækjastyrk. Rekstur, mönnun og heimilishald sambýla býður ekki upp á að hver íbúi eignist eigin bifreið, auk þess sem það yrði mun dýrara en að sameinast um einn bíl. Framkvæmdajóður fatlaðra telur það ekki í sínum verkahring að veita fjármagn til bifreiðakaupa til sambýla, þótt hann fjármagni að öðru leyti stofnkostnað þeirra.

Tryggingastofnun hefur í mörgum tilfellum hafnað beiðni einstaklings á sambýli um hjálpartæki vegna þess að hugsanlegt sé að annar einstaklingur sem ekki á rétt á sama hjálpartæki gæti hugsanlega nýtt það. Slík vinnubrögð eru auðvitað með öllu ótæk. Benda má á að verklagsreglur stofnunarinnar virðast miðast við að sambýli fatlaðra sé stofnun en ekki heimili þrátt fyrir að lagaskilgreiningar kveði á um hitt.

112. Svar [60. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um opinbera fjárstyrki til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela á landsbyggðinni.

1. *Eftir hvaða reglum og sjónarmiðum vann sú nefnd sem samgönguráðherra skipaði til þess að gera tillögur að úthlutun á 20 millj. kr. sem Alþingi veitti á fjárlögum ársins 1995 til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela á landsbyggðinni? Byggðist úthlutunin á langtímastefnumótun ráðuneytisins í ferðamálum? Var kannað sérstaklega hvort einstök hótel gætu frekar aukið nýtingu sína utan háannatímans en önnur og hvaða hótel á landsbyggðinni væru betur en önnur til þess búin að halda fundi og ráðstefnur? Hvernig var rekstrareiningin heilsárshótel skilgreind? Hvaða gögn þurftu styrkþegar að leggja fram áður en styrkur kom til útborgunar?*

Nefnd sú sem samgönguráðherra skipaði til að úthluta 20 millj. kr. til heilsárshótela og í sátu Þorleifur Þór Jónsson frá Ferðamálaráði, Björn Jósep Arnviðarson frá Ferðamálasjóði og Sturla Böðvarsson alþingismaður hafði það að leiðarljósi í starfi sínu að kanna hvaða hótel gætu aukið nýtingu utan háannatíma með því fyrst og fremst að efla kynningu á ráðstefnu- og fundaraðstöðu. Sú stefna var tekin að veita styrk til færri aðila fremur en fleiri til þess að það takmarkaða fjármagn sem til ráðstöfunar var mundi nýtast sem best. Við val á hótelum leit nefndin helst til þeirra sem hafa möguleika á að halda fundi og ráðstefnur, og á þeim grunni var þeim gefið vægi eftir stærð, möguleikum á sóknarfærum og efnahagslegri þörf. Nefndin lagði mikla áherslu á að þær rekstrareiningar sem valdar voru stæðu undir nafni sem heilsárshótel á landsbyggðinni og væru forsenda frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Því var hluta af fjármagninu dreift, en hluta veitt til samtaka heilsárshótela.

Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir því í langtímastefnumótun sinni í ferðamálum að fjármagn til þess að veita styrki til heilsárshótela sé varanlegur þáttur.

Áður en styrkur kom til útborgunar þurftu styrkþegar að leggja fram gögn sem m.a. tilgreindu í hvað ætti að ráðstafa fénu og áætluðum afrakstri af átaki.

2. *Hvaða rök lágu að baki styrkveitingu til hvers hinna ellefu hótela og því að viðkomandi hótel fékk þá fjárhæð sem því var úthlutað?*

Upphæð styrks sem veitt var til hvers hótels var miðuð við herbergjafjölda, möguleikum á sóknarfærum og efnahagslegri þörf.

3. *Hvernig fylgdist ráðuneytið með því að fé væri notað eins og til var ætlast?*

Eftir að viðkomandi hótel höfðu gert grein fyrir í hvað ætti að nota styrkinn var hann greiddur út.

4. *Er Ferðamálasjóður hluthafi í einhverju þeirra hótela sem fengu styrk og þá hverra? Hversu hátt hlutfall hlutafjár á Ferðamálasjóður í viðkomandi hótelum? Hvernig var greiðslustaða þeirra hótela sem fengu styrk gagnvart Ferðamálasjóði þegar styrkirnir komu til útborgunar?*

Ferðamálasjóður á 27,12% hlut í Hótel Húsavík, 20,20% hlut í Hótel Stykkishólmi og 26,57% hlut í Hótel Valaskjálf, en öll fengu þessi hótel styrk. Hótel Húsavík hefur engar skuldir við Ferðamálasjóð, heildarskuld Hótels Valaskjálfar við sjóðinn er 1.733.511 kr., þar af 328.282 kr. í vanskilum, og heildarskuld Hótels Stykkishólms er 24.485.344 kr., þar af 9.295.722 kr. í vanskilum.

5. *Er lokið úthlutun á þeim 15 millj. kr. sem heimilt er að verja á árinu 1996 til heilsárshótela á landsbyggðinni og ef svo er, til hvaða hótela runnu þeir styrkir? Ætlar ráðherra að fara að tilmælum samkeppnisráðs, sem fram koma í áliti þess nr. 7/1996, um að við framkvæmd styrkveitinga á vegum ráðuneytisins verði tekið mið af ákvæðum samkeppnislaga?*

Ekki er enn búið að úthluta þeim 15 millj. kr. sem heimilt er að verja til heilsárshótela á landsbyggðinni á árinu 1996.

6. *Hvers vegna var gert upp á milli heilsárshótela í Vestmannaeyjum við úthlutun styrkja fyrir árið 1995, en þar eru starfandi tvö heilsárshótel, hvort um sig með átján herbergjum og góðri fundaaðstöðu? Telur ráðherra að sú úthlutun sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga?*

Það var mat úthlutunarnefndarinnar að þessu sinni að veita skyldi Hótel Bræðraborg styrk á grundvelli þess sem að framan greinir. Ráðherra telur að þessi niðurstaða brjóti ekki jafnræðisreglu stjórnarskrár og stjórnsýslulaga.

113. Svar [39. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um orkukostnað.

1. *Hver hefur verið kostnaður á kílówattstund við hitun íbúðarhúsnæðis, miðað við 32.800 kwst. notkun á ári frá árinu 1990 mælt á föstu verðlagi ársins í ár, hjá eftirtöldum orkuveitum:*
   a. *Hitaveitu Reykjavíkur,*
   b. *Hitaveitu Suðurnesja,*
   c. *Orkubúi Vestfjarða,*
   d. *Rafmagnsveitum ríkisins,*
   e. *Hitaveitu Akureyrar?*

Samanburður á orkuverði til húshitunar er mjög erfiður og byggist ávallt á tilteknum forsendum sem eru umdeildar. Á fyrri hluta níunda áratugarins var slíkur samanburður gerður reglulega, en vegna ágreinings um forsendur var birtingu niðurstaðna hætt. Orkugjafarnir, rafmagn, olía og heitt vatn, eru ólíkir; rafmagn er selt í kílóvattstundum, hitaveitur selja vatn ýmist samkvæmt magnmæli (rúmmetrar) eða hámarksrennsli (lítrar á mínútu) og olía er seld í lítrum. Til að meta hversu mikið heitt vatn jafngildir 32.800 kwst. þarf bæði að- og frárennslishitastig vatnsins að vera þekkt. Aðrennslishitastig

vatnsins er breytilegt og ræðst m.a. af veðri. Það er t.d. hærra þegar kalt er í veðri og rennsli um veitukerfið mikið. Frárennslishitastigið er háð veðurfari, en það ræðst einkum af öðrum atriðum, svo sem stærð ofna, stýringu hitakerfis, einangrun húss o.fl. Því þarf að áætla hvaða magn af heitu vatni eða hámarksrennsli jafngildir 32.800 kwst. Rauntölur um orkunotkun og orkukostnað sýna að slíkar áætlanir geta verið varasamar og ekki er unnt að gera einhlítan samanburð milli veitna á grundvelli slíkra áætlana. Leitað var til Orkustofnunar um svar við fyrirspurninni og byggist svar við 1. og 2. tölul. á forsendum og gögnum frá stofnuninni.

Áætlaður kostnaður notenda í kr./kwst. við hitun íbúðarhúsnæðis á veitusvæðum þeirra veitna sem spurt er um miðað við 32.800 kwst. notkun á ári á verðlagi í október 1996 er eins og fram kemur eftirfarandi töflu. Fjárhæðir eru færðar til verðlags miðað við gildistöku nýrrar gjaldskrár. Neðsta línan sýnir kostnað notenda samkvæmt gildandi verðskrá. Í töflunni er tekið tillit til niðurgreiðslna ríkissjóðs, afsláttar Landsvirkjunar og dreifiveitna og endurgreiðslu á hluta af virðisaukaskatti. Niðurgreiðsla ríkissjóðs á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis er 1,38 kr./kwst. fyrir allt að 30.000 kwst. notkun á ári sem jafngildir 41.400 kr. Afsláttur Landsvirkjunar er 0,39 kr./kwst. fyrir allt að 30.000 kwst. notkun á ári eða 11.700 kr. Auk þess veita dreifiveiturnar notendum sérstakan afslátt. Hjá Orkubúi Vestfjarða er hann 0,08 kr./kwst. eða 2.400 kr. á ári og hjá Rafmagnsveitum ríkisins 0,085 kr./kwst. eða 2.550 kr. á ári. Hitunarkostnaður hjá notendum Rafmagnsveitna ríkisins sem nota 32.800 kwst. á ári er 155.888 kr. miðað við gjaldskrá veitnanna og 14% virðisaukaskatt, en niðurgreiðslur ríkissjóðs, afsláttur orkufyrirtækja og endurgreiðsla hluta virðisaukaskatts lækka þá fjárhæð samtals um 70.593 kr. á ári og notendur greiða því 85.295 kr. eða um 55%. Hjá Orkubúi Vestfjarða er hitunarkostnaður samkvæmt gjaldskrá með 14% virðisaukaskatti 144.905 kr., en notendur greiða 75.319 kr. á ári eða 52%.

Hitaveita Reykjavíkur		**Hitaveita Suðurnesja**		**Orkubú Vestfjarða**		**Rafmagnsveitur ríkisins**		**Hitaveita Akureyrar**	
Dags. gjaldskr.	Kostn. kr./kwst.	Dags. gjaldskr.	Kostn. kr./kwst.	Dags. gjaldskr.	Kostn. kr./kwst.	Dags. gjaldskr.	Kostn. kr./kwst.	Dags. gjaldskr.	Kostn. kr./kwst.
1.12.89	1,32	1.10.89	1,56	1.1.90	2,89	1.10.89	2,89	1.11.89	2,75
2.10.91	1,33	1.7.90	1,59	1.2.90	2,85	1.2.90	3,03	1.12.90	3,14
1.11.92	1,32	1.7.91	1,59	1.1.91	2,88	1.1.91	3,06	1.10.91	3,15
1.1.93	1,48	1.1.93	1,67	1.6.91	2,32	1.6.91	2,54	1.1.93	3,22
1.8.93	1,46	1.1.94	1,64	1.10.91	2,55	1.7.91	2,71	1.5.93	3,23
1.11.93	1,48			1.1.93	2,54	1.10.91	2,85	1.8.93	3,22
1.5.96	1,48			1.8.93	2,60	1.1.93	2,96	1.9.93	3,25
1.8.96	1,52			1.1.94	2,78	1.8.93	3,03	1.10.93	3,24
				1.3.95	2,31	1.1.94	3,09	1.1.94	3,11
				1.4.96	2,33	1.3.95	2,62	1.1.95	3,05
						1.4.96	2,64	15.2.95	3,05
								1.1.96	2,93
15.10.96	1,52	15.10.96	1,55	15.10.96	2,30	15.10.96	2,60	15.10.96	2,87

2. *Hver hefur þessi orkukostnaður verið á sama tíma vegna olíuhitunar, mælt á sama verðlagi?*

Þar sem olía er seld í lítrum þarf að áætla hversu mikið magn olíu jafngildir 32.800 kwst. Áætlaður kostnaður við olíuhitun á verðlagi í október 1996 er eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Fjárhæðir eru færðar til verðlags miðað við gildistöku verðbreytinga.

Meðaltal árin	Kostn. kr./kwst.	Árið 1996	Kostn. kr./kwst.
1990	2,89	1. janúar til 29. febrúar	3,18
1991	3,10	1. mars til 2. apríl	3,39
1992	2,51	3. apríl til 31. ágúst	3,47
1993	3,11	1. september til 30. september	3,56
1994	2,98	Frá 1. október	3,68
1995	2,94		

3. *Hvert hefur verið árlegt framlag ríkisins til niðurgreiðslu á raforku til húshitunar á árunum 1990–96 á verðlagi þessa árs?*

Framlag á fjárlögum til niðurgreiðslna á raforku til húshitunar á árunum 1990–96 miðað við verðlag í október 1996, hefur verið sem hér segir:

Ár	Millj. kr.
1990	307,3
1991	341,0 (hluti á fjáraukalögum)
1992	377,2
1993	396,1 (hluti á fjáraukalögum)
1994	415,9
1995	460,4
1996	447,0

4. *Hver hefur verið árlegur afsláttur Landsvirkjunar af orkusölu til húshitunar á árunum 1990–96, reiknað í kr./kwst. á verðlagi þessa árs?*

Afsláttur Landsvirkjunar af raforkusölu til hitunar íbúðarhúsnæðis í kr./kwst., á verðlagi í september 1996 miðað við 32.800 kwst. notkun á ári, hefur verið sem hér segir:

Ár	Kr./kwst.
1990	0,226
1991	0,204
1992	0,202
1993	0,253
1994	0,281
1995	0,354
1996	0,357

Auk Landsvirkjunar veita Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins notendum afslátt af rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis.

5. *Hvernig verður unnið að því markmiði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að lækka húshitunarkostnað?*

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að unnið verði að lækkun húshitunarkostnaðar. Að þessu stefnumiði hefur verið og verður unnið með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi hefur verið stuðlað að hagræðingu í rekstri orkufyrirtækja og lækkun rekstrarkostnaðar. Í því sambandi má benda á breytingar á skipulagi orkumála í Borgarfirði og endurskoðun á skipulagi og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins. Í öðru lagi hafa lán Orkusjóðs til jarðhitaleitar verið aukin, jafnframt því sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið þátt í jarðhitaleit, m.a. á Snæfellsnesi. Í þriðja lagi er unnið að undirbúningi átaks til orkusparnaðar við húshitun á köldu svæðunum sem væntanlega mun fyrst og fremst koma þeim húsráðendum til góða sem þurfa hlutfallslega mikla orku til hitunar. Í fjórða lagi var í erindisbréfi ráðgjafarnefndar um endurskoðun orkulaga lögð áhersla á að breytt skipan orkumála stuðli að jöfnun orkuverðs. Í fimmta lagi tókst með samningnum um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík að selja umframraforku sem bætir afkomu Landsvirkjunar verulega. Auk þessara sértæku aðgerða hefur meiri stöðugleiki í efnahagslífinu komið orkufyrirtækjunum til góða og stuðlað að lækkun orkuverðs. Í því sambandi má sérstaklega benda á lægri vexti á erlendum lánum sem bæta afkomu orkufyrirtækjanna.

114. Fyrirspurn [106. mál]

til umhverfisráðherra um flutning Landmælinga Íslands.

Frá Ögmundi Jónassyni og Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður ríkisins af flutningi Landmælinga Íslands til Akraness?
2. Hver eru helstu rök fyrir flutningi stofnunarinnar til Akraness?
3. Hvaða áhrif hefur það á starfsemi stofnunarinnar ef núverandi starfsmenn kjósa að að láta af störfum fremur en að flytjast með stofnuninni?
4. Hvaða áhrif er talið að starfsemi stofnunarinnar á Akranesi hafi á þróun atvinnulífs og byggðar þar?

Skriflegt svar óskast.

115. Fyrirspurn [107. mál]

til utanríkisráðherra um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvaða umræður hafa farið fram milli aðila frá samþykkt þingsályktunar 14. mars 1983 um að ríkisstjórnin vinni að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yf-

irráð Hatton-Rockall hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna?
2. Hver er staða málsins nú og árangur viðræðna?
3. Hvert verður framhald málsins?
4. Hver eru landgrunnsréttindi Íslendinga samkvæmt hafréttarsáttmálanum?

Skriflegt svar óskast.

116. Frumvarp til laga [108. mál]

um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Sigurður Hlöðvesson.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir kröfur 2. mgr. 5. gr. um úreldingu sambærilegs skips er heimilt að veita allt að 10% stærra skipi en úrelt er veiðileyfi ef nýja skipið er byggt samkvæmt nútímakröfum um fullkomnustu aðstöðu fyrir áhöfn. Ef endurnýjað er í slíku skipi sem ætlað er til veiða á uppsjávarfiskum og búið tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis má stærð hins nýja skips vera allt að 25% meiri en þess sem úrelt er. Ráðherra er heimilt að rýmka framangreind mörk í allt að 25% í fyrra tilvikinu og allt að 40% í því síðara ef hið nýja skip er smíðað í innlendri skipasmíðastöð.

Samhliða þeirri breytingu sem 1. mgr. mælir fyrir um skal ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um úreldingu fiskiskipa og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi haustið 1997. Jafnframt falla ákvæði 1. mgr. úr gildi í árslok 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að í ákvæði til bráðabirgða verði dregið úr hinni stífu úreldingarkröfu sem nú er í gildi. Heimilt verði að hafa fiskiskip almennt allt að 10% stærri en þau sem úrelt eru á móti til að mæta aukinni rýmisþörf vegna bætts aðbúnaðar áhafnar. Þá er lagt til að um enn frekari rýmkun verði að ræða þegar endurnýjun í nótaskipaflotanum á í hlut, enda sé um að ræða kaup eða smíði á skipi sem búi yfir nýjustu tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis, svonefndri RSV-kælingu. Ljóst er að gildandi reglur verka mjög hamlandi gegn allri endurnýjun, en hennar er brýn þörf nú í þeim hluta flotans sem veiðir aðallega uppsjávarfiska. Sá hluti flotans er gamall og úr sér genginn þannig að frá rekstrarlegu sjónarmiði, og þó ekki síður hvað öryggi snertir, er það óviðunandi ástand. Þá stendur þetta ástand flotans í vegi fyrir framþróun í gæðamálum og hindrar að það hlutfall úr þessum stofnum sem nýtt er beint til manneldis og

í gæðaframleiðslu aukist. Síðast en ekki síst er ástandið þannig að ár eftir ár vantar mikið á að útgefinn kvóti náist, t.d. í loðnu, og verður þjóðarbúið af miklum fjárhæðum af þeim sökum. Það eru því tæplega rök fyrir að framfylgja stífum úreldingarreglum hvað þennan hluta flotans snertir. Í reynd hefur verið í gangi yfirstuðull á endurnýjun slíkra skipa því að óumdeilt er að samfara hinni nýju tækni, þ.e. geymslu hráefnis í einangruðum lestum eða tönkum með kælikerfum og tilheyrandi búnaði, minnkar burðargeta um nálægt 20%. Hér er því ekki lagt til að ganga lengra en jafna þennan mun, auk þess sem mælt er fyrir um að úreldingarmálin verði tekin til heildarendurskoðunar.

Lagt er til að ráðherra geti rýmkað úreldingarreglur sérstaklega ef endurnýjun fer fram í innlendum skipasmíðastöðvum.

Með frumvarpinu var fylgiskjal: Tvö erindi til sjávarútvegsnefndar varðandi úreldingarmál: Nauðsyn á eðlilegri endurnýjun loðnuskipaflotans. Gamaldags fjárfestingarhöftum laumað inn í krókabátafrumvarpið. *Bárður Hafsteinsson skipaverkfræðingur* (5. júní 1995). Erindi frá Húnaröst hf. (6. júní 1995).

Um fylgiskjalið vísast til samhljóða fylgiskjals í þskj. 740, 416. mál 120. löggjafarþings), í A-deild Alþt. 1995–1996, bls. 3479–3482.

117. Fyrirspurn [109. mál]

til forsætisráðherra um áhrif vísitöluhækkana á skuldir heimilanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða útgjaldaflokkar og undirflokkar þeirra samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar í vísistölu neysluverðs hafa helst haft áhrif til hækkunar á skuldir heimilanna frá því að hún tók gildi 1. mars 1995?
2. Hve mikið hefur hver og einn flokkur, sbr. 1. tölul., hækkað skuldir heimilanna (í fjárhæðum) frá 1. mars 1995 til 1. október 1996?
3. Hvaða útgjaldaflokkar og undirflokkar í eldri lánskjaravísitölu höfðu helst áhrif til hækkunar á skuldir heimilanna?
4. Hve mikið hefur hver og einn flokkur í eldri lánskjaravísitölu hækkað skuldir heimilanna (í fjárhæðum) á árunum 1993 og 1994?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar er vísitölu neysluverðs skipt í útgjaldaflokka (svo sem matvörur o.s.frv.) sem jafnframt eru greindir eftir undirflokkum (t.d. mjöl, mjólk, grænmeti o.s.frv.). Með fyrirspurninni er óskað eftir því að hækkun á skuldum heimilanna (í fjárhæðum) verði greind eftir þessum flokkkum og enn fremur einstökum undirflokkum.

118. Fyrirspurn [110. mál]

til fjármálaráðherra um vinnueftirlitsgjald.

Frá Svavari Gestssyni og Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hverju nam innheimta vinnueftirlitsgjalds árin 1993, 1994 og 1995 og hver er áætluð upphæð þess árið 1996?
2. Hve stór hluti gjaldsins hefur þegar verið greiddur til Vinnueftirlits ríkisins fyrir hvert ár?
3. Hver er mismunurinn og þar með inneign Vinnueftirlitsins hjá ríkissjóði?

Skriflegt svar óskast.

119. Fyrirspurn [111. mál]

til utanríkisráðherra um flutning sendiherra og annarra starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða reglur gilda um flutning sendiherra og annarra flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar að því er varðar starfstíma á hverjum stað, tilkynningarfrest og önnur slík starfskjaraatriði?
2. Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar af flutningi starfsmanna utanríkisþjónustunnar?
3. Hverju nam kostnaður ráðuneytisins af flutningi:
   a. sendiherra,
   b. annarra starfsmanna utanríkisþjónustunnar,
   skipt eftir árum 1991–95?

Skriflegt svar óskast.

120. Fyrirspurn [112. mál]

til landbúnaðarráðherra um landgræðsluverði.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hverjir eru landgræðsluverðir, hvenær voru þeir skipaðir og hvernig voru þeir valdir, hver eru launakjör þeirra og starfshlutfall, á hvaða aldri láta þeir af störfum og hvert er hlutverk þeirra og starfssvæði?

Skriflegt svar óskast.

121. Fyrirspurn [113. mál]

til menntamálaráðherra um útleigu leikhúsa og samkeppni leikfélaga.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða reglur gilda um afnot leikhópa eða leikfélaga af húsnæði Þjóðleikhússins, Leikfélags Reykjavíkur og Íslensku óperunnar til æfinga og sýninga og hvert er leigugjaldið?
2. Hverjum hefur verið leigt húsnæði undanfarin þrjú ár hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og Íslensku óperunni, á hvaða verði í hverju tilviki og hverjar hafa tekjurnar verið ár hvert hjá hverjum aðila?
3. Hverjir hafa boðið leikhús til útleigu aðrir en þrír framangreindir aðilar, hefur gætt samkeppni á þessu sviði og ef svo er, hver hafa verið áhrif þeirrar samkeppni á leiguverð?
4. Hver hafa verið áhrif samkeppni frá einstökum leikfélögum á aðgöngumiðaverð og aðsókn hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og Íslensku óperunni?

Skriflegt svar óskast.

122. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Petrína Baldursdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum með víðtækri endurskoðun og umbótum á íslensku heilbrigðisáætluninni frá 19. mars 1991. Við þá stefnumörkun verði m.a. tekið mið af nýjum aðstæðum, breytingum og þróun sem orðið hefur í heilbrigðismálum á sl. fimm árum og reynslunni af framkvæmd heilbrigðisáætlunarinnar.

Við nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum skal hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. **Forvarnastarf.**
   a. Áhersla verði lögð á auknar slysavarnir, forvarnir, heilsuvernd, endurhæfingu og sjúkdómaleit.
   b. Grunnheilsugæsla verði efld og komið á víðtæku fræðslu- og forvarnastarfi til þess að stemma stigu við sjúkdómum og slysum þannig að hægt verði að draga úr dýrum læknisaðgerðum og stofnanavist.
   c. Fram fari könnun á árangri slysavarna- og forvarnastarfs og ný stefna verði mótuð í samræmi við niðurstöður hennar.
   d. Sérstök áhersla verði lögð á raunhæfar aðgerðir til að draga úr neyslu áfengis, tóbaks og annarra fíkniefna.
   e. Stuðningur verði aukinn við félagasamtök sem sinna viðurkenndum og árangursríkum forvarnaverkefnum á sviði heilbrigðismála.
   f. Áhersla verði lögð á aðgerðir til þess að draga úr mengun, útrýma skaðlegum eiturefnum og bæta lífsumhverfi.
2. **Uppbygging heilsugæslunnar.**
   a. Viðurkennt verði í reynd lykilhlutverk heilsugæslunnar í heilsuverndarstarfinu, en heilsugæslan á að vera sú grunnþjónusta sem læknisfræðilegt meðferðarstarf byggist á.
   b. Heilsugæslu- og heimilislæknirinn verði sá sem gætir hagsmuna sjúklings í kerfinu og á að tryggja að hann fái þar þá þjónustu sem hann á rétt á og að allar upplýsingar um sjúkleika hans, rannsóknir, þjónustu og meðferðarárangur séu tiltækar.
   c. Áætlun verði gerð um að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva um land allt fyrir árið 2000.
   d. Heilsugæslustöðvum verði í vaxandi mæli gert kleift að sinna fræðslu og forvarna- og endurhæfingarstarfi með ráðningu sérhæfðs starfsfólks til þeirra verkefna.

e. Við uppbyggingu og rekstur heilsugæslustöðva verði reynd mismunandi fjármögnunar- og rekstrarform þannig að samanburður valkosta fáist, en þó ávallt þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt, þjónustan sé hvarvetna jafngóð og veitt sjúklingum á sömu kjörum og á ábyrgð opinberra aðila.
f. Hlutur heilsugæslunnar verði aukinn sem hlutfall af heildarútgjöldum til heilbrigðismála, jafnframt því sem aukið verði hlutfallslega fjármagn til heilsuverndar og forvarnastarfs.
g. Stefna ber að því að tannheilbrigðisþjónusta verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum.

3. **Heilbrigðis- og félagsþjónusta utan stofnana.**
a. Heimaþjónusta verði efld og heimahjúkrun bætt.
b. Stefnt verði að því að rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu, þar á meðal heimahjúkrun aldraðra og öryrkja, verði flutt til sveitarfélaganna. Í því sambandi verði gerð sérstök úttekt á þjónustu við aldraða. Lög um málefni aldraðra og Framkvæmdasjóð aldraðra verði endurskoðuð í samræmi við niðurstöður þeirrar úttektar.

4. **Sjúkrahúsin.**
a. Unnið verði að einföldun, samhæfingu og/eða sameiningu einstakra rekstrarþátta og þjónustu sjúkrahúsanna í landinu.
b. Þjónustusvið heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, sérfræðinga með sjálfstæðan rekstur, vistunarstofnana og annarra stofnana í heilbrigðiskerfinu verði síðan skilgreind og afmörkuð. Markmiðið er að ákvarða betur skipulag og verkefnasvið hverrar stofnunar og þjónustuþáttar fyrir sig í samræmi við nýja stefnumörkun og í ljósi breyttra forsendna sem felast í bættum samgöngum og framförum í læknavísindum, svo og að ná meiri hagkvæmni í nýtingu fjármuna.
c. Viðurkennd verði sérstaða og hlutverk aðalaðgerðasjúkrahúsa landsmanna, stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og á Akureyri, og fjárhagsgrundvöllur þeirra tryggður.
d. Lögð verði sérstök áhersla á hlutverk stóru sjúkrahúsanna í kennslu heilbrigðisstétta, vísindastarfsemi og rannsóknum og tengslin styrkt milli þeirra og háskólanna sem annast kennsluna.
e. Starfsemi minni sjúkrahúsanna verði jafnframt endurskipulögð þannig að þau geti betur sinnt þeim störfum sem eru á þeirra færi og þeim yrðu ætluð eftir slíka endurskipulagningu.
f. Öll eftirmeðferð sjúklinga, sem gengist hafa undir aðgerðir eða meðferð á sjúkrahúsum, verði á vegum göngudeilda sjúkrahúsanna sjálfra og á ábyrgð þeirra.

5. **Fjárhagsleg stjórnun.**
Fjárhagsleg stjórnun í heilbrigðiskerfinu verði endurskipulögð með það að markmiði að saman fari stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð. Á deildaskiptum sjúkrahúsum verði skipulögð rekstrarleg ábyrgð einstakra deilda.

6. **Launakerfið.**
a. Allt launakerfi í heilbrigðisþjónustunni verði endurskoðað með það að markmiði að samræma og einfalda launakerfi sem þar gilda.
b. Skilgreina skal betur en nú er gert starfssvið einstakra heilbrigðisstétta og breytingar gerðar á lögum um heilbrigðisstéttir í samræmi við nýja skilgreiningu.

7. **Símenntun og vísindi.**
   a. Áherslu skal leggja á símenntun heilbrigðisstarfsfólks og eflingu vísindastarfsemi og rannsókna í heilbrigðismálum.
   b. Kannað verði í því sambandi hvort rétt sé að koma á fót rannsóknastofnun heilbrigðismála sem starfi í tengslum við háskóla og aðra aðila að heilbrigðis- og faraldsfræðirannsóknum, sem og forvörnum og samræmingu þeirra.
8. **Réttindi sjúklinga.**
   a. Aukin áhersla skal lögð á réttindi sjúklinga, svo sem með aukinni fræðslu um hver réttur þeirra er til að þiggja meðferð, leita álits annarra sérfræðinga eða hafna meðferð ef svo ber undir.
   b. Tryggja ber rétt sjúklings til þess að fá upplýsingar um allt sem að sjúkdómi hans og læknismeðferð lýtur og auðvelda honum að ná rétti sínum sé á hlut hans gengið eða ef mistök hafa átt sér stað í meðferðinni.
   c. Gerð samræmdrar sjúkraskrár fyrir heilsugæslu og sjúkrahús verði hraðað og hún tekin í notkun sem fyrst.
9. **Gæðastjórnun, biðlistar og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni.**
   a. Settir verði samræmdir opinberir staðlar um gæði í heilbrigðisþjónustunni og skilgreind þróun gæðastjórnunar.
   b. Skipulega verði unnið að því að nýta upplýsingatæknina í þágu heilbrigðisþjónustunnar.
   c. Reglur verði mótaðar og settar um hámarksbiðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu.
   d. Öll stefnumörkun um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni taki mið af samábyrgð og mannlegri reisn, sem og jöfnum aðgangi að heilbrigðisþjónustu og að allir geti notið hennar. Skýran mun skal gera á pólitískri og stjórnunarlegri ábyrgð og forgangsröðun annars vegar og klínískri forgangsröðun hins vegar.
10. **Nýjungar í lækningatækjum og lyfjum.**
    Mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem hefur orðið í hátækni og nýjum lyfjum til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, sem leitt getur til aukinna afkasta og lækkunar kostnaðar vegna meðferðar við sjúkdómum.

Ný stefnumörkun í heilbrigðismálum í samræmi við framangreindar áherslur skal unnin í samráði við samtök sjúklinga, heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstarfsfólk og lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í byrjun þings haustið 1997.

Greinargerð.

Samfélagið hefur þá grundvallarskyldu að draga úr sjúkdómum og slysum eftir því sem best verður gert með löggjöf, hvatningu, stuðningi og skipulagðri og markvissri heilbrigðisþjónustu. Samfélagið hefur líka þá skyldu að veita þeim sem veikjast eða slasast nauðsynlega aðstoð óháð efnahag þeirra, auk þess að sjá um endurhæfingu og félagslega aðstoð eftir því sem þörf krefur. Heilbrigðisþjónustan skal umfram allt grundvallast á samábyrgð og jöfnum aðgangi allra að þjónustunni.

Það markmið sem að er stefnt með þessari þingsályktunartillögu er að mótuð verði ný stefna í heilbrigðismálum sem feli í sér aukna áherslu á forvarnir, slysavarnir og heilsuvernd til að bæta heilsufar þjóðarinnar og til að stuðla að meiri hagkvæmni í útgjöldum til heilbrigðismála. Þannig verði lögð aukin áhersla á frumheilsugæsluna og á öflugri heilbrigðis- og félagsþjónustu utan stofnana. Með því mætti auka fjölbreytni í þjónustunni og gera hana þar með markvissari og betri. Einnig væri hægt að draga úr dýrari úrræðum í heilbrigðisþjónustunni eins og sérfræðilæknisþjónustu og innlögnum á sjúkrahús, stofnanir eða vistheimili.

Íslenska heilbrigðisáætlunin frá 1991.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að undirbúin verði ný stefnumörkun Alþingis í heilbrigðismálum með víðtækri endurskoðun og umbótum á íslensku heilbrigðisáætluninni sem samþykkt var á Alþingi 19. mars 1991. Áhersla er lögð á að við þá stefnumörkun verði m.a. tekið mið af nýjum aðstæðum, breytingum og þróun sem orðið hefur í heilbrigðismálum frá því að áætlunin var samþykkt fyrir fimm árum og af framkvæmd hennar. Ljóst er að sú áætlun fól ekki í sér heildstæða stefnumörkun á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar heldur náði aðallega til þátta sem falla undir heilbrigða lífshætti og manneldis- og neyslustefnu til að bæta heilsufar þjóðarinnar. Þar var þó með sama hætti og hér lögð áhersla á frumheilsugæsluna þannig að heilsugæslustöðvar væru hornsteinar hennar. Reynslan sýnir engu síður að það markmið hefur ekki náðst og nægir að benda á að fyrirætlanir um að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva fyrir árið 1995 hafa ekki gengið eftir. Áætlunina átti að endurskoða að þremur árum liðnum frá gildistöku eða á árinu 1994 sem ekki hefur heldur orðið.

Sú stefnumörkun sem hér er lögð til er þar að auki mun víðtækari en íslenska heilbrigðisáætlunin frá 1991.

Núverandi staða í heilbrigðisþjónustunni.

Í engum málaflokki er eins mikil þörf á skýrri og markvissri stefnumótun og í heilbrigðismálum en áætlað er að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála muni á næsta ári nema rúmum 52 milljörðum kr. eða um 46% af útgjaldalið fjárlaga. Til að nýta fjármagn sem best og ná fram hámarkshagkvæmni er brýnt að fylgt sé markvissri stefnumótun og ekki síður er hún nauðsynleg til að ná fram öflugri og skipulegri þjónustu sem allir hafa jafnan aðgang að óháð efnahag.

Á undanförnum áratugum hafa útgjöld til heilbrigðismála vaxið hröðum skrefum. Hlutfall heilbrigðisútgjalda var 7,94% af vergri landsframleiðslu á árinu 1990 en 8,14% árið 1995, en þá eru ekki meðtalin útgjöld til almannatrygginga og annarra velferðarmála. Hlutur heimilanna í útgjöldum til heilbrigðismála hefur einnig vaxið. Á árinu 1990 voru útgjöld þeirra 13,24% af öllum heilbrigðisútgjöldum en 15,86% árið 1995. Í fylgiskjali kemur einnig fram hver þróun útgjalda hins opinbera til heilbrigðismála hefur verið á árabilinu 1980–95, svo og útgjöld heimilanna til heilbrigðismála á sama tímabili.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í sjúkrahúsþjónustu og er fjöldi sjúkrarúma hér á landi á hvern íbúa með því mesta sem gerist ef treysta má tölfræðilegum upplýsingum og samanburðargildi þeirra við sams konar erlendar upplýsingar. Sama má segja um vistrými fyrir aldraða. Þrátt fyrir langa biðlista á stofnanir aldraðra eru vistrými hér hlutfallslega fleiri en gengur og gerist meðal nágrannaþjóða. Skýringa má m.a. leita í því að hjá nágrannaþjóðunum hefur meira verið lagt upp úr aðgerðum til að koma í veg fyrir stofnanavist, svo sem með víðtækri heimahjúkrun og heimaþjónustu fyrir aldraða. Einnig má telja næsta öruggt að öldrunarþjónustan hér á landi sé mun dýrari en hún þyrfti að vera ef hún væri á einni hendi, en öldrunarþjónustunni er nú skipt milli ríkis og sveitarfélaga.

Þótt heilsugæslustöðvum hafi víða verið komið á fót hefur aukið fjármagn til heilbrigðismála, eða um 75–80%, runnið til rekstrar sjúkrahúsa. Meiri áhersla hefur verið lögð á meðferð sjúkdóma en forvarnastarf. Á því sviði hefur ríkt hálfgert máttleysi. Auk þess hefur kostnaður við sérfræðiþjónustu vaxið gífurlega þó að talið sé að heimilislæknar geti sinnt 75–80% þeirra sem þurfa að leita sér læknisaðstoðar.

Uppbygging heilsugæslunnar í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu á langt í land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að á næstu árum þurfi að veita 700–800 millj. kr. til að ljúka byggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík á sama hátt og gert hefur verið annars staðar á landinu. Eitt mikilvægasta verkefnið á sviði heilbrigðisþjónustu er að efla frumheilsugæsluna sem fyrsta stig þjónustunnar, þar með talið víðtækar forvarnir, svo og fræðslu um ábyrgð einstaklinga á eigin heilsu. Það hefur að mestu tekist á landsbyggðinni, en öðru máli gegnir um höfuðborgarsvæðið.

Þróunin hefur orðið sú á umliðnum árum að sérfræðilæknisþjónustan hefur þanist út en þjónusta heimilis- og heilsugæslulækna hefur nánast staðið í stað. Því hefur m.a. verið haldið fram af heimilislæknum að sérfræðingar vinni meira og meira á sviði frumþjónustu í heilbrigðiskerfinu þótt slíkt sé bannað samkvæmt samningi þeirra við ríkið. Benda þeir á að þetta geti kollvarpað núverandi skipulagi og að heilsugæslukerfið í núverandi mynd hrynji ef stjórnvöld grípi ekki strax í taumana og tryggi skipulagða verkaskiptingu. Í þessu sambandi er einnig vitnað til þess að á árunum 1991–94 hafi komum sjúklinga til heimilis- og heilsugæslulækna fækkað um 11% en til sérfræðinga um 3% á sama tíma. Einnig að á árunum 1993–94 fækkaði komum til heimilis- og heilsugæslulækna um 0,6%, en fjölgaði um 6% hjá sérfræðilæknum á sama tíma. Erlendar rannsóknir sýna að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar er allt að þriðjungi lægri í ríkjum þar sem verkaskipting lækna er skýr. Þannig dregur öflug frumþjónusta og skýr mörk milli sérfræði- og frumþjónustu verulega úr útgjöldum og ekki ólíklegt að hér sé um að ræða sparnað sem skiptir hundruðum milljóna kr.

Þróunin frá 1991, þegar samþykkt var þingsályktun um íslenska heilbrigðisáætlun, hefur heldur ekki verið í samræmi við þá stefnu sem þar var mörkuð. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir auknum forvörnum og heilsuvernd, en ef bornar eru saman nokkrar tölur úr fjárlögum áranna 1991 og 1996 kemur í ljós að hlutur heilsuverndar og forvarnastarfs heilsugæslunnar hefur rýrnað en sjúkrahúskostnaður aukist. Það markmið, sem sett var fram í heilbrigðisáætluninni frá 1991 um að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva fyrir árið 1995, hefur enn ekki náðst. Það ásamt öðru sýnir hve brýnt er að móta heildarstefnu í heilbrigðisþjónustunni sem markvisst verði farið eftir í forgangsröðun, framkvæmd og fjármögnun.

Margt bendir til þess að fjármögnun til heilbrigðismála stuðli ekki að hagkvæmni, en hún er margþætt og greiðsluleiðir fjölmargar. Mikið vantar á að saman fari ákvörðunarvald og stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð.

Þá ber einnig að leggja áherslu á að það skipulag heilbrigðisþjónustu sem er fjárhagslega hagkvæmast — aukin heilsugæsla og forvarnir — gefur einnig mestan ávinning í bættu heilsufari.

Á það ber einnig að líta að öldruðum mun fara mjög fjölgandi á næstu áratugum jafnframt því sem allt bendir til að verulega muni draga úr fólksfjölgun. Í þessu felst mikil fjölgun fólks á lífeyrisaldri í hlutfalli við starfandi fólk. Talið er að árið 2030 verði hlutfall 67 ára og eldri hér á landi um 30% þeirra sem eru á aldrinum 20–67 ára, samanborið við um 16% nú. Árið 2030 munu því einungis þrír einstaklingar á vinnufærum aldri standa undir útgjöldum til hvers lífeyrisþega, samanborið við sex til sjö einstaklinga nú. Ljóst er því að hlutfallslega færri verða á vinnumarkaðinum til að standa undir útgjöldum til heilbrigðismála. Í töflu 1 í fylgiskjali kemur einmitt fram hver þróunin hefur verið varðandi útgjöld hins opinbera til öldrunar- og endurhæfingarmála en þau hafa nær þrefaldast frá árinu 1980. Því fyrr sem ráðist verður í markvissa stefnumörkun í heilbrigðismálum þeim mun betur verður þjóðin fær um að bregðast við þessari þróun.

Lykilhlutverk heilsugæslunnar.

Í þingsályktunartillögu þessari er ítarlega fjallað um hvernig tryggja á lykilhlutverk heilsugæslunnar í heilsuverndarstarfinu og skilvirkar forvarnir, heilsuvernd og endurhæfingu. Í því sambandi er m.a. lögð áhersla á að hlutur heilsugæslunnar verði aukinn og fjármagn til heilsuverndar og forvarnastarfa verði aukið sem hlutfall af heildarútgjöldum til heilbrigðismála. Mikil áhersla er lögð á heilbrigðis- og félagsþjónustu utan stofnana, svo sem með öflugri heimilisþjónustu og bættri heimahjúkrun, og það markmið sett að teknar verði upp viðræður við sveitarfélögin um að rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu, þar á meðal heimahjúkrun aldraðra og öryrkja, verði fluttur til sveitarfélaganna. Það er skoðun flutningsmanna að með því að öldrunarþjónustan sé á einni hendi, en ekki bæði hjá ríki og sveitarfélögum, auk þess sem aukin áhersla verði lögð á heilbrigðis- og félagsþjónustu utan stofnana, verði hún bæði skilvirkari, hagkvæmari og betri. Það sýnir reynsla annarra þjóða.

Þessi nýja stefnumörkun tekur einnig til tannheilbrigðisþjónustu. Þannig verði það hlutverk heilsugæslustöðva að sinna tannheilsugæslu til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum. Staðreyndin er sú, eins og fram kemur í töflu 2 í fylgiskjali, að enginn einn liður í útgjöldum heimilanna til heilbrigðisþjónustunnar hefur vaxið eins mikið og útgjöld til tannlækninga. Þau hafa rúmlega þrefaldast á 15 árum frá 1980–95. Sú leið sem hér er lögð til gæti verulega dregið úr þeim útgjöldum. Tannheilsugæsluþjónusta gæti falist í fyrirbyggjandi aðgerðum og minni háttar viðgerðum og yrði veitt á sömu kjörum og önnur þjónusta heilsugæslustöðvanna. Tannlæknar og tannfræðingar verði ráðnir sem starfsmenn heilsugæslustöðva til þess að sinna slíkri grunnþjónustu á sambærilegum kjörum og aðrir starfsmenn. Á sama hátt ber að leggja áherslu á að ráða starfsfólk að heilsugæslustöðvum til að sinna forvarnastarfi, sjúkraþjálfun og fræðslu í meira mæli en nú er gert. Þetta er eitt af hlutverkum heilsugæslunnar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, en mannafli hefur ekki verið til þess að sinna því eins og ætlast er til.

Skipulag sjúkrahúsanna.

Nýja stefnumörkunin tekur einnig til skipulagsmála sjúkrahúsanna þar sem m.a. er lögð áhersla á að viðurkennd verði í reynd sérstaða og hlutverk aðalaðgerðasjúkrahúsa landsmanna, en fjárveitingar til þeirra hafa ekki verið í neinu samræmi við þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Það hefur síðan valdið árvissum lokunum deilda og lengt biðlista en m.a. Ríkisendurskoðun telur að slíkar aðgerðir hafi skilað litlum sparnaði.

Lögð er áhersla á að hlutverk heilbrigðisstofnana verði skilgreind miklu nánar en nú er gert. Það á við um þjónustusvið heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, vistunarstofnana og sérfræðinga með eigin rekstur. Einnig er lagt til að unnið verði að einföldun, samhæfingu eða sameiningu einstakra rekstrarþátta og þjónustu sjúkrahúsanna. Ljóst er að þetta víðfeðma svið heilbrigðisþjónustunnar hefur á liðnum árum lítið tekið mið af breyttum forsendum, svo sem framförum í læknavísindum og bættum samgöngum, í þeim tilgangi að ná meiri hagkvæmni í nýtingu fjármuna og betri þjónustu. Töluvert vantar líka á að saman fari stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð í heilbrigðiskerfinu sem er grundvallarþáttur í hagkvæmni, bættri stjórnun og betri þjónustu sem hér er lagt til að tekið verði á með markvissum hætti.

Endurskoðun launakerfa í heilbrigðisþjónustu.

Launakerfið í heilbrigðisþjónustunni hefur ásamt öðru orðið þess valdandi að skipulag þjónustunnar er ekki eins gott og skyldi og mörkin milli einstakra þátta í þjónustunni óljós. Skilin milli einkarekstrar og opinbers rekstrar eru ekki nægilega skýr, t.d. er launakerfi lækna sambland af fastlaunakerfi og kerfi einkarekstrar. Þannig getur einn og sami aðili sinnt sama sjúklingi bæði sem fastur starfsmaður á föstum launum hjá ríkisstofnun og á einkarekinni stofu sinni úti í bæ eða jafnvel sem einkarekstraraðili í húsnæði stofnunarinnar og þá gegn greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins og beint frá sjúklingi. Þetta leiðir til óeðlilegra hagsmunaárekstra og mikils launamunar í kerfinu milli þeirra sem vegna aðstöðu sinnar sem fastlaunamenn á ríkisstofnun eiga möguleika á því að stunda sjálfstæðan rekstur til hliðar við „aðalstarf" sitt í þjónustu við sömu sjúklinga og hinna sem ekki eiga þess kost. Dæmi eru um að menn geti verið í föstum störfum hjá fleiri en einni heilbrigðisstofnun sem hið opinbera rekur en hafi svo stærstan hluta tekna sinna af einkarekstri. Af þessu tvöfalda kerfi leiðir að fastlaunasamningar hafa setið á hakanum þannig að samræmi er ekki á milli föstu launanna og þeirrar menntunar og ábyrgðar sem krafist er af þeim sem gegna vandasömum sérfræðistörfum í opinberri þjónustu.

Sú nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum, sem áhersla er lögð á í þessari tillögu, getur ekki orðið nema launakerfið í heilbrigðisþjónustunni verði tekið til rækilegrar endurskoðunar og samræmingar. Flutningsmenn telja að sjálfstæðum stofurekstri sérfræðinga beri að fá sinn réttmæta sess í lögum um heilbrigðisþjónustu með þeim hætti að sérfræðiþjónusta, sem rekin er utan hinnar opinberu heilbrigðisþjónustu, verði aðgreind þannig að þessum tveimur mikilvægu þáttum sé ekki blandað saman eins og nú er gert. Það getur hins vegar ekki orðið nema til komi endurskoðun á launakerfum í heilbrigðisþjónustunni eins og hér er lagt til. Jafnframt þeirri endurskoðun þarf að búa svo um hnútana að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu eigi greiða leið að framhaldsmenntun og símenntun, en það er undirstaða þess að íslensk heilbrigðisþjónusta geti nýtt sér vísindalegar og tæknilegar framfarir og nýjungar.

Efling vísinda og rannsókna.

Í tillögunni er lögð áhersla á hlutverk aðalaðgerðasjúkrahúsa landsmanna í kennslu heilbrigðisstétta, vísindastarfsemi og rannsóknum og að tengslin milli þeirra og háskólanna, sem annast kennslu heilbrigðisstéttanna, verði styrkt. Enn fremur er lagt til að kannað verði hvort rétt sé að koma á fót rannsóknastofnun heilbrigðismála sem starfi í tengslum við háskóla landsins og aðra aðila að heilbrigðis- og faraldsfræðirannsóknum, sem og forvörnum og samræmingu þeirra.

Samfara þeirri þróun, sem hér hefur verið lýst, hefur sú skoðun verið ríkjandi að heilsufar Íslendinga fari batnandi. Til merkis um það eru vaxandi lífslíkur og minni ungbarnadauði. Uppbygging sjúkrahúsaþjónustunnar og aukin umsvif og útgjöld í heilbrigðisþjónustu þurfa ekki að jafngilda betra heilsufari þjóðarinnar þó að nútímalæknavísindi hafi orðið til þess að lengja líf manna og auka lífslíkur þeirra sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum. Það er mat margra að upplýsingar og rannsóknir um heilsufarsmál séu alls ónógar og því byggist sú skoðun að heilsufar Íslendinga sé gott fremur á ágiskunum en niðurstöðum beinna rannsókna. Heilbrigðis- og faraldsfræðirannsóknir eru mikilvægur þáttur og nauðsynlegar forsendur í allri heilbrigðisþjónustunni. Það þarf því að verða hluti af auknum forvörnum í nýrri heilbrigðisstefnu að efla upplýsingasöfnun og rannsóknir á öllum sviðum heilbrigðismála. Í tillögunni er m.a. lagt til að fram fari könnun á árangri slysavarna- og forvarnastarfs og ný stefna verði mótuð í samræmi við niðurstöður slíkrar könnunar. Með úrvinnslu upplýsinga, sem safnað er skipulega, gefst kostur á að meta einstaka þætti og skipuleggja betur heilbrigðisþjónustuna, svo og allt forvarnastarf. Má í því sambandi benda á að erlendar rannsóknir sýna að óbein útgjöld, þ.e. kostnaður sem stafar af fjarvistum úr vinnu vegna sjúkdóma, örorku og dauða fyrir aldur fram, eru mun meiri en bein útgjöld.

Réttur sjúklinga.

Áherslan á grunnheilsugæsluna kemur skýrt fram í þessari stefnumörkun með því að kveðið er á um að heilsugæslu- og heimilislæknirinn verði sá sem gætir hagsmuna sjúklings í kerfinu og á að tryggja að hann fái þar þá þjónustu sem hann á rétt á og að allar upplýsingar um sjúkleika, rannsóknir, þjónustu og meðferðarárangur séu tiltækar.

Í tillögunni er lögð áhersla á að réttindi sjúklinga verði tryggð og liggi ljós fyrir. Þá er lögð áhersla á aukna fræðslu um rétt sjúklinga til að þiggja meðferð eða hafna ef svo ber undir. Einnig að réttur sjúklinga til að fá upplýsingar um allt sem að sjúkdómi þeirra og læknismeðferð lýtur verði tryggður og að sjúklingum verði auðveldað að ná rétti sínum sé á hlut þeirra gengið eða ef mistök hafa átt sér stað í meðferð.

Í undirbúningi hefur verið að koma á sjúkraskrám sem nái til flestra þátta heilbrigðisþjónustunnar. Það er vandasamt og viðkvæmt verk. Því ber að vanda vel til verka og tryggja að aðgangur að sjúkraskrám verði þannig að ekki sé hægt að misnota þær. Sjúkraskrár hafa mikið notagildi og auka yfirsýn yfir heilsufar einstaklinga og ættu þar með að bæta þjónustu við sjúklinga og tryggja betri skipulagningu hennar. Hér er lagt til að gerð samræmdrar sjúkraskrár fyrir heilsugæslu og sjúkrahús verði hraðað og hún tekin í notkun sem fyrst.

Gæðastjórnun.

Ekki hafa verið settir opinberir staðlar eða viðmið um gæði heilbrigðisþjónustunnar þó að í vöxt hafi færst að fagfólk innan heilbrigðisstofnana taki mið af erlendum stöðlum í því skyni að reyna að auka gæði þjónustunnar. Slíkir staðlar þjóna mikilvægu hlutverki við að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Það bæði bætir þjónustuna og gerir vinnubrögðin skilvirkari og árangursríkari og leiðir einnig til ýtrustu hagkvæmni í heilbrigðisþjónustunni. Hér er því lagt til að settir verði samræmdir opinberir staðlar um gæði heilbrigðisþjónustunnar, auk þess sem skipulega verði unnið að því að nýta upplýsingatæknina til að bæta þjónustuna og gera hana hagkvæmari.

Biðlistar.

Biðlistar eftir þjónustu, ekki síst langir biðlistar eftir aðgerðum á sjúkrahúsum, t.d. á bæklunardeildum, hafa einkennt heilbrigðiskerfið hér á landi, ekki síst í tengslum við sumarlokanir á deildum sjúkrahúsanna. Í nýlegri úttekt á biðlistum eftir aðgerðum á stóru sjúkrahúsunum kom fram að sparnaðaraðgerðir hafa valdið því að þeir eru sífellt að lengjast. Í mars sl. voru á fjórða þúsund manns á biðlistum, þar af um 1.300 manns á biðlistum bæklunardeilda sjúkrahúsanna.

Draga verður í efa að sífellt lengri biðlistar leiði til sparnaðar. Þvert á móti er líklegt að bið sjúklinga eftir nauðsynlegum aðgerðum skapi gríðarleg útgjöld. Ekki bara fyrir ríkissjóð, heldur einnig sjúklingana sem bíða og fjölskyldur þeirra. Sjúklingar þurfa iðulega að vera undir læknishendi og á dýrum lyfjum meðan þeir bíða eftir aðgerð, kannski mánuðum eða árum saman. Sjúklingar á biðlistum þurfa líka oft á heimahjúkrun og heimaþjónustu að halda og jafnvel vistunarplássi meðan á biðinni stendur. Sá kostnaður bætist því ofan á kostnað við aðgerðina þegar að henni kemur. Biðin kostar því ríkissjóð fjármuni og er einungis frestun á þeim útgjöldum sem aðgerðinni fylgja. Ætla má að aðgerðin geti líka orðið umfangsmeiri og erfiðari og þar með kostnaðarsamari eftir því sem hún dregst lengur. Biðin kostar fyrirtækin einnig fjármuni vegna fjarvista og vinnutaps sjúklinganna. Verst er þó biðin fyrir sjúklinginn sjálfan og fjölskyldu hans. Mörg heimili eru þannig stödd fjárhagslega að ekkert má út af bera til að fjármálin fari ekki úr skorðum. Þannig getur það stefnt heimili í gjaldþrot ef framfærandi þess, þótt ekki sé nema annar þeirra, er frá vinnu langtímum saman. Sé viðkomandi algjörlega óvinnufær um lengri tíma vegna veikinda verður hann fljótlega fyrir miklu tekjutapi. Sjúkradagpeningar, um 17 þús. kr. á mánuði, taka við af föstum launum, en það getur bitnað mjög harkalega á framfærslu heimilisins. Þjáningum sjúklingsins fylgir því ekki einungis mikið álag fyrir heimilið heldur einnig miklar fjárhagsáhyggjur.

Nauðsynlegt er að fram fari ítarleg úttekt á því hvað sífellt lengri biðlistar kosti ríkissjóð, heimilin og samfélagið allt. Hvaða áhrif hefur löng bið á sjúkdóminn og sjúkdómseinkennin? Hvar liggja öryggismörkin í þessu efni? Víða erlendis hafa verið settar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og heilbrigðisþjónustu. Má nefna að í Svíþjóð voru settar reglur um þriggja mánaða hámarksbiðtíma eftir aðgerðum á sjúklingum með tiltekna sjúkdóma. Svipaðar reglur voru settar í Danmörku. Í Noregi var miðað við að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma ættu rétt á nauðsynlegri meðferð eða aðgerð innan sex mánaða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að settar verði reglur hér á landi um hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Slíkar reglur geta bæði auðveldað skipulagningu í heilbrigðisþjónustunni og leitt til sparnaðar fyrir samfélagið allt. Að ekki sé minnst á að eyða þeirri óvissu sem margir sjúklingar sem bíða eftir aðgerðum hafa þurft að búa við.

Forgangsröðun.

Aukin útgjöld til heilbrigðismála hafa víða erlendis kallað á umræðu um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum og hafa verið mótaðar tillögur þar að lútandi.

Hér á landi hefur þessi umræða einnig komið upp og á vegum heilbrigðisráðuneytisins er nefnd að störfum til að fjalla um þessi mál. Forgangsröðun er mjög vandmeðfarin og óráðlegt að ráðast í hana nema um skilgreiningu og markmið hennar náist breið samstaða. Segja má að forgangsröðun í íslenskri heilbrigðisþjónustu hafi á síðustu áratugum annars vegar birst í áherslu á uppbyggingu einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma og hins vegar hafi klínísk forgangsröðun að einhverju leyti komið fram vegna mikils niðurskurðar á fjármagni til heilbrigðisþjónustunnar, m.a. með sumarlokunum deilda. Í tillögunni er ekki tekin afstaða til þess hvort ráðast eigi í forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu. Þar sem slík stefnumótun er í burðarliðnum af hálfu heilbrigðisráðuneytis telja flutningsmenn rétt að setja fram grundarvallarmarkmið sem hafa ber að leiðarljósi verði niðurstaðan sú að forgangsröðun verði tekin upp. Annars vegar er lagt til að öll stefnumörkun um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu taki mið af samábyrgð og mannlegri reisn, sem og af jöfnum aðgangi til þjónustunnar og að allir geti notið hennar. Hins vegar þurfi að gera skýran mun á pólitískri og stjórnunarlegri ábyrgð og forgangsröðun og klínískri forgangsröðun.

Nýjungar í lækningatækjum og lyfjum.

Þær gífurlegu framfarir sem orðið hafa í læknavísindum og þróun lyfja kalla á að mótuð verði markviss og samræmd stefna um kaup á dýrum lækningatækjum og lyfjum sem sífellt eru að verða fullkomnari. Mótun slíkrar stefnu er líkleg til að skila sér í því að Íslendingar geti með hagkvæmum hætti fylgt eftir þessari öru þróun í læknavísindunum og tileinkað sér nýjungar og hátækni í meðferð sjúkdóma og ekki síður til að fyrirbyggja sjúkdóma. Ljóst er að ýmsu er ábótavant í því efni og sparnaður í heilbrigðiskerfinu hefur komið í veg fyrir eðlilega endurnýjun á brýnum tækjabúnaði heilbrigðisþjónustunnar, en Íslendingar verja miklu minna til endurnýjunar tækja en þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Slíkt er ekki rétta leiðin til að tryggja sparnað í heilbrigðiskerfinu heldur dregur það þvert á móti úr öryggi, afköstum og gæðum heilbrigðisþjónustunnar og leiðir oft til aukins kostnaðar.

Því er hér lagt til að mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem orðið hefur í hátækni- og lyfjameðferð til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma.

Lokaorð.

Af framansögðu má ljóst vera að brýnt er að nú þegar verði ráðist í mótun nýrrar stefnumörkunar í heilbrigðismálum eins og þingflokkur jafnaðarmanna leggur hér til.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að sú stefnumörkun verði unnin í samráði við samtök sjúklinga, heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstarfsfólk sem gerst þekkir til mála.

Fylgiskjal.

Gögn frá Þjóðhagsstofnun.

Tafla 1.

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1980-1995.

Brt.

Í milljónum króna:	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
1. Almenn sjúkrahús	561	915	1.453	2.748	3.295	4.584	6.379	8.654	11.043	12.660	13.303	15.030	14.480	15.262	15.871	16.680
2. Öldrun og endurhæfing	75	133	221	402	521	768	1.082	1.528	2.128	2.702	3.456	3.831	3.946	4.189	4.227	4.550
3. Heilsugæsla	130	205	344	604	709	1.106	1.549	2.227	2.910	3.537	4.098	4.850	4.754	4.745	4.798	4.859
4. Lyf og hjálpartæki	81	128	224	557	603	903	1.199	1.477	1.885	2.564	3.210	3.082	3.307	3.091	3.524	3.864
5. Önnur heilbrigðisútgjöld	36	58	113	147	199	269	524	532	960	1.165	1.015	1.153	1.273	1.201	1.242	1.311
Opinber heilbrigðisútgjöld	884	1.439	2.355	4.458	5.329	7.631	10.732	14.418	18.927	22.629	25.082	27.946	27.759	28.488	29.662	31.263
Hlutfall af vergri landsframleiðslu:	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**	**1987**	**1988**	**1989**	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**
1. Almenn sjúkrahús	3,47	3,62	3,67	4,03	3,70	3,79	3,96	4,14	4,30	4,11	3,66	3,79	3,64	3,71	3,65	3,66
2. Öldrun og endurhæfing	0,47	0,53	0,56	0,59	0,58	0,64	0,67	0,73	0,83	0,88	0,95	0,97	0,99	1,02	0,97	1,00
3. Heilsugæsla	0,80	0,81	0,87	0,88	0,80	0,91	0,96	1,06	1,13	1,15	1,13	1,22	1,19	1,15	1,10	1,07
4. Lyf og hjálpartæki	0,50	0,51	0,57	0,82	0,68	0,75	0,74	0,71	0,73	0,83	0,88	0,78	0,83	0,75	0,81	0,85
5. Önnur heilbrigðisútgjöld	0,23	0,23	0,29	0,22	0,22	0,22	0,32	0,25	0,37	0,38	0,28	0,29	0,32	0,29	0,29	0,29
Opinber heilbrigðisútgjöld	5,46	5,69	5,95	6,53	5,98	6,31	6,66	6,89	7,37	7,34	6,89	7,04	6,98	6,93	6,83	6,86
Innbyrðis hlutdeild:	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**	**1987**	**1988**	**1989**	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**
1. Almenn sjúkrahús	63,5	63,6	61,7	61,6	61,8	60,1	59,4	60,0	58,3	55,9	53,0	53,8	52,2	53,6	53,5	53,4
2. Öldrun og endurhæfing	8,5	9,3	9,4	9,0	9,8	10,1	10,1	10,6	11,2	11,9	13,8	13,7	14,2	14,7	14,3	14,6
3. Heilsugæsla	14,7	14,3	14,6	13,5	13,3	14,5	14,4	15,4	15,4	15,6	16,3	17,4	17,1	16,7	16,2	15,5
4. Lyf og hjálpartæki	9,2	8,9	9,5	12,5	11,3	11,8	11,2	10,2	10,0	11,3	12,8	11,0	11,9	10,9	11,9	12,4
5. Önnur heilbrigðisútgjöld	4,1	4,0	4,8	3,3	3,7	3,5	4,9	3,7	5,1	5,1	4,0	4,1	4,6	4,2	4,2	4,2
Opinber heilbrigðisútgjöld	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Heilbrigðismál staðvirt á mann í þús. kr. á verðlagi 1995.[1)]	**1980**	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**	**1986**	**1987**	**1988**	**1989**	**1990**	**1991**	**1992**	**1993**	**1994**	**1995**
1. Almenn sjúkrahús	48,0	52,4	53,0	59,7	58,4	59,7	64,9	68,5	69,5	67,9	63,7	65,7	60,3	61,0	61,8	62,4
2. Öldrun og endurhæfing	6,5	7,6	8,0	8,7	9,2	10,0	11,0	12,1	13,4	14,5	16,6	16,7	16,4	16,7	16,5	17,0
3. Heilsugæsla	11,1	11,8	12,6	13,1	12,6	14,4	15,8	17,6	18,3	19,0	19,6	21,2	19,8	18,9	18,7	18,2
4. Lyf og hjálpartæki	7,0	7,3	8,2	12,1	10,7	11,8	12,2	11,7	11,9	13,8	15,4	13,5	13,8	12,3	13,7	14,5
5. Önnur heilbrigðisútgjöld	3,1	3,3	4,1	3,2	3,5	3,5	5,3	4,2	6,0	6,3	4,9	5,0	5,3	4,8	4,8	4,9
Opinber heilbrigðisútgjöld	75,7	82,5	85,9	96,8	94,4	99,4	109,2	114,1	119,0	121,4	120,1	122,1	115,5	113,8	115,6	116,9

1) Heilbrigðisútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar.

Tafla 2.

Útgjöld heimila til heilbrigðismála 1980-1995[1)].

Í milljónum króna:	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	Brt. 1995
5. Lyf og læknishjálp	117,9	179,1	288,3	522,5	811,7	1.142,2	1.668,4	2.092,4	2.800,8	3.522,2	3.876,7	4.197,1	4.842,4	5.534,6	5.655,8	5.892,0
5.1 Lyf og lyfjabúðarvörur	77,8	109,1	179,0	309,9	407,7	555,0	754,8	944,9	1.191,7	1.306,6	1.335,3	1.509,3	1.585,6	1.804,8	1.809,2	1.991,0
5101 Lyf	40,8	54,9	81,4	142,3	262,5	348,6	450,6	566,8	728,5	757,8	692,2	863,3	912,6	1.134,9	1.091,2	1.197,0
5102 Lækn. & hjúkrunarv.	37,0	54,2	97,6	167,6	145,2	206,4	304,2	378,2	463,3	548,8	643,1	646,0	673,0	669,9	718,0	794,0
5.3 Læknishjálp	40,1	70,0	109,3	212,6	404,0	587,2	913,6	1.147,5	1.609,1	2.215,6	2.541,4	2.687,8	3.256,9	3.729,8	3.846,6	3.901,0
5301-02 Tannlæknaþjón.	24,3	43,6	73,4	156,8	243,3	375,7	649,1	820,5	1.131,0	1.322,6	1.493,6	1.666,9	1.771,3	2.274,8	2.345,2	2.350,0
5303-04 Læknisþjónusta	13,6	23,4	32,0	49,9	142,8	188,0	235,2	295,5	431,3	831,3	975,9	940,3	1.355,7	1.298,4	1.340,4	1.374,0
5306 Ljósmæðraþjónusta	0,4	0,8	1,0	1,5	4,4	5,7	7,1	8,0	11,3	21,6	25,2	26,1	38,1	36,1	37,0	41,0
5307 Slysadeild	1,8	2,2	3,0	4,3	13,4	17,8	22,3	23,5	35,5	40,0	46,7	54,5	91,8	120,6	124,0	136,0

Hlutfall af VLF:	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
5. Lyf og læknishjálp	0,73	0,71	0,73	0,77	0,91	0,94	1,03	1,00	1,09	1,14	1,07	1,06	1,22	1,35	1,30	1,29
5.1 Lyf og lyfjabúðarvörur	0,48	0,43	0,45	0,45	0,46	0,46	0,47	0,45	0,46	0,42	0,37	0,38	0,40	0,44	0,42	0,44
5.3 Læknishjálp	0,25	0,28	0,28	0,31	0,45	0,49	0,57	0,55	0,63	0,72	0,70	0,68	0,82	0,91	0,89	0,86

Innbyrðis hlutdeild:	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
5. Lyf og læknishjálp	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
5.1 Lyf og lyfjabúðarvörur	66,0	60,9	62,1	59,3	50,2	48,6	45,2	45,2	42,5	37,1	34,4	36,0	32,7	32,6	32,0	33,8
5.3 Læknishjálp	34,0	39,1	37,9	40,7	49,8	51,4	54,8	54,8	57,5	62,9	65,6	64,0	67,3	67,4	68,0	66,2

Tannlæknaþjónusta á verðlagi hvers árs	24,3	43,6	73,4	156,8	243,3	375,7	649,1	820,5	1.131,0	1.322,6	1.493,6	1.666,9	1.771,3	2.274,8	2.345,2	2.350,0
Tannlæknaþjónusta á verðlagi 1990.	479,1	565,9	674,1	838,5	998,0	1.112,9	1.504,9	1.531,5	1.591,0	1.480,7	1.493,6	1.516,6	1.500,7	1.657,7	1.670,4	1.667,0
Læknisþjónusta á verðlagi hvers árs	13,6	23,4	32,0	49,9	142,8	188,0	235,2	295,5	431,3	831,3	975,9	940,3	1.355,7	1.298,4	1.340,4	1.374,0
Læknisþjónusta á verðlagi 1990.	401,1	417,9	436,5	468,7	495,0	498,5	502,7	559,6	580,0	967,5	975,9	904,8	895,2	696,6	701,6	712,2
Slysadeild á verðlagi hvers árs	1,8	2,2	3,0	4,3	13,4	17,8	22,3	23,5	35,5	40,0	46,7	54,5	91,8	120,6	124,0	136,0
Slysadeild á verðlagi 1990.	54,7	43,4	44,6	44,4	45,9	46,8	47,2	46,3	48,0	47,8	46,7	43,0	43,4	38,9	39,5	37,0
Lyf á verðlagi hvers árs	40,8	54,9	81,4	142,3	262,5	348,6	450,6	566,8	728,5	757,8	692,2	863,3	912,6	1.134,9	1.091,2	1.197,0
Lyf á verðlagi 1990.	1.033,8	976,2	1.054,0	1.090,8	971,8	978,3	952,7	1.035,1	1.043,8	904,1	692,2	782,8	730,5	758,1	708,0	752,6

1) Hér eru einungis útgjöld heimilanna til þessara málaflokka. Útgjöld hins opinbera færast annars staðar.

123. Svar [53. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um færslu aflaheimilda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið var flutt af aflaheimildum milli aðila á fiskveiðiárinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996? Hvaða skip áttu hlut að máli og hve mikið magn af hverri tegund var flutt til og frá hverju skipi?*
2. *Hvert var heildarmagn hverrar fisktegundar?*
3. *Hve mikið var flutt til og frá hverri verstöð (heildarmagn hverrar fisktegundar)?*

Svör við spurningum koma fram í meðfylgjandi töflum.

Færslu aflamarks er skipt í fjóra flokka:

A. Milli skipa í eigu sama aðila.
B. Milli skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð.
C. Milli skipa, enda sé um jöfn skipti að ræða.
D. Milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð.

Í töflunum er A-flokki sleppt og í svari við 3. spurningu er B-flokki einnig sleppt.

Svar við 1. og 2. spurningu:

Tafla I sýnir færslu aflamarks milli aðila. Þar koma fram upplýsingar um kennitölu, nafn, flutning aflamarks til og frá skipum aðila og mismun þar á fyrir einstaka aðila í einstökum tegundum. Aftast í töflunni er samanlögð færsla aflamarks í hverri fisktegund.

Tafla II sýnir færslu aflamarks milli skipa. Þar koma fram upplýsingar um nafn einstakra skipa, skipaskrárnúmer, einkennisstafi og númer og skráða heimahöfn í október 1996. Auk þess eru upplýsingar um flutning til og frá skipi og um mismun þar á fyrir hverja tegund. Aftast í skjalinu er samanlögð færsla aflamarks í hverri fisktegund.

Svar við 3. spurningu:

Tafla III sýnir hve mikið var flutt til og frá hverri verstöð (heimahöfn) af hverri tegund og mismun þar á (C- og D-færslur). Miðað er við skráða heimahöfn skips á færsludegi. Athygli er vakin á að heimahöfn er ekki endilega útgerðarstaður viðkomandi skips.

Í töflunum eru allar tölur í kílóum nema tölur fyrir loðnu og síld sem eru í lestum. Tölur fyrir þorsk, ýsu, ufsa, grálúðu og skarkola miðast við slægðan fisk og miðað er við slitinn humar. Miðað er við skráðan eiganda á þeim tíma sem færsla aflamarks á sér stað en við eigendaskipti getur það gerst að skráður eigandi samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar Íslands sé annar en hinn nýi eigandi.

Taf

Millifærslur fyrirtækja fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996.
Tegundir millifærslna: B, C og D.

1202222959	Adolf Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1580	1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1580	1000	3000	-1000	0	0	0	0	0	0	0	0
6109810119	Aðalbjörg sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22102	1740	735	1608	242	17158	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		33000	4000	0	3677	2753	53000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10898	-2260	735	-2069	-2511	-35842	0	0	0	0	0	0
1711294439	Aðalbjörn Haraldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	2000	300	811	230	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	-2000	-300	-811	-230	0	0	0	0	0	0	0
306313239	Aðalbjörn Sigurlaugsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1969	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	1397	0	2033	430	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1969	-1397	0	-2033	-430	0	0	0	0	0	0	0
511333319	Aðalsteinn Haraldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5564	3745	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	5000	0	3419	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4436	-1255	0	-3419	0	0	0	0	0	0	0	0
311584199	Aðalsteinn Ómar Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6349	148	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		22193	0	0	234	0	0	0	0	0	0	0	159935
Mismunur		-15844	148	0	-234	0	10000	0	0	0	0	0	-159935
501422569	Agnar Smári Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		4000	0	0	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4000	0	0	-50000	0	30000	0	0	0	0	0	0
1308254199	Agnar Þórisson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3983	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1644	216	0	547	156	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2339	-216	0	-547	-156	0	0	0	0	0	0	0
1201452909	Andrés Friðrik Árnmarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11590	4500	400	400	128	2000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-11590	-4500	-400	-400	-128	-2000	0	0	0	0	0	0
2205384199	Arnar S. Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		21100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	15044	0	0	2540	1280	0	0	0	0	0	0
Mismunur		21100	-15044	0	0	-2540	-1280	0	0	0	0	0	0
5611922279	Arney ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		50000	0	0	0	0	0	4439	9093	0	0	0	0
Flutningur frá		218863	76845	160000	18101	5332	2900	0	0	0	174000	0	0
Mismunur		-168863	-76845	-160000	-18101	-5332	-2900	4439	9093	0	-174000	0	0
4301952049	Atlanjúpur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	1300	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	0	-1300	0	0	0	0	0
706512549	Atli Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12986	723	4874	965	268	175	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12986	-723	-4874	-965	-268	-175	0	0	0	0	0	0
2504507459	Atli Wilson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16799	4064	0	12500	0	15535	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		17000	1601	2928	14116	459	3169	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-201	2463	-2928	-1616	-459	12366	0	0	0	0	0	0
5404710109	Auðbjörg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		53527	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		75000	0	315000	12132	847	14500	0	0	0	2040	0	0
Mismunur		-21473	20000	-315000	-12132	-847	-14500	0	0	0	-2040	0	0
2505424889	Auðun Benediktsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	0	0	873	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	0	0	-873	0	0	0	0	0	0	0	0
5612750179	Austfirðingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1000	0	0	0	9850	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	1000	0	0	0	9850	0	0	0	0	0	0
708564849	Áki Hermann Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		38192	12779	516	7599	2156	255	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-38192	-12779	-516	-7599	-2156	-255	0	0	0	0	0	0
611604859	Álfgeir E Marinósson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2000	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2191	531	48	390	10	10	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-191	-31	-48	-390	-10	-10	0	0	0	0	0	0
4101696819	Álftfirðingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		193030	154546	219032	101075	191571	12212	0	0	0	1578322	0	0
Flutningur frá		849746	513749	570998	567058	788000	77204	0	0	0	664499	0	0
Mismunur		-656716	-359203	-351966	-465983	-596429	-64992	0	0	0	913823	0	0
2102273429	Ármann D. Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	597	0	0	0	0	0	0

Mismunur		0	0	0	0	0	-597	0	0	0	0	0	0
806292499	Ármann Eydal Albertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	320	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4607	342	0	463	131	86	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4607	-342	320	-463	-131	-86	0	0	0	0	0	0
212423499	Ármann Herbertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2000	3800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		45000	3895	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-43000	-95	0	0	0	-10000	0	0	0	0	0	0
5604911829	Árnes hf,Stokkseyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		126000	360000	46000	53634	0	138354	0	0	48751	0	0	0
Flutningur frá		243943	319170	889596	35861	0	392300	0	0	58929	0	0	0
Mismunur		-117943	40830	-843596	17773	0	-253946	0	0	-10178	0	0	0
101605619	Árni Eyfjörð Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		30000	6000	4720	2774	775	504	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-28470	-6000	-4720	-2774	-775	-504	0	0	0	0	0	0
2404502679	Árni Heimir Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2129	209	0	283	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2129	-209	0	-283	0	0	0	0	0	0	0	0
3112526319	Árni Helgason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	4818	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	4818	0	0	0	0	0	0
1401502239	Árni Ingibjörnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		24000	0	0	0	0	2200	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1200	20982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		22800	-20982	0	0	0	2200	0	0	0	0	0	0

2204464929	Árni Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16689	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		26134	0	0	722	205	133	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9445	0	0	-722	-205	-133	0	0	0	0	0	0

2208343609	Árni Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	0	0	2156	546	355	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	0	0	-2156	-546	-355	0	0	0	0	0	0

901482819	Árni Sveinbjörnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	500	0	930	264	172	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5000	-500	0	-930	-264	-172	0	0	0	0	0	0

2912482339	Ásbjörn Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20800	1600	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-20800	-1600	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

501373849	Ásgeir Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		85255	1605	1801	674	191	124	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		180587	0	0	8270	2335	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-95332	1605	1801	-7596	-2144	124	0	0	0	0	0	0

2911484689	Ásgeir Gunnar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		384	80	93	108	31	20	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-384	-80	-93	-108	-31	-20	0	0	0	0	0	0

3108382179	Ásgeir Samúelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5011	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	1249	355	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5011	0	0	-1249	-355	0	0	0	0	0	0	0

1904543639	Ásgeir Valdemarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11000	15411	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		39000	17183	2066	2564	681	487	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-28000	-1772	-2066	-2564	-681	-487	0	0	0	0	0	0

4205881359	Ásver ehf,útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	9800	0	0	0	73000	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	20200	0	0	0	-73000	0	0

2404533559	Ásþór Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3000	8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		809	1762	5511	348	25	26	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2191	6238	-5511	-348	-25	-26	0	0	0	0	0	0

4504933099	Bakki Bolungarvík hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		312858	147979	146943	34245	17519	9000	1386	0	0	2013386	0	0
Flutningur frá		1355910	651556	383571	691573	408575	83441	1386	0	0	785119	0	0
Mismunur		-1043052	-503577	-236628	-657328	-391056	-74441	0	0	0	1228267	0	0

4403871369	Bakki hf,Hnífsdal	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		539166	32500	0	27216	0	0	0	0	0	17653	0	0
Flutningur frá		50000	130000	0	300000	50000	0	0	0	0	781635	0	0
Mismunur		489166	-97500	0	-272784	-50000	0	0	0	0	-763982	0	0

4401690669	Baldur ehf,útgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	38500	4000	0	0	24000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13000	50000	0	0	0	66900	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13000	-11500	4000	0	0	-42900	0	0	0	0	0	0

1208382619	Baldur Hjörleifsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13500	0	0	1784	479	246	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13500	0	0	-1784	-479	-246	0	0	0	0	0	0

2408376689	Baldur Hólmsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		2000	0	0	0	0	200	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	0	0	2000	654	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-33000	0	0	-2000	-654	200	0	0	0	0	0	0
906374799	Baldur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1000	1200	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		34000	5979	3542	4111	1167	924	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-34000	-4979	-2342	-4111	-1167	-924	0	0	0	0	0	0
5903911079	Barð hf,útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	45500	0	0	0	0	0	0	0	68078	0	0
Flutningur frá		1644	101949	3169	9994	1788	0	0	0	0	90000	0	0
Mismunur		-1644	-56449	-3169	-9994	-1788	0	0	0	0	-21922	0	0
5307871179	Bassi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		702	0	0	0	0	0	0	0	0	50000	0	67315
Flutningur frá		130000	34000	9000	2700	5300	38063	0	0	0	237000	0	0
Mismunur		-129298	-34000	-9000	-2700	-5300	-38063	0	0	0	-187000	0	67315
7004962799	Bárustígur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	11700	58000	2850	5500	14000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	11700	58000	2850	5500	14000	0	0	0	0	0	0
6802922059	Básafell hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13528	116652	683735	20900	6547	34578	0	0	0	443633	0	0
Flutningur frá		16644	123299	684977	30239	9527	34495	0	0	0	343242	0	0
Mismunur		-3116	-6647	-1242	-9339	-2980	83	0	0	0	100391	0	0
1607313629	Benedikt Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	45000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6350	9000	0	1251	355	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6350	36000	0	-1251	-355	0	0	0	0	0	0	0
5601901159	Bergey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16365	3096	0	0	0	38500	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		652	1379	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		15713	1717	0	0	0	38500	0	0	0	0	0	0
802363019	Bergmundur Ögmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		45000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	10445	0	5841	1672	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		45000	-10445	0	-5841	-1672	0	0	0	0	0	0	0
1408257519	Bergsteinn Garðarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7425	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10500	897	875	996	288	114	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3075	103	-875	-996	-288	-114	0	0	0	0	0	0
4401695119	Bergur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	191232	0	0
Flutningur frá		85000	0	0	0	0	0	1337	1500	0	51972	0	0
Mismunur		-85000	0	0	0	0	0	-1337	-1500	0	139260	0	0
5603840179	Bergur-Huginn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		213482	74548	23231	555460	9533	33314	0	0	0	35333	0	0
Flutningur frá		101140	57000	228000	0	4000	90671	0	0	0	198560	0	0
Mismunur		112342	17548	-204769	555460	5533	-57357	0	0	0	-163227	0	0
1803133629	Bergþór Guðjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	0	825	957	272	177	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	0	-825	-957	-272	-177	0	0	0	0	0	0
7008901209	Bersi sf,Hafnarfirði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		350704	57600	72866	0	3000	6501	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		79061	89689	77303	2307	3659	6233	0	0	0	0	0	0
Mismunur		271643	-32089	-4437	-2307	-659	268	0	0	0	0	0	0
1703493779	Birgir Albertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		31398	1663	1939	2251	639	416	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-31398	-1663	-1939	-2251	-639	-416	0	0	0	0	0	0
2303545619	Birgir Karl Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
509257819	Birgir Lúðvíksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2805513259	Birgir Rafn Sigurjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		17443	6731	7877	9042	2594	1689	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		86893	11112	12987	14972	4277	2784	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-69450	-4381	-5110	-5930	-1683	-1095	0	0	0	0	0	0
5803923429	Birnir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		138016	50000	90894	1302	363	73709	0	0	0	0	0	16000
Flutningur frá		16049	67852	15000	1302	1119	45910	0	0	0	282455	0	0
Mismunur		121967	-17852	75894	0	-756	27799	0	0	0	-282455	0	16000
6710720149	Bjarg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		68800	0	0	0	0	56500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	30000	0	10905	1770	4000	0	0	0	3600	0	0
Mismunur		68800	-30000	0	-10905	-1770	52500	0	0	0	-3600	0	0
701422369	Bjarnfinnur Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15478	0	0	1076	130	85	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15478	0	0	-1076	-130	-85	0	0	0	0	0	0
1303504379	Bjarni E Mangússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	444	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	444	0	0	0	0	0	0

1002477399	Bjarni Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2390	0	0	290	82	54	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2390	0	0	-290	-82	-54	0	0	0	0	0	0

1704597419	Bjarni Þ Bergmann	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13500	1211	10000	1324	465	303	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13500	-1211	-10000	-1324	-465	-303	0	0	0	0	0	0

1802534169	Bjarnþór Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		110882	4534	0	0	0	33000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		110882	4534	0	0	0	33000	0	0	0	0	0	0

807494659	Björgólfur Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	755	17	0	0	12	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9500	4844	1722	956	268	175	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9500	-4089	-1705	-956	-268	-163	0	0	0	0	0	0

3107573069	Björn Einar Gíslason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2318	299	2311	562	115	75	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2318	-299	-2311	-562	-115	-75	0	0	0	0	0	0

1208362189	Björn Elías Ingimarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		38867	2948	3439	3991	1133	737	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-38867	-2948	-3439	-3991	-1133	-737	0	0	0	0	0	0

2601252579	Björn Jónatan Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	2199	2173	2435	687	3263	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14000	-2199	-2173	-2435	-687	-3263	0	0	0	0	0	0

1501293039	Björn Lúðvíksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13426	1700	3000	679	187	50	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13426	-1700	-3000	-679	-187	-50	0	0	0	0	0	0

1706522749	Björn Sigurður Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4226	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	0	0	2000	487	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12774	0	0	-2000	-487	0	0	0	0	0	0	0

4202720149	Bliki hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25000	0	125000	0	0	2600	0	0	0	515919	0	0
Flutningur frá		231874	21000	146000	8305	0	17000	0	0	0	138000	0	0
Mismunur		-206874	-21000	-21000	-8305	0	-14400	0	0	0	377919	0	0

6409790469	Borg ehf,útgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		250000	0	0	0	0	0	0	0	0	400000	0	0
Flutningur frá		263830	65000	64000	12325	0	19000	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		-13830	-65000	-64000	-12325	0	-19000	-1386	0	0	400000	0	0

6212720399	Borgarey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3924	0	71000	0	0	1500	0	0	2306	0	0	0
Flutningur frá		0	16000	0	3900	900	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		3924	-16000	71000	-3900	-900	1500	0	0	2306	0	0	0

4801692989	Borgey hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1345238	78227	355000	0	0	220362	6237	0	6924	0	0	0
Flutningur frá		2123265	321319	489913	43754	7357	196008	10454	0	42764	0	0	0
Mismunur		-778027	-243092	-134913	-43754	-7357	24354	-4217	0	-35840	0	0	0

606482989	Bragi Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4243	0	0	0	0	210	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		8000	6500	0	100	56	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3757	-6500	0	-100	-56	210	0	0	0	0	0	0

402384179	Bragi Vilhjálmsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6000	500	0	842	239	155	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6000	-500	0	-842	-239	-155	0	0	0	0	0	0
5204952159	Breiðafjörður ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		149000	62910	150330	25000	0	29400	0	0	1219	0	0	0
Flutningur frá		2500	0	0	0	6000	0	0	0	7884	241284	0	0
Mismunur		146500	62910	150330	25000	-6000	29400	0	0	-6665	-241284	0	,0
6710720229	Breiðfirðingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	9100	0	0	0	0	0	0	0	0	442800	0
Flutningur frá		7817	9100	0	0	0	0	0	0	0	10000	0	0
Mismunur		-7817	0	0	0	0	0	0	0	0	-10000	442800	0
5710942589	BS.Gunnarsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5000	25000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		435	0	2000	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4565	25000	-2000	0	0	-11000	0	0	0	0	0	0
4901690169	Búlandstindur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		37990	28929	0	49807	402403	2009	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		913709	685532	403280	206024	0	20712	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-875719	-656603	-403280	-156217	402403	-18703	0	0	0	0	0	0
4506790389	Byggðastofnun	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		184133	83408	23677	4175	17759	2189	0	0	0	526	0	0
Mismunur		-184133	-83408	-23677	-4175	-17759	-2189	0	0	0	-526	0	0
6705922789	Byr ehf, útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		207557	57000	30000	0	58407	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		197057	57000	30000	0	58407	0	0	0	0	0	0	0
2006575519	Böðvar Ingvason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		17500	3000	2500	902	256	167	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-17500	-3000	-2500	-902	-256	-167	0	0	0	0	0	0
308595109	Daði Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		27000	27618	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		67512	58528	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-40512	-30910	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2002587899	Dagur Brynjólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		51288	0	8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20000	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		31288	-27000	8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5604932159	Dala-Rafn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		41501	361571	369156	753677	85	2105	0	0	0	2307	0	0
Flutningur frá		235785	226000	227700	0	60000	29300	1386	0	0	2307	0	0
Mismunur		-194284	135571	141456	753677	-59915	-27195	-1386	0	0	0	0	0
6605953259	Dalberg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	189134	0	0
Flutningur frá		75000	0	0	0	50000	75000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-75000	0	0	0	-50000	-75000	0	0	0	189134	0	0
2708282729	Daníel B Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		15000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	70000	0
Flutningur frá		30000	0	0	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	0	0	0	0	-11000	0	0	0	0	70000	0
2510464849	Daníel Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		89	5	5	6	2	1	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-89	-5	-5	-6	-2	-1	0	0	0	0	0	0
2003302939	Davíð Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		199	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-199	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6107952189	Dóri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		69148	90000	21600	0	0	21538	0	0	0	10199	0	0
Flutningur frá		29073	0	0	0	0	4300	0	0	0	28000	0	0
Mismunur		40075	90000	21600	0	0	17238	0	0	0	-17801	0	0
4507711479	Drófn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	13900	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	7000	3456	4011	1138	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	6900	-3456	-4011	-1138	0	0	0	0	0	0	0
5101693019	Dvergur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		269353	3000	0	0	0	75000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	38400	0	2931	0	0	0	0	0	130000	0	0
Mismunur		269353	-35400	0	-2931	0	75000	0	0	0	-130000	0	0
5501850169	Dynjandi ehf,útgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		39714	1522	3606	2982	846	1140	0	0	0	0	0	29240
Flutningur frá		40000	0	4931	2982	846	1122	0	0	0	21184	0	10000
Mismunur		-286	1522	-1325	0	0	18	0	0	0	-21184	0	19240
7110740239	Dyrhólaey sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		68419	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	64100	44000	0	1700	1100	0	0	0	0	0	0
Mismunur		68419	-64100	-44000	0	-1700	-1100	0	0	0	0	0	0
5402901059	Dýri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		36531	21460	409	474	135	40088	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	13000	15255	4330	0	0	0	0	1763	0	0
Mismunur		36531	21460	-12591	-14781	-4195	40088	0	0	0	-1763	0	0
5502840659	Dögun ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		65070	5504	28786	5	1	8301	0	0	661	458490	0	0
Flutningur frá		197824	44000	25000	0	2000	17293	0	0	3992	106413	0	0
Mismunur		-132754	-38496	3786	5	-1999	-8992	0	0	-3331	352077	0	0

3006653149	Eggert Bergmann Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2836	380	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1168	97	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1668	283	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0

3008397899	Eiður Marinósson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		19588	4664	0	515	247	175	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-19588	-4664	0	-515	-247	-175	0	0	0	0	0	0

2402664079	Eiður Þór Gylfason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	9000	0	0	0	29000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	9000	0	0	0	29000	0	0	0	0	0	0

410313289	Einar G. Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4500	0	2500	865	245	160	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4500	3000	-2500	-865	-245	-160	0	0	0	0	0	0

206535589	Einar Guðjón Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		325466	72727	153280	0	0	15000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		80000	109727	101000	8000	2427	9100	0	0	0	10088	0	0
Mismunur		245466	-37000	52280	-8000	-2427	5900	0	0	0	-10088	0	0

2202552479	Einar Guðlaugsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		826	74	91	101	29	19	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-826	-74	-91	-101	-29	-19	0	0	0	0	0	0

904333189	Einar Haraldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		100	0	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	8460	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		100	0	-8460	100	0	0	0	0	0	0	0	0

1403533299	Einar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10000	0	0	0	0	79738	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	3000	0	4296	1219	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		10000	-3000	0	-4296	-1219	79738	0	0	0	0	0	0
1507474069	Einar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2889	0	0	5700	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10526	586	4086	1732	317	637	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7637	-586	-4086	3968	-317	-637	0	0	0	0	0	0
1910284069	Einar Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3900	2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		3900	2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
406625619	Einar Vilhjálmur Hálfdánarsor	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6170	25000	0	0	0	69000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		52038	2800	14060	0	0	24007	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-45868	22200	-14060	0	0	44993	0	0	0	0	0	0
3008593999	Einar Þórarinn Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		394000	0	248000	0	0	500	0	0	799	0	0	0
Flutningur frá		1879	43000	0	17000	2287	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		392121	-43000	248000	-17000	-2287	500	0	0	799	0	0	0
1012413869	Eiríkur Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	1500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11500	894	0	507	144	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-11500	-894	0	-507	-144	1500	0	0	0	0	0	0
1907482009	Eiríkur Marteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11000	10274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-450	-10274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1212434829	Eiríkur Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		378269	0	2500	0	0	0	0	0	246	0	0	0
Flutningur frá		0	38000	0	7000	573	600	0	0	2000	5088	0	0
Mismunur		378269	-38000	2500	-7000	-573	-600	0	0	-1754	-5088	0	0
907744849	Eiríkur Ragnar Eiríksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		45324	3700	3000	0	0	50	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		840	1590	2560	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		44484	2110	440	0	0	50	0	0	0	0	0	0
4510891299	Eldhamar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		151775	12455	21680	0	0	4000	0	0	5000	0	0	0
Flutningur frá		64000	43455	0	0	0	0	0	0	370	39342	0	0
Mismunur		87775	-31000	21680	0	0	4000	0	0	4630	-39342	0	0
1702602529	Elfar Þór Tryggvason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	0	3234	3657	1038	676	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-35000	0	-3234	-3657	-1038	-676	0	0	0	0	0	0
1612282579	Elías Ketilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		25000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-24000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
3107177469	Emil M. Andersen	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25365	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		23665	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1507522999	Emil Þór Guðbjörnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		487	25	49	35	10	6	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-487	-25	-49	-35	-10	-6	0	0	0	0	0	0
1511262199	Emil Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7107850159	Emma ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	12646	0	0
Flutningur frá		36739	0	0	0	0	14000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-36739	0	0	0	0	-14000	0	0	0	12646	0	0
4509730689	Enni hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		492699	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	30000	8370	0	0	0	0	90856	0	0
Mismunur		492699	0	0	-30000	-8370	0	0	0	0	-90856	0	0
1010377119	Erlendur Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	7641	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		8000	0	1200	1409	400	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-8000	7641	-1200	-1409	-400	0	0	0	0	0	0	0
1509605769	Erling Brim Ingimundarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
707555569	Erling Ómar Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2010322029	Erlingur Ævarr Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		192350	1172	0	1000	0	0	0	0	42396	0	0	0
Flutningur frá		0	19000	0	0	299	4000	0	0	37955	0	0	0
Mismunur		192350	-17828	0	1000	-299	-4000	0	0	4441	0	0	0
6303710319	Eskey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		894069	0	87817	10790	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		67798	283369	102055	37290	4354	16471	1386	0	28853	0	0	0

Mismunur		826271	-283369	-14238	-26500	-4354	-16471	-1386	0	-28853	0	0	0
6812922689	Eyfreyjunes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		18500	9337	0	0	0	20268	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	9000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		18500	9337	0	0	0	11268	0	0	0	0	0	0
2612507569	Eymar Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11982	49816	2818	303	0	116	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	75743	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11982	-25927	2818	303	0	116	0	0	0	0	0	0
510444799	Eyrún S Óskarsdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	1552	0	0	442	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12500	0	1552	0	0	442	0	0	0	0	0	0
2303605969	Eysteinn Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		24000	0	0	1926	543	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18000	0	0	-1926	-543	0	0	0	0	0	0	0
4504942089	Eyvindur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12585	63037	7000	0	0	20211	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	2600	0	0	25000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		12585	63037	4400	0	0	-4789	0	0	0	0	0	0
6102720109	Farsæll ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22575	84756	0	0	0	32000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11370	0	0	0	0	40000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11205	84756	0	0	0	-8000	0	0	0	0	0	0
6802840329	Farsæll ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		205739	51176	5914	19417	0	19833	0	0	0	109522	60000	0
Flutningur frá		175900	99861	23170	34850	0	35814	0	0	0	216500	0	0
Mismunur		29839	-48685	-17256	-15433	0	-15981	0	0	0	-106978	60000	0

5403911069	Faxaberg sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		227456	2000	100	2342	0	12040	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15654	49495	8442	4070	515	12048	0	0	0	0	0	0
Mismunur		211802	-47495	-8342	-1728	-515	-8	0	0	0	0	0	0
4109891319	Faxamjöl hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	670	0	0	0	0
Flutningur frá		32241	0	0	0	0	0	0	0	0	213000	0	0
Mismunur		-32241	0	0	0	0	0	0	670	0	-213000	0	0
6101670129	Fáfnir h.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2008	0	0	0	0	248	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2008	0	0	0	0	-248	0	0	0	0	0	0
5102881659	Ferskur fiskur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		630	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-630	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5903710769	Festi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	5028	0	0	43000	0	0
Flutningur frá		17212	49040	17189	22403	3097	638	0	1000	0	43945	0	0
Mismunur		-17212	-49040	-17189	-22403	-3097	-638	5028	-1000	0	-945	0	0
6912861429	Féfang ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25000	0
Flutningur frá		20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25000	0
102414139	Finnbogi Jakobsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13697	3779	500	150	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5468	350	409	474	135	88	0	0	0	0	0	0
Mismunur		8229	3429	91	-324	-135	-88	0	0	0	0	0	0

1908383589	Finnbogi Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	1000	1432	1662	472	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	-1000	-1432	-1662	-472	0	0	0	0	0	0	0

2506384859	Finnur Gærdbo	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		40000	20000	0	500	0	82000	0	0	0	59265	0	0
Flutningur frá		16664	13000	0	0	0	2663	0	0	0	0	0	0
Mismunur		23336	7000	0	500	0	79337	0	0	0	59265	0	0

2612497669	Finnur Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20510	2168	1831	2161	626	442	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-20510	-2168	-1831	-2161	-626	-442	0	0	0	0	0	0

4511650119	Fiskanes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		702359	32612	543	0	150000	0	444	0	11756	40087	0	30639
Flutningur frá		272848	89671	59770	61215	25000	42	0	0	2000	250000	0	0
Mismunur		429511	-57059	-59227	-61215	125000	-42	444	0	9756	-209913	0	30639

4409730789	Fiskiðjan Bjarg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		100941	142947	86391	5000	0	49189	0	0	5000	0	0	0
Flutningur frá		191989	66521	39698	11281	2773	31689	0	0	0	2531	0	0
Mismunur		-91048	76426	46693	-6281	-2773	17500	0	0	5000	-2531	0	0

4612891269	Fiskiðjan Skagfirðingur hf.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		49563	1098052	43745	865490	406117	49718	2772	5382	0	158556	0	0
Flutningur frá		1002214	85795	481318	530000	346390	62773	577	6593	0	158556	0	0
Mismunur		-952651	1012257	-437573	335490	59727	-13055	2195	-1211	0	0	0	0

6912640179	Fiskiver sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		116134	0	50000	0	0	0	0	0	2587	0	0	0
Flutningur frá		24800	24300	0	16000	483	3009	0	0	0	0	0	0
Mismunur		91334	-24300	50000	-16000	-483	-3009	0	0	2587	0	0	0

6209830209	Fiskkaup hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		289829	53679	136675	117889	16038	9	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	26000	5396	0	0	906	1386	0	0	15000	0	0
Mismunur		289829	27679	131279	117889	16038	-897	-1386	0	0	-15000	0	0
4207790469	Fiskverkun Jóhannesar og He	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		30300	19455	39800	250	0	3100	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	5455	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		30300	14000	39800	250	0	3100	0	0	0	0	0	0
5305871509	Fiskverkun Kristj/Guðbergs s	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		28150	5232	0	150	0	1150	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9600	0	0	3447	647	499	0	0	0	0	0	0
Mismunur		18550	5232	0	-3297	-647	651	0	0	0	0	0	0
6501932379	Fiskverkun S.Þ. hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		366	2048	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-366	-2048	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5905891369	Fiskverkunin Leiti ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		68000	0	0	0	0	0	0	0	0	545224	0	0
Mismunur		-68000	0	0	0	0	0	0	0	0	-545224	0	0
4809872179	Fiskvinnslan Hafnarbakka hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		443689	71279	18804	11334	124044	112256	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		165425	15399	443441	41000	90565	135740	0	0	0	98700	0	0
Mismunur		278264	55880	-424637	-29666	33479	-23484	0	0	0	-98700	0	0
5110953369	Fiskvinnslan Kambur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9870	15000	8224	0	0	3200	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7070	-15000	-8224	0	0	-3200	0	0	0	0	0	0
410477399	Fjólmundur Fjólmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9889	0	0	0	0	3500	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		13734	0	0	956	271	177	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3845	0	0	-956	-271	3323	0	0	0	0	0	0
6212932659	Flesjar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		226000	0	135000	10000	0	9000	0	0	10001	0	0	0
Flutningur frá		10100	0	6000	5500	2400	93500	0	0	29	35000	0	0
Mismunur		215900	0	129000	4500	-2400	-84500	0	0	9972	-35000	0	0
4808850159	Flói ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		99100	62699	4673	2435	687	103758	0	0	0	65700	0	0
Flutningur frá		0	45500	18973	11662	4766	0	0	0	0	65700	0	0
Mismunur		99100	17199	-14300	-9227	-4079	103758	0	0	0	0	0	0
5501697709	Flóki ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22185	0	0	0	106	6069	0	0	0	35000	0	0
Flutningur frá		7000	0	0	761	106	7070	0	0	0	0	0	0
Mismunur		15185	0	0	-761	0	-1001	0	0	0	35000	0	0
5712911349	Flökun ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	-5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4303932869	Frári ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		26018	34235	135156	17043	85	2105	0	0	0	2307	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	40273	0	0	0	2307	0	0
Mismunur		26018	34235	135156	17043	85	-38168	0	0	0	0	0	0
4611891219	Freymundur s.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		134444	7200	9781	760	0	45	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		134444	7200	9781	760	0	45	0	0	0	0	0	0
312492019	Freyr Steingrímsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		201	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		618	149	0	46	13	9	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-417	-149	0	-46	-13	-9	0	0	0	0	0	0
1712442269	Friðberg Emanúelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	23000	0	0	0	15000	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		7020	2500	1685	1302	363	0	0	0	0	0	0	1000
Mismunur		-7020	20500	-1685	-1302	-363	15000	0	0	0	0	0	9000
3107472709	Friðgeir Höskuldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	20000	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	3300	0	0	0	0	75000	0	2700
Mismunur		0	0	0	0	-3300	0	0	0	0	-55000	0	-2700
608213729	Friðjón Ámason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		105	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		105	-5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
808313829	Friðrik Eyfjörð Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12316	730	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14672	2248	0	1205	330	210	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2356	-1518	0	-1205	-330	-210	0	0	0	0	0	0
2212637669	Friðrik Pétur Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9683	4872	229	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16830	9343	727	676	156	1118	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7147	-4471	-498	-676	-156	3882	0	0	0	0	0	0
2002705099	Friðrik Sæmundur Jóhannsso	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7200	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		7200	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2208564539	Friðrik Þórir Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		72763	3000	0	25000	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		52000	3000	4000	30026	1427	500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20763	0	-4000	-5026	-1427	-500	0	0	0	0	0	0

5902680119	Friðþjófur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		36000	0	0	11387	3247	0	4072	0	0	382360	0	0
Flutningur frá		179973	58268	81720	13677	4872	10467	1512	0	0	95000	0	0
Mismunur		-143973	-58268	-81720	-2290	-1625	-10467	2560	0	0	287360	0	0

2906482979	Frímann Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3736	0	0	0	0	6000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16000	0	0	1037	417	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12264	0	0	-1037	-417	6000	0	0	0	0	0	0

4409730279	Frosti ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		407603	0	2282	202650	96722	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		237429	180000	494010	2500	43200	143115	0	0	0	30263	0	0
Mismunur		170174	-180000	-491728	200150	53522	-143115	0	0	0	-30263	0	0

5601693969	Frosti hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		150000	84866	170998	46058	350000	204	0	0	0	200000	0	0
Flutningur frá		187299	87797	85410	102951	134598	449	0	0	0	456145	0	0
Mismunur		-37299	-2931	85588	-56893	215402	-245	0	0	0	-256145	0	0

6402810229	G. Ben sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		452	24225	81500	4785	0	13063	797	6500	0	872384	0	0
Flutningur frá		285948	94625	254000	16611	5098	13000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-285496	-70400	-172500	-11826	-5098	63	797	6500	0	872384	0	0

1206394129	Garðar Brynjólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12070	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	9898	4036	3372	957	8089	0	0	0	0	0	0
Mismunur		12070	-9898	-4036	-3372	-957	-89	0	0	0	0	0	0

507534769	Garðar Garðarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		111684	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		62574	12500	3996	5090	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		49110	-12500	-3996	-5090	0	0	0	0	0	0	0	0

5801830509	Garðar Guðmundsson hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		90000	7950	0	0	0	0	0	0	0	145000	0	0
Mismunur		-90000	-7950	0	0	0	0	0	0	0	-145000	0	0

206212309	Garðar Sigurpálsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5660	676	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		14340	-676	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6507770189	Garðey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		97	19858	28248	38132	5003	275	0	0	0	842119	0	0
Flutningur frá		105303	101091	157004	179587	29594	1627	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-105206	-81233	-128756	-141455	-24591	-1352	0	0	0	842119	0	0

4504790209	Geir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	187617	0	0	13000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	24000	0	0	0	62700	0	0	0	1011	0	0
Mismunur		-17000	-24000	187617	0	0	-49700	0	0	0	-1011	0	0

611327169	Geir Gíslason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6810942619	Geiri Péturs ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		52413	22	25	30	17694	5	0	0	0	486969	0	0
Flutningur frá		92851	50563	116815	111746	150000	21248	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-40438	-50541	-116790	-111716	-132306	-21243	0	0	0	486969	0	0

508623809	Gerður Helgadóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5000	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3701	4989	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1299	11	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

106493909	Gísli Garðarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		4300	15900	1266	0	0	41086	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	1266	0	0	11086	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4300	15900	0	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
6602932489	Gísli Gunnarsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1876	0	0	0	0	0	0	0	0	0	130000	0
Flutningur frá		11907	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10031	0	0	0	0	0	0	0	0	0	130000	0
1807624779	Gísli Jón Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31200	40245	0	0	0	38000	0	0	0	0	0	9235
Flutningur frá		14410	0	1496	1721	488	0	0	0	0	0	0	15000
Mismunur		16790	40245	-1496	-1721	-488	38000	0	0	0	0	0	-5765
2001433459	Gísli Valur Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		85500	7000	46000	36200	0	0	0	0	12300	0	0	0
Flutningur frá		0	75000	0	0	0	63578	0	0	0	0	0	0
Mismunur		85500	-68000	46000	36200	0	-63578	0	0	12300	0	0	0
5701690769	Gjögur ehf,Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		587358	281777	225335	211288	744	753	277	0	0	591122	0	0
Flutningur frá		180100	1663	0	0	69000	90000	1386	3000	3256	570000	0	0
Mismunur		407258	280114	225335	211288	-68256	-89247	-1109	-3000	-3256	21122	0	0
6810922189	Goðaborg hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	38480	28378	28190	178	2940	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-38480	-28378	-28190	-178	-2940	0	0	0	0	0	0
5411850389	Grandi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		492958	768540	1075948	1045781	473398	5781	0	0	0	2050000	0	0
Flutningur frá		1000	740272	1432257	576789	200184	11057	0	0	0	2727231	0	0
Mismunur		491958	28268	-356309	468992	273214	-5276	0	0	0	-677231	0	0
302463739	Grétar Sv. Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		5880	456	2497	618	176	114	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5880	-456	-2497	-618	-176	-114	0	0	0	0	0	0
1711403909	Grímur Ársælsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2505332259	Grímur M. Steindórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6912780349	Grunnvíkingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	4000	4756	1350	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	-4000	-4756	-1350	0	0	0	0	0	0	0
5801695469	Græðir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		295521	8000	0	0	1746	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		186000	25271	1845	604	29797	0	1368	0	0	290525	0	0
Mismunur		109521	-17271	-1845	-604	-28051	0	-1368	0	0	-290525	0	0
708275149	Guðbergur Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10000	0	0	0	0	75	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	75	0	0	0	0	0	0
404516849	Guðbjörn Sigurpálsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9912	904	1054	1223	347	267	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9912	-904	-1054	-1223	-347	-267	0	0	0	0	0	0
4111932099	Guðfinnur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		357866	571	1411	3167	465	2803	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		54800	43356	30000	4000	0	0	0	0	0	0	0	33000

Mismunur		303066	-42785	-28589	-833	465	2803	0	0	0	0	0	-33000
1005083039	Guðjón Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3966	0	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		3966	0	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2809575349	Guðjón Guðjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1000	0	0	0	0	14588	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21000	0	0	1468	417	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-20000	0	0	-1468	-417	14588	0	0	0	0	0	0
1208303099	Guðjón Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		100	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		100	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
301633899	Guðjón Theódórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		104512	47528	30000	0	0	1710	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		32000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		72512	47528	30000	0	0	1710	0	0	0	0	0	0
2102615329	Guðlaugur Óli Þorláksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		33521	0	25677	200	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		28000	0	0	2488	645	420	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5521	0	25677	-2288	-645	-420	0	0	0	0	0	0
2207432849	Guðmundur Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12127	234	124	0	0	318	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12127	-234	-124	0	0	-318	0	0	0	0	0	0
2806503239	Guðmundur E Magnússn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	1000	350	0	0	380	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3829	661	4	0	0	8	0	0	0	0	0	0
Mismunur		16171	339	346	0	0	372	0	0	0	0	0	0

1001504099	Guðmundur Eiríksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	51134	45000	6191	0	4000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	51134	45000	6191	0	4000	0	0	0	0	0	0

1405553129	Guðmundur Gísli Egilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17113	10457	2370	2224	626	411	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-17113	-10457	-2370	-2224	-626	-411	0	0	0	0	0	0

112224719	Guðmundur Guðnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5500	315	536	427	121	79	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5500	-315	-536	-427	-121	-79	0	0	0	0	0	0

702434829	Guðmundur Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	53200	6987	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	70000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	53200	6987	0	0	-70000	0	0	0	0	0	0

202412179	Guðmundur Jakobsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		42773	15666	0	688	195	1232	0	0	0	0	0	15000
Mismunur		-42773	-15666	0	-688	-195	-1232	0	0	0	0	0	-15000

1204372839	Guðmundur Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	5200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	5200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1905517419	Guðmundur Karl Tómasson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		78227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	12317	0	4000	0	3000	0	0	0	0	0	30639
Mismunur		73227	-12317	0	-4000	0	-3000	0	0	0	0	0	-30639

1606314819	Guðmundur Kristinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
901417169	Guðmundur Lúðvíksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7400	2416	8573	856	243	158	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7400	-2416	-8573	-856	-243	-158	0	0	0	0	0	0
911552309	Guðmundur R Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		22500	8000	869	0	0	28	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-22500	-8000	-869	0	0	-28	0	0	0	0	0	0
2009424269	Guðmundur Ragnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	4000	1340	1456	413	440	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14000	-4000	-1340	-1456	-413	560	0	0	0	0	0	0
2608235749	Guðmundur Rósmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		120000	15000	0	0	0	23620	0	0	0	0	0	20000
Flutningur frá		100000	6000	1088	1263	358	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20000	9000	-1088	-1263	-358	23620	0	0	0	0	0	20000
5201750249	Guðmundur Runólfsson h.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25000	441778	79000	70000	116974	29013	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		33000	21000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-8000	420778	79000	70000	116974	29013	0	0	0	0	0	0
2107362049	Guðmundur Rúnar Hallgrims	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		707911	0	8573	4228	243	97358	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12070	10000	10000	0	31100	68000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		695841	-10000	-1427	4228	-30857	29358	0	0	0	0	0	0
2406425659	Guðmundur Valgeir Hallbjörn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		0	48000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	4500	4500	1497	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	48000	-4500	-4500	-1497	0	0	0	0	0	0	0
401404689	Guðmundur Þorleifsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12462	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		12462	2000	0	0	0	-35000	0	0	0	0	0	0
2506262669	Guðmundur Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		404840	94689	71720	2774	150775	504	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	13500	4500	1170	1386	0	0	31708	0	0
Mismunur		404840	94689	71720	-10726	146275	-666	-1386	0	0	-31708	0	0
1412535069	Guðni Kristján Ásgrímsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	23940	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	0	0	2968	835	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-35000	0	0	-2968	-835	23940	0	0	0	0	0	0
610262669	Guðni Þórarinn Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9750	3878	942	1025	291	139	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9750	-3878	-942	-1025	-291	-139	0	0	0	0	0	0
5605901059	Guðrún sf útgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10500	10000	0	2376	1823	195801	0	0	0	252366	0	0
Flutningur frá		24255	2500	1500	3757	3370	750	0	0	0	301000	0	0
Mismunur		-13755	7500	-1500	-1381	-1547	195051	0	0	0	-48634	0	0
5801695709	Gullberg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		170049	697091	263119	312202	55238	1538	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		138000	0	2000	0	0	7687	0	0	0	0	0	0
Mismunur		32049	697091	261119	312202	55238	-6149	0	0	0	0	0	0
1508364259	Gunnar Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4932	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		7000	937	0	1355	360	234	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2068	-937	0	-1355	-360	-234	0	0	0	0	0	0
1512392859	Gunnar Árni Sveinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	221
Flutningur frá		6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	221
306434029	Gunnar Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3240	6636	1717	402	114	74	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		95196	17389	8980	7481	2124	4080	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-91956	-10753	-7263	-7079	-2010	-4006	0	0	0	0	0	0
1906704499	Gunnar Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
202384969	Gunnar Berg Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1663	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9200	1483	0	962	313	204	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9200	180	0	-962	-313	-204	0	0	0	0	0	0
105532889	Gunnar Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	217	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4072	277	132	374	106	69	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4072	-277	-132	-374	-106	148	0	0	0	0	0	0
4202760449	Gunnar Hámundarson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		535688	0	7100	0	0	380	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	23200	0	5500	1565	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		535688	-23200	7100	-5500	-1565	380	0	0	0	0	0	0
2503362929	Gunnar I Hafsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		406610	233954	422052	120573	49	12131	0	0	0	281879	0	0
Flutningur frá		288893	3770	238481	94000	49	85368	0	0	0	281879	0	0

Mismunur		117717	230184	183571	26573	0	-73237	0	0	0	0	0	0
2511523579	Gunnar Karl Garðarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	8155	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5000	8155	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4111911769	Gunnarstindur hf.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		58890	20883	241939	81282	2293	416	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		181016	151427	0	14241	8688	38902	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-122126	-130544	241939	67041	-6395	-38486	0	0	0	0	0	0
4209850299	Gunnbjörg hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10455	86919	61675	4530	11323	19885	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		702	0	0	0	0	0	0	0	0	50000	0	67315
Mismunur		9753	86919	61675	4530	11323	19885	0	0	0	-50000	0	-67315
1505623259	Gunnlaugur Oddsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		96851	1592	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		70600	0	100	4200	963	640	0	0	0	0	0	0
Mismunur		26251	1592	-100	-4200	-963	-640	0	0	0	0	0	0
608462359	Gunnlaugur Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		125000	156000	64200	0	0	27500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	13000	0	119000	1386	0	0	59265	0	0
Mismunur		125000	156000	64200	-13000	0	-91500	-1386	0	0	-59265	0	0
5801693929	Gunnvör hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	72000	0	10262	823537	22000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		34800	50000	0	125375	0	91364	0	0	0	346624	0	0
Mismunur		-34800	22000	0	-115113	823537	-69364	0	0	0	-346624	0	0
1009397899	Gylfi Þór Eiðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		265	8000	0	0	0	80000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		26000	0	0	1630	462	2000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-25735	8000	0	-1630	-462	78000	0	0	0	0	0	0

5905934199	Gæfa ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		77136	30622	21949	2068	18	282	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	16000	3060	547	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		77136	30622	5949	-992	-529	282	0	0	0	0	0	0

5601922749	Hafdal ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	10000	0	0	0	1919	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	10000	0	0	0	1919	0	0	0	0	0	0

4306933369	Hafdís ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		632480	0	265000	0	360	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		63432	53987	4650	67921	5909	7987	0	0	9794	15000	0	0
Mismunur		569048	-53987	260350	-67921	-5549	-7987	0	0	-9794	-15000	0	0

3005664649	Haflíði Svavarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		564	200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		564	200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

5901695959	Hafnarnes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		147741	72500	172000	0	0	0	0	0	9463	0	0	0
Flutningur frá		20000	20000	40000	4000	0	46000	0	0	2500	27741	0	0
Mismunur		127741	52500	132000	-4000	0	-46000	0	0	6963	-27741	0	0

5105922049	Hafnartangi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		82216	10910	8500	0	0	32805	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	17910	0	2500	381	6400	0	0	0	0	0	0
Mismunur		82216	-7000	8500	-2500	-381	26405	0	0	0	0	0	0

5010700259	Hafnfirðingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		598081	56565	50000	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15141	132500	0	0	531	0	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		582940	-75935	50000	0	-531	30000	-1386	0	0	0	0	0

308492489	Hafsteinn E Ingólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		65000	0	0	0	0	5022	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	27000	1000	0	0	4800	0	0	0	0	0	0
Mismunur		65000	-27000	-1000	0	0	222	0	0	0	0	0	0

2005503499	Hafsteinn Ingólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6528	1101	1142	447	127	83	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3528	-1101	-1142	-447	-127	-83	0	0	0	0	0	0

4205891669	Hafsúlan h.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4811	0	0	13	0	42	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	90000
Mismunur		4811	0	0	13	0	42	0	0	0	0	0	-90000

4412922449	Hafvik ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		488000	11000	0	4900	0	1065	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		436479	17732	0	4672	0	11225	0	0	0	0	0	0
Mismunur		51521	-6732	0	228	0	-10160	0	0	0	0	0	0

1304593079	Hafþór Hafsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6804891579	Hald hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		74400	79000	90000	23000	0	9500	0	0	2400	6897	0	46154
Flutningur frá		79514	154878	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5114	-75878	90000	23000	0	9500	0	0	2400	6897	0	46154

5705952299	Hali ehf, Tálknafirði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		24141	79000	0	0	0	35650	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		185500	97446	7000	13430	3811	27000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-161359	-18446	-7000	-13430	-3811	8650	0	0	0	0	0	0

1601493619	Halldór A. Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		15000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20000	0	0	1697	481	480	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5000	2000	0	-1697	-481	-480	0	0	0	0	0	0
711514929	Halldór Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1300	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		32000	0	0	3054	867	564	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-32000	1300	0	-3054	-867	-564	0	0	0	0	0	0
302515399	Halldór G Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1503534759	Halldór J. Egilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5700	5500	0	3369	956	622	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5700	-5500	0	-3369	-956	-622	0	0	0	0	0	0
2908402289	Halldór Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11536	3229	0	1799	518	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-11536	-3229	0	-1799	-518	0	0	0	0	0	0	0
1709414979	Halldór Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		164027	14000	10000	827	2	0	0	0	6004	0	0	0
Flutningur frá		5000	102000	0	6979	1748	430	0	0	0	15132	0	0
Mismunur		159027	-88000	10000	-6152	-1746	-430	0	0	6004	-15132	0	0
1505294689	Halldóra F Þorvaldsdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3859	3671	3077	1392	462	301	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1141	-1671	-3077	-1392	-462	-301	0	0	0	0	0	0
1611505419	Hallgrímur Guðfinnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	4578	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		10086	0	0	1106	314	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10086	4578	0	-1106	-314	0	0	0	0	0	0	0
4104922029	Hamar hf,útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		219287	17935	343886	1630	3093	1496	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	100000	32323	39044	0	0	0	0	0	222301	0	0
Mismunur		219287	-82065	311563	-37414	3093	1496	0	0	0	-222301	0	0
3012353059	Hannes Guðbj. Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	106	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-106	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
509463049	Hannes Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		413	22	25	30	8	5	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-413	-22	-25	-30	-8	-5	0	0	0	0	0	0
605504179	Hannes Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	20620	20000	0	0	91403	0	0	4437	0	0	0
Flutningur frá		56298	24936	58894	8000	2076	8659	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-56298	-4316	-38894	-8000	-2076	82744	0	0	4437	0	0	0
1012602839	Hans Alfreð Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	5409	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2450	171	199	231	66	179	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2450	-171	-199	-231	-66	5230	0	0	0	0	0	0
6001691149	Haraldur Böðvarsson hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		534798	303102	478120	1360406	608354	18447	2883	0	0	0	0	0
Flutningur frá		296854	91359	7522	163303	100000	76717	19	9882	0	743304	0	0
Mismunur		237944	211743	470598	1197103	508354	-58270	2864	-9882	0	-743304	0	0
2502423879	Haraldur Gíslason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		80415	7294	32480	11264	400	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	5000	15000	400	27000	0	0	1100	0	0	0

Mismunur		80415	7294	27480	-3736	0	-27000	0	0	-1100	0	0	0
2804262619	Haraldur Guðmundsson o.fl.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6000	36600	15500	8000	2212	7882	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6000	-36600	-15500	-8000	-2212	-7882	0	0	0	0	0	0
2109402199	Haraldur Sigmarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	25000	0	0	0	20000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	1300	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20000	25000	0	0	0	18700	0	0	0	0	0	0
3009522919	Haraldur Þorgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7800	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		7800	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
501377599	Hartmann Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2447	0	0	316	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		8553	0	0	-316	0	0	0	0	0	0	0	0
503454679	Haukur Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13702	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15500	0	0	2100	600	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1798	0	0	-2100	-600	0	0	0	0	0	0	0
1307644609	Haukur Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		68500	17936	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	18181	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		58500	-245	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4109891749	Háanes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		171016	55184	80375	2267	140281	205345	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		141900	24422	0	1832	0	15000	0	0	0	200570	0	0
Mismunur		29116	30762	80375	435	140281	190345	0	0	0	-200570	0	0

2101504719	Hákon Erlendsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		746	45	53	61	17	11	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-746	-45	-53	-61	-17	-11	0	0	0	0	0	0

5702942299	Hásteinar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8138	44650	18000	6256	0	0	0	0	662	0	0	0
Flutningur frá		845	0	0	10000	0	0	0	0	4282	0	0	0
Mismunur		7293	44650	18000	-3744	0	0	0	0	-3620	0	0	0

6804922399	Hásteinn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		320657	40000	0	25000	0	17500	0	0	8410	0	0	0
Flutningur frá		9500	40000	0	34100	730	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		311157	0	0	-9100	-730	17500	0	0	8410	0	0	0

4405952869	Heimaskagi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1600	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	20595	808	3569	1013	256	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1600	-20595	-808	-3569	-1013	-256	0	0	0	0	0	0

2210457349	Heimir Bessason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12792	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	500	168	109	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2792	0	1000	-500	-168	-109	0	0	0	0	0	0

1710373879	Helga Jónsdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	107	0	17	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		19533	571	1411	1167	465	303	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-19533	-464	-1411	-1150	-465	-303	0	0	0	0	0	0

3112284479	Helgi Héðinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

206492089	Henning Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		19835	0	36000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		47200	3969	48617	4351	1235	804	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-27365	-3969	-12617	-4351	-1235	-804	0	0	0	0	0	0

2003474209	*Hermann Björn Haraldsson*	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		96	6	7	8	2	1	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-96	-6	-7	-8	-2	-1	0	0	0	0	0	0

3103332049	Hermann M. Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		74	56	48	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-74	-56	-48	-1	0	0	0	0	0	0	0	0

2403434019	Hermann Skúlason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11000	0	0	0	0	0	0	0	5000	0	0	15000
Flutningur frá		37499	0	0	0	0	4495	0	0	0	1951	0	0
Mismunur		-26499	0	0	0	0	-4495	0	0	5000	-1951	0	15000

2104453319	Hermann Æ. Aðalsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	2500	1500	0	0	2534	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	995	273	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	2500	1500	-995	-273	2534	0	0	0	0	0	0

2009493319	Héðinn Sverrisson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		47900	0	0	17500	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	0	0	20970	880	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		33900	0	0	-3470	-880	0	0	0	0	0	0	0

803312909	Hilmar Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	1729	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6500	0	0	556	155	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6500	0	0	-556	-155	1729	0	0	0	0	0	0

2511484309	Hilmar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		13500	1600	0	24	0	75029	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		44250	0	0	4339	1231	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-30750	1600	0	-4315	-1231	75029	0	0	0	0	0	0
6502932159	Hjallanes ehf,Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5756	10000	29000	8491	0	16712	0	0	5541	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5756	10000	29000	8491	0	16712	0	0	5541	0	0	0
912404249	Hjálmar Guðnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		886	0	0	76	16	11	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-886	0	0	-76	-16	-11	0	0	0	0	0	0
503316879	Hjálmar Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		120872	0	0	0	0	0	0	0	0	47600	72421	0
Flutningur frá		0	67304	0	11000	0	0	0	0	0	84000	39000	0
Mismunur		120872	-67304	0	-11000	0	0	0	0	0	-36400	33421	0
604424449	Hjálmar Randversson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3386	6	7	8	2	1	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	1249	324	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		3386	6	7	-1241	-322	1	0	0	0	0	0	0
6411680179	Hjálmur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	47272	0	0	0	0	0	0	0	0	100000	0
Flutningur frá		52000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-52000	47272	0	0	0	0	0	0	0	0	100000	0
511364469	Hjörtur Arnfinnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7288	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		22000	0	0	2988	852	3165	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14712	27000	0	-2988	-852	-3165	0	0	0	0	0	0
2806364289	Hjörtur Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		14500	0	0	1732	492	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14500	0	0	-1732	-492	0	0	0	0	0	0	0
308617019	Hjörtur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14300	7999	3053	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14300	-7999	-3053	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4206892689	Hlaðir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		165000	0	0	0	0	0	0	0	0	647030	0	0
Flutningur frá		395701	88823	43000	6155	2096	2500	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		-230701	-88823	-43000	-6155	-2096	-2500	-1386	0	0	647030	0	0
1512442389	Hlöðver Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	1117	0	0	156	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	1117	0	0	156	0	0	0	0	0	0
6906952199	Hneif hf,Fáskrúðsfirði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		161886	52888	131740	4044	0	5804	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		40700	50850	298047	0	10132	25500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		121186	2038	-166307	4044	-10132	-19696	0	0	0	0	0	0
6503943059	Hofsnes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	20000	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20000	20000	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6710932249	Hornvík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1350	0	19800	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1350	0	19800	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4701800219	Hólmadrangur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9764	0	0	130000	0	2000	0	0	0	525544	0	0
Flutningur frá		505544	86000	294000	300000	376000	1000	0	0	0	805689	0	0

Mismunur		-495780	-86000	-294000	-170000	-376000	1000	0	0	0	-280145	0	0
303362599	Hólmar Albertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1000	6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1000	6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
4802720569	Hólmi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		118584	460268	160000	152808	52994	0	0	0	0	60000	0	0
Flutningur frá		50000	1000	0	115000	79000	0	0	0	0	60000	0	0
Mismunur		68584	459268	160000	37808	-26006	0	0	0	0	0	0	0
5306730149	Hólmsteinn Helgason ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		79055	0	0	290	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4000	5407	8000	6500	1407	85	0	0	0	0	0	0
Mismunur		75055	-5407	-8000	-6210	-1407	-85	0	0	0	0	0	0
6301695939	Hólmsteinn hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11835	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	9252	21644	8383	2298	1220	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11835	-9252	-21644	-8383	-2298	-1220	0	0	0	0	0	0
6912650219	Hóp ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		264971	25977	3750	17892	1374	2990	0	0	3100	0	0	0
Flutningur frá		27721	30350	168000	0	6400	65000	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		237250	-4373	-164250	17892	-5026	-62010	-1386	0	3100	0	0	0
4702650199	Hópsnes h.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		42996	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	0	0	0	0	0	2774	0	0	100000	0	0
Mismunur		37996	0	0	0	0	0	-2774	0	0	-100000	0	0
6301694299	Hraðfrystihús Eskifjarðar hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2500	63000	1011266	123110	1041	84914	1386	0	0	159000	0	0
Flutningur frá		88792	0	0	222905	79241	0	1386	0	0	1439804	0	0
Mismunur		-86292	63000	1011266	-99795	-78200	84914	0	0	0	-1280804	0	0

6301694109	Hraðfrystihús Grundarfjarðar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		175900	159289	62292	43351	0	49163	0	0	0	215500	242800	0
Flutningur frá		342691	91164	83170	104250	53200	34314	0	0	0	215500	210000	0
Mismunur		-166791	68125	-20878	-60899	-53200	14849	0	0	0	0	32800	0

6301696829	Hraðfrystihús Hellissands hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		469087	38990	230835	173418	102870	5077	0	0	0	293000	0	0
Flutningur frá		288466	67362	277300	193334	152667	30000	0	0	0	138000	0	0
Mismunur		180621	-28372	-46465	-19916	-49797	-24923	0	0	0	155000	0	0

4902694369	Hraðfrystihúsið Norðurtangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		435	0	2000	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		888102	92820	0	40843	70000	83000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-887667	-92820	2000	-40843	-70000	-72000	0	0	0	0	0	0

6301692759	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		80475	85635	119649	152399	45173	7791	0	0	0	237378	0	0
Flutningur frá		594784	206321	248161	443407	280358	33914	0	0	0	60000	0	0
Mismunur		-514309	-120686	-128512	-291008	-235185	-26123	0	0	0	177378	0	0

2511382229	Hrafn Ragnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		62131	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	3492	0	1012	73	12550	0	0	0	0	0	0
Mismunur		62131	-3492	0	-1012	-73	-12550	0	0	0	0	0	0

2702432669	Hreinn Björgvinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	0	0	1130	321	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-17000	0	0	-1130	-321	0	0	0	0	0	0	0

607292399	Hreinn Hreinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1300	2500	257	422	184	57	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	800	912	353	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1300	2500	-543	-490	-169	57	0	0	0	0	0	0

1412404719	Hreinn Sverrisson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9018	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1500	0	537	623	177	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		7518	0	-537	-623	-177	0	0	0	0	0	0	0

601393349	Hreinn Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

3011563169	Hrólfur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0

6401694199	Hrönn hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		63420	32272	0	56665	1634	7500	0	0	0	1082981	0	0
Flutningur frá		899703	460142	271000	494429	356002	47289	0	0	0	40000	0	0
Mismunur		-836283	-427870	-271000	-437764	-354368	-39789	0	0	0	1042981	0	0

6401696139	Huginn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7738	0	0	0	0	0	0	0	0	172821	0	0
Flutningur frá		38689	30460	115481	23406	3097	3316	1386	0	0	198642	0	0
Mismunur		-30951	-30460	-115481	-23406	-3097	-3316	-1386	0	0	-25821	0	0

6712740919	Húnaröst ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	10547	0	0	0	0	0
Flutningur frá		65519	16285	54718	13591	0	3748	0	4700	0	0	0	0
Mismunur		-65519	-16285	-54718	-13591	0	-3748	10547	-4700	0	0	0	0

6501696549	Hvalur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		92000	11845	0	252101	0	2900	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	81100	412000	100000	112517	3593	1541	0	0	0	0	0
Mismunur		92000	-69255	-412000	152101	-112517	-693	-1541	0	0	0	0	0

5602830409	Hvammsfell ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		27000	0	30000	5262	0	50000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17200	38000	0	8500	0	34000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		9800	-38000	30000	-3238	0	16000	0	0	0	0	0	0
4401932429	Hælsvík hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		170000	0	165000	0	0	0	0	0	0	190000	0	0
Flutningur frá		2650	0	0	0	0	0	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		167350	0	165000	0	0	0	-1386	0	0	190000	0	0
7003711319	Hælsvík sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	5300	0	7000	0	5700	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		33900	0	0	0	0	0	0	0	0	6500	0	0
Mismunur		-33900	5300	0	7000	0	5700	0	0	0	-6500	0	0
6701871799	Höfðavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	31000	0	0
Flutningur frá		105000	14440	717	755	3097	1793	0	0	0	60000	0	115
Mismunur		-105000	-14440	-717	-755	-3097	-1793	0	0	0	-29000	0	-115
6610760389	Höfði hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		235255	278312	435904	164174	125784	7011	0	0	0	1252384	0	0
Flutningur frá		1124320	633874	925965	344350	4146	83643	0	0	0	586463	0	0
Mismunur		-889065	-355562	-490061	-180176	121638	-76632	0	0	0	665921	0	0
2612232609	Hörður Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		70	2416	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		70	2416	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
803533919	Hörður Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	5470	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	2000	500	501	142	93	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	3470	-500	-501	-142	-93	0	0	0	0	0	0
3108574329	Hörður Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5401922359	Hörgeyri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		185522	0	92236	0	0	39344	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		185522	0	92236	0	0	39344	0	0	0	0	0	0
2604424229	Höskuldur Ragnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		132	254	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		132	254	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1506322429	Höskuldur Skarphéðinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11965	1082	3242	1419	403	262	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-11965	-1082	-242	-1419	-403	-262	0	0	0	0	0	0
5709932249	Immanuel ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		14143	426649	40000	0	0	4500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	5500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		14143	426649	40000	0	0	-1000	0	0	0	0	0	0
2404597369	Indriði Helgason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12997	1954	0	1448	184	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12128	3671	0	4440	627	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		869	-1717	0	-2992	-443	0	0	0	0	0	0	0
105593759	Indriði Kristinn Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		350	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		350	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1006453439	Ingi Magnfreðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	39671	0	0	0	14600	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		0	39671	0	0	0	14600	0	0	0	0	0	0
6601694159	Ingimundur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		286000	29034	238481	10000	177049	2468	0	0	0	1579971	0	0
Flutningur frá		626546	112200	561861	33604	1549	14856	2773	4500	0	2057241	0	0
Mismunur		-340546	-83166	-323380	-23604	175500	-12388	-2773	-4500	0	-477270	0	0
410273719	Ingimundur Ingimundarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	3668	600	0	0	0	0
Flutningur frá		30754	0	0	0	0	0	0	0	0	332893	0	0
Mismunur		-30754	0	0	0	0	0	3668	600	0	-332893	0	0
2807504769	Ingimundur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9505	1605	1801	674	191	124	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9505	-1605	-1801	-674	-191	-124	0	0	0	0	0	0
409564259	Ingólfur Hilmar Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		17000	13000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20500	3000	1500	1500	581	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3500	10000	-1500	-1500	-581	0	0	0	0	0	0	0
109207019	Ingólfur Þorleifsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2500	301	0	407	116	75	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2500	-301	0	-407	-116	-75	0	0	0	0	0	0
1401362719	Ingvar Jónasson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		112055	1649	891	0	0	16189	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		122555	6349	1687	769	214	10189	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10500	-4700	-796	-769	-214	6000	0	0	0	0	0	0
3101624699	Ingvar Matthíasson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1218	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9849	2824	0	994	282	184	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-8631	-2824	0	-994	-282	-184	0	0	0	0	0	0

2203183119	Ingvi Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4510	267	311	361	102	67	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4510	-267	-311	-361	-102	-67	0	0	0	0	0	0

6601691219	Ísfélag Vestmannaeyja hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		155397	41033	325	169700	107	27070	1503	0	0	0	0	0
Flutningur frá		223318	203500	115000	0	5186	38000	0	0	2535	185960	0	0
Mismunur		-67921	-162467	-114675	169700	-5079	-10930	1503	0	-2535	-185960	0	0

6201861719	Íshaf hf,togaraútgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	3000	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-3000	0	0	0	-10000	0	0	0	0	0	0

6601690919	Íshúsfélag Ísfirðinga hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		339120	97000	441720	122548	58000	0	0	0	0	306624	0	0
Flutningur frá		331657	14560	0	70000	321880	0	0	0	0	288850	0	0
Mismunur		7463	82440	441720	52548	-263880	0	0	0	0	17774	0	0

4212898249	Íslandsbanki hf,útibú 582	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31596	0	100000	99000	0	0	0	0	3800	0	0	0
Flutningur frá		0	102000	0	0	33000	6600	0	0	19400	0	0	0
Mismunur		31596	-102000	100000	99000	-33000	-6600	0	0	-15600	0	0	0

6401912019	Ísleifur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	3487	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	72500	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	0	3487	0	0	-72500	0	0

6601692379	Íslenskir aðalverktakar sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		443541	8343	3070	3541	63700	475	0	0	0	30000	0	0
Flutningur frá		386124	168667	154444	463	32776	29000	0	0	0	166184	0	0
Mismunur		57417	-160324	-151374	3078	30924	-28525	0	0	0	-136184	0	0

5101891839	Ísnes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		243415	1500	1777	2935	55802	40443	0	0	0	25470	0	0
Flutningur frá		49700	68551	36209	25661	11691	22977	0	0	0	0	0	0
Mismunur		193715	-67051	-34432	-22726	44111	17466	0	0	0	25470	0	0

3001412509	Ívar Björgvinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2283	411	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27235	1447	0	2010	570	371	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-24952	-1036	0	-2010	-570	-371	0	0	0	0	0	0

1502467769	Jens Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3500	404	357	414	118	7	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3500	-404	-357	-414	-118	-7	0	0	0	0	0	0

2001412459	Jens Valgeir Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8500	12000	0	0	0	1400	0	0	3224	0	0	0
Flutningur frá		51471	70000	5000	18000	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-42971	-58000	-5000	-18000	0	1400	0	0	3224	0	0	0

1007502959	Jóhann Egilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	5000	3000	1194	339	9000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	-5000	2000	-1194	-339	-9000	0	0	0	0	0	0

1003514479	Jóhann Guðfinnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		17516	0	300	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	3582	0	55	0	0	0	0	0	0
Mismunur		17516	0	300	-3582	0	-55	0	0	0	0	0	0

2410423329	Jóhann Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31161	30871	94156	147043	85	66005	0	0	0	348457	0	0
Flutningur frá		50000	115000	23000	193883	0	90000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18839	-84129	71156	-46840	85	-23995	0	0	0	348457	0	0

106524489	Jóhann Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		2831	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13417	921	2341	1514	354	230	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10586	-921	-2341	-1514	-354	-230	0	0	0	0	0	0
1307655999	Jóhann S Steindórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1908733829	Jóhanna Þ. Másdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		537	32	38	44	12	8	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-537	-32	-38	-44	-12	-8	0	0	0	0	0	0
1901442839	Jóhannes Eyleifsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1435	675	400	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1435	675	400	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1606443119	Jóhannes Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21000	0	2727	3148	893	400	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-21000	4000	-2727	-3148	-893	-400	0	0	0	0	0	0
2808563399	Jóhannes Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22094	0	21	31	9	1346	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		52242	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-30148	0	21	31	9	1346	0	0	0	0	0	0
1809483099	Jóhannes Sigurður Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4383	8748	0	0	0	790	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	1013	301	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4383	8748	0	-1013	-301	790	0	0	0	0	0	0
202334869	Jón Ásgeir Stefánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2500	4000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		841	2796	517	5	1	1	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1659	1204	483	-5	-1	-1	0	0	0	0	0	0
3108344089	Jón B. Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6383	3838	3701	415	69	45	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2383	-3838	-3701	-415	-69	-45	0	0	0	0	0	0
1610382969	Jón Bergkvistsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3000	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	0	2411	1789	508	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	3000	-2411	-1789	-508	1000	0	0	0	0	0	0
512537799	Jón Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2114	297	347	402	114	74	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2114	-297	-347	-402	-114	-74	0	0	0	0	0	0
303293259	Jón Elías Vagnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		22714	0	1036	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-22714	0	-1036	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
406213779	Jón Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2650	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3080	0	0	1600	18	12	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-430	0	0	-1600	-18	-12	0	0	0	0	0	0
902203069	Jón Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1500	909	0	1056	99	65	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1500	-909	0	-1056	-99	-65	0	0	0	0	0	0
606552949	Jón Gunnar Helgason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		72072	21011	4650	5397	1532	107987	0	0	9354	0	0	0
Flutningur frá		35000	80000	53000	9893	12855	60148	0	0	7794	0	0	0

Mismunur		37072	-58989	-48350	-4496	-11323	47839	0	0	1560	0	0	0
2603540009	Jón Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7963	1126	673	0	0	1519	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7963	-1126	-673	0	0	-1519	0	0	0	0	0	0
1508217899	Jón K. Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4500	357	0	483	137	89	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4500	-357	0	-483	-137	-89	0	0	0	0	0	0
1808422259	Jón Kristinn Antoníusson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5082	682	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15250	2560	1050	1229	349	227	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10168	-1878	-1050	-1229	-349	-227	0	0	0	0	0	0
2404332149	Jón Kristinn Gíslason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1901553319	Jón Kristján Traustason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1700	5000	0	0	0	137840	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		30000	0	0	7081	2000	7600	0	0	0	5044	0	0
Mismunur		-28300	5000	0	-7081	-2000	130240	0	0	0	-5044	0	0
2112463409	Jón Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	0	1252	1454	412	268	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-17000	0	-1252	-1454	-412	-268	0	0	0	0	0	0
306603749	Jón Ómar Finnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2159	5907	0	0	0	3000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		18770	16618	139	1790	500	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16611	-10711	-139	-1790	-500	3000	0	0	0	0	0	0

2405263449	Jón Rafn Oddsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000

1302275629	Jón S Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4500	500	598	694	197	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3500	-500	-598	-694	-197	0	0	0	0	0	0	0

211283929	Jón Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4085	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6500	0	558	647	184	97	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2415	0	-558	-647	-184	-97	0	0	0	0	0	0

611374169	Jón Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4000	10287	0	0	0	2000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		6500	-10287	0	0	0	-2000	0	0	0	0	0	0

1706384689	Jón Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10519	392	0	531	151	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-8119	-392	0	-531	-151	0	0	0	0	0	0	0

3112514499	Jón Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6500	500	0	800	200	151	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6500	-500	0	-800	-200	-151	0	0	0	0	0	0

1903503399	Jón Sveinbjörnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5000	3000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11951	2521	1530	1445	410	443	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6951	479	470	-1445	-410	-443	0	0	0	0	0	0

3110337869	Jón Sveinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2838	45627	180103	3441	146	216	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		19954	49224	183663	6050	787	633	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-17116	-3597	-3560	-2609	-641	-417	0	0	0	0	0	0

2403453079	Jón Trausti Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	11905	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5405	0	462	536	152	144	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5405	11905	-462	-536	-152	-144	0	0	0	0	0	0

1410492329	Jónas Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-15000	-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1808535459	Jónas Benediktsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	42	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5495	622	397	429	121	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5495	-622	-397	-429	-121	42	0	0	0	0	0	0

1307683349	Jónas Frímann Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		18572	850	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		18572	850	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1711403319	Jónas Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10000	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	10700	3054	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		10000	0	0	-10700	-3054	35000	0	0	0	0	0	0

1605394889	Jósep Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5500	4982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5500	4982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

810362849	Júlíus Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		1000	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	676	225	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1000	0	0	-676	-225	1000	0	0	0	0	0	0
6610770859	Jökull ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3349	607	0	0	5350	0	0	988	39193	40000	0
Flutningur frá		65000	0	0	0	0	0	0	0	4939	100000	128000	221
Mismunur		-65000	3349	607	0	0	5350	0	0	-3951	-60807	-88000	-221
6310680149	Jökull hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		85093	118332	40000	283556	323282	0	0	0	0	217108	0	0
Flutningur frá		803948	209405	221844	348796	13134	16729	1472	0	0	742640	0	0
Mismunur		-718855	-91073	-181844	-65240	310148	-16729	-1472	0	0	-525532	0	0
6204770369	Jökull sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		85687	0	0	0	0	0	0	0	0	120086	0	0
Flutningur frá		101856	2000	0	2342	0	11400	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16169	-2000	0	-2342	0	-11400	0	0	0	120086	0	0
405432529	Karel Ingvar Karelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3616	500	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		3616	500	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
703333259	Karl Hallbertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	410	885	555	157	102	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3000	-410	-885	-555	-157	-102	0	0	0	0	0	0
1807332219	Karl K Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	8000	0	845	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		100	-8000	0	-845	0	0	0	0	0	0	0	0
1801194269	Karl Levi Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		1111	0	214	530	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1111	0	-214	-530	0	0	0	0	0	0	0	0
1703363809	Karl Sigurður Njálsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		90000	0	43950	0	0	9608	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2440	33500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		87560	-33500	43950	0	0	9608	0	0	0	0	0	0
904565479	Karl Sveinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		18000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		19500	9366	9723	3604	1013	125	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1500	-9366	-9723	-3604	-1013	-125	0	0	0	0	0	0
6801697649	Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		14000	235961	37538	171049	273296	3737	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27593	31594	50948	82317	0	13000	0	0	0	15132	0	0
Mismunur		-13593	204367	-13410	88732	273296	-9263	0	0	0	-15132	0	0
1209647049	Kári Borgar Ásgrímsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	7500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		18000	1784	0	2866	813	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18000	-1784	0	-2866	-813	7500	0	0	0	0	0	0
5707952449	KG hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6000	7000	101000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	0	0	2571	71940	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1000	7000	101000	-2571	-71940	0	0	0	0	0	0	0
5502410139	Kirkjusandur hf B/T Hömlur h	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	140000	20000	312600	31000	2100	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		410506	256275	539343	760572	508505	5679	0	0	0	53434	0	3870
Mismunur		-390506	-116275	-519343	-447972	-477505	-3579	0	0	0	-53434	0	-3870
601407669	Kjartan Heiðberg Björgvinsso	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-9800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
108323739	Kjartan Kjartansson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6500	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6500	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
111304539	Kjartan Lárus Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	250	0	0	0	250	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	250	0	0	0	250	0	0	0	0	0	0
1503314399	Kjartan Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		47441	0	0	0	0	430	0	0	0	2441	0	0
Flutningur frá		6000	11024	0	827	0	0	0	0	0	2441	0	0
Mismunur		41441	-11024	0	-827	0	430	0	0	0	0	0	0
4612891429	*Knarrareyri ehf*	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	10500	10000	5039	0	0	0	0	13379	30000	0	0
Flutningur frá		65000	0	0	0	0	0	0	0	0	6000	0	0
Mismunur		-65000	10500	10000	5039	0	0	0	0	13379	24000	0	0
601402789	Knútur Björgvinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16000	1500	1777	2062	585	443	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16000	-1500	-1777	-2062	-585	-443	0	0	0	0	0	0
6112952199	Kollumúli ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	20000	0	0	0	26000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10210	17000	5000	0	0	6000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10210	3000	-5000	0	0	20000	0	0	0	0	0	0
1802434299	Konráð Guðmundur Eggertss	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3901	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		55000	1974	0	228	65	794	0	0	0	2523	0	0
Mismunur		-51099	-1974	0	-228	-65	-794	0	0	0	-2523	0	0

4405710349	Korri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3243	0	0	0	0	10070	0	0	0	791703	0	0
Flutningur frá		67822	30000	0	3775	0	53709	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-64579	-30000	0	-3775	0	-43639	0	0	0	791703	0	0

5605881009	Kór ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		224790	17026	19820	87	136134	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	52000	210000	212000	40500	10000	0	0	0	128600	0	0
Mismunur		224790	-34974	-190180	-211913	95634	-10000	0	0	0	-128600	0	0

1808372059	Kristbjörn Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2678	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13205	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10527	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

407263819	Kristgeir Kristinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12631	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		25431	0	1280	1486	422	275	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12800	0	-1280	-1486	-422	-275	0	0	0	0	0	0

2805527719	Kristinn Arnbjörnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	426	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	426	0	0	0	0	0	0

1708624739	Kristinn B Steinarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	14	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	14	0	0	0	0	0	0

507284479	Kristinn Finnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20000	0	0	5217	1481	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-20000	27000	0	-5217	-1481	0	0	0	0	0	0	0

2407412889	Kristinn Friðþjófsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		144081	12000	0	0	0	0	0	0	0	68874	0	0
Flutningur frá		1407	8000	24000	0	0	0	1386	0	0	1700	0	0
Mismunur		142674	4000	-24000	0	0	0	-1386	0	0	67174	0	0

1108317499	Kristinn I Karlsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

903443319	Kristinn Ingvarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1045	0	500	0	0	2000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		23752	5027	2130	2439	692	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-22707	-5027	-1630	-2439	-692	2000	0	0	0	0	0	0

1601402249	Kristinn Konráðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12295	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12000	728	0	985	280	182	0	0	0	0	0	0
Mismunur		295	-728	0	-985	-280	-182	0	0	0	0	0	0

1707552869	Kristinn Pétur Njálsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		882	49	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-882	-49	-283	-67	-19	-12	0	0	0	0	0	0

1405542439	Kristinn S Kristinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		79000	0	0	0	0	0	0	0	1700	0	0	0
Flutningur frá		10000	17400	0	2000	916	800	0	0	996	0	0	0
Mismunur		69000	-17400	0	-2000	-916	-800	0	0	704	0	0	0

1707172799	Kristjana Ólafsdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1907	656	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
Flutningur frá		34000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-32093	656	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000

702703749	Kristján A Berntsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		82	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		82	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2611244249	Kristján Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1863	0	0	443	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	27668	300	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1863	0	-27668	143	0	0	0	0	0	0	0	0
4908891169	Kristján Guðmundsson h/f	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		698056	177360	607593	392551	1263565	26098	0	0	0	261610	0	0
Flutningur frá		439819	361763	731000	487917	356800	44381	0	0	0	321722	0	0
Mismunur		258237	-184403	-123407	-95366	906765	-18283	0	0	0	-60112	0	0
1205354479	Kristján Hannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16141	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		16141	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1004695299	Kristján Helgason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		500	0	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		500	0	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
2805444189	Kristján Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		558	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	1070	5650	1656	408	265	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14442	-1070	-5650	-1656	-408	-265	0	0	0	0	0	0
406463459	Kristján L Runólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17500	0	0	755	214	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13800	0	0	-755	-214	0	0	0	0	0	0	0
2003483389	Kristján Ólafsson o.fl.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		100000	0	0	3651	822	6000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-100000	0	0	-3651	-822	-6000	0	0	0	0	0	0
1305463159	Kristján Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	10000	0	0	0	350000	0	0
Flutningur frá		0	50000	0	0	0	0	0	0	3800	0	0	0
Mismunur		0	-50000	0	0	0	10000	0	0	-3800	350000	0	0
502462139	Kristleifur Indriðason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	1000	0	674	191	124	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	-1000	0	-674	-191	-124	0	0	0	0	0	0
1308283619	Kristmundur Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16545	2247	1258	1416	349	227	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16545	-2247	-1258	-1416	-349	-227	0	0	0	0	0	0
1204357369	Kristófer Jónasson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22829	8661	4	0	0	5008	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2000	6352	1234	1308	117	4000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20829	2309	-1230	-1308	-117	1008	0	0	0	0	0	0
5008881649	Kross ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		41000	13000	0	2644	750	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-41000	-13000	0	-2644	-750	8000	0	0	0	0	0	0
6705830749	Krossey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		161269	136440	50000	0	0	31500	0	0	6000	0	0	0
Flutningur frá		5000	10000	0	5285	0	0	0	0	2434	70892	0	0
Mismunur		156269	126440	50000	-5285	0	31500	0	0	3566	-70892	0	0
4509731499	Krossvík hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	5217	1481	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		381041	322727	505712	344073	275295	10847	119	0	0	113994	0	0

Mismunur		-381041	-322727	-505712	-338856	-273814	-10847	-119	0	0	-113994	0	0
4104922109	Kögurfell hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		69500	0	0	5313	0	0	0	0	0	129481	0	0
Flutningur frá		80000	0	0	0	0	0	0	0	0	313845	0	0
Mismunur		-10500	0	0	5313	0	0	0	0	0	-184364	0	0
6108861679	Landsbanki Íslands Eigna	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27782	8343	3070	1627	462	301	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-27782	-8343	-3070	-1627	-462	-301	0	0	0	0	0	0
6010760209	Langanes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		35000	0	0	0	0	0	458	5011	0	422853	0	0
Flutningur frá		0	0	0	4785	0	0	93	0	0	80000	0	0
Mismunur		35000	0	0	-4785	0	0	365	5011	0	342853	0	0
710384089	Lárus Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		27487	152000	19000	3500	3200	20200	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	3700	5100	0	0	0	0	78877	0	0
Mismunur		27487	152000	19000	-200	-1900	20200	0	0	0	-78877	0	0
2212683779	Lárus Sigfússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	2221	1060	243	1076	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	-2221	-1060	-243	-1076	0	0	0	0	0	0
707422689	Leif Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4000	10000	0	0	435	31875	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	15000	0	3262	1361	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4000	-5000	0	-3262	-926	31875	0	0	0	0	0	0
408533599	Leó Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		41068	5000	40000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	5200	0	0	0	0	0	10088	0	0
Mismunur		41068	5000	40000	-5200	0	0	0	0	0	-10088	0	0

4612952159	Línuskip ehf,Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	24953	93668	57110	70000	2546	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	84866	238865	47898	350000	2504	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-59913	-145197	9212	-280000	42	0	0	0	0	0	0

6002861379	Ljósavík hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	32323	1266	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		86856	29389	36026	74630	13962	2401	0	0	0	350000	0	0
Mismunur		-86856	-29389	-3703	-73364	-13962	-2401	0	0	0	-350000	0	0

507507799	Logi Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1662	179	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12338	-19821	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

4301891079	Lómur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		567184	160602	150687	55000	0	19000	0	0	0	311625	0	0
Flutningur frá		104600	0	0	15979	2666	0	0	0	0	514000	0	0
Mismunur		462584	160602	150687	39021	-2666	19000	0	0	0	-202375	0	0

2101364799	Lýður Hallbertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	148000	0
Flutningur frá		12609	902	0	0	0	0	0	0	0	0	40000	0
Mismunur		-12609	-902	0	0	0	0	0	0	0	0	108000	0

4910861229	Lýsing hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	7000	0	2380	804	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5000	-7000	0	-2380	-804	0	0	0	0	0	0	0

1309313839	Magnús Andrésson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5431	7002	1040	1051	335	213	0	0	0	0	0	0
Mismunur		17369	-7002	-1040	-1051	-335	-213	0	0	0	0	0	0

2512474479	Magnús Daníelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		106855	8667	2444	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	1451	462	174	0	0	0	0	0	0
Mismunur		106855	8667	2444	-1451	-462	-174	0	0	0	0	0	0

6712723079	Magnús Gamalíelsson hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		156646	23000	0	250000	145000	22550	0	0	0	94150	0	0
Flutningur frá		4369	0	0	295000	100000	0	0	0	0	176940	0	0
Mismunur		152277	23000	0	-45000	45000	22550	0	0	0	-82790	0	0

2910557619	Magnús Hólm Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1500	0	550	286	81	57	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1500	1200	-550	-286	-81	-57	0	0	0	0	0	0

2612382929	Magnús Ingimarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	9921	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	7600	1900	2000	655	426	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	2321	-1900	-2000	-655	-426	0	0	0	0	0	0

2509694309	Magnús Ívar Guðbergsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13910	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		13910	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1510572179	Magnús Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21000	0	2580	2072	588	383	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-21000	5000	-2580	-2072	-588	-383	0	0	0	0	0	0

5404782799	Manus ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20726	8327	35673	0	0	52	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		8930	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11796	8327	35673	0	0	52	0	0	0	0	0	0

702484259	Margrét S.Bárðardóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		0	10	5000	50	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	10	5000	50	0	0	0	0	0	0	0	0
6304932509	Mars ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		230163	32000	24000	0	0	62000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		37300	0	0	12941	1483	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		192863	32000	24000	-12941	-1483	62000	0	0	0	0	0	0
702434589	Marteinn Gíslason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		19000	5000	4000	3180	949	611	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-19000	-1000	-4000	-3180	-949	-611	0	0	0	0	0	0
5102911319	Marteinn Haraldsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		69893	0	0	0	0	10521	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		51869	17206	0	3040	877	0	0	0	4475	0	0	0
Mismunur		18024	-17206	0	-3040	-877	10521	0	0	-4475	0	0	0
1601444329	Matthías Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31614	424038	0	52400	25	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	50000	99000	0	33780	0	0	0	0	0	0
Mismunur		31614	424038	-50000	-46600	25	-33780	0	0	0	0	0	0
5608891789	Máni ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	46000	0	0	0	21573	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10750	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10750	41000	0	0	0	21573	0	0	0	0	0	0
4602695639	Meitillinn hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		191331	67461	23170	34408	0	24314	0	0	0	251900	33000	0
Flutningur frá		86131	43414	394886	8470	2723	19195	0	0	0	0	0	0
Mismunur		105200	24047	-371716	25938	-2723	5119	0	0	0	251900	33000	0
5505952069	Melavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		234773	498038	511317	107680	141974	20881	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	430516	422479	114366	116333	21907	0	0	0	0	0	0
Mismunur		234773	67522	88838	-6686	25641	-1026	0	0	0	0	0	0
5502942149	Melur hf,Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11343	30000	30000	108550	15065	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	20000	13000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11343	10000	17000	108550	15065	0	0	0	0	0	0	0
4602693269	Miðfell hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		411969	162292	9939	216991	43243	50737	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		401842	148	200000	124000	238000	13300	1386	0	0	179056	0	0
Mismunur		10127	162144	-190061	92991	-194757	37437	-1386	0	0	-179056	0	0
4602691649	Miðnes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1459	0	0	1147203	1315	0	1405	0	10407	0	0	0
Flutningur frá		25000	343000	154450	193713	176226	10000	320	0	6453	614371	0	0
Mismunur		-23541	-343000	-154450	953490	-174911	-10000	1085	0	3954	-614371	0	0
2712376429	Morten Christian Holm	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5396	477	668	646	183	119	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5396	-377	-668	-646	-183	-119	0	0	0	0	0	0
6311942069	Narfi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		52620	16500	81730	0	0	0	0	0	5000	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	1404	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		52620	16500	81730	0	-1404	0	0	0	5000	0	0	0
5601922079	Naustavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		39906	124	145	168	48	31	0	0	0	60000	0	0
Flutningur frá		119172	8715	14037	7392	2069	1354	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-79266	-8591	-13892	-7224	-2021	-1323	0	0	0	60000	0	0
5004952009	Náttfari ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27741	9388	18410	5169	0	682	0	0	0	318865	0	0

Mismunur		-27741	-9388	-18410	-5169	0	-682	0	0	0	-318865	0	0
6106881529	Nesbrú ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		367594	0	11331	0	0	40000	0	0	6630	0	0	0
Flutningur frá		25138	4942	2798	1552	441	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		342456	-4942	8533	-1552	-441	40000	0	0	6630	0	0	0
5512871739	Nesver ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		202771	56352	1234	1308	117	52500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		33000	24352	20234	1308	117	0	0	0	0	55964	0	0
Mismunur		169771	32000	-19000	0	0	52500	0	0	0	-55964	0	0
5601750789	Nesver ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13866	29000	29000	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	7858	0	0	751	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		13866	21142	29000	0	-751	35000	0	0	0	0	0	0
5902810429	Níels Jónsson sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5836	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	6600	14728	7000	2345	1500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5836	-6600	-14728	-7000	-2345	-1500	0	0	0	0	0	0
2409314789	Níels Sigurjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	150	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	759	860	244	152	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	150	-759	-860	-244	-152	0	0	0	0	0	0
5401861979	Njáll ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		980337	276128	2154530	32204	35657	41063	0	0	12416	379845	0	0
Flutningur frá		178901	194452	670306	83421	35355	308853	2998	0	1461	588126	22421	0
Mismunur		801436	81676	1484224	-51217	302	-267790	-2998	0	10955	-208281	-22421	0
210152619	Njáll Halldórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		28000	3000	4500	4875	1383	600	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-28000	-3000	-4500	-4875	-1383	-600	0	0	0	0	0	0

2610454949	Njáll Helgason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13232	3600	0	3000	325	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13232	-3600	0	-3000	-325	0	0	0	0	0	0	0

6101881259	Nónborg ehf,Bildudal	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	58500	0	0	0	11600	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		34783	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-34783	58500	0	0	0	11600	0	0	0	0	0	0

6703840479	Nýhús ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	4357	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	-4357	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

7005861709	Nökkvi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		26266	27000	49000	3000	18746	8000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		44000	27000	49000	3000	123678	8000	0	0	0	892000	0	0
Mismunur		-17734	0	0	0	-104932	0	0	0	0	-892000	0	0

5105840239	Nökkvi sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	1738	755	596	0	0	0	0	1072	0	24235
Mismunur		-10000	0	-1738	-755	-596	0	0	0	0	-1072	0	-24235

7112861609	Oddeyri hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	11585	13693	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		100394	69752	0	2481	0	2996	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-100394	-69752	11585	11212	0	-2996	0	0	0	0	0	0

5503670179	Oddi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		161760	56234	2466	16747	5578	20318	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	33935	50000	89247	20709	26550	0	0	0	0	0	0
Mismunur		161760	22299	-47534	-72500	-15131	-6232	0	0	0	0	0	0

5002694649	Olíufélagið hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		76941	10000	0	0	0	0	0	0	0	22255	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		76941	10000	0	0	0	0	0	0	0	22255	0	0

6604952669	Olli ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	85429	0	0	0	0	0	285379	0	0
Flutningur frá		222671	0	0	85424	0	0	0	0	0	218900	0	0
Mismunur		-222671	0	0	5	0	0	0	0	0	66479	0	0

4107750779	Otur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	10000	0	0	0	0	0	0	90000	0	0
Flutningur frá		74400	0	0	4900	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-74400	0	10000	-4900	0	0	0	0	0	90000	0	0

3012587719	Óðinn Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		14757	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5000	979	3277	1424	392	260	0	0	0	0	0	0
Mismunur		9757	-979	-3277	-1424	-392	-260	0	0	0	0	0	0

1011582099	Óðinn Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5800	8182	0	0	0	12000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		9000	8182	0	334	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3200	0	0	-334	0	12000	0	0	0	0	0	0

1509347619	Ólafur Axel Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2094	0	21	31	9	1346	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2094	0	-21	-31	-9	-1346	0	0	0	0	0	0

1607492619	Ólafur Ármann Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31169	1762	5511	682	25	26	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		44869	21762	5511	1465	25	2026	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13700	-20000	0	-783	0	-2000	0	0	0	0	0	0

1710265049	Ólafur Baldvinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		645	183	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3500	348	0	386	110	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2855	-165	0	-386	-110	0	0	0	0	0	0	0
1606423199	Ólafur Guðjón Eyjólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		448	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		34974	1522	2570	2982	846	1140	0	0	0	17653	0	0
Mismunur		-34526	-1522	-2570	-2982	-846	-1140	0	0	0	-17653	0	10000
1209554629	Ólafur Guðmundur Jóhannes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7434	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	1277	0	1729	491	319	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6566	-1277	0	-1729	-491	-319	0	0	0	0	0	0
1807684759	Ólafur Helgi Sigþórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1802615599	Ólafur Ingi Sigurmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7966	41453	171815	9933	7254	18060	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6234	41441	168000	9933	7254	18000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1732	12	3815	0	0	60	0	0	0	0	0	0
1103422689	Ólafur M Sigmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
3105394659	Ólafur Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4233	0	3006	3985	1201	642	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4233	0	-3006	-3985	-1201	-642	0	0	0	0	0	0
1808222089	Ólafur O Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20333	0	296224	138727	1003	1500	0	0	0	538242	0	0

Flutningur frá		81500	92000	237978	12000	3000	68800	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-61167	-92000	58246	126727	-1997	-67300	0	0	0	538242	0	0
1104453269	Ólafur Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4000	31000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		25000	0	0	1032	193	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-21000	31000	0	-1032	-193	0	0	0	0	0	0	0
2602502489	Ólafur Steingrímsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		36000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		39980	321	375	435	123	80	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3980	-321	-375	-435	-123	-80	0	0	0	0	0	0
707402739	Ólafur Steinþórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6279	377	440	511	145	94	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6279	-377	-440	-511	-145	-94	0	0	0	0	0	0
502372659	Ólafur Veturliði Þórðarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	799	810	194	126	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1450	0	-799	-810	-194	-126	0	0	0	0	0	0
310273149	Ólafur Þ. Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		134	0	403	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		134	0	403	0	0	0	0	0	0	0	0	0
806535739	Óli Bjarni Ólason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	13000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		40322	11689	35460	6060	1720	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-40322	-11689	-22460	-6060	-1720	0	0	0	0	0	0	0
1501352659	Óli Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16000	9091	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		50000	12091	3500	2861	732	477	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-34000	-3000	-3500	-2861	-732	-477	0	0	0	0	0	0
2704313809	Óli Ólason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		54000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-54000	0	-30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2405514979	Ómar Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10500	1092	0	1479	420	273	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10500	-1092	0	-1479	-420	-273	0	0	0	0	0	0
503643489	Ómar Valgeir Karlsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	170000	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	170000	0
5503710659	Ós ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25000	121000	0	105000	19630	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1000	0	0	0	20000	40000	0	0	0	59265	0	0
Mismunur		24000	121000	0	105000	-370	-40000	0	0	0	-59265	0	0
302633839	Óskar Arnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		72571	124	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		47000	0	0	8900	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		25571	124	0	-8900	0	0	0	0	0	0	0	0
1208497869	Óskar L Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		34708	0	0	0	0	6043	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	5024	0	4174	1215	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		34708	-5024	0	-4174	-1215	6043	0	0	0	0	0	0
4312932269	Papós ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	200000	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	127282	0	0
Mismunur		0	0	0	200000	0	0	0	0	0	-127282	0	0

1808467519	Páll Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11591	1740	735	853	242	158	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-11591	-1740	-735	-853	-242	-158	0	0	0	0	0	0

809502419	Páll Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	7000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2500	19000	9000	0	1189	0	0	0	3924	0	0	0
Mismunur		-2500	-19000	-9000	0	-1189	7000	0	0	-3924	0	0	0

3107522239	Páll Valdimar Stefánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		47265	0	0	0	0	87500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		47265	0	0	0	0	52500	0	0	0	0	0	0

809343199	Pálmar Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16224	3000	0	332	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16224	-3000	0	-332	0	0	0	0	0	0	0	0

901466109	Pétur Friðálfur Karlsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	17000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	21380	7145	0	0	0	0	0	100918	0	0
Mismunur		0	0	-21380	-7145	0	17000	0	0	0	-100918	0	0

1008575619	Pétur Ingi Vigfússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5802	0	0	0	0	39000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	20968	0	3092	863	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5802	-20968	0	-3092	-863	39000	0	0	0	0	0	0

906633999	Pétur Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	15000	500	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	15000	500	0	0	0	0	0	0	0	0

2202163819	Pétur Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		37000	0	36000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	862	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		37000	0	36000	0	-862	0	0	0	0	0	0	0

304422539	Pétur R. Sighvatsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1000	0	0	0	0	1200	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5500	341	990	474	131	85	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4500	-341	-990	-474	-131	1115	0	0	0	0	0	0

2206393049	Pétur Runólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9000
Flutningur frá		29368	0	0	636	180	117	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-29368	0	0	-636	-180	-117	0	0	0	0	0	9000

1410434559	Pétur Stefánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		118314	0	0	60449	8370	0	0	0	0	322340	0	0
Flutningur frá		316826	133565	117821	104530	30256	19885	0	3681	0	671482	0	0
Mismunur		-198512	-133565	-117821	-44081	-21886	-19885	0	-3681	0	-349142	0	0

2006693479	Ragnar Axel Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7370	1132	4535	418	119	77	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7370	-1132	-4535	-418	-119	-77	0	0	0	0	0	0

604485159	Ragnar Gerald Ragnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		693	220000	27000	0	0	20167	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16837	0	0	0	0	25000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16144	220000	27000	0	0	-4833	0	0	0	0	0	0

604455599	Ragnar Guðjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		41000	23000	7100	9600	2772	380	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-41000	-23000	-7100	-9600	-2772	-380	0	0	0	0	0	0

2803397419	Ragnar Hjaltason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2707313419	Ragnar I Jakobsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6111	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6111	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1012407469	Ragnar Olsen	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11000	6274	2642	1175	333	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-9000	-6274	-2642	-1175	-333	0	0	0	0	0	0	0
5806871139	Rani ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1700	20000	0	0	0	79000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27000	4000	0	5262	1493	10008	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-25300	16000	0	-5262	-1493	68992	0	0	0	0	0	0
5302695079	Reykjaborg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		34500	17727	2600	48	0	15000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	17727	0	0	655	189500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		34500	0	2600	48	-655	-174500	0	0	0	0	0	0
1507254889	Reynald Þorvaldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4359	1024	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	854	1098	795	529	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4359	1024	-854	-1098	-795	-529	0	0	0	0	0	0
501463089	Reynir Benediktsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	712	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	712	0	0	0	0	0	0
607563849	Reynir Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2500	20000	0	0	0	83900	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2500	20000	0	0	0	83900	0	0	0	0	0	0
1801403449	Reynir Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	1243	0	5115	0	0	0	0	0
Flutningur frá		32500	0	0	0	0	0	424	0	0	211022	0	0
Mismunur		-32500	0	0	0	1243	0	4691	0	0	-211022	0	0
5904820219	Rif ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	676	0	0	0	0	0	0	0	742597	0	0
Flutningur frá		106243	38808	48000	3734	1266	826	0	0	0	6000	0	0
Mismunur		-86243	-38132	-48000	-3734	-1266	-826	0	0	0	736597	0	0
2603312999	Runólfur Hallfreðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0
Flutningur frá		16900	0	0	0	27819	0	0	0	0	220000	0	0
Mismunur		-16900	0	0	0	-27819	0	0	2500	0	-220000	0	0
5805841449	Rækjan ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		30000	10000	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	2700
Flutningur frá		18569	2694	1993	0	0	1600	0	0	0	2524	0	0
Mismunur		11431	7306	-1993	0	0	8400	0	0	0	-2524	0	2700
5009700499	Rækjuver ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	9928	2605	3732	1452	6327	0	0	0	0	0	21172
Flutningur frá		62225	14428	4500	5740	2000	14594	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-42225	-4500	-1895	-2008	-548	-8267	0	0	0	0	0	21172
5003770389	Saltver ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	370	35600	0	0
Flutningur frá		87500	39000	237238	6000	6300	0	0	0	6698	231594	0	0
Mismunur		-87500	-39000	-237238	-6000	-6300	0	0	0	-6328	-195994	0	0
6712722859	Samherji hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		759037	327473	472949	871135	194032	6448	0	0	0	437006	0	0
Flutningur frá		954739	253000	101515	503193	191120	0	0	0	0	2981354	0	0

Mismunur		-195702	74473	371434	367942	2912	6448	0	0	0	-2544348	0	0
603532559	Samúel Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1511	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		3041	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
6701932769	Seley ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		45442	9928	2605	3732	774	6327	0	0	0	150571	342800	0
Mismunur		-45442	-9928	-2605	-3732	-774	-6327	0	0	0	-150571	-342800	0
6806820549	Selháls s.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		136285	0	0	14800	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4515	25000	0	25381	1233	0	0	0	800	0	0	0
Mismunur		131770	-25000	0	-10581	-1233	0	0	0	-800	0	0	0
5004840639	Selnes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22500	0	0	100	0	73458	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		24398	0	0	1276	356	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1898	0	0	-1176	-356	73458	0	0	0	0	0	0
1708333259	Sigfinnur Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2001315099	Sigfús Agnar Sveinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		70	4	4	5	1	1	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-70	-4	-4	-5	-1	-1	0	0	0	0	0	0
2205483099	Sigfús Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10429	0	15000	0	0	127000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		15000	7294	0	1409	400	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4571	-7294	15000	-1409	-400	127000	0	0	0	0	0	0

5806790729	Siglfirðingur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		80384	1233	1371	1445	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		755384	210300	200000	62903	139507	11718	0	0	0	173700	0	0
Mismunur		-675000	-209067	-198629	-61458	-139507	-11718	0	0	0	-173700	0	0

6907882419	Sigluberg hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	6889	0	0	0	0	0
Flutningur frá		542948	23688	91795	9061	0	640	0	0	0	119622	0	0
Mismunur		-542948	-23688	-91795	-9061	0	-640	6889	0	0	-119622	0	0

1909173559	Sigmann Tryggvason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4500	500	1823	500	142	93	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4500	-500	-1823	-500	-142	-93	0	0	0	0	0	0

4306932719	Sigurbára ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		92960	0	73250	12994	0	23500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		155516	28500	39500	0	0	0	0	0	3000	0	0	0
Mismunur		-62556	-28500	33750	12994	0	23500	0	0	-3000	0	0	0

1908223119	Sigurbjörg Jónsdóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10000	0	0	0	0	20000	0	0	0	0	0	115
Flutningur frá		0	6000	0	0	0	120	0	0	0	0	0	0
Mismunur		10000	-6000	0	0	0	19880	0	0	0	0	0	115

207392319	Sigurbjörn Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		13000	4000	900	1200	325	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-13000	-4000	-900	-1200	-325	0	0	0	0	0	0	0

5601781079	Sigurbjörn sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	29000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		36879	7000	0	10224	3044	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-36879	-7000	0	-10224	-3044	29000	0	0	0	0	0	0

4808730259	Sigurður Ágústsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		65287	765	2200	35	10	6	1386	0	0	874555	0	0
Flutningur frá		222000	65000	80000	23000	6431	50000	2883	0	0	1079895	550000	0
Mismunur		-156713	-64235	-77800	-22965	-6421	-49994	-1497	0	0	-205340	-550000	0

2707322759	Sigurður B Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

512442819	Sigurður Bergsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9595	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16598	1885	2342	1824	519	173	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7003	-1885	-2342	-1824	-519	-173	0	0	0	0	0	0

2110514859	Sigurður Bjarni Hjartarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1209254079	Sigurður Friðbjarnarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		450	343	820	356	123	80	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2550	657	-820	-356	-123	-80	0	0	0	0	0	0

1107304039	Sigurður Guðjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3767	1584	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14500	2800	0	1519	431	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10733	-1216	0	-1519	-431	0	0	0	0	0	0	0

2810324379	Sigurður Guðmundur Jónsso	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13580	2600	0	0	0	11247	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	10033	1162	330	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		13580	2600	-10033	-1162	-330	11247	0	0	0	0	0	0

504303599	Sigurður Guðnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2405314619	Sigurður Gunnarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		38900	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	1000	0	2520	549	600	0	0	0	0	0	0
Mismunur		38900	2000	0	-2520	-549	-600	0	0	0	0	0	0
1211444769	Sigurður Ingólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4574	4000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4574	4000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
710253739	Sigurður Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4107	197	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20759	1357	1478	1715	487	317	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16652	-1160	-1478	-1715	-487	-317	0	0	0	0	0	0
1104502069	Sigurður Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		167171	26445	3856	210	0	65006	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	19816	0	0	0	0	0	42927	0	0
Mismunur		167171	26445	3856	-19606	0	65006	0	0	0	-42927	0	0
2005443829	Sigurður Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1311	49	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1311	-951	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
2805643709	Sigurður Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2000	3000	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2000	3000	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
508294729	Sigurður Kristjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		65000	0	24000	1175	0	35050	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	15000	0	0	1725	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		65000	-15000	24000	1175	-1725	35050	0	0	0	0	0	0
6710720739	Sigurður Ólafsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		604260	381128	687345	221117	30182	2473	36	0	1700	0	0	0
Flutningur frá		579281	629168	890772	248840	30890	99729	0	0	7742	0	0	0
Mismunur		24979	-248040	-203427	-27723	-708	-97256	36	0	-6042	0	0	0
2501467369	Sigurður Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-60	-3	-4	-4	-1	-1	0	0	0	0	0	0
2012284419	Sigurður Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		24800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		24800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
3103735679	Sigurður Steinar Konráðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5500	535	475	552	157	105	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5500	-535	1525	-552	-157	-105	0	0	0	0	0	0
2007374829	Sigurður Þorkelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		900	1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		11000	0	0	1479	420	273	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10100	1500	0	-1479	-420	-273	0	0	0	0	0	0
1302433989	Sigurður Ölversson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12400	2100	0	1043	296	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-12400	-2100	0	-1043	-296	0	0	0	0	0	0	0
1608262909	Sigurjón Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		18000	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-18000	0	-1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2501182879	Sigurjón Ólafsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	449	596	332	18	12	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-449	-596	-332	-18	-12	0	0	0	0	0	0
5908942819	Sigurnes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22211	0	0	35000	0	0	0	0	0	204658	0	0
Flutningur frá		44411	2221	0	38020	565	2831	0	0	0	0	342800	0
Mismunur		-22200	-2221	0	-3020	-565	-2831	0	0	0	204658	-342800	0
1708753039	Sigursteinn Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1401634309	Sigursteinn Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8038	62800	160	23	0	34000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	8612	543	0	0	27566	0	0	0	0	0	0
Mismunur		8038	54188	-383	23	0	6434	0	0	0	0	0	0
203483809	Sigursveinn Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2477	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		328	0	0	1272	361	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2149	0	0	-1272	-361	1000	0	0	0	0	0	0
6604942009	Sigurvin ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5397	1033	325	377	107	70	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5397	-1033	-325	-377	-107	-70	0	0	0	0	0	0
1003314039	Sigvaldi Loftsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3600	187	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	11250	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	-7650	187	0	0	0	0	0	0	0	0	0

5702697049	Sigvaldi Þorleifsson h/f	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		108500	52000	121898	0	0	61223	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		22500	0	70000	0	0	130801	0	0	0	252366	0	0
Mismunur		86000	52000	51898	0	0	-69578	0	0	0	-252366	0	0

5702697479	Síldarvinnslan hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		192325	315467	410410	221963	247237	222815	7488	0	0	162945	0	0
Flutningur frá		881181	248590	617271	191311	26619	228158	2536	0	0	526574	0	0
Mismunur		-688856	66877	-206861	30652	220618	-5343	4952	0	0	-363629	0	0

5105922129	Sjólaskip hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11941	91431	111000	8500	13000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	24870	157500	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11941	91431	111000	-16370	-144500	0	0	0	0	0	0	0

5910650179	Sjóli ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		21946	24000	0	0	0	2093	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		28864	10000	0	0	0	111091	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6918	14000	0	0	0	-108998	0	0	0	0	0	0

5802696649	Skagstrendingur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		224121	0	8200	643775	160226	0	0	0	0	1407671	0	0
Flutningur frá		622000	283349	607	1311000	432000	93607	0	0	0	1563380	0	0
Mismunur		-397879	-283349	7593	-667225	-271774	-93607	0	0	0	-155709	0	0

3103247799	Skarphéðinn Ámason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	40000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	40000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6811952389	Skeggey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20075	920	4593	0	0	8	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20075	920	4593	0	0	8	0	0	0	0	0	0

4208770139	Skel ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7103	17446	1151	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21126	9057	687	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14023	8389	464	0	0	0	0	0	0	0	0	0

5612770369	Skelco hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		301900	35000	0	0	150000	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	19580	21460	8900	10118	250	0	0	0	0	0	0
Mismunur		301900	15420	-21460	-8900	139882	-250	0	0	0	0	0	0

5902695229	Skinney hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		84000	18000	110000	5000	0	35054	3645	4700	5434	2306	0	0
Flutningur frá		89383	180000	100000	30132	2705	170000	0	0	17580	48955	0	0
Mismunur		-5383	-162000	10000	-25132	-2705	-134946	3645	4700	-12146	-46649	0	0

6209810449	Skipaklettur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	150000	100000	0	158500	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		73000	0	0	160000	0	5000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-73000	150000	100000	-160000	158500	-5000	0	0	0	0	0	0

4902790329	Skutull ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		132000	0	6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	7500	0	3600	1082	2000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		122000	-7500	6500	-3600	-1082	-2000	0	0	0	0	0	0

1502462969	Skúli Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14000	0	0	808	209	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-14000	0	0	-808	-209	0	0	0	0	0	0	0

6002690469	Slippstöðin hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		169964	0	0	0	0	0	0	0	5000	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		169964	0	0	-4000	0	0	0	0	5000	0	0	0

6812942369	Smáey hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		0	0	0	0	0	21	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		26208	9977	4075	0	0	21209	0	0	6882	3026	0	0
Mismunur		-26208	-9977	-4075	0	0	-21188	0	0	-6882	-3026	0	0
5602963049	Smári Einarsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	38000	0	0	0	10500	0	0	500	0	0	0
Flutningur frá		0	0	19000	28000	0	0	0	0	3233	0	0	0
Mismunur		0	38000	-19000	-28000	0	10500	0	0	-2733	0	0	0
1403383979	Smári Jónas Lúðvíksson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		24070	1254	0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18070	-1254	0	-2000	0	0	0	0	0	0	0	0
5002882569	Smári sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10700	600	1724	829	235	153	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6426	-600	-1724	-829	-235	-153	0	0	0	0	0	0
512217299	Snorri Guðjónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1755	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6610	500	660	766	218	41	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4855	-500	-660	-766	-218	-41	0	0	0	0	0	0
4211932079	Snorri hf útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1212	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17891	5974	5486	5172	1282	507	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16679	-5974	-5486	-5172	-1282	-507	0	0	0	0	0	0
1402402069	Snorri Snorrason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	25350	0	0	0	0	356967	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	50700	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	25350	-50700	0	0	0	356967	0	0
603402939	Snæbjörn Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		22711	142	150	0	0	945	0	0	0	0	0	21172
Mismunur		-22711	-142	-150	0	0	-945	0	0	0	0	0	-21172
5602790359	Snæfellingur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		390365	202620	296127	139350	26646	35216	0	0	742	277856	0	0
Flutningur frá		342976	120795	204728	122184	200171	12800	0	0	0	695725	0	0
Mismunur		47389	81825	91399	17166	-173525	22416	0	0	742	-417869	0	0
305244709	Soffanías Cecilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		77850	7000	15000	5000	0	47500	0	0	5000	0	64000	0
Flutningur frá		151032	41910	6830	5000	0	1100	0	0	0	40191	0	0
Mismunur		-73182	-34910	8170	0	0	46400	0	0	5000	-40191	64000	0
5901901019	Sólbakki ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		21000	95500	22895	842	0	7500	2867	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	4000	0	600	0	349582	0	0
Mismunur		21000	95500	22895	842	0	3500	2867	-600	0	-349582	0	0
4905770339	Sólborg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		131454	76928	132300	7800	100	60891	0	0	0	9716	235015	0
Flutningur frá		160059	51176	65914	20731	0	37160	0	0	0	2522	0	0
Mismunur		-28605	25752	66386	-12931	100	23731	0	0	0	7194	235015	0
4910740279	Sólborg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		115200	36	0	0	10300	7	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		64448	36364	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		50752	-36328	0	0	10300	7	0	0	0	0	0	0
6203932319	Sólheim ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		38	2800	60	0	0	23200	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		38	2800	60	0	0	23200	0	0	0	0	0	0
4204710849	Sólrún ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		306786	0	0	1111	0	0	0	0	6530	258910	0	0
Flutningur frá		270753	5000	0	0	6000	0	0	0	0	80000	0	0

Mismunur		36033	-5000	0	1111	-6000	0	0	0	6530	178910	0	0
4902952759	Spillir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		191498	26432	473	0	0	25273	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		55693	12392	870	535	157	13321	0	0	0	0	0	0
Mismunur		135805	14040	-397	-535	-157	11952	0	0	0	0	0	0
4112952579	Stakkar ehf, Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	12000	27682	1162	238	0	78	8027	0	0	0	0
Flutningur frá		1451	48842	118410	4326	0	320	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1451	-36842	-90728	-3164	238	-320	78	8027	0	0	0	0
4803881519	Stakkavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1762677	60	29100	0	0	54	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1673269	15500	0	2258	1479	482	0	0	0	2522	0	0
Mismunur		89408	-15440	29100	-2258	-1479	-428	0	0	0	-2522	0	0
7107952749	Stakkur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20800	27357	13500	0	0	2800	0	0	0	168087	0	0
Flutningur frá		119557	206998	134096	119297	596	14738	0	0	0	18158	0	0
Mismunur		-98757	-179641	-120596	-119297	-596	-11938	0	0	0	149929	0	0
5005820309	Starfsmannafélag lögr MÝ	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		40	1	53	2	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-40	-1	-53	-2	0	0	0	0	0	0	0	0
5802710149	Stálskip ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		299921	78000	0	77796	102638	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		25297	14990	48000	80000	2660	88000	0	0	0	312996	0	0
Mismunur		274624	63010	-48000	-2204	99978	-88000	0	0	0	-312996	0	0
609424989	Stefán Arnórsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16931	9124	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	6364	0	1581	388	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-69	2760	0	-1581	-388	0	0	0	0	0	0	0

2111323109	Stefán Baldvinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10675	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12000	1500	1200	1431	406	265	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1325	-500	-1200	-1431	-406	-265	0	0	0	0	0	0

1401488149	Stefán Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2300	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		32000	0	0	3039	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-29700	0	0	-3039	0	0	0	0	0	0	0	0

710472619	Stefán Ingólfsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

2908372439	Stefán Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6000	10624	279	261	74	48	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6000	-10624	-279	-261	-74	-48	0	0	0	0	0	0

1305482299	Stefán R Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		48492	0	0	0	0	17500	0	0	4195	0	0	0
Flutningur frá		673	0	0	755	0	100000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		47819	0	0	-755	0	-82500	0	0	4195	0	0	0

5304810509	Stefán Rögnvaldsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	238377	0	0
Flutningur frá		103580	5400	20850	8400	2300	2275	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-103580	-5400	-20850	-8400	-2300	-2275	0	0	0	238377	0	0

3108594869	Stefán Scheving Árnason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		21000	3000	300	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2000	0	1580	1290	366	238	0	0	0	0	0	0
Mismunur		19000	3000	-1280	-1290	-366	-238	0	0	0	0	0	0

1410274339	Stefán Stefánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		13074	4747	2515	358	129	16156	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16000	8449	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2926	-3702	2515	358	129	16156	0	0	0	0	0	0

3009433499	Stefnir Einar Magnússon	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	12600	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		62000	8000	0	4996	1418	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-62000	-8000	0	-4996	-1418	12600	0	0	0	0	0	0

1608484729	Steinar Hilmarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2878	450	512	422	120	78	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2878	-450	-512	-422	-120	-78	0	0	0	0	0	0

2407615999	Steinar Þór Birgisson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3391	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1211	1172	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2180	828	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

7012947189	Steinavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	650	0	1500	0	0	0	0	300000	0	0
Flutningur frá		65000	19000	20000	5000	19000	0	0	12180	0	0	0	0
Mismunur		-65000	-19000	-19350	-5000	-17500	0	0	-12180	0	300000	0	0

503535599	Steindór Kristinn Oliversson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

401422079	Steingrímur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	10000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		800	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-800	8000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

3009264799	Steingrímur Valdimarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		3954	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	466	584	558	158	103	0	0	0	0	0	0
Mismunur		954	-466	-584	-558	-158	-103	0	0	0	0	0	0
6906901289	Steinunn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		438095	18865	5397	29916	349	60727	0	0	0	319233	0	0
Flutningur frá		543350	91650	63876	46641	2638	56806	2772	0	0	355402	0	0
Mismunur		-105255	-72785	-58479	-16725	-2289	3921	-2772	0	0	-36169	0	0
5503710309	Stígandi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		157070	591680	557800	17043	1161	49904	0	0	0	2307	0	0
Flutningur frá		25500	8600	51500	130000	0	0	0	0	8500	2307	0	0
Mismunur		131570	583080	506300	-112957	1161	49904	0	0	-8500	0	0	0
5412942019	Stokksnes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	51000	3900	992	0	0	0	0	624	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	51000	3900	992	0	0	0	0	624	0	0
4507790169	Stuðlaberg,útgerð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		72926	4082	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		53756	13071	0	4569	1016	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		19170	-8989	0	-4569	-1016	0	0	0	0	0	0	0
2808437769	Sturlaugur Jón Einarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2197	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2197	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6809881029	Súlan ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	77	0	0	60000	0	0
Flutningur frá		79802	28869	19116	4667	4315	0	0	0	0	15741	0	0
Mismunur		-79802	-28869	-19116	-4667	-4315	0	77	0	0	44259	0	0
1507183339	Svanur Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11606	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	0	16000	1251	404	282	0	0	0	0	0	0
Mismunur		11606	1000	-16000	-1251	-404	-282	0	0	0	0	0	0
810414159	Svavar Ágústsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		24685	33787	13200	0	0	54027	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4000	43977	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		20685	-10190	13200	0	0	54027	0	0	0	0	0	0
602294499	Svavar Ingibersson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		18000	5000	0	1400	417	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18000	-5000	0	-1400	-417	10000	0	0	0	0	0	0
1411443839	Svavar Kristinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
207525999	Sveinbjörn Þórarinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		840	4500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5160	4500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1910312379	Sveinn Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	1300	0	194	149	97	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3000	-1300	4000	-194	-149	-97	0	0	0	0	0	0
1704647969	Sveinn Samúel Steinarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		232000	0	0	1798	1117	7227	0	0	2771	0	0	0
Flutningur frá		1000	0	0	5598	3137	14373	0	0	0	0	0	0
Mismunur		231000	0	0	-3800	-2020	-7146	0	0	2771	0	0	0
401394279	Sverrir Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3745	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12000	1233	1371	1445	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-8255	-1233	-1371	-1445	0	0	0	0	0	0	0	0
2209564749	Sverrir Garðarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2146	964	0	0	0	2266	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20500	7000	0	0	0	18000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18354	-6036	0	0	0	-15734	0	0	0	0	0	0
1111304699	Sverrir Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	2850	2261	2624	745	485	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	-2850	-2261	-2624	-745	-485	0	0	0	0	0	0
6112932759	Sæaldan ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		169736	0	17000	0	0	0	0	0	5000	13774	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	3932	0	0	0
Mismunur		169736	0	17000	0	0	0	0	0	1068	13774	0	0
6712722189	Sæberg hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		169000	14899	1000	184350	194996	2000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1072930	65000	170000	368381	4550	70000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-903930	-50101	-169000	-184031	190446	-68000	0	0	0	0	0	0
4702911769	Sæbjörg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		39090	0	0	0	0	38350	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		45000	7100	14380	656	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5910	-7100	-14380	-656	0	38350	0	0	0	0	0	0
5908810829	Sædís ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		31997	12625	30000	7751	0	42091	0	0	0	393574	0	0
Flutningur frá		230954	81341	180000	13228	2620	66093	1386	0	0	38500	0	0
Mismunur		-198957	-68716	-150000	-5477	-2620	-24002	-1386	0	0	355074	0	0
4208780289	Sæfell ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	71400	0	0	0	18182	0	0	0	225195	0	0
Flutningur frá		1876	91400	40000	4400	0	34300	0	0	0	118500	15	0
Mismunur		-1876	-20000	-40000	-4400	0	-16118	0	0	0	106695	-15	0

5310881319	Sæhamar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		204852	933712	851899	242553	4874	50091	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		20000	0	100000	20000	3536	6000	1497	0	0	0	0	0
Mismunur		184852	933712	751899	222553	1338	44091	-1497	0	0	0	0	0

6704730239	Sæljómi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5393	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		23558	21400	0	2821	861	438	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18165	-21400	0	-2821	-861	-438	0	0	0	0	0	0

4904740489	Særún ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		20000	20000	30000	0	0	0	0	0	0	198969	0	0
Flutningur frá		150600	125000	180000	10700	0	0	1443	0	0	5508	0	0
Mismunur		-130600	-105000	-150000	-10700	0	0	-1443	0	0	193461	0	0

5612932449	Sæunnur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		402752	6909	8371	0	15000	0	0	0	4571	40559	0	0
Flutningur frá		10583	32400	0	0	16414	5000	0	0	246	68300	0	0
Mismunur		392169	-25491	8371	0	-1414	-5000	0	0	4325	-27741	0	0

101555419	Sævar Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	2939	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		873	279	365	46	13	9	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-873	-279	2574	-46	-13	-9	0	0	0	0	0	0

2706483559	Sævar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8387	2690	2689	0	0	11086	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		25000	755	1283	2249	622	11498	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16613	1935	1406	-2249	-622	-412	0	0	0	0	0	0

1004434659	Sævar Níelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7000	1300	700	863	245	160	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-7000	-1300	-700	-863	-245	-160	0	0	0	0	0	0

2512414309	Sævar Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		5367	34036	1500	0	0	10000	0	0	0	0	0	33000
Flutningur frá		0	0	0	545	0	4188	0	0	0	0	0	0
Mismunur		5367	34036	1500	-545	0	5812	0	0	0	0	0	33000

2401624239	Sölvi Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5004	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5004	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

2606242029	Sören Sörensen	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		600	8000	64	74	21	14	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-600	2000	-64	-74	-21	-14	0	0	0	0	0	0

5512650219	Tangi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		32448	8554	325194	550323	441057	2227	0	0	0	88955	0	0
Flutningur frá		298000	236000	0	100000	51000	6800	2186	0	0	88955	0	0
Mismunur		-265552	-227446	325194	450323	390057	-4573	-2186	0	0	0	0	0

5707740349	Tálkni ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		67667	0	0	0	0	82700	0	0	0	0	20000	0
Flutningur frá		79000	0	0	933	3097	0	0	0	0	169667	200000	0
Mismunur		-11333	0	0	-933	-3097	82700	0	0	0	-169667	-180000	0

6912934249	Tindur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	5500	9000	0	0	6500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-35000	-5500	-9000	0	0	-6500	0	0	0	0	0	0

6002872659	Togaraútgerð Ísafjarðar h/f	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	24314	0	0	0	0	201763	0	0
Flutningur frá		20145	15710	0	0	149603	30000	0	0	0	155000	0	0
Mismunur		-20145	-15710	0	0	-125289	-30000	0	0	0	46763	0	0

3011274489	Torfi Björnsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		5528	7820	5396	1843	0	7000	0	0	0	1763	1000	90000
Flutningur frá		45941	18440	7134	3710	0	24846	0	0	0	1763	0	0
Mismunur		-40413	-10620	-1738	-1867	0	-17846	0	0	0	0	1000	90000
1504362659	Tómas Sæmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		130000	8400	79450	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2759	26534	0	10180	1315	0	0	0	879	0	0	0
Mismunur		127241	-18134	79450	-10180	-1315	0	0	0	-879	0	0	0
5012750269	Trausti ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		11000	0	0	0	100	0	0	0	0	76462	0	0
Flutningur frá		37152	3829	11000	2000	1500	8000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-26152	-3829	-11000	-2000	-1400	-8000	0	0	0	76462	0	0
1305463669	Trausti Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1200	0	0	0	0	1303	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		40000	4131	4200	4045	912	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-38800	-4131	-4200	-4045	-912	1303	0	0	0	0	0	0
7012740599	Trausti s.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
902402939	Tryggvi Guðmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		8156	14229	0	0	0	40	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-26844	14229	0	0	0	40	0	0	0	0	0	0
1109554489	Tryggvi Gunnlaugsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		38681	1514	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		34500	1517	0	1941	448	268	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4181	-3	0	-1941	-448	-268	0	0	0	0	0	0
2811304479	Tryggvi Valsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12385	0	0	0	0	200	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		11000	0	1000	1544	440	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1385	0	-1000	-1544	-440	200	0	0	0	0	0	0
5503710149	Ufsaberg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	8291	0	0	0	0	1539	0	0	150964	0	0
Flutningur frá		72571	67261	49000	7143	774	5500	22	0	0	150000	0	0
Mismunur		-72571	-58970	-49000	-7143	-774	-5500	1517	0	0	964	0	0
4605932479	Uggi ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1321021	26968	594297	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	0	0	0	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		1311021	26968	594297	0	0	0	-1386	0	0	0	0	0
6305891269	Útgerð Arnars ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	521266	0
Flutningur frá		80000	11500	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-80000	-11500	0	0	0	-2500	0	0	0	0	521266	0
6702694429	Útgerðarfélag Akureyringa hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		342969	840691	494608	415265	51394	38115	0	0	0	1082073	0	0
Flutningur frá		766898	56696	44797	492917	1150761	5056	0	0	0	411411	0	0
Mismunur		-423929	783995	449811	-77652	-1099367	33059	0	0	0	670662	0	0
6702693619	Útgerðarfélag Dalvíkinga hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		70532	309473	130000	45591	996758	0	0	0	0	736319	0	0
Flutningur frá		1801197	893967	341914	129253	13030	9065	1386	0	0	178705	0	0
Mismunur		-1730665	-584494	-211914	-83662	983728	-9065	-1386	0	0	557614	0	0
5406911269	Útgerðarfélag Patreksfjarðar I	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		70126	0	0	65500	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		100000	10000	50000	144951	435	3760	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-29874	-10000	-50000	-79451	-435	-3760	0	0	0	0	0	0
4210911539	Útgerðarfélagið Bára ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		61009	46000	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1793	1173	1353	1736	1424	270	0	0	0	0	0	0

Mismunur		59216	44827	28647	-1736	-1424	-270	0	0	0	0	0	0
5905881569	Útgerðarfélagið Drífa	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		32682	162000	0	0	0	20000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		8157	0	40000	12000	0	38000	0	0	481	0	0	0
Mismunur		24525	162000	-40000	-12000	0	-18000	0	0	-481	0	0	0
5401881069	Útgerðarfélagið Eldey ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		297596	143582	792761	854501	33342	32160	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21402	0	0	88600	34114	35000	0	0	0	24574	0	0
Mismunur		276194	143582	792761	765901	-772	-2840	0	0	0	-24574	0	0
4512830229	Útgerðarfélagið Fengur ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		91471	20000	4000	1000	0	102000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	7000	2310	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		91471	20000	4000	-6000	-2310	102000	0	0	0	0	0	0
6112942479	Útgerðarfélagið Glófaxi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		315916	66561	150374	29997	85	7105	611	0	7124	2307	0	0
Flutningur frá		51501	63609	299144	26104	76	785	259	0	0	2307	0	0
Mismunur		264415	2952	-148770	3893	9	6320	352	0	7124	0	0	0
6802911289	Útgerðarfélagið Hleri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		16440	5000	0	0	0	66000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-6560	5000	0	0	0	66000	0	0	0	0	0	0
6904932179	Útgerðarfélagið Hvammur hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	792874	0	0
Flutningur frá		35465	13000	2500	930	0	5290	0	0	0	2773	0	0
Mismunur		-35465	-13000	-2500	-930	0	-5290	0	0	0	790101	0	0
5911922059	Útgerðarfélagið Iðunn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		87000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		87000	-2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

4402942279	Útgerðarfélagið Kópavík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		145036	73715	24582	5775	18809	17449	0	0	0	526	0	0
Flutningur frá		37100	9655	24000	0	86000	30000	0	0	0	526	0	0
Mismunur		107936	64060	582	5775	-67191	-12551	0	0	0	0	0	0

6410952819	Útgerðarfélagið Már ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	12600	12460	6000	0	385	0	0	3000	0	0	0
Flutningur frá		3200	0	0	2850	264	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-3200	12600	12460	3150	-264	385	0	0	3000	0	0	0

6212762479	Útgerðarfélagið Njörður ehf,H	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		285500	290000	575000	143800	0	40000	0	0	14000	0	0	0
Flutningur frá		100000	43000	0	0	34746	30000	0	1500	0	262400	0	0
Mismunur		185500	247000	575000	143800	-34746	10000	0	-1500	14000	-262400	0	0

5402952479	Útgerðarfélagið Sléttanes hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1946	0	799	810	218504	13626	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		267034	40000	150000	60000	0	19000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-265088	-40000	-149201	-59190	218504	-5374	0	0	0	0	0	0

6409922049	Útgerðarfélagið Tríton ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		26257	2221	20000	3020	565	2831	0	0	0	758700	0	0
Flutningur frá		83711	12000	123000	5820	565	2880	1386	0	0	0	0	0
Mismunur		-57454	-9779	-103000	-2800	0	-49	-1386	0	0	758700	0	0

7002694509	Útgerðarfélagið Vísir ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		22232	25106	0	300	581	0	0	0	0	374538	0	0
Flutningur frá		15500	0	0	443	62714	0	1386	0	0	11000	0	0
Mismunur		6732	25106	0	-143	-62133	0	-1386	0	0	363538	0	0

5611891539	Útgerðarfélagið Þórdís ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	7000	15000	3260	0	8000	0	0	0	334000	20000	0
Flutningur frá		273109	48731	86877	40728	2594	49689	0	0	0	0	180000	0
Mismunur		-273109	-41731	-71877	-37468	-2594	-41689	0	0	0	334000	-160000	0

6001891159	Útgerðin og fiskv Steinarr ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		38285	13636	0	0	0	48030	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		30000	27081	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		8285	-13445	0	0	0	48030	0	0	0	0	0	0

6702697799	Útnes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		60000	2000	30000	0	0	64293	0	0	0	54700	0	0
Flutningur frá		6000	49000	29000	12000	2500	4900	0	0	0	30000	0	0
Mismunur		54000	-47000	1000	-12000	-2500	59393	0	0	0	24700	0	0

4509730259	Útvík ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		267343	164	192	921	63	41	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		27363	29159	6281	14882	3851	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		239980	-28995	-6089	-13961	-3788	41	0	0	0	0	0	0

5407952159	Vala HF-5 ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1750	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-1750	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6702693029	Valafell ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		53844	56	16048	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	75171	0	70667	5400	7204	0	0	0	27000	0	0
Mismunur		53844	-75115	16048	-70666	-5400	-7204	0	0	0	-27000	0	0

5512800479	Valbjörn ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	65500	165664	27514	4203	282	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		240228	0	0	0	60000	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-240228	65500	165664	27514	-55797	282	0	0	0	0	0	0

704550059	Valdimar E.Geirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		21108	9093	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	19242	3745	2839	806	426	0	0	0	0	0	0
Mismunur		21108	-10149	-3745	-2839	-806	-426	0	0	0	0	0	0

7003712399	Valdimar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		1610283	698707	729073	364057	25951	123154	554	0	0	70000	0	0
Flutningur frá		503397	314352	213015	194687	41877	230332	3327	0	2060	95381	0	0
Mismunur		1106886	384355	516058	169370	-15926	-107178	-2773	0	-2060	-25381	0	0
2608442539	Valdís Guðnadóttir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		14000	20636	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		30000	13636	0	1735	504	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16000	7000	0	-1735	-504	0	0	0	0	0	0	0
1609594289	Valgarður Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
4809820459	Valtýr Þorsteinsson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		15172	0	0	0	0	0	1941	0	0	0	0	0
Flutningur frá		45222	0	0	0	3097	86	1941	0	0	295000	0	0
Mismunur		-30050	0	0	0	-3097	-86	0	0	0	-295000	0	0
5803922379	Valur og Helgi sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25000	10000	0	0	0	55000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7261	5624	145	168	48	2731	0	0	0	0	0	0
Mismunur		17739	4376	-145	-168	-48	52269	0	0	0	0	0	0
7006721159	Vestri ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		9500	0	0	2200	0	140221	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14143	29800	0	14247	3418	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4643	-29800	0	-12047	-3418	140221	0	0	0	0	0	0
6902697679	Vélaverkstæði Jóhanns Ólafs	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3570	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		156	852	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-156	2718	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1202465779	Viðar Sæmundsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		401229	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		0	40820	7913	8032	2310	3845	0	0	0	0	0	0
Mismunur		401229	-40820	-7913	-8032	-2310	-3845	0	0	0	0	0	0
1209583569	Vigfús Davíðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	5017	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	17	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	0	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
1508277369	Vilmundur Reimarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	16695
Flutningur frá		35704	0	0	0	0	900	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-35704	0	0	0	0	-900	0	0	0	0	0	16695
7002693299	Vinnslustöðin hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		438122	135592	98990	206275	6154	26473	2385	10180	9600	306173	0	0
Flutningur frá		1037365	597100	923580	631860	101165	126214	1113	0	27034	9410	0	0
Mismunur		-599243	-461508	-824590	-425585	-95011	-99741	1272	10180	-17434	296763	0	0
1305645509	Viðir Þór Herbertsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	593	1724	1522	515	334	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-593	-1724	-1522	-515	-334	0	0	0	0	0	0
6002760269	Vík sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		56700	0	0	0	0	0	0	0	0	50000	0	0
Mismunur		-56700	0	0	0	0	0	0	0	0	-50000	0	0
4412872839	Víkurfiskur sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		44367	9390	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1000	0	0	4200	964	627	0	0	0	0	0	0
Mismunur		43367	9390	0	-4200	-964	-627	0	0	0	0	0	0
6601760129	Víkurhraun ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1563874	440546	266046	181610	31140	195117	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1539071	482332	276160	186225	31140	224368	0	0	0	0	0	0

Mismunur		24803	-41786	-10114	-4615	0	-29251	0	0	0	0	0	0
7011810779	Vísir hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1071221	369534	194402	14585	58882	105	0	0	7568	0	0	0
Flutningur frá		62090	257073	104200	27850	26222	58715	4158	0	10471	205958	0	46154
Mismunur		1009131	112461	90202	-13265	32660	-58610	-4158	0	-2903	-205958	0	-46154
6812942959	Vonin ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		26000	71400	0	7081	2000	12000	0	0	0	929180	260000	0
Flutningur frá		140000	245500	55800	95769	2000	66006	0	0	0	69128	211000	0
Mismunur		-114000	-174100	-55800	-88688	0	-54006	0	0	0	860052	49000	0
4307922539	Ýmir ehf,Bíldudal	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	24900	0	0	0	104000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2146	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2146	24900	0	0	0	104000	0	0	0	0	0	0
5511891209	Þ/b Júpiter h/f c/o Jón S.Sigu	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1451	48842	118410	4326	0	2695	3579	0	0	0	0	0
Flutningur frá		39450	48842	118410	4326	0	14566	78	10107	0	231910	0	0
Mismunur		-37999	0	0	0	0	-11871	3501	-10107	0	-231910	0	0
6709932139	Þiljur ehf,útgerðarfélag	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		30000	0	0	0	0	4957	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		70000	11345	2849	826	0	0	0	0	0	20000	0	0
Mismunur		-40000	-11345	-2849	-826	0	4957	0	0	0	-20000	0	0
6710720659	Þinganes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		588046	350557	316576	53792	3912	161738	0	0	11580	443588	0	0
Flutningur frá		5126	6339	1370	67634	3912	0	3339	0	16000	119955	0	0
Mismunur		582920	344218	315206	-13842	0	161738	-3339	0	-4420	323633	0	0
1407467899	Þorbergur Jóhannesson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
Flutningur frá		18000	1671	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-18000	-1671	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000

1101364129	Þorbergur Jóhannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		25000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	23253	0	0	0	0	0	0
Mismunur		25000	0	0	0	0	-23253	0	0	0	0	0	0

4203690429	Þorbjörn hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		386180	235322	425900	1134215	792585	0	0	2080	0	1588	0	0
Flutningur frá		766188	270644	476600	388590	37192	11683	1319	0	0	868712	0	0
Mismunur		-380008	-35322	-50700	745625	755393	-11683	-1319	2080	0	-867124	0	0

3108394429	Þorgeir Brimir Hjaltason	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		21000	3105	4148	3444	952	392	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-21000	-3105	-4148	-3444	-952	-392	0	0	0	0	0	0

1103512759	Þorgeir Samúelsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		10000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

512467999	Þorgeir Þorvaldsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		12000	2000	0	717	183	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5200	-2000	0	-717	-183	0	0	0	0	0	0	0

601324379	Þorgils Gunnlaugsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5240	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5240	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

402554439	Þorgils Þorgilsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		39569	4545	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		10000	0	0	647	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		29569	4545	0	-647	0	0	0	0	0	0	0	0

1507473769	Þorgrímur Benjamínsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		17000	0	0	0	0	129500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		17000	15000	0	10000	1158	50000	0	0	0	0	0	0
Mismunur		0	-15000	0	-10000	-1158	79500	0	0	0	0	0	0

501322939	Þorlákur Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		16000	1405	5205	1902	540	352	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-16000	-1405	-5205	-1902	-540	-352	0	0	0	0	0	0

307512139	*Þorleifur Ingólfsson*	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1275	10801	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		12000	0	0	122	17	614	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-10725	10801	0	-122	-17	-614	0	0	0	0	0	10000

2605453299	Þorleifur Pálsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		3262	228	1358	309	88	57	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		2837	164	192	921	63	41	0	0	0	0	0	0
Mismunur		425	64	1166	-612	25	16	0	0	0	0	0	0

6812711559	Þormóður rammi hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		162533	50000	95000	188585	133721	0	0	0	0	2888728	0	0
Flutningur frá		1430857	436138	774788	1197586	525881	92021	0	0	0	971113	0	0
Mismunur		-1268324	-386138	-679788	-1009001	-392160	-92021	0	0	0	1917615	0	0

1501534419	*Þorsteinn H Sigurjónsson*	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30000	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30000	0

2611453169	Þorsteinn Óskarsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		10600	41500	20000	3000	0	11500	0	0	8500	0	0	0
Flutningur frá		0	13400	0	0	0	3400	0	0	0	5600	0	0
Mismunur		10600	28100	20000	3000	0	8100	0	0	8500	-5600	0	0

1106334409	Þorvaldur Loftsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til		1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1110454889	Þórarinn Stefánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		4000	2200	500	539	153	100	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-4000	-2200	-500	-539	-153	-100	0	0	0	0	0	0
1407473439	Þórarinn Þorsteinsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		50516	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		50516	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
406302019	Þórður Ásgeirsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		4450	0	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		7050	0	0	350	101	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-2600	0	0	-350	-101	500	0	0	0	0	0	0
6208881099	Þórður Jónssson ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		75635	57300	14100	1050	0	28000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		72635	57300	14100	1050	0	28000	0	0	0	0	0	0
408184729	Þórður Júlíusson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
Flutningur frá		44390	12111	5570	5568	1553	4452	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-44390	-12111	-5570	-5568	-1553	-4452	0	0	0	0	0	10000
1805382169	Þórður Pétursson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		659	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		1159	97	113	286	37	24	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-500	-97	-113	-286	-37	-24	0	0	0	0	0	0
2106462139	Þórður Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		12008	11550	0	0	0	248	0	0	0	0	0	0

Flutningur frá		1747	10260	0	0	51	500	0	0	0	0	0	0
Mismunur		10261	1290	0	0	-51	-252	0	0	0	0	0	0
2408342279	Þórður Sævar Jónsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2310422459	Þórhallur Frímannsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		163070	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	43500	0	7932	2316	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		163070	-43500	0	-7932	-2316	0	0	0	0	0	0	0
5001850749	Þórir s.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2323	21035	0	0	0	500	0	0	0	0	0	3870
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		2323	21035	0	0	0	500	0	0	0	0	0	3870
6908750129	Þórsberg ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		267900	86100	2083	2401	686	45000	0	0	9000	0	0	0
Flutningur frá		147158	100238	34206	19804	6424	73020	0	0	589	20175	0	0
Mismunur		120742	-14138	-32123	-17403	-5738	-28020	0	0	8411	-20175	0	0
4203690859	Þórsnes ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		347894	24197	79788	0	0	5000	0	0	0	447474	80000	0
Flutningur frá		29668	15688	70199	0	0	9292	2772	0	0	0	499266	0
Mismunur		318226	8509	9589	0	0	-4292	-2772	0	0	447474	-419266	0
2003302779	Þráinn Hjartarson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	3000	0	0	0	75000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		35000	0	0	5803	1647	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-35000	3000	0	-5803	-1647	75000	0	0	0	0	0	0
1212482559	Þráinn Sigurðsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		14679	2375	3073	2070	587	382	0	0	0	0	0	0

Mismunur		-14679	-2375	-3073	-2070	-587	-382	0	0	0	0	0	0
6605660159	Þróttur h.f.	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6000	16873	0	0	0	0	963	4500	0	40000	0	0
Flutningur frá		32000	16873	0	0	0	0	110	0	0	110767	0	0
Mismunur		-26000	0	0	0	0	0	853	4500	0	-70767	0	0
1405663309	Ægir Már Elísson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		7299	2202	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		3000	0	0	0	212	13	0	0	0	0	0	0
Mismunur		4299	2202	0	0	-212	-13	0	0	0	0	0	0
6203850269	Ægir sf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	23503	0	0	0	655	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		5083	0	0	2258	681	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-5083	23503	0	-2258	-681	655	0	0	0	0	0	0
4301710469	Ögurvík hf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		0	93500	450000	262164	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		36058	10000	4100	100000	473466	1545	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-36058	83500	445900	162164	-473466	-1545	0	0	0	0	0	0
6001881009	Önglar ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		6550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1102337019	Önundur Kristjánsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		133836	1352	61162	3624	120	78	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		185000	9500	64000	4050	120	1296	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-51164	-8148	-2838	-426	0	-1218	0	0	0	0	0	0
1109394509	Örn Hjörleifsson	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		41000	0	0	0	0	54900	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	12000	0	4823	1369	0	0	0	0	9079	0	0
Mismunur		41000	-12000	0	-4823	-1369	54900	0	0	0	-9079	0	0

4502760309	Öxl ehf	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		26515	0	40000	5000	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		0	10000	40000	9900	1288	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur		26515	-10000	0	-4900	-1288	0	0	0	0	0	0	0
Samtals:													
Flutningur til		52168043	22990899	27697691	19503694	11679329	7908368	89942	59243	380046	40993871	2765302	520356
Flutningur frá		52168043	22990899	27697691	19503694	11679329	7908368	89942	59243	380046	40993871	2765302	520356
Mismunur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Tafla II.

Millifærslur á milli skipa fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996.
Tegundir millifærslna: B, C og D

10 Fróði	ÁR	33	Stokkseyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	120000	0	26000	0	0	0	0	32165	0	0	0
	Flutningur frá			0	147500	100000	13000	0	0	0	0	34500	0	0	0
	Mismunur			0	-27500	-100000	13000	0	0	0	0	-2335	0	0	0
11 Freyr	GK	157	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			108500	52000	121898	0	0	61223	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22500	0	70000	0	0	130801	0	0	0	252366	0	0
	Mismunur			86000	52000	51898	0	0	-69578	0	0	0	-252366	0	0
13 Snætindur	ÁR	88	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3924	0	71000	0	0	1500	0	0	2306	0	0	0
	Flutningur frá			0	16000	0	3900	900	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3924	-16000	71000	-3900	-900	1500	0	0	2306	0	0	0
51 Styrmir	ÍS	207	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			164049	1500	1777	2935	52705	40443	0	0	0	5615	0	0
	Flutningur frá			49700	19821	10209	10560	11691	21400	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			114349	-18321	-8432	-7625	41014	19043	0	0	0	5615	0	0
62 Dóri á Býja	GK	101	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	40000	20306	13069	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-40000	-20306	-13069	0	0	0	0	0	0	0	0
67 Hafberg	GK	377	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			170000	5300	165000	7000	0	5700	0	0	0	190000	0	0
	Flutningur frá			36550	0	0	0	0	0	1386	0	0	6500	0	0
	Mismunur			133450	5300	165000	7000	0	5700	-1386	0	0	183500	0	0
72 Guðrún Hlín	BA	122	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			131336	7457	10000	0	140158	275	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10900	0	0	1832	0	0	0	0	0	570	0	0
	Mismunur			120436	7457	10000	-1832	140158	275	0	0	0	-570	0	0
76 Særún	HF	4	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			224790	17026	19820	87	136134	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	52000	210000	212000	40500	10000	0	0	0	128600	0	0
	Mismunur			224790	-34974	-190180	-211913	95634	-10000	0	0	0	-128600	0	0
78 Haffari	ÍS	430	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	6038	12622	3624	104	6357	0	0	0	295418	0	0
	Flutningur frá			288500	106440	0	0	60000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-288500	-100402	12622	3624	-59896	6357	0	0	0	295418	0	0
84 Gandi	VE	171	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			125000	156000	60000	0	0	27500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	13000	0	65000	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			125000	156000	60000	-13000	0	-37500	-1386	0	0	0	0	0
88 Geirfugl	GK	66	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	25000	0	0	0	0	0	0	5500	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	25000	0	0	0	0	0	0	5500	0	0	0
89 Happasæll	KE	94	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			591800	0	8573	4228	243	97358	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12070	10000	10000	0	31100	68000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			579730	-10000	-1427	4228	-30857	29358	0	0	0	0	0	0
91 Þórir	SF	77	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			284000	16534	0	0	0	0	0	0	0	1298092	0	0
	Flutningur frá			626546	112200	411861	33604	1549	14856	2773	0	0	1548893	0	0
	Mismunur			-342546	-95666	-411861	-33604	-1549	-14856	-2773	0	0	-250801	0	0
93 Brynjólfur	ÁR	3	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			219287	17935	343886	1630	3093	1496	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			0	100000	83323	39044	92	0	0	0	0	222301	0	0
	Mismunur			219287	-82065	260563	-37414	3001	1496	0	0	0	-222301	0	0
100 Haförn	SK	17	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			65070	5504	28786	5	1	8301	0	0	661	458490	0	0
	Flutningur frá			197824	44000	25000	0	2000	17293	0	0	3992	106413	0	0
	Mismunur			-132754	-38496	3786	5	-1999	-8992	0	0	-3331	352077	0	0
102 Siggi Bjarna	GK	5	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			69148	90000	21600	0	0	21538	0	0	0	10199	0	0
	Flutningur frá			29073	0	0	0	0	4300	0	0	0	28000	0	0
	Mismunur			40075	90000	21600	0	0	17238	0	0	0	-17801	0	0
120 Erling	KE	140	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			42996	0	0	0	0	0	0	0	370	35600	0	0
	Flutningur frá			92500	39000	237238	6000	6300	0	2774	0	6698	331594	0	0
	Mismunur			-49504	-39000	-237238	-6000	-6300	0	-2774	0	-6328	-295994	0	0
124 Gaukur	GK	660	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	110	0	6256	20000	0	0
	Flutningur frá			0	6000	0	0	0	0	0	0	1500	0	0	0
	Mismunur			0	-6000	0	0	0	0	110	0	4756	20000	0	0
127 Sæfaxi	VE	25	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	21	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			26208	9977	4075	0	0	21209	0	0	6882	3026	0	0
	Mismunur			-26208	-9977	-4075	0	0	-21188	0	0	-6882	-3026	0	0
130 Júpiter	ÞH	61	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1451	48842	118410	4326	0	2695	3579	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			39450	48842	118410	4326	0	14566	78	10107	0	231910	0	0
	Mismunur			-37999	0	0	0	0	-11871	3501	-10107	0	-231910	0	0
133 Álaborg	ÁR	25	Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			116134	0	50000	0	0	0	0	0	2587	0	0	0
	Flutningur frá			24800	24300	0	16000	483	3009	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			91334	-24300	50000	-16000	-483	-3009	0	0	2587	0	0	0
137 Jóhanna	ÁR	206	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	20620	20000	0	0	91403	0	0	4437	0	0	0
	Flutningur frá			44000	24936	58894	8000	2076	8659	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-44000	-4316	-38894	-8000	-2076	82744	0	0	4437	0	0	0
145 Þorsteinn	GK	16	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			264971	25977	3750	17892	1374	2990	0	0	3100	0	0	0
	Flutningur frá			27721	30350	168000	0	6400	65000	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			237250	-4373	-164250	17892	-5026	-62010	-1386	0	3100	0	0	0
151 María Júlía	BA	36	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			73500	43600	2083	2401	686	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	6000	12914	15803	4253	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			73500	37600	-10831	-13402	-3567	0	0	0	0	0	0	0
155 Jón Kjartansson	SU	111	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	50000	0	0	0	0	0	40000	0	0
	Flutningur frá			16246	0	0	50000	37994	0	1386	0	0	125832	0	0
	Mismunur			-16246	0	0	0	-37994	0	-1386	0	0	-85832	0	0
158 Oddgeir	ÞH	222	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			172169	242389	223995	103962	331	216	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	3256	320000	0	0
	Mismunur			172169	242389	223995	103962	331	216	0	0	-3256	-320000	0	0
162 Sólrún	EA	351	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			215647	0	0	1111	0	0	0	0	6530	258910	0	0
	Flutningur frá			199904	5000	0	0	6000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			15743	-5000	0	1111	-6000	0	0	0	6530	258910	0	0
163 Sæberg	ÁR	20	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			226000	0	135000	10000	0	9000	0	0	10001	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	6000	5500	0	93500	0	0	29	0	0	0
	Mismunur			226000	0	129000	4500	0	-84500	0	0	9972	0	0	0

168 Páll Jónsson	GK	257	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			74400	79000	90000	23000	0	9500	0	0	2400	6897	0	46154
	Flutningur frá			79514	154878	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5114	-75878	90000	23000	0	9500	0	0	2400	6897	0	46154
173 Sigurður Ólafsson	SF	44	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			215083	0	0	0	0	0	36	0	1700	0	0	0
	Flutningur frá			15958	302279	315000	65265	30888	27000	0	0	7742	0	0	0
	Mismunur			199125	-302279	-315000	-65265	-30888	-27000	36	0	-6042	0	0	0
177 Stakkur	VE	650	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20800	27357	13500	0	0	2800	0	0	0	168087	0	0
	Flutningur frá			119557	245478	162474	147487	774	17678	0	0	0	18158	0	0
	Mismunur			-98757	-218121	-148974	-147487	-774	-14878	0	0	0	149929	0	0
182 Grettir	SH	104	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	71400	0	0	0	18182	0	0	0	225195	0	0
	Flutningur frá			1876	91400	40000	4400	0	34300	0	0	0	118500	15	0
	Mismunur			-1876	-20000	-40000	-4400	0	-16118	0	0	0	106695	-15	0
185 Sigþór	ÞH	100	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22232	25106	0	300	581	0	0	0	0	374538	0	0
	Flutningur frá			15500	0	0	443	62714	0	1386	0	0	11000	0	0
	Mismunur			6732	25106	0	-143	-62133	0	-1386	0	0	363538	0	0
219 Njarðvík	KE	93	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			173910	0	0	0	16388	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			156849	0	0	463	16388	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			17061	0	0	-463	0	0	0	0	0	0	0	0
220 Víkingur	AK	100	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			44000	0	0	125000	0	0	2883	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			130000	0	0	125000	0	0	0	8632	0	235000	0	0
	Mismunur			-86000	0	0	0	0	0	2883	-8632	0	-235000	0	0

221 Sæfell	ÍS	820	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	59476	0	0
	Flutningur frá			27741	9388	18410	5169	0	682	0	0	0	318865	0	0
	Mismunur			-27741	-9388	-18410	-5169	0	-682	0	0	0	-259389	0	0
226 Beitir	NK	123	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	20000	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	50000	0	0	0	0	-20000	0	0
233 Júlli Dan	GK	197	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	12000	27682	1162	238	0	78	10107	0	0	0	0
	Flutningur frá			125451	68842	138410	11326	1192	320	1319	0	0	0	0	0
	Mismunur			-125451	-56842	-110728	-10164	-954	-320	-1241	10107	0	0	0	0
236 Víkurnes	ST	10	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	2000	0	0	0	415000	0	0
	Flutningur frá			10000	0	171000	130000	115000	22000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	0	-171000	-130000	-115000	-20000	0	0	0	415000	0	0
237 Hrungnir	GK	50	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			600750	0	75927	0	48225	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			56800	39000	55000	7850	24000	1500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			543950	-39000	20927	-7850	24225	-1500	0	0	0	0	0	0
238 Hamrasvanur II	SH	261	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			23500	0	0	0	0	0	0	0	0	235000	0	0
	Flutningur frá			30000	0	0	20000	0	0	2883	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6500	0	0	-20000	0	0	-2883	0	0	235000	0	0
239 Örvar	SH	777	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			92654	1132	181835	88418	72870	77	0	0	0	132000	0	0
	Flutningur frá			80000	27362	150000	193334	122667	15000	0	0	0	50000	0	0
	Mismunur			12654	-26230	31835	-104916	-49797	-14923	0	0	0	82000	0	0
241 Hrönn	BA	99	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			20075	46420	4593	0	0	8	0	0	0	68078	0	0
	Flutningur frá			1644	101949	3169	9994	1788	0	0	0	0	90000	0	0
	Mismunur			18431	-55529	1424	-9994	-1788	8	0	0	0	-21922	0	0
242 Geir goði	GK	220	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	583416	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	320	0	0	364105	0	0
	Mismunur			0	0	0	583416	0	0	-320	0	0	-364105	0	0
243 Guðrún	VE	122	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			144772	283128	498385	147644	750	40000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	610	2000	1497	0	0	0	0	0
	Mismunur			144772	283128	498385	147644	140	38000	-1497	0	0	0	0	0
244 Krossey	SF	26	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			315916	66561	150374	29997	85	7105	611	0	7124	2307	0	0
	Flutningur frá			51501	63609	299144	26104	76	785	259	0	0	2307	0	0
	Mismunur			264415	2952	-148770	3893	9	6320	352	0	7124	0	0	0
245 Þórsnes	SH	108	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			302000	12500	79782	0	0	2500	0	0	0	198437	40000	0
	Flutningur frá			14500	14082	41555	0	0	0	1386	0	0	0	67178	0
	Mismunur			287500	-1582	38227	0	0	2500	-1386	0	0	198437	-27178	0
249 Hafnarröst	ÁR	250	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			100000	0	46000	0	0	20000	0	0	11586	0	0	0
	Flutningur frá			48000	0	477344	22000	0	79100	0	0	10001	0	0	0
	Mismunur			52000	0	-431344	-22000	0	-59100	0	0	1585	0	0	0
250 Skinney	SF	30	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	2306	0	0
	Flutningur frá			0	80000	0	0	0	120000	0	0	1580	2000	0	0
	Mismunur			0	-80000	0	0	0	-120000	0	0	-1580	306	0	0
253 Hamar	SH	224	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			144081	12000	0	0	0	0	0	0	0	68874	0	0

	Flutningur frá			1407	8000	24000	0	0	0	1386	0	0	1700	0	0
	Mismunur			142674	4000	-24000	0	0	0	-1386	0	0	67174	0	0
254 Sæborg	GK	457	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			165941	24769	0	1902	0	0	0	0	1698	0	0	0
	Flutningur frá			5290	201073	4200	20000	65	56915	4158	0	10471	0	0	0
	Mismunur			160651	-176304	-4200	-18098	-65	-56915	-4158	0	-8773	0	0	0
256 Kristrún	RE	177	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			289829	53679	136675	117889	16038	9	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	26000	5396	0	0	906	1386	0	0	15000	0	0
	Mismunur			289829	27679	131279	117889	16038	-897	-1386	0	0	-15000	0	0
257 Sigurvon Ýr	BA	257	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			145036	73715	24582	5775	18809	17449	0	0	0	526	0	0
	Flutningur frá			37100	9655	24000	0	86000	30000	0	0	0	526	0	0
	Mismunur			107936	64060	582	5775	-67191	-12551	0	0	0	0	0	0
259 Valdimar Sveinsson	VE	22	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			185522	0	92236	0	0	39344	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			185522	0	92236	0	0	39344	0	0	0	0	0	0
260 Sveinbjörn Jakobsson	SH	10	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			269353	3000	0	0	0	75000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	38400	0	2931	0	0	0	0	0	130000	0	0
	Mismunur			269353	-35400	0	-2931	0	75000	0	0	0	-130000	0	0
262 Ágúst Guðmundsson	GK	95	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1439663	298355	451839	265359	25951	91671	554	0	0	45000	0	0
	Flutningur frá			64372	172074	142850	145007	11757	96728	3327	0	2060	93793	0	0
	Mismunur			1375291	126281	308989	120352	14194	-5057	-2773	0	-2060	-48793	0	0
264 Þórður Jónasson	EA	350	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			15172	0	0	0	0	0	1941	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			45222	0	0	0	3097	86	1941	0	0	295000	0	0

	Mismunur			-30050	0	0	0	-3097	-86	0	0	0	-295000	0	0
284 Dröfn	SI	167	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			69893	0	0	0	0	10521	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			51869	17206	0	3040	877	0	0	0	4475	0	0	0
	Mismunur			18024	-17206	0	-3040	-877	10521	0	0	-4475	0	0	0
288 Þorsteinn Gíslason	GK	2	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			136285	0	0	14800	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4515	25000	0	25381	1233	0	0	0	800	0	0	0
	Mismunur			131770	-25000	0	-10581	-1233	0	0	0	-800	0	0	0
297 Surtsey	VE	123	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			48886	140000	75500	5000	0	30000	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			168989	66521	39698	11281	2773	31689	0	0	0	2531	0	0
	Mismunur			-120103	73479	35802	-6281	-2773	-1689	0	0	5000	-2531	0	0
304 Auðbjörg	NS	200	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11591	1740	735	853	242	158	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-11591	-1740	-735	-853	-242	-158	0	0	0	0	0	0
310 Baldur	VE	24	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	38500	4000	0	0	24000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13000	50000	0	0	0	66900	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13000	-11500	4000	0	0	-42900	0	0	0	0	0	0
311 Baldur	GK	97	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			34152	1379	0	407	116	4375	0	0	0	50501	0	0
	Flutningur frá			90501	0	0	4530	0	266353	0	0	0	558126	0	0
	Mismunur			-56349	1379	0	-4123	116	-261978	0	0	0	-507625	0	0
335 Þórarinn	GK	35	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2650	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3080	0	0	1600	18	12	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-430	0	0	-1600	-18	-12	0	0	0	0	0	0

357 Þorsteinn	KE	10	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			65000	0	0	0	0	5022	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	27000	1000	0	0	4800	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			65000	-27000	-1000	0	0	222	0	0	0	0	0	0
361 Bryndís	ÍS	69	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	16695
	Flutningur frá			21245	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21245	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	16695
363 Ósk	KE	5	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			394000	0	248000	0	0	500	0	0	799	0	0	0
	Flutningur frá			1879	43000	0	17000	2287	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			392121	-43000	248000	-17000	-2287	500	0	0	799	0	0	0
368 Hrauney	BA	407	Brjánslækur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			45442	9928	2605	3732	774	6327	0	0	0	150571	342800	0
	Mismunur			-45442	-9928	-2605	-3732	-774	-6327	0	0	0	-150571	-342800	0
396 Sigurður Pálsson	ÓF	66	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4932	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	937	0	1355	360	234	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2068	-937	0	-1355	-360	-234	0	0	0	0	0	0
399 Kári	GK	146	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5367	34036	1500	0	0	10000	0	0	0	0	0	33000
	Flutningur frá			0	0	0	545	0	4188	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5367	34036	1500	-545	0	5812	0	0	0	0	0	33000
411 Örvar	ST	155	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

450 Skúmur	KE	122	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			402752	6909	8371	0	15000	0	0	0	4571	40559	0	0
	Flutningur frá			10583	32400	0	0	16414	5000	0	0	246	68300	0	0
	Mismunur			392169	-25491	8371	0	-1414	-5000	0	0	4325	-27741	0	0
462 Guðrún Björg	ÞH	60	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22185	0	0	0	106	6069	0	0	0	35000	0	0
	Flutningur frá			7000	0	0	761	106	7070	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			15185	0	0	-761	0	-1001	0	0	0	35000	0	0
464 Narfi	VE	108	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			52620	16500	81730	0	0	0	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	1404	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			52620	16500	81730	0	-1404	0	0	0	5000	0	0	0
467 Sverrir Bjarnfinns	ÁR	11	Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			367594	0	11331	0	0	0	0	0	6630	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			367594	0	11331	0	0	0	0	0	6630	0	0	0
472 Haftindur	HF	123	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3616	500	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3616	500	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
483 Guðný	ÍS	266	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			36531	21460	409	474	135	40088	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	13000	15255	4330	0	0	0	0	1763	0	0
	Mismunur			36531	21460	-12591	-14781	-4195	40088	0	0	0	-1763	0	0
490 Gullborg	VE	38	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			68419	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	64100	44000	0	1700	1100	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			68419	-64100	-44000	0	-1700	-1100	0	0	0	0	0	0
491 Drófn	RE	42	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			350	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			350	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
500 Gunnar Hámundarson	GK	357	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			535688	0	7100	0	0	380	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	23200	0	5500	1565	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			535688	-23200	7100	-5500	-1565	380	0	0	0	0	0	0
528 Arnar	SK	237	Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
530 Hafrún	HU	12	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			56700	0	0	0	0	0	0	0	0	50000	0	0
	Mismunur			-56700	0	0	0	0	0	0	0	0	-50000	0	0
542 Mummi	KE	30	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			169736	0	17000	0	0	0	0	0	5000	13774	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	3932	0	0	0
	Mismunur			169736	0	17000	0	0	0	0	0	1068	13774	0	0
554 Sæbjörg	ST	7	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	31000	0	0
	Flutningur frá			105000	14440	717	755	3097	1793	0	0	0	60000	0	115
	Mismunur			-105000	-14440	-717	-755	-3097	-1793	0	0	0	-29000	0	-115
560 Helgi	SH	144	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	0	0	808	209	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14000	0	0	-808	-209	0	0	0	0	0	0	0
573 Hólmsteinn	GK	20	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11835	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			0	9252	21644	8383	2298	1220	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11835	-9252	-21644	-8383	-2298	-1220	0	0	0	0	0	0
582 Geir	ÞH	150	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	187617	0	0	13000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	24000	0	0	0	62700	0	0	0	1011	0	0
	Mismunur			-17000	-24000	187617	0	0	-49700	0	0	0	-1011	0	0
586 Aron	ÞH	105	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	10500	10000	5039	0	0	0	0	13379	30000	0	0
	Flutningur frá			65000	0	0	0	0	0	0	0	0	6000	0	0
	Mismunur			-65000	10500	10000	5039	0	0	0	0	13379	24000	0	0
610 Jón Júlí	BA	157	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			59400	12500	0	0	0	45000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	0	2083	2401	686	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			39400	12500	-2083	-2401	-686	45000	0	0	0	0	0	0
612 Ritur	ÍS	22	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			22714	0	1036	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-22714	0	-1036	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
616 Stefán Rögnvaldsson	EA	345	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	238377	0	0
	Flutningur frá			103580	5400	20850	8400	2300	2275	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-103580	-5400	-20850	-8400	-2300	-2275	0	0	0	238377	0	0
617 Hafnarberg	RE	404	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			130000	8400	79450	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2759	26534	0	10180	1315	0	0	0	879	0	0	0
	Mismunur			127241	-18134	79450	-10180	-1315	0	0	0	-879	0	0	0
619 Hrafnsey	SF	8	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			67350	7000	15000	5000	0	47500	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			2032	0	6500	5000	0	0	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			65318	7000	8500	0	0	47500	0	0	5000	0	0	0
626 Valdimar	AK	15	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			21108	9093	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	19242	3745	2839	806	426	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			21108	-10149	-3745	-2839	-806	-426	0	0	0	0	0	0
630 Jón Trausti	ÍS	78	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5756	10000	29000	8491	0	16712	0	0	5541	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5756	10000	29000	8491	0	16712	0	0	5541	0	0	0
647 Reginn	HF	228	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	4000	35673	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2700	4000	35673	0	0	0	0	0	0	0	0	0
656 Auðbjörg	HU	6	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	221
	Flutningur frá			6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	221
663 Hlíf	GK	250	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1663	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9200	1483	0	962	313	204	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9200	180	0	-962	-313	-204	0	0	0	0	0	0
671 Haförn	ÁR	115	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			248530	13583	118475	4552	2157	105	0	0	5870	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	2157	0	0	0	0	0	0	46154
	Mismunur			248530	13583	118475	4552	0	105	0	0	5870	0	0	-46154
711 Ólafur Magnússon	HU	541	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3349	607	0	0	5350	0	0	988	39193	40000	0
	Flutningur frá			65000	0	0	0	0	0	0	0	4939	100000	128000	221
	Mismunur			-65000	3349	607	0	0	5350	0	0	-3951	-60807	-88000	-221

714 Arnar	ÓF	3	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			62131	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	3492	0	1012	73	12550	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			62131	-3492	0	-1012	-73	-12550	0	0	0	0	0	0
733 Reynir	GK	47	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	20087	0	0
	Flutningur frá			0	44000	0	10000	0	0	0	0	500	0	0	0
	Mismunur			0	-44000	0	-10000	0	0	0	0	-500	20087	0	0
741 Auðbjörg II	SH	97	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			124000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	90856	0	0
	Mismunur			124000	0	0	0	0	0	0	0	0	-90856	0	0
770 Skúli Hjartarson	BA	250	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	13900	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	7000	3456	4011	1138	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	6900	-3456	-4011	-1138	0	0	0	0	0	0	0
780 Ver	ÍS	120	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1907	656	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
	Flutningur frá			34000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-32093	656	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
795 Drífa	ÁR	300	Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			32682	162000	0	0	0	20000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			8157	0	40000	12000	0	38000	0	0	481	0	0	0
	Mismunur			24525	162000	-40000	-12000	0	-18000	0	0	-481	0	0	0
824 Fengsæll	ÍS	83	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1511	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			3041	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000

825 Sædís	ÍS	67	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14459	0	0	0	0	900	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14459	0	0	0	0	-900	0	0	0	0	0	0
826 Fengsæll	GK	262	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8500	12000	0	0	0	1400	0	0	3224	0	0	0
	Flutningur frá			51471	70000	5000	18000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-42971	-58000	-5000	-18000	0	1400	0	0	3224	0	0	0
853 Sandvík	GK	325	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			87541	51500	20000	3000	0	11500	0	0	8500	22255	0	0
	Flutningur frá			0	13400	0	0	0	3400	0	0	0	5600	0	0
	Mismunur			87541	38100	20000	3000	0	8100	0	0	8500	16655	0	0
892 Haförn	VE	21	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			60852	40300	4100	1050	0	15000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			57852	40300	4100	1050	0	15000	0	0	0	0	0	0
918 Hrauney	VE	41	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			92960	0	73250	12994	0	23500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			105516	28500	39500	0	0	0	0	0	3000	0	0	0
	Mismunur			-12556	-28500	33750	12994	0	23500	0	0	-3000	0	0	0
923 Freyja	GK	364	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			164027	14000	10000	827	2	0	0	0	6004	0	0	0
	Flutningur frá			5000	102000	0	6979	1748	430	0	0	0	15132	0	0
	Mismunur			159027	-88000	10000	-6152	-1746	-430	0	0	6004	-15132	0	0
926 Þorsteinn	GK	15	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			133836	1352	61162	3624	120	78	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			185000	9500	64000	4050	120	1296	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-51164	-8148	-2838	-426	0	-1218	0	0	0	0	0	0
929 Svanur	KE	90	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			90000	0	43950	0	0	9608	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2440	33500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			87560	-33500	43950	0	0	9608	0	0	0	0	0	0
936 Friðrik Bergmann	SH	240	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			91471	20000	4000	1000	0	102000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	7000	2310	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			91471	20000	4000	-6000	-2310	102000	0	0	0	0	0	0
950 Gísli Gunnarsson II	SH	85	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	130000	0
	Flutningur frá			10031	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10031	0	0	0	0	0	0	0	0	0	130000	0
956 Vísir	BA	343	Brjánslækur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	47272	0	0	0	0	0	0	0	0	100000	0
	Flutningur frá			52000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	22421	0
	Mismunur			-52000	47272	0	0	0	0	0	0	0	0	77579	0
962 Óskar Halldórsson	RE	157	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20333	0	296224	138727	1003	1500	0	0	0	538242	0	0
	Flutningur frá			81500	92000	237978	12000	3000	68800	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-61167	-92000	58246	126727	-1997	-67300	0	0	0	538242	0	0
964 Gissur hvíti	HU	35	Blönduós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	20000	30000	0	0	0	0	0	0	198969	0	0
	Flutningur frá			150600	125000	180000	10700	0	0	1443	0	0	5508	0	0
	Mismunur			-130600	-105000	-150000	-10700	0	0	-1443	0	0	193461	0	0
967 Bergur Vigfús	GK	53	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20126	150000	150000	300000	0	0	1405	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2100	0	0	0	0	0	0	0	0	150000	0	0
	Mismunur			18026	150000	150000	300000	0	0	1405	0	0	-150000	0	0
968 Glófaxi	VE	300	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	21225	81500	0	0	13000	797	6500	0	0	0	0

	Flutningur frá			177053	20000	0	500	0	13000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-177053	1225	81500	-500	0	0	797	6500	0	0	0	0
971 Aðalvík	KE	95	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			269631	8343	3070	3541	47312	475	0	0	0	30000	0	0
	Flutningur frá			229275	168667	154444	0	16388	29000	0	0	0	166184	0	0
	Mismunur			40356	-160324	-151374	3541	30924	-28525	0	0	0	-136184	0	0
972 Garðey	SF	22	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	71500	40000	6000	102473	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10956	30578	69812	14279	13000	0	1386	0	0	202730	0	0
	Mismunur			-10956	40922	-29812	-8279	89473	0	-1386	0	0	-202730	0	0
973 Sigla	SI	50	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	3011	0	160000	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	30000	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	3011	0	130000	0	0
974 Bergur Vigfús	GK	53	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			342587	0	265000	0	0	0	0	0	0	76737	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	4530	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			342587	0	265000	-4530	0	0	0	0	0	76737	0	0
975 Sighvatur	GK	57	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			56000	331182	0	8131	8500	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	17000	45000	0	0	300	0	0	0	205958	0	0
	Mismunur			56000	314182	-45000	8131	8500	-300	0	0	0	-205958	0	0
977 Flosi	ÍS	15	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			295521	8000	0	0	1746	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			186000	25271	1845	604	29797	0	1368	0	0	290525	0	0
	Mismunur			109521	-17271	-1845	-604	-28051	0	-1368	0	0	-290525	0	0
978 Svanur	EA	14	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	676	0	0	0	0	0	0	0	742597	0	0
	Flutningur frá			106243	38808	48000	3734	1266	826	0	0	0	6000	0	0

	Mismunur			-86243	-38132	-48000	-3734	-1266	-826	0	0	0	736597	0	0
979 Víkurberg	GK	1	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	1243	0	5115	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			32500	0	0	0	0	0	424	0	0	211022	0	0
	Mismunur			-32500	0	0	0	1243	0	4691	0	0	-211022	0	0
980 Stafnes	KE	130	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1321021	26968	594297	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	0	0	0	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			1311021	26968	594297	0	0	0	-1386	0	0	0	0	0
992 Máni	HF	54	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2500	20000	0	0	0	83900	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2500	20000	0	0	0	83900	0	0	0	0	0	0
1002 Sunnuberg	GK	199	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	2701	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			287996	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-287996	0	0	0	0	0	2701	0	0	0	0	0
1006 Háberg	GK	299	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	4188	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			254952	23688	91795	9061	0	640	0	0	0	119622	0	0
	Mismunur			-254952	-23688	-91795	-9061	0	-640	4188	0	0	-119622	0	0
1009 Kristbjörg	ÞH	44	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3243	0	0	0	0	10070	0	0	0	791703	0	0
	Flutningur frá			67822	30000	0	3775	0	53709	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-64579	-30000	0	-3775	0	-43639	0	0	0	791703	0	0
1011 Gígja	VE	340	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0

1012 Örn	KE	13	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	2867	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	600	0	349582	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	2867	-600	0	-349582	0	0
1013 Sjöfn	ÞH	142	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			165000	0	0	0	0	0	0	0	0	647030	0	0
	Flutningur frá			395701	88823	43000	6155	2096	2500	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			-230701	-88823	-43000	-6155	-2096	-2500	-1386	0	0	647030	0	0
1014 Auðunn	ÍS	110	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			87000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			87000	-2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1019 Sigurborg	HU	100	Hvammstangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26000	71400	0	7081	2000	12000	0	0	0	929180	260000	0
	Flutningur frá			140000	245500	55800	95769	2000	66006	0	0	0	69128	211000	0
	Mismunur			-114000	-174100	-55800	-88688	0	-54006	0	0	0	860052	49000	0
1020 Guðmundur Ólafur	ÓF	91	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			90000	7950	0	0	0	0	0	0	0	145000	0	0
	Mismunur			-90000	-7950	0	0	0	0	0	0	0	-145000	0	0
1023 Skarfur	GK	666	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			702359	0	0	0	150000	0	19	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12523	0	0	0	25000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			689836	0	0	0	125000	0	19	0	0	0	0	0
1028 Sæljón	SU	104	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			36000	0	0	11387	3247	0	4072	0	0	382360	0	0
	Flutningur frá			179973	58268	81720	13677	4872	10467	1512	0	0	95000	0	0
	Mismunur			-143973	-58268	-81720	-2290	-1625	-10467	2560	0	0	287360	0	0

1029 Svanur	RE	45	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	3668	600	0	0	0	0
	Flutningur frá			30754	0	0	0	0	0	0	0	0	332893	0	0
	Mismunur			-30754	0	0	0	0	0	3668	600	0	-332893	0	0
1030 Arnþór	EA	16	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			35000	0	0	0	0	0	458	2000	0	262853	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	4785	0	0	93	0	0	50000	0	0
	Mismunur			35000	0	0	-4785	0	0	365	2000	0	212853	0	0
1031 Bergur	VE	44	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	191232	0	0
	Flutningur frá			85000	0	0	0	0	0	1337	1500	0	51972	0	0
	Mismunur			-85000	0	0	0	0	0	-1337	-1500	0	139260	0	0
1032 Pílot	BA	6	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22711	142	150	0	0	945	0	0	0	0	0	21172
	Mismunur			-22711	-142	-150	0	0	-945	0	0	0	0	0	-21172
1035 Heimaey	VE	1	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22815	293	325	15447	107	9070	367	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3318	140000	0	0	5186	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			19497	-139707	325	15447	-5079	9070	367	0	0	0	0	0
1037 Dagfari	GK	70	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			210000	140000	320000	36000	0	40000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			100000	0	0	0	34746	0	0	1500	0	183000	0	0
	Mismunur			110000	140000	320000	36000	-34746	40000	0	-1500	0	-183000	0	0
1039 Gjafar	VE	600	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			60080	650584	353514	94909	4124	10091	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	0	100000	20000	2926	4000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			40080	650584	253514	74909	1198	6091	0	0	0	0	0	0
1042 Vörður	ÞH	4	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			281000	33388	1340	49326	413	537	277	0	0	12522	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			281000	33388	1340	49326	413	537	-1109	0	0	12522	0	0
1043 Sigurður Lárusson	SF	110	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			230163	32000	24000	0	0	62000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			37300	0	0	12941	1483	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			192863	32000	24000	-12941	-1483	62000	0	0	0	0	0	0
1046 Oddeyrin	EA	210	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6000	16873	0	0	0	0	963	4500	0	40000	0	0
	Flutningur frá			32000	16873	0	0	0	0	110	0	0	110767	0	0
	Mismunur			-26000	0	0	0	0	0	853	4500	0	-70767	0	0
1048 Faxi	RE	241	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	670	0	0	0	0
	Flutningur frá			32241	0	0	0	0	0	0	0	0	213000	0	0
	Mismunur			-32241	0	0	0	0	0	0	670	0	-213000	0	0
1052 Vinur	ÍS	8	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			539166	32500	0	27216	0	0	0	0	0	17653	0	0
	Flutningur frá			50000	130000	0	300000	50000	0	0	0	0	781635	0	0
	Mismunur			489166	-97500	0	-272784	-50000	0	0	0	0	-763982	0	0
1053 Bára	ÍS	364	Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			191498	26432	473	0	0	25273	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			55693	12392	870	535	157	13321	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			135805	14040	-397	-535	-157	11952	0	0	0	0	0	0
1056 Arnar	ÁR	55	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			53527	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			75000	0	315000	12132	847	14500	0	0	0	2040	0	0
	Mismunur			-21473	20000	-315000	-12132	-847	-14500	0	0	0	-2040	0	0
1060 Súlan	EA	300	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	77	0	0	60000	0	0

	Flutningur frá			79802	28869	19116	4667	4315	0	0	0	0	15741	0	0
	Mismunur			-79802	-28869	-19116	-4667	-4315	0	77	0	0	44259	0	0
1061 Sólfell	VE	640	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			164600	86020	66830	24236	4000	865	1926	10180	0	103863	0	0
	Flutningur frá			0	150000	0	0	1000	44600	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			164600	-63980	66830	24236	3000	-43735	1926	10180	0	103863	0	0
1062 Kap	VE	4	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			199601	49572	32160	77039	1490	15108	459	0	0	2310	0	0
	Flutningur frá			974831	198800	710580	366034	85100	44614	1113	0	0	9410	0	0
	Mismunur			-775230	-149228	-678420	-288995	-83610	-29506	-654	0	0	-7100	0	0
1063 Kópur	GK	175	Grindavik	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			404840	94689	71720	2774	150775	504	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	13500	4500	1170	1386	0	0	31708	0	0
	Mismunur			404840	94689	71720	-10726	146275	-666	-1386	0	0	-31708	0	0
1068 Sæmundur	HF	85	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			378269	0	2500	0	0	0	0	0	246	0	0	0
	Flutningur frá			0	38000	0	7000	573	600	0	0	2000	5088	0	0
	Mismunur			378269	-38000	2500	-7000	-573	-600	0	0	-1754	-5088	0	0
1070 Húnaröst	SF	550	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	10547	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			65519	16285	54718	13591	0	3748	0	4700	0	0	0	0
	Mismunur			-65519	-16285	-54718	-13591	0	-3748	10547	-4700	0	0	0	0
1071 Rögnvaldur Jónsson	ÞH	107	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	1500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11500	894	0	507	144	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-11500	-894	0	-507	-144	1500	0	0	0	0	0	0
1073 Kolbrún	ÍS	74	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	1738	755	0	0	0	0	0	1072	0	24235

	Mismunur			0	0	-1738	-755	0	0	0	0	0	-1072	0	-24235
1074 Saxhamar	SH	50	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			60000	2000	30000	0	0	64293	0	0	0	54700	0	0
	Flutningur frá			6000	49000	29000	12000	2500	4900	0	0	0	30000	0	0
	Mismunur			54000	-47000	1000	-12000	-2500	59393	0	0	0	24700	0	0
1075 Andri	KE	46	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8138	44650	18000	6256	0	0	0	0	662	0	0	0
	Flutningur frá			845	0	0	10000	0	0	0	0	4282	0	0	0
	Mismunur			7293	44650	18000	-3744	0	0	0	0	-3620	0	0	0
1076 Guðrún Þorkelsdóttir	SU	211	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	95000	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	660917	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	-565917	0	0
1081 Fiskanes	NS	37	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	20000	0	0	0	26000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			110210	17000	5000	3651	822	12000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-110210	3000	-5000	-3651	-822	14000	0	0	0	0	0	0
1082 Skúli fógeti	VE	185	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			80415	7294	32480	11264	400	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	5000	15000	400	27000	0	0	1100	0	0	0
	Mismunur			80415	7294	27480	-3736	0	-27000	0	0	-1100	0	0	0
1084 Friðrik Sigurðsson	ÁR	17	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			120000	70000	72000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	20000	40000	4000	0	27000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			100000	50000	32000	-4000	0	-27000	0	0	0	0	0	0
1091 Hafbjörg	GK	58	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			134444	7200	9781	760	0	45	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			134444	7200	9781	760	0	45	0	0	0	0	0	0

1092 Hrólfur	AK	29	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4383	8748	0	0	0	790	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	1013	301	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4383	8748	0	-1013	-301	790	0	0	0	0	0	0
1100 Siglunes	HF	26	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27487	135000	19000	0	0	20200	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	3700	5100	0	0	0	0	78877	0	0
	Mismunur			27487	135000	19000	-3700	-5100	20200	0	0	0	-78877	0	0
1102 Húni	HU	62	Blönduós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	9800	0	0	0	73000	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	20200	0	0	0	-73000	0	0
1103 Otur	EA	162	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	10000	0	0	0	0	0	0	90000	0	0
	Flutningur frá			74400	0	0	4900	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-74400	0	10000	-4900	0	0	0	0	0	90000	0	0
1105 Ólafur	GK	33	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	7612	543	0	0	0	0	0	0	0	0	30639
	Flutningur frá			54000	39671	59770	8215	0	42	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-54000	-32059	-59227	-8215	0	-42	0	0	0	0	0	30639
1109 Neisti	ÍS	218	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			42773	15666	0	688	195	1232	0	0	0	0	0	15000
	Mismunur			-42773	-15666	0	-688	-195	-1232	0	0	0	0	0	-15000
1115 Stakkur	KE	16	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			151775	12455	21680	0	0	4000	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			64000	43455	0	0	0	0	0	0	370	39342	0	0
	Mismunur			87775	-31000	21680	0	0	4000	0	0	4630	-39342	0	0

1118 Sæbjörn	ÍS	121	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			25000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-24000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
1124 Avona	ÍS	109	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			184133	83408	23677	4175	17759	2189	0	0	0	526	0	0
	Mismunur			-184133	-83408	-23677	-4175	-17759	-2189	0	0	0	-526	0	0
1125 Melavík	SF	34	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			234773	498038	511317	107680	141974	20881	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	430516	422479	114366	116333	21907	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			234773	67522	88838	-6686	25641	-1026	0	0	0	0	0	0
1126 Þorsteinn	SH	145	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			216637	85352	30234	1308	117	87500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			33000	32210	20234	1308	868	0	0	0	0	55964	0	0
	Mismunur			183637	53142	10000	0	-751	87500	0	0	0	-55964	0	0
1129 Sigurbjörg	SH	204	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			57265	0	0	0	0	107500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			57265	0	0	0	0	72500	0	0	0	0	0	0
1134 Steinunn	SH	167	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			318196	18865	1397	4916	349	60727	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			264217	91550	63876	21641	2638	56806	0	0	0	297542	0	0
	Mismunur			53979	-72685	-62479	-16725	-2289	3921	0	0	0	-297542	0	0
1135 Kristbjörg	VE	70	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			63221	0	0	60000	400	10500	0	0	9600	0	0	0
	Flutningur frá			52179	55000	115000	109321	65	0	0	0	27034	0	0	0
	Mismunur			11042	-55000	-115000	-49321	335	10500	0	0	-17434	0	0	0
1136 Rifsnes	SH	44	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			376433	37858	49000	85000	30000	5000	0	0	0	161000	0	0
	Flutningur frá			208466	40000	127300	0	30000	15000	0	0	0	88000	0	0
	Mismunur			167967	-2142	-78300	85000	0	-10000	0	0	0	73000	0	0
1142 Draupnir	ÞH	180	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			13580	2600	0	0	0	11247	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	10033	1162	330	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			13580	2600	-10033	-1162	-330	11247	0	0	0	0	0	0
1143 Gestur	SU	159	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26257	2221	20000	3020	565	2831	0	0	0	758700	0	0
	Flutningur frá			83711	12000	123000	5820	565	2880	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			-57454	-9779	-103000	-2800	0	-49	-1386	0	0	758700	0	0
1146 Danski Pétur	VE	423	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			39508	426649	40000	0	0	4500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1700	0	0	0	0	5500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			37808	426649	40000	0	0	-1000	0	0	0	0	0	0
1148 Bára	ÍS	66	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			448	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			34974	1522	2570	2982	846	1140	0	0	0	17653	0	0
	Mismunur			-34526	-1522	-2570	-2982	-846	-1140	0	0	0	-17653	0	10000
1149 Húni	ÍS	68	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1151 Skúmur	RE	90	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1863	0	0	443	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	27668	300	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1863	0	-27668	143	0	0	0	0	0	0	0	0
1153 Sæþór	SF	244	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			389177	381128	687345	221117	30182	2473	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			563323	326889	575772	183575	2	72729	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-174146	54239	111573	37542	30180	-70256	0	0	0	0	0	0
1156 Trausti	ÁR	313	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			135000	30000	0	0	0	0	0	0	9000	0	0	0
	Flutningur frá			127158	94238	19209	1600	1485	73020	0	0	589	20175	0	0
	Mismunur			7842	-64238	-19209	-1600	-1485	-73020	0	0	8411	-20175	0	0
1159 Svanur	SH	111	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			32115	25	49	35	10	6	1386	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			192000	65000	80000	3000	6431	30000	0	0	0	802895	425000	0
	Mismunur			-159885	-64975	-79951	-2965	-6421	-29994	1386	0	0	-802895	-425000	0
1170 Andey	BA	125	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			39680	47727	70375	2267	123	205070	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			131000	24422	0	0	0	15000	0	0	0	200000	0	0
	Mismunur			-91320	23305	70375	2267	123	190070	0	0	0	-200000	0	0
1171 Grótta	HF	35	Seltjarnarnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			131454	76928	132300	7800	100	60891	0	0	0	9716	235015	0
	Flutningur frá			160059	51176	65914	20731	0	37160	0	0	0	2522	0	0
	Mismunur			-28605	25752	66386	-12931	100	23731	0	0	0	7194	235015	0
1173 Jón Erlings	GK	222	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			325466	72727	153280	0	0	15000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			80000	109727	101000	8000	2427	9100	0	0	0	10088	0	0
	Mismunur			245466	-37000	52280	-8000	-2427	5900	0	0	0	-10088	0	0
1174 Æskan	EA	202	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12997	1954	0	1448	184	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12128	3671	0	4440	627	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			869	-1717	0	-2992	-443	0	0	0	0	0	0	0
1175 Sigurbjörg	ST	55	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	115
	Flutningur frá			10000	6000	0	0	596	120	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-10000	-6000	0	0	-596	-120	0	0	0	0	0	115
1177 Mávur	SI	76	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			96851	1592	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			70600	0	100	4200	963	640	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			26251	1592	-100	-4200	-963	-640	0	0	0	0	0	0
1178 Víðir Trausti	EA	517	Haganes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11000	0	0	0	100	0	0	0	0	76462	0	0
	Flutningur frá			47152	3829	11000	2000	1500	8000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-36152	-3829	-11000	-2000	-1400	-8000	0	0	0	76462	0	0
1179 Ingimundur gamli	HU	65	Blönduós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	7000	15000	3260	0	8000	0	0	0	334000	20000	0
	Flutningur frá			273109	48731	86877	40728	2594	49689	0	0	0	0	180000	0
	Mismunur			-273109	-41731	-71877	-37468	-2594	-41689	0	0	0	334000	-160000	0
1181 Finnbjörn	ÍS	37	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			38867	2948	3439	3991	1133	737	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-38867	-2948	-3439	-3991	-1133	-737	0	0	0	0	0	0
1184 Dagrún	ST	12	Djúpavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	148000	0
	Flutningur frá			12609	902	0	0	0	0	0	0	0	0	40000	0
	Mismunur			-12609	-902	0	0	0	0	0	0	0	0	108000	0
1185 Ásborg	BA	84	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			21000	0	2580	2072	588	383	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21000	5000	-2580	-2072	-588	-383	0	0	0	0	0	0
1186 Haförn	HU	4	Hvammstangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	171000	90000
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	171000	90000

1188 Sæbjörg	BA	59	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1300	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			32000	0	0	3054	867	564	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-32000	1300	0	-3054	-867	-564	0	0	0	0	0	0
1189 Þorkell Björn	NK	110	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6170	25000	0	0	0	69000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			52038	2800	14060	0	0	24007	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-45868	22200	-14060	0	0	44993	0	0	0	0	0	0
1190 Máni	ÍS	59	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			40919	4545	19800	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	647	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			30919	4545	19800	-647	0	0	0	0	0	0	0	0
1192 Fjóla	BA	150	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3000	0	0	0	75000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	0	0	5803	1647	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-35000	3000	0	-5803	-1647	75000	0	0	0	0	0	0
1195 Hallgrímur Ottósson	BA	39	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	19900	0	0	0	73000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1166	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1166	19900	0	0	0	73000	0	0	0	0	0	0
1198 Bragi	GK	54	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	24270	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	-24270	0	0	0	0	0	0	0	0
1201 Gæfa	VE	11	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			76986	30622	21949	2068	18	282	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	16000	1795	472	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			76986	30622	5949	273	-454	282	0	0	0	0	0	0

1202 Hringur	GK	18	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			598081	56565	50000	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15141	132500	0	0	531	0	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			582940	-75935	50000	0	-531	30000	-1386	0	0	0	0	0
1204 Jón Gunnlaugs	GK	444	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	36500	0	0	0	0	10407	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	6453	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	36500	0	0	0	0	3954	0	0	0
1206 Erlingur	SF	65	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			617190	0	32817	5505	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			63000	105000	35000	30008	3006	13000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			554190	-105000	-2183	-24503	-3006	-13000	0	0	0	0	0	0
1207 Una í Garði	GK	100	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			94952	142	150	8600	0	0	0	0	12416	222607	0	0
	Flutningur frá			40000	0	0	6051	0	500	2998	0	1461	0	0	0
	Mismunur			54952	142	150	2549	0	-500	-2998	0	10955	222607	0	0
1210 Björn	EA	21	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			19835	0	36000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			47200	3969	48617	4351	1235	804	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-27365	-3969	-12617	-4351	-1235	-804	0	0	0	0	0	0
1213 Hafsúlan	HF	77	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			76269	35000	0	65500	1485	20000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			100000	33935	50000	144951	435	3760	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-23731	1065	-50000	-79451	1050	16240	0	0	0	0	0	0
1214 Kristján S	SH	23	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3700	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17500	0	0	755	214	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13800	0	0	-755	-214	0	0	0	0	0	0	0
1218 Fönix	ÞH	148	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			2000	0	0	0	0	200	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	0	0	2000	654	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-33000	0	0	-2000	-654	200	0	0	0	0	0	0
1220 Óskasteinn	ÁR	116	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	1552	0	0	442	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12500	0	1552	0	0	442	0	0	0	0	0	0
1222 Árni Óla	ÍS	81	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9000
	Flutningur frá			29368	0	0	636	180	117	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-29368	0	0	-636	-180	-117	0	0	0	0	0	9000
1226 Hlýri	VE	172	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	4200	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	54000	0	0	0	59265	0	0
	Mismunur			0	0	4200	0	0	-54000	0	0	0	-59265	0	0
1228 Sigurgeir Sigurðsson	ÍS	533	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			39714	1522	3606	2982	846	1140	0	0	0	0	0	29240
	Flutningur frá			40000	0	4931	2982	846	1122	0	0	0	21184	0	10000
	Mismunur			-286	1522	-1325	0	0	18	0	0	0	-21184	0	19240
1231 Þorkell Árnason	GK	21	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			163070	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	43500	0	7932	2316	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			163070	-43500	0	-7932	-2316	0	0	0	0	0	0	0
1232 Gunnhildur	ST	29	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1236 Ólafur Magnússon	HU	54	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			326338	8516	2479	0	0	7407	0	0	0	221744	0	0

	Flutningur frá			1126	6339	1370	0	0	0	3339	0	0	71000	0	0
	Mismunur			325212	2177	1109	0	0	7407	-3339	0	0	150744	0	0
1237 Leynir	SU	89	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			136111	29000	10000	0	0	29000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			136111	29000	10000	0	0	29000	0	0	0	0	0	0
1239 Auður	HF	8	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			45324	3700	3000	0	0	50	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			840	1590	2560	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			44484	2110	440	0	0	50	0	0	0	0	0	0
1240 Hafrún	ÍS	154	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			24000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-24000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1244 Grundfirðingur	SH	12	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	43000	0
	Flutningur frá			130000	10910	0	0	0	0	0	0	0	40191	0	0
	Mismunur			-119500	-10910	0	0	0	0	0	0	0	-40191	43000	0
1245 Aldey	ÞH	110	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	125000	330000	35000	0	0	0	0	0	41736	0	0
	Flutningur frá			320760	4825	0	0	0	0	0	0	0	120000	0	0
	Mismunur			-318760	120175	330000	35000	0	0	0	0	0	-78264	0	0
1246 Egill	SH	195	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			167171	26445	3856	210	0	65006	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	19816	0	0	0	0	0	42927	0	0
	Mismunur			167171	26445	3856	-19606	0	65006	0	0	0	-42927	0	0
1249 Sigurvin	GK	51	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5397	1033	325	377	107	70	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-5397	-1033	-325	-377	-107	-70	0	0	0	0	0	0
1252 Hrönn	BA	335	Brjánslækur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	9100	0	0	0	0	0	0	0	0	442800	0
	Flutningur frá			7817	9100	0	0	0	0	0	0	0	10000	0	0
	Mismunur			-7817	0	0	0	0	0	0	0	0	-10000	442800	0
1254 Arnar	RE	400	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			41068	5000	40000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	5200	0	0	0	0	0	10088	0	0
	Mismunur			41068	5000	40000	-5200	0	0	0	0	0	-10088	0	0
1258 Byr	VE	373	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			207557	57000	30000	0	58407	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			197057	57000	30000	0	58407	0	0	0	0	0	0	0
1260 Ágúst	RE	61	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	45000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6350	9000	0	1251	355	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6350	36000	0	-1251	-355	0	0	0	0	0	0	0
1261 Bergkvist	SU	409	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3000	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	0	2411	1789	508	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	3000	-2411	-1789	-508	1000	0	0	0	0	0	0
1262 Guðbjörg	GK	517	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16440	5000	0	0	0	66000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6560	5000	0	0	0	66000	0	0	0	0	0	0
1263 Sæbjörg	EA	184	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			39090	0	0	0	0	38350	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			45000	7100	14380	656	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5910	-7100	-14380	-656	0	38350	0	0	0	0	0	0

1264 Steinunn	SF	10	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4000	0	0	0	0	0	0	0	5434	0	0	0
	Flutningur frá			14681	100000	100000	21000	2705	0	0	0	16000	0	0	0
	Mismunur			-10681	-100000	-100000	-21000	-2705	0	0	0	-10566	0	0	0
1265 Skagfirðingur	SK	4	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	124000	0	43959	0	0	0	0	0	158556	0	0
	Flutningur frá			524599	15904	446318	530000	346390	0	0	0	0	158556	0	0
	Mismunur			524599	108096	-446318	-486041	-346390	0	0	0	0	0	0	0
1267 Faldur	ÞH	153	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	23253	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			25000	0	0	0	0	-23253	0	0	0	0	0	0
1269 Aðalbjörg II	RE	236	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22102	1740	735	1608	242	17158	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			33000	4000	0	3677	2753	53000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10898	-2260	735	-2069	-2511	-35842	0	0	0	0	0	0
1270 Mánaberg	ÓF	42	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	12839	0	53750	88579	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			349638	65000	95000	364381	1550	60000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-349638	-52161	-95000	-310631	87029	-60000	0	0	0	0	0	0
1272 Guðmundur	VE	29	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	185960	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	-185960	0	0
1273 Vestmannaey	VE	54	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	406154	9448	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			46899	0	228000	0	4000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-46899	0	-228000	406154	5448	0	0	0	0	0	0	0

1274 Páll Pálsson	ÍS	102	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			411969	162292	9939	216991	43243	50737	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			401842	148	200000	124000	238000	13300	1386	0	0	179056	0	0
	Mismunur			10127	162144	-190061	92991	-194757	37437	-1386	0	0	-179056	0	0
1275 Hoffell	SU	80	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	157831	397	16429	49287	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	17241	0	40000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	140590	397	-23571	49287	0	0	0	0	0	0	0
1276 Sólbakur	EA	307	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1128	45000	0	21150	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1128	45000	0	21150	-50000	0	0	0	0	0	0	0
1277 Ljósafell	SU	70	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			14000	78130	37141	154620	224009	3737	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27593	14353	50948	42317	0	13000	0	0	0	15132	0	0
	Mismunur			-13593	63777	-13807	112303	224009	-9263	0	0	0	-15132	0	0
1278 Bjartur	NK	121	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			38113	266427	393221	86799	140518	219012	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			137436	126000	408600	157023	8000	228158	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-99323	140427	-15379	-70224	132518	-9146	0	0	0	0	0	0
1279 Brettingur	NS	50	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			32448	8554	165194	512323	441057	2227	0	0	0	88955	0	0
	Flutningur frá			298000	203000	0	100000	51000	6800	2186	0	0	88955	0	0
	Mismunur			-265552	-194446	165194	412323	390057	-4573	-2186	0	0	0	0	0
1280 Rauðinúpur	ÞH	160	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			85093	46832	0	277556	220809	0	0	0	0	128153	0	0
	Flutningur frá			712437	104027	148679	304895	134	16729	1386	0	0	147270	0	0
	Mismunur			-627344	-57195	-148679	-27339	220675	-16729	-1386	0	0	-19117	0	0
1281 Múlaberg	ÓF	32	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			60000	0	0	106000	106000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			227230	0	0	4000	3000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-167230	0	0	102000	103000	0	0	0	0	0	0	0
1282 Hugborg	SH	87	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			15000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			15000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1291 Sæþór	EA	101	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			452	3000	0	4785	0	63	0	0	0	872384	0	0
	Flutningur frá			108895	74625	254000	16111	5098	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-108443	-71625	-254000	-11326	-5098	63	0	0	0	872384	0	0
1293 Börkur	NK	122	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			17212	49040	17189	35164	6719	638	7488	0	0	43945	0	0
	Flutningur frá			584245	29590	97132	0	0	0	2536	0	0	481574	0	0
	Mismunur			-567033	19450	-79943	35164	6719	638	4952	0	0	-437629	0	0
1294 Sæljómi	GK	150	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5393	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5393	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1295 Björgvin Már	ÍS	468	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5700	5500	0	3369	956	622	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5700	-5500	0	-3369	-956	-622	0	0	0	0	0	0
1297 Suðurey	VE	500	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31161	30871	44156	17043	85	22005	0	0	0	2307	0	0
	Flutningur frá			0	20000	23000	5628	0	90000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			31161	10871	21156	11415	85	-67995	0	0	0	2307	0	0
1300 Bára	ÞH	7	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			6383	3838	3701	415	69	45	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2383	-3838	-3701	-415	-69	-45	0	0	0	0	0	0
1303 Örn	ÍS	18	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5528	7820	5396	1843	0	7000	0	0	0	1763	0	0
	Flutningur frá			45941	18440	7134	3710	0	24846	0	0	0	1763	0	0
	Mismunur			-40413	-10620	-1738	-1867	0	-17846	0	0	0	0	0	0
1304 Ólafur Bjarnason	SH	137	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			53844	56	16048	1	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	75171	0	70667	5400	7204	0	0	0	27000	0	0
	Mismunur			53844	-75115	16048	-70666	-5400	-7204	0	0	0	-27000	0	0
1305 Benni Sæm	GK	26	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			290561	36132	1120682	19147	35421	35392	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			46300	107180	650000	15703	35355	27000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			244261	-71048	470682	3444	66	8392	0	0	0	0	0	0
1307 Hríseyjan	EA	410	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4000	0	8200	4000	0	0	0	0	0	400960	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	189242	0	0
	Mismunur			4000	0	8200	4000	0	0	0	0	0	211718	0	0
1308 Venus	HF	519	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			92000	11845	0	252101	0	2900	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	81100	412000	100000	112517	3593	1541	0	0	0	0	0
	Mismunur			92000	-69255	-412000	152101	-112517	-693	-1541	0	0	0	0	0
1311 Skálafell	ÁR	205	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12298	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12298	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1312 Haukur	SF	208	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	10000	0	0	0	55000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7261	5624	145	168	48	2731	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			17739	4376	-145	-168	-48	52269	0	0	0	0	0	0
1315 Eyrún	ÁR	66	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			192350	1172	0	1000	0	0	0	0	42396	0	0	0
	Flutningur frá			0	19000	0	0	299	4000	0	0	37955	0	0	0
	Mismunur			192350	-17828	0	1000	-299	-4000	0	0	4441	0	0	0
1317 Grímsey	ST	2	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	20000	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	3300	0	0	0	0	75000	0	2700
	Mismunur			0	0	0	0	-3300	0	0	0	0	-55000	0	-2700
1318 Bjarmi	BA	326	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			67667	0	0	0	0	82700	0	0	0	0	20000	0
	Flutningur frá			79000	0	0	933	3097	0	0	0	0	169667	200000	0
	Mismunur			-11333	0	0	-933	-3097	82700	0	0	0	-169667	-180000	0
1319 Gunni	RE	51	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			34708	0	0	0	0	6043	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	5024	0	4174	1215	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			34708	-5024	0	-4174	-1215	6043	0	0	0	0	0	0
1320 Leó	VE	400	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2323	31035	1000	0	0	500	0	0	0	0	0	3870
	Flutningur frá			800	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1523	29035	1000	0	0	500	0	0	0	0	0	3870
1321 Jóhannes Ívar	ÍS	193	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			79366	0	0	0	3097	0	0	0	0	19855	0	0
	Flutningur frá			0	48730	26000	15101	0	1577	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			79366	-48730	-26000	-15101	3097	-1577	0	0	0	19855	0	0
1322 Haförn	GK	142	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			21572	8850	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			809	1762	5511	348	25	26	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20763	7088	-511	-348	-25	-26	0	0	0	0	0	0

1324 Bjarni Gíslason	SF	90	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			276879	0	55000	5285	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4798	178369	67055	7282	1348	3471	1386	0	28853	0	0	0
	Mismunur			272081	-178369	-12055	-1997	-1348	-3471	-1386	0	-28853	0	0	0
1325 Jón Vídalín	ÁR	1	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	140000	71000	316500	31992	2100	0	0	0	624	0	0
	Flutningur frá			397443	256275	539343	760572	508505	5679	0	0	0	53434	0	0
	Mismunur			-377443	-116275	-468343	-444072	-476513	-3579	0	0	0	-52810	0	0
1326 Stálvík	SI	1	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			32000	0	0	0	0	0	0	0	0	873304	0	0
	Flutningur frá			519836	260881	281525	344448	192790	10000	0	0	0	106737	0	0
	Mismunur			-487836	-260881	-281525	-344448	-192790	-10000	0	0	0	766567	0	0
1327 Framnes	ÍS	708	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			314120	30000	42000	74548	58000	0	0	0	0	306624	0	0
	Flutningur frá			331657	2560	0	70000	256880	0	0	0	0	285000	0	0
	Mismunur			-17537	27440	42000	4548	-198880	0	0	0	0	21624	0	0
1328 Snorri Sturluson	RE	219	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			44000	0	0	407781	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	133272	450000	566000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			44000	-133272	-450000	-158219	0	0	0	0	0	0	0	0
1329 Arnfirðingur	BA	21	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2146	964	0	0	0	2266	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20500	7000	0	0	0	18000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18354	-6036	0	0	0	-15734	0	0	0	0	0	0
1331 Margrét	HF	148	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			840	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27363	18229	6281	1782	3371	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-26523	-18229	-6281	-1782	-3371	0	0	0	0	0	0	0

1337 Skafti	SK	3	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			49563	947161	43745	509839	275806	49718	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			209615	50000	35000	0	0	24000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-160052	897161	8745	509839	275806	25718	0	0	0	0	0	0
1342 Sveinn Jónsson	KE	9	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	204107	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	70000	4450	160000	10226	0	0	0	0	100266	0	0
	Mismunur			0	-70000	-4450	44107	-10226	0	0	0	0	-100266	0	0
1343 Garðar II	SF	164	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			175407	154249	191965	28350	1646	35216	0	0	742	319233	0	0
	Flutningur frá			279133	8100	30000	32184	146	7000	2772	0	0	57860	0	0
	Mismunur			-103726	146149	161965	-3834	1500	28216	-2772	0	742	261373	0	0
1344 Gissur hvíti	ÍS	114	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8156	14229	0	0	0	40	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-26844	14229	0	0	0	40	0	0	0	0	0	0
1345 Freri	RE	73	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	13500	0	100000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	0	4100	0	215000	1545	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5000	13500	-4100	100000	-215000	-1545	0	0	0	0	0	0
1346 Hólmanes	SU	1	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			118584	460268	160000	152808	52994	0	0	0	0	60000	0	0
	Flutningur frá			50000	1000	0	115000	79000	0	0	0	0	60000	0	0
	Mismunur			68584	459268	160000	37808	-26006	0	0	0	0	0	0	0
1347 Jón Vídalín II	ÁR	101	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			15431	0	0	614	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			15431	0	0	614	0	0	0	0	0	0	0	0
1348 Eyvindur Vopni	NS	70	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	26891	160000	249692	130311	0	2772	5382	0	0	0	0
	Flutningur frá			268000	52891	0	0	0	38773	577	6593	0	0	0	0
	Mismunur			-268000	-26000	160000	249692	130311	-38773	2195	-1211	0	0	0	0
1349 Sigluvík	SI	2	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	664212	0	0
	Flutningur frá			480211	109119	244814	326694	193763	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-480211	-109119	-244814	-326694	-193763	0	0	0	0	664212	0	0
1350 Hafborg	SI	4	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4226	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	0	0	2000	487	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12774	0	0	-2000	-487	0	0	0	0	0	0	0
1351 Sléttbakur	EA	304	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	121643	0	35000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	45000	0	102500	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	76643	0	-67500	0	0	0	0	0	0	0	0
1353 Viðar	ÞH	17	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			79055	0	0	290	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	5407	8000	6500	1407	85	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			75055	-5407	-8000	-6210	-1407	-85	0	0	0	0	0	0
1354 Skálavík	SH	208	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			17000	0	0	0	0	129500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	15000	0	10000	1158	50000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-15000	0	-10000	-1158	79500	0	0	0	0	0	0
1357 Níels Jónsson	EA	106	Hauganes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5836	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	6600	14728	7000	2345	1500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5836	-6600	-14728	-7000	-2345	-1500	0	0	0	0	0	0
1359 Sólborg	RE	270	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			272486	52888	131740	4044	10300	5804	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			100700	87214	298047	0	10132	25500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			171786	-34326	-166307	4044	168	-19696	0	0	0	0	0	0
1360 Engey	RE	1	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	22517	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	22517	0	0	0	0	0	0	0
1365 Viðey	RE	6	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	100000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			27000	-100000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1369 Akureyrin	EA	110	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	53000	0	0	0	0	0	114006	0	0
	Flutningur frá			70000	100000	72730	10000	177000	0	0	0	0	507109	0	0
	Mismunur			-70000	-100000	-72730	43000	-177000	0	0	0	0	-393103	0	0
1371 Guðfinnur	KE	19	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			357866	571	1411	3167	465	2803	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			54800	43356	30000	4000	0	0	0	0	0	0	0	33000
	Mismunur			303066	-42785	-28589	-833	465	2803	0	0	0	0	0	-33000
1373 Ársæll Sigurðsson	HF	80	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			401229	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	40820	7913	8032	2310	3845	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			401229	-40820	-7913	-8032	-2310	-3845	0	0	0	0	0	0
1376 Viðir	EA	910	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	14120	0	0	0	0	843326	0	0
	Mismunur			0	0	0	50000	-14120	0	0	0	0	-843326	0	0
1379 Haförn	EA	955	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	792874	0	0
	Flutningur frá			35465	13000	2500	930	0	5290	0	0	0	2773	0	0

	Mismunur			-35465	-13000	-2500	-930	0	-5290	0	0	0	790101	0	0
1380 Hafey	ÓF	5	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	4818	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	4818	0	0	0	0	0	0
1381 Gunnar Sigurðsson	ÍS	13	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
1383 Skutull	ÍS	180	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	24314	0	0	0	0	201763	0	0
	Flutningur frá			20145	15710	0	0	149603	30000	0	0	0	155000	0	0
	Mismunur			-20145	-15710	0	0	-125289	-30000	0	0	0	46763	0	0
1390 Jón Guðmundsson	ÍS	75	Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	9921	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	7600	1900	2000	655	426	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	2321	-1900	-2000	-655	-426	0	0	0	0	0	0
1395 Kaldbakur	EA	301	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			215220	138038	598	120325	51394	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15443	0	0	0	37500	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			199777	138038	598	120325	13894	0	0	0	0	0	0	0
1396 Gunnvör	ST	39	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22500	8000	869	0	0	28	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-22500	-8000	-869	0	0	-28	0	0	0	0	0	0
1397 Sólberg	ÓF	12	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			109000	2060	1000	24600	417	2000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			496062	0	75000	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-387062	2060	-74000	24600	417	-8000	0	0	0	0	0	0

1399 Haukaberg	SH	20	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			120872	0	0	0	0	0	0	0	0	47600	72421	0
	Flutningur frá			0	67304	0	11000	0	0	0	0	0	84000	39000	0
	Mismunur			120872	-67304	0	-11000	0	0	0	0	0	-36400	33421	0

1401 Gullberg	VE	292	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	8291	0	0	0	0	1539	0	0	150964	0	0
	Flutningur frá			72571	67261	49000	7143	774	5500	22	0	0	150000	0	0
	Mismunur			-72571	-58970	-49000	-7143	-774	-5500	1517	0	0	964	0	0

1403 Valur	ÍS	420	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	396184	0	0
	Mismunur			6000	0	0	0	0	0	0	0	0	-396184	0	0

1407 Siglfirðingur	SI	150	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			80384	1233	1371	1445	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			755384	210300	200000	62903	139507	11718	0	0	0	173700	0	0
	Mismunur			-675000	-209067	-198629	-61458	-139507	-11718	0	0	0	-173700	0	0

1408 Runólfur	SH	135	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	441778	79000	70000	116974	29013	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			33000	21000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-8000	420778	79000	70000	116974	29013	0	0	0	0	0	0

1410 Dagrún	ÍS	9	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			192881	71440	146943	34245	8965	7768	0	0	0	1190861	0	0
	Flutningur frá			837500	345000	250000	530000	258575	39500	0	0	0	600914	0	0
	Mismunur			-644619	-273560	-103057	-495755	-249610	-31732	0	0	0	589947	0	0

1411 Huginn	VE	55	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7738	0	0	0	0	0	0	0	0	172821	0	0
	Flutningur frá			38689	30460	115481	23406	3097	3316	1386	0	0	198642	0	0
	Mismunur			-30951	-30460	-115481	-23406	-3097	-3316	-1386	0	0	-25821	0	0

1412 Harðbakur	EA	303	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	115185	0	19700	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	12000	0	241505	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20000	115185	-12000	19700	-241505	0	0	0	0	0	0	0
1413 Höfrungur	AK	91	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	19	1250	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	-19	-1250	0	0	0	0
1414 Gulltoppur	ÁR	321	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			232000	0	0	1798	1117	7227	0	0	2771	0	0	0
	Flutningur frá			1000	0	0	5598	3137	14373	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			231000	0	0	-3800	-2020	-7146	0	0	2771	0	0	0
1415 Hafdís	SF	75	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			632480	0	265000	0	360	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			63432	53987	4650	67921	5909	7987	0	0	9794	15000	0	0
	Mismunur			569048	-53987	260350	-67921	-5549	-7987	0	0	-9794	-15000	0	0
1416 Arney	KE	50	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			50000	0	0	0	0	0	4439	9093	0	0	0	0
	Flutningur frá			218863	76845	160000	18101	5332	2900	0	0	0	174000	0	0
	Mismunur			-168863	-76845	-160000	-18101	-5332	-2900	4439	9093	0	-174000	0	0
1417 Naustavík	EA	151	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			39906	124	145	168	48	31	0	0	0	60000	0	0
	Flutningur frá			119172	8715	14037	7392	2069	1354	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-79266	-8591	-13892	-7224	-2021	-1323	0	0	0	60000	0	0
1419 Bjargey	EA	79	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			54000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-54000	0	-30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1420 Kristey	ÞH	25	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-23000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1423 Árni Jóns	BA	1	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10000	0	0	0	0	79738	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	3000	0	4296	1219	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			10000	-3000	0	-4296	-1219	79738	0	0	0	0	0	0
1424 Þórsnes II	SH	109	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			45894	11697	6	0	0	2500	0	0	0	249037	40000	0
	Flutningur frá			15168	1606	28644	0	0	9292	1386	0	0	0	432088	0
	Mismunur			30726	10091	-28638	0	0	-6792	-1386	0	0	249037	-392088	0
1426 Hvanney	SF	51	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1345238	78227	355000	0	0	220362	6237	0	6924	0	0	0
	Flutningur frá			2123265	321319	489913	43754	7357	196008	10454	0	42764	0	0	0
	Mismunur			-778027	-243092	-134913	-43754	-7357	24354	-4217	0	-35840	0	0	0
1427 Jonna	SF	12	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			82527	107930	66325	9927	12855	127872	0	0	9354	0	0	0
	Flutningur frá			35702	80000	53000	9893	12855	60148	0	0	7794	50000	0	67315
	Mismunur			46825	27930	13325	34	0	67724	0	0	1560	-50000	0	-67315
1428 Dagný	ÍS	34	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
	Flutningur frá			18000	1671	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	-1671	0	0	0	0	0	0	0	0	0	15000
1429 Driffell	BA	102	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7963	1126	673	0	0	1519	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7963	-1126	-673	0	0	-1519	0	0	0	0	0	0
1431 Herjólfur Jónsson	GK	258	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			28150	5232	0	150	0	1150	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			9600	0	0	3447	647	499	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			18550	5232	0	-3297	-647	651	0	0	0	0	0	0
1432 Von	ÞH	54	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	3000	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2000	3000	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
1433 Dala Rafn	VE	508	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			41501	361571	369156	753677	85	2105	0	0	0	2307	0	0
	Flutningur frá			218488	226000	227700	0	60000	29300	1386	0	0	2307	0	0
	Mismunur			-176987	135571	141456	753677	-59915	-27195	-1386	0	0	0	0	0
1434 Ásdís	ST	37	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	50000	0	33658
	Flutningur frá			65000	20000	9000	0	0	38063	0	0	0	86000	0	0
	Mismunur			-65000	-20000	-9000	0	0	-38063	0	0	0	-36000	0	33658
1435 Haraldur Böðvarsson	AK	12	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			280798	169102	238120	504668	337355	7600	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1442	13954	7522	303	0	1717	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			279356	155148	230598	504365	337355	5883	0	0	0	0	0	0
1436 Snæbjörg	ÓF	4	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			41646	0	0	70000	50000	20220	0	0	0	94150	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	70000	0	0	0	0	0	64940	0	0
	Mismunur			41646	0	0	0	50000	20220	0	0	0	29210	0	0
1438 Haförn	KE	14	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			21000	95500	22895	842	0	7500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	4000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			21000	95500	22895	842	0	3500	0	0	0	0	0	0
1440 Halldór Sigurðsson	ÍS	14	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3901	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			55000	1974	0	228	65	794	0	0	0	2523	0	0

	Mismunur			-51099	-1974	0	-228	-65	-794	0	0	0	-2523	0	0
1445 Fanney	ÞH	130	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31169	1762	5511	682	25	26	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			44869	21762	5511	1465	25	2026	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13700	-20000	0	-783	0	-2000	0	0	0	0	0	0
1451 Stefnir	ÍS	28	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	67000	399720	48000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	12000	0	0	65000	0	0	0	0	3850	0	0
	Mismunur			25000	55000	399720	48000	-65000	0	0	0	0	-3850	0	0
1452 Guðrún Jónsdóttir	ÓF	27	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10500	10000	0	2376	1823	195801	0	0	0	252366	0	0
	Flutningur frá			24255	2500	1500	3757	3370	750	0	0	0	301000	0	0
	Mismunur			-13755	7500	-1500	-1381	-1547	195051	0	0	0	-48634	0	0
1453 Jón Björn	NK	111	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12849	62800	160	36	0	34042	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	8612	543	0	0	27566	0	0	0	0	0	90000
	Mismunur			12849	54188	-383	36	0	6476	0	0	0	0	0	-90000
1458 Ársæll	SH	88	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			205739	51176	5914	19417	0	19833	0	0	0	109522	60000	0
	Flutningur frá			175900	99861	23170	34850	0	35814	0	0	0	216500	0	0
	Mismunur			29839	-48685	-17256	-15433	0	-15981	0	0	0	-106978	60000	0
1459 Breki	VE	61	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10700	0	0	45000	264	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			355	193300	98000	26505	15000	15000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			10345	-193300	-98000	18495	-14736	-15000	0	0	0	0	0	0
1462 Þórunn Havsteen	ÞH	40	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			84798	184503	126228	22617	4360	9471	0	0	0	395342	0	0
	Flutningur frá			23264	258249	410965	51350	4146	5216	0	0	0	200000	0	0
	Mismunur			61534	-73746	-284737	-28733	214	4255	0	0	0	195342	0	0

1463	Manni á Stað	NK	44	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			11167	2800	60	0	0	23200	0	0	0	0	0	0
		Flutningur frá			133534	0	0	2258	0	482	0	0	0	2522	0	0
		Mismunur			-122367	2800	60	-2258	0	22718	0	0	0	-2522	0	0
1464	Vestri	BA	63	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			9500	0	0	0	0	138086	0	0	0	0	0	0
		Flutningur frá			5000	24800	0	10266	2913	0	0	0	0	0	0	0
		Mismunur			4500	-24800	0	-10266	-2913	138086	0	0	0	0	0	0
1468	Reykjaborg	RE	25	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			34500	17727	2600	48	0	15000	0	0	0	0	0	0
		Flutningur frá			0	17727	0	0	655	189500	0	0	0	0	0	0
		Mismunur			34500	0	2600	48	-655	-174500	0	0	0	0	0	0
1470	Hafsúla	ÍS	741	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			30000	10000	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	2700
		Flutningur frá			18569	2694	1993	0	0	1600	0	0	0	2524	0	0
		Mismunur			11431	7306	-1993	0	0	8400	0	0	0	-2524	0	2700
1471	Ólafur Jónsson	GK	404	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			1459	0	0	23180	1315	0	0	0	0	0	0	0
		Flutningur frá			25000	273000	150000	33713	166000	10000	0	0	0	0	0	0
		Mismunur			-23541	-273000	-150000	-10533	-164685	-10000	0	0	0	0	0	0
1472	Klakkur	SH	510	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			175900	159289	62292	43351	0	48314	0	0	0	215500	242800	0
		Flutningur frá			281957	84461	83170	104250	3200	34314	0	0	0	215500	210000	0
		Mismunur			-106057	74828	-20878	-60899	-3200	14000	0	0	0	0	32800	0
1473	Hringur	SH	135	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
		Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	420672	0	0
		Flutningur frá			405094	8829	2515	62358	600129	56	0	0	0	26733	0	0
		Mismunur			-405094	-8829	-2515	-62358	-600129	-56	0	0	0	393939	0	0

1475 Eyvindur	KE	37	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12585	63037	7000	0	0	20211	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	2600	0	0	25000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			12585	63037	4400	0	0	-4789	0	0	0	0	0	0
1476 Björgúlfur	EA	312	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			70532	0	130000	44026	546434	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1646099	137474	101914	109253	10000	9065	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1575567	-137474	28086	-65227	536434	-9065	0	0	0	0	0	0
1478 Bergey	VE	544	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3000	0	0	79253	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	15000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3000	-15000	0	79253	0	0	0	0	0	0	0	0
1481 Eldeyjar Súla	KE	20	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			297596	143582	792761	854501	33342	32160	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			21402	0	0	88600	34114	35000	0	0	0	24574	0	0
	Mismunur			276194	143582	792761	765901	-772	-2840	0	0	0	-24574	0	0
1484 Margrét	EA	710	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	0	8200	4000	0	0	0	0	0	162015	0	0
	Mismunur			-4000	0	-8200	-4000	0	0	0	0	0	-162015	0	0
1487 Ásbjörg	ST	9	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			702	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	33657
	Flutningur frá			65000	14000	0	2700	5300	0	0	0	0	151000	0	0
	Mismunur			-64298	-14000	0	-2700	-5300	0	0	0	0	-151000	0	33657
1489 Anný	SU	71	Mjóifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	5000	3000	1194	339	9000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	-5000	2000	-1194	-339	-9000	0	0	0	0	0	0
1491 Pétur Þór	BA	44	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			20000	9928	2605	3732	1452	6327	0	0	0	0	0	21172
	Flutningur frá			62225	14428	4500	5740	2000	14594	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-42225	-4500	-1895	-2008	-548	-8267	0	0	0	0	0	21172
1493 Smári	BA	231	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	2199	2173	2435	687	3263	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14000	-2199	-2173	-2435	-687	-3263	0	0	0	0	0	0
1497 Kambaröst	SU	200	Stöðvarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			58890	20883	241939	81282	2293	416	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			71016	124327	0	0	0	52	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12126	-103444	241939	81282	2293	364	0	0	0	0	0	0
1499 Sæljón	RE	19	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	53200	6987	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	70000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	53200	6987	0	0	-70000	0	0	0	0	0	0
1500 Sindri	RE	46	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	10287	0	0	0	2000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			6500	-10287	0	0	0	-2000	0	0	0	0	0	0
1501 Þórshamar	GK	75	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	5028	0	0	43000	0	0
	Flutningur frá			17212	49040	17189	22403	3097	638	0	1000	0	43945	0	0
	Mismunur			-17212	-49040	-17189	-22403	-3097	-638	5028	-1000	0	-945	0	0
1502 Páll Helgi	ÍS	142	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			120000	15000	0	0	0	23620	0	0	0	0	0	20000
	Flutningur frá			100000	6000	1088	1263	358	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20000	9000	-1088	-1263	-358	23620	0	0	0	0	0	20000
1504 Bjarni Ólafsson	AK	70	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0

	Flutningur frá			16900	0	0	0	27819	0	0	0	0	220000	0	0
	Mismunur			-16900	0	0	0	-27819	0	0	2500	0	-220000	0	0
1506 Heiðrún	ÍS	4	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			119977	76539	0	0	8554	1232	1386	0	0	822525	0	0
	Flutningur frá			518410	306556	133571	161573	150000	43941	1386	0	0	184205	0	0
	Mismunur			-398433	-230017	-133571	-161573	-141446	-42709	0	0	0	638320	0	0
1508 Björg Jónsdóttir	ÞH	321	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	5217	1481	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			381041	322727	505712	344073	275295	10847	119	0	0	113994	0	0
	Mismunur			-381041	-322727	-505712	-338856	-273814	-10847	-119	0	0	-113994	0	0
1509 Ásbjörn	RE	50	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			42241	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1000	0	0	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			41241	0	0	0	0	-11000	0	0	0	0	0	0
1511 Sandvík II	SK	189	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	5500	9000	0	0	6500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-35000	-5500	-9000	0	0	-6500	0	0	0	0	0	0
1512 Grindvíkingur	GK	606	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	315	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			206325	0	0	43000	0	0	0	0	0	250000	0	0
	Mismunur			-206325	0	0	-43000	0	0	315	0	0	-250000	0	0
1514 Hjalteyrin	EA	310	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			81000	0	0	0	0	0	0	0	0	323000	0	0
	Flutningur frá			0	0	9000	412500	0	0	0	0	0	2987	0	0
	Mismunur			81000	0	-9000	-412500	0	0	0	0	0	320013	0	0
1516 Sæljón	NS	205	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4391	5000	0	0	0	8991	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4211	1172	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			180	3828	0	0	0	8991	0	0	0	0	0	0
1523 Gaui Gamli	VE	6	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3966	0	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3966	0	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1524 Ingimar Magnússon	ÍS	650	Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	48000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	4500	4500	1497	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	48000	-4500	-4500	-1497	0	0	0	0	0	0	0
1525 Hólmaborg	SU	11	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2500	0	0	36518	0	0	1386	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2500	0	0	36518	0	0	0	0	0	463023	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	1386	0	0	-463023	0	0
1527 Brimnes	BA	800	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			68800	0	0	0	0	56500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	30000	0	10905	1770	4000	0	0	0	3600	0	0
	Mismunur			68800	-30000	0	-10905	-1770	52500	0	0	0	-3600	0	0
1530 Sigurbjörg	ÓF	1	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			115000	23000	0	180000	95000	2330	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4369	0	0	225000	100000	0	0	0	0	112000	0	0
	Mismunur			110631	23000	0	-45000	-5000	2330	0	0	0	-112000	0	0
1533 Vigur	SU	60	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			18500	9337	0	0	0	20268	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	9000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			18500	9337	0	0	0	11268	0	0	0	0	0	0
1535 Dögg	SU	129	Reyðarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			840	4500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5160	4500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

1536 Barði	NK	120	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7000	0	0	100000	50000	3165	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1000	0	0	100000	50000	3165	0	0	0	0	0	0
1537 Byr	ÍS	184	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			13697	3779	500	150	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5468	350	409	474	135	88	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			8229	3429	91	-324	-135	-88	0	0	0	0	0	0
1538 Óxarnúpur	ÞH	162	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	88955	0	0
	Flutningur frá			80555	74800	3353	29622	0	0	0	0	0	392640	0	0
	Mismunur			-80555	-74800	-3353	-29622	0	0	0	0	0	-303685	0	0
1540 Eyrún	ÞH	268	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	217	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4072	277	132	374	106	69	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4072	-277	-132	-374	-106	148	0	0	0	0	0	0
1543 Hilmir	ST	1	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10100	0	0	0	2400	0	0	0	0	35000	0	0
	Mismunur			-10100	0	0	0	-2400	0	0	0	0	-35000	0	0
1544 Viggó	SI	32	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3745	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12000	1233	1371	1445	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-8255	-1233	-1371	-1445	0	0	0	0	0	0	0	0
1546 Særós	RE	207	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			79000	0	0	0	0	0	0	0	1700	0	0	0
	Flutningur frá			10000	17400	0	2000	916	800	0	0	996	0	0	0
	Mismunur			69000	-17400	0	-2000	-916	-800	0	0	704	0	0	0

1547 Stapavík	AK	132	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1700	5000	0	0	0	137840	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			30000	0	0	7081	2000	7600	0	0	0	5044	0	0
	Mismunur			-28300	5000	0	-7081	-2000	130240	0	0	0	-5044	0	0
1552 Már	SH	127	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			334857	48371	108162	136000	25000	0	0	0	0	277856	0	0
	Flutningur frá			342976	112795	174728	115000	200025	5800	0	0	0	695725	0	0
	Mismunur			-8119	-64424	-66566	21000	-175025	-5800	0	0	0	-417869	0	0
1553 Jón Baldvinsson	RE	208	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			237078	659421	648820	62818	122317	2188	0	0	0	700000	0	0
	Flutningur frá			0	435000	672000	0	200000	0	0	0	0	700000	0	0
	Mismunur			237078	224421	-23180	62818	-77683	2188	0	0	0	0	0	0
1555 Gríma Sól	KÓ	10	Kópavogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1556 Arnarnúpur	ÞH	272	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	849	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			60734	6703	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-60734	-6703	0	0	-50000	849	0	0	0	0	0	0
1562 Jón Á Hofi	ÁR	62	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26000	240000	0	2134	0	118354	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			195943	171670	312252	861	0	216800	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-169943	68330	-312252	1273	0	-98446	0	0	0	0	0	0
1563 Litli Jón	KE	201	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4574	4000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	1278	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4574	4000	722	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1567 Hólmatindur	SU	220	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	63000	1011266	36592	1041	84914	0	0	0	24000	0	0
	Flutningur frá			70046	0	0	136387	41247	0	0	0	0	190032	0	0
	Mismunur			-70046	63000	1011266	-99795	-40206	84914	0	0	0	-166032	0	0
1568 Högni	NS	10	Borgarfjörður Eystri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			18000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	7766	2723	2421	687	82	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1000	-7766	-2723	-2421	-687	-82	0	0	0	0	0	0
1570 Sæunn	ÓF	7	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			85255	1605	1801	674	191	124	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			180587	0	0	8270	2335	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-95332	1605	1801	-7596	-2144	124	0	0	0	0	0	0
1572 Helga Péturs	GK	478	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1111	0	214	530	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1111	0	-214	-530	0	0	0	0	0	0	0	0
1575 Njáll	RE	275	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			21946	24000	0	0	0	2093	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			28864	10000	0	0	0	111091	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6918	14000	0	0	0	-108998	0	0	0	0	0	0
1576 Kolbeinsey	ÞH	10	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			120716	10555	6266	107579	121424	858	0	0	0	25000	0	0
	Flutningur frá			524346	373800	515000	233000	0	88427	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-403630	-363245	-508734	-125421	121424	-87569	0	0	0	25000	0	0
1578 Ottó N. Þorláksson	RE	203	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			127639	109119	427128	537182	238564	0	0	0	0	1350000	0	0
	Flutningur frá			0	0	300000	0	0	0	0	0	0	1350000	0	0
	Mismunur			127639	109119	127128	537182	238564	0	0	0	0	0	0	0
1579 Gnúpur	GK	11	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			381180	135322	225900	1034215	665767	0	0	0	0	1588	0	0

	Flutningur frá			552787	200000	442300	304000	0	10200	0	0	0	168712	0	0
	Mismunur			-171607	-64678	-216400	730215	665767	-10200	0	0	0	-167124	0	0
1581 Berghildur	SK	137	Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16365	3096	0	0	0	33500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			652	1379	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			15713	1717	0	0	0	33500	0	0	0	0	0	0
1582 Aldan	GK	71	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			366	2048	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1634	952	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1583 Tjaldur	ÍS	6	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	4578	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10086	0	0	1106	314	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10086	4578	0	-1106	-314	0	0	0	0	0	0	0
1585 Sturlaugur H. Böðvarss	AK	10	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			200000	134000	240000	211404	681	10847	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	10870	0	38000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			200000	123130	240000	173404	681	10847	0	0	0	0	0	0
1587 Hafborg	KE	12	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			488000	11000	0	4900	0	1065	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			436479	17732	0	4672	0	11225	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			51521	-6732	0	228	0	-10160	0	0	0	0	0	0
1590 Freyja	VE	260	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1580	1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1580	1000	3000	-1000	0	0	0	0	0	0	0	0
1591 Núpur	BA	69	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			155617	21234	2466	16747	4093	318	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	10000	50000	89247	20709	26550	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			155617	11234	-47534	-72500	-16616	-26232	0	0	0	0	0	0
1595 Frár	VE	78	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26018	34235	135156	17043	85	2105	0	0	0	2307	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	40273	0	0	0	2307	0	0
	Mismunur			26018	34235	135156	17043	85	-38168	0	0	0	0	0	0
1598 Örvar	HU	21	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			191122	0	0	479775	160226	0	0	0	0	584628	0	0
	Flutningur frá			0	32000	0	236000	132000	88257	0	0	0	1221838	0	0
	Mismunur			191122	-32000	0	243775	28226	-88257	0	0	0	-637210	0	0
1600 Guðbjörg Sigríður	GK	63	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	60	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	60	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1603 Sunnutindur	SU	59	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			37990	28929	0	49807	402403	2009	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			913709	685532	403280	206024	0	20712	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-875719	-656603	-403280	-156217	402403	-18703	0	0	0	0	0	0
1606 Mundi Á Bakka	HF	62	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3570	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			156	852	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-156	2718	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1608 Lómur	HF	177	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			567184	160602	150687	55000	0	19000	0	0	0	311625	0	0
	Flutningur frá			104600	0	0	15979	2666	0	0	0	0	514000	0	0
	Mismunur			462584	160602	150687	39021	-2666	19000	0	0	0	-202375	0	0
1609 Stakfell	ÞH	360	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			80475	85635	119649	152399	45173	7791	0	0	0	237378	0	0
	Flutningur frá			594784	206321	248161	443407	280358	33914	0	0	0	60000	0	0
	Mismunur			-514309	-120686	-128512	-291008	-235185	-26123	0	0	0	177378	0	0

1610 Ísleifur	VE	63	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	3487	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	72500	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	3487	0	0	-72500	0	0
1611 Egill	BA	468	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			99100	62699	4673	2435	687	103758	0	0	0	65700	0	0
	Flutningur frá			0	45500	18973	11662	4766	0	0	0	0	65700	0	0
	Mismunur			99100	17199	-14300	-9227	-4079	103758	0	0	0	0	0	0
1612 Sturla	GK	12	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			98620	230000	100000	97590	0	1483	0	0	0	25000	0	0
	Flutningur frá			180	14678	4300	0	20518	0	0	0	0	1588	0	0
	Mismunur			98440	215322	95700	97590	-20518	1483	0	0	0	23412	0	0
1618 Sædís	EA	26	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			30300	19455	39800	250	0	3100	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	5455	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			30300	14000	39800	250	0	3100	0	0	0	0	0	0
1621 Særún	AK	120	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5564	3745	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	5000	0	3419	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4436	-1255	0	-3419	0	0	0	0	0	0	0	0
1622 Smáey	VE	144	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			213482	74548	23231	149306	85	33314	0	0	0	35333	0	0
	Flutningur frá			54241	57000	0	0	0	90671	0	0	0	198560	0	0
	Mismunur			159241	17548	23231	149306	85	-57357	0	0	0	-163227	0	0
1628 Sléttanes	ÍS	808	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1946	0	799	810	218504	13626	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			269042	40000	150000	60000	0	19248	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-267096	-40000	-149201	-59190	218504	-5622	0	0	0	0	0	0

1629 Farsæll	SH	30	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			175900	67461	23170	33794	0	24314	0	0	0	251900	33000	0
	Flutningur frá			86131	43414	343886	8470	2631	19195	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			89769	24047	-320716	25324	-2631	5119	0	0	0	251900	33000	0
1631 Vörðufell	GK	205	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			78227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	12317	0	4000	0	3000	0	0	0	0	0	30639
	Mismunur			73227	-12317	0	-4000	0	-3000	0	0	0	0	0	-30639
1634 Hólmadrangur	ST	70	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			9764	0	0	130000	0	0	0	0	0	310544	0	0
	Flutningur frá			505544	86000	123000	300000	261000	1000	0	0	0	805689	0	0
	Mismunur			-495780	-86000	-123000	-170000	-261000	-1000	0	0	0	-495145	0	0
1636 Farsæll	GK	162	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22575	84756	0	0	0	32000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11370	0	0	0	0	40000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11205	84756	0	0	0	-8000	0	0	0	0	0	0
1637 Ebbi	AK	37	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11982	49816	2818	303	0	116	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	75743	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11982	-25927	2818	303	0	116	0	0	0	0	0	0
1639 Dalaröst	ÁR	63	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	25500	0	0	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	96400	0	0	14428	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	25500	0	-96400	0	0	-9428	0	0	0
1640 Gyllir	ÍS	261	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			117804	39228	9139	7965	123088	86634	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			63925	0	431441	28000	88445	106700	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			53879	39228	-422302	-20035	34643	-20066	0	0	0	0	0	0
1641 Eva	SH	311	Arnarstapi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			5500	5000	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3701	4989	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1799	11	0	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
1642 Sigrún	GK	380	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26515	0	40000	5000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	10000	40000	9900	1288	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			26515	-10000	0	-4900	-1288	0	0	0	0	0	0	0
1644 Stakkur	ÍS	42	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9870	15000	8224	0	0	3200	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7070	-15000	-8224	0	0	-3200	0	0	0	0	0	0
1645 Þuríður Halldórsdóttir	GK	94	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			72000	170352	177234	1108	0	30000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			548845	154700	65865	63921	18290	172454	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-476845	15652	111369	-62813	-18290	-142454	0	0	0	0	0	0
1650 Þingey	ÞH	51	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	0	0	873	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	0	0	-873	0	0	0	0	0	0	0	0
1652 Álsey	VE	502	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			129582	40740	0	75000	0	18000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			220000	48500	115000	0	0	38000	0	0	2535	0	0	0
	Mismunur			-90418	-7760	-115000	75000	0	-20000	0	0	-2535	0	0	0
1661 Gullver	NS	12	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			170049	697091	263119	312202	55238	1538	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			38000	0	2000	0	0	7687	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			132049	697091	261119	312202	55238	-6149	0	0	0	0	0	0
1664 Emma	VE	219	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	10000	0	0	0	362646	0	0

	Flutningur frá			36739	50000	0	0	0	14000	0	0	3800	0	0	0
	Mismunur			-36739	-50000	0	0	0	-4000	0	0	-3800	362646	0	0
1666 Enok	AK	8	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	0	0	5217	1481	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-20000	27000	0	-5217	-1481	0	0	0	0	0	0	0
1671 Dísa	NK	51	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			900	1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11000	0	0	1479	420	273	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10100	1500	0	-1479	-420	-273	0	0	0	0	0	0
1674 Sóley	SH	124	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			149000	62910	150330	25000	0	29400	0	0	1219	0	0	0
	Flutningur frá			2500	0	0	0	6000	0	0	0	7884	241284	0	0
	Mismunur			146500	62910	150330	25000	-6000	29400	0	0	-6665	-241284	0	0
1675 Emma II	SI	164	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2300	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			32000	0	0	3039	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-29700	0	0	-3039	0	0	0	0	0	0	0	0
1679 Öngull	RE	250	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			150000	109819	264666	103168	420000	2750	0	0	0	200000	0	0
	Flutningur frá			163299	172663	324275	150849	484598	2953	0	0	0	456145	0	0
	Mismunur			-13299	-62844	-59609	-47681	-64598	-203	0	0	0	-256145	0	0
1684 Flatey	AK	54	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1662	179	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12338	-19821	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1686 Gunnbjörn	ÍS	302	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			138016	50000	89209	0	0	73709	0	0	0	0	0	16000
	Flutningur frá			16049	36115	13315	0	756	34230	0	0	0	282455	0	0

	Mismunur			121967	13885	75894	0	-756	39479	0	0	0	-282455	0	16000
1687 María	ÞH	41	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	5409	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2450	171	199	231	66	179	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2450	-171	-199	-231	-66	5230	0	0	0	0	0	0
1688 Sóley	ÞH	349	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			17000	13000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20500	3000	1500	1500	581	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3500	10000	-1500	-1500	-581	0	0	0	0	0	0	0
1730 Dýrfirðingur	ÍS	58	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12008	11550	0	0	0	248	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1747	10260	0	0	51	500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			10261	1290	0	0	-51	-252	0	0	0	0	0	0
1733 Jörundur Bjarnason	BA	10	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	8155	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5000	8155	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1734 Leiftur	SK	136	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	0	0	0	0	1200	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5500	341	990	474	131	85	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4500	-341	-990	-474	-131	1115	0	0	0	0	0	0
1735 Árvík	RE	260	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1738 Hafnarey	SF	36	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			161269	136440	50000	0	0	31500	0	0	6000	0	0	0
	Flutningur frá			5000	10000	0	5285	0	0	0	0	2434	70892	0	0
	Mismunur			156269	126440	50000	-5285	0	31500	0	0	3566	-70892	0	0

1739 Sléttunúpur	ÞH	270	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	200000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	127282	0	0
	Mismunur			0	0	0	200000	0	0	0	0	0	-127282	0	0
1742 Hersir	ÁR	4	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	650	0	1500	0	0	0	0	300000	0	0
	Flutningur frá			65000	19000	20000	5000	19000	0	0	12180	0	0	0	0
	Mismunur			-65000	-19000	-19350	-5000	-17500	0	0	-12180	0	300000	0	0
1743 Sigurfari	GK	138	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			197959	88475	618698	4050	120	1296	0	0	0	30000	0	0
	Flutningur frá			0	47272	0	15268	0	15000	0	0	0	30000	0	0
	Mismunur			197959	41203	618698	-11218	120	-13704	0	0	0	0	0	0
1744 Þytur	AK	19	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6000	10624	279	261	74	48	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6000	-10624	-279	-261	-74	-48	0	0	0	0	0	0
1745 Hrefna	HF	90	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	10000	0	0	0	1919	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	10000	0	0	0	1919	0	0	0	0	0	0
1750 Vinur	ÞH	73	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			24800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			24800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1751 Hásteinn	ÁR	8	Stokkseyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			320657	40000	0	25000	0	17500	0	0	8410	0	0	0
	Flutningur frá			9500	40000	0	34100	730	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			311157	0	0	-9100	-730	17500	0	0	8410	0	0	0

1752 Gissur	ÁR	6	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	1266	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			59000	21000	650	73000	13500	2100	0	0	0	350000	0	0
	Mismunur			-59000	-21000	-650	-71734	-13500	-2100	0	0	0	-350000	0	0
1753 Guðmundur Péturs	ÍS	45	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6528	116652	5015	14840	4827	4578	0	0	0	384358	0	0
	Flutningur frá			8908	118458	4122	16601	4827	4495	0	0	0	262400	0	0
	Mismunur			-2380	-1806	893	-1761	0	83	0	0	0	121958	0	0
1755 Aðalbjörg	RE	5	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			48492	0	0	0	0	17500	0	0	4195	0	0	0
	Flutningur frá			673	0	0	755	0	100000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			47819	0	0	-755	0	-82500	0	0	4195	0	0	0
1756 Margrét	AK	39	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3900	2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3900	2000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1757 Hamrasvanur	SH	201	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	20585	26193	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			100394	69752	0	2481	0	2996	0	0	0	914006	0	0
	Mismunur			-100394	-69752	20585	23712	0	-2996	0	0	0	-914006	0	0
1760 Ólöf	NS	69	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	23940	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	0	0	2968	835	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-35000	0	0	-2968	-835	23940	0	0	0	0	0	0
1761 Pálmi	RE	405	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	10	5000	50	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	10	5000	50	0	0	0	0	0	0	0	0
1762 Hafborg	EA	152	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			33521	0	25677	200	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			28000	0	0	2488	645	420	0	0	0	0	0
	Mismunur			5521	0	25677	-2288	-645	-420	0	0	0	0	0
1764 Hraunsvík	GK	68	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1563874	440546	266046	181610	31140	195117	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1539071	482332	276160	186225	31140	224368	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			24803	-41786	-10114	-4615	0	-29251	0	0	0	0	0	0
1765 Aldan	NK	28	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16799	4064	0	12500	0	15535	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	1601	2928	14116	459	3169	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-201	2463	-2928	-1616	-459	12366	0	0	0	0	0	0
1767 Bára	SH	27	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			41000	0	0	0	0	54900	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	12000	0	4823	1369	0	0	0	0	9079	0	0
	Mismunur			41000	-12000	0	-4823	-1369	54900	0	0	0	-9079	0	0
1768 Nökkvi	HU	15	Blönduós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			26266	27000	49000	3000	18746	8000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			44000	27000	49000	3000	123678	8000	0	0	0	892000	0	0
	Mismunur			-17734	0	0	0	-104932	0	0	0	0	-892000	0	0
1770 Herkúles	SF	125	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3240	6636	1717	402	114	74	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			95196	17389	8980	7481	2124	4080	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-91956	-10753	-7263	-7079	-2010	-4006	0	0	0	0	0	0
1771 Dagný	AK	140	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5011	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	1249	355	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5011	0	0	-1249	-355	0	0	0	0	0	0	0
1773 Erna	RE	47	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1300	2500	257	422	184	57	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			0	0	800	912	353	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1300	2500	-543	-490	-169	57	0	0	0	0	0
1774 Sildin	AK	88	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			14000	20636	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			30000	13636	0	1735	504	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16000	7000	0	-1735	-504	0	0	0	0	0	0	0
1775 Ásrún	AK	3	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1600	40000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	20595	808	3569	1013	256	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1600	19405	-808	-3569	-1013	-256	0	0	0	0	0	0
1776 Brimrún	ÞH	231	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			21000	3105	4148	3444	952	392	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21000	-3105	-4148	-3444	-952	-392	0	0	0	0	0	0
1779 Sæþór	AK	7	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	1117	0	0	156	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	1117	0	0	156	0	0	0	0	0	0
1780 Faxaberg	HF	104	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			227456	2000	100	2342	0	12040	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15654	49495	8442	4070	515	12048	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			211802	-47495	-8342	-1728	-515	-8	0	0	0	0	0	0
1785 Uggi	ÍS	404	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1787 Stundvís	ÍS	883	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11000	0	0	0	0	0	0	0	5000	0	0	15000
	Flutningur frá			37499	0	0	0	0	4495	0	0	0	1951	0	0

	Mismunur			-26499	0	0	0	0	-4495	0	0	5000	-1951	0	15000
1788 Guðrún Jónsdóttir	ÍS	400	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			44390	12111	5570	5568	1553	4452	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-44390	-12111	-5570	-5568	-1553	-4452	0	0	0	0	0	10000
1790 Kristján	EA	178	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1200	0	0	0	0	1303	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			40000	4131	4200	4045	912	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-38800	-4131	-4200	-4045	-912	1303	0	0	0	0	0	0
1791 Borgþór	EA	116	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			40000	20000	0	500	0	82000	0	0	0	59265	0	0
	Flutningur frá			16664	13000	0	0	0	2663	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			23336	7000	0	500	0	79337	0	0	0	59265	0	0
1802 Mardís	SU	64	Stöðvarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			31398	1663	1939	2251	639	416	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-31398	-1663	-1939	-2251	-639	-416	0	0	0	0	0	0
1803 Tvistur	SH	152	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7299	2202	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3000	0	0	0	212	13	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4299	2202	0	0	-212	-13	0	0	0	0	0	0
1807 Hákon	ÞH	250	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			134189	6000	0	58000	0	0	0	0	0	578600	0	0
	Flutningur frá			180100	1663	0	0	69000	90000	0	3000	0	250000	0	0
	Mismunur			-45911	4337	0	58000	-69000	-90000	0	-3000	0	328600	0	0
1808 Jóhanna	EA	31	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3736	0	0	0	0	6000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16000	0	0	1037	417	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12264	0	0	-1037	-417	6000	0	0	0	0	0	0

1811 Mýrafell	ÍS	123	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1700	20000	0	0	0	79000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27000	4000	0	5262	1493	10008	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-25300	16000	0	-5262	-1493	68992	0	0	0	0	0	0
1812 Sandafell	HF	82	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27000	0	30000	5262	0	50000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16200	38000	0	8500	0	34000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			10800	-38000	30000	-3238	0	16000	0	0	0	0	0	0
1815 Brynhildur	KE	83	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			24000	0	0	0	0	2200	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1200	20982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			22800	-20982	0	0	0	2200	0	0	0	0	0	0
1818 Sævar	NK	18	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	3800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			45000	3895	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-43000	-95	0	0	0	-10000	0	0	0	0	0	0
1819 Viðir	KE	101	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			38734	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22574	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			16160	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1829 Máni	ÁR	70	Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			68500	17936	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	18181	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			68500	-245	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1831 Hjördís	NS	92	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	12600	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			62000	8000	0	4996	1418	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-62000	-8000	0	-4996	-1418	12600	0	0	0	0	0	0

1833 Málmey	SK	1	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	100000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	100000	0	0	0	0	0	0	0	0
1834 Neisti	HU	5	Hvammstangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			15000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	70000	0
	Flutningur frá			30000	0	0	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	0	0	0	0	-11000	0	0	0	0	70000	0
1838 Freyja	RE	38	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			406610	233954	422052	120573	49	12131	0	0	0	281879	0	0
	Flutningur frá			288893	3770	238481	94000	49	85368	0	0	0	281879	0	0
	Mismunur			117717	230184	183571	26573	0	-73237	0	0	0	0	0	0
1841 Laxinn	NK	71	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12400	2100	0	1043	296	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12400	-2100	0	-1043	-296	0	0	0	0	0	0	0
1842 Nökkvi	NK	39	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7288	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22000	0	0	2988	852	3165	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14712	27000	0	-2988	-852	-3165	0	0	0	0	0	0
1846 Kristinn Friðriksson	SH	3	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			9672	740	2151	0	0	0	0	0	0	639555	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	20000	0	0	0	277000	125000	0
	Mismunur			9672	740	2151	0	0	-20000	0	0	0	362555	-125000	0
1847 Smári	RE	14	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			93671	124	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			47000	15044	0	8900	2540	1280	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			46671	-14920	0	-8900	-2540	-1280	0	0	0	0	0	0
1848 Helga Sigmars	NS	6	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			20000	25000	0	0	0	20000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	1300	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20000	25000	0	0	0	18700	0	0	0	0	0	0
1849 Fúsi	SH	161	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5802	0	0	0	0	39000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	20968	0	3092	863	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5802	-20968	0	-3092	-863	39000	0	0	0	0	0	0
1851 Arnar	SH	157	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	521266	0
	Flutningur frá			80000	11500	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-80000	-11500	0	0	0	-2500	0	0	0	0	521266	0
1852 Sjöfn	VE	37	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1700	12600	12460	6000	0	385	0	0	3000	0	0	0
	Flutningur frá			3200	0	0	2850	264	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1500	12600	12460	3150	-264	385	0	0	3000	0	0	0
1854 Ýmir	BA	32	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	5000	0	0	0	31000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			980	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-980	5000	0	0	0	31000	0	0	0	0	0	0
1855 Sæfari	ÁR	117	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27741	2500	100000	0	0	0	0	0	9463	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	19000	0	0	2500	27741	0	0
	Mismunur			27741	2500	100000	0	0	-19000	0	0	6963	-27741	0	0
1856 Auðbjörg	SH	197	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			368699	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	30000	8370	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			368699	0	0	-30000	-8370	0	0	0	0	0	0	0
1857 Elsa	SU	216	Stöðvarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			41000	13000	0	2644	750	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-41000	-13000	0	-2644	-750	8000	0	0	0	0	0	0
1858 Sæfaxi	NS	145	Borgarfjörður Eystri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			35000	0	3234	3657	1038	676	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-35000	0	-3234	-3657	-1038	-676	0	0	0	0	0	0
1859 Sundhani	ST	3	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20800	1600	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-20800	-1600	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1862 Hafrún II	ÍS	365	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	23000	0	0	0	15000	0	0	0	0	0	10000
	Flutningur frá			7020	2500	1685	1302	363	0	0	0	0	0	0	1000
	Mismunur			-7020	20500	-1685	-1302	-363	15000	0	0	0	0	0	9000
1866 Víkurberg	SK	72	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			44367	9390	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1000	0	0	4200	964	627	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			43367	9390	0	-4200	-964	-627	0	0	0	0	0	0
1867 Nípa	NK	19	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5000	3000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11951	2521	1530	1445	410	443	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6951	479	470	-1445	-410	-443	0	0	0	0	0	0
1868 Haraldur Kristjánsson	HF	2	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11941	91431	111000	8500	13000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	24870	157500	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11941	91431	111000	-16370	-144500	0	0	0	0	0	0	0
1871 Kópur	SU	54	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5082	682	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15250	2560	1050	1229	349	227	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-10168	-1878	-1050	-1229	-349	-227	0	0	0	0	0	0
1872 Geiri Péturs	ÞH	344	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			52413	22	25	85459	17694	5	0	0	0	772348	0	0
	Flutningur frá			315522	50563	116815	197170	150000	21248	0	0	0	218900	0	0
	Mismunur			-263109	-50541	-116790	-111711	-132306	-21243	0	0	0	553448	0	0
1873 Bjarni	BA	65	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			38285	13636	0	0	0	48030	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			30000	27081	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			8285	-13445	0	0	0	48030	0	0	0	0	0	0
1875 Gná	NS	88	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			9683	4872	229	0	0	5000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16830	9343	727	676	156	1118	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7147	-4471	-498	-676	-156	3882	0	0	0	0	0	0
1876 Hafborg	KE	54	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4359	1024	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	854	1098	795	529	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4359	1024	-854	-1098	-795	-529	0	0	0	0	0	0
1880 Ýmir	HF	343	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			152162	78000	0	56155	25000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			25297	14990	48000	80000	2660	40000	0	0	0	155237	0	0
	Mismunur			126865	63010	-48000	-23845	22340	-40000	0	0	0	-155237	0	0
1881 Sigurvin	SU	380	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16931	9124	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	6364	0	1581	388	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-69	2760	0	-1581	-388	0	0	0	0	0	0	0
1882 Abba	SH	82	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			487	25	49	35	10	6	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-487	-25	-49	-35	-10	-6	0	0	0	0	0	0

1887 Bresi	AK	101	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	23503	0	0	0	655	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5083	0	0	2258	681	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5083	23503	0	-2258	-681	655	0	0	0	0	0	0
1888 Garri	SI	138	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			14757	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	979	3277	1424	392	260	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			9757	-979	-3277	-1424	-392	-260	0	0	0	0	0	0
1890 Kambavik	SU	24	Breiðdalsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			19500	0	0	100	0	73458	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			24398	0	0	1276	356	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4898	0	0	-1176	-356	73458	0	0	0	0	0	0
1893 Nónborg	BA	23	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	58500	0	0	0	11600	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			34783	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-34783	58500	0	0	0	11600	0	0	0	0	0	0
1898 Pétur Jacob	SH	37	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1212	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17891	5974	5486	5172	1282	507	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16679	-5974	-5486	-5172	-1282	-507	0	0	0	0	0	0
1900 Gullfaxi	ÓF	11	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12462	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			12462	2000	0	0	0	-35000	0	0	0	0	0	0
1901 Höfrungur	SU	66	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	4280	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			44250	0	0	4339	1231	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-44250	0	0	-4339	-1231	4280	0	0	0	0	0	0

1902 Höfrungur III	AK	250	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10000	0	0	519334	270318	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			165412	66535	0	0	100000	75000	0	0	0	508304	0	0
	Mismunur			-155412	-66535	0	519334	170318	-75000	0	0	0	-508304	0	0
1903 Þorsteinn	EA	810	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	10000	177000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	4500	0	508348	0	0
	Mismunur			0	0	0	10000	177000	0	0	-4500	0	-508348	0	0
1905 Jöfur	ÍS	172	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			68000	0	0	0	0	0	0	0	0	545224	0	0
	Mismunur			-68000	0	0	0	0	0	0	0	0	-545224	0	0
1906 Haförn	NS	96	Borgarfjörður Eystri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	7500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			18000	1784	0	2866	813	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	-1784	0	-2866	-813	7500	0	0	0	0	0	0
1907 Gunnvör	ÍS	53	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6349	148	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			22193	0	0	234	0	0	0	0	0	0	0	159935
	Mismunur			-15844	148	0	-234	0	10000	0	0	0	0	0	-159935
1909 Unna	HF	229	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20726	4327	0	0	0	52	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6230	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			14496	4327	0	0	0	52	0	0	0	0	0	0
1910 Glaður	SU	97	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4107	197	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20759	1357	1478	1715	487	317	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16652	-1160	-1478	-1715	-487	-317	0	0	0	0	0	0
1911 Sigrún	GK	17	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			13910	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			13910	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1912 Glaður	GK	405	Njarðvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2889	0	0	5700	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10526	586	4086	1732	317	637	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7637	-586	-4086	3968	-317	-637	0	0	0	0	0	0
1913 Hringur	SH	277	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6000	36600	15500	8000	2212	7882	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6000	-36600	-15500	-8000	-2212	-7882	0	0	0	0	0	0
1914 Fylkir	NK	102	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4300	15900	1266	0	0	41086	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	1266	0	0	11086	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4300	15900	0	0	0	30000	0	0	0	0	0	0
1915 Tjálfi	SU	63	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			13500	1600	0	24	0	70749	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			13500	1600	0	24	0	70749	0	0	0	0	0	0
1916 Sigurfari	ÓF	30	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31997	12625	30000	7751	0	42091	0	0	0	393574	0	0
	Flutningur frá			230954	81341	180000	13228	2620	66093	1386	0	0	38500	0	0
	Mismunur			-198957	-68716	-150000	-5477	-2620	-24002	-1386	0	0	355074	0	0
1918 Góa	VE	30	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			61009	46000	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1793	1173	1353	1736	1424	270	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			59216	44827	28647	-1736	-1424	-270	0	0	0	0	0	0
1920 Þjóðólfur	ÍS	86	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1275	10801	0	0	0	0	0	0	0	0	0	10000

	Flutningur frá			12000	0	0	122	17	614	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10725	10801	0	-122	-17	-614	0	0	0	0	0	10000
1921 Þorleifur	EA	88	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	29000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			36879	7000	0	10224	3044	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-36879	-7000	0	-10224	-3044	29000	0	0	0	0	0	0
1922 Magnús	EA	25	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10429	0	15000	0	0	127000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	7294	0	1409	400	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4571	-7294	15000	-1409	-400	127000	0	0	0	0	0	0
1925 Hrappur	GK	170	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			17516	0	300	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	3582	0	55	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			17516	0	300	-3582	0	-55	0	0	0	0	0	0
1926 Garpur	SH	266	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11000	15411	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			39000	17183	2066	2564	681	487	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-28000	-1772	-2066	-2564	-681	-487	0	0	0	0	0	0
1927 Guðmundur Jensson	SH	717	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10000	0	0	0	0	35000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	10700	3054	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			10000	0	0	-10700	-3054	35000	0	0	0	0	0	0
1928 Halldór	NS	302	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			38192	12779	516	7599	2156	255	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-38192	-12779	-516	-7599	-2156	-255	0	0	0	0	0	0
1929 Brík	BA	2	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			30000	0	0	0	0	21957	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			70000	11345	24229	7971	0	0	0	0	0	120918	0	0

	Mismunur			-40000	-11345	-24229	-7971	0	21957	0	0	0	-120918	0	0
1930 Ívar	NK	124	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	46000	0	0	0	21573	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10750	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10750	41000	0	0	0	21573	0	0	0	0	0	0
1932 Anna Rósa	NK	27	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20510	2168	1831	2161	626	442	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-20510	-2168	-1831	-2161	-626	-442	0	0	0	0	0	0
1935 Björg	VE	5	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			85500	7000	46000	36200	0	0	0	0	12300	0	0	0
	Flutningur frá			0	75000	0	0	0	63578	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			85500	-68000	46000	36200	0	-63578	0	0	12300	0	0	0
1937 Björgvin	EA	311	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	309473	0	1565	450324	0	0	0	0	736319	0	0
	Flutningur frá			155098	756493	240000	20000	3030	0	1386	0	0	178705	0	0
	Mismunur			-155098	-447020	-240000	-18435	447294	0	-1386	0	0	557614	0	0
1938 Gunnar Nielsson	EA	555	Hauganes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			30000	6000	4720	2774	775	504	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-28470	-6000	-4720	-2774	-775	-504	0	0	0	0	0	0
1942 Bliki	EA	12	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	0	125000	0	0	2600	0	0	0	515919	0	0
	Flutningur frá			231874	21000	146000	8305	0	17000	0	0	0	138000	0	0
	Mismunur			-206874	-21000	-21000	-8305	0	-14400	0	0	0	377919	0	0
1943 Stakkavík	GK	61	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1751548	0	29000	0	0	54	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1539735	15500	0	0	1479	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			211813	-15500	29000	0	-1479	54	0	0	0	0	0	0

1944 Von	SF	1	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			169964	0	0	0	0	7000	0	0	5000	0	0	0
	Flutningur frá			0	19000	9000	4000	1189	0	0	0	3924	0	0	0
	Mismunur			169964	-19000	-9000	-4000	-1189	7000	0	0	1076	0	0	0
1947 Brynjar	BA	128	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12127	234	124	0	0	318	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12127	-234	-124	0	0	-318	0	0	0	0	0	0
1951 Hugborg	SH	87	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	10445	0	5841	1672	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			30000	-10445	0	-5841	-1672	0	0	0	0	0	0	0
1954 Bárður	SH	81	Arnarstapi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			37000	0	51000	500	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	862	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			37000	0	51000	500	-862	0	0	0	0	0	0	0
1955 Höfrungur	BA	60	Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			14783	17000	10000	0	0	13000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			14783	17000	10000	0	0	13000	0	0	0	0	0	0
1957 Hafnartindur	SH	99	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1959 Esjar	SH	75	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			41000	23000	7100	9600	2772	380	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-41000	-23000	-7100	-9600	-2772	-380	0	0	0	0	0	0

1963 Emil	NS	5	Borgarfjörður Eystri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2500	1600	7000	1183	326	43	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2500	-1600	-7000	-1183	-326	-43	0	0	0	0	0	0
1964 Fanney	SH	24	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	21000	0
	Flutningur frá			19000	31000	330	0	0	1100	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-19000	-31000	-330	0	0	-1100	0	0	0	0	21000	0
1968 Arnar	KE	260	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			693	220000	27000	0	0	20167	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16837	0	0	0	0	25000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16144	220000	27000	0	0	-4833	0	0	0	0	0	0
1969 Hafsvala	HF	107	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7800	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			7800	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1970 Öðlingur	SU	19	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			38681	1514	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			34500	1517	0	1941	448	268	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			4181	-3	0	-1941	-448	-268	0	0	0	0	0	0
1972 Hrafn Sveinbjarnarson	GK	255	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5000	100000	200000	100000	126818	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			89401	50644	14300	77590	36000	1483	0	0	0	700000	0	0
	Mismunur			-84401	49356	185700	22410	90818	-1483	0	0	0	-700000	0	0
1975 Dóra	BA	24	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			46235	79000	21	31	9	36996	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			237742	97446	7000	13430	3811	27000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-191507	-18446	-6979	-13399	-3802	9996	0	0	0	0	0	0
1976 Snæfugl	SU	20	Reyðarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	150000	100000	0	158500	0	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			73000	0	0	160000	0	5000	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			-73000	150000	100000	-160000	158500	-5000	0	0	0	0	0	0	
1977 Júlíus Geirmundsson	ÍS	270	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			0	72000	0	10262	823537	22000	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			34800	50000	0	125375	0	91364	0	0	0	346624	0	0	
	Mismunur			-34800	22000	0	-115113	823537	-69364	0	0	0	-346624	0	0	
1979 Blíðfari	GK	275	Njarðvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			106855	8667	2444	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			0	0	0	1451	462	174	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			106855	8667	2444	-1451	-462	-174	0	0	0	0	0	0	
1980 Andey	ÍS	440	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			97	19858	28248	38132	5003	275	0	0	0	842119	0	0	
	Flutningur frá			105303	101091	157004	179587	29594	1627	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			-105206	-81233	-128756	-141455	-24591	-1352	0	0	0	842119	0	0	
1984 Glaður	SK	170	Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			9889	0	0	0	0	3500	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			13734	0	0	956	271	177	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			-3845	0	0	-956	-271	3323	0	0	0	0	0	0	
1985 Njörður	KE	208	Njarðvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			132000	0	6500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			10000	7500	0	3600	1082	2000	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			122000	-7500	6500	-3600	-1082	-2000	0	0	0	0	0	0	
1986 Bensi	BA	46	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			4000	10000	0	0	435	31875	0	0	0	0	0	0	
	Flutningur frá			0	15000	0	3262	1361	0	0	0	0	0	0	0	
	Mismunur			4000	-5000	0	-3262	-926	31875	0	0	0	0	0	0	
1990 Þröstur	RE	21	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja	
	Flutningur til			4000	38000	0	0	0	40500	0	0	500	0	0	0	

	Flutningur frá			0	0	19000	78000	0	0	0	0	3233	0	0	0
	Mismunur			4000	38000	-19000	-78000	0	40500	0	0	-2733	0	0	0
1997 Jökull	SK	33	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			85687	0	0	0	0	0	0	0	0	120086	0	0
	Flutningur frá			101856	2000	0	2342	0	11400	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16169	-2000	0	-2342	0	-11400	0	0	0	120086	0	0
1999 Fram	ÞH	62	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5800	8182	0	0	0	12000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9000	8182	0	334	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3200	0	0	-334	0	12000	0	0	0	0	0	0
2004 Sjöfn	NS	123	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			52055	2947	10891	0	0	59189	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			48138	4942	2798	1552	441	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3917	-1995	8093	-1552	-441	59189	0	0	0	0	0	0
2005 Birgir	RE	323	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11606	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	16000	1251	404	282	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11606	1000	-16000	-1251	-404	-282	0	0	0	0	0	0
2008 Stefnir	ST	47	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25000	0
	Flutningur frá			20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	25000	0
2012 Grunnvíkingur	RE	163	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	4000	4756	1350	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	-4000	-4756	-1350	0	0	0	0	0	0	0
2013 Bessi	ÍS	410	Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			187030	148508	206410	97451	191467	5855	0	0	0	1282904	0	0
	Flutningur frá			561246	407309	570998	567058	728000	77204	0	0	0	268315	0	0

	Mismunur			-374216	-258801	-364588	-469607	-536533	-71349	0	0	0	1014589	0	0
2014 Sævar	SF	72	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			82216	10910	8500	0	0	32805	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	17910	0	2500	381	6400	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			82216	-7000	8500	-2500	-381	26405	0	0	0	0	0	0
2017 Þór Pétursson	GK	504	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			75500	150000	255000	107800	0	0	0	0	14000	0	0	0
	Flutningur frá			0	43000	0	0	0	30000	0	0	0	79400	0	0
	Mismunur			75500	107000	255000	107800	0	-30000	0	0	14000	-79400	0	0
2018 Mímir	ÍS	30	Hnífsdalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			115882	29534	0	0	0	33000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			435	0	2000	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			115447	29534	-2000	0	0	22000	0	0	0	0	0	0
2019 Aldan	ÍS	47	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31200	40245	0	0	0	38000	0	0	0	0	0	9235
	Flutningur frá			14410	0	1496	1721	488	0	0	0	0	0	0	15000
	Mismunur			16790	40245	-1496	-1721	-488	38000	0	0	0	0	0	-5765
2020 Þórunn Sveinsdóttir	VE	401	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			25000	121000	0	105000	19630	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1000	0	0	0	20000	40000	0	0	0	59265	0	0
	Mismunur			24000	121000	0	105000	-370	-40000	0	0	0	-59265	0	0
2024 Bjargey	EA	79	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10000	0	43000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			40322	11689	35460	6060	1720	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-30322	-11689	7540	-6060	-1720	0	0	0	0	0	0	0
2025 Bylgja	VE	75	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31614	424038	0	52400	25	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	50000	99000	0	33780	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			31614	424038	-50000	-46600	25	-33780	0	0	0	0	0	0

2030 Ófeigur	VE	325	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			157070	591680	557800	17043	1161	49904	0	0	0	2307	0	0
	Flutningur frá			25500	8600	51500	130000	0	0	0	0	8500	2307	0	0
	Mismunur			131570	583080	506300	-112957	1161	49904	0	0	-8500	0	0	0
2033 Jón Pétur	RE	411	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4000	31000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			25000	0	0	1032	193	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21000	31000	0	-1032	-193	0	0	0	0	0	0	0
2040 Þinganes	SF	25	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			261708	342041	314097	53792	3912	154331	0	0	11580	221844	0	0
	Flutningur frá			4000	0	0	67634	3912	0	0	0	16000	48955	0	0
	Mismunur			257708	342041	314097	-13842	0	154331	0	0	-4420	172889	0	0
2041 Óli	SH	305	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11000	6274	2642	1175	333	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9000	-6274	-2642	-1175	-333	0	0	0	0	0	0	0
2045 Guðmundur Þór	SU	121	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			265	8000	0	0	0	80000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			26000	0	0	1630	462	2000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-25735	8000	0	-1630	-462	78000	0	0	0	0	0	0
2047 Máni	HF	149	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			266503	164	192	921	63	41	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	10930	0	13100	480	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			266503	-10766	192	-12179	-417	41	0	0	0	0	0	0
2048 Drangavík	VE	80	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			31596	0	100000	99000	0	0	0	0	3800	0	0	0
	Flutningur frá			0	102000	0	0	33000	6600	0	0	19400	0	0	0
	Mismunur			31596	-102000	100000	99000	-33000	-6600	0	0	-15600	0	0	0

2050 Sæljómi II	GK	155	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			23558	21400	0	2821	861	438	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-23558	-21400	0	-2821	-861	-438	0	0	0	0	0	0
2055 Hafdís	GK	32	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3859	3671	3077	1392	462	301	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1141	-1671	-3077	-1392	-462	-301	0	0	0	0	0	0
2061 Sunna	SI	67	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			130533	50000	95000	188585	133721	0	0	0	0	1351212	0	0
	Flutningur frá			430810	66138	248449	526444	139328	82021	0	0	0	864376	0	0
	Mismunur			-300277	-16138	-153449	-337859	-5607	-82021	0	0	0	486836	0	0
2066 Andri	NS	28	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	17	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	-17	0	0	0	0	0	0
2067 Frosti	ÞH	229	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			407603	0	2282	202650	96722	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			237429	180000	494010	2500	43200	143115	0	0	0	30263	0	0
	Mismunur			170174	-180000	-491728	200150	53522	-143115	0	0	0	-30263	0	0
2068 Gullfari II	HF	290	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			51288	0	8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	27000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			31288	-27000	8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2070 Jón Garðar	KE	1	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			72950	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			40000	12500	2718	5090	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			32950	-12500	-2718	-5090	0	0	0	0	0	0	0	0
2075 Faxafell	GK	102	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27782	8343	3070	1627	462	301	0	0	0	0	0
	Mismunur			-27782	-8343	-3070	-1627	-462	-301	0	0	0	0	0
2076 Keilir	AK	27	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			72763	3000	0	25000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			52000	3000	4000	30026	1427	500	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20763	0	-4000	-5026	-1427	-500	0	0	0	0	0	0
2091 Guðrún María	SI	155	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			13702	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15500	0	0	2100	600	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1798	0	0	-2100	-600	0	0	0	0	0	0	0
2093 Maron	AK	94	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			104512	47528	30000	0	0	1710	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			32000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			72512	47528	30000	0	0	1710	0	0	0	0	0	0
2099 Íslandsbersi	HF	13	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			350704	57600	72866	0	3000	6501	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			79061	89689	77303	2307	3659	6233	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			271643	-32089	-4437	-2307	-659	268	0	0	0	0	0	0
2101 Magnús	SH	205	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			45000	0	24000	1175	0	33950	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	15000	0	0	1725	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			45000	-15000	24000	1175	-1725	33950	0	0	0	0	0	0
2102 Þórir	SK	16	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13063	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3870
	Mismunur			-13063	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-3870
2107 Haukur	GK	25	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	65500	165664	27514	4203	282	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			240228	0	0	0	60000	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-240228	65500	165664	27514	-55797	282	0	0	0	0	0	0
2122 Bogga	HF	272	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7103	17446	1151	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			21126	9057	687	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14023	8389	464	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2125 Fengur	ÞH	207	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			69534	4082	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			28756	10640	0	569	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			40778	-6558	0	-569	0	0	0	0	0	0	0	0
2140 Eldborg	RE	22	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			307900	42000	101000	0	150000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	19580	21460	11471	82058	250	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			302900	22420	79540	-11471	67942	-250	0	0	0	0	0	0
2142 Jónína	ÍS	930	Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			325885	32051	9665	3369	956	25622	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			101500	15399	12000	13000	2120	29040	0	0	0	98700	0	0
	Mismunur			224385	16652	-2335	-9631	-1164	-3418	0	0	0	-98700	0	0
2150 Rúna	RE	150	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			24685	33787	13200	0	0	54027	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	43977	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20685	-10190	13200	0	0	54027	0	0	0	0	0	0
2154 Árbakur	EA	308	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	411002	494010	17440	0	38115	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			82293	2684	30282	44206	102184	5000	0	0	0	365678	0	0
	Mismunur			-82293	408318	463728	-26766	-102184	33115	0	0	0	-365678	0	0
2155 Brimir	SU	383	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22211	0	0	35000	0	0	0	0	0	204658	0	0
	Flutningur frá			44411	2221	0	38020	565	2831	0	0	0	0	342800	0

	Mismunur			-22200	-2221	0	-3020	-565	-2831	0	0	0	204658	-342800	0
2158 Tjaldur	SH	270	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			467790	10000	10727	119373	531524	0	0	0	0	216610	0	0
	Flutningur frá			68730	19000	37560	125000	100000	0	0	0	0	82100	0	0
	Mismunur			399060	-9000	-26833	-5627	431524	0	0	0	0	134510	0	0
2159 Tjaldur II	SH	370	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			230266	167360	596866	273178	732041	26098	0	0	0	45000	0	0
	Flutningur frá			371089	342763	693440	362917	256800	44381	0	0	0	239622	0	0
	Mismunur			-140823	-175403	-96574	-89739	475241	-18283	0	0	0	-194622	0	0
2165 Baldvin Þorsteinsson	EA	10	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			678037	327473	463949	755635	194032	6448	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			880739	153000	11585	76693	0	0	0	0	0	551911	0	0
	Mismunur			-202702	174473	452364	678942	194032	6448	0	0	0	-551911	0	0
2170 Örfirisey	RE	4	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7000	0	0	0	50000	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	677231	0	0
	Mismunur			7000	0	0	0	50000	0	0	0	0	-677231	0	0
2173 Arnar	HU	1	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	330000	0	0
	Flutningur frá			580000	3349	607	1055000	300000	5350	0	0	0	152300	0	0
	Mismunur			-580000	-3349	-607	-1055000	-300000	-5350	0	0	0	177700	0	0
2178 Þytur	EA	96	Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			91139	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			70849	0	0	0	0	0	0	0	0	80000	0	0
	Mismunur			20290	0	0	0	0	0	0	0	0	-80000	0	0
2182 Rán	HF	42	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			147759	0	0	21641	77638	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	48000	0	0	0	157759	0	0
	Mismunur			147759	0	0	21641	77638	-48000	0	0	0	-157759	0	0

2184 Vigri	RE	71	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	80000	450000	162164	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			31058	10000	0	100000	258466	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-31058	70000	450000	62164	-258466	0	0	0	0	0	0	0
2190 Eyborg	EA	59	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			250000	0	0	0	0	0	0	0	0	400000	0	0
	Flutningur frá			263830	65000	64000	12325	0	19000	1386	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13830	-65000	-64000	-12325	0	-19000	-1386	0	0	400000	0	0
2197 Blængur	NK	117	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			130000	0	0	0	0	0	0	0	0	119000	0	0
	Flutningur frá			151500	93000	111539	34288	18619	0	0	0	0	25000	0	0
	Mismunur			-21500	-93000	-111539	-34288	-18619	0	0	0	0	94000	0	0
2203 Þerney	RE	101	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8000	0	0	38000	40000	3593	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	72000	10257	10789	184	57	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			8000	-72000	-10257	27211	39816	3536	0	0	0	0	0	0
2204 Hafrafell	ÍS	222	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			76500	0	678720	11373	1720	30000	0	0	0	129280	0	0
	Flutningur frá			87736	4841	680855	13638	4700	30000	0	0	0	394687	0	0
	Mismunur			-11236	-4841	-2135	-2265	-2980	0	0	0	0	-265407	0	0
2206 Hvannaberg	ÓF	72	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	25350	0	0	0	0	546101	0	0
	Flutningur frá			75000	0	0	0	50000	125700	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-75000	0	0	0	-24650	-125700	0	0	0	546101	0	0
2211 Andvari	VE	100	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	50000	130000	0	44000	0	0	0	346150	0	0
	Flutningur frá			50000	95000	0	188255	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-50000	-95000	50000	-58255	0	44000	0	0	0	346150	0	0

2212 Guðbjörg	ÍS	46	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			63420	32272	0	56665	1634	7500	0	0	0	1082981	0	0
	Flutningur frá			899703	460142	271000	494429	356002	47289	0	0	0	40000	0	0
	Mismunur			-836283	-427870	-271000	-437764	-354368	-39789	0	0	0	1042981	0	0
2216 Pétur Jónsson	RE	69	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			118314	0	0	60449	8370	0	0	0	0	322340	0	0
	Flutningur frá			316826	133565	117821	104530	30256	19885	0	3681	0	671482	0	0
	Mismunur			-198512	-133565	-117821	-44081	-21886	-19885	0	-3681	0	-349142	0	0
2220 Svalbakur	EA	2	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			106621	9823	0	201650	0	0	0	0	0	661401	0	0
	Flutningur frá			264068	183	0	283853	119443	0	0	0	0	19000	0	0
	Mismunur			-157447	9640	0	-82203	-119443	0	0	0	0	642401	0	0
2233 Jóna Eðvalds	SF	20	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			80000	18000	110000	5000	0	35054	3645	4700	0	0	0	0
	Flutningur frá			74702	0	0	9132	0	50000	0	0	0	46955	0	0
	Mismunur			5298	18000	110000	-4132	0	-14946	3645	4700	0	-46955	0	0
2235 Snotra	RE	165	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13232	3600	0	3000	325	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13232	-3600	0	-3000	-325	0	0	0	0	0	0	0
2240 Búi	EA	100	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			13074	4747	2515	358	129	16156	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16000	8449	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2926	-3702	2515	358	129	16156	0	0	0	0	0	0
2242 Orri	ÍS	20	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			435	0	2000	0	0	11000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			888102	92820	0	40843	70000	83000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-887667	-92820	2000	-40843	-70000	-72000	0	0	0	0	0	0
2248 Sindri	VE	60	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			11343	30000	30000	108550	15065	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	20000	13000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			11343	10000	17000	108550	15065	0	0	0	0	0	0	0
2249 Helga	RE	49	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	12500	238481	0	49	2468	0	0	0	281879	0	0
	Flutningur frá			0	0	150000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2000	12500	88481	0	49	2468	0	0	0	281879	0	0
2262 Júlíus Havsteen	ÞH	1	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27741	9388	18410	5169	0	682	0	0	0	790306	0	0
	Flutningur frá			232950	0	0	60000	0	0	0	0	0	266463	0	0
	Mismunur			-205209	9388	18410	-54831	0	682	0	0	0	523843	0	0
2265 Arnar	HU	1	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			28999	0	0	160000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			42000	248000	0	20000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13001	-248000	0	140000	0	0	0	0	0	0	0	0
2266 Helga Björg	HU	7	Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	92083	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	92083	0	0
2277 Antares	VE	18	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	136	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	136	0	0	0	0	0
2281 Sighvatur Bjarnason	VE	81	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	11700	58000	2850	5500	14000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	11700	58000	2850	5500	14000	0	0	0	0	0	0
5010 Húni	AK	124	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			3000	410	885	555	157	102	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3000	-410	-885	-555	-157	-102	0	0	0	0	0	0
5046 Kári	SH	119	Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			24070	1254	0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18070	-1254	0	-2000	0	0	0	0	0	0	0	0
5071 Fróði	ÞH	116	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7370	1132	4535	418	119	77	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7370	-1132	-4535	-418	-119	-77	0	0	0	0	0	0
5132 Ósk	RE	206	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5183 Óskin	KE	69	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10000	0	0	0	0	75	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	75	0	0	0	0	0	0
5239 Rýta	ÍS	118	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2500	301	0	407	116	75	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2500	-301	0	-407	-116	-75	0	0	0	0	0	0
5270 Sævaldur	SK	0	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			70	4	4	5	1	1	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-70	-4	-4	-5	-1	-1	0	0	0	0	0	0
5313 Freymundur	ÓF	6	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	676	225	0	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			1000	0	0	-676	-225	1000	0	0	0	0	0	0
5358 Vísir	EA	64	Hjalteyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3983	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1644	216	0	547	156	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2339	-216	0	-547	-156	0	0	0	0	0	0	0
5362 Hafdís	EA	97	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7434	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	1277	0	1729	491	319	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6566	-1277	0	-1729	-491	-319	0	0	0	0	0	0
5382 Jón Geir	EA	0	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4510	267	311	361	102	67	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4510	-267	-311	-361	-102	-67	0	0	0	0	0	0
5390 Siggi	EA	150	Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16000	1405	5205	1902	540	352	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16000	-1405	-5205	-1902	-540	-352	0	0	0	0	0	0
5399 Hafbjörg	EA	174	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7425	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10500	897	875	996	288	114	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3075	103	-875	-996	-288	-114	0	0	0	0	0	0
5405 Ölver	ÞH	215	Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	2200	500	539	153	100	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4000	-2200	-500	-539	-153	-100	0	0	0	0	0	0
5409 Valur	ÞH	221	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			18000	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	0	-1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

5416 Sæborg	EA	280	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4500	500	598	694	197	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3500	-500	-598	-694	-197	0	0	0	0	0	0	0
5418 Eyrún	EA	122	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4085	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6500	0	558	647	184	97	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2415	0	-558	-647	-184	-97	0	0	0	0	0	0
5432 Gosi	ÞH	9	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			8000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5440 Mardís	ÞH	278	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-60	-3	-4	-4	-1	-1	0	0	0	0	0	0
5458 Sigurvon	ÞH	67	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13426	1700	3000	679	187	50	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13426	-1700	-3000	-679	-187	-50	0	0	0	0	0	0
5485 Ottó	ÞH	109	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	2939	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			873	279	365	46	13	9	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-873	-279	2574	-46	-13	-9	0	0	0	0	0	0
5493 Árni	ÞH	127	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4243	0	0	0	0	210	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			8000	6500	0	100	56	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3757	-6500	0	-100	-56	210	0	0	0	0	0	0

5499 Sólveig	ÞH	226	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			38900	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	1000	0	2520	549	600	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			38900	2000	0	-2520	-549	-600	0	0	0	0	0	0
5525 Bjarki	ÞH	271	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5607 Rán	NS	71	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5625 Alli Árna	SU	46	Breiðdalsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5655 Tjaldur	SU	179	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3500	404	357	414	118	7	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3500	-404	-357	-414	-118	-7	0	0	0	0	0	0
5691 Fleygur	ÞH	301	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11000	10274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-450	-10274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5712 Straumur	SH	26	Hellnar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12631	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			25431	0	1280	1486	422	275	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12800	0	-1280	-1486	-422	-275	0	0	0	0	0	0
5713 Blíðfari	ÓF	70	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			1969	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	1397	0	2033	430	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1969	-1397	0	-2033	-430	0	0	0	0	0	0
5714 Gylfi	HF	63	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	8000	0	845	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			100	-8000	0	-845	0	0	0	0	0	0	0	0
5773 Jóhanna	NK	32	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5500	535	475	552	157	105	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5500	-535	1525	-552	-157	-105	0	0	0	0	0	0
5796 Kristín	ST	61	Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5823 Bára	HF	20	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5865 Ívar	EA	179	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1755	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6610	500	660	766	218	41	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4855	-500	-660	-766	-218	-41	0	0	0	0	0	0
5879 Hlýri	VE	305	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1500	909	0	1056	99	65	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1500	-909	0	-1056	-99	-65	0	0	0	0	0	0
5889 Hrönn	HF	101	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			2094	0	21	31	9	1346	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2094	0	-21	-31	-9	-1346	0	0	0	0	0	0
5911 Guðjón	SH	57	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5004	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5004	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5916 Unnar	NS	67	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			5500	4982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			5500	4982	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5980 Magga	SU	107	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2283	411	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27235	1447	0	2010	570	371	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-24952	-1036	0	-2010	-570	-371	0	0	0	0	0	0
5983 Alli Sæm	SU	180	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	250	0	0	0	250	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	250	0	0	0	250	0	0	0	0	0	0
5986 Unnur	GK	0	Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	320	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4607	342	0	463	131	86	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4607	-342	320	-463	-131	-86	0	0	0	0	0	0
5990 Drúði	HF	36	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	712	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	712	0	0	0	0	0	0
5993 Reykur	HU	16	Hvammstangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30000	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	30000	0
6005 Vonin	SU	36	Breiðdalsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6019 Brandur	ÞH	21	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			450	343	820	356	123	80	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2550	657	-820	-356	-123	-80	0	0	0	0	0	0
6030 Gustur	EA	99	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16141	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			16141	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6038 Vala	GK	425	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6044 Kristján	SU	106	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	2500	0	0	0	0	0	0
6048 Svala	EA	143	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5240	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5240	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6049 Billa	BA	75	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			413	22	25	30	8	5	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-413	-22	-25	-30	-8	-5	0	0	0	0	0	0

6058 Hafbjörg	ÞH	377	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7400	2416	8573	856	243	158	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7400	-2416	-8573	-856	-243	-158	0	0	0	0	0	0
6061 Byr	VE	150	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	449	596	332	18	12	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-449	-596	-332	-18	-12	0	0	0	0	0	0
6070 Bára	AK	89	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			27000	27618	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			67512	58528	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-40512	-30910	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6075 Árni	SU	58	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	150	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	759	860	244	152	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	150	-759	-860	-244	-152	0	0	0	0	0	0
6077 Valþór	EA	313	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			11000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2447	0	0	316	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			8553	0	0	-316	0	0	0	0	0	0	0	0
6083 Már	SU	222	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			600	8000	64	74	21	14	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-600	2000	-64	-74	-21	-14	0	0	0	0	0	0
6087 Hafdís	SK	147	Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6000	500	0	842	239	155	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6000	-500	0	-842	-239	-155	0	0	0	0	0	0

6101 Arnar	ÍS	60	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			199	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-199	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6107 Rún	SU	14	Mjóifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2500	4000	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			841	2796	517	5	1	1	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1659	1204	483	-5	-1	-1	0	0	0	0	0	0
6121 Helga María	ÁR	121	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2878	450	512	422	120	78	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2878	1050	-512	-422	-120	-78	0	0	0	0	0	0
6130 Bylgja	ÍS	113	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			232	2254	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			232	2254	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6148 Sædís	SH	228	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22829	8661	4	0	0	5008	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2000	6352	1234	1308	117	4000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20829	2309	-1230	-1308	-117	1008	0	0	0	0	0	0
6150 Sjöfn	ÍS	219	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6153 Uggi	ÞH	253	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2114	297	347	402	114	74	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2114	-297	-347	-402	-114	-74	0	0	0	0	0	0
6154 Ólduljón	VE	509	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17297	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17297	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6175 Bravo	VE	160	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			886	0	0	76	16	11	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-886	0	0	-76	-16	-11	0	0	0	0	0	0
6177 Guðný	NS	7	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	2000	300	811	230	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	-2000	-300	-811	-230	0	0	0	0	0	0	0
6186 Frosti	EA	86	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			9018	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1500	0	537	623	177	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			7518	0	-537	-623	-177	0	0	0	0	0	0	0
6190 Frosti	HF	320	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6196 Freyðir	ÞH	88	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6209 Jón Kristinn	SI	52	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2831	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13417	921	2341	1514	354	230	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10586	-921	-2341	-1514	-354	-230	0	0	0	0	0	0
6212 Hermann	ÞH	0	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			96	6	7	8	2	1	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-96	-6	-7	-8	-2	-1	0	0	0	0	0	0
6247 Tryggvi	EA	78	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4500	500	1823	500	142	93	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4500	-500	-1823	-500	-142	-93	0	0	0	0	0	0
6248 Gæfan	ÍS	403	Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5500	315	536	427	121	79	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5500	-315	-536	-427	-121	-79	0	0	0	0	0	0
6250 Gunnar	RE	108	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	11905	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5405	0	462	536	152	144	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5405	11905	-462	-536	-152	-144	0	0	0	0	0	0
6252 Steiney	RE	191	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			630	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-630	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6273 Sigurvin	ÍS	452	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1450	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	799	810	194	126	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1450	0	-799	-810	-194	-126	0	0	0	0	0	0
6291 Freyr	SH	0	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			746	45	53	61	17	11	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-746	-45	-53	-61	-17	-11	0	0	0	0	0	0
6299 Bogga	ÁR	67	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16689	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			26134	0	0	722	205	133	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-9445	0	0	-722	-205	-133	0	0	0	0	0	0
6306 Kúði	RE	234	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6500	500	0	800	200	151	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6500	-500	0	-800	-200	-151	0	0	0	0	0	0
6320 Alda	ÍS	191	Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6279	377	440	511	145	94	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6279	-377	-440	-511	-145	-94	0	0	0	0	0	0
6331 Sörvi	RE	12	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1000	6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6341 Ólafur	ST	52	Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	0	1252	1454	412	268	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17000	0	-1252	-1454	-412	-268	0	0	0	0	0	0
6346 Björk	SU	162	Mjóifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2318	299	2311	562	115	75	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2318	-299	-2311	-562	-115	-75	0	0	0	0	0	0
6348 Árni	RE	158	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			105	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			105	-5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6354 Gústi	SU	137	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			537	32	38	44	12	8	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-537	-32	-38	-44	-12	-8	0	0	0	0	0	0

6355 Hamar	GK	176	Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			100	0	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	8460	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			100	0	-8460	100	0	0	0	0	0	0	0	0
6368 Vagn	ÍS	380	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4262	228	1358	309	88	57	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4262	-228	-1358	-309	-88	-57	0	0	0	0	0	0
6380 Meta	SU	236	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	1300	700	863	245	160	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	-1300	-700	-863	-245	-160	0	0	0	0	0	0
6381 Þura	AK	79	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6391 Merkúr	VE	2	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			19588	4664	0	515	247	175	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-19588	-4664	0	-515	-247	-175	0	0	0	0	0	0
6393 Sæfari	ÞH	149	Svalbarðsströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3954	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3000	466	584	558	158	103	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			954	-466	-584	-558	-158	-103	0	0	0	0	0	0
6399 Haukur	HF	68	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			134	0	403	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			134	0	403	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6403 Glaður	NS	115	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16000	1500	1777	2062	585	443	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16000	-1500	-1777	-2062	-585	-443	0	0	0	0	0	0
6420 Veiðibjalla	NK	16	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11536	3229	0	1799	518	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-11536	-3229	0	-1799	-518	0	0	0	0	0	0	0
6421 Sindri	ÞH	72	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			645	183	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3500	348	0	386	110	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2855	-165	0	-386	-110	0	0	0	0	0	0	0
6425 Mardís	ÞH	151	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	0	0	2156	546	355	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	0	0	-2156	-546	-355	0	0	0	0	0	0
6437 Þórey Björg	NK	33	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			15000	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			20000	0	0	1697	481	480	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5000	2000	0	-1697	-481	-480	0	0	0	0	0	0
6438 Hafbjörg	HF	3	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16224	3000	0	332	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16224	-3000	0	-332	0	0	0	0	0	0	0	0
6442 Sigurörn	ÍS	36	Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5396	477	668	646	183	119	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5396	-377	-668	-646	-183	-119	0	0	0	0	0	0
6454 Anna María	ÁR	9	Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			7966	41453	171815	9933	7254	18060	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6234	41441	168000	9933	7254	18000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1732	12	3815	0	0	60	0	0	0	0	0	0
6461 Gauti	SH	252	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			384	80	93	108	31	20	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-384	-80	-93	-108	-31	-20	0	0	0	0	0	0
6474 Bjargfugl	RE	55	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	5000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6500	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6500	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6487 Bæjarfell	RE	65	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	5200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	5200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6488 Andri	NS	106	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			100000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-100000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6517 Ólsen	NK	77	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1045	0	500	0	0	2000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			23752	5027	2130	2439	692	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-22707	-5027	-1630	-2439	-692	2000	0	0	0	0	0	0
6518 Kveldúlfur	AK	25	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	0	825	957	272	177	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	0	-825	-957	-272	-177	0	0	0	0	0	0
6524 Ystiklettur	VE	117	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			150	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			0	0	0	1265	75	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			150	0	0	-1265	-75	0	0	0	0	0	0	0
6533 Hróðgeir Hvíti	NS	89	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			112055	1649	891	0	0	16189	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			122555	6349	1687	769	214	10189	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10500	-4700	-796	-769	-214	6000	0	0	0	0	0	0
6539 Hrönn II	SI	144	Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12295	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12000	728	0	985	280	182	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			295	-728	0	-985	-280	-182	0	0	0	0	0	0
6540 Sædís	AK	68	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1000	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6554 Rostungur	ÍS	0	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			882	49	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-882	-49	-283	-67	-19	-12	0	0	0	0	0	0
6560 Litlanes	BA	126	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			36000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			39980	321	375	435	123	80	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3980	-321	-375	-435	-123	-80	0	0	0	0	0	0
6565 Lárberg	SH	275	Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	17000	0	3500	3200	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	17000	0	3500	3200	0	0	0	0	0	0	0
6577 Laugi Súi	NS	500	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			826	74	91	101	29	19	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-826	-74	-91	-101	-29	-19	0	0	0	0	0	0
6584 Rúna	HF	160	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			7200	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			7200	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6592 Ásgeir	ÞH	198	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4450	0	0	0	0	500	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7050	0	0	350	101	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2600	0	0	-350	-101	500	0	0	0	0	0	0
6598 Freygerður	ÓF	18	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2477	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			328	0	0	1272	361	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2149	0	0	-1272	-361	1000	0	0	0	0	0	0
6600 María	RE	57	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	32323	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			27856	8389	35376	1630	462	301	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-27856	-8389	-3053	-1630	-462	-301	0	0	0	0	0	0
6603 Einar	EA	209	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1530	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6610 Eyfjörð	ÞH	203	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3392	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			25000	2431	0	4000	1016	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21608	-2431	0	-4000	-1016	0	0	0	0	0	0	0
6616 Hafdís	KE	150	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	10000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			18000	5000	5000	1400	417	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	-5000	-5000	-1400	-417	10000	0	0	0	0	0	0

6620 Ás	SU	192	Mjóifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	2221	1060	243	1076	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	-2221	-1060	-243	-1076	0	0	0	0	0	0
6633 Dagný	SU	114	Reyðarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11590	4500	400	400	128	2000	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-11590	-4500	-400	-400	-128	-2000	0	0	0	0	0	0
6639 Njáll	SU	8	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	42	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5495	622	397	429	121	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5495	-622	-397	-429	-121	42	0	0	0	0	0	0
6645 Sveinn	EA	204	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			9595	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16598	1885	2342	1824	519	173	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7003	-1885	-2342	-1824	-519	-173	0	0	0	0	0	0
6648 Hallur	EA	260	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5660	676	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			14340	-676	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6650 Diana	NS	165	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	2500	1500	0	0	2534	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	995	273	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	2500	1500	-995	-273	2534	0	0	0	0	0	0
6651 Össur	ÞH	242	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12792	0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	500	168	109	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2792	0	1000	-500	-168	-109	0	0	0	0	0	0

6652 Hólmi	RE	72	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	1076	130	85	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	-1076	-130	-85	0	0	0	0	0	0
6659 Jenni	RE	789	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2129	209	0	283	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2129	-209	0	-283	0	0	0	0	0	0	0	0
6662 Litli Tindur	SU	508	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			21000	0	2727	3148	893	400	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-21000	4000	-2727	-3148	-893	-400	0	0	0	0	0	0
6664 Lotta	ÞH	303	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	14	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	14	0	0	0	0	0	0
6668 Krummi	RE	98	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			70	2416	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			70	2416	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6681 Haförn	MB	0	Borgarnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			40	1	53	2	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-40	-1	-53	-2	0	0	0	0	0	0	0	0
6684 Kraka	EA	22	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			17443	6731	7877	9042	2594	1689	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			86893	11112	12987	14972	4277	2784	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-69450	-4381	-5110	-5930	-1683	-1095	0	0	0	0	0	0
6686 Gyllir	NK	49	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14500	0	0	1732	492	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14500	0	0	-1732	-492	0	0	0	0	0	0
6700 Gustur	NS	133	Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			21000	3000	300	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2000	0	1580	1290	366	238	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			19000	3000	-1280	-1290	-366	-238	0	0	0	0	0	0
6705 Nonni	SU	16	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	2850	2261	2624	745	485	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	-2850	-2261	-2624	-745	-485	0	0	0	0	0	0
6706 Svanur Þór	EA	318	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12385	0	0	0	0	200	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11000	0	1000	1544	440	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1385	0	-1000	-1544	-440	200	0	0	0	0	0	0
6708 Kópur	KE	8	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13500	1211	10000	1324	465	303	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13500	-1211	-10000	-1324	-465	-303	0	0	0	0	0	0
6710 Sunnufell	EA	58	Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13500	0	0	1784	479	246	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13500	0	0	-1784	-479	-246	0	0	0	0	0	0
6711 Ísborg	EA	153	Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3386	6	7	8	2	1	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	1249	324	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			3386	6	7	-1241	-322	1	0	0	0	0	0	0
6712 Sigurpáll	ÞH	68	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			12000	2000	0	717	183	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5200	-2000	0	-717	-183	0	0	0	0	0	0
6719 Guðný	SF	9	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12986	723	4874	965	268	175	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-12986	-723	-4874	-965	-268	-175	0	0	0	0	0	0
6726 Skíði	EA	666	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	107	0	17	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			19533	571	1411	1167	465	303	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-19533	-464	-1411	-1150	-465	-303	0	0	0	0	0	0
6734 Hafmey	SF	0	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			89	5	5	6	2	1	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-89	-5	-5	-6	-2	-1	0	0	0	0	0	0
6735 Rikki	KE	0	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6751 Glaður	SH	307	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			16545	2247	1258	1416	349	227	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16545	-2247	-1258	-1416	-349	-227	0	0	0	0	0	0
6757 Mímir	SF	11	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6768 Alda	ÞH	230	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			22800	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5431	7002	1040	1051	335	213	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			17369	-7002	-1040	-1051	-335	-213	0	0	0	0	0	0
6788 Gissur Hvíti	SF	55	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2838	45627	180103	3441	146	216	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			19954	49224	183663	6050	787	633	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17116	-3597	-3560	-2609	-641	-417	0	0	0	0	0	0
6796 Kambanes	SU	34	Stöðvarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2197	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			2197	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6808 Máni	RE	0	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	106	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-106	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6821 Örk	SU	135	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	7641	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			8000	0	1200	1409	400	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-8000	7641	-1200	-1409	-400	0	0	0	0	0	0	0
6823 Sjöfn	RE	29	Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1311	49	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1311	-951	283	67	19	12	0	0	0	0	0	0
6824 Máni	AK	73	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	5470	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	2000	500	501	142	93	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	3470	-500	-501	-142	-93	0	0	0	0	0	0
6829 Anna	ÞH	131	Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12316	730	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14672	2248	0	1205	330	210	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2356	-1518	0	-1205	-330	-210	0	0	0	0	0	0

6830 Már	SK	90	Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
6835 Lax	SH	600	Arnarstapi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1218	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9849	2824	0	994	282	184	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-8631	-2824	0	-994	-282	-184	0	0	0	0	0	0
6837 Edda	NS	113	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17000	0	0	1130	321	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17000	0	0	-1130	-321	0	0	0	0	0	0	0
6841 Æðey	SF	7	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			558	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	1070	5650	1656	408	265	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14442	-1070	-5650	-1656	-408	-265	0	0	0	0	0	0
6844 Bylgja	ÞH	278	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	426	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	426	0	0	0	0	0	0
6845 Már	HF	313	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6848 Vébjörn	ÍS	301	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	39671	1685	1302	363	14600	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	31737	1685	1302	363	11680	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	7934	0	0	0	2920	0	0	0	0	0	0

6849 Örn II	ÞH	80	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	1729	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6500	0	0	556	155	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6500	0	0	-556	-155	1729	0	0	0	0	0	0
6855 Sigurbára	VE	149	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			50516	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			50000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			516	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6867 Ásberg	SH	190	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2836	380	20	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1168	97	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1668	283	14	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6876 Eyrarrðst	KE	25	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6895 Rúna	ÓF	23	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2400	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10519	392	0	531	151	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-8119	-392	0	-531	-151	0	0	0	0	0	0	0
6902 Mónes	NK	26	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			8387	2690	2689	0	0	11086	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			25000	755	1283	2249	622	11498	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-16613	1935	1406	-2249	-622	-412	0	0	0	0	0	0
6905 Víkingur	SU	43	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9912	904	1054	1223	347	267	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9912	-904	-1054	-1223	-347	-267	0	0	0	0	0	0
6906 Jón Sör	ÞH	42	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			659	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1159	97	113	286	37	24	0	0	0	0	0
	Mismunur			-500	-97	-113	-286	-37	-24	0	0	0	0	0
6909 Drífa	NK	30	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			16000	9091	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			50000	12091	3500	2861	732	477	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-34000	-3000	-3500	-2861	-732	-477	0	0	0	0	0	0
6921 Edda	SU	253	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4600	36	0	0	0	7	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4448	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			152	36	0	0	0	7	0	0	0	0	0	0
6923 Elva Dröfn	EA	103	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			10675	1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			12000	1500	1200	1431	406	265	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1325	-500	-1200	-1431	-406	-265	0	0	0	0	0	0
6931 Smári	ÓF	20	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			4274	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10700	600	1724	829	235	153	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6426	-600	-1724	-829	-235	-153	0	0	0	0	0	0
6935 Máni	NS	34	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13000	4000	900	1200	325	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-13000	-4000	-900	-1200	-325	0	0	0	0	0	0	0
6952 Steini Randvers	SH	147	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17113	10457	2370	2224	626	411	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17113	-10457	-2370	-2224	-626	-411	0	0	0	0	0	0
6955 Ver	HF	76	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6957 Straumur	SK	85	Haganesvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10500	1092	0	1479	420	273	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10500	-1092	0	-1479	-420	-273	0	0	0	0	0	0
6959 Seila	SU	81	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			765	200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			618	149	0	46	13	9	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			147	51	0	-46	-13	-9	0	0	0	0	0	0
6961 Lundey	ÞH	350	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2678	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			13205	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10527	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6962 Bliki	ÍS	879	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6528	1101	1142	447	127	83	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3528	-1101	-1142	-447	-127	-83	0	0	0	0	0	0
6965 Valdís	SH	257	Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	0	0	0	0	1100	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			20000	0	0	0	0	1100	0	0	0	0	0	0
6967 Elís Bjarnason	SH	48	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			20000	1000	350	0	0	380	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3829	661	4	0	0	8	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			16171	339	346	0	0	372	0	0	0	0	0	0
6969 Rita	NS	13	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	1000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	4000	1340	1456	413	440	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-14000	-4000	-1340	-1456	-413	560	0	0	0	0	0	0
6970 Guðrún Hermanns	HF	175	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			11965	1082	3242	1419	403	262	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-11965	-1082	-242	-1419	-403	-262	0	0	0	0	0	0
6975 Funi	SH	172	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2000	500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2191	531	48	390	10	10	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-191	-31	-48	-390	-10	-10	0	0	0	0	0	0
6976 Leifi	AK	2	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1435	675	400	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			1435	675	400	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6982 Vala	HF	5	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1750	0	0	0	0	0	0	0	0	∞0	0	0
	Mismunur			-1750	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
6985 Gustur	VE	101	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	7000	0	2380	804	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5000	-7000	0	-2380	-804	0	0	0	0	0	0	0
6987 Ljón	NS	204	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	5597	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			18000	0	0	1468	417	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	0	0	-1468	-417	5597	0	0	0	0	0	0
6988 Guðjón	GK	78	Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			6550	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

6991 Kvika	ÞH	345	Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			47900	0	0	17500	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14000	0	0	20970	880	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			33900	0	0	-3470	-880	0	0	0	0	0	0	0
7000 Hera	BA	151	Flatey á Breiðafirði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7002 Sigrún	SU	166	Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	1000	1432	1662	472	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	-1000	-1432	-1662	-472	0	0	0	0	0	0	0
7005 Uggi	HF	181	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2390	0	0	290	82	54	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2390	0	0	-290	-82	-54	0	0	0	0	0	0
7007 Andri	NS	28	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	5017	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	5017	0	0	0	0	0	0
7008 Ægir Adolfsson	ÞH	99	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	755	17	0	0	12	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9500	4844	1722	956	268	175	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9500	-4089	-1705	-956	-268	-163	0	0	0	0	0	0
7009 Gísli Gunnarsson	SH	5	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			1876	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1876	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

7015 Hafborg	NS	48	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9750	3878	942	1025	291	139	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9750	-3878	-942	-1025	-291	-139	0	0	0	0	0	0
7022 Kristín Finnbogadótt	BA	95	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4233	0	3006	3985	1201	642	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4233	0	-3006	-3985	-1201	-642	0	0	0	0	0	0
7023 Silla	SU	152	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			3767	1584	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14500	2800	0	1519	431	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10733	-1216	0	-1519	-431	0	0	0	0	0	0	0
7031 Snorri	NK	59	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			24000	0	0	1926	543	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-18000	0	0	-1926	-543	0	0	0	0	0	0	0
7032 Kristín	HF	342	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15000	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15000	-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7037 Sæbjörn	AK	77	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3600	187	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	11250	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	-7650	187	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7038 Sverrir	BA	26	Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			19000	5000	4000	3180	949	611	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-19000	-1000	-4000	-3180	-949	-611	0	0	0	0	0	0
7041 Rán	ÍS	38	Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

	Flutningur til			3262	228	1358	309	88	57	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4455	392	1331	1230	151	98	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1193	-164	27	-921	-63	-41	0	0	0	0	0	0
7044 Fróði	HF	45	Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7048 Stakkur	ÁR	5	Selfoss	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			15478	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-15478	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7057 Birna	SU	147	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14679	2375	3073	2070	587	382	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14679	-2375	-3073	-2070	-587	-382	0	0	0	0	0	0
7058 Reynir Þor	NK	69	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	593	1724	1522	515	334	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	-593	-1724	-1522	-515	-334	0	0	0	0	0	0
7066 Jaspis	KE	227	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			47441	0	0	0	0	430	0	0	0	2441	0	0
	Flutningur frá			6000	11024	0	827	0	0	0	0	0	2441	0	0
	Mismunur			41441	-11024	0	-827	0	430	0	0	0	0	0	0
7096 Jón Páll	BA	133	Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	2200	0	2135	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9143	5000	0	3981	505	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9143	-5000	0	-1781	-505	2135	0	0	0	0	0	0
7098 Bliki	SU	84	Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1000	1200	0	0	0	0	0	0	0	0	0

	Flutningur frá			34000	5979	3542	4111	1167	924	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-34000	-4979	-2342	-4111	-1167	-924	0	0	0	0	0	0
7106 Óli	SK	115	Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4500	357	0	483	137	89	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4500	-357	0	-483	-137	-89	0	0	0	0	0	0
7111 Andri	SH	450	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			82	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			82	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7113 Emilía	AK	57	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			17500	3000	2500	902	256	167	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-17500	-3000	-2500	-902	-256	-167	0	0	0	0	0	0
7120 Óskar	AK	130	Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1200	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			1500	0	550	286	81	57	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-1500	1200	-550	-286	-81	-57	0	0	0	0	0	0
7133 Örn	NS	101	Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	444	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	444	0	0	0	0	0	0
7137 Von	SF	101	Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-2500	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7143 Kristinn	ÞH	163	Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			2159	5907	0	0	0	3000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			18770	16618	139	1790	500	0	0	0	0	0	0	0

	Mismunur			-16611	-10711	-139	-1790	-500	3000	0	0	0	0	0	0
7155 Kristín	EA	8	Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	597	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	0	0	0	0	-597	0	0	0	0	0	0
7166 Þröstur	SH	250	Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			74	56	48	1	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-74	-56	-48	-1	0	0	0	0	0	0	0	0
7172 Logi	ÍS	79	Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			6111	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-6111	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7184 Sporður	VE	9	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	4357	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	-4357	10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7186 Seley	SU	76	Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	1000	0	0	0	9850	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			0	1000	0	0	0	9850	0	0	0	0	0	0
7191 Gullbrandur	NS	31	Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			28000	3000	4500	4875	1383	600	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-28000	-3000	-4500	-4875	-1383	-600	0	0	0	0	0	0
7194 Fagravík	GK	161	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	3000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			4500	0	2500	865	245	160	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-4500	3000	-2500	-865	-245	-160	0	0	0	0	0	0

7202 Marvin	ÁR	24	Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-10000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7205 Elín II	KE	24	Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			12070	0	0	0	0	8000	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	9898	4036	3372	957	8089	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			12070	-9898	-4036	-3372	-957	-89	0	0	0	0	0	0
7213 Gulley	GK	159	Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			7000	1000	0	674	191	124	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-7000	-1000	0	-674	-191	-124	0	0	0	0	0	0
7243 Pegron	SH	140	Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			14300	7999	3053	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-14300	-7999	-3053	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7249 Svanur	VE	90	Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			3000	1300	0	194	149	97	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-3000	-1300	4000	-194	-149	-97	0	0	0	0	0	0
7286 Marvin	ÓF	28	Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			9505	1605	1801	674	191	124	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-9505	-1605	-1801	-674	-191	-124	0	0	0	0	0	0
7303 Sandvíkingur	NK	41	Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			5000	500	0	930	264	172	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			-5000	-500	0	-930	-264	-172	0	0	0	0	0	0

7444 Hafdís	ÞH	204	Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
	Flutningur til			60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
	Flutningur frá			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	Mismunur			60	3	4	4	1	1	0	0	0	0	0	0
	Samtals:														
	Flutningur til			52168043	22990899	27697691	19503694	1,2E+07	7908368	89942	59243	380046	40993871	2765302	520356
	Flutningur frá			52168043	22990899	27697691	19503694	1,2E+07	7908368	89942	59243	380046	40993871	2765302	520356
	Mismunur			0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Tafla III.

Millifærslur á milli heimahafna fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996.
Tegundir millifærslna: C og D.

---

35 Akranes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	210171	89306	15000	1041586	400000	139550	2883	0	0	0	0	0
Flutningur frá	419900	171507	41684	219904	134047	76826	19	7382	0	968348	0	0
Mismunur	-209729	-82201	-26684	821682	265953	62724	2864	-7382	0	-968348	0	0

107 Akureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	1092671	1054348	957959	1166295	245046	49070	2288	0	0	1401033	0	0
Flutningur frá	1930541	301368	149744	873578	1176683	6203	1831	4500	0	2279357	0	0
Mismunur	-837870	752980	808215	292717	-931637	42867	457	-4500	0	-878324	0	0

38 Arnarstapi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	38718	0	51000	500	0	5000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	9849	2824	0	994	1144	184	0	0	0	0	0	0
Mismunur	28869	-2824	51000	-494	-1144	4816	0	0	0	0	0	0

102 Árskógssandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	345964	12625	30000	0	0	82000	687	6500	0	712978	0	0
Flutningur frá	625873	88340	268037	22392	13167	1354	0	0	0	80000	0	0
Mismunur	-279909	-75715	-238037	-22392	-13167	80646	687	6500	0	632978	0	0

123 Bakkafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	25000	3500	11500	0	0	35134	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	310430	73974	45629	31613	8493	10051	0	0	0	2531	0	0
Mismunur	-285430	-70474	-34129	-31613	-8493	25083	0	0	0	-2531	0	0

61 Bíldudalur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	93852	116547	12705	3732	1452	157150	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	188399	28541	29552	13711	2000	35058	0	0	0	120918	0	0
Mismunur	-94547	88006	-16847	-9979	-548	122092	0	0	0	-120918	0	0

85 Blönduós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til	20000	20000	45000	3260	18746	30000	0	0	0	210969	20000	0
Flutningur frá	441443	173731	266877	51428	126272	51489	1443	0	0	648508	180000	0
Mismunur	-421443	-153731	-221877	-48168	-107526	-21489	-1443	0	0	-437539	-160000	0

69 Bolungarvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	620874	234614	234037	55439	8258	119745	1386	0	0	1282861	0	0
Flutningur frá	1131224	836679	402590	1015981	486393	95157	2754	0	0	1472156	0	0
Mismunur	-510350	-602065	-168553	-960542	-478135	24588	-1368	0	0	-189295	0	0

129 Borgarfjörður Eyst	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	18000	0	0	0	0	7500	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	72500	11150	12957	10127	2864	801	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-54500	-11150	-12957	-10127	-2864	6699	0	0	0	0	0	0

37 Borgarnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	40	1	53	2	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-40	-1	-53	-2	0	0	0	0	0	0	0	0

145 Breiðdalsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	22500	0	0	100	0	73458	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	24398	0	0	1276	356	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-1898	0	0	-1176	-356	73458	0	0	0	0	0	0

55 Brjánslækur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	56372	0	0	0	0	0	0	0	0	442800	0
Flutningur frá	105259	9928	2605	3732	774	6327	0	0	0	160571	365221	0
Mismunur	-105259	46444	-2605	-3732	-774	-6327	0	0	0	-160571	77579	0

101 Dalvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	98924	320226	296322	45841	1022239	16957	0	0	0	1359205	0	0
Flutningur frá	2199370	934271	498764	152107	15654	79040	1386	0	0	176705	0	0
Mismunur	-2100446	-614045	-202442	-106266	1006585	-62083	-1386	0	0	1182500	0	0

78 Djúpavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	20000	0

Flutningur frá	12609	902	0	0	0	0	0	0	0	0	40000	0
Mismunur	-12609	-902	0	0	0	0	0	0	0	0	-20000	0

147 Djúpivogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	44747	30353	21200	8000	400635	94658	0	0	0	963358	0	0
Flutningur frá	1118336	697876	535461	190618	4480	32450	1386	0	0	0	342800	0
Mismunur	-1073589	-667523	-514261	-182618	396155	62208	-1386	0	0	963358	-342800	0

79 Drangsnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	2000	0	0	0	0	0	0	0	0	25000	0
Flutningur frá	72000	9600	869	0	3300	28	0	0	0	75000	0	0
Mismunur	-72000	-7600	-869	0	-3300	-28	0	0	0	-75000	25000	0

127 Egilsstaðir	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	60	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

137 Eskifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	118603	499250	1171202	150649	16020	204500	4072	0	0	416360	0	0
Flutningur frá	306619	15000	81720	216630	122334	10467	1512	0	0	1409804	0	0
Mismunur	-188016	484250	1089482	-65981	-106314	194033	2560	0	0	-993444	0	0

7 Eyrarbakki	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	472034	123636	0	0	0	20000	0	0	9217	0	0	0
Flutningur frá	18157	18181	0	23000	0	30000	0	0	481	0	0	0
Mismunur	453877	105455	0	-23000	0	-10000	0	0	8736	0	0	0

141 Fáskrúðsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	4600	235089	28378	160190	270561	2982	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	96948	61455	83464	114069	1536	15607	0	0	0	15132	0	0
Mismunur	-92348	173634	-55086	46121	269025	-12625	0	0	0	-15132	0	0

49 Flatey á Breiðafirð	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur		227	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	65 Flateyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		528874	50500	38777	14426	126682	167155	0	0	5541	5615	0	0
Flutningur frá		40670	11550	478209	62005	17356	115300	0	0	0	98700	0	0
Mismunur		488204	38950	-439432	-47579	109326	51855	0	0	5541	-93085	0	0
	19 Garður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		1791979	136128	2021950	24431	1545	2143	0	0	13073	381918	0	0
Flutningur frá		99578	168527	325	15974	41204	265939	2998	0	0	595132	0	0
Mismunur		1692401	-32399	2021625	8457	-39659	-263796	-2998	0	13073	-213214	0	0
	111 Grenivík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		948182	211601	227617	383720	96023	0	277	0	0	821767	0	0
Flutningur frá		674795	284490	537010	10429	101640	235825	1386	3000	0	550000	0	0
Mismunur		273387	-72889	-309393	373291	-5617	-235825	-1109	-3000	0	271767	0	0
	13 Grindavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		6484619	1177503	1192330	1367456	1164057	281436	10479	14607	12898	592839	0	0
Flutningur frá		3926588	1056528	1107184	625369	147501	381208	6637	1000	5471	1837576	0	90000
Mismunur		2558031	120975	85146	742087	1016556	-99772	3842	13607	7427	-1244737	0	-90000
	97 Grímsey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		73430	0	85677	0	0	194350	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá		259522	39734	129662	28619	8075	1895	0	0	0	0	0	0
Mismunur		-186092	-39734	-43985	-28619	-8075	192455	0	0	0	0	0	0
	45 Grundarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		41000	544516	268122	114601	110762	81300	0	0	1219	120000	265221	0
Flutningur frá		118120	114355	62066	92789	50895	28487	0	0	7884	401475	102000	0
Mismunur		-77120	430161	206056	21812	59867	52813	0	0	-6665	-281475	163221	0
	27 Hafnarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til		2710320	535311	360446	388160	117186	122015	0	0	246	311625	0	0
Flutningur frá		293878	422607	507999	257349	291321	114087	1541	0	2000	910961	0	0
Mismunur		2416442	112704	-147553	130811	-174135	7928	-1541	0	-1754	-599336	0	0

92 Haganesvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	10500	1092	0	1479	420	273	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-10500	-1092	0	-1479	-420	-273	0	0	0	0	0	0

104 Hauganes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	8366	0	0	0	100	0	0	0	0	76462	0	0
Flutningur frá	77152	16429	30448	11774	4620	10004	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-68786	-16429	-30448	-11774	-4520	-10004	0	0	0	76462	0	0

41 Hellissandur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	142654	1132	181835	88418	62119	90127	0	0	0	132000	0	0
Flutningur frá	35004	44362	101000	193334	124392	15000	0	0	0	0	0	0
Mismunur	107650	-43230	80835	-104916	-62273	75127	0	0	0	132000	0	0

39 Hellnar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	12800	0	1280	1486	422	275	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-12800	0	-1280	-1486	-422	-275	0	0	0	0	0	0

105 Hjalteyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	3983	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	1644	216	0	547	156	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	2339	-216	0	-547	-156	0	0	0	0	0	0	0

91 Hofsós	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	26254	3096	0	0	0	42000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	24886	2236	0	2281	647	421	0	0	0	0	0	0
Mismunur	1368	860	0	-2281	-647	41579	0	0	0	0	0	0

149 Hornafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	3186646	624222	1286556	86961	115192	397623	5157	0	8484	809336	0	0
Flutningur frá	956807	1036201	788833	492900	83780	150798	10069	0	93635	215543	0	0
Mismunur	2229839	-411979	497723	-405939	31412	246825	-4912	0	-85151	593793	0	0

81 Hólmavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	9764	0	0	130000	0	2000	0	0	0	575544	0	0
Flutningur frá	798213	141180	306962	434909	387805	63244	0	0	0	616290	0	0
Mismunur	-788449	-141180	-306962	-304909	-387805	-61244	0	0	0	-40746	0	0

99 Hrísey	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	287443	7407	7877	9042	2594	1689	0	0	0	1362739	0	0
Flutningur frá	516091	129096	129310	34245	6164	28239	1386	0	0	2773	0	0
Mismunur	-228648	-121689	-121433	-25203	-3570	-26550	-1386	0	0	1359966	0	0

115 Húsavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	289182	328313	466253	265615	138304	16546	458	5011	0	2421994	0	0
Flutningur frá	1527889	718696	1049331	570937	283646	155837	1598	0	0	419900	0	0
Mismunur	-1238707	-390383	-583078	-305322	-145342	-139291	-1140	5011	0	2002094	0	0

83 Hvammstangi	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	43500	74400	0	7081	2000	12000	0	0	0	929180	355000	90000
Flutningur frá	170000	245500	55800	95769	2000	77006	0	0	0	119128	40000	0
Mismunur	-126500	-171100	-55800	-88688	0	-65006	0	0	0	810052	315000	90000

73 Ísafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	691287	407917	697116	374848	554000	162078	0	0	5000	1664462	20000	0
Flutningur frá	2789059	744635	757904	842394	764923	257330	1386	0	0	1532560	195000	0
Mismunur	-2097772	-336718	-60788	-467546	-210923	-95252	-1386	0	5000	131902	-175000	0

21 Keflavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	4344327	488510	879084	1282765	79512	178625	5937	7593	4571	116508	0	0
Flutningur frá	453846	349836	316690	297750	74293	163621	1386	600	1944	1333700	0	0
Mismunur	3890481	138674	562394	985015	5219	15004	4551	6993	2627	-1217192	0	0

117 Kópasker	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	0	0	0	0	0	5835	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	19791	468	546	1506	180	239	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-19791	-468	-546	-1506	-180	5596	0	0	0	0	0	0

31 Kópavogur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja

Flutningur til	0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	0	0	4000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

133 Mjóifjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	2000	4000	6000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	17659	8095	8049	2821	698	10152	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-15659	-4095	-2049	-2821	-698	-10152	0	0	0	0	0	0

135 Neskaupstaður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	168382	350276	390919	219903	243097	340373	7488	0	0	162945	0	0
Flutningur frá	1164886	132123	623173	219219	30999	217050	2536	0	0	526574	0	0
Mismunur	-996504	218153	-232254	684	212098	123323	4952	0	0	-363629	0	0

23 Njarðvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	333479	17026	19820	5787	136134	17	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	19326	60086	214086	217332	41899	12637	0	0	0	128600	0	0
Mismunur	314153	-43060	-194266	-211545	94235	-12620	0	0	0	-128600	0	0

95 Ólafsfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	226747	37685	31000	289346	265810	85909	0	0	0	553918	0	0
Flutningur frá	1410813	140770	353224	541213	88701	127230	1386	0	0	338500	0	0
Mismunur	-1184066	-103085	-322224	-251867	177109	-41321	-1386	0	0	215418	0	0

43 Ólafsvík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	1480906	88989	132651	138000	25000	433924	0	0	0	110000	0	0
Flutningur frá	494998	358635	255787	219927	28347	79710	2772	0	0	930613	0	0
Mismunur	985908	-269646	-123136	-81927	-3347	354214	-2772	0	0	-820613	0	0

57 Patreksfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	485127	142483	89435	4332	140833	655792	0	0	0	60224	0	0
Flutningur frá	284276	156722	128015	217380	35266	36589	0	0	0	286316	0	0
Mismunur	200851	-14239	-38580	-213048	105567	619203	0	0	0	-226092	0	0

119 Raufarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	87093	41126	17	475000	250000	5561	0	0	0	212645	0	0

Flutningur frá	858073	244015	233249	363611	3967	15946	2772	0	0	869922	0	0
Mismunur	-770980	-202889	-233232	111389	246033	-10385	-2772	0	0	-657277	0	0

139 Reyðarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	840	154500	100000	0	158500	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	90590	4500	400	160400	128	7000	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-89750	150000	99600	-160400	158372	-7000	0	0	0	0	0	0

53 Reykhólar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	10000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	10000	0	30000	0	0	0	0	0	0	0	0	0

33 Reykjavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	2390152	1323539	1835152	1645045	499555	173944	13866	600	1200	3455582	0	0
Flutningur frá	1429991	1077339	1892224	951697	929119	709152	4159	3011	3512	4931708	0	0
Mismunur	960161	246200	-57072	693348	-429564	-535208	9707	-2411	-2312	-1476126	0	0

42 Rif	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	1246944	211360	637593	367728	1092196	281891	0	0	0	413531	0	0
Flutningur frá	407432	448611	888276	515917	383385	44761	1386	0	0	376020	0	0
Mismunur	839512	-237251	-250683	-148189	708811	237130	-1386	0	0	37511	0	0

17 Sandgerði	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	394757	361200	704781	787987	1483	106045	0	0	20475	0	0	0
Flutningur frá	289917	184071	3077	36126	262069	40739	320	0	988	423505	0	0
Mismunur	104840	177129	701704	751861	-260586	65306	-320	0	19487	-423505	0	0

89 Sauðárkrókur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	81187	1071161	63527	646798	275806	60718	0	0	661	621580	0	0
Flutningur frá	969488	112245	507329	532847	348530	54124	0	0	3992	149417	0	3870
Mismunur	-888301	958916	-443802	113951	-72724	6594	0	0	-3331	472163	0	-3870

9 Selfoss	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	15000	0	0	0	0	0	- 0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	53250	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mismunur	-38250	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

32 Seltjarnarnes	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	131454	75813	10000	5000	100	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	18727	0	0	1266	0	17327	0	0	0	0	0	0
Mismunur	112727	75813	10000	3734	100	-17327	0	0	0	0	0	0

131 Seyðisfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	214549	728073	261539	310912	54872	20000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	183217	3314	4603	3827	1086	8307	0	0	0	0	0	0
Mismunur	31332	724759	256936	307085	53786	11693	0	0	0	0	0	0

93 Siglufjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	338146	9390	95000	181345	131881	0	0	0	0	2888728	0	0
Flutningur frá	2246889	614680	980506	1275751	668465	95157	0	0	4475	1144813	0	0
Mismunur	-1908743	-605290	-885506	-1094406	-536584	-95157	0	0	-4475	1743915	0	0

87 Skagaströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	207421	0	0	639775	160226	0	0	0	988	981711	40000	0
Flutningur frá	737500	280000	0	1311000	432000	88257	0	0	4939	1459945	0	0
Mismunur	-530079	-280000	0	-671225	-271774	-88257	0	0	-3951	-478234	40000	0

5 Stokkseyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	320657	0	0	25000	0	14500	0	0	38546	0	0	0
Flutningur frá	4500	125000	0	47100	730	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	316157	-125000	0	-22100	-730	14500	0	0	38546	0	0	0

47 Stykkishólmur	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	313307	87920	121953	0	0	27273	1386	0	0	1197787	102000	0
Flutningur frá	214519	234955	255763	18422	7098	101233	5655	0	0	733242	25000	0
Mismunur	98788	-147035	-133810	-18422	-7098	-73960	-4269	0	0	464545	77000	0

143 Stöðvarfjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	54660	20220	240000	79031	1654	8000	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	133414	133000	0	2644	750	0	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-78754	-112780	240000	76387	904	8000	0	0	0	0	0	0

67 Suðureyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	190805	84453	473	0	0	25273	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	41589	792	7604	7573	2456	13116	0	0	0	0	0	0
Mismunur	149216	83661	-7131	-7573	-2456	12157	0	0	0	0	0	0

75 Súðavík	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	155731	24545	233000	43647	56157	11300	0	0	0	1322177	0	0
Flutningur frá	851276	438985	500000	567058	438000	77204	0	0	0	360000	0	0
Mismunur	-695545	-414440	-267000	-523411	-381843	-65904	0	0	0	962177	0	0

109 Svalbarðsströnd	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	3954	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	3000	466	584	558	158	103	0	0	0	0	0	0
Mismunur	954	-466	-584	-558	-158	-103	0	0	0	0	0	0

59 Tálknafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	305156	206451	24603	5806	18818	129975	0	0	0	526	0	0
Flutningur frá	266955	125204	47939	32443	95021	23616	0	0	0	526	0	0
Mismunur	38201	81247	-23336	-26637	-76203	106359	0	0	0	0	0	0

1 Vestmannaeyjar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	1462541	2360826	1179701	1530151	70881	75160	3862	10180	7124	1101706	0	3870
Flutningur frá	898587	434494	479834	115876	188169	462750	2723	1500	33551	622751	0	0
Mismunur	563954	1926332	699867	1414275	-117288	-387590	1139	8680	-26427	478955	0	3870

25 Vogar	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	1486952	355455	604715	264398	25515	105167	554	0	0	45000	0	0
Flutningur frá	640599	335117	211785	214002	31156	269982	1941	0	2060	93793	0	0
Mismunur	846353	20338	392930	50396	-5641	-164815	-1387	0	-2060	-48793	0	0

125 Vopnafjörður	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	32448	55445	325194	760547	570951	60686	2772	5382	0	88955	0	0
Flutningur frá	784960	284769	8182	111430	54007	45656	2763	6593	0	88955	0	0
Mismunur	-752512	-229324	317012	649117	516944	15030	9	-1211	0	0	0	0

63 Þingeyri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	13500	11550	0	0	183986	136900	0	0	0	0	0	0
Flutningur frá	273313	30637	150440	60511	145	94	0	0	0	0	0	0
Mismunur	-259813	-19087	-150440	-60511	183841	136806	0	0	0	0	0	0

11 Þorlákshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	934255	323573	316065	280547	5097	160259	0	0	72344	0	0	0
Flutningur frá	711705	459504	1585914	824696	522869	539531	0	12180	36655	322257	0	0
Mismunur	222550	-135931	-1269849	-544149	-517772	-379272	0	-12180	35689	-322257	0	0

121 Þórshöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Grálúða	Skarkoli	Síld	Loðna	Humar	Úthafsrækja	Skel	Innfjarðarrækja
Flutningur til	80476	88235	227266	152399	44843	14516	3579	0	0	170000	0	0
Flutningur frá	615204	232521	151739	443946	280273	114316	0	10107	0	225543	0	0
Mismunur	-534728	-144286	75527	-291547	-235430	-99800	3579	-10107	0	-55543	0	0

Samtals:												
Flutningur til	38007381	15623716	18272347	16031600	9366428	5727809	67131	49873	201587	30055768	1290021	93870
Flutningur frá	38007381	15623716	18272347	16031600	9366428	5727809	67131	49873	201587	30055768	1290021	93870
Mismunur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

124. Svar [93. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Petrínu Baldursdóttur um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hafa mörg skip verið úrelt síðan 1994, í hvaða stærðarflokki og frá hvaða landsvæðum?*
2. *Hafa einhver fiskverkunarhús verið úrelt síðan 1994?*

Of mikil afkastageta miðað við afrakstursgetu fiskistofna, bæði í veiðum og vinnslu, hefur um langan tíma verið eitt af meginvandamálum sjávarútvegsins. Það vandamál er alþjóðlegt og hafa ríkisstjórnir fjölmargra ríkja reynt að bregðast við því á margvíslegan hátt. Þróunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður með lögum nr. 92/1994 og tóku þau gildi 3. júní 1994. Sjóðurinn fékk það hlutverk að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegsfyrirtækjum með því að auðvelda þeim að losna við umframafkastagetu í veiðum jafnt sem vinnslu. Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til að úrelda fiskiskip, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslufyrirtæki. Enn fremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Frá stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til 23. október 1996 hefur sjóðurinn greitt út 366 styrki til að úrelda jafnmörg fiskiskip og varið til þess tæplega 2.540 millj. kr. Því til viðbótar hefur sjóðurinn gefið loforð að fjárhæð tæplega 308 millj. kr. um að úrelda 102 skip, sem hafa enn ekki komið til útborgunar. Auk þessa eru nú í afgreiðslu hjá sjóðnum 96 umsóknir um styrki til að úrelda skip.

Í töflu 1 má sjá stærðarflokkun þeirra 366 skipa sem Þróunarsjóður hefur greitt úreldingarstyrki. Í fylgiskjali I má sjá nánari upplýsingar um hvaða skip um er að ræða, hver er eigandi þeirra, styrkfjárhæð vegna hvers skips og rúmlestastærð.

Tafla 1.

Stærð í rúmlestum	Fjöldi	Styrkir, þús. kr.	Afskráðar rúmlestir
Yfir 100	24	1.575.252	4.608
10–100	31	303.339	1.075
Minni en 10	311	661.107	1.882
Samtals	**366**	**2.539.698**	**7.565**

Í töflu 2 má sjá úr hvaða umdæmum þau 366 skip komu sem Þróunarsjóður hefur greitt úreldingarstyrki. Í fylgiskjali II má sjá nánari skiptingu innan umdæmanna svo og um hvaða skip er að ræða, hver er eigandi þeirra, styrkfjárhæð vegna hvers skips og rúmlestastærð.

Tafla 2.

Umdæmisnúmer	Aflamarksskip Fjöldi	Aflamarksskip Styrkir, þús. kr.	Krókabátar Fjöldi	Krókabátar Styrkir, þús. kr.
AK	7	89.147	4	9.136
ÁR	3	55.790	1	2.603
BA	22	104.420	2	7.507
DA			2	4.864
EA	14	108.183	10	24.988
GK	23	328.113	9	29.823
HF	14	186.718	9	31.458
HU			1	1.232
ÍS	21	138.160	6	17.165
KE	9	20.248	4	7.547
KÓ	2	3.973	1	4.855
MB	1	540		
NK	17	54.046	5	11.260
NS	12	107.788	2	4.472
ÓF	4	183.433		
RE	17	98.619	7	27.050
SF	11	254.186	4	10.502
SH	30	82.463	13	45.559
SI	2	2.558	3	9.616
SK	4	7.128	1	1.080
ST	3	7.026	1	1.532
SU	16	59.075	6	12.854
VE	15	171.684	1	1.328
ÞH	19	189.851	8	20.118
Samtals	**266**	**2.253.149**	**100**	**286.549**

Eins og framangreindar upplýsingar bera með sér hefur Þróunarsjóði sjávarútvegsins tekist vel að uppfylla þær væntingar sem gerðar voru til hans varðandi fækkun fiskiskipa og þar með minnkun fiskiskipaflotans. Það má glögglega sjá í töflu 3 sem sýnir að útgefnum leyfum til veiða í atvinnuskyni hefur fækkað verulega frá fiskveiðiárinu 1994/1995 til 1996/1997:

Tafla 3.

Útgefin leyfi til veiða í atvinnuskyni	1994/1995	1995/1996	1996/1997
Aflamarksleyfi	1.310	1.078	1.011
Krókaleyfi	1.117	1.082	1.009
Samtals	**2.427**	**2.160**	**2.020**

Þessu til viðbótar má búast við að leyfum muni enn hafa fækkað 1. september 1997 vegna yfirstandandi átaks við að úrelda krókabáta.

Annað meginhlutverk sjóðsins er að kaupa upp fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Frá upphafi hefur sjóðurinn keypt sjö fiskverkunarhús fyrir um 75 millj. kr. og selt aftur til annarrar starfsemi fyrir um 56 millj. kr. Styrkir til kaupa á fiskvinnsluhúsum nema því tæpum 19 millj. kr. Fylgiskjal III sýnir hvaða fiskvinnsluhús hafa verið keypt, kaupverð þeirra og endursöluverð.

Fylgiskjal I.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins:

Útborgaðir úreldingarstyrkir vegna aflamarksskipa eftir stærðarflokkum.
(Frá árinu 1994 til 23. október 1996.)

Aflamarksskip stærri en 100 rúmlestir:

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
2168	Lísa María ÓF- 26	Sædís h.f. Ólafsfirði	90.000.000	426,01
1474	Otto Wathne NS-9	Otto Wathne hf.,Seyðisfirði	86.670.000	299,06
1630	Frosti ÞH-229	Frosti hf.,Grenivík	78.120.000	298,89
2123	Ásgeir Frímanns ÓF-	Valeik hf.,Ólafsfirði	89.730.000	280,50
1625	Jónína Jónsdóttir SF	Jón G. Helgason, Höfn, Hornafirði	81.990.000	271,12
1989	Háfdán í Búð ÍS-19	Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.,Ísafi	90.000.000	250,00
965	Snarfari HF-66	Miðfell, Hnífsdal	73.305.000	235,68
2031	Hópsnes GK-77	Hópsnes hf.,Grindavík	93.087.000	230,44
1648	Sæfari AK-202	Krossvík hf.,Akranesi	79.245.000	222,76
1651	Snæfari GK-186	Júlíus Stefánsson,Kópavogi	77.805.000	221,97
212	Ögmundur RE-94	Ingimundur hf.,Reykjavík	77.490.000	186,64
1825	Geiri Péturs ÞH-344	Geiri Péturs hf.,Húsavík	88.245.000	181,51
2038	Haukafell SF-111	Haukafell hf.,Höfn,Hornafirði	90.000.000	161,60
1095	Lyngey SF-61	Borgey hf.,Höfn,Hornafirði	28.845.000	145,72
1398	Sæljón SU- 104	Friðþjófur h.f. Eskifirði	37.035.000	142,19
1094	Eyrún EA-155	Rif hf.,Hrísey	27.135.000	131,79
7	Stokksnes VE-700	Goðaborg hf.,Fáskrúðsfirði	39.375.000	131,59
1199	Frár VE-7	Frár hf.,Vestmannaeyjum	30.285.000	123,80
1209	Freyja GK-364	Halldór Þórðarson,Keflavík	41.445.000	122,13
1759	Fjölnir GK-157	Vísir hf.,Grindavík	54.450.000	116,76
1824	Sænes EA-75	Sænes hf., Grenivík	60.750.000	111,13
1758	Öðlingur VE-292	Íslandsbanki h/f,Vestmannaeyjum	53.955.000	110,21
1286	Freyr SF-20	Skinney hf.,Höfn,Hornafirði	31.275.000	104,62
1940	Lómur HF-177	Lómur hf.,Hafnarfirði	75.015.000	101,54
24			1.575.252.000	4607,66

Aflamarksskip stærri en 10 og minni en 100 rúmlestir:

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
210	Sigurvon SH-121	Rækjunes hf.,Stykkishólmi	22.504.000	88,32
1748	Jón Klemenz ÁR-313	Fiskmark hf.,Þorlákshöfn	30.253.000	80,70
951	Sleipnir VE-83	Sleipnir hf.,Vestmannaeyjum	12.771.000	76,90
963	Júlíus ÁR-111	Hólmar V.Gunnarsson,Þorlákshöfn	17.074.000	75,12
925	Katrín BA-109	Þiljur hf.,Bíldudal	13.808.000	69,34
2149	Mummi NK-2	Bendill h.f. Neskaupstað	35.357.000	69,20
2127	Stapi BA-65	Byggðastofnun ofl., Reykjavík	38.382.000	68,20
778	Smári SH-221	Rækjunes hf.,Stykkishólmi	8.435.000	62,97
625	Hafborg HF-64	Ólafur Óskarsson, Reykjavík	13.670.000	53,91

Skipaskrár-número	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
731	Grunnvíkingur ÍS-16	Byggðastofnun,Ísafirði	9.562.000	53,09
759	Sjöfn VE-37	Íslandsbanki hf.,Vestmannaeyjum	9.825.000	50,39
434	Ólafur GK-33	Fiskanes hf.,Grindavík	8.875.000	36,08
734	Sædís ÁR-9	Skagstrendingur hf.,Skagaströnd	8.463.000	34,29
565	Hilmir ST-1	Guðmundur Guðmundsson hf., Hólm	4.841.000	27,64
1292	Haukur ÍS-195	Birna Hjaltalín Pálsd., Bolungarvík	6.631.000	21,62
537	Sæborg BA-77	Vesturver hf.,Patreksfirði	4.812.000	21,23
306	Hrönn EA-258	Heiðar R.Baldvinsson,Grenivík	6.587.000	20,58
1249	Sigurvin GK-51	Sigurvin hf., Keflavík	2.892.000	16,55
872	Hallgr. Ottósson BA-	Ýmir hf., Bíldudal	8.195.000	15,76
847	Tindur SH-179	Bergsveinn Jóhannesson,Ólafsvík	3.439.000	14,72
1227	Veiga GK-4	Byggðastofnun,Reykjavík	5.336.000	11,66
372	Kristín VE-40	Eiður Marinósson,Vestmannaeyjum	2.462.000	11,50
442	Ásta VE-2	Bára hf.,útgerðarfélag,Vestmannaeyj	2.959.000	11,41
1155	Hafnartindur SH-49	Sigurður Guðnason ofl., Hellissandi	2.378.000	11,08
1419	Bjargey EA-79	Óli H. og Óli B. Ólason., Grímsey	998.000	11,05
1805	Særif SH-702	Melnes hf.,Hellissandi	6.982.000	11,00
1690	Guðmundur Benóný	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.027.000	10,39
1480	Bibbi Jóns HF-44	Ellen Björnsdóttir,Hafnarfirði	3.093.000	10,35
524	Hafliði GK-140	Hóp hf.,Grindavík	2.580.000	10,32
592	Valur RE-7	Valur hf.,Reykjavík	2.759.000	10,10
1083	Valur HF-15	Hafald hf., Hafnarfirði	3.389.000	10,02
31			303.339.000	1.075

Aflamarksskip minni en 10 rúmlestir:

Skipaskrár-número	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
2057	Ævar BA-25	Snæbjörn Gíslason,Patreksfirði	4.899.000	10,00
2058	Gylfi BA-18	Aðalsteinn G.Þ.Gíslason,Patreksfirði	5.176.000	10,00
2075	Faxafell GK-102	Landsbanki Ísl. eignarleiga, Rvík	4.577.000	10,00
2096	Hafdís KE-150	Svavar Ingibersson,Sandgerði	3.736.000	10,00
6065	Draupnir BA-40	Guðrún Brynjarsdóttir,Neskaupsstað	1.039.000	10,00
2023	Sóley KE-15	Svavar Ingibersson, Sandgerði	1.452.000	10,00
943	Berglind SU-3	Friðþjófur hf.,Eskifirði	3.549.000	9,98
1446	Lárberg SH275	Lárus Guðmundsson ofl.,Grundarfirð	3.119.000	9,88
1845	Húni ÍS-211	Sigurður B.Hjartarson,Bolungarvík	4.971.000	9,81
2114	Reginn HF-228	Manus hf.,Garðabæ	4.753.000	9,76
1885	Fáfnir SF-14	Eiríkur Þorleifsson,Höfn, Hornafirði	3.262.000	9,76
1939	Katrín GK-98	Nesfiskur hf.,Garði	6.410.000	9,72
2066	Andri NS-28	Vigfús Daðas. og Víðir Davíðss.,Vopn	4.150.000	9,68
1786	Abba GK-247	Stefán Albertsson,Vogum	2.997.000	9,62
2009	Eydís NS-32	Ólafur Hallgrímsson,Borgarfj.	4.909.000	9,61
2060	Máni II ÍS-541	Reynir Gunnarsson,Þingeyri	5.109.000	9,61
1981	Máni SF-8	Guðmundur Eiríksson, Höfn	4.934.000	9,61
2105	Gullfiskur GK-321	Sæmundur Þórðarson,Stóru-Vatnsley	5.098.000	9,61
1879	Jón Bjarnason SF-28	Bjarni Jónsson h/f,Reykjavík	4.095.000	9,60
7225	Faxavík GK-7	Skúli Magnússon,Grindavík	4.468.000	9,59
1632	Guðjón SH-500	Norðurljós,Keflavík	2.186.000	9,52
1889	Sigurþór GK-55	Féfang hf.,Reykjavík	4.503.000	9,47
1837	Hugrún AK-43	Þórður Á.Magnússon,Grundarf.	2.122.000	9,35
995	Björgvin Már BA-22	Jóhannes S.Haraldsson,Rekhólum	1.446.000	9,30

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
1728	Sæfari SU-75	Friðrik Rósmundsson,Eskifirði	4.416.000	9,30
6967	Elís Bjarnason SH-4	Guðmundur E. Magnússon, Ólafsvík	3.240.000	9,29
7137	Von SF-1	Páll Guðmundsson, Hornafjörður	3.331.000	9,29
1323	Völusteinn NK-111	Útgerðarfélagið Eiður hf.,Reyðarfirði	1.900.000	9,24
7140	Grímur kafari SK-13	Þorvaldur Steingrímsson, Sauðárkró	4.279.000	9,23
1806	Sóley SH-42	Íshákarl hf., Stykkishólmi	2.625.000	9,16
2079	Björninn BA-85	Bjarg hf., Patreksfirði	4.859.000	9,01
6300	Selma HF-130	Selma sf.,Garðabæ	2.257.000	9,00
1843	Jón Þór NK-44	Sólheim hf.,Neskaupsstað	4.150.000	9,00
1908	Guðm. Ásgeirsson ÍS	þ.b.Skipasmst.Marselíusar hf.,Ísafirð	3.528.000	9,00
5312	Linda GK-105	Kristján Kristmannsson ofl.,Vogar	1.914.000	9,00
6670	Már HF-70	Sigurgeir Kristjánsson ofl.Garðabæ	2.618.000	9,00
7148	Hængur VE-87	Svanur Þór Eyþórsson,Reykjavík	2.067.000	9,00
7215	Norma VE-91	Haforka hf., Ólafsfirði	4.565.000	9,00
7257	Ólöf ÞH-300	Hermann Daðason,Akureyri	3.806.000	9,00
1580	Ýlir SH-287	Þorri hf., Ólafsvík	3.470.000	8,98
6509	Hari HF-69	Hari sf.,Bessastaðahreppi	2.296.000	8,95
1839	Friður RE-286	Bersi sf.,Garðabæ	3.398.000	8,91
1966	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö.Hjaltason,Raufarhöfn	2.832.000	8,91
1793	Guðjón Eiríksson BA	Eiríkur Hólmsteinsson,Patreksfirði	3.624.000	8,91
1865	Snotra RE-165	Njáll Helgason,Mosfellsbæ	2.958.000	8,91
1870	Jón Geir EA-7	Stefán Stefánsson,Dalvík	3.883.000	8,91
1886	Freygerður ÓF-18	Sigursveinn H.Þorsteinsson,Ólafsfirð	3.306.000	8,91
1987	Árntýr VE-478	Íslandsbanki h/f,Vestmannaeyjum	4.399.000	8,91
1946	Ingibjörg II BA-402	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.,Tálk	4.592.000	8,90
6654	Hnoss KE-97	Ólafur Björnsson, Keflavík	1.943.000	8,79
1962	Maggi ÍS-197	Magnús Þorgilsson, Ísafirði	3.170.000	8,73
737	Röst SH-134	Bergsveinn Gestsson, Stykkishólmi	1.653.000	8,72
1953	Góa VE-30	Ægir Hafsteinsson,Vestmannaeyjum	4.379.000	8,59
1613	Leynir AK-9	Birgir Jónsson,Akranesi	3.410.000	8,59
281	Trausti SH-72	Hólmgrímur Sigvaldason,Grindavík	1.458.000	8,54
1368	Silla NK-42	Síldarvinnslan hf.,Neskaupstað	1.552.000	8,54
461	Glaður SU-79	Sigurður Jónsson,Djúpavogi	1.237.000	8,51
7045	Ró KÓ-45	Hans Þorsteinsson, Reykjavík	2.518.000	8,41
6897	Eyjajarl BA-500	Tryggvi Gunnarsson, Flatey	3.668.000	8,40
6294	Hafrún EA-84	Haraldur Jóhannsson,Grímsey	2.851.000	8,34
7100	Óla Gísla SF-45	Gísli Þorvaldsson,Höfn, Hornafirði	3.607.000	8,29
1087	Farsæll SI-93	Ólafur Guðmundsson ofl.,Siglufirði	1.249.000	8,23
369	Diddó AK- 232	Óttar Guðlaugsson Ólafsvík	1.444.000	8,22
1822	Ína SU-69	Kjartan Garðarsson ofl.,Djúpavogi	1.967.000	8,20
487	Hringur BA-201	Vesturver hf.,Patreksfirði	1.959.000	8,18
1336	Stígandi VE-77	Stígandi hf.,Vestmannaeyjum	1.489.000	8,17
1284	Bensi VE-234	Frár hf.,Vestmannaeyjum	1.299.000	8,12
960	Hjalti SI-12	Þ.b. Georgs Ragnarssonar, Stykkishó	1.309.000	8,11
1238	Fjalar Vagn SH-330	Þorsteinn Kúld Björnsson,Stykkishól	1.703.000	8,05
6948	Bryndís BA-165	Eiríkur Óðinn Hauksson,Grindavík	1.547.000	8,00
6964	Helgi ÞH-124	Fagranes hf.,Þórshöfn	3.439.000	8,00
7071	Hegri KE-7	Eðvarð Árnason,Stykkishólmi	3.531.000	8,00
1519	Bylgjan I GK-141	Sigrún Ellertsdóttir,Njarðvík	2.041.000	8,00
5168	Sæbjörg RE-315	Einar Halldórsson, Reykjavík	1.100.000	8,00
1518	Hafsteinn SH-131	Ríkissjóður (Sýslum. Stykkishólmi	589.000	8,00

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
6735	Rikki KE-59	Gunnar Ásgeirsson,Keflavík	1.456.000	7,86
842	Haraldur Sæm. BA-3	Flói hf.,Patreksfirði	1.257.000	7,83
1814	Sunna SU-226	Byggðastofnun,Reykjavík	3.246.000	7,58
579	Hrefna ÍS-202	Sigurvin Magnússon,Suðureyri	721.000	7,25
1763	Svandís ST-111	Gunnar Jónsson ofl.Hólmavík	1.800.000	7,25
1800	Rósa Björg NK-101	Daníel Gunnarsson,Egilsstöðum	2.068.000	7,25
1832	Lína Bjarna NS-120	Hallgrímur Arason, Eskifirði	3.110.000	7,25
1515	Litlanes ÞH-52	Óli Æ.Þorsteinsson,Þórshöfn	1.544.000	7,16
364	Fróði BA-81	Símon Fr.Símonarson,Patreksfirði	796.000	7,16
6884	Sævi GK-44	Plastverk hf.,Sandgerði	1.960.000	7,00
5017	Sigursæll AK-87	Einar Árnason,Akranesi	1.062.000	7,00
5158	Þytur GK-333	Halldór Martinsson,Kópavogi	2.064.000	7,00
6602	Freyr II GK-177	Sparisjóður Norðfjarðar,Neskaupstað	2.434.000	7,00
6642	Kristján KE-21	Gunnar H. Garðarsson,Garði	2.731.000	6,84
1112	Vinur SH-1	Guðmundur Jóhannesson,Grundarfir	1.164.000	6,79
1700	Assa KÓ-12	Sigursteinn Óskarsson,Mosfellsbæ	1.455.000	6,68
2037	Hafrún NS-222	Magnús Þorsteinsson, Borgarf.eystri	4.004.000	6,65
5447	Búi EA-100	Stefán Stefánsson,Dalvík	1.927.000	6,50
5402	Pálmi SU-44	Guðmundur Björgvinsson,Reyðarfirði	639.000	6,39
468	Auður II AK-59	Vilhjálmur Birgisson,Akranes	784.000	6,36
477	Ragna SK-193	Þorri hf.,Ólafsvík	945.000	6,23
1382	Lundey II ÞH-351	Kristbjörn Árnason,Húsavík	917.000	6,00
5217	Blíðfari NS-112	Sigurður Finnbogason,Seyðisfirði	374.000	6,00
6782	Svanur SU-28	Jón Úlfarsson,Fáskrúðsfirði	1.327.000	6,00
7042	Úlfar SU-185	Sigurður Úlfarsson,Fáskrúðsfirði	1.656.000	6,00
7280	Inga HF-164	Sigmar Æ.Björgvinsson,Seltjarnarne	1.509.000	6,00
5264	Eyfell ÞH-76	Jakobína Stefánsdóttir,Neskaupstað	411.000	6,00
6356	Hugborg HF-14	Sigursteinn Óskarsson,Mosfellsbæ	1.206.000	6,00
6751	Glaður SH-267	Kristmundur Halldórsson, Ólafsvík	1.500.000	6,00
6864	Milla HF-99	Gunnar Guðmundsson,Hafnarfirði	1.280.000	6,00
6898	Berta ÍS-606	Elías Oddsson,Ísafirði	1.601.000	6,00
6900	Logi ÍS-32	Þórður Júlíusson,Ísafirði	1.847.000	6,00
6914	Malli SK-19	Ómar Ólafsson, Fljótum	1.676.000	6,00
6928	Apríl BA-211	Vestri hf., Patreksfirði	1.229.000	6,00
7034	Sæunn SF-155	Gunnar Þ.Guðmundsson,Höfn,Horna	1.878.000	6,00
7036	Árný ÞH-64	Eyþór Margeirsson,Kópaskeri	1.523.000	6,00
7093	Ármann II SH-323	Bjarni Ólafsson,Ólafsvík	1.560.000	6,00
7166	Þröstur SH-250	Hermann Sigurðsson, Ólafsvík	2.007.000	6,00
7155	Kristín NK-36	Ármann D. Árnason, Neskaupstað	951.000	5,99
955	Rex NS-3	Árni J.Sigurðsson,Seyðisfirði	1.187.000	5,96
1169	Tvistur VE-222	Jón B.Kárason ofl.,Fáskrúðsfirði	981.000	5,94
6819	Ígull GK-5	Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík	991.000	5,90
7006	Kögur ÍS-98	Kjartan Sigmundsson,Ísafirði	884.000	5,90
6818	Rafn SH-86	Ögmundur Pétursson,Arnarstapa	1.844.000	5,73
1677	Pálmi RE-48	Faxaberg sf.,Hafnarfirði	1.519.000	5,70
6954	Digranes NS-124	Marinó Jónsson,Bakkafirði	1.570.000	5,68
6809	Víðir SH-182	Tómas Guðmundsson, Ólafsvík	1.306.000	5,68
1057	Gunnar ÞH-34	d.b.Jóhanns Stefánssonar,Grenivík	765.000	5,67
406	Kópur EA-325	Brynjar Baldvinsson,Dalvík	1.168.000	5,60
1747	Tumi II HF-17	Búrfell hf., Seltjarnarnes	1.545.000	5,52
5556	Gustur NK-50	Ásdís Hannibalsdóttir,Neskaupstað	1.435.000	5,50

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
409	Gæfa II VE-112	Ólafur Guðjónsson ofl. Vestm.	873.000	5,42
1798	Aldan SH-295	Gísli J.Gíslason,Hellissandi	1.634.000	5,42
5258	Andri SH-350	Sigurður Berntsson ofl.,Stykkishólmi	1.095.000	5,40
506	Gylfi NK-40	Oddur Þ.Sveinsson,Reykjavík	774.000	5,35
1391	Steini Ólafs Björns S	Alexander Helgason ofl.,Stykkishólm	1.595.000	5,35
6621	Sær RE-40	Sigurþór H. Sigmarsson, Garðabæ	619.000	5,30
1569	Ómagi RE-13	Snorri Agnarsson,Reykjavík	1.348.000	5,26
1729	Hulda RE-460	Valdimar Samúelsson,Reykjavík	1.188.000	5,26
6750	Beta ÍS-128	Leiti hf.,Hnífsdal	1.513.000	5,05
5393	Sindri EA-160	Þorvaldur Baldvinsson ofl.,Dalvík	733.000	5,00
6135	Kristín HF-165	Kristín H.Þorsteinsdóttir,Bakkafirði	782.000	5,00
6456	Rúna SH-2	Guðmundur K.Pálsson,Suðureyri	695.000	5,00
6604	Svanur SU-155	Kjartan L.Pétursson,Eskifirði	1.177.000	5,00
5545	Dröfn NK-31	Hjörtur Arnfinnsson,Neskaupstað	1.083.000	5,00
5549	Guðrún Helga RE-20	Guðrún Helga ÞH-20, Reykjavík	917.000	5,00
5572	Dröfn NS-17	Guðjón Sveinsson,Vopnafirði	717.000	5,00
6553	Flóki ÍS-167	Óttar A.Överby,Reykjavík	2.060.000	5,00
6665	Helgi ÞH-93	Heimir Ingvason,Arnórsstöðum	1.654.000	5,00
6696	Valdi RE-120	Þorsteinn Þorvaldsson, Reykjavík	2.346.000	5,00
6718	Anna ÍS-101	Konráð Eggertsson, Ísafirði	2.119.000	5,00
6734	Hafmey SF-100	Daníel Sigurðsson,Reykjavík	969.000	4,88
7012	Dímon RE-712	Þrándur Thoroddsen,Reykjavík	538.000	4,84
6808	Máni RE-43	Hannes G. Sigurðsson, Reykjavík	497.000	4,74
5558	Glæsir ÞH-266	Hlynur Þ.Ingólfsson,Raufarhöfn	1.198.000	4,50
6704	Magnús SU-77	Birgir Guðmundsson, Djúpavogi	1.014.000	4,45
7004	Hrefna EA-988	Einar Gylfason, Akureyri	424.000	4,45
5437	Díana SU-38	Þórunn Magnúsdóttir,Eskifirði	661.000	4,16
6205	Auður RE-127	Sigdór Ó. Sigmarsson, Reykjavík	808.000	4,09
5245	Búi BA-230	Kristinn Jónsson,Hafnarfirði	1.224.000	4,00
5459	Maggi ÞH-338	Þorgeir Þorvaldsson,Húsavík	606.000	4,00
5533	Dóra SU-180	Kjartan L.Pétursson,Eskifirði	61.000	4,00
5551	Nökkvi BA-82	Guðni Jónasson,Vesturbyggð	1.035.000	4,00
5555	Gyllir NK-49	Hjörtur Árnason,Neskaupstað	1.022.000	4,00
5557	Enok NK-45	Kristján Vilmundarson,Neskaupstað	706.000	4,00
5872	Ver AK-97	Steindór Oliversson,Akranesi	1.080.000	4,00
5895	Ásdís ÍS-130	Björgvin Eyþórsson,Akranesi	645.000	4,00
7187	Gunna Beta ÍS 17	Ásgeir Salómonsson ofl.,Ísafirði	1.374.000	4,00
5131	Votanes ÞH-209	Sveinbjörn Jóensen, Þórshöfn	1.442.000	4,00
5354	Búbót NK-118	Síldarvinnslan hf.,Neskaupstað	134.000	4,00
5356	Sigurgeir EA-454	Sigmundur Sigurgeirss.ofl.,Akureyri	209.000	4,00
5540	Sæfaxi ÞH-330	Marínó Eggertsson, Kópaskeri	1.010.000	4,00
5612	Sigurpáll ÞH-95	Jónas Pálsson,Raufarhöfn	938.000	4,00
5852	Haförn ÞH-171	Ásþór Sigurðsson,Húsavík	308.000	4,00
6081	Herdís ÓF-15	Matthías Sæmundsson,Ólafsfirði	397.000	4,00
6444	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson,Neskaupssta	1.190.000	4,00
5388	Guðrún EA-144	Jóhannes Magnússon,Grímsey	925.000	3,96
6184	Glímir GK-174	Meinert J. Nilssen, Njarðvík	1.091.000	3,86
6295	Saxi ÞH-291	Halldór M. Alfreðsson, Þórshöfn	782.000	3,86
6231	Guðrún ST-220	Gunnar Guðjónsson, Kópavogur	385.000	3,86
5813	Góa NK-78	Gísli hf.,Reykjavík	307.000	3,66
5809	Polla BA-49	Breiðfirðingur hf., Króksfjarðarnesi	333.000	3,58

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir
6501	Rán EA-142	Bátafélagið Andri hf.	404.000	3,20
5391	Ögn EA-691	Bjarni Björgvinsson,Húsavík	189.000	3,18
6681	Haförn MB-4	Starfsmannafél.lögr., Borganesi	540.000	3,14
6554	Rostungur ÍS-555	Kristinn P. Njálsson,Ísafirði	506.000	3,14
5599	Már NK-91	Heiðar Sveinsson,Neskaupstað	508.000	3,00
6014	Mímir NK-100	Einar G.Guðmundsson,Neskaupsstað	588.000	3,00
6359	Jón GK-761	Sigrún Stefánsdóttir,Vogum	515.000	3,00
5012	Vorfari SU-151	Hörður Davíðsson,Efri-Vík,Klaustri	321.000	3,00
5261	Sæljón II NS-204	Guðjón Guðjónsson,Vopnafirði	539.000	3,00
5536	Elín NK-12	Þórður Sveinsson ofl.,Reyðarfirði	321.000	3,00
5614	Árni Friðriksson NS-	Brynjar B. Pétursson, Grindavík	434.000	3,00
5994	Kópur SH-188	Úlfljótur Jónsson, Ólafsvík	1.062.000	3,00
6027	Garðar SH-154	Snorri Böðvarsson, Ólafsvík	1.433.000	3,00
6122	Axel KE-71	Valdimar Axelsson,Keflavík	732.000	3,00
6233	Leó SH-153	Þorvarður J. Guðbjartsson, Hellissan	931.000	3,00
6238	Gösli RE-277	Gunnar Þórðarson, Reykjavík	630.000	3,00
6245	Þórólfur ÍS-578	Arnar Barðarson, Suðureyri	761.000	3,00
6354	Gústi SU-137	Jóhanna Másdóttir,Djúpavogi	474.000	3,00
5270	Sævaldur SK-120	Sigfús A. Sveinsson ofl.,Sauðárkróí	228.000	2,92
6151	Ögn RE-265	Þorvaldur Kjartansson, Reykjavík	188.000	2,90
6291	Freyr SH-236	Hákon Erlendsson, Hellissandur	284.000	2,67
6119	Marína RE-62	Marínó Davíðsson, Reykjavík	316.000	2,62
9042	Hafdís GK-200	Sigurður Marinósson, Hólmavík	580.000	2,43
6054	Nanna BA-107	Guðbjört Ásgeirsdóttir, Reykjavík	241.000	2,19
6078	María SH-278	Magnús Grímsson,Flúðum	341.000	2,17
5975	Hólmi ÞH-323	Agnar Vilhjálmss.Henrý Ásgrímss.Þó	311.000	2,17
5842	Bússi ÍS-105	Reynir Erlingsson,Ísafirði	371.000	2,17
5929	Jói ÍS-444	Þorsteinn Jóakimsson,Ísafirði	283.000	2,17
6050	Gola BA-600	Ólafur Guðjónsson ofl.,Reykjavík	299.000	2,17
6315	Gola SH-218	Sigfinnur Mikaelsson,Seyðisfirði	231.000	2,00
5495	Inga Steina SU-105	Ingibjörg Jóhannsdóttir, Fáskrúðsfj.	295.000	2,00
5985	Straumur KE-104	Jón E.Sæmundsson,Keflavík	640.000	2,00
9017	Smári ÍS-144	Ásthildur & Matthildur Torfadóttir B	504.000	1,92
5695	Addi í firði NS-310	Stefán Árnason, Seyðisfirði	124.000	1,84
211			374.558.000	1.319
266			2.253.149.000	7.003

Útborgaðir úreldingarstyrkir vegna krókabáta.

(Frá árinu 1994 til 23. október 1996.)

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir	Afskrán.
7083	Birna KE-300	Marsibil G.A.Gunnarsdóttir, Keflaví	1.814.000	2,48	nei
1810	Poseidon HF-323	Albert Tómasson,Garðabæ	3.638.000	3,73	nei
2210	Rauðanes ÞH-91	Jón A.Matthíasson ofl.,Þórshöfn	7.036.000	6,87	nei
5026	Sveinmar SU-73	Reynir Gunnarsson,Reyðarfirði	1.325.000	2,14	nei
6176	Melavík DA-21	Skarðstöð hf., Dalabyggð	2.709.000	2,99	nei
6207	Magga HF-118	Bjarni Ásgeirsson,Hafnarfirði	3.260.000	5,03	nei
6264	Geysir ÍS-151	Bæring G.Jónsson,Ísafirði	1.949.000	3,29	nei
6270	Straumur KE-71	Jón E. Sæmundsson ofl., Keflavík	1.778.000	2,17	nei
6414	Marín EA-146	Aðalsteinn Jóhannsson,Akureyri	1.212.000	2,62	nei
6468	Ör ÞH-312	Stefán Óskarsson, Raufarhöfn	1.364.000	2,19	nei
6475	Júlíanna HF-103	Ari Kristjánsson,Hafnarfirði	1.497.000	3,58	já
6536	Sigurlaug GK-41	Stjörnufiskur ehf.,Grindavík	4.788.000	5,30	nei
6547	Kári Jóh. KE-72	Magnús S. Bjarnason,Keflavík	2.202.000	2,67	nei
6580	Frár ÞH-47	Hermann Ragnarsson ofl. Húsavík	1.907.000	4,88	nei
6687	Regina SU-115	Björgvin P.Erlendsson,Eskifirði	2.141.000	2,67	nei
7153	Trausti EA-98	Gunnlaugur Traustason ofl.,Akurey	1.512.000	3,82	nei
7265	Ingibjörg EA-596	Halldór Reimarsson,Dalvík	5.205.000	5,90	nei
7283	Hugi ÍS-26	Arnór Stígsson,Ísafirði	1.838.000	4,04	nei
7297	Sigrún EA-52	Sigfús Jóhannesson,Grímsey	2.324.000	2,50	nei
7405	Sæþór RE-41	Bragi Kristjánsson,Reykjavík	7.709.000	6,80	nei
7407	Elsa Rún HF-44	Ingvar Árnason,Hafnarfirði	8.064.000	6,80	nei
9807	Guðmunda SF-200	Yngvi Harðarson,Höfn,Hornafirði	1.096.000	2,17	já
9821	Þór EA-679	Stefán Stefánsson,Dalvík	814.000	2,04	nei
9819	Trölli ÞH-92	Bergur Júlíusson,Raufarhöfn	1.344.000	2,60	nei
2026	Rakkanes HF-193	Garðar Björgvinsson, Hveragerði	6.899.000	5,72	nei
2214	Heiða BA-91	Jón S. Garðarsson, Reykjavík	5.616.000	4,99	nei
2230	Aðalbjörg Þorkelsd.S	Ólafur M. Sigmundss., Vestmannae	10.126.000	6,00	nei
2246	Berglín SH-660	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	9.468.000	6,11	nei
5368	Helga í Garði EA-574	Gunnar A. Jóhannesson, Dalvík	1.473.000	2,3	nei
5837	Þóra NS-82	Guðni Kristjónsson, Seyðisfirði	1.921.000	3,39	nei
5919	Rúna GK-40	Ríkharður J. Ásgeirsson, Kópavogi	2.479.000	2,17	nei
5953	Rán HU-19	Stefán Þórhallsson, Hvammstanga	1.232.000	2,17	nei
6336	Bláskel RE-145	Vinnubátur sf.Reykjavík	1.814.000	3,90	nei
6606	Hrönn EA-203	Arnarberg hf., Reykjavík	5.887.000	7,30	nei
6672	Fjóla RE-711	Fjóla Ragnarsdóttir, Reykjavík	2.034.000	3,14	nei
6977	Andrés ÞH-28	Ölver Hjaltalín Arnarsson, Húsavík	2.245.000	2,67	nei
7069	Seljabliki RE-169	Einar G. Einarsson,Reykjavík	4.357.000	5,05	nei
1799	Stjarnan SU-207	Lúðvík Sverrisson, Stöðvarfirði	2.400.000	1,17	nei
1835	Hvönn GK-10	Árni F. Vikarsson, Kópavogi	3.104.000	2,24	nei
2109	Árvík SI-100	Víkurfiskur sf., Ketilás	4.801.000	6,00	nei
2133	Mar NS-83	Stefán S. Árnason, Seyðisfjörður	2.551.000	5,00	nei
2181	Stakkur GK-4	Þorvaldur Reyniss. ofl., Njarðvík	5.361.000	6,00	nei
2202	Svana NK-85	Halldór Gunnlaugsson, Neskaupsta	4.677.000	4,94	nei

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir	Afskrán.
2215	Garðar ÍS-44	Brynjólfur J. Garðarsson, Garðabæ	6.140.000	6,87	nei
2234	Ellen RE-36	Elmar Ö. Sigurðsson, Reykjavík	4.984.000	6,27	nei
5022	Þröstur SH-19	Kristján H. Guðmundsson, Reykjaví	1.412.000	3,94	nei
5039	Kári SH-78	Sig. P. Jónss. og Bragi Jónss., Styk	1.913.000	3,43	nei
5124	Hrönn ÞH-335	Haraldur Sigurðsson, Kópasker	1.090.000	2,09	já
5421	Morgunstjarnan EA-2	Pétur Geir Helgason, Akureyri	1.179.000	2,76	nei
5744	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupsta	2.437.000	5,93	nei
5941	Særún EA-15	Björn Elíasson Dalvík	1.057.000	2,17	nei
5965	Þórunn SH-183	Þb. Jóhönnu S. Emilsd., Reykjavík	2.376.000	4,56	nei
5981	Kristín ÞH-183	Jón Kr. Kristjánsson, Þórshöfn	886.000	2,17	nei
6007	Skálanes AK-60	Landsbanki Íslands, eignarleiga	2.244.000	4,40	nei
6080	Bára SH-520	Ólafur K. Brynjarson, Reykjavík	1.564.000	3,50	nei
6098	Gummi Dan KE-43	Óskar V. Óskarsson ofl., Keflavík	1.753.000	2,50	nei
6102	Hrönn AK-11	Sigvaldi Gunnarsson, Akranesi	1.155.000	2,17	nei
6140	Silla HF-21	Sævar Hannesson, Garðabæ	1.189.000	3,74	nei
6171	Ölver HF-43	Arndís Jónasd.og Kristján Þorleifs.	1.170.000	2,17	nei
6172	Júlía SI-62	Reynir Karlsson, Sandgerði	1.496.000	4,06	nei
6178	Trausti SK-55	Þorvaldur Steingrímsson,	1.080.000	2,49	nei
6216	Gyða NK-55	Jón Bjarnason, Neskaupstað	1.192.000	2,62	nei
6266	Blámi GK-48	Ásgeir Þ. Torfason, Keflavík	3.416.000	5,50	nei
6275	Austri SH-220	Gissur Tryggvason, Stykkishólmur	4.627.000	5,83	nei
6362	Öggur AK-141	Kristján Friðriksson, Akranes	4.081.000	5,34	nei
6370	Björn SU-23	Hafsteinn Sigmundsson, Garðabæ	999.000	3,86	nei
6375	Stella GK-28	Hólmgrímur Jóhannss. ofl., Raufarh	3.502.000	5,93	nei
6400	Sig. Þorkelss.ÍS-200	Helgi Geirmundsson, Ísafjörður	4.079.000	5,98	nei
6404	Hafrún II ST-4	Bjarni Elíasson, Drangsnes	1.532.000	3,86	nei
6449	Jón Björgvin RE-103	Sigurður H. Jónsson, Reykavík	1.381.000	2,67	nei
6514	Gljái SF-120	Miðós sf., Höfn	2.916.000	5,81	nei
6525	Hersir SH-100	Hilmar Þ. Sturlus. ofl., Hafnarfjörður	2.105.000	3,20	nei
6528	Sædís SH-128	Jakob G. Pétursson ofl., Stykkishól	2.857.000	4,88	nei
6538	Mars HF-300	Jóna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði	2.101.000	5,12	nei
6544	Bjössi Ingólfs SH-259	Kjöggur ehf.,Fáskrúðsfirði	1.386.000	3,28	nei
6578	Gló VE-49	Hrímgrund ehf., Þorlákshöfn	1.328.000	4,45	nei
6594	Brimkló ÁR-69	Benjamín Ó. Þorvaldsson, Þorláksh	2.603.000	5,30	nei
6653	Kristín SH-355	Ágúst I. Sigurðsson, Ólafsvík	920.000	2,19	nei
6667	Kristín NK-116	Bjarnfinnur R. Jónsson, Selfoss	975.000	2,98	nei
6676	Sonja GK-72	Sigurgeir Jónsson, Sandgerði	1.746.000	4,45	nei
6720	Jón Elías GK-91	Jón Elías Gunnlaugss., Reykjavík	2.099.000	5,68	nei
6722	Ingunn SF-3	Sigtryggur Benediktsson, Höfn	2.964.000	5,30	nei
6724	Elva Björg SU-86	Skafti Ottesen, Breiðdalsvík	1.621.000	3,45	nei
6733	Hilmir SH-297	Guðlaugur Gunnarsson, Grundarfjö	3.593.000	4,88	nei
6828	Særún SU-3	Skafti Ottesen ofl., Breiðdalsvík	4.368.000	6,09	nei
6925	Maístjarnan EA-105	Stefán G. Nielsson ofl., Akureyri	4.325.000	6,35	já
6963	Kristín Auður ÍS-355	Þórhallur Eiríksson, Reykjavík	1.699.000	3,77	nei
6968	Lára GK-36	Bjarni Þórarinsson, Selfoss	3.328.000	5,90	nei
7024	Dímon AK-227	Eiríkur S. Jóelsson ofl., Akranes	1.656.000	4,56	nei
7039	Sædís SF-4	Ásgeir Gunnarsson, Höfn	3.526.000	5,90	nei
7073	Sif SI-151	Ragnar Ólafsson, Siglufjörður	3.319.000	5,90	nei
7080	Gréta KÓ-9	Þórir H. Jóhannsson, Garðabæ	4.855.000	6,86	nei
7114	Haffrúin ÍS-31	Kristján A. Guðjónsson ofl.,Ísafirði	1.460.000	2,67	nei
7149	Iðunn BA-278	Steindór Andersen, Hafnarfjörður	1.891.000	4,04	nei

Skipaskrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur kr.	Rúmlestir	Afskrán.
7167	Bjór NK-84	Hreiðar Sigurjónsson, Neskaupstað	1.979.000	4,24	nei
7252	Sæi HF-95	Eyjólfur Þ. Kristjánsson, Hafnarfirði	3.640.000	5,34	nei
7256	Krabbi DA-18	Steinólfur Lárusson, Búðardalur	2.155.000	3,90	
7276	Alda SH-166	GB Alda ehf., Kópaskeri	3.212.000	5,96	nei
7348	Þorbjörg ÞH-145	Einar E. Sigurðsson, Raufarhöfn	4.246.000	5,99	nei
7350	Felix RE-222	Jóhann Guðfinnsson, Grindavík	4.771.000	6,23	nei
100			286.549.000	421,02	

Fylgiskjal II.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins:

Útborgaðir úreldingarstyrkir vegna aflamarksskipa eftir umdæmisnúmerum.
(Frá árinu 1994 til 23. október 1996.)

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúmlestir
5872	Ver AK-97	Steindór Oliversson,Akranesi	1.080	4,00
468	Auður II AK-59	Vilhjálmur Birgisson,Akranes	784	6,36
5017	Sigursæll AK-87	Einar Árnason,Akranesi	1.062	7,00
369	Diddó AK- 232	Óttar Guðlaugsson Ólafsvík	1.444	8,22
1613	Leynir AK-9	Birgir Jónsson,Akranesi	3.410	8,59
1837	Hugrún AK-43	Þórður Á.Magnússon,Grundarf.	2.122	9,35
1648	Sæfari AK-202	Krossvík hf.,Akranesi	79.245	222,76
7			89.147	266,28
734	Sædís ÁR-9	Skagstrendingur hf.,Skagaströnd	8.463	34,29
963	Júlíus ÁR-111	Hólmar V.Gunnarsson,Þorlákshöfn	17.074	75,12
1748	Jón Klemenz ÁR-313	Fiskmark hf.,Þorlákshöfn	30.253	80,70
3			55.790	190,11
6050	Gola BA-600	Ólafur Guðjónsson ofl.,Reykjavík	299	2,17
6054	Nanna BA-107	Guðbjört Ásgeirsdóttir, Reykjavík	241	2,19
5809	Polla BA-49	Breiðfirðingur hf., Króksfjarðarnesi	333	3,58
5245	Búi BA-230	Kristinn Jónsson,Hafnarfirði	1.224	4,00
5551	Nökkvi BA-82	Guðni Jónasson,Vesturbyggð	1.035	4,00
6928	Apríl BA-211	Vestri hf., Patreksfirði	1.229	6,00
364	Fróði BA-81	Símon Fr.Símonarson,Patreksfirði	796	7,16
842	Haraldur Sæm. BA-311	Flói hf.,Patreksfirði	1.257	7,83
6948	Bryndís BA-165	Eiríkur Óðinn Hauksson,Grindavík	1.547	8,00
487	Hringur BA-201	Vesturver hf.,Patreksfirði	1.959	8,18
6897	Eyjajarl BA-500	Tryggvi Gunnarsson, Flatey	3.668	8,40
1946	Ingibjörg II BA-402	Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf.,Tálknaf.	4.592	8,90
1793	Guðjón Eiríksson BA-2	Eiríkur Hólmsteinsson,Patreksfirði	3.624	8,91
2079	Björninn BA-85	Bjarg hf., Patreksfirði	4.859	9,01
995	Björgvin Már BA-22	Jóhannes S.Haraldsson,Rekhólum	1.446	9,30
6065	Draupnir BA-40	Guðrún Brynjarsdóttir,Neskaupsstað	1.039	10,00
2058	Gylfi BA-18	Aðalsteinn G.Þ.Gíslason,Patreksfirði	5.176	10,00
2057	Ævar BA-25	Snæbjörn Gíslason,Patreksfirði	4.899	10,00
872	Hallgr. Ottósson BA-39	Ýmir hf., Bíldudal	8.195	15,76
537	Sæborg BA-77	Vesturver hf.,Patreksfirði	4.812	21,23
2127	Stapi BA-65	Byggðastofnun ofl., Reykjavík	38.382	68,20
925	Katrín BA-109	Þiljur hf.,Bíldudal	13.808	69,34
22			104.420	302,16
5391	Ögn EA-691	Bjarni Björgvinsson,Húsavík	189	3,18
6501	Rán EA-142	Bátafélagið Andri hf.	404	3,20
5388	Guðrún EA-144	Jóhannes Magnússon,Grímsey	925	3,96
5356	Sigurgeir EA-454	Sigmundur Sigurgeirss.ofl.,Akureyri	209	4,00
7004	Hrefna EA-988	Einar Gylfason, Akureyri	424	4,45

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
5393	Sindri EA-160	Þorvaldur Baldvinsson ofl.,Dalvík	733	5,00
406	Kópur EA-325	Brynjar Baldvinsson,Dalvík	1.168	5,60
5447	Búi EA-100	Stefán Stefánsson,Dalvík	1.927	6,50
6294	Hafrún EA-84	Haraldur Jóhannsson,Grímsey	2.851	8,34
1870	Jón Geir EA-7	Stefán Stefánsson,Dalvík	3.883	8,91
1419	Bjargey EA-79	Óli H. og Óli B. Ólason., Grímsey	998	11,05
306	Hrönn EA-258	Heiðar R.Baldvinsson,Grenivík	6.587	20,58
1824	Sænes EA-75	Sænes hf., Grenivík	60.750	111,13
1094	Eyrún EA-155	Rif hf.,Hrísey	27.135	131,79
15			108.183	327,69
9042	Hafdís GK-200	Sigurður Marinósson, Hólmavík	580	2,43
6359	Jón GK-761	Sigrún Stefánsdóttir,Vogum	515	3,00
6184	Glímir GK-174	Meinert J. Nilssen, Njarðvík	1.091	3,86
6819	Ígull GK-5	Þróunarfélag Íslands hf., Reykjavík	991	5,90
6602	Freyr II GK-177	Sparisjóður Norðfjarðar,Neskaupstað	2.434	7,00
6884	Sævi GK-44	Plastverk hf.,Sandgerði	1.960	7,00
5158	Þytur GK-333	Halldór Martinsson,Kópavogi	2.064	7,00
1519	Bylgjan I GK-141	Sigrún Ellertsdóttir,Njarðvík	2.041	8,00
5312	Linda GK-105	Kristján Kristmannsson ofl.,Vogar	1.914	9,00
1889	Sigurþór GK-55	Féfang hf.,Reykjavík	4.503	9,47
7225	Faxavík GK-7	Skúli Magnússon,Grindavík	4.468	9,59
2105	Gullfiskur GK-321	Sæmundur Þórðarson,Stóru-Vatnsleysu	5.098	9,61
1786	Abba GK-247	Stefán Albertsson,Vogum	2.997	9,62
1939	Katrín GK-98	Nesfiskur hf.,Garði	6.410	9,72
2075	Faxafell GK-102	Landsbanki Ísl. eignarleiga, Rvík	4.577	10,00
524	Hafliði GK-140	Hóp hf.,Grindavík	2.580	10,32
1227	Veiga GK-4	Byggðastofnun,Reykjavík	5.336	11,66
1249	Sigurvin GK-51	Sigurvin hf., Keflavík	2.892	16,55
434	Ólafur GK-33	Fiskanes hf.,Grindavík	8.875	36,08
1759	Fjölnir GK-157	Vísir hf.,Grindavík	54.450	116,76
1209	Freyja GK-364	Halldór Þórðarson,Keflavík	41.445	122,13
1651	Snæfari GK-186	Júlíus Stefánsson,Kópavogi	77.805	221,97
2031	Hópsnes GK-77	Hópsnes hf.,Grindavík	93.087	230,44
23			328.113	877,11
6135	Kristín HF-165	Kristín H.Þorsteinsdóttir,Bakkafirði	782	5,00
1747	Tumi II HF-17	Búrfell hf., Seltjarnarnes	1.545	5,52
6356	Hugborg HF-14	Sigursteinn Óskarsson,Mosfellsbæ	1.206	6,00
7280	Inga HF-164	Sigmar Æ.Björgvinsson,Seltjarnarnesi	1.509	6,00
6864	Milla HF-99	Gunnar Guðmundsson,Hafnarfirði	1.280	6,00
6509	Hari HF-69	Hari sf.,Bessastaðahreppi	2.296	8,95
6670	Már HF-70	Sigurgeir Kristjánsson ofl.Garðabæ	2.618	9,00
6300	Selma HF-130	Selma sf.,Garðabæ	2.257	9,00
2114	Reginn HF-228	Manus hf.,Garðabæ	4.753	9,76
1083	Valur HF-15	Hafald hf., Hafnarfirði	3.389	10,02
1480	Bibbi Jóns HF-44	Ellen Björnsdóttir,Hafnarfirði	3.093	10,35
625	Hafborg HF-64	Ólafur Óskarsson, Reykjavík	13.670	53,91
1940	Lómur HF-177	Lómur hf.,Hafnarfirði	75.015	101,54
965	Snarfari HF-66	Miðfell, Hnífsdal	73.305	235,68
14			186.718	476,73

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
9017	Smári ÍS-144	Ásthildur & Matthildur Torfadóttir Bolv.	504	1,92
5842	Bússi ÍS-105	Reynir Erlingsson,Ísafirði	371	2,17
5929	Jói ÍS-444	Þorsteinn Jóakimsson,Ísafirði	283	2,17
6245	Þórólfur ÍS-578	Arnar Barðarson, Suðureyri	761	3,00
6554	Rostungur ÍS-555	Kristinn P. Njálsson,Ísafirði	506	3,14
5895	Ásdís ÍS-130	Björgvin Eyþórsson,Akranesi	645	4,00
7187	Gunna Beta ÍS 17	Ásgeir Salómonsson ofl.,Ísafirði	1.374	4,00
6718	Anna ÍS-101	Konráð Eggertsson, Ísafirði	2.119	5,00
6553	Flóki ÍS-167	Óttar A.Överby,Reykjavík	2.060	5,00
6750	Beta ÍS-128	Leiti hf.,Hnífsdal	1.513	5,05
7006	Kögur ÍS-98	Kjartan Sigmundsson,Ísafirði	884	5,90
6898	Berta ÍS-606	Elías Oddsson,Ísafirði	1.601	6,00
6900	Logi ÍS-32	Þórður Júlíusson,Ísafirði	1.847	6,00
579	Hrefna ÍS-202	Sigurvin Magnússon,Suðureyri	721	7,25
1962	Maggi ÍS-197	Magnús Þorgilsson, Ísafirði	3.170	8,73
1908	Guðm. Ásgeirsson ÍS-814	þ.b.Skipasmst.Marselíusar hf.,Ísafirði	3.528	9,00
2060	Máni II ÍS-541	Reynir Gunnarsson,Þingeyri	5.109	9,61
1845	Húni ÍS-211	Sigurður B.Hjartarson,Bolungarvík	4.971	9,81
1292	Haukur ÍS-195	Birna Hjaltalín Pálsd., Bolungarvík	6.631	21,62
731	Grunnvíkingur ÍS-163	Byggðastofnun,Ísafirði	9.562	53,09
1989	Háfdán í Búð ÍS-19	Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf.,Ísafirði	90.000	250,00
21			**138.160**	**422,46**
5985	*Straumur* KE-104	Jón E.Sæmundsson,Keflavík	640	2,00
6122	Axel KE-71	Valdimar Axelsson,Keflavík	732	3,00
6642	Kristján KE-21	Gunnar H. Garðarsson,Garði	2.731	6,84
6735	*Rikki* KE-59	*Gunnar Ásgeirsson,Keflavík*	1.456	7,86
7071	Hegri KE-7	Eðvarð Árnason,Stykkishólmi	3.531	8,00
6654	Hnoss KE-97	Ólafur Björnsson, Keflavík	1.943	8,79
2096	*Hafdís* KE-150	Svavar Ingibersson,Sandgerði	3.736	10,00
2023	Sóley KE-15	Svavar Ingibersson, Sandgerði	1.452	10,00
1690	Guðmundur Benóný KE-77	Sparisjóðurinn í Keflavík	4.027	10,39
9			**20.248**	**66,88**
1700	Assa KÓ-12	Sigursteinn Óskarsson,Mosfellsbæ	1.455	6,68
7045	Ró KÓ-45	Hans Þorsteinsson, Reykjavík	2.518	8,41
2			**3.973**	**15,09**
6681	Haförn MB-4	Starfsmannafél.lögr., Borganesi	540	3,14
1			**540**	**3,14**
5536	Elín NK-12	Þórður Sveinsson ofl.,Reyðarfirði	321	3,00
5599	Már NK-91	Heiðar Sveinsson,Neskaupstað	508	3,00
6014	Mímir NK-100	Einar G.Guðmundsson,Neskaupsstað	588	3,00
5813	Góa NK-78	Gísli hf.,Reykjavík	307	3,66
5354	*Búbót* NK-118	*Síldarvinnslan hf.,Neskaupstað*	134	4,00
5557	Enok NK-45	Kristján Vilmundarson,Neskaupstað	706	4,00
5555	Gyllir NK-49	Hjörtur Árnason,Neskaupstað	1.022	4,00

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
6444	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson,Neskaupsstað	1.190	4,00
5545	Dröfn NK-31	Hjörtur Arnfinnsson,Neskaupstað	1.083	5,00
506	Gylfi NK-40	Oddur Þ.Sveinsson,Reykjavík	774	5,35
5556	Gustur NK-50	Ásdís Hannibalsdóttir,Neskaupstað	1.435	5,50
7155	Kristín NK-36	Ármann D. Árnason, Neskaupstað	951	5,99
1800	Rósa Björg NK-101	Daníel Gunnarsson,Egilsstöðum	2.068	7,25
1368	Silla NK-42	Síldarvinnslan hf.,Neskaupstað	1.552	8,54
1843	Jón Þór NK-44	Sólheim hf.,Neskaupsstað	4.150	9,00
1323	Völusteinn NK-111	Útgerðarfélagið Eiður hf.,Reyðarfirði	1.900	9,24
2149	Mummi NK-2	Bendill h.f. Neskaupstað	35.357	69,20
18			**54.046**	**153,73**
5695	Addi í firði NS-310	Stefán Árnason, Seyðisfirði	124	1,84
5614	Árni Friðriksson NS-300	Brynjar B. Pétursson, Grindavík	434	3,00
5261	Sæljón II NS-204	Guðjón Guðjónsson,Vopnafirði	539	3,00
5572	Dröfn NS-17	Guðjón Sveinsson,Vopnafirði	717	5,00
6954	Digranes NS-124	Marinó Jónsson,Bakkafirði	1.570	5,68
955	Rex NS-3	Árni J.Sigurðsson,Seyðisfirði	1.187	5,96
5217	Blíðfari NS-112	Sigurður Finnbogason,Seyðisfirði	374	6,00
2037	Hafrún NS-222	Magnús Þorsteinsson, Borgarf.eystri	4.004	6,65
1832	Lína Bjarna NS-120	Hallgrímur Arason, Eskifirði	3.110	7,25
2009	Eydís NS-32	Ólafur Hallgrímsson,Borgarfj.	4.909	9,61
2066	Andri NS-28	Vigfús Daðas. og Viðir Davíðss.,Vopnafj.	4.150	9,68
1474	Otto Wathne NS-9	Otto Wathne hf.,Seyðisfirði	86.670	299,06
12			**107.788**	**362,73**
6081	Herdís ÓF-15	Matthías Sæmundsson,Ólafsfirði	397	4,00
1886	Freygerður ÓF-18	Sigursveinn H.Þorsteinsson,Ólafsfirði	3.306	8,91
2123	Ásgeir Frímanns ÓF-21	Valeik hf.,Ólafsfirði	89.730	280,50
2168	Lísa María ÓF-26	Sædís h.f. Ólafsfirði	90.000	426,01
4			**183.433**	**719,42**
6119	Marína RE-62	Marinó Davíðsson, Reykjavík	316	2,62
6151	Ögn RE-265	Þorvaldur Kjartansson, Reykjavík	188	2,90
6238	Gösli RE-277	Gunnar Þórðarson, Reykjavík	630	3,00
6205	Auður RE-127	Sigdór Ó. Sigmarsson, Reykjavík	808	4,09
6808	Máni RE-43	Hannes G. Sigurðsson, Reykjavík	497	4,74
7012	Dímon RE-712	Þrándur Thoroddsen,Reykjavík	538	4,84
5549	Guðrún Helga RE-20	Guðrún Helga ÞH-20, Reykjavík	917	5,00
6696	Valdi RE-120	Þorsteinn Þorvaldsson, Reykjavík	2.346	5,00
1729	Hulda RE-460	Valdimar Samúelsson,Reykjavík	1.188	5,26
1569	Ómagi RE-13	Snorri Agnarsson,Reykjavík	1.348	5,26
6621	Sær RE-40	Sigurþór H. Sigmarsson, Garðabæ	619	5,30
1677	Pálmi RE-48	Faxaberg sf.,Hafnarfirði	1.519	5,70
5168	Sæbjörg RE-315	Einar Halldórsson, Reykjavík	1.100	8,00
1839	Friður RE-286	Bersi sf.,Garðabæ	3.398	8,91
1865	Snotra RE-165	Njáll Helgason,Mosfellsbæ	2.958	8,91
592	Valur RE-7	Valur hf.,Reykjavík	2.759	10,10
212	Ögmundur RE-94	Ingimundur hf.,Reykjavík	77.490	186,64
17			**98.619**	**276,27**

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
6734	Hafmey SF-100	Daníel Sigurðsson,Reykjavík	969	4,88
7034	Sæunn SF-155	Gunnar Þ.Guðmundsson,Höfn,Hornafirði	1.878	6,00
7100	Óla Gísla SF-45	Gísli Þorvaldsson,Höfn, Hornafirði	3.607	8,29
7137	Von SF-1	Páll Guðmundsson, Hornafjörður	3.331	9,29
1879	Jón Bjarnason SF-28	Bjarni Jónsson h/f,Reykjavík	4.095	9,60
1981	Máni SF-8	Guðmundur Eiríksson, Höfn	4.934	9,61
1885	Fáfnir SF-14	Eiríkur Þorleifsson,Höfn, Hornafirði	3.262	9,76
1286	Freyr SF-20	Skinney hf.,Höfn,Hornafirði	31.275	104,62
1095	Lyngey SF-61	Borgey hf.,Höfn,Hornafirði	28.845	145,72
2038	Haukafell SF-111	Haukafell hf.,Höfn,Hornafirði	90.000	161,60
1625	Jónína Jónsdóttir SF-12	Jón G. Helgason, Höfn, Hornafirði	81.990	271,12
11			254.186	740,49
6315	Gola SH-218	Sigfinnur Mikaelsson,Seyðisfirði	231	2,00
6078	María SH-278	Magnús Grímsson,Flúðum	341	2,17
6291	Freyr SH-236	Hákon Erlendsson, Hellissandur	284	2,67
6027	Garðar SH-154	Snorri Böðvarsson, Ólafsvík	1.433	3,00
5994	Kópur SH-188	Úlfljótur Jónsson, Ólafsvík	1.062	3,00
6233	Leó SH-153	Þorvarður J. Guðbjartsson, Hellissandur	931	3,00
6456	Rúna SH-2	Guðmundur K.Pálsson,Suðureyri	695	5,00
1391	Steini Ólafs Björns SH-391	Alexander Helgason ofl.,Stykkishólmi	1.595	5,35
5258	Andri SH-350	Sigurður Berntsson ofl.,Stykkishólmi	1.095	5,40
1798	Aldan SH-295	Gísli J.Gíslason,Hellissandi	1.634	5,42
6809	Víðir SH-182	Tómas Guðmundsson, Ólafsvík	1.306	5,68
6818	Rafn SH-86	Ögmundur Péturssón,Arnarstapa	1.844	5,73
7093	Ármann II SH-323	Bjarni Ólafsson,Ólafsvík	1.560	6,00
6751	Glaður SH-267	Kristmundur Halldórsson, Ólafsvík	1.500	6,00
7166	Þröstur SH-250	Hermann Sigurðsson, Ólafsvík	2.007	6,00
1112	Vinur SH-1	Guðmundur Jóhannesson,Grundarfirði	1.164	6,79
1518	Hafsteinn SH-131	Ríkissjóður (Sýslum. Stykkishólmi	589	8,00
1238	Fjalar Vagn SH-330	Þorsteinn Kúld Björnsson,Stykkishólmi	1.703	8,05
281	Trausti SH-72	Hólmgrímur Sigvaldason,Grindavík	1.458	8,54
737	Röst SH-134	Bergsveinn Gestsson, Stykkishólmi	1.653	8,72
1580	Ýlir SH-287	Þorri hf., Ólafsvík	3.470	8,98
1806	Sóley SH-42	Íshákarl hf., Stykkishólmi	2.625	9,16
6967	Elís Bjarnason SH-48	Guðmundur E. Magnússon, Ólafsvík	3.240	9,29
1632	Guðjón SH-500	Norðurljós,Keflavík	2.186	9,52
1446	Lárberg SH-275	Lárus Guðmundsson ofl.,Grundarfirði	3.119	9,88
1805	Særif SH-702	Melnes hf.,Hellissandi	6.982	11,00
1155	Hafnartindur SH-499	Sigurður Guðnason ofl.; Hellissandi	2.378	11,08
847	Tindur SH-179	Bergsveinn Jóhannesson,Ólafsvík	3.439	14,72
778	Smári SH-221	Rækjunes hf.,Stykkishólmi	8.435	62,97
210	Sigurvon SH-121	Rækjunes hf.,Stykkishólmi	22.504	88,32
30			82.463	341,44
960	Hjalti SI-12	Þ.b. Georgs Ragnarssonar, Stykkishólmi	1.309	8,11
1087	Farsæll SI-93	Ólafur Guðmundsson ofl.,Siglufirði	1.249	8,23
2			2.558	16,34

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúmlestir
5270	Sævaldur SK-120	Sigfús A. Sveinsson ofl.,Sauðárkróki	228	2,92
6914	Malli SK-19	Ómar Ólafsson, Fljótum	1.676	6,00
477	Ragna SK-193	Þorri hf.,Ólafsvík	945	6,23
7140	Grímur kafari SK-13	Þorvaldur Steingrímsson, Sauðárkróki	4.279	9,23
4			7.128	24,38
6231	Guðrún ST-220	Gunnar Guðjónsson, Kópavogur	385	3,86
1763	Svandís ST-111	Gunnar Jónsson ofl.Hólmavík	1.800	7,25
565	Hilmir ST-1	Guðmundur Guðmundsson hf., Hólmavík	4.841	27,64
3			7.026	38,75
5495	Inga Steina SU-105	Ingibjörg Jóhannsdóttir, Fáskrúðsfj.	295	2,00
6354	Gústi SU-137	Jóhanna Másdóttir,Djúpavogi	474	3,00
5012	Vorfari SU-151	Hörður Daviðsson,Efri-Vík,Klaustri	321	3,00
5533	Dóra SU-180	Kjartan L.Péturssón,Eskifirði	61	4,00
5437	Díana SU-38	Þórunn Magnúsdóttir,Eskifirði	661	4,16
6704	Magnús SU-77	Birgir Guðmundsson, Djúpavogi	1.014	4,45
6604	Svanur SU-155	Kjartan L.Péturssón,Eskifirði	1.177	5,00
6782	Svanur SU-28	Jón Úlfarsson,Fáskrúðsfirði	1.327	6,00
7042	Úlfar SU-185	Sigurður Úlfarsson,Fáskrúðsfirði	1.656	6,00
5402	Pálmi SU-44	Guðmundur Björgvinsson,Reyðarfirði	639	6,39
1814	Sunna SU-226	Byggðastofnun,Reykjavík	3.246	7,58
1822	Ína SU-69	Kjartan Garðarsson ofl.,Djúpavogi	1.967	8,20
461	Glaður SU-79	Sigurður Jónsson,Djúpavogi	1.237	8,51
1728	Sæfari SU-75	Friðrik Rósmundsson,Eskifirði	4.416	9,30
943	Berglind SU-3	Friðþjófur hf.,Eskifirði	3.549	9,98
1398	Sæljón SU- 104	Friðþjófur h.f. Eskifirði	37.035	142,19
16			59.075	229,76
409	Gæfa II VE-112	Ólafur Guðjónsson ofl. Vestm.	873	5,42
1169	Tvistur VE-222	Jón B.Kárason ofl.,Fáskrúðsfirði	981	5,94
1284	Bensi VE-234	Frár hf.,Vestmannaeyjum	1.299	8,12
1336	Stígandi VE-77	Stígandi hf.,Vestmannaeyjum	1.489	8,17
1953	Góa VE-30	Ægir Hafsteinsson,Vestmannaeyjum	4.379	8,59
1987	Árntýr VE-478	Íslandsbanki h/f,Vestmannaeyjum	4.399	8,91
7148	Hængur VE-87	Svanur Þór Eyþórsson,Reykjavík	2.067	9,00
7215	Norma VE-91	Haforka hf., Ólafsfirði	4.565	9,00
442	Ásta VE-2	Bára hf.,útgerðarfélag,Vestmannaeyjum	2.959	11,41
372	Kristín VE-40	Eiður Marinósson,Vestmannaeyjum	2.462	11,50
759	Sjöfn VE-37	Íslandsbanki hf.,Vestmannaeyjum	9.825	50,39
951	Sleipnir VE-83	Sleipnir hf.,Vestmannaeyjum	12.771	76,90
1758	Öðlingur VE-292	Íslandsbanki h/f,Vestmannaeyjum	53.955	110,21
1199	Frár VE-7	Frár hf.,Vestmannaeyjum	30.285	123,80
7	Stokksnes VE-700	Goðaborg hf.,Fáskrúðsfirði	39.375	131,59
15			171.684	578,95

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
5975	Hólmi ÞH-323	Agnar Vilhjálmss.Henrý Ásgrímss.Þórsh.	311	2,17
6295	Saxi ÞH-291	Halldór M. Alfreðsson, Þórshöfn	782	3,86
5852	Haförn ÞH-171	Ásþór Sigurðsson,Húsavík	308	4,00
5459	Maggi ÞH-338	Þorgeir Þorvaldsson,Húsavík	606	4,00
5612	Sigurpáll ÞH-95	Jónas Pálsson,Raufarhöfn	938	4,00
5540	Sæfaxi ÞH-330	Marínó Eggertsson, Kópaskeri	1.010	4,00
5131	Votanes ÞH-209	Sveinbjörn Jóensen, Þórshöfn	1.442	4,00
5558	Glæsir ÞH-266	Hlynur Þ.Ingólfsson,Raufarhöfn	1.198	4,50
6665	Helgi ÞH-93	Heimir Ingvason,Arnórsstöðum	1.654	5,00
1057	Gunnar ÞH-34	d.b.Jóhanns Stefánssonar,Grenivík	765	5,67
7036	Árný ÞH-64	Eyþór Margeirsson,Kópaskeri	1.523	6,00
5264	Eyfell ÞH-76	Jakobína Stefánsdóttir,Neskaupstað	411	6,00
1382	Lundey II ÞH-351	Kristbjörn Árnason,Húsavík	917	6,00
1515	Litlanes ÞH-52	Óli Æ.Þorsteinsson,Þórshöfn	1.544	7,16
6964	Helgi ÞH-124	Fagranes hf.,Þórshöfn	3.439	8,00
1966	Þröstur ÞH-247	Stefán Ö.Hjaltason,Raufarhöfn	2.832	8,91
7257	Ólöf ÞH-300	Hermann Daðason,Akureyri	3.806	9,00
1825	Geiri Péturs ÞH-344	Geiri Péturs hf.,Húsavík	88.245	181,51
1630	Frosti ÞH-229	Frosti hf.,Grenivík	78.120	298,89
19			189.851	572,67
268	*aflamarksskip*		2.253.149	7002,58

Útborgaðir úreldingarstyrkir vegna krókabáta eftir umdæmisnúmerum.

(Frá árinu 1994 til 23. október 1996.)

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
6102	Hrönn AK-11	Sigvaldi Gunnarsson, Akranesi	1.155.000	2,17
6007	Skálanes AK-60	Landsbanki Íslands, eignarleiga	2.244.000	4,40
7024	Dímon AK-227	Eiríkur S. Jóelsson ofl., Akranes	1.656.000	4,56
6362	Öggur AK-141	Kristján Friðriksson, Akranes	4.081.000	5,34
4			**9.136.000**	**16,47**
6594	Brimkló ÁR-69	Benjamín Ó. Þorvaldsson, Þorlákshöfn	2.603.000	5,30
1			**2.603.000**	**5,30**
7149	Iðunn BA-278	Steindór Andersen, Hafnarfjörður	1.891.000	4,04
2214	Heiða BA-91	Jón S. Garðarsson, Reykjavík	5.616.000	4,99
2			**7.507.000**	**9,03**
6176	Melavík DA-21	Skarðstöð hf., Dalabyggð	2.709.000	2,99
7256	Krabbi DA-18	Steinólfur Lárusson, Búðardalur	2.155.000	3,90
2			**4.864.000**	**6,89**
9821	Þór EA-679	Stefán Stefánsson,Dalvík	814.000	2,04
5941	Særún EA-15	Björn Elíasson Dalvík	1.057.000	2,17
5368	Helga í Garði EA-574	Gunnar A. Jóhannesson, Dalvík	1.473.000	2,30
7297	Sigrún EA-52	Sigfús Jóhannesson,Grímsey	2.324.000	2,50
6414	Marín EA-146	Aðalsteinn Jóhannsson,Akureyri	1.212.000	2,62
5421	Morgunstjarnan EA-287	Pétur Geir Helgason, Akureyri	1.179.000	2,76
7153	Trausti EA-98	Gunnlaugur Traustason ofl.,Akureyri	1.512.000	3,82
7265	Ingibjörg EA-596	Halldór Reimarsson,Dalvík	5.205.000	5,90
6925	Maístjarnan EA-105	Stefán G. Níelsson ofl., Akureyri	4.325.000	6,35
6606	Hrönn EA-203	Arnarberg hf., Reykjavík	5.887.000	7,30
10			**24.988.000**	**37,76**
5919	Rúna GK-40	Ríkharður J. Ásgeirsson, Kópavogi	2.479.000	2,17
1835	Hvönn GK-10	Árni F. Vikarsson, Kópavogi	3.104.000	2,24
6676	Sonja GK-72	Sigurgeir Jónsson, Sandgerði	1.746.000	4,45
6536	Sigurlaug GK-41	Stjörnufiskur ehf.,Grindavík	4.788.000	5,30
6266	Blámi GK-48	Ásgeir Þ. Torfason, Keflavík	3.416.000	5,50
6720	Jón Elías GK-91	Jón Elías Gunnlaugss., Reykjavík	2.099.000	5,68
6968	Lára GK-36	Bjarni Þórarinsson, Selfoss	3.328.000	5,90
6375	Stella GK-28	Hólmgrímur Jóhannss. ofl., Raufarhöfn	3.502.000	5,93
2181	Stakkur GK-4	Þorvaldur Reyniss. ofl., Njarðvík	5.361.000	6,00
9			**29.823.000**	**43,17**
6171	Ölver HF-43	Arndís Jónasd.og Kristján Þorleifs. Hafn.	1.170.000	2,17
6475	Júlíanna HF-103	Ari Kristjánsson,Hafnarfirði	1.497.000	3,58
1810	Poseidon HF-323	Albert Tómasson,Garðabæ	3.638.000	3,73
6140	Silla HF-21	Sævar Hannesson, Garðabæ	1.189.000	3,74

Skipaskrárnúmer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúmlestir
6207	Magga HF-118	Bjarni Ásgeirsson,Hafnarfirði	3.260.000	5,03
6538	Mars HF-300	Jóna Gunnarsdóttir, Hafnarfirði	2.101.000	5,12
7252	Sæi HF-95	Eyjólfur Þ. Kristjánsson, Hafnarfirði	3.640.000	5,34
2026	Rakkanes HF-193	Garðar Björgvinsson, Hveragerði	6.899.000	5,72
7407	Elsa Rún HF-44	Ingvar Árnason,Hafnarfirði	8.064.000	6,80
10			**31.458.000**	**41,23**
5953	Rán HU-19	Stefán Þórhallsson, Hvammstanga	1.232.000	2,17
1			**1.232.000**	**2,17**
7114	Haffrúin ÍS-31	Kristján A. Guðjónsson ofl.,Ísafirði	1.460.000	2,67
6264	Geysir ÍS-151	Bæring G.Jónsson,Ísafirði	1.949.000	3,29
6963	Kristín Auður ÍS-355	Þórhallur Eiríksson, Reykjavík	1.699.000	3,77
7283	Hugi ÍS-26	Arnór Stígsson,Ísafirði	1.838.000	4,04
6400	Sig. Þorkelss. ÍS-200	Helgi Geirmundsson, Ísafjörður	4.079.000	5,98
2215	Garðar ÍS-44	Brynjólfur J. Garðarsson, Garðabæ	6.140.000	6,87
6			**17.165.000**	**26,62**
6270	Straumur KE-71	Jón E. Sæmundsson ofl., Keflavík	1.778.000	2,17
7083	Birna KE-300	Marsibil G.A.Gunnarsdóttir, Keflavík	1.814.000	2,48
6098	Gummi Dan KE-43	Óskar V. Óskarsson ofl., Keflavík	1.753.000	2,50
6547	Kári Jóh. KE-72	Magnús S. Bjarnason,Keflavík	2.202.000	2,67
4			**7.547.000**	**9,82**
7080	Gréta KÓ-9	Þórir H. Jóhannsson, Garðabæ	4.855.000	6,86
1			**4.855.000**	**6,86**
6216	Gyða NK-55	Jón Bjarnason, Neskaupstað	1.192.000	2,62
6667	Kristín NK-116	Bjarnfinnur R. Jónsson, Selfoss	975.000	2,98
7167	Björ NK-84	Hreiðar Sigurjónsson, Neskaupstað	1.979.000	4,24
2202	Svana NK-85	Halldór Gunnlaugsson, Neskaupstað	4.677.000	4,94
5744	Siggi Villi NK-17	Kristján Vilmundarson, Neskaupstað	2.437.000	5,93
5			**11.260.000**	**20,71**
5837	Þóra NS-82	Guðni Kristjónsson, Seyðisfirði	1.921.000	3,39
2133	Mar NS-83	Stefán S. Árnason, Seyðisfjörður	2.551.000	5,00
2			**4.472.000**	**8,39**
6449	Jón Björgvin RE-103	Sigurður H. Jónsson, Reykavík	1.381.000	2,67
6672	Fjóla RE-711	Fjóla Ragnarsdóttir, Reykjavík	2.034.000	3,14
6336	Bláskel RE-145	Vinnubátur sf.Reykjavík	1.814.000	3,90
7069	Seljabliki RE-169	Einar G. Einarsson,Reykjavík	4.357.000	5,05
7350	Felix RE-222	Jóhann Guðfinnsson, Grindavík	4.771.000	6,23
2234	Ellen RE-36	Elmar Ö. Sigurðsson, Reykjavík	4.984.000	6,27
7405	Sæþór RE-41	Bragi Kristjánsson,Reykjavík	7.709.000	6,80
7			**27.050.000**	**34,06**
9807	Guðmunda SF-200	Yngvi Harðarson,Höfn,Hornafirði	1.096.000	2,17
6722	Ingunn SF-3	Sigtryggur Benediktsson, Höfn	2.964.000	5,30
6514	Gljái SF-120	Miðós sf., Höfn	2.916.000	5,81

Skipa-skrár-númer	Skip	Eigandi	Styrkur þús. kr.	Rúm-lestir
7039	Sædís SF-4	Ásgeir Gunnarsson, Höfn	3.526.000	5,90
5			10.502.000	19,18
6653	Kristín SH-355	Ágúst I. Sigurðsson, Ólafsvík	920.000	2,19
6525	Hersir SH-100	Hilmar Þ. Sturlus. ofl., Hafnarfjörður	2.105.000	3,20
6544	Bjössi Ingólfs SH-259	Kjöggur ehf.,Fáskrúðsfirði	1.386.000	3,28
5039	Kári SH-78	Sig. P. Jónss. og Bragi Jónss., Stykkish.	1.913.000	3,43
6080	Bára SH-520	Ólafur K. Brynjarson, Reykjavík	1.564.000	3,50
5022	Þröstur SH-19	Kristján H. Guðmundsson, Reykjavík	1.412.000	3,94
5965	Þórunn SH-183	Þb. Jóhönnu S. Emilsd., Reykjavík	2.376.000	4,56
6733	Hilmir SH-297	Guðlaugur Gunnarsson, Grundarfjörður	3.593.000	4,88
6528	Sædís SH-128	Jakob G. Pétursson ofl., Stykkishólmur	2.857.000	4,88
6275	Austri SH-220	Gissur Tryggvason, Stykkishólmur	4.627.000	5,83
7276	Alda SH-166	GB Alda ehf., Kópaskeri	3.212.000	5,96
2230	Aðalbjörg Þorkelsd. SH-282	Ólafur M. Sigmundss., Vestmannaeyjar	10.126.000	6,00
2246	Berglín SH-660	Fjóla R. Þorleifsdóttir, Hafnarfirði	9.468.000	6,11
13			45.559.000	57,76
6172	Júlía SI-62	Reynir Karlsson, Sandgerði	1.496.000	4,06
7073	Sif SI-151	Ragnar Ólafsson, Siglufjörður	3.319.000	5,90
2109	Árvík SI-100	Víkurfiskur sf., Ketilás	4.801.000	6,00
3			9.616.000	15,96
6178	Trausti SK-55	Þorvaldur Steingrímsson,	1.080.000	2,49
1			1.080.000	2,49
6404	Hafrún II ST-4	Bjarni Elíasson, Drangsnes	1.532.000	3,86
1			1.532.000	3,86
1799	Stjarnan SU-207	Lúðvík Sverrisson, Stöðvarfirði	2.400.000	1,17
5026	Sveinmar SU-73	Reynir Gunnarsson,Reyðarfirði	1.325.000	2,14
6687	Regina SU-115	Björgvin P.Erlendsson,Eskifirði	2.141.000	2,67
6724	Elva Björg SU-86	Skafti Ottesen, Breiðdalsvík	1.621.000	3,45
6370	Björn SU-23	Hafsteinn Sigmundsson, Garðabæ	999.000	3,86
6828	Særún SU-3	Skafti Ottesen ofl., Breiðdalsvík	4.368.000	6,09
6			12.854.000	19,38
6578	Gló VE-49	Hrímgrund ehf., Þorlákshöfn	1.328.000	4,45
1			1.328.000	4,45
5124	Hrönn ÞH-335	Haraldur Sigurðsson, Kópasker	1.090.000	2,09
5981	Kristín ÞH-183	Jón Kr. Kristjánsson, Þórshöfn	886.000	2,17
6468	Ör ÞH-312	Stefán Óskarsson, Raufarhöfn	1.364.000	2,19
9819	Trölli ÞH-92	Bergur Júlíusson,Raufarhöfn	1.344.000	2,60
6977	Andrés ÞH-28	Ölver Hjaltalín Arnarsson, Húsavík	2.245.000	2,67
6580	Frár ÞH-47	Hermann Ragnarsson ofl. Húsavík	1.907.000	4,88
7348	Þorbjörg ÞH-145	Einar E. Sigurðsson, Raufarhöfn	4.246.000	5,99
2210	Rauðanes ÞH-91	Jón A.Matthíasson ofl.,Þórshöfn	7.036.000	6,87
8			20.118.000	29,46
102	krókabátar		286.549.000	421,02

Fylgiskjal III.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins:

Úrelding fiskvinnsluhúsa.
(Frá árinu 1994 til 23. október 1996.)

	Kaupverð	Söluverð	Mismunur
Fiskverkunarhús Fiskabergs, Húsavík	8.633.000	5.508.578	3.124.422
Fiskverkunarhús Vilhjálms Sveinssonar Hafnarfirði	13.300.000	11.300.000	2.000.000
Fiskverkunarhús Hrólfs Gunnarssonar, Reykjavík	14.842.000	11.636.000	3.206.000
Fiskverkunarhús Ægisgötu 25, Árskógsströnd	4.565.000	2.500.000	2.065.000
Fiskverkunarhús Hafnarbraut 7, Dalvík	21.992.000	17.242.000	4.750.000
Fiskverkunarhús Hafnargötu 27, Grindavík	6.662.000	5.223.000	1.439.000
Fiskverkunarhús Básvegi 8, Keflavík	4.989.000	3.000.000	1.989.000
Alls kr.	74.983.000	56.409.578	18.573.422

125. Frumvarp til laga [115. mál]

um sjóvarnir.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Geir H. Haarde, Guðjón Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni R. Árnason.

1. gr.

Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra.

Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni.

2. gr.

Samgönguráðherra skipar matsnefnd um sjóvarnir. Matsnefndin skal starfa sem sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Siglingastofnunar Íslands. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og er sá formaður nefndarinnar, einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af umhverfisráðherra. Sömu aðilar tilnefna varamann fyrir fulltrúa sinn. Forstjóri Siglingastofnunar situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis.

Þóknun til matsnefndarmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

4. gr.

Matsnefnd um sjóvarnir fjallar um áætlanir um sjóvarnir og metur styrki til þeirra. Nefndin skal setja umsögn sína fram í skriflegu áliti.

Álit nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar og skal þeim gefinn tiltekinn frestur til þess að gera athugasemdir. Að þeim fresti liðnum skal nefndin yfirfara málið að nýju. Á grundvelli endanlegra álita nefndarinnar skal Siglingastofnun síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi til samþykktar.

5. gr.

Siglingastofnun skal við gerð fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr., ganga úr skugga um að landsvæði það og/eða mannvirki sem verja á, svo og varnarmannvirkin sjálf, hafi fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum. Sé umrætt landsvæði og/eða mannvirki á óskipulögðu svæði skal liggja fyrir umsögn stofnunarinnar og framkvæmdirnar síðan undirbúnar á þann hátt sem skipulagslög segja til um.

6. gr.

Siglingastofnun skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda, eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum, og hafa umsjón með framkvæmdum við sjóvarnir. Stofnunin skal einnig standa fyrir þeim rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar á þessu sviði.

Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Siglingastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker matsnefnd um sjóvarnir úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.

Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda, sbr. þó 8. gr.

8. gr.

Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar mannvirkjum í eigu ríkisins í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

9. gr.

Nú telur Siglingastofnun, að höfðu samráði við matsnefndina, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Slíkar framkvæmdir ganga framar áætlun um sjóvarnir.

10. gr.

Siglingastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir. Hlutaðeigandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Það sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði við hvert verk og greiðir Siglingastofnun. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Siglingastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

11. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til sjóvarna samkvæmt lögum þessum, svo og land til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans möl, grjót og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem gerð sjóvarna hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 117., 118. og 120. þingi en er nú lagt fram að nýju nokkuð breytt frá upphaflegri mynd að teknu tilliti til athugasemda sem fram hafa komið við frumvarpið og til sameiningar Hafnamálastofnunar ríkisins og Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.

Tilgangur.

Með frumvarpi þessu vilja flutningsmenn að sett verði löggjöf svo að koma megi fastara skipulagi á framkvæmdir við sjóvarnir og þátt ríkisins í þeim. Á fjárlögum hvers árs undanfarna áratugi hefur verið fjárveiting til sjóvarna á ýmsum stöðum á landinu. Framkvæmdin hefur verið sú að fjárlaganefnd hefur gert tillögur um fjárveitingar til einstakra staða að fengnum tillögum frá Siglingastofnun Íslands (áður Hafnamálastofnun ríkisins). Sveitarfélög hafa áður sent skriflegar óskir til stofnunarinnar og í einstöku tilvikum aðrir aðilar.

Ekki hafa verið í gildi nein lög um sjóvarnir en þrátt fyrir það hefur myndast nokkur hefð um vinnubrögð. Í langflestum tilvikum hafa sjóvarnir verið fjármagnaðar að öllu leyti með fjárveitingum ríkissjóðs þótt einstaka dæmi séu um framlög sveitarfélaga eða landeigenda. Hér er átt við kostnaðinn við sjálfa aðalvörnina en mörg dæmi eru um að sveitarfélög hafi séð um uppgræðslu innan eða ofan við grjótvörnina. Sjóvarnir hafa verið unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Siglingastofnunar. Helstu vandkvæðin hafa e.t.v. verið að samræma aðgerðir á ýmsum stöðum á landinu þar sem óskað hefur verið eftir sjóvörnum. Siglingastofnun hefur brugðist við óskum um framkvæmdir með því að flokka viðkomandi verk í forgangsröð og meta hvað er í húfi og þau verðmæti sem á að verja og hefur stofnunin látið semja skýrslur um nokkra hluta strandlengjunnar.

Með *sjóvörnum* er átt við varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Landbrot er eyðing lands af völdum sjávar hvort sem um er að ræða brot úr bökkum eða ágang á sandströnd. Sums staðar stendur byggð svo lágt að hætta er á sjávarflóðum og getur þá þurft flóðavarnir.

Stór tjón hafa orðið á síðustu árum beggja vegna Atlantshafsins af völdum sjávarflóða í ofviðrum. Vísindamenn telja að tíðni stórflóða hafi aukist, m.a. af völdum veðurfarsbreytinga, þ.e. dýpri lægða og meiri ölduhæðar og breytinga á öldustefnu. Mælst hefur aukið landbrot síðustu ár í nágrannalöndum okkar og einnig hérlendis.

Vegna kenninga um hækkun sjávarborðs af völdum hlýnandi loftslags samfara svo-

nefndum gróðurhúsaáhrifum fer nú fram alþjóðlegt samstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna um reglusetningu og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda.

Athygli hefur vakið að meiri hluti landeyðingar á austurströnd Bandaríkjanna er talinn vera af mannavöldum, þ.e. stafa af mannvirkjum við ströndina, einkum af hafnargerð og varnargörðum innsiglinga en einnig af sjóvörnum og eru tjónþolar oft næstu nágrannar á viðkomandi strönd sem njóta ekki lengur sandburðar með hafstraumum.

Þótt þessi vandamál séu í minni mæli hérlendis er ekki hægt að loka augunum fyrir þeim. Þannig hefur sums staðar við suðurströnd landsins orðið vart aukins landbrots.

Stjórn sjóvarnamála og vinnubrögð.

Samgönguráðherra fer með mál er varða sjóvarnir samkvæmt frumvarpinu en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra og sér hún um tæknilegan undirbúning og tækni- og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum. Á vegum Siglingastofnunar skal starfa sjálfstæð ráðgjafarnefnd um sjóvarnir. Hún skal fjalla um áætlanir Siglingastofnunar og meta styrki til þeirra. Siglingastofnun getur að höfðu samráði við matsnefndina gert tillögur um tafarlausar aðgerðir, t.d. eftir flóðatjón. Stofnunin sér síðan um gerð fjögurra ára áætlunar um sjóvarnir á grundvelli endanlegra álita matsnefndar sem áður hafa verið kynnt hlutaðeigandi landeigendum og sveitarfélögum.

Skipting kostnaðar við sjóvarnir.

Hér er gert ráð fyrir þeirri almennu reglu að ríkissjóður greiði allt að ⅞ hlutum kostnaðar en sveitarfélög og viðkomandi landeigendur, sem hagræði hafa af sjóvörnum fyrir landi sínu, greiði minnst ⅛ hluta. Hér er um að ræða mikilvæga breytingu frá því sem verið hefur þar sem ríkissjóður hefur í flestum tilvikum staðið undir öllum kostnaði við sjóvarnir. Með því er sveitarstjórn eða landeigendur gerð ábyrg fyrir hluta framkvæmdarinnar og hafa því meiri rétt til að hafa áhrif á undirbúning og áætlanir sem nauðsynlegar eru. Gera má ráð fyrir að sveitarsjóður muni oftast greiða hluta heimaframlags, e.t.v. helming eða 1/16 hluta heildarkostnaðar, og væri það framlag fyrir heildina, og landeigendur hinn helminginn. Oft eru sveitarsjóðir líka eigendur lands eða lóða við ströndina. Miðað við þær sjóvarnir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, má þá búast við að kostnaðarhluti landeigenda geti numið 10.000–100.000 kr. fyrir venjulega lóð en meira fyrir stærri lóðir. Í einstökum tilfellum gætu þær þó orðið svo dýrar að kostnaðarhluti landeiganda (og sveitarfélaga) yrði miklu meiri og gæti þá þurft fyrirgreiðslu með lánum eða jafnvel eins konar byggðastyrk. Dæmi um slík viðfangsefni eru sjóvarnir við Hornafjarðarós.

Í vissum tilvikum getur komið til greina að landeigandi eða hagsmunaaðili greiði hærra framlag, t.d. ⅛ hluta eða 50%. Þess eru dæmi að sveitarfélög greiði verulegan hluta í landbrotavörnum.

Framangreint á að sjálfsögðu við framkvæmdir sem metnar yrðu styrkhæfar en gera má ráð fyrir að sumar framkvæmdir verði ekki metnar styrkhæfar, t.d. ef í ljós kemur í hagrænu mati að framkvæmdakostnaður er mun meiri en hagræðið af sjóvörninni.

Hugsanlegt væri að tengja flokkun eða forgangsröðun fyrirhugaðra sjóvarna við styrkhlutfall ríkissjóðs.

Mannvirki sem verja á séu samkvæmt staðfestu skipulagi.

Með frumvarpinu eru tekin af tvímæli um að skilyrði fyrir ríkisframlagi til sjóvarna sé að mannvirki eða byggðarsvæði séu samkvæmt skipulagslögum. Þar sem dæmi eru um að koma þurfi upp sjóvörnum utan samþykkts skipulags er ákvæði um að fyrir liggi umsögn Siglingastofnunar og framkvæmdir síðan undirbúnar í samræmi við skipulagslög. Þá er rétt að taka fram að hægt er að draga úr hættu á tjóni af sjávargangi með því að skipuleggja strandbyggð t.d. þannig að hún sé í tiltekinni lágmarksfjarlægð frá sjó. Auðvitað er hugsanlegt að atvinnurekstur krefjist meiri nýtingar lands út að sjó og þá vaknar spurningin um hver á að bera kostnaðinn sem af því hlýst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru sjóvarnir skilgreindar og sérstaklega kveðið á um hvaða svæði skuli njóta forgangs við gerð sjóvarna. Ljóst er að ekki fæst nægileg fjárveiting á ári hverju til þess að standa straum af gerð varna á öllu landinu vegna sjávarflóða og landbrots og til fyrirbyggjandi aðgerða. Því er nauðsynlegt að kveða á um hvaða svæði skuli að jafnaði njóta forgangs.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa þriggja manna sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Siglingastofnunar Íslands. Þóknun nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði. Forstjóri Siglingastofnunar situr fundi nefndarinnar og er henni til ráðuneytis. Eðlilegt er að í nefndinni sitji fulltrúi sveitarfélaganna og fulltrúi umhverfisráðherra sem fer með skipulagsmálefni.

Um 3. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem gerir áætlanir um sjóvarnir. Stofnunin skal í áætlunum sínum meta nauðsyn framkvæmda, semja umsögn um fyrirkomulag og meta hversu mikinn kostnað framkvæmdir geti haft í för með sér. Þá skal stofnunin meta hagrænt gildi framkvæmda og flokka þær í forgangsröð.

Hingað til hafa umsóknir til Siglingastofnunar yfirleitt komið frá sveitarfélögum. Siglingastofnun hefur farið yfir þessar umsóknir og metið þær. Einnig hefur Siglingastofnun látið gera athuganir og áætlanir um sjóvarnir á ýmsum svæðum með tillögum um flokkun framkvæmda. Með þeirri verkaskiptingu milli stofnunarinnar og matsnefndar, sem lögð er til í frumvarpinu, er því áfram gert ráð fyrir að Siglingastofnun sjái um áætlanagerð.

Um 4. gr.

Hlutverk matsnefndar er að fjalla um þær áætlanir sem Siglingastofnun vinnur eða lætur vinna og meta styrkhæfni umbeðinna framkvæmda, m.a. með *tilliti til* skipulagsmála. Nefndin gerir tillögur um framlög ríkissjóðs til einstakra verka. Álit nefndarinnar skal senda til umsagnar hlutaðeigandi sveitarfélaga og landeigenda og skal veita þeim tiltekinn frest til að gefa umsögn eða gera athugasemdir. Siglingastofnun skal síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem lögð er fyrir Alþingi til samþykktar.

Um 5. gr.

Við gerð fjögurra ára áætlunar skal Siglingastofnun ganga úr skugga um að þau svæði, þar sem gerð sjóvarna skal fara fram, séu skipulögð svæði og að mannvirki, sem á að verja, hafi verið reist með leyfi hlutaðeigandi yfirvalda. Sé landsvæðið, sem verja á, ekki innan staðfests/samþykkts skipulags skal liggja fyrir umsögn Siglingastofnunar um að nauðsynlegt sé að verja þetta land. Framkvæmdum skal síðan hagað í samræmi við skipulagslög.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um að tæknilegur undirbúningur framkvæmda sé á vegum Siglingastofnunar, hvort sem stofnunin felur starfsmönnum sínum hann eða verkfræðilegum ráðgjöfum. Ekki verði ráðist í framkvæmdir nema fyrir liggi áætlun um fyrirkomulag þeirra og gerð sjóvarnanna. Þá eru ákvæði um að Siglingastofnun skuli standa fyrir rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar og afla sér sérhæfðra starfskrafta.

Um 7. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skiptingu kostnaðar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði allt að ⅞ hlutum kostnaðar en landeigendur og hlutaðeigandi sveitarfélög minnst ⅛ hluta. Gera má ráð fyrir að „heimaframlög“ komi að hluta beint frá sveitarsjóði og að hluta frá hlutaðeigandi landeigendum. Ekki er kveðið á um skiptinguna á milli þessara aðila, sveitarsjóðs annars vegar og allra viðkomandi landeigenda hins vegar, en gera má ráð fyrir að að sveitarstjórn geri tillögur um hana.

Kostnaður skiptist milli hlutaðeigandi landeigenda sem land eiga að sjó og fyrirhuguðum sjóvörnum í hlutfalli við stærð lands og strandlengd hvers landeiganda og gerir Siglingastofnun tillögur um þessa skiptingu sem lögð er fram til afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarstjórn. Skipting kostnaðar milli landeigenda innbyrðis og hlutur sveitarsjóðs skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Matsnefnd gerir tillögur um framlög ríkisins, annars vegar fjárhæð og hins vegar hlutfallsskiptingu kostnaðar milli ríkisins og „heimaaðila“, þ.e. sveitarsjóðs og allra hlutaðeigandi landeigenda.

Um 8. gr.

Hér er átt við að landeigandi, þar sem t.d. er viti eða vegur liggur um strönd, verður ekki gerður ábyrgur fyrir að kosta sjóvörn fyrir viðkomandi mannvirki ef hætta er á að landbrot vegna ágangs sjávar ógni umræddu opinberu mannvirki. Það er þá ríkissjóðs eða viðkomandi ríkisstofnunar að standa straum af kostnaði.

Um 9. gr.

Þessi grein á við þegar t.d. hefur orðið tjón vegna sjávarflóðs og aðgerðir þola enga bið. Siglingastofnun getur þá, að höfðu samráði við matsnefnd, haft forgöngu um að ráðist verði í varnaraðgerðir.

Um 10. gr.

Siglingastofnun skal sjá um greiðslur á hlut ríkissjóðs fyrir alla þætti framkvæmdar. Sveitarsjóður ber hins vegar ábyrgð á greiðslu síns kostnaðarhluta og hluta landeigenda til Siglingastofnunar. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði eignarnámsákvæði sambærilegt því sem er að finna í núgildandi hafnalögum, nr. 23/1994. Kveðið er á um skyldur landeigenda til að láta af hendi mannvirki og/eða land sem til þarf vegna sjóvarna og komi fullar bætur fyrir. Ef ekki næst samkomulag um greiðslu bótafjárhæðar skal hins vegar ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 517 (281. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt.1995–96, bls. 2472–2474.

I. Skrá yfir þá 46 staði sem fengið hafa fjárveitingu til sjóvarnargarða undanfarin 21 ár (1976–96).
II. Lausleg athugun á kostnaði landeigenda.
III. Tveir uppdrættir.

126. Skýrsla [23. mál]

dómsmálaráðherra um málefni Neyðarlínunnar hf., samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Með beiðni (þskj. 23) fimmtán þingmanna er þess óskað að dómsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um ákvarðanir sínar og málsmeðferð er varðar málefni Neyðarlínunnar hf.

I. Inngangur.

Áður en vikið verður að einstökum atriðum um málefni Neyðarlínunnar hf. sem óskað er upplýsinga um er rétt að rifja í stuttu máli upp aðdraganda að stofnun Neyðarlínunnar hf. og hvaða reynsla hefur fengist af rekstri neyðarsímanúmersins 1-1-2.

Í apríl 1993 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framkvæmd samræmds neyðarsímanúmers sem uppfyllti skilyrði EES-samningsins. Í nefndinni áttu sæti Stefán P. Eggertsson verkfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður, Bergþór Halldórsson, verkfræðingur hjá Póst- og símamálastofnun, Esther Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, Guðjón Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, Hallgrímur Guðmundsson, bæjarstjóri í Hveragerði, og Hrólfur Jónsson, slökkviliðsstjóri í Reykjavík. Nefndin skilaði ráðherra skýrslu í desember 1993 og í kjölfar hennar var samið lagafrumvarp. Þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks samþykkti að leggja frumvarpið fram á vorþingi 1994. Frumvarpið var síðan samþykkt samhljóða sem lög frá Alþingi í febrúar 1995.

Dómsmálaráðuneytið fól Ríkiskaupum að gera samstarfsútboð um rekstur samræmdrar neyðarsímsvörunar. Að tillögu Ríkiskaupa var samið við Póst og síma, Reykjavíkurborg fyrir hönd Slökkviliðs Reykjavíkur, Securitas hf., Sívaka hf., Slysavarnafélag Íslands og Vara hf. um stofnun sérstaks fyrirtækis um reksturinn, Neyðarlínunnar hf. Öryggisþjónustan hf. varð síðar aðili að Neyðarlínunni hf.

Í byrjun árs 1996 tók Neyðarlínan hf. við svörun á símanúmerinu 1-1-2 aðeins nokkrum vikum eftir að dómsmálaráðherra hafði gert samning við Neyðarlínuna um að sinna neyðarsímsvörun. Bráðabirgðafyrirkomulag var á símsvöruninni fyrstu mánuðina en reiknað er með að reksturinn verði að mestu kominn í endanlegt horf um næstu áramót. Gott samstarf hefur verið milli viðbragðsaðila og Neyðarlínunnar hf. Nýjungar í hugbúnaði og tæknibúnaði gera íslensku neyðarlínuna eina þá fullkomnustu í Evrópu. Allir landsmenn fá nú sambærilega neyðarsímsvörun sem eykur sérstaklega öryggi íbúa á landsbyggðinni og rennir traustari stoðum undir starf smærri viðbragðsaðila.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25/1995, hefur dómsmálaráðherra skipað samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis um framkvæmd laganna. Nefndin hefur m.a. undirbúið reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar sem undirrituð hefur verið af dómsmálaráðherra (sjá fylgiskjal VI).

Nefnd þessari er ætlað að hafa eftirlit með starfsemi Neyðarlínunnar hf. og taka á ágreiningsmálum sem upp kunna að koma milli viðbragðsaðila og Neyðarlínunnar hf. Í nefndinni eiga sæti Rúnar Guðjónsson, sýslumaður í Reykjavík, formaður, og Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, skipaðir án tilnefningar, Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður samgönguráðherra, tilnefndur af samgönguráðherra, Björn Hafþór Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSA, og Guðjón Ingvi Stefánsson, framkvæmdastjóri SSV, tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dr. Ólafur Proppé, formaður Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, tilnefndur af Landsbjörgu, og Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur hjá embætti landlæknis, tilnefnd af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Enn fremur eiga sæti í nefndinni Björn Gíslason, formaður Landssambands sjúkraflutningamanna, tilnefndur af þeim samtökum, og Guðmundur Jónsson, varðstjóri í Slökkviliði Reykjavíkur, tilnefndur af Landssambandi slökkviliðsmanna.

Samkvæmt upplýsingum frá nefndinni hafa henni hvorki borist kvartanir né önnur ágreiningsmál frá Neyðarlínunni hf. eða viðbragðsaðilum.

Í tilefni af gerð skýrslu þessarar óskaði dómsmálaráðuneytið eftir upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík, Slökkviliði Reykjavíkur og Neyðarlínunni hf. um nokkur efnisatriði. Einnig óskaði ráðuneytið eftir því við Ríkisendurskoðun að stofnunin gerði sjálfstæða úttekt á hagkvæmni samningsins við Neyðarlínuna hf. fyrir ríki og sveitarfélög. Svör þessara aðila eru birt sem fylgiskjöl I–IV.

II. Einstök efnisatriði.

Til að einfalda lestur skýrslunnar hefur henni verið skipt efnislega til samræmis við beiðnina. Til frekari skýringar á einstökum atriðum eru upplýsingar sem bárust birtar sem fylgiskjöl.

Val á fyrirtækjum og stofnunum sem aðild eiga að Neyðarlínunni hf. Skilyrði fyrir aðild. Forsendur samninga.

Val á rekstraraðilum fór fram með útboði á grundvelli samstarfsútboðs sem Ríkiskaup sáu um fyrir ráðuneytið samkvæmt lögum um samræmda neyðarsímsvörun. Í útboðslýsingu var gert ráð fyrir að verktaki hefði faglega reynslu af neyðarsímsvörun eða

væri viðbragðsaðili sem tengdist neyðar-, björgunar- eða öryggisþjónustu með einum eða öðrum hætti. Verktaki þurfti að uppfylla skilyrði sem sett voru fram í verklýsingu með útboði og í verksamningi (sjá fylgiskjal VI).

Forsendur ráðuneytisins fyrir vali á verktaka voru að hann uppfyllti skilyrði útboðslýsingar. Einnig var vilji ráðuneytisins að sem flestir aðilar sem sinntu neyðar-, björgunar- eða öryggisþjónustu yrðu aðilar að rekstrinum í von um að ná fram sem mestri hagræðingu í rekstri neyðarvaktstöðvarinnar og tryggja faglega þekkingu í fyrirtækinu. Var það í samræmi við nefndarálit allsherjarnefndar Alþingis frá 23. febrúar 1995 (þskj. 802) en þar segir: „Nefndin leggur áherslu á að heppilegast er að þeir aðilar, sem þegar starfa á þessu sviði og hafa reynslu og þekkingu, taki höndum saman og geri samstarfssamning sín á milli um það að taka sameiginlega að sér að veita þessa þjónustu samkvæmt samningi við ríkið til ákveðins tíma í senn.“ Undir þetta rita Sólveig Pétursdóttir, formaður nefndarinnar, og nefndarmennirnir Anna Ólafsdóttir Björnsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ingi Björn Albertsson, Jóhann Einvarðsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Álit nefndarinnar er í samræmi við 3. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun en þar segir: „Til að sinna viðtöku og úrvinnslu tilkynninga sem berast um samræmt neyðarsímanúmer skal koma upp vaktstöð eða vaktstöðvum. Dómsmálaráðherra er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og einkaaðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.“

Í úttekt Ríkisendurskoðunar, sem gerð var að beiðni dómsmálaráðuneytisins, á fyrirkomulagi neyðarsímsvörunar og samningnum við Neyðarlínuna hf. er farið gaumgæfilega yfir forsendur og útreikninga ráðuneytisins. Segir í niðurstöðum skýrslunnar: „Að mati Ríkisendurskoðunar er hagræði ríkissjóðs af því fyrirkomulagi sem að ofan er lýst við rekstur sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar ótvírætt.“ (Sjá fylgiskjal IV.) Ráðuneytið taldi réttast að fá hlutlausan aðila, Ríkisendurskoðun, til að meta hagkvæmni fyrirkomulagsins og meta hvort áætlanir hafi staðist. Staðfest er í skýrslunni að svo hafi verið.

Í svari Ríkisendurskoðunar segir einnig að hagræði ríkis og sveitarfélaga vegna þessa fyrirkomulags sé um 180–243 millj. kr. á samningstímabilinu, eftir því hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar, og er það töluvert meiri sparnaður en búist var við. Einnig er vísað til þess í skýrslunni að ná megi fram enn frekari hagræðingu með því að flytja sólarhringsvaktir og bakvaktir sem opinberir aðilar sinna til Neyðarlínunnar hf.

Heildarkostnaður ríkis, sveitarfélaga og stofnana þeirra af rekstrinum næstu ár. Árlegt framlag Reykjavíkurborgar, Slysavarnafélags Íslands og Pósts og síma.

Ríki og sveitarfélög greiða samtals um 296,5 millj. kr. eða um 37,1 millj. kr. á ári. Upphaflegir stofnaðilar Neyðarlínunnar leggja 251 millj. kr. til rekstrarins á átta árum eða um 31,4 millj. kr. á ári. Árlegt framlag Reykjavíkurborgar, Slysavarnafélags Íslands og Pósts og síma, hvers um sig, til rekstrarins er 5 millj. kr. á ári. Þó greiðir Slökkvilið Reykjavíkur um 2 millj. kr. meira vegna viðbótarþjónustu sem það óskaði eftir. Samkvæmt samningi er gert ráð fyrir að ríkið greiði 5 millj. kr. vegna kynningar og markaðssetningar á árinu 1996.

Á næsta ári, 1997, er gert ráð fyrir að rekstrartekjur verði (í millj. kr., launavísitala 139,6):

Ríkið	19,96
(Auk þess er kostnaður vegna kynningarstarfs áætlaður 2 millj. kr.)	
Sveitarfélög	19,96

Aðrir:	
Securitas	8,2
Vari	5,5
Sívaki	3,2
Öryggisþjónustan	3,2
Slysavarnafélag Íslands	5,0
Póstur og sími	5,0
Slökkvilið Reykjavíkur	7,0
Samtals	**37,1**

(Slysavarnafélagið greiðir ekki til Neyðarlínunnar hf. á árinu 1996.)

Áætlaður byggingarkostnaður húsnæðis sem verið er að reisa fyrir starfsemina.

Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar er byggingarkostnaður áætlaður um 35 millj. kr. Neyðarlínan hf. greiðir Reykjavíkurborg 2,9 millj. kr. í leigu á ári sem er svipaður leigukostnaður og almennt er fyrir sambærilegt skrifstofuhúsnæði á leigumarkaði. Nánari grein er gerð fyrir byggingu hússins í svari Neyðarlínunnar hf. (sjá fylgiskjal III). Rétt er að taka fram að Reykjavíkurborg er eigandi húseignarinnar.

Hagkvæmni þeirrar leiðar sem ráðherra ákvað að fara.
Aðrar leiðir sem kannaðar voru.

Um tvo valkosti var að ræða til að koma á einu samræmdu neyðarsímanúmeri. Fyrri kosturinn var að ríkið setti á fót opinbert fyrirtæki sem sæi um neyðarsímsvörunina eða að einum opinberum aðila yrði falið að sjá um reksturinn og þá annaðhvort lögreglunni í Reykjavík eða Slökkviliði Reykjavíkur. Hinn kosturinn var að efna til samstarfsútboðs og fá sem flesta sem tengjast neyðar-, björgunar- og öryggisþjónustu til að vera þátttakendur í rekstri neyðarsímsvörunar. Útreikningar sýndu að hagkvæmasti kosturinn væri að efna til samstarfsútboðs meðal aðila sem sinntu neyðar-, öryggis- og vaktþjónustu. Staðfest er í skýrslu Ríkisendurskoðunar að sú leið sem allsherjarnefnd Alþingis lagði til og ráðherra féllst á var hagkvæmasti kosturinn (sjá fylgiskjal IV). Ekki er víst að sátt hefði orðið um ákvörðun sem fæli í sér að lögreglan, slökkviliðið eða einhver annar opinber aðili tæki að sér rekstur neyðarvaktstöðvar og sú leið hefði orðið nokkru dýrari fyrir ríki og sveitarfélög auk annarra annmarka, enda óskaði lögreglan í Reykjavík ekki eftir því að annast samræmda neyðarsímsvörun. Með þessu fyrirkomulagi verður einnig auðveldara að hafa eftirlit með starfsemi fyrirtækja í öryggisþjónustu til að tryggja hag neytenda.

Í áliti Ríkisendurskoðunar segir: „Að mati Ríkisendurskoðunar er hagræði ríkissjóðs af því fyrirkomulagi sem að ofan er lýst við rekstur sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar ótvírætt."

Einnig segir: „Miðað við ofangreindar forsendur má ætla að kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaganna vegna þess fyrirkomulags sem viðhaft var vegna reksturs sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar á grundvelli laga nr. 25/1995 sé alls um 227–243 millj. kr. lægri en frumáætlanir gerðu ráð fyrir á því átta ára tímabili sem samningur dómsmálaráðuneytisins við Neyðarlínuna nær til. Á ársgrundvelli er um að ræða 28–30 millj kr. Fari svo að tilkoma Öryggisþjónustunnar hf. muni ekki breyta umtalsvert árlegum framlögum má áætla kostnaðinn um 180–200 millj. kr. lægri en ella eða sem svarar til 23–25 millj. kr. á ári.“

Auk þess segir: „Þeirri þjónustu sem snýr að ríkissjóði og sveitarfélögunum og felst í símsvörun og símtalsflutningum vegna neyðarnúmersins 112 ásamt boðun viðbragðsaðila er nú að öllu leyti sinnt með mjög viðunandi hætti.“

Ekki verður séð að aðrar leiðir sem til greina komu um rekstur neyðarvaktstöðvar fyrir samræmt neyðarnúmer 1-1-2 hefðu sparað ríkissjóði og sveitarfélögum jafnmikið og sú aðferð sem var valin. Það er staðfest í áliti Ríkisendurskoðunar. Auk þess er tekið fram að Neyðarlínan hf. vinni samkvæmt þeim faglegu kröfum sem til er ætlast í verklýsingu og að viðbragðsaðilar séu ánægðir með þjónustuna. Þá er ekki tekið tillit til þess að Neyðarlínan hf. hefur lagt meira til verkefnisins en ráð var fyrir gert í upphaflegum samningi og í útboðsforsendum sem kemur viðbragðsaðilum og almenningi til góða.

Nýting tækjabúnaðar lögreglu, slökkviliðs o.fl. fyrir þjónustu Neyðarlínunnar hf.

Að mati yfirmanna lögreglunnar í Reykjavík og Slökkviliðs Reykjavíkur hefði ekki verið unnt að nota þann tækjabúnað sem til staðar er hjá þessum stofnunum til að sinna neyðarsímsvörun (sjá fylgiskjöl I og II).

Nauðsyn þess að skilja að símsvörun annars vegar og starfsemi viðbragðsaðila hins vegar. Fyrirkomulag slíkrar starfsemi annars staðar á Norðurlöndum.

Þegar ákveðið var að taka upp eitt samræmt neyðarnúmer var augljóst að aðskilja yrði neyðarsímsvörun frá viðbragðsaðilum. Á landinu eru tugir viðbragðsaðila og er ljóst að þeir gátu ekki allir svarað sama símanúmerinu og að mikið óhagræði hefði orðið af því að hafa margar vaktstöðvar, enda hefði slík tilhögun kostað töluvert meira en ein vaktstöð. Auk þess er af faglegum ástæðum betra að aðskilja neyðarsímsvörun frá viðbragðsaðilum, m.a. vegna þess aðhalds sem báðir aðilar fá, og minnkar það líkur á að mistök verði ekki upplýst. Þetta hafa allir sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir, sem haft hefur verið samband við lagt áherslu á. Rétt er að benda á að í svari lögreglunnar í Reykjavík er gagnrýnt að ekki sé nægilegur aðskilnaður milli vaktstöðvar Neyðarlínunnar og stjórnstöðvar Slökkviliðs Reykjavíkur.

Í öðrum löndum er neyðarsímsvörun almennt aðskilin frá viðbragðsaðilum sem hafa eitt samræmt neyðarsímanúmer og má þar til dæmis nefna 911 í Bandaríkjunum og Kanada. Lýsing á því fyrirkomulagi sem er annars staðar á Norðurlöndum kemur fram í svörum frá lögreglu og Slökkviliði Reykjavíkur en það eru þeir fagaðilar sem undirbúningsnefndin og ráðuneytið hafa leitað til eftir faglegri þekkingu (sjá fylgiskjöl I og II).

Kröfur ráðuneytisins um faglega kunnáttu starfsfólks Neyðarlínunnar hf.

Kröfur um faglega kunnáttu starfsfólks koma fram í verkskilmálum sem eru fylgiskjal samnings dómsmálaráðherra við Neyðarlínuna hf. Þar segir í kafla 0.2.8:

„Kröfur til starfsmanna verktaka og skyldur þeirra.

Starfsmenn neyðarvaktstöðvar skulu hafa hreint sakavottorð og vera við góða heilsu m.a. hafa góða sjón og heyrn. Nokkurt álag fylgir starfi „símvarða“ og því er ekki gert ráð fyrir að allir séu jafnvel til þess fallnir að annast það. „Símverðir“ skulu vera skýrmæltir svo vel skiljist við fjarskipti og geta gert sig vel skiljanlega með skriflegum boðum.

Allir „símverðir“ verða að hafa góð tök á enskri tungu og lágmarkskunnáttu í Norðurlandamálum. Einnig þurfa „símverðir“ að geta greint á milli helstu tungumála í Evrópu, m.a. þýsku, frönsku, ítölsku og spænsku.

Starfsmenn verktaka skulu bundnir þagnarskyldu um öll málefni sem varða starfsemi neyðarvaktstöðvar og munu starfsmenn verktaka skrifa undir yfirlýsingu þess efnis. Gildir það einnig eftir að starfsmenn eru hættir störfum.“

Og í kafla 0.2.9 segir:

„Þjálfun „símvarða“.

Ákjósanlegur bakgrunnur „símvarða“ er að þeir hafi reynslu við störf hjá þeim viðbragðsaðilum sem neyðarvaktstöðin kemur til með að þjóna. Símverðir skulu gangast undir minnst 2 mánaða þjálfun í starfi, undir leiðsögn þjálfaðra „símvarða“, áður en hann starfar sjálfstætt við símvörslu. Auk þess er krafist 1 mánaðar starfsreynslu eða starfskynningu hjá viðbragðsaðila sem fær þjónustu frá neyðarvaktstöð. Starfsreynslan getur verið í formi heimsókna til fleiri en eins viðbragðsaðila.

„Símverðir“ verða að vera þjálfaðir í að hafa samskipti við fólk í uppnámi og geta unnið undir miklu álagi. Einnig skulu starfsmenn þjálfaðir í ýmsum sérgreinum, svo sem skyndihjálp, í lögum og reglum sem máli skipta, í skipulagi viðbragðsaðila, í staðháttum á neyðarsvæðum, götuheitum og gatnakerfum, vélritun og notkun tækjabúnaðar neyðarvaktstöðvarinnar.

„Símverðir“ skulu ganga í gegnum endurmenntun eftir þörfum og að auki heimsækja einn viðbragðsaðila minnst eina viku á ári til að viðhalda þekkingu sinni á störfum hans og þörfum.“

Eins og að framan greinir voru gerðar miklar kröfur til starfsmanna í útboðsskilmálum og hefur kröfunum verið fylgt fast eftir.

Í 9. gr. reglugerðar um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar er kveðið á um faglegar kröfur til starfsfólks Neyðarlínunnar. Í 10. gr. er gerð krafa um að vaktstöð beri að setja verklagsreglur um starfsemi vaktstöðvarinnar.

Í auglýsingu Neyðarlínunnar hf. eftir starfsfólki kemur fram að krafist er stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar, sbr. fylgiskjal V. Vonast var til að slökkviliðsmenn og lögreglumenn sæktu um störf en vegna andstöðu stéttarfélaga þeirra sótti aðeins einn úr hvorum hópi um starf og eru þeir nú við störf hjá Neyðarlínunni hf.

Neyðarlínan hf. hefur þegar sett verklagsreglur fyrir starfsfólk sem kynntar hafa verið samstarfsnefndinni. Verklagsreglurnar verða í stöðugri endurskoðun fyrstu rekstrarár Neyðarlínunnar hf. Einnig hefur Neyðarlínan hf. gert þjálfunaráætlun fyrir starfsfólk hjá viðbragðsaðilum og hjá sjúkrastofnunum og starfskynning hefur farið fram hjá lögreglunni í Reykjavík og Slökkviliði Reykjavíkur. Í samvinnu við Sjúkraflutningaskólann, sem rekinn er af Rauða krossi Íslands, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Slökkviliði Reykjavíkur, þar sem Landssamband sjúkraflutningamanna á fulltrúa í stjórn, er unnið að námskrá fyrir starfsfólk Neyðarlínunnar. Stefnt er að því að Sjúkraflutningaskólinn haldi námskeið fyrir starfsfólk Neyðarlínunnar og að hann geti útskrifað neyðarsímverði í framtíðinni.

Miklar kröfur eru þannig gerðar til starfsfólks hvað varðar reynslu, þjálfun og þekkingu. Neyðarlínan hf. hefur lagt metnað sinn í að haga þjálfun og kennslu eins og best verður á kosið og hefur fyllilega uppfyllt þær væntingar sem ráðuneytið hafði um kröfur til starfsmanna.

Samstarf ráðherra og heilbrigðisstétta, sjúkrahúsa, lögreglu og slökkviliðs á undirbúningsstigi málsins.

Dómsmálaráðherra skipaði nefnd í aprílmánuði 1993 til þess að hafa frumkvæði að tillögugerð um samræmda neyðarsímsvörun sem uppfyllti skilyrði EES-samningsins um samræmt evrópskt neyðarsímanúmer 1-1-2. Í nefndinni voru m.a. fulltrúar dómsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis. Auk þess voru þar fulltrúar frá Pósti og síma, Reykjavíkurborg, Slysavarnafélagi Íslands, Almannavörnum ríkisins og frá sveitarfélagi á landsbyggðinni. Með því að tilnefna fulltrúa frá öllum helstu fagaðilum var tryggt svo sem unnt var að alhliða fagleg þekking væri til staðar við allan undirbúning málsins.

Á undirbúningstímanum hafði nefndin samráð við Sjúkrahús Reykjavíkur um einstaka þætti er vörðuðu samstarf við Neyðarlínuna, þar á meðal við neyðarlækni. Starfsmaður heilbrigðisráðuneytisins sat í nefndinni og var tengiliður við það ráðuneyti, landlækni og heilbrigðisstéttir. Samráð var haft við lögreglustjórann í Reykjavík og haft var samband við aðalvarðstjóra lögreglunnar þar, auk þess sem fulltrúar Landssambands lögreglumanna mættu á fund allsherjarnefndar þegar málið kom til meðferðar á Alþingi. Í undirbúningsnefndinni átti einnig sæti slökkviliðsstjórinn í Reykjavík sem hafði samband við aðra slökkviliðsstjóra. Þá mætti formaður Landssambands slökkviliðsmanna á fund með allsherjarnefnd þegar málið var þar til meðferðar.

Eins og fram kemur var fullt samráð haft við þau yfirvöld og opinbera aðila sem málið varðaði og fagaðila á undirbúningstímanum og tekið tillit til athugasemda er bárust til allsherjarnefndar og dómsmálaráðuneytis.

Bygging nýs húsnæðis fyrir Neyðarlínuna hf. Starfsemi einkafyrirtækja í sama húsnæði.

Hvað varðar nauðsyn þess að byggja hús undir starfsemina er vísað í bréf frá Neyðarlínunni hf., sbr. fylgiskjal III. Reykjavíkurborg getur eflaust svarað því hvers vegna sú leið var valin að byggja umrætt hús og leigja Neyðarlínunni hf. Af hálfu dómsmálaráðuneytisins uppfyllir byggingin allar kröfur sem settar voru í verksamning og gott betur og gerir það engar athugasemdir við það fyrirkomulag sem Neyðarlínan hf. hefur valið í húsnæðismálum.

Starfsmenn öryggisfyrirtækja (öryggisverðir) hafa aðsetur í kjallara sama húss og Neyðarlínan en þeir hafa ekki aðgang að vaktstöð Neyðarlínunnar. Önnur starfsemi öryggisfyrirtækja er aðskilin og fer fram annars staðar. Starfsmenn Neyðarlínunnar í vaktstöð þurfa hins vegar að svara boðum frá öryggiskerfum og kalla út öryggisverði fyrirtækjanna. Starfsmenn öryggisfyrirtækja hafa engan aðgang að trúnaðarupplýsingum Neyðarlínunnar.

Hvað varðar starfsmenn Neyðarlínunnar eru skýr ákvæði í lögum um samræmda neyðarsímsvörum um meðferð trúnaðarupplýsinga. Í 7. gr. laganna segir: „Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þó að látið sé af starfi. Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa hlotið menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna.“ Í 14. gr. reglugerðar um sam-

ræmda neyðarsímsvörun segir: „Rof á þagnarheiti getur varðað brottvísun úr starfi, auk viðurlaga sem lög kunna að mæla fyrir um.“

Kostnaður við kaup nauðsynlegra tækja og fjármögnun þeirra. Eignarhald og ráðstöfunar- og notkunarréttur á húsnæði og tækjum.

Stofnkostnaður vegna tækjakaupa er nú áætlaður um 65–70 millj. kr. eða 11–16 millj. kr. hærri en upphaflega var áætlað, enda hafði ekki verið gerð fullnaðarúttekt á stofnkostnaði. Neyðarlínan hf. fjármagnar tækjakaupin að öllu leyti. Allur tækjabúnaður er mjög fullkominn og er langt umfram þær kröfur sem upphaflega voru gerðar og tryggir viðbragðsaðilum alla þjónustu sem mögulega er hægt að veita. Að samningstíma loknum mun eignarhald á eignum fyrirtækisins skiptast milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og Neyðarlínunnar hf. hins vegar í hlutfalli við framlög á samningstímanum. Búast má við verulegum afskriftum á samningstímanum, sérstaklega á síma- og tölvubúnaði. Reykjavíkurborg er eigandi byggingarinnar sem Neyðarlínan hefur á leigu.

Samvinna starfsmanna Neyðarlínunnar hf. og starfsmanna einkafyrirtækja sem aðild eiga að henni.

Sem áður greinir hefur dómsmálaráðherra skipað samstarfsnefnd til að hafa eftirlit með starfsemi neyðarsímsvörunar og var nefndinni m.a. falið að semja reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar. Í reglugerðinni eru settar reglur um starfsemi öryggisfyrirtækja annars vegar og neyðarsímsvörunar hins vegar. Starfsmenn öryggisfyrirtækja hafa ekki beinan aðgang að stjórnstöð heldur hafa þeir aðstöðu í kjallara hússins. Engin samskipti eru milli þessara aðila nema í gegnum fjarskipti og þegar lyklar eru afgreiddir en það er gert í gegnum lúgu á húsinu. Engin truflun er af starfsfólki öryggisfyrirtækjanna þar sem neyðarsímsvörunin fer fram.

Gjaldskrá Neyðarlínunnar hf. og væntanlegar sértekjur hennar.

Gjaldskrá Neyðarlínunnar hf. er byggð á tillögum Samkeppnisstofnunar. Þau öryggisþjónustufyrirtæki sem eru eignaraðilar að Neyðarlínunni hf. og óskað hafa eftir vaktþjónustu greiða árlega fast gjald, 2 millj. kr. Að auki greiða fyrirtækin fyrir hverja tengingu sem tengd verður vaktstöðinni. Gjaldskráin er byggð upp á eftirfarandi hátt:

Fjöldi tenginga	**Einingaverð (hverjar 100 tengingar)**	**Gjald á mánuði**	**Gjald á ári**
1–100	100.000	100.000	1.200.000
101–200	70.000	170.000	2.040.000
201–300	49.000	219.000	2.628.000
301–400	34.300	253.300	3.039.600
401–500	24.010	277.310	3.327.720
501–600	16.807	294.117	3.529.404
601–700	16.000	310.117	3.721.404
701–800	16.000	326.117	3.913.404

Kostnaður við fyrstu 100 tengingarnar er 1.000 kr. fyrir hverja tengingu en lækkar um 30% fyrir næstu 100 tengingar þar til mánaðarlegt gjald fyrir 100 aukakerfi er komið niður í 16.000 kr. Þess má geta að gjaldskráin var lögð fyrir öryggisfyrirtækin og Samkeppnisstofnun og voru ekki gerðar athugasemdir við hana eftir að henni hafði verið breytt til samræmis við tillögur Samkeppnisstofnunar.

III. Lokaorð.

Óhætt er að segja að reynslan af rekstri Neyðarlínunnar hafi verið góð. Þrátt fyrir skamman undirbúningstíma tókst í samvinnu við Slökkvilið Reykjavíkur og Slysavarnafélag Íslands að veita viðunandi neyðarsímþjónustu á meðan verið var að koma starfseminni af stað. Þegar starfsemin verður að fullu komin í það horf sem gert var ráð fyrir er óhætt að fullyrða að Ísland verður í hópi þeirra ríkja sem hafa fullkomnasta samræmda neyðarsímþjónustu.

Mikil og víðtæk samvinna er milli Sjúkrahúss Reykjavíkur og Neyðarlínunnar um þá þætti sem snúa að heilbrigðisstéttum og tengjast neyðarsímsvörun, m.a. er stefnt að því að ávallt sé aðgangur að neyðarlækni til að þjónusta viðbragðsaðila hvar sem er á landinu og aðra aðila sem Neyðarlínan hf. veitir þjónustu.

Á Íslandi hafa ekki verið sett lög eða aðrar reglur um starfsemi fyrirtækja í öryggisþjónustu. Brýnt er að sett verði lög um öryggisþjónustufyrirtæki þar sem áskilið verði að fyrirtækin þurfi starfsleyfi frá dómsmálaráðuneytinu og að reglur verði settar um starfsemi öryggisþjónustufyrirtækjanna. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um öll öryggisþjónustufyrirtæki, hvort sem þau eru aðilar að Neyðarlínunni eða utan hennar. Flest nágrannalönd okkar hafa þegar sett slíkar reglur sem hafa það að markmiði að auka öryggi borgaranna og tryggja rétt almennings í viðskiptum við öryggisþjónustufyrirtæki.

Fylgiskjal I.

Bréf lögreglunnar í Reykjavík.
(26. ágúst 1996.)

Vitnað er til bréfs yðar dagsett 15. þ.m. þar sem óskað er eftir svörum við tilteknum spurningum er varða samræmdu neyðarsímsvörunina á Íslandi.

1. *Teljið þér að mögulegt hefði verið að nýta þann tækjabúnað sem fyrir hendi var hjá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík eða á öðrum lögreglustöðvum til að sinna þjónustunni sem Neyðarlínunni hf. er ætlað að sinna?*

Sérhannaður og ólíkur tækjabúnaður.

Tækjabúnaður til að sinna samræmdri neyðarsímsvörun fyrir landið allt er sérhannaður til slíks verkefnis. Hann er annars vegar ætlaður til viðtöku upplýsinga, en hins vegar til greiðrar þjónustu við marga viðtökuaðila. Ekki er ætlast til neinnar stjórnunar á verkefnum af hálfu slíkrar símsvörunarþjónustu.

Búnaður stjórnstöðvar lögreglu er ætlaður til verkstjórnar á útköllum og öðrum vettvangsverkefnum lögreglu, bæði til að taka við innhringingum, meta málsatvik og senda menn á vettvang, og síðan að fylgja málum eftir með frekari upplýsingum, ráðstöfunum

og aðgerðum, og að lokum að skrá málalyktir. Eins er stjórnstöðin ætluð til að henda reiður á ástandinu, ekki síst á álagstímum, og veita lögreglumönnum nauðsynlegar upplýsingar af ýmsu tagi.

Búnaður lögreglunnar er því sniðinn að allt öðrum verkefnum en neyðarsímstöð er ætlað að sinna. Hann er því ekki fullnægjandi til slíkra verkefna, frekar en að búnaður slíkrar símstöðvar sé fullnægjandi til að gagnast sem stjórnstöð lögreglu. Á það má benda að vaktstöð Neyðarlínunnar var verkefnalega sameinuð stjórnstöð langstærsta slökkviliði landsins. Samt þurfti að kaupa verulegan sérbúnað.

Engu að síður er það nauðsynlegt að komið sé upp þeim búnaði hjá lögreglunni í Reykjavík, að hún geti betur annast þau verkefni sem henni ber ef neyðarástand skapast. Í slíkum tilvikum er lögreglu ætlað að hafa yfirstjórn aðgerða og reka miðstöð fyrir alla þá aðila sem kallaðir eru til verka. Við almannavarnaástand er um leið nauðsynlegt að upplýsingar berist viðstöðulítið og milliliðalaust og að neyðarsímsvörun og stjórnun séu rekin í samfellu. Verður síðar í greinargerð þessari vikið að því hvernig slíku fyrirkomulagi kynni að vera fyrir komið.

Niðurstaða.

Ekki hefði gengið að nýta tækjabúnað lögreglu til að sinna þjónustunni sem sameiginlegri neyðarsímsvörun er ætlað að sinna.

2. *Óskað er eftir rökstuðningi fyrir nauðsyn þess að aðskilja símsvörun annars vegar og starfsemi viðbragðsaðila hins vegar og jafnframt er óskað eftir upplýsingum hvernig slíkri starfsemi sé háttað annars staðar á Norðurlöndum.*

Aðskilnaður og aðskilnaður ekki.

Reyndar er núverandi fyrirkomulaga þeim alvarlega annmarka háð, að ekki er nægilegur aðskilnaður milli vaktstöðvar Neyðarlínunnar og stjórnstöðvar Slökkviliðsins.

Fyrirkomulag neyðarsímsvörunar og starfsemi viðbragðsaðila.

a. Í Noregi.

112 er aðeins neyðarnúmer lögreglu og er hluti af fjarskiptakerfi hennar. Neyðarnúmer slökkviliðs og sjúkraþjónustu eru önnur. Svörun neyðarnúmersins er í því lögregluumdæmi sem hringt er innan.

Nokkur vandkvæði hafa skapast af því þegar hringt er úr farsímum. Þessi vandi hefur sífellt aukist vegna mikils fjölda farsíma og reynist þá erfitt að beina hringingunni inn á viðeigandi umdæmi.

Náin samvinna er á milli hinna þriggja neyðarviðbragðsaðila og samræmt skipulag vegna skörunar verkefna.

b. Í Danmörku.

Danmörku er deilt upp í tvö svæði; Stór-Kaupmannahafnarsvæðið og landsbyggðina. Á fyrrnefnda svæðinu ræður Slökkvilið Kaupmannahafnar yfir neyðarmiðstöðinni en utan Kaupmannahafnar rekur lögreglan 40 neyðarmiðstöðvar sem hver tekur við hringingum innan síns svæðis. Rekstur neyðarmiðstöðvanna er á hendi viðbragðsaðilanna en á ábyrgð Tele Danmark Group. TDG er hlutafélag, að 49% í eigu einkaaðila í fjarskipta- og símaþjónustu og að 51% í eigu danska ríkisins.

Þegar hringt er úr farsíma tekur Tele Danmark Group við öllum símtölum og flytur þau áleiðis til viðbragðsaðilans sem næstur er áfallastað.

c. Í Finnlandi.

Gögn þau sem við höfum frá Finnlandi eru nærri ársgömul en þar hefur neyðarnúmerið 112 verið tekið í notkun. Á þeim tíma er jafnhliða í notkun sérstakt neyðarnúmer lögreglu. Svo virðist af gögnum að neyðarsímsvörun í 112 vegna björgunar og sjúkraflutninga sé á hendi ríkisins. Áform eru um það í framtíðinni að neyðarsímsvörun fyrir lögregluna fari einnig undir 112 og neyðarþjónustusvæði/umdæmi verði 15 yfir landið allt.

d. Í Svíþjóð.

112 og eldra neyðarnúmer, sem notað er enn jafnhliða, er í höndum SOS Alarmering, sem er hlutafélag í eigu ríkisins og sveitarfélaga. Þetta er þjónusta sem rekin er jafnhliða viðbragðsþjónustu, svo sem björgunar og sjúkraflutninga. Neyðarsvörun er svæðaskipt.

Niðurstaða.

Samræmd neyðarsímsvörun fyrir landið allt þjónar mörgum og ólíkum viðbragðsaðilum sem krefjast mismunandi þjónustu af hálfu Neyðarlínunnar. Því getur slík símsvörun aldrei orðið með öðrum hætti en með tilteknu millistigi sem aðskilið er frá verkefnum viðbragðsaðila. Gildir þá einu hvort hún væri í umsjá opinbers aðila, svo sem lögreglu eða slökkviliðs, eða samkvæmt því fyrirkomulagi sem lög nr. 25/1995 gera ráð fyrir. Þetta er einnig í samræmi við það sem gerist varðandi samræmda neyðarsímsvörun á Norðurlöndum.

Til frekari rökstuðnings fyrir því hvort skynsamlegt sé að halda þessum þjónustuþáttum aðskildum er gagnlegt að skoða hvaða vandamál séu annars vegar í samskiptum slökkviliðsins og Neyðarlínunnar, þar sem ekki er fullur aðskilnaður, og hins vegar í samskiptum lögreglunnar og Neyðarlínunna þar sem fullur aðskilnaður er.

3. *Óskað er eftir að þér greinið frá reynslu yðar af starfsemi Neyðarlínunnar fyrstu sex mánuði þessa árs og athugasemdum yðar varðandi þá starfsemi.*

Þegar leggja á mat á starfsemi Neyðarlínunnar þarf að hafa eftirfarandi í huga:

a. Um er að ræða nýja starfsemi á mjög umfangsmiklu sviði og vandasama þjónustu, sem óhjákvæmilega þarf vissa aðlögun, og langur tími getur liðið áður en reynt er á alla þætti.
b. Útfærslan er í sumum efnum ómótuð og ekki hafa enn átt sér stað ítarlegar samæfingar símsvörunar og viðbragðsaðila á þeim sviðum þar sem búast má við vandkvæðum. Slíkt þarf þó auðvitað að gera fyrr en síðar.
c. Búast má við gagnrýni og viðbrögðum tiltekinna viðbragðsaðila sem byggjast á stéttarfélagslegum forsendum.
d. Fagleg gagnrýni getur komið en á alröngum forsendum. Búast má við óréttmætri gagnrýni byggðri á misskilningi, ef viðbragðsaðilar eru ekki nægilega meðvitaðir um muninn á starfi vaktstöðvar Neyðarlínunnar og störfum viðbragðsaðila. Þannig getur t.d. verið sett fram gagnrýni um að starfsmenn vaktstöðvarinnar hafi ekki þjálfun eða getu til að veita tiltekna þjónustu sem aðeins sé á færi viðbragðsaðila að

veita. Misskilningurinn liggur síðan í því að starfsmönnum vaktstöðvarinnar er alls ekki ætlað þetta hlutverk, heldur viðbragðsaðilanum sjálfum og því er verið að gefa sér rangar forsendur.

e. Til að vaktstöð Neyðarlínunnar geti sinnt starfsskyldum sínum á fullnægjandi hátt þarf hún tilteknar upplýsingar og samvinnu af hálfu viðbragðsaðila. Þjónusta vaktstöðvar Neyðarlínunnar getur þannig verið ófullnægjandi, þó svo að vaktstöðin standi í alla staði vel að sínum þætti mála, ef samstarfsvilji er ekki fyrir hendi.

f. Það er auðvitað skylda allra sem að þessum málum standa að gera skipulagið sem best og virkast miðað við hinar raunverulegu forsendur mála. Yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík hefur lagt sig fram um að það fyrirkomulag sem stjórnvöld hafa ákveðið með lögum nr. 25/1995, verði sem árangursríkast. Það hefur meðal annars skilað sér í betri þjónustu frá hendi Neyðarlínunnar til stjórnstöðvar Lögreglunnar í Reykjavík.

g. Sú ráðstöfun var gerð að sameina vaktstöð Neyðarlínunnar og stjórnstöð Slökkviliðsins í Reykjavík. Hætta er á að það valdi:

— Togstreitu í stjórnun og starfsmannamálum, sem komið getur niður á þjónustu vaktstöðvarinnar.

— Líkum á því að þegar kalla þarf út fleiri en einn viðbragðsaðila, svo sem bæði slökkvilið og lögreglu, að slíkt seinki tilkynningu t.d. til lögreglu og manntjón geti hlotist af. Það er gamall og velþekktur vandi að þegar tilkynningar berast til slökkviliðs um tilvik á þeirra sviði, hefur viðbragðsþjónustu þeirra verið gefinn allur forgangur og dregst stundum úr hömlu að láta lögregluna vita, sem þó er oft sá aðili sem næst er staddur. — Þessi vandi eykst um leið og ekki er ætlast til að lögregla fái lengur sjálfstæðar tilkynningar um neyðartilvik.

— Tilburðum símvarða til að fara að reyna að stjórna viðbragðsaðilum.

Hvaða forsendur þurfa að vera svo hámarksárangur náist?

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir skyldum vaktstöðvar Neyðarlínunnar annars vegar og skyldum viðbragðsaðila hins vegar, því hvor um sig þarf að sinna sínu til að árangur náist. Jafnframt er reynt að gera grein fyrir hlutverki hvors fyrir sig og lýst hvernig samvinnan þurfi að vera, svo að starfsemi vaktstöðvar Neyðarlínunnar nái hámarksárangri.

A. Skyldur vaktstöðvar neyðarsímsvörunar gagnvart viðbragðsaðilum og viðbragðsaðila gagnvart vaktstöð neyðarsímsvörunar.

1.

Starfsmenn vaktstöðvar þurfa að kynna sér vel skyldur og þarfir viðbragðsaðila, bæði varðandi samskiptin og möguleika vaktþjónustunnar til að inna af hendi góða og skjóta þjónustu. Einnig ber símvörðunum að upplýsa, verði eftir því leitað af hálfu viðbragðsaðila, hvaða starfsmaður hafi haft með með höndum tiltekinn símtalsflutning eða hjálparbeiðni af hálfu vaktstöðvar.

Óski viðbragðsaðili neyðarstigs eftir upplýsingum um samtal neyðarsímvarðar við hjálparbeiðanda, eða eftir atvikum endurriti hljóðritunar þess, sé við því orðið.

2.

Viðbragðsaðilar neyðarþjónustuverkefna þurfa að kynna sér vel starfsemi vaktstöðvar og leggja sig fram um að símtalsflutningur, eða önnur umsamin þjónusta sem veitt er, geti gengið fljótt og vel fyrir sig. Þá ber viðbragðsaðilum að upplýsa vaktstöð neyðarsímsvörunar um það hverjir veiti hverju sinni viðtökum beiðnum um aðstoð og tryggja sem besta möguleika á að koma símtalsflutningi áfram með skjótum og öruggum hætti.

Kjósi viðbragðsaðili þann kost að fá viðtækari þjónustu en beinan símtalsflutning (almennt þjónustustig) ber hann ábyrgð á því að vaktstöð hafi ávallt á hverjum tíma ítarlegar upplýsingar um á hvern hátt símtali skuli komið áleiðis með beinum og millilíðalausum hætti, svo að trygg staðfesting viðbragðsaðila liggi ávallt fyrir um móttöku.

Viðbragðsaðilum ber að að veita starfsmönnum vaktstöðvar menntun, þjálfun og starfsreynslu um þau efni sem að þeim snúa, sbr. 8. gr. laganna. Menntun og þjálfun af hálfu viðbragðsaðila skal vera í höndum yfirmanna eða sérhæfðra aðila innan neyðarþjónustunnar og hagað þannig að hún valdi sem minnstri röskun á starfsemi hennar.

B. Skilgreining á hvað séu neyðarþjónustuverkefni og þjónustan á bak við neyðarsímsvörun.

1.

Starfsemi vaktstöðvar felst fyrst og fremst í beinum símtalsflutningi til réttra aðila.

Allur meginhluti hjálparbeiðna sem inn koma varðar starfsvið lögreglu. Aðrar hjálparbeiðnir varða oftast slökkvilið og sjúkraflutningsaðila.

Ekki er heimilt að fela vaktstöð afgreiðslu eða stjórnun lögregluverkefna. Hlutverk lögreglu, sem er að halda uppi lögum og reglu og aðstoða borgarana, kallar á mjög sérhæfða skipulagningu og verklagsreglur. Skapast þetta fyrst og fremst af því að lögregla hefur margvíslegum öðrum og víðtækari skyldum að gegna en aðrir útkallsaðilar, svo sem eftirlitshlutverki, og lögreglumenn þurfa oft og tíðum á að halda ýmiss konar aðstoð frá stjórnstöð lögreglu.

Viðbragðsaðilar geta gert samning við vaktstöð um tiltekna þjónustu, svo sem boðun eða þjónustu í útkalli, en þar um verða að liggja fyrir skriflegir samningar um verklag milli aðila, samþykktir af dómsmálaráðuneytinu.

Ekki gengur að starfsemin sé þannig að neyðarsímsvörunin sinni þjónustusamskiptum þeirra einkaaðila sem eiga hlut að henni. Slík samskipti verða alfarið að vera afgreidd af þjónustustjórnstöðvum á þeirra vegum.

C. Þjónustan við neyðarsímsvörun.

1.

Sú þjónusta sem veitt er í tengslum við neyðarsímsvörun getur verið af þrennum toga:

— Svörun og símtalsflutningur.
— Svörun og boðun viðbragðsaðila.
— Svörun, boðun viðbragðsaðila og þjónusta við hann í útkallinu.

Eftirfarandi reglna þarf að gæta:

Nauðsynlegt er að starfsmenn vaktstöðvar beini áríðandi málum rakleiðis áfram, þó þannig að þeir tryggi að þeim sé beint á réttan stað. Viss upplýsingaskráning er auðvitað nauðsynleg varðandi staði og svið þar sem ekki er opin starfsemi allan sólarhringinn. Þegar starfsmenn á slíkum stöðum hafa verið kallaðir út breytast aðstæður oftast þannig að unnt er að vísa frekari upphringingum beina leið.

Oft er nauðsynlegt að útkall berist fleiri en einum viðbragðsaðila. Þannig er áríðandi að tilkynning t.d. um bruna og slys berist greiðlega bæði til slökkvi- og sjúkraliðs og lögreglu. Bæði getur lögreglan oft verið fyrst á vettvang og gert ráðstafanir til hjálpar og bjargar, auk þess sem rannsóknarþáttur málsins er í verkahring lögreglu og mikið ríður á að lögreglu takist að vernda vettvang og rannsaka áður en ummerki breytast eða spillast.

Vaktstjórar neyðarsímsvörunar eiga ekki að stjórna því hvað berst áleiðist til viðbragðsaðila. Sé vafi á hvert erindi skuli vísað, er eðlilegast að vísa upphringingu áfram til þess aðila sem virðist eiga málið og láta hann um að dæma um málavöxtu. Engu að síður skal símvörður vinsa frá öll ruglmál og þarflausar upphringingar.

Símtalsflutningi eða boðun telst ekki lokið fyrr en tekist hefur að ná sambandi við viðbragðsaðila. Skilaboð um símsvara eða með öðrum vélrænum hætti telst ekki símtalsflutningur.

2.

Almennt stig:

Svörun og símtalsflutningur.

Þetta er lægsta þjónustustigið, þar sem þeim sem hringir er gefið beint samband við þann viðbragðsaðila sem bregðast á við. Í þessu felst að tryggja verður svar af hálfu viðbragðsaðila. Ekki nægir t.d. að setja þann sem hringir í samband við símsvara. Hér væri um að ræða:

a. Þegar sá sem hringir óskar eftir sambandi við einhvern tiltekinn viðbragðsaðila, svo sem lögreglu, slökkvilið eða sjúkraflutningsþjónustu. Skal viðkomandi þá ekki tafinn með upplýsingatöku heldur tafarlaust tengdur viðbragðsaðila til þess að koma í veg fyrir að borgarinn þurfi að bera upp erindi sitt tvisvar og viðbrögð vaktstöðvarinnar verði skjót og markviss. Þetta leggur þá skyldu á herðar viðbragðsaðila, að tilkynna þegar í stað til vaktstöðvar, þegar ljóst er í slíkum tilvikum að aðrir viðbragðsaðilar komi að málinu.
b. Þegar sá sem hringir gefur upp erindi sem fellur undir einn tiltekinn viðbragðsaðila. Þegar símverði er ljóst hvaða viðbragðsaðili eigi að taka við erindinu skal símtalsflutningur framkvæmdur.
c. Að sá sem hringir gefur upp erindi sem fellur undir fleiri en einn viðbragðsaðila (t.d. bæði lögreglu og slökkvilið) verður símvörður að tryggja fyrirvaralausan símtalsflutning til beggja (allra) aðila. Í slíkum tilvikum ber símverði að láta viðbragðsaðila vita um að öðrum hlutaðeigandi viðbragðsaðilum muni einnig tilkynnt um málið.

3.

Lægra þjónustustig:

Svörun og boðun viðbragðsaðila.

Hægt er að semja um að vaktstöð neyðarsímsvörunar annist boðun viðbragðsaðila, t.d. aðila sem ekki hefur stjórnstöð eða ekki er hægt að senda símtal viðstöðulaust til, eða þar sem að öðru leyti óskað er þessarar þjónustu.

Óski viðbragðsaðili að láta boða sig í gegnum símboða, eða með öðum óbeinum hætti, skal hann svo fljótt sem við verður komið staðfesta móttöku boðunar við stjórnstöð neyðarsímsvörunar.

4.
Hærra þjónustustig:
Svörun, boðun og þjónusta í útkalli.

Viðbragðsaðilar geta samið við neyðarsímsvörun um tiltekna þjónustu í útkalli. Hér gæti verið um eftirtalin tilvik að ræða:

a. Boðun viðbragðsaðila, svo sem í gegnum símboða eða tilgreint símanúmer. (Þetta á fyrst og fremst við um aðila sem ekki hafa sólarhringssímaþjónustu.)
b. Boðun eða upplýsingatengsl við tiltekna aðila, fyrirtæki eða stofnun — allt eftir fyrirfram gerðri áætlun, eða samkvæmt ósk hverju sinni.
c Þjónusta í útkalli, í því skyni að auka öryggi og ná fram rekstrarhagkvæmni, og að útkallið gangi fljótt og vel fyrir sig. Viðbragðsaðilar geta þó ekki framselt til þjónustu lögbundnar starfsskyldur, sem þeim einum er almennt ætlað að sinna.
d. Boðun eða útkall hjálparliðs eða þjónustuaðila, skv. sérstakri beiðni viðbragðsaðila eða beiðanda þjónustu, skv. sérstökum verklagsreglum þar um.

5.
Neyðarstig:
Viðbrögð við fjöldainnhringingum vegna neyðartilvika.

Þegar alvarlegt ástand skapast, t.d. vegna óveðurs, ófærðar eða stærri slysa getur verið ástæða til þess að beina öllum upphringingum af vissum svæðum viðstöðulaust inn til ákveðinnar stjórnstöðvar á svæðinu og láta henni eftir að vinna úr málunum. Á sama veg getur komið upp sú staða, t.d. við almannavarnaástand, að öllum upphringingum af vissum svæðum sé beint viðstöðulaust til ákveðinnar stjórnstöðvar sem gæti eftir atvikum verið utan eða innan svæðis, en hefur verið falið að sjá um fjarskipti og/eða heildarstjórnun aðgerða. Í báðum tilvikum er hraði skilaboðanna mun mikilvægari en einhver flokkun þeirra á millistigum.

Sé fyrirkomulagi skv. 1. mgr. beitt er gengið út frá því að viðlagastjórnstöð lögreglu eða almannavarnanefnda sé virkjuð. Með „viðlagastjórnstöð“ er átt við stjórnstöð, þar sem fyrir hendi er möguleiki á að þeir viðbragðsaðilar (lögregla, slökkvi- og sjúkraflutningslið, björgunarlið, o.s.frv.) hafi sameiginlega stjórnstöðvaraðstöðu til þess að samnýta krafta sína með milliliðalausum og skilvirkum hætti.

Fyrir þarf að liggja faglegt mat á því hvort að viðkomandi viðbragðsaðili geti tekið við þeirri þjónustu sem ákvæði þessarar greinar gera ráð fyrir. Dómsmálaráðuneytið þarf að staðfesta slíkt mat.

Ef meiri háttar neyðarástand eða almannavarnaástand er um að ræða er lögreglu og/eða Almannavörnum heimilt að yfirtaka stjórn vaktstöðvarinnar og eftir atvikum að manna hana að meira eða minna leyti með eigin mannafla.

6.

Vaktstöð neyðarþjónustu ber að semja við nokkra viðbragðsaðila neyðarþjónustuverkefna, þar á meðal einn aðila a.m.k. utan höfuðborgarsvæðisins, sem svo er búinn tækjum og mannafla að hann geti yfirtekið neyðarþjónustuverkefni vaktstöðvarinnar í neyðartilvikum, svo sem vegna:

a. Náttúruhamfara eða almannahættu að öðru leyti.

b. Verkfalla eða annarra tilvika, þar sem starfsemi vaktstöðvarinnar kann að lamast. — Það er eðlislægt óskoraður réttur þeirra sem neyðarþjónustu sinna, að taka við hjálparbeiðnum, óháð vinnudeilum eða almennum verkaskiptareglum. Öðru máli gegnir um almenna beiðni um þjónustu.

Í þeim tilvikum að yfirvofandi sé verkfall, ber vaktstöð að reyna að semja við viðkomandi stéttarfélag um undanþágu til þess að halda úti neyðarsímsvörun, áður en gripið er til úrræða skv. grein þessari. Um leið og í það stefnir að varaaðili samkvæmt grein þessari geti þurft að koma inn í málið skal hann aðvaraður þannig að honum skapist svigrúm til undirbúnings.

Ákvæði þessarar greinar takmarkast eingöngu við neyðarþjónustuverkefni. Falli starfsemi vaktstöðvar niður vegna verkfalls falli jafnframt niður greiðsluskylda viðbragðs- og þjónustuaðila.

Samningur aðila varðandi ákvæði þetta þarf staðfestingar dómsmálaráðuneytisins.

7.

Forgangsröðun verkefna.

Almenna reglan er sú að öll verkefni til viðbragðsaðila neyðarþjónustunnar teljast forgangsverkefni. Innan forgagnsverkefna hafa eftirfarandi flokkar sérstakan forgang:

— Björgun manna og dýra.
— Slys og stöðvun slysaástands.
— Eldsvoði og stöðvun útbreiðslu elds.
— Afstýring sérstakrar hættu eða hefting atburðarásar sem stefnt getur að slysi eða óhæfuverki, þar með talin útköll vegna bráðra veikinda.
— Yfirstandandi afbrot eða óhæfuverk.
— Afbrot, þar sem bregðast þarf skjótt við með hliðsjón af aðstæðum máls, leit að brotamanni, verndun vettvangs o.s.frv.

Slíkum verkefnum verður vaktstöð Neyðarlínunnar umsvifalaust að koma áfram til viðkomandi viðbragðsaðila.

Niðurstaða.

Í ljósi reynslu Lögreglunnar í Reykjavík af vaktstöð Neyðarlínunnar á fyrstu sex mánuðum þessa árs má segja að vaktstöðin hafi að mörgu leyti unnið gott starf við erfið skilyrði — skilyrði sem hafa verið henni andsnúin. Ekki hefur reynt á verulega stór verkefni og því fyrirvari settur þar um. Þá ber að geta þess að yfirstjórn Neyðarlínunnar hefur ávallt brugðist skjótt og vel við fyrirspurnum og athugasemdum og er greinilega öll af vilja gerð til að hlutirnir takist sem best.

Eins og rakið hefur verið í greinargerð þessari getur starfsemi vakstöðvar Neyðarlínunnar samkvæmt því fyrirkomulagi sem henni er markað í lögum nr. 25/1995 vel gengið og aukið til muna öryggi neyðarþjónustunnar, sérstaklega á svæðum þar sem ekki er sólarhringsvakt.

Eftirfarandi athugasemdum er komið á framfæri:

1. Efasemdum er lýst á ágæti þess fyrirkomulags að sameina vaktstöð Neyðarlínunnar og stjórnstöð Slökkviliðsins í Reykjavík. Þetta ætti þegar að aðskilja til samræmis við það sem gerist milli vakstöðvarinnar og annarra viðbragðsaðila. Þá hefði hvor aðili fyrir sig (Slökkviliðið í Reykjavík annars vegar og Neyðarlínan hins vegar) betri möguleika á því að láta hæfileika sína njóta sín, hvor á sínu sérsviði, til hagsbóta fyrir alla aðila.

2. Vonbrigðum er lýst með að ekki skuli enn hafa verið gefin út reglugerð um samræmdu neyðarsímsvörunina.
3. Áhyggjum er lýst með hvernig til muni takast við t.d. stórslys eða almannavarnaástand þegar margar innhringingar koma til vaktstöðvarinnar. Það hefur komið fyrir, þegar samhliða er verið að þjónusta slökkviliðið í hinni sameiginlegu stjórnstöð þess og vaktstöðvarinnar, að innhringingar safnast upp t.d. vegna sama máls og síðan er tíma eytt í að móttaka tilkynningahrinu (fjölda innhringinga) vegna sama málsins áður en lögreglu er gert viðvart.
4. Í ákveðnum tegundum tilvika eru eðlislægir ókostir við að hafa millistig, t.d. þegar um er að ræða eftirför hættulegs ökumanns eða brotamanns, og nýjar upplýsingar eru að berast í sífellu frá almenningi. Yfirstjórn Lögreglunnar í Reykjavík er þó ekki kunnugt um vandamál sem af þessu hafi hlotist. Rétt er að árétta að einnig fylgja því ýmsir ótvíræðir kostir að hafa millistig og getað þannig flokkað verkefnin til réttra aðila, flokkað frá falshringingar o.fl.

Guðmundur Guðjónsson,
yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Bréf Slökkviliðs Reykjavíkur.
(2. september 1996.)

1. Vegna fyrirspurnar um tækjabúnað hjá Slökkviliði Reykjavíkur til símsvörunar þá var þegar árið 1986 farið að tala um nauðsyn endurnýjunar hans. Því var hins vegar stöðugt slegið á frest vegna umræðu um sameiginlegt neyðarnúmer. Símstöð var gömul og úrelt og allar símalínur fóru gegnum hana nema tvær. Ef hún hefði bilað var því eingöngu hægt að svara um tvær símalínur. Eins fóru allar símalínur um miðbæjarstöð Pósts og síma. Svo illa vildi til að tæknibúnaður í henni bilaði oft á árunum 93–94. Á meðan slík bilun varði var lögregla og slökkvilið símasambandslaust. Það ríkti því mikið ófremdarástand. Upptökubúnaður var úreltur. Á sínum tíma lágu fyrir tillögur um að taka upp sameiginlegt neyðarnúmer fyrir svæðisnúmer 91 með aðsetur í húsnæði slökkviliðsins. Þar var gert ráð fyrir nýjum tækjabúnaði og lá fyrir samþykkt útboðslýsing vegna væntanlegra kaupa hjá Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar. Af þessum hugmyndum varð þó aldrei. Fyrst og fremst vegna þess að ekki var ljóst hver færi með forræði í þessu máli.

Þegar ákveðið var að byrja svörun um áramót í húsakynnum slökkviliðsins fyrir hluta af landinu var símstöð endurnýjuð og tölvubúnaður. Jafnframt því var upptökubúnaður bættur. Fyrir hendi var varafstöð auk alls fjarskipta- og samskiptabúnaðar við Slökkvilið Reykjavíkur. Það þurfti hins vegar að vinna mikla vinnu varðandi upplýsingar um útkallsaðila. Nú er að verða tilbúinn gagnagrunnur með upplýsingum um útkallsaðila og hvernig eigi að boða neyðarsveitir út. Það á eftir að auðvelda allt starf neyðarvarða. Þá var húsnæði varðstofu slökkviliðsins of lítið til að geta sinnt öllu landinu gagnvart 112. Þá hefði þjónusta við einkaaðila ekki komið til greina. Í ljósi framansagðs er svarið nei.

2. Með aðskilnaði svörunar og boðunar frá starfsemi útkallsaðila verður til mynstur þar sem neyðarsveitir veita þeim sem svara og boða ákveðið eftirlit og öfugt. Séu neyðarsveitir óánægðar með greiningu eða boðun og upplýsingar um viðkomandi atburð, kvarta þær. Eins fylgjast svarendur með viðbragði neyðarsveita og einkaaðila og gera ráðstafanir ef með þarf. Kerfið verður því mun gagnsærra en ef það er allt á hendi eins aðila. Þetta á bæði við um opinbera aðila og einkaaðila. Hvað varðar einkaaðila þurfa þeir að skilgreina viðbragð sitt gagnvart Neyðarlínunni h/f sem gerir þá athugasemd ef ekki er við það staðið gagnvart viðskiptavini viðkomandi fyrirtækis. Þessi krafa hefur ekki verið gerð til opinberra aðila. Þannig liggur ekki fyrir hver útkallstími slökkvi- og sjúkrabíla á að vera á hverjum stað. Þjónustustig hefur ekki verið skilgreint.

Skipulag neyðarsímsvörunar er mjög mismunandi í nágrannalöndunum. Í Noregi eru þrjú númer. 111 fyrir slökkvilið, 112 fyrir lögreglu og 113 vegna sjúkrabíls og læknis. Kerfið er viðurkennt því ef þú hringir í 112 geta þeir gefið samband á hin númerin. Númerið 112 er hins vegar ekkert auglýst innan lands heldur öll þrjú númerin. Þetta kerfi er mjög óskilvirkt og dýrt. Það eru því uppi hugmyndir um að breyta því. Deilurnar sem það hefur vakið upp eru ekki ósvipaðar og skapast hafa hér þ.e hverjir eiga störfin, hvar á loka, togstreita um staðsetningu vaktstöðva o.sv.fr. Þar er svörunin á hendi opinberra aðila. Fyrir tveimur árum kom út reglugerð sem segir til um menntun þeirra sem vinna á 111 sem svara fyrir slökkvilið. 19.–23. september verður hér á landi slökkviliðsstjórinn í Ósló en hann hefur gagnrýnt nokkuð núverandi kerfi. Getur hann gefið nánari upplýsingar. Ekki er óalgengt að hvert slökkvilið sé með eigin vaktstöð. Til að ná niður kostnaði eru þessar vaktstöðvar í samkeppni við einkaaðila. Þannig vaktar slökkviliðið í Ósló alla öryggishnappa. Í Berum eru vöktuð hvers kyns viðvörunarkerfi. Jafnframt því býður slökkviliðið vaktþjónustu í samkeppni við einkafyrirtæki.

Í Danmörku sér Slökkvilið Kaupmannahafnar um að svara fyrir 112 fyrir Stór-Kaupmannahöfn. Þar má segja að um símtalsflutning sé að ræða í öllum tilvikum. Öll símtöl til lögreglu eru gefin áfram. Á Kaupmannahafnarsvæðinu eru slökkvilið ýmist í eigu sveitarfélaganna og rekin af þeim eða einkavædd slökkvilið með samning við sveitarfélögin. Sjúkraflutningar eru einnig ýmist á hendi Slökkviliðsins í Kaupmannahöfn eða einkareknu liðanna. Einkareknu slökkviliðin reka sína eigin vaktstöð og fá símtalsflutning frá Slökkviliði Kaupmannahafnar. Þar er jafnframt öflug vöktun annnara kerfa og ýmiskonar önnur þjónusta en svörun í 112 sem þessi fyrirtæki eru með á sínum snærum auk verktökunnar í slökkvistörfum. Þannig ná þeir niður rekstrarkostnaði. Annars staðar í landinu svarar lögreglan fyrir 112 og greiðir ríkið kostnaðinn af því. Það eru því einungis Kaupmannahöfn og sveitarfélögin þar í kring sem hafa kostnað af neyðarsímsvörun. Hefur það verið gagnrýnt af ráðamönnum þessara sveitarfélaga og ég spái því að þetta fyrirkomulag eigi eftir að taka miklum breytingum innan tíðar.

Í Danmörku og Noregi er skipulag björgunarmála líkt og hér heima þ.e. allt forræði í höndum lögreglu. Tekur neyðarsímsvörunin því eðlilega mið af þeim lögum.

Í Svíþjóð og Finnlandi eru lög um björgunarþjónustu frábrugðin. Þar fer lögregla ekki með forræði björgunarmála heldur „räddningstjänsten“. Hefur hlutverki slökkviliða verið breytt í þessum löndum og er mun víðfeðmara en hér á landi og í Danmörku og Noregi. Tekur neyðarsímsvörunin mið af þessu. Auk þess er tekið tillit til stríðsástands og hvernig almannavarnir eru upp byggðar.

Í Helsinki er 112 undir almannavörnum en þær heyra aftur undir slökkviliðsstjórann. Símsvörunin fer fram í stjórnstöð almannavarna 20 metra niður í jörðinni. Hafa Finnar valið þessa leið m.a til að ná niður kostnaði. Þeir eru samkvæmt lögum skyldugir til að byggja kjarnorkuheldar stjórnstöðvar til notkunar í stríði. Þessi stjórnstöð er síðan notuð á friðartímum. Þar er eingöngu svarað í 112. Þeir sjá um að boða út og þjónusta slökkvibíla og sjúkrabíla í útkalli. Símtalsflutningur er hins vegar á lögreglu sé eingöngu um lögreglumál að ræða. Engin vöktun sjálvirkra viðvörunarkerfa fer þarna fram utan brunaviðvörunkerfa. Sveitarfélögin standa straum af rekstrarkostnaði með styrkjum frá ríkinu.

Í Svíþjóð sér fyrirtækið SOS Alarm A/S um alla neyðarsímsvörun. Þeir eiga og reka um 20 vaktstöðvar víðs vegar um Svíþjóð. Mjög lítið er um símtalsflutninng nema til lögreglu. Öll boðun og þjónusta í útkalli fer því fram á þessum vaktstofum. Þó eru dæmi um símtalsflutning t.d. í Helsingborg. Þar rekur slökkviliðið sína eigin vaktstöð og fær símtalið til sín. Það er þó gagnrýnt vegna kostnaðar. Fyrirtækið lýtur lögmálum markaðarins en öll hlutabréf eru í eigu ríkisins og lensins. Ástæða þess að sögn forráðamanna fyrirtækisins er sú að það hefur hlutverki að gegna í stríði og því óheppilegt ef óvinurinn hefur keypt upp hlutabréfin. Fyrirtækið er í samkeppni við einkaaðila um vöktun viðvörunarkerfa og skapar sér þannig verulegar tekjur til að draga úr rekstrarkostnaði. Það gerir hins vegar samning við hvert sveitarfélag fyrir sig um þjónustustig og boðun og þjónustu í útkalli. Velji sveitarfélag símtalsflutning þarf það samt að greiða verulega peninga til SOS alarm. Það verður því mun dýrari kostur og er því sjaldgæfur.

Af þessari lýsingu má ráða að fyrirkomulag neyðarsímsvörunar í nágrannalöndunum er ákaflega mismunandi. Aðstæður og lagarammi ráða. Það er hins vegar ekki rétt að hún sé alltaf á hendi opinberra aðila eins og fram hefur komið.

3. Reynsla Slökkviliðs Reykjavíkur af samræmdu neyðarnúmeri hefur verið góð frá áramótum.

Virðingarfyllst,

Hrólfur Jónsson,
slökkviliðsstjóri.

Fylgiskjal III.

Bréf frá Neyðarlínunni hf.
(28. ágúst 1996.)

Eftirfarandi upplýsingar eru svör við bréf yðar dags. 15. ágúst 1996 þar sem óskað var eftir upplýsingum af hálfu Alþingis um samræmda neyðarsímsvörun.

Í fyrirspurn Alþingis kemur glöggt fram efasemd um samrekstur neyðarsímsvörunnar og þjónustu við öryggisfyrirtæki. Þetta er ein af megin forsendum þess að ná megi fram hagræðingu sem kemur ríki og sveitarfélögum til góða með lægri framlögum til reksturs neyðarvaktstöðvar. Það má til sannsvegar færa að með þátttöku öryggisfyrir-

tækjanna í rekstri neyðarvaktstöðvar sparar ríkið og sveitarfélögin samtals um 240 milljónir króna á átta ára samningstímanum.

1. Húsnæðismál.

Frá upphafi var gert ráð fyrir sérstöku húsnæði undir starfsemi Neyðarlínunnar hf. Tveir möguleikar voru til athugunar. Í fyrsta lagi að leita að notuðu húsnæði og gera nauðsynlegar breytingar í samræmi við kröfur verkkaupa (ráðuneytisins). Í öðru lagi að byggja sérhannað húsnæði þar sem kröfurnar væru teknar með á hönnunarstigi húsnæðisins. Ekki tókst að finna hentugt notað húsnæði sem annað hvort var of stórt eða kostnaður við breytingar of mikill. Áætlun um húsnæðisþörfina kemur fram í skýrslu ráðgjafa frá Verkfræðistofunni Vista:

I. Samkvæmt könnun Vista frá 1/6/95:

Ca. 400 m² húsnæði:
200 m² fyrir skrifstofur, framkvæmdastjóra, eldhús o.fl.
5x15 m² = 75 m² vaktherbergi.
25 m² æfingaherbergi.
35 m² tækjaklefi — símainntak, rafmagnstöflur o.fl.
10 m² varaafl, rafhlöður.
15 m² varaafl, rafstöð — hljóðeinangrað.
20 m² loftræstikerfi.
20 m² tölvuherbergi m. viðhaldsaðstöðu.
15 m² umsýsla, viðhald á gagnagrunni og prófanir.

Reykjavíkurborg lagði fram tillögu í stjórn um viðbyggingu við slökkvistöðina í Öskjuhlíð og var fallist á það af hálfu stjórnar eftir samningaviðræður við Reykjavíkurborg. Samningurinn gerir ráð fyrir samnýtingu að hluta á húsnæði slökkviliðsins, eins og mötuneyti, fundaraðstöðu o.þ.h., ásamt 330 m² nýbyggingu. Húsnæðið er í eigu Reykjavíkurborgar og greiðir Neyðarlínan um 2,9 milljónir króna í leigu á ári. Byggingarkostnaður er áætlaður um 35 milljónir króna.

Í þjónustusamningnum við dómsmálaráðuneytið voru settar fram ákveðnar öryggiskröfur til húsnæðisins sem gerir það dýrara en sambærilegt skrifstofuhúsnæði:

II. Grein 0.2.15 í þjónustusamningi — öryggisráðstafanir.

„Verktaka er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi neyðarvaktstöðvarinnar gagnvart utanaðkomandi ógn. Hindra skal aðgang óviðkomandi að neyðarvaktstöð og skal aðgangur takmarkast við starfsmenn verktaka. Undir sérstökum kringumstæðum getur verktaki leyft aðgang að neyðarvaktstöð, t.d. við móttöku gesta, svo fremi sem tryggt verði að slíkt hafi ekki ákrif á starfsemi neyðarvaktstöðvarinnar."

III.Grein 1.0.1 í þjónustusamningi — yfirlit.

„... Þær kröfur eru gerðar til húsnæðis neyðarvaktstöðvar að jarðtenging húsnæðis sé góð og skermun raflagna tryggi að viðkvæmur tölvubúnaður geti ekki orðið fyrir truflunum frá þeim. Húsnæðið skal uppfylla gildandi kröfur varðandi t.d. brunaþol, brunaviðvörun, slökkvibúnað, burðarþolsleg atriði og aðrar þær öryggiskröfur sem í gildi eru."

2. Samrekstur neyðarsímsvörunar og öryggisþjónusta.

Starfsemi Neyðarlínunnar hf er tvíþætt. Í fyrsta lagi neyðarsímsvörun fyrir samræmda neyðarnúmerið 112 og í öðru lagi vaktþjónusta við öryggisfyrirtæki. Neyðarsímsvörunin hefur forgang í starfseminni en samningurinn við dómsmálaráðuneytið gerir ráð fyrir því að Neyðarlínan hf geti tekið að sér vaktþjónustu fyrir öryggisfyrirtæki og aðra enda komi sú þjónusta ekki niður á neyðarsímsvöruninni. Samrekstur á neyðarsímsvörun og þjónustu við öryggisfyrirtæki er augljóslega hagkvæmur fyrir báða aðila. Starfsmenn Neyðarlínunnar verða þjálfaðir í að taka við neyðarsímtölum svo og boðum frá öryggiskerfum. Vaktstöðin starfar allan sólahringinn, alla daga ársins. Öryggisfyrirtækin geta lagt niður sína vaktstöð og keypt vaktþjónust af Neyðarlínunni hf. Þau verða áfram með vaktmenn sem annað hvort eru við staðbundna öryggisgæslu eða eru til taks í vaktbílum fyrirtækjanna og eru þeir alfarið á vegum öryggisfyrirtækjanna. Með þessu fyrirkomulagi er búið að skipta öryggisþjónustu upp í vaktþjónustu og viðbragðsþjónustu. Neyðarlínan sér eingöngu um vöktun öryggiskerfanna á meðan öryggisfyrirtækin sjá um kerfis- og viðbragðsþjónustu. Þetta þýðir meira öryggi fyrir neytendur þar sem tímaskráning atburða og viðbragðstími þjónustuaðila (öryggisfyrirtækjanna) er skráður hjá Neyðarlínunni en ekki hjá öryggisfyrirtækjunum sjálfum.

Um meðferð trúnaðarupplýsinga er það að segja að allt sem fram fer á vaktstofu Neyðarlínunnar hf er hljóðritað og geymt í a.m.k. 3 mánuði. Upplýsingar sem skráðar eru á vaktstofu eru trúnaðarupplýsingar sem ekki eru látnar af hendi nema til þeirra sem málið varðar. Upplýsingar um viðskiptavini öryggisfyrirtækja eru milli þessara aðila þannig að annað öryggisfyrirtæki hefur ekki aðgang að þeim upplýsingum. Starfsmenn á vaktstofu skrifa undir heitstaf sem m.a. segir að þagmælska gildir um öll atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum um neyðarsímsvörun nr. 25/1995. Enginn greinarmunur er gerður á meðferð upplýsinga vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar og þjónustu við einkafyrirtæki gangvart trúnaði og meðferð trúnaðarupplýsinga.

3. Fjármögnun.

Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir að stofnkostnaður við að koma vaktstöðinni á laggirnar verði um 65 milljónir króna. Til stofnkostnaðar telst m.a. kaup á tölvubúnaði og símstöð, hugbúnaðargerð, skrifstofubúnaður og þjálfunarkostnaður starfsmanna. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir um 54 milljónum króna stofnkostnaði. Greiðslum vegna stofnkostnaðar er dreift á átta ára samningstímann. Leitað var tilboða í fjármögnunina hjá bönkum og sparisjóðum og gengið til samninga við Landsbanka Íslands. Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 70 milljónir króna sem greiðist u.þ.b. til helminga af eigendum annarsvegar og ríki og sveitarfélagi hinsvegar. Samkvæmt samningnum við dómsmálaráðuneytið leggja eigendur um 35 milljónir króna til rekstur neyðarvaktstöðvarinnar. Að hluta til er um að ræða greiðslur fyrir vaktþjónustu á öryggiskerfum.

Samkvæmt samningnum við dómsmálaráðuneytið verður eignarhald tækjabúnaðar eign verkkaupa og verktaka í hlutfalli við árlegar greiðslu. Húseignin er í eigu Reykjavíkurborgar en leigð til Neyðarlínunnar sem hefur fullan umráðarétt yfir húsnæðinu. Hvað varðar samnýtingu af hluta núverandi húsnæðis Slökkviliðs Reykjavíkur er umráðaréttur í samráði við slökkviliðið.

4. Samstarf starfsmanna.

Neyðarlínan hf hefur ráðið eigin starfsmenn sem verða þjálfaðir sem neyðarsímaverðir. Samstarf starfsmanna Neyðarlínunnar hf og öryggisfyrirtækjanna verður á sömu nótum og við aðra samstarfsaðila, eins og lögregluna og slökkviliðið. Starfsmenn Neyðarlínunnar hf verða í fjarskiptasambandi við bifreiðar öryggisfyrirtækjanna vegna neyðarboða frá öryggiskerfum. Gerður var samningur við Reykjavíkurborg um störf slökkviliðsmanna á vaktstofu Neyðarlínunnar hf. Samningurinn felur í sér að tveir slökkviliðsmenn verða á hverri vakt og sjá um útköll á svæði Slökkviliðs Reykjavíkur. Þessir starfsmenn fá sömu þjálfun og aðrir starfsmenn enda verða þeir að geta og munu þurfa að sinna öllum störfum sem fram fara á vaktstöðinni.

5. Gjaldskrá Neyðarlínunnar.

Gjaldskrá Neyðarlínunnar hf er fyrst og fremst byggð á vöktun öryggiskerfa. Þau fjögur öryggisfyrirtæki sem eru eignaraðila að Neyðarlínunni hf og óskað hafa eftir vaktþjónustu, greiða árlega kr. 2,0 milljónir í fastagreiðslu. Að auki greiða þau fyrir hverja tengingu sem tengd verður vaktstöðinni. Gjaldskráin er byggð upp á eftirfarandi hátt:

Max-kerfi	X% niður	Gjald á mánuði	Gjald á ári
100	100.000	100.000	1.200.000
200	70.000	170.000	2.040.000
300	49.000	219.000	2.628.000
400	34.300	253.300	3.039.600
500	24.010	277.310	3.327.720
600	16.807	294.117	3.529.404
700	16.000	310.117	3.721.404

Kostnaður við fyrstu 100 tengingarnar er kr. 1.000 en lækkar um 30% fyrir næstu 100 tengingar þar til mánaðarlegt gjald fyrir 100 aukakerfi er komið niður í kr. 16.000.
Þess má geta að gjaldskráin hefur verið lögð fyrir öryggisfyrirtækin og samkeppnisstofnun og voru ekki gerðar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Þorbjörnsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

Greinargerð Ríkisendurskoðunar.
(14. október 1996.)

Með bréfi dags. 6. ágúst 1996 fór dómsmálaráðuneytið fram á það við Ríkisendurskoðun að hún yfirfæri áætlanir þær er lágu til grundvallar þegar Neyðarlínan hf. var sett á fót. Jafnframt var stofnunin beðin að meta hvort þetta fyrirkomulag leiddi til minni útgjalda ríkis og sveitarfélaga m.v. að gripið hefði verið til annarra úrræða og hvaða upphæðir megi gera ráð fyrir í þessu sambandi.

Ríkisendurskoðandi tilkynnti ráðuneytinu munnlega fyrrihluta ágústmánaðar að stofnunin yrði við þessari beiðni. Fylgir hér á eftir mat hennar á tilvitnuðum atriðum.

Frumáætlun

Með frumvarpi til laga um samræmda neyðarsímsvörun sem lagt var fyrir á 118. löggjafarþingi 1994 fylgdi áætlun fjármálaráðuneytisins um kostnað vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar til að sinna viðtöku neyðartilkynninga í einu símanúmeri, 112. Samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins var áætlun þessi að mestu leyti unnin í samráði við nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði í apríl 1993 og skyldi hafa forystu um að koma á samræmdu neyðarsímanúmeri fyrir landið allt.

Framangreind áætlun sem birt var á minnisblaði dags. 25 október 1994 gerði ráð fyrir að stofnkostnaður við að setja á fót vaktstöð til að sinna grunnþjónustu neyðarsímsvörunar, þ.e. svörun og símtalsflutningum eingöngu, næmi um 45 milljónum króna. Skiptist sá kostnaður sem hér segir í milljónum króna:

Stjórnbúnaður síma og fjarskiptakerfis	20,0
Tölvukerfi	10,0
Hugbúnaður	10,0
Annað (s.s. varaafl og innréttingar)	5,0
	45,0

Í ofangreindri áætlun var stuðst við upplýsingar frá nokkrum aðilum sem gert höfðu áætlanir um ýmsa liði stofnkostnaðar, einkum þó Slökkviliði Reykjavíkur og Pósti og síma. Þá hafði áðurgreind nefnd dómsmálaráðherra

kynnt sér ítarlega rekstur sambærilegrar neyðarvaktstöðvar hjá SOS Alarmering í Halmstad í Svíþjóð.

Rekstrarkostnaður vaktstöðvar m.v. samsvarandi þjónustustig og að framan er nefnt var áætlaður sem hér segir á ári (m.kr.):

Laun og launatengd gjöld	35,0
Stjórnunarkostnaður	3,5
Rekstur skrifstofu	1,2
Húsaleiga	0,6
Síma og tækjaleiga	1,5
Viðhald á tækjabúnaði	0,5
Annað ófyrirséð	0,8
	43,1
Afskriftir	9,0
Fjármagnskostnaður	2,3
Rekstrarkostnaður samtals	54,4

Í forsendum rekstraráætlunarinnar var gert ráð fyrir neyðarvaktstöð með 14 starfsmönnum, þremur til fjórum á vakt hverju sinni, auk framkvæmdastjóra og aðstoðarmanni á skrifstofu í hlutastarfi. Gert var ráð fyrir um 100 fm. húsnæði undir starfsemina. Áætlað var að stofnfjárfesting yrði afskrifuð á fimm árum. Að lokum var reiknað með 8% vöxtum á fjármagn.

Fjármálaráðuneytið gerði nokkrar breytingar á áætlun nefndarinnar við undirbúning að kostnaðarumsögn vegna frumvarps um samræmda neyðarsímsvörun. Þannig bætti ráðuneytið um 3 milljónum króna við stofnkostnaðinn sem skýrðist af þjálfun starfsmanna og var heildarstofnkostnaður því áætlaður um 48,0 milljónir króna í stað 45,0 milljóna. Í rekstraráætlun fólust helstu breytingar í lækkun launakostnaðar vegna starfsmanna sem ráðuneytið taldi óeðlilega háan. Leiddi það til þess að rekstrarkostnaður var áætlaður um 50,4 milljónir króna í stað 54,4 milljóna.

Í ofangreindum áætlunum var miðað við kostnað vegna neyðarvaktstöðvar sem sinnti svörun og símtalsflutningum eingöngu, en ekki t.d. boðun viðbragðsaðila eða þjónustu í útköllum.

Samstarfsútboð

Með heimild í 3. grein laga nr. 25/1995 um samræmda neyðarsímsvörun, sem samþykkt voru þann 3. mars 1995, ákvað dómsmálaráðuneytið að leita eftir samstarfi varðandi rekstur neyðarvaktstöðvar á grundvelli laganna. Var í því

sambandi efnt til samstarfsútboðs á vegum Ríkiskaupa í mars 1995. Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:

Pósti og síma, Borgarspítalanum, Rauða kross Íslands, Sívaka hf., Nýherja hf. og sameiginlega skiluðu inn tilboði Vari hf., Securitas hf., Slysavarnafélag Íslands og Slökkviliði Reykjavíkur.

Ráðuneytið fól Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar hf. (VSÓ) að ganga til viðræðna við framangreinda aðila og í framhaldi af því var ákveðið að leita eftir samningum við Vara hf., Securitas hf., Slysavarnafélag Íslands og Slökkviliði Reykjavíkur (tilboðsgjafa nr. 5). Öðrum tilboðsgjöfum var síðan boðið að koma inn í samstarfið með samþykki tilboðshafa enda myndu þeir fallast á að greiða sambærilegt framlag til reksturs neyðarvaktstöðvar og þeir. Gert var þó ráð fyrir að Borgarspítalinn tengdist neyðarvaktstöðinni með óbeinum hætti með sérstöku samstarfi við Slökkviliði Reykjavíkur. Að lokum var ákveðið að ræða við Öryggisþjónustuna hf. um að koma inn í samstarfið þrátt fyrir að fyrirtækið hefði ekki lagt inn tilboð.

Í greinargerð VSÓ frá 30. júní 1995 eru raktar niðurstöður af samningaumleitunum við tilboðshafa. Er þar í upphafi vísað til bréfs dómsmálaráðuneytisins frá 21. apríl 1995, en í því er tilgreint að eftirfarandi atriði skuli m.a. lögð til grundvallar í samningaviðræðunum:

- Tryggð verði hámarksgæði og öryggi í samræmi við útboðsgögn.
- Stefnt verði að lækkun kostnaðar vegna grunnþjónustu neyðarvaktstöðvar frá því sem getið er í umsögn fjármálaráðuneytis.
- Stefnt verði að sem lægstum kostnaði vegna viðbótarþjónustu til að hvetja sem flesta viðbragðsaðila til að nýta sér þjónustu neyðarvaktstöðvar.

Í kostnaðaráætlun sem tilboðshafi lagði fram var áætlað að stofnkostnaður neyðarvaktstöðvarinnar yrði um 54 milljónir króna og yrði hann afskrifaður á 8 árum. Rekstrarkostnaður var áætlaður um 68,4 milljónir króna á ári að meðaltali. Stofnkostnaður tilboðsgjafa var því um 6 milljónum króna hærri en skv. kostnaðartölum fjármálaráðuneytisins og árlegur rekstrarkostnaður um 18 milljónum króna hærri.

Í ofangreindum áætlunum var gengið út frá því að neyðarvaktstöðin gæti sinnt mun víðtækari þjónustu en svörun og símtalsflutningum eingöngu eins og áætlun fjármálaráðuneytisins gerði ráð fyrir. Í því sambandi voru eftirfarandi þjónustuflokkar tilgreindir auk grunnþjónustunnar:

- Boðun og þjónusta í útkalli fyrir Slökkviliði Reykjavíkur.
- Starfsemi sem rekin er af Securitas og Vara.
- Boðun allra slökkviliða, sjúkraflutningaliða og lögreglu sem þess óska.

Gert var ráð fyrir alls 18 vaktmönnum í neyðarvaktstöðinni, eða einum manni fleiri á hverri vakt en skv. tölum fjármálaráðuneytisins, og var launakostnaður um 14 - 15 milljónum króna meiri en ráðuneytið hafði gert ráð fyrir. Þá var húsnæði undir starfsemina mun stærra eða um 400 fm. í stað 100 fm. og jókst þannig áætlaður húsaleigukostnaður um 2,2 milljónir króna á ári. Aukinn stofnkostnaður skýrðist fyrst og fremst af stærra húsnæði og umfangsmeiri starfsemi.

Samkvæmt 4. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun skiptist kostnaður vegna uppbyggingar og reksturs neyðarvaktstöðvar í samræmi við ákvæði laganna af hálfu milli ríkissjóðs og sveitarfélaganna. Með hliðsjón af framangreindum forsendum og jafnframt því að tilboðshafar ásamt Sívaka hf. legðu fram 22 milljónir króna (5 milljónir króna hver aðili auk samtals 2 milljóna króna í viðbótarþjónustugjöld) var áætlað að kostnaðarhlutur ríkis og sveitarfélaga vegna árlegs reksturs neyðarvaktstöðvar yrði um 46,4 milljónir króna eða um 4 milljónum lægri en skv. kostnaðartölum fjármálaráðuneytisins. Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar ehf., sem falið var að leita samninga við tilboðsgjafa nr. 5, taldi þó muninn í reynd talsvert meiri þar eð inni í áætluninni væri einnig gert ráð fyrir boðun slökkviliða, sjúkraflutningaliða og lögreglu. Verðgildi þessarar umframþjónustu var metið um 10 - 12 milljónir króna. Þannig var kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna grunnþjónustunnar, þ.e. svörunar og símtalsflutninga, áætlaður um 35 milljónir króna á ári.

Gert var ráð fyrir að kostnaður ríkis og sveitarfélaga lækkaði ef fleiri aðilar, t.d. á sviði öryggisgæslu, óskuðu eftir þátttöku í rekstri neyðarvaktstöðvarinnar. Myndi kostnaður þá lækka um 5 milljónir króna fyrir hvern nýjan aðila.

Þjónustusamningur

Fyrirtækið Neyðarlínan hf. var stofnað þann 26. september 1995. Stofnaðilar fyrirtækisins voru eftirtaldir: Reykjavíkurborg vegna Slökkviliðs Reykjavíkur, Slysavarnafélag Íslands, Securitas hf., Vari hf., Sívaki hf. og Póstur og sími. Í upprunalega hópinn höfðu því bæst Póstur og sími ásamt Sívaka hf. Öryggisþjónustan hf. gerðist síðan hluthafi í fyrirtækinu í janúar 1996.

Dómsmálaráðherra gerði samning við Neyðarlínuna hf. þann 2. október 1995 um að sinna neyðarsímsvörun á grundvelli áðurnefndra laga. Samningurinn er til átta ára og skuldbinda ríki og sveitarfélög sig til að greiða á því tímabili samtals um 296,5 milljónir króna, eða um 37,1 milljón króna að meðaltali á ári, fyrir þjónustu frá vaktstöðinni vegna símsvörunar, símtalsflutninga og boðunar viðbragðsaðila. Upphaflegir stofnaðilar Neyðarlínunnar hf. leggja hins vegar fram samtals um 251,0 milljón króna til rekstrarins á þessu átta ára tímabili eða

um 31,4 milljónir króna á ári að meðaltali, en hver og einn af eigendum Neyðarlínunnar hf. leggja fram 5 milljónir króna til rekstrarins á ári. Árlegt framlag Slökkviliðs Reykjavíkur er þó 2 milljónum króna meira en annarra eigenda vegna viðbótarþjónustu sem það óskaði eftir að fá. Rekstrarkostnaður neyðarvaktstöðvarinnar var áætlaður samtals um 547,5 milljónir króna eða um 68,4 milljónir króna á ári að meðaltali.

Eftir að samningurinn var undirritaður leitaði dómsmálaráðuneytið staðfestingar Samkeppnisstofnunar á ákvæðum hans til að tryggja að ekki væri farið í bága við samkeppnislög. Mun stofnunin hafa gert athugasemd við fast 5 milljóna króna framlag öryggisfyrirtækjanna sem voru aðilar að Neyðarlínunni hf. óháð stærð þeirra. Var árlegri kostnaðarhlutdeild þessara aðila breytt í framhaldinu þannig að hvert fyrirtækjanna greiði tveggja milljóna króna grunngjald til Neyðarlínunnar hf. á ári, en síðan miðist greiðslur við fjölda tenginga vegna vaktþjónustu hvers og eins fyrirtækis sem það sinnir. Eftir að Öryggisþjónustan hf. kom inn í fyrirtækið í janúar 1996 var árlegu framlagi öryggisfyrirtækjanna skipt sem hér segir í samræmi við framangreinda breytingu (m.kr.):

	Grunngjald	v/ Tenginga
Securitas hf.	2,0	6,2
Vari hf.	2,0	3,5
Sívaki hf.	2,0	1,2
Öryggisþjónustan hf.	2,0	1,2
Samtals	8,0	12,1

Öryggisfyrirtækin fjögur leggja því samtals um 20 milljónir króna til reksturs fyrirtækisins á hverju ári. Securitas hf. og Vari hf. greiða hærra framlag til Neyðarlínunnar hf. heldur en upphaflega var áætlað, en Sívaki hf. og Öryggisþjónustan hf. nokkuð minna.

Tilkoma Öryggisþjónustunnar hf. olli því að tekjur fyrirtækisins jukust m.v. þær tölur sem samningurinn frá 2. október 1995 gerði ráð fyrir eins og sjá má í framangreindri töflu. Samkvæmt 9. gr. samningsins lækka árlegar greiðslur ríkis og sveitarfélaga til samræmis við auknar tekjur Neyðarlínunnar hf. nema verktaki sýni fram á að þeim fylgi samsvarandi aukning í rekstrargjöldum.

Samantekt og niðurstöður

Hér að framan hefur verið fjallað nokkuð um þær áætlanir sem gerðar hafa verið vegna starfrækslu neyðarvaktstöðvar til að sinna samræmdri neyðarsímsvörun fyrir landið allt. Í tengslum við það hefur reynst nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir aðdragandanum að stofnun Neyðarlínunnar hf.

Nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði í apríl 1993 og fjármálaráðuneytið töldu árlegan rekstrarkostnað neyðarvaktstöðvar, sem eingöngu sinnti símsvörun og símtalsflutningum, á bilinu 50 - 54 milljónir króna. Kostnaður við að setja á stofn samsvarandi rekstur var áætlaður 45 - 48 milljónir króna. Eins og fram hefur komið byggðu þessar áætlanir m.a. á tilboðum sem þegar hafði verið aflað um ýmsa liði stofnkostnaðar ásamt upplýsingum frá SOS Alarmering í Svíþjóð. Ríkisendurskoðun dregur á engan hátt í efa faglegar forsendur þessara áætlana.

Með hliðsjón af samningi sem undirritaður var þann 2. október 1995 við Neyðarlínuna hf. og viðaukasamningi sem síðar var gerður þann 20. desember sama ár má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaga, sem þessir aðilar skipta til jafns á milli sín, verði ekki yfir 37,1 milljón króna á ári að meðaltali á þeim 8 árum sem samningurinn nær til. Ekki virðist full ljóst hvaða áhrif það mun hafa á framlögin að Öryggisþjónustan hf. gerðist hluthafi í Neyðarlínunni hf. í janúar 1996, en sú óvissa skapast m.a. af þeirri breytingu sem gerð var á árlegum sértekjum eigenda Neyðarlínunnar sem þeir færa með sér inn í fyrirtækið í kjölfar álits Samkeppnisstofnunar um að miða þessar tekjur við tengigjöld í stað fastra 5 milljóna króna frá hverjum eigenda. Samkvæmt túlkun dómsmálaráðuneytisins ber að lækka framlög ríkissjóðs og sveitarfélaganna um 5 milljónir króna á ári vegna þessa. Miðað við það verða framlögin 32,1 milljón króna að meðaltali á ári. Fyrir þá upphæð fá ríkið og sveitarfélögin þjónustu sem felst í símsvörun, símtalsflutningum og boðun viðbragðsaðila.

Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar ehf. mat það svo í greinargerð frá 30. júní 1995 að verðgildi þess þjónustuþáttar sem snýr að boðuninni eingöngu væri um 10 - 12 milljónir króna á ári. Þannig greiða ríkið og sveitarfélögin í reynd um 20 - 22 milljónir króna á ári fyrir grunnþjónustu sem felst í símsvörun og símtalsflutningum vegna samræmda neyðarsímanúmersins 112. Þessi upphæð er um 40 - 45% af kostnaðaráætlun fjármálaráðuneytisins vegna neyðarvaktstöðvar m.v. sambærilegt þjónustustig.

Miðað við ofangreindar forsendur má ætla að kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaganna vegna þess fyrirkomulags sem viðhaft var vegna reksturs sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar á grundvelli laga nr. 25/1995 sé alls um 227 - 243 milljónum króna lægri en frumáætlanir gerðu ráð fyrir á því átta ára tímabili sem samningur dómsmálaráðuneytisins við Neyðarlínuna nær til. Á ársgrundvelli er um að ræða 28 - 30 milljónir króna. Fari svo að tilkoma Öryggisþjónustunnar hf. muni ekki breyta umtalsvert árlegum framlögum má áætla kostnaðinn um 180 - 200 milljónum króna lægri en ella eða sem svarar til 23 - 25 milljóna króna á ári.

Samkvæmt rekstraryfirliti Neyðarþjónustunnar fyrir fyrstu 8 mánuði þessa árs nema laun og launatengd gjöld alls um 36 milljónum króna og önnur gjöld um 4 milljónum. Kostnaður fyrirtækisins nemur því samtals um 40 milljónum króna á þessu tímabili. Frá áramótum hefur neyðarvaktstöðin einungis sinnt neyðarnúmerinu 112, en öryggisfyrirtækin hafa ekki enn fært vaktþjónustu sína inn í fyrirtækið þar sem beðið hefur verið eftir að viðbygging við Slökkvistöðina í Öskjuhlíð sem Reykjavíkurborg hefur haft í smíðum klárist. Þann 1. janúar 1996 hófst samræmd neyðarsímsvörun fyrir landið allt að vegum Neyðarlínunnar hf. á tveimur stöðum, hjá Slysavarnarfélagi Íslands og á varðstofu Slökkviliðsins í Reykjavík. Fyrirtækið flutti alla neyðarsímsvörun á einn stað og tók við rekstri varðstofu Slökkviliðsins í maí á þessu ári. Stefnt er að því að flytja alla starfsemina í nýtt húsnæði að Skógarhlíð 14 í nóvember n.k. Þar sem Neyðarlínan hf. hefur ekki tekið við varðstofum öryggisfyrirtækjanna hefur ekki reynst þörf á að hafa jafnmarga starfsmenn á vakt og í upphafi var ráðgert og hefur þannig sparast kostnaður vegna um 4 stöðugilda. Á hinn bóginn er launakostnaður vegna vaktmanna nokkuð hærri en reiknað var með þar sem slökkviliðsmenn hafa verið ráðnir sem verktakar hjá fyrirtækinu, en í upphafi var ráðgert að þessir aðilar yrðu almennir launamenn hjá fyrirtækinu. Að mati Ríkisendurskoðunar bendir ekkert til þess heildarrekstrarkostnaður Neyðarlínunnar verði lægri en þær 68,4 milljónir króna á ári að meðaltali sem gert var ráð fyrir í samningi dómsmálaráðuneytisins við fyrirtækið á sínum tíma þegar starfsemin verður komin í fullan gang. Fremur virðist ástæða til að ætla að kostnaðurinn verði meiri. Hvað stofnkostnað varðar stefnir í að hann verði um 65 - 70 milljónir króna samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínunni eða um 11 - 16 milljónum króna meiri en upphaflega var áætlað. Þennan umframkostnað bera eignaraðilar Neyðarlínunnar hf. að öllu leyti og hefur hann því engin áhrif á áðurgreind framlög ríkissjóðs og sveitarfélaganna.

Að mati Ríkisendurskoðunar er hagræði ríkissjóðs af því fyrirkomulagi sem að ofan er lýst við rekstur sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar ótvírætt. Þeirri þjónustu sem snýr að ríkissjóði og sveitarfélögunum og felst í símsvörun og símtalsflutningum vegna neyðarnúmersins 112 ásamt boðun viðbragðsaðila er nú að öllu leyti sinnt að mati þeirra aðila sem Ríkisendurskoðun hefur rætt við með mjög viðunandi hætti. Frekari hagræðingu vegna boðunar viðbragðsaðila, m.a. vegna bakvakta heilbrigðisþjónustufólks, er talið mega ná og mun dómsmálaráðuneytið nú vinna að framgangi þess máls. Stofnunin telur þó ástæðu til að skilgreint verði mun betur hvaða þjónusta er innifalin í þeim greiðslum sem ríkissjóður og sveitarfélög inna af hendi vegna Neyðarlínunnar. Þá telur stofnunin brýnt að aðilar ræði sem fyrst um breytingu á framlögum ríkissjóðs og sveitarfélaganna vegna aðildar Öryggisþjónustunnar hf. að Neyðarlínunni.

Fylgiskjal V.

Hagvangur hf.:

Auglýsing frá Neyðarlínunni hf. eftir starfsfólki.
(15. mars 1996.)

NEYÐARLÍNAN 112

Nú er komið að því að ráða aftur í störf hjá Neyðarlínunni hf.

Markmið með Neyðarlínunni er að samræma neyðarsímsvörun fyrir lögreglu, slökkvilið, sjúkraflutning og björgunarsveitir.

Aðilar sem standa að Neyðarlínunni hf. eru Slysavarnafélag Íslands, Póstur og sími, Reykjavíkurborg fyrir Slökkvilið Reykjavíkur, Securitas, Vari og Sívaki.

Neyðarlínan hf. óskar eftir neyðarvörðum til starfa í stjórnstöð fyrirtækisins. Neyðarverðir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- hreint sakavottorð,
- vélritunarkunnáttu,
- góða heilsu,
- viðbragðsflýti,
- tungumálakunnáttu,
- tölvukunnáttu,
- stúdentspróf eða aðra haldgóða menntun,
- þekkingu á íslenskum staðháttum,
- aldur 25–45 ára,
- geta unnið vaktavinnu,
- áreiðanleika,
- samviskusemi,
- jákvætt og gott viðmót.

Æskilegur bakgrunnur er reynsla og þekking af störfum m.a. frá lögreglu, slökkviliði, hjúkrunarstörfum, björgunarstörfum og öryggisvarðastarf.

Gerð er krafa um að viðkomandi gangist undir stöðumat eða hæfnispróf, leggi fram læknisvottorð og hafi áhuga og metnað til að starfa að öryggismálum.

Að lokinni ráðningu verður starfsfólk þjálfað af viðbragðsaðilum, kynnt starfsumhverfið og starfið sjálft. Einnig fer fram starfsþjálfun á þeim tækjum og búnaði sem notaður verður í neyðarvaktstöðinni

Allar umsóknir merktar „Neyðarlínan 112“, ásamt mynd, skulu sendar Ráðningarþjónustu Hagvangs hf. Skeifunni 19, 108 Reykjavík, á sérstökum umsóknareyðublöðum sem þar liggja frammi. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað.

Athugið! Þeir sem eiga eldri umsóknir vinsamlega hafi samband við Ráðningarþjónustu Hagvangs hf.

Starfsfólk ráðningarþjónustu Hagvangs hf. mun fúslega veita allar nánari upplýsingar og ber að beina öllum fyrirspurnum til þeirra.

Umsóknarfrestur er til 29. mars nk.

Fylgiskjal VI.

Reglugerð um framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Skilgreiningar hugtaka:

Vaktstöð: varðstöð þar sem komið er fyrir nauðsynlegum tæknibúnaði og aðstöðu fyrir starfsfólk til að svara þegar hringt er í samræmda neyðarnúmerið 112.

Þjónusta vaktstöðvar: þjónusta, tengd neyðarsímsvörun, og önnur þjónusta sem veitt er samkvæmt sérstöku samkomulagi við vaktstöð.

Neyðarþjónusta: aðstoð sem lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningalið, læknar og björgunarsveitir veita.

Neyðarsveit (neyðarþjónustuaðili í lögunum): sveit manna sem veitir neyðarþjónustu.

Öryggisþjónusta: sú starfsemi að gæta eigna einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila gegn greiðslu.

Öryggisfyrirtæki: fyrirtæki, sem sinnir fyrst og fremst öryggisþjónustu.

II. KAFLI
Framkvæmd laganna.

2. gr.

Þeim sem bera ábyrgð á síma- og fjarskiptamálum á Íslandi, er skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að símnotendur geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112. Óheimilt er að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi. Einnig er óheimilt að nota orðið neyðarnúmer eða neyðarsímanúmer eitt sér eða í orðasamböndum um aðra starfsemi hér á landi en reglugerð þessi og lög um samræmda neyðarsímsvörun kveða á um.

Þeim sem um getur í 1. mgr. er jafnframt skylt að viðhalda því ástandi sem þeim er ætlað að koma á til að tryggt verði, eins og kostur er, að jafnan megi ná sambandi við símanúmerið 112. Ber þeim í því skyni að viðhalda tæknibúnaði, endurnýja hann eftir þörfum og sjá til þess að hann sé ávallt í góðu ástandi.

3. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hverjir reka samræmda neyðarsímsvörun og semur við þá um rekstrarfyrirkomulag og rekstrarkostnað. Honum er heimilt að semja við opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðra aðila um fyrirkomulag, fjármögnun og þátttöku í slíkum rekstri.

Sá sem tekur að sér neyðarsímsvörun skal koma á fót og starfrækja vaktstöð eða vaktstöðvar til að taka við tilkynningum sem berast um samræmt neyðarsímanúmer og vinna úr þeim.

4. gr.

Í vaktstöð skal m.a.:

1. svarað samræmda neyðarsímanúmerinu 112, enda einskorðist notkun þess við beiðnir um neyðaraðstoð frá lögreglu, slökkviliði, sjúkraflutningaliði, læknum og björgunarsveitum,
2. sinnt boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þágu neyðarsveita og gætt viðvörunarkerfa fyrir öryggisfyrirtæki, enda komi sú starfsemi ekki niður á símavörslu skv. 1. tölul.

5. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar er heimilt að semja við neyðarsveitir um að stöðin annist boðun, upplýsinga- og fjarskiptaþjónustu í þeirra þágu.

Einnig er rekstraraðila vaktstöðvar heimilt að semja við öryggisfyrirtæki um að stöðin annist vöktun viðvörunarkerfa (neyðarkerfa) að fullnægðum tilteknum skilyrðum skv. V. kafla þessarar reglugerðar.

Samningar um starfsemi skv. 1. og 2. mgr. eru háðir samþykki dómsmálaráðherra.

Aukaþjónusta vaktstöðvar skv. 1. og 2. mgr. má aldrei standa í vegi fyrir því að stöðin sinni lögbundinni neyðarsímavörslu.

6. gr.

Til þess að vaktstöð geti ávallt sinnt hlutverki sínu skal rekstraraðili hennar ábyrgjast svo góða afkomu og rekstur að starfsemin stöðvist ekki né lamist og að tækjabúnaður sé fullnægjandi og í góðu ástandi.

Bókhald og reikningshald er háð eftirliti og endurskoðun löggiltra endurskoðenda. Auk þess getur Ríkisendurskoðun skoðað reikninga í tengslum við rekstur vaktstöðvar og skal þá fá aðgang að öllum bókhaldsgögnum stöðvarinnar.

7. gr.

Þjónusta sem veitt er í tengslum við neyðarsímavörslu getur verið af þrennum toga:

1. Símsvörun og flutningur símtals.
2. Símsvörun og boðun neyðarsveitar.
3. Símsvörun, boðun neyðarsveitar og þjónusta við hana í útkalli.

Neyðarsveit velur einn eða fleiri af þessum kostum.

Öllum neyðarsveitum er skylt að tengjast vaktstöð og njóta þá annaðhvort símsvörunar og flutnings símtals eða símsvörunar og boðunar til hjálparstarfa. Þessi þjónusta er veitt án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Ef neyðarsveit óskar eftir þjónustu skv. 3. tölul. 1. mgr., þarf hún að fullnægja skilyrðum vaktstöðvar um tæknibúnað. Fyrir slíka aukaþjónustu skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem dómsmálaráðherra samþykkir.

Skilyrði þess að neyðarsveit fái að tengjast vaktstöð og njóta einungis símsvörunar og símtalsflutnings er að hún haldi sjálf uppi vakt allan sólarhringinn.

Þjónustustig skulu nánar skilgreind í starfsreglum skv. 10. gr. svo og gagnkvæmar skyldur vaktstöðvar og neyðarsveita.

8. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar ber að semja við neyðarsveit, vel búna tækjum og mannafla, um að taka við þjónustu stöðvarinnar ef mikið liggur við, svo sem vegna náttúruhamfara, hernaðaraðgerða eða annarra tilvika, sem gætu lamað starfsemi vaktstöðvarinnar.

9. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun þar sem sérstök áhersla er lögð á tungumálakunnáttu.

Sérhver nýr starfsmaður vaktstöðvar skal hljóta bóklega og verklega menntun sem hæfi væntanlegu starfi hans. Er rekstraraðila vaktstöðvar skylt að halda a.m.k. átta vikna námskeið fyrir nýliða, þar sem kenndar eru bóklegar og verklegar námsgreinar, og skulu þeir m.a. fá hagnýta þjálfun hjá völdum neyðarsveitum, sem skylt er að veita þessa þjónustu. Á námskeiðum skulu m.a. kennd undirstöðuatriði í mannlegum samskiptum og fyrstu viðbrögð við áföllum.

Árlega skulu haldin námskeið fyrir símaverði vaktstöðvar, sem standi eigi skemur en eina viku.

10. gr.

Rekstraraðila vaktstöðvar ber að setja verklagsreglur um starfsemi vaktstöðvarinnar. Tilgangur þeirra er að staðla vinnureglur fyrir símaverði og gefa dómsmálaráðherra yfirsýn yfir þjónustu vaktstöðvar. Þar skulu vera ítarleg ákvæði um eftirfarandi atriði:

1. Starfsmenn: vaktaskipti og meðferð trúnaðarmála,
2. Símsvörun: framkomu símavarða, upplýsingasöfnun, afgreiðslu erinda, flokkun og forgangsröðun, forgangsröðun neyðarerinda og upptökur eða hljóðritanir,
3. Neyðarsveitir: flokkun neyðarsveita, símtalsflutning, boðun og útkallsþjónustu,
4. Samskipti eða fjarskipti: fjarskipti við neyðarsveitir, erindi til lögreglu, erindi til sjúkraflutningaliðs og erindi til slökkviliðs.

Starfsreglur skulu liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum eftir að vaktstöð hefur starfsemi sína. Skulu þær lagðar fyrir samstarfsnefnd skv. VI. kafla til samþykktar og er skylt að fara eftir tilmælum nefndarinnar um breytingar á reglunum.

Starfsreglur eru háðar samþykki dómsmálaráðherra.

III. KAFLI
Upplýsingaskylda við vaktstöðvar.

11. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu gefa vaktstöð upplýsingar um öll þau atriði sem stuðlað geta að bestum árangri í hjálparstarfi hverju sinni:

1. Lögregla.
2. Slökkvilið.
3. Sjúkraflutningalið.
4. Héraðslæknar.
5. Landsbjörg og Slysavarnarfélag Íslands.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu taka til eftirtalinna atriða að minnsta kosti:
1. Hverjir taka við beiðnum um aðstoð neyðarsveitar.
2. Hvaða þjónusta er í boði.
3. Hvert er menntunar- og þjálfunarstig sveitarinnar.
4. Hvaða tækjabúnaður er tiltækur.

Upplýsingar skv. 1. og 2. tölul. 2. mgr. skulu veittar skriflega án þess að um þær sé beðið, en upplýsingar skv. 3. og 4. tölul. 2. mgr. skulu aðeins veittar ef þess er óskað. Móttaka upplýsinganna skal staðfest af vaktstöð. Breytingum á áður gefnum upplýsingum skal einnig komið til vaktstöðvar og er það á ábyrgð neyðarsveitar að upplýsingarnar berist stöðinni.

Allar neyðarsveitir skulu veita vaktstöð sem fyllstar upplýsingar um allar nauðsynlegar samskiptaleiðir vegna neyðarútkalla.

Þær neyðarsveitir sem vaktstöð kallar út eða kveður á annan hátt til starfa skulu sjá um að ætíð liggi fyrir nýjar og réttar upplýsingar um það hverjir sinni útköllum, hvernig eigi að ná sambandi við þá og hvaða leiðir séu síðan til að veita þeim frekari upplýsingar og aðstoð.

Þegar um sérhæft aðstoðarlið eða björgunarhópa er að ræða, skulu enn fremur liggja fyrir listar um sérbúnað, sérþjálfun einstakra manna og hópa og sérþekkingu á einstökum sviðum. Í vaktstöð skal annast samhæfða skráningu á upplýsingum á þessu sviði.

Vaktstöð getur ekki krafið neyðarsveit, eða aðra sem hún veitir þjónustu, um upplýsingar um nein þau atriði, sem þessir viðskiptavinir hafa ákveðið að leynt eigi að fara, t.d. til að tryggja samkeppnisstöðu sína.

IV. KAFLI
Varðveisla og aðgangur að tilkynningum til vaktstöðvar o.fl.

12. gr.

Í vaktstöð skulu skráðar og hljóðritaðar allar tilkynningar sem henni berast. Skráningin skal ná til eftirtalinna atriða:
1. Hvaðan er hringt.
2. Hvenær er hringt.
3. Hver hringir.
4. Hvers vegna er hringt.

Tilgreina skal nákvæmlega staðinn sem hringt er frá og úr hvaða síma, klukkan hvað hringt er, fullt nafn þess sem hringir og hvert tilefnið er.

Hljóðrita skal samtal tilkynnanda (neyðarboða) og vaktstöðvar allt þar til símtalsflutningur til neyðarsveitar á sér stað. Símtal við neyðarsveit skal hljóðrita nema hún annist sjálf hljóðritun.

13. gr.

Hljóðritanir skulu varðveittar í a.m.k. tvo mánuði eftir upptöku. Séu þær meira en sólarhrings gamlar, skulu þær geymdar í öruggri, eldtraustri, læstri hirslu, og mega ekki aðrir en yfirmenn hafa aðgang að þeim.

Með efni þess sem skráð er og hljóðritað skal farið sem trúnaðarmál.

Þeir sem geta fengið aðgang að hljóðritunum eru neyðarsveitir, neyðarboðar og neyðarþolar eða löglegir talsmenn þeirra, enda geri þeir hverju sinni rökstudda grein fyrir þörf sinni fyrir slíkan aðgang. Skal við það miðað að sýnt sé fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess að

slíkur aðgangur verði veittur og ótvírætt sé að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Telji framkvæmdastjóri vaktstöðvar vafamál hvort beiðandi hafi sýnt fram á slíka hagsmuni er greint er í 3. mgr. skal hann vísa málinu til Tölvunefndar til úrlausnar.

14. gr.

Starfsmenn vaktstöðvar skulu gæta þagmælsku um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglugerðum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Skulu starfsmenn undirrita þagnarheit áður en þeir hefja störf.

Þagnarskyldan felur í sér að starfsmenn vaktstöðvar mega ekkert láta uppi um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu, hvorki um atburði né menn, nema í samskiptum við þær neyðarsveitir sem málið varðar.

Þagnarskyldan tekur einnig til þess að staðfesta hvorki né neita að tiltekið mál sé til meðferðar hjá neyðarsveit, og á það jafnt við gagnvart fjölmiðlum sem öðrum. Neyðarsveit getur þó aflétt þagnarskyldu samkvæmt þessari málsgrein.

Yfirstjórn vaktstöðvar er þó heimilt að bera af sér sakir ef starfsmenn hennar sæta alvarlegu ámæli, en gæta skal þess að gera það með þeim hætti að ekki valdi réttarspjöllum né spilli að öðru leyti fyrir afgreiðslu máls.

Rof á þagnarheiti getur varðað brottvísun úr starfi, auk viðurlaga sem lög kunna að mæla fyrir um.

V. KAFLI
Öryggisfyrirtæki.

15. gr.

Öryggisfyrirtæki sem vaktstöð getur samið við skv. 5. gr. þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. vera skráð í firma- eða hlutafélagaskrá og hafa þau rekstrarleyfi sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir,
2. hafa góða og örugga rekstrarafkomu samkvæmt ársreikningum,
3. hafa öryggisþjónustu að höfuðviðfangsefni, og skulu 90% af tekjum fyrirtækisins vera af þeirri þjónustu eða velta af henni nema a.m.k. 20 milljónum króna á ári miðað við byggingarvísitölu í janúar 1996,
4. hafa nægar og alhliða tryggingar til að standa undir þeim skaðabótakröfum sem upp kunna að koma vegna reksturs og hugsanlegrar vanrækslu eða mistaka í starfi,
5. að starfsmenn hafi tilskilin leyfi eða vottorð, sé farið fram á slíkt í lögum, og að aðbúnaður starfsmanna og fyrirkomulag starfsmannamála fullnægi ákvæðum Vinnueftirlits ríkisins,
6. leggja vaktstöð til þann viðtökubúnað sem þjóna á viðskiptavinum hennar sem stenst kröfur Evrópustaðla (EN) eða sambærilegra staðla á Norðurlöndum um brunaviðvörunarkerfi, innbrotaviðvörunarkerfi eða neyðarkerfi, allt eftir því hvers konar kerfum hann þjónar,
7. gera skriflega samninga við viðskiptavini sína, þ.e. eigendur kerfanna, þar sem skýrt kemur fram skipting verka og ábyrgðar á kerfinu,
8. skilgreina og skjalfesta viðbrögð við boðum frá viðvörunarkerfum,
9. kynna fyrir neyðarsveitum fyrirkomulag vöktunar og farandgæslu, og hvernig hugsanleg boðun þeirra fer fram í tengslum við viðvörunarkerfin,

10. hafa til umráða a.m.k. tvær vaktbifreiðir, til að bregðast við boðun frá vaktstöð og fara á vettvang ef nauðsyn krefur,
11. semja starfsreglur yfir þá þjónustu sem fyrirtækið veitir og snýr að samskiptum við vaktstöð.

Í samningum fyrirtækja og viðskiptavina þeirra skv. 7. tölul. 1. mgr. skal koma fram hvernig bregðast skuli við boðum um innbrot og eld, villuboðum og öðrum boðum, hverja skuli hafa samband við og í hvaða röð. Í samningnum skal kveðið á um skýrslur eða aðrar upplýsingar, sem viðskiptavinum eru sendar, lyklafyrirkomulag o.s.frv.

Auk þess sem segir í 10. tölul. 1. mgr. skulu bifreiðar vera til ráðstöfunar ef vaktmaður þarfnast liðsauka, boð koma frá fleiri en einu kerfi samtímis eða fyrri boðun bregst. Hafi fyrirtæki aðeins yfir einni vaktbifreið að ráða skal það semja við annað öryggisfyrirtæki um notkun vaktbifreiðar í forföllum, t.d. vegna bilana, viðhalds eða annarra truflana á notkun eigin bifreiðar fyrirtækisins.

Starfsreglur skv. 11. tölul. 1. mgr. skulu m.a. ná til eftirfarandi atriða: Þjónustu, samninga við viðskiptavini, rekstrarfyrirkomulags, skráningar og meðferðar upplýsinga, innra eftirlits og neyðaráætlunar.

VI. KAFLI
Skipun og starfssvið samstarfsnefndar.

16. gr.

Dómsmálaráðherra skipar samstarfsnefnd sem skal vera til eftirlits og ráðuneytis við framkvæmd laga um samræmda neyðarsímsvörun. Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald um málefni neyðarsímsvörunar.

Í nefndinni eiga sæti 9 menn, skipaðir af dómsmálaráðherra til tveggja ára í senn. Fimm aðilar tilnefna sinn manninn hver sem hér segir: Heilbrigðisráðuneyti, samgönguráðuneyti, landssamtök björgunarsveita, Landssamband slökkviliðsmanna og Landssamband sjúkraflutningamanna. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo menn. Dómsmálaráðherra skipar tvo menn án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar.

17. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því að neyðarsímsvörun sé á hverjum tíma rekin samkvæmt lögum og reglum sem um hana gilda. Nefndinni ber einkum að huga að eftirtöldum atriðum:

1. rekstrarfyrirkomulagi og rekstrarformi vaktstöðvar, einkum að því er varðar skyldur þess sem stöðina rekur til að hafa hana ávallt þannig búna að unnt sé að sinna lögbundnum starfsskyldum,
2. að neyðarverkefnum sé sinnt á fullnægjandi hátt,
3. að þjónustustarfsemi vaktstöðvar spilli ekki öryggi eða tefji fyrir úrlausn neyðarverkefna og að vaktstöðin taki ekki að sér verkefni sem ekki eru fullkomlega samrýmanleg starfsemi hennar samkvæmt lögum um samræmda neyðarsímsvörun, reglugerð þessari eða eðli máls,
4. að neyðarsveitir uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um samræmda neyðarsímsvörun og reglugerð þessari.

Enn fremur skal samstarfsnefndin veita umsögn um kærur eða kvartanir sem berast dómsmálaráðuneytinu vegna starfsmanna vaktstöðvar, þjónustu hennar, rekstrar eða rekstrarforms og koma á framfæri við ráðuneytið ábendingum um það sem hún telur að betur megi fara varðandi fyrirkomulag og framkvæmd samræmdrar neyðarsímsvörunar.

Þá skal samstarfsnefndin vera dómsmálaráðherra til ráðuneytis um öll þau atriði er varða starfsfyrirkomulag og starfsemi þess sem rekur neyðarsímsvörun og samskipti hans við neyðarsveitir og almenning eða öll þau atriði sem dómsmálaráðherra kveður nefndina til ráðuneytis um.

18. gr.

Formaður samstarfsnefndar boðar til funda, stýrir störfum nefndarinnar og er tengiliður hennar við dómsmálaráðuneyti.

Formanni er heimilt að kveðja tvo nefndarmenn með sér í sérstaka framkvæmdanefnd til að vinna að einstökum verkefnum.

Samstarfsnefndin skal fyrir 1. mars ár hvert skila ársskýrslu til dómsmálaráðherra. Þar skal tilgreina störf nefndarinnar næstliðið almanaksár, fjalla um helstu viðfangsefni hennar og gera faglega úttekt á stöðu samræmdu neyðarsímsvörunarinnar og samskiptum forsvarsmanna hennar og dómsmálaráðuneytis.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 5., 6. og 8. gr. laga um samræmda neyðarsímsvörun, nr. 25 3. mars 1995, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. október 1996.

127. Frumvarp til laga [116. mál]

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli S. Einarsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 63. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Kjósanda sem búsettur er erlendis og greiða vill atkvæði utan kjörfundar skal, ef beiðni þar að lútandi kemur fram, gefinn kostur á að fá sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti. Kjósandi endursendir síðan kjörseðilinn til kjörstjórnar í sínu kjördæmi ásamt fylgigögnum sem lögbókandi, þar sem kjósandi er búsettur, hefur vottað.

2. gr.

Við 5. mgr. (er verður 6. mgr.) 63. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðuneytið skal einnig setja nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 5. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt og er því endurflutt nú.

Íslendingar sem búsettir eru erlendis eiga því aðeins möguleika á að greiða atkvæði utan kjörfundar samkvæmt núgildandi lögum um kosningar til Alþingis, 63. gr., að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn og að kosning fari fram á skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar, sendiræðisskrifstofu eða skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri skv. 13. gr. laganna. Kjörstöðum verður því aðeins fjölgað samkvæmt ákvæðinu að víðar verði skipaðir kjörræðismenn sem geta annast utankjörfundarkosningu.

Í 1. gr. laga um kosningar til Alþingis kemur fram að íslenskur ríkisborgari á kosningarrétt í átta ár frá því hann flytur lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari getur einnig átt kosningarrétt þó að liðinn sé lengri tími en átta ár ef hann hefur sérstaklega sótt um að verða settur á kjörskrá. Við kosningar til Alþingis vorið 1995 voru kjörstaðir erlendis samtals 114 í 45 ríkjum. Alls voru þá teknir á kjörskrá 6.331 íslenskur ríkisborgari búsettur erlendis. Af þeim fóru 6.224 sjálfkrafa á kjörskrá þar sem þeir höfðu flust til útlanda eftir 1. desember 1986 og 107 sem höfðu búið erlendis lengur en í átta ár miðað við þann dag og höfðu sótt um fyrir 1. desember 1994 að vera settir á kjörskrá.

Í norskum kosningalögum er að finna sérreglur um utankjörfundaratkvæðagreiðslu norskra ríkisborgara, sbr. ákvæði 34. gr. a. Í ákvæðinu er norskum ríkisborgurum, sem óska eftir að greiða atkvæði í kosningum í heimalandi sínu, heimilað að senda atkvæði sitt í almennum pósti til kjörstjórnar þar sem þeir eru á kjörskrá í stað þess að afhenda atkvæði sitt hjá sendifulltrúa. Ákvæðinu hefur verið beitt í þágu þeirra ríkisborgara sem búsettir eru í Þýskalandi og Sviss þar sem þeir eiga ekki kost á því að kjósa með öðrum hætti, en það er sett sem skilyrði í ákvæðinu. Sama gildir um sænska ríkisborgara sem búsettir eru í þessum löndum, en sérstök lög eru í gildi í Svíþjóð um fyrirkomulag atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, þ.e. „Lag om brevröstning i Förbundsrepubliken Tyskland og Schweiz“, og gilda þau til áramóta 1997–98. Í þessu samhengi er einnig rétt að geta þess að skv. 70. gr. íslensku kosningalaganna skulu kjósendur, sem kjósa utan kjörfundar, annast og kosta sjálfir sendingu atkvæðis síns til kjörstjórnar á Íslandi. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

Kosningarrétturinn er stjórnarskrárvarinn og einn af hornsteinum lýðræðisskipunar okkar. Í því ljósi er mikilvægt að gera öllum þeim sem eiga þennan rétt kleift að nýta sér hann. Breyting sú sem hér er lögð til á lögum um kosningar til Alþingis er hugsuð í þágu allra þeirra kjósenda sem búsettir eru erlendis og vilja nýta kosningarrétt sinn. Hún er ekki takmörkuð sérstaklega við lönd þar sem ekki er mögulegt að kjósa með öðrum hætti, sbr. áðurnefnd ákvæði í norskum og sænskum lögum. Án þess að hægt sé að fullyrða um það og byggja á óyggjandi tölum má leiða að því sterkar líkur að kosningaþátttaka Íslendinga, sem búsettir eru tímabundið erlendis vegna náms eða starfa, sé talsvert minni en gerist hjá Íslendingum sem hafa dvalarstað hér heima. Ástæður þessa eru fyrst og fremst miklar vegalengdir á kjörstað. Til að bæta þar úr er frumvarp þetta lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýju ákvæði verði bætt við 63. gr. laganna sem miðar að því að einfalda þeim Íslendingum sem búa erlendis að kjósa utan kjörfundar en það hefur oft reynst bæði kostnaðarsamt og tímafrekt fyrir fjölda manna að komast á kjörstað sökum mikilla fjarlægða. Til þess að tryggja öryggi atkvæðagreiðslu, sem fram fer eftir að kjósandi hefur, samkvæmt beiðni, fengið sendan kjörseðil í ábyrgðarpósti, er lagt til að lögbókandi skuli votta á fylgigögn með kjörseðli, en lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um og er vottun lögbókanda jafngild vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til. Að því loknu getur kjósandi endursent kjörseðilinn til kjörstjórnar í sínu kjördæmi.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skv. 1. gr., m.a. um tímafresti, vottun o.fl.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

128. Fyrirspurn [117. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu á lambakjöti.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvert er viðhorf ráðherra til þeirra samninga um sölu lambakjöts sem bændur, t.d. í Húnavatnssýslu, hafa gert beint við afurðastöðvar og verslanir á öðru verði en sexmannanefnd og fimmmannanefnd hafa ákvarðað samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum?
2. Telur ráðherra að hér sé um lögbrot að ræða? Ef svo er, til hvaða ráðstafana hyggst hann grípa?

129. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Orðin „til ársloka 1996“ í 1. málsl. falla brott.
b. 4. málsl. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Lífeyrir skv. I. kafla skal hvert ár miðast við viðmiðunarlaun undanfarandi fimm almanaksára.

b. Orðin „til ársloka 1996“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt gildandi lögum um lífeyrissjóð bænda hafa ríkissjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins og lífeyrissjóður bænda borið útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 17. og 18. gr. laganna sbr. 24. gr. þeirra. En í þessum ákvæðum er kveðið á um lífeyri til bænda sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr. Samkvæmt gildandi lögum eiga útgjöld vegna þessara lífeyrisgreiðslna að verða borin af lífeyrissjóði bænda frá og með 1. janúar 1997. Fyrir liggur að lífeyrissjóður bænda hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka á sig þau útgjöld sem ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins hafa borið hingað til. Í ljósi þess og með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar hafa verið til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, að því er varðar lög um eftirlaun aldraðra, er lagt til að gildandi fyrirkomulagi um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna lífeyrisgreiðslna til bænda sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr verði haldið óbreyttu. Þetta fyrirkomulag hefur verið framlengt til fimm ára í senn en nú er lagt til að fyrirkomulagið verði lögfest með þessum hætti til frambúðar.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að tilvísun til ársloka 1996 verði felld brott. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði um grunnlífeyri og uppbót á lífeyri verði gerð ótímabundin með sama hætti.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda.

Samkvæmt frumvarpi þessu verður framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs bænda vegna einstaklinga sem fæddir voru 1914 og fyrr ekki fellt niður 1. janúar 1997, eins og kveðið er á um í núgildandi lögum, heldur verður það lögfest til frambúðar. Er það í samræmi við sambærilega breytingu sem fyrirhugað er að gera á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Á þessu ári verður framlagið um 140 m.kr. en reikna má með að það lækki talsvert frá einu ári til annars. Ef miðað er við að greiðslurnar lækki árlega með vaxandi hraða hlutfallslega

uns þær verði orðnar engar eftir 15 ár mundi heildarfjárhæðin sem fallið hefði niður að óbreyttum lögum alls hafa numið allt að 1 milljarði kr.

130. Frumvarp til laga [119. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. sbr. 3.–6. gr. laganna skulu tekjur af sérstökum eignarskatti á árinu 1996 umfram 330 m.kr. renna í ríkissjóð og á árinu 1997 skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 285 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldskóla.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta sérstakt 1.500 kr. gjald, endurinnritunargjald, af nemanda, sem endurinnritar sig í próf eða áfanga. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu gjaldsins.

Um breytingu á lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, með síðari breytingum.

3. gr.

Á undan hlutfallstölunni „65“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: allt að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á undan hlutfallstölunni „65%“ í b- og c-liðum 1. mgr. komi: allt að.
b. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
   Framlag ríkissjóðs skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 56/1987, jarðræktarlögum, með síðari breytingum.

5. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum allt að 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein skulu vera innan þeirra marka sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

6. gr.

Lokamálsgrein 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta skal vera 0,55 kr./kg kjöts sem innvegið er í afurðastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

7. gr.

Lokamálsgrein 7. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Um gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1997 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1997 umfram 165 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

10. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra gerir tillögu um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fenginni umsögn starfsmenntaráðs. Árlega skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í sérstakan sjóð til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu. Fjárhæð framlagsins ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Starfsmenntaráð fer með stjórn sjóðsins.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.433 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 26. gr. laga nr. 144/1995, kemur: 2.482 kr.

12. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk framlaga skv. 1. mgr. skal árlega verja ákveðnum fjárhæðum úr sjóðnum til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum orðast svo:

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1997, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.985 kr.“ í 2. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna kemur: 4.065 kr.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

15. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr.

16. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

18. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavíkurhéraði skal skipuð fimm mönnum.
c. Síðari málsl. 5. mgr. fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

20. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun aldraðra, með síðari breytingum.

21. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 856 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1997.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sbr. 11. gr. laga nr. 148/1994, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 58/1967, orkulögum, með síðari breytingum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 74. gr. laganna:

a. 1., 2. og 3. tölul. orðast svo:
   1. Að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar.
   2. Að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talið fræðslu- og upplýsingastarfsemi.
   3. Að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerða tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

b. 5. tölul. fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 8/1993, samkeppnislögum, sbr. lög nr. 24/1994.

25. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, er verður 3. málsl. og orðast svo: Áfrýjandi skal greiða 120.000 kr. gjald vegna áfrýjunar um leið og áfrýjað er.

Um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

26. gr.

Orðin „og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum“ í 2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Þó skal ákvæði 1. gr. öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að venju byggir frumvarp til fjárlaga á ákveðnum forsendum um að lögum verði breytt til að þau nái fram að ganga. Í samræmi við þann hátt sem hafður hefur verið á undanförnum árum þykir rétt að taka saman öll slík ákvæði, að undanskildum breytingum á tekjuhlið fjárlaga, í einn lagabálk. Er það gert til að leggja áherslu á að ákvæðin tengjast stefnu ríkisstjórnarinnar um aðhald í ríkisútgjöldum og viðleitni til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að nokkrum lagagreinum sem lögbinda ákveðin útgjöld verði breytt. Lagt er til að ýmis lögbundin ákvæði um sjálfvirk framlög verði afnumin en í stað þeirra ákvarðist framlög í fjárlögum hverju sinni. Markmiðið er að auka með því svigrúm löggjafans til að veita fé til ýmissa verkefna á vegum ríkisins eftir því sem hann telur hæfilegt hverju sinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, rennur sérstakur eignarskattur sem lagður er á samkvæmt lögunum í sérstakan sjóð sem varið skal til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana o.fl. Á árinu 1997 er gert er ráð fyrir að tekjur af sérstökum eignarskatti verði 435 m.kr. Hér er lagt til að af þessum tekjum renni 150 m.kr. í ríkissjóð. Þá er og lagt til að 100 m.kr. af tekjum af sérstökum eignarskatti á yfirstandandi ári renni í ríkissjóð.

Um 2. gr.

Lagt er til að innheimt verði sérstakt gjald á hvern nemanda sem endurinnritast í próf eða áfanga í framhaldsskóla og verði fjárhæð gjaldsins 1.500 kr. Óhjákvæmilegur kostnaður hlýst af því að halda endurtekningarpróf fyrir þá nemendur sem ekki hafa staðist próf í framhaldsskólum, en brottfall nemenda úr framhaldsskólum og endurtekning prófa er talin óeðlilega mikil. Lausleg athugun bendir til þess að meira en 15% nemenda endurtaki próf. Ætlunin er að taka 1.500 kr. gjald af þeim nemanda sem endurinnritar sig í próf eða áfanga í framhaldsskólum í þeirri von að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og auðveldi skipulagningu í kennslu, fremur en að leiða til útgjalda nemenda.

Þykir eðlilegt að nemendur, sem endurinnritast í próf eða áfanga, beri hluta af þeim kostnaði sem af því leiðir. Þá er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess að setja nánari reglur um innheimtu endurinnritunargjaldsins, þar með talið um tilhögun innheimtu í bekkjarkerfisskólum. Enda þótt meginreglan verði sú að allir nemendur sem endurinnrita sig í próf eða námsáfanga séu skyldir til að greiða endurinnritunargjaldið kann bekkjarkerfisskipan í framhaldsskólum að kalla á annars konar tilhögun innheimtu en í áfangakerfi. Þá er einnig ætlast til að í reglum þessum verði ákvæði um meðferð fjárins og skil þess í ríkissjóð.

Um 3. gr.

Lagt er til að í stað þess að ríkissjóður greiði 65% af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta greiði ríkissjóður allt að þessum 65%. Ákvörðun um hversu mikið ríkissjóður greiðir af launum og ferðakostnaði verður þannig tekin í fjárlögum ár hvert í stað þess að þessi útgjöld séu lögbundin í lögum um búfjárrækt.

Um 4. gr.

Lagt er til að í stað þess að í lögum um búfjárrækt sé kveðið á um hversu miklu fé skuli varið til stofnunar og rekstrar ræktunarstöðva fyrir búfé verði ákvörðun um fjárframlög í þessa þágu tekin í fjárlögum ár hvert. Á undanförnum árum hafa þessi framlög verið skert til eins árs í senn í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er því lögð til varanleg breyting á lögunum að þessu leyti.

Um 5. gr.

Lagt er til að jarðræktarlögum verði breytt á þann veg að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta verði ákveðin í fjárlögum ár hvert. Gert er ráð fyrir að áfram verði í lögunum hámark á kostnaðarhlutdeildina, en í fjárlögum ár hvert verði tekin ákvörðun um hversu miklu fé ríkissjóður skuli verja til að standa straum af þessum kostnaði.

Um 6. og 7. gr.

Lagt er til að sláturleyfishöfum verði gert að greiða sérstakt gjald, matsgjald, til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum nr. 30/1966, um slátrun, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og við yfirmat samkvæmt lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull. Í gildandi lögum er gjaldtökuheimild vegna yfirmats og er matsgjaldi samkvæmt þessari grein ætlað að koma í stað þeirrar gjaldtökuheimildar. Ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting hafi nein áhrif á tekjur eða útgjöld ríkisins, enda er hér eingöngu verið að kveða skýrar á um gjaldtökuna í lögum.

Um 8. og 9. gr.

Lagt er til að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra af erfðafjárskatti verði 165 m.kr., sem er lækkun um 92 m.kr. frá árinu 1996. Á móti kemur framlag á fjárlögum að fjárhæð 100 m.kr. til frekari liðveislu og annarra rekstrarverkefna sem voru greidd af Framkvæmdasjóði á sl. ári. Ráðstöfunarfé sjóðsins til stofnkostnaðar og viðhaldsverkefna helst því óbreytt milli ára.

Áfram er gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar og tækja- og námsstyrkir verði greiddir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Um 10. gr.

Lagt er til að Atvinnuleysistryggingasjóður veiti á árinu 1997 fjármagni til starfsmenntunar í atvinnulífinu, sem áður var veitt fjármagni til á fjárlögum.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skulu hámarksbætur atvinnuleysisbóta koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Í samræmi við þennan áskilnað laganna er lagt til að hámarksbætur hækki um 2%.

Um 12. gr.

Lagt er til að Atvinnuleysistryggingasjóður styrki starfsmenntun í atvinnulífinu með fjárframlögum, auk þess sjóðurinn veiti fé til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Gert er ráð fyrir að fjárhæð framlaga þessara verði ákveðin við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

Um 13. gr.

Hér er framlengd heimild til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga á árinu 1997, en sambærileg heimild var í 27. gr. laga nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2%.

Um 15. gr.

Hér er lagt til að í stað ákvæðis laganna um að þar sem aðstæður leyfa skuli heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því komi ákvæði þess efnis að sjúkrahús og heilsugæslustöð skuli ef aðstæður leyfa rekin sem ein stofnun.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að ákvæði 10. mgr. 14. gr. um breytingar á framkvæmd einstakra málsliða 2.–9. mgr. 14. gr. og heimild til að setja reglugerð um heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar við sameiningu sveitarfélaga, falli brott þar sem í tillögum til breytinga á 15. gr. laganna er gert ráð fyrir víðtækari heimild ráðherra til að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva með reglugerð.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að í stað heimildar í 10. mgr. 14. gr. og heimildar í 15. gr. laganna, til að breyta flokkun stöðva skv. 14. gr. með reglugerð, verði ráðherra veitt heimild til að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Hér er lögð til sú breyting að formaður stjórna heilsugæslustöðva verði skipaður af þeim ráðherra sem hann er trúnaðarmaður fyrir og starfstíma hans ljúki þegar embættistíma ráðherra lýkur. Formaður stjórnar er eini fulltrúinn í stjórninni sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar og verður því að telja eðlilegt að hver ráðherra geti sjálfur valið þennan fulltrúa sinn í stjórnina.

Þá er lagt til að í stað fjögurra stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík komi ein stjórn. Bent er á að stjórnsýsla heilsugæslustöðvanna í Reykjavík er sameiginleg. Það er því óþarflega flókið og þungt í vöfum að hafa fjórar stjórnir og auk þess hefur það í för með sér óþarfan kostnað.

Loks er lagt til að niður falli ákvæði þess efnis að formaður læknaráðs á heilsugæslustöð sé jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar. Skipuð hefur verið nefnd til endurskoðunar á stöðum yfirlækna og héraðslækna og þykir því óheppilegt að þetta sé bundið í lögum.

Um 19. gr.

Lagt er til að inn í lögin komi ákvæði um að ráðherra geti ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt er kveðið skýrar á um að ráðherra geti með reglugerð ákveðið flokkun, starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa.

Um 20. gr.

Hér er lögð til sú breyting að skipunartíma formanna stjórna sjúkrahúsa ljúki þegar embættistíma þess ráðherra sem skipaði þá lýkur. Um rökstuðning vísast til athugasemda við a-lið 18. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Samkvæmt grein þeirri, sem hér lagt til að brott falli, skulu eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1997. Breyting sú, sem hér er lögð til, felur því í sér að ákvæði laganna um eftirlaun aldraða, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, verða ótímabundin.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að af mörkuðum tekjustofnum til vegamála renni 856 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1997.

Um 23. gr.

Samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum, skal tekjum af flugvallargjaldi varið til framkvæmda í flugmálum og rekstrar flugvalla. Hér er lagt til að heimilt verði að verja tekjum af flugvallagjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

Um 24. gr.

Áformað er að efna til orkusparnaðarátaks til að draga úr kostnaði við húshitun í samstarfi við Orkusjóð. Sömuleiðis að gera heildarúttekt á möguleikum til að auka húshitun með jarðvarma á svæðum þar sem hús eru nú hituð upp með rafmagni. Þá er og lagt til að sjóðnum verði heimilt að styrkja fyrirtæki og einstaklinga við þróun og frumsmíði

búnaðar sem ætlað er að draga úr óhagkvæmri orkunotkun, einkum olíunotkun, og stuðla þannig að minni losun gróðurhúsalofttegunda. M.a. af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta lögum um sjóðinn og útvíkka hlutverk hans. Með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til er auk þess gerð nokkur lagahreinsun þar sem nokkur sértæk ákvæði um hlutverk sjóðsins, sem ekki eiga lengur við, eru felld niður.

Um 25. gr.

Til þess að stuðla að markmiði ríkisstjórnarinnar um sparnað í ríkisrekstri er lagt til í frumvarpi þessu að gerð verði sú breyting á 9. gr. samkeppnislaga að þeir sem skjóta ákvörðunum Samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála greiði kostnað af starfi nefndarinnar. Á árinu 1994 var 13 málum skotið til áfrýjunarnefndarinnar og á árinu 1995 voru þau 25. Reynslan hefur sýnt að kostnaður við rekstur hvers máls fyrir áfrýjunarnefndinni er u.þ.b. 120 þús. kr. og er því áfrýjunargjaldið miðað við þá fjárhæð. Líta verður einnig til þess að upptaka áfrýjunargjalds hefur þann kost að málum verður síður skotið sjálfkrafa til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og þar af leiðandi kemur væntanlega frekar til áfrýjunar í málum þar sem verulegir hagsmunir eru í húfi.

Um 26. gr.

Lagt er til að hætt verði að greiða úr ríkissjóði kostnað vegna refaveiða, en ríkissjóður hefur samkvæmt gildandi lögum greitt allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um 27. gr.

Ákvæði um gildistöku þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Í frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar til að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 nái fram að ganga. Verður fjallað um greinar frumvarpsins og lagt mat á áhrif þeirra á útgjöld ríkissjóðs til lækkunar eða hækkunar.

1. gr. Um ráðstöfun á sérstökum eignarskatti. Samkvæmt tillögunni renna 150 m.kr. af tekjum af sérstökum eignarskatti í ríkissjóð á árinu 1997 og lækka útgjöld ríkissjóðs samsvarandi. Á árinu 1996 fara 100 m.kr. af tekjunum í ríkissjóð.

2. gr. Um heimild til að innheimta sérstakt 1.500 kr. gjald vegna endurtekningar á prófáföngum í framhaldsskólum. Áætlað er að tekjur af gjaldinu nemi 32 m.kr. árlega og lækka útgjöld ríkissjóðs um sömu fjárhæð.

3.–5. gr. Um að framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar við rekstur ræktunarstöðva fyrir búfé og kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta verði ákveðin í fjárlögum. Núverandi framkvæmd er fest í sessi og hafa ákvæðin því ekki áhrif á útgjöld ríkisins.

6. og 7. gr. Um að lagt verði á sérstakt matsgjald til að standa undir kostnaði ríkisins af mati á sláturafurðum og gæru- og ullarmati. Núgildandi gjaldtökuheimild er fest í sessi og á ákvæðið ekki að hafa áhrif á tekjur eða útgjöld ríkissjóðs.

8. gr. Framlengd er heimild Framkvæmdasjóðs fatlaðra til að greiða kostnað vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar og kostnað vegna stjórnarnefnda á árinu 1997. Samtals er þessi kostnaður áætlaður 13 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997.

9. gr. Um breytingu á lögum um ráðstöfun á erfðafjárskatti til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Samkvæmt ákvæðinu renna tekjur umfram 165 m.kr. í ríkissjóð, eða samtals 255 m.kr., til að fjármagna ýmis rekstrarverkefni vegna fatlaðra. Það er álíka fjárhæð og á árinu 1996.

10. og 12. gr. Um að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði kostnað af starfsmenntun í atvinnulífinu og til þróunarverkefna til að auka fjölbreytni í störfum kvenna. Samtals er þessi kostnaður sem sjóðurinn greiðir áætlaður 67 m.kr. árið 1997 og lækka útgjöld ríkissjóðs samsvarandi.

11. gr. Gerð er tillaga um að atvinnuleysisbætur hækki um 2% á næsta ári. Kostnaðarauki Atvinnuleysistryggingasjóðs er tæplega 60 m.kr. miðað við spár um 4% atvinnuleysi. Þar sem útgjöld atvinnuleysistrygginga eru borin af sérstöku gjaldi hefur ákvæðið ekki bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

13. gr. Um að framlengja heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga, enda lækki greiddar atvinnuleysisbætur um sömu fjárhæð. Ákvæðið hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

14. gr. Gerð er tillaga um að hækka gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra um 2% og hækka tekjur og útgjöld ríkissjóðs því um 10 m.kr.

15., 16., 17. og 19. gr. Skv. 15. gr. eru fest í sessi ákvæði um að heilsugæslustöð og sjúkrahús skuli reka sem eina stofnun undir einni stjórn þar sem aðstæður eru fyrir hendi. Í 17. gr. er lagt til að heilbrigðisráðherra fái heimild í reglugerð til að ákveða heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfsvið þeirra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Loks er í 19. gr. lagt til að heilbrigðisráðherra ákveði með reglugerð nánari flokkun, starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ráðgert er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 að lækka útgjöld sjúkrastofnana um 160 m.kr. með því að auka samvinnu þeirra og miða fjárframlög við þá þjónustu sem raunverulega fer fram á stofnununum. Nauðsynlegt er talið að breyta lögum um heilbrigðisþjónustu til að þau áform nái fram að ganga.

18. og 20. gr. Skipunartími formanna stjórna sjúkrastofnana miðist við embættistíma þess ráðherra sem skipaði í embættið. Stjórn heilsugæslunnar í Reykjavík verði einfölduð og stjórnum fækkað úr fjórum í eina. Ákvæðin hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 1997 en gefa ráðherra kost á að fylgja betur eftir stefnu í heilbrigðismálum og ákvörðunum fjárlaga.

21. gr. Afnumið er ákvæði laga um að eftirlaun til þeirra sem fæddir eru árið 1914 og fyrr og eiga engan eða lítinn lífeyrisrétt í lífeyrissjóði falli niður 1. janúar 1997. Áætlað er að útgjöld til Eftirlaunasjóðs aldraðra verði 318 m.kr. árið 1997.

22. gr. Gerð er tillaga um að 856 m.kr. af mörkuðum tekjum til vegagerðar skuli renna í ríkissjóð árið 1997. Á árinu 1996 renna 687 m.kr. í ríkissjóð af sömu tekjustofnum.

23. gr. Lagt er til að heimilt verði að greiða af flugvallagjaldi framkvæmdakostnað við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Áformað er að fjármagna 60 m.kr. framkvæmdakostnað við flugstöðina með þessum hætti árið 1997.

24. gr. Lögð er til breyting á hlutverki Orkusjóðs. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 er lagt til að Orkusjóður fái 30 m.kr. framlag úr ríkissjóði og er hluti þess ætlaður til að standa straum af kostnaði við breytingar á hlutverki sjóðsins. Tillagan á ekki að hafa bein áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

25. gr. Gerð er tillaga um að innheimt verði sérstakt 120 þús. kr. gjald vegna áfrýjunar úrskurða samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áætlað er að gjaldið skili 2 m.kr. á ári og lækka útgjöld ríkissjóðs um sömu fjárhæð.

26. gr. Lagt er til að ríkissjóður hætti að greiða hluta af kostnaði við refaveiðar og er áætlaður sparnaður af þeirri aðgerð 19 m.kr. árið 1997.

Samtals lækka útgjöld ríkissjóðs árið 1997 um 1.614 m.kr. frá því sem þau hefðu orðið að óbreyttum lögum samkvæmt frumvarpinu. Á móti kemur að tekjur og gjöld Framkvæmdasjóðs aldraðra hækka um 10 m.kr. og felld eru á brott ákvæði um að eftirlaun til aldraðra falli niður frá 1. janúar 1997, en áætluð útgjöld til eftirlauna eru 318 m.kr. árið 1997.

Til frekari glöggvunar eru ákvæði frumvarpsins flokkuð í eftirfarandi töflum:

1. Ákvæði til skerðingar á lögbundnum framlögum sem gerð eru varanleg samkvæmt frumvarpinu og hve miklu fé lagt er til að varið verði til þeirra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Búfjárræktarlög, 3. og 4. gr.	30
Jarðræktarlög, 5. gr.	23
Mat á búvörum, 6. og 7. gr.	0
Samtals	**53**

2. Í eftirfarandi töflu er tekinn saman sá sparnaður í útgjöldum sem áformaður er samkvæmt frumvarpi þessu og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997:

	m.kr.
Ráðstöfun á sérstökum eignarskatti, 1. gr.	150
Lög um framhaldsskóla, 2. gr.	32
Framkvæmdasjóður fatlaðra, 8. og 9. gr.	268
Starfsmenntun í atvinnulífinu, atvinnuleysistryggingar, 10. og 12. gr.	67
Lög um heilbrigðisþjónustu, 15., 16., 17. og 19. gr.	160
Markaðar tekjur til vegagerðar, 22. gr.	856
Flugmálaáætlun, flugvallagjald, 23. gr.	60
Samkeppnislög, gjaldtaka, 25. gr.	2
Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 26. gr.	19
Samtals	**1.614**

131. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 31. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Tvöfalda fjárhæð einstakra gjafa og framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 2% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar falla undir þennan tölulið.

Úr 2. tölul. sömu greinar falla orðin „menningarmála“ og „og vísindalegra rannsóknarstarfa“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að efla menningu og vísindi með tilteknum skattalegum aðgerðum. Nú er í lögum að fyrirtæki og aðrir lögaðilar mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki liggur fyrir af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessi framlög hafa verið.

Í 2. tölul. 31. gr. núgildandi laga er kveðið á um heimild fyrirtækja til að draga framlög til menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa allt að 0,5% frá tekjum. Í 1. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um lögfestingu þess að lögaðilar megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þeir verja til menningar- og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra þar með.

Ef fyrirtæki gefur 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi má það samkvæmt frumvarpinu draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en einungis 100 þús. kr. samkvæmt núgildandi lögum. Þetta hvetur fyrirtæki til að styðja við menningu og vísindi.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er jafnframt tvöfölduð heimild til frádráttar. Ef velta fyrirtækis er 100 millj. kr. má það samkvæmt núgildandi lögum draga allt að 0,5% frá tekjum, þ.e. allt að 500 þús. kr., vegna slíkra styrktarframlaga en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þetta fyrirtæki geti hins vegar varið 1 millj. kr. til styrktar þessum málefnum og dregið 2 millj. kr. frá skattskyldum tekjum, eða allt að 2% af veltu. Þetta mundi leiða til lækkunar á skattskyldum tekjum fyrirtækisins en auka framlög til menningar og vísinda.

Vitaskuld er þessi útfærsla til styrktar menningu og vísindum nokkurs konar óbeinir ríkisstyrkir, þ.e. framlög til menningar og vísinda njóta ívilnunar af hálfu ríkisins. Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin er að skatttekjur mundu að öðru jöfnu ekki renna til slíkrar starfsemi eins og framlögum til hennar er háttað af hálfu fjárveitingavaldsins.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum segir m.a. að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstæðra náttúrufyrirbrigða o.fl. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd þessa frumvarps en mikilvægt er að um hana gildi skýrar reglur.

Framangreind reglugerð kveður á um að undir vísindalega rannsóknarstarfsemi falli hvort tveggja, hugvísindi og raunvísindi. Hér er um að ræða víðtæka skilgreiningu í samræmi við sjónarmið flutningsmanna.

Flutningsmenn telja að um framlög til kvikmyndagerðar eigi að gilda sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi, en fræðslumyndagerð er beinlínis talin upp í reglugerð með núgildandi lögum. Almenn kvikmyndagerð, þ.e. gerð lengri leikinna kvikmynda en ekki t.d. gerð auglýsingakvikmynda, á því einnig að falla undir lögin. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika.

Þess má geta að fjármögnun kvikmynda er oft með þeim hætti að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð kemur mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt, en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að fá fé erlendis frá. Samþykkt þessa frumvarps ætti að bæta úr því.

Kvikmyndagerð hérlendis getur orðið umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Því er skynsamlegt þegar horft er til framtíðar að stuðla að eflingu þessarar atvinnu- og listgreinar, eins og samþykkt frumvarpsins mundi leiða til.

Sérstök athygli er vakin á því að samþykkt frumvarpsins mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað liststarf, svo sem leiklist, tónlist og málaralist, svo og starfsemi safna. Allir þessir málaflokkar falla undir hin ívilnandi ákvæði frumvarpsins.

Frumvarpið leiðir til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðveldar aðilum sem að þeim starfa að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það er hagkvæmt fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Svipuð ákvæði þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist undanfarin ár hérlendis eins og annars staðar. Sjálfsagt er að hlúa m.a. að frjálsum félagasamtökum á þessu sviði með þeirri útfærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Flutningsmenn hafa ekki tök á því að áætla hvert yrði tekjutap ríkisjóðs vegna þessa, en það er mat þeirra að ekki ætti að vera um verulegar fjárhæðir að ræða. Einnig má geta þess að aukin framlög til þessara málaflokka, þ.e. til menningar, kvikmynda og vísinda, leiða til aukinna umsvifa sem síðar skila tekjum í ríkissjóð, m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga.

Þannig er líklegt að ívilnun á þessu sviði, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, hafi ekkert tekjutap í för með sér fyrir ríkissjóð heldur geti leitt til aukningar á tekjum ríkisins, auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

132. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alvarez, Alba Lucia, húsmóðir í Reykjanesbæ, f. 1. desember 1952 í Kólumbíu.
2. Ásdís Bjarnadóttir, nemi í Hveragerði, f. 23. maí 1977 í Suður-Kóreu.
3. Buckley, Sarah Catherine Ruth, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 12. október 1964 í Englandi.
4. Burana, Ratree, fiskvinnslukona í Reykjavík, f. 25. apríl 1963 í Tælandi.
5. Cuizon, Gina Barriga, saumakona í Reykjavík, f. 31. júlí 1965 á Filippseyjum.
6. Dobrowolska, Renata Agnieszka, þjálfari í Grundarfirði, f. 10. mars 1971 í Póllandi.
7. Dugay, Adela P., húsmóðir í Garðabæ, f. 17. ágúst 1969 á Filippseyjum.
8. Gray, Gunnar George, stýrimaður á Ísafirði, f. 21. júní 1967 í Skotlandi.
9. Pardillo, Anita Paraiso, fiskvinnslukona á Höfn, f. 23. desember 1954 á Filippseyjum.
10. Saithong, Wannika, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Tælandi.
11. dos Santos Alves, Alice, ræstingakona í Reykjavík, f. 6. september 1963 á Grænhöfðaeyjum.
12. Somphakdee, Pornsawan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. desember 1962 í Tælandi.
13. Wang, Huasheng, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 30. júní 1951 í Kína.
14. Wongsunant, Lamiad, þerna í Reykjavík, f. 10. ágúst 1953 í Tælandi.
15. Wood, Patricia Ann, húsmóðir á Akureyri, f. 7. janúar 1933 í Skotlandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allsherjarnefnd Alþingis 21. febrúar 1995.

Frumvarp þetta er fyrra frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 121. löggjafarþingi.

Við gildistöku laga um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996, 1. janúar 1997 fellur niður sú krafa sem gerð hefur verið við veitingu ríkisborgararéttar allt frá árinu 1952 að erlendur ríkisborgari aðlagi nafn sitt íslenskum reglum um mannanöfn.

Því er ekki tekið upp í frumvarp þetta ákvæði um nafnbreytingu þeirra sem lagt er til að veittur verði ríkisborgararéttur. Um nöfn þeirra gildir þá 11. gr. laga um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996, en þau lög öðlast gildi 1. janúar 1997, en þar segir svo í 1. og 2. mgr.:

„Nú fær maður sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum og má hann þá halda fullu nafni sínu óbreyttu. Honum er þó heimilt að taka upp eiginnafn, millinafn og/eða kenninafn í samræmi við ákvæði laga þessara.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um börn manns, sem fær íslenskt ríkisfang með lögum, og öðlast íslenskt ríkisfang með honum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1952.“

133. Fyrirspurn [122. mál]

til fjármálaráðherra um skatttekjur af viðskiptum með aflaheimildir.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hverjar voru skatttekjur ríkissjóðs af viðskiptum með aflaheimildir á árunum 1994–95, sundurliðaðar eftir skattumdæmum?
2. Er það mat ráðherra að skattskil vegna þessara viðskipta séu eðlileg og fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvað er til ráða?

Skriflegt svar óskast.

134. Fyrirspurn [123. mál]

til umhverfisráðherra um veðurspár.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig er staðið að veðurspá hjá Veðurstofu Íslands, spá fyrir næsta sólarhring og langtímaspá og hverjir bera ábyrgð á spá hverju sinni af hálfu stofnunarinnar?
2. Hver hefur verið fylgni spásagnar og veruleika í langtímaspá hérlendis til þessa, t.d. sl. fjóra mánuði, um helstu veðurfarsþætti, þar á meðal vindáttir og skýjafar?
3. Hefur Veðurstofan og ráðuneytið reynt að gera sér grein fyrir gildi og áhrifum langtímaspár, m.a. fyrir atvinnulíf, hættu á náttúruhamförum og viðbúnaði við henni og á ferðaáætlanir fólks innan lands?
4. Gefur reynsla af langtímaspá hér á landi tilefni til endurskoðunar á framsetningu hennar af hálfu Veðurstofu Íslands?

135. Fyrirspurn [124. mál]

til umhverfisráðherra um staðla fyrir gistirými í fjallaskálum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða reglur gilda um gistirými og aðra aðstöðu í fjallaskálum og sæluhúsum hérlendis?
2. Hver eru rökin fyrir settum reglum?
3. Telur ráðherra ástæðu til að reglum þessum sé breytt?

136. Fyrirspurn [125. mál]

til umhverfisráðherra um þátttöku ríkisins í náttúrustofum í kjördæmum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða kröfur telur ráðuneytið að heimaaðilar þurfi að uppfylla um aðstöðu og annan undirbúning áður en heimild fyrir aðild ríkisins að náttúrustofu í kjördæmi er notuð, sbr. II. kafla laga nr. 60/1992?
2. Hvaða ástæður getur ráðuneytið haft til að blanda sér í deilur heimamanna um staðarval fyrir náttúrustofur í kjördæmi?

137. Fyrirspurn [126. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af slökkvi- og björgunarbúnaði.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs síðustu þrjú ár af gjöldum á slökkvi- og björgunarbúnað, sundurliðað eftir árum?

Skriflegt svar óskast.

138. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu.

Flm.: Viktor B. Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að leggja fram frumvarp um afnám skylduáskriftar almennings að Ríkisútvarpinu.

Greinargerð.

Hlutverk og skipulag Ríkisútvarpsins hlýtur ávallt að vera í stöðugri endurskoðun, einkum í ljósi þjóðfélagsbreytinga og tækninýjunga. Á síðustu árum hefur orðið gjörbreyting á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Í stað einnar ríkisrásar, í hljóðvarpi og sjónvarpi, getur almenningur valið um fjölda innlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Ljóst er að afnotagjöld Ríkisútvarpsins raska samkeppni á þessum markaði. Sú skipan mála gengur þvert gegn markmiðum samkeppnislaga og því almenna viðhorfi að gæta eigi jafnræðis milli aðila í atvinnurekstri. Þessi sjónarmið hafa m.a. komið fram hjá samkeppnisráði í áliti þess, nr. 5/1995.

Ríkisútvarpið er í samkeppni við einkaaðila bæði á markaði fyrir áskrift og auglýsingar. Auglýsingasamkeppnin er bein en áskriftarsamkeppnin er hins vegar óbein. Hin óbeina samkeppni kemur fram í því að almenningur er þvingaður til áskriftar að Ríkisútvarpinu sem takmarkar svigrúm margra, einkum hinna tekjulægri, til að kaupa áskrift að öðrum fjölmiðlum. Þannig eru lagðar ákveðnar hömlur á valfrelsi almennings.

Það verður að teljast grundvallaratriði í frjálsu markaðsþjóðfélagi að almenningur hafi frelsi til að velja vöru og þjónustu í samræmi við þörf og áhuga. Hið opinbera á ekki að hafa vit fyrir fólki varðandi val á sjónvarpsefni og með því að hamla þróun á fjölmiðlamarkaði. Niðurfelling afnotagjalda er því réttlætismál, bæði í skilningi valfrelsis neytenda og jafnræðis á milli keppinauta á sama markaði.

Síðan er það sérstakt skoðunarefni hvernig eigi að standa að fjármögnun reksturs Ríkisútvarpsins ef á annað borð er talið að hið opinbera eigi að sinna slíkri þjónustu. Þá þarf í fyrstu að skilgreina umfang og eðli þeirrar þjónustu auk þess sem gæta verður þess að raska ekki samkeppnisstöðu á markaðinum. Í því sambandi má benda á tvær leiðir, annars vegar að Ríkisútvarpinu verði gert að innheimta áskriftargjöld líkt og gerist hjá keppinautum þess og hins vegar að Ríkisútvarpið hverfi alfarið af auglýsingamarkaði en verði fjármagnað með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði.

139. Fyrirspurn [128. mál]

til fjármálaráðherra um smásölu áfengis.

Frá Viktori B. Kjartanssyni.

Hver er stefna ráðherra varðandi ríkisrekstur á smásölu áfengis hér á landi?

Telur ráðherra nauðsynlegt að ríkisstarfsmenn sjái um sölu áfengis? Ef svo er ekki, er þá eitthvað því til fyrirstöðu að einkaaðilum verði heimilað, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að stunda verslun með þessa vörutegund eins og annan neysluvarning?

Skriflegt svar óskast.

140. Frumvarp til laga [129. mál]

um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Árni R. Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Viktor B. Kjartansson, Árni M. Mathiesen, Sigríður A. Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir.

1. gr.

Innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga skapa rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum er í lögum þessum greinir, sbr. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, enda beri þeir ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. gr. þeirra laga.

2. gr.

Húsnæðissparnaðarreikninga geta þeir menn, er um ræðir í 1. gr. og náð hafa 16 ára aldri á tekjuárinu, stofnað með samningi við innlenda viðskiptabanka og sparisjóði.

Í samningnum skal kveðið á um reglubundinn sparnað allan binditíma reikningsins skv. 3. gr. Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48.000 kr. en hámarksfjárhæð 480.000 kr., sbr. þó 7. gr. um breytingar samkvæmt byggingarvísitölu. Spariféð leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 12.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 120.000 kr.

Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga.

Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning í senn.

3. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu bundnir til tíu ára, talið frá upphafi þess mánaðar er sparnaður hófst. Að þeim tíma liðnum er innstæða til frjálsrar ráðstöfunar reikningseiganda. Þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geta þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Framlengja má binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár.

Kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan þó laus frá þeim tíma er hann staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að bygging sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í endurbætur eða viðhald á eigin íbúðarhúsnæði. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar eða viðhaldið.

4. gr.

Húsnæðissparnaðarreikningar eru sérstakir reikningar við innlenda banka eða sparisjóði sem bera skulu nafn og kennitölu eiganda. Bankar eða sparisjóðir skulu ókeypis og ótilkvaddir afhenda skattstjóra upplýsingar í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður um innstæður hvers manns á slíkum reikningi, um innlegg á og úttekt af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði er máli skipta.

Húsnæðissparnaðarreikningar skulu á hverjum tíma njóta bestu ávöxtunarkjara almennra innlánsreikninga í viðkomandi banka eða sparisjóði.

Í samningi um húsnæðissparnaðarreikning skal tekið fram hvort reikningseigandi eigi við úttekt af reikningnum rétt á láni frá viðkomandi banka eða sparisjóði, hvert hlutfall það lán sé af innstæðunni og með hvaða kjörum slík lán standi til boða.

Óski banki eða sparisjóður eftir að stofna innlánaflokk húsnæðissparnaðarreikninga í samræmi við ákvæði laga þessara skal hann fyrir fram leita staðfestingar fjármálaráðherra á að fyrirhugað reikningsform fullnægi skilyrðum laganna.

5. gr.

Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok ársfjórðungs er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar.

Hafi ekki verið gerð skil á öllu umsömdu innleggi fyrir lok almanaksárs skapar innlegg ársins engan rétt til skattafsláttar og skal skattstjóri þá gera reikningseiganda að endurgreiða þann skattafslátt sem honum hefur nýst vegna innleggs á reikninginn á næstu tveimur árum þar á undan að viðbættu 25% álagi. Sama gildir brjóti reikningseigandi að öðru leyti í verulegum atriðum þau skilyrði sem um reikningana gilda.

Verði ekki af kaupum, þrátt fyrir gerð kaupsamnings skv. 2. mgr. 3. gr., skal leggja úttekið fé aftur inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að ljóst er að ekki varð af kaupunum. Ella skal endurgreiða allan nýttan skattafslátt að viðbættu 25% álagi, sbr. þó 1. mgr. 97. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Hafi gjaldþol manns skerst verulega vegna þeirra atvika er greinir í 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir að samið var um stofnun húsnæðissparnaðarreiknings skulu ákvæði 2. mgr. þó ekki gilda ef ætla má að þessi atvik hafi gert honum ókleift að standa við samning um reglubundinn sparnað.

Brot á samningi um reglubundinn sparnað breytir engu um binditíma reiknings skv. 3. gr.

6. gr.

Reikningseigandi getur ekki framselt, veðsett né á annan hátt ráðstafað innstæðu sinni á húsnæðissparnaðarreikningi. Innstæðan er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Verði reikningseigandi gjaldþrota fellur binding innstæðu niður. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar. Komi til skilnaðar má skipta inneign á reikningum milli hjónanna en slík skipting hefur engin áhrif á binditíma reikninganna.

7. gr.

Fjárhæðir þær er um getur í 2. mgr. 2. gr. skulu vera grunnfjárhæðir. Skulu þær breytast árlega í samræmi við breytingar er verða kunna á byggingarvísitölu, í fyrsta skipti vegna innborgana á árinu 1997 miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá 31. desember 1996 til 31. desember 1997. Ríkisskattstjóri skal fyrir upphaf tekjuárs birta nýju fjárhæðirnar.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Með lögum nr. 49/1985 var komið á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum sem sköpuðu rétt til skattafsláttar. Byggðist það reikningsform á samningsbundnum innlánum sem tengd voru rétti til húsnæðislána og áttu að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 111/1992 var ákveðið að skattafsláttur framangreindra laga um húsnæðissparnaðarreikninga yrði skertur í áföngum og lögin afnumin 1. janúar 1997.

Ekki verður séð að þær breytingar hafi orðið hér á landi sem leiði til þess að rétt sé að leggja niður þessa aðferð til sparnaðar. Fremur er ástæða til þess að ýta undir sparnað í þjóðfélaginu nú þegar kaupmáttur almennings eykst og þjóðfélagið siglir upp úr öldudal síðustu átta ára. Ýmsar opinberar stofnanir hafa lýst yfir áhyggjum af vaxandi verðbólgu. Við því má m.a. sporna með auknum sparnaði.

Ljóst er að það skiptir sköpum um möguleika fólks á að eignast eigið húsnæði hve mikinn hlut kaupanna er hægt að fjármagna með eigið fé. Talið er að á almennum markaði verði fólk að eiga minnst 15% af kaupverði íbúðar skuldlaus við fyrstu kaup. Þetta er talsvert hærri eiginfjárkrafa en víða gerist. Með nokkurri einföldun má segja að erlendis dugi að eiga 10% kaupverðs og taka eitt lán fyrir 90% af íbúðarverði og er þá miðað við óverðtryggð fasteignaveðlán sem minnka hratt vegna endurgreiðslna og verðbólgu. Hér standa fólki aðeins til boða lán fyrir 70% íbúðarverðs og er um verðtryggð jafngreiðslulán að ræða sem greiðast afar hægt upp. Þar sem algengt er að hérlendis sé eigið fé við fyrstu kaup um 15% er það sem á vantar fjármagnað með skammtímalánum. Segja má að í þeim sé fólgin sérstaða íslenska húsnæðislánakerfisins.

Greiðslubyrði skammtímalána ræður mjög miklu um kaupgetu ungs fólks. Sem dæmi má nefna að af greiðslubyrði fjölskyldu, sem á 15% af kaupverði íbúðar, eru a.m.k. 40% vegna skammtímalána en 60% vegna húsbréfalána. Er þá miðað við að lánstími skammtímalána sé sjö ár. Ef hann er skemmri vega skammtímalánin enn þyngra. Í töflunni hér á eftir má sjá hversu þungt skammtímalánin vega í greiðslubyrði miðað við mismunandi eign við kaup:

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*10*	*15*	*20*	*25*
Greiðslubyrði húsbréfaláns í %	52	60	69	81
Greiðslubyrði skammtímaláns í %	48	40	31	19

Af þessu má ráða að skammtímalánin og skuldlaus eign ráða mjög miklu um kaupgetu og á það af skiljanlegum ástæðum einkum við um ungt fólk. Eftirfarandi tafla sýnir aðra hlið á þessu máli en þar kemur fram hversu há mánaðarlaun fjölskylda þarf að hafa til að geta keypt þriggja herbergja íbúð miðað við misjafnlega mikið eigið fé. Til dæmis má sjá að fjölskylda sem á 20% af kaupverði kemst af með 70 þús. kr. lægri mánaðarlaun en sú sem á aðeins 10% skuldlaus.

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*Mánaðarlaun (í þús. kr.):*
10	285
15	250
20	218

Málinu má einnig stilla upp á þann hátt að sýna hversu dýra íbúð fjölskylda með 250 þús. kr. mánaðarlaun gæti keypt miðað við misjafnlega skuldlausa eign, hlutfallslega.

Skuldlaus eign sem % af kaupverði:	*Kaupgeta (millj. kr.):*	*Samanburður í %:*
10	5,8	89
15	6,5	100
20	7,5	115
25	8,9	137

Þessi dæmi sýna að húsbréfakerfið er afar viðkvæmt fyrir eignastöðu kaupenda. Áhrif sparnaðar á kaupgetuna eru því afgerandi. Miðað við að flestir eigi milli 15–20% af kaupverði má segja að fyrir hver 100 þús. kr. sem kaupandi nær að spara aukist kaupgetan um 300 þús. kr. Með því að spara 10 þús. kr. á mánuði í þrjú ár getur fjölskylda með öðrum orðum aukið kaupgetuna um allt að 1,2 millj. kr. eða um eitt til tvö herbergi.

Ef jafnhliða húsnæðissparnaði kæmi hagstæð lánafyrirgreiðsla þeirrar stofnunar sem sparnaðinn ávaxtar má enn auka áhrifin.

Miðað við núverandi kerfi þarf fjölskylda að hafa 175 þús. kr. í mánaðartekjur til að geta keypt allra ódýrasta húsnæði á höfuðborgarsvæðinu svo að dæmi sé tekið (4,5 millj. kr.). Þá er miðað við að skuldlaus eign sé 15% af kaupverði. Með sparnaði má færa þessi mörk neðar sem nemur 5 þús. kr. mánaðarlaunum fyrir hver 45 þús. kr. sem lögð eru í sparnað.

Fjölmargar fjölskyldur hafa nægilega háar tekjur til að ráða við húsnæðiskaup ef miðað er við það sem tíðkast í húsnæðislánakerfum annarra þjóða. Hér er þó kaupgeta þeirra metin mjög til lækkunar í húsbréfakerfinu, m.a. vegna áhrifa skammtímalána og takmarkaðrar eiginfjárstöðu. Óeðlilegt er að fólk með 150 þús. kr. í fjölskyldutekjur á mánuði geti ekki keypt sér íbúð. Samningsbundinn húsnæðissparnaður getur gert þessu fólki mögulegt að kaupa húsnæði með því einu að leggja fyrir 5 þús. kr. á mánuði í þrjú ár.

Fólki með tekjur á bilinu 175–300 þús. kr. á mánuði og mikla rýmisþörf er gert mjög erfitt fyrir að kaupa nægilega stórt húsnæði í húsbréfakerfinu. Það verður því oft að kaupa of litlar íbúðir. Afleiðingin er mikil eftirspurn eftir smáum íbúðum en offramboð á stórum, burtséð frá raunverulegri húsnæðisþörf. Af þessum sökum hefur ekki verið innbyrðis samræmi í húsnæðisverði. Stórar eignir eru ódýrar af því að fáir eru til að kaupa þær af kerfisástæðum en litlar eignir dýrar af því að margir eru um hituna. Samningsbundinn húsnæðissparnaður mun auðvelda ungu fólki með góðar tekjur að kaupa húsnæði í samræmi við fjölskylduþarfir.

Þegar á heildina er litið má því fullyrða að með markvissum, samningsbundnum sparnaði sé hægt að draga úr ýmsum neikvæðum árhrifum húsnæðiskerfisins sem hér hefur verið komið upp.

Sérstök ástæða er til þess að heimila að húsnæðissparnaðarreikningar verði nýttir til að fjármagna viðhald íbúðarhúsnæðis. Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka nýbyggingar. Er það skiljanlegt þegar tekið er tillit til þess hve húsakostur var lélegur og Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum í þeim efnum. Nú er hins vegar svo komið að á tiltölulega skömmum tíma hefur mikið verið byggt. Kallar það á breyttar áherslur í húsnæðismálum. Nauðsynlegt er að mæta húsnæðisþörf með viðhaldi og endurnýjun eldra húsnæðis ekki síður en með nýbyggingum. Er því full ástæða til að leita leiða til að ýta undir viðhald íbúðarhúsa, bæði með skattalegum ívilnunum og samningsbundnum sparnaði.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, hjá einkaaðilum sem opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu álagi af veðri.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992, um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6% telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti hann að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að brúttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja skattlausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með því að hvetja húseigendur til sparnaðar og með skattafslætti má hugsanlega ná þessu markmiði.

Ávinningurinn er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

— Úttektarheimild hvetur til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.
— Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minni svartar vinnu.
— Úttektarheimild hvetur húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.
— Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærðargráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Líklegt er að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og að það hafi aukist í atvinnuleysi síðustu ára. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum. Verktakafyrirtæki eru jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins vísast til athugasemda í frumvarpi er varð að lögum nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga, og þykir óþarfi að endurtaka þær. Hér á eftir er eingöngu gerð grein fyrir þeim breytingum á gildandi lögum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 49/1985 og er á ný horfið til þess að skattafsláttur nemi fjórðungi árlegs innleggs.

Um 2. gr.

Greinin er eins og í lögum nr. 49/1985 með þeirri breytingu að fjárhæðir hafa verið uppfærðar. Lágmark og hámark mun áfram breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

Um 3. gr.

Engar breytingar eru gerðar á 1. mgr. Varðandi 2. mgr. skal tekið fram að rétt þykir að fella út skilyrði um að endurbætur nemi 20% af fasteignamati húsnæðis og við er bætt ákvæði um að unnt sé að taka út af reikningi ef lagt er í viðhald á eigin húsnæði.

Um 4.–6. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá lögum nr. 49/1985 nema að því leyti að nú skal miða við að einstakir reikningar beri nafn og kennitölu eigenda í stað nafnnúmers.

Um 7. gr.

Einungis er um að ræða breytingar á ártölum.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt frá lögum nr. 49/1985.

Um 9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 þegar ákvæði laga nr. 49/1985 renna sitt skeið, sbr. 30. gr. laga nr. 111/1992.

141. Frumvarp til laga [130. mál]

um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Árni Stefánsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Margrét Frímannsdóttir.

1. gr.

Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn.

Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.

2. gr.

Markmið laga þessara er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

3. gr.

Í lögum þessum merkir „kjarnorkuvopn“ hvers kyns vopn eða sprengju þar sem kjarnorka er leyst úr læðingi við notkun hvort sem það er samsett eða ósamsett að nokkru eða öllu leyti, en tekur ekki til flutningstækja eða útbúnaðar sem koma á sprengjunni eða vopninu í skotmark ef tækið eða búnaðinn má skilja frá sprengjunni eða vopninu.

„Eiturefnavopn“ merkir vopn sem byggist á notkun skaðlegra efna eða efnasambanda, þar með talið lífefnaeitur, skaðlegar örverur eða líffræðilegir orsakavaldar.

Í heiti laganna, og annars staðar þar sem annað kemur ekki fram, merkir „Ísland“ íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði samkvæmt lögum, þjóðarétti og ýtrustu fullveldisréttindum í og á landi, á og yfir hafsbotni, í sjó og ofan sjávar og í lofti.

Hið „friðlýsta svæði“ merkir í lögum þessum allt íslenskt yfirráðasvæði sem lýst er í þessari grein þar sem geymsla, framleiðsla, tilraunir og hvers kyns meðhöndlun eða flutningur kjarnorku- og eiturefnavopna er bannaður, sbr. þó ákvæði 12. gr.

4. gr.

Enginn íslenskur ríkisborgari eða maður sem hefur varanlegt dvalarleyfi á Íslandi, erlendur ríkisborgari sem er í þjónustu íslenska ríkisins eða dvelst innan hins friðlýsta íslenska svæðis má

1. búa til kjarnorkuvopn af neinu tagi, afla sér slíks vopns eða hafa það undir höndum;
2. veita aðstoð, hjálp eða atbeina til þess að nokkur búi til, afli sér eða hafi undir höndum kjarnorkuvopn af neinu tagi.

5. gr.

Bannað er innan hins friðlýsta svæðis að koma fyrir kjarnorkuvopnum af neinu tagi, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn annan hátt.

6. gr.

Bannað er að flytja kjarnorkuvopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

7. gr.

Allar tilraunir með kjarnorkuvopn eða tilraunir, sem tengjast notkun kjarnorkuvopna, eru óheimilar innan hins friðlýsta svæðis.

8. gr.

Bannað er að búa til eiturefnavopn af nokkru tagi innan hins friðlýsta svæðis, koma fyrir, geyma eða staðsetja þar slík vopn eða meðhöndla þau á nokkurn hátt.

9. gr.

Bannað er að flytja eiturefnavopn um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

10. gr.

Sérhverju því farartæki, sem að einhverju eða öllu leyti er knúið kjarnorku, er bannað að koma inn á hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr.

11. gr.

Öll umferð farartækja, sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang, er bönnuð innan hins friðlýsta svæðis, sbr. þó ákvæði 12. gr.

Losun kjarnorkuúrgangs eða annarra geislavirkra efna hvort sem þau teljast hágeislavirk eða lággeislavirk, þar með taldir geislavirkir vökvar, er með öllu óheimil innan hins friðlýsta svæðis.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. þessara laga er heimilt að veita undanþágu fyrir friðsamlega umferð eða gegnumferð farartækja án óþarfa viðdvalar í eða á sjó eða í lofti á alþjóðlegum leiðum að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Slíkar undanþágur geta þó aldrei tekið til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp af.

13. gr.

Aldrei skal leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna landeða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum. Íslensk yfirvöld skulu í vafatilfellum ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila, sem völ er á, til að byggja á ákvörðun sína og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð sín í milli þegar taka þarf slíkar ákvarðanir.

14. gr.

Íslensk yfirvöld skulu leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur er. Skal eftir því leitað að slíkar viðurkenningar feli í sér yfirlýsingar um að hið friðlýsta svæði sé virt og viðurkennt. Einnig skulu yfirvöld leita viðurkenningar á rétti Íslands til að fylgjast með eða láta fylgjast með hinu friðlýsta svæði og til að refsa fyrir eða mótmæla eftir atvikum brotum á friðlýsingu þessari.

15. gr.

Hver sá, sem sekur er fundinn um alvarlegt brot gegn ákvæðum laga þessara, skal sæta fangelsisvist allt að tíu árum.

16. gr.

Framkvæmd laga þessara heyrir undir og er á ábyrgð utanríkisráðherra, en hafa skal hann samráð við Alþingi og utanríkismálanefnd Alþingis um allar meiri háttar ákvarðanir er tengjast framkvæmdinni, sbr. 24. gr. laga nr. 55/1991. Heimilt er utanríkisráðherra að fela samgönguráðherra, umhverfisráðherra eða öðrum ráðherrum, sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur fjórum sinnum áður verið flutt á Alþingi, síðast á 120. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Efni þess er í fullu gildi og þróun í alþjóðamálum er með þeim hætti að auðvelda ætti framgang þess. Má þar nefna framlengingu samningsins um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna (NPT) og niðurstöðu Genfarviðræðna um algert bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Með þeim samningum og þróun í afvopnunarmálum eykst gildi friðlýstra svæða jafnframt. Þannig er t.d. friðlýsing Afríku nú komin á dagskrá. Frakkar lofa bót og betrun í Kyrrahafinu, hafa hætt kjarnorkutilraunum á svæðinu og hyggjast staðfesta og virða Rarotonga-samninginn. Sú mikla mótmælaalda sem reis um allan heim í kjölfar þess að Frakkar hófu að nýju tilraunasprengingar er til marks um vaxandi andúð almennings víða um heim á öllum kjarnorkuvígbúnaði. Ríkur vilji er til þess að banna alla frekari þróun kjarnorkuvígbúnaðar og stöðva allar tilraunir á því sviði. En jafnvel þótt þróunin sé í rétta átt hvað kjarnorkuvígbúnaðinn snertir stafar áfram mikil hætta af nýtingu kjarnorku á öðrum sviðum. Á það bæði við um nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, geymslu eða endurvinnslu kjarnorkuúrgangs og alla flutninga geislavirkra efna í því sambandi, og síðast en ekki síst umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Það er því engu minni ástæða nú en verið hefur fyrir Íslendinga sem eiga allt sitt undir nýtingu lífrænna auðlinda hafsins að taka af skarið og friðlýsa land sitt.

Rétt er að geta þess að lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á tveimur greinum frumvarpsins frá upprunalegri gerð. Er þar annars vegar um að ræða orðalag 12. gr. og hins vegar efni 16. gr. þar sem nú er valin sú leið að láta málið heyra undir utanríkisráðherra, enda mun ábyrgðin á að afla slíkri friðlýsingu viðurkenningar fyrst og fremst hvíla á hans herðum. Að öðru leyti vísast til eldri greinargerða:

„Þrátt fyrir að miklir atburðir hafi orðið í afvopnunarmálum og alþjóðastjórnmálum síðan það var samið og flutt í fyrsta sinn á 109. löggjafarþingi veturinn 1986–1987 hefur það í engu tapað mikilvægi sínu. Þvert á móti auðveldar tvímælalaust sú jákvæða þróun sem orðið hefur í samskiptum herveldanna samhliða breytingum í Austur-Evrópu og einnig hinir víðtæku afvopnunarsamningar Íslendingum að ganga á undan með góðu fordæmi eins og hér er lagt til. Því ber að fagna að nú er betra lag en nokkru sinni fyrr til að festa í sessi þá afstöðu að afvopnun verði að taka til hafsvæðanna ekki síður en til lands og lofts. Nýjustu fréttir um einhliða ákvarðanir stórveldanna um stórfelldan niðurskurð kjarnorkuvopna ættu að sannfæra þá sem enn kynnu að hafa efasemdir um að aðgerð af því tagi að friðlýsa Ísland fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum er raunhæft og tímabært skref af okkar hálfu í takt við þróun mála umhverfis okkur.

Í tilkynningu Bush, forseta Bandaríkjanna, frá 27. september sl. felst m.a. að Bandaríkjamenn ákveða einhliða að taka úr umferð og eyða öllum kjarnorkuvígvallarvopnum og taka úr umferð meðaldræg kjarnorkuvopn um borð í skipum og kafbátum, sem og sprengjur flugvéla í flugmóðurskipum, og að sprengjuflugvélar sem bera kjarnorkuvopn verða teknar úr viðbragðsstöðu og svo mætti áfram telja.

Svar Gorbatsjovs 5. október sl. er á líkum nótum. Rétt er einnig að hafa í huga START-samningana um fækkun langdrægra kjarnorkuvopna, samning um takmörkun hefðbundinna vopna og herafla í Evrópu og yfirstandandi viðræður og umleitanir á mismunandi stigum um framlengingu samnings um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, um tilraunabann og um útrýmingu efnavopna og sýklavopna svo nokkuð sé nefnt. Því verður ekki á móti mælt að það er meira en tímabært að við Íslendingar tökum nú til umfjöllunar hvernig við getum af okkar hálfu lagt þessari jákvæðu þróun mála lið og verið þar í fararbroddi. Annað sæmir ekki þeirri þjóð sem gjarnan hrósar sér af því að vera vopnlaus og friðelskandi.

Það er skoðun flutningsmanna að með aðgerðum af því tagi sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir væri í senn með afdráttarlausum hætti staðfestur í löggjöf landsins vilji okkar til að tryggja frið, öryggi og varðveislu auðlinda á okkar slóðum og sýnt af Íslands hálfu kjarkmikið fordæmi í anda þeirra stóratburða í afvopnunarmálum og alþjóðasamskiptum sem varðað hafa veginn sl. mánuði og ár.

Frumvarpinu fylgdi á sínum tíma þegar það var endurflutt á 110. löggjafarþingi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt. Sú breyting hefur verið gerð að bætt hefur verið inn í frumvarpið einni grein, 11. gr., sem fjallar um sérstakt bann við flutningi eða losun geislavirkra efna innan hins friðlýsta svæðis. Þar sem eitt meginmarkmið laga um friðlýsingu Íslands yrði að draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á og í grennd við landið þótti eðlilegt að taka inn í frumvarpið slík ákvæði.

Ísland er að vísu aðili að svonefndum Lundúnasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna en sá samningur er ekki afdráttarlaus hvað t.d. lággeislavirkan úrgang varðar, auk þess sem ekkert er því til fyrirstöðu að við setjum okkur sjálf strangari reglur í eigin lögsögu. Sjálfsagt er að Íslendingar, sem eiga lífsafkomu sína undir auðlindum hafsins, gangi á undan með góðu fordæmi í þessum efnum.

Síðan frumvarpið var samið og lagt fram sl. vetur hefur það gerst að frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland var samþykkt sem lög á þinginu í Wellington. Lögin tóku hins vegar næsta litlum breytingum frá upphaflega frumvarpinu og þykir því ekki ástæða til að láta þýða lögin í sinni endanlegu mynd en látið duga að prenta nýsjálenska frumvarpið sem fylgiskjal eins og áður.

Að öðru leyti getur greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, staðið án athugasemda. Hún er svohljóðandi:

Frumvarp þetta er lagt fram til kynningar og til að hefja umræður um hvernig staðið skuli að því að festa í lög þá yfirlýstu stefnu Alþingis og ríkisstjórna að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn. Rétt þótti að láta sambærilegt bann við eiturefnavopnum fylgja með í lögunum.

Það er eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Í framhaldi af slíkri lagasetningu hlýtur að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við frumvarp um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland sem er til umfjöllunar á þingi þeirra Nýsjálendinga í Wellington, lagt fram af forsætisráðherra landsins, David Lange. Einnig var tekið mið af hugmyndum sem settar hafa verið fram um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Frumvarp þetta á enn fremur í öllum meginatriðum að vera í samræmi við ákvæði um önnur kjarnorkuvopnalaus svæði eða friðlýst svæði, svo sem Tlatelolco-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Ameríku, Rarotonga-samninginn um kjarnorkuvopnalaust svæði í Suður-Kyrrahafi og stöðu þessara mála á alþjóðavettvangi, sbr. lokakafla ályktunar frá afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1978, sjá fylgiskjöl.

Höfundur telur rétt að nokkur tími sé til stefnu frá því að frumvarp þetta verður að lögum og þar til lögin taka gildi. Þann tíma þarf að nota m.a. til að afla svæðinu viðurkenningar, undirbúa eftirlit og annað sem að framkvæmdinni lýtur.

Enginn vafi er á því að lagasetning af þessu tagi um kjarnorku- og eiturefnavopnafriðlýsingu væri stórt framlag og hvatning af Íslands hálfu til afvopnunar og friðarviðleitni í heiminum. Ótvírætt væri gildi þess fyrir framþróun hugmynda um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum ef Íslendingar tækju fyrir sitt leyti af skarið með kjarnorkufriðlýsingu landsins. Verulegur skriður hefur verið á umræðum og mótun hugmynda um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd upp á síðkastið en því miður virðist svo sem framlag íslenskra yfirvalda hingað til hafi fyrst og fremst orðið það að tefja fyrir málinu. Hér er lagt til að bragarbót verði gerð í því efni í samræmi við ótvíræðan vilja þjóðarinnar ef marka má kannanir. Að sjálfsögðu mundi svo hið friðlýsta íslenska svæði ganga inn í væntanlegt kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og verða hluti af því hvað varðaði samninga um viðurkenningu, eftirlit og alla framkvæmd.

Hér er einnig um stórt umhverfismál að ræða og fyllilega tímabært að við Íslendingar tökum af meiri alvöru á þeirri ógn sem okkur og heiminum öllum stafar af kjarnorkuvopnum og kjarnorkuknúnum farartækjum, kjarnorkuúrgangi, eiturefnum o.s.frv.

Sjálfsagður liður í þessu er að banna með öllu siglingar eða umferð kjarnorkuknúinna farartækja upp að landinu.

Skylt er að geta þess að þessu máli og öðrum hliðstæðum hefur verið hreyft áður á Alþingi. Að minnsta kosti fjórum sinnum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um bann við geymslu og notkun kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði. Í öll skiptin hefur þar verið um að ræða tillögur að ályktunum um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf. Fyrst var slík tillaga flutt af Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni á 97. löggjafarþingi, síðan af Svövu einni á 100. löggjafarþingi og svipuð tillaga af Guðrúnu Helgadóttur o.fl. á 102. og 107. löggjafarþingi. Einnig hafa verið fluttar margs konar tillögur sem efninu tengjast, svo sem um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, afvopnun á Norður-Atlantshafi o.fl., en hér er eftir því sem best er vitað málið í fyrsta sinn komið í frumvarpsbúning.

Um skýringar að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins, fylgiskjöl og í framsöguræðu. Einnig má benda á rit öryggismálanefndar (rit 3) um kjarnorkuvopnalaus svæði eftir Þórð Ingva Guðmundsson, en það er að því leyti ófullnægjandi að það er orðið nokkurra ára gamalt (1982) en þróun þessara mála hefur verið hröð upp á síðkastið."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laganna er megintilgangur þeirra skýrður nánar en fram kemur í heiti frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi lagagrein fjallar um markmið laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér er vikið að skilgreiningum eða merkingu orða að svo miklu leyti sem slíkt var talið nauðsynlegt.

Hugtakið kjarnorkuvopn er hér skilgreint á sama hátt og í flestum hliðstæðum tilfellum, þ.e. þegar verið er að fjalla um eða ákveða hvað skuli teljast „kjarnorkuvopn" við skilgreiningu hugtaka í sambandi við kjarnorkuvopnalaus svæði, sbr. fylgiskjöl.

Eiturefnavopn eru hér nánast í sinni víðustu merkingu látin ná yfir öll skaðleg efni eða efnasambönd sem nota á sem vopn til að skaða fólk, mannvirki eða náttúru. Innifalin eru í þessari skilgreiningu lífefnavopn, en um þau gilda alþjóðlegir samningar um bann við þróun, framleiðslu og uppsöfnun sýklavopna (líffræðilegra vopna) og vopna er nýta lífefnaeitur, og um eyðingu slíkra vopna, frá 10. apríl 1972. Að öðru leyti yrði að afla hinni víðtæku íslensku skilgreiningu sérstaklega viðurkenningar.

Ákvæði um „íslenskt yfirráðasvæði" og hið „friðlýsta svæði" skýra sig í raun sjálf. Flutningsmenn telja eðlilegt að friðlýsingin nái til alls þess svæðis sem ýtrustu kröfur Íslands, á grundvelli þjóðaréttar og fullveldisréttar, ná til, sjá einkum lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, og hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, einkum V. hluta, 55.–57. gr., og VI. hluta, 76. gr.

Um 4.–7. gr.

Í 4.–7. gr. eru tíundaðar kvaðir sem fylgja hinu friðlýsta svæði. Þar eru í öllum aðalatriðum á ferðinni atriði sem Íslendingar hafa þegar undirgengist með fullgildingu samningsins um að dreifa ekki kjarnorkuvopnum, sjá fskj. II, 1. og 2. gr., og samninga um tilraunabann og bann við staðsetningu kjarnorkuvopna á hafsbotni (undirritaður fyrir Íslands hönd 11. febr. 1971). Hér eru hins vegar persónulega lagðar kvaðir á alla íslenska ríkisborgara og erlenda menn í þjónustu ríkisins eða sem dvelja innan svæðisins. Þannig er kjarnorku- og eiturefnavopnabannið í senn bundið ríkinu sem samanstendur af borgurunum, íslensku yfirráðasvæði og öllum íslenskum ríkisborgurum sem einstaklingum, hvar og hvenær sem er. Að öðru leyti vísast til fylgiskjals um skýringar.

Um 8.–9. gr.

Í 8.–9. gr. er lagt hliðstætt bann við umsýslan með eiturefnavopn innan hins friðlýsta svæðis og á við um kjarnorkuvopn. Sjá einnig skilgreiningu á hugtakinu „eiturefnavopn" í athugasemdum um 3. gr.

Um 10. gr.

Í 10. gr. eru skýr fyrirmæli um að kjarnorkuknúin farartæki megi ekki koma inn á hið friðlýsta svæði nema ferð þeirra falli undir ákvæði 12. gr.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka af öll tvímæli af Íslands hálfu um að losun geislavirks úrgangs eða geislavirkra efna í íslenskri lögsögu er bönnuð hverjum sem er. Í reynd má segja að slíkt bann sé þegar að flestu leyti í gildi með lögum nr. 20/1972, lögum um bann við losun hættulegra efna í sjó, einnig með aðild Íslands að alþjóðasamningum, einkum samningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, sjá lög nr. 20/1973, og samningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn LDZ), sjá lög nr. 53/1973. Flutningar með slík efni skulu lúta sömu takmörkunum og umferð vígvéla og kjarnorkuknúinna farartækja eru sett, en óhjákvæmilegt er að hafa sambærileg ákvæði um rétt til friðsamlegrar umferðar í þessu tilviki, sbr. 23. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 12. gr.

Óhjákvæmilegt er að hafa heimildir til að veita undanþágur vegna alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslands, en gert er ráð fyrir að einungis bein umferð eða gegnumferð, án óþarfa viðdvalar á alþjóðlegum leiðum, geti verið undanþegin ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri málsgreinar 11. gr. og þó aldrei nær landi en að 12 mílna mörkum. Við samningu þessarar greinar var höfð hliðsjón af ákvæðum í frumvarpinu um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, en þetta frumvarp gengur lengra og heimilar engar undanþágur gagnvart íslensku innsævi, íslensku landhelginni (innan 12 mílna marka) og loftrýmisins þar yfir. Frumvarpið byggir því á ýtrustu kröfum um rétt okkar Íslendinga til að friðlýsa án undantekninga land okkar, landhelgi og lofthelgi þar yfir og til að friðlýsa eftir því sem fært er með tilliti til alþjóðlegrar umferðar efnahagslögsöguna alla, landgrunnið og önnur svæði sem talist geta íslensk yfirráða- eða áhrifasvæði. Að öðru leyti vísast til alþjóðlegs réttar og skuldbindinga Íslendinga á sviði samgöngumála, sérstaklega hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

Um 13. gr.

Hér er það skýrt tekið fram að stjórnvöldum sé óheimilt að gefa undanþágur frá ákvæðum um hið friðlýsta svæði, jafnt þó um friðsamlegar heimsóknir sé að ræða. Komi upp vafaatriði í þessu sambandi skal ætíð aflað bestu fáanlegra upplýsinga og ríkisstjórn og Alþingi skulu hafa náið samráð um allar ákvarðanir í slíkum tilfellum. Hafa má til hliðsjónar ákvæði samninga risaveldanna um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar, svo sem SALT-samningana, um hvenær farartæki eða stöðvar eru skilgreind sem búin kjarnorkuvopnum.

Um 14. gr.

Greinin leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum að afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar eins og gert hefur verið í hliðstæðum tilfellum (sjá fylgiskjöl) og samþykktir Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðlegra aðila gera ráð fyrir.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um refsiákvæði og er hliðstæð ákvæðinu í nýsjálenska frumvarpinu.

Um 16. gr.

Eðlilegt þykir að framkvæmd laganna heyri undir utanríkisráðherra en honum sé heimilt að fá aðra ráðherra til aðstoðar við sig ef aðstæður mæla með. Náið samráð skal vera milli utanríkisráðherra og Alþingis um framkvæmdina. Í fyrri útgáfum frumvarpsins var tekið mið af nýsjálenska fyrirkomulaginu og framkvæmdin látin heyra undir forsætisráðherra en hér er horfið frá því eins og áður sagði. Ekki er ólíklegt að framkvæmd málsins verði falin fleiri en einum ráðherra, auðvitað fyrst og fremst utanríkisráðherra en einnig samgönguráðherra og e.t.v. umhverfisráðherra. Æskilegt væri að þingnefnd tæki afstöðu til þessara kosta.

Um 17. gr.

Rétt þykir að nokkur tími gefist frá samþykkt laganna til gildistöku þannig að undirbúa megi framkvæmdina sem best.

Með frumvarpinu voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 182 (168. mál 115. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1991, bls. 1583–1610:

I. Frumvarp til laga um kjarnorkuvopnalaust Nýja-Sjáland, afvopnun og takmörkun vígbúnaðar (David Lange).
II. Auglýsing um fullgildingu samnings um að dreifa ekki kjarnavopnum. (Sjá einnig C-deild Stjtíð. 1969, bls. 65–73.)
III. Samþykki samráðsfundar friðarhreyfinga á Norðurlöndum 23.–24. apríl 1983.
IV. Samningur um bann við kjarnorkuvopnum í rómönsku Ameríku (Tlatelolco-samningurinn árið 1967).
V. Samanburður á skuldbindingum um takmörkun vopna í Rarotonga-samningnum og Tlatelolco-samningnum (Jozef Goldblat og Sverre Lodgaard).
VI. Úr lokayfirlýsingu aukaþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál 1978.

142. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um aðbúnað um borð í fiskiskipum.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Sigurður Hlöðvesson,
Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að gera úttekt á aðbúnaði og starfsumhverfi skipverja um borð í íslenskum fiskiskipum og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um úrbætur í þeim efnum. Í nefndinni eigi sæti átta fulltrúar skipaðir af Vinnueftirliti ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum úthafsútgerða, landlæknisembættinu og Félagi íslenskra heimilislækna.

Úttektin taki til allra fiskiskipa sem gerð eru út af íslenskum útgerðum og taki m.a. til eftirfarandi þátta:

a. öryggismála og alls aðbúnaðar í íbúðum og við störf um borð,
b. möguleika skipverja til líkamsræktar og tómstundaiðkunar með tilliti til þess tíma sem veiðiferðin tekur,
c. möguleika skipverja til að hafa samband við umheiminn, sérstaklega fjölskyldu sína,
d. lengd útiveru og hvenær slíkt sé í síðasta lagi ákveðið,
e. dvalartíma í landi milli veiðiferða og hvenær hann sé ákveðinn,
f. vaktafyrirkomulags og hvíldartíma.

Að lokinni úttekt skal nefndin gera tillögur um úrbætur á því sem betur má fara til ríkisstjórnarinnar. Skulu þær tillögur liggja fyrir skriflega eigi síðar en 1. júlí 1997 og leggi ríkisstjórnin þær fyrir Alþingi í upphafi þings haustið 1997.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur umræða um aðbúnað skipverja um borð í fiskiskipum sem gerð eru út af íslenskum útgerðum aukist. Bendir margt til þess að aðbúnaður sé ekki alls staðar sem skyldi og standist ekki nútímakröfur. Hefur athyglin þar einkum beinst að svonefndum úthafsveiðiskipum, þ.e. skipum sem fara í langar veiðiferðir á fjarlæg mið, þótt vissulega gildi það sama fyrir skip með langa útiveru innan landhelginnar. Í nýlegri umfjöllun í Vinnunni, tímariti ASÍ, var fjallað um þessi mál og þar kom fram gagnrýni á aðbúnað skipverja sem nauðsynlegt er að taka alvarlega. Skipverjar eru sagðir hafa fábrotna aðstöðu til tómstundaiðkunar, samband við land sé takmarkað, aðstaða til líkamsræktar lítil eða engin, útiverutími óöruggur og dvalartími í landi sömuleiðis og svo mætti lengi telja. Slíkt starfsumhverfi veldur að sjálfsögðu mikilli vanlíðan hjá skipverjum og í umræddri umfjöllun er því lýst að þeir þjáist oft af þunglyndi, sem orsakist ekki síst af því hversu erfitt sé að samhæfa fjölskyldulíf og vinnu, hversu fábrotin aðstaða sé til tómstundaiðkunar og líkamsræktar og samskipti við umheiminn stopul. Þá er því einnig lýst að óljós brottfarartími og heimkomutími sé til þess fallinn að spilla að miklu leyti þeim tíma sem menn eiga í landi hverju sinni og geri það að verkum að hann nýtist ekki sem skyldi til hvíldar og afslöppunar. Ýmislegt fleira mætti nefna sem hnígur í sömu átt og fram hefur komið á undanförnum mánuðum. Í viðtölum í fjölmiðlum við sjómenn, aðstandendur þeirra og jafnvel lækna kemur fram að álagið er mikið, bæði á sjómennina sjálfa og fjölskyldur þeirra.

Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er launafólki í landi tryggð ákveðin vinnuvernd, sem felst í lágmarksreglum um öryggi og aðbúnað á vinnustaðnum. Þessi lög taka ekki til skipa og önnur lagaákvæði um vinnuvernd í skipum eru fábrotin. Sérstaklega þykir því ástæða til að gera úttekt á þessum málum um borð í fiskiskipum með það í huga að gerðar verði tillögur til úrbóta sem miði að því að öll fiskiskip uppfylli nútímakröfur um aðbúnað og starfsumhverfi á vinnustöðum.

Kröfur um aðbúnað til sjós hafa að sjálfsögðu breyst mjög mikið á síðustu árum og tekur það jafnt til íbúða sem vinnuaðstöðu. Nýjustu skip flotans eru flest hönnuð með það í huga að búa sem best að áhöfn og gera lífið um borð sem eðlilegast eftir því sem slíkt er hægt. Í flotanum eru hins vegar misgömul skip og aðbúnaður því mjög mismunandi. Verst er ástandið þegar gömul skip, þar sem mikil þrengsli eru um borð og líkamsræktar- og tómstundaaðstaða lítil eða engin, fara í langar veiðiferðir.

Einn þátt þessa máls þarf að skoða sérstaklega, en það eru reglur um úreldingu fiskiskipa og að hve miklu leyti þær verka sem hemill á úrbætur.

Fylgiskjal.

Mannlega hliðin á úthafsveiðunum.

(Vinnan, 8. tbl. ágúst 1996.)

Í umræðum um veiðar í Smugunni og á fleiri fjarlægum miðum hefur mest farið fyrir deilum um hafréttarmál og fréttir af aflabrögðum. Minna hefur verið fjallað um þá staðreynd að einangrun lengst út í hafi, vikum eða mánuðum saman, á skipum sem ekki bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar eða líkamsþjálfunar, hefur valdið fjölda sjómanna alvarlegum skaða. Andleg og líkamleg vanlíðan, þunglyndi og sjálfsvíg eru meðal þeirra afleiðinga sem úthafssjómenn og læknar, sem hafa fengið þá til meðferðar, lýsa í viðtölum við Vinnuna.

„Þetta er í stuttu máli sagt hryllingur," segir ungur sjómaður sem er hættur eftir að hafa verið við veiðar í fjögur ár á fjarlægum miðum, lengst af í Smugunni. Hann segir að fólk sem aldrei hafi verið á sjó geti sennilega ekki skilið þessa líðan. Heimilislæknir, sem allmargir sjómenn af úthafsveiðiflotanum hafa leitað til, segir þetta ástand skapast á smærri skipunum sem ekki eru búin til úthafsveiða og hafa ekki aðstöðu til líkamsræktar og fjölbreyttari afþreyingar. Ferlið er alltaf það sama: Fyrst tapa menn framtaksseminni og hafa sig ekki í að lesa eða hafa ofan af fyrir sér. Því fylgir svefnleysi og loks vaxandi pirringur eða ólga. Sé ekkert að gert getur gífurlegt þunglyndi fylgt í kjölfarið.

Engar reglur eru til um lágmarksafþreyingu eða aðstöðu til einhvers konar líkamsræktar um borð í úthafsveiðiskipum. Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, segir nauðsynlegt að vekja máls á þessu vandamáli og að bæta þurfi aðbúnað manna um borð, sérstaklega þeirra sem fiska á fjarlægum miðum.

Hin hliðin á úthafsveiðum.

Ekki er langt síðan íslenskir útgerðarmenn fóru að senda skip í Smuguna svokölluðu. Síðan þá hefur umræðan um veiðar á fjarlægum miðum snúist um deilur við vinaþjóðir eða þann mokafla og aflaleysi sem virðast einkenna veiðarnar á víxl. Sjómennirnir um borð virðast algerlega falla utan athyglinnar. Túrarnir sem þeir taka eru allt að tveggja mánaða langir og einangrunin er alger. Því gefur augaleið að aðbúnaður um borð þarf að vera fyrsta flokks. En er það alltaf svo? Hvernig er búið að sjómönnum sem sendir eru í hátt í tveggja mánaða einangrun til að afla tekna fyrir þjóðarbúið?

Smugusiglingarnar hófust fyrir alvöru í fyrra en þá voru það fyrst og fremst nýjustu frystitogararnir sem héldu þangað norður eftir. Þar er aðstaða um borð mjög góð, skipin eru búin fyrir langa túra og bjóða upp á ýmiss konar afþreyingar- og líkamsræktarmöguleika. Í ár hafa siglingar í Smuguna aukist mjög og í mörgum tilvikum er verið að senda skip sem eru hreinlega ekki gerð fyrir slíkar ferðir. Um er að ræða eldri skip þar sem aðstaða fyrir mannskapinn er lítil sem engin. Þar er engin aðstaða til heilsuræktar, vistarverur litlar og til dægradvalar í mesta lagi eitt myndbandstæki. Þegar lítið fiskast, eins og brunnið hefur við, er ekkert sem menn geta fengið útrás á eða dreift huganum við og einangrunin verður yfirþyrmandi.

Það er staðreynd að nokkur fjöldi Smugusjómanna hefur þurft að leita sér læknishjálpar vegna vanlíðunar og jafnvel þunglyndis sem beinlínis stafar af aðgerðarleysinu. Í verstu tilvikunum endar þetta með því að menn svipta sig lífi.

Ég fer aldrei aftur.

Vinnan ræddi við ungan mann sem er nýhættur á sjónum eftir að hafa verið í fjögur ár við veiðar á fjarlægum miðum, lengst af í Smugunni en síðustu mánuðina á Flæmska hattinum. Hann segir skipið sem hann var á engan veginn hafa verið búið til slíkra langtímasiglinga og ber dvölinni um borð ekki vel söguna.

„Ég er hættur, fékk ógeð. Þetta er í stuttu máli sagt hryllilegt. Ég held að fólk verði bara þunglynt á þessu. Ég hef orðið var við það hjá félögum mínum og fundið fyrir því sjálfur, hef þurft að leita til læknis. Ég held að það sé nokkuð algengt. Ég ætlaði að fara út núna, þeir sigldu í Smuguna, en svo gat ég ekki hugsað mér það. Ég sagði þeim að þótt ég fengi milljón fyrir túrinn þá myndi ég ekki fara, ekki fyrir þessa líðan. Ég veit ekki hvað það eru mörg skip þarna úti núna, ég er alveg hættur að fylgjast með þessu. Hef köttað þetta alveg út úr mínu lífi. Ég fer aldrei aftur."

Ekkert einkalíf.

„Það var rosalega lítið fiskerí, ekkert að gera og það fer bara illa með fólk. Þá er horft á videó en efnið er fljótt að verða búið. Á allra nýjustu skipunum eru sána, ljósabekkir og líkamsræktartæki en það er ekkert þannig hjá okkur. Við getum haft samskipti við land en bara í gegnum loftskeytastöð sem allir geta hlustað á þannig að maður getur aldrei verið út af fyrir sig, á ekkert einkalíf.

Fréttir eru líka lengi að berast. Stundum fréttist ekkert. Skipstjórinn heyrir kannski eitthvað í gegnum stöðina en svo segir hann manni þetta kannski nokkrum dögum seinna ef maður spyr. Maður er alveg langt á eftir öllu, á allt annarri bylgjulengd þegar maður kemur í land. Það er rosalega skrýtið að koma í land. Maður nær ekki að gera neitt, reynir að fara út að skemmta sér, finnst maður eiga skilið að djamma, en hugsar samt bara um næstu ferð. Líðanin er samt miklu betri í hléunum, það er rosalega gott að koma í land."

Fólk getur ekki skilið þetta.

„Kauptryggingin er ekki neitt og sem betur fer veiðist alltaf eitthvað. Það er mjög mikill munur að hafa eitthvað að gera. Við vorum 25 um borð í Smugunni en á Flæmska hattinum vorum við í rækju, það er öðruvísi vinna og þá vorum við bara 15.

Þetta eru frá 30 og upp í 50 daga túrar og þriggja til fjögurra daga hlé á milli.

Þetta er miklu algengara en fólk heldur. Fólk sem hefur aldrei farið á sjó skilur þetta ekki, þetta er allt annað en styttri siglingarnar. Það er allt í lagi að fara einn til tvo túra en þeir sem eru að þessu allt árið án þess að taka sér frí, ég get ekki ímyndað mér hvernig það er. Ég hef alltaf tekið mér reglulega frí en sumir eru mjög fastir þarna og geta ekki hugsað sér að vinna í landi. Ég segi að þeir séu orðnir ruglaðir á þessu.

Ég frétti þegar ég var úti síðast að það var einn sem byrjaði að babla við aflann og tala til Guðs. Hann klikkaðist alveg, ég held að það hafi þurft að sprauta hann niður. Hann er kominn í land núna."

Menn byrgja vanlíðanina inni.

„Það hefur verið læknir um borð í varðskipunum í Smugunni en menn byrgja þetta inni í sér og leita ekki til læknis þótt þeir séu langt niðri. Þeir tala heldur ekki um það við félagana, nema kannski sína bestu vini. Þá segir maður bara að þetta sé ömurlegt og þeir taka undir það en það er ekkert hægt að gera. Maður missir allt skyn, verður drullusama um allt og hættir að upplifa heiminn í kringum sig.

Ungu strákarnir hætta frekar, þeir eiga kannski auðveldara með að fá aðra vinnu, hinir eru orðnir svo grónir í þessu. Ég held að megnið af þeim sem hætta geri það út af þessari vanlíðan. Þeir segja það bara ekki, þeir eru orðnir hundleiðir enda er þetta ekkert líf. Maður getur alveg eins verið í fangelsi. — Þetta er örugglega verra en að vera í fangelsi."

Bæði andleg og líkamleg vanlíðan.

Guðrún Guðmundsdóttir hefur starfað sem heimilislæknir í tveimur bæjum sem gert hafa út skip í Smuguna. Hún segist reglulega hafa fengið sjómenn af Smuguskipunum til sín. Oftast hafi verið um unga fullfríska menn að ræða sem sáu ekki fram á að geta lifað eðlilegu lífi eftir langan tíma í slíkri einangrun.

„Það sem maður verður var við hjá mönnum sem hafa verið svona lengi úti," segir Guðrún, „er mikil vanlíðan. Þeir geta ekki haft samband við sína nánustu, þeim finnst þeir hafa misst tengslin við vini og fjölskyldur og vantar samfellu í það sem er að gerast. Þeir hafa ekki getað haft samband í einrúmi og finnst þeir ekki fá að taka þátt og upplifa tilfinningarnar á sama tíma og allir aðrir, eru eins og áhorfendur en ekki þátttakendur í lífi fjölskyldunnar — og eigin lífi."

Allt grátt.

„Einkennin eru alltaf þau sömu. Þetta byrjar á því að menn verða framtaksminni og hafa sig ekki í að lesa eða hafa ofan af fyrir sér. Þessi andlega deyfð verður síðan að líkamlegum pirringi. Menn ná ekki að sofna, finnst vera mikil ólga inni í sér og þeim líður eins og þeir séu fullir umframorku sem þeir geta ekki losnað við. Það er eins og þeir séu allir á nálum.

Ástæðan er að það er enga örvun að fá, þeir eru búnir að horfa á allt, búnir að tala um allt við félagana. Þegar ekkert veiðist er ekkert að gera og allt er grátt í kring á þessum slóðum. Þeir sem eru veikir fyrir fara verst út úr þessu en ég held því fram að hjá fullfrískum mönnum á togurum þar sem þeir hafa ekkert pláss, ekkert einkalíf og enga möguleika á að fá líkamlega útrás, brjótist út gífurleg vanlíðan. Málið er að við þurfum öll örvun á skynfærin, en á smærri skipunum sem ekki eru sérstaklega gerð fyrir svona siglingar er ekki nein.

Svo koma menn heim í pirringsfasanum og ná ekki að eiga eðlileg samskipti við fólk og hafa þrjá til fjóra daga í landi til að ná áttum. Það er engan veginn nóg til að jafna sig. Þegar dvalið er lengur í landi lagast þetta yfirleitt því ekki er um varanlegt ástand að ræða.

Ég hef rætt við nokkra menn út af þessari vanlíðan en þeir koma ekki allir. Stundum frétti ég af skipum sem voru að sigla með menn í land sem þoldu ekki einangrunina en komu þó ekki til læknis.

Þetta kemur eiginlega ekki fyrir á flottu togurunum. Ég þekki ekki dæmi þess enda er aðstaðan um borð allt önnur. Þar geta menn farið í líkamsrækt og fengið útrás með því sem er mikill munur. Mér finnst því mikil spurning hvort ekki eigi að skylda togara sem eru í jafnlöngum siglingum og Smugutogararnir til að hafa einhvern lágmarksaðbúnað fyrir sjómennina. Það gengur ekki að senda menn í margra vikna útlegð án þess að huga að aðbúnaðinum."

Sjálfsvíg.

Að sögn Guðrúnar getur þessi vanlíðan náð þriðja stiginu, sem er gríðarlegt þunglyndi. Menn verða mjög langt niðri en búa samt yfir nægri orku til að svipta sig lífi. Sem betur fer fara fæstir á þetta stig, en sjálfsvíg eru tíðari en fólk grunar. Þá eygja menn enga von og binda enda á líf sitt um borð í skipunum. Sjómaður sem hefur verið í Smugunni benti á hversu mikilvægt það væri að vita af varðskipi í nánd. Á einum togaranum hefði maður svipt sig lífi og ef ekki hefði verið hægt að flytja hinn látna um borð í varðskip hefðu þeir sem eftir lifðu endanlega farið yfir um.

Reglur um aðbúnað.

Varlega áætlað er um helmingur íslenska flotans í Smugunni ekki búinn til slíkra langtímasiglinga. Verið er að senda þangað skip sem venjulega eru í stuttum túrum innan landhelginnar og því er aðstaða fyrir mannskapinn um borð lítil sem engin. Reglur um lágmarksaðbúnað eru til hjá Siglingamálastofnun og þar á þeim að vera fylgt eftir. Þær kveða á um lágmarksstærð mannaíbúða og aðstöðu til matar og þrifa. Engar reglur eru til um lágmarksafþreyingu eða aðstöðu til einhvers konar líkamsræktar.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir þessi mál vera í sífelldri endurskoðun og tekur mjög ákveðið undir þau sjónarmið að það þurfi að vera lágmarksaðstaða fyrir menn með langa útivist.

„Það gerist fyrst í fyrra að þeir fara að fara í þessar útlegur," segir Sævar, „og byrjunin er að vekja athygli á þessu. Það er hægara sagt en gert að grípa inn í því reglurnar eru ekki til, það veltur alveg á útgerðunum hvaða aðstaða er um borð." Sævar segir vandamálið vera þess eðlis að mjög erfitt sé að gera kröfu um að breyta gömlum skipum í ný skip, þá vakni sú spurning hjá útgerðarmönnunum hvar eigi að taka peninginn til þess.

„Það má ekki stækka skipin nema borga einhver hundruð þúsunda króna fyrir hvert tonn sem skip er stækkað um, jafnvel þótt það sé ekki nema til að gera mannaíbúðir í þeim. Þetta snertir meðal annars lögin um stjórn fiskveiða. En ég tek undir það að það þarf að bæta aðbúnað manna um borð, sérstaklega á fjarlægu miðunum," segir Sævar Gunnarsson.

Of hár fórnarkostnaður?

Það tók langan tíma að berja Vökulögin frægu í gegn á sínum tíma en setning þeirra árið 1921 þótti marka tímamót í vinnuverndarmálum á Íslandi. Þau lög skylduðu útgerðirnar til að sjá til þess að sjómenn fengju eðlilegan hvíldartíma. Rökin gagnvart útgerðunum voru einföld: einungis með fullri heilsu gætu sjómennirnir haldið fullum afköstum. Þau rök halda enn í dag. Velferð mannanna um borð má ekki gleymast þegar leitað er allra leiða til að auka aflann. Veiðar á fjarlægum miðum eru ný leið til að afla útgerðinni tekna en við ættum að spyrja um fórnarkostnaðinn þegar ekkert er lagt í aðstöðuna um borð.

143. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich, Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Guðjón Guðmundsson, Viktor B. Kjartansson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er athugi hvernig megi auðvelda þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi með nýrri tækni í fjarskiptamálum og draga jafnframt úr kostnaði samfara slíku starfi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur alþjóðlegt starf Íslendinga aukist mjög og bendir flest til þess að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Aukið samstarf þjóða veldur því að ákvarðanir í einu landi hafa áhrif í öðru. Hindrunum í samskiptum og viðskiptum fækkar og aukast þá tengsl þjóðanna jafnframt því sem hin alþjóðlega verkaskipting eykur verðmætasköpun og bætir lífskjörin. Því er ljóst að auk þess að vera óhjákvæmileg þróun er slíkt samstarf æskilegt.

Íslendingar þurfa að vera þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Utanríkisviðskipti eru snar þáttur í efnahagsbúskap okkar og við erum háðari þeim en margar aðrar þjóðir. Innlendur markaður er smár og því er okkur lífsnauðsyn að eiga greiða leið með vörur okkar á alþjóðlega markaði. Sú þróun hefur og orðið að íslensk fyrirtæki eru í auknum mæli að hasla sér völl erlendis. Dæmi um slíkt má finna á sviði sjávarútvegs, hugbúnaðargerðar og flugrekstrar. Í þessu starfi felast miklir framtíðarmöguleikar fyrir íslenskt starfsfólk og íslenskar framleiðsluvörur.

Þó svo að margs konar alþjóðleg samskipti og viðskipti aukist öðum er augljóst að fámennri þjóð er vandi á höndum. Annars vegar blasa við margvísleg not af þessari útrás, en hins vegar er vitað að fámennri þjóð eru reistar skorður við þátttöku í alþjóðlegu samstarfi jafnt á viðskiptasviðinu sem öðrum sviðum. Fámenni hindrar það oft að við getum tekið þátt í alþjóðlegu starfi, sem tvímælalaust yrði okkur þó til hagsbóta.

Alþjóðlegt samstarf er oft gríðarlega dýrt. Því fylgja einatt kostnaðarsöm ferðalög til útlanda. Slíkar ferðir taka einnig oft langan tíma fyrir okkur Íslendinga sakir fjarlægðar frá öðrum ríkjum. Ekki er óalgengt að Íslendingar sem erindi eiga út fyrir landsteinana á fund þurfi að eyða til þess tveimur til þremur dögum en fulltrúar annarra ríkja geta farið slíkar ferðir á einum degi og kannski tæplega það.

Þetta veldur því að oft láta Íslendingar hjá líða að senda fulltrúa til slíkra funda sem þó kynnu að vera mikilvægir fyrir viðkomandi stofnun eða fyrirtæki og þá þjóðina í heild. Að minnsta kosti er ljóst að slíkar fundaferðir eru gríðarlega dýrar því að auk hins beina ferðakostnaðar felst auðvitað mikill kostnaður í fjarveru fólks frá daglegum störfum sínum dögum saman vegna eins fundar sem kannski stendur einn eða tvo klukkutíma.

Nútímafjarskipti bjóða upp á margvíslega möguleika á þessu sviði. Símafundir eru að verða hluti af nútímasamfélagi. Sífellt er verið að þróa og bæta þetta samskiptaform og stórfyrirtæki taka það í notkun í auknum mæli. Sem dæmi má nefna Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem nú starfrækir tvær skrifstofur á landinu, í Reykjavík og á Akureyri.

Nauðsynlegt samstarf starfsmanna þessara skrifstofa fer m.a. fram með því að nýta nútímafjarskiptatækni.

Íslendingar hafa reynst vera allra manna hugkvæmastir og ötulastir við að taka upp nýja tækni til margs konar hluta. Fjarskipti hér á landi eru almennt eins og best þekkist í heiminum. Tölvunotkun og tölvueign er ótrúlega almenn. Þessa stöðu þurfum við að nýta.

144. Fyrirspurn [133. mál]

til forsætisráðherra um flóttamenn í Austur-Saír.

Frá Þórunni Sveinbjarnardóttur.

1. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við ákalli norrænu rauðakrossfélaganna um hjálp til handa hundruðum þúsunda flóttamanna sem nú eru á vergangi í Austur-Saír?
2. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því á alþjóðlegum vettvangi að lausn verði fundin á deilum Hútúa og Tútsa í Rúanda og Búrúndí?

145. Fyrirspurn [134. mál]

til fjármálaráðherra um greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar.

Frá Tómasi Inga Olrich.

1. Er fylgst með því að allir launamenn og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eigi aðild að lífeyrissjóði eins og skylt er samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?
2. Er misbrestur á því að lagaskyldan sé virt? Hve margir greiða ekki í lífeyrissjóði?
3. Getur það ekki valdið miklum árlegum útgjöldum fyrir almannatryggingar á komandi árum og áratugum ef menn sinna ekki tryggingarskyldu sinni? Hve mikill gæti sá útgjaldaauki orðið að mati ráðuneytisins?
4. Falla stjórnar- og nefndalaun undir framangreind lög?
5. Getur það reynst hagkvæmara fyrir einstakling, skattalega séð og með tilliti til ráðstöfunarfjár á eftirlaunaaldri, að kaupa sér fremur t.d. spariskírteini eða tryggja sig með söfnunartryggingu hjá einkatryggingafélagi en að greiða lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð?

Skriflegt svar óskast.

146. Svar [38. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um skerðingu bóta almannatrygginga.

1. *Hvernig hefur verið hagað framkvæmd ákvæða reglugerðar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 245/1996 frá 29. apríl sl. um breytingu á reglugerð nr. 59/1996,*
   a. *um heimilisuppbót,*
   b. *um sérstaka heimilisuppbót,*
   c. *um aðrar uppbætur en heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót?*

Rétt er að vísa til meðfylgjandi vinnureglna samþykktra af tryggingaráði 10. maí 1996 og 11. október 1996. Vinnureglur þessar eru byggðar á 3. gr. reglugerðar nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, sem prentuð er sem fylgiskjal ásamt reglugerð nr. 245/1996, um breyting á reglugerð nr. 59/1996.

Framkvæmdin var þessi:

1. Kannaðar voru tekjur og eignir hjá þeim er nutu frekari uppbóta.
2. Send voru bréf til þeirra sem átti að fella niður uppbót hjá vegna eigna eða tekna og þeim tilkynnt að greiðslur á frekari uppbót yrðu felldar niður.
3. Bréf voru send þeim sem þurfti að endurskoða hjá og óskað eftir nýjum gögnum.
4. Lyfjakostnaður metinn á lyfjadeild samkvæmt upplýsingum úr læknisvottorðum eða útprentun á kostnaði frá apótekum.
5. Send voru bréf til þeirra sem skilað hafa nýjum gögnum og þeim tilkynnt um afgreiðslu og rétt til greiðslu.

2. *Hversu margir hafa misst frekari uppbót skv. 1. gr. reglugerðarinnar um tekju- og eignamörk?*

Fjöldi þeirra sem misst hafa frekari uppbót er á bilinu 1.000–1.100.

Hafa ber í huga að hópur sá sem fengið hefur frekari uppbót um árabil hafði hvorki verið flokkaður né endurskoðaður og var því ekki til á tölvutæku formi hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrr en þessi endurskoðun fór fram. Rúmlega helmingur þeirra sem nú misstu bætur í framhaldi af þessari endurskoðun misstu þær ekki vegna tekna eða eigna heldur vegna þess að efnislegar forsendur voru ekki lengur fyrir hendi. Sérstaklega var þetta áberandi hjá þeim hópi sem fékk lyfjauppbót. Ýmist hafði lyfjagjöf verið hætt eða gripið var til annarra úrræða, t.d. fengu sumir sjúklingar fríkort vegna dýrra lyfja.

3. *Hver er „sparnaður" Tryggingastofnunar ríkisins vegna þessara ákvæða reglugerðarinnar?*

Sparnaður í greiðslum á frekari uppbót vegna þessara ákvæða er u.þ.b. 7,5 millj. kr. á mánuði.

4. *Hversu margir hafa orðið að sæta lækkun uppbótar vegna þeirrar endurskoðunar sem fram fór á frekari uppbót þeirra sem þó halda henni áfram? Hverju nemur „sparnaðurinn"?*

Fjöldi þeirra sem sætt hafa lækkun uppbótar vegna tekna og/eða eigna er á bilinu 900 til 1.000 manns á öllu landinu. Sparnaður af þessu er u.þ.b. 7 millj. kr. á mánuði.

5. *Hve margir hafa notið hækkunar frekari uppbótar með tilliti til heimildar í 2. gr. sömu reglugerðar?*

U.þ.b. 250 manns hafa notið hækkunar samkvæmt þessari heimild.

Fylgiskjal I.

Vinnureglur vegna frekari uppbóta á lífeyri samkvæmt reglugerð nr. 59/1996 og breytingum á sömu reglugerð nr. 245/1996.

1. Tekjur og eignir.

Tekjur:

Einstaklingur: samanlagðar tekjur + bætur TR fari ekki yfir 75.000 kr. á mánuði.

Hjón/sambúar: samanlagðar tekjur + bætur TR fari ekki yfir 150.000 kr./2 á mánuði.

Eignir:

Eignir í peningum og verðbréfum fari ekki yfir 2.500.000 kr. hjá einstaklingum eða hjónum.

2. Lyfja- og sjúkrakostnaður.

Lyfjakostnaður metinn á lyfjadeild. *Greiðsluheimildir:* afgreidd prósenta af lífeyri sem næst lyfjakostnaði í hverju tilfelli þó aldrei hærri en hámarksheimild skv. 9. gr. í reglugerð nr. 59/1996.

Félagslegar aðstæður vegna sjúkdóma metist samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja af samráðsnefnd og sé ákveðin prósenta af lífeyri, sem skráð verði sem slík, til viðbótar við ákvörðun vegna lyfjakostnaðar. Samanlögð prósenta vegna lyfja og félagslegrar aðstoðar verði þó aldrei hærri en hámarksheimild.

3. Uppbót vegna húsaleigu sem fellur utan húsaleigubóta.

Heimilt er að greiða frekari uppbót vegna húsaleigu samkvæmt eftirfarandi reglu:

Ef umsækjandi nýtur ekki hámarks í frekari uppbót vegna sjúkrakostnaðar er heimilt að greiða mismun upp að hámarksheimild til viðbótar vegna húsaleigu.

Ef umsækjandi nýtur ekki fyrir frekari uppbóta skal meta greiðsluheimild samkvæmt neðangreindu:

Leiga á mánuði, kr.	*Tekjur, kr.*	*Greiðsluheimildir*
30.000 eða meira	undir 75.000	allt að hámarki (mism. upp að 75.000 kr.)
20.000 eða meira	undir 65.000	allt að hámarki
10.000 eða meira	undir 55.000	allt að hámarki 35% (4.681 kr.)

4. Uppbót vegna umönnunar.

a. Umönnunarþörf allan sólarhringinn: hámark 120%, til viðbótar allt að 20% ef um aukakostnað er að ræða, t.d. vegna lyfjakostnaðar.
b. Aðstoð við daglega umhirðu og tilsjón: hámark 90%.
c. Tilsjón: hámark 50%.

5. Uppbót vegna dvalar á sambýlum eða áfangaheimilum.

Heimilt er að greiða allt að 80% uppbót (10.698 kr.) til þeirra sem dvelja á sambýlum eða áfangaheimilum. Uppbót lækkar hlutfallslega ef um aðrar tekjur en bætur almannatrygginga er að ræða. Dæmi:

Aðrar tekjur allt að 20.000 kr. á mánuði — uppbót 60%.
Aðrar tekjur allt að 30.000 kr. á mánuði — uppbót 40%.
Aðrar tekjur allt að 40.000 kr. á mánuði — uppbót 20%.
Aðrar tekjur allt að 50.000 kr. á mánuði — uppbót 0%.

Reglur þessar gilda frá 1. maí 1996. Fjárhæðir breytist í samræmi við breytingar á reglugerðinni og samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild,
8. maí 1996:

Á fundi tryggingaráðs 10. maí 1996 var samþykkt að vinnureglur þessar giltu frá 1. maí til 1. október 1996.

(Á fundi tryggingaráðs 11. október 1996 var samþykkt að vinnureglur þessar skyldu gilda til 31. desember 1996.)

Fylgiskjal II.

Reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heimilisuppbót, sérstaklega heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð er heimilt að greiða skv. umsókn þeim sem eru búsettir hér á landi og eiga lögheimili hér enda uppfylli þeir önnur skilyrði fyrir greiðslu þessara bóta.

2. gr.

Umsækjendum er skylt að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og skila inn umbeðnum gögnum til þess að hægt sé að ákvarða bætur eða endurskoða bótarétt.

Um meðferð umsóknar og afgreiðslu gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

3. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar þriggja manna samráðsnefnd sem lífeyrisdeild stofnunarinnar getur leitað álits hjá áður en úrskurðað er um umsókn um uppbætur skv. reglugerð þessari.

Heimilisuppbót.

4. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað heimilisuppbót að fjárhæð kr. 8.364 á mánuði.

Eigi einhleypingur rétt á skertri tekjutryggingu skv. lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbótina eftir sömu reglum og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna.

5. gr.

Heimilisuppbót verður ekki greidd til aðila sem svo er ástatt um sem hér segir:

1. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis, vegna sambýlis við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk.
2. Ef umsækjandi hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði, t.d. sambýli á vegum félagasamtaka eða ríkis og bæja.
3. Ef umsækjandi leigir herbergi/húsnæði með sameiginlegri eldunaraðstöðu með öðrum.

6. gr.

Nú vistast maki elli- eða örorkulífeyrisþega til frambúðar á stofnun og er þá heimilt, skv. umsókn að greiða makanum sem heima býr heimilisuppbót, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar skv. 4. og 5. gr.

Sérstök heimilisuppbót.

7. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga til viðbótar heimilisuppbót sérstaka heimilisuppbót að fjárhæð kr. 5.754

á mánuði enda uppfylli hann að öðru leyti öll skilyrði til greiðslu óskertrar heimilisuppbótar skv. 4. og 5. gr.

Aðrar tekjur einhleypingsins skerða sérstöku heimilisuppbótina krónu fyrir krónu uns hún fellur niður við tekjur að fjárhæð kr. 5.754.

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna, svo og annarra tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga eða annarra aðila og eignatekna.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Mikils umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Verulegs sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti.

9. gr.

Fjárhæð frekari uppbótar getur numið allt að 120% af grunnlífeyri einstaklings. Hámark uppbótar skal þó vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 90%.
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 70%.
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar annarra en maka: 120%.
4. Lífeyrisþegi sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 35%.

10. gr.

Ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta skulu að jafnaði vera tímabundnar. Séu gögn ekki tiltæk Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fara þess á leit við þann sem nýtur frekari uppbótar að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu frekari upbótar séu fyrir hendi.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð nr. 490/1995. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur ákvæðis til bráðabirgða um almannatryggingar nr. 117/1993 sbr. 34. gr laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tólf mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar skal Tryggingastofnun ríkisins endurskoða allar ákvarðanir um frekari uppbætur. Við þá endurskoðun skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Reglugerð nr. 245/1996, um breytingu á reglugerð nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 2.500.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 75.000 kr. á mánuði.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hámark uppbótar skal vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 90%.
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 70%.
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar: 120%.
4. Lífeyrisþegi, sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 35%.

Ef einhleypur lífeyrisþegi, sem nýtur umönnunar, getur sýnt fram á verulegan umönnunar-, sjúkra- eða lyfjakostnað sem sjúkratryggingar greiða ekki, og/eða greiðir húsaleigu, er þó heimilt að greiða honum allt að 140 % uppbót. Heimilt er að greiða lífeyrisþega sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar og frekari uppbótar skv. 2. og 3. tl. 8. gr. allt að 40% uppbót.

3. gr.

Við 10. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Tryggingastofnun semur drög að vinnureglum um ákvarðanir og mat á greiðslu frekari uppbóta. Reglurnar skulu sendast Tryggingaráði og öðlast þær gildi við staðfestingu þess.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal endurskoða allar fyrri ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. september 1996.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi 1. maí 1996. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur ákvæðis til bráðabirgða um almannatryggingar nr. 117/1993 sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

147. Svar [36. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um Forvarnasjóð.

Forvarnasjóður gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu var settur á stofn með 8. gr. laga nr. 96/1995. Í sjóðinn renna 50 millj. kr. á þessu ári, en þar af úthlutaði fjárlaganefnd Áfengisvarnaráði 9,2 millj. kr. og öðrum aðilum 12 millj. kr. Þannig voru til ráðstöfunar í Forvarnasjóði 28,9 millj. kr., sem er aukning um 18,6 millj. kr. frá árinu 1995. Það fé sem heilbrigðisráðherra ráðstafaði áður til þessa málaflokks er nú fært undir Forvarnasjóð.

Undanfarin ár hafa áfangaheimili og stoðbýli við þá sem eru að koma úr áfengis- og fíkniefnameðferð hlotið rekstrarstyrki frá heilbrigðisráðuneytinu til þess að geta haldið uppi starfsemi sinni. Sjóðstjórn tók þá afstöðu að þessir aðilar skyldu ekki vera verr settir með tilkomu Forvarnasjóðs en áður og beitti því þeirri vinnureglu að þessir aðilar gætu fengið svipaðan styrk úr Forvarnasjóði og þeir höfðu áður fengið frá ráðuneytinu.

Um sjóðinn gildir reglugerð nr. 537/1995, en auk þess setti stjórn sjóðsins sér ítarlegar vinnureglur 12. febrúar sl. sem umsækjendur, sem og aðrir, höfðu aðgang að og vitnað var til í ítarlegri auglýsingu sem birtist í febrúar sl.

Ekki hafa allir styrkir verið sóttir eða gerð nægileg grein fyrir hvernig að vinnu við verkefnin verði staðið. Sjóðstjórn hefur sent bréf til þeirra aðila sem ekki hafa sótt styrki eða ekki hafa sent inn gögn í samræmi við úthlutun og gefið þeim frest til að gera grein fyrir því hvernig vinnu að verkefnum miðar. Rétt er að vekja athygli á því að nokkur verkefni koma til með að standa yfir í nokkurn tíma, allt að þrjú ár, og í þeim tilvikum er gert ráð fyrir að um heildarstyrk til viðkomandi verkefnis sé að ræða.

1. *Hversu margar umsóknir bárust um styrki úr Forvarnasjóði vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu? Hvaða aðilar voru það sem sóttu um og til hvaða verkefna eða starfsemi?*

Alls bárust Forvarnasjóði 93 umsóknir frá 48 aðilum um styrk úr sjóðnum þegar auglýst var eftir umsóknum fyrir árið 1996 í febrúar sl.

Umsóknir um styrki úr Forvarnasjóði fyrir árið 1996

	Kr.
1. *Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála*	800.000
Útgáfa bókar með yfirliti yfir helstu rannsóknir á vímuefnaneyslu íslenskra ungmenna.	
2. *Þrír starfsmenn Fangelsismálastofnunar*	420.000
Rannsókn á hópi fanga sem lokið hafa refsivist í áfengis- og fíkniefnameðferð.	
3. *Rannsóknastofa geðdeildar Landspítalans*	6.000.000
dr. Kristinn Tómasson, rannsókn á hvaða sjúklingum henti dagmeðferð og árangri hennar.	
4. *Lionsklúbburinn Fjörgyn í Grafarvogi*	*óákveðin upphæð*
Gerð fræðslumyndar um E-töflur og skaðsemi þeirra. Kostnaðaráætlun 1.645.900 kr.	
5. *Líknarfélagið Takmarkið*	1.000.000
Rekstur á áfangaheimilinu, fyrir óvirka alkóhólista og fyrrverandi vímuefnaneytendur.	
6. *Landssamtökin Heimili og skóli*	2.000.000
Fræðsla fyrir foreldrafélög og námskeið um stjórnun foreldrafélaga.	
7. *Vímuvarnarskólinn, Reykjvíkurborg o.fl.*	1.541.000
Fræðsluverkefni fyrir starfsfólk grunnskóla í Reykjavík.	
8. *Stórstúka Íslands*	4.000.000
Erindrekstur um landið, barna- og unglingastarf Stórstúkunnar.	
9. *Stórstúka Íslands*	1.550.000
Bindindismót á Norður- og Austurlandi, námskeið o.fl.	

10. Íslenskir ungtemplarar		480.000
Ferð ungs fólks á Evrópumót í Færeyjum í júlí næstkomandi.		
11. Íslenskir ungtemplarar		1.440.000
Kynnisferð, þýðing, staðfæring og kynning á norsku námsefni í grunnskólum landsins.		
12. Íslenskir ungtemplarar		600.000
Stofnun ungtemplarafélaga.		
13. Vímulaus æska (1)		2.080.000
Neyðarmiðstöð Vímulausrar æsku.		
14. Vímulaus æska (2)		1.800.000
Áróður gegn kaupum á áfengi fyrir ungmenni.		
15. Vímulaus æska (3)		1.350.000
Árin sem koma á óvart — foreldrabók (Lions Quest) — útgáfa.		
16. Vímulaus æska (4)		1.160.000
Uppeldisbókin *Lengi muna börnin.*		
17. Vímulaus æska (5)		1.200.000
Stuðningur við *þögla meirihlutann*, þá sem þora að segja nei.		
18. Vímulaus æska (6)		1.000.000
Viðhorfsvaktin.		
19. Valgeir Guðjónsson		*óákveðin upphæð*
Sumarsýning á *Sumar á Sýrlandi.*		
20. Jafningjafræðsla framhaldsskólanema		2.000.000
Til að vinna að breyttu viðhorfi framhaldsskólanema til neyslu ávana- og fíkniefna.		
21. Félagasamtökin Vernd		3.000.000
Stuðningur við skjólstæðinga félagasamtakanna á áfangaheimili.		
22. Áfengisvarnaráð		550.000
Kaup á tölvubúnaði, tenging við internetið, uppsetning heimasíðu o.fl.		
23. Barnaheill (1)		2.000.000
Foreldralínan.		
24. Barnaheill (2)		1.800.000
Norræn ungmenni gegn ofbeldi — samstarfsverkefni.		
25. Freeport-klúbburinn		200.000
Heimildarmynd um meðferðir á Íslandi.		
26. Boltafélag Ísafjarðar		200.000
Íþróttir gegn vímuefnum á Vestfjörðum.		
27. Æskulýðsráð ríkisins		500.000
Upplýsingabók fyrir ungt fólk.		
28. Klettur hf.		770.000
Uppbygging áfangaheimilis og stuðningur við skjólstæðinga.		
29. Líknarfélagið Risið		*óákveðin upphæð*
Stuðningur við vistmenn áfangaheimilis sem koma úr meðferð.		
30. Samhjálp		*óákveðin upphæð*
Stuðningur við skjólstæðinga frá Hlaðgerðarkoti.		
31. Líknarfélagið Takmarkið		*óákveðin upphæð*
Stuðningur við skjólstæðinga á áfangaheimili.		
32. Stígamót		*óákveðin upphæð*
Starfsemi, m.a. stuðningur við þolendur sem koma úr meðferð.		
33. Sumarheimili templara		5.000.000
Efling sumarheimilisins, bindindismót í Galtalækjarskógi.		
34. Krossgötur		4.000.000
Myndband með forvarnaefni.		
35. Forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík		*óákveðin upphæð*
Ýmis forvarnaverkefni.		
36. Ólympíunefnd Íslands		900.000
Auglýsingaherferð — áfengisvarnir.		
37. Sveinn R. Hauksson		500.000
Euro CAD/96		
38. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar	u.þ.b.	1.125.000
Námskeiðahald vegna sérstaks áhættuhóps varðandi vímuefnaneyslu.		
39. Átak gegn áfengi		2.500.000
Endurútgáfa *Handbókar fyrir stjórnendur fyrirtækja í áfengismálum* o.fl. verkefni.		

40. *Áfengisvarnaráð (1)* 300.000
Námsflokkahlaupið 1996 — kostun á bolum.
41. *Áfengisvarnaráð (2)* 600.000
Unglingavagn Gallups — könnun á áfengisneyslu o.fl.
42. *Þrír starfsmenn geðdeildar Landspítalans* 3.200.000
Rannsóknarverkefni — breytingar á áfengisneyslu og afleiðingum hennar o.fl.
43. *Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands* 8.000.000
Vímuvarnarátak íþróttahreyfingarinnar — verkefni til tveggja ára.
44. *Möguleikhúsið við Hlemm* ..... *óákveðin upphæð*
Sýning fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla og framhaldsskóla.
45. *Stoppleikhópurinn* ..... *óákveðin upphæð*
Frumsamið áfengis- og fíkniefnaleikrit eftir Valgeir Skagfjörð til sýningar í skólum.
46. *Ungmennafélag Íslands — Skinfaxi* 250.000
Útgáfa sérrits Skinfaxa, tímarits UMFÍ, um fíkniefni og forvarnir.
47. *Geðdeild Landspítalans* ..... *óákveðin upphæð*
Stuðningur við alþjóðlega ráðstefnu sem haldin er með *The Addictions FORUM* í júlí næstkomandi.
48. *Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli, FRÆ, Þjóðarátak gegn fíkniefnum* ..... *óákveðin upphæð*
Útgáfa bæklings, *Fíkniefni/Þú og barnið þitt.*
49. *Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ) (IA)* 800.000
Fræðslubæklingur um áfengi og önnur fíkniefni.
50. *FRÆ (IB) — 2* 400.000
Upplýsingarit um ávana- og fíkniefni.
51. *FRÆ (IC) — 3* 1.200.000
Myndband um áhrif áfengis á líkamann.
52. *FRÆ (ID) — 4* 800.000
Kennsluhefti um áfengi fyrir framhaldsskóla. Kennslubók fyrir nemendur og leiðbeiningar fyrir kennara.
53. *FRÆ (IE) — 5* 1.000.000
Áhrif, af vettvangi vímuefnamála. Tímarit um áfengis- og fíkniefnamál.
54. *FRÆ (II) — 6* 400.000
Gagnasafn. (Ætlað skólum, stofnunum, fjölmiðlum og samtökum.)
55. *FRÆ (III) — 7* 400.000
Skýrsla um áfengis- og fíkniefnamál.
56. *FRÆ (IVA) — 8* 60.000
Vinnuhópur um forvarnir í grunnskólum — vímulaus grunnskóli.
57. *FRÆ (IVB) — 9* 100.000
Vinnuhópur um rannsóknir.
58. *FRÆ (V) — 10* 200.000
Ráðgjöf í forvarnaverkefnum.
59. *FRÆ (VI) — 11* 200.000
Almenn upplýsingagjöf um áfengis- og fíkniefnamál.
60. *FRÆ (VII) — 12* 240.000
Alþjóðlegt samstarf.
61. *FRÆ (VIII) — 13* ..... *óákveðin upphæð*
Aukið samstarf í forvörnum.
62. *FRÆ (IXA) — 14* 100.000
Ársfundur.
63. *FRÆ (IXB) — 15* 40.000
Vinnuhópar.
64. *FRÆ (X) — 16* 6.000.000
Uppbygging og þróun fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum.
65. *SÁÁ — 1* 2.400.000
Forvarnir í sveitarfélögum — *Viðtækar forvarnir.*
66. *SÁÁ — 2* 62.000
Námstefnur í sveitarfélögum.
67. *SÁÁ — 3* 62.000
Fræðsla til kennara í grunnskólum.
68. *SÁÁ — 4* 280.000
Fræðslufundir með foreldrum barna í efstu bekkjum grunnskóla.
69. *SÁÁ — 5* 362.000
Fræðsludagskrá í grunnskólum.
70. *SÁÁ — 6* 298.000
Fræðsludagskrá í framhaldsskólum.

71. SÁÁ — 7	142.400
Námskeið fyrir íþróttaþjálfara yngri flokka um vímuvarnir.	
72. SÁÁ — 8	350.000
Fræðsla fyrir starfsfólk sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.	
73. SÁÁ — 9	107.600
Námskeið í íhlutun fyrir fagfólk innan mennta- og félagsmálakerfisins.	
74. SÁÁ — 10	484.000
Matslisti.	
75. SÁÁ — 11	108.000
Bæklingur um víruslifrarbólgur og alnæmi og varnir gegn þessum sjúkdómum.	
76. SÁÁ — 12	108.000
Útgáfa bæklings um ólöglega vímuefnaneyslu.	
77. SÁÁ — 13	248.000
Endurútgáfa þriggja bæklinga um áfengis- og vímuefnavandann.	
78. SÁÁ — 14	400.000
Útgáfa fræðslumyndbanda fyrir fagfólk.	
79. SÁÁ — 15	340.000
Kvikmyndir til að hafa áhrif á ungt fólk.	
80. SÁÁ — 16	256.000
Útgáfa og dreifing á fræðslu- og forvarnaefni á internetinu.	
81. SÁÁ — 17	184.400
Námskeið fyrir foreldra um viðbrögð við vímuefnaneyslu unglinga.	
82. SÁÁ — 18	128.000
Námskeið um uppeldi fyrir skjólstæðinga SÁÁ.	
83. Vistheimilið Skjöldur	*óákveðin upphæð*
Forvarnastarf með rekstri áfangaheimilis.	
84. Stefán Jóhannsson	150.000
Til að bjóða finnskum lækni til Íslands til að kynna áfengismeðferð með „gasi“.	
85. Hálendishópurinn	*óákveðin upphæð*
Skrásetning vinnulíkans yfir meðferðarstarf Hálendishópsins fyrir unglinga í vanda.	
86. Magnús Scheving — forvarnanet	*óákveðin upphæð*
Víðtækt forvarnaverkefni til samræmingar og samvinnu þeirra aðila sem koma að forvörnum.	
87. Komið og dansið	*óákveðin upphæð*
Barnanámskeið í grunnskólum á Austurlandi og í Reykjavík.	
88. Umdæmisstúka Suðurlands nr. 1	1.500.000
Samstarf við Áfengisvarnaráð um heimsóknir í skóla.	
89. Gylfi Þ. Gíslason	*óákveðin upphæð*
Til að sækja framhaldsmenntun og reynslu í forvarnamálum til Bandaríkjanna.	
90. Frjálsíþróttasamband Íslands	*óákveðin upphæð*
FRÍ 2000 — hópur ungs og efnilegs frjálsíþróttafólks sem tekur þátt í verkefni hjá FRÍ vegna Ólympíuleikanna árið 2000.	
91. Barnaverndarstofa	*óákveðin upphæð*
Stuðningsmeðferð fyrir börn áfengissjúkra (barst 30. apríl).	
92. Auglýsingafélagið Frændi	*óákveðin upphæð*
Bjóða kynningarstarf og samvinnu við gerð myndbanda gegn notkun E-töflunnar.	
93. Geðdeild Landspítalans	*óákveðin upphæð*
Könnun á breytingum á áfengisneyslu og afleiðingum hennar.	

2. *Hverjir fengu úthlutun úr sjóðnum og til hvaða starfsemi?*

Alls fengu 26 aðilar styrki úr sjóðnum að fjárhæð 23,9 millj. kr.

Sjóðstjórn gerði tillögu til ráðherra um skiptingu og flokkaskiptingu styrkþega ásamt skilyrðum sem þeir þyrftu að uppfylla áður en styrkir væru greiddir. Tillaga sjóðstjórnar, sem ráðherra staðfesti 14. júní sl., var sem hér segir:

	Þús. kr.
1. Áfangaheimili. Styrkur verði greiddur strax:	
Takmarkið	900
Vernd	850
Risið	1.300
Samhjálp	400

Skjöldur	750
Klettur	450
2. Styrkur verði greiddur í einu lagi, þegar ljóst er að verkefni verður framkvæmt eða er lokið:	
Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	600[1]
Vímuvarnaskólinn (stendur yfir)	1.500[2]
Jafningjafræðsla (stendur yfir)	2.000[2]
Áfengisvarnaráð – internet	250[2]
Freeport-klúbburinn	100[2]
Sumarheimili templara, bindindismót	400[3]
Bindindismót á Norður- og Austurlandi	400[3]
Euro CAD/96	100[2]
Landspítalinn, geðdeild (ráðstefna)	100[2]
Hálendishópurinn	250[2]
Tollgæslan, FRÆ og þjóðarátak í fíknivörnum	150[2]
3. Krafist útfærslu, frekari gagna og áætlana:	
Þrír starfsmenn Fangelsismálastofnunar	400[4]
Valgeir Guðjónsson	500[5]
Stoppleikhópurinn	500[5]
4. Krafist útfærslu, frekari gagna og samstarfs við aðra aðila:	
Vímulaus æska og Barnaheill	1.500[6]
ÍSÍ og UMFÍ	4.000[7]
5. Krafist útfærslu hugmynda eftir forgangsröðun umsækjanda:	
Vímulaus æska, áróður o.fl.	500[8]
FRÆ – fræðsluefni og bæklingar	1.500[8]
FRÆ – ráðgjöf, upplýsingar og samstarfsverkefni	1.500[8]
SÁÁ – fræðslu- og áróðursstarf í samstarfi við sveitarfélög	1.500[8]
SÁÁ – fræðsluefni, þar með talin myndbönd	1.500[8]

Skýringar:

[1] Greiðist þegar sýnt verður fram á að af útgáfu verði.

[2] Greiðist strax.

[3] Greiðist þegar fyrir liggur að mótið fari fram.

[4] Væntanlegir styrkþegar leggi fram útfærslu, fjárhags- og verkáætlanir, óskir um greiðslutíma og greiðslufyrirkomulag og áætlun um skil á áfangaskýrslum. Sjóðstjórn tekur síðan ákvörðun um endanlega úthlutun og ákveður greiðslutíma, greiðslufyrirkomulag og skil á áfangaskýrslum.

[5] Væntanlegir styrkþegar leggi fram útfærslu, fjárhags- og verkáætlanir, óskir um greiðslutíma og greiðslufyrirkomulag, yfirlýsingu frá viðurkenndum aðila í forvörnum um að hann fylgist með að forvarnagildi verkefnisins sé ótvírætt og fyrir liggi vilji ríkissjónvarpsins eða Stöðvar 2 til að taka verkið upp og sýna í sjónvarpi. Sjóðstjórn tekur síðan ákvörðun um endanlega úthlutun og ákveður greiðslutíma.

[6] Til samræmdrar símsvörunar fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur, fjölskyldur þeirra og aðstandendur. Greiðist til þeirrar starfsemi þegar komið hefur verið á samstarfi Barnaheilla og Vímulausrar æsku við barna- og unglingageðdeild Ríkisspítala um samræmda símsvörun fyrir áfengis- og fíkniefnaneytendur, fjölskyldur þeirra og aðstandendur.

[7] Væntanlegir styrkþegar leggi fram útfærslu, fjárhags- og verkáætlanir, óskir um greiðslutíma og greiðslufyrirkomulag, áætlun um skil á áfangaskýrslum og yfirlýsingu frá viðurkenndum aðila í forvörnum um að hann fylgist með að forvarnagildi verkefnisins sé ótvírætt. Sjóðstjórn tekur síðan ákvörðun um endanlega úthlutun og ákveður greiðslutíma, greiðslufyrirkomulag og skil á áfangaskýrslum.

[8] Styrkþegi leggi fram áætlun um til hvaða verkefna hann vilji helst verja styrknum, geri grein fyrir verk- og kostnaðaráætlunum, óskum um greiðslutíma og greiðslufyrirkomulag. Sjóðstjórn tekur síðan ákvörðun um endanlega úthlutun og ákveður greiðslutíma, greiðslufyrirkomulag og skil á skýrslum.

3. *Hvað hefur verið gert til þess að samræma forvarnastarf á sviði áfengis- og fíkniefnavarna í þeim ráðuneytum sem fulltrúa eiga í sjóðnum, þ.e. heilbrigðisráðuneyti, menntamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti?*

Þessi ráðuneyti hafa sammælst um að vísa umsóknum um styrki til áfengis- og fíkniefnavarna til Forvarnasjóðs. Hins vegar eru í einhverjum mæli veittir styrkir til einstakra verkefna á vegum ráðuneytanna og á það aðallega við um forvarnastarfsemi sem unnin

er innan undirstofnana ráðuneytanna, sem hluti af reglulegri starfsemi viðkomandi aðila, svo sem lögreglu, skólakerfisins og heilsugæslunnar.

Mörgum aðilum sem fengu styrki úr sjóðnum var sett það skilyrði að leita samvinnu við aðra aðila, svo sem viðurkennda fagmenn á sviði forvarna, félagasamtök eða fjölmiðla, eins og fram kemur í listanum hér að framan. Síðasta vetur ákvað ríkisstjórnin að skipa sérstaka nefnd með fulltrúum dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra til að vinna drög að stefnumótun ríkisstjórnarinnar í vörnum gegn neyslu ávana- og fíkniefna og afbrotum. Nefnd þessi lýkur störfum á næstu vikum og mun, auk þess að leggja fram tillögur um stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, undirbúa stofnun forvarnaráðs sem ætlað er að samræma störf að forvarnamálum, skipuleggja bætta nýtingu fjármagns og samhæfðari aðgerðir í vörnum gegn þessum mikla vágesti. Lagafrumvarp þessa efnis verður væntanlega lagt fyrir háttvirt Alþingi í nóvember og verður forvarnaráði sérstaklega ætlað það hlutverk að samræma forvarnastarf.

4. *Hvernig hyggst ráðherra fylgja eftir úthlutunum úr sjóðnum, þ.e. framgangi og árangri þeirra verkefna sem veitt er til?*

Eins og áður hefur komið fram er styrkþegum skylt að skila sjóðstjórn greinargerð um ráðstöfun styrksins. Sjö styrkþegar fá styrk sinn ekki greiddan út nema þeir leggi fram nákvæma útfærslu á hvernig honum verður varið og sjö styrkir verða greiddir út í áföngum, eftir því sem verkefnum miðar áfram.

Þessi aðferð hefur orðið til þess að styrkþegar verða að skipuleggja starf sitt betur en áður og gera nákvæmari grein fyrir ráðstöfun fjárins til sjóðstjórnar en tíðkast hefur hingað til. Slík vinnubrögð eru til þess fallin að fjármunir nýtist betur til virks forvarnastarfs en áður.

148. Svar [51. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um skerðingu frekari uppbótar vegna umönnunar- og lyfjakostnaðar til lífeyrisþega.

1. *Hversu margir lífeyrisþegar hafa misst frekari uppbót sína frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt skerðingarákvæðum í reglugerð sem tók gildi á þessu ári og þrengri vinnureglum:*
   a. *hæstu uppbót (140% umönnunaruppbót) og hversu há er hún í krónum talið,*
   b. *120% umönnunaruppbót,*
   c. *90% umönnunaruppbót,*
   d. *70% umönnunar- og lyfjauppbót,*
   e. *35% uppbót?*

a. *140% uppbót nemur 18.722 kr. á mánuði.*

1. maí 1996 fengu þrír lífeyrisþegar 140% uppbót sem skiptist þannig:

2 karlar yngri en 60 ára
1 karl eldri en 70 ára

1. október 1996 fengu tíu lífeyrisþegar 140% uppbót sem skiptist þannig:
   2 karlar yngri en 60 ára
   4 konur yngi en 60 ára
   1 karl eldri en 70 ára
   3 konur eldri en 70 ára

b. *120% uppbót nemur 16.047 kr. á mánuði.*
   1. maí 1996 fengu 139 lífeyrisþegar 120% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
3 karlar 60–70 ára	39 karlar yngri en 60 ára
1 kona 60–70 ára	40 konur yngri en 60 ára
8 karlar eldri en 70 ára	4 karlar 60–70 ára
40 konur eldri en 70 ára	4 konur 60–70 ára

   1. október 1996 fengu 119 lífeyrisþegar 120% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
3 karlar 60–70 ára	31 karl yngri en 60 ára
2 konur 60–70 ára	40 konur yngri en 60 ára
6 karlar eldri en 70 ára	3 karlar 60–70 ára
32 konur eldri en 70 ára	2 konur 60–70 ára

c. *90% uppbót nemur 12.035 kr. á mánuði.*
   1. maí 1996 fengu 250 lífeyrisþegar 90% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
18 karlar 60–70 ára	13 karlar yngri en 60 ára
17 konur 60–70 ára	12 konur yngri en 60 ára
96 karlar eldri en 70 ára	12 karlar 60–70 ára
60 konur eldri 70 ára	22 konur 60–70 ára

   1. október 1996 fengu 215 lífeyrisþegar 90% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
18 karlar 60–70 ára	13 karlar yngri en 60 ára
14 konur 60–70 ára	12 konur yngri en 60 ára
73 karlar eldri en 70 ára	12 karlar 60–70 ára
51 kona eldri en 70 ára	22 konur 60–70 ára

d. *70% uppbót nemur 9.361 kr. á mánuði.*
   1. maí 1996 fengu 455 lífeyrisþegar 70% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
6 karlar 60–70 ára	50 karlar yngri en 60 ára
20 konur 60–70 ára	45 konur yngri en 60 ára
74 karlar eldri en 70 ára	14 karlar 60–70 ára
229 konur eldri en 70 ára	17 konur 60–70 ára

1. október 1996 fengu 304 lífeyrisþegar 70% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
4 karlar 60–70 ára	37 karlar yngri en 60 ára
12 konur 60–70 ára	44 konur yngri en 60 ára
40 karlar eldri en 70 ára	8 karlar 60–70 ára
147 konur eldri en 70 ára	12 konur 60–70 ára

e. *35% uppbót nemur 4.680 kr. á mánuði.*

1. maí 1996 fengu 1304 lífeyrisþegar 35% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
23 karlar 60–70 ára	133 karlar yngri en 60 ára
51 kona 60–70 ára	143 konur yngri en 60 ára
162 karlar eldri en 70 ára	28 karlar 60–70 ára
682 konur eldri en 70 ára	82 konur 60–70 ára

1. október 1996 fékk 1171 lífeyrisþegi 35% uppbót sem skiptist þannig:

ellilífeyrisþegar	**örorkulífeyrisþegar**
28 karlar 60–70 ára	130 karlar yngri en 60 ára
54 konur 60–70 ára	138 konur yngri en 60 ára
139 karlar eldri en 70 ára	24 karlar 60–70 ára
594 konur eldri en 70 ára	64 konur 60–70 ára

Alls hafa u.þ.b. 2.000 manns ýmist misst frekari uppbót eða fengið hana skerta, en 250 nýir bótaþegar hafa fengið frekari uppbót. Eingöngu var óskað eftir upplýsingum hjá framangreindum hópum. Þess ber að geta að þeir sem höfðu uppbót á lífeyri hafa ekki allir hámarksuppbót. Þetta er því ekki sundurliðun á lækkun eða niðurfellingu hjá öllum hópum. Frekari uppbót getur verið allt frá 5% upp í 140% og greinist í fjóra liði (sjá vinnureglur), t.d. vegna sjúkrakostnaðar, umönnunar, húsaleigu eða félagslegra aðstæðna.

Dæmi um lækkun vegna tekna:

Frekari uppbót lífeyrisþega, sem hafði 120% eða 16.047 kr. í frekari uppbót vegna umönnunar á mánuði en samanlagðar tekjur voru yfir tekjumörkum, þ.e. 81.000 kr., var lækkuð þannig að heildartekjur væru ekki yfir 75.000 kr. á mánuði. Hann lækkar því úr 120% í 80% og fær í uppbót 10.698 kr. vegna umönnunar.

2. *Hversu hátt hlutfall lífeyrisþega missti frekari uppbót eða fékk hana skerta eftir að reglunum var breytt?*

Alls 10% misstu uppbótina og u.þ.b. 10% hlutu skerðingu. Hins vegar bættust 2,5% við, þ.e. nýir bótaþegar sem fengu frekari uppbót.

3. *Hverjar eru nú meðalmánaðargreiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra sem misstu uppbótina:*
   a. til örykja,
   b. til ellilífeyrisþega?

Mánaðargreiðslur til þeirra sem búa einir og hafa ekki aðrar tekjur en bætur almannatrygginga:

	Þús. kr.
Örorkulífeyrisþegi:	
Örorkulífeyrir	13.373
Tekjutrygging	25.294
Heimilisuppbót	8.364
Sérstök heimilisuppbót	5.754
Samtals	**52.785**
Ellilífeyrisþegi:	
Ellilífeyrir	13.373
Tekjutrygging	24.605
Heimilisuppbót	8.364
Sérstök heimilisuppbót	5.754
Samtals	**52.096**

Auk þess gæti lífeyrisþegi átt rétt á bensínstyrk, makabótum, barnalífeyri o.fl. eftir aðstæðum.

Ekki er unnt að svara því hverjar séu meðalmánaðargreiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra sem misstu uppbótina þar sem aðrar tekjur, t.d. lífeyrissjóður, eignatekjur og tekjur maka/sambúa, hafa áhrif á greiðslur lífeyrisþega og um mjög mismunandi forsendur er að ræða. Bætur voru þó ekki felldar niður eða lækkaðar hjá neinum sem hafði tekjur eða eignir undir mörkum, nema hann gæti ekki skilað inn fullnægjandi gögnum er veittu heimild til áframhaldandi greiðslu. Fjöldi lífeyrisþega 1. október 1996 reyndist vera alls 31.211, þar með taldir endurhæfingarlífeyrisþegar.

Á það má benda að öryrki, sem hefur eingöngu bætur almannatrygginga, t.d. 47.031 kr. á mánuði með heimilisuppbót, má hafa allt að 27.969 kr. í aðrar tekjur til þess að reiknast undir tekjumörkum gagnvart frekari uppbót.

4. *Hverjar eru nú meðalmánaðargreiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra sem uppbótin skertist hjá:*
   a. til öryrkja,
   b. til ellilífeyrisþega?

Eins og fyrr segir geta forsendur verið mjög mismunandi fyrir heildargreiðslum Tryggingastofnunar sem hafa svo mismunandi áhrif á tekjutengdar bætur. Ekki er unnt að beita tölvukerfinu til að finna umbeðnar meðalupphæðir.

Hinn 1. október sl. fengu 7.953 bótaþegar frekari uppbót, samtals að upphæð 50.925.203 kr. Þar af voru 5.404 ellilífeyrisþegar, með 31.469.203 kr. þann mánuð, og 2.549 örorkulífeyrisþegar, með 19.456.000 kr. Þannig fékk hver ellilífeyrisþegi að meðaltali 5.823 kr. í frekari uppbót og hver örorkulífeyrisþegi 7.633 kr.

5. *Hvernig skiptast þeir lífeyrisþegar hlutfallslega eftir aldri og kyni sem misstu frekari uppbót eða urðu fyrir skerðingu nú?*

Um þetta vísast til 1. liðar.

149. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun listamanna skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda,
b. Launasjóði myndlistarmanna,
c. Tónskáldasjóði,
d. Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir eru sérgreindir sjóðir. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla Íslands þegar stofnaður verður, og loks einum án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn listamannalauna skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald, en hún getur falið öðrum aðila að sjá um þessa þætti fyrir sína hönd ef allir stjórnarmenn samþykkja.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þau sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn listamannalauna og fá greidd starfslaun mánaðarlega að viðbættu 6% álagi. Þau skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þau skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn listamannalauna má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð starfslaun miðast við 1.200 mánaðarlaun eða 100 árslaun.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 320 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 100 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

9. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 300 mánaðarlauna og skal allt að þriðjungi þeirra varið til stuðnings leikhópum svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því framlagi Listasjóðs einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna.

Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna sem notið höfðu listamannalauna nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri.

Við úthlutun úr Listasjóði skulu þær umsóknir njóta forgangs sem lúta að viðfangsefnum er ekki falla undir verksvið annarra sjóða, sbr. 2. gr.

Ákvörðun stjórnar Listasjóðs um úthlutun er endanleg og verður ekki áfrýjað.

10. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Stjórn Listamannalauna og úthlutunarnefndum er þó heimilt að úthluta starfslaunum til skemmri tíma en hálfs árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Sú upphæð, sem varið er til þessa, sem og til náms- og ferðastyrkja, skal ekki vera hærri en sem nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs samkvæmt lögum þessum verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um skilgreiningu á því hvað teljist fast starf, sbr. 4. gr., og um tilhögun tilnefninga af hálfu tilnefningaraðila í úthlutunarnefndir, sbr. 6.–8. gr. Þá skal enn fremur setja nánari ákvæði í reglugerð um skilmála fyrir veitingu starfslauna, þar með talið um endurgreiðslu þeirra ef gegn þeim skilmálum er brotið.

Við framkvæmd þessarar greinar skal haft samráð við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna eftir því sem við á hverju sinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginhluta samið af stjórn listamannalauna í samráði við úthlutunarnefndir annarra sjóða samkvæmt lögum nr. 35/1991 með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna. Jafnframt var rætt við fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna, Félags íslenskra leikara, Hagþenkis, Félags íslenskra tónlistarmanna, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Rithöfundasambands Íslands, Sambands íslenskra myndlistarmanna og Félags íslenskra leikstjóra. Í frumvarpinu eru lagðar til fáeinar breytingar á lögum um listamannalaun, í þeim tilgangi að sníða af þá vankanta á lögunum sem stjórnin telur að þörf sé á að lagfæra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði með skýrari hætti á um markmið laganna.

Um 2. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er orðalagi breytt þannig að orðið „starfslaun“ kemur í stað „almenn listamannalaun“ í samræmi við anda laga þessara.

Þá er kveðið á um að Listasjóður skuli einkum sinna þeim listgreinum sem ekki falla undir hina sérgreindu sjóði, svo sem verið hefur í raun.

Um 3. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 3. gr. núgildandi laga, eru annars vegar að skýrt sé kveðið á um heimild stjórnar sjóðsins til að fela öðrum aðila að annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald þeirra fyrir sína hönd ef það þykir hagkvæmt af einhverjum ástæðum, hins vegar að varamenn skuli skipaðir, sbr. 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 4. gr.

Á undanförnum árum hefur reynslan verið sú að starfslaun listamanna hafa verið greidd þeim sem verktökum en ekki sem launþegum, enda samrýmist það betur því markmiði að veita listamönnum starfslaun til tiltekinna verkefna.

Orðalagi greinarinnar er breytt til þess að taka af vafa um að starfslaunaþegar teljist ekki launþegar í almennum skilningi, enda eru þeir sjálfráðir um störf sín meðan á starfslaunatímanum stendur og lúta ekki verkstjórn eða vinnuskipulagningu annars aðila en sjálfs sín. Starfslaun samkvæmt lögum þessum eru því ekki laun í þeim skilningi að um sé að ræða vinnusamning heldur er tilteknum listamönnum greidd þóknun með sérstökum skilyrðum til þess að standa straum af kostnaði við störf að list sinni. Nær undantekningarlaust hafa listamenn einhvern kostnað af listsköpun sinni á móti þessari þóknun. Álagið, 6%, sem bætast á við lektorslaun II er ígildi þess iðgjalds sem launagreiðendur almennt greiða í lífeyrissjóð. Veiting starfslauna felur ekki í sér rétt til handa starfslaunaþega að teljast opinber starfsmaður í skilningi t.d. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingum. Hvað varðar skilgreiningu á hvað teljist fast starf í skilningi þessara laga er tekið fram að litið hefur verið svo á að listamönnum, sem njóta starfslauna, sé heimilt að gegna hálfu starfi í allt að 12 mánuði meðan á starfslaunatímanum stendur. Nánari skilgreiningu á því hvað teljist fast starf skal setja í reglugerð, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Hvað varðar niðurlag greinarinnar er ljóst að erfitt kann að vera í framkvæmd að framfylgja eftirliti með því hvort listamenn sinni list sinni. Ekki þótti þó ástæða til þess að fella ákvæði þetta niður, enda þótt ekki hafi reynt á það í framkvæmd, þar sem heppilegt kann að reynast að hafa varnagla af þessu tagi.

Um 5. gr.

Eðlilegt þykir að uppfæra ákvæði núgildandi 5. gr. laga um listamannalaun í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á fjölda mánaðarlauna og árslauna frá gildistöku laganna.

Um 6.–8. gr.

Vísað er til athugasemda við 5. gr. frumvarpsins auk þess sem tekið er sérstaklega fram með hliðsjón af 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að skipa skuli varamenn með sama hætti og aðalmenn. Þá er með hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga áréttað að Tónskáldsjóður, Launasjóður rithöfunda og Launasjóður myndlistarmanna skuli veita náms- og ferðastyrki auk starfslauna.

Um 9. gr.

Sú orðalagsbreyting, sem gerð er á niðurlagi 9. gr., byggist á þeirri reynslu, sem fengist hefur af úthlutun starfslauna, að óeðlilegt sé að binda helming úthlutunarfjár við einn hóp án tillits til þess hversu margir sækja um. Hefur það sýnt sig miðað við innbyrðis skiptingu á fjölda umsókna að þessi skipting skerðir óeðlilega hlut annarra listgreina. Engu að síður er hér lagt til að leikhúslist verði sérstakur gaumur gefinn við úthlutun starfslauna. Leikhúslistgreinar hafa nokkra sérstöðu miðað við aðrar listgreinar, einkum með tilliti til þess að yfirleitt er um að ræða viðfangsefni sem unnin eru af fleiri en einum listamanni. Með hliðsjón af því að á grundvelli leiklistarlaga starfar sérstakt leiklistarráð, sem skipað er fulltrúum leiklistarinnar í landinu og hefur því hlutverki að gegna að fjalla um styrkumsóknir leikhópa til uppfærslu leiksýninga, er hér lagt til að um veitingu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna vegna þátttöku í uppfærslu leiksýninga á vegum leikhópa verði fjallað af leiklistarráði og allt að þriðjungi fjárveitingar Listasjóðs varið til þess. Þessi skipan mála er nýmæli. Ef um er að ræða umsóknir einstakra leik-

húslistamanna um starfslaun, sem ekki tengjast uppfærslu leiksýninga, geta þeir eftir sem áður komið til greina við úthlutun úr Listasjóði.

Jafnframt þykir eðlilegt að taka sérstaklega fram í lögunum að ákvörðun stjórnar listasjóðs um úthlutun starfslauna sé endanleg og verði ekki áfrýjað með sama hætti og gert er í 6.–8. gr. núgildandi laga um úthlutanir einstakra úthlutunarnefnda.

Um 10. gr.

Í ákvæði þessu er gert ráð fyrir breytingu á lengd starfslaunatímans þannig að framvegis verði ekki um það að ræða að veita starfslaun í fimm ár. Hins vegar verði heimilað að veita starfslaun í tvö ár og er það nýjung.

Með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af úthlutun starfslauna frá því að lög um listamannalaun, nr. 35/1991, tóku gildi hefur stjórn listamannalauna tekið mið af sjónarmiðum Rithöfundasambands Íslands um að rétt sé að hafa heimild til þess að veita starfslaun úr Launasjóði rithöfunda til skemmri tíma en nú er kveðið á um. Hér er lagt til að slíka heimild sé að finna við úthlutun úr öllum þeim sjóðum sem þessi lög fjalla um, þó þannig að starfslaun til skemmri tíma en sex mánaða auk náms- og ferðastyrkja nemi aldrei hærri hluta af heildarfjárveitingu hvers sjóðs en 10%. Tekið skal fram að hér er um heimild að ræða en ekki skyldu.

Um 11. gr.

Hér er ekki lögð til efnisleg breyting á reglugerðarheimild núverandi 12. gr. laganna, en til þess að tryggja rétta stjórnsýsluframkvæmd þykir nauðsynlegt að heimild ráðherra í samráði við viðkomandi félög til þess að setja reglur um tilhögun tilnefninga í úthlutunarnefndir sé ótvíræð, auk nánari skilgreininga þar sem þeirra er þörf.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991.

Í frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um tilgang með starfslaunum listamanna, hlutverk Listasjóðs og heimild sjóðstjórnar til að fella niður starfslaun komi í ljós að viðkomandi listamaður sinnir ekki list sinni en í gildandi lögum. Einnig er lagt til að lagaákvæðum verði breytt til samræmis við þá framkvæmd sem hefur gilt frá upphafi varðandi skrifstofustörf og réttarstöðu styrkþega. Menntamálaráðuneytið hefur veitt sjóðstjórninni skrifstofuaðstoð og Ríkisbókhald fært bókhald og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Þá hafa styrkþegar fengið greitt sem verktakar með 6% álagi á viðmiðunartaxta

eins og lagt er til í frumvarpinu, en ekki sem launþegar eins og segir í gildandi lögum. Ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

150. Svar [112. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um landgræðsluverði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjir eru landgræðsluverðir, hvenær voru þeir skipaðir og hvernig voru þeir valdir, hver eru launakjör þeirra og starfshlutfall, á hvaða aldri láta þeir af störfum og hvert er hlutverk þeirra og starfssvæði?

Leitað var upplýsinga hjá landgræðslustjóra. Yfirlit barst frá honum þar sem fram koma nöfn landgræsluvarða og umsjónarmanna girðinga, hvenær þeir hófu störf, hvar þeir starfa og starfshlutfall þeirra og er það birt sem fylgiskjal.

Landgræðsluverðir eru ekki skipaðir. Í 4. gr. laga nr. 17/1965 segir:

„Landgræðslustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar."

Ráðningartíminn er mjög misjafn, oftast hluti úr ári. Algengt er að áhugasamir bændur á svæðinu séu fengnir til þessara starfa. Engin föst regla er um hvenær þeir hætta, enda mikið af starfinu unnið launalaust í sjálfboðavinnu. Þeir sem fá laun fá greitt samkvæmt tímavinnu í launaflokki 506-232. Hlutverk landgræðsluvarða er fjölþætt og mjög mismunandi. Þeir annast m.a. viðhald og eftirlit með landgræðslugirðingum, annast eða aðstoða við sáningar, áburðargjöf og smölun. Þeir eru tengiliður Landgræðslu ríkisins við heimaaðila í viðkomandi héruðum, sinna ráðgjöf og taka þátt í fræðslu- og kynningarstörfum, nokkrir hafa umsjón með framkvæmd laga um varnir gegn landbroti af völdum fallvatna. Nokkrir hafa umsjón með verkefninu „Bændur græða landið" eða vinna við melskurð.

Fylgiskjal.

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri:

Landgræðsluverðir og starfssvæði þeirra:

1. *Árnessýsla* (nema Þorlákshöfn og Hjallagirðing): Kristín Sigurðardóttir, Haukadal, Biskupstungum, Árn. Hún hefur starfað frá 1991, starfshlutfall um 50% (lætur nú væntanlega af störfum).
2. *Þorlákshafnargirðing og Hjallagirðing:* Helgi Jóhannsson, Hveragerði. Hann hefur starfað frá 1950, starfshlutfall 50% (lætur nú væntanlega af störfum).

3. *Vestfirðir:* Egill Ólafsson, Hnjóti, Vesturbyggð, V.-Barð. Hann hefur starfað frá 1970, ólaunað.
4. *Þingeyjarsýslur:* Sveinn Þórarinsson, Krossdal, Kelduneshreppi, N.-Þing. Hann hefur starfað frá 1970, starfshlutfall 100%.
5. *Norður-Múlasýsla:* Guðmar Ragnarsson, Hóli, Hjaltastaðaþinghá, N.-Múl. Hann hefur starfað frá 1985, starfshlutfall u.þ.b. 20%.
6. *Austur-Skaftafellssýsla:* Þrúðmar Sigurðsson, Miðfelli, Nesjum, A.-Skaft. Hann hefur starfað síðan 1986, starfshlutfall 100%.

Aðrir landgræðsluverðir (og umsjónarmenn girðinga, nokkrir ólaunaðir):
Guðleifur Sigurjónsson, Keflavík, Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi, Snorri Jóhannesson, Borgarfirði, Jón Fr. Jónsson, Flateyri, Sigurjón Guðmundsson, A.-Hún., Egill Bjarnason, Skagafirði, Friðrik Lange, Mývatnssveit, Hjörleifur Sigurðarson, Mývatnssveit, Þorlákur Jónasson, Mývatnssveit, Albert Halldórsson, Landeyjum.

151. Fyrirspurn [136. mál]

til samgönguráðherra um samkeppnisstarfsemi á vegum Póst- og símamálastofnunar.

Frá Viktori B. Kjartanssyni.

1. Hvernig var staðið að ákvörðun um það þegar Póst- og símamálastofnun hóf að selja almenningi aðgang að innhringiþjónustu fyrir internet á liðnu sumri?
2. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að Póst- og símamálastofnun hefur að undanförnu aukið umsvif sín í samkeppnisrekstri á ýmsum sviðum?
3. Mun ráðherra, sem handhafi hlutabréfa ríkisins í Pósti og síma hf., beita sér fyrir eða styðja frekari útþenslu fyrirtækisins í samkeppnisrekstri þegar hlutafélagið hefur tekið til starfa 1. janúar næstkomandi?
4. Telur ráðherra að ríkið eða ríkisfyrirtæki ættu að beita sér fyrir samkeppnisrekstri á fleiri sviðum?
5. Er uppsetningu hnitpunkta á landsbyggðinni vegna innhringiþjónustu fyrir internet lokið?

152. Fyrirspurn [137. mál]

til dómsmálaráðherra um lágmarksrefsingu við alvarlegum líkamsárásum.

Frá Viktori B. Kjartanssyni.

Hyggst ráðherra leggja til breytingu á almennum hegningarlögum þannig að þar verði kveðið á um lágmarksrefsingu við alvarlegum líkamsárásum?

153. Fyrirspurn [138. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðsluerfiðleikalán.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var árangurinn af greiðsluerfiðleikalánum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árunum 1985–96, sundurgreint með eftirfarandi hætti:
   a. greiðsluerfiðleikalán úr Byggingarsjóði ríkisins 1985–90,
   b. greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu á árinu 1991,
   c. skuldbreytingarlán Húsnæðisstofnunar í samvinnu við lánastofnanir sem hófst 1993?
2. Hvað má ætla að hægt hafi verið að forða mörgum frá missi húsnæðis með greiðsluerfiðleikaaðstoð, sundurliðað samkvæmt framansögðu?
3. Hvað má ætla að margir séu enn í greiðsluerfiðleikum sem fengið hafa greiðsluerfiðleikalán og skuldbreytingu samkvæmt framansögðu?
4. Hvað má ætla að biðtími eftir lánum í 86-kerfinu, auknar lántökur í bankastofnunum og kostnaður því samfara samsvari í afföllum? Hvað má ætla að afföll á þeim tíma hafi verið á sölu lánsloforða sem viðgekkst þá í einhverjum mæli?
5. Hvað má ætla að íbúðarkaupendur hafi þurft að taka í skammtímalán miðað við lánakerfið sem gilti 1986–90 og hins vegar í húsbréfakerfinu og hver er áætlaður kostnaður íbúðarkaupenda af slíkum skammtímalánum?

Skriflegt svar óskast.

154. Fyrirspurn [139. mál]

til menntamálaráðherra um útvarps- og sjónvarpssendingar.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Hvað hefur verið gert til þess að bæta skilyrði til útvarps- og sjónvarpssendinga sem nái til hafsvæðisins í kringum landið?

155. Fyrirspurn [140. mál]

til menntamálaráðherra um möguleika ungmenna til framhaldsnáms.

Frá Ólafíu Ingólfsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið látið kanna hvaða áhrif aukakostnaður vegna búsetu hefur á möguleika ungmenna á landsbyggðinni til að stunda framhaldsnám?

2. Hefur ráðherra hugsað sér að gera tillögur um aðgerðir til þess að jafna möguleika ungmenna til framhaldsnáms?

156. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem framleidd eru innan lands eða flutt sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í ljós hefur komið að gildandi lagaákvæði mismuna innlendri og erlendri framleiðslu, efni og tækjum, til ofanflóðavarna. Í 12. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er ákvæði um að fella skuli niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum. Þetta er túlkað svo, sbr. meðfylgjandi bréf fjármálaráðuneytis til Veðurstofu Íslands, að ekki sé heimilt að innlend vara, efni eða tæki, fái sömu meðferð. Þar sem bersýnilega er ósanngjarnt að ívilna þannig innflutningi umfram innlenda framleiðslu er frumvarp þetta flutt.

Fylgiskjal.

Bréf fjármálaráðuneytis til Veðurstofu Íslands.
(11. október 1996.)

Vísað er til erindis Veðurstofunnar, dags. 1. október 1996. Í erindinu kemur fram að stofnunin sé að kaupa mælitæki til mælinga á togálagi í stoðvirkjum á upptakasvæði snjóflóða á Siglufirði. Vakin er athygli á því að ef tækið er keypt erlendis frá falli aðflutningsgjöld og virðisaukaskattur niður, en sé tækið keypt hér á landi þurfi að greiða virðisaukaskatt. Stofnunin hafi hug á að kaupa togskráningartæki sem framleitt sé af íslensku fyrirtæki, Hugrúnu hf. Það fyrirtæki flytji hluta af framleiðslu sinni úr landi og hafi umboðsaðila í mörgum löndum og sé því unnt að panta tækið erlendis frá. Þess er óskað að ráðuneytið staðfesti að virðisaukaskattur leggist á mælitæki sem keypt eru hér á landi en ekki á tæki sem keypt eru erlendis frá. Jafnframt er óskað svars við því hvort eitthvað

sé athugavert við að kaupa tækið af erlendum umboðsaðila íslensks fyrirtækis og þá jafnframt hvort nægilegt sé að reikningur vegna þeirra viðskipta sé tollafgreiddur.

Ráðuneytið vill til svars við erindinu taka fram að skv. 12. gr. laga nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, skal fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum. Heimild ákvæðisins til niðurfellingar virðisaukaskatts er því bundin við innflutt efni og tæki og nær samkvæmt því ekki til efnis og tækja sem framleidd eru hér á landi. Hvað varðar þá spurningu hvort nægilegt sé að reikningur vegna viðskiptanna sé tollafgreiddur þá mun þar vera átt við að tækið verði afhent beint frá hinum íslenska framleiðanda til Veðurstofunnar þrátt fyrir að varan sé keypt af erlendum umboðsaðila. Ráðuneytið vill í því sambandi benda á að skv. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er sala á vöru úr landi undanþegin skattskyldri veltu. Að mati ráðuneytisins getur vara ekki talist hafa verið seld úr landi nema hún hafi verið tollafgreidd til útflutnings. Samkvæmt því ber að skila virðisaukaskatti vegna sölu á vöru sem seld hefur verið til innlendra aðila í gegnum erlendan umboðsaðila hafi varan ekki verið tollafgreidd vegna útflutnings.

Ráðuneytið telur því, með vísan til framansagðs, að ekki sé heimilt að fella niður virðisaukaskatt vegna kaupa á umræddu tæki, nema tækið hafi áður verið tollafgreitt úr landi og flutt inn á ný. Ráðuneytið mun hins vegar vekja athygli umhverfisráðuneytisins á því misræmi sem er í 12. gr. laga nr. 28/1985 hvað varðar heimild til niðurfellingar gjalda af innfluttum vörum annars vegar og innlendum vörum hins vegar og fara þess á leit að það ráðuneyti hafi frumkvæði að því að umræddu lagaákvæði verði breytt að þessu leyti.

F.h.r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.
Bergþór Magnússon.

157. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 1. málsl. kemur: C–E-liðum.
b. 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „C–F- liðum“ í 6. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

3. gr.

Í stað orðanna „C–F- liðum“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 65 kr./kg í 60 kr./kg:

1704.1000	1704.9009	1806.3101	1806.9025	3004.5004
1704.9001	1806.1000	1806.3109	1806.9025	3004.9004
1704.9002	1806.2001	1806.3201	1806.9027	3302.1021
1704.9003	1806.2003	1806.3202	1806.9028	3302.1029
1704.9004	1806.2004	1806.3203	1806.9029	3302.1030
1704.9005	1806.2005	1806.3209	1806.9039	
1704.9006	1806.2006	1806.9023	2106.9061	
1704.9007	1806.2009	1806.9024	3003.9001	

b. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 12 kr./kg í 10 kr./kg:

2006.0011	2006.0030	2008.2001	2008.5009	2008.9100
2006.0012	2007.1000	2008.2009	2008.6001	2008.9201
2006.0019	2007.9100	2008.3001	2008.6009	2008.9209
2006.0021	2007.9900	2008.3009	2008.7001	2008.9901
2006.0022	2008.1101	2008.4001	2008.7009	2008.9902
2006.0023	2008.1109	2008.4009	2008.8001	2008.9909
2006.0029	2008.1900	2008.5001	2008.8009	2106.9062

c. Af vörum í öllum tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í B-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 9 kr./l í 8 kr./l.

d. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við í C-lið viðaukans:

8708.1000	8708.3900	8708.6000	8708.9100	8708.9900
8708.2900	8708.4000	8708.7000	8708.9300	
8708.3100	8708.5000	8708.8000	8708.9400	

e. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðaukans:

3303.0001	3305.3000	3307.9009	3702.4402	3702.9200
3303.0002	3305.9000	3701.2000	3702.5100	3702.9300
3304.1000	3307.1000	3701.9109	3702.5200	3702.9400
3304.2000	3307.2000	3701.9909	3702.5300	3702.9500
3304.3000	3307.3000	3702.2000	3702.5400	
3304.9100	3307.4100	3702.3100	3702.5500	
3304.9900	3307.4900	3702.3200	3702.5600	
3305.2000	3307.9002	3702.3909	3702.9100	

f. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr D-lið viðaukans:

8708.1000	8708.5000	8708.9300	9608.3100	9608.9100
8708.2900	8708.6000	8708.9400	9608.3900	9608.9900
8708.3100	8708.7000	8708.9900	9608.4000	9609.1000
8708.3900	8708.8000	9608.1000	9608.5000	9609.2000
8708.4000	8708.9100	9608.2000	9608.6000	9609.9000

g. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við E-lið viðaukans:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8100	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

h. F-liður viðaukans fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 89/1996, sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor, voru gerðar ýmsar breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald. Með breytingunum var komið til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði gert, bæði hvað varðar mismunandi greiðslufrest og mismunandi gjaldstofn vörugjalds, eftir því hvort um var að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur. Með lögunum var greiðslufrestur af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum samræmdur. Ákvæðum um gjaldstofn vörugjalds var jafnframt breytt, þannig að gjaldstofninn er nú hinn sami hvort sem vara er innflutt eða innlend. Þannig var m.a. tekið upp magngjald í stað verðgjalds á matvörur, hjólbarða og gúmmívörur.

Í athugasemdum við frumvarp það sem lagt var fram til fyrrgreindra laga kom fram að ríkisstjórnin stefndi að lækkun vörugjalds um sem næmi 350 millj. kr. í tengslum við samræmingu tryggingagjalds á milli atvinnugreina. Boðað var að breyting þessi kæmi til framkvæmda á næstu árum í formi lækkaðra magngjalda, lækkunar á hæstu flokkum verðgjalds og fækkunar gjaldskyldra vara.

Í lagafrumvarpi því sem nú er lagt fram eru lagðar til breytingar á vörugjaldi í samræmi við framangreind fyrirheit ríkisstjórnarinnar. Lagt er til að vörugjald verði fellt niður af snyrtivörum, filmum og ritföngum, að magngjald af ýmsum matvörum verði lækkað, að vörugjald af ýmsum varahlutum í bifreiðar lækki úr 20% í 15% og loks að vörugjald af þeim vörum sem borið hafa 30% vörugjald lækki í 25%. Um nánari skýringar á breytingum þessum vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Reiknað er með að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi lækki um tæplega 300 millj. kr., verði frumvarp þetta að lögum. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins kemur fram hvert tekjutap ríkissjóðs er vegna hverrar breytingar fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til breytingar á orðalagi 3. gr. laganna til samræmis við það að gjaldflokkum fækkar um einn við að vörugjald af vörum sem borið hafa 30% vörugjald lækkar í 25%.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni eru lagðar til þær breytingar sem gera þarf á viðauka I við lögin.

Í a-lið er kveðið á um lækkun magngjalds af sælgæti úr 65 kr./kg í 60 kr./kg. Reikna má með að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi muni lækka um 10 millj. kr. á ári við þessa breytingu.

Í b-lið er lagt til að gjald af niðursoðnum ávöxtum, sultum o.fl. lækki úr 12 kr./kg í 10 kr./kg. Áætla má að tekjutap ríkissjóðs af vörugjaldi muni nema um 4,5 millj. kr. á ári við breytinguna.

Í c-lið er gert ráð fyrir að gjald af ýmsum drykkjarvörum, einkum safa, gosdrykkjum og óáfengum vínum, lækki úr 9 kr./l í 8 kr./l. Líklegt er að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi lækki um 47 millj. kr. á ári við þessa breytingu.

Í d-lið er gert ráð fyrir að vörugjald af þeim varahlutum í bifreiðar sem borið hafa 20% vörugjald lækki í 15%. Tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi munu væntanlega lækka um 44 millj. kr. á ári við breytinguna.

Í e-lið er gert ráð fyrir að 15% vörugjald sem nú er á filmum og snyrtivörum verði fellt niður. Reikna má með að árlegt tekjutap ríkissjóðs af vörugjaldi af filmum nemi um 16 millj. kr., en um 108 millj. kr. af snyrtivörum.

Í f-lið er gert ráð fyrir að 20% vörugjald á ritföngum falli niður. Vörugjaldstekjur ríkissjóðs munu að líkindum lækka um 20 millj. kr. á ári við þá breytingu. Jafnframt er kveðið á um að tiltekin tollskrárnúmer falli brott úr D-lið viðaukans, en þau færast í C-lið viðaukans, sbr. skýringar við d-lið hér að framan.

Í g- og h-lið eru lagðar til breytingar á viðaukanum, þannig að vörugjald af þeim vörum, sem nú bera 30% vörugjald, lækkar í 25%. Um er að ræða mynd- og hljómflutningstæki, útvörp og segulbönd annars vegar en byssur og skotfæri hins vegar. Gera má ráð fyrir að árlegt tekjutap ríkissjóðs við þessa breytingu muni nema um 44 millj. kr.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á innheimtu vörugjalds af nokkrum vöruflokkum. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna þessara breytinga hjá innheimtuaðilum verði óveruleg.

158. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanki Íslands“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: verðbréfasjóðir, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. 2. tölul. orðast svo: Við innlausn eða sölu skal gera skil á greiðslu skatts af gengishækkun hlutdeildarskírteina.
b. Á eftir orðinu „verðbréfum“ í 5. tölul. kemur: þar með talda gengishækkun hlutdeildarskírteina.

3. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. skal ekki telja afföll af verðbréfum og kröfum sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997 til stofns til staðgreiðslu. Um skattgreiðslu af slíkum tekjum fer eftir 2. málsl. 2. mgr. 4. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um næstu áramót koma til framkvæmda lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en þau lög voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Síðan hefur framkvæmd laganna verið í undirbúningi af skattyfirvöldum í samráði við hina ýmsu aðila sem að skattframkvæmdinni munu koma. Í framhaldi af þeirri vinnu þykir nauðsynlegt að leggja til nokkrar breytingar á lögum þeim sem lúta að skattlagningu fjármagnstekna. Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á framkvæmd skattlagningar hlutdeildarskírteina. Þessar breytingar byggja á því að sú regla laganna að taka árlega skatt af hækkun hlutdeildarskírteina getur í ákveðnum tilvikum verið íþyngjandi, þ.e. þegar skírteini eru ekki leyst út og tekjurnar hafa því ekki á árinu raungerst í hendi eiganda hlutdeildarskírteinis. Íþyngingin felst í því að nokkrar sveiflur geta orðið á gengi skírteina af þessu tagi. Þannig getur hækkun á gengi eitt árið orðið að engu það næsta. Vegna þess að tekjur fyrra árið hafa verið skattlagðar enda þótt þær komi ekki til með að raungerast í hendi eiganda hlutdeildarskírteinisins vegna gengislækkunar sem kann að verða síðar. Í ljósi þessa er hér lögð til sú breyting á lögunum að skattur af hækkun hlutdeildarskírteina verði ekki innheimtur árlega í staðgreiðslu, heldur verði hann innheimtur við innlausn hlutdeildarskírteinis.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða lagt til að afföll af verðbréfum og kröfum sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997 myndi ekki stofn til staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er lagt til að rekstaraðilar verðbréfasjóða verði undanþegnir skyldu til að greiða skatt skv. 1. gr. laganna og sæta innheimtu í staðgreiðslu hans, með sama hætti og gildir um lánastofnanir. Nauðsynlegt er að gera þessa breytingu þar sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins að horfið verði frá því að skattleggja tekjur verðbréfasjóða árlega í staðgreiðslu og miða skattlagningartímamarkið í þess stað við innlausn hlutdeildarskírteinis.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að skatti af gengishækkun hlutdeildarskírteina skuli skilað við innlausn þeirra. Um forsendur þessarar breytingar vísast til almennra athugasemda.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði til bráðabirgða er lagt til að afföll af verðbréfum og kröfum sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997 skuli ekki telja til stofns við staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum. Það byggist á því að talið er óframkvæmanlegt að ákvarða þennan stofn í staðgreiðslu nema með ærnum tilkostnaði þar sem upplýsingar um hann liggja ekki fyrir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum varðandi tekjur ríkissjóðs og verður ekki séð að það hafi teljandi áhrif á gjaldahlið.

159. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Í stað orðanna „falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald“ í 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Við 7. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi aðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun eða leigu ökutækis en ökutækið er síðar tekið til annarrar notkunar þar sem honum er heimill minni eða enginn frádráttarréttur ber honum að tilkynna það til skattstjóra áður en notkun er breytt og fjarlægja auðkenni sem sett hafa verið á ökutækið samkvæmt þessari grein.

3. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóri skal ákvarða virðisaukaskatt skráðs aðila á hverju uppgjörstímabili.

Hann skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó skal skattstjóri ávallt leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til skattgreiðanda.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skattstjóri rannsaka skýrslu sérstaklega. Fallist skattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann aðila og innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður ríkissjóðs skal endurgreiða aðila mismuninn. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Endurgreiðsla má þó aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna aðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á, þar með talið að aðili hafi lagt fram röng eða villandi gögn, framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Aðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós annmarkar á virðisaukaskattsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 25. gr., eða telji skattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði varðandi virðisaukaskattsskil aðila, skal hann skriflega skora á aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests ákvarðar hann eða endurákvarðar virðisaukaskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á virðisaukaskattsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir, er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila.

Þá er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæða reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum, sem virðisaukaskattsskýrsla byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talin notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Ákvæði 27. gr. á við um áætlun samkvæmt þessari grein.

Við ákvörðun eða endurákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr., skal skattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal skattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað aðila er skattstjóra heimilt að gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem skattstjóri hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun skv. 3. mgr. og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra. Heimilt er aðila að kæra úrskurð skattstjóra til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein nær til skatts síðustu fjögurra ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Frestur til endurákvörðunar er þó sex ár hafi aðili dregið viðskipti undan skatti af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða ef telja verður virðisaukaskatt vanreiknaðan af þeim ástæðum sem um getur í 2. mgr. Fari fram rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Hafi skattstjóri eða ríkisskattstjóri grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. kemur: 25. gr.
b. 7.–10. mgr. falla brott.

6. gr.

Í stað „26. gr.“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: 25. gr.

7. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti skv. 25. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um skattákvörðun. Við ákvörðun virðisaukaskatts án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabilsins, sbr. 24. gr. Kærur skulu vera skriflegar og rökstuddar. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að yfirskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

8. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 26. gr.

9. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% þess virðisaukaskatts.

10. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki.

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 24,5% virðisaukaskatt:

1704.1000	1806.3109	2009.1109	2106.9011	2204.2161
1704.9001	1806.3201	2009.1901	2106.9019	2204.2911
1704.9002	1806.3202	2009.1909	2106.9021	2204.2921
1704.9003	1806.3203	2009.2001	2106.9022	2204.2931
1704.9004	1806.3209	2009.2009	2106.9031	2204.2941
1704.9005	1806.9023	2009.3001	2106.9039	2204.2951
1704.9006	1806.9024	2009.3009	2106.9061	2204.2961
1704.9007	1806.9025	2009.4001	2106.9063	2204.3001
1704.9009	1806.9026	2009.4009	2201.1000	2205.1001
1805.0001	1806.9028	2009.5001	2202.1001	2205.9001
1805.0009	1806.9029	2009.5009	2202.1009	2206.0001
1806.1000	1806.9039	2009.6001	2202.9009	2208.7011
1806.2001	1905.2000	2009.6009	2203.0001	2208.7091
1806.2003	1905.3011	2009.7001	2204.1001	2208.9091
1806.2004	1905.3019	2009.7009	2204.2111	2209.0000
1806.2005	1905.3021	2009.8001	2204.2121	
1806.2006	1905.3029	2009.8009	2204.2131	
1806.2009	1905.3030	2009.9001	2204.2141	
1806.3101	2009.1101	2009.9009	2204.2151	

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi skattstjóri tilkynnt aðila um fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti fyrir 1. janúar 1997 skal fara með málið eftir þeim ákvæðum sem í gildi voru fyrir þann tíma.

II.

Fari afhending á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis sannanlega fram fyrir 1. janúar 1997 er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af henni að fullu enda sé dagsetning sölureiknings fyrir þann tíma.

Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. janúar 1997 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af þeirri vinnu sem unnin var fyrir 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru fyrst og fremst lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum sem gera þarf vegna breytinga á öðrum skattalögum.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á málsmeðferðarákvæðum laganna til samræmis við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þeim ákvæðum var breytt á haustþingi 1995 og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

Í öðru lagi er lagt til að tekin verði út tilvísun í viðauka I laga nr. 97/1987, um vörugjald, og lögfestur í stað þess viðauki við lögin sama efnis.

Í þriðja lagi er lagt til að endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna viðhalds og endurbóta á íbúðarhúsnæði verði lækkaðar í 60% til samræmis við endurgreiðslur af nýbyggingum.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á lögunum til að styrkja framkvæmd og eftirlit með virðisaukaskattsbifreiðum.

Málsmeðferðarreglur virðisaukaskattslaganna eru í IX. kafla þeirra. Við lögfestingu laganna var á sínum tíma ákveðið að kveða aðeins að hluta á um málsmeðferð í þeim og vísa að öðru leyti í ákvæði laga nr. 75/1981. Ókostir þessa fyrirkomulags eru þeir að erfitt er að gera sér grein fyrir hvaða reglur gildi við málsmeðferð vegna virðisaukaskatts hjá skattyfirvöldum aðrar en þær sem eru fyrir í lögunum. Í raun þarf töluverða sérþekkingu til að geta áttað sig á hvernig túlka eigi saman ákvæði laganna og laga nr. 75/1981. Því er lagt til að málsmeðferðarreglur 95., 96. og 99. gr. laga nr. 75/1981 verði teknar upp í lögin eftir því sem þurfa þykir, en ákvæði laga nr. 75/1981 gildi eftir sem áður til fyllingar ákvæðum laganna. Með lögfestingu skýrari málsmeðferðarreglna í lögunum verður réttaröryggi skattaðila betur tryggt og um leið stuðlar það að markvissari framkvæmd. Er sú breyting í samræmi við þá þróun í lagasetningu varðandi réttaröryggi borgara í samskiptum sínum við hið opinbera sem hefur verið í þjóðfélaginu á síðustu árum. Sem dæmi má nefna nýleg stórnsýslulög, nr. 37/1993, og upplýsingalög, nr. 50/1996.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að felld verði brott tilvísun í lög nr. 97/1987, um vörugjald, en í stað þess komi tilvísun í viðauka við lögin, sbr. 10. gr., er efnislega samhljóða gjaldflokki D í lögum nr. 97/1987 áður en þeim var breytt á síðasta vorþingi.

Um 2. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að styrkja framkvæmd og eftirlit með virðisaukaskattsbifreiðum, sérstaklega þeim bifreiðum sem auðkenndar eru með rauðum skráningarmerkjum vegna nýtingar á frádrætti innskatts af kaupum þeirra. Frá því að farið var að auðkenna virðisaukaskattsbifreiðar í júlí 1993 hafa mörg mál komið fyrir yfirskattanefnd þar sem tekið hefur verið á úrskurðum skattyfirvalda vegna meintrar misnotkunar skattaðila. Yfirskattanefnd hefur nú kveðið upp marga stefnumarkandi úrskurði varðandi framkvæmd, eftirlit og málsmeðferð mála sem varða virðisaukaskattsbifreiðar. Af úrskurðum nefndarinnar má draga þá ályktun að nauðsynlegt sé að setja skýrari reglur um skyldur aðila sem fá endurgreiddan virðisaukaskatt af kaupverði bifreiða. Í ákvæðinu er lagt til að kveðið verði á um það með skýrum hætti að hafi skattaðila verið heimilt að telja virðisaukaskatt af öflun og leigu ökutækis til innskatts beri honum að tilkynna skattstjóra áður en hann hyggst breyta notkun bifreiðarinnar.

Breyting þessi tekur af vafa um hvernig fara beri með mál þar sem fyrir liggur í gögnum skattyfirvalda að bifreið á rauðum skráningarmerkjum hafi verið notuð í öðrum tilgangi en varðar skattskylda starfsemi án þess að tilkynnt hafi verið um breytta notkun til skattstjóra. Í slíkum tilvikum er skattstjóra rétt að fella niður innskatt af kaupum bifreiðarinnar.

Um 3. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að fella í eina lagagrein ákvæði um hina reglulegu ákvörðun virðisaukaskatts sem fram fer að liðnu hverju uppgjörstímabili, hvort sem um er að ræða virðisaukaskatt til greiðslu (áður í 25. gr.) eða til endurgreiðslu (áður ákvæði 26. gr.). Breytingar frá núgildandi lögum eru m.a. þær að tekið er fram í 1. mgr. að skattstjóri skuli ákvarða virðisaukaskatt skráðra aðila á hverju uppgjörstímabili. 1. mgr. 25. gr. á við um ákvörðun skattstjóra hvort sem ákvörðun er tekin á grundvelli 25. eða 26. gr. Þetta hefur þýðingu með tilliti til kærufrests, sbr. athugasemdir með 7. gr. frumvarpsins. Þá er mælt fyrir um það sérstaklega að tilkynna skuli aðila um samþykki skattstjóra til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt skýrslu þar sem innskattur er hærri en útskattur. Er það í samræmi við ákvæði reglugerðar um framtal og skil á virðisaukaskatti. Ekki er gert ráð fyrir tilkynningu til aðila vegna reglulegrar ákvörðunar á virðisaukaskatti skráðs aðila.

Hins vegar er lagt til að bætt verði við ákvæðið til fyllingar og samræmingar við málsmeðferðarreglur laga nr. 75/1981 og til staðfestingar á núgildandi framkvæmd. Í þessu felast ekki efnisbreytingar.

Lagt er til að bætt verði tveimur nýjum málsliðum til fyllingar á 25. gr. laganna, í samræmi við málsmeðferðarreglur tekjuskatts- og eignarskattslaganna. Annars vegar er gerð skýr skylda skattstjóra til að áætla fjárhæð á skatti til greiðslu svo ríflega að hún sé örugglega ekki lægri en aðila ber raunverulega að greiða. Hins vegar er kveðið á um að skattstjóri geti leiðrétt augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til skattgreiðanda. Hér undir falla tilvik eins og þegar mismunur til greiðslu á skýrslu er ekki í samræmi við útskatt og innskatt á skýrslu. Sé greiðslan í samræmi við útskatt og innskatt á skýrslu þykir ekki tilefni til þess að tilkynna sérstaklega um leiðréttingu skattstjóra. Sé greiðslan hins vegar í samræmi við mismun til greiðslu á skýrslu er hins vegar tilefni til fyrirspurnar skv. 26. gr. laganna.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að 26. gr. virðisaukaskattslaganna verði eftir því sem við á aðlöguð 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Tilgangur þessarar breytingar er tvíþættur. Annars vegar að stytta feril málsmeðferðar við endurákvarðanir til samræmis við breytingu sem gerð var á lögum nr. 75/1981. Hins vegar að gera málsmeðferðarreglur laganna skýrari og aðgengilegri.

Fram að þessu hafa málsmeðferðarreglur laganna verið ófullkomnar og hafa málsmeðferðarákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt verið þeim til fyllingar, sbr. 49. gr. laganna. Í þeirri grein kemur fram að um þau atriði þar sem ekki eru sérstök ákvæði í virðisaukaskattslögunum fari samkvæmt lögum nr. 75/1981 eftir því sem við eigi. Eins og fram hefur komið í almennum athugasemdum með frumvarpinu er talið æskilegt að málsmeðferðarákvæði þessi séu skýr í lögunum.

Breytingar sem gerðar eru á ákvæðinu eru eftirfarandi: 1) Lagt er til að reglur um fyrirspurn skattstjóra verði færðar inn í ákvæði virðisaukaskattslaga. 2) Tekinn er upp 15 daga lágmarksfrestur til andmæla við endurákvarðanir til samræmis við ákvæði laga nr. 75/1981 ásamt því að tekið er upp almennt ákvæði um boðun breytinga. 3) Frestur skattstjóra til að endurákvarða verður að jafnaði tveir mánuðir í stað þess að áður hafði skattstjóri þrjátíu daga til að kveða upp úrskurð. Fresturinn er lengdur til samræmis við ákvæði laga nr. 75/1981. 4) Í núgildandi ákvæði er heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts sex ár aftur í tímann en lagt er til að stytta þennan tíma í fjögur ár nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða stórfellt gáleysi eða ásetning eða í tilvikum er greinir í 2. mgr. Er þessi breyting í samræmi við breytingar á þessum frestum sem lagðar eru til í frumvarpi til breytinga á lögum nr. 75/1981. 5) Í núgildandi ákvæði virðisaukaskattslaga ber að gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju en slíkt ákvæði hefur ekki verið í lögum nr. 75/1981 og þykir því rétt að gæta samræmis hvað þetta varðar og fella út ákvæðið. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf þar sem einungis er verið að samræma ákvæði virðisaukaskattslaga tekjuskattslögum eftir því sem við á.

Styttingu málsmeðferðar um eitt kærustig við endurákvörðun er ætlað að miða að aukinni skilvirkni á skattstjórastigi án þess þó að skerða réttaröryggi skattaðila. Engar breytingar verða á rannsóknar- eða rökstuðningsskyldu skattstjóra né andmælarétti skattaðila, en þær reglur eru ýmist lögfestar í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eða leiddar af stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Breytingarnar eiga að leiða til tíma- og vinnusparnaðar, bæði hjá skattaðilum og skattstjórum. Í framkvæmd hefur verið talið að mál séu nokkuð þung í vöfum eftir ákvörðun og því haldið fram að við kæruúrskurði verði sjaldnast miklar breytingar þar sem allar málsástæður, lagarök og gögn hafi að jafnaði komið fram þegar endurákvörðun hefur verið boðuð. Tekið skal fram að þegar skattaðila eru tilkynntar fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti hans eru þær breytingar rökstuddar og sama gildir um endurákvörðun.

Ferill mála samkvæmt gildandi reglum er eftirfarandi:
— fyrirspurn skattstjóra,
— svar skattaðila,
— tilkynning skattstjóra um fyrirhugaðar breytingar,
— viðbótargögn og andmæli skattaðila,
— endurákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti,
— kæra skattaðila,
— úrskurður skattstjóra sem síðan er kæranlegur til yfirskattanefndar.

Verði þær breytingar sem hér eru lagðar til að lögum verður ferill máls þessi:
— fyrirspurn skattstjóra,
— svar skattaðila,
— tilkynning skattstjóra um fyrirhugaðar breytingar,
— viðbótargögn og andmæli skattaðila,
— úrskurður skattstjóra um endurákvörðun á virðisaukaskatti sem er þá kæranlegur til yfirskattanefndar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að 7.–10. mgr. 27. gr. verði felldar brott enda eru efnisákvæði þeirra tekin upp í 26. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Eftir breytinguna fjallar 27. gr. einungis um beitingu álags. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Lagt er til að frestur skattstjóra til að kveða upp kæruúrskurð verði að jafnaði tveir mánuðir. Er sú breyting í samræmi við breytingar þær sem gerðar voru á lögum nr. 75/1981 á haustþingi 1995. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna um kærufresti verið gerð skýrari, þ.e. tiltekið er frá hvaða tíma kærufrestir byrji að líða vegna ákvörðunar virðisaukaskatts. Aðrar breytingar á 29. gr. laganna eru að felldar eru brott nokkrar málsgreinar þar sem kveðið er á um kærurétt til yfirskattanefndar og verksvið hennar. Ákvæði samhljóða þessum eru í lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að endurgreiðslur vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis verði lækkaðar í 60% til samræmis við endugreiðslur vegna vinnu manna við nýbyggingar.Við breytingu sem gerð var á lögum um virðisaukaskatt sl. vor gætti þeirrar ónákvæmni að lækkun endurgreiðslunnar náði einungis til vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis en ekki til vinnu við viðhald eða endurbætur.

Um 10. gr.

Í þessari grein er lagt til að tekinn verði upp sérstakur viðauki við lögin til skilgreiningar á því hvaða vörur til manneldis falli undir hærra þrep virðisaukaskatts. Þessi breyting tengist þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins að fella brott tilvísun í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald. Ástæðan er sú að Alþingi samþykkti sl. vor breytingar á viðauka við þau lög með þeim áhrifum að tilvísun í viðauka þeirra á ekki lengur við. Í stað þess að leggja til breytingar á þeim viðauka þykir eðlilegra að taka upp sérstakan viðauka við þessi lög.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði skýrar málsmeðferðarreglur í virðisaukaskattslögin. Frumvarpið mun þó ekki hafa í för með sér neina breytingu í framkvæmd, þar sem samkvæmt núgildandi lögum er vísað til laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þeim til fyllingar. Gert er ráð fyrir að þessi breyting hafi óverulegan kostnað í för með sér.

160. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „1,5%“ í 1. mgr. kemur: 1,35%.

b. Í stað 3., 4. og 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Almennt tryggingagjald skal vera 4,15% af gjaldstofni skv. III. kafla, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal almennt tryggingagjald vera í tveimur gjaldflokkum, almennum gjaldflokki og sérstökum gjaldflokki, við álagningu tryggingagjalds á árunum 1998–2000 og staðgreiðslu þess á árunum 1997–1999.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í sérstökum gjaldflokki, þ.e. fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi, skal vera sem hér segir:

a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 2,7%.
b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 3,2%.
c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 3,7%.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í almennum gjaldflokki, þ.e. fyrir allar aðrar atvinnugreinar en falla undir 5. mgr., skal vera sem hér segir:

a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 5,15%.
b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 4,8%.

c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 4,45%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Ákvæði a-liðar 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 1998 og við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi þarf að skoða í samhengi við ákvæði annarra frumvarpa á sviði skattamála sem lögð eru fyrir Alþingi á sama tíma. Í meginatriðum má skipta þeim breytingum sem lagðar eru til í þessum frumvörpum í fernt. Fyrst eru breytingar á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja. Í öðru lagi eru tilteknar breytingar á tekjusköttum einstaklinga. Í þriðja lagi eru breytingar á tryggingagjaldi sem fyrirtæki greiða, en þær eru lagðar til í þessu frumvarpi. Í fjórða lagi eru breytingar á vörugjöldum.

Skattbreytingar að undanförnu.

Verulegar breytingar hafa orðið á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga á undanförnum árum. Hér hefur einkum verið horft til þess að breyta skattlagningunni til samræmis við það sem er í helstu samkeppnislöndunum. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur verið lækkað umtalsvert, en á móti hafa ýmsir frádráttarliðir verið lækkaðir eða felldir niður. Aðstöðugjald, sem lagt var á veltu fyrirtækja, var fellt niður. Skattstofn virðisaukaskatts var breikkaður og tekið upp nýtt lægra þrep. Jafnframt var virðisaukaskattur á matvælum lækkaður. Loks voru stigin fyrstu skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins með því að undanþiggja lífeyrisiðgjöld einstaklinga skattlagningu og með því að draga úr skerðingu á barnabótaauka vegna tekna. Með þeim breytingum sem kynntar eru í þessu frumvarpi er haldið áfram á þeirri braut að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og laga skattlagninguna að því sem er víða erlendis. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum hér á eftir.

Samhengi áformaðra skattbreytinga.

Sem fyrr segir eru áformaðar fleiri breytingar í skattamálum en felast í þessu frumvarpi. Þessar breytingar tengjast að nokkru leyti. Þannig vega breytingar á tekjuskatti fyrirtækja á móti tillögum sem kynntar eru í þessu frumvarpi, um að samræma álagningu tryggingagjalds milli atvinnugreina og stefna að einu gjaldhlutfalli eftir fjögur ár. Þetta á fyrst og fremst við um rýmri heimildir til að nýta rekstrartap fyrri ára til frádráttar tekjum. Lækkun á vörugjöldum nú er síðari hluti þeirrar breytingar sem hafin var fyrr á þessu ári en þá var gert ráð fyrir að hún yrði fjármögnuð með hækkun á almennu tryggingagjaldi um leið og það yrði samræmt. Vegna lækkunar á atvinnutryggingagjaldi, þ.e. þeim hluta tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, verður ekki þörf á því að tryggingagjaldið í heild hækki frá því sem nú er.

Breytingar á tryggingagjaldi.

Í þessu frumvarpi eru kynntar tvenns konar breytingar á tryggingagjaldi. Annars vegar er gert ráð fyrir samræmingu gjaldhlutfallsins milli atvinnugreina á næstu fjórum árum. Hins vegar er gjaldhlutfall atvinnutryggingagjalds lækkað (í samræmi við og með hlið-

sjón af minni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári) og almenna tryggingagjaldið hækkað samsvarandi til að fjármagna lækkun vörugjalds.

Samræming gjaldhlutfalls.

Ríkisstjórnin ákvað síðastliðið vor að stefna að samræmingu tryggingagjalds milli atvinnugreina í nokkrum áföngum. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af athugasemdum frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í febrúar sl. þar sem talið var að mishátt tryggingagjald eftir atvinnugreinum samrýmdist ekki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þótt EES-samningurinn taki ekki til allra þeirra atvinnugreina sem nú dag búa við lægra gjaldhlutfall telur ríkisstjórnin eðlilegt og sanngjarnt að allar atvinnugreinar sitji við sama borð og greiði jafnhátt tryggingagjald.

Samkvæmt gildandi lögum er tryggingagjaldið lagt á í tveimur þrepum, 3,55% á launagreiðslur í landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, hótel- og veitingahúsarekstri, bílaleigu, hugbúnaðargerð og kvikmyndagerð. Aðrar greinar greiða 6,85% tryggingagjald. Meðalgjaldhlutfallið er um 5,5%, ef rekstur ríkis og sveitarfélaga er undanskilinn.

Í þessu frumvarpi er gerð tillaga um samræmt 5,5% gjald fyrir allar atvinnugreinar sem komi til framkvæmda í jöfnum áföngum á næstu 4 árum, sbr. meðfylgjandi yfirlit:

Samræming tryggingagjalds

Sem % af launagreiðslum	Í dag	1997	1998	1999	2000
Landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður o.fl.	3,55	4,05	4,55	5,05	5,5
Aðrar greinar	6,85	6,50	6,15	5,80	5,5

Samræmingin felur í sér um 350 m.kr. árlega tilfærslu tryggingagjalds frá greinum í hærra þrepi yfir á þær sem eru í því lægra á næstu fjórum árum, eða um 1.400 m.kr. þegar breytingin verður að fullu komin til framkvæmda. Þar af á sjávarútvegurinn um það bil helming.

Tilfærsla frá atvinnutryggingagjaldi í almennt tryggingagjald.

Samkvæmt gildandi lögum er álagning tryggingagjalds þrískipt eftir réttthöfum. Fyrst er sérstakt 1,5% gjald eyrnamerkt Atvinnuleysistryggingasjóði og fjármögnun hans í kjölfar þeirra lagabreytinga sem samþykktar voru í lok síðasta árs. Í öðru lagi er kveðið á um hlut Vinnueftirlits ríkisins sem nemi allt að 0,08% af gjaldstofni. Það sem eftir stendur fer síðan til Tryggingastofnunar ríkisins upp í greiðslu lífeyris- og slysatrygginga almannatrygginga.

Ríkisstjórnin ákvað sl.vor að lækka vörugjöld í tveimur áföngum. Hinn fyrri er þegar kominn til framkvæmda, en sá síðari er fyrirhugaður í byrjun næsta árs. Áætlað var að hvor áfangi um sig kostaði ríkissjóð nálægt 350 m.kr. og að hinn síðari yrði fjármagnaður með hækkun tryggingagjalds. Nú er staðan hins vegar sú að fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs er minni en svarar til hluta hans í tryggingagjaldi (atvinnutryggingagjalds) sem nemur 350 m.kr. Þannig er nú svigrúm til að fjármagna lækkun vörugjalda án þess að hækka tryggingagjaldið frá því sem nú er. Í þessu frumvarpi er því lagt til að atvinnutryggingagjaldið lækki úr 1,5% í 1,35% til samræmis við minni fjárþörf Atvinnu-

leysistryggingasjóðs. Jafnframt hækki almenna tryggingagjaldið (bæði lægra og hærra þrepið) um sama hlutfall til að mæta tekjutapi vegna lækkunar vörugjalds.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar eru til tvær breytingar á 2. gr. laganna.

Í a-lið er lagt til að atvinnutryggingagjald lækki úr 1,5% í 1,35% af gjaldstofni í samræmi við minni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í b-lið eru síðan lagðar til breytingar á almennu tryggingagjaldi. Annars vegar er lögð til sú breyting að almennt tryggingagjald hækki um 0,15% til þess að standa undir lækkun vörugjalda. Hins vegar er lagt til að tekið verði upp í áföngum samræmt gjaldhlutfall almenns tryggingagjalds. Gert er ráð fyrir að samræmt gjaldhlutfall verði að fullu komið til framkvæmda við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 2000. Fram að þeim tíma verður almennt tryggingagjald lagt á og innheimt eins og verið hefur í tveimur gjaldflokkum, almennum og sérstökum. Er gert ráð fyrir að árlega hækki gjaldhlutfall í sérstökum gjaldflokki og lækki að sama skapi í almennum gjaldflokki.

Um forsendur að öðru leyti vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Ákvæði um gildistöku.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum varðandi tekjur ríkissjóðs og verður ekki séð að það hafi teljandi áhrif á gjaldahlið.

161. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1996:

a. Orðin „svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. orðast svo: Til tekna í þessu sambandi telst enn fremur gengishækkun hlutdeildarskírteina, svo og hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréf-

um, víxlum og sérhverjum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.

3. gr.

B-liður 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 97/1996, fellur brott.

4. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 7. tölul. 31. gr. laganna kemur: átta.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „6“ og „8“ í 1. tölul. kemur: 5 og 10.
b. Í stað hlutfallstalnanna „6“ og „8“ í 2. tölul. kemur: 5 og 10.
c. Í stað hlutfallstalnanna „9“ og „12“ í 3.tölul. kemur: 5 og 15.
d. Í stað hlutfallstalnanna „15“ og „20“ í a-lið 4.tölul. kemur: 10 og 20.
e. Í stað hlutfallstalnanna „11“ og „15“ í b-lið 4. tölul. kemur: 10 og 20.
f. 5. tölul. orðast svo:

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

a. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1% en að hámarki 3%:
   1. Íbúðarhúsnæði.
   2. Skrifstofubyggingum.
   3. Verslunarbyggingum.
b. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 6%:
   1. Verksmiðjubyggingum.
   2. Verkstæðisbyggingum.
   3. Vörugeymslubyggingum.
   4. Dráttarbrautum.
   5. Gisti- og veitingahúsum.
   6. Útihúsum á bújörðum.
   7. Loðdýrabúum og tilheyrandi girðingum.
   8. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymum.
   9. Ræktun á bújörðum.
   10. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í þessari grein.

c. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%:
   1. Bryggjum og plönum þeim tengdum.
   2. Gróðurhúsum.
d. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%:
   1. Borholum.
   2. Raflínum.
   3. Vinnubúðum, óvaranlegum.

Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

6. gr.

Við 63. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Einstaklingar í staðfestri samvist skulu telja fram og skattlagðir eins og hjón.

7. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „33,15%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 30,5%.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Á eftir „7. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: sbr. þó 4. tölul. þessarar greinar.
b. Á eftir „8. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. kemur: sbr. þó 4. tölul. þessarar greinar.
c. Við bætist nýr töluliður, er verður 4. tölul., sem orðast svo: Tekjuskattur manna sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. af arði, leigutekjum og söluhagnaði skal ákvarðaður skv. 3. mgr. 67. gr. og skal það vera endanleg álagning á þessar tekjur, sbr. 4. mgr. 67. gr.

9. gr.

Á eftir orðinu „samvinnufélögum“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna kemur: stofnfjárbréf í sparisjóðum.

10. gr.

97. gr. laganna orðast svo:

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu fjögurra ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Ef rekja má röng framtalsskil til stórfellds gáleysi eða ásetnings af hálfu skattaðila skal frestur þessi vera sex ár.

11. gr.

Við 109. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Innheimtuaðilum samkvæmt þessari grein skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda.

12. gr.

Við 1. mgr. 114. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Reglur þessarar málsgreinar um ábyrgð hjóna skulu gilda með sama hætti um samskattað sambúðarfólk og einstaklinga í staðfestri samvist.

13. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er ríkisskattstjóra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98. og 99. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

14. gr.

Á eftir orðinu „samvinnufélög“ í 1. málsl. 124. gr. laganna kemur: og stofnfjárbréf í sparisjóðum, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og hér greinir:

a. Ákvæði 6., 9., 11., 12., 13. og 14. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. Ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda frá og með gildistöku laga þessara og gildir um úrskurði um endurákvarðanir frá og með þeim tíma, þó þannig að hafi heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar gjalda verið fallin niður við gildistöku laga þessara, skv. 2. mgr. 97. gr. eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara, skapast ekki nýr afturvirkur frestur.
c. Ákvæði 3. gr. öðlast gildi þann 1. janúar 1997 og verður því eigi heimilt að draga frá tekjum ársins 1997 fjárhæð vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.
d. Ákvæði 4. og 5. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna rekstrar ársins 1996 og eigna í lok þess árs.
e. Ákvæði 7. gr. kemur til framkvæmda við staðgreiðslu tekjuskatts á árinu 1997 og álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997.
f. Ákvæði 1. og 8. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997.
g. Ákvæði 2. gr. kemur fyrst til framkvæmda á árinu 1998 við útreikning verðbreytingarstuðuls fyrir tekjuárið 1997.

16. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir tekjuárið 1996.

Auk verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna skal ríkisskattstjóri birta sérstakan verðbreytingarstuðul sem miðast við breytingu sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir 1. janúar 1996 og janúar 1997. Skattaðila skal heimilt í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laganna, sem lýkur á árinu 1996 skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn skal með sama hætti og í 1. mgr. greinir.

II.

Nýting eftirstöðva rekstrartapa rekstraráranna 1988 og síðar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 31. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa, sem mynduðust í rekstri á rekstrarárunum 1988 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstraráranna 1997–2000.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sumar þessara breytinga þarf að skoða í samhengi við ákvæði annarra skattafrumvarpa sem lögð eru fram á Alþingi á sama tíma. Í meginatriðum má skipta þessum breytingum í fernt. Fyrstu tvö atriðin eru kynnt í þessu frumvarpi. Fyrst eru breytingar á tekju- og eignarsköttum fyrirtækja. Í öðru lagi eru tilteknar breytingar á tekjusköttum einstaklinga. Hér er þó rétt að nefna að sérstök nefnd, skipuð fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, vinnur nú að tillögum um breytingar á tekjuskatti einstaklinga sem miða að því að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og ýmissa bótagreiðslna. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum fyrir áramót og eru því að svo stöddu engar tillögur gerðar er varða þau atriði sem ætla má að nefndin taki á, nema um afnám skattafsláttar vegna hlutafjárkaupa. Í þriðja lagi eru breytingar á tryggingagjaldi sem fyrirtæki greiða. Í fjórða lagi eru breytingar á vörugjöldum.

Skattbreytingar að undanförnu. Verulegar breytingar hafa orðið á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga á undanförnum árum. Hér hefur einkum verið horft til þess að samræma skattlagninguna við það sem er í helstu samkeppnislöndunum. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur verið lækkað umtalsvert, en á móti hafa ýmsir frádráttarliðir verið lækkaðir eða felldir niður. Aðstöðugjald, sem lagt var á veltu fyrirtækja, var fellt niður. Skattstofn virðisaukaskatts var breikkaður og tekið upp nýtt lægra þrep. Jafnframt var virðisaukaskattur á matvælum lækkaður. Loks voru stigin fyrstu skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins með því að undanþiggja lífeyrisiðgjöld einstaklinga skattlagningu og draga úr tekjuskerðingu við útreikning barnabótaauka. Með þeim breytingum sem kynntar eru í þessu frumvarpi er haldið áfram á þeirri braut að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og laga skattlagninguna að því sem er víða erlendis. Nánari grein er gerð fyrir þessum breytingum hér á eftir.

Samhengi áformaðra skattbreytinga. Sem fyrr segir eru áformaðar fleiri breytingar í skattamálum en felast í þessu frumvarpi. Þessar breytingar tengjast að nokkru leyti. Þannig vega breytingar á tekjuskatti fyrirtækja í þessu frumvarpi á móti tillögum sem kynntar eru í öðru frumvarpi um að samræma álagningu tryggingagjalds milli atvinnugreina og stefna að einu gjaldhlutfalli eftir fjögur ár. Þetta á fyrst og fremst við um rýmri heimildir til að nýta rekstrartap fyrri ára til frádráttar tekjum. Fyrirhuguð er frekari lækkun á vörugjöldum og er þar um að ræða síðari hluta þeirrar breytingar sem hafin var fyrr á þessu ári. Gert er ráð fyrir að hún verði fjármögnuð með því að nýta það svigrúm sem myndast við lækkun á atvinnutryggingagjaldi, þ.e. þeim hluta tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því er ekki gert ráð fyrir að tryggingagjaldið í heild þurfi að hækka frá því sem nú er. Þá er rétt að nefna að frekari breytingar á tekjuskatti

fyrirtækja eru enn til skoðunar í fjármálaráðuneytinu, svo sem hugmynd um að draga úr eða aflétta tvísköttun á arði sem greiddur er milli fyrirtækja með því að fella niður heimild fyrirtækja til að draga frá skattskyldum hagnaði útborgaðan arð allt að 7% af nafnvirði hlutafjár. Í stað þessa frádráttar kæmi það að arður yrði skattfrjáls hjá þeim lögaðila sem veitir honum móttöku. Á móti hugsanlegum neikvæðum áhrifum á skattgreiðslur fyrirtækja komi lækkun eignarskatta hjá fyrirtækjum og einstaklingum að undangenginni breikkun eignarskattsstofns o.fl. Enn fremur er til athugunar að setja reglur um samsköttun móður- og dótturfyrirtækja; frestun á tekjufærslu söluhagnaðar hlutabréfa; rýmkaðar reglur um gjaldfærslu vegna tapaðs hlutafjár; hugmynd um svokallaða forúrskurði um álitaefni í skattamálum o.fl. Gert er ráð fyrir að þessari skoðun ljúki fljótlega þannig að unnt verði að lögfesta frekari breytingar á vorþingi.

1. Skattlagning lögaðila.

Rýmkun heimilda til yfirfærslu rekstrartaps milli ára. Á árinu 1991 var gerð sú lagabreyting á yfirfærslu rekstrartaps í atvinnurekstri sem myndar frádrátt frá tekjum að í stað þess að vera ótímabundin var yfirfærslan bundin við síðustu fimm ár á undan tekjuári. Eitt meginmarkmið með þessum breytingum var að fella niður heimild til að nýta rekstrartap sem myndaðist fyrir mörgum árum og jafnvel áratugum, en verðuppfærsla þess hafði verið nokkuð umdeild. Lögin tóku gildi árið 1992, en samkvæmt þeim á heimild til að nýta rekstrartap sem myndaðist árið 1990 og fyrr að falla niður í árslok 1996.

Þegar við gildistöku laganna var bent á að fimm ára tímabil væri afar skammur tími, bæði í samanburði við þær reglur sem gilda víða erlendis og eins og ekki síður við íslenskar aðstæður þar sem í senn gætti meiri sveiflna í rekstri milli ára og eins næðu þær yfir lengra tímabil en víðast annars staðar. Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli stjórnvalda og fulltrúa atvinnurekenda þar sem þessi sjónarmið hafa verið ítrekuð. Jafnframt hefur verið bent á að miðað við óbreytt lög verði ekki lengur heimilt að nýta rekstrartap frá erfiðleikaárunum 1988–1990 til frádráttar tekjum, en þessi ár hafi verið fyrirtækjum afar erfið og enn sé mikið ónýtt tap frá þessum árum.

Þessar ábendingar eru réttmætar. Í frumvarpinu er lagt til að tímabilið til nýtingar rekstrartaps frá fyrri árum til frádráttar tekjum verði lengt úr fimm árum í átta ár til frambúðar. Vegna sérstakra aðstæðna er einnig gerð tillaga um að heimilt verði að nýta það rekstrartap sem myndaðist á árunum 1988–1990 fram til ársins 2000, en tap ársins 1987 og fyrri ára falli niður um næstu áramót.

Í öðru frumvarpi ríkisstjórnarinnar eru tillögur um að samræma álagningu tryggingagjalds milli atvinnugreina og stefna að einu gjaldhlutfalli eftir fjögur ár, en það er nú í tveimur þrepum. Samkvæmt þessum tillögum mun tryggingagjald þeirra atvinnugreina sem nú eru í lægra þrepinu (landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og bílaleigur) hækka um tæplega 2% af launum. Tryggingagjald annarra atvinnugreina mun hins vegar lækka um 1,35% af launum. Rýmri heimildir til að nýta rekstrartap fyrri ára koma ekki síst mörgum sjávarútvegs- og iðnfyrirtækjum til góða og vegur þannig á móti hækkun tryggingagjalds, en þessar greinar eiga verulegan hluta þess rekstrartaps sem enn er ónýtt frá þessum árum. Auk þess mun breytingin treysta nýsköpun í atvinnulífinu þar sem hún styrkir stöðu ungra fyrirtækja, en fyrstu rekstrarárin eru oft erfið meðan fyrirtækin eru að vinna sér stöðu á markaðnum og bera kostnað af fjárfestingum o.fl.

Sveigjanlegri afskriftareglur. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að afskriftaheimildir verði sveigjanlegri en nú er. Án þess að vikið sé frá því meginsjónarmiði að afskriftir ráðist af verðrýrnun varanlegra rekstrarfjármuna eru möguleikar fyrirtækja til að bregðast við tímabundnum sveiflum í afkomu auknir og reksturinn þannig treystur. Veigamikil rök eru fyrir þessari breytingu. Bæði virðast afskriftareglur margra Evrópuríkja mun sveigjanlegri en hér á landi og eins sýnast sveiflur í atvinnurekstri meiri hér en víðast erlendis. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs til lengri tíma litið, en gætu leitt til breytinga á greiðsluflæði einstakra ára í báðar áttir.

2. Tekjuskattur einstaklinga.

Afnám hlutabréfafrádráttar. Sem fyrr segir er nú unnið að endurskoðun á tekjuskatti einstaklinga í sérstakri nefnd og því eru engar tillögur er varða þau atriði sem ætla má að nefndin taki á í þessu frumvarpi. Til þess að skapa nefndinni svigrúm til lækkunar jaðarskatta hefur ríkisstjórnin hins vegar ákveðið að fella niður sérstakan skattafrádrátt vegna hlutabréfakaupa einstaklinga frá næstu áramótum. Vegna afturvirknissjónarmiða er nauðsynlegt að lögfesta breytinguna fyrir áramót þannig að hún geti skilað peningum í ríkissjóð árið 1998. Þær breytingar sem verða á skattlagningu arðs af hlutabréfum á næsta ári stuðla væntanlega að meiri viðskiptum með hlutabréf og því eru ekki jafngild rök fyrir þessari ívilnun og áður.

3. Aðrar breytingar.

Aðrar helstu breytingar samkvæmt frumvarpi þessu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar varðandi frádrátt frá tekjum einstaklinga vegna kaupa á stofnfjárbréfum í sparisjóðum. Þessar breytingar lúta einkum að framkvæmd laganna, en núgildandi reglur eru að ýmsu leyti gallaðar.

Í öðru lagi lækkar skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga.

Í þriðja lagi eru fyrirhugaðar breytingar á reglum er varða málsmeðferð samkvæmt tekjuskattslögunum.

Í fjórða lagi eru ákvæði sem gera réttarstöðu einstaklinga í staðfestri samvist þá sömu og gildir um hjón að því er varðar skattlagningu tekna og eigna og rétt til nýtingar þess skattalega hagræðis sem gildir um hjón. Með þessum breytingum eru ákvæði gildandi laga um tekju- og eignarskatt löguð að lögum um staðfesta samvist.

Í fimmta lagi er lagt til að við útreikning verðbreytingarstuðuls verði miðað við vísitölu neysluverðs í stað byggingarvísitölu.

Í sjötta lagi eru síðan gerðar smávægilegar breytingar er lúta að skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga, þ.e. annars vegar að því er varðar hlutdeildarskírteini og hins vegar að því er varðar einstaklinga sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi. En hvor tveggja eru ívilnandi breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, er gert ráð fyrir að árlega sé innheimtur staðgreiðsluskattur af gengishækkun hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum. Þessi innheimtumáti getur verið mjög ósanngjarn í þeim tilvikum þegar skírteinin hafa ekki verið innleyst. Þannig getur hagnaður eins árs verið orðinn að engu það næsta. Þykir því eðlilegt að ekki sé innheimt staðgreiðsla af tekjum þessum nema við inn-

lausn hlutdeildarskírteina. Er samhliða þessu frumvarpi lagt fram sérstakt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, þar sem staðgreiðsluskyldunni er breytt að þessu leyti.

Sú breyting sem lögð er til á 8. gr. felur ekki í sér neina efnisbreytingu, en ákvæði 8. gr. hefur að geyma skilgreiningu tekjuskattslaga á vöxtum, afföllum og gengishagnaði. Breytingin felst í því að tilgreining á gengishækkun hlutdeildarskírteina er flutt á milli málsliða, þar sem hún þykir eiga betur heima.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lögð til breyting á útreikningi verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna. Samkvæmt gildandi ákvæði miðast ákvörðun verðbreytingarstuðuls við þær breytingar sem orðið hafa á byggingarvísitölu fyrir janúarmánuð á tekjuári og sömu vísitölu fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hér er lagt til að í stað byggingarvísitölu verði miðað við vísitölu neysluverðs skv. lögum nr. 12/1995. Þykir vísitala neysluverðs vera heppilegri mælikvarði verðbreytinga í skattskilum en byggingarvísitalan. Vegna hugsanlegra íþyngjandi áhrifa þessarar breytingar í einstökum tilvikum er lagt til að þessi breyting komi til framkvæmda við gerð skattframtals vegna tekjuársins 1997 og við álagningu 1998, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að á yfirstandandi ári er verulegur munur á verðbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs annars vegar og byggingarvísitölu hins vegar þykir rétt að gefa skattaðilum kost á að nota verðbreytingarstuðul sem byggist á breytingum á neysluverðsvísitölu við skattuppgjör vegna tekjuársins 1996. Er ákvæði hér að lútandi í bráðabirgðaákvæði I.

Um 3. gr.

Lagt er til að sérstakur frádráttur vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri verði afnuminn frá og með næstu áramótum. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Lögð er til breyting á 7. tölul. 31. gr. laganna sem fjallar um heimildir til að draga frá rekstrartekjum tap fyrri ára. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að draga frá tekjum af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu fimm árum á undan tekjuári. Þessi fimm ára takmörkun var lögfest með lögum nr. 85/1991, en fram að þeim tíma hafði tapsyfirfærslan ekki verið takmörkuð við tiltekinn árafjölda. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði við þau lög var sérstaklega heimilað að draga frá tekjum næstu fimm ára frá gildistöku laganna eftirstöðvar rekstrartapa fyrri ára eins og þær voru 31. desember 1990. Samkvæmt því fellur sú heimild niður um næstu áramót.

Fulltrúar atvinnurekenda hafa ítrekað bent á að fimm ára fresturinn sé of skammur, einkum með vísan til þess að sveiflur í hagkerfinu hér á landi geta orðið talsvert miklar og fimm ár því of skammur tími til að að nýtast fyrirtækjunum eðlilega. Hér er lagt til að fresturinn verði lengdur í átta ár til að koma til móts við þessi sjónarmið. Um nánari forsendur vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum. Sérstaklega skal vakin athygli á bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að fram til ársins 2000 verði heimilt að nýta rekstrartöp allt aftur til ársins 1988, en það byggist fyrst og fremst á því að rekstrarárin 1988 og 1989 voru erfið ár í rekstri margra fyrirtækja hér á landi.

Um 5. gr.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 38. gr. laganna þar sem kveðið er á um afskriftahlutföll. Fulltrúar atvinnurekenda hafa um nokkuð skeið óskað eftir því að afskriftaheimildir yrðu rýmkaðar til að stuðla að því að hægt verði að nota afskriftirnar í ríkari mæli til sveiflujöfnunar. Þær tillögur um breytingar sem lagðar eru til í greininni fela í sér nokkra rýmkun á afskriftahlutföllum og byggjast fyrst og fremst á alþjóðlegum samanburði, en um forsendur að öðru leyti vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum. Sérstök athygli er vakin á ákvæði e-liðar greinarinnar, en þar eru tekin inn í lögin ákvæði um fyrningu mannvirkja, en sambærileg ákvæði eru í reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Eðlilegt þykir að ákvæði þessi séu sett inn í lögin, þannig að þar sé kveðið á um fyrningarhlutföll mannvirkja, en ákvarðanavald þar að lútandi ekki framselt ráðherra með reglugerðarheimild eins og er í gildandi lögum.

Um 6. gr.

Á sl. þingi voru samþykkt lög sem heimiluðu einstaklingum af sama kyni að fá sambúð sína staðfesta. Í þeim lögum var gert ráð fyrir að slíkir einstaklingar nytu sömu réttarstöðu og hjón, m.a. í skattalegu tilliti. Ekki voru gerðar samhliða breytingar á skattalögunum. Hér er lögð til breyting á tekjuskattslögum í samræmi við þetta, þannig að réttarstaða einstaklinga í staðfestri samvist verði sérstaklega skilgreind í skattalögunum. Ekki er um efnislega breytingu frá gildandi rétti heldur einungis verið að árétta ákvæði laga um staðfesta samvist með sérstöku ákvæði þar að lútandi. Er þetta ekki hvað síst gert í þeim tilgangi að skoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt gefi sem besta mynd af rétti og skyldum manna í skattalegu tilliti.

Um 7. gr.

Á sl. þingi voru gerðar þær breytingar á lögum að grunnskólinn færðist frá ríki til sveitarfélaga. Til að standa straum af kostnaði sveitarfélaga við þetta verkefni var gert ráð fyrir að útsvör yrðu hækkuð og tekjuskattur einstaklinga lækkaður samsvarandi. Samþykkti Alþingi á sl. þingi breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga í þessa veru. Breyting sú sem hér er lögð til er í samræmi við þá lagabreytingu og felur það í sér að tekjuskattshlutfall einstaklinga lækki úr 33,15% í 30,5%.

Um 8. gr.

Í þessari grein er verið að samræma skattlagningu þeirra manna sem skattskyldir eru hér á landi breyttum reglum um skattlagningu fjármagnstekna. Þannig er gert ráð fyrir að skatthlutfall lækki í 10% af arði, leigu og söluhagnaði. Sem fyrr er ekki gert ráð fyrir að vaxtatekjur þessara aðila verði skattlagðar hér á landi.

Um 9. gr.

Hér eru lagðar til breytingar á 74. gr. laganna þar sem kveðið er á um eignamat, þannig að sérstaklega verði kveðið á um hvernig stofnfjárbréf í sparisjóðum skuli metin við ákvörðun eignarskattsstofns. Ekki er sérstaklega kveðið á um þetta í gildandi lögum en eðlilegt er að þetta sé tilgreint sérstaklega í lögunum með sama hætti og um eignarhlutdeildir í öðrum fyrirtækjum.

Um 10. gr.

Lagðar eru til breytingar á 97. gr. laganna sem fjallar um frest skattyfirvalda til að endurákvarða skatta. Samkvæmt gildandi ákvæði er fresturinn tvenns konar. Almenna reglan er í 1. mgr. gildandi ákvæðis, þar sem kveðið er á um að heimild til endurákvörðunar skatts, nái til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Í 2. mgr. gildandi ákvæðis er síðan skemmri frestur eða tvö ár í þeim tilvikum er skattaðili hefur í framtali sínu eða fylgigögnum látið í té fullnægjandi upplýsingar til að byggja rétta álagningu á. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt bæði af skattyfirvöldum og gjaldendum. Hafa athugasemdir gjaldenda fyrst og fremst lotið af því að sex ár væru of langur tími sérstaklega þegar um væri að ræða mistök eða gáleysi við framtalsgerðina. Í slíkum tilvikum sé ósanngjarnt að fá bakreikning til sex ára. Athugasemdir skattstjóra hafi á hinn bóginn lotið að því að sá tími sem skattstjóra er ætlaður til þess að skoða ný framtöl, tveggja ára fresturinn, sé of skammur með tilliti til fjölda framtala. Fyrir álagningu beinist öll vinnan að grunnskoðun framtala og gefst því einungis tími til þess að leiðrétta mjög augljós atriði svo sem reikningsskekkjur. Framtalsfrestur einstaklinga er til 10. febrúar og lögaðila til 31. maí og einstaklinga í rekstri til 15. apríl. Í framkvæmd eru frestir þessir lengdir og eru síðustu framtöl lögaðila að berast inn rétt fyrir álagningu. Strax að lokinni álagningu tekur við vinna við kærur vegna álagningar og er sú vinna fram að áramótum. Þá hafa skattstjórar tvo til þrjá mánuði til að breyta framtölum áður en álagningarvinna hefst að nýju. Það er því fyrst og fremst tímaskortur sem veldur því að framtöl eru ekki skoðuð til hlítar fyrir álagningu.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til að er gert ráð fyrir að almenna reglan verði fjögurra ára frestur, og er með því verið að koma til móts við bæði þessi sjónarmið sem hér hafa verið rakin. Frávik frá þessum fjögurra ára fresti er ef rekja má röng framtalsskil til stórfellds gáleysis eða ásetnings og gildir þá sex ára frestur. Það þykir ekki eðlilegt að takmarka heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar gjalda ef röng skattskil má rekja til slíks saknæmis hjá gjaldanda. Eðli máls samkvæmt er það háð mati hverju sinni hvort þessi saknæmisskilyrði eru til staðar. Þannig er gert ráð fyrir að ef gjaldandi sýnir fram á sérstakar málsbætur muni fjögurra ára fresturinn eiga við. Mat skattstjóra um þetta atriði sætir síðan endurskoðun fyrir yfirskattanefnd eða eftir atvikum dómstólum.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um það með afdráttarlausum hætti að innheimtumönnum ríkissjóðs sé heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá. Í framkvæmd er það svo að innheimtumenn hafa aðgang að skipa- og ökutækjaskrá, en að því er varðar fasteignaskrána var aðgangi innheimtumanna lokað á grundvelli úrskurðar tölvunefndar frá 16. maí 1994, þar sem m.a. var komist að þeirri niðurstöðu að við ákvörðun um aðgang að fasteignaskrá beri að líta til jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga, enda sé ekki fyrir að fara sérstökum lagaákvæðum sem heimili þennan aðgang. Innheimta skatta er að mörgu leyti ólík annarri kröfuinnheimtu. Einkum er stofnun skattkrafna með sérstökum hætti þar sem hún stofnast í reynd með einhliða lögbundinni ákvörðun stjórnvalda. Hið opinbera hefur engin tök á því að tryggja fullnustu kröfunnar við stofnun hennar ólíkt til að mynda því þegar um lánveitingar er að ræða. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er verið að stuðla að því að innheimtumenn geti sannreynt eignir manna án þess að fara með innheimtumál í gjaldþrotameðferð. Með þessu er þannig verið að skapa frekari grundvöll undir það að gjaldþrotamálum fækki í þjóðfélaginu og farið verði að afskrifa óinnheimtanlegar kröfur fyrr en gert hefur verið, eða þegar sannreynt er við ár-

angurslaust fjárnám að viðkomandi gjaldandi er eignalaus. Tekið skal fram að í þessu ákvæði er eingöngu verið að kveða með afdráttarlausum hætti á um heimildir innheimtuaðila til aðgangs að þessum tilgreindu skrám. Ekki ber því að gagnálykta frá þessu ákvæði um heimildir innheimtuaðila til aðgangs að öðrum skrám.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði afdráttarlaust á um að samskattað sambúðarfólk, sbr. 63. gr., og einstaklingar í staðfestri samvist beri ábyrgð á skattgreiðslum eins og gildir um hjón. Fyrr á þessu ári voru samþykkt lög um staðfesta samvist og var í þeim lögum kveðið á um að einstaklingar í staðfestri samvist skyldu bera réttindi og hafa skyldur sem hjón, m.a. í skattalegu tilliti. Í 114. gr. er eingöngu talað um sameiginlega skuldaábyrgð hjóna á skattskuldum, enda var ekki þegar það ákvæði var samið gert ráð fyrir að sambúðarfólk utan hjónabands gæti verið samskattað. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að sambúðarfólk, sem óskar samsköttunar, öðlist með því þau réttindi sem af lögunum leiðir eins og heimild til millifærslu persónuafsláttar, sem og takist á herðar þær skyldur sem samkvæmt lögunum eru lagðar á hjón, þar á meðal skuldaábyrgðina. Til að taka af allan vafa hér að lútandi er lagt til að hin sameiginlega skuldaábyrgð verði sérstaklega lögfest með sama hætti og gildir um hjón.

Um 13. gr.

Samkvæmt 118. gr. laganna hefur fjármálaráðherra heimild til að breyta tímaákvörðunum og frestum samkvæmt lögunum ef brýna nauðsyn ber til. Í framkvæmd hefur það verið svo um árabil að fjármálaráðherra hefur framselt þessa frestsheimild til ríkisskattstjóra. Hér er lagt til að þessi framkvæmd verði lögfest.

Um 14. gr.

Samkvæmt þessari grein er verið að taka af öll tvímæli um að ákvæði laganna um hlutabréf og jöfnunarhlutabréf eigi með sama hætti við um stofnfjárbréf í sparisjóðum.

Um 15. gr.

Í þessu ákvæði um gildistöku er sérstaklega kveðið á um hvenær einstök ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda verði það að lögum.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að við lögin bætist tvö ákvæði til bráðabirgða. Í bráðabirgðaákvæði I er lagt til að rekstraraðilum verði gefinn kostur á að miða verðbreytingar vegna tekjuársins 1996 við verðbreytingarstuðul sem reiknaður verður miðað við vísitölu neysluverðs. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að verðbreytingarstuðull verði miðaður við breytingar á neysluverðsvísitölu í stað byggingarvísitölu eins og nú er. Samkvæmt gildistökuákvæðinu er gert ráð fyrir að sú breyting taki ekki gildi fyrr en við álagningu 1998 vegna tekjuársins 1997. Ekki þótti hægt að hafa gildistöku hins almenna ákvæðis 2. gr. afturvirkt þar sem það gæti í einstökum tilvikum haft íþyngjandi áhrif við skattlagningu söluhagnaðar. Í ljósi þessa er í þessu ákvæði til bráðabirgða opnað fyrir val skattaðila að miða verðbreytingar vegna tekjuársins 1996 við vísitölu neysluverðs í stað byggingarvísitölu. Ef skattaðili velur að miða verðbreytingar við neysluverðsvísitölu við skattskil sín vegna tekjuársins 1996 verður að nota þann stuðul við allar verðbreytingar það árið.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að fram til ársins 2000 verði rekstraraðilum heimilt að nýta rekstrartöp allt aftur til rekstrarársins 1988. Samkvæmt þeim breytingum sem í frumvarpinu eru lagðar til á 7. tölul. 31. gr. laganna er gert ráð fyrir að heimilt verði að nýta eftirstöðvar rekstrartapa síðustu átta ára. Með vísan til þess að árin 1988 og 1989 voru sérstaklega erfið í atvinnurekstri og nokkuð stór töp eru vegna þeirra ára er lagt til að heimilt verði að nýta töp allt aftur til þeirra ára fram til ársins 2000. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta snýr að breytingum á lögum varðandi tekjur ríkissjóðs og verður ekki séð að það hafi teljandi áhrif á gjaldahlið.

162. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrissjóðurinn taki við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 1. mgr.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki reiknuð í stig, sbr. 4. mgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrir sem úrskurðaður hefur verið skv. 10., 11., 12. og 13. gr. skal taka sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar sú sem Hagstofa Íslands birtir samkvæmt lögum nr. 12/1995, með síðari breytingum.

Verði gerð breyting á grundvelli eða á útreikningi neysluverðsvísitölunnar skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða með hvaða hætti lífeyrir samkvæmt fyrrnefndum greinum skuli verðtryggður þaðan í frá.

5. gr.

Síðari málsliður 16. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins dags. 13. desember 1993 og yfirlýsingu dags. 22. maí 1995.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samkvæmt beiðni stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda en í henni eiga sæti fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fulltrúar ríkisins. Er lagt til að lífeyrir verði verðtryggður miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs, en nú er miðað við lánskjaravísitölu, og að réttindi sjóðfélaga verði bætt þannig að öll stig verði reiknuð á sama hátt. Einnig er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti tekið við viðbótarframlögum. Þá er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í skuldabréfum fyrirtækja sem sýna góða afkomu og eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

Margir sameignasjóðir hafa nú þegar slíka heimild. Loks er lagt til að sjóðurinn fái auknar heimildir til þess að fjárfesta í víkjandi skuldabréfum útgefnum af Speli hf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að sjóðurinn fái auknar heimildir til fjárfestinga í samræmi við þær reglur sem gilda hjá öðrum lífeyrissjóðum. Eru innlend fyrirtæki í auknum mæli farin að leita út á verðbréfamarkaðinn til að afla sér lánsfjár. Þar bjóðast sterkum fyrirtækjum oftast betri kjör en hjá öðrum lánveitendum, en jafnframt eru vaxtakjör til fjárfesta oft mjög áhugaverð. Þess má geta að sjóðurinn hefur nú þegar heimild til hlutabréfakaupa í fyrirtækjum sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands og því er eðlilegt að sjóðurinn hafi heimild til að kaupa skuldabréf og víxla útgefna af sömu fyrirtækjum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að heimilt verði að setja ákvæði í reglugerð um móttöku viðbótariðgjalds umfram lágmarksiðgjaldið sem er 10% af heildarlaunum.

Um 3. gr.

Lagt er til að verðtrygging lífeyris miðist við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Er eðlilegt að miða við neysluverðsvísitölu þar sem hún hefur tekið við af lánskjaravísitölu þegar skuldbindingar eru verðtryggðar. Nær allar eigur sjóðsins voru verðtryggðar með lánskjaravísitölu, en frá gildistöku laga um visitölu neysluverðs, nr. 12/1995, eru eigur sjóðsins verðtryggðar samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ellilífeyrir skv. 10. gr., örorkulífeyrir skv. 11. gr., makalífeyrir skv. 12. gr. svo og barnalífeyrir skv. 13. gr. verði verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, eftir að hann hefur verið ákveðinn. Ákvæði um hvernig fara skuli með ef breyting verður á vísitölunni er óbreytt frá fyrri lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að sjóðurinn endurgreiði öll iðgjöld sem honum eru greidd eftir að sjóðfélagi hefur náð 70 ára aldri. Þar sem ekki eru reiknuð stig vegna þessara iðgjalda, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þykir eðlilegt að endurgreiða þau.

Um 6. gr.

Lagt er til að sjóðurinn fái heimild til að leggja Speli hf. til viðbótarlánsfé þegar Hvalfjarðargöngin eru fullgerð í samræmi við viljayfirlýsingu sjóðsins. Samkvæmt fyrri yfirlýsingu er honum heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf útgefin af Speli hf. fyrir 70 millj. kr. Hér er lagt til að hann geti keypt skuldabréf fyrir 30 millj. kr. til viðbótar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á ákvæðum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, svo sem að heimilt verði að greiða til hans iðgjald umfram núverandi lágmark, að sjóðurinn fái auknar heimildir til fjárfestingar í skuldabréfum fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og í skuldabréfum útgefnum af Speli hf. Ekki verður séð að frumvarp þetta muni hafa kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

163. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.
2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Lögin taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt al-

mennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.

b. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa forræði á búi sínu.

c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingaskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.

d. 5. tölul. 1. mgr. verður 6. tölul.

e. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.

f. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 9. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

4. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. orðast svo: Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

6. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Eftirlit**.

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit lögreglustjóra skal leggja á gjald er nema skal 5.000 kr. á ári, eða hluta úr ári, fyrir hvern einstakan leyfishafa samkvæmt lögum þessum. Skal greiða gjald þetta fyrir upphaf hvers árs. Gjaldið skal renna til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem bifreiðasali hefur sína starfsstöð og sér lögreglustjóri jafnframt um innheimtu þess.

Nú gerist bifreiðasali ítrekað sekur um brot á skyldum sínum samkvæmt lögum þessum að mati lögreglustjóra, fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna eða vanrækir að greiða eftirlitsgjaldið í þrjá mánuði frá gjalddaga, og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi leyfi til sölu notaðra ökutækja samkvæmt lögunum.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda, og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um sölu notaðra ökutækja tóku gildi í maí 1994, sem lög nr. 69/1994. Skv. 2. gr. laganna skal hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns í viðkomandi umdæmi og í 9. gr. er kveðið á um að eftirlit með starfsemi bifreiðasala skuli vera í höndum sýslumanna.

Fljótlega eftir gildistöku laganna kom í ljós að endurskoða þyrfti tilhögun útgáfu leyfisbréfs og eftirlits. Því var leitað til hagsmunaaðila varðandi tillögur um breytingar á gildandi lögum eftir að lögin höfðu verið í gildi í eitt ár og komu fram nokkrar ábendingar um breytingar. Unnið var úr þessum ábendingum í viðskiptaráðuneytinu og niðurstaðan varð frumvarp það sem hér er lagt fram. Leitað var umsagnar eftirtalinna aðila við frumvarpið: Neytendasamtakanna, dómsmálaráðuneytis, prófnefndar bifreiðasala, Sambands íslenskra tryggingafélaga, fjármálaráðuneytis (vegna Ríkiskaupa), Verslunarráðs Íslands, utanríkisráðuneytis (vegna Sölu varnarliðseigna), Félags íslenskra bifreiðaeigenda og Félags löggiltra bifreiðasala.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að orðalagi 1. gr. laganna verði breytt á þann veg að gildissvið laganna verði skýrara. Samkvæmt því orðalagi sem hér er lagt til gilda lögin um hefðbundna starfsemi bifreiðasala, þ.e. milligöngu um sölu notaðs ökutækis sem fram fer á skipulagðan hátt sem þáttur í atvinnustarfsemi viðkomandi. Lögin taka einnig til sölu notaðra ökutækja þótt þau séu í eigu seljandans, ef sú starfsemi er þáttur í atvinnustarfsemi viðkomandi.

Samkvæmt þessu gilda lögin t.d. um sölu bifreiðaumboða á notuðum bifreiðum, hvort sem þær eru í eigu umboðsins eða viðskiptamanna. Einnig taka lögin til vátryggingafélaga sem selja tjónabíla, hvort sem þeir hafa verið formlega yfirteknir af vátryggingafélaginu eða eru enn í eigu þess sem fyrir tjóninu varð. Sama máli gegnir um skipulagða sölu Sölu varnarliðseigna á ökutækjum. Enn fremur fellur hér undir sölustarfsemi innkaupastofnana sveitarfélaga eða ríkis sem hafa það hlutverk að annast sölu notaðra ökutækja fyrir viðkomandi sveitarfélag eða ríki. Þá fellur undir lögin sala bílaleiga á þeim bifreiðum sem notaðar hafa verið til útleigu, enda er litið þannig á að sala og endurnýjun bifreiða á vegum bílaleigu sé eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi slíks fyrirtækis. Sama á við um beina sölu fjármálastofnana, svo sem banka og eignarleigufyrirtækja, á bifreiðum sem slíkar stofnanir hafa leyst til sín.

Lögin taka hins vegar ekki til millilíðalausrar sölu á einstökum bifreiðum eða milligöngu um sölu einstakra bifreiða sem ekki fer fram með skipulögðum hætti eða sem þáttur í atvinnustarfsemi. Þannig má nefna að sala stofnana eða fyrirtækja, eins og banka, eignarleigufyrirtækja eða vátryggingafélaga, á einstökum bifreiðum sem notaðar hafa verið í rekstri eða starfsemi viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis, fellur ekki undir gildissvið laganna.

Ástæða þykir til að láta lögin ekki taka til nauðungarsölu notaðra ökutækja, sbr. núgildandi lög, enda verður að ætla að neytendamarkmiðum laganna sé nægilega vel borgið hjá opinberum sýslunarmönnum.

Um 2. gr.

Lagt er til að sama fyrirkomulag verði á útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja og er á útgáfu leyfa til verðbréfamiðlunar og vátryggingamiðlunar. Þannig er gert ráð fyrir því að þeir sem vilja stunda sölu notaðra ökutækja í atvinnuskyni hafi til þess leyfi viðskiptaráðherra. Slíkt fyrirkomulag auðveldar að unnt sé að halda á einum stað landsskrá yfir leyfishafa.

Rétt þykir einnig að kveða á um það með skýrum hætti að leyfishafi geti lagt inn leyfi sitt, verði breytingar á aðstæðum hans, án þess að missa við það nokkurn rétt.

Um 3. gr.

Breytingar þær sem lagðar eru til í þessari grein eru til þess að skýrar sé kveðið á um hæfisskilyrði umsækjenda um leyfi til þess að mega stunda bifreiðasölu. Þannig er nú gert ráð fyrir, auk þeirra ákvæða sem óbreytt standa, að umsækjendur séu lögráða og hafi eigi hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað á síðustu þremur árum. Er þetta ákvæði sett inn til samræmis við ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar. Í samræmi við ákvæði um starfsábyrgðartryggingar verðbréfa- og vátryggingamiðlara eru ákvæði 3. gr. þar um einnig endurskoðuð.

Þá hefur nýrri málsgrein verið bætt við greinina um það að aðili sem sviptur hefur verið leyfi skuli sækja námskeið og standast prófkröfur að nýju, hyggist hann hefja aftur störf við sölu notaðra ökutækja. Ekki er óeðlilegt að þeir sem gerast brotlegir við lögin, án þess þó að um svo stórkostlegt brot sé að ræða að viðkomandi hafi hlotið dóm fyrir, þurfi að sanna þekkingu sína á þeim reglum sem gilda um sölu notaðra ökutækja áður en þeim er veitt starfsleyfi á ný.

Um 4. gr.

Lagt er til að upplýsingar þær sem bifreiðasala ber að afla skriflega frá seljanda fylgi afsalinu þannig að ekki fari á milli mála að þeirra hafi verið aflað og kaupanda gerð grein fyrir þeim.

Um 5. gr.

Kaupendur bifreiða virðast almennt ekki hafa vitneskju um þau sölulaun sem bifreiðasalar krefjast þegar um skipti á bifreiðum er að ræða, þ.e. þegar ódýrari bifreið er tekin upp í dýrari, enda hefur skort nokkuð á að vakin sé athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun vegna bifreiðaviðskipta. Þar sem kvörtunarmál vegna ofangreindra sölulauna eru tíð er hér lagt til að bifreiðasala sé skylt að vekja athygli viðskiptamanna sinna á gjaldskrá fyrir söluþóknun áður en viðskipti eru gerð.

Um 6. gr.

Lagt er til að III. kafli laganna fjalli ekki aðeins um sviptingu leyfis heldur einnig um það hvernig eftirliti með starfsemi bifreiðasala verði háttað. Eðlilegt er því talið að breyta fyrirsögn kaflans.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögreglustjóri hafi eftirlit með þeim bifreiðasölum í hans umdæmi sem fengið hafa starfsleyfi. Skiptir hér engu hvort starfsstöðin er aðalstarfsstöð eða útibú frá aðalstarfsstöð sem staðsett er í öðru umdæmi. Sá sem veitir starfseminni forstöðu skal ætíð hafa starfsleyfi.

Jafnframt er hér kveðið á um það að lagt verði á starfandi bifreiðasala sérstakt árlegt gjald til þess að standa straum af kostnaði við eftirlitið. Er þess gætt að hafa gjaldtöku þessa þannig að hún sé ekki íþyngjandi fyrir rekstur bifreiðasala. Ekki er talið eðlilegt að leggja það á lögreglustjóra að sinna eftirlitinu án þess að einhverjar tekjur komi á móti. Jafnframt er hér kveðið á um úrræði sem lögreglustjóri getur beitt þegar um er að ræða ítrekuð brot leyfishafa á skyldum sínum samkvæmt lögunum. Ákvæði varðandi þetta eru ekki nógu eindregin í lögunum eins og þau eru nú.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á upphaflegum lögum um sölu notaðra ökutækja. Eina breytingin sem hefur fjárhagslegar afleiðingar er álagning 5.000 kr. leyfisgjalds skv. 7. gr. sem bifreiðasölum ber að greiða árlega til lögreglustjóra til að standa undir kostnaði og eftirliti lögreglustjóraembætta með bifreiðasölum.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi önnur fjárhagsleg áhrif í för með sér.

164. Frumvarp til laga [149. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstöðumann Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru m.a.:

1. Að gefa út og veita leyfi til fjarskipta- og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu.
2. Að hafa eftirlit með því að leyfishafar uppfylli og virði þau skilyrði og aðrar kvaðir sem rekstrarleyfunum fylgja.
3. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
4. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála.
5. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra leyfishafa og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.
6. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
7. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við.
8. Að hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög vegna alþjónustu og óarðbærrar þjónustu.
9. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
10. Að setja reglur um úthlutun notendanúmera.
11. Að hafa eftirlit með samtengingu fjarskiptaneta.
12. Að veita leyfi til að annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
13. Að framkvæma gerðarprófanir, gefa út gerðarsamþykki og hafa umsjón með innflutningi fjarskiptabúnaðar.
14. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
15. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
16. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur.
17. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

4. gr.

Eftirlit með leyfishöfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá aðila sem hafa rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu leyfishafa.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem leyfið eða skráningin tekur til. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt við eftirlit með fjárhagsstöðu að krefjast þess að leyfishafar láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Geta dagsektir numið frá 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Vanræki leyfishafi skyldur sínar samkvæmt rekstrarleyfi eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um úrbætur getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða póstþjónustu, að undangenginni skriflegri aðvörun.

Ef grunur vaknar um að aðili reki leyfis- eða skráningarskylda póst- eða fjarskiptastarfsemi án þess að hafa til þess rekstrarleyfi skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að viðkomandi upplýsi um starfsemi sína. Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum, skal að jafnaði fara sem trúnaðarmál.

7. gr.

Kvartanir.

Telji notandi fjarskipta- eða póstþjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að leyfishafi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka. Á sama hátt getur notandi beint kvörtun til stofnunarinnar vegna reikninga sem gefnir eru út vegna almennrar fjarskiptaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi leyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Ella skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

Úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar má skjóta til úrskurðarnefndar skv. 8. gr. innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um úrskurð stofnunarinnar.

8. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Samgönguráðherra skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því kæra barst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð, málskotsgjald o.fl. skal mælt fyrir um í reglugerð.

9. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi, auk gjalda samkvæmt 1. og 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

10. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir leyfishafa og skráða póstrekendur.

11. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka til starfa þann 1. apríl 1997. Frá gildistöku laga þessara og til þess tíma er Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa skal samgönguráðuneytið annast þau verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið í lögum þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun yfirtekur eignir og skuldir Fjarskiptaeftirlits ríkisins frá og með gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sérstök stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, taki að sér almennt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála sem lið í þeirri viðamiklu breytingu sem gerð er á fjarskipta- og póstmálum samkvæmt sérstökum lagafrumvörpum sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi.

Með afnámi einkaréttar ríkisins á sviði fjarskiptamála og með þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á fyrirkomulagi póstmála, og aukinni samkeppni í þessum þjónustugreinum, er nauðsynlegt að setja á laggirnar sérstakan stjórnsýsluaðila sem annast almennt eftirlit með þessum málaflokkum hér á landi.

Þróun fjarskipta- og póstmála í Evrópu hefur verið sú að afnema eða draga úr einkaleyfum þannig að meira frelsi ríki á þessum sviðum innan efnahagssvæðisins. Frá 1. janúar 1998 verður ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins t.d. óheimilt að veita einka-

leyfi á sviði almennrar talsímaþjónustu, svo sem verið hefur. Frumvörp til laga um fjarskipti og um póstþjónustu, sem verða lögð fram samhliða frumvarpi þessu gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum að þessu leyti á íslenskum fjarskipta- og póstmarkaði.

Jafnhliða þeirri breytingu, sem felst í afnámi einkaleyfa og útgáfu sérstakra rekstrarleyfa til samkeppnisaðila, er gert ráð fyrir því að öll almenn stjórnsýsla á fyrrgreindum sviðum verði falin Póst- og fjarskiptastofnun sem fær m.a. það hlutverk að annast leyfisveitingar til einstakra rekstrarleyfishafa og annast eftirlit með þeim, auk þess sem stofnuninni er ætlað að hafa almennt eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga og laga um póstþjónustu. Stofnuninni er þannig falið mikilvægt hlutverk í þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á sviði fjarskipta- og póstmála.

Þá er Póst- og fjarskiptastofnun ætlað að taka að sér núverandi starfsemi Fjarskiptaeftirlits ríkisins sem starfar samkvæmt fjarskiptalögum, þar á meðal eftirlit með fjarskiptabúnaði og fjarskiptavirkjum, eftirlit með þráðlausum fjarskiptum, skipulagningu, úthlutun tíðna til fjarskipta o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað sjálfstætt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála (e. regulator) og er gert ráð fyrir að hún verði í daglegum störfum sínum óháð fyrirmælum samgönguráðuneytis, þó svo að stofnunin heyri undir ráðuneytið. Er í því sambandi gert ráð fyrir því að stjórnsýsluákvarðanir stofnunarinnar verði ekki kærðar til samgönguráðherra heldur verði þær kærðar til sérstakrar úrskurðarnefndar á sviði fjarskipta- og póstmála, til endanlegrar úrlausnar á stjórnsýslustigi. Er hér að nokkru höfð hliðsjón af sérstakri áfrýjunarnefnd sem starfar samkvæmt samkeppnislögum.

Með því móti er ætlunin að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar m.a. með tilliti til þess að samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf., sem kann að eiga í samkeppni við aðra aðila á umræddum sviðum, en með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag og tekur sú formbreyting gildi þann 1. janúar 1997. Skv. 2. mgr. 6. gr. laganna fer samgönguráðherra með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun taki að sér víðtækt þjónustu- og ráðgjafahlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála fyrir íslensk stjórnvöld og hafi umsjón með alþjóðlegu samstarfi sem Ísland tekur þátt í á alþjóðavettvangi. Er stofnuninni að þessu leyti ætlað að taka að nokkru við verkefnum sem nú hafa fallið undir ráðuneyti samgöngumála og jafnvel að einhverju leyti undir Póst- og símamálastofnun sem annast hefur einkarétt ríkisins á sviði fjarskipta- og póstmála.

II.
Nánar um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar.

Leyfisveitingar á sviði fjarskipta- og póstmála verður eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar. Um skilyrði fyrir leyfisveitingum og afmörkun þeirra vísast til athugasemda við fyrrgreind frumvörp til laga um fjarskipti og póstþjónustu. Rekstrarleyfi skulu almennt veitt þeim aðilum sem fullnægja þeim kröfum sem mælt er fyrir um í viðkomandi lagafrumvörpum. Það kemur í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar að annast könnun þess hvort leyfisskilyrði séu uppfyllt og eftir atvikum hve mörgum aðilum skuli veitt leyfi á því þjónustusviði sem um ræðir. Skilyrði sem sett eru fyrir leyfisveitingum skulu almennt vera skýr, hlutlæg og gagnsæ, og þess gætt að ekki sé um að ræða ólögmæta mismunun.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar verður jafnframt að sjá til þess að rekstrarleyfishafar uppfylli á hverjum tíma þær kröfur sem settar eru í rekstrarleyfi. Í því sambandi má m.a. benda á að í rekstrarleyfum kann að vera mælt fyrir um gæði þjónustu og þjónustustig, útbreiðslu þjónustunnar o.s.frv. Kemur það í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar að sjá til þess að uppfyllt sé þau skilyrði laga um fjarskipti og póstþjónustu að hér á landi séu örugg og hagkvæm fjarskipta- og póstþjónusta á hverjum tíma.

Þegar samkeppni hefst á tilteknum sviðum fjarskipta- og póstmála verður óhjákvæmilegt að hafa eftirlit með ýmsum samkeppnisþáttum og greiða úr ágreiningi milli einstakra rekstrarleyfishafa svo og ágreiningi á milli neytenda og rekstrarleyfishafa um það hvort og með hvaða hætti uppfyllt séu skilyrði sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfum og eftir atvikum hvort brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur umtalsvert hlutverk á því sviði og er ætlað að taka stjórnsýsluákvarðanir á þessum sérsviðum og greiða úr ágreiningi að þessu leyti.

Þá er stofnuninni ætlað margs konar hlutverk samkvæmt fyrrnefndum frumvörpum um fjarskipti og um póstþjónustu, svo sem að hafa umsjón og eftirlit með kostnaðarjöfnun vegna óarðbærrar þjónustu, og eiga atbeina að ákvörðun um innheimtu jöfnunargjalda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi yfirumsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála eftir því sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla. Með því er fyrst og fremst verið að vísa til laga um fjarskipti og frumvarps til laga um póstþjónustu, sem lögð eru fram samhliða frumvarpi þessu. Tekur Póst- og fjarskiptastofnun við hluta verkefna samgönguráðuneytisins á þessu sviði, auk þess sem gert er ráð fyrir að stofnunin taki yfir verkefni sem í gildandi fjarskiptalögum hafa verið falin Fjarskiptaeftirliti ríkisins. Þá tekur stofnunin einnig við þeim stjórnsýsluverkefnum sem Póst- og símamálastofnun hefur annast.

Póst- og fjarskiptastofnun er samkvæmt frumvarpinu sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra. Þannig heyrir stofnunin undir samgönguráðherra í skilningi stjórnsýsluréttar án þess þó að hann hafi boðvald yfir stofnuninni eða starfsmönnum hennar, í þeim skilningi að hann geti haft áhrif á einstakar ákvarðanir þeirra. Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta þannig ekki kæru til samgönguráðuneytis samkvæmt stjórnsýslurétti heldur skal þeim skotið til sérstakrar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem fjallað er um í 8. gr. Ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Ástæða þess að ákvörðunum er ekki skotið til ráðuneytisins er að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, en líkt og áður hefur komið fram mun samgönguráðherra fara með eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf. þykir það því ekki samræmast hæfisreglum stjórnsýsluréttar að samgönguráðherra úrskurði um ágreining sem getur varðað Póst og síma hf., auk þess sem sérstaklega er mælt fyrir um sjálfstæði úrskurðar- og eftirlitsaðila (regulator) í tilskipunum og tilskipunartillögum ESB á sviði fjarskipta- og póstmála.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. gr. skal samgönguráðherra skipa forstöðumann Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal annast daglegan rekstur og bera ábyrgð á því að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Forstöðumaður ræður sjálfur annað starfsfólk stofnunarinnar og er ekki gert ráð fyrir að samgönguráðherra

komi þar nærri. Um réttindi og skyldur þeirra fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn rekstrarleyfishafa eða póstrekenda eða annarra aðila sem stofnunin hefur eftirlit með. Þeir mega heldur ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra. Mega starfsmenn stofnunarinnar þar af leiðandi t.d. ekki eiga hlutabréf í rekstrarleyfishöfum eða póstrekendum ef ástæða er til að ætla að hlutafjáreignin sé til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Eru að þessu leyti gerðar ríkari hæfiskröfur til starfsmanna Póst- og fjarskiptastofnunar en til starfsmanna stjórnsýslunnar almennt þar sem starfsmenn stofnunarinnar teljast ekki uppfylla almenn hæfisskilyrði til starfsins vegna framangreindra tengsla. Að öðru leyti gilda um starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar reglur II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um sérstakt hæfi vegna meðferðar einstakra mála sem eru til umfjöllunar hjá stofnuninni.

Um 3. gr.

Um verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar er fjallað í 3. gr. Verkefnin eru m.a. eftirfarandi:

Að gefa út og veita leyfi til fjarskipta- og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Er gert ráð fyrir því í frumvörpum til laga um fjarskipti og póstþjónustu, sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi að þeir sem annist slíka þjónustu skuli hafa til þess leyfi, nema annað sé tekið fram. Er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun veiti slík leyfi.

Í frumvörpum til laga um fjarskipti og póstþjónustu er gert ráð fyrir því að tiltekin skilyrði séu sett fyrir leyfum til fjarskipta- og póstþjónustu og að Póst- og fjarskiptastofnun fari með eftirlit með því að skilyrðin séu uppfyllt. Póst- og fjarskiptastofnun skal einnig hafa almennt eftirlit með því að ákvæði laganna og reglugerða, sem kunna að vera settar samkvæmt þeim, séu virt.

Eins og áður kemur fram er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun fari með yfirumsjón með fjarskipta- og póstmálum. Stofnunin skal jafnframt vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og samgönguráðuneyti, m.a. að því er varðar alþjóðlegar skuldbindingar og samskipti við alþjóðlegar stofnanir á sviði fjarskipta- og póstmála.

Samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum ber Fjarskiptaeftirliti ríkisins að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og skipuleggja notkun þess. Tíðnirófið er takmörkuð gæði sem mikilvægt er að nýtt séu á sem hagkvæmastan hátt.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við. Í frumvörpum til laga um fjarskipti og póstþjónustu er tilgreint nánar í hverju eftirlitið er fólgið, en það er fyrst og fremst bundið við eftirlit með viðskiptaskilmálum vegna alþjónustu, samtengingu fjarskiptaneta og þjónustu sem lýtur einkarétti á sviði póstmála. Skal stofnunin gæta þess að gjaldskrár séu í samræmi við skilyrði sem sett eru með rekstrarleyfi.

Í VIII. kafla frumvarps til laga um fjarskipti og IX. kafla frumvarps til laga um póstþjónustu er gert ráð fyrir svokölluðu *jöfnunargjaldi til að greiða niður óarðbæra* þjónustu. Er veitt heimild til að innheimta jöfnunargjald af leyfishöfum til að fjármagna slíka þjónustu og úthluta því til aðila sem annast óarðbæra þjónustu í samræmi við ákvæði áðurgreindra frumvarpa.

Samkvæmt núgildandi lögum eru það samgönguráðuneytið, Póst- og símamálastofnun og Fjarskiptaeftirlit ríkisins sem tekið hafa þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjarskipta- og póstmála. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun taki þátt í slíku samstarfi er varðar stjórnsýslu fjarskipta- og póstmála. Þegar samstarfið snýr fremur að þeim sem veita slíka þjónustu (operators) getur stofnunin hins vegar mælt fyrir um að leyfishafar taki þátt í slíku samstarfi, sbr. t.d. 44. gr. frumvarps til laga um póstþjónustu.

Eins og áður segir á Póst- og fjarskiptastofnun að veita leyfi til fjarskipta- og póstþjónustu. Á stofnunin því að hafa í fórum sínum upplýsingar um alla rekstrarleyfishafa. Póst- og fjarskiptastofnun skal einnig annast skráningu póstrekenda og halda skrá yfir þá.

Önnur verkefni sem fram koma í 3. gr. en hafa ekki verið nefnd hér þarfnast ekki skýringar. Er þar m.a. um að ræða ýmis verkefni sem Fjarskiptaeftirlit ríkisins annast samkvæmt núgildandi lögum. Rétt er að geta þess að verkefnin sem talin eru upp í 3. gr. eru ekki tæmandi því að Póst- og fjarskiptastofnun skal einnig annast öll önnur verkefni sem lúta að fjarskipta- og póstmálum hér á landi, sbr. 17. tölul. 3. gr.

Um 4. gr.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun veiti leyfi til að annast fjarskipta- og póstþjónustu. Samkvæmt 16. tölul. 3. gr. frumvarpsins skal stofnunin einnig annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur.

Póst- og fjarskiptastofnun skal samkvæmt greininni hafa almennt eftirlit með starfsemi leyfishafa, m.a. með fjárhagsstöðu viðkomandi. Með leyfishöfum er þá átt við hvort tveggja rekstrarleyfishafa og póstrekendur. Er það gert til hægðarauka, þar sem póstrekendur lúta samkvæmt frumvarpinu í raun sams konar eftirliti og rekstrarleyfishafar.

Í frumvörpum til laga um fjarskipti og póstþjónustu er gert ráð fyrir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar með tilteknum þáttum er lúta að gjaldskrám, viðskiptaskilmálum og bókhaldi leyfishafa. Má sem dæmi þar um nefna 18. gr. frumvarps til laga um póstþjónustu þar sem gert er ráð fyrir að stofnunin staðfesti og hafi eftirlit með gjaldskrám fyrir þjónustu er lýtur einkarétti. Mætti einnig nefna 11. gr. frumvarps til laga um fjarskipti sem gerir ráð fyrir eftirliti stofnunarinnar með gjaldskrám í alþjónustu, sbr. og VII. kafla varðandi samtengingu neta.

Eru í þessu sambandi höfð til hliðsjónar ákvæði norskra laga.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um þær heimildir sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur til að fullnægja áðurgreindri eftirlitsskyldu sinni, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkuð víðtækum heimildum stofnunarinnar. Þannig er í 1. mgr. gert ráð fyrir því að stofnunin geti krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem rekstrarleyfi eða skráning tekur til, en stofnunin getur hins vegar ekki krafist upplýsinga um þá þætti starfsemi leyfishafa sem snúa að öðrum rekstrarþáttum. Tekið er fram í 2. mgr. hvaða upplýsinga stofnunin getur krafist við eftirlit með fjárhagsstöðu leyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafi veiti skriflegar eða munnlegar upplýsingar um leyfisbundna eða skráningarskylda starfsemi sína innan hæfilegs frests sem stofnunin ákveður. Þá er stofnuninni skv. 3. mgr. heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir um húsakynni leyfishafa. Við eftirlitsstörf sín samkvæmt framangreindu ber Póst- og fjarskiptastofnun ekki að fara strang-

ar í sakirnar en nauðsyn ber til og virða þannig meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Verði Póst- og fjarskiptastofnun þess áskynja að leyfishafar fullnægi ekki skilyrðum sem þeim hafa verið sett samkvæmt rekstrarleyfi eða lagafyrirmælum getur stofnunin lagt á viðkomandi dagsektir, enda hafi tilmælum stofnunarinnar til úrbóta ekki verið sinnt. Fjárhæð dagsekta er í samræmi við ákvæði 1. mgr. 51. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Reynist Póst- og fjarskiptastofnun hins vegar ekki unnt að framfylgja lögbundnu eftirliti sínu vegna ástæðna sem leyfishafar eiga sök á, svo sem þegar leyfishafi veitir ekki umbeðnar upplýsingar eða framfylgir ekki kröfum sem stofnunin hefur sett, getur stofnunin svipt viðkomandi rekstrarleyfi. Leyfishafi skal ávallt fá að tala máli sínu áður en svo íþyngjandi ákvörðun er tekin.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki eftirlit með öðrum en leyfishöfum. Vakni hins vegar grunur um að aðili reki leyfisskylda póst- eða fjarskiptastarfsemi án þess að hafa til þess rekstrarleyfi skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að viðkomandi upplýsi um starfsemi sína. Verði slíkar upplýsingar ekki veittar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin kært viðkomandi starfsemi til lögreglu og krafist opinberrar rannsóknar og eftir atvikum saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd framangreinds eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um 6. gr.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Gilda ákvæði 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að öðru leyti um þagnarskyldu starfsmanna Póst- og fjarskiptastofnunar. Endurskoðendur og aðrir sérfræðingar sem starfa á vegum stofnunarinnar, án þess þó að teljast til starfsliðs hennar, eru einnig bundnir þagnarskyldu samkvæmt framangreindu. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Með gögn og aðrar upplýsingar sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits, eða eru lagðar fyrir stofnunina með öðrum hætti, skal að jafnaði fara sem trúnaðarmál. Slík gögn geta t.d. snert viðskiptahagsmuni sem miklu varðar að fari leynt. Skulu gögnin því ekki kynnt utan stofnunarinnar án heimildar þess eða þeirra sem hagsmunirnir varða, nema í undantekningartilfellum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um úrræði fyrir neytendur, rekstrarleyfishafa og aðra sem hagsmuna hafa að gæta telji þeir á sig hallað í viðskiptum við leyfishafa, og/eða að leyfishafi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi. Getur hlutaðeigandi þá beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka. Telji stofnunin að kvörtunin geti átt við rök að styðjast skal hún leita álits leyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Reynist ekki unnt að jafna ágreining kveður Póst- og fjarskiptastofnun upp úrskurð í málinu. Þeim úrskurði geta málsaðilar skotið til úrskurðarnefndar fjarskiptamála innan fjögurra vikna frá því úrskurðurinn hefur verið tilkynntur þeim og þeim varð kunnugt um efni hans.

Um 8. gr.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar skulu kæranlegir til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Verða úrskurðir nefndarinnar endanlegir á stjórnsýslustigi því að eins og áður segir er ekki gert ráð fyrir því að úrskurðir nefndarinnar séu kæranlegir til samgönguráðherra.

Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála skulu sitja þrír menn sem skipaðir eru til fjögurra ára af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Skulu formaður og varaformaður tilnefndir af Hæstarétti og einn nefndarmaður ásamt varamanni af stjórn Verkfræðingafélags Íslands. Þriðji nefndarmaður skal skipaður ásamt varamanni án tilnefningar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja almennum hæfisskilyrðum hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála.

Þar sem það getur varðað aðila miklu að fá skjóta úrlausn á þessu sviði er gert ráð fyrir að úrskurðir nefndarinnar séu kveðnir upp innan átta vikna frá því að kæra berst nefndinni.

Vilji málsaðili, Póst- og fjarskiptastofnun eða aðrir, ekki una úrskurði nefndarinnar, getur hlutaðeigandi borið úrskurðinn undir dómstóla. Slíkt mál skal þá höfða innan sex mánaða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðarins.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð, málskotsgjald o.fl. skal mælt fyrir um í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Með úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er tryggt að úrlausn ágreiningsmála á þessu sviði fái hlutlausa og skjóta málsmeðferð í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins hér að lútandi.

Um 9. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun er fjárhagslega sjálfstæð stofnun og gert er ráð fyrir að rekstur hennar verði að mestu leyti fjármagnaður af leyfishöfum.

Gjöld sem innheimtast samkvæmt þessari grein skulu renna til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Tekjur stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu verða eftirfarandi:

Í fyrsta lagi gjöld fyrir útgáfu leyfisbréfa og skráningu póstrekenda. Er gert ráð fyrir viðbót við 11. og 13. gr. laga nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, vegna þessa þar sem veitt verður heimild til að innheimta sérstakt gjald fyrir leyfi til að reka almenna talsímaþjónustu og að fara með einkarétt ríkisins samkvæmt lögum um póstþjónustu annars vegar og fyrir almenn rekstrarleyfi til fjarskipta- og póstþjónustu hins vegar. Verður einnig heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir skráningu póstrekenda.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafar greiði árlega rekstrargjald sem nemi 0,25% af bókfærðri veltu viðkomandi. Með bókfærðri veltu er þá átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir heimild til að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa. Getur stofnunin jafnvel ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði.

Í fjórða lagi er skv. 5. mgr. gert ráð fyrir að samgönguráðherra setji gjaldskrá fyrir aðra þjónustu stofnunarinnar. Er þar gert ráð fyrir gjaldskrá sambærilegri þeirri sem nú gildir fyrir Fjarskiptaeftirlit ríkisins sem veitir heimild til að innheimta þjónustugjöld fyrir ýmiss konar leyfi, gerðasamþykki, eftirlit o.fl.

Samkvæmt 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun geti gert leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa.

Ákvæðið breytir því þó ekki að stofnuninni er almennt séð heimilt að gera reikning vegna veittrar þjónustu.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins skal Póst- og fjarskiptastofnun birta árlega skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skulu m.a. birtir úrskurðir stofnunarinnar og aðrar meiri háttar ákvarðanir, auk þess sem greina skal frá nýjum rekstrarleyfum og birta lista yfir leyfishafa og skráða póstrekendur.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 12. gr. er gert ráð fyrir að gildistaka laganna miðist við næstu áramót. Ljóst er að hin nýja stofnun getur ekki tekið til starfa þá þegar. Er gert ráð fyrir að stofnunin taki til starfa 1. apríl 1997, en tíminn frá áramótum skal notaður til ráða starfsfólk til stofnunarinnar og undirbúa og skipuleggja starfsemi hennar að öðru leyti.

Gert er ráð fyrir því að samgönguráðuneytið fari til bráðabirgða með þau verkefni, sem Póst- og fjarskiptastofnun eru falin í frumvarpi þessu, frá áramótum og til 1. apríl 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fjarskipti og frumvarpi til laga um póstþjónustu í kjölfar stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar um næstu áramót. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, sem hafi umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi. Áformað er að stofnunin taki yfir hlutverk og rekstur

Fjarskiptaeftirlits ríkisins og verði fjármögnuð af sérstökum tekjustofnum. Í frumvarpi til laga um fjarskipti er ákvæði til bráðabirgða um að Póstur og sími hf. hafi einkaleyfi til að reka almenna talsímaþjónustu og almennt fjarskiptanet allt fram til 1. janúar 1998. Þetta ákvæði veldur því að hugsanleg áhrif fyrirhugaðra breytinga koma ekki að fullu fram í rekstri Póst- og fjarskiptastofnunar fyrr en á árinu 1998. Vakin er athygli á að einkaréttur til almennrar póstmeðferðar mun hvíla hjá íslenska ríkinu en það getur framselt þann rétt og þær skyldur sem honum fylgja til póstrekanda.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar verða í fyrsta lagi núverandi verkefni Fjarskiptaeftirlits ríkisins. Þessi verkefni felast í eftirliti með fjarskiptabúnaði, framkvæmd gerðaprófana, gerðasamþykki, eftirlit með þráðlausum fjarskiptum og úthlutun tíðna til fjarskipta auk umsjónar með innflutningi fjarskiptabúnaðar. Kostnaður við þessi verkefni er greiddur af þeim sem nota þjónustuna samkvæmt verðskrá útgefinni af samgönguráðherra. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 er áætlað að rekstur Fjarskiptaeftirlits ríkisins muni kosta 58 m.kr. Starfsmenn þess eru 10 talsins.

Í öðru lagi er stofnuninni ætlað að annast framkvæmd póst- og fjarskiptamála hér á landi. Í því felst m.a. að gefa út og veita leyfi til póst- og fjarskiptaþjónustu, hafa eftirlit með að leyfishafar uppfylli og virði skilyrði og kvaðir rekstrarleyfa og vera stjórnvöldum til ráðgjafar við að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Með þessu er stofnunin að taka við verkefnum sem hingað til hafa fallið undir samgönguráðuneytið eða Póst- og símamálastofnun. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni verði fjármögnuð með sérstöku rekstrargjaldi. Þeim fyrirtækjum sem hafa rekstrarleyfi til fjarskipta- og póstþjónustu er ætlað að greiða til stofnunarinnar 0,25% af rekstrartekjum vegna leyfisbundinnar starfsemi þeirra hér á landi. Erfitt er að geta sér til um hvað breytingar á fjarskipta- og póstmálum muni þýða varðandi veltu á þessum markaði í náinni framtíð. Verið er að leggja niður einkarétt ríkisins á fjarskiptaþjónustu en á móti kemur að rekstrarskilyrði eru nokkur samkvæmt frumvarpi til fjarskiptalaga og frumvarpi til laga um póstþjónustu. Miðað við núverandi umfang er talið að árlegar tekjur af rekstrargjaldinu gætu numið um 30 m.kr. Aukin útgjöld stofnunarinnar eru áætluð 15–16 m.kr. vegna fleira starfsfólks sem miðast við fjóra háskólamenntaða starfsmenn. Kostnaður vegna alþjóðlegs samstarfs sem áður var greiddur af Póst- og símamálastofnun er áætlaður um 10 m.kr. Þá má gera ráð fyrir að kostnaður við breytingar á húsnæði og kaup á húsbúnaði og tækjum nemi um 4 m.kr. Miðað er við að stofnunin verði rekin á sama stað og Fjarskiptaeftirlitið er nú til húsa, en þar er til staðar nægjanlegt rými fyrir fjóra starfsmenn til viðbótar.

Í þriðja lagi er stofnuninni heimilt að framkvæma sérstakar kannanir telji hún það nauðsynlegt vegna eftirlits með starfsemi tiltekins aðila. Viðkomandi leyfishöfum verður gert að greiða útlagðan kostnað stofnunarinnar við slíka könnun. Ætla má að kostnaður við gerð hverrar könnunar geti orðið á bilinu 0,4–1 m.kr. eftir umfangi hennar.

Að framangreindu má ætla að kostnaður vegna reglubundinnar starfsemi stofnunarinnar verði 85–87 m.kr. á ári sem verður fjármagnaður með mörkuðum tekjustofnum. Verði frumvarp um fjárreiður ríkisins að lögum verða rekstrartekjur stofnunarinnar flokkaðar sem skattar á tekjuhlið fjárlaga en ekki sem sértekjur til frádráttar gjöldum eins og nú er gert.

Þá er í frumvarpinu heimild til að innheimta sérstakt rekstrargjald vegna rekstrarleyfa þar sem takmarka þarf fjölda leyfishafa. Hér er átt við annað GSM-farsímakerfi eða aðra sambærilega þjónustu. Gert er ráð fyrir að þetta sérstaka rekstrargjald sé heimilt að ákvarða á grundvelli útboðs. Áætlað er að kostnaður við væntanlegt útboð á nýju GSM-farsímakerfi verði um 32 m.kr.

Þá er í frumvarpinu heimild til að innheimta sérstakt málskotsgjald til úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála og greiðslu dagsekta ef leyfishafar uppfylla ekki skilyrði rekstrarleyfis sem þeim hefur verið veitt. Gert er ráð fyrir að þessi gjöld standi undir kostnaði við þessi verkefni. Allur kostnaður við útboðið greiðist af rekstrarleyfishöfum.

Að síðustu ber að geta þess að greiða skal í ríkissjóð rekstrargjald fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu vegna rekstrarleyfa til fjarskipta- og póstþjónustu. Ekki er ljóst hvað þar gæti verið um mörg leyfi að ræða en í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rekstrargjald til að reka almenna talsímaþjónustu og að fara með einkarétt ríkisins samkvæmt lögum um póstþjónustu verði 500 þús. kr. og að önnur leyfi kosti minna en 100 þús. kr.

165. Frumvarp til laga [150. mál]

um fjarskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.

Lög þessi taka til fjarskipta og fjarskiptaþjónustu.

Markmið fjarskiptalaga er að tryggja örugg fjarskipti og sem hagkvæmasta fjarskiptaþjónustu hér á landi.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að talsímaþjónustu og öðrum fjarskiptum, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

II. KAFLI
Orðskýringar.

2. gr.

Merking nokkurra orða sem notuð eru í lögum þessum er sem hér segir:

Fjarskipti: Það sem nefnt er „Telecommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Telecommunications, Nice 1989) og merkir hvers konar sendingu og móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með raföldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Almennt fjarskiptanet: Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðgerðum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.

Almenn fjarskiptaþjónusta: Fjarskiptaþjónusta, sbr. hér að framan, sem ætluð er til almenningsnota eða önnur starfsemi sem miðar að því að flytja fjarskiptaboð milli óskyldra og ótengdra aðila í atvinnuskyni.

Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu.

Talsímaþjónusta: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um sjálfvirkt fjarskiptanet þannig að notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda sem tengdur er við annan tengipunkt.

Virðisaukandi þjónusta: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili, einstaklingur, félag eða stofnun, sem fengið hefur leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða til reksturs fjarskiptanets.

Nettengipunktur: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

Kapalkerfi: Þráðbundið kerfi sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings.

Lokaðir notendahópar: Hópar einstaklinga, félaga eða stofnana sem þurfa ekki að vera tengd fjárhagslega, en líta má á sem aðila með viðvarandi viðskiptatengsl vegna sameiginlegrar viðskiptastarfsemi þar sem innri fjarskiptaþarfir verða til vegna þeirra hagsmuna sem liggja að baki viðskiptatengsla þeirra.

Símatorgsþjónusta: Upplýsingaþjónusta með sjálfvirkri svörun sem veitt er gegn gjaldi í gegnum sérstök upphringinúmer sem upplýsingaveitanda er úthlutað.

III. KAFLI
Um yfirstjórn fjarskiptamála.

3. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskiptamála.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptamálum hér á landi og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Réttur til að veita rekstrarleyfi.

4. gr.

Íslenska ríkið hefur eitt rétt til þess að veita leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu hér á landi, í íslenskri landhelgi og lofthelgi og til þess að veita leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets.

Fjarskiptaleyfi skulu eingöngu veitt íslenskum aðilum eða aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að rekstrarleyfi megi veita öðrum aðilum en þeim sem tilteknir eru í 2. mgr.

V. KAFLI
Rekstrarleyfi, undanþágur.

5. gr.
Útgáfa rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet, þar með talið kapalkerfi, samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal skilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu eða til sölu á almennum notendabúnaði.

6. gr.
Skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 5. gr. Skulu skilyrði vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa. Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin.

Skilyrði fyrir rekstrarleyfi geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
b. að rekstrarleyfishafi veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu eða á tilteknum landsvæðum, og að hún nái til tiltekins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður,
c. að aðgangur að fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa sé að jafnaði opinn öllum á viðkomandi landsvæði, samkvæmt skilmálum sem tryggja að jafnræðis sé gætt,
d. að rekstrarleyfishafi bjóði fjarskiptaþjónustu til útlanda þar sem það á við,
e. að búnaður rekstrarleyfishafa sé ætíð í samræmi við tæknistaðla sem Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um og uppfylli á hverjum tíma tilskildar tæknikröfur til að veita alhliða fjarskiptaþjónustu á viðkomandi sviði,
f. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma kröfum um tæknilega þekkingu, samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur,
g. að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í almennri fjarskiptaþjónustu séu háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir alþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
h. að rekstrarleyfishafi sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skuldbindi sig til að annast uppsetningu og viðhald slíks nets á starfssvæði sínu, tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptanetum annarra rekstrarleyfishafa og veita öðrum rekstrarleyfishöfum heimild til samtengingar við fjarskiptanet sitt, sbr. VII. kafla laganna,
i. að notendum verði úthlutuð númer úr þeim númeraröðum, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfishafa heimild til að nota, í samræmi við reglur sem stofnunin setur,
j. að rekstrarleyfishafi haldi skrá yfir notendur fjarskiptaþjónustunnar og gefi út eða taki þátt í útgáfu slíkrar skrár, en veiti ella öðrum heimild til útgáfu notendaskrár samkvæmt fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá má gera rekstrarleyfishafa skylt að veita eða láta í té sambærilegar upplýsingar gegnum sérstakt upplýsinganúmer,
k. að erlendur rekstrarleyfishafi setji upp starfsstöð hér á landi eða hafi hér á landi fulltrúa sem umboð hefur til að koma fram fyrir hönd rekstrarleyfishafa gagnvart notendum hér á landi,

l. að rekstrarleyfishafi geti sætt eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar á fjárhagsstöðu sinni með tilliti til hugsanlegrar hættu á rekstrarstöðvun,
m. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma, eftir gildistöku leyfisins, þeim tilskipunum og reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og þeim skuldbindingum sem Ísland undirgengst samkvæmt gildandi alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála,
n. að lokaðir notendahópar afhendi Póst- og fjarskiptastofnun fyrir fram lista yfir meðlimi með símanúmerum þeirra eða öðru kennimerki, enda geta þeir uppfært hann eftir þörfum. Lokaðir notendahópar skulu einnig, ef þess er óskað, halda skrá yfir upphafs- og endastað hvers uppkalls í því skyni að auðvelda eftirlit,
o. að rekstrarleyfishafi taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjarskiptamála.

Nánar skal mælt fyrir um skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum í reglugerð.

7. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Við útgáfu rekstrarleyfa til þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu á almennum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að auk þess að uppfylla skilyrði skv. 6. gr. skuli rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu á starfssvæði sínu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur vegna synjunar borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

8. gr.

Fjöldi rekstrarleyfishafa.

Þegar takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa á einstökum þjónustusviðum skal taka mið af því hve mörgum er hægt að heimila af tæknilegum ástæðum að veita þjónustuna, en að jafnaði skal þess gætt að samkeppni sé nægileg með tilliti til hagsmuna notenda fjarskiptaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða hversu mörgum aðilum verði veitt rekstrarleyfi í þeim tilvikum þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfa.

9. gr.

Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi, sbr. 8. gr., skuli veitt að undangengnu útboði.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem meðal annars skal mælt fyrir um þá þjónustu sem boðin er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

10. gr.

Undanþágur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota, án þess að uppfyllt séu skilyrði skv. 6. gr., enda verði þau ekki nýtt fyrir aðra.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað lokuðum notendahópum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota og skulu þá ekki sett önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu en um getur í a-, j-, k-, m- og o- liðum 6. gr.

Fjarskipti, sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis, eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um hvort fjarskipti falli undir ákvæði laga þessara eða ekki, og hvort undanþáguheimildir 1.–3. mgr. eigi við.

VI. KAFLI
Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár, uppgjörs- og bókhaldsreglur.

11. gr.

Rekstrarleyfishafi í almennri fjarskiptaþjónustu eða sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skal semja og birta opinberlega þá viðskiptaskilmála sem gilda fyrir fjarskiptaþjónustu hans. Þar skal m.a. mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu rekstrarleyfishafa að öðru leyti, um ábyrgðartakmarkanir ef þeim er til að dreifa og um uppsögn viðskiptasamnings.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að breyta skilmálum sínum, enda sé slík breyting tilkynnt viðskiptamönnum rekstrarleyfishafa með hæfilegum fyrirvara.

Viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa skulu fyrir fram kynntir Póst- og fjarskiptastofnun. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðskiptaskilmálum, t.d. ef þeir teljast ekki í samræmi við rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa almennt eftirlit með gjaldskrám í alþjónustu. Gjaldtaka í alþjónustu skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu þegar sérstaklega stendur á.

Samgönguráðherra er heimilt, vegna eftirlits með verðlagningu alþjónustu, að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar.

VII. KAFLI
Um samtengingu neta.

12. gr.
Samtenging fjarskiptaneta

Nú vill rekstrarleyfishafi tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptaneti annars rekstrarleyfishafa, og skulu þá viðkomandi aðilar leita samkomulags um tenginguna og skilmála hennar.

Náist ekki innan hæfilegs tíma, sem lengstur skal vera þrír mánuðir, samkomulag milli rekstrarleyfishafa um að net skuli samtengd, getur hvor aðili um sig leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum, sbr. 13. gr.

Telji stofnunin að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum á viðkomandi fjarskiptaneti eða samtengdum fjarskiptanetum getur stofnunin mælt svo fyrir að fjarskiptanet skuli ekki samtengd.

13. gr.

Eftirlit með verðlagningu við samtengingu fjarskiptaneta o.fl.

Verðlagning rekstrarleyfishafa á þjónustu fyrir afnot annars rekstrarleyfishafa af fjarskiptaneti skal taka mið af raunkostnaði þess sem viðkomandi fjarskiptanet rekur að teknu tilliti til hæfilegs hagnaðar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að samningar sem gerðir eru milli rekstrarleyfishafa um samtengingu fjarskiptaneta, séu lagðir fyrir stofnunina.

Náist ekki samkomulag milli rekstrarleyfishafa um gjald og aðra samningsskilmála vegna samtengingar fjarskiptaneta, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa milligöngu um ákvörðun samningsskilmála milli aðila. Getur stofnunin í því sambandi lagt fram miðlunartillögu eða á annan hátt gert tillögur um sættir. Náist ekki samkomulag, þrátt fyrir sáttatilraunir sem lengst skulu taka sex mánuði, skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Við ákvörðun skilmála vegna samtengingar skal taka mið af fyrirmælum 1. mgr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við sáttameðferð eða ákvarðanatöku skv. 3. mgr. krafist upplýsinga úr bókhaldi rekstrarleyfishafa og falið löggiltum endurskoðendum að yfirfara slík gögn.

Þegar sérstaklega stendur á getur Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars hvors aðila mælt fyrir um breytingu á samningum um samtengingu neta eða á ákvörðunum sínum þar að lútandi.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð bókhaldslegan aðskilnað eða aðgreiningu einstakra rekstrarþátta þannig að unnt sé að fylgjast með stofnkostnaði og kostnaði af rekstri samtengdra fjarskiptaneta.

VIII. KAFLI

Samningar og greiðslur fyrir alþjónustu

14. gr.

Rekstur til almannaheilla. Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta, sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 7. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti, en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartap af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda, eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með þeim.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um fjárframlög, þar á meðal um greiðslur samkvæmt þessari grein.

15. gr.

Jöfnunargjald.

Til að stranda straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á rekstrarleyfishafa innan viðkomandi þjónustusviðs, í hlutfalli við bókfærða veltu á viðkomandi þjónustusviði. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur að leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega í upphafi hvers árs, í fyrsta skipti 1. janúar 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, um útreikning rekstrartaps og um álagningu jöfnunargjalds á rekstrarleyfishafa.

Í þeim tilfellum þar sem ekki verður beitt jöfnunargjaldi skal kostnaður vegna óarðbærrar alþjónustu skv. 7. gr. greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

IX. KAFLI

Samningar og greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu, aðra en alþjónustu.

16. gr.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, eða vegna byggðasjónarmiða, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við rekstrarleyfishafa á viðkomandi sviði.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

X. KAFLI

Leynd og vernd fjarskipta.

17. gr.

Þagnarskylda.

Allir þeir sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn rekstrarleyfishafa eða aðra, skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirk-

in fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti eða önnur skjöl sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Rekstrarleyfishöfum skal heimilt að skrá upplýsingar um fjarskipti sem um fjarskiptavirki þeirra fara, enda sé um að ræða lið í reikningsfærslu gagnvart viðkomandi notanda.

Samgönguráðherra setur reglur um skráningu og meðferð upplýsinga um fjarskipti, að fengnum tillögum Póst- og fjarskiptastofnunar.

18. gr.

Vernd skeyta- og merkjasendinga.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki má aflaga, ónýta eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Berist manni með slíkum hætti skeyti eða skjal, skal viðkomandi tilkynna sendanda að slíkt hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

XI. KAFLI

Eftirlit með búnaði, leyfisbréf o.fl.

19. gr.

Gerðarsamþykki búnaðar.

Ekki má flytja inn, smíða eða setja á markað fjarskiptavirki eða annan búnað, er tengja á við almennt fjarskiptanet, nema að viðkomandi búnaður eða einstakir hlutar hans hafi eða fái gerðarsamþykki, sbr. 2.–5. mgr.

Öll fjarskiptavirki skulu fá gerðarsamþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, nema fyrir liggi að þau hafi þegar fengið gerðarsamþykki, sbr. 6. mgr.

Fjarskiptavirki sem þurfa gerðarsamþykki eru:

a. öll fjarskiptavirki fyrir þráðlaus fjarskipti, enda hafi undanþága ekki verið veitt,
b. allur notendabúnaður, þ.e. fjarskiptavirki sem tengjast eða geta tengst almennum fjarskiptanetum.

Nú liggja fyrir vottorð og mælingarskýrslur um fjarskiptavirki frá faggiltri prófunarstöð, innlendri eða erlendri, um að það sé í samræmi við viðurkennda staðla og reglur, og skal þá leggja slík gögn til grundvallar við útgáfu gerðarsamþykkis. Að öðrum kosti skal leggja mælingar og prófanir Póst- og fjarskiptastofnunar til grundvallar.

Öll fjarskiptavirki sömu gerðar og hinn samþykkti búnaður skal merkja á þann hátt sem stofnunin ákveður. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til gerðarsamþykkis fjarskiptavirkja, enda sé búnaðurinn merktur á þann hátt sem stofnunin ákveður.

Hafi fjarskiptavirki CE-merkingu til staðfestingar á því að það uppfylli viðeigandi kröfur um fjarskiptavirki innan Evrópska efnahagssvæðisins, þarf Póst- og fjarskiptastofnun ekki að gefa út gerðarsamþykki. Á sama hátt má fella niður kröfu um gerðar-

samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar ef fjarskiptavirki hefur sérstaka merkingu í samræmi við samevrópskar reglur sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að hlíta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafna viðurkenningu á fjarskiptavirki eða öðrum búnaði ef hann er ekki í samræmi við staðla sem gilda um fjarskiptabúnað á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla fyrri yfirlýsingu ef breyting verður á staðlakröfum eða ef forsendur fyrir leyfisveitingu hafa breyst eða brostið.

20. gr.

Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki skulu hafa til þess réttindi samkvæmt reglugerð sem samgönguráðherra setur.

21. gr.

Sérstök leyfisbréf og skírteini.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf og skírteini til handa þeim aðilum sem samkvæmt sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða skuldbundið sig til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

XII. KAFLI

Um fjarskiptavirki í farartækjum.

22. gr.

Fjarskiptavirki í farartækjum.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum.

23. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum farartækjum.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi, má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptavirkja í erlendum förum innan íslenskrar lögsögu ef talið er að notkun þeirra sé andstæð íslenskum reglum.

XIII. KAFLI

Sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.

24. gr.

Notkun tíðnirófs.

Póst- og fjarskiptastofnun skal stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins, skipuleggja notkun þess og úthluta tíðnum. Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna.

25. gr.

Leyfi fyrir búnaði og kerfum til þráðlausra fjarskipta.

Búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, bæði sendi- og viðtæki, má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. XI. kafla laganna. Skulu leyfin vera tímabundin. Slík leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar sendiafl, staðsetningu búnaðar, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingar við almennt fjarskiptanet.

Leyfi skv. 1. mgr. geta ýmist verið einstaklingsbundin eða almenn fyrir notkun tiltekinna gerða fjarskiptatækja, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Kerfi með tækjum fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Slíkt leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar öryggisráðstafanir gegn óheimilli notkun kerfisins.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um uppsetningu og notkun búnaðar og kerfa fyrir þráðlaus fjarskipti.

26. gr.

Synjun um leyfi. Afturköllun.

Póst- og fjarskiptastofnun getur synjað um tíðniúthlutun ef ekki hefur verið aflað nauðsynlegs leyfis til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

Tíðniúthlutun má afturkalla ef nauðsynlegt leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi eða ef aðrar mikilvægar forsendur fyrir úthlutun eða leyfi breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegs samkomulags sem Ísland er aðili að.

XIV. KAFLI

Eftirlit með símatorgsþjónustu.

27. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um símatorgsþjónustu sem staðfestar skulu af samgönguráðherra.

Nú telur Póst- og fjarskiptastofnun að símatorgsþjónusta sé andstæð almennu siðferði, svo sem vegna kláms eða því um líks, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá mælt fyrir um fyrirvaralausa stöðvun slíkrar starfsemi.

XV. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

28. gr.

Heimild til að leggja fjarskiptaleiðslur, um eignarnám o.fl.

Nú er rekstrarleyfishafa nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eiganda viðkomandi eignar. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskipta-

virkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skulu bæturnar metnar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið, má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra, enda hafi eignarnámsþoli staðið tilhlýðilega að innheimtu þeirra hjá eignarnema.

29. gr.

Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis, og er rekstrarleyfishafa þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er rekstrarleyfishafa heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú er truflun að þessu leyti að rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

30. gr.

Vernd sæstrengja.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst, nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

31. gr.

Viðgerð sæstrengja.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna, skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórð-

ung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

32. gr.

Aðgerðir til verndar sæstrengjum, bætur o.fl.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

33. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli, ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

XVI. KAFLI

Fjarskipti á hættutímum.

34. gr.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati.

XVII. KAFLI

Ábyrgðartakmarkanir, útilokun sambanda, aðfararheimild.

35. gr.

Ábyrgðartakmarkanir.

Þeim sem hefur leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets samkvæmt lögum þessum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

36. gr.

Útilokun sambanda.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að mæla svo fyrir í viðskiptaskilmálum sínum að notanda, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða

afnot fjarskiptavirkja, megi útiloka frá almennum fjarskiptum um óákveðinn tíma eða þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.

37. gr.

Aðfararheimild.

Gjaldfallnar kröfur rekstrarleyfishafa vegna afnotagjalda og tengdrar þjónustu, á hendur skráðum rétthöfum í talsímaþjónustu, má taka fjárnámi samkvæmt aðfararlögum án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar.

XVIII. KAFLI
Viðurlög við brotum á lögum þessum.

38. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Upptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

XIX. KAFLI
Reglugerðir.

39. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

XX. KAFLI
Gildistaka.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um fjarskipti, nr. 73/1984, með síðari breytingum. Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 3. og 4. mgr. 6. gr., 7. gr. og 17. gr. laganna er fjalla um Fjarskiptaeftirlit ríkisins skulu þó halda gildi sínu þar til Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa 1. apríl 1997

Ákvæði til bráðabirgða.

Samgönguráðherra skal veita Pósti og síma hf. einkaleyfi til þess að reka almenna talsímaþjónustu hér á landi og til þess að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Skal það rekstrarleyfi Pósts og síma hf. gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður eða eigi síðar en 1. janúar 1998. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga og reka almennt fjarskiptanet og veita almenna talsímaþjónustu.

Um skilyrði fyrir einkaleyfi og um gjaldtöku á gildistíma einkaleyfis fer skv. 9. og 10. gr. laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem samgönguráðherra setti á laggirnar til þess að endurskoða lög um fjarskipti og póstlög og semja drög að lögum um sérstaka stofnun á sviði fjarskipta- og póstmála, sem tæki að sér að hafa umsjón með fjarskiptamálum hér á landi fyrir hönd ríkisins.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að tryggja örugg og hagkvæm fjarskipti fyrir alla landsmenn á sambærilegum kjörum. Lagt er til að lögbundinn einkaréttur ríkisins verði afnuminn og þeir sem fullnægja ákveðnum skilyrðum fái leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu. Samhliða afnámi einkaréttarins eru settar ítarlegar reglur um frelsi í fjarskiptum og samkeppni á þessu sviði. Markmiðið með slíkum reglum er annars vegar að tryggja aðgang nýrra aðila að markaðnum, m.a. aðgang að þeim fjarskiptanetum sem komið hefur verið upp, og hins vegar að tryggja að fjarskiptaþjónustu verði haldið uppi. Er í síðarnefnda tilvikinu talið mikilvægt að öllum sé tryggður aðgangur að tiltekinni þjónustu (*e. universal service*), svo sem talsímaþjónustu, á sanngjörnu verði og á grundvelli viðurkenndra viðskiptaskilmála. Með frumvarpi þessu eru íslensk fjarskiptalög færð til samræmis við þær breytingar sem orðnar eru og sem boðaðar hafa verið í fjarskiptamálum í Evrópu.

Ljóst er að sú breyting sem hér er lögð til leiðir til grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi og stjórn fjarskiptamála hér á landi. Samkvæmt fjarskiptalögum, nr. 73/1984, hafði ríkið einkarétt á að veita fjarskiptaþjónustu hér á landi og voru undanþágur fáar. Einkaréttur ríkisins var takmarkaður verulega með breytingu á fjarskiptalögum árið 1993 og nær samkvæmt gildandi lögum eingöngu til að veita almenna talsímaþjónustu og eiga og reka almennt fjarskiptanet. Jafnframt var sett á fót ný stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, sem annast almennt tæknilegt eftirlit með markaðnum. Með lagabreytingu sem gerð var sl. vor, með lögum nr. 99/1996, voru gerðar breytingar á fjarskiptalögum sem byggjast á því að hlutafélag í eigu ríkisins, Póstur og sími hf., tekur við réttindum og skyldum Póst- og símamálastofnunar 1. janúar 1997, sbr. lög 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Ekki voru þá gerðar frekari breytingar á fjarskiptalögum en nauðsynlegt var talið vegna fyrrgreindrar formbreytingar Póst- og símamálastofnunar.

Hér er lagt til að lögbundinn einkaréttur verði með öllu afnuminn eigi síðar en 1. janúar 1998. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að Póstur og sími hf. hafi einkarétt til þess að reka almenna talsímaþjónustu og reka almennt fjarskiptanet til þess tíma. Er ákvæðið í samræmi við ákvæði laga nr. 103/1996. Þessi tilhögun fjarskiptamála byggir á tilskipunum Evrópusambandsins um að samkeppni skuli ríkja á sviði fjarskipta og að afnuminn skuli einkaréttur einstakra aðila, ríkisins sjálfs eða tiltekinna fjarskiptafyrirtækja, til að annast fjarskiptaþjónustu. Þannig er ráð fyrir því gert að eftir 1. janúar 1998 geti þeir sem uppfylla skilyrði laganna fengið leyfi til fjarskiptaþjónustu á öllum sviðum fjarskipta og til að eiga og reka grunnnet.

II. Um þróun fjarskiptamála í Evrópu.

1. Almennt.

Fjarskiptamálum í Evrópu var þannig skipað að ríkisreknar símastjórnir önnuðust flest fjarskipti, yfirleitt í skjóli einkaréttar sem löggjöf viðkomandi ríkja veitti þeim. Íslensk löggjöf var í engu frábrugðin löggjöf annarra Evrópuríkja. Póst- og símamálastofnun fór með einkarétt ríkisins á fjarskiptum og voru undanþágur fáar. Þetta fyrirkomulag var al-

mennt viðurkennt meðan verið var að byggja upp grunnnetin og voru tekjur af fjarskiptaþjónustu gjarnan nýttar beint eða óbeint til öflugrar uppbyggingar almennra fjarskiptaneta. Þá var litið á aðgang að fjarskiptum sem öryggisatriði og hluta af neyðarþjónustu við almenning. Almannahagsmunir réðu því öðru fremur að óumdeilt var um áratugaskeið að almenn fjarskiptaþjónusta væri eingöngu í höndum ríkisvaldsins.

Á síðustu árum hefur orðið mikil viðhorfsbreyting að þessu leyti. Tæknibreytingar og þróun fjarskiptaþjónustu hafa kallað á grundvallarbreytingar á því lagalega umhverfi sem fjarskipti búa við. Fyrir þessum breytingum og aukinni samkeppni má færa ýmis rök, m.a.:

1. Uppbyggingu almennra fjarskiptaneta er að mestu lokið.
2. Með samruna tals, gagna og myndar í stafrænu kerfi er tæknilega erfitt að halda einni þjónustu, talsímaþjónustu, utan samkeppni.
3. Það er almenn krafa viðskiptalífsins að samkeppni verði heimiluð á þessu sviði eins og öðrum. Er talið að það flýti fyrir nýrri þjónustu og þróun tækninnar og auki hagkvæmni fyrir notendur.
4. Tilskipun ESB frá mars 1996 mælir fyrir um samkeppni á öllum sviðum fjarskipta. Ef íslensk löggjöf fylgir ekki löggjöf annarra Evrópuríkja versnar samkeppnisstaða okkar gagnvart öðrum löndum.
5. Aukin samkeppni kallar á breytt afskipti stjórnvalda. Það verður t.d. að tryggja að öllum standi til boða ákveðin grunnþjónusta á sanngjörnu verði og að allir eigi jafnan aðgang að markaðnum, þar á meðal grunnnetinu. Þetta gera stjórnvöld ýmist með því að setja ákveðin skilyrði fyrir leyfisveitingum eða með því að setja ákveðnar leikreglur hér að lútandi.

Um framangreind grundvallaratriði hefur ítarlega verið fjallað innan Evrópusambandsins og EES. Árið 1987 lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram svokallaða „grænbók“ um fjarskiptamál þar sem lagður var grunnur að áætlun um samkeppni á evrópska fjarskiptamarkaðnum og að þróun innri markaðar fjarskiptaþjónustu í Evrópu.

Í framhaldi af „grænbókinni“ og öðrum síðari grænbókum hafa ráðherraráð og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins látið frá sér fara nokkrar tilskipanir um framkvæmd áætlunarinnar. Grundvallartilskipanir á þessu sviði eru tilskipanir nr. 90/387, um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum og fjarskiptaþjónustu, og tilskipun nr. 90/388, um frelsi á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu. Þessar tilskipanir eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Tilskipun 90/387.

Tilskipun ráðherraráðsins nr. 90/387, myndar ramma um aðgang þjónustuveitenda að almennum fjarskiptanetum. Með tilskipuninni er þeim sem veita fjarskiptaþjónustu tryggður aðgangur að almennu fjarskiptanetunum. Settar eru reglur um „opinn aðgang“ að fjarskiptanetum (Open Network Provision), sem meðal annars mæla fyrir um samræmingu á sviði tækni, aðgangs og gjaldtöku. Samræmingin leiðir jafnframt til þess að gert er ráð fyrir gagnkvæmum viðurkenningum á prófunum og samþykktum fyrir notendabúnað og sameiginlegum stöðlum.

Samhæfðar reglur og skilmálar um frjálsan aðgang að netum voru taldar grundvöllur þess að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu kæmist á. Samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar skulu skilmálarnir vera skýrir og byggðir á hlutlægum viðmiðunum og þess skal gætt að þeir séu ekki umfangsmeiri eða gangi lengra en markmið þeirra gefur tilefni til. Þá er tekið fram að skilmálarnir verði að tryggja jafnan aðgangsrétt að fjarskiptanetun-

um og að ekki megi í því sambandi byggja á sjónarmiðum sem fela í sér mismunun milli aðila með neinum hætti.

Í framhaldi af tilskipun nr. 90/387, um frjálsan aðgang að fjarskiptanetum, hafa verið gefnar út fleiri tilskipanir á þessu sviði. Árið 1992 var gefin út ONP-tilskipun fyrir leigulínur, tilskipun nr. 92/264. Samkvæmt tilskipuninni eiga allar leigulínur sem eru boðnar fram af símastjórnum að vera í samræmi við ákvæði hennar. Þar er einnig kveðið á um lágmarksfjölda mismunandi tegunda leigulína sem skulu vera fáanlegar. Sama ár voru einnig gefnar út tilskipanir fyrir gagnaflutning, nr. 92/382, og fyrir samnet, nr. 92/383. Í þeim er kveðið á um lágmarksframboð og val fyrir neytendur að því er varðar þessi svið fjarskiptaþjónustu. Nýjasta tilskipunin um opið netaframboð er um talsímaþjónustu.

Í tilskipun 90/387 var upphaflega ekki gengið út frá því að einkaleyfi eða sérréttindi varðandi uppsetningu og rekstur grunnneta yrðu afnumin. Talsverðar takmarkanir á samkeppni voru hins vegar taldar fólgnar í því að ekki væri öllum heimilt að setja upp og reka grunnnet. Þetta hefði það í för með sér að þegar samkeppni kæmist á í fjarskiptaþjónustu væru nýir aðilar á markaðnum neyddir til þess að tengjast inn á net samkeppnisaðilans, venjulega innlenda einkaleyfishafans. Einkaleyfishafinn hefði við þessar aðstæður vald til þess að ákveða hvar og hvenær samkeppnisaðilarnir veittu þjónustu sína. Hætta var jafnframt talin á því að viðkomandi stofnanir settu upp óhóflegt verð fyrir aðgang að netinu eða nýttu sér upplýsingar frá samkeppnisaðilanum í sínum eigin rekstri. Sú hætta væri því alltaf fyrir hendi að innlendu fjarskiptastofnanirnar myndu haga aðgangi að fjarskiptanetinu þannig að það kæmi niður á samkeppnisaðilum sem sinntu fjarskiptaþjónustu. Af þessum sökum voru taldar miklar líkur á því að innlenda fjarskiptastofnunin myndi halda markaðsráðandi stöðu sinni þegar samkeppnin kæmist á. Það að viðhaldið væri einkaleyfinu til að setja upp og reka grunnnetin setti því innlendu fjarskiptastofnanirnar í slíka aðstöðu að hætta væri á misnotkun á markaðsráðandi stöðu en það væri andstætt 86. gr. Rómarsáttmálans.

3. Tilskipun 90/388.

Tilskipun nr. 90/388 var sett með hliðsjón af Rómarsáttmálanum, einkum 3. mgr. 90. gr., en þar er kveðið á um skyldu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að tryggja að ákvæði 90. gr. séu virt og gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart aðildarríkjunum, eftir því sem þörf krefur. Framkvæmdastjórnin gegnir því eftirlitshlutverki að þessu leyti en hefur einnig frumkvæði og sinnir ákveðinni stefnumótun með útgáfu tilskipana.

Í tilskipuninni er kveðið á um skyldu hvers ríkis Evrópusambandsins að koma á samkeppni í fjarskiptaþjónustu innan hins sameiginlega markaðar. Skv. 2. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríki Evrópusambandsins fella úr gildi öll sérstök réttindi eða einkarétt til að veita fjarskiptaþjónustu aðra en talsímaþjónustu. Tilskipunin náði ekki yfir fjarrita, farsíma, boðkerfi og gervihnattaþjónustu, sbr. 2. mgr. 1.gr. tilskipunarinnar.

Í formála tilskipunarinnar kemur fram að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins taldi rétt að koma á samkeppni í fjarskiptaþjónustu þar sem veiting einkaleyfa eða sérréttinda á fjarskiptasviði takmarkaði viðskipti milli aðildarríkjanna, en slíkt væri andstætt ákvæðum Rómarsáttmálans, einkum 59. gr. og 90. gr. hans.

Í 59. gr. Rómarsáttmálans er krafist afnáms allra takmarkana á frelsi ríkisborgara aðildarríkjanna með staðfestu í öðru aðildarríki til að veita aðilum í öðrum aðildarríkjum þjónustu. Takmarkanir á veitingu fjarskiptaþjónustu, í skilningi 59. gr., til eða frá öðru aðildarríki fólust einkum í því að bannað var að tengja leigðar línur við sjálfvirk kerfi en

einnig í því að krafist var hærri gjalda fyrir slíka tengingu en veitt þjónusta gaf tilefni til. Þá komu takmarkanirnar fram í því að bannað var að flytja merki til eða frá þriðja aðila um leigðar línur og að beitt var magnháðum töxtum án þess að fyrir því væru fjárhagslegar röksemdir. Einnig var þeim er veittu fjarskiptaþjónustu oft neitað um aðgang að netinu. Notkunartakmarkanir og hin óhóflegu gjöld miðað við tilkostnað voru talin hindra að látin væri í té ýmiss konar þjónusta milli aðildarríkjanna.

Af dómum dómstóls Evrópusambandsins má sjá að takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu hafa verið taldar ásættanlegar ef þær standast grunnkröfur með tilliti til almannahags. Hefur sú krafa verið gerð að takmörkunum sé beitt án mismununar og þær megi ekki teljast óhóflegar miðað við tilgang þeirra. Framkvæmdastjórnin taldi ekki nauðsynlegt að takmarka frelsi til að veita fjarskiptaþjónustu vegna neytendaverndar þar sem því marki yrði einnig náð með frjálsri samkeppni. Einu grunnkröfurnar sem réttlætt gætu frávik frá 59. gr. og takmörkun á notkun fjarskiptanetsins væru kröfur um heildstæði fjarskiptanetsins og rekstraröryggi þess. Viðhald eða lögleiðing sérstakra réttinda eða einkaréttur sem ekki uppfyllti ofangreind skilyrði voru því talin vera brot á 90. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 59. gr. hans. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins taldi ekki samrýmast 1. mgr. 90. gr., sbr. 86. gr. Rómarsáttmálans, að fyrirtækjum væri veittur einkaréttur til fjarskiptaþjónustu.

Samkvæmt 86. gr. sáttmálans er allt framferði eins eða fleiri fyrirtækja sem felur í sér misnotkun á yfirburðastöðu á hinum sameiginlega markaði, eða verulegum hluta hans, bannað. Framkvæmdastjórnin taldi fjarskiptastofnanir vera fyrirtæki í skilningi 86. gr. Á innanlandsmörkuðum höfðu fjarskiptastofnanirnar, hver fyrir sig eða sameiginlega, yfirburðastöðu með tilliti til uppsetningar og reksturs neta þar sem þær voru einu aðilarnir sem í einstökum aðildarríkjum réðu yfir neti sem náði um allt yfirráðasvæði viðkomandi ríkis.

Þegar ríki veitti stofnun, sem þegar hafði slíka yfirburðastöðu, einkarétt til að láta í té fjarskiptaþjónustu, styrktu slík réttindi enn frekar yfirburðastöðu þeirrar stofnunar. Að sama skapi var veiting sérstakra réttinda eða einkaréttar til að láta í té vissa fjarskiptaþjónustu talin hafa það í för með sér að aðgangur keppinauta að markaðnum fyrir þá fjarskiptaþjónustu var útilokaður eða verulega takmarkaður. Slíkt dræg úr valfrelsi notenda og væri til þess fallið að hamla tækniframförum til tjóns fyrir neytendur. Framkvæmdastjórnin taldi að í slíkum tilvikum væri um misnotkun á yfirburðastöðu að ræða og því brot gegn 86. gr.

Eins og fyrr greinir gerði tilskipun nr. 90/388 aðildarríkjum Evrópusambandsins ekki skylt að fella úr gildi sérstök réttindi eða einkarétt til þess að veita talsímaþjónustu, sbr. 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar. Ástæða þessa var sú að talið var að talsímaþjónusta gæti fallið undir undantekningarregluna í 2. mgr. 90. gr. Rómarsáttmálans en þar er veitt heimild til að veita undanþágu frá reglum sáttmálans ef ákvæði hans koma í veg fyrir að fjarskiptastofnanir geti að lögum og í raun leyst af hendi það sérstaka verkefni sem þeim er ætlað. Það verkefni var að setja upp og reka almennt net, þ.e. net sem nær til alls landsins og hver þjónustuaðili eða notandi sem þess óskaði, fengi aðgang að innan hæfilegs tíma. Framkvæmdastjórnin benti á að fjármagn til þróunar netsins fengist að mestu leyti frá rekstri talsímaþjónustunnar. Það að leyfð yrði samkeppni um talsímaþjónustu gæti því stofnað fjárhagsgrundvelli fjarskiptafyrirtækjanna í hættu. Einnig var lögð áhersla á að talsímaþjónustan væri mikilvægasta leiðin til að gera viðvart og kalla á þær neyðarþjónustustofnanir sem sjá um öryggi almennings. Þessar ástæður m.a. þóttu réttlæta það

að tilskipun nr. 90/388 tæki ekki til talsímaþjónustu og ekki þyrfti að koma á samkeppni um slíka þjónustu.

Í tilskipun nr. 96/19 frá 13. mars 1996, sem er viðauki við tilskipun nr. 90/388, er hins vegar gert ráð fyrir að undanþágan vegna talsímaþjónustunnar verði afnumin þar sem þær ástæður sem réttlættu undanþáguna á sínum tíma eru ekki taldar vera lengur fyrir hendi. Bent er á að flest ríki hafa þegar náð að setja upp net sem taka til alls lands þeirra og jöfnun taxta vegna gagnaflutningsþjónustu er vel á veg komin.

Ráðherraráðið hefur samþykkt að komið skuli á samkeppni í talsímaþjónustu og veitt til þess frest til 1. janúar 1998. Þó var gert ráð fyrir tímabundnum undanþágum fyrir ríki með vanþróuð net eða mjög lítil net. Slík undanþága verður þó aðeins veitt að til þess séu brýnar ástæður og aðeins svo lengi sem nauðsyn krefur.

Afnám einkaleyfis og sérréttinda í talsímaþjónustu gerir það að verkum að fjarskiptafyrirtæki í einu ríkja Evrópusambandsins getur frá 1. janúar 1998 veitt þjónustu sína óhindrað í öðru ríki sambandsins.

4. Um farsíma og boðkerfi.

Tilskipun nr. 90/388 náði upphaflega ekki til farsímakerfa. Á undanförnum árum hefur verið mjög ör þróun í farsímaþjónustunni. Fjöldi notenda hefur margfaldast og sífellt er verið að kynna nýja tækni á þessu sviði. Einkaleyfi og sérréttindi í farsímaþjónustu þóttu líkleg til að hægja verulega á þessari þróun til óhags fyrir neytendur og takmarka mjög framboð á farsímaþjónustu. Vegna þessa lét framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá sér fara svokallaða „grænbók“ um farsímasviðið, 27. apríl 1994. Þar var fjallað um nauðsyn þess að tilskipun nr. 90/388 tæki einnig til farsímaþjónustu. Með tilskipun nr. 96/2, frá 16. janúar 1996, viðauka við tilskipun nr. 90/388, var undanþágan að því er varðar farsímaþjónustu afnumin og aðildarríkjum gert að afnema einkarétt á þessu sviði.

5. Staðan í fjarskiptamálum í Evrópu.

Í Bretlandi, Svíþjóð og Finnlandi hefur einkaréttur á fjarskiptaþjónustu þegar verið afnuminn. Önnur ríki í Evrópu hafa hins vegar flest enn það fyrirkomulag á fjarskiptamálum að opinber stofnun eða fyrirtæki hefur einkaleyfi á stærstum hluta fjarskiptaþjónustunnar, þar á meðal talsímaþjónustunni og rekstri grunnnetanna, en unnið er að breytingu á fyrirkomulaginu þannig að opna megi fyrir samkeppni á þessu sviði fyrir 1. janúar 1998. Ýmis ríki í Evrópu, svo sem Danmörk, hafa þó tilkynnt að þau muni afnema einkaréttinn fyrr en lokafresturinn rennur út.

III. Þróun löggjafar um fjarskiptamál á Íslandi.

Með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að taka inn í löggjöf sína ýmsar samþykktir Evrópusambandsins er varða fjarskiptamál, sbr. 7. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en þar segir að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, skuldbindi samningsaðila. Í XI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er fjallað um fjarskiptamál. Þar er að finna ýmsar tilskipanir ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er varða fjarskiptamál, þar á meðal grundvallartilskipunina um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu, eins og hún er aðlöguð samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Núgildandi fjarskiptalög, nr. 73/1984, leystu af hólmi eldri fjarskiptalög, nr. 30/1941. Skv. 2. gr. fjarskiptalaga, nr. 73/1984, eins og henni var breytt árið 1993, hefur íslenska ríkið einkarétt á að eiga og reka almennt fjarskiptanet á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi. Í sömu grein er kveðið á um einkarétt íslenska ríkisins á að veita talsímaþjónustu. Póst- og símamálastofnun var falið að annast framkvæmd þessa einkaréttar ríkisins. Heimilað var að veita aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins rétt til að reka ákveðna tegund fjarskiptaþjónustu, aðra en talsímaþjónustu á almennum fjarskiptanetum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Með lögunum var sérstök stofnun, Fjarskiptaeftirlit ríkisins, sett á stofn og tók hún við tilteknum verkefnum af Póst- og símamálastofnuninni. Með því var að mestu leyti skilið milli fjarskiptaeftirlits annars vegar og fjarskiptareksturs hins vegar, í samræmi við kröfur Evrópusambandsins.

Með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Mun Póstur og sími hf. yfirtaka starfsemi stofnunarinnar frá og með 1. janúar 1997. Markmið þessarar breytingar var að gera núverandi starfsemi stofnunarinnar sjálfstæðari en verið hefur, m.a. í þeim tilgangi að fyrirtækið verði samkeppnishæfara og skilvirkara í þeirri samkeppni sem búast má við í kjölfar þeirra breytinga á einkarétti á sviði fjarskipta sem fyrirsjáanlegar eru. Þrátt fyrir breytinguna á rekstrarformi stofnunarinnar er gert ráð fyrir því að fyrirtækið verði áfram alfarið í eigu ríkisins.

Með lögum nr. 99/1996 var fjarskiptalögum síðan breytt, með tilliti til formbreytingar Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag. Þau lög taka gildi 1. janúar 1997.

IV. Yfirlit yfir helstu efnisatriði frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið laganna og markmið. Lögunum er ætlað að taka til hvers konar fjarskiptaþjónustu hér á landi, nema hún sé sérstaklega undanskilin. Með vísan til þeirrar efnisbreytingar sem felst í afnámi einkaréttar á sviði fjarskipta verður markmið laganna að tryggja örugg og góð fjarskipti hér á landi og jafnframt að tryggja að öllum landsmönnum standi til boða að njóta slíkrar þjónustu á viðráðanlegu verði.

Í II. kafla eru helstu orð og hugtök frumvarpsins skýrð og er þar að nokkru leyti um að ræða hugtök sem ekki hafa áður verið notuð í fjarskiptalögum.

Samkvæmt III. kafla frumvarpsins fer samgönguráðherra með yfirstjórn fjarskiptamála hér á landi, en dagleg umsjón með fjarskiptamálum færist hins vegar úr höndum samgönguráðherra til sérstakrar stofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, sem gert er ráð fyrir að sett verði á laggirnar. Er í því sambandi vísað til sérstaks lagafrumvarps um þá stofnun.

Í IV. kafla frumvarpsins kemur fram að ríkið hafi eitt rétt til þess að veita leyfi til fjarskiptareksturs hér á landi og til að reka almennt fjarskiptanet, og að slík leyfi skuli veitt íslenskum aðilum og aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkvæmt V. kafla er það Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum. Helstu skilyrði sem rekstrarleyfishafi þarf að uppfylla eru tiltekin í 6. gr. frumvarpsins. Í 7. gr. frumvarpsins er fjallað um svonefnda alþjónustu sem nær til ákveðinna þátta fjarskiptaþjónustu, sem almenningi skulu vera aðgengilegir á viðráðanlegu verði. Í þessum kafla er jafnframt fjallað um takmörkun á fjölda leyfa til fjarskiptaþjónustu á tilteknum sviðum og um það að val á rekstrarleyfishöfum geti farið fram að undangengnu útboði.

VI. kafli frumvarpsins fjallar um viðskiptaskilmála rekstrarleyfishafa, gjaldskrár og um uppgjörs- og bókhaldsreglur sem rekstrarleyfishafar þurfa að gangast undir.

Í VII. kafla eru sérákvæði um samtengingu fjarskiptaneta.

VIII. kafli frumvarpsins fjallar um samninga og greiðslur fyrir alþjónustu og um svokölluð jöfnunargjöld. Er hér gert ráð fyrir því að heimilt sé að tryggja með fjárframlögum að fjarskiptaþjónusta sé veitt, jafnvel þótt hún sé óarðbær. Er lagt til að heimilt verði að innheimta svokallað jöfnunargjald í þessum tilgangi.

Í IX. kafla er fjallað um óarðbæra þjónustu aðra en alþjónustu.

Í X. kafla er fjallað um leynd og vernd fjarskipta, þ.e. um þagnarskyldu þeirra sem starfa við fjarskiptavirki og um öryggi skeytasendinga.

Í XI. kafla er fjallað um eftirlit með fjarskiptabúnaði og fjarskiptavirkjum, samþykki búnaðar o.fl.

Í XII. kafla er fjallað um fjarskiptavirki í farartækjum.

Í XIII. kafla eru sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.

Í XIV kafla er fjallað um eftirlit með símatorgsþjónustu. Gert er ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun hafi eftirlit með þessari þjónustugrein og gæti hagsmuna neytenda.

Í XV. kafla er fjallað um uppsetningu og vernd fjarskiptavirkja. Ákvæðum kaflans er ætlað að tryggja að rekstrarleyfishafar geti lagt fjarskiptavirki sín, leiðslur o.s.frv., með sem hagkvæmustum hætti. Í því sambandi er talið rétt að heimila t.d. að farið sé yfir land manna, enda sé röskun ekki meiri en nauðsynlegt er. Skal landeigandi eiga rétt á skaðabótum, verði hann fyrir tjóni vegna lagningar fjarskiptavirkja. Jafnframt er fjallað um tjón á fjarskiptavirkjum og röskun á rekstri þeirra. Tekur það hvort tveggja til fjarskiptavirkja á landi og á sjó.

Í XVI. kafla eru sérákvæði um fjarskipti á hættutímum, svo sem þegar styrjaldarástand ríkir eða sérstakt hættuástand.

Í XVII. kafla er fjallað um ábyrgðartakmarkanir sem rekstrarleyfishöfum er heimilt að setja í viðskiptaskilmála sína, um útilokun sambanda vegna vanskila og loks um aðfararheimild vegna vangreiddra gjalda í almennri talsímaþjónustu.

Í XVIII. kafla er fjallað um viðurlög við brotum.

Í XIX. kafla er fjallað um heimild til að setja reglugerð um framkvæmd fjarskiptamála.

Í lok frumvarpsins er bráðabirgðaákvæði þar sem mælt er fyrir um einkaleyfi Pósts og síma hf. til að reka almenna talsímaþjónustu hér á landi og til að reka almennt fjarskiptanet, allt þar til réttur til að veita slíkt einkaleyfi fellur niður samkvæmt reglum EES. Er miðað við að slík einkaleyfi falli niður eigi síðar en 1. janúar 1998.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildissvið frumvarpsins og meginmarkmið þess. Í 1. mgr. er þess getið að frumvarpið taki til fjarskipta og fjarskiptaþjónustu, en samkvæmt orðskýringum 2. gr. taka fjarskipti yfir hvers konar sendingu eða móttöku tákna eftir leiðslum (radio) eða eftir öðrum rafsegulkerfum. Fjarskiptaþjónusta er einnig almennt skilgreind í 2. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er lögð á það áhersla að lögin taki til hvers konar fjarskipta, þó svo að samkvæmt því sé útvarp, hljóðvarp eða sjónvarp, undanþegið ákvæðum laganna, sbr. útvarpslög, nr. 68/1985, og einnig er mælt fyrir um að tiltekin fjarskipti innan heimilis, fyrirtækis eða stofnunar geti verið undanþegin ákvæðum laganna, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Í 2. og 3. mgr. er tiltekið að markmið fjarskiptalaga sé að tryggja örugg fjarskipti hér á landi og sem hagkvæmasta fjarskiptaþjónustu, og að íslenska ríkið skuli tryggja aðgang manna að fjarskiptum eftir því sem unnt er. Ljóst er að með lögunum er afnuminn einkaréttur ríkisins á almennri fjarskiptaþjónustu og er lögunum því jafnframt ætlað að tryggja að slík þjónusta verði engu að síður veitt þó að ríkið annist ekki framkvæmd fjarskiptamála. Er lögunum þannig eftir sem áður ætlað að tryggja að almenningi bjóðist aðgangur að öruggum, góðum og hagkvæmum fjarskiptum hér á landi. Má í því sambandi m.a. vísa til V. kafla frumvarpsins um skilyrði fyrir rekstrarleyfum, VIII. kafla um samninga og greiðslur fyrir alþjónustu og IX. kafla um óarðbæra þjónustu.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirstjórn fjarskiptamála hér á landi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að yfirstjórn fjarskiptamála verði hjá samgönguráðherra, en að sjálfstæð stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, taki við umsjón með fjarskiptamálum hér á landi og hafi með höndum eftirlit með framkvæmd laganna. Sérstakt lagafrumvarp hefur verið samið um stofnunina, skipulag hennar og hlutverk, og vísast til þess frumvarps að því er varðar frekari umfjöllun um stofnunina.

Nauðsynlegt er, samhliða þeirri breytingu, sem gerð er á almennri skipan fjarskiptamála, að setja á laggirnar sérstaka stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun sem hefur með höndum þá stjórnsýslu sem ýmist hefur verið falin Póst- og símamálastofnuninni eða ráðuneyti samgöngumála. Eftir formbreytingu Póst- og símamálastofnunar, samkvæmt lögum nr. 103/1996, og með tilliti til ákvæða þessa frumvarps er ekki talið æskilegt að dagleg stjórnsýsla á sviði fjarskiptamála sé í umsjá samgönguráðuneytis og er því gert ráð fyrir að hún flytjist að mestu leyti frá ráðuneytinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Svo sem nánar er vikið að í nefndu frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt gert ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, sem ætlað er að taka við því hlutverki samgönguráðherra sem lýtur að stjórnsýslukærum í fjarskiptamálum. Gert er ráð fyrir að ákvörðunum og úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar megi skjóta til úrskurðarnefndarinnar sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Með þessu fyrirkomulagi er bæði höfð hliðsjón af kröfum EES um sjálfstæðan, óháðan stjórnsýsluaðila (regulator) á sviði fjarskiptamála, og einnig að samgönguráðherra fer með alla hluti ríkisins í Pósti og síma hf., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 103/1996.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu er gerð sú breyting frá núgildandi lögum að ríkið hefur ekki lengur einkarétt á því að veita talsímaþjónustu eða eiga og reka almennt fjarskiptanet. Þess í stað er gert ráð fyrir því að íslenska ríkið hafi eitt rétt til þess að veita leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu og til þess að veita leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets. Íslenska ríkið heldur með öðrum orðum forræði þess að veita leyfi til fjarskiptareksturs en afsalar sér einkarétti til að veita þjónustuna eða til þess að eiga og reka almennt fjarskiptanet.

Leyfi til fjarskiptareksturs skal eingöngu veitt íslenskum aðilum eða aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með íslenskum aðilum er átt við íslenska ríkisborgara, sem lögheimili eiga hér á landi, og félög eða stofnanir, sem löglega eru

stofnuð og skráð hér á landi. Um skilyrði fyrir stofnun hlutafélaga hér á landi og um stjórn og framkvæmdastjóra þeirra vísast til laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994.

Veita má fjarskiptaleyfi til þeirra sem staðfesturétt hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins, en um staðfesturétt og réttarstöðu þeirra sem hans njóta innan Evrópska efnahagsvæðisins vísast til 2. kafla laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið.

Með vísan til 3. gr. laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum, yrði öðrum erlendum aðilum hins vegar ekki veitt leyfi til fjarskiptareksturs hér á landi.

Samkvæmt lokamálsgrein er ráðherra heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að öðrum aðilum en um getur í 2. mgr. megi veita leyfi til fjarskiptareksturs hér á landi. Eðlilegt þykir að veita ráðherra slíka heimild þar sem viðurhlutamikið er að breyta lögunum um fjarskipti ef svo ber undir að rétt þyki að veita öðrum aðilum rétt til fjarskiptareksturs hér á landi. Er þá t.d. haft í huga það tilvik að gerður yrði tvíhliða samningur við erlend ríki um gagnkvæm réttindi á þessu sviði.

Um V. kafla.

Gert er ráð fyrir því að þeir sem annast almenna fjarskiptaþjónustu hér á landi þurfi rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt frumvarpinu veitir Póst- og fjarskiptastofnun leyfin og setur skilyrði fyrir rekstrarleyfi, eftir því sem við á. Upptalning þeirra skilyrða sem setja má fyrir rekstrarleyfi er ekki tæmandi, en gera má ráð fyrir að helstu tilvika sé getið. Skilyrðin yrðu tiltekin í rekstrarleyfi viðkomandi. Gert er ráð fyrir að ekki séu sett önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu en við eiga í hverju tilfelli, að mati Póst- og fjarskiptastofnunar, til þess að tryggt sé að markmiðum laganna um þjónustu og heildstæðni fjarskiptanetsins verði náð. Í ákveðnum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að takmarka fjölda rekstrarleyfishafa á tilteknum sviðum fjarskipta, og kemur ákvörðun um slíka takmörkun í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar. Í ákveðnum tilvikum, þegar um er að ræða takmörkuð fjarskipti, er heimilt að veita leyfi til fjarskipta án þess að uppfyllt séu skilyrði 6. gr.

Um 5. gr.

Það kemur í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar að veita rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almenn fjarskiptanet, þar með talið kapalkerfi, eins og það er skilgreint í 2. gr. Gert er ráð fyrir því að í slíkum rekstrarleyfum sé ítarlega gerð grein fyrir réttindum og skyldum rekstrarleyfishafa, eftir því sem nauðsynlegt er í hverju tilviki. Þannig verði mælt fyrir um að leyfið taki til einstakra tegunda fjarskiptaþjónustu, svo sem talsímaþjónustu, leigulína, gagnaflutningsþjónustu og reksturs almenns fjarskiptanets, til farsímaþjónustu, boðkerfaþjónustu o.s.frv.

Ekki þarf leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að veita virðisaukandi þjónustu eða til þess að selja almennan notendabúnað. Rétt er þó að vekja athygli á því að Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með innflutningi á slíkum búnaði samkvæmt XI. kafla frumvarpsins. Hugtakið virðisaukandi þjónusta er skilgreint í orðskýringum 2. gr.

Um 6. gr.

Meginreglan varðandi skilyrði fyrir rekstrarleyfi er að þau séu skýr og að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa. Þannig skal þess gætt að nýjum aðilum á sviði fjarskipta séu ekki sett önnur skilyrði en öðrum rekstrarleyfishöfum á viðkomandi sviði.

Þá skal þess gætt að ekki séu sett önnur skilyrði en nauðsynleg teljast til að viðkomandi geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru á viðkomandi þjónustusviði. Við ákvörðun skilyrða ber Póst- og fjarskiptastofnun að gæta almennra stjórnsýslusjónarmiða, samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Telji rekstrarleyfishafi eða umsækjandi um rekstrarleyfi að skilyrði, sem honum eru sett eða mælt er fyrir um, séu óþörf, íþyngjandi eða takmarki með óeðlilegum hætti möguleika hans á að veita fjarskiptaþjónustu, getur hann krafist þess að Póst- og fjarskiptastofnun taki rökstudda ákvörðun í málinu sem síðan er hægt að kæra til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sem gert er ráð fyrir að sett verði á laggirnar samkvæmt sérstöku frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með þessu er tryggt að aðilum séu ekki settir óeðlilegir skilmálar eða skilyrði, og að kostur sé á skjótri, hlutlausri kærumeðferð í slíkum tilvikum.

Í ákvæðinu eru tiltekin helstu skilyrði sem sett kunna að verða fyrir rekstrarleyfi á sviði fjarskipta þótt ekki sé um tæmandi talningu að ræða.

Um a-lið: Leyfishafar skulu greiða leyfisgjald við útgáfu rekstrarleyfis, svo sem mælt er fyrir um í lögum um aukatekjur ríkissjóðs og að auki rekstrargjald sem greiðist árlega á leyfistímanum. Þá er gert ráð fyrir að innheimta megi sérstakt leyfisgjald fyrir fjarskiptaleyfi þar sem fjöldi rekstrarleyfa er takmarkaður. Heimilt væri að ákvarða slíkt gjald með útboði.

Um leyfisgjöld er nánar fjallað í frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Um b-lið: Í sumum tilfellum getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að sú þjónusta sem leyfið nær til skuli veitt á tilteknu landsvæði, eða nái t.d. til landsins alls. Þá getur stofnunin ákveðið í rekstrarleyfi að þjónusta rekstrarleyfishafa nái tiltekinni útbreiðslu innan ákveðinna tímamarka, ef við á. Mikilvægur þáttur í útbreiðslu fjarskiptaneta og þjónustu við landsmenn er að fjarskiptanet nái til landsins alls eða a.m.k. helstu landsvæða. Í VIII. og IX. kafla frumvarpsins, sem fjalla um greiðslur til rekstrarleyfishafa, m.a. fyrir alþjónustu og óarðbæra þjónustu, eru enn frekari ráðstafanir gerðar til að tryggja útbreiðslu fjarskiptaneta og að alþjónusta sé veitt sem víðast á landinu þótt hún sé ekki lengur á vegum ríkisins.

Um c-lið: Rekstrarleyfishafar skulu að jafnaði vera skyldugir til þess að veita almenningi og öðrum þjónustuveitendum, þar á meðal öðrum rekstrarleyfishöfum, aðgang að neti sínu, og að ekki verði um að ræða óeðlilegar takmarkanir að því leyti. Núverandi fyrirkomulag hefur falið það í sér að allur almenningur og aðrir notendur síma hafa fengið tengingu án takmarkana og án tillits til hagkvæmni viðskiptanna. Eftir sem áður er gert ráð fyrir þeirri tilhögun á fjarskiptaþjónustu að allir sem vilja tengjast fjarskiptaneti eigi þess kost, enda séu hvorki á því sérstakir tæknilegir annmarkar né aðrar lögmætar hindranir.

Um d-lið: Í tilteknum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að mæla sérstaklega fyrir um að fjarskiptaþjónusta sé veitt til útlanda, þótt almennt megi gera ráð fyrir því að slíkt liggi í hlutarins eðli, þ.e. að slík þjónusta verði veitt. Er skilyrði þetta því sett til áhersluauka.

Um e-lið: Þarfnast ekki skýringar.

Um f-lið: Nauðsynlegt er talið að rekstrarleyfishafar hafi tæknilega þekkingu á fjarskiptum eða á því fjarskiptasviði sem rekstrarleyfi þeirra nær til. Með þessu er reynt að tryggja öryggi fjarskiptanetsins í heild og að auðvelda eftirlit á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá er ekki hvað síst haft í huga að tryggja hag neytenda, þar á meðal varðandi bilanaþjónustu og þjónustu við sambandsrof. Gert er ráð fyrir að Póst- og fjar-

skiptastofnun setji sérstakar reglur um tæknilega þekkingu tiltekinna forsvarsmanna eða ábyrgðarmanna fjarskiptafyrirtækja.

Um g-lið: Með þeirri breytingu sem frumvarpið mælir fyrir um verða skilmálar þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu ekki lengur gefnir út af samgönguráðuneyti, svo sem nú er, sbr. gjaldskrá og reglur fyrir símaþjónustu í einkarétti, sem nú gilda sem nokkurs konar viðskiptaskilmálar Póst- og símamálastofnunar gagnvart notendum. Nú er gert ráð fyrir að rekstrarleyfishafar í almennri fjarskiptaþjónustu, þ.e. þeir sem reka fjarskiptaþjónustu til almenningsnota, setji sína eigin viðskiptaskilmála eða samningsskilmála sem gilda munu gagnvart viðskiptamönnum. Mikilvægt verður að skilmálar fjarskiptafyrirtækjanna liggi fyrir og sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Þannig er gert ráð fyrir því í VI. kafla frumvarpsins að stofnunin hafi náið eftirlit með skilmálunum.

Í 10. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, er mælt svo fyrir að gjaldskrá félagsins vegna einkaleyfisþjónustu sé háð samþykki samgönguráðherra á hverjum tíma og mun það fyrirkomulag gilda þar til einkaréttur Pósts og síma hf. fellur niður eigi síðar en 1. janúar 1998. Eftir það er gert ráð fyrir að viðskiptaskilmálar sem fyrir almenna fjarskiptaþjónustu gilda skuli samþykktir af Póst- og fjarskiptastofnun og að gjaldskrár í alþjónustu verði háðar eftirliti stofnunarinnar.

Um h-lið: Rekstrarleyfishafa á sviði talsímaþjónustu má gera skylt að annast uppsetningu og rekstur almenns fjarskiptanets á starfssvæði sínu. Með ákvæði þessu er stefnt að því að tryggja að fjarskiptanet þróist m.a. í samræmi við þróun byggðar. Ákvæði þetta er að þessu leyti tengt skilyrði því sem mælt er fyrir um í b-lið hér að framan. Jafnframt er mælt fyrir um að rekstrarleyfishafa sem rekur fjarskiptanet megi gera skylt að tengja fjarskiptanet sitt öðrum netum. Er skylda til samtengingar neta eitt af grundvallaratriðum varðandi aðgang nýrra aðila að markaði og til þess að tryggja heildstæðni fjarskiptanets hér á landi. Nánar er fjallað um samtengingu neta í VII. kafla frumvarpsins.

Um i-lið: Gert er ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um úthlutun númera, en Póst- og fjarskiptastofnun kemur til með að úthluta rekstrarleyfishöfum sérstökum númeraröðum.

Um j-lið: Gert er ráð fyrir að rekstrarleyfishafar gefi út eða taki þátt í útgáfu notendaskrár og að rekstrarleyfishafar veiti upplýsingar um notendur með aðgengilegum hætti. Ljóst er að þegar notendur dreifast á fleiri en einn rekstrarleyfishafa verður mikilvægt að haldin sé heildstæð skrá yfir alla notendur og að slíkar upplýsingar fáist almennt á einum stað en séu ekki bundnar við einstaka þjónustuveitendur. Gefi rekstrarleyfishafi út skrá yfir notendur getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um skyldu hans til að birta einnig nöfn notenda hjá öðrum rekstrarleyfishöfum, og með hvaða skilmálum. Ef rekstrarleyfishafar gefa ekki út heildstæða skrá yfir notendur er stofnuninni heimilt að mæla svo fyrir að rekstrarleyfishafar skuli láta í té upplýsingar í skrá sem stofnunin annaðist útgáfu á, og jafnframt á hvaða kjörum. Í slíku tilfelli mundi við það miðað að fjárhagslegum afrakstri eða kostnaði slíkrar útgáfu yrði skipt niður á rekstrarleyfishafa í hlutfalli við fjölda notenda. Hér ber að hafa í huga að rekstrarleyfishafar í almennri talsímaþjónustu hafa umtalsverðan kostnað af umsjón og eftirliti með skráningu notenda og breytingum á henni, en á móti hafa komið tekjur af útgáfu símaskráa. Þá er gagnagrunnur að þessu leyti verðmæti sem rétt þykir að viðkomandi rekstrarleyfishafi njóti góðs af. Verður hann því ekki skyldugur til að láta slíkar upplýsingar af hendi nema gegn hæfilegri greiðslu.

Um k-lið: Heimilt er að mæla fyrir um það í rekstrarleyfi að erlendur aðili, þar á meðal frá Evrópska efnahagssvæðinu, setji upp starfsstöð hér á landi, eða að hér starfi aðili sem umboð hefur til að koma fram gagnvart neytendum hér á landi. Heimild þessi yrði væntanlega fyrst og fremst bundin við þá aðila sem önnuðust fjarskiptaþjónustu á neytendamarkaði, en ætti væntanlega síður við þegar um afmarkaða fjarskiptaþjónustu er að ræða. Talið er eðlilegt að erlendir aðilar, sem hér bjóða fjarskiptaþjónustu, hafi starfsstöð eða umboðsmann hér á landi til þess m.a. að sinna neytendamálum o.s.frv.

Um l-lið: Við útgáfu rekstrarleyfa og við eftirlit með rekstrarleyfishöfum kann að vera mikilvægt fyrir Póst- og fjarskiptastofnun að hafa upplýsingar um eða fylgjast með fjárhagsstöðu rekstrarleyfishafa. Er þá ekki hvað síst haft í huga að rekstrarleyfishafi sýni fram á að hann sé fær um að uppfylla þær skyldur sem honum eru lagðar á herðar í rekstrarleyfi. Verði Póst- og fjarskiptastofnun þess vör að fjárhagsstaða rekstrarleyfishafa sé slík að hann geti hugsanlega ekki lengur uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru, hefur stofnunin möguleika á að aðvara viðkomandi rekstrarleyfishafa eða gera fyrirbyggjandi ráðstafanir til þess að tryggja sem minnsta röskun á fjarskiptum, ef til rekstrarstöðvunar kæmi. Rétt er að geta þess að fjarskiptalög setja ekki sérstök mörk, t.d. um eiginfjárstöðu þeirra fyrirtækja eða aðila sem leyfi fengju, en að sjálfsögðu teljast það almennar forsendur fyrir rekstrarleyfi, að fjárhagsstaða sé svo traust að fyrirvaralaus rekstrarstöðvun sé ekki fyrirsjáanleg.

Um m-lið: Ljóst er að gera má ráð fyrir talsverðu umróti á fjarskiptamarkaði í Evrópu í náinni framtíð og að Evrópusambandið muni setja fram ýmsar kröfur sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld framfylgi innan tiltekinna tímamarka. Rétt kann að vera að sett séu fyrir fram skilyrði um að rekstrarleyfishafar undirgangist slíkar breytingar. Sama gildir um þær skuldbindingar sem Ísland kemur til með að gangast undir í alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála. Er nauðsynlegt að tryggja að rekstrarleyfishafar fullnægi á hverjum tíma þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í slíkum alþjóðasamningum.

Um n-lið: Í 1. mgr. 10. gr. er gert ráð fyrir að hægt verði að heimila ákveðnum hópi notenda að setja upp og reka eigin fjarskiptanet, fyrir eigin not. Slíkir lokaðir notendahópar eru skilgreindir af Evrópusambandinu. Eigi er heimilt að setja tæknilegar takmarkanir á tengingu nets, sem rekið er af lokuðum notendahópi, en gera má kröfu til þeirra sem bera ábyrgð á rekstri þessara neta að þeir tryggi að einungis meðlimir hópsins njóti þjónustu um netin. Til þess að gera mögulegt eftirlit með að orðið sé við kröfunni, er talið eðlilegt að Póst- og fjarskiptastofnun fái lista yfir meðlimi hópsins og geti jafnframt óskað eftir því að öll notkun sé skráð.

Um o-lið: Í ákveðnum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að tryggja þátttöku rekstrarleyfishafa í tengslum við alþjóðlegt samstarf á sviði fjarskiptamála. Póst- og fjarskiptastofnun, sem mun að nokkru leyti taka að sér umsjón með alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á þessu sviði, getur lagt fyrir rekstrarleyfishafa að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á viðkomandi fjarskiptasviði, ef slíkt er talið nauðsynlegt.

Loks er gert ráð fyrir að nánar sé mælt fyrir um skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum í reglugerð sem samgönguráðherra setur.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað sérstaklega um svokallaða alþjónustu. Við þá breytingu sem frumvarpið boðar, að einkaréttur falli niður, þarf jafnframt að gera ráðstafanir til þess að tryggja að þeir sem reka almenna fjarskiptaþjónustu og leyfi hafa til reksturs almenns fjarskiptanets hafi ákveðnum skyldum að gegna, svo sem fyrr var getið varðandi 6. gr.

frumvarpsins. Er þar sérstaklega haft í huga að veitt verði svokölluð alþjónusta, sem í tilskipunum Evrópusambandsins er nefnd „Universal service“. Í orðskýringum 2. gr. er vikið að hugtakinu alþjónusta, en þar er tekið fram að heimilt sé að ákveða í reglugerð hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli þar undir. Með alþjónustu er fyrst og fremst átt við talsímaþjónustu, en einnig aðra þætti fjarskiptaþjónustu sem á hverjum tíma er talið nauðsynlegt að almenningur og fyrirtæki hafi aðgang að, á öllu landinu. Slíkt getur verið breytilegt frá einum tíma til annars og þykir því rétt að mæla svo fyrir að samgönguráðherra setji reglugerð um þá þætti fjarskiptaþjónustu sem á hverjum tíma er felld undir alþjónustu.

Hér er sérstaklega tekið fram að auk skilyrða sem mælt er fyrir um í 6. gr. sé heimilt að leggja á rekstarleyfishafa á sviði almennrar fjarskiptaþjónustu skyldur til þess að veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Með ákvörðun um alþjónustu svo sem hún er skilgreind á hverjum tíma er reynt að tryggja að þeir aðilar sem leyfi hafa til reksturs almennrar fjarskiptaþjónustu veiti fullkomna fjarskiptaþjónustu, en láti ekki við það sitja að veita eingöngu takmarkaða þjónustu. Á þetta ekki hvað síst við um ýmiss konar nýjungar á sviði fjarskipta. Þannig er gert ráð fyrir að íslenskir neytendur og aðrir notendur fjarskipta muni að jafnaði hafa aðgang að öllum þeim tegundum fjarskiptaþjónustu sem almennt er viðurkennt að almenningur eigi að hafa aðgang að á hverjum tíma, samanborið t.d. við lönd Evrópusambandsins.

Er í því sambandi ekki hvað síst haft í huga að tryggja alhliða fjarskiptaþjónustu við notendur með sérþarfir, svo sem fatlaða eða aldraða, sem oft á tíðum þurfa á sérstakri fjarskiptaþjónustu að halda. Miklar framfarir hafa orðið í fjarskiptum fyrir slíka hópa og ýmiss konar búnaður sem tryggir öryggi þeirra séð dagsins ljós. Mikilvægt er að sett séu ströng skilyrði í rekstrarleyfum fyrir fjarskiptaþjónustu við slíka hópa. Slíkar kvaðir, sem lagðar kunna að verða á rekstrarleyfishafa, yrðu bundnar við það þjónustusvið sem rekstrarleyfið tekur til. Þannig yrði rekstrarleyfishafa ekki gert að veita slíka þjónustu á öðrum sviðum fjarskipta en leyfið tekur til.

Í 2. mgr. er tekið fram að rekstrarleyfishafa sé heimilt að synja einstökum aðilum um alþjónustu. Sem dæmi um slíkt má nefna tengingu við býli eða bústað fjarri byggð. Skal slík synjun borin undir Póst- og fjarskiptastofnun sem metur hvort rekstrarleyfishafa sé skylt að veita umsækjanda alþjónustu.

Um 8. gr.

Í ákveðnum tilvikum getur verið nauðsynlegt að takmarka fjölda þeirra sem geta fengið rekstrarleyfi til fjarskipta á tilteknum sviðum. Í greininni er mælt svo fyrir að slíka takmörkun skuli byggja á tæknilegum forsendum, enda er áhersla lögð á að nægjanleg samkeppni myndist á einstökum þjónustusviðum. Ber því að túlka heimild til takmörkunar þröngt. Ef nauðsynlegt er að takmarka fjölda rekstrarleyfa skal ákvörðun um slíkt tekin hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Ákvörðun að því leyti kann að verða skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, t.d. ef aðili sem synjað er um leyfi af tæknilegum ástæðum telur að slík ákvörðun sé ekki á rökum reist.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu getur Póst- og fjarskiptastofnun í ákveðnum tilvikum ákveðið að leyfi til fjarskipta skuli veitt að undangengnu útboði. Er í því sambandi vísað til 8. gr. frumvarpsins. Algengt er erlendis að viðbótarrekstarleyfi, t.d. í farsímaþjónustu (GSM), séu boðin út, og má nefna sem dæmi um slíkt útboð þýska ríkisins á fjórða

GSM-símakerfinu þar í landi. Við val á tilboðum yrði m.a. tekið tillit til útbreiðslu kerfa sem boðin yrðu, og fyrirsjáanlegra gæða þjónustunnar. Þannig mætti í útboðsgögnum mæla fyrir um lágmarksútbreiðslu innan tiltekinna tímamarka, ef slíkt ætti við. Ekki er víst að t.d. tilboð í sérstakt rekstrarleyfisgjald yrði látið ráða úrslitum. Í því sambandi má benda á að við útboð GSM-þjónustu í Þýskalandi var fyrst og fremst lögð áhersla á útbreiðslu kerfanna.

Gert er ráð fyrir að útboð skuli að jafnaði vera opin, sem leiðir til þess að sérstök rök þurfa að vera fyrir hendi til að velja lokaða útboðsmeðferð. Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með útboðunum og getur annaðhvort ákveðið að annast útboðið sjálf eða fela öðrum, t.d. Ríkiskaupum, að sjá um útboðið fyrir sína hönd.

Um 10. gr.

Frumvarpið byggir á þeirri forsendu að allir sem reka fjarskiptaþjónustu eða reka fjarskiptanet þurfi til þess sérstakt rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar sem setur rekstrarleyfishafa skilyrði í samræmi við 6. gr. Skilyrði þau sem sett eru í hverju tilviki byggjast á eðli þeirrar þjónustu sem um ræðir.

Í þessari grein er hins vegar heimilað að reka fjarskiptanet, án þess að viðkomandi uppfylli sérstaklega þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 6. gr. Þessi undanþágutilvik eru eftirfarandi:

1. mgr. Heimila má einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota, enda verði þau ekki nýtt fyrir aðra. Ákvæði þetta er óbreytt frá núgildandi lögum, sbr. 7. mgr. 2. gr., þó með þeirri breytingu að fellt er niður það skilyrði að slíkt net verði ekki tengt við almenn fjarskiptanet.

2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað svokölluðum lokuðum notendahópum *(e. closed user groups)* að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota, og má í slíkum tilvikum eingöngu setja í rekstrarleyfi skilyrði samkvæmt a-lið 6. gr., að greitt sé tiltekið gjald til stofnunarinnar, og skilyrði skv. j-, k-, m- og o-liðum.

Lokaðir notendahópar eru skilgreindir í orðskýringum 2. gr. frumvarpsins og er í því sambandi stuðst við skilgreiningu á lokuðum notendahópum samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnar ESB 95/C 275/02, sem birt var 20. október 1995.

Af framanskráðu er ljóst að hrein fyrirtækjanet, sem ekki eru nýtt fyrir aðra en eigendur sína, eru alfarið undanþegin skilyrðum 6. gr. Lokaðir notendahópar með skilgreindum meðlimum verða undanþegnir flestum skilyrðum 6. gr., en þó ekki öllum. Aðrir leyfishafar þurfa eftir atvikum að lúta skilyrðum 6. gr. samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar á hverjum tíma.

3. mgr. Fjarskipti með þræði innan veggja heimila, fyrirtækja eða stofnana heyra ekki undir lög þessi. Er hér átt við svokölluð innanhússkerfi sem algeng eru t.d. í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og víðar. Er þetta óbreytt frá núgildandi lögum.

Í lokamálsgrein er sérstaklega tekið fram að það kemur í hlut Póst- og fjarskiptastofnunar að skera úr ágreiningi um það hvort tiltekin fjarskipti falli undir ákvæði laganna eða ekki. Er talið eðlilegt að stofnun sem hefur eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga hafi jafnframt úrskurðarvald um það hvort fjarskipti séu leyfisskyld eða ekki. Í þessu felst jafnframt að stofnunin hefur úrskurðarvald um það hvort fjarskipti falli undir 5. gr., sbr. 6. gr. frumvarpsins, eða njóti undanþágu samkvæmt 10. gr.

Um 11. gr.

Með hliðsjón af ONP-tilskipun Evrópusambandsins er hér mælt fyrir um viðskiptaskilmála þá sem gilda skulu gagnvart viðskiptamönnum rekstrarleyfishafa í almennri fjarskiptaþjónustu og vegna almennra fjarskiptaneta. Í viðskiptaskilmálum skal mæla fyrir um helstu atriði sem notendum er nauðsynlegt að hafa vitneskju um. Er t.d. nefnt að mæla skuli fyrir um biðtíma eftir tengingu, um þjónustustig vegna bilana og um þjónustu rekstrarleyfishafa að öðru leyti. Í þessu sambandi er vísað til núgildandi gjaldskrár og reglna fyrir símaþjónustu þar sem almennir viðskiptaskilmálar Póst- og símamálastofnunar hafa verið birtir.

Ljóst er að viðskiptaskilmálar fjarskiptaþjónustuaðila kunna að taka mið af því samkeppnisumhverfi sem að er stefnt, en engu að síður er ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun þarf að geta haft almennt eftirlit með þeim skilmálum sem í gildi eru og þeim breytingum sem á þeim eru gerðar.

Í greininni er gert ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að mæla fyrir um breytingar á viðskiptaskilmálum einstakra rekstrarleyfishafa, einkum ef skilmálarnir teljast andstæðir rekstrarleyfi. Kann slík breyting að byggjast á sjálfstæðri athugun Póst- og fjarskiptastofnunar, en ekki síður á ábendingu neytenda eða annarra notenda. Þar sem einhliða breyting viðskiptaskilmála telst jafnan íþyngjandi stjórnvaldsaðgerð má krefjast sérstakrar rökstuddrar ákvörðunar þar að lútandi, sem síðan er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við stjórnsýslulög.

Í ákvæðinu er jafnframt mælt fyrir um eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar á gjaldskrám sem gilda í alþjónustu. Í tilskipunum Evrópusambandsins er gert ráð fyrir því að gjaldtaka í almennri talsímaþjónustu verði háð almennu eftirliti þeirra sérstöku stofnana sem með eftirlitshlutverkið fara. Er sérstaklega til þess vísað að gjöld í slíkri þjónustu séu í samræmi við kostnað rekstrarleyfishafa af starfseminni en að teknu tilliti til hæfilegs hagnaðar. Hér er gert ráð fyrir slíku eftirliti að því er varðar svokallaða alþjónustu, þ.e. þá þjónustu sem nauðsynlegt er talið að sé aðgengileg öllum almenningi. Er þar fyrst og fremst átt við almenna talsímaþjónustu, en undir alþjónustu getur einnig fallið önnur þjónusta, sem talið er nauðsynlegt að sé almenningi aðgengileg á hverjum tíma. Til öryggis er mælt svo fyrir í ákvæðinu að heimilt sé að ákveða hámarksverð fyrir slíka þjónustu, en til þess mundi ekki koma nema þær aðstæður sköpuðust að alþjónusta teldist vera orðin dýrari á Íslandi en í löndum sem sambærileg teljast, án þess að slíkt yrði réttlætt sérstaklega. Að öðru leyti kemur ekki til opinberra afskipta af verðlagningu fjarskiptaþjónustu, en miðað við að verðlagning mótist af samkeppni á markaði.

Í lokamálsgrein er mælt fyrir um það að samgönguráðherra sé heimilt vegna eftirlits með verðlagningu alþjónustu að setja með reglugerð sérstakar reglur um bókhald rekstrarleyfishafa, sérstaklega að því er varðar uppbyggingu þess og gagnsæi. Þá er tekið fram að heimilt sé að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og milli fjarskiptaþjónustu og annarrar starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar. Er þetta nauðsynlegt þar sem allt eins má búast við að fyrirtæki sem þegar starfa á öðrum sviðum muni hasla sér völl á sviði fjarskipta.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um almenn fjarskiptanet og samtengingu neta, en eitt af meginatriðum í sambandi við þær breytingar sem felast í frumvarpi þessu er að skilmerkilega er mælt fyrir um samtengingu einstakra fjarskiptaneta. Þegar fjarskiptanet verða rekin af fleiri en einum aðila er nauðsynlegt að mæla fyrir um samtengingu þeirra, annars

vegar til að tryggja samkeppnisstöðu rekstrarleyfishafa innbyrðis og hins vegar til að tryggja heildstæðni fjarskiptaneta hér á landi.

Um 12. gr.

Eins og fram kom í almennum inngangi að athugasemdum þessum er talið að veruleg samkeppnishindrun geti falist í synjun aðgangs að almennum fjarskiptanetum, t.d. í því verði sem viðkomandi setur upp fyrir að veita öðrum aðgang að neti sínu. Í þessari grein er mælt fyrir um að aðilar skuli sjálfir freista þess að ná samningum sín á milli um samtengingu neta og að ekki skuli leitað milligöngu Póst- og fjarskiptastofnunar nema sættir takist ekki innan hæfilegs tíma. Ef tenging getur valdið rekstrartruflunum á fjarskiptaneti eða á samtengdum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun tekið þá ákvörðun að fjarskiptanet skuli ekki samtengd.

Náist ekki samkomulag milli aðila um samtengingu neta er unnt að vísa því til sáttameðferðar hjá stofnuninni, sbr. nánar 13. gr.

Um 13. gr.

Þegar ákveðnir eru skilmálar fyrir samtengingu fjarskiptaneta er meginreglan sú að sá sem veitir aðgang að neti sínu skuli fá greiddan kostnað sem hann hefur af rekstri netsins annars vegar og hins vegar skal taka tillit til hæfilegs hagnaðar af starfseminni. Er hér að jafnaði átt við kostnað sem viðkomandi getur reiknað af eigin starfsemi vegna reksturs netsins, en hagnaðarsjónarmið geta annaðhvort tekið mið af raunhagnaði þess sem netið rekur eða af stöðluðum hagnaði. Póst- og fjarskiptastofnun er rétt að krefjast þess að samningar sem gerðir eru milli aðila um samtengingu neta séu lagðir fyrir stofnunina, þannig að unnt sé að nýta upplýsingar úr þeim til samanburðar. Með því er tryggt að ákveðið jafnræði geti náðst í slíkum samningum, en mikla áherslu verður að leggja á að ekki gæti ójafnræðis milli aðila á þessu sviði.

Náist ekki samkomulag milli aðila um skilmála fyrir samtengingu, þar á meðal varðandi gjöld fyrir samtengingu, er unnt að vísa málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar til sáttameðferðar. Stofnunin skal freista þess að miðla málum milli aðila og getur í því sambandi lagt fram sáttatillögu eða tillögu að lausn varðandi einstaka þætti í ágreiningi aðila. Hér getur stofnunin m.a. nýtt sér upplýsingar sem hún hefur úr öðrum sambærilegum samningum sem stofnuninni hafa borist. Gert er ráð fyrir að sáttameðferð Póst- og fjarskiptastofnunar geti tekið allt að sex mánuðum. Ef ljóst er að sættir geta ekki tekist, eða ef sáttatilraunir hafa staðið yfir árangurslaust í sex mánuði, getur hvor aðili um sig krafist þess að Póst- og fjarskiptastofnun taki ákvörðun um skilmála samtengingarinnar. Við endanlega ákvörðun skilmálanna skal taka tillit til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í 1. mgr., þ.e. að sá sem aðgang veitir fái raunkostnað sinn greiddan, auk hæfilegs hagnaðar.

Ef nauðsyn krefur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að krefja viðkomandi aðila um upplýsingar úr bókhaldi, m.a. til að leggja mat á raunkostnað af rekstri nets.

Um VIII. kafla.

Í kaflanum er fjallað um alþjónustu sem nauðsynlegt er talið að veitt sé en ber sig ekki fjárhagslega eða yrði rekin með tapi. Sem dæmi um slíkt mætti nefna bætt fjarskiptasamband á afskekktum stöðum. Ljóst er að samhliða því sem Póst- og fjarskiptastofnun getur breytt skilmálum rekstrarleyfishafa, t.d. vegna samtengingar neta o.s.frv., þarf stofnunin að geta haft eftirlit með kostnaði af rekstri almennra fjarskiptaneta. Þá er

og nauðsynlegt í tilefni af fyrrgreindum breytingum að mæla fyrir um jöfnunargjöld sem ætlað er að greiða kostnað af óarðbærri starfsemi sem rekstrarleyfishöfum er gert að annast til að tryggja heildstæðni netsins og sem víðtækastan aðgang að fjarskiptanetum.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um tilvik þar sem rekstrarleyfishafa er gert skylt að veita alþjónustu samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 7. gr., sem hann telur ekki arðbæra. Getur hann þá leitað eftir því að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem honum er gert að veita.

Komi fram beiðni um slík fjárframlög skal stofnunin afla nákvæmra upplýsinga um tap af viðkomandi starfsemi og í hvaða þáttum það er fólgið. Í þessu sambandi getur stofnunin krafist upplýsinga frá viðkomandi rekstrarleyfishafa og um sundurgreiningu þeirra. Í ákveðnum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa til að meta raunverulegt rekstrartap af starfseminni.

Nú nýtur rekstrarleyfishafi fjárframlaga samkvæmt þessum kafla laganna og er þá gert ráð fyrir því að sá þáttur starfseminnar geti lotið sérstöku eftirliti, ef þörf þykir. Í greininni er mælt fyrir um að gjaldið skuli ekki ákveðið til lengri tíma en eins árs í senn, í þeim tilgangi að tryggja virkara eftirlit með slíkum fjárframlögum. Jafnframt er settur sá varnagli að endurskoða megi fjárframlag á tímabilinu ef forsendur þess hafa breyst.

Gerð er krafa um aðskilnað bókhalds þeirrar starfsemi sem nýtur fjárframlaga samkvæmt kafla þessum frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa. Er ákvæðið þannig í samræmi við grunnsjónarmið 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Um 15. gr.

Til þess að standa undir greiðslu fjárframlaga skv. 14. gr. er heimilað að leggja á rekstrarleyfishafa sérstakt gjald, svokallað jöfnunargjald. Gjaldið yrði lagt á þá aðila sem leyfi hafa til fjarskiptareksturs á viðkomandi sviðum. Þannig yrði meginreglan að þeir sem leyfi hafa til fjarskiptareksturs á þéttbýlissvæðum greiddu jöfnunargjald í samræmi við rekstrartekjur af starfseminni, en gjaldið yrði síðan eftir atvikum notað til að tryggja sambærilega þjónustu í tilteknum, afmörkuðum byggðum.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um jöfnunargjöld, útreikning þeirra og álagningu. Ber í því sambandi að hafa til hliðsjónar reglur sem settar kunna að verða innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í þeim tilvikum þar sem ekki verður talið sanngjarnt eða eðlilegt að beita jöfnunargjaldi, svo sem þar sem um er að ræða niðurfellingu á talsímagjöldum til aldraðra eða öryrkja, skal kostnaður af alþjónustu greiddur úr ríkissjóði.

Um 16. gr.

Lengi hefur tíðkast að lagt sé í framkvæmdir á sviði fjarskipta eða aukið við fjarskiptaþjónustu sem ljóst er að ekki ber sig fjárhagslega, en nauðsynlegt hefur verið talið að lagt sé í, svo sem vegna byggðasjónarmiða eða félagslegra sjónarmiða. Kostnaður vegna slíkra ákvarðana hefur í reynd verið greiddur af annarri fjarskiptastarfsemi. Hefur þetta að vissu leyti leitt til þess að fjarskiptanet er mjög útbreitt og fullkomið hér á landi. Þegar einkaaðilar taka að sér að annast fjarskiptaþjónustu og sú starfsemi leggst niður af hálfu hins opinbera er nauðsynlegt að mæla fyrir um hvernig staðið skuli að framkvæmd ákvarðana stjórnvalda að þessu leyti, og hvernig einkaaðilum skuli bætt tap af starfsemi sem af slíkum ástæðum er talið nauðsynlegt að halda uppi.

Í þeim tilvikum þar sem samgönguráðherra telur óhjákvæmilegt að lagt sé í tilteknar framkvæmdir á sviði fjarskipta, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, svo sem vegna tilmæla Alþingis eða ríkisstjórnar, skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga um slíkt við rekstrarleyfishafa á viðkomandi þjónustusviði. Í þessum tilvikum skal að jafnaði miðað við að kostnaður sé greiddur úr ríkissjóði.

Sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um starf Póst- og símamálastofnunar.

Um 17. gr.

Grein þessi er að mestu leyti í samræmi við 15. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er tiltekið að ekki megi veita óviðkomandi aðilum upplýsingar um fjarskipti, svo sem þar er lýst. Jafnframt er tekið fram að um aðgang lögreglu að upplýsingum fari samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Í niðurlagi ákvæðisins er heimild til handa rekstrarleyfishöfum til að skrá upplýsingar um fjarskipti, enda sé um að ræða lið í reikningsfærslu gagnvart viðkomandi notanda. Er heimild þessi í samræmi við þær heimildir sem tölvunefnd, sem starfar skv. X. kafla laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, hefur veitt Póst- og símamálastofnun. Jafnframt er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra setji sérstakar reglur um skráningu og meðferð slíkra upplýsinga, að fengnum tillögum Póst- og fjarskiptastofnunar. Að mörgu leyti er heppilegra að samgönguráðherra setji reglur hér að lútandi þar sem um sérsvið er að ræða, en tölvunefnd, sem starfar skv. X. kafla fyrrgreindra laga, hefur hingað til látið málið til sín taka.

Um 18. gr.

Grein þessi er í megindráttum í samræmi við 16. og 18. gr. núgildandi laga.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er efnislega að mestu leyti samhljóða 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga. Í greininni er þó nánar fjallað um gerðarsamþykki sem búnaður þarf að hafa til þess að heimilt sé að taka hann í notkun hér á landi. Er þar m.a. fjallað um svokallaðar CE-merkingar á fjarskiptabúnaði til staðfestingar þess að búnaðurinn uppfylli kröfur um fjarskiptavirki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 20. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 2. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Um 21. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 3.–4. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

Um 22. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 5. gr. núgildandi laga.

Um 24. gr.

Í greininni er fjallað um skipulagningu á notkun tíðnirófsins. Póst- og fjarskiptastofnun fær samkvæmt lögum þessum það hlutverk að skipuleggja tíðnir og úthlutun þeirra þar sem tíðnir á sviði fjarskipta eru í reynd gæði, sem takmarka þarf aðgang að. Skv. 7. gr. núgildandi laga fer Fjarskiptaeftirlit ríkisins með úthlutun tíðna. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Í greininni er mælt fyrir um að settar skuli reglur um svokallaða símatorgsþjónustu, en slík þjónusta felur í sér upplýsingaþjónustu gegnum sérstök upphringinúmer, sem tengd eru sjálfvirkum svörunarbúnaði. Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að setja skýrar reglur um slíka þjónustu, ekki hvað síst til að vernda hag neytenda. Tekur slík vernd hvort tveggja til þeirra upplýsinga sem veittar eru gegnum slíka þjónustu og til kostnaðar sem af slíkum upphringingum getur hlotist.

Um 28. gr.

Greinin er í samræmi við 10. gr., sbr. 14. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 99/1996, um breytingu á lögum um fjarskipti. Í lokamálsgrein er þess sérstaklega getið að samþykki ráðherra þurfi fyrir eignarnámi ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að tryggja sér land, t.d. vegna uppsetningar eða lagningar fjarskiptavirkja. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti samþykkt eignarnám, en þar sem eignarnemi í slíku tilviki væri einkaaðili er nauðsynlegt að tiltaka ábyrgð ríkisins á greiðslu eignarnámsbóta, til að uppfylla kröfur stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar. Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti gert það að skilyrði fyrir heimild til eignarnáms, að trygging sé sett fyrir fram fyrir greiðslu eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Reynist eignarnemi ófær um að greiða eignarnámsbætur, þrátt fyrir eðlilegar innheimtutilraunir, getur eignarnámsþoli krafist bótanna hjá ríkissjóði, sem þá gæti eftir atvikum gripið til þeirrar tryggingar sem sett hefði verið.

Um 29. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 11. gr. núgildandi laga. Í 3. mgr. er mælt fyrir um sérstaka sönnunarreglu vegna tjóns á fjarskiptavirkjum. Gert er ráð fyrir því að sá sem valdið hefur tjóni á fjarskiptavirki skuli bæta tjónið, nema hann sýni fram á að ekki hefði verið komist hjá tjóni þó svo að fyllstu aðgæslu hefði verið gætt. Í þessu felst svokölluð öfug sönnunarbyrði, sem getur leitt til ríkari ábyrgðar en samkvæmt almennum skaðabótareglum. Rétt þykir að snúa henni við með þessum hætti þar sem sönnunarstaða eiganda fjarskiptavirkis er í mörgum tilfellum erfiðari en sönnunarstaða meints tjónvalds. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 30. gr.

Í greininni er fjallað um vernd sæstrengja. Gert er ráð fyrir að sjófarendur sýni aðgæslu í nánd við fjarskiptastrengi. Verði tjón á fjarskiptastreng sem liggur í sjó er mælt svo fyrir um að sá sem valdið hefur slíku tjóni skuli bæta það, þar á meðal beint og óbeint fjártjón, nema tjónvaldur sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hefði verið gætt. Hér er mælt fyrir um sambærilega sönnunarreglu og í 29. gr. frumvarpsins. Eru rökin að mörgu leyti þau sömu.

Ísland telst vera aðili að alþjóðasamningi um vernd á hraðfréttaþráðum, er lagðir eru neðansævar, frá 14. mars 1884. Í 2. gr. samningsins segir: „Það varðar refsing að brjóta eða skemma hraðfréttaþræði neðansævar, ef það er gert af ásettu ráði, eður það verður fyrir lastvert gáleysi, og getur af því hlotist, að hraðfréttaviðskipti stöðvast að öllu eða að einhverju leyti eða tálmast. Höfða má eins fyrir þetta einkamál til skaðabóta.“

Í 30. gr. er sérstaklega fjallað um bótaábyrgð þess sem tjóni hefur valdið á sæstreng eða öðrum slíkum fjarskiptavirkjum. Reglan byggist á almennum skaðabótasjónarmiðum, en hér er þó lagt til, eins og að framan er getið, að meintur tjónvaldur sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni. Í þessu felst fyrst og fremst að sjófarendur skuli gæta að legu sæstrengja og gæta varúðar ef veiðarfæri eru í sjó í námunda við sæstrengi. Sé alls slíks gætt, en tjón verður engu að síður, t.d. vegna þess að strengur hefur færst til eða er ranglega merktur á sjókort, yrði ekki talið að komast hefði mátt hjá umræddu tjóni. Aðstaða sjófaranda til að sanna sakleysi sitt er að jafnaði betri en eiganda sæstrengsins að sanna ásetning eða gáleysi meints tjónvalds. Því er lagt til að byggt verði á nefndri sönnunarreglu.

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. núgildandi laga.

Um 32. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 13. gr. núgildandi laga.

Um 33. gr.

Í greininni er Póst- og fjarskiptastofnun heimilað að innsigla eða banna notkun tiltekinna fjarskiptavirkja og krefjast þess eftir atvikum að fá þau afhent. Eru hér höfð í huga undantekningartilvik, svo sem þegar fjarskiptatæki, t.d. vegna bilunar eða rangrar notkunar, sendir truflandi boð eða á annan hátt truflar fjarskipti. Getur þá verið nauðsynlegt að grípa til aðgerða án tafar.

Um 34. gr.

Greinin kemur í stað 19.–21. gr. núgildandi laga. Í fyrstu málsgrein er heimilað að stöðva fjarskipti á ófriðartímum, ef þau eru talin hættuleg öryggi ríkisins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um afskipti af fjarskiptum, þar á meðal um takmörkun fjarskipta þegar neyðarástand skapast vegna eldgosa, snjóflóða o.s.frv. Þá er heimilt við slíkar aðstæður að taka tiltekin fjarskiptakerfi undir björgunarstörf tímabundið og mæla fyrir um að ný fjarskiptavirki skuli sett upp.

Um 35. gr.

Ákvæðið er samhljóða c-lið 12. gr. laga nr. 99/1996, um breytingu á lögum um fjarskipti.

Um 36. gr.

Ákvæðið er efnislega í samræmi við 8. tölul. 23. gr. núgildandi laga.

Um 37. gr.

Í greininni er mælt fyrir um beina aðfararheimild vegna krafna rekstrarleyfishafa á hendur rétthöfum í talsímaþjónustu. Aðfararheimildin tekur til afnotagjalda vegna slíkra fjarskipta, þar á meðal fastagjalda, og tekur jafnframt til krafna vegna skyldrar þjónustu sem símnotendur kaupa af rekstrarleyfishöfum. Heimild þessi er í samræmi við núgildandi reglur að þessu leyti, en skv. 10. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 29/1885, njóta slík gjöld lögtaksréttar og þar með beinnar aðfararheimildar skv. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989.

Um 38. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um fjarskipti.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og frumvarpi til laga um póstþjónustu í kjölfar stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar um næstu áramót. Í frumvarpinu er lagt til að samgönguráðherra verði heimilað að fela einkaaðilum að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur haft einkarétt á. Til bráðabirgða er það ákvæði í frumvarpinu að Póstur og sími hf. muni hafa einkaleyfi til að reka almenna talsímaþjónustu og almennt fjarskiptanet til 1. janúar 1998. Eftir það mun ráðherra heimilað að leyfa öðrum aðilum að eiga og reka almennt fjarskiptanet og veita talsímaþjónustu hér á landi, í íslenskri land- og lofthelgi. Heimildin er þó bundin allmörgum skilyrðum sem talin eru upp í 6. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um að rekstrarleyfishöfum verði gert skylt að veita svokallaða alþjónustu á starfssvæði sínu, þ.e. að halda uppi lágmarksþjónustu á sambærilegu verði. Nánari skilgreiningu á alþjónustu er að finna í 2. gr. frumvarpsins.

Til þess að fjármagna þá alþjónustu sem telst vera óarðbær, t.d. vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, er skv. 15. gr. frumvarpsins heimilt að leggja á leyfishafa sérstakt jöfnunargjald. Í þeim tilfellum þar sem ekki verður beitt jöfnunargjaldi skal kostnaður vegna óarðbærrar alþjónustu greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum. Leyfishöfum ber að aðskilja hinn óarðbæra þátt starfseminnar bókhaldslega frá annarri starfsemi. Póst- og símamálastofnun niðurgreiðir nú samkvæmt reglugerð símkostnað elli- og örorkuþega fyrir um 38 m.kr. og samkvæmt ríkisstjórnarsamþykktum kosningasíma fyrir um að jafnaði 2–3 m.kr. á ári. Þá hefur stofnunin borið kostnað af rekstri strandstöðva sem sjá m.a. um neyðarhlustun sem ekki hefur verið greitt sérstaklega fyrir. Talið er að núverandi kostnaður við rekstur stöðvanna sé allt að 200 m.kr. Ekki verður séð af texta frumvarpsins hvernig þeim rekstri verði háttað í framtíðinni.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins er samgönguráðherra heimilt að láta leggja í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni eða vegna byggðasjónarmiða og ætla má að skili ekki arði án þess þó að um alþjónustu sé að ræða. Þennan kostnað skal að jafnaði greiða úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum. Ógjörningur er á þessu stigi að áætla kostnað sem af þessu kann að hljótast.

Samkvæmt 28. gr. frumvarpsins getur samgönguráðherra fyrir hönd rekstrarleyfishafa heimilað eignarnám ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningar nást ekki um kaup. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi er m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu eignarnámsbóta sem og kostnað við matið. Fáist eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, þrátt fyrir innheimtuaðgerðir er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist greiðsluna. Í 34. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilað verði að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða. Komi endurgjald til greina yrði það greitt úr ríkissjóði.

166. Frumvarp til laga [151. mál]

um póstþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.

Lög þessi gilda um póstþjónustu og aðra starfsemi er varðar viðtöku, flokkun, flutning og skil á póstsendingum gegn greiðslu.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt.

II. KAFLI
Orðskýringar.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Póstsending: Hvers konar bréf eða önnur sending, sem flutt er með póstþjónustuaðila.

Póstmeðferð: Viðtaka, flokkun, flutningur og skil á póstsendingum.

Póstþjónusta: Póstmeðferð hvers konar bréfa og annarra sendinga, með eða án utanáskriftar.

Grunnpóstþjónusta: Póstmeðferð bréfa og annarra sendinga með utanáskrift, sem vega allt að 20 kg að þyngd.

Póstþjónustuaðili: Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

Póstrekandi: Aðili sem annast einn eða fleiri þætti grunnpóstþjónustu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili sem hefur leyfi til grunnpóstþjónustu skv. 11. gr. laganna.

Einkaréttarhafi: Aðili sem samkvæmt sérstöku leyfi fer með einkarétt og skyldur ríkisins skv. IV. kafla laganna.

Póstkassi: Kassi sem ætlaður er fyrir viðtöku og uppsöfnun bréfapóstsendinga, til frekari póstmeðferðar.

Frímerki: Gjaldmiðill, útgefinn af ríkinu, sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu. Frímerki skal bera áletrunina „ÍSLAND".

Gjaldmerki: Merki, sem ætluð eru til álímingar á póstsendingar og notuð eru af póstþjónustuaðilum og með auðkenni þeirra, til staðfestingar því að greitt hafi verið fyrir póstþjónustu.

Fjármunapóstsending: Greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró), póstávísanir, póstkröfur og önnur fjármunaþjónusta.

III. KAFLI
Yfirstjórn póstmála.

3. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með póstmálum hér á landi og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Skyldur ríkisins og einkaréttur.

4. gr.

Skyldur ríkisins.

Íslenska ríkið skal tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu vegna eftirfarandi sendingartegunda:

1. Bréfa, án tillits til innihalds, sem lögð eru í umslög eða sambærilegar umbúðir með utanáskrift.
2. Skriflegra utanáritaðra orðsendinga með sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta.
3. Annarra sendinga með utanáskrift og prentuðu innihaldi, sem er að öllu leyti eins, t.d. verðlista og bæklinga án ytri umbúða.
4. Dagblaða, vikublaða og tímarita, með utanáskrift eða annarri sambærilegri tilgreiningu.

5. Böggla með utanáskrift.

Jafnframt skal ríkið tryggja póstmeðferð vegna eftirfarandi þjónustuþátta:

1. Fjármunapóstsendinga.
2. Ábyrgðarsendinga.
3. Verðsendinga.
4. Sendinga með blindraletri.

Í reglugerð skal kveðið á um þyngdarmörk, umfang og nánari skilgreiningu sendinga skv. 1. og 2. mgr.

5. gr.

Þjónustuskylda til og frá útlöndum.

Um þjónustuskyldu ríkisins vegna grunnpóstþjónustu til og frá útlöndum fer samkvæmt alþjóðlegum samningum.

6. gr.

Einkaréttur ríkisins til póstmeðferðar.

Ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga hér á landi:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölulið, þar með talinna póstkorta.

Ríkið hefur einnig einkarétt til póstmeðferðar á póstsendingum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr., öðrum en hraðsendingum, sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi. Hefur ríkið enn fremur einkarétt til póstmeðferðar á slíkum póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

Einkarétturinn nær ekki til póstmeðferðar með verðlista, bæklinga, blöð og tímarit með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búið í gagnsæjum umbúðum.

Sérhverjum er heimilt að sinna póstþjónustu innan eigin starfsemi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun eða afnám einkaréttar vegna póstmeðferðar póstsendinga sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi, svo og á póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

7. gr.

Uppsetning póstkassa.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri og á stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

8. gr.

Útgáfa frímerkja.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja.

9. gr.
Auðkenni.

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, í myndmerki til auðkenningar póstþjónustu.

10. gr.
Póstsendingar sem fluttar eru til útlanda í því skyni að senda þær aftur til Íslands.

Ef póstsendingar sem falla undir grunnpóstþjónustu eru fluttar frá landinu til póstmeðferðar í öðru landi, með það fyrir augum að þær séu sendar aftur hingað til lands og bornar út hér á landi, getur póstrekandi neitað að taka við þeim.

V. KAFLI
Rekstrarleyfi, skyldur o.fl.

11. gr.
Útgáfa rekstrarleyfa.

Öðrum en þeim sem fengið hafa til þess rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar er óheimilt að annast grunnpóstþjónustu. Í rekstrarleyfi skal tilgreina til hvaða þátta grunnpóstþjónustu rekstrarleyfið nær og þær kvaðir og skilyrði sem leyfinu fylgja.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu skuli undanþegnir rekstrarleyfi.

12. gr.
Útgáfa rekstrarleyfis til einkaréttarhafa.

Íslenska ríkinu er heimilt að fela póstrekanda að fara með einkarétt sinn og skyldur samkvæmt lögum þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi til að annast einkarétt ríkisins skv. IV. kafla laganna.

13. gr.
Skilyrði.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 11. og 12. gr. Skulu skilyrðin vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa.

Rekstrarleyfi skulu að jafnaði vera tímabundin.

Í skilyrðum fyrir leyfisveitingu skal m.a. kveðið á um:

a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
b. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur,
c. að tryggt sé að almenningur njóti aðgengis að grunnpóstþjónustu,
d. að skylt sé að annast sérstök verkefni, þótt þau séu ekki arðbær, sbr. 4. gr. laganna,
e. að gjaldskrá einkaréttarhafa sé háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir einkaréttarþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
f. að virtar séu uppgjörs- og bókhaldsreglur, sem settar kunna að vera,
g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,

h. að rekstrarleyfishafi sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagslega stöðu á hverjum tíma, með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
i. að alþjóðasamningar á sviði póstmála séu virtir,
j. að rekstrarleyfishafi taki þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði póstmála.

Heimilt er að breyta skilyrðum fyrir rekstrarleyfi, enda hafi forsendur fyrir því breyst eða þær brostið. Skilyrðum má einnig breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur, auk skilyrða skv. 3. mgr., sett einkaréttarhafa almenn skilyrði sem varða skyldur ríkisins skv. 4. gr. Þá getur stofnunin gert einkaréttarhafa að gefa út frímerki og nota sérstakt auðkenni fyrir starfsemi sína, t.d. póstlúður, með eða án stjörnu og örva, eða annarra tákna. Einkaréttarhafi getur heimilað þriðja aðila að nota auðkennið, enda starfi hann í hans þágu.

14. gr.

Skylda til að bera út dagblöð, vikublöð og tímarit.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um að einkaréttarhafar annist póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita á Íslandi samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar póstsendingar af sömu þyngd, stærð og umfangi að öðru leyti. Samgönguráðherra skilgreinir nánar í reglugerð hvað teljist til dagblaða, vikublaða og tímarita samkvæmt þessari grein.

Póst- og fjarskiptastofnun ber að bæta einkaréttarhafa upp mismun á burðargjaldi samkvæmt gjaldskrá hans og því gjaldi sem samgönguráðherra mælir fyrir um skv. 1. mgr. fyrir sambærilegar sendingar.

15. gr.

Flutningur fyrir einkaréttarhafa.

Aðilum, sem annast flutning á póstsendingum fyrir einkaréttarhafa, er óheimilt, án samþykkis einkaréttarhafans, að hafa meðferðis aðrar sendingar við slíkan flutning. Aðilum sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum er þó heimilt að flytja slíkar sendingar með flutningatækjum sínum.

16. gr.

Skylda til að flytja póstsendingar í grunnpóstþjónustu.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, sé þess óskað, að flytja póstsendingar í grunnpóstþjónustu milli endastöðva og póststöðva á leiðinni, enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

17. gr.

Ábyrgðar- og verðsendingar.

Póstsendingar er unnt að senda sem ábyrgðarsendingar. Enn fremur er unnt að senda póstsendingar, þar með talda böggla, sem verðsendingar.

VI. KAFLI
Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár o.fl.

18. gr.
Viðskiptaskilmálar fyrir grunnpóstþjónustu, uppgjörs- og bókhaldsreglur.

Póstrekendur skulu semja og birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sína sem um grunnpóstþjónustu gilda. Póstrekendur skulu senda til Póst- og fjarskiptastofnunar svo fljótt sem auðið er viðskiptaskilmála sína, svo og breytingar á þeim.

Gjaldskrár fyrir grunnpóstþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þær skulu vera gagnsæjar og í samræmi við jafnræðisreglur.

Einkaréttarhafi skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskráin skal staðfest af Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli póstþjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu og annarrar þjónustu.

19. gr.
Gjaldfrjálsar póstsendingar.

Póstsending sem ekki ber gjald samkvæmt alþjóðasamningum skal einnig vera gjaldfrjáls innan lands.

VII. KAFLI
Skráning póstrekenda, merking pósts o.fl.

20. gr.
Skráningarskylda.

Póstrekendum, öðrum en þeim sem hafa rekstrarleyfi skv. 11. gr. eða fara með einkarétt ríkisins skv. 12. gr., ber að skrá starfsemi sína hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningarskyldu póstrekenda, þar með talið hvaða upplýsingar skuli veita við skráningu.

21. gr.
Merking pósts.

Póstsendingar skulu merktar með áprentun eða öðru auðkenni er sýni hvaða póstrekendur annast póstmeðferð þeirra.

22. gr.
Gjaldmerki.

Póstþjónustuaðilum er heimilt að nota til álímingar á póstsendingar gjaldmerki til staðfestingar því að greitt hafi verið fyrir póstþjónustu. Skulu slík gjaldmerki bera auðkenni viðkomandi póstþjónustuaðila.

VIII. KAFLI
Almennar reglur um póstþjónustu.

23. gr.

Afhending póstsendingar.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í pósthólf viðkomandi eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um.

24. gr.

Vörslur póstsendinga.

Póstsending telst í vörslu póstþjónustuaðila frá viðtöku og þar til hún hefur verið afhent viðtakanda í samræmi við 23. gr.

25. gr.

Bréfakassar og bréfarifur.

Húseigendum er skylt að hafa bréfarifur á útihurðum eða setja upp bréfakassa í eða við hús sín á eigin kostnað.

Samgönguráðherra setur nánari ákvæði þar um í reglugerð.

26. gr.

Ráðstöfunarréttur yfir póstsendingu.

Sendandi telst eigandi og hefur ráðstöfunarrétt yfir póstsendingu, sem hann hefur afhent póstþjónustuaðila, uns hún hefur verið afhent viðtakanda.

27. gr.

Hættulegir hlutir o.fl.

Póstsending má ekki innihalda neitt sem bannað er að flytja eða dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.

Óskylt er að taka við póstsendingu sem hætta getur stafað af eða erfiðleikar eru á að flytja, svo og hlutum sem óheimilt er að flytja samkvæmt öðrum lögum eða reglum.

28. gr.

Verðmæti.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og verðsendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripi eða hliðstæð verðmæti.

29. gr.

Óskilapóstur, ógreiddar og vangreiddar póstsendingar o.fl.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um í reglugerð hvernig fara skuli með póstsendingar sem ekki verður komið til skila, hvort heldur til viðtakanda eða sendanda, svo og sendingar sem bera það með sér að vera ógreiddar eða vangreiddar.

Samgönguráðherra er á sama hátt heimilt að mæla fyrir um meðferð póstsendinga sem lenda fyrir mistök hjá öðrum póstþjónustuaðila en þeim sem ætlað var að annast sendinguna.

IX. KAFLI
Greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu.

30. gr.
Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga til að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu þar sem slík þjónusta er óarðbær skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á alla rekstrarleyfishafa í hlutfalli við bókfærða veltu af grunnpóstþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjaldið samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega í upphafi hvers árs, í fyrsta skipti 1. janúar 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í póstþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita þjónustuna, um útreikning rekstrartaps og um álagningu jöfnunargjalds á rekstrarleyfishafa.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. 14. gr. skal greiddur með framlagi úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

31. gr.
Fjárframlög.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita fjárframlög til rekstrarleyfishafa sem annast óarðbæra þjónustu skv. 30. gr. eftir umsókn viðkomandi. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að umsækjandi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartap sé af starfseminni og hvernig það sundurliðist. Þá getur stofnunin við umsókn um fjárframlög krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðilum að yfirfara umsóknina, ásamt fylgigögnum. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa áður en ákvörðun er tekin um fjárframlög samkvæmt ákvæði þessu.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Telji Póst- og fjarskiptastofnun eða rekstrarleyfishafi að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega er unnt að krefjast endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi viðkomandi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um fjárframlög, þar á meðal um endurskoðun slíkra framlaga.

X. KAFLI
Póstleynd o.fl.

32. gr.
Póstleynd.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstþjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstþjónustu, hvort sem er samkvæmt ráðningarsamningi eða verksamningi, er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

33. gr.
Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila, til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru, svo unnt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendingu vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra, þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri það með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari reglur um póstleynd og opnun póstsendinga án dómsúrskurðar.

XI. KAFLI
Skaðabætur.

34. gr.
Gildissvið kaflans.

Ákvæði þessa kafla eiga einungis við um grunnpóstþjónustu.

35. gr.
Ábyrgðartakmarkanir.

Skaðabætur greiðast ekki fyrir glataðar póstsendingar, nema póstrekandi hafi tekið á sig slíka ábyrgð sérstaklega, sbr. þó 36.–38. gr. Sama gildir þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

Póstrekanda er óskylt að greiða skaðabætur þegar póstsendingum seinkar, hver svo sem orsökin kann að vera.

36. gr.

Ábyrgðarsendingar og bögglar.

Fyrir ábyrgðarsendingar og böggla, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekendur skulu taka á sig samkvæmt ákvæði þessu.

37. gr.

Verðsendingar.

Fyrir verðsendingar, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis, en þó aldrei hærri en nemur hinu tilgreinda verði.

38. gr.

Fjármunapóstsendingar.

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við til sendingar sem fjármunapóstsendingu.

39. gr.

Óbeint tjón.

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi er skylt að bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

40. gr.

Póstsendingar á milli landa.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið samkvæmt gildandi milliríkjasamningum.

Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða, enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.

41. gr.

Sérstök tilvik.

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum mælt fyrir um það með úrskurði að póstrekandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar, ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við, t.d. þar sem tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans.

42. gr.

Fyrning skaðabótakröfu.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

XII. KAFLI
Milliríkjasamningar.
43. gr.
Póstþjónusta við önnur lönd.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

44. gr.
Þátttaka póstrekenda í alþjóðlegu samstarfi.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að póstrekendur skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

XIII. KAFLI
Viðurlög.
45. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna um póstleynd varða sektum eða varðhaldi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

XIV. KAFLI
Reglugerðir.
46. gr.

Reglugerðir um framkvæmd laga þessara setur samgönguráðherra.

XV. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.
47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi póstlög, nr. 33 5. maí 1986, með síðari breytingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af starfshópi sem samgönguráðherra setti á laggirnar til þess að endurskoða lög um fjarskipti og lög um póstþjónustu og semja frumvarp að lögum um sérstaka stofnun á sviði fjarskipta- og póstmála, sem tæki að sér f.h. ríkisins umsjón með fjarskiptamálum hér á landi, svo sem nánar verður lýst síðar.

Með frumvarpinu er markmiðið að færa íslensk póstlög til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í Evrópu á sl. árum. Sú breyting, sem hér er lögð til, leiðir til grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi og stjórn póstmála hér á landi. Má m.a. nefna að núgildandi póstlög, nr. 33/1986, gera ráð fyrir einkarétti Póst- og símamálastofnunar til að safna saman, flytja og bera út nánar tilgreindar sendingar, sbr. 4. gr. laganna. Í frumvarpi þessu er einkaréttur til póstmeðferðar færður til ríkisins auk þess sem hann er þrengdur og afmarkaður nánar en verið hefur. Með lögum nr. 107/1996, um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986, voru gerðar breytingar sem einkum eiga rætur sínar að rekja til þess að hlutafélag í eigu ríkisins, Póstur og sími hf., tekur við réttindum og skyldum

Póst- og símamálastofnunar 1. janúar 1997, í samræmi við lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Ekki voru þá gerðar frekari breytingar á póstlögum en nauðsynlegt var talið vegna fyrrgreindrar formbreytingar á rekstri Póst- og símamálastofnunar. Gert var ráð fyrir að lög nr. 107/1996 tækju gildi 1. janúar 1997.

Við endurskoðun póstlaga var höfð hliðsjón af tillögum að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar, sem lagðar hafa verið fyrir Evrópuþingið og Ráðherraráðið (hér eftir nefndar tilskipunartillögur ESB)[1]. Verður greint frá meginatriðum þeirra hér á eftir.

Jafnframt var horft til nýlegra laga í Danmörku og frumvarps til póstlaga sem lagt hefur verið fyrir norska Stórþingið. Auk þess hefur verið höfð hliðsjón af þróun löggjafar um póstþjónustu í Svíþjóð og Finnlandi en gerð verður grein fyrir nokkrum efnisatriðum í löggjöf þessara grannþjóða okkar hér á eftir.

II. Um þróun póstmála í Evrópu.

Hér á eftir verður farið nokkrum orðum um tillögur að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu sambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar sem lagðar hafa verið fyrir Evrópuþingið og Ráðherraráðið (tilskipunartillögur ESB).

Í inngangi tillagnanna segir m.a.: „Póstþjónustan er ómissandi tæki til samskipta og viðskipta og er því sérstaklega mikilvæg fyrir samfélagslega og viðskiptalega starfsemi sambandsins. Í aðildarlöndum sambandsins myndar póstþjónustan um 1,3% af brúttótekjum landanna, að henni starfa um 1,8 milljónir manna og þar af eru 1,4 milljónir starfsmenn opinberra póstrekenda. Póstþjónusta sambandsins meðhöndlar um 80 milljarða sendinga á ári hverju og þar af eru 3 milljarðar sendinga milli landa sambandsins. Afkastamikla og virka póstþjónustu í Evrópu verður því að líta á sem forsendu fyrir frekari þróun samkeppnishæfni og atvinnusköpunar í evrópsku hagkerfi. Því er það mjög mikilvægt að tryggja á öllu bandalagssvæðinu hágæðapóstþjónustu sem er aðgengileg fyrir alla notendur á viðráðanlegu verði. Tryggja verður fjárhagslegan grundvöll þessarar þjónustu.“ (Óopinber þýðing.)

Í framhaldi af grænbók framkvæmdanefndar ESB um þróun sameiginlegs markaðar fyrir póstþjónustu, sem út kom í júní 1992, fól ráðherraráðið í febrúar 1994 framkvæmdanefndinni að vinna að tillögum að nauðsynlegum ráðstöfunum til að móta stefnu sambandsins í póstmálum. Ráðstafanir þessar skyldu einkum beinast að skilgreiningu á grunnpóstþjónustu, skyldum þeirra sem falið verður að veita hana, skilgreiningu á þeim þjónustugreinum sem eiga að vera innan grunnpóstþjónustunnar og á gæðum og nauðsynlegri stöðlun. Lögð var áhersla á að ráðstafanir þær sem lagðar yrðu til væru gagnsæjar, einfaldar og auðveldar í stýringu, til þess að tryggja sem ákjósanlegust skilyrði fyrir eftirlit og framkvæmd.

Í júlí 1995 lagði framkvæmdanefndin fram tillögur sínar að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu sambandsins og um aukin gæði þjónustunnar (tilskipunartillögur ESB). Jafnframt lagði nefndin fram drög að tilkynningu um framkvæmd samkeppnisreglna á póstsviðinu, einkum um mat á ákveðnum ráðstöfunum einstakra ríkja

[1] „Proposal for a European Parliament and Council directive on common rules for the development of Community postal service and the improvement of quality of service.“ (95/C 322/10.)

varðandi póstþjónustu (hér eftir nefnd tilkynningardrögin).[2] Þetta er talinn nauðsynlegur undanfari þess að í fyrsta sinn verði komið á fót innan bandalagsins grunnþjónustu í póstinum og jafnframt verði póstmarkaðurinn smátt og smátt opnaður fyrir aukinni samkeppni. Þetta verður að gerast í tveimur þrepum til þess að gefa þeim sem nú annast póstreksturinn nægilegan tíma til aðlögunar að nýjum aðstæðum. Áhersla er á það lögð að ráðstafanir til samræmingar á póstþjónustusviðinu séu í takt við þau skref sem stigin eru til aukins frelsis.

Í tilskipunartillögum ESB er að finna samræmdar reglur fyrir póstsviðið á sambandssvæðinu, en í tilkynningardrögunum er leitast við að gefa aðilum á þessu sviði nauðsynlegar skýringar á framkvæmd löggjafar Evrópusambandsins. Þau munu auðvelda aðildarlöndunum og öðrum að meta hvort reglur þeirra og rekstrarhættir séu í samræmi við stofnsáttmála Evrópusambandsins, einkum ákvæði sáttmálans um samkeppni, frelsi til að veita þjónustu og frelsi til staðfestu.

Tilskipunartillögur ESB eru m.a. byggðar á grein 100a í stofnsáttmálanum og beinast að því að koma á samræmdum reglum um grunnpóstþjónustu, þjónustu sem háð er einkaleyfi, gæði þjónustunnar og um tæknistaðla.

Tilskipunartillögur ESB gera ráð fyrir skyldu til að veita öllum borgurum um allt svæði sambandsins grunnpóstþjónustu, án tillits til búsetu og á viðráðanlegu verði. Jafnframt gera þær ráð fyrir að öllum notendum grunnþjónustunnar sé tryggð hágæðaþjónusta (universal service). Þessi ákvæði eru afar mikilvæg fyrir afskekkt svæði innan aðildarlandanna og fyrir jaðarbyggðir bandalagsins. Sem stendur er sú skylda að veita grunnþjónustu og reglur um gæði þjónustunnar ekki alltaf greinilega skilgreind í lögum og reglum aðildarlanda samningsins um EES og því getur stundum reynst torvelt að framfylgja þeim.

Á svæðum þar sem ekki er fyrir hendi virk grunnpóstþjónusta verða almenningur og fyrirtæki að leita til hraðflutningsfyrirtækja og greiða miklu hærra verð til þess að fá örugga og skjóta þjónustu. Hættan á háu verði er meiri eftir því sem miðstöð viðskiptalífsins er fjær þeim stað þar sem sendingin er póstlögð.

Tilskipunartillögur ESB munu skylda þau aðildarríki, sem ekki hafa sem stendur strangar reglur um grunnpóstþjónustu og gæði þjónustunnar, til að leggja þeim sem hafa framkvæmd þjónustunnar með höndum slíka skyldu á herðar. Þetta mun koma notendum til góða (bæði sendendum og viðtakendum), einkum þeim sem búa á afskekktum svæðum og jaðarsvæðum.

Til þess að tryggja fjárhagslega afkomu grunnpóstþjónustunnar er í tilskipunartillögunum skilgreindur samræmdur rammi fyrir þær þjónustugreinar sem hafa má í einkarétti, þ.e. samsöfnun, flutning, flokkun og útburð á innlendum pósti sem er allt að 350 g að þyngd og þar sem burðargjaldið er lægra en fimmfalt lágmarksburðargjald (þ.e. burðargjald 20 g bréfa hér á landi, nú 175 kr. (5 sinnum 35)). Þá er einnig gert ráð fyrir því í tilskipunartillögunum að komið verði á fót jöfnunarsjóði sem hefur það að markmiði að greiða niður grunnpóstþjónustu þar sem óhagkvæmt er að inna hana af hendi.

---

[2] „Draft notice from the Commission on the application of the competition rules to the postal sector and in particular on the assessments of certain State measures relating to postal services." (95/C 322/03.)

Samkvæmt tilskipunartillögunum er gert ráð fyrir að póstur frá öðrum sambandslöndum (incoming cross-border mail) geti áfram verið hluti af einkaréttarþjónustu, a.m.k. til 31. desember 2000. Mun ákveðið eigi síðar en 30. júní 1998 hvort þeirri dagsetningu verði frestað, að teknu tilliti til þess hvernig mál hafa og munu þróast. Póstur frá öðrum sambandslöndum er að meðaltali 4% af póstmagninu innan bandalagsins og 3% af tekjum þeirra sem reka grunnpóstþjónustu. Opnun þessa hluta markaðarins fyrir samkeppni mun því væntanlega aðeins hafa takmörkuð áhrif og ætti ekki að skaða þá póstrekendur sem annast einkaréttinn. Hún mun samt sem áður vera umtalsvert skref að því marki að mynda sameiginlegan markað fyrir póstþjónustu innan bandalagsins. Aðildarríkin geta tekið upp hlutlægt, gagnsætt og réttlátt leyfisveitingakerfi sem m.a. ætti að hindra að frelsið verði misnotað til þess að beina þangað innlendum pósti fram hjá einkaréttarþjónustunni.

Samkvæmt tilskipunartillögunum getur markpóstur með sama hætti verið hluti af einkaréttarþjónustunni til 31. desember 2000. Markpóstur er bréfapóstsendingar þar sem um er að ræða sams konar skilaboð sem send eru til ákveðins fjölda viðtakenda í markaðs- og auglýsingaskyni. Að meðaltali er markpóstur innan bandalagsins 17% af póstmagninu og 12% af tekjum þeirra sem annast rekstur grunnpóstþjónustunnar. Framkvæmdanefndin ákveður fyrir 30. júní 1998 hvort markpóstur eigi að vera hluti einkaréttarþjónustunnar eftir 31. desember 2000. Í frumvarpi þessu er ekki fjallað sérstaklega um markpóst, þannig að um póstmeðferð slíks pósts gilda sömu reglur og um aðra grunnpóstþjónustu.

Í síðasta lagi á fyrri helmingi ársins 2000 á að taka einkarétt til póstmeðferðar, sem gert er ráð fyrir í núverandi tilskipunartillögum, til rækilegrar endurskoðunar.

Að því er gjaldskrá varðar er þess krafist í tilskipunartillögunum að aðildarríkin virði meginregluna um að gjöld fyrir grunnpóstþjónustuna séu viðráðanleg og taki mið af kostnaði. Aðildarlöndum er þó heimilt að ákveða að gjöld fyrir grunnpóstþjónustu séu hin sömu um allt landsvæði þeirra.

Þeir sem fara með einkarétt og bera skyldur ríkisins til póstmeðferðar eru skyldugir til að koma á fót gagnsæju kostnaðarbókhaldskerfi og aðskildu reikningsskilakerfi, annars vegar fyrir einkaréttarþjónustuna og hins vegar póstþjónustu utan einkaréttar.

Enn fremur, og í samræmi við meginregluna um aðskilnað stjórnvaldsstarfa og rekstrarstarfa, er í tilskipunartillögunum mælt fyrir um að sett verði á laggirnar í sérhverju aðildarlandi eftirlitsstofnun sem sé óháð póstrekendum. Er gert ráð fyrir þeirri stofnun í sérstöku lagafrumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Evrópudómstóllinn hefur úrskurðað að reglur Rómarsamningsins og einkum og sér í lagi samkeppnisreglur hans gildi um póstmeðferð. Í áðurgreindum tilkynningardrögum framkvæmdanefndarinnar er gerð grein fyrir því eftir hvaða meginreglum nefndin hyggst koma í framkvæmd samkeppnisreglum sáttmálans á póstsviðinu. Þannig verður smátt og smátt og undir eftirliti komið á frjálsræði á póstmarkaðnum, jafnframt því að áfram verða við lýði öryggisráðstafanir til að tryggja framkvæmd grunnpóstþjónustunnar.

Framkvæmdanefndinni er ljóst að póstsviðið ræður miklu um framþróun efnahagslífs í Evrópu. Verður því að koma á jafnvægi milli nauðsynlegrar einkaréttarþjónustu og beitingu samkeppnisreglna innan sambandsins þar sem hvort um sig bætir hitt upp og styrkir.

III. Þróun póstmála á Íslandi.

Með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að taka inn í löggjöf sína samþykktir Evrópusambandsins er varða póstmál, sbr. 7. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem segir að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar bindi samningsaðila. Munu Íslendingar því þurfa að laga löggjöf sína að nefndum tilskipunartillögum þegar þær öðlast gildi.

Saga póstþjónustu á Íslandi er löng. Tilskipun um að koma á reglubundinni póstþjónustu á Íslandi var gefin út 13. maí 1776 og þótti frá upphafi ástæða til þess að hið opinbera hefði hönd í bagga með þjónustunni, til þess að fyllsta öryggis væri gætt og unnt væri að tryggja að bréf og sendingar kæmust á leiðarenda. Jafnframt má nefna að 1782 hóf fyrsti landpósturinn göngu sína og 90 árum síðar eða 1872 var skipaður póstmeistari í Reykjavík með tilskipun frá 26. febrúar sama ár um póstmál á Íslandi og rekstur póstþjónustu falinn sérstakri ríkisstofnun, Póststjórninni. Árið eftir, eða 1873, var fyrsta íslenska frímerkið gefið út. Hinn 13. september 1901 voru fyrstu póstlögin sett en þeim síðan breytt með lögum frá 16. nóvember 1907. Var meginmál breytingarlaganna fellt inn í lögin frá 1901 og þau gefin út svo breytt, sem póstlög, 16. nóvember 1907, nr. 43/1907. Samkvæmt lögunum skyldi póstmeistarinn í Reykjavík hafa á hendi „stjórn hinna íslenzku póstmála innanlands undir yfirstjórn stjórnarráðs Íslands". Póstlög, 7. maí, nr. 5/1921, leystu af hólmi póstlögin frá 1907. Samkvæmt þeim skyldi hinum íslensku póstmálum stjórnað af aðalpóstmeistara, sen hefði umsjón með rekstri póststarfa.

Með póstlögum, nr. 31/1940, var skilgreindur einkaréttur póststjórnarinnar til flutnings á bréfum og öðrum sendingum innan lands og til útlanda. Póstlögum, nr. 31/1940, var breytt lítillega með lögum nr. 73/1954. Í nýjum póstlögum, nr. 33/1986, var gert ráð fyrir einkarétti Póst- og símamálastofnunar á póstsendingum, með sambærilegum hætti og gert hafði verið með lögum nr. 31/1940. Eins og áður segir voru gerðar breytingar á lögum nr. 33/1986 með lögum nr. 107/1996 til samræmis við lög nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Var gert ráð fyrir að lög nr. 107/1996 öðluðust gildi 1. janúar 1997.

Velta póstþjónustunnar hér á landi er nú um 2,6 milljarðar kr. á ári en peningavelta, þ.e. inn- og útborganir, samtals um 80 milljarðar kr. á ári. Um 100 þús. sendingar eru meðhöndlaðar dag hvern af póstþjónustunni og af póststörfum hafa á annað þúsund manns atvinnu, auk ýmissa verktaka í flutningum og landpóstþjónustu.

IV. Norræn löggjöf um póstmál.

Hér á eftir verður farið fáeinum orðum um nýlega löggjöf um póstþjónustu í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Danmörk.

Dönsku póstlögin eru frá 8. febrúar 1995 og koma í stað póstlaga frá 1989. Í lögunum er staðfest skylda ríkisins til að halda uppi nánar skilgreindri póstþjónustu („grunnpóstþjónustu") fyrir alla landsmenn. Enn fremur er einkaréttur ríkisins til flutnings tiltekinna póstsendinga skilgreindur.

Lögin eiga við um alla þá sem í atvinnuskyni taka að sér flutning og dreifingu áritaðra póstsendinga. Eigendur fyrirtækja sem taka að sér flutning áritaðra póstsendinga allt að 20 kg skulu láta skrásetja þau hjá „Posttilsynet". Þau lúta einnig reglum um t.d. póstleynd og meðferð óskilasendinga.

Lögin taka mið af tilskipunartillögum ESB, sbr. það sem segir um þær hér á undan. Gert er ráð fyrir að ráðherra póstmála veiti sérstakt leyfi til reksturs þeirrar póstþjónustu sem ríkið er með lögum skuldbundið til að annast eða hefur einkarétt á.

Noregur.

Í Noregi hefur verið lagt fyrir Stórþingið frumvarp til póstlaga (1996), sem koma á í stað póstlaga frá 1928, með breytingum frá 1952. Í frumvarpinu er kveðið á um skyldu ríkisins til að sjá landsmönnum öllum fyrir grunnpóstþjónustu á sanngjörnu verði. Gert er ráð fyrir að nánar tilgreind þjónusta lúti einkarétti og að „Postverket" fari með hana. Til að annast aðra póstmeðferð þurfa póstrekendur að hafa til þess leyfi, sem samgönguráðuneytið gefur út. Þar er einnig gert ráð fyrir heimild til að leggja á þá sem veita póstþjónustu þjónustugjöld og sérstakt jöfnunargjald til að fjármagna óarðbæra póstþjónustu í dreifðum byggðum landsins.

Svíþjóð.

Sænsku póstlögin eru frá árinu 1993. Þau kveða á um skyldu ríkisins til að tryggja aðgang allra landsmanna að almennri póstþjónustu. Engin einkaréttarákvæði eru í lögunum og eftirlit með póstþjónustu er falið sérstakri eftirlitsstofnun. Sérstök póstlög þekktust ekki áður í Svíþjóð. Frá og með 1. janúar 1994 varð „Posten" í Svíþjóð hlutafélag.

Finnland.

Finnsku póstlögin öðluðust gildi 1. janúar 1994, á sama tíma og „Post Finland" þar í landi varð hlutafélag. Í lögunum er gert ráð fyrir að úthlutað verði leyfum til fyrirtækja sem annast póststarfsemi. Þau verða einnig að lúta reglum um þagnarskyldu og óskilapóst. Ákvæði eru um sérstaka eftirlitsstofnum. Hvergi er í lögunum að finna ákvæði um einkarétt.

Þess má geta að Finnland og Svíþjóð eru einu aðildarríki Evrópusambandsins þar sem ekki er gert ráð fyrir einkarétti á einstökum þáttum póstþjónustu.

V. Meginstefna frumvarpsins og helstu nýmæli.

Eins og áður segir var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af stefnu Evrópusambandsins í póstmálum, eins og henni eru gerð skil í tilskipunartillögum ESB. Í fyrsta skipti er stefnt að því í íslenskri löggjöf um póstþjónustu að skilgreina hugtakið grunnpóstþjónusta (universal service), en það orð er notað í frumvarpinu. Grunnpóstþjónusta er skilgreind sem viðtaka, flutningur, flokkun og skil á bréfum og öðrum sendingum með utanáskrift sem vega allt að 20 kg.

Fjölmörg nýmæli eru í frumvarpinu. Í fyrsta lagi má nefna að íslenska ríkið er skuldbundið til þess að tryggja landsmönnum reglulega póstþjónustu á sendingum sem taldar eru upp í 4. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi er tekin upp ný skilgreining á einkarétti ríkisins til póstmeðferðar nánar tilgreindra póstsendinga og er þar tekið mið af tilskipunartillögum ESB. Í þriðja lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að ríkið geti falið einum eða fleiri póstrekendum með sérstöku rekstrarleyfi að annast rekstur þeirrar póstþjónustu sem ríkið skuldbindur sig til að veita öllum landsmönnum. Fleiri nýmæli er að finna í frumvarpinu sem nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum við einstök ákvæði þess.

VI. Yfirlit yfir helstu efnisatriði frumvarpsins.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið laganna og markmið. Lögunum er ætlað að taka til hvers konar póstþjónustu hér á landi gegn greiðslu, þ.e. viðtöku, flutnings, flokkunar og skila á hvers konar bréfum og öðrum sendingum, með eða án utanáskrift. Markmið frumvarpsins er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt.

Í II. kafla eru helstu hugtök frumvarpsins skýrð og er þar að mestu um að ræða hugtök sem ekki hafa áður verið notuð í póstlögum. Samkvæmt því sem þar kemur fram er gerður greinarmunur á grunnpóstþjónustu og annarri póstþjónustu, sem tekur til hvers konar póstsendinga, með eða án utanáskriftar. Í ákvæðinu er einnig gerður greinarmunur á aðilum sem veita póstþjónustu eftir því hvort og hvaða leyfi þeir hafa til að veita þjónustuna og hversu víðtæk þjónustan er sem þeir veita. Eru veitendur póstþjónustu flokkaðir sem póstþjónustuaðilar, póstrekendur, rekstrarleyfishafar og einkaréttarhafar.

Samkvæmt III. kafla frumvarpsins fer samgönguráðherra með yfirstjórn póstmála hér á landi, en umsjón með póstmálum færist hins vegar úr höndum samgönguráðherra til sérstakrar stofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar, sem gert er ráð fyrir að komið verði á laggirnar. Er í því sambandi vísað til sérstaks lagafrumvarps um þá stofnun.

Skyldur ríkisins og einkaréttur er afmarkaður í IV. kafla frumvarpsins. Samkvæmt því skuldbindur ríkið sig til að tryggja landsmönnum öllum reglulega grunnpóstþjónustu á ákveðnum sendingartegundum. Einkaréttur ríkisins til nánar tilgreindra póstsendinga er einnig skýrt afmarkaður í IV. kafla frumvarpsins, mun skýrar en í núgildandi lögum, auk þess sem gert er ráð fyrir að einkarétturinn verði takmarkaðri en nú er. Einkaréttur ríkisins nær samkvæmt kaflanum einnig til uppsetningar póstkassa, útgáfu frímerkja og til notkunar viðurkennds auðkennis póstþjónustunnar.

V. kafli frumvarpsins fjallar um rekstrarleyfi, skyldur o.fl. Er það sett sem skilyrði til að annast grunnpóstþjónustu að viðkomandi hafi til þess sérstakt rekstrarleyfi. Í kaflanum er einnig kveðið á um að íslenska ríkinu sé heimilt að fela póstrekanda með sérstöku leyfi að fara með einkarétt sinn og skyldur skv. IV. kafla. Má gera ráð fyrir að einkaréttur og skyldur ríkisins verði þá á sömu hendi, þannig að einkaréttarhafa verði sett það skilyrði að fullnægja skyldum ríkisins samkvæmt frumvarpinu. Í kaflanum eru talin upp ýmis skilyrði sem sett munu fyrir leyfisveitingu.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um viðskiptaskilmála og gjaldskrár, en samkvæmt frumvarpinu er lögð á það áhersla að viðskiptaskilmálar séu sýnilegir. Er því gert ráð fyrir að þeir sem fara með grunnpóstþjónustu birti opinberlega viðskiptaskilmála sína og að þeir séu sendir Póst- og fjarskiptastofnun svo fljótt sem auðið er.

VII. kafli fjallar um skráningu póstrekenda, merkingu pósts o.fl.

Í VIII. kafla er að finna almennar reglur um póstþjónustu. Eru það ákvæði um afhendingu pósts, vörslur póstsendinga, ráðstöfunarrétt yfir póstsendingum o.fl. Eiga ákvæði kaflans við um hvort tveggja, póstsendingar innan grunnpóstþjónustu og aðrar póstsendingar.

IX. kafli frumvarpsins fjallar um greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu. Er gert ráð fyrir því að heimilt sé að tryggja með fjárframlögum að póstþjónusta sé veitt, jafnvel þótt hún sé óarðbær. Er lagt til að heimilt verði að innheimta svokallað jöfnunargjald í þessum tilgangi.

Í X. kafla eru ákvæði um póstleynd. Er gert ráð fyrir því að meginreglan verði, líkt og í núgildandi lögum, að einungis sé heimilt að veita upplýsingar um póstsendingar að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt sérstakri heimild í lögum. Þó er gert ráð fyrir undanþágum frá þeirri meginreglu í nánar tilgreindum tilvikum.

XI. kafli frumvarpsins ber heitið skaðabætur og er þar m.a. að finna ákvæði um takmörkun ábyrgðar vegna póstþjónustu. Ákvæði kaflans eiga einungis við um grunnpóstþjónustu.

Í XII. kafla eru ákvæði um milliríkjasamninga og þær skuldbindingar sem slíkir samningar geta haft í för með sér.

Í XIII. kafla er fjallað um viðurlög við brotum á ákvæðum frumvarpsins og í XIV. kafla um heimild til að setja reglugerð um framkvæmd póstmála. Í XV. kafla er gildistökuákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gildissvið frumvarpsins tilgreint. Frumvarpið tekur til póstþjónustu í víðtækri merkingu, en ekki eingöngu til grunnpóstþjónustu. Þannig taka ákvæði frumvarpsins í raun til hvers konar viðtöku, flutnings, flokkunar og skila, á hvers konar bréfum og öðrum sendingum, með eða án utanáskriftar. Þess ber þó að geta að flest ákvæði laganna varða samkvæmt efni sínu einungis grunnpóstþjónustu, eins og hún er skilgreind í frumvarpinu, en önnur ákvæði, þar með talin öll ákvæði í VIII. kafla frumvarpsins, eiga við um hvers kyns póstþjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. fellur hvers kyns póstþjónusta undir frumvarpið, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þá falla einnig undir frumvarpið allir þeir sem annast póstþjónustu, nema annað leiði af einstökum ákvæðum frumvarpsins. Þannig falla t.d. flutningafyrirtæki eins og sérleyfishafar og flugfélög almennt séð undir frumvarpið, svo framarlega sem þessir aðilar inna af hendi a.m.k. einn af framangreindum þáttum póstþjónustu, sem oftast nær er flutningur pósts. Með flutningi á póstsendingum í þessu sambandi er átt við almennan flutning eða dreifingu sendinga, en ekki flutning einstakra sendinga sem flutningafyrirtæki annast milliliðalaust fyrir sendendur eða viðtakendur.

Frumvarpið tekur eingöngu til póstþjónustu sem veitt er gegn greiðslu. Þannig tekur frumvarpið t.d. ekki til póstþjónustu vegna eigin sendinga, jafnvel þótt kostnaður vegna póstþjónustu sé greiddur af viðskiptavinum viðkomandi eða reiknaður inn í þá þjónustu sem látin er í té. Þegar hins vegar aðrir inna þjónustuna af hendi gegn greiðslu fellur hún undir frumvarpið. Sem dæmi má nefna að útburður á morgun- og dagblöðum, sem útgáfufyrirtæki annast sjálf, fellur ekki undir frumvarpið. Láti útgáfufyrirtæki hins vegar aðra annast dreifingu blaðanna fyrir sig gegn greiðslu fellur sá þáttur undir frumvarpið. Sama á við þegar útgáfufyrirtæki taka að sér, gegn greiðslu, útburð og dreifingu á öðru efni, með eigin blöðum eða tímaritum.

Þá er það einnig skilyrði að um nokkuð reglulega þjónustu sé að ræða. Þannig mundi póstþjónusta aðila í eitt og eitt skipti ekki falla undir frumvarpið, jafnvel þótt greitt væri fyrir þjónustuna.

Í 2. mgr. kemur fram að tilgangur frumvarpsins sé að tryggja heimilum, fyrirtækjum og stofnunum um land allt hagkvæma og virka póstþjónustu. Með orðinu „hagkvæma“ er einkum átt við að þjónustan sé á viðráðanlegu verði fyrir þá sem hennar njóta.

Þá segir í 2. mgr. að tryggð skuli „virk“ póstþjónusta um land allt. Með því er lögð áhersla á að póstur sé borinn út reglulega um land allt. Er þá verið að vísa til grunnpóstþjónustu og þeirra sem slíka þjónustu annast. Skulu önnur ákvæði frumvarpsins skýrð með hliðsjón af þessum megintilgangi frumvarpsins. Sem dæmi um hvað teljist virk eða regluleg póstþjónusta má nefna að við það er miðað í tilskipunartillögum ESB að tryggt sé að póstur innan grunnpóstþjónustu sé borinn út frá póststöð og til viðtakanda hvern

virkan dag og ekki sjaldnar en fimm sinnum í viku, nema við alveg sérstakar aðstæður eða þegar landfræðilegar aðstæður eru með þeim hætti að ekki er unnt að krefjast útburðar svo oft.

Um 2. gr.

Hér eru skilgreind öll grundvallarhugtök sem fram koma í frumvarpinu, en slíkar orðskýringar eru nýmæli í póstlögum.

Fyrst er að finna skýringu á hugtakinu *póstsendingu*, sem er skilgreint sem hvers konar bréf, eða önnur sending, sem flutt er með póstþjónustuaðila. Undir hugtakið geta því fallið hvers kyns sendingar, stórar og smáar, svo framarlega sem þær eru fluttar með svokölluðum póstþjónustuaðila, en það hugtak nær samkvæmt frumvarpinu yfir alla þá aðila sem veita póstþjónustu.

Póstmeðferð er skilgreind sem viðtaka, flokkun, flutningur og skil á póstsendingum.

Póstþjónusta er samkvæmt frumvarpinu skilgreind sem viðtaka, flutningur, flokkun og skil á hvers konar bréfum og öðrum sendingum, með eða án utanáskriftar. Ekki er talið nauðsynlegt að annast alla framangreinda þætti heldur nægir að unnið sé við einn þeirra. Þannig telst það t.d. til póstþjónustu þegar aðili flytur bréf eða aðrar sendingar, þótt viðkomandi hafi hvorki tekið við sendingunni frá sendanda né skilað henni til viðtakanda. Hugtakið póstþjónusta tekur yfir bréf og aðrar sendingar, með eða án utanáskriftar.

Undir hugtakið póstþjónustu fellur ekki flutningur einstakra sendinga sem flutningsaðilar taka að sér milliliðalaust fyrir einstaka sendendur eða viðtakendur, enda sé slík þjónusta ekki meginverkefni viðkomandi þjónustuaðila. Sem dæmi þar um má nefna að flutningur einstakra sendinga, t.d. með flugvél eða langferðabifreið, sem sendandi kemur sjálfur til viðkomandi flutningafyrirtækis telst ekki póstsending nema megintilgangur fyrirtækisins sé að annast slíkar sendingar, líkt og hjá alþjóðlegum hraðflutningafyrirtækjum.

Hugtakið *grunnpóstþjónusta* er grundvallarhugtak frumvarpsins. Hugtakið er skilgreint sem póstmeðferð bréfa og annarra sendinga með utanáskrift sem vega allt að 20 kg. Skilgreining hugtaksins er í samræmi við skilgreiningu samkvæmt tilskipunartillögum ESB.

Póstþjónustuaðili er sá aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu, þ.e. viðtöku, flutning, flokkun eða skil á hvers konar bréfum og öðrum sendingum, með eða án utanáskriftar.

Póstrekandi er þrengra hugtak en póstþjónustuaðili þar sem slíkur aðili annast einn eða fleiri þætti grunnpóstþjónustu í atvinnuskyni, en ekki aðra viðtækari þjónustu.

Rekstrarleyfishafi hefur sérstakt leyfi til grunnpóstþjónustu skv. 11. gr. frumvarpsins. Hugtakið er þrengra en póstrekandi þar sem ekki er sjálfgefið að póstrekandi hafi sérstakt leyfi til að annast grunnpóstþjónustu, sbr. 2. mgr. 11. gr. Má þó gera ráð fyrir að margir póstrekendur muni afla sér rekstrarleyfis, a.m.k. þeir sem annast fleiri en einn þátt grunnpóstþjónustu.

Einkaréttarhafi er sá aðili sem samkvæmt sérstöku leyfi fer með einkarétt ríkisins skv. IV. kafla frumvarpsins. Má einnig gera ráð fyrir að honum verði falið að bera skyldur ríkisins skv. 4. gr. frumvarpsins.

Hugtakið *póstkassi* kemur fram í 7. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir einkarétti ríkisins á uppsetningu þeirra á almannafæri og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Er hugtakið hér skilgreint sem kassi sem ætlaður er til viðtöku og uppsöfnun bréfapóstsendinga til frekari póstmeðferðar.

Frímerki er skilgreint sem gjaldmiðill, útgefinn af ríkinu, sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu. Einnig kemur fram að frímerki skuli bera áletrunina „ÍSLAND".

Þá er hugtakið *gjaldmerki* skilgreint í frumvarpinu, en líkt og ráða má af skilgreiningunni er um að ræða merki sem póstþjónustuaðilar geta notað í rekstri sínum sambærileg frímerkjum. Hins vegar má gera ráð fyrir að póstrekandi, sem fer með einkarétt og ber skyldur ríkisins, muni gefa út frímerki í umboði þess og nota það í starfsemi sinni. Geta aðrir póstrekendur þá notað gjaldmerki í sínum rekstri. Gjaldmerki bera ekki áletrunina „ÍSLAND".

Rétt þykir að skilgreina hugtakið *fjármunapóstsendingar* í frumvarpinu, vegna þess hversu mikilvægur þáttur þess er innan póstþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að önnur grundvallarhugtök póstþjónustu, svo sem bögglar, ábyrgðarbréf, verðbréf o.s.frv., verði skilgreind í reglugerð.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um yfirstjórn póstmála hér á landi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að yfirstjórn póstmála verði hjá samgönguráðherra, en að sjálfstæð stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, taki alfarið við umsjón með póstmálum hér á landi og hafi með höndum eftirlit með framkvæmd laganna. Sérstakt lagafrumvarp hefur verið samið um stofnunina, skipulag hennar og hlutverk, og vísast til þess að því er varðar frekari umfjöllun um stofnunina.

Nauðsynlegt er samhliða þeirri breytingu sem gerð er á almennri skipan póstmála að setja á laggirnar sérstaka stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun sem hefur með þá stjórnsýslu að gera sem ýmist hefur verið falin samgönguráðuneyti eða Póst- og símamálastofnun. Eftir formbreytingu á Póst- og símamálastofnun samkvæmt lögum nr. 103/1996 og með tilliti til ákvæða frumvarps þessa er ekki talið æskilegt að dagleg stjórnsýsla póstmála sé hjá samgönguráðuneytinu. Er því gert ráð fyrir að hún flytjist að mestu leyti frá ráðuneytinu til Póst- og fjarskiptastofnunar. Svo sem nánar er vikið að í nefndu frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt gert ráð fyrir sérstakri úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sem ætlað er að taka að mestu leyti við stjórnsýsluhlutverki samgönguráðherra í póstmálum, en gert er ráð fyrir að unnt sé að skjóta öllum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndarinnar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð á stjórnsýslustigi. Með þessu fyrirkomulagi er tekið tillit til krafna tilskipunartillagnanna um sjálfstæðan og óháðan stjórnsýsluaðila á sviði póstmála (*national regulatory authority of the postal operators*) og til þess að samgönguráðherra mun fara með hlutafé ríkisins í Pósti og síma hf., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 103/1996.

Um 4. gr.

Samkvæmt greininni er íslenska ríkið skuldbundið til að tryggja landsmönnum með reglubundnum hætti póstþjónustu vegna sendingartegunda sem nánar eru tilgreindar í samtals níu töluliðum. Í 1. mgr. eru tilgreindar í fimm töluliðum sendingartegundir innan grunnpóstþjónustu. Í 2. mgr. er síðan vísað til þjónustuþátta í fjórum töluliðum sem ríkið skal tryggja, án þess þó að um grunnpóstþjónustu sé að ræða. Þegar segir í ákvæðinu að slík þjónusta skuli veitt með „reglubundnum hætti" er rétt að vísa til áðurgreindr-

ar viðmiðunar í tilskipunartillögunum, þar sem segir að aðildarríki skuli tryggja útburð innan grunnpóstþjónustu, frá póststöð og til viðtakanda hvern virkan dag og ekki sjaldnar en fimm sinnum í viku, nema við alveg sérstakar aðstæður eða þegar landfræðilegar aðstæður eru með þeim hætti að ekki er unnt að krefjast útburðar svo oft.

Rétt er að vekja á því athygli að samkvæmt greininni skuldbindur ríkið sig ekki eingöngu til að tryggja landsmönnum öllum bréfapóstsendingar, dagblöð, bögglasendingar o.s.frv. heldur skal ríkið einnig sjá til þess að landsmenn geti sent bréf með ábyrgð eða sem verðsendingu, jafnframt því sem það skal sjá til þess að unnt sé að senda bréf með póstkröfu og greiða með póstgíró, auk þess að tryggja aðra fjármunapóstþjónustu.

Gera má ráð fyrir að aðili sem fær leyfi skv. 11. eða 12. gr. geti að einhverju leyti þurft að taka á sig skyldur þær sem mælt er fyrir um í ákvæði þessu. Einnig má gera ráð fyrir því að sá aðili sem fer með einkarétt ríkisins muni annast þjónustu sem ríkið skuldbindur sig til að tryggja samkvæmt greininni.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um þyngdarmörk, umfang og nánari skilgreiningu þessara sendinga. Samkvæmt því skal hann til að mynda skilgreina hugtök eins og bögglar, ábyrgðarsendingar, verðsendingar o.s.frv., en þessi grundvallarhugtök póstmála eru hvergi skilgreind í lögunum.

Um 5. gr.

Í greininni er ákvæði um skyldur ríkisins að því er varðar póstsendingar milli landa, en þjónustuskyldan fer samkvæmt alþjóðlegum samningum. Hér er fyrst og fremst átt við samninga Alþjóðapóstsambandsins (UPU) sem Ísland er aðili að, en gildandi samningar voru undirritaðir í Seoul haustið 1994. Enn fremur er um að ræða samninga við einstök ríki og einstök póstyfirvöld.

Um 6. gr.

Hér er gerð grein fyrir þeim póstsendingum sem lúta skulu einkarétti. Er í því efni að mestu leyti fylgt tilskipunartillögum Evrópusambandsins. Gert er ráð fyrir að einkarétturinn samkvæmt frumvarpinu verði afmarkaður með mun nákvæmari hætti en í núgildandi lögum. Þá er gert ráð fyrir því að ríkið fari með einkaréttinn. Mun Póst- og fjarskiptastofnun síðan veita leyfi til að fara með þennan einkarétt ríkisins, sbr. 12. gr.

Gert er ráð fyrir því að einkarétturinn nái skv. 1. mgr. til bréfa í umslögum og sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd og annarra ritaðra orðsendinga og prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, sem eru innan fyrrgreindra marka um þyngd. Með umslögum í 1. mgr. er átt við bréf sem lokað er aftur, hvort sem þau eru límd eða þeim lokað með öðrum hætti. Einkarétturinn fellur þó niður ef burðargjald póstsendinga er meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá. Lægsti gjaldflokkur er nú 20 g bréf, en burðargjald þeirra er 35 kr. Er því gert ráð fyrir að einkaréttur falli niður á sendingum þar sem heildarburðargjald vegna póstsendinga er hærra en 175 kr. (5 sinnum 35), ef miðað er við núgildandi gjaldskrá.

Ríkið hefur samkvæmt ákvæðinu einkarétt til póstmeðferðar á fyrrgreindum póstsendingum sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi, svo og á póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum. Undanþegnar eru þó svonefndar hraðsendingar (*courier mail*), sem m.a. alþjóðleg hraðflutningafyrirtæki annast.

Samkvæmt 3. mgr. er þó gert ráð fyrir að einkaréttur nái ekki til verðlista, bæklinga, blaða og tímarita með utanáskrift, ef innihald allra sendinganna er eins og þær eru án umbúða, eða þegar búið er um sendingarnar í gagnsæjum umbúðum. Þannig fellur t.d. tímarit sem sett er í utanáritað umslög undir einkaréttinn, að uppfylltum öðrum skilyrðum frumvarpsins, en tímarit sem pakkað er inn í gagnsætt plast eða er án umbúða fellur ekki undir einkaréttinn, jafnvel þótt ritað sé utan á það og það sé undir 350 g að þyngd. Undanþága þessi er bundin við þau tilvik sem nefnd eru í 3. mgr.

Samkvæmt frumvarpinu er einnig viðurkenndur réttur hvers og eins til að sinna póstþjónustu innan eigin starfsemi. Sem dæmi þar um má nefna póst sem sendur er á milli útibúa banka og varðar starfsemi hans. Einstaklingum og fyrirtækjum er þannig sjálfum heimilt að annast alla póstmeðferð póstsendinga sem berast þeim eða þeir senda frá sér. Þeim er hins vegar óheimilt að fá þriðja aðila til að annast slíka póstmeðferð, ef hún er bundin einkarétti skv. 1. mgr.

Samgönguráðherra er heimilt að þrengja einkaréttinn með reglugerð. Þannig er samgönguráðherra heimilt að mæla fyrir um takmörkun eða afnám einkaréttar vegna póstmeðferðar póstsendinga til og frá landinu. Er ekki gert ráð fyrir því í tilskipunartillögunum að póstsendingar til viðtakenda í heimalandinu séu bundnar einkarétti, en stefnt er að því að einkaréttur til póstmeðferðar póstsendinga sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum falli utan einkaréttar eftir 31. desember 2000. Ekki þykir rétt að afnema einkarétt hér á landi á fyrrnefndum sendingum að svo stöddu, en heppilegt þykir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að afnema eða takmarka einkaréttinn að liðnum hæfilegum aðlögunartíma.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er sambærilegt 2. gr. laga nr. 107/1996, um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986, og tekur af allan vafa um einkarétt ríkisins til að setja upp póstkassa á almannafæri og á stöðum sem almenningur hefur aðgang að, svo sem við verslanir eða verslunarmiðstöðvar, opinberar byggingar o.s.frv. Ákvæðið er einnig í samræmi við tilskipunartillögurnar, en þar er gert ráð fyrir heimild aðildarríkja til einkaréttar á uppsetningu póstkassa með það að markmiði að tryggja festu og öryggi (public order and public security) við notkun þeirra. Aðildarríkjum er einnig heimilt að tilnefna ákveðinn aðila til að annast þennan einkarétt sinn og má gera ráð fyrir að það verði sá aðili sem ber skyldur ríkisins skv. 4. gr. frumvarpsins. Hugtakið póstkassi er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 25. gr. núgildandi póstlaga að öðru leyti en því að þar er einkarétturinn í höndum Póst- og símamálastofnunar, en eftir að stofnuninni hefur verið breytt í hlutafélag 1. janúar 1997 fer ríkið með þennan rétt, sbr. 4. gr. laga nr. 107/1996, um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986. Ríkið getur þó falið einstökum póstrekendum að fara með þennan rétt sinn, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Heimild til þessa er einnig að finna í tilskipunartillögunum. Hugtakið frímerki er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Samkvæmt gildandi póstlögum hefur Póst- og símamálastofnun einkarétt til notkunar auðkennisins, en með lögum nr. 107/1996, um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986, er Pósti og síma hf. fengin heimild til notkunar þess. Samkvæmt frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að notkunarheimildin verði hjá ríkinu, sem síðan getur framselt heimildina til þess aðila sem fer með einkarétt og ber skyldur ríkisins skv. IV. kafla laganna.

Um 10. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Með þessu ákvæði er reynt að koma í veg fyrir að sendendur pósts hér á landi geti póstlagt sendingar í öðru landi, sem berast eiga hingað til lands, til þess að njóta þar hagstæðari burðargjalda. Hafi póstrekandi vitneskju um að póstsending sem berst hingað til lands sé upprunnin með slíkum hætti getur hann neitað að taka við henni.

Heimild er fyrir slíku ákvæði í Alþjóðapóstsamningnum. Slíkar sendingar (*remail*) geta raskað jafnvægi milli ríkja því að ef póstrekendur í einstökum ríkjum bjóða upp á „remail“ með hagstæðum burðargjöldum leiðir það til þess að þau senda út mun meiri póst en þau flytja inn og fá því umtalsverð burðargjöld, þrátt fyrir að þjónustan sé að verulegu leyti innt af hendi í heimalandinu þar sem ekkert burðargjald er innheimt.

Um 11. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er öðrum en þeim sem fengið hafa til þess rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar óheimilt að sinna grunnpóstþjónustu. Aðili sem tekur við, flytur, flokkar eða skilar bréfum og öðrum sendingum með utanáskrift, sem vega allt að 20 kg, verður því að hafa rekstrarleyfi til þeirrar starfsemi sinnar. Með þessu móti er unnt að tryggja eftirlit með grunnpóstþjónustu neytendum til hagsbóta. Leyfisveiting eða eftir atvikum synjun verður að vera málefnaleg og að öðru leyti í samræmi við stjórnsýslulög, nr. 37/1993.

Í rekstrarleyfinu sjálfu skal tilgreina nánar til hvaða þátta grunnpóstþjónustu rekstrarleyfið nær, þ.e. til hvaða framangreindra þjónustuþátta það tekur, hvort það er bundið við ákveðin svæði o.s.frv. Í leyfinu skulu einnig tilgreindar nákvæmlega þær kvaðir og þau skilyrði sem leyfinu fylgja.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu séu undanþegnir rekstrarleyfi. Þannig getur samgönguráðherra mælt fyrir um að ekki sé þörf á sérstöku leyfi vegna tiltekinnar starfsemi sem að öllu jöfnu telst þó til grunnpóstþjónustu. Sem dæmi má nefna aðila sem einungis annast flutning á póstsendingum á milli staða, eftir atvikum með annars konar sendingum. Er ráðherra heimilt að undanþiggja slíkan aðila skyldu til rekstrarleyfis, enda hlýtur að teljast óþarflega viðurhlutamikið að krefjast sérstaks rekstrarleyfis fyrir slíka starfsemi. Hann telst þó póstrekandi, sbr. orðskýringu í 2. gr., og er því skráningarskyldur skv. 20. gr. Með því móti hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftir sem áður eftirlit með slíkri starfsemi.

Rétt er að leggja á það áherslu að skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem og önnur ákvæði kaflans, eiga einungis við um grunnpóstþjónustu en ekki aðra póstþjónustu. Þannig þarf t.d. ekki sérstakt rekstrarleyfi til póstþjónustu á sendingum sem ekki bera utanáritun og sendingum sem eru meira en 20 kg að þyngd.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi póstlögum er gert ráð fyrir að Póst- og símamálastofnunin fari með einkarétt til nánar tilgreindrar póstþjónustu. Í IV. kafla frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að ríkið fari með einkaréttinn. Póst- og fjarskiptastofnun veitir síðan tilteknum aðila leyfi til að annast þessa þjónustu. Gert er ráð fyrir því að póstrekandi, sem hefur leyfi til að annast einkarétt ríkisins, beri einnig skyldur þess skv. 4. gr. frumvarpsins, sbr. orðalagið „að fara með einkarétt sinn og skyldur samkvæmt lögum þessum".

Um 13. gr.

Í 13. gr. er gert ráð fyrir því að sett verði skilyrði fyrir leyfisveitingu skv. 11. og 12. gr. Geta skilyrðin verið mismunandi eftir því hversu víðtæk leyfisveitingin er og til hvaða þátta hún nær. Þannig má ætla að ítarleg skilyrði verði sett fyrir leyfi til að fara með einkarétt ríkisins, m.a. skilyrði er varða skyldur ríkisins skv. 4. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. þurfa skilyrðin þurfi að vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa. Verða skilyrðin einnig að uppfylla að öðru leyti almennar efnisreglur stjórnsýsluréttar.

Samkvæmt 2. mgr. skulu rekstrarleyfi að jafnaði vera tímabundin. Þannig skal almennt tímabinda rekstrarleyfi og taka tímabilið fram í leyfinu sjálfu. Þó er heimilt að hafa rekstrarleyfi ótímbundið, t.d. að því er varðar þann aðila sem fer með einkarétt og skyldur ríkisins, enda er heppilegast fyrir neytendur að ákveðin festa sé á þeim rekstri grunnpóstþjónustu.

Í 3. mgr. eru talin upp þau skilyrði sem setja má fyrir leyfisveitingu. Eins og áður hefur komið fram má gera ráð fyrir að skilyrðin séu fleiri þegar rekstrarleyfið er víðtækara og tekur yfir fleiri þætti og að þau séu færri eftir því sem leyfið er takmarkaðra.

Skilyrði a–j í 3. mgr. eru einungis nefnd í dæmaskyni. Að vísu má gera ráð fyrir að skilyrðin sem þar eru talin upp séu þau sem helst muni reyna á í framkvæmd.

Skilyrðin sem nefnd eru í 3. mgr. eru m.a.:

1. Að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs. Skv. 9. gr. frumvarps til laga um Póst- og fjarskiptastofnun skal greiða sérstakt gjald fyrir útgáfu leyfisbréfa og skráningu einstakra póstrekenda. Samkvæmt sömu grein skulu rekstrarleyfishafar greiða árlega rekstrargjald sem verður tiltekið hlutfall af bókfærðri veltu. Skilyrði um að greitt skuli leyfisgjald og rekstrargjald er sjálfsagt í ljósi þessa og leiðir í raun af sjálfu sér.
2. Að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur. Sem dæmi um slíkar kröfur má nefna að póstur sé borinn út á ákveðnum svæðum og með ákveðnu millibili, t.d. fimm sinnum í viku, líkt og gert er ráð fyrir sem meginreglu í tilskipunartillögunum. Þá má nefna skilyrði um að póstafgreiðsla verði starfrækt á tilteknum svæðum eða að þær myndi ákveðið net. Má einnig nefna að viðkomandi taki að sér meðferð ábyrgðar- og verðsendinga o.s.frv.
3. Að skylt sé að annast sérstök verkefni, þótt þau séu ekki arðbær, en kostnaður vegna þeirra fengist eftir atvikum bættur úr jöfnunarsjóði skv. IX. kafla laganna.
4. Að gjaldskrá einkaréttarhafa sé háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að hún sæti eftirliti hennar, en skv. 18. gr. frumvarpsins skal Póst- og fjarskiptastofnun staðfesta gjaldskrá fyrir póstþjónustu sem bundin er einkarétti.

5. Að virtar séu uppgjörs- og bókhaldsreglur. T.d. að ólíkir þjónustuþættir séu aðgreindir í bókhaldi og að greint sé á milli þjónustu innan einkaréttar og þjónustu sem er í samkeppni. Er rétt að benda á að samkvæmt tilskipunartillögunum skal vera aðskilið reikningsskilakerfi fyrir einkaréttarþjónustu annars vegar og póstþjónustu utan einkaréttar hins vegar.
6. Að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda, ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi rekstrarleyfishafa kemur. Með þessu er reynt að tryggja að neytendur verði ekki fyrir tjóni eða óþægindum þrátt fyrir að rekstur leyfishafa stöðvist af fjárhagsástæðum, en tryggingin væri notuð til að fjármagna kostnað af því að koma pósti sem safnast hefur fyrir hjá leyfishafanum til skila.
7. Að rekstrarleyfishafi sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagslega stöðu á hverjum tíma. Markmið þessa skilyrðis er á sama hátt og fyrrgreint skilyrði sett til að tryggja hagsmuni neytenda. Til þess að sinna eftirliti sínu að þessu leyti gæti Póst- og fjarskiptastofnun m.a. krafist þess að sjá ársreikninga leyfishafa og jafnvel beitt öðrum eftirlitsúrræðum samkvæmt frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Má einnig gera ráð fyrir að stofnunin geti beitt úrræðum 5. gr. frumvarps til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, ef ekki er orðið við tilmælum stofnunarinnar um úrbætur í fjárhagsmálum, þar með talinni sviptingu rekstrarleyfis.
8. Að rekstrarleyfishafi taki þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði póstmála. Þegar gert er ráð fyrir að veitandi þjónustu (*operator*) taki þátt í slíku alþjóðasamstarfi geta yfirvöld tilnefnt leyfishafa til að taka þátt í samstarfinu. Má gera ráð fyrir að það yrði oftast sá aðili sem fer með einkarétt ríkisins og ber skyldur þess skv. 12. gr.

Önnur skilyrði sem nefnd eru í 3. mgr. 13. gr. skýra sig sjálf. Það skal áréttað að skilyrðin sem þar eru nefnd eru ekki tæmandi.

Skilyrði sem sett eru fyrir rekstrarleyfi geta breyst í samræmi við breyttar forsendur. Þá má einnig breyta eða bæta við skilyrðum í samræmi við breytingar á lögum og reglum, t.d. ef auknar þjónustuskyldur verða lagðar á ríkið samkvæmt lögum, þá verður sá aðili sem fer með skyldur ríkisins að uppfylla þær skyldur, þrátt fyrir að þær komi ekki sérstaklega fram í leyfinu. Sama á við ef alþjóðasamningar gefa tilefni til breytinga á skilyrðum. Ástæða þess að notað er orðalagið „gefa tilefni til“ er sú að alþjóðasamningar eru ekki alltaf sjálfkrafa skuldbindandi. Sé um að ræða alþjóðasamning sem er skuldbindandi fyrir Ísland að þjóðarétti þar sem er gert ráð fyrir auknum skyldum getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt slíkar aukaskyldur á rekstrarleyfishafa, jafnvel þótt ekki sé kveðið á um þær í rekstrarleyfinu. Ber leyfishöfum annars að taka tillit til allra slíkra breytinga í starfsemi sinni, þótt þær varði ekki sérstaklega skilyrði sem þeim hafa verið sett.

Eins og áður hefur verið nefnt má gera ráð fyrir að einkaréttarhafa verði sett sérstaklega almenn skilyrði fyrir þeirri starfsemi sem tilheyrir þjónustuskyldunni, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig sett það sem skilyrði að einkaréttarhafi annist frímerkjaútgáfu, sbr. 8. gr., og skyldur til að nota auðkenni skv. 9. gr. Einkaréttarhafa er heimilt að veita þriðja aðila leyfi til notkunar auðkennisins, enda starfi hann í þágu hans. Þannig getur einkaréttarhafi t.d. veitt þeim sem annast landflutning pósts sem verktaki heimild til að setja auðkennið á bifreiðar sínar.

Um 14. gr.

Samkvæmt greininni er samgönguráðherra heimilt að mæla fyrir um að aðilar sem fara með einkarétt ríkisins skuli annast póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita á Íslandi samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir póstsendingar af sömu þyngd, stærð og umfangi að öðru leyti. Samkvæmt ákvæðinu hefur ráðherra heimild til að setja gjaldskrá sem miðar að því að burðargjöld vegna dagblaða, tímarita og vikublaða verði sem jöfnust um land allt, þannig að landsmenn allir eigi kost á slíkum prentmiðlum á sambærilegu verði.

Samgönguráðherra skal skilgreina nánar í reglugerð hvað teljist til dagblaða, vikublaða og tímarita samkvæmt greininni, þ.e. hvert umfang þeirra og útbreiðsla þurfi að vera til þess að þau falli undir ákvæðið.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. að Póst- og fjarskiptastofnun bæti einkaréttarhafa upp mismun á burðargjaldi fyrir sambærilega sendingar samkvæmt gjaldskrá hans og því gjaldi sem mælt er fyrir um í sérstakri gjaldskrá skv. 1. mgr. Kostnað sem rekja má til ákvörðunar samgönguráðherra um að greiða niður póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita skal skv. 7. mgr. 30. gr. frumvarpsins greiða úr ríkissjóði.

Um 15. gr.

Ákvæðið kemur í stað 6. gr. núgildandi póstlaga og tekur nú einungis til þeirra aðila sem annast flutning á póstsendingum fyrir einkaréttarhafa. Á helstu póstleiðum má gera ráð fyrir að flutningsaðilar flytji almennt ekki annan varning sem hugsanlega getur valdið töfum eða öðrum óþægindum. Almennt stuðlar það að skjótum og öruggum póstflutningum. Einkaréttarhafi getur þó samþykkt að flutningsaðili hafi meðferðis aðrar sendingar, enda getur slíkt verið hagkvæmt fyrir báða aðila sem og neytendur, t.d. á fáfarnari leiðum.

Um 16. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 13. gr. núgildandi póstlaga. Hér er þó gert ráð fyrir að flutningsskyldan sé takmörkuð við grunnpóstþjónustu.

Um 17. gr.

Samhljóða ákvæði er að finna í 1. og 2. mgr. 2. gr. núgildandi póstlaga.

Um 18. gr.

Samkvæmt ákvæðinu skulu póstrekendur semja og birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sína sem gilda um grunnpóstþjónustu. Skulu póstrekendur einnig senda viðskiptaskilmála til Póst- og fjarskiptastofnunar svo fljótt sem auðið er, svo og breytingar á þeim.

Með vísan til tilskipunartillagna ESB skulu gjaldskrár innan grunnpóstþjónustu vera kostnaðartengdar, gagnsæjar og í samræmi við jafnræðisreglur.

Gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti skal staðfest af Póst- og fjarskiptastofnun. Hefur stofnunin almennt eftirlit með gjaldskrá fyrir einkaréttarþjónustu og gætir þess að hún sé í eðlilegu samræmi við kostnað af því að veita viðkomandi þjónustu (cost-based). Að öðru leyti fer um eftirlit með gjaldskrám og viðskiptaskilmálum samkvæmt almennum reglum, m.a. samkeppnislögum, nr. 8/1993.

Samkvæmt 4. mgr. hefur samgönguráðherra heimild til að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald póstrekenda, sundurgreiningu þess og aðskilnað milli póstþjónustu og annars reksturs og milli þjónustu sem bundin er einkarétti og annarrar þjónustu. Er síðastnefndur aðskilnaður sérstaklega mikilvægur þar sem reikningsskilakerfi póstrekenda skal samkvæmt tilskipunartillögunum vera aðskilið fyrir einkaréttarþjónustu annars vegar og póstþjónustu utan einkaréttar hins vegar. Mun samgönguráðherra setja reglugerð þar um í samræmi við EES-reglur. Að öðru leyti fer um fjárhagslegan aðskilnað einkareksturs póstrekanda og samkeppnisrekstur samkvæmt 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Um 19. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að öllum póstrekendum beri að skrá starfsemi sína hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Hugtakið póstrekandi er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Rekstrarleyfis- og einkaréttarhafar eru einnig póstrekendur. Þeir þurfa þó ekki að skrá sig sérstaklega hjá Póst- og fjarskiptastofnun þar sem þeir eru þegar á skrá þar sem leyfishafar. Póstrekendur sem ekki þurfa sérstakt leyfi til starfsemi sinnar, sbr. 11. og 12. gr. frumvarpsins, þurfa hins vegar samkvæmt ákvæðinu að skrá starfsemi sína sérstaklega hjá Póst- og fjarskiptastofnun, svo að stofnunin geti sinnt eftirlitsskyldu sinni gagnvart þeim.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skráningarskyldu póstrekenda, m.a. hvaða upplýsingar skuli veita við skráningu.

Um 21. gr.

Til að ekki fari á milli mála hvaða póstrekandi fer með póstmeðferð viðkomandi sendinga skulu allar póstsendingar merktar með áprentun eða öðru einkenni sem sýnir hvaða póstrekendur annist póstmeðferð þeirra. Ákvæði þetta er m.a. sett til að tryggja að unnt sé að koma póstsendingum sem hafa misfarist aftur til þess póstrekanda sem tekið hefur að sér meðferð póstsins. Ákvæðið ætti einnig að koma í veg fyrir að póstrekandi geti vikið sér undan því að koma póstsendingu á leiðarenda.

Ákvæðið á einungis við um póstsendingar innan grunnpóstþjónustu. Þannig þurfa aðilar sem veita þjónustu með óáritaðan póst ekki að merkja sendingar með þessum hætti.

Um 22. gr.

Íslenska ríkinu er einu heimilt að gefa út frímerki, en hugtakið frímerki er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins. Líkt og áður hefur komið fram getur ríkið falið póstrekanda að fara með þennan rétt sinn, en gera má ráð fyrir að það verði sá aðili sem fer með einkarétt ríkisins og ber skyldur þess skv. 12. gr. frumvarpsins.

Öðrum póstþjónustuaðilum, hvort sem þeir starfa við grunnpóstþjónustu eða ekki, er samkvæmt þessari grein heimilt að nota til álímingar svokallað gjaldmerki. Gjaldmerki hefur sambærilega verkun og frímerki þar sem það staðfestir áður en póstþjónusta er veitt að greitt hafi verið fyrir þjónustuna. Hugtakið gjaldmerki er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins.

Um VIII. kafla.

Ákvæði VIII. kafla eiga við um póstþjónustu í víðtækri merkingu, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Þannig taka ákvæði kaflans til allrar póstþjónustu, hvort sem um er að ræða grunnpóstþjónustu, póstþjónustu bundna einkarétti eða aðra póstþjónustu.

Um 23. gr.

Ákvæðið er nýmæli og lögfest til að taka af öll tvímæli um það hverjum megi afhenda póstsendingu. Ákvæðið skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Um 24. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 27. gr. gildandi póstlaga.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 12. gr. núgildandi póstlaga.

Um 26. gr.

Greinin er efnislega samljóða 14. gr. núgildandi póstlaga.

Um 27. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 15. gr. núgildandi póstlaga.

Um 28. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 16. gr. núgildandi póstlaga.

Um 29. gr.

Ákvæði sambærileg við 1. mgr. er að finna í 18. og 24. gr. núgildandi laga. Hér er gert ráð fyrir að samgönguráðherra setji í reglugerð ákvæði um meðferð óskilapósts, þ.e. hvort og hvenær slíkur póstur skuli eyðilagður o.s.frv. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðherra setji ákvæði í reglugerð um sendingar sem bera það með sér að vera ógreiddar eða vangreiddar, þ.e. hvort og þá hvernig þeim skuli skilað til sendanda eða komið til viðtakanda o.s.frv.

Sú staða getur komið upp að póstsending lendi fyrir mistök hjá öðrum póstþjónustuaðila en þeim sem ætlað var að annast þá sendingu og hefur fengið greitt fyrir þjónustuna. Líklegast má telja að slík tilfelli komi oftast upp þegar póstur er settur í póstkassa, án þess þó að gert hafi verið ráð fyrir því að sá aðili sem tæmir kassann skyldi annast sendinguna. Til að tryggja að sendingunni verði samt sem áður komið á leiðarenda mætti t.d. setja í reglugerð ákvæði um að sá sem annast meðferð sendingarinnar fái einhverja þóknun fyrir.

Um 30. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu skal eftir 1. janúar 1998 leggja á rekstrarleyfishafa sérstakt gjald, jöfnunargjald, til að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu þar sem slík þjónusta er óarðbær. Skal gjaldið lagt á í því skyni að tryggja að grunnpóstþjónustu verði sinnt í dreifbýli og annars staðar þar sem slík þjónusta mun augljóslega ekki skila arði. Er ákvæði þetta í samræmi við tilskipunartillögu ESB, sem gerir ráð fyrir að aðildarríki setji á fót jöfnunarsjóð (*compensation fund*), en greiða skal úr sjóðnum til þeirra aðila

sem inna af hendi óarðbæra skyldubundna grunnpóstþjónustu, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Skal jöfnunargjaldið innheimt í hlutfalli við bókfærða veltu af starfseminni.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds skal farið eftir ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Eru það því innheimtuaðilar ríkissjóðs sem innheimta gjaldið en þeir skulu standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í póstþjónustu, um útreikninga, álagningu o.fl.

Gert er ráð fyrir því að kostnaður sem rekja má til ákvörðunar ráðherra skv. 14. gr. verði greiddur úr ríkissjóði, en að kostnaður af annarri óarðbærri en skyldubundinni grunnpóstþjónustu verði greiddur af leyfishöfum í gegnum jöfnunarsjóðinn.

Um 31. gr.

Þegar Póst- og fjarskiptastofnun berst beiðni um fjárframlög skal stofnunin afla nákvæmra upplýsinga um tap af viðkomandi starfsemi og í hvaða þáttum tapið er fólgið. Í þessu sambandi getur stofnunin krafist upplýsinga frá viðkomandi rekstrarleyfishafa og um sundurgreiningu taprekstursins. Í ákveðnum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa til að meta raunverulegt rekstrartap af starfseminni.

Ef rekstrarleyfishafi nýtur fjárframlags samkvæmt þessum kafla laganna er gert ráð fyrir að sá þáttur starfseminnar geti lotið sérstöku eftirliti, ef þörf krefur. Í greininni er mælt fyrir um að jöfnunargjaldið skuli ekki ákveðið til lengri tíma en eins árs í senn, í þeim tilgangi að tryggja virkara eftirlit með slíkum fjárframlögum. Jafnframt er settur sá varnagli að endurskoða megi fjárframlög á tímabilinu að frumkvæði Póst- og fjarskiptastofnunar eða þess sem þiggur fjárframlög úr jöfnunarsjóðnum, ef forsendur hafa breyst.

Gerð er krafa um bókhaldslegan aðskilnað þeirrar starfsemi sem nýtur fjárframlags samkvæmt þessum kafla frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa. Er ákvæðið í samræmi við grunnsjónarmið 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun um fjárframlög samkvæmt ákvæði þessu.

Um 32. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 11. gr. núgildandi póstlaga. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að ekki sé heimilt að veita upplýsingar um póstsendingar eða notkun póstþjónustu nema að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum. Sem dæmi um heimildir í öðrum lögum má nefna 45. gr. tollalaga, nr. 55/1987 og 94. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 9. gr. núgildandi póstlaga nema hvað gert er ráð fyrir að ákvæðið eigi við um alla þá sem starfa við hvers kyns póstþjónustu, sem launþegar eða verktakar, en núgildandi lagaákvæði tilgreinir einungis starfsmenn Póst- og símamálastofnunar.

Um 33. gr.

Ákvæði 1. mgr. um undanþágur frá póstleynd er samhljóða 10. gr. núgildandi póstlaga.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli um að böggla frá útlöndum megi opna ef nauðsyn þykir til ákvörðunar aðflutningsgjalda. Hins vegar er áréttað að lokaðar bréfasendingar megi ekki opna til ákvörðunar slíkra gjalda, nema í viðurvist viðtakanda.

Í 3. mgr. eru ákvæði um póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota og póstsendingar til látinna manna. Eru ákvæðin sett í samræmi við tilmæli umboðsmanns Alþingis, sbr. álit hans í máli nr. 365/1990, þar sem umboðsmaður lýsir þeirri skoðun sinni að þörf sé á að „endurskoða gildandi póstlög með það fyrir augum að setja skýrari ákvæði í lög um heimildir Póst- og símamálastofnunar til þess að afhenda póstsendingar öðrum en þeim, er utanáskrift segir til um, þar á meðal skiptaráðanda við gjaldþrot, eða til að setja slíkar reglur í reglugerð". Í samræmi við nefnt álit umboðsmanns er lagt til í 3. mgr. að póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota megi afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, ef þær bera það með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Þykir ekki rétt að afhenda skiptastjórum bréf nema þau varði sýnilega fjárhagsmálefni þrotamanns, t.d. bréf sem bera það með sér að vera frá lánastofnunum o.s.frv., þar sem þrotabú tekur ekki við öðrum réttindum þrotamanns en fjárhagslegum, sbr. 72. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá má einnig benda á heimild skiptastjóra skv. 3. mgr. 82. gr. laganna til að fá kveðinn upp úrskurð um aðgang að gögnum búsins. Önnur bréf en þau sem varða fjárhagsmálefni þrotamanns, t.d. einkabréf, má því ekki afhenda skiptastjóra og nýtur þrotamaður vafans í þeim efnum. Sama regla gildir um opinber skipti látinna manna.

Þegar félag, t.d. hlutafélag, er úrskurðað gjaldþrota er heimilt að afhenda skiptastjóra, eftir beiðni hans, allar póstsendingar sem berast hinu gjaldþrota félagi því að bréf sem berast skulu ópersónulegum aðilum teljast ekki einkabréf í fyrrgreindum skilningi.

Þegar um einkaskipti dánarbúa er að ræða skulu hins vegar allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús, nema þær beri það með sér að vera einkabréf. Ástæða þess að forráðamaður fær öll önnur bréf en einkabréf er sú að forráðamaður er í flestum tilfellum tengdur hinum látna nánum böndum, líklega maki hans eða annar erfingi eða aðili sem ráðinn er af slíkum aðilum til að skipta búi hins látna. Þykir rétt að slíkir aðilar hafi víðtækari aðgang að pósti en skipaðir skiptastjórar. Er því gert ráð fyrir að þeir fái afhentan allan póst nema hann beri það sérstaklega með sér að vera einkabréf. Skal slík sending endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

Gert er ráð fyrir því að samgönguráðherra setji í reglugerð nánari reglur um póstleynd og opnun póstsendinga án dómsúrskurðar, þ.e. við hvaða aðstæður megi opna póstinn, hvað teljist einkabréf, hvaða bréf teljist sýnilega varða fjárhagsmálefni þrotamanns o.s.frv.

Um 34. gr.

Í greininni eru ákvæði um gildissvið XI. kafla. Kaflinn fjallar fyrst og fremst um skaðabætur og takmörkun ábyrgðar og ákvæði hans eiga einungis við um grunnpóstþjónustu, en ekki aðra póstþjónustu, þar sem ekki þykja rök til þess að takmarka ábyrgð vegna slíkra almennra sendinga í lögum.

Um 35. gr.

Ákvæði 1. mgr. er sambærilegt við 28. gr. núgildandi laga. Þó er hér gert ráð fyrir að póstrekandi geti tekið á sig ábyrgð á glötuðum almennum bréfapóstsendingum í viðskiptaskilmálum sínum. Í 2. mgr. er nýmæli um að póstrekanda sé óskylt að greiða skaðabætur þegar póstsendingum seinkar, hver svo sem orsökin kann að vera. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau sömu og fyrir ábyrgðartakmörkun skv. 1. mgr. Er ákvæði þessa efnis að finna í póstreglugerð, nr. 161/1990, en rétt þykir að lögfesta ábyrgðartakmörkunina.

Um 36. gr.

Greinin er efnislega samljóða 29. gr. núgildandi laga. Þó er gert ráð fyrir þeirri breytingu að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur um hámark ábyrgðar en nú er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði hámarkið í gjaldskrá. Er það í samræmi við breytingar sem fyrirhugað er að verði á yfirstjórn póstmála.

Um 37. gr.

Greinin er samhljóða 30. gr. núgildandi póstlaga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 31. gr. núgildandi póstlaga.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 32. gr. núgildandi póstlaga.

Um 40. gr.

Greinin er samhljóða 33. gr. núgildandi póstlaga.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. núgildandi póstlaga. Samkvæmt henni er unnt að beina kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar sem getur þá mælt fyrir um að vikið skuli frá ákvæðum þessa kafla um takmörkun ábyrgðar, þannig að greiddar skuli bætur, t.d. samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Sem dæmi þar um er nefnt ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans, en fleiri tilvik geta komið til.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 35. gr. núgildandi póstlaga.

Um 43. gr.

Greinin er samljóða 37. gr. núgildandi póstlaga.

Um 44. gr.

Grein þessi er nýmæli, en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun geti mælt fyrir um að póstrekendur taki þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála. Skylda til slíkrar starfsemi getur verið eitt af skilyrðum fyrir rekstrarleyfi, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um viðurlög vegna brota gegn öðrum ákvæðum frumvarpsins verði einfölduð frá núgildandi lögum. Þannig er gert ráð fyrir því að brot gegn ákvæðum frumvarpsins varði sektum eða varðhaldi allt að sex mánuðum en að gáleysisbrot varði einungis sektum. Sé brot gegn póstleynd hins vegar framið í ávinningsskyni má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Um 46. gr.

Samhljóða ákvæði er í 38. gr. núgildandi póstlaga.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um póstþjónustu.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um fjarskipti og frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun í kjölfar stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar um næstu áramót. Í frumvarpinu er lagt til að í lögum um póstþjónustu verði samgönguráðherra heimilað að fela einkaaðilum að annast póstþjónustu sem ríkið hefur eitt veitt hingað til.

Í 4. gr. frumvarpsins skuldbindur íslenska ríkið sig til að tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu á tilteknum sendingartegundum en einkaréttur ríkisins til almennrar póstmeðferðar er skilgreindur í 6. gr. frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu getur ríkið veitt einkaaðilum leyfi til að fara með einkarétt sinn og skyldur samkvæmt rekstrarleyfi frá Póst- og fjarskiptastofnun. Í leyfinu skal tilgreint til hvaða þátta grunnpóstþjónustu leyfið nær og þær kvaðir og skilyrði sem leyfinu fylgja. Kveðið er á um skilyrði fyrir leyfisveitingu í 13. gr. frumvarpsins. Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga til að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu á svæðum og þjónustusviðum þar sem slík þjónusta er óarðbær, t.d. vegna strjálbýlis, skal innheimta jöfnunargjald sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar. Ber leyfishöfum að aðskilja hinn óarðbæra þátt starfseminnar bókhaldslega frá annarri starfsemi.

Samkvæmt 14. gr. frumvarpsins er samgönguráðherra heimilt að mæla fyrir um að rekstrarleyfishafar annist almenna póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita á Íslandi samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar póstsendingar af sömu þyngd, stærð og umfangi að öðru leyti. Gert er ráð fyrir því að kostnaður vegna þessa verði greiddur með framlagi úr ríkissjóði eftir sem ákveðið er í fjárlögum. Nú eru póstburðargjöld innritaðra blaða og tímarita greidd eftir sérstakri verðskrá en stjórnmálaflokkar og samtök fá aukinn 50% afslátt og 25% afsláttur er veittur frá verðskrá af menningar- og trúmálaefni. Samkvæmt lauslegri áætlun Póst- og símamálastofnunar nema þessar niðurgreiðslur nú allt að 400 m.kr. á ári.

167. Svar [52. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um skerðingu bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna.

1. *Hjá hversu mörgum öryrkjum skertust greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna þeirra eftir að lög um fjármagnstekjur tóku gildi 1. september sl. og hversu hátt hlutfall er það af öllum öryrkjum sem fá greidda tekjutryggingu?*

Upplýsingar um tekjur eru ekki í gagnagrunni TRYGGVA (tölvukerfis Tryggingastofnunar) nema ef um tekjuyfirlýsingu er að ræða. Í daglegri vinnslu TRYGGVA eru þessar upplýsingar lesnar úr skrám RSK (skrám um skattframtöl frá ríkisskattstjóra), en starfsfólk Tryggingastofnunar hefur aðeins uppflettiaðgengi að þeim skrám. Það tekur langan tíma og er mikil fyrirhöfn að keyra þessa tvo gagnagrunna saman í runuvinnslu auk þess sem kostnaðurinn yrði verulegur. Það er því útilokað að svara spurningunni innan tilskilins tíma.

Heildarfjöldi örorkulífeyrisþega með skerta tekjutryggingu var sem hér segir (skerðing er vegna allra tekjubreytingaþátta í heild):

	Maí 1996	**Október 1996**
Einstaklingar	3.045	2.915
Hjón	635	600

2. *Hjá hversu mörgum ellilífeyrisþegum skertust greiðslur frá Tryggingastofnun vegna fjármagnstekna á sama tíma og hversu hátt hlutfall er það af þeim ellilífeyrisþegum sem fá greidda tekjutryggingu?*

Um gagnagrunn Tryggingastofnunar vísast til 1. liðar.

Heildarfjöldi ellilífeyrisþega með skerta tekjutryggingu var sem hér segir (skerðing er vegna allra tekjubreytingaþátta í heild):

	Maí 1996	**Október 1996**
Einstaklingar	4.881	5.222
Hjón	5.042	5.401

3. *Hver er sparnaður Tryggingastofnunar á mánuði vegna þessara aðgerða?*

Sparnaður Tryggingastofnunar nemur u.þ.b. 11 millj. kr. á mánuði. Hann var fundinn út þannig að greiðslur fyrir septembermánuð voru keyrðar út tvisvar sinnum, fyrst án fjármagnstekjutengingar og svo með fjármagnstekjutengingu.

168. Frumvarp til laga [152. mál]

um Flugskóla Íslands hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf.

Í þessu skyni er ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess skal ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

2. gr.

Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritana á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi.

Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

Flugskóli Íslands hf. skal leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Skulu nemendur eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flugskóla um afnot flugvéla, eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Skólinn skal sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Þeir einir geta hafið nám í Flugskóla Íslands hf. sem:

1. uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð,
2. fullnægja skilyrðum um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Heimilt er að halda inntökupróf í Flugskóla Íslands hf. og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði fyrir að geta hafið nám.

4. gr.

Þriggja manna stjórn, sem kosin skal á aðalfundi ár hvert, fer með yfirstjórn skólans.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn skólans skipuleggur skólastarfið, ákvarðar tilhögun kennslu, undirbýr námskeið og stundaskrár og ákveður námsefni. Auk þess hefur stjórnin með höndum yfirstjórn annars þess sem varðar rekstur skólans. Hún ræður skólastjóra sem auk kennslu skal, sem framkvæmdastjóri, framfylgja ákvörðunum stjórnar. Stjórnin ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum.

Auk fjárframlaga samkvæmt samningi skólans við ríkið skal rekstur hans fjármagnaður með skólagjöldum nemenda. Stjórn skólans ákveður upphæð þeirra skólagjalda sem nemendum er gert að greiða.

Tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, heldur skal rekstrarafgangi varið til frekari uppbyggingar skólastarfsins og skulu samþykktir félagsins innihalda ákvæði þess efnis.

6. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu. Engum einum aðila, öðrum en ríkinu, skal þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár.

7. gr.

Stofnfund félagsins skal halda samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra í samráði við þá sem hann kveður til samstarfs um stofnun hlutafélags um rekstur skólans. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um stofnun og starfsemi Flugskóla Íslands hf. eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

8. gr.

Heimilt er samgönguráðherra að kveða nánar á um fyrirkomulag á kennslu til prófa í atvinnuflugi og um próftöku með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá eigi afgreiðslu. Samgöngunefnd þingsins bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Flugvirkjafélagi Íslands, flugslysanefnd, Flugfélagi Norðurlands hf., Flugleiðum hf., Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Félagi íslenskra einkaflugmanna en sameiginleg umsögn barst frá flugskólum Leiguflugs/Flugmenntar, Flugtaks og Flugskóla Helga Jónssonar. Frumvarpið er nú endurflutt með nokkrum breytingum frá fyrri gerð, m.a. með hliðsjón af framkomnum athugasemdum.

Í fyrsta lagi er bætt við 3. mgr. 2. gr. málslið sem áður var aðeins í athugasemdum þess efnis að nemendur skuli eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flugskóla um afnot flugvéla eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öðru leyti fullnægt.

Í öðru lagi eru felld út ákvæði í 2. mgr. 4. gr. sem kveða á um að samgönguráðherra skipi meiri hluta stjórnar.

Í þriðja lagi er fellt niður ákvæði um að ríkissjóður skuli eiga a.m.k. 51% hlutafjár með því að eignarhlutur einstakra hluthafa er takmarkaður við 25% þannig að dreifing hlutafjárins á að vera tryggð. Loks er sett inn ákvæði þess efnis að tilgangur félagsins sé ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings heldur skuli rekstrarafgangi varið til uppbyggingar skólastarfsins.

Frumvarpinu fylgdu svohljóðandi athugasemdir:

„Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu. Hafðar voru til hliðsjónar tillögur nefndar sem samgönguráðherra skipaði 2. október 1991. Nefndinni var m.a. falið að gera tillögur um framtíðarskipan kennslu til atvinnuflugprófs hér á landi. Í nefndinni áttu sæti Þórhallur Jósefsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar, Grétar Óskarsson, framkvæmdastjóri loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar, Skúli Jón Sigurðarson, deildarstjóri loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar, Ólafur Arnarson frá menntamálaráðuneytinu, Ólafur W. Finnsson frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Hjálmar Árnason, skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Starfsmaður nefndarinnar var Davíð Stefánsson, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu.

Flugráði var sent frumvarpið til umsagnar og kom fram í umsögn þess m.a. að rétt væri að leita álits starfandi flugskóla og flugrekenda á því hvað þeir teldu vera eðlilegt rekstrarform slíks skóla og hvort af þeirra hálfu væri áhugi á þátttöku í hlutafélagi um skólann.

Ráðuneytið ritaði öllum flugskólum og flugrekendum bréf 31. júlí 1995, alls 28 talsins, og spurði þá álits á framanrituðu. Fjórir aðilar svöruðu bréfi ráðuneytisins og tóku tveir flugrekendur afstöðu til rekstrarformsins. Flugleiðir hf. telja eðlilegt að skólinn verði í hlutafélagsformi fremur en að sett verði á laggirnar ný ríkisstofnun. Fyrirtækið segist reiðubúið að leggja slíku hlutafélagi lið í formi hlutafjár. Í bréfi félagsins kemur m.a. fram að það telji jafnframt eðlilegt að kostnaður við starfsemi skólans verði greiddur úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni en að öðru leyti standi skóla- og námsgjöld undir kostnaði. Í þessu sambandi er bent á að íslenska ríkið stendur nær alfarið straum af kostnaði við grunnmenntun langflestra starfsstétta og að ekki séu forsendur til að undanskilja bóklegt nám atvinnuflugmanna.

Hinn aðilinn, sem tók afstöðu til rekstrarforms skólans, er Flugfélag Norðurlands hf. Félagið telur eðlilegast að skólinn verði alfarið í eigu ríkisins og rekinn af ríkinu. Rök félagsins eru þau að þar sem Ísland sé lítill „markaður" gæti reynst erfitt fyrir einkaaðila að skapa nægilega góða kennsluaðstöðu með hæfum kennurum við skólann. Félagið telur ekki rúm fyrir fleiri en einn slíkan skóla hér á landi „en samkeppni hlýtur að vera forsenda þess að um einkarekstur verði að ræða í þessari grein".

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að kostir hlutafélagsformsins séu verulegir umfram ríkisrekstur á þessu sviði. Þar sem loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð og Flugmálastjórn fer með framkvæmd og umsjón prófa og útgáfu atvinnuskírteina er talið rétt að höggva á þau nánu rekstrarlegu tengsl sem verið hafa milli Flugmálastjórnar og skólans með stofnun hlutafélags um Flugskóla Íslands.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa ríkisreknir flugskólar ýmist verið lagðir niður eða yfirteknir af einkaaðilum eða her viðkomandi ríkja, nema í Noregi þar sem er ríkisrekinn flugskóli fyrir atvinnuflugmenn, en áform eru uppi um að leggja hann niður."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands hf. Meginástæðan er sú að með því rekstrarformi er aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að skólanum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Ráðherra er veitt heimild til að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. Þessu til viðbótar er ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár. Hér er fyrst og fremst um að ræða þau tæki sem Flugmálastjórn hefur látið skólanum í té, svo sem flughermi.

Skólinn skal veita menntun til prófa í atvinnuflugi í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setur.

Um 2. gr.

Markmiðið með starfsemi Flugskóla Íslands hf. er að veita nemendum bestu menntun sem völ er á hverju sinni. Skólinn mun veita menntun á öllum stigum atvinnuflugnáms og stefnt er að því að nemendur útskrifist með skírteini sem viðurkennd verði af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu, Joint Aviation Authorities (JAA), og öðlist með því réttindi í öllum aðildarríkjum JAA. Þessi samtök vinna að setningu reglna um flugskóla sem eiga að skilgreina hvaða kröfur þeir skuli uppfylla til þess að framangreindu markmiði verði náð. Í þessum samtökum eru öll ESB-ríkin, svo og EFTA-ríkin. Reglurnar liggja fyrir í lokadrögum og er gert ráð fyrir að þær taki gildi hér á landi innan fárra ára.

Samkvæmt væntanlegum reglum JAA er það lykilatriði að bókleg og verkleg kennsla haldist í hendur. Stytta má atvinnuflugnám verulega ef bóklega og verklega námið er samhæft og hefur hlotið viðurkenningu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar sem ein heild. Slíkt er óhjákvæmilegt nema með samvinnu af þessu tagi. Í greininni er því ákvæði um að Flugskóli Íslands hf. skuli hafa samvinnu við aðra flugskóla um tiltekna þætti kennslunnar og er verklegi þátturinn sérstaklega nefndur. Enda þótt gert sé ráð fyrir því að höfuðverkefni skólans verði kennsla í bóklegum þáttum atvinnuflugnámsins er ekki loku fyrir það skotið að skólinn veiti verklega kennslu. Ekki er gert ráð fyrir að skólinn eigi kennsluvélar heldur semji hann við aðra starfandi flugskóla sem kenna til einkaflugprófs um afnot af flugvélum eða um aðra þjónustu. Ef Flugskóli Íslands hf. ætti að koma sér upp kennsluvélum yrði það afar kostnaðarsamt. Stofnkostnaður við flugvélar, flugskýli og búnað þess, er hár auk þess sem búast má við miklum rekstrarkostnaði. Því er gert ráð fyrir þeim möguleika að skólinn geti samið um afnot á slíkum vélum fyrir hönd nemenda sinna við framangreinda flugskóla, svo og um störf flugkennara. Þar sem nemendur í flugnámi greiða sjálfir kostnað af verklegu námi er þó talið eðlilegt að þeir eigi kost á að semja sjálfir um flugvélar eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Eitt af verkefnum skólans er að sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf er á. Í þessu sambandi er hugsanlegt að skólinn taki að sér kennslu eða þjálfun fyrir flugrekendur og Flugmálastjórn.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um skilyrði sem þeir aðilar þurfa að uppfylla sem óska eftir inngöngu í skólann. Í fyrsta lagi þurfa þeir að uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun eftir því sem nánar segir í reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nú reglugerð nr. 344/1990, sbr. reglugerðir um breytingar á henni, nr. 19/1995 og nr. 71/1996. Í grein 7.2.10 segir að „rétt til bóklegs atvinnuflugnáms hefur hver sá, sem náð hefur 17 ára aldri, lokið bóklegu og verklegu einkaflugnámi og er handhafi einkaflugmannsskírteinis.“ Í öðru lagi þurfa umsækjendur um skólavist að fullnægja skilyrðum framangreindrar reglugerðar um andlegt og líkamlegt heilbrigði til þess að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Í niðurlagsákvæðum þessarar greinar er skólanum heimilað að halda inntökupróf og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði til að geta hafið nám. Gert er ráð fyrir að yfirstjórn skólans ákveði fjölda nemenda með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kostnaður við starfsemi skólans verði greiddur samkvæmt ákvæðum sérstaks samnings sem samgönguráðherra skal beita sér fyrir að verði gerður milli skólans og ríkisins. Jafnframt verði rekstur skólans fjármagnaður með skólagjöldum, en á grundvelli nefnds samnings verði á fjárlögum hvers árs veitt fé að því marki sem skóla- og námsgjöld hrökkva ekki til. Nefnd um málefni flugskóla, sem vitnað er til hér að framan, lagði til að fjárveitingin samsvari því sem greitt er til sérskóla að loknu stúdentsprófi miðað við nemendafjölda. Fjárveitingin verði þó eigi lægri en sem nemur launakostnaði skólastjóra og kennara á hverju námsári.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Ekki þykir rétt að tímasetja stofnfundardag félagsins heldur er það lagt í vald ráðherra.

Það mun m.a. ráðast af undirtektum flugrekenda og annarra sem leitað verður til um samstarf hvert hlutafjárframlag ríkisins þarf að verða og er rétt að ætla nokkurn tíma til undirbúnings og öflunar fjárveitingarheimilda í þessu skyni.

Um 8. og 9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Flugskóla Íslands hf.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands og að samgönguráðherra verði heimilt að leggja fram allt að 4 m.kr. fyrir hönd ríkissjóðs. Einnig er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu, þar með talinn flughermi, og verði hann metinn til hlutafjár. Áætlað er að verðmæti þessa búnaðar sé um 2 m.kr. og verður því eignarhlutur ríkisins í hinu nýja félagi allt að 6 m.kr.

Allt frá því að Flugskóli Íslands hóf starfsemi að nýju 1993 hefur hann fengið fast framlag á fjárlögum. Mismun framlagsins og rekstrarkostnaðar hefur skólinn fjármagnað með sértekjum, þar með töldum skólagjöldum. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1997 er ráðgert að verja 9,7 m.kr. til reksturs skólans. Ef fyrirhugaður samningur skv. 5. gr. frumvarpsins, sem kveður á um árlegt ríkisframlag, er innan þeirra marka hefur löggilding frumvarpsins ekki annan kostnaðarauka í för með sér en þann sem felst í bindingu áðurnefnds hlutafjár.

169. Fyrirspurn [153. mál]

til menntamálaráðherra um jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úr nýlegri könnun ráðuneytisins um framkvæmd og skipulagningu jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum sem sýnir að jafnréttisfræðsla er ekki skipulögð sérstaklega í 85–90% skólanna?

170. Fyrirspurn [154. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um setningu reglugerðar um tekjuviðmiðun lífeyrisþega.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvað líður setningu reglugerðar um tekjuviðmiðun lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku á grundvelli 3. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 95/1996?

171. Svar [111. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um flutning sendiherra og annarra starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

1. *Hvaða reglur gilda um flutning sendiherra og annarra flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar að því er varðar starfstíma á hverjum stað, tilkynningarfrest og önnur slík starfskjaraatriði?*

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 39/1971 eru starfsmenn utanríkisþjónustunnar „skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. gr. þessara laga.“ Við framkvæmd þessa ákvæðis eru eftirfarandi viðmiðunarreglur hafðar að leiðarljósi:

Nauðsynlegt er að nýir sendierindrekar utanríkisþjónustunnar fái leiðsögn og þjálfun í ráðuneytinu um árabil áður en þeir eru fluttir til starfa erlendis til skemmri eða lengri tíma. Reynt er eftir föngum að flytja nýja sendierindreka milli skrifstofa ráðuneytisins til að veita þeim sem víðtækasta reynslu og yfirsýn.

Það má telja eðlilegt að nýr starfsmaður flytjist utan eftir tveggja til þriggja ára starf í ráðuneytinu og megi þá vænta þess að hann muni sinna störfum í sendiráði eða við fastanefnd í u.þ.b. fjögur ár. Þær aðstæður geta þó verið fyrir hendi að starfsmaður þurfi að flytjast milli staða innan skemmri tíma, annaðhvort til annarrar sendiskrifstofu eða til ráðuneytisins. Starfsmenn geta ekki vænst þess að vera lengur en í átta ár samfleytt erlendis. Verður að telja eðlilegt að þeir endurnýi þá starfsreynslu sína í ráðuneytinu með dvöl á Íslandi í þrjú til fjögur ár. Starfsreynsla í ráðuneytinu er hverjum starfsmanni nauðsynleg og óhjákvæmileg til að halda tengslin við land og þjóð.

Æskilegt er að sendiherrar ílendist ekki lengur erlendis en í átta til tíu ár samfleytt og flytjist þá reglubundið til starfa á Íslandi. Sendiherrar sem flytjast heim munu þá veita forstöðu ýmsum skrifstofum ráðuneytisins, starfa við sérstök störf, svo sem við heimasendiráð eða taka við starfi ráðuneytisstjóra.

Miðað mun við að sendiherrar gegni að jafnaði ekki störfum erlendis eftir að þeir hafa náð 65 ára aldri.

Með þessum reglum er ætlað að skapa kjölfestu í starfsmannaflutningum utanríkisþjónustunnar.

Samráð hefur verið haft við utanríkismálanefnd um reglurnar.

2. *Hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar af flutningi starfsmanna utanríkisþjónustunnar?*

Hér á eftir fara reglur ráðuneytisins um greiðslu kostnaðar af flutningi starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

1. gr.

Kostnaður við búslóðaflutning.

A. Hvað telst til búslóðar.

Til búslóðar samkvæmt þessum kafla telst allt venjulegt innbú starfsmanns og fjölskyldu hans og þeir hlutir aðrir sem oftast fylgja fjölskyldum, svo sem barnavagnar, reiðhjól o.þ.h.

B. Hvenær kostnaður er greiddur af ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað við flutning búslóðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar starfsmaður flyst búferlum milli starfsstaða.
2. Þegar flutningsskyldur starfsmaður lætur af störfum erlendis og flyst til Íslands.
3. Þegar flutningsskyldur starfsmaður andast erlendis.

C. Hvað er greitt.

Ríkissjóður greiðir kostnað við pökkun, afgreiðslu, sendingu, tollafgreiðslu, heimflutning og upppökkun búslóðar, hreingerningu íbúðar að lokinni pökkun, svo og flutningstryggingu sem utanríkisráðuneytið sér um, sbr. 3. gr., og enn fremur geymslukostnað þegar um hann er að ræða.

Flutningskostnaður greiðist aðeins fyrir flutning í fyrstu íbúð í starfsríki, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og utanríkisráðuneytið hafi veitt fyrir fram samþykki fyrir greiðslu kostnaðar við flutning í aðra íbúð eða hluta hans.

Auk fyrirframgreindra beinna kostnaðarliða greiðir ríkissjóður vissa bótafjárhæð vegna flutningsins, sbr. 2. mgr. 5. gr.

D. Rúmtak búslóðar.

Ríkissjóður greiðir ekki flutningskostnað þess hluta búslóðar sem er umfram eftirfarandi brúttó-rúmmetrafjölda (að frátalinni bifreið):

1. Hjá föstum forstöðumanni sendiráðs ..... 100 m^3
2. Hjá sendifulltrúa, sendiráðunauti eða sendiræðismanni skv. 2. og 3. flokki 8. gr. utanríkislaga ..... 45 m^3
3. Hjá sendiráðsritara, vararæðismanni eða aðstoðarmanni skv. 4. og 5. flokki utanríkislaga ..... 30 m^3
4. Hjá öðrum flutningsskyldum starfsmönnum ..... 25 m^3

Rúmmetratala skv. 2. og 3. tölul. hækkar um 25% sé starfsmaður í hjónabandi, svo og um 5 m^3 fyrir hvert barn sem býr hjá starfsmanni og hann fær viðbótargreiðslur fyrir.

Sé húsnæði búið húsgögnum í eigu ríkisins getur utanríkisráðuneytið ákveðið lægri rúmmetratölu hverju sinni.

E. Tilboð um flutingskostnað.

Við flutning milli sendiráða eða til Íslands skal sendiráð, nema sérstakar ástæður mæli gegn því, afla tveggja eða þriggja sambærilegra tilboða frá viðurkenndum flutningafyrirtækjum. Heimildar ráðuneytisins skal leitað áður en tilboði er tekið.

F. Bókfærsla flutningskostnaðar.

Allur kostnaður sem sendiráð greiðir vegna flutnings búslóðar færist beint á reikning ríkissjóðs.

2. gr.

Bifreiðir.

Um flutningskostnað bifreiðar gildir sú regla, þegar flutt er milli starfsstaða, að ríkissjóður greiðir kostnaðinn verði starfsmaður fyrir verulegum skaða ef hann selur bifreiðina á fyrri starfsstað. Þegar svo stendur á skal samþykkis utanríkisráðuneytisins aflað fyrir fram.

Þegar starfsmaður flytur til Íslands greiðir ríkissjóður flutningskostnað bifreiðar ef starfmaður hefir starfað minnst þrjú ár erlendis og flyst til starfa í utanríkisráðuneytinu eða þegar ástæða til búslóðarflutnings er sú að starfsmaður hefir náð eftirlaunaaldri. Hafi starfsmaður látist erlendis greiðir ríkissjóður heimflutning bifreiðar sem eftirlifandi maki tekur með sér.

Aldrei greiðist flutningskostnaður fyrir fleiri en eina bifreið fyrir sömu fjölskyldu.

3. gr.

Trygging búslóðar.

Utanríkisráðurneytið hefir milligöngu um tryggingu búslóða.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í beiðni um tryggingu:

1. Hvaðan og hvert er flutt.
2. Hvaða dag tryggingin skal taka gildi og hvaða dag áætlað er að flutningi verði lokið.
3. Rúmmetrafjöldi búslóðar.
4. Með hvaða flutningstækjum búslóðin er send.
5. Hvort búslóðin verður geymd í vörugeymslu fyrir eða eftir sendingu og þá áætlaður geymslutími.
6. Hvort einhverjir munir séu í búslóðinni sem eru svo verðmætir að kaupa þurfi sérstaka tryggingu fyrir þá.

Verði tjón á búslóð í flutningi skal starfsmaður afla yfirlýsingar flutningafyrirtækis eða þess aðila sem annaðist upppökkun um tjónið og senda ráðuneytinu með bótakröfu sinni. Sé um stórtjón að ræða skal þegar í stað haft samband við utanríkisráðuneytið.

4. gr.

Geymsla búslóðar.

Þegar húsnæðisaðstæður hjá starfsmanni erlendis eða í utanríkisráðuneytinu eru þannig að hann getur ekki komið þar fyrir búslóð sem er innan eðlilegra marka getur ráðuneytið samþykkt að greiða geymslukostnað á Íslandi af þeim hluta búslóðar sem ekki rúmast í húsnæði starfsmanns. Sé verðmæti þessa búslóðarhluta lítið í hlutfalli við geymslukostnað áskilur ráðuneytið sér rétt til að óska fremur eftir sölu á þessum munum gegn greiðslu hæfilegra bóta.

5. gr.

Annar kostnaður sem af búferlaflutningi leiðir.

Þegar starfsmaður flytur til starfa við sendiráð eða heim til starfa í ráðuneytinu greiðir ríkissjóður stofnkostnað af síma, sbr. nánar reglur um greiðslur símakostnaðar sendiráðsmanna í 11. gr. 7. kafla.

Annar kostnaður sem af búferlaflutningi leiðir, t.d. húsaleigutap, breytingar á gluggatjöldum og spennu á rafmagnstækjum o.s.frv., greiðist með ákveðinni fjárhæð sem ráðuneytið ákveður hverju sinni.

6. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður við búferlaflutninga.

Ákvæði 10. kafla um ferðakostnað gilda um búferlaflutninga með breytingum og viðaukum skv. 7.–10. gr. þessa kafla.

7. gr.

Fargjöld.

Fargjöld maka sendierindreka og barna, sem hann nýtur viðbótargreiðslna fyrir, greiðast úr ríkissjóði á sama farrými og sendierindreki ferðast á. Fargjald barns, sem býr hjá starfsmanni en orðið hefir 21 árs meðan starfsmaður var erlendis, greiðist úr ríkissjóði, enda flytji það á sama tíma og starfsmaður. Eftir það greiðist enginn frekari ferðakostnaður fyrir barnið.

Við flutning frá Íslandi fær sendierindreki greitt fargjald til starfsstaðar fyrir einn einkaþjónustustarfsmann.

Nauðsynleg yfirvigt og annar kostnaður, sem greinir í 1.–4. tölul. 7. gr. 10. kafla, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Dagpeningar eða gisti- og fæðiskostnaður erlendis.

Við flutning til starfa í sendiráði fær starfsmaður dagpeninga skv. 5. gr. 10. kafla fyrir þann tíma sem ferðalagið stendur yfir. Maki sendierindreka fær 50% af dagpeningum starfsmanns, svo og börn hans á aldrinum 10–21 árs. Fyrir börn yngri en 10 ára reiknast 25% af dagpeningum starfsmanns.

Þurfi starfsmaður að búa í gistihúsi fyrir brottför frá sendiráði greiðast dagpeningar skv. 1. mgr. fyrir allt að 7 daga.

Þurfi starfsmaður að búa í gistihúsi við komu á starfsstað greiðast dagpeningar skv. 1. mgr. í allt að 14 daga. Ef sérstaklega stendur á getur ráðuneytið einnig heimilað greiðslu á dagpeningum þó að starfsmaður búi ekki á gistihúsi við komu á eða fyrir brottför frá starfsstað.

Sé lengri gistihúsadvöl en að framan greinir óhjákvæmileg á brottfarar- eða komustað er ráðuneytinu heimilt að bæta starfsmanni aukakostnað sem af því leiðir samkvæmt umsókn starfsmanns þar um.

Kjósi starfsmaður fremur að fá greiddan raunverulegan gisti- og fæðiskostnað sinn og fjölskyldu sinnar en dagpeninga skv. 1. mgr. skal hann senda ráðuneytinu frumreikninga yfir kostnaðinn til úrskurðar.

9. gr.

Dagpeningar eða gisti- og fæðiskostnaður á Íslandi.

Þegar starfsmaður flytur til Íslands eða frá Íslandi og aðstæður þar eru eins og greinir í 2. og 3. mgr. 8. gr. á hann rétt á gisti- og fæðiskostnaði fyrir sig og fjölskyldu sína samkvæmt reglum 1. mgr. 6. gr. 10. kafla.

Kjósi starfsmaður fremur dagpeninga en greiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu þeir greiddir eftir reglum 2. mgr. 6. gr. 10. kafla, þó þannig að fullir dagpeningar greiðast fyrir starfsmann og alla fjölskyldumeðlimi hans sem um ræðir í 7. gr.

10. gr.

Ferðakostnaðarreikningur þegar flutt er búferlum.

Innan mánaðar frá því búferlaflutningum lauk skal starfsmaður senda utanríkisráðuneytinu ferðakostnaðarreikning (fyrirmynd nr. 7) vegna þeirra kostnaðarliða sem um ræðir í 6.–9. mgr.

7. *Hverju nam kostnaður ráðuneytisins af flutningi:*
   a. sendiherra,
   b. annarra starfsmanna utanríkisþjónustunnar,
   skipt eftir árum 1991–95?

Eftirfarandi er heildarkostnaður ráðuneytisins af flutningi starfsmanna þess árin 1991–95 (frekari sundurliðun liggur ekki fyrir):

Ár	Kr.
1991	26.272.669
1992	23.346.293
1993	19.363.998
1994	27.686.493
1995	35.011.439

Þess skal getið að kostnaður af búferlaflutningum starfsmanna það sem af er þessu ári nemur 16.157.614 kr. Ekki er gert ráð fyrir frekari kostnaði á árinu.

172. Fyrirspurn [155. mál]

til menntamálaráðherra um framtíð Hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður hefur ráðuneytið til að leggja til við fjárlagagerð að miða skuli við, eins og segir í texta fjárlagafrumvarps, „að starfsemi Hússtjórnarskólans á Hallormsstað verði hætt í núverandi mynd um mitt næsta ár og húsnæði hans afhent Menntaskólanum á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að skólinn geti m.a. starfrækt þar nám í samráði við hagsmuna- eða áhugahópa sem greiðist af þátttakendum“?
2. Er ráðherra reiðubúinn, með tilliti til þess að nám í hússtjórnarfræðum er nú óvíða í boði á framhaldsskólastigi og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað annar ekki eftirspurn, að stuðla að því að skólinn geti orðið hagkvæmari rekstrareining með því að kennslurými við hann verði aukið?

173. Fyrirspurn [156. mál]

til landbúnaðarráðherra um beingreiðslur til bænda.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

Hversu margir bændur (lögbýli) fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári:
a. undir 50 þús.kr. á mánuði,
b. 50–100 þús.kr. á mánuði,
c. 100–150 þús.kr. á mánuði,
d. 150–200 þús.kr. á mánuði,
e. yfir 200 þús.kr. á mánuði?

Skriflegt svar óskast.

174. Fyrirspurn [157. mál]

til iðnaðarráðherra um olíuleit innan íslenskrar lögsögu.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni og Guðna Ágústssyni.

1. Hvað hefur verið gert til að kanna hvort olía finnst innan íslenskrar lögsögu?
2. Hvað hyggst ráðherra gera til að fá svar við þeirri spurningu?

Skriflegt svar óskast.

175. Fyrirspurn [158. mál]

til heilbrigðisráðherra um upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvernig hefur sú 12 millj. kr. fjárveiting, sem veitt var til barna- og unglingageðdeildar Ríkisspítalanna til að koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, verið nýtt? Hvernig hefur starfsemi hennar verið kynnt? Hver er reynslan af því sérstaka átaki sem gera átti til þjónustu við foreldra barna og unglinga í verulegum vímuefnavanda?

Skriflegt svar óskast.

176. Frumvarp til laga [159. mál]

um landmælingar og kortagerð.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Tilgangur og skipulag.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja að ávallt séu til nauðsynlegar staðfræðilegar og landfræðilegar upplýsingar um landið og að unnið sé að söfnun og úrvinnslu upplýsinga er hafa gildi fyrir landmælingar og kortagerð á Íslandi.

2. gr.

Ríkið rekur stofnun er nefnist Landmælingar Íslands og heyrir undir umhverfisráðherra. Stofnuninni er falið að vinna að þeim verkefnum sem eru á ábyrgð stjórnvalda og lögin kveða á um.

3. gr.

Ráðherra skipar stofnuninni stjórn eftir hverjar alþingiskosningar sem í eiga sæti þrír menn, þar af einn formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin hefur forgöngu um að móta starfseminni stefnu er tryggi sem best heildarhagsmuni þjóðarinnar á sviði landmælinga, kortagerðar og landfræðilegra upplýsinga. Stjórnin samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir stofnunarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal hafa viðhlítandi menntun og þekkingu á starfseminni.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd mótaðrar stefnu og fjárhagsafkomu. Hann ræður annað starfsfólk í samráði við stjórn.

II. KAFLI
Verkefni.

5. gr.

Verkefni á sviði landmælinga og kortagerðar eru samkvæmt lögum þessum:

1. Gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.
2. Landfræðilegar og staðfræðilegar mælingar. Í því felst m.a. að leggja út hnitakerfi fyrir landið allt og tryggja viðhald og nákvæmni mælipunkta.
3. Viðhald nauðsynlegra grunnupplýsinga um hnitakerfið svo sem hvaða mælingar séu til, hver hafi framkvæmt þær, áreiðanleiki þeirra og aðgengi.
4. Öflun gagna og úrvinnsla á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu.
5. Útgáfa og endurnýjun korta af landinu í prentuðu og stafrænu formi. Kortin sýni sem réttasta mynd af landinu á hverjum tíma. Heimilt er að gefa út kort á kostnað hagsmunaaðila.
6. Kortlagning örnefna.

7. Að gæta hagsmuna stjórnvalda í erlendu samstarfi á sviði landmælinga og kortagerðar að því marki sem umhverfisráðherra ákveður.
8. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Ráðherra getur falið öðrum en Landmælingum Íslands að annast ákveðna verkþætti skv 5. gr.

7. gr.

Aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, skulu gæta samræmis í vinnslu og vistun gagna og tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð mælinga- og kortagerðarverkefni.

8. gr.

Hverjum þeim er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti þannig að gögn fáist sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum er skylt að skila fullkomnum mæligögnum til Landmælinga Íslands ef óskað er eftir.

III. KAFLI
Verkefnaáætlun.

9. gr.

Landmælingar Íslands láta gera áætlun til fjögurra ára í senn um verkefni stofnunarinnar er taki m.a. mið af fyrirhuguðum framkvæmdum innan lands er krefjast landmælinga eða kortagerðar. Skal áætlunin byggjast á raunhæfum fjárhagsforsendum og verkefnum raðað í forgangsröð.

Áætlun þessa skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til næstu fjögurra ára.

Landmælingar Íslands skulu senda umhverfisráðuneyti verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins.

IV. KAFLI
Höfunda- og afnotaréttur.

10. gr.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

11. gr.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.

V. KAFLI
Fjármögnun.

12. gr.

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á sérhæfðri þjónustu, afnotum af gögnum í vörslu stofnunarinnar og framleiðslu, þar með töldum kortum og stafrænum upplýsingum sem byggjast á upplýsingagrunni stofnunarinnar.
2. Með sölu á sérhæfðri þjónustu á sviði loftmynda og fjarkönnunar, landmælinga og kortagerðar sem sérstaklega er óskað eftir af viðskiptavinum stofnunarinnar.
3. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna.

Gjaldtaka skal ákvörðuð í gjaldskrá.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

13. gr.

Gjaldskrá skv. 12. gr. skal liggja frammi á hverjum tíma. Gjaldskrá er háð samþykki ráðherra.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist vegna landmælinga.

15. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 31/1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var 21. febrúar 1995 til þess að fara yfir og endurskoða starfsemi Landmælinga Íslands, sbr. lög nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands, en í þeim lögum er ákvæði um endurskoðun að þremur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Nefndinni var sérstaklega ætlað að fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Að skilgreina framtíðarhlutverk Landmælinga Íslands í stjórnsýslu og framkvæmd kortagerðar á vegum ríkisins og tengsl stofnunarinnar við innlenda og erlenda aðila sem annast landmælingar og kortagerð.
2. Að gera tillögur um hentugt rekstrarform stofnunarinnar með hliðsjón af framtíðarhlutverki.
3. Að fjalla um höfundarétt stofnunarinnar á kortum sem hún framleiðir og hvernig best megi tryggja þann rétt.
4. Að vinna frumvarp til laga um Landmælingar Íslands með hliðsjón af breyttu hlutverki stofnunarinnar.

Nefndinni var ætlað að hafa náið samráð við forstjóra Landmælinga Íslands og aðra aðila sem málið varðar, svo sem stofnanir sem vinna að landmælingum og kortagerð, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra stærri notendur þjónustu á sviði landmælinga og kortagerðar. Nefndinni var enn fremur ætlað að starfa að verkefninu í náinni samvinnu við Hagsýslu ríkisins.

Í nefndinni áttu sæti: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti, sem jafnframt er formaður, Hrafn Hallgrímsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneyti, ritari, og Jón Magnússon, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti. Með nefndinni starfaði Snævar Guðmundsson, viðskiptafræðingur hjá Hagsýslu ríkisins.

Störf nefndarinnar.

Nefndin lagði áherslu á að ná til þeirra stofnana sem háðar eru landmælingum og kortagerð í störfum sínum, auk þess sem sérstaklega var leitað til starfsmanna, forstjóra, skrifstofu- og deildarstjóra Landmælinga Íslands. Kallað var til fundar með forsvarsmönnum Landsvirkjunar hf., Vegagerðarinnar, Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skipulags ríkisins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Að loknum fundum með þessum aðilum voru kynnt drög að lagafrumvarpi. Þeir sem skiluðu skriflegum athugasemdum og óskuðu eftir að fá að hitta nefndina voru kallaðir til fundar þar sem farið var yfir athugasemdirnar lið fyrir lið.

Gildandi lög og söguleg þróun landmælinga og kortagerðar.

Landmælingar Íslands starfa samkvæmt lögum nr. 31/1985, með breytingum í lögum nr. 47/1990, en þá var starfsemi stofnunarinnar færð frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Landmælingar urðu hins vegar sjálfstæð stofnun árið 1956 þegar ein deild vegamálaskrifstofunnar var gerð að sérstakri stofnun undir heitinu Landmælingar Íslands. Fram til ársins 1956 höfðu Danir séð um mælingar og kortagerð í landinu sem hófst upp úr aldamótum og lauk 1944. Landmælingar Íslands gerðu samning við Geodetisk Institut í Danmörku árið 1973 um höfunda- og útgáfurétt Íslandskorta sem var þá formlega afhentur Landmælingum Íslands.

Ísland kemur við sögu landakorta þegar um árið 1000. Á þessum tíma er Ísland sýnt á heimskorti eftir ókunnan höfund. Fyrsti íslenski kortagerðarmaðurinn, sem vitað er um, var Guðbrandur Þorlákssson Hólabiskup (1541–1627). Honum er eignað Íslandskort sem ber ártalið 1585 og gefið var út árið 1590 en Guðbrandur var einhver fjölmenntaðasti Íslendingur síns tíma. Hann var stærðfræðingur og mældi og reiknaði út hnattstöðu Hóla í Hjaltadal með undraverðri nákvæmni. Í hálfa aðra öld var kort hans haft til grundvallar þeim Íslandskortum sem birt voru.

Næsti sérfræðingurinn í mælingum og kortagerð var Björn Gunnlaugsson, stærðfræðingur og kennari (1788–1876). Hið íslenska bókmenntafélag réð hann til að gera kort af Íslandi sem gefið var út árið 1844 og flestir Íslendingar kannast við. Kort hans var lengi notað, m.a. sem kennslukort, eða í u.þ.b. eitt hundrað ár.

Upp úr síðustu aldamótum var lagður grunnur að þeim mælingum sem kort af Íslandi hafa byggst á til þessa. Að tilhlutan Íslandsmálaráðuneytisins gaf danska hermálaráðuneytið út tilskipun til landmælingadeildar hersins um að leggja grundvöll að nýrri mælingu á Íslandi. Landmælingar hófust á því að tveir flokkar mælingamanna hornamældu, annar frá Höfn í Hornafirði og vestur með suðurströndinni en hinn frá Reykjavík og austur með suðurströndinni. Haustið 1920 þegar lokið hafði verið við að mæla einn þriðja hluta landsins, þ.e. á Suðurlandi og Vesturlandi, var verkinu frestað vegna fjárskorts. Ár-

ið 1928 var danska landmælingastofnunin, Geodetisk Institut, stofnuð og leysti hún herforingjaráðið af hólmi við Íslandsmælingarnar. Aftur var hafist handa við mælingar árið 1930 og unnið sleitulaust þar til verkinu var að mestu lokið haustið 1939, en það var ekki fyrr en árið 1944 að rekinn var endahnútur á kortlagninguna.

Í lok síðari heimsstyrjaldarinnar gáfu Danir út kort í mælikvarðanum 1:100.000 sem byggðust á áðurnefndum mælingum. Þessi kort (Atlasblöðin) eru enn þá gefin út, endurskoðuð af Landmælingum Íslands. Þá er í gildi samningur milli Íslands og Bandríkjanna um kortagerð í mælikvarðanum 1:50.000 og er hér um að ræða um 200 kort af landinu öllu. Þegar hafa verið gefin út rúmlega 100 kort. Samnings- og samstarfsaðili Landmælinga Íslands er kortastofnun Bandaríkjanna (DMA). Á árunum 1948–50 komu út um 300 kort í mælikvarðanum 1:50.000 á vegum Kortastofnunar Bandaríkjahers (AMS).

Landmælingum Íslands er skipt í fimm deildir, fjarkönnunardeild, kortadeild, mælingadeild, skrifstofudeild og markaðs- og söludeild, og heyrir stofnunin undir umhverfisráðherra. Stofnunin hefur á boðstólum um 700 kortatitla og 130.000 loftmyndir af landinu öllu, sem teknar eru á tímabilinu 1937–1994. Loftmyndir eru teknar á hverju sumri samkvæmt pöntun frá stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum og einnig vegna kortagerðar fyrir stofnunina sjálfa.

Auk framleiðslu hefðbundinna loftmynda sem unnar eru á fjarkönnunardeild er unnið að stafrænni vinnslu gervitunglamynda. Þannig hafa Landmælingar Íslands látið gera gróðurmynd af Íslandi í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins sem byggð er á tólf gervitunglamyndum sem teknar voru á árunum 1986–92.

Á kortadeild er hægt að fá gerð ýmis sérkort og kort á tölvutæku formi, en þeim kortum fer fjölgandi á markaðnum. Ýmsar aðrar stofnanir og fyrirtæki annast kortagerð hér á landi, aðallega vegna skipulagsmála, rannsókna og mannvirkjagerðar. Þjónusta Landmælinga Íslands við þessa aðila er í formi loftmynda og ýmissa grunngagna.

Til þess að gefa nokkra mynd af starfsemi Landmælinga Íslands á síðari árum skal þess getið að á árinu 1993 var mælt nýtt grunnstöðvanet (Ísnet 93) sem kemur í stað eldra þríhyrninganets sem mælt var á árunum 1955 og 1956. Nýja netið var mælt með GPS-staðsetningarbúnaði. Það verður grundvöllur kortagerðar og verklegra framkvæmda í framtíðinni. Sumarið 1994 mældu Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun og Vegagerðin hæðir til 63 stöðva í grunnstöðvanetinu. Þessar mælingar voru liður í því að afla gagna til að reikna út lágflöt fyrir Ísland. Sumarið 1995 mældu Landmælingar Íslands í samvinnu við nokkrar íslenskar stofnanir og þýsku landmælingastofnunina IfAG (Institut für Angewande Geodäsie) með GPS-búnaði. Var það gert til þess að ákveða tengsl eldra mælingakerfis á Íslandi, svokallaðs Hjörseyjarkerfis frá 1955, við grunnstöðvanet sem mælt var með GPS-búnaði árið 1993.

Framtíð landmælinga og kortagerðar.

Gildandi lög um Landmælingar Íslands eru lög nr. 31/1985, með breytingu nr. 47/1990, en þá færðist stofnunin frá samgönguráðuneyti til nýstofnaðs umhverfisráðuneytis. Að mati endurskoðunarnefndar er helsti galli laganna sá að þau fjalla ekki um málaflokkinn sem slíkan, þ.e. landmælingar og kortagerð, heldur eingöngu um stofnunina Landmælingar Íslands. Þannig skortir ákvæði um málaflokkinn í heild auk þess sem ákvæði laganna um stjórnsýsluhlutverk Landmælinga eru ófullnægjandi. Ekki er að fullu ljóst hver eru markmiðin með framkvæmd landmælinga þar sem lögin taka eingöngu á þeim verkefnum sem Landmælingum er ætlað að vinna og skyldum annarra aðila til þess að afhenda Landmælingum gögn. Einnig fjalla lögin um höfunda- og útgáfurétt sem er

ekki í samræmi við meginreglur höfundaréttar, svo og um fjármögnun starfsemi Landmælinga Íslands sem er ekki í samræmi við núverandi framkvæmd. Þá er og sá galli á framkvæmd laganna að ákvæði þeirra um gerð verkáætlunar hefur aldrei verið framfylgt. Á öllum þessum atriðum er reynt að taka í frumvarpinu, sbr. kafla um helstu nýmæli frumvarpsins og athugasemdir við einstaka greinar þess.

Það er mat nefndarinnar að rekstrarformi stofnunarinnar skuli ekki breytt, þ.e. að hún skuli áfram vera ríkisstofnun, svokölluð A-hluta stofnun. Í staðinn eru verkefni ríkisins á sviði landmælinga og kortagerðar, sem Landmælingum Íslands er falið að vinna að, skilgreind ítarlega, þ.e. skyldur ríkisins til þess að reka tiltekna starfsemi. Nefndin hefur leitað upplýsinga um starfsemi landmælinga og kortastofnana í nágrannalöndunum og hefur verið horfið frá því að breyta rekstrarformi þeirra t.d. í hlutafélagaform eins og áform voru um fyrir ártug eða svo. Þar eru hafðar til hliðsjónar skyldur hins opinbera á sviði landmælinga og kortagerðar. Einnig að ýmis verkefni og viðhald grunnupplýsinga sé kostnaðarsamara en svo að því verði velt yfir á einstaka kaupendur þjónustu.

Nefndin fjallaði sérstaklega um höfundarétt Landmælinga Íslands á kortum sem stofnunin framleiðir og leggur til að hann verði eign ríkisins en ekki stofnunarinnar auk þess sem lagt er til að fylgt verði reglum höfundaréttarins, sbr. lög nr. 73/1972, með síðari breytingum, svo sem um fyrningu höfundaréttar.

Með sérstakri skírskotun til örrar þróunar í landmælingum og kortagerð er ljóst að í framtíðinni verður aukin þörf fyrir kort og landfræðilegar upplýsingar á stafrænu formi. Þannig munu landfræðileg gagnasöfn á stafrænu formi verða grunnur í landfræðilegum upplýsingakerfum en þau gegna mikilvægu hlutverki við skipulag og stjórnsýslu. Framtíðarhlutverk Landmælinga Íslands, sem lagt er til að verði stjórnsýslustofnun á sviði landmælinga og kortagerðar, verður fyrst og fremst öflun, úrvinnsla og geymsla landfræðilegra gagna. Einnig verður það hlutverk Landmælinga að sinna þörfum samfélagsins fyrir landfræðilegar upplýsingar, svo sem stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, og tryggja gæði gagnanna. Stofnunin yrði þannig að taka virkan þátt í upplýsingasamfélaginu og bera ábyrgð á því sviði innan landmælinga og kortagerðar sem eru sameiginlegur grunnur fyrir landupplýsingakerfi og taka þátt í að tengja landfræðileg gagnasöfn við önnur gagnasöfn þjóðfélagsins.

Landmælingar yrðu að viðhalda stafrænum kortum og landfræðilegum gagnasöfnum, þróa möguleika á samtengingu við önnur gagnasöfn og vera miðstöð þekkingar og aðferðafræði á sviði landmælinga og kortagerðar. Sem framleiðandi yrðu Landmælingar að bjóða vörur og þjónustu, svo sem kort og landfræðileg gögn samkvæmt óskum viðskiptamanna.

Nauðsynlegt er að treysta tengsl við útlönd og í því skyni yrðu Landmælingar Íslands að stuðla að samvinnu við erlenda aðila á sviði kortagerðar og landfræðilegra upplýsinga, koma fram sem fulltrúi Íslands erlendis, vernda hagsmuni landsins og skiptast á vitneskju á þessu sviði.

Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins.

Lagt er til að lögin nái til málaflokksins alls, þ.e. landmælinga og kortagerðar og kveðið er á um yfirstjórn umhverfisráðuneytisins og um hlutverk Landmælinga Íslands sem stjórnsýslustofnunar.

Kveðið er á um hver skuli vera markmið laga um landmælingar og kortagerð.

Verkefni Landmælinga eru skilgreind með ítarlegri hætti en áður og heimilað að gerðir verði samningar við aðra aðila um framkvæmd einstakra verkþátta og verkefna.

Kveðið er á um sérstaka stjórn yfir stofnuninni.

Kveðið er á um skyldur til samræmingar vinnslu og vistunar gagna er tengjast landmælingum og kortagerð.

Lögð er af skylda til að leggja verkefnaáætlanir fyrir Alþingi, en þær skulu áfram lagðar fyrir umhverfisráðherra.

Kveðið er á um höfunda-, afnota- og útgáfurétt ríkisins á því sem Landmælingar Íslands vinna og vísað til höfundalaga, nr. 73/1972, eftir því sem við á.

Heimild er til að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði kortagerðar.

Fjármögnun og gjaldskrárákvæði eru gerð skýrari og færð til raunveruleikans.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Fjallað er um landmælingar og kortagerð sem sérstakan málaflokk er falli undir umhverfisráðuneytið, en í núgildandi lögum er ekki greint á milli málaflokksins og stofnunarinnar sem annast framkvæmd laganna. Tilgangurinn er að tryggja samræmda söfnun og úrvinnslu upplýsinga á sviði landmælinga og kortagerðar sem hagsmunaaðilar hafi aðgang að.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að ríkið reki stofnun sem beri áfram heitið Landmælingar Íslands og heyri undir umhverfisráðherra. Hlutverk Landmælinga sem stjórnsýslustofnunar er að vinna að þeim verkefnum sem lögin kveða á um. Í 1. og 2. gr. er þannig gerður greinarmunur á almennum tilgangi með lögunum og hver skuli annast framkvæmdina.

Um 3. gr.

Í ljósi þess að landmælingar og hvers konar landfræðileg gagnaöflun verður stöðugt mikilvægari þáttur í stjórnsýslunni og að notkun upplýsinga snertir fjölmarga málaflokka, stofnanir og ráðuneyti þykir ástæða til að efla stefnumörkun á þessu sviði frá því sem nú er. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi stofnuninni þriggja manna stjórn eftir hverjar alþingiskosningar sem veiti henni forustu og staðfesti jafnframt starfs- og fjárhagsáætlanir hennar, en samkvæmt gildandi lögum er engin stjórn yfir stofnuninni.

Um 4. gr.

Forstjóri skal skipaður til fimm ára í senn og er það í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Gerð er krafa um að hann hafi viðhlítandi menntun og þekkingu.

Um 5. gr.

Í meginatriðum eru verkefni ríkisins á sviði landmælinga og kortagerðar þau sömu og í gildandi lögum þótt áherslur séu aðrar. Í 1. tölul. er kveðið á um forgang við gerð leiðbeininga og notkun staðla, en ekki að Landmælingar skuli setja staðla eins og samkvæmt gildandi lögum. Í 3. tölul. er sérstakt ákvæði um að viðhalda grunnupplýsingum, svo sem hvaða mælingar séu til, hver hafi annast framkvæmdina, áreiðanleika þeirra og aðgengi. Í 5. tölul. er ítrekað að kort eigi ekki aðeins að vera í prentuðu formi heldur einnig á tölvutæku stafrænu formi. Þar er einnig ákvæði sem heimilar útgáfu korta á kostnað hagsmunaaðila. Í 7. tölul. er nýmæli er varðar gæslu hagsmuna hins opinbera í erlendu samstarfi á sviði landmælinga og kortagerðar.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli og felur í sér að Landmælingar Íslands þurfi ekki að annast öll verkefni sem lögin kveða á um. Þannig megi semja við aðila utan stofnunarinnar um framkvæmd verkefna, ef hagkvæmt þykir, þótt umsjón og eftirlit sé í höndum Landmælinga Íslands.

Um 7. gr.

Gengið er nokkru lengra í þessari grein en í gildandi lögum þar sem allir aðilar þurfa að tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð verkefni á sviði mælinga og kortagerðar, en ekki einungis opinberir aðilar eins og í gildandi lögum. Þá skulu aðilar gæta samræmis í vinnslu og vistun gagna.

Um 8. gr.

Varðandi skil gagna ná þau aðeins til þeirra gagna sem Landmælingar Íslands óska eftir, en í gildandi lögum eru engar undantekningar gerðar þar á. Í ljósi þess hve magn upplýsinga er mikið í tæknisamfélagi nútímans og hvernig geymslumöguleikar hafa þróast er ekki talin þörf á að safna og varðveita nema valdar upplýsingar. Í þessu felst þó áfram að Landmælingar Íslands eru sá aðili sem ber ábyrgð á söfnun grunnupplýsinga, sbr. 3. tölul. 5. gr.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að þess er ekki lengur krafist að ráðherra leggi verkefnaáætlun fyrir Alþingi og að Alþingi þurfi að hafa hana til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Ekki er talið eðlilegt setja slíkar skuldbindingar inn í lagatexta. Ákvæði um að gerð sé áætlun um verkefni stofnunarinnar er áfram til staðar.

Um 10. gr.

Í ljósi þess að um víðtækan málaflokk er að ræða er höfunda-, afnota- og útgáfuréttur ekki lengur eign stofnunarinnar eins og í gildandi lögum heldur verði þessi réttindi eign ríkisins. Landmælingum Íslands verði hins vegar falið að gæta hagsmuna ríkisins á þessu sviði. Í gildandi lögum er höfunda-, afnota- og útgáfuréttur ótímabundinn en í greininni er ekki gerð ríkari krafa um höfundarétt til handa ríkinu en almennt tíðkast en vitnað til höfundalaga varðandi nánari túlkun á höfundarétti.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein er hnykkt á um hlutverk Landmælinga Íslands á sviði upplýsingamiðlunar. Hins vegar er sett inn ákvæði þess efnis að frumgögnum sem eiga uppruna utan stofnunar sé ekki dreift eða ráðstafað á annan hátt án samráðs við upprunaaðila. Þar er m.a. átt við frumgögn sem hagsmunaaðilar hafa greitt fyrir fullu verði en eru vistuð hjá Landmælingum Íslands.

Í síðari málsgrein er Landmælingum Íslands heimilað að veita afnot af öllum upplýsingum í vörslu stofnunarinnar. Almenn skilyrði eru einungis að getið sé um uppruna upplýsinga og að áreiðanleika sé ekki stefnt í tvísýnu.

Um 12. gr.

Grundvallarmunur er á þessari grein og 12. gr. gildandi laga. Ákvæði um sérstakt stimpilgjald af hverju korti, sem renni til ríkissjóðs, er fellt niður ásamt þeim undanþágum sem fylgdu greiðslu stimpilgjalds. Eigin fjármögnun byggist þess í stað á sölu sérhæfðrar þjónustu og greiðslum fyrir afnot af gögnum í vörslu stofnunarinnar, ásamt sölu korta. Þá hefur stofnunin heimild til að taka þjónustugjöld vegna afgreiðslu gagna. Að öðru leyti skulu framlög ákvörðuð í fjárlögum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 14. gr.

Ekki er um efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um landmælingar og kortagerð.

Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var til að fara yfir og endurskoða starfsemi Landmælinga Íslands. Núgildandi lög fjalla eingöngu um stofnunina Landmælingar Íslands en frumvarpið felur í sér ákvæði um landmælingar og kortagerð í heild sinni. Aðrar breytingar eru m.a. að verkefni stofnunarinnar eru skýrar skilgreind, ráðherra getur falið öðrum en Landmælingum Íslands að annast ákveðna verkþætti og ákvæði um fjármögnun og gjaldtöku eru aðlöguð núverandi framkvæmd.

Ekki er lögð til breyting á rekstrarformi stofnunarinnar en það er nýmæli að umhverfisráðherra skipi stofnuninni þriggja manna stjórn. Að mati fjármálaráðuneytis getur kostnaðarauki vegna stjórnar orðið allt að 0,5 m.kr. en að öðru leyti leiðir frumvarpið ekki til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

177. Beiðni um skýrslu [160. mál]

frá menntamálaráðherra um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi.

Frá Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kennslu, nám og rannsóknir í skólum á háskólastigi hérlendis og samanburð þessa við önnur ríki OECD, svo og um þróun kostnaðar við háskólastigið undanfarin ár.

Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Hver hefur verið þróun hjá skólum á háskólastigi (skólum sem veita háskólagráðu og lægri háskólapróf) í fjölda nemenda, kennara og annarra starfsmanna sl. 20 ár, skipt eftir einstökum árum, skólum og eftir kyni?
2. Hver hefur verið kostnaður við kennslu og rannsóknir á háskólastigi sl. 20 ár, skipt eftir einstökum árum og á sambærilegu verðlagi?
3. Hver hefur verið kostnaður á hvern nemanda í skólum á háskólastigi sl. 20 ár, skipt eftir árum, námssviðum og á sambærilegu verðlagi?
4. Hver hefur hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi verið hérlendis (háskólagráða) á námssvið sl. 20 ár, borið saman við önnur ríki OECD?
5. Hver hefur kostnaður við Háskóla Íslands verið sl. 20 ár, borinn saman við sambærilega háskóla erlendis, á hvern nemanda og skipt eftir einstökum háskóladeildum?
6. Hvernig hefur menntun fastráðinna kennara við skóla á háskólastigi hérlendis verið háttað (háskólagráða) sl. 20 ár, flokkuð eftir BA/BS-, kandídats-, meistara- og doktorsgráðu?
7. Hve stór hluti þjóðarinnar hefur lokið háskólaprófi hérlendis og erlendis sl. 40 ár, borið saman við önnur ríki OECD?
8. Hversu stór hluti þjóðarinnar stundaði nám á háskólastigi sl. 20 ár hérlendis og erlendis, skipt eftir einstökum árum og borið saman við önnur ríki OECD?
9. Hvert er fyrirkomulag stjórnsýslu við skóla á háskólastigi hérlendis í samanburði við sambærilega háskóla erlendis?
10. Hver hefur fjöldi starfsmanna verið í stjórnsýslu við skóla á háskólastigi hérlendis sl. 20 ár borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
11. Hversu margir starfsmenn sinntu stjórnsýslu skóla á háskólastigi hérlendis sl. 20 ár, annars vegar á hvern fastráðinn kennara og hins vegar á hvern nemanda, borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
12. Hver hafa verið framlög, opinber framlög og önnur, til rannsókna- og þróunarstarfsemi sl. 20 ár, skipt eftir árum og á sambærilegu verðlagi, svo og samanburður á þessum framlögum við framlög í öðrum ríkjum OECD miðað við hlutfall af vergri landsframleiðslu?
13. Hver hafa verið opinber framlög til háskólastigsins (háskólagráða) sem hlutfall af ríkisútgjöldum og af vergri landsframleiðslu sl. 20 ár í samanburði við opinber framlög í öðrum ríkjum OECD?

14. Hvernig er löggjöf háttað í meginatriðum í nágrannalöndum varðandi kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi (háskólagráða) borið saman við íslenska löggjöf?
15. Hvert hefur verið umfang rannsókna í íslenskum skólum á háskólastigi (háskólagráða) sl. 20 ár í samanburði við sambærilega háskóla erlendis?
16. Hvert hefur verið hlutfall aðstoðarfólks í kennslu og rannsóknum á hvern fastráðinn kennara við skóla á háskólastigi hérlendis sl. 20 ár borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
17. Hvernig er samvinnu skóla á háskólastigi háttað hérlendis miðað við önnur lönd?
18. Hversu stór hluti nemenda við nám á háskólastigi sl. 20 ár kom af landsbyggðinni, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins, borið saman við hlutfall íbúa?
19. Hver hefur verið fjöldi nemenda á hvern fastráðinn kennara við skóla á háskólastigi hérlendis sl. 20 ár, borið saman við sambærilega háskóla erlendis?
20. Hvernig er háttað stuðningi við námsmenn á háskólastigi (lán og/eða styrkir) hérlendis miðað við önnur ríki OECD?
21. Hver er áætluð þróun háskólastigsins hérlendis næstu 20 ár miðað við önnur ríki OECD?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi þegar henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi skipta verulega máli fyrir lífskjör í framtíðinni. Flestar nágrannaþjóðir okkar leggja mikla áherslu á að auka og bæta menntun landsmanna sinna, ekki síst á háskólastigi. Ljóst er að Íslendingar verða að vinna að stefnumótun á þessu sviði á markvissan hátt í ljósi breyttra aðstæðna og samkeppnisstöðu landsins á næstu öld. Umræða um menntamál, ekki hvað síst um háskólamenntun, er ekki einkamál skóla- og stjórnmálamanna heldur mál alls almennings.

Stefnumótandi umræða um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi hefur ekki verið almenn hérlendis og er tilgangur þessarar skýrslubeiðni að afla upplýsinga sem eru forsenda fyrir málefnalegri umræðu um fyrirkomulag háskólakennslu og rannsókna hér á landi. Ýmsar gagnlegar upplýsingar um háskólastigið hafa birst í nýrri tölfræðihandbók um menntun og menningu sem menntamálaráðuneytið gaf út á þessu ári, en hér er farið fram á aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu er háskólstigi skipt í tvennt, þ.e. skólar sem bjóða nám til háskólagráðu, en þeir eru sex hérlendis, og skólar sem bjóða nám til lægri gráðu á háskólastigi, en sjö sérskólar krefjast stúdentsprófs til inngöngu.

Skólar sem bjóða nám til háskólagráðu eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Samvinnuháskólinn á Bifröst, Tækniskóli Íslands og Bændaskólinn á Hvanneyri. Skólar sem bjóða nám til lægri prófgráðu á háskólastigi eru Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, sérdeildir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands og sérdeildir Tónlistarskólans í Reykjavík.

Sérstakra upplýsinga er óskað ýmist um alla skóla á háskólastigi eða eingöngu þá sem veita háskólagráðu. Jafnframt er leitað upplýsinga um Háskóla Íslands en um 70% allra stúdenta á háskólastigi stunda nám við þann skóla og um 90% allra háskólarannsókna fara fram við hann. Einnig er óskað upplýsinga um aðra þætti sem tengjast háskólanámi, svo sem menntun kennara, stjórnsýslu skóla, samvinnu á háskólastigi, löggjöf og stuðning við nemendur.

Farið er fram á upplýsingar um þróun mannahalds í skólum, svo og kostnað við kennslu. Leitað er upplýsinga um dreifingu nemenda á námssvið í samanburði við önnur lönd og um kostnað við Háskóla Íslands en því er oft haldið fram að hann sé sveltur fjárhagslega.

Óskað er upplýsinga um menntun kennara, hversu víðtæk háskólamenntun er hérlendis og hve stór hluti þjóðarinnar stundar og hefur stundað háskólanám hérlendis og erlendis. Leitað er upplýsinga um fyrirkomulag stjórnsýslu og umfang hennar miðað við fjölda kennara og nemanda. Enn fremur er óskað eftir upplýsingum um framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi, en ýmsir telja að á því sviði séu Íslendingar eftirbátar annarra þjóða. Einnig er farið fram á upplýsingar um umfang rannsókna hérlendis í samanburði við umfang þeirra í öðrum löndum, svo og um hlut aðstoðarfólks við kennslu og rannsóknir.

Jafnframt er óskað eftir að skýrt verði frá hvernig samvinna er hérlendis innan háskólastigsins. Fjöldi nemenda af landsbyggðinni óskast tilgreindur í samanburði við íbúadreifingu landsmanna og fjölda nemenda á hvern kennara í alþjóðlegum samanburði. Einnig er óskað eftir að gerð verði grein fyrir löggjöf hérlendis miðað við önnur lönd, svo og hvernig stuðningi við nemendur er háttað hérlendis og hver sé áætluð þróun háskólastigsins. Í flestum tilvikum er beðið um upplýsingar fyrir síðustu 20 ár til að hafa samanburð yfir lengra tímabil og geta dregið ályktanir af þróuninni.

Allur þingflokkur jafnaðarmanna biður um skýrsluna en jafnaðarmenn hafa af því miklar áhyggjur að ekki sé nægjanleg áhersla lögð á háskólamenntun og rannsóknir og það muni koma niður á lífskjörum á næstu öld. Skýrslunni er ætlað að auðvelda umræðu um úrbætur.

178. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um samstarf Íslendinga, Dana, Færeyinga og Grænlendinga um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi.

Flm.: Árni Steinar Jóhannsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja viðræður við Dani, Færeyinga og Grænlendinga með það í huga að treysta samstarf þessara þjóða í sjávarútvegsmálum, ekki síst að því er varðar nýtingu þess kvóta sem Grænlendingar selja til Evrópusambandsins.

Greinargerð.

Tillagan miðar að því að hafnar verði viðræður við Dani, Færeyinga og Grænlendinga um sameiginlega nýtingu þjóðanna á fiskveiðikvóta Grænlendinga í Norður-Atlantshafi.

Sala Grænlendinga á kvóta til Evrópusambandsins og fleiri aðila er að hluta forsenda fyrir veiðum þessara þjóða og eykur það álagið við lögsögumörk Íslands, m.a. á Reykjaneshrygg. Náist samkomulag um að Íslendingar, Danir og Færeyingar gangi inn í kaup á kvóta sem Grænlendingar selja til annarra mun það án efa styrkja stöðu Íslands í framtíðinni við gerð tillagna um nýtingu fiskstofna utan lögsögu suður af landinu.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

179. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa farið fram á undanförnum árum um flutning ríkisstofnana frá höfuðborgarsvæðinu og út á landsbyggðina. Um það efni hafa verið lagðar fram skýrslur og tillögur en tiltölulega lítið orðið úr framkvæmdum. Skemmst er þó að minnast velheppnaðs flutnings höfuðstöðva Skógræktar ríkisins til Egilsstaða og embættis veiðistjóra til Akureyrar. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að flytja Landmælingar Íslands til Akraness á miðju ári 1999.

Þótt vitaskuld séu full rök fyrir þessum ákvörðunum hafa þær ævinlega haft í för með sér togstreitu og deilur. Það má hins vegar ekki verða til þess að horfið verði frá því að staðsetja einstakar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins.

Hið opinbera er stærsti vinnuveitandi á Íslandi. Enginn vafi er þess vegna á því að staðsetning ríkisfyrirtækja og opinberrar stjórnsýslu getur verið ráðandi um það hvar menn kjósa sér búsetu. Framboð atvinnu ræður því oft hvar fólk sest að. Þegar stærsti vinnuveitandinn kýs að koma starfsemi sinni fyrir að mestu á einum stað er augljóst að það hefur mikil áhrif á búsetuþróun í landinu.

Þjóðfélagið tekur miklum og örum breytingum sem flestar eru óumflýjanlegar. Það kallar á stöðuga endurskoðun á mjög mörgum sviðum. Ríkið er þar engin undantekning. Skipulag opinberrar þjónustu verður að breytast með breyttum tímum. Ríkisstofnanir eru lagðar niður og aðrar koma í staðinn, jafnvel á nýju sviði þar sem þörf krefur. Í sjálfu sér skiptir ekki máli hvort menn ætla ríkisvaldinu stórt hlutverk eða lítið í samfélaginu, ævinlega hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir miklum breytingum og nýjum og breyttum ríkisfyrirtækjum og stofnunum.

Undir þetta sjónarmið var m.a. tekið í ályktun á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í október sl., en þar segir: „Hið opinbera þarf að tryggja eðlilega hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu. Ný fjarskiptatækni gerir það mögulegt að fyrirtæki séu staðsett í auknum mæli á landsbyggðinni. Því þarf að marka ákveðna stefnu um flutning ríkisfyrirtækja út á land og staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins."

Orsakir búferlaflutninga af landsbyggðinni eru margslungnar. Þar ræður talsverðu sú fábreytni atvinnulífsins sem er víða ríkjandi. Enginn vafi er á að ríkisvaldið ber þar nokkra ábyrgð. Alls voru unnin 34.614 ársverk á vegum hins opinbera árið 1994 samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar. Þar af voru 22.982 á höfuðborgarsvæðinu. Það svarar til þess að tvö af hverjum þremur ársverkum hjá hinu opinbera séu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1984–95 fjölgaði ársverkum á vegum hins opinbera um 5.648 á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni fjölgaði þeim hins vegar um 2.114. Mismunurinn er 3.534 ársverk.

Þessi þróun veldur ekki litlu um hvar fólk kýs sér búsetu, ekki eingöngu vegna þess að um langan veg sé að fara eftir opinberri þjónustu af landsbyggðinni heldur ekki síður vegna þess að framboð atvinnutækifæra hjá hinu opinbera beinist á svo afmarkaðan stað á landinu og stuðlar því að þeirri byggðaþróun sem hefur orðið hér á landi undanfarin ár og áratugi. Til þess að tryggja heilbrigða og hagkvæma byggðaþróun er því fullkomlega eðlilegt að mótuð sé stefna um staðsetningu ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni eins og mælt er fyrir um í tillögunni.

Fylgiskjal.

Hlutfall höfuðborgarsvæðisins (HBS) af ársverkum opinberra aðila og af íbúafjölda.



180. Frumvarp til laga [163. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skulu þeir sem notið hafa örorkulífeyris við 67 ára aldur halda öllum réttindum sínum, þar með talinni fjárhæð tekjutryggingar öryrkja, þegar þeir hefja töku ellilífeyris.

2. gr.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárhæð tekjutryggingar ellilífeyrisþega, sem fengu greiddan örorkulífeyri við 67 ára aldur, skal ekki lækka við greiðslu ellilífeyris ef tekjur hlutaðeigandi hafa ekki breyst.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum hafa greiðslur til þeirra sem fengið hafa greiddan örorkulífeyri lækkað við það eitt að þeir verða 67 ára og hefja töku ellilífeyris. Skýring þessa er m.a. sú að skerðingarprósenta ellilífeyris skv. 2. mgr. 11. gr. almannatryggingalaga, nr. 117/1993, er 30% en skerðingarprósenta örorkulífeyris skv. 3. mgr. 12. gr. sömu laga er 25%. Auk þess hefst skerðing grunnlífeyris ellilífeyrisþega við lægri tekjumörk en grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega, sbr. sömu ákvæði. Tekjutrygging öryrkja er einnig hærri en tekjutrygging ellilífeyrisþega. Hún lækkar um 689 kr. við það að hann verður 67 ára og fær greiddan ellilífeyri.

Ef öryrkjar eiga að halda óbreyttum greiðslum frá almannatryggingum eftir að þeir ná ellilífeyrisaldri þarf að gera þær breytingar á almannatryggingalögunum sem hér eru lagðar til. Ljóst er að framfærslukostnaður öryrkja lækkar ekki við það eitt að hann nær 67 ára aldri. Öryrki, sem verið hefur óvinnufær lengi, jafnvel stóran hluta ævinnar og búið við fötlun af einhverju tagi, má búast við að fötlunin ágerist og kostnaður við að draga fram lífið aukist því frekar en minnki. Því er það ósanngjarnt að lækka greiðslur almannatrygginga til öryrkja við það eitt að þeir ná 67 ára aldri og hefja töku ellilífeyris.

Framreikningur örorkulífeyris samkvæmt ákvæðum EES-samningsins leiðir oft til hlutfallslega hærri greiðslna en ellilífeyrisþegar fá með búsetunni einni saman. Því kunna greiðslur að lækka þegar viðkomandi hefur töku ellilífeyris. Þannig fær t.d. einstaklingur sem flytur frá Íslandi við 25 ára aldur til annars EES-lands og verður öryrki þar um þrítugt greiddan u.þ.b. 33/40 hluta örorkulífeyris frá Íslandi til 67 ára aldurs. Ef hann síðan flyttist hingað aftur eftir það fengi hann aðeins 7/40 hluta ellilífeyris. Viðkomandi ætti þó væntanlega meiri réttindi við töku ellilífeyris í landinu sem flust var til. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þessu fyrirkomulagi með þessu lagafrumvarpi, en rétt þykir að benda á það misræmi sem skapast getur við framangreindar aðstæður.

Fylgiskjal.

Tryggingarstofnun ríkisins:

Dæmi um tekjutengingu bóta almannatrygginga.
(5. september 1996.)

Ellilífeyrir:

Einstaklingur með almennar tekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	13.373	24.605	8.364	5.754
10.000	13.373	24.605	8.364	0
18.418	13.373	24.605	8.364	0
20.000	13.373	23.893	8.122	0
30.000	13.373	19.393	6.592	0
40.000	13.373	14.893	5.063	0
50.000	13.373	10.393	3.533	0
60.000	13.373	5.893	2.003	0
69.684	13.373	1.535	522	0
73.069	12.349	0	0	0
80.000	10.278	0	0	0
90.000	7.278	0	0	0
100.000	4.278	0	0	0
110.000	1.278	0	0	0
114.261	0	0	0	0

Einstaklingur með lífeyrissjóðstekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	13.373	24.605	8.364	5.754
10.000	13.373	24.605	8.364	0
20.000	13.373	24.605	8.364	0
26.755	13.373	24.605	8.364	0
30.000	13.373	23.145	7.868	0
40.000	13.373	18.645	6.338	0
50.000	13.373	14.145	4.808	0
60.000	13.373	9.645	3.279	0
70.000	13.373	5.145	1.749	0
75.000	13.373	2.895	984	0
80.000	13.373	645	219	0
81.433	13.373	0	0	0

Hjón með almennar tekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging
0	0	12.036	24.605
25.785	12.892	12.036	24.605
40.000	20.000	12.036	21.406
60.000	30.000	12.036	16.906
80.000	40.000	12.036	12.406
100.000	50.000	12.036	7.906
120.000	60.000	12.036	3.406
135.140	67.570	12.036	0

Hjón með lífeyrissjóðstekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging
0	0	12.036	24.605
37.458	18.729	12.036	24.605
40.000	20.000	12.036	24.033
60.000	30.000	12.036	19.533
80.000	40.000	12.036	15.033
100.000	50.000	12.036	10.533
120.000	60.000	12.036	6.033
146.814	73.407	12.036	0

Örorkulífeyrir:

Einstaklingur með almennar tekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklju-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	13.373	25.294	8.364	5.754
10.000	13.373	25.294	8.364	0
18.418	13.373	25.294	8.364	0
20.000	13.373	24.582	8.129	0
30.000	13.373	20.082	6.641	0
40.000	13.373	15.582	5.152	0
50.000	13.373	11.082	3.664	0
60.000	13.373	6.582	2.176	0
71.121	13.373	1.578	522	0
74.627	12.496	0	0	0
80.000	11.153	0	0	0
90.000	8.653	0	0	0
100.000	6.153	0	0	0
110.000	3.653	0	0	0
120.000	1.513	0	0	0
124.613	0	0	0	0

Einstaklingar með lífeyrissjóðstekjur.

Tekjur	Grunn-lífeyrir	Teklu-trygging	Heimilis-uppbót	Sérstök heimilisuppbót
0	13.373	25.294	8.364	5.754
10.000	13.373	25.294	8.364	0
20.000	13.373	25.294	8.364	0
26.755	13.373	25.294	8.364	0
30.000	13.373	23.834	7.881	0
40.000	13.373	19.334	6.393	0
50.000	13.373	14.834	4.905	0
60.000	13.373	10.334	3.417	0
70.000	13.373	5.834	1.929	0
75.000	13.373	3.584	1.184	0
80.000	13.373	1.334	441	0
82.964	13.373	0	0	0

Hjón með almennar tekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging
0	0	12.036	25.294
25.785	12.892	12.036	25.294
40.000	20.000	12.036	22.095
60.000	30.000	12.036	17.595
80.000	40.000	12.036	13.095
100.000	50.000	12.036	8.595
120.000	60.000	12.036	4.095
138.202	69.101	12.036	0

Hjón með lífeyrissjóðstekjur (annað hjóna).

Samanlagðar tekjur	Viðmiðunar-tekjur	Grunn-lífeyrir	Tekju-trygging
0	0	12.036	25.294
37.458	18.729	12.036	25.294
40.000	20.000	12.036	24.722
60.000	30.000	12.036	20.222
80.000	40.000	12.036	15.722
100.000	50.000	12.036	11.222
120.000	60.000	12.036	6.722
149.876	74.938	12.036	0

Þegar sameiginlegar tekjur hjóna verða það háar að þau missa tekjutryggingu alveg er kannað hvort skerða á grunnlífeyrinn. Við þann útreikning er litið til tekna hvors um sig, en tekjunum ekki jafnað. Skerðing á grunnlífeyrinum verður eins og um einstakling væri að ræða.

181. Fyrirspurn [164. mál]

til iðnaðarráðherra um Blönduvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver er orðinn heildarkostnaður við byggingu Blönduvirkjunar, þar með talinn kostnaður við uppgræðslu lands, gerð uppistöðulóns og lagningu rafmagnslína frá virkjun, og hver er kostnaðurinn sundurliðaður eftir árum á núvirði? Hver er áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir sem enn er ólokið?
2. Hvernig hefur framkvæmdin verið fjármögnuð og hver er fjármagnskostnaðurinn af lánum orðinn samtals og sundurliðaður eftir árum á núvirði? Hversu hárri fjárhæð nema ógreidd lán nú og hver er áætlaður árlegur fjármagnskostnaður vegna þeirra þar til þau eru uppgreidd og samtals?
3. Hverjar hafa verið tekjur af sölu rafmagns frá Blönduvirkjun og hver hafa verið rekstrargjöld virkjunarinnar samtals og sundurliðað eftir árum, á núvirði?
4. Hverjar eru áætlaðar tekjur umfram rekstrarkostnað af sölu rafmagns frá Blönduvirkjun, árlega og í heild, til 1. október 2014 og hvað hafa þær tekjur þá nægt til að greiða mikið af áföllnum kostnaði við virkjunina frá upphafi?

Skriflegt svar óskast.

182. Fyrirspurn [165. mál]

til iðnaðarráðherra um Landsvirkjun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hver hafa verið framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins frá upphafi hvers um sig og samtals, sundurliðað eftir árum á verðlagi hvers árs og á verðlagi í nóvember 1996? Hvernig skiptast framlög hvers eiganda hverju sinni í fjárframlög og eignarhluta í framlögðum eignum og hverjar voru þær eignir?
2. Hversu háar fjárhæðir hefur Landsvirkjun veitt til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals:
   a. í formi afsláttar á orkuverði og
   b. með sérsamningum sem leiða af sér lægra orkuverð en sambærilegum orkukaupendum stóð til boða,

   sundurliðað eftir árum og á núvirði?
3. Hve háum fjárhæðum nema greiðslur Landsvirkjunar á ábyrgðargjaldi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals á núvirði, sundurliðað eftir árum?

4. Hverjar hafa verið arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals á núvirði, sundurliðað eftir árum, og hvernig hafa þær arðgreiðslur verið reiknaðar og greiddar?

Skriflegt svar óskast.

183. Fyrirspurn [166. mál]

til heilbrigðisráðherra um rekstur dagvistarheimila á vegum sjúkrahúsa.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær hófu sjúkrahúsin í Reykjavík, Ríkisspítalar, Borgarspítali og síðar Sjúkrahús Reykjavíkur og Landakotsspítali, að kosta rekstur dagvistarheimila fyrir börn í Reykjavík og vistun barna hjá dagmæðrum? Hver hefur kostnaðurinn verið árlega hjá hverjum spítala og samtals á núvirði?
2. Hvaða sjúkrahús önnur hafa kostað rekstur dagvistarheimila fyrir börn og vistun barna hjá dagmæðrum, hver hefur kostnaðurinn verið árlega hjá hverjum spítala og samtals hjá þeim öllum á núvirði?
3. Hversu mörg dagvistarheimili hefur hver spítali reist og rekið og hver var stofnkostnaður þeirra hvers um sig og samtals á núvirði? Hvernig skiptist stofnkostnaðurinn milli ríkis og sveitarfélaga, sundurliðað eftir sveitarfélögum og spítölum?
4. Hver er ástæða þess að sjúkrahúsin hafa farið út í rekstur dagvistarheimila?

Skriflegt svar óskast.

184. Fyrirspurn [167. mál]

til sjávarútvegsráðherra um frákast á afla fiskiskipa.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

1. Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á hve miklum veiddum afla er kastað af fiskiskipum í hafið í stað þess að færa hann að landi eins og lög gera ráð fyrir?
2. Ef upplýsingar liggja fyrir, hvaða aflatölur er um að ræða?
3. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir, hefur ráðherra þá áform um að lagt verði mat á frákast á afla?
4. Taka fiskifræðingar tillit til áætlaðs frákasts á afla fiskiskipa við gerð tillagna um leyfilegan heildarafla einstakra fisktegunda?

185. Fyrirspurn [168. mál]

til menntamálaráðherra um fornminjarannsóknir í Reykholti.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvernig verður háttað fornminjarannsóknum í Reykholti á næsta ári og hve miklum fjármunum verður varið til þeirra?
2. Liggja fyrir áætlanir um tilhögun fornminjarannsókna þar á næstu árum?
3. Telur ráðuneytið að einhverjar fornminjar hafi eyðilagst í Reykholti á undanförnum árum eða áratugum?

186. Fyrirspurn [169. mál]

til menntamálaráðherra um móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi.

Frá Magnúsi Stefánssyni.

Hefur verið gerð úttekt á móttöku- og hlustunarskilyrðum Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og 2 og sjónvarpsins, á Vesturlandi?

187. Fyrirspurn [170. mál]

til menntamálaráðherra um afhendingu á niðurstöðum úr samræmdum prófum.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver er tilgangur þess að heimila að öðrum en skólayfirvöldum, nemendum og forráðamönnum þeirra verði afhentar niðurstöður úr samræmdum prófum í grunnskóla, en í vetur hafa þegar verið haldin samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk?
2. Gerir ráðherra ráð fyrir að foreldrum verði gert kleift að flytja börn sín milli skóla ef niðurstaðan verður sú að skólar verða dæmdir góðir eða slæmir eftir samanburð á niðurstöðum úr samræmdum prófum?

188. Frumvarp til laga [171. mál]

atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Skilyrði bótaréttar.

1. gr.

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð.

2. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 5. gr.:

1. Eru orðnir 18 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Hafa á síðustu tólf mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði. Til að finna vinnuframlag sjómanna skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 18 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið a.m.k. þriðjung tímans eftir að hann varð 18 ára.
5. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í tvær vikur samfellt.
6. Eru reiðubúnir að ráða sig í fullt starf. Úthlutunarnefnd er heimilt að víkja frá þessu skilyrði ef hinum atvinnulausa er ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus, enda sé hann reiðubúinn að ráða sig í a.m.k. hálft starf.

Við ákvörðun bóta samkvæmt framangreindu teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu félagsmálaráðherra.

3. gr.

Sá sem fullnægir skilyrðum um bótarétt en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, svo sem vegna veikinda barna eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti í allt að sex mánuði.

4. gr.

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis sem stafar af veikindum hans.

Svæðisvinnumiðlun getur óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína sé um skerta vinnufærni að ræða.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis á vinnufærni umsækjanda.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. gr. eiga eftirtaldir einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 55 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju nema hann sanni að hann hafi stundað vinnu í samfellt sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í jafnlangan tíma og eftir stendur af námsönn og skerðist bótatímabil sem því nemur.
6. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a.m.k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma. Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.
7. Þeir sem sem reynt hafa að afla sér bóta með sviksamlegum hætti, sbr. 15. gr.

II. KAFLI
Fjárhæð bóta og bótatímabil.

6. gr.

Einstaklingur, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessara laga, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, sbr. þó 10. gr., enda hafi tekjur hans síðustu tólf mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði.

Nú voru tekjur viðkomandi síðustu tólf mánuði fyrir skráningu hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Nánari reglur um útreikning biðtíma skal félagsmálaráðherra setja með reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

Nú fær hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans, þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

7. gr.

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Atvinnuleysisbætur launamanns skulu þó aldrei vera hærri en sem svarar dagvinnulaunum síðustu sex mánuði fyrir skráningu og atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklings aldrei hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði fyrir skráningu.

Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. og 2. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Nú annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns og skal þá fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Nú fær hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

8. gr.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði. Sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. Bótahlutfall getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 3. mgr. 7. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem áunnið hefur sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi, og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 3. og 4. gr., og fær hann

þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu tólf mánuðum skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

Atvinnuleysistryggingasjóður semur skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma og starfshlutfalli.

Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar samkvæmt framangreindu.

9. gr.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Nú fær maður, sem er byrjaður á bótatímabili, launaða vinnu og framlengist þá bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum. Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að bótatímabili lauk.

Þau tímabil, sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum, teljast hluti bótatímabils.

III. KAFLI
Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

10. gr.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum samdráttar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til viðkomandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta sem síðan úrskurðar um bótarétt. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um starfshlutfall einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu tólf mánuðum áður en til skerðingar kemur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

11. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

12. gr.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara.

Þeim sem ekki hefur gert starfsleitaráætlun er skylt að láta skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning skv. 2. mgr. fara fram með öðrum hætti en vikulega.

13. gr.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem notið hefur bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda.

Nú býðst hinum atvinnulausa hlutastarf og skal þá úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka hlutastarfi. Ráði maður sig í hlutastarf getur hann samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar notið þess hluta bótaréttar síns sem er umfram starfshlutfall hans í allt að sex mánuði. Að þeim tíma liðnum falla bætur niður nema maður kjósi að segja upp hlutastarfi í þeim tilgangi að leita sér að fullu starfi. Ákvæði 4. tölul. 5. gr. á ekki við um þá sem segja upp starfi sínu af þessari ástæðu.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 5. gr.

14. gr.

Þeim sem sæta biðtíma eftir bótum er skylt að hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt og skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt almennum reglum þessara laga.

15. gr.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

V. KAFLI
Ákvörðun bóta og málskot.

16. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar skipa fimm manna úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambandsins. Formenn nefndanna skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Nefndarmenn skulu vera búsettir í umdæmi svæðisvinnumiðlunar.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Umsækjanda og Atvinnuleysistryggingasjóði skal tilkynnt um ákvörðun úthlutunarnefndar. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta, sbr. 17. gr., innan tveggja vikna frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Svæðisvinnumiðlun skal sjá úthlutunarnefnd fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu.

Þóknun til úthlutunarnefnda greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að ákveða að fleiri en ein úthlutunarnefnd séu starfandi í umdæmi svæðisvinnumiðlunar ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til fjölda atvinnulausra í umdæminu.

17. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn skulu hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðinum. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal sjá til þess að úrskurðir nefndarinnar séu gefnir út árlega.

VI. KAFLI
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og skrifstofuhald sjóðsins.

18. gr.

Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skulu tilnefna tvo stjórnarmenn hvor aðili og tvo til vara. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandið skulu tilnefna einn stjórnarmann hver aðili og einn til vara. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Aðalmenn stjórnarinnar skulu kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð. Formaður stjórnar skal eiga sæti í því. Ráðið hefur heimild til þess að taka fullnaðarákvarðanir um mál sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn. Öll stjórnin skal taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

19. gr.

Vinnumálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu, þar með talda útborgun bóta, fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá og eftirliti hennar. Félagsmálaráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

VII. KAFLI
Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

20. gr.

Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

VIII. KAFLI
Fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

21. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

22. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem hljóta skulu staðfestingu félagsmálaráðherra.

23. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

24. gr.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarfélaga af bótum nema skriflegt samþykki hins atvinnulausa liggi fyrir.

25. gr.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins og Innheimtustofnun sveitarfélaga er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

26. gr.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Nú hefur maður aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 15. gr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

27. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

28. gr.

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

29. gr.

Félagsmálaráðherra skal að tillögu sjóðstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna á ekki við um þá einstaklinga sem orðnir eru 16 ára og eru á atvinnuleysisbótum við gildistöku laga þessara.

II.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

III.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga þessara tekur gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Drög að frumvarpi þessu voru samin af nefnd er skipuð var af félagsmálaráðherra 13. júlí 1995. Í nefndinni voru Hervar Gunnarsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Magnússon, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson, tilnefndur af Vinnumálasambandinu og Nikulás Einarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig áttu sæti í nefndinni alþingismennirnir Ögmundur Jónasson og Einar Oddur Kristjánsson. Formaður nefndarinnar var Hjálmar Árnason alþingismaður. Nefndin lauk störfum 21. mars 1996. Samhliða gerð þessa frumvarps vann nefndin að samningu frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem gert er ráð fyrir nýskipan í skipulagi og framkvæmd vinnumiðlunar hér á landi. Nefndin stóð einhuga að baki frumvarpinu um vinnumarkaðsaðgerðir en ágreiningur var í nefndinni um þetta frumvarp og urðu lyktir þær að Hervar Gunnarsson og Ögmundur Jónasson stóðu ekki að því.

Frumvarpi þessu um atvinnuleysistryggingar, verði það að lögum, er ætlað að koma í stað laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, ásamt síðari breytingum. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

1. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um að sjálfstætt starfandi einstaklingar verði að vera hættir eigin atvinnurekstri til þess að geta átt rétt á bótum. Lagt er til að ráðherra setji nánari reglur um hvaða skilyrðum þeir verði að fullnægja til þess að teljast atvinnulausir, sbr. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Rétt er að geta þess að nú er að störfum nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins þar sem kannaður er möguleiki á að setja á stofn sérstakan sjóð fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í nefndinni eiga sæti auk fulltrúa félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Landssambandi vörubifreiðastjóra.
2. Enn fremur er lagt til að ráðherra geti ákveðið, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi, svo sem námsmenn og heimavinnandi fólk, geti átt rétt á bótum úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda.
3. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lágmarksaldur til þess að njóta atvinnuleysisbóta verði 18 ár í stað 16 ára þar sem talið er æskilegt að ungmennum á þessum aldri sé fremur beint inn í skólakerfið en atvinnuleysisbótakerfið. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði þó heimilt að setja reglur um að ungmenni á aldrinum 16–18 ára geti, undir sérstökum kringumstæðum, átt bótarétt. Skulu reglur þessar hljóta staðfestingu félagsmálaráðherra.
4. Gert er ráð fyrir að í stað þess að þurfa að hafa unnið í 425 dagvinnustundir til þess að njóta lágmarksbótaréttar samkvæmt gildandi lögum verði menn að hafa unnið a.m.k. tíu vikur á síðustu tólf mánuðum, miðað við fullt starf. Enn fremur er lagt til að menn verði að hafa verið samfellt atvinnulausir í tvær vikur til þess að öðlast bótarétt í upphafi hvers bótatímabils, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Að því og öðrum skilyrðum laganna fullnægðum eigi menn hins vegar rétt á bótum frá fyrsta skráningardegi. Hliðstætt ákvæði í 4. tölul. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga gerir ráð fyrir þriggja daga atvinnuleysi til þess að komast inn á bótatímabil.
5. Frumvarpið byggir á þeirri meginreglu að menn verði að vera reiðubúnir að ráða sig í fullt starf til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hins vegar er úthlutunarnefnd veitt heimild til þess að víkja frá þessu ef hinum atvinnulausa er ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus. Skv. 1. mgr. 8. gr. eiga menn ekki að geta notið hærri bóta en sem svarar því starfshlut-

falli sem þeir eru reiðubúnir að ráða sig í og skv. 4. mgr. 13. gr. frumvarpsins eiga þeir, sem úthlutunarnefnd heimilar að ráða sig í hlutastarf, ekki að geta notið bóta með launum í lengri tíma en sex mánuði.

6. Ákvæði gildandi laga um áhrif þess þegar menn segja starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða hafa misst vinnu af ástæðum sem þeirra eiga sjálfir sök á er breytt með frumvarpi þessu. Nefndin lagði til að slíkt skyldi hafa í för með sér missi bótaréttar í 72 daga en frumvarpið gerir ráð fyrir að slíkt leiði til missis réttar til bóta í 55 daga. Samkvæmt gildandi lögum er um 40 daga biðtíma að ræða og vildi minni hluti nefndarinnar halda þeirri reglu óbreyttri.
7. Þá gerði nefndin tillögu um að atvinnuleysisbætur launamanns gætu aldrei orðið hærri en sem svarar 90% af dagvinnulaunum hins atvinnulausa síðustu sex mánuði fyrir skráningu og atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklings aldrei hærri en sem svarar 90% af reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Í frumvarpinu er vikið frá tillögu nefndarinnar og reglan rýmkuð að því leyti að bætur geti aldrei orðið hærri en sem svarar fullum dagvinnulaunum einstaklings síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Frumvarpið gerir ráð fyrir samsvarandi rýmkun vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga. Minni hluti nefndarinnar var hins vegar mótfallinn þessu nýmæli í frumvarpinu. Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga verða eftir sem áður 2.433 kr. á dag og lágmarksbætur fjórðungur þeirrar fjárhæðar.
8. Gert er ráð fyrir grundvallarbreytingu á ákvæðum gildandi laga um bótatímabil, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Er gert ráð fyrir að hvert bótatímabil verði nú að hámarki fimm ár í stað 260 daga eða 52 vikna samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að eftir að bótatímabili ljúki geti maður ekki öðlast bótarétt að nýju fyrr en eftir a.m.k. tólf mánuði, enda eigi viðkomandi þá að baki a.m.k. sex mánaða vinnu eftir að bótatímabili lauk. Samkvæmt gildandi lögum er biðtími eftir hvert bótatímabil 16 vikur, en með þátttöku í átaksverkefnum eða námskeiðum er unnt að skerða biðtímann þannig að bótatímabil falli saman. Mundi lögfesting ákvæða frumvarpsins um fimm ára hámarksbótatíma leiða til þess að komið yrði í veg fyrir þann möguleika að menn gætu í raun verið ótakmarkaðan tíma á bótum.
9. Gert er ráð fyrir að framlag vegna barna renni beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga ef hinn atvinnulausi er meðlagsskyldur. Einnig er lagt til að greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum.
10. Efni frumvarpsins tekur mið af þeirri skipulagsbreytingu sem gert er ráð fyrir að verði á fyrirkomulagi vinnumiðlunar með frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Er þar gert ráð fyrir að litið verði á landið sem eitt vinnusvæði og með því stefnt að eflingu opinberrar vinumiðlunar. Í frumvarpinu um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun á vegum ríkisins undir yfirstjórn aðila vinnumarkaðarins verði sett á laggirnar. Á vegum hennar verði starfræktar samtengdar svæðisvinnumiðlanir. Í tengslum við þær starfi svæðisráð, skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og framhaldsskóla á svæðinu, sem gegni því hlutverki að halda uppi skilvirku samstarfi við einstaklinga á vinnumarkaði, sem og fyrirtæki og stofnanir. Svæðisvinnumiðlanir og svæðisráð beri ábyrgð á að fyrir hendi séu úrræði fyrir atvinnulausa til þess að auka starfsmöguleika þeirra. Gerir frumvarpið um vinnumarkaðsaðgerðir ráð fyrir að verkefni svæðismiðlana verði meðal annars að annast skráningu atvinnulausra, útgáfu vottorða um atvinnuleysi og að miðla upplýsingum um laus störf og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf

og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun, sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.

11. Lagt er til að bótaþegar, sem gert hafi svokallaða starfsleitaráætlun á vegum svæðisvinnumiðlunar, þurfi ekki að sæta vikulegri skráningu, sbr. 12. gr. frumvarps þessa, enda verði eftirlit framkvæmt með öðrum hætti. Aðrir bótaþegar þurfi að skrá sig vikulega en stjórn sjóðsins er veitt heimild til þess að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma fari skráning fram með öðrum hætti en vikulega.
12. Gert er ráð fyrir að það geti valdið missi bóta að hafna úrræðum svæðisvinnumiðlana, sbr. 1. mgr. 12. gr. þessa frumvarps. Þar sem fyrirséð er að svæðisvinnumiðlanir munu þurfa tíma til þess að undirbúa úrræði sín er lagt til að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en hálfu ári eftir að lögin um atvinnuleysistryggingar og lögin um vinnumarkaðsaðgerðir taka gildi, en lagt er til að gildistími þeirra verði 1. janúar 1997. Er vikið nánar að samspili frumvarps um vinnumarkaðsaðgerðir og frumvarps um atvinnuleysistryggingar í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps þessa.
13. Lagt er til að meginreglan verði sú að ein úthlutunarnefnd verði starfandi í hverju umdæmi svæðismiðlana. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði þó heimilt að skipa fleiri nefndir ef það er talið nauðsynlegt vegna fjölda atvinnulausra á svæðinu. Úthlutunarnefnd verði skipuð fimm mönnum. VSÍ, Vinnumálasambandið, BSRB og ASÍ tilnefni einn aðila hvert. Formaður nefndarinnar verði skipaður af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs án tilnefningar. Hlutverk þessara úthlutunarnefnda verður að ákvarða bætur og missi bótaréttar.
14. Nefnd sú, sem vann drög að frumvarpi þessu, lagði til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs yrði skipuð ellefu mönnum eins og nú er. Frá þessu er vikið í frumvarpinu þar sem lagt er til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði skipuð níu mönnum. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni tvo stjórnarmenn hvor aðili og tvo til vara, en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandið tilnefni einn stjórnarmann hvert og einn til vara. Ráðherra skipi síðan formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

    Enn fremur er lagt til að þriggja manna framkvæmdaráð annist afgreiðslu mála sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn.
15. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því nýmæli að félagsmálaráðherra skipi úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Gert er ráð fyrir að umsækjanda um bætur og Atvinnuleysistryggingasjóði skuli tilkynnt um ákvarðanir úthlutunarnefndar. Þessir aðilar geti síðan skotið ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta innan tveggja vikna frá því að tilkynnt var um ákvörðunina.
16. Hvað varðar fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs gerir frumvarpið ekki ráð fyrir grundvallarbreytingu þar á.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um þau þrjú grundvallarskilyrði sem maður verður að fullnægja til þess að geta átt bótarétt, þ.e. að vera atvinnulaus, vera í atvinnuleit og fullfær til vinnu. Efnislega felur greinin í sér þær breytingar á 1. gr. gildandi laga að áréttað er að atvinnulausir verði að vera fullfærir til vinnu til að geta notið atvinnuleysisbóta, en hlið-

stætt ákvæði er nú að finna í 5. tölul. 21. gr. laganna þar sem segir að þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Í 2. mgr. greinarinnar er hliðstætt ákvæði og í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um að ráðherra skuli setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að geta notið bóta úr sjóðnum. Úr lagatextanum hefur verið fellt brott það skilyrði fyrir bótarétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að atvinnurekstri hafi verið hætt þar sem talin er þörf á sveigjanlegri reglum um það efni. Er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar verði að fullnægja til þess að teljast atvinnulausir.

Ákvæði 3. mgr. felur í sér þau nýmæli að opnað er fyrir þann möguleika að aðrir hópar en sjálfstætt starfandi einstaklingar og launamenn, svo sem námsmenn og heimavinnandi fólk, geti með greiðslu iðgjalda til sjóðsins öðlast bótarétt úr honum samkvæmt sérstökum reglum sem ráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Lagt er til að 3. mgr. 1. gr. gildandi laga, sem kveður á um að stjórn sjóðsins skuli veita stéttarfélögum aðild að sjóðnum og að lögin taki ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum, verði felld brott, enda á hún ekki lengur við eftir lagabreytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Um 2. gr.

Grein þessi er hliðstæð 16. gr. gildandi laga. Þó eru eftirfarandi efnislegar breytingar lagðar til:

Aldurslágmark til þess að njóta bóta verði hækkað úr 16 árum í 18 ár, sbr. 1. tölul. Skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er þó heimilt að setja reglur um rétt 16–18 ára einstaklinga til bóta undir sérstökum kringumstæðum. Þær kringumstæður, sem hér eru hafðar í huga, eru fyrst og fremst þær að viðkomandi sé ekki fært að stunda skólanám af ástæðum sem hann ræður ekki við, svo sem af fjárhagsástæðum eða vegna þess að námsgetu skortir.

Lagt er til að það verði ótvírætt skilyrði bótaréttar að umsækjandi hafi óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi, sbr. 3. tölul. Ákvæði þar að lútandi er ekki að finna í gildandi lögum sem hefur valdið vafa í framkvæmd. Þeir sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi eru íslenskir ríkisborgarar, þeir sem fengið hafa óbundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og erlendir ríkisborgarar sem ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir, sbr. 13. gr. sömu laga, en það eru fyrst og fremst ríkisborgarar ríkja sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Til þess að auðvelda framkvæmd er í frumvarpinu lagt til að bótaréttur grundvallist á starfstímabilum og starfshlutfalli í stað þess að miðað sé við unnar dagvinnustundir. Í stað þess að miða lágmarksbótarétt við að umsækjandi eigi að baki 425 dagvinnustundir á tólf mánuðum í vinnu sem tryggingagjald hefur verið greitt af, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, er miðað við 10 vikna vinnu á síðustu tólf mánuðum miðað við fullt starf, en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða. Í þessu sambandi er í raun átt við ráðningartímabil, en í því felst að orlofstími reiknast með við ákvörðun á starfstímabili. Frávik frá skilyrði um tryggingagjaldsskylda vinnu eru hugsanleg á grundvelli svonefndrar fimm ára reglu í 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993, en samkvæmt henni geta norrænir ríkisborgar og aðrir sem

samningurinn tekur til átt rétt á því að öðlast strax við flutning rétt til atvinnuleysisbóta án þess að hafa unnið í því landi þar sem bóta er krafist.

Ákvæði um ákvörðun á vinnuframlagi sjálfstætt starfandi einstaklinga er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að til þess að gæta samræmis milli launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga er lagt til að miðað verði við skil á tryggingagjaldi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um bætur í stað þess að miða við síðustu tólf mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi var hætt.

Lögð er til breyting á reglum um ákvörðun á vinnuframlagi sjómanna til samræmis við það að í frumvarpinu er lagt til að bótaréttur grundvallist á starfshlutfalli og starfstíma. Skv. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga skal til þess að finna dagvinnustundir sjómanna margfalda fjölda skráningardaga með átta. Lagt er til að áfram verði miðað við lögskráningardaga sjómanns og að 21,67 lögskráningardagar teljist vera eins mánaðar vinna. Deilitalan 21,67 er sú sama og notuð er af aðilum vinnumarkaðarins þegar verið er að reikna út dagkaup fyrir virkan dag. Um er að ræða meðaltal mánudaga til föstudaga, þ.e. 52 vikur x 5 dagar = 260 dagar. Við útreikning á meðaltali á mánuði er deilt í 260 með 12 sem gefur niðurstöðuna 21,67 dagar á mánuði. Þegar sjómaður hefur verið skráður á skip allan mánuðinn hefur hann því skilað rúmlega mánaðarvinnu samanborið við starfsmann í landi. Sjómaðurinn tekur síðan frí á launum eða launalaust eftir því hvort um farmann eða fiskimann er að ræða. Þykir því rétt að halda áfram þeirri aðferð að reikna út frá lögskráningardögum sjómanns sem hann getur annað hvort staðfest með því að sýna sjóferðabók sína eða vottorð frá lögskráningarstjóra.

Í stað þess áskilja að maður hafi verið atvinnulaus í a.m.k. þrjá daga í upphafi bótatímabils er lagt til að maður verði að hafa verið atvinnulaus í upphafi bótatímabils í a.m.k. tvær vikur samfellt. Að fullnægðu því skilyrði, ásamt öðrum skilyrðum greinarinnar, á maður rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, sbr. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Krafa um tveggja vikna samfellt atvinnuleysi til þess að öðlast bótarétt á eingöngu við í upphafi bótatímabils, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Í 6. tölul. er kveðið á um þá meginreglu að maður verði að vera reiðubúinn að ráða sig í fullt starf til þess að geta notið bóta samkvæmt lögunum en úthlutunarnefnd er þó veitt heimild til að víkja frá því ef talið er að viðkomandi sé ókleift að ráða sig í fullt starf, en í því sambandi er einkum haft í huga að fjölskylduaðstæður eða heilsufar viðkomandi standi í vegi fyrir því. Lagt er til að sams konar heimild gildi um þá sem hafa verið í hlutastarfi. Gert er ráð fyrir að gengið verði úr skugga um þetta um leið og maður sækir um bætur, en skv. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins getur sá sem ekki er reiðubúinn að fara í fullt starf ekki átt rétt á hærri bótum en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig í.

Um 3. gr.

Grein þessi fjallar um heimild til þess að geyma bótarétt. Hliðstæð ákvæði er að finna í 1. og 4. mgr. 17. gr. gildandi laga. Í ákvæðinu er skilgreint hvers konar heimilisástæður heimili geymslu bótaréttar, en það er nýmæli. Sérákvæði um fæðingarorlof er enn fremur nýmæli.

Um 4. gr.

1. og 2. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga, en 3. mgr. felur í sér nýmæli. Þær upplýsingar hafa komið fram að nokkuð sé um að menn beri við óvinnufærni þegar þeim er boðinn vinna. Það er því mikilvægt að vinnumiðlanir hafi skýra

heimild til að óska eftir gögnum og upplýsingum um vinnufærni umsækjenda, þannig að það liggi ljóst fyrir þegar menn sækja um bætur að þeir séu fullfærir til vinnu, sbr. 1. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Samsvarandi ákvæði er að finna í 1.–4. og 7.–8. tölul. 21. gr. núgildandi laga.

Ákvæði 4. tölul. felur í sér þá breytingu að bótaréttur falli niður í 55 bótadaga í stað 40, sbr. 4. tölul. 21. gr., þegar maður hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem hann á sjálfur sök á.

Ákvæði 5. tölul. felur í sér nýmæli um missi bóta þegar umsækjandi hefur hætt námi fyrir lok námsannar.

5. tölul. 21. gr. gildandi laga, sem kveður á um að þeir sem eru ófærir til vinnu af heilsufarsástæðum eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum, er óþarfur með hliðsjón af 1. gr. frumvarpsins sem kveður á um það grundvallarskilyrði fyrir bótarétti að menn séu fullfærir til vinnu.

Hliðstætt ákvæði og í 6. tölul. 21. gr. um viðurlög við að neita starfi er að finna í 13. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 22. gr. gildandi laga með eftirfarandi breytingum:

Í stað þess að miða skuli við tekjur síðustu sex mánuði við ákvörðun þess hvort umsækjandi skuli sæta biðtíma er lagt til að miðað verði við tekjur síðustu tólf mánuði, enda er það talið gefa raunhæfari mynd af efnahag aðila.

Skv. 4. mgr. 22. gr. gildandi laga skulu atvinnuleysisbætur skerðast vegna tilfallandi vinnu, dag og dag, miðað við unninn stundafjölda, þó aldrei meira en miðað við átta klukkustundir fyrir hvern sólarhring. Í 4. mgr. 6. gr. er lagt til að átta klukkustundna hámark fyrir hvern sólarhring verði afnumið þannig að allar unnar vinnustundir í slíkri tilfallandi vinnu reiknist með við ákvörðun á fjölda bótadaga sem niður falla, og þannig að átta vinnustundir valdi niðurfellingu hámarksbóta í einn dag en hlutfallslega færri vinnustundir ef viðkomandi nýtur lægri bótaréttar. Af síðasta málslið 4. mgr. leiðir að þegar viðkomandi hefur unnið samtals 173 stundir á a.m.k. tólf mánuðum í slíkri tilfallandi vinnu skuli taka tillit til þeirrar vinnu við ákvörðun bótafjárhæðar og bótatímabils, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins. Þegar því marki er náð þarf viðkomandi aftur að safna 173 vinnustundum á a.m.k. tólf mánuðum til þess að geta átt rétt á enn hærri bótafjárhæð og frekari framlengingu bótatímabils, sbr. 8. og 9. gr. frumvarpsins. Tekið skal fram að með tilfallandi vinnu er átt við að maður sé ráðinn til vinnu frá degi til dags. Sé maður ráðinn til lengri tíma gilda almennar reglur 8. og 9. gr. um bótarétt hans.

Lagt er til að ákvæði um 260 daga bótatímabil og biðtíma að afloknu bótatímabili, sbr. 3. og 5. mgr. 22. gr., verði felld brott með hliðsjón af 9. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Greinin er hliðstæð 23. gr. gildandi laga. Þó er lagt til það nýmæli að atvinnuleysisbætur fyrir launamenn skuli aldrei verða hærri en sem svarar dagvinnulaunum síðustu sex mánuði fyrir skráningu og atvinnuleysisbætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga aldrei hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Það sem liggur að baki ákvæðinu er að koma í veg fyrir að menn geti verið betur settir á bótum en í atvinnu, en ljóst er að menn spara sér ýmis útgjöld sem tengjast atvinnuþátttöku meðan þeir eru atvinnulausir.

Það er nýmæli að framlög vegna barna meðlagsskyldra skuli renna beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Ákvæðið um að greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum er einnig nýmæli, en óeðlilegt þykir að menn geti þegið atvinnuleysisbætur til viðbótar slíkum greiðslum sem eru nokkurs konar tekjuígildi. Ákvæðið felur í sér að allar lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóðum komi til frádráttar atvinnuleysisbótum. Ákvæðið gildir jafnt um lífeyrisgreiðslur úr almennu lífeyrissjóðunum, þ.e. þeim lífeyrissjóðum sem stofnaðir voru á grundvelli samkomulags aðila vinnumarkaðarins frá 1969, og einnig þeim sjóðum sem stofnaðir hafa verið á síðustu árum og hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins á reglugerðum sínum, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Sama gildir einnig um þá sjóði sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Samkvæmt gildandi lögum eiga allir launamenn og atvinnurekendur að greiða til lífeyrissjóðs viðkomandi starfshóps eða starfsstéttar og hafa flestir launamenn þannig ekkert val um það til hvaða lífeyrissjóðs þeir greiða. Nokkur hópur launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklingar geta hins vegar valið sér lífeyrissjóð. Einnig er hugsanlegt að launamaður eða stéttarfélag hans hafi keypt viðbótarlífeyristryggingu frá frjálsum lífeyrissjóði. Allar þessar greiðslur eiga samkvæmt ákvæðinu að koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Um 8. gr.

Hliðstæð ákvæði er að finna í 24. gr. og 24. gr. a í gildandi lögum.

Í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við ákvörðun bótafjárhæðar sé miðað við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum. Lagt er til að hámarksbætur greiðist þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði, en skv. 1. mgr. 24. gr. gildandi laga greiðast hámarksbætur þeim sem unnið hafa 1.700 stundir eða fleiri á síðustu tólf mánuðum. Lágmarksbætur, sem eru skv. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins ¼ hluti hámarksdagpeninga, greiðast þeim sem unnið hafa samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf á síðustu tólf mánuðum, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hliðstæð breyting er lögð til í 3. mgr. greinarinnar varðandi rétt til að telja námstímabil með við ákvörðun bótafjárhæðar, sbr. 6. mgr. 24. gr. gildandi laga. Í 4. mgr. 8. gr. er um að ræða orðalagsbreytingu en ekki efnisbreytingu á næstsíðustu málsgrein 24. gr. gildandi laga. Hún kveður á um það hvernig ákvarða eigi bótarétt umsækjanda sem hefur verið á bótum á síðustu tólf mánuðum, fengið vinnu, misst hana og sótt aftur um bætur í framhaldi af því. Samkvæmt ákvæðinu reiknast bótadagar á síðustu tólf mánuðum með við ákvörðun bóta á sama hátt og um starfstíma hefði verið að ræða og í sömu hlutföllum, þannig að hámarksbótaréttur jafngildi fullri vinnu, 50% bótaréttur hálfri vinnu o.s.frv.

Um 9. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á ákvæðum um bótatímabil og biðtíma. Skv. 3. og 5. mgr. 22. gr. gildandi laga er bótatímabilið 260 dagar eða samtals 52 vikur. Biðtími að afloknum bótatíma er 16 vikur en með þátttöku í átaksverkefnum eða námskeiðum er unnt að skerða biðtímann þannig að hann verði enginn. Af því leiðir að menn geta í raun verið ótakmarkaðan tíma á bótum sem er óeðlilegt og þekkist hvergi í nágrannalöndum okkar. Eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á þessu þannig að hvert bótatímabil verði að hámarki fimm ár. Skv. 16. gr. frumvarps til laga um vinnumark-

aðsaðgerðir skal sá sem fellur af bótum njóta sérstakrar aðstoðar starfsfólks svæðisvinnumiðlunar við að kanna réttindi hans til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

Lagt er til að bótatímabil manns, sem verið hefur á bótum en fær síðan vinnu, framlengist um jafnlangan tíma og hann hafði atvinnu. Nýtt bótatímabil getur hafist þegar liðnir eru í það minnsta tólf mánuðir frá því að maður lauk bótatímabili, sbr. 1. mgr. 9. gr., og á jafnframt að baki a.m.k. sex mánaða vinnu.

Lagt er til að þau tímabil sem maður tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, sem styrkt eru af sjóðnum, sbr. 22. gr. þessa frumvarps, skuli teljast hluti bótatímabils. Með því móti er réttarstaða þeirra sem taka þátt í slíkum úrræðum sú sama hvað bótatímabil snertir, hvort sem viðkomandi er ráðinn á almennum launakjörum eða ekki, til þess að taka þátt í slíkum úrræðum.

Ekki er lagt til að lögin verði afturvirk með þeim hætti að bótadagar samkvæmt eldri lögum teljist hluti bótatímabils skv. 9. gr.

Um 10. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í 5. mgr. 24. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 40. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að með aukinni ráðgjöf og úrræðum vinnumiðlana fyrir atvinnulausa, sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra, verði unnt að aðstoða atvinnulausa við að verða virkir í atvinnuleit. Er gert ráð fyrir að það verði fastur þáttur í þjónustu vinnumiðlana að aðstoða atvinnulausa við að gera starfsleitaráætlun, en hún felst í því að gerð er áætlun út frá forsendum viðkomandi og atvinnuhorfum um það hvernig eigi að vinna að því að hann fái vinnu. Jafnframt felur hún í sér að hinn atvinnulausi skuldbindur sig til þess að vera virkur í atvinnuleit. Eðlilegt er að líta svo á að sá sem vill ekki samvinnu um gerð slíkrar áætlunar eða aðhefst ekki í samræmi við gerða áætlun, fullnægi ekki því skilyrði að vera í atvinnuleit og það geti haft viðurlög í för með sér á sama hátt og þegar maður hafnar atvinnu. Það er úthlutunarnefndar að taka ákvörðun um missi bótaréttar af þessum sökum.

Gert er ráð fyrir að í starfsleitaráætlun verði kveðið á um það hvernig eftirliti svæðisvinnumiðlunar með því að maður fullnægi skilyrðum bótaréttar verði háttað, þar á meðal hversu oft maður á að hafa samband við svæðisvinnumiðlun eða hvernig maður sýnir fram á þátttöku í úrræðum á vegum hennar.

Gert er ráð fyrir að þeir sem ekki hafa gert starfsleitaráætlun hjá vinnumiðlun skuli láta skrá sig vikulega eins og nú er skv. 20. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Með viðurkenndum skráningaraðila er átt við svæðisvinnumiðlun eða þann aðila sem svæðisráð hennar hefur falið að annast skráningu, sbr. 8. og 10. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Rétt þykir að það komi fram með skýrum hætti í lagatexta hvaða viðurlög það hafi í för með sér að skráning falli niður, en framkvæmdin hefur verið með þeim hætti sem í ákvæðinu greinir. Nýmæli er að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti ákveðið að skráning fari fram með öðrum hætti en vikulega, en skv. 20. gr. gildandi laga er eingöngu heimilt að láta skráningu fara fram oftar en vikulega. Rétt þykir að stjórn-

in hafi meira svigrúm til að meta þörf á skráningu, t.d. ef tekið er upp annars konar eftirlitskerfi hjá vinnumiðlun en skráning.

Um 13. gr.

Greinin er hliðstæð 6. tölul. 21. gr. gildandi laga. Í stað þess að áskilja að maður geti eingöngu hafnað vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað svo framarlega sem starfinu fylgi „meiri áreynsla og vosbúð“ er í greininni lagt til að heimilt verði að hafna vinnu í annarri starfsgrein en maður hefur áður stundað ef taldar eru góðar líkur á því að hann muni geta fengið vinnu í sinni starfsgrein. Ekki eru gerðar breytingar á ákvæði um að heimilt geti verið að hafna vinnu fjarri heimili samkvæmt mati úthlutunarnefndar, m.a. á grundvelli heimilisástæðna umsækjanda. Með heimilisástæðum er átt við fjölskylduaðstæður, þar á meðal heilsufar fjölskyldumeðlima umsækjanda. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um að maður geti hafnað vinnu af öðrum ástæðum en þeirri að vinna sé fjarri heimili. Hins vegar felur 4. mgr. í sér nýmæli varðandi hlutastörf, en réttarstaðan hefur verið óljós hvað þau snertir þar sem ekki er kveðið á um þau í gildandi lögum. Skv. 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að menn verði að vera tilbúnir að fara í fullt starf en úthlutunarnefnd er þó samkvæmt ákvæðinu og 4. mgr. 13. gr. veitt svigrúm til þess að meta það með hliðsjón af aðstæðum hins atvinnulausa.

Um 14. gr.

Það sem liggur að baki ákvæðinu er að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra sem sæta biðtíma eftir bótum, t.d. vegna tekna, sbr. 6. gr. frumvarpsins, eða vegna þess að þeir hafa sagt upp starfi án gildra ástæðna, sbr. 4. tölul. 5. gr. Gildandi lög hafa í framkvæmd verið túlkuð á þann veg sem í ákvæðinu greinir, enda þótt ekki séu fyrir hendi skýr ákvæði um þetta í þeim.

Um 15. gr.

Samsvarandi ákvæði er að finna í 1. og 2. mgr. 41. gr. gildandi laga. Til frekari áréttingar er tekið sérstaklega fram að það að leyna upplýsingum hafi sömu afleiðingar og að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar. Fellt hefur verið brott ákvæði um að úthlutunarnefnd skuli úrskurða um missi bóta, enda leiðir það beint af 16. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Skv. 25. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar skal hvert stéttarfélag og félagasamband hafa sína úthlutunarnefnd en ráðherra er samkvæmt ákvæðinu heimilt að sameina úthlutunarnefndir og var það gert með reglugerð nr. 150/1995, sbr. reglugerð nr. 243/1995, um breytingu á henni. Eftir þær breytingar eru úthlutunarnefndirnar 32. Með aukinni tölvuvæðingu er talið unnt að fækka þeim enn frekar, en umtalsverður kostnaður fylgir starfi þeirra. Lagt er til að meginreglan verði sú að ein úthlutunarnefnd verði starfandi í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar, en samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að þau verði a.m.k. átta. Ákvæðið veitir þó möguleika á að úthlutunarnefndir verði fleiri. Er Reykjavíkursvæðið fyrst og fremst haft í huga í því sambandi.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimilt verði að skjóta ákvörðunum úthlutunarnefnda til sérstakrar úrskurðarnefndar en ekki til stjórnar sjóðsins eins og nú er skv. 29. gr. gildandi laga.

Um 18. gr.

Lagt er til í grein þessari að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði skipuð níu mönnum í stað ellefu nú, sbr. 6. gr. gildandi laga. Sú breyting er enn fremur lögð til á skipan stjórnarinnar að Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni tvo í stað eins fulltrúa nú og að Vinnumálasambandið tilnefni fulltrúa í stjórn sjóðsins sem er nýmæli. Lagt er til að fjármálaráðuneytið eigi ekki fulltrúa eins og nú er. Lagt er til að formaður stjórnar verði skipaður af félagsmálaráðherra án tilnefningar, en samkvæmt gildandi lögum velur ráðherra formann úr hópi tilnefndra og kjörinna stjórnarmanna. Ekki er gert ráð fyrir að Alþingi kjósi stjórnarmenn eins og nú er. Að öðru leyti er lagt til að skipan stjórnarinnar verði óbreytt. Þar sem stjórnin er fjölmenn er lagt til að þriggja manna framkvæmdaráð annist afgreiðslu mála sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn.

Um 19. gr.

Greinin er hliðstæð 7. gr. gildandi laga. Athygli er vakin á því að gert er ráð fyrir að skrifstofa sjóðsins sjái alfarið um greiðslu atvinnuleysisbóta. Skv. 1. mgr. 30. gr. gildandi laga annast úthlutunarnefndir greiðslu bóta nema ráðherra ákveði annað.

Um 20. gr.

Ákvæðið felur ekki í sér breytingar á gildandi lögum, sbr. 5. og 10. gr. laganna.

Um 21. gr.

Grein þessi er samhljóða 32. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að fellt hefur verið brott ákvæði þess efnis að við ávöxtun fjár sjóðsins skuli þess gætt að örva atvinnu á þeim stöðum þar sem slíks er þörf.

Um 22. gr.

Í 33.–37. gr. gildandi laga eru ákvæði um heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til að veita ýmiss konar lán og styrki. Eftir þær breytingar sem átt hafa sér stað á undanförnum árum á fjárhag sjóðsins eru að mestu leyti brostnar forsendur fyrir þessum ákvæðum. Með frumvarpinu er mörkuð sú stefna að eingöngu verði heimilt að veita styrki úr sjóðnum til að aðstoða við að hrinda í framkvæmd úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlana til þess að auka starfshæfni og starfsmöguleika atvinnulausra og til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga. Er byggt á því að þessir styrkir muni draga úr útgjöldum sjóðsins til lengri tíma litið þar sem úrræðin muni auka möguleika atvinnulausra á að fá atvinnu til frambúðar.

Um 23. gr.

Ákvæðið er samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

1. og 2. málsl. eru samhljóða 1. mgr. 39. gr. gildandi laga. Hins vegar felur 3. málsl. í sér nýmæli. Það hefur tíðkast í nokkrum mæli að félagsgjöld til stéttarfélaga séu dregin af bótum sem þykir óeðlilegt nema skýrt samþykki hins atvinnulausa liggi fyrir.

Um 25. gr.

Greinin er samhljóða 2. og 3. mgr. 39. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ákvæði um upplýsingaskyldu Innheimtustofnunar sveitarfélaga er nýmæli og tengist því að í 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framlög úr Atvinnuleysistryggingasjóði vegna barna greiðist í ákveðnum tilvikum beint til Innheimtustofnunarinnar.

Um 26. gr.

Hliðstætt ákvæði er að finna í 3. mgr. 41. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. a gildandi laga.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. b gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin er samhljóða 42. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði I til bráðabirgða er gert ráð fyrir að 16 og 17 ára einstaklingar, sem eru á atvinnuleysisbótum við gildistöku nýrra laga, haldi rétti sínum þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, en þar er kveðið á um 18 ára lágmarksaldur til töku atvinnuleysisbóta.

Í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er að finna grundvallarbreytingar á ákvæðum um bótatímabil, sem við gildistöku laganna verður að hámarki fimm ár. Samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða er tímamarkið 1. júlí 1994 lagt til grundvallar mati á lengd bótatímabils, þannig að hafi maður verið á atvinnuleysisbótum samfellt a.m.k. frá þeim degi til þess dags að ný lög taka gildi, getur bótatímabil að hámarki varað til 1. júlí 1999. Sem dæmi má nefna að ef einstaklingur hefur verið á atvinnuleysisbótum samfellt frá 1. janúar 1993, getur bótatímabil hans í raun orðið sex og hálft ár. Ef bótatímabil hefst eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku nýrra laga, þá er gert ráð fyrir að bótatímabili ljúki fimm árum eftir að það hófst, þannig að ef einstaklingur hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum frá 15. febrúar 1995, lýkur bótatímabili hans 15. febrúar 2000.

Í ákvæði III til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ákvæði 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins varðandi starfsleitaráætlanir og úrræði svæðisvinnumiðlana taki gildi 1. janúar 1998 þar sem ljóst þykir að þær muni krefjast lengri undirbúningstíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frumvarpi þessu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

Í frumvarpinu eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysistryggingum sem eiga að taka gildi 1. júlí 1997. Efni frumvarpsins tekur að nokkru leyti mið af þeirri skipulagsbreytingu sem gert er ráð að verði á fyrirkomulagi vinnumiðlunar með frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi og hefur sama gildistökudag. Þar er kveðið á um stofnun Vinnumálastofnunar og átta svæðisvinnumiðlana sem stuðla eiga að úrræðum fyrir atvinnulausa og auka starfsmöguleika þeirra. Í 1. mgr. 12. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir að það geti valdið missi bóta að hafna úrræðum svæðisvinnumiðlana en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða tekur sú grein ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á fjármögnun Atvinnuleysistryggingsjóðs. Forsendur þess kostnaðarmats sem hér fer á eftir eru fengnar með úrtaki úr tölvukerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem bótahlutfall þeirra hópa, sem falla undir atriði þar sem bótaréttur breytist í frumvarpinu, er látið ná til allra bótaþega á árinu 1995. Útreikningarnir miða við 4% atvinnuleysi. Eftirfarandi þættir frumvarpsins munu hafa áhrif á útgjöld til atvinnuleysistrygginga:

Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að félagsmálaráðherra skuli að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs setja reglur um skilyrði þau er sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu uppfylla til þess að njóta bóta úr sjóðnum. Fellt er á brott ákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi laga um að sjálfstætt starfandi einstaklingar verði að vera hættir eigin atvinnurekstri. Það leiðir til þess að fleiri einstaklingar öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Einnig er gert ráð fyrir því í 1. gr. frumvarpsins að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi geti notið bóta gegn greiðslu iðgjalda til sjóðsins. Sú hætta verður því fyrir hendi að ákveðnir hópar kjósi að nota sjóðinn til jöfnunar sveiflu í sínum rekstri. Útilokað er að meta með nokkurri nákvæmni hvað þessar breytingar kynnu að kosta Atvinnuleysistryggingasjóð. Árið 1995 voru sjálfstætt starfandi einstaklingum greiddar alls 77 m.kr. í atvinnuleysisbætur. Ekki er ólíklegt að sá hópur tvöfaldist þannig að heildarkostnaður vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga verði ekki undir 150 m.kr. Í greinargerð með frumvarpinu er vakin athygli á því að nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins vinni að könnun á þeim möguleika að setja á stofn sérstakan sjóð fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Verði valin sú leið má ætla að þak á bótagreiðslur úr þeim sjóði yrði jafngildi greiddra iðgjalda að frádregnum rekstrarkostnaði. Að því gefnu má gera ráð fyrir að greidd iðgjöld til þessa sjóðs verði 230 m.kr. sem miðast við núverandi 1,5% hlut Atvinnuleysistryggingasjóðs af tryggingagjaldi sjálfstætt starfandi einstaklinga. Miðað við þessar forsendur gæti tekjutap sjóðsins numið á bilinu 75–150 m.kr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lágmarksaldur til réttar á atvinnuleysisbótum færður úr 16 árum upp í 18 ár. Talið er æskilegra að ungmennum á þessum aldri sé frekar beint inn til skólanna. Gera má undantekningu frá þessari meginreglu þegar viðkomandi er ekki fært að stunda skólanám vegna takmarkaðrar námsgetu eða bágra fjárhagsástæðna. Sam-

kvæmt ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu á þetta ákvæði ekki við um þá einstaklinga sem orðnir eru 16 ára og eru á atvinnuleysisbótum við gildistöku laga þessara. Sparnaður fyrir sjóðinn yrði lítill sem enginn fyrstu tvö árin en hugsanlega allt að 48–56 m.kr. á ári eftir það. Þá er í 2. gr. ákvæði þess efnis að til að öðlast rétt á bótum þurfi fólk að hafa verið atvinnulaust í tvær vikur að lágmarki en ekki þrjá daga eins og nú. Áfram er gert ráð fyrir að bætur verði greiddar frá fyrsta skráningardegi og að um kauptryggingu fiskvinnslufólks gildi áfram lög nr. 51/1995. Sparnaður vegna þessa ákvæðis er talinn geta orðið á bilinu 8–16 m.kr. Loks er það nýmæli í 2. gr. að viðkomandi verði að vera tilbúinn til þess að ráða sig í fullt starf en heimilt verður að víkja frá þeirri reglu í *ákveðnum tilvikum*. Nánar er kveðið á um þetta atriði í 13. gr. frumvarpsins, að þeim sem sækjast eftir fullu starfi beri að taka hlutastarfi ef úthlutunarnefnd telur litlar líkur á að viðkomandi fái fullt starf. Ráði maður sig í hlutastarf getur hann samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar notið þess hluta bótaréttar síns sem er umfram starfshlutfall hans í allt að sex mánuði. Að þeim tíma liðnum falla bætur niður nema maður kjósi að segja upp hlutastarfi í þeim tilgangi að leita sér að fullu starfi. Áætlað er að sparnaður vegna þessa verði á bilinu 40–56 m.kr.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting að bótaréttur fellur niður í 55 daga í stað 40 daga áður í þeim tilvikum þegar fólk hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem það sjálft á sök á. Einnig er það nýmæli í þessari grein að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar öðlast ekki bótarétt fyrr en námsönn lýkur og skerðist bótatímabil sem því nemur. Ætla má að þessi breyting geti skilað 24–28 m.kr. sparnaði.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins verður heimilt að skerða bótarétt einstaklinga til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar viðkomandi þegar atvinnulaus einstaklingur fær tilfallandi vinnu. Hugsanlegur sparnaður við að öll vinna verði dregin frá við bótaútreikning er metinn á 4–8 m.kr.

Í 7. gr. er ákvæði þess efnis að elli- og örorkulífeyrir, sem og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Það sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Einungis lítill hluti starfsmanna hefur töku lífeyris fyrir 70 ára aldur. Líklegt er að þessi breyting verði til þess að það hlutfall hækki eitthvað en kostnaðaráhrifin á atvinnuleysisbætur eru talin verða óveruleg. Í sömu grein er einnig nýmæli að atvinnuleysisbætur fyrir launamenn skuli aldrei verða hærri en sem svarar dagvinnulaunum síðustu sex mánuði fyrir skráningu og atvinnuleysisbætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga ekki hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði. Er þetta gert til þess að stuðla að því að fólk sé ekki betur sett á bótum en í vinnu. Ólíklegt er að þetta ákvæði hafi teljandi áhrif á útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í 9. gr. frumvarpsins er sett fimm ára hámark á lengd bótatímabils. Nýtt bótatímabil getur þó hafist að liðnum tólf mánuðum frá lokum bótatímabils, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að bótatímabili lauk. Gera má ráð fyrir að u.þ.b. 120 einstaklingar af atvinnuleysisskrá hafi verið atvinnulausir í fjögur ár eða lengur. Ætla má að bætur til þessa hóps séu 50 m.kr. á ári miðað við að hann hafi að jafnaði 70% bótarétt. Þetta ákvæði á að gilda frá 1. júlí 1994 sem þýðir að áhrif þess ættu fyrst að koma fram eftir þrjú ár og yrðu líklega mest á fyrsta árinu. Hins vegar mun það auka kostnað Atvinnuleysistryggingasjóðs að með þessari breytingu verður horfið frá 16 vikna biðtíma í lok hvers 260 daga bótatímabils. Líklegur kostnaðarauki þessa yrði þó ekki meiri en 8–12 m.kr. Enn fremur er bent á það í greinargerð með frumvarpinu að í

16. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir skal sá sem fellur af bótum njóta sérstakrar aðstoðar starfsfólks svæðisvinnumiðlunar við að kanna réttindi til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

Ákvæði 16. gr. fjallar um skipun úthlutunarnefnda í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar. Nú eru úthlutunarnefndirnar 32 en yrðu átta samkvæmt þessu frumvarpi. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að ákveða að fleiri en ein úthlutunarnefnd starfi í kjördæmi og er þá einkum litið til höfuðborgarsvæðisins. Miðað við að úthlutunarnefndir verði alls tíu talsins, að þóknun til þeirra verði alls 6 m.kr. og að þóknun til svæðisvinnumiðlana nemi 1% af bótafjárhæð má gera ráð fyrir, um 18–20 m.kr. árlegum sparnaði miðað við áform í fjárlagafrumvarpi ársins 1997 um að 55 m.kr. verði greiddar til þeirra 32 úthlutunarnefnda sem nú starfa. Sparnaðurinn mun þó ekki koma að fullu fram fyrr en á árinu 1998 þar sem erfitt getur reynst að fækka úthlutunarnefndum fyrr en svæðisvinnumiðlanir hafa tekið til starfa.

Ákvæði 17. gr. fjallar um þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta sem skal vera skipuð til fjögurra ára. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar og úrskurði nefndarinnar skal gefa út árlega. Gera má ráð fyrir því að nefndin þurfi að funda nokkuð oft og er hér gert ráð fyrir að kostnaður við hana verði 1,5–2 m.kr. á ári.

Samkvæmt 18. gr. fækkar í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr ellefu í níu manns og skal hún kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð sem fær heimild til þess að taka fullnaðarákvarðanir um mál sem ekki fela í sér stefnubreytingu fyrir sjóðinn. Gert er ráð fyrir að fundum stjórnar fækki frá því sem nú er en að framkvæmdaráðið hittist á tveggja vikna fresti. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka af þessu.

Í 19. gr. er gert ráð fyrir því að útborgun atvinnuleysisbóta fari fram á skrifstofu sjóðsins en nú sjá úthlutunarnefndirnar og sýslumenn um þann þátt. Jafnframt er gert ráð fyrir að ákveðinn hluti af eftirliti með bótarétti verði færður til svæðisvinnumiðlana. Við þetta léttist álag á starfsmenn sjóðsins sem sinnt hafa því eftirliti og því ætti ekki að þurfa að fjölga störfum hjá sjóðnum vegna útgreiðslu bóta.

Í 22. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild sjóðsins til þess að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana og að veita styrki til að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða. Gert er ráð fyrir að stjórnin setji reglur um styrkveitingar sem félagsmálaráðherra staðfesti. Í núgildandi lögum er sett hámark á það sem renna má til styrkja. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1997 er gert ráð fyrir að 63 m.kr. fari til slíkra styrkja og er hér gert ráð fyrir að sú upphæð verði óbreytt. Hins vegar er ekkert þak sett á þessa upphæð í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki lengur gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði til kjararannsóknarnefndar en í fjárlagafrumvarpi fyrir 1997 er gert ráð fyrir því að sjóðurinn greiði 20 m.kr. til nefndarinnar. Þetta leiðir því til 20 m.kr. lækkunar á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem væntanlega leggst á aðra aðila.

Vegna þeirra umfangsmiklu breytinga sem verða á útreikningi bóta þarf að gera nokkrar breytingar á hugbúnaði sjóðsins og er gert ráð fyrir a.m.k. 7 m.kr. kostnaði af því. Einnig þykir rétt að gera ráð fyrir 1,5–2 m.kr. kostnaði af kynningu á breytingunum.

Samantekið má ætla að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, muni leiða til 185–205 m.kr. sparnaðar á þegar það er að fullu komið til framkvæmda á árinu 2000.

Ætla má að sparnaður á árinu 1997 geti numið um 40–50 m.kr. og 85–105 m.kr. á árinu 1998 og 135–160 m.kr. á árinu 1999.

Frá þessum sparnaði dregst aukinn kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna útvíkkunar á rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta eða myndunar sérstaks sjóðs fyrir þá sem gæti numið á bilinu 75–150 m.kr.

189. Frumvarp til laga [172. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

2. gr.

Vinnumarkaðsaðgerðir eru samkvæmt lögum þessum aðgerðir sem eru gerðar að tilhlutan hins opinbera til þess að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu og sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki.

II. KAFLI
Vinnumálastofnun.

3. gr.

Vinnumálastofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðherra, fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu.

Ráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar.

4. gr.

Verkefni Vinnumálastofnunar eru:

a. Að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra.
b. Að veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu.
c. Að afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur.
d. Að vinna úr upplýsingum frá svæðisvinnumiðlunum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar.
e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana til hlutaðeigandi aðila.
f. Að miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðsmál hér á landi til erlendra aðila.

Ráðherra getur með reglugerð falið stofnuninni fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

III. KAFLI
Stjórn Vinnumálastofnunar.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn.

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tilnefna einn aðalmann og einn varamann hvert í stjórnina.

Ráðherra skipar án tilnefningar tvo aðalmenn í stjórnina, formann og varaformann, svo og varamenn þeirra.

Láti stjórnarmaður af störfum áður en fjögurra ára tímabilið rennur út skal nýr aðili einungis skipaður til loka tímabilsins.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórnin skal reglulega halda samráðsfundi með fulltrúum aðila sem eiga sérhagsmuna að gæta á vinnumarkaðinum og ekki eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Enn fremur skulu haldnir reglulegir samráðsfundir með aðilum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu á vinnumarkaðinum.

7. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal fylgjast með þróun vinnumarkaðarins á hverjum tíma og gera tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir.

Stjórnin skal vera umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn.

Stjórnin skal árlega, eða oftar eftir því sem tilefni er til, gefa ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Ráðherra skal á grundvelli skýrslna stjórnarinnar gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála á vinnumarkaðinum.

Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir forstjóra Vinnumálastofnunar skulu lagðar fyrir stjórnina til samþykktar áður en þær eru lagðar fyrir félagsmálaráðherra.

IV. KAFLI
Svæðisvinnumiðlanir.

8. gr.

Landið er eitt vinnusvæði en svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Staðarval skal miðast við að sem flestir íbúar umdæmisins eigi greiðan aðgang að þjónustu svæðisvinnumiðlunar. Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar ákvarðar nánara fyrirkomulag skráningar atvinnulausra innan svæðis.

9. gr.

Forstjóri Vinnumálastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar að fenginni umsögn svæðisráðs.

Forstöðumaður annast daglega stjórn svæðisvinnumiðlunar í samræmi við starfsáætlun samþykktri af svæðisráði.

10. gr.

Verkefni svæðisvinnumiðlunar eru:

a. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við að útvega hæft starfsfólk.
b. Að taka saman og miðla upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar.
c. Að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.
d. Að miðla upplýsingum um laus störf og umsóknum um störf til annarra svæðisvinnumiðlana.
e. Að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun, sem miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins, og hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.
f. Að annast skráningu atvinnulausra, gefa út vottorð um atvinnuleysi og miðla upplýsingum og gögnum til úthlutunarnefnda.
g. Að hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar og tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að svo sé ekki.

Stjórn Vinnumálastofnunar og svæðisráð geta falið svæðisvinnumiðlunum fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

V. KAFLI
Svæðisráð.

11. gr.

Félagsmálaráðherra skipar á hverju svæði, að afloknum reglubundnum sveitarstjórnarkosningum, níu manna ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar, sem í lögum þessum er nefnd svæðisráð.

Svæðisráð skal skipað þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum vinnuveitenda og þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum launþega á svæðinu. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af sveitarfélögum og einn af framhaldsskólum á svæðinu. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um tilnefningu úrskurðar ráðherra um hver skuli tilnefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka. Ráðherra skipar formann og varaformann svæðisráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar skal sitja fundi svæðisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Svæðisráði er heimilt að skipa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð til að fara með verkefni svæðisráðs eftir nánara umboði ráðsins.

12. gr.

Svæðisráð skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði.

13. gr.

Svæðisráð skal fylgjast með framvindu atvinnumála á svæðinu og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Tillögum sínum skal ráðið beina til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, atvinnuráðgjafa, félagasamtaka og fyrirtækja á svæðinu eftir því sem við á.

Svæðisráð skal aðstoða svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr., m.a. með því að fá þá aðila sem tilgreindir eru í 1. mgr. til samstarfs um slík úrræði.

Svæðisráð skal árlega, og oftar eftir því sem tilefni er til, gefa stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu.

VI. KAFLI
Réttindi og skyldur þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

14. gr.

Svæðisvinnumiðlun er skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi. Henni er enn fremur skylt að aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks. Þjónusta svæðisvinnumiðlunar skal miðast við þarfir hvers og eins.

Svæðisvinnumiðlun getur synjað þeim um þjónustu sem ítrekað hefur hafnað úrræðum svæðisvinnumiðlunar um aðstoð eða ekki sinnt skyldum sínum gagnvart henni.

15. gr.

Svæðisvinnumiðlun skal gera starfsleitaráætlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda. Í því samkomulagi skulu koma fram hugmyndir atvinnuleitanda og fulltrúa svæðisvinnumiðlunar um atvinnumöguleika viðkomandi og hvaða tilboð og aðstoð vinnumiðlun getur veitt, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans og atvinnuhorfur í landinu. Enn fremur skulu svæðisvinnumiðlun og hinn atvinnulausi semja um hvernig háttað skuli sambandi þeirra og eftirliti fulltrúa vinnumiðlunar meðan atvinnuleysi viðkomandi varir.

Ef ágreiningur rís vegna samkomulags um starfleitaráætlun getur hvor aðili fyrir sig vísað honum til úthlutunarnefndar, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

16. gr.

Sá sem er atvinnulaus en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum eða sætir missi bóta skal eiga rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna rétt sinn til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

17. gr.

Þjónusta svæðisvinnumiðlana skal vera þeim sem leita eftir atvinnu og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Allar upplýsingar sem svæðisvinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir, að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Stjórn Vinnumálastofnunar setur nánari reglur um meðferð upplýsinga varðandi þá sem leita eftir aðstoð svæðisvinnumiðlunar. Reglur þessar skulu staðfestar af ráðherra.

19. gr.

Atvinnuleitanda er skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun, sem hann hefur leitað til, ef hann er ráðinn til starfa. Atvinnurekanda er á sama hátt skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun ef einhver þeirra atvinnuleitenda, sem hún hefur vísað á, er ráðinn til starfa.

20. gr.

Ákvörðun svæðisvinnumiðlunar er unnt að skjóta til stjórnar Vinnumálastofnunar eftir að svæðisráð hefur fjallað um málið.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Mál vegna brota á þessu skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

22. gr.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf Vinnumálastofnunar og stjórnar hennar og svæðisvinnumiðlana og svæðisráða.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, og IX. kafli laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal skipa svæðisráð, sbr. 11. gr. laga þessara, sem starfa skulu þar til skipuð hafa verið ný svæðisráð að afloknum næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði sumarið 1995. Nefndin var skipuð sem hér segir: Hjálmar Árnason alþingismaður, formaður, Ögmundur Jónasson alþingismaður, Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, Hervar Gunnarsson varaforseti ASÍ, Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur VMS, Jón H. Magnússon lögfræðingur VSÍ og Nikulás Einarsson viðskiptafræðingur hjá Reykjavíkurborg.

Nefndin skilaði af sér til ráðherra tveimur frumvörpum í apríl 1996, annars vegar frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og hins vegar frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar. Nefndin stóð einhuga að baki fyrra frumvarpinu en ágreiningur var í nefndinni um frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar og urðu lyktir þær að Hervar Gunnarsson og Ögmundur Jónasson stóðu ekki að því.

Frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er ætlað að leysa af hólmi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum. Helstu breytingar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

1. Í frumvarpinu er lagt til að vinnumiðlun verði rekin alfarið á vegum ríkisins. Var einhugur í nefndinni, sem samdi frumvarpið, um að unnt sé að efla og samhæfa vinnumiðlun betur en nú er ef rekstur hennar er á einni hendi.
2. Lagt er til að Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins verði gerð að sjálfstæðri stofnun, sem nefnist Vinnumálastofnun. Stofnunin fari með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Hún lúti stjórn nefndar sem verði skipuð aðilum vinnumarkaðarins, en fulltrúi félagsmálaráðherra gegni formennsku í henni, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Auk umsjónar- og eftirlitshlutverks með stofnuninni hafi stjórnin það hlutverk að fylgjast með ástandi vinnumarkaðarins á hverjum tíma, gefa félagsmálaráðherra skýrslu þar að lútandi og gera tillögur til hans um vinnumarkaðsaðgerðir, sbr. 7. gr. frumvarpsins.
3. Samkvæmt frumvarpinu skulu svæðisvinnumiðlanir, sbr. 8. gr. frumvarpsins, annast opinbera vinnumiðlun hver á sínu svæði undir yfirstjórn Vinnumálastofnunar. Taldi nefndin nauðsynlegt að a.m.k. ein svæðisvinnumiðlun verði starfandi í hverju kjördæmi. Til þess að tryggja nauðsynlegt aðgengi íbúa svæðis er gert ráð fyrir að samið verði við aðila eins og sveitarfélög, verkalýðsfélög eða sýslumenn um að annast skráningu atvinnulausra. Eitt af nýmælum frumvarpsins er að svæðisvinnumiðlanir eigi að sjá atvinnulausum fyrir ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi og starfsþjálfun, til þess að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.
4. Lagt er til að í tengslum við svæðisvinnumiðlanir starfi sérstakar ráðgjafarnefndir, sem í frumvarpinu eru nefndar svæðisráð, skipaðar fulltrúum aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum sveitarfélaga og framhaldsskóla á svæðinu, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Svæðisráðin hafi það hlutverk að fylgjast með atvinnumálum á svæðinu og gefa stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu þar að lútandi, gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og fá aðila á svæðinu til samstarfs um slíkar aðgerðir, sbr. 13. gr. frumvarpsins. Byggt er á því að svæðisráðin gegni lykilhlutverki við að aðstoða svæðisvinnumiðlanir til að hrinda í framkvæmd náms- og starfsúrræðum fyrir atvinnulausa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin felur í sér skilgreiningu á markmiði laganna. Orðalag er einfaldað frá því sem er í 2. mgr. 1. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985, en inntakið er hið sama

Um 2. gr.

Hugtakið vinnumarkaðsaðgerðir nær í lögunum til allra aðgerða sem framkvæmdar eru af ríki eða sveitarfélögum, eða með aðstoð þeirra, til þess að ná jafnvægi á vinnumarkaðinum og sjá honum fyrir hæfu starfsfólki. Hugtakið tekur til starfsemi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana og starfa stjórnar Vinnumálastofnunar og svæðisráða vinnumiðlunar. Það tekur einnig til aðgerða ríkis og sveitarfélaga til þess að skapa til frambúðar ný atvinnutækifæri á grundvelli tillagna þessara aðila og aðgerða til þess að draga úr þenslu á vinnumarkaði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að ný stofnun, Vinnumálastofnun, verði sett á laggirnar til þess að annast yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og að hún taki við verkefnum vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að starfsmenn vinnumálaskrifstofunnar verði starfsmenn hinnar nýju stofnunar. Þykir rétt að fela sjálfstæðri stofnun yfirstjórn vinnumiðlunar fremur en að deild eða skrifstofa í ráðuneytinu hafi það hlutverk með höndum. Er þetta í samræmi við þá stefnu að færa hrein stjórnsýsluverkefni frá ráðuneytum, sem annist sem mest stefnumótun, sbr. stofnun fangelsismálastofnunar og barnaverndarstofu.

Með frumvarpinu er stefnt að því að efla opinbera vinnumiðlun. Þáttur í því er að rekstur vinnumiðlana verði verkefni ríkisins en ekki sveitarfélaga eins og nú er. Með því móti fæst betri heildarsýn yfir vinnumarkaðinn en það hefur þótt brenna við að starfsemi vinnumiðlana sveitarfélaga einskorðist um of við eigið sveitarfélag. Jafnframt er nauðsynlegt að efla yfirstjórn málaflokksins. Með því að svæðisvinnumiðlanir verði reknar á vegum ríkisins verða tengsl vinnumiðlana og Vinnumálastofnunar skýrari og nánari en milli vinnumálaskrifstofu og vinnumiðlana sveitarfélaga. Verður væntanlega auðveldara fyrir Vinnumálastofnun að framfylgja nauðsynlegu eftirliti og samræmingu milli vinnumiðlana en nú er.

Um 4. gr.

Í greininni eru talin helstu verkefni Vinnumálastofnunar. Stofnunin hefur hliðstæð verkefni og vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins nú, sbr. lög nr. 18/1985 og IX. kafla laga nr. 13/1979, sbr. reglugerð um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, nr. 9/1980. Verkefnin eru af tvennum toga, annars vegar er um að ræða aðstoð og eftirlit gagnvart svæðisvinnumiðlunum og hins vegar söfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga um atvinnuleysi, atvinnuástand og atvinnuhorfur.

Í 2. mgr. greinarinnar er ráðherra veitt heimild til þess að fela stofnuninni fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hugsanlegt er að ráðherra neyti heimildar sinnar í 2. mgr. 3. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, til þess að fela stofnuninni útgáfu atvinnuleyfa. Einnig er hugsanlegt að ráðherra feli stofnuninni að gegna hlutverki þjónustustofnunar samkvæmt EBE-reglugerð um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. lög nr. 47/1993, með síðari breytingum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 45/1995 um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, annast vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skrifstofuhald fyrir atvinnuleysistryggingasjóð. Í 19. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar er lagt til að Vinnumálastofnun hafi það hlutverk með höndum.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar verði skipuð á sama hátt og ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1985, að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands eigi fulltrúa í stjórninni. Breytingin tengist því að stjórnin hefur að nokkru leyti aðra stöðu en ráðgjafarnefndin þar sem henni er ætlað umsjónar- og eftirlitshlutverk gagnvart Vinnumálastofnun sem ráðgjafarnefndin hefur ekki gagnvart vinnumálaskrifstofu. Hins vegar er gert ráð fyrir að stjórnin haldi reglulega samráðsfundi með aðilum eins og Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Um 6. gr.

Til þess að stjórnin geti sinnt verkefnum sínum skv. 7. gr. er nauðsynlegt að hún fylgist vel með allri þróun á vinnumarkaðinum og sé í nánu sambandi við aðila sem tengjast honum. Með hliðsjón af því er í greininni gert ráð fyrir að stjórnin haldi reglulega samráðsfundi með fulltrúum aðila sem tengjast vinnumarkaðinum en ekki eiga fulltrúa í stjórninni. Annars vegar er um að ræða aðila sem eiga sérhagsmuna að gæta á vinnumarkaðinum, svo sem hagsmunasamtök fatlaðra og félög aðila vinnumarkaðarins sem ekki eiga aðild að þeim heildarsamtökum sem eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Hins vegar er um að ræða aðila sem hafa yfir að ráða sérfræðiþekkingu á málefnum vinnumarkaðarins, svo sem Þjóðhagsstofnun, Byggðastofnun o.fl. Ráðherra hefur heimild til að kveða nánar á um þessa samráðsfundi í reglugerð, sbr. 23. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Þess er vænst að stjórn Vinnumálastofnunar muni, m.a. á grundvelli upplýsinga sem hún fær frá starfsmönnum stofnunarinnar, svæðisvinnumiðlunum og samráðsaðilum, öðlast heildarsýn yfir ástand vinnumarkaðarins hverju sinni og verði því vel í stakk búin til þess að miðla upplýsingum til ráðherra og gera tillögur til hans um opinberar aðgerðir til að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli. Þær geta bæði falið í sér tillögur um aðgerðir til að skapa ný atvinnutækifæri og aðgerðir til að draga úr þenslu á vinnumarkaðinum. Valdsvið stjórnar til að fjalla um vinnumarkaðsmál takmarkast við þau mál sem hafa áhrif á framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Auk þess að veita upplýsingar og gera tillögur til ráðherra hefur stjórnin umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar.

Um 8. gr.

Í greininni er áréttað að landið sé eitt vinnusvæði, en í því felst að vinnumiðlun er rekin á landsvísu og að mönnum getur verið skylt að taka vinnu utan heimabyggðar sinnar samkvæmt nánari ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. 13. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar, en þar segir að ef hafnað sé vinnu fjarri heimili meti úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá m.a. gætt heimilisástæðna umsækjanda. Ákvæðið er hvað þetta atriði snertir samhljóða 6. tölul. 21. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Í athugasemdum með 13. gr. frumvarps til laga

um atvinnuleysistryggingar kemur fram að með heimilisástæðum sé átt við fjölskylduaðstæður, þar á meðal heilsufar fjölskyldumeðlima umsækjanda.

Hver svæðisvinnumiðlun þjónar fyrst og fremst sínu umdæmi en þeim er síðan ætlað að miðla upplýsingum sín á milli, sbr. d-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Hugmyndir nefndar sem samdi drög að þessu frumvarpi eru þær að svæðisvinnumiðlanir þurfi a.m.k. að vera starfandi í hverju kjördæmi landsins, þó þannig að umdæmi þeirra fylgi ekki endilega kjördæmamörkum nákvæmlega. Til þess að tryggja greiðan aðgang íbúa er nauðsynlegt að skráningarstaðir séu fleiri og því er í ákvæðinu kveðið á um að svæðisráð ákvarði nánar fyrirkomulag skráningar innan svæðis. Er gert ráð fyrir að aðilar eins og sveitarfélög, sýslumenn og verkalýðsfélög geti annast þau verkefni á grundvelli óska svæðisráðs.

Um 9. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að forstöðumaður annist daglega stjórn svæðisvinnumiðlunar í samræmi við starfsáætlun sem svæðisráð hefur samþykkt. Gert er ráð fyrir að forstöðumaður geri tillögu að starfsáætlun fyrir nánar tiltekinn tíma og að hún verði lögð fyrir svæðisráð. Í starfsáætluninni verði gerð áætlun um áherslur og markmið í starfi svæðisvinnumiðlunar, innan ramma gildandi laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla Vinnumálastofnunar um starfsemi svæðisvinnumiðlana. Nauðsynlegt er að slíkar áætlanir sæti reglubundinni endurskoðun og metið sé hvernig tekist hefur að framfylgja áætlun.

Um 10. gr.

Grein þessi fjallar um verkefni svæðisvinnumiðlana. Verkefni þeirra eru hliðstæð verkefnum vinnumiðlana sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985. Hins vegar er gert ráð fyrir að svæðisvinnumiðlanir verði mun virkari en vinnumiðlanir sveitarfélaga og hafi upp á að bjóða víðtækari ráðgjöf og úrræði fyrir atvinnulausa. Mikilvægustu nýmælin í því sambandi eru í e-lið 1. mgr. 10. gr. þar sem gert er ráð fyrir að svæðisvinnumiðlun skuli sjá atvinnulausum fyrir ráðgjöf og úrræðum sem miða að því að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra. Með úrræðum er átt við að gerður sé samningur við hinn atvinnulausa um að hann sinni ákveðnu verkefni daglega í tiltekinn tíma, annað hvort á almennum launakjörum eða á atvinnuleysisbótum. Verkefnin geta falið í sér nám, störf eða samtvinnun á námi og störfum, en þau verða að taka mið af einstaklingsbundnum aðstæðum og þörfum hins atvinnulausa og miða að því að auka starfsgetu og starfsmöguleika hans. Er gert ráð fyrir að hinn atvinnulausi muni geta valið um nokkur úrræði, en það að hafna alfarið slíkum úrræðum geti haft sömu viðurlög í för með sér og að hafna vinnu samkvæmt nánari ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar. Er þess vænst að með framangreindum hætti sé unnt að virkja hinn atvinnulausa til athafna sem auki raunverulega atvinnumöguleika hans í stað þess að hann sé aðgerðarlaus sem hefur þverröfug áhrif. Einnig er með þessum hætti unnt að hafa eftirlit með því að hinn atvinnulausi sé raunverulega atvinnulaus og hafi vilja til þess að fá atvinnu.

Gert er ráð fyrir að svæðisráð, sem skipað er fulltrúum sveitarstjórna, framhaldsskóla og aðila vinnumarkaðarins í umdæmi svæðisvinnumiðlunar, aðstoði svæðisvinnumiðlanir við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd slíkum úrræðum og að gerðir verði samningar við sveitarfélög, framhaldsskóla, fyrirtæki og ríkisstofnanir um að annast framkvæmd þeirra. Með hliðsjón af skipun svæðisráðs og tengsla ráðsmanna við atvinnulíf á svæðinu er talið unnt að tryggja að eingöngu verði boðið upp á úrræði sem þjóni fram-

angreindum markmiðum fyrir hinn atvinnulausa. Í 22. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sé heimilt að styrkja þessi úrræði.

Það færi eftir því hvort hinn atvinnulausi er ráðinn á almennum launakjörum eða ekki, hvort hann telst atvinnulaus meðan á einhverju úrræði stendur þannig að honum sé ekki skylt að taka frambúðaratvinnu sem býðst á tímabilinu. Hér er gerð nánari grein fyrir því um hvers konar úrræði getur verið að ræða:

1. **Úrræði í atvinnuleysi – skylduvirkni.** Hér á eftir skulu nefnd nokkur þeirra úrræða sem gert er ráð fyrir að atvinnulausum muni standa til boða. Ítrekað er að þeim er ætluð sú skylda að velja eitt þeirra og sinna þeim daglega að viðlögðum missi bóta. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir félagslegt skipbrot einstaklinga, en allar rannsóknir sýna að atvinnuleysi hefur á skömmum tíma neikvæð áhrif á einstaklinga. Með ákvæðum um skylduvirkni vinnst og það að líkur á ranglátri misnotkun atvinnuleysisbóta verða minni.
2. **Nýsköpun innan fyrirtækja.** Innan margra fyrirtækja starfa einstaklingar sem hafa hugmyndir að nýsköpun hvers konar. Vegna daglegra starfa sinna gefst þeim sjaldan tækifæri til að sinna þeim. Hér er gert ráð fyrir því að hinn atvinnulausi leysi af hólmi hugvitsmanninn, en sá síðarnefndi vinni að hugmyndum sínum innan fyrirtækisins.
3. **Nýsköpun á eigin vegum.** Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti á eigin vegum sinnt nýsköpun með samþykki starfsfólks svæðisvinnumiðlunar. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að samráð sé haft við atvinnuráðgjafa, Iðntæknistofnun, nýsköpunarsjóði og aðra er málum af þessum toga tengjast.
4. **Leit að nýjum tækifærum.** Í samráði við svæðisvinnumiðlun verði einstaklingum gefinn kostur á að leita eftir nýjum hugmyndum til atvinnutækifæra, m.a. eftir leiðum tölvutækninnar, skilgreina og skoða með t.d. atvinnuráðgjöfum, hugvitsmönnum o.fl.
5. **Stofnun fyrirtækja.** Atvinnulausir stofni fyrirtæki um nýja hugmynd sem hlotið hefur blessun svæðisvinnumiðlunar. Tilraunin standi í sex mánuði. Reynsla Svía af þessari aðferð er mjög jákvæð og sýnir m.a. að um þriðjungur slíkra fyrirtækja lifir áfram.
6. **Landgræðsla.** Í samstarfi við félög, stofnanir og fyrirtæki verði gefinn kostur á landgræðsluverkefnum ýmiss konar. Af nógu er að taka á því sviði.
7. **Endurmenntunarstefna fyrirtækja.** Fyrirtæki og stofnanir geri sér endurmenntunaráætlun þannig að stöðugt sé ákveðinn fjöldi starfsmanna í endurmenntun, en í þeirra stað verði ráðnir einstaklingar af atvinnuleysisskrá. Tvennt vinnst með þessu. Annars vegar styrkir fyrirtækið samkeppnisstöðu sína og hins vegar skapast svigrúm til að ráða fólk til tímabundinna starfa.
8. **Tilraun með sveigjanlegan vinnutíma.** Náist um það samstaða meðal aðila vinnumarkaðarins, einstakra fyrirtækja og starfsfólks verði gerðar tilraunir í einstökum fyrirtækjum með sveigjanlegan vinnutíma. Þetta getur m.a. falið í sér að einstaklingar geta sótt vinnu á öðrum tímum en venjulega tíðkast. Um þetta þarf vitaskuld að vera náið samráð.
9. **Menntun og námskeið.** Gildi starfsmenntunar fer stöðugt vaxandi í atvinnulífinu. Í ábendingum OECD og ESB er hvatt til að þessi þáttur verði efldur til muna sem leið út úr varanlegu atvinnuleysi. Mælt er með því að einstaklingar geti verið á námskeiðum á meðan þeir styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaðnum. Hins vegar er

lagt til að Starfsmenntasjóður annist greiðslur fyrir undirbúning og kennslu slíkra námskeiða.

10. **Tækifæri til að sanna sig innan fyrirtækja.** Einstaklingi er gefinn kostur á að „sanna sig" innan fyrirtækis. Fyrirtækið greiði muninn á bótum og launatöxtum. Gæta verður þess að engum sé sagt upp störfum á móti né að fyrirtæki misnoti þennan möguleika. Reynsla Svía af þessari leið er sú að um 63% þeirra sem fá slík tækifæri ílendast í fyrirtæki.
11. **Störf í þágu Atvinnuleysistryggingasjóðs og svæðisvinnumiðlana.** Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn og svæðisvinnumiðlanir geti ráðið fólk af atvinnuleysiskrá til að vinna ýmis störf í þágu sjóðsins eða svæðisvinnumiðlana, svo sem úttektir, ráðgjöf, eftirlit o.s.frv.
12. **Orlofsstefna fyrirtækja.** Fyrirtæki skoði hvort einhverjir starfsmanna sinna vilji taka sér launalaust orlof í tiltekinn tíma en halda stöðu sinni. Í staðinn má ráða fólk af atvinnuleysisskrá.
13. **Stuðningur við útflutningsverkefni.** Sérstaklega verði stutt við bakið á fyrirtækjum sem eru að hasla sér völl í útflutningi, enda séu þau ekki í samkeppni við önnur innlend fyrirtæki.
14. **Umhverfisverkefni.** Fólk vinni að ýmsum umhverfismálum í samstarfi við samtök og stofnanir á því sviði. Hér eru verkefni óþrjótandi.
15. **Ferðamál.** Í samstarfi við ferðamálasamtök verði gert átak á sviði ferðamála. Samkvæmt upplýsingum fólks úr þessum geira eru verkefnin óþrjótandi fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg Íslendinga.
16. **Aukin opinber þjónusta.** Á öllum sviðum velferðarkerfisins er kvartað undan því að þjónusta mætti vera meiri. Auðvelt er að skilgreina ný verkefni á því sviði við t.d. alls kyns umönnun fyrir m.a. aldraða, fatlaða og sjúka. Gæsla og leiðbeiningar til að efla öryggi borgaranna er orðinn snar þáttur í lífi okkar. Ýmsum félagslegum þáttum má sinna betur og þannig má áfram telja. Að þessu sviði mætti beina mörgum úr atvinnuleysi. Hafa ber þó vel í huga að hvergi sé gengið á svig við fyrirtæki á þessu sviði né kjarasamninga.
17. **Aðstoð við góðgerðarsamtök og stofnanir.** Stofnanir á borð við kirkjuna, hjálparsveitir og Rauða krossinn vinna þakklát störf. Í samráði við þessa aðila mætti skilgreina ýmis störf er beina mætti fólki að.
18. **Opinberar framkvæmdir.** Á tímum samdráttar í atvinnulífinu kemur til greina að hið opinbera auki framkvæmdir sínar. Setja má þar inn ákvæði um ráðningu fólks af atvinnuleysisskrá.
19. **Styrkir með einstaklingum 60 ára og eldri.** Illu heilli virðist til sú skoðun almenn að fólk eldra en 60 ára skili ekki fullum afköstum í vinnu. Af þeim sökum á sá aldurshópur oft örðugt um vik að fá störf. Fordómum þarf að eyða, en sú leið hefur verið farin t.d. annars staðar á Norðurlöndum að stutt er við bakið á þeim fyrirtækjum er sýna skilning á þessu sviði.

Hér hefur verið bent á nokkur hugsanleg úrræði fyrir atvinnulausa. Áhersla er hins vegar lögð á að hér er aðeins um ábendingar að ræða en aðaluppspretta nýrra hugmynda ætti að vera skilvirk vinnumiðlun þar sem stöðugt og náið samband er milli starfsfólks hennar og fyrirtækja og opinberra stofnana á svæðinu.

Gert er ráð fyrir nánu samstarfi sjóðsins og svæðisvinnumiðlana við aðila vinnumarkaðar, nýsköpunarsjóði, Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og aðra þá aðila er að nýsköpun í atvinnulífi koma. Í einhverjum tilvikum má ætla styrki eða lán frá slíkum aðilum til nýsköpunarverkefna með framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Reikna má með að einhvern tíma taki svæðisvinnumiðlanir að koma úrræðum sínum í það horf að til þeirra megi grípa.

Meginatriðið er að hið opinbera, stjórnendur fyrirtækja og verkalýðsfélög axli í sameiningu þá miklu ábyrgð sem felst í því að útrýma atvinnuleysi. Varað er við því að festast í fyrra horfi en hvatt til þess að horft verði djörfum og bjartsýnum augum til framtíðar. Segja má að viljinn ráði verki.

Um 11. gr.

Lagt er til að sérstök ráðgjafarnefnd, sem nefnd verði svæðisráð, verði starfandi í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun. Hún verði skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og framhaldsskóla á svæðinu og á skipan hennar að endurspegla hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu. Er byggt á því að aðilar nái samkomulagi um tilnefningar, en gangi það ekki eftir skuli ráðherra úrskurða um það með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu. Er gert ráð fyrir að hann afli umsagnar viðkomandi heildarsamtaka, þar með talið Sambands íslenskra sveitarfélaga ef við á, áður en hann kveður upp úrskurð sinn. Með þessari skipan svæðisráðs er þess vænst að tryggja megi að í ráðinu sitji aðilar með víðtæka þekkingu á atvinnulífi og atvinnuástandi á svæðinu. Vegna mikilvægi menntunar fyrir atvinnumöguleika atvinnulausra og með hliðsjón af þeim úrræðum sem svæðisvinnumiðlun skal sjá atvinnulausum fyrir, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, er talið mikilvægt að í ráðinu eigi sæti fulltrúi framhaldsskóla á svæðinu.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Grein þessi fjallar um verkefni svæðisráðs. Svæðisráð hefur það hlutverk að fylgjast með þróun atvinnumála á svæðinu og upplýsa stjórn Vinnumálastofnunar um þau mál. Á grundvelli þekkingar sinnar á atvinnumálum á svæðinu og tengsla við atvinnulífið skal ráðið gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og beina þeim til þeirra aðila sem það telur æskilegt að fá til samstarfs um framkvæmd aðgerða. Með 2. mgr. greinarinnar er lögð sérstök áhersla á að svæðisráð aðstoði svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins.

Ekki er gert ráð fyrir að svæðisráð hafi stjórnunarhlutverk gagnvart svæðisvinnumiðlun enda er það nauðsynlegt, m.a. vegna samræmingarsjónarmiða, að svæðisvinnumiðlanir lúti einni og sömu yfirstjórn. Í einstökum ákvæðum frumvarpsins er svæðisráði þó falið að hafa ákveðin afskipti af starfsemi svæðisvinnumiðlunar. Þannig á svæðisráð skv. 8. gr. frumvarpsins að taka ákvörðun um nánara fyrirkomulag skráningar atvinnulausra innan svæðis. Rökin að baki ákvæðinu eru þau að í ráðinu sitja fulltrúar frá svæðinu sem hafa þekkingu á staðháttum og tengsl við aðila á staðnum. Vegna þeirra fjárskuldbindinga sem leiða af samningum við þriðja aðila um að taka að sér skráningu er nauðsynlegt að samþykki Vinnumálastofnunar til samninga við þriðja aðila liggi fyrir. Skv. 9. gr. frumvarpsins er einnig gert ráð fyrir að starfsáætlanir forstöðumanns svæðisvinnumiðl-

unar verði lagðar fyrir svæðisráð til samþykktar, sbr. athugasemdir við þá grein, og skv. 2. mgr. 10. gr. getur svæðisráð falið svæðisvinnumiðlun fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr. greinarinnar. Slík verkefni mega að sjálfsögðu ekki stríða gegn lögum, reglugerðum og stjórnvaldsfyrirmælum Vinnumálastofnunar og ef þau hefðu fjárskuldbindingar í för með sér sem gætu komið niður á öðrum verkefnum svæðisvinnumiðlunar yrði að afla samþykkis Vinnumálastofnunar.

Um 14. gr.

Af orðalaginu „óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi" leiðir m.a. að svæðisvinnumiðlun væri skylt að aðstoða ríkisborgara í EES-landi á sama hátt og íslenska ríkisborgara, sbr. 5. gr. reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 1612/68/EBE, með síðari breytingum, sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafóks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47/1993, með síðari breytingum.

Gert er ráð fyrir að svæðisvinnumiðlun annist atvinnuleit fyrir fatlaða og er væntanlegt frumvarp til laga um breytingu á 28. gr. laga um málefni fatlaðra. Skv. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins getur svæðisvinnumiðlun synjað þeim um þjónustu sem hefur ítrekað hafnað úrræðum svæðisvinnumiðlunar um aðstoð eða ekki sinnt skyldum sínum gagnvart henni. Synjun svæðisvinnumiðlunar um aðstoð felur í sér stjórnvaldsákvörðun sem viðkomandi aðili gæti skotið til stjórnar Vinnumálastofnunar, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Þjónusta svæðisvinnumiðlana skal ekki einskorðast við þá sem eru atvinnulausir heldur er þeim einnig skylt að aðstoða fólk sem hefur áhuga á að skipta um vinnu.

Um 15. gr.

Með greininni er lagt til að það verði fastur þáttur í þjónustu svæðisvinnumiðlunar að í samvinnu hins atvinnulausa og svæðisvinnumiðlunar verði gerð úttekt á stöðu og möguleikum hans til þess að fá vinnu og á grundvelli hennar verði gerð áætlun um á hvern hátt eigi að vinna að því markmiði. Þessar hugmyndir eru teknar upp að fyrirmynd nágrannaþjóða okkar þar sem svokölluð „handlingsplaner" fyrir atvinnulausa hafa unnið sér fastan sess.

Skv. 12. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar eru það eingöngu þeir sem ekki hafa gert starfsleitaráætlun sem er skylt að skrá sig vikulega. Er gert ráð fyrir því að sveigjanlegri reglur um eftirlit eigi við um þá sem gert hafa starfsleitaráætlanir, þannig að eftirlitið geti tekið mið af því hvort og í hvaða verkefnum hinn atvinnulausi tekur þátt hverju sinni. Það segir sig sjálft að ekki er þörf á sérstakri skráningu fyrir þann sem mætir til daglegra starfa sem þátttakandi í verkefnum svæðisvinnumiðlana. Hins vegar geta komið þau tímabil milli úrræða þegar gera verður kröfu um sérstaka skráningu. Er gert ráð fyrir því að í starfsleitaráætlun verði kveðið nánar á um hvernig eftirliti verði háttað. Ef ágreiningur rís milli svæðisvinnumiðlunar og hins atvinnulausa um þetta er unnt að vísa honum til úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta til úrskurðar, en skv. 12. gr. frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar hefur úthlutunarnefnd heimild til þess að kveða upp úrskurð um bótamissi ef maður fylgir ekki starfsleitaráætlun.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi á grundvelli 23. gr. frumvarpsins heimild til að setja með reglugerð nánari ákvæði um hvernig eftirliti svæðisvinnumiðlunar skuli háttað.

Um 16. gr.

Greinin felur í sér að atvinnulausir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum eða sæta missi bóta skuli eiga rétt á sérstakri aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna hugsanlegan rétt sinn til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum og reglum. Eru hér fyrst og fremst höfð í huga lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir að þjónusta svæðisvinnumiðlana verði endurgjaldslaus á sama hátt og þjónusta vinnumiðlana sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Um 18. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 10. gr. gildandi laga um vinnumiðlun. Gert er ráð fyrir að í reglum sem stjórn Vinnumálastofnunar setur skuli kveðið nánar á um meðferð upplýsinga sem svæðisvinnumiðlun berast.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Með ákvörðun er átt við stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga. Með umfjöllun svæðisráðs er átt við að afla skuli umsagnar þess um kærumál áður en stjórn Vinnumálastofnunar kveður upp úrskurð sinn en ekki að svæðisráð skuli vera sjálfstæður málskotsaðili.

Um 21. gr.

Hliðstætt ákvæði er nú í 17. gr. laga um vinnumiðlun. Samkvæmt því getur félagsmálaráðherra að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og námsmanna að annast atvinnumiðlun fyrir félagsmenn sína. Einnig er fyrirtækjum og einstaklingum heimilt að annast milligöngu um ráðningar, en af orðalagi ákvæðisins er ekki ljóst hvort slíkir aðilar þurfi sérstaka heimild ráðherra til þess. Í framkvæmd hefur ekki verið gengið eftir því að milligönguaðilar um ráðningar afli sér sérstakrar heimildar til starfa. Þykja ekki rök til þess að gera kröfu til þess. Ef slíkt ákvæði á að hafa einhvern tilgang þyrfti Vinnumálastofnun að hafa með höndum viðamikið eftirlit sem ekki þykja nægileg rök fyrir. Viðhaldið er áskilnaði um að slík milliganga verði að vera atvinnuleitendum að kostnaðarlausu. Í 20. gr. gildandi laga um vinnumiðlun er almennt ákvæði um refsiviðurlög vegna brota á lögunum. Ekki þykja rök til þess að viðhalda slíku almennu ákvæði enda vandséð að til refsimála geti komið vegna þjónustustarfsemi Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Hins vegar þykja rök til þess að viðhalda slíku refsiákvæði vegna einkarekinna vinnumiðlana. Er í því sambandi m.a. litið til þess að á liðnum árum hafa vaknað grunsemdir um að gerðar hafi verið tilraunir til þess að taka gjald af atvinnuleitendum sem leitað hafa til slíkra milligönguaðila.

Um 22. gr.

Lagt er til að allur kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana verði greiddur af ríkinu. Í því felst m.a. að ríkið greiði kostnað vegna stjórnar Vinnumálastofnunar og svæðisráða og vegna samninga sem gerðir kunna að verða við þriðja aðila vegna skráningar atvinnulausra, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Hér er um að ræða heimildarákvæði. Ljóst er að nauðsynlegt er að setja nánari ákvæði í reglugerð um samskipti Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlunar, t.d. nánari reglur um þær upplýsingar sem svæðisvinnumiðlun skal miðla til Vinnumálastofnunar. Enn fremur nánari reglur um samstarf svæðisvinnumiðlana, ráðgjöf þeirra og starfsleitaráætlanir, þar á meðal úrræði fyrir atvinnulausa og hvernig eftirliti svæðisvinnumiðlana með því að menn sem gert hafa starfsleitaráætlun fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar til að fá greiddar atvinnuleysisbætur.

Af 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins leiðir að ráðherra skal setja reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. júlí 1997, þ.e. um leið og lög um atvinnuleysistryggingar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins skal skipa svæðisráð að afloknum reglubundnum sveitarstjórnarkosningum og því er nauðsynlegt að hafa ákvæði til bráðabirgða um skipun svæðisráðs þar til næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningar fara fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, og IX. kafla laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979. Í frumvarpinu er lagt til að ný stofnun, Vinnumálastofnun, verði sett á laggirnar til þess að annast yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu ásamt því að taka við verkefnum vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Þá er gert ráð fyrir að svæðisráð og svæðisvinnumiðlanir starfi a.m.k. í hverju kjördæmi en til þess að auðvelda íbúum skráningu verði skráningarstaðir fleiri. Í frumvarpinu er lagt til að kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu en nú er rekstur vinnumiðlunar fjármagaður af sveitarfélögum.

Gera má ráð fyrir að kostnaður af Vinnumálastofnun verði nokkuð meiri en kostnaður af vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Felst hækkunin í auknum verkefnum þar sem stofnuninni er ætlað að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum, samræma starfsemi þeirra og veita starfsfólki þeirra faglega aðstoð og fræðslu. Samtals má gera ráð

fyrir þremur störfum til viðbótar við núverandi störf hjá vinnumálaskrifstofunni og er kostnaður af þeim áætlaður 7–8 m.kr. á ári og stofnkostnaður um 1,5–2 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að stofnuninni verði skipuð sjö manna stjórn. Áætlað er að kostnaður vegna hennar verði 0,5–1 m.kr. á ári.

Í frumvarpinu er lagt til að ráðgjöf og úrræði svæðisvinnumiðlana fyrir atvinnulausa verði víðtækari en vinnumiðlana nú. Aukningin felst í því að svæðisvinnumiðlunum er ætlað að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun, sem miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins og hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa. Einnig er svæðisvinnumiðlunum ætlað að hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar og tilkynna úthlutunarnefndum ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að svo sé ekki. Af þessu má ljóst vera að kostnaður af ráðgjafarstarfsemi svæðisvinnumiðlana verði meiri en af starfsemi vinnumiðlana sveitarfélaga nú en áætlað er að hann verði um 70–80 m.kr. árið 1996. Ef tekið er mið af meðalfjölda einstaklinga í lok mánaðar á árinu 1995 verður kostnaður ríkisins af rekstri svæðisvinnumiðlana um 125–135 m.kr. á ári að hámarki. Er þá reiknað með 60 störfum og að ríkissjóður greiði ekki kostnað vegna aukinna úrræða til handa atvinnulausum að öðru leyti en því að fjármagna umsjón, úttektir og eftirlit með úrræðunum og að greiða atvinnuleysisbætur til þeirra sem taka þátt í þeim. Til viðbótar má reikna með að stofnkostnaður svæðisvinnumiðlana verði um 30–35 m.kr.

Gera má ráð fyrir að samhliða starfsemi svæðisvinnumiðlana fari tölvutæk atvinnuleysisskráning fram á nær öllum þéttbýlisstöðum landsins og verði send til svæðisvinnumiðlana. Þessu fylgir um 18–20 m.kr. kostnaðarauki fyrir ríkissjóð vegna átta starfa að viðbættum 4–5 m.kr. í stofnkostnað. Í frumvarpinu er kveðið á um að níu manna svæðisráð starfi á hverju svæði sem skal fylgjast með framvindu atvinnumála þar og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Kostnaður af svæðisráðunum er áætlaður 6–8 m.kr. á ári.

Gera má ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af lögfestingu frumvarpsins verði 190–215 m.kr. fyrsta árið en 160–175 m.kr. á ári eftir það. Gera verður ráð fyrir að semja verði við sveitarfélögin um að taka að sér önnur verkefni í staðinn þannig að kostnaðarauki ríkissjóðs verði minni en ella.

190. Frumvarp til laga [173. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „að undanteknum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sumarhúsum og.
b. Á eftir orðunum „í dreifbýli“ í 5. mgr. kemur: og sumarhús.

2. gr.

Í stað „IV. kafla“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: III. kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu, en að hluta til grundvallað á áliti nefndar sem skipuð var til að yfirfara réttindi og skyldur sumarhúsaeigenda. Sú nefnd var skipuð af félagsmálaráðherra í samráði við umhverfisráðherra.

Í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um breytt fyrirkomulag varðandi álagningu fasteignaskatts á sumarhús. Stofn til álagningar skattsins á þessar eignir verði fasteignamat þeirra. Þannig verði hætt að umreikna matsverð sumarhúsa til markaðsverðs sambærilegra eigna í Reykjavík.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar er varða sumarhús. Ákvæði þessi eiga við um sumarhús eins og þau eru skilgreind í byggingarreglugerð, sbr. gr. 6.10.7.1 í byggingarreglugerð, nr. 177/1992, með síðari breytingum.

Í a-lið er lögð til sú breyting á 2. mgr. 3. gr. laganna að sömu reglur gildi um stofn til álagningar á sumarhús og nú gilda um útihús í sveitum. Stofn til álagningar fasteignaskatts á sumarhús verður þá fasteignamat þeirra. Jafnframt verði hætt að umreikna matsverð sumarhúsa til markaðsverðs sambærilegra eigna í Reykjavík. Tillaga þessi er sett fram á þeim grundvelli að sérstaða sumarhúsa og eigenda þeirra er nokkur miðað við aðra fasteignareigendur í sveitarfélögum. Er þar fyrst og fremst bent á að sumarhús eru ekki ætluð til íbúðar í þeim skilningi að fólk hafi þar lögheimili. Eigendur þeirra sækja því ekki þjónustu á borð við leikskóla, grunnskóla og félagsþjónustu til þess sveitarfélags þar sem sumarhús þeirra eru.

Í beinu framhaldi af þessu og með sömu rökum er lagt til í b-lið greinarinnar að tekið verði skýrar fram í 5. mgr. 3. gr. laganna að sveitarstjórnir hafi sams konar heimildir til að undanþiggja sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr. 3. gr. laganna og gilda um aðrar fasteignir í dreifbýli.

Um 2. gr.

Um er að ræða tæknilega breytingu sem láðst hefur að gera fyrr, en kaflaskipan laga um almannatryggingar breyttist með lögum nr. 117/1993.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á 3. gr. laganna sem fjallar um fasteignaskatt. Breytingarnar varða álagningu fasteignaskatts á sumarhús til lækkunar á stofni.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi nokkur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

191. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Í stað „1. janúar 1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. janúar 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með 16. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, var tekið upp það nýmæli að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skyldi vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum, enda lægi eigi fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Lög nr. 26/1994 gengu í gildi 1. janúar 1995. Með ákvæði til bráðabirgða, sbr. 7. gr. laga nr. 136/1995, um breytingu á lögum nr. 26/1994, var gildistöku 16. gr. frestað til 1. janúar 1997. Frestur sá og aðlögunartími sem gefinn var með þessari tilhliðrun var ætlaður eigendum og húsfélögum til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöldum til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana.

Komið hefur í ljós að þörf er á lengri fresti en veittur var með 7. gr. laga nr. 136/1995 til þess að eðlileg aðlögun að fyrirmælum 16. gr. laga um fjöleignarhús megi eiga sér stað. Af þessu tilefni hefur félagsmálaráðherra borist erindi frá Fasteignamati ríkisins, Félagi fasteignasala, byggingarfulltrúanum í Reykjavík og sýslumanninum í Reykjavík, en þessir aðilar koma allir við sögu við framkvæmd eignaskiptayfirlýsinga. Í erindinu er vísað til þess að enn eru nokkrir annmarkar á því að ákvæði 16. gr. megi hnökralaust ganga í gildi. Má þar meðal annars nefna álag á opinbera aðila, fjölda þeirra eignaskiptayfirlýsinga sem gera þarf árlega og að enn eru tiltölulega fáir einstaklingar sem hlotið hafa löggildingu til gerðar eignaskiptayfirlýsinga. Að athugðu máli telur félagsmálaráðherra rétt að leggja til með þessu frumvarpi að fullri gildistöku ákvæðis 16. gr. laga nr. 26/1994 verði frestað fram til 1. janúar 1999, enda verði markvisst unnið að því af hálfu réttra aðila að sú dagsetning gangi eftir.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingu á ákvæði til bráðabirgða. Samkvæmt því frestast gildistaka 16. gr. laganna sem fjallar um þinglýsta eignaskiptayfirlýsingu sem skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum. Gildistakan frestast um tvö ár, þ.e. frá 1. janúar 1997 til 1. janúar 1999.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi nokkur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

192. Svar [110. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Bryndísar Hlöðversdóttur um vinnueftirlitsgjald.

1. *Hverju nam innheimta vinnueftirlitsgjalds árin 1993, 1994 og 1995 og hver er áætluð upphæð þess árið 1996?*

Innheimt vinnueftirlitsgjald var eftirfarandi (í millj. kr.):

1993	142,7
1994	133,6
1995	130,2
Alls	406,5

Áætlað er að innheimt vinnueftirlitsgjald verði 139,3 millj. kr. á árinu 1996.

2. *Hve stór hluti gjaldsins hefur þegar verið greiddur til Vinnueftirlits ríkisins fyrir hvert ár?*

Samkvæmt greiðsluuppgjöri A-hluta ríkissjóðs voru greiðslur til Vinnueftirlits ríkisins eftirfarandi (í millj. kr.):

1993	140,1
1994	134,2
1995	141,4
Alls	415,7

3. *Hver er mismunurinn og þar með inneign Vinnueftirlitsins hjá ríkissjóði?*

Mismunur innheimts vinnueftirlitsgjalds og greiddra framlaga var eftirfarandi (í millj. kr.):

1993	-2,5
1994	0,5
1995	11,2
Alls	9,2

Á árunum 1993–95 hafa greiðslur úr ríkissjóði numið 9,2 millj. kr. umfram innheimt vinnueftirlitsgjald.

Svörin við fyrirspurninni byggjast á upplýsingum frá ríkisbókhaldi.

193. Svar [105. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sigurðar Hlöðvessonar um ökutækjastyrki og hjálpartæki til fatlaðra íbúa á sambýlum.

1. *Hver hefur verið þróun fjárveitinga til ökutækjastyrkja til fatlaðra á síðustu fimm árum, á föstu verðlagi í október 1996?*

Þróun fjárveitinga til ökutækjastyrkja á verðlagi í október 1996 hefur verið sem hér segir:

Ár	Fjárlög, millj. kr.	Uppreiknað til verðlags í október 1996*
1992**	145	161
1993	180	191
1994	154	161
1995	160	165
1996	80	80

* Vísitala neysluverðs.
** Upphæð samkvæmt reikningi 1992, þar eð sundurliðun er ekki í fjárlögum.

2. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að reglur Tryggingastofnunar ríkisins um úthlutun ökutækjastyrkja til fatlaðra nái einnig til sambýla, þannig að sambýli, þar sem búa einn eða fleiri einstaklingar sem fullnægja skilyrðum um styrk, eigi rétt á styrk?*

Reglugerð um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra nr. 170 22. apríl 1987, ásamt síðari breytingum, gerir einungis ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar eigi rétt á styrk til bifreiðakaupa. Dæmi er til um að tryggingaráð hafi mælt með því að tveir einstaklingar í sambúð fengju að leggja styrki sína saman til kaupa á einni bifreið. Hins vegar má vart gera ráð fyrir því, miðað við takmarkað fjármagn, að einstaklingar láti stofnunum eftir hlut af fjárveitingunni til þeirra þarfa. Venjan er sú að ráðuneyti sjá stofnunum sem undir þau heyra fyrir fjármagni til nauðsynlegra bifreiðakaupa. Þar sem sambýli fyrir fatlaða heyra ekki undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti verða ákvarðanir í þeirra málum ekki teknar þar.

3. *Mun ráðherra beita sér fyrir því að reglum Tryggingastofnunar um afgreiðslu hjálpartækja, svo sem baðtækja, baðlyfta, sturtustóla og annarra slíkra hjálpartækja, til íbúa á sambýlum verði breytt þannig að þörf einstaklingsins fyrir hjálpartæki verði metin út frá persónulegum þörfum hans þannig að það komi ekki í veg fyrir úthlutun að aðrir íbúar sambýlisins þurfi ekki á tækjunum að halda?*

Enn verður að minna á að sambýli fyrir fatlaða heyra ekki undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Allar innréttingar sem hugsanlega verða samnýttar á sambýlum, svo sem naglföst tæki, baðtæki, baðlyftur, ýmiss konar sturtustólar o.fl., eiga þeir aðilar að útvega sem stofna til og reka sambýlin. Reglan er sú að stofnanir á föstum fjárlögum sjá almennt um hjálpartæki fyrir vistmenn sína. Hjálpartæki Tryggingastofnunar ríkisins eru fyrst og fremst fyrir þá sem búa utan stofnana, en ef þau eru sérsniðin fyrir einstaklinginn og samnot á stofnun koma ekki til eru þau einnig veitt til einstaklinga á sambýlum og stofnunum. Undantekningar hafa þannig verið gerðar, t.d. með sérhæfð rúm, hjólastóla, tölvur o.fl.

Þessi mál verða í heild tekin til sérstakrar skoðunar nú á næstunni í nefnd sem félagsmálaráðherra skipar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á fulltrúa í, en þeirri nefnd er ætlað það hlutverk að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í málefnum fatlaðra. Þar verða vafalaust rædd málefni eins og hreyft er við í þessari fyrirspurn.

194. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála með verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til annarra aðila hér á landi, og með því að stofna og eiga hlut í og taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki erlendis, sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa lagt Landsvirkjun til eigendaframlög í formi stofnframlaga, sbr. 4. gr. og sameignarsamning aðila frá 27. febrúar 1981, og í formi sérstakra eiginfjárframlaga.

Landsvirkjun greiðir eigendum arð af eigendaframlögum skv. 1. mgr. og af eigendaframlögum sem eigendur kunna síðar að leggja fram til Landsvirkjunar.

Eigendaframlög skv. 1. mgr., svo sem þau hafa verið endurmetin miðað við 31. desember 1995, sbr. samning eignaraðila frá 28. október 1996 um breytingu á sameignarsamningi aðila, og eigendaframlög, er síðar kunna að verða lögð fram, skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður ársfundur Landsvirkjunar, að fenginni tillögu stjórnar, arðgreiðslu sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð sjö mönnum. Ráðherra orkumála skipar þrjá stjórnarmenn, borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá stjórnarmenn og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Ráðherra orkumála skipar formann stjórnarinnar úr hópi þeirra stjórnarmanna sem hann skipar. Á stjórnarfundum skal atkvæði formanns vega tvöfalt.

Varamenn, jafnmargir, skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera eitt ár í senn, frá ársfundi Landsvirkjunar á viðkomandi ári til ársfundar á næsta ári.

Ársfundur ákveður þóknun stjórnarmanna.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar skulu sett í reglugerð.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar ræður forstjóra er veitir fyrirtækinu forstöðu. Forstjóri skal eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal annast um að skipulag fyrirtækisins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins.

Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Í slíkum tilvikum skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Stjórn Landsvirkjunar skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri skal sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Einungis stjórn Landsvirkjunar getur veitt prókúruumboð.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og forstjóra skulu sett í reglugerð.

5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Halda skal í aprílmánuði ár hvert ársfund Landsvirkjunar. Á ársfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi Landsvirkjunar síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur Landsvirkjunar fyrir liðið reikningsár ásamt skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar og um aðra meðferð hagnaðar eða taps Landsvirkjunar á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið kjörtímabil.
5. Lýst kjöri stjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
7. Umræður um önnur mál.

Rétt til setu á ársfundi eiga einn fulltrúi hvers eignaraðila, stjórn og forstjóri Landsvirkjunar og löggiltur endurskoðandi fyrirtækisins. Ráðherra orkumála tilnefnir fulltrúa ríkissjóðs á ársfundinum. Atkvæðisréttur eignaraðila á ársfundi skal vera í samræmi við eignarhluta hvers þeirra.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið ársfundar skal setja í reglugerð.

6. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Halda skal sérstakan samráðsfund Landsvirkjunar þegar að loknum ársfundi fyrirtækisins ár hvert. Fulltrúar á samráðsfundi skulu vera sem hér segir:

Fjórir menn tilnefndir af ráðherra orkumála, fjórir menn kosnir af Reykjavíkurborg og fjórir menn kosnir af Akureyrarbæ. Þá skulu hver hinna einstöku landshlutasamtaka sveitarfélaga eiga rétt á að kjósa á aðalfundi sínum fjóra menn til setu á samráðsfundinum. Í reglugerð skal nánar kveðið á um kosningu fulltrúa á samráðsfund. Varamenn skulu skipaðir eða kosnir á sama hátt og aðalmenn.

Verði um að ræða fjölgun eignaraðila skal taka skipan samráðsfundar til endurskoðunar.

Stjórn og forstjóri Landsvirkjunar skulu sitja samráðsfundinn.

Á samráðsfundinum skal kynna afkomu Landsvirkjunar og áætlanir og ræða þau atriði er þar koma fram. Skal þar sérstaklega fjalla um mál er varða öryggi í vinnslu og flutning raforku um landið, svo og atriði er varða raforkuverð. Þá skal á samráðsfundi ræða raforkumál er varða einstaka landshluta eftir því sem ástæða er til.

Nánari ákvæði um fundarsköp og starfssvið samráðsfunda skal setja í reglugerð.

7. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Starfsár Landsvirkjunar og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

Ársfundur Landsvirkjunar kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga fyrirtækisins.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning Landsvirkjunar í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn fyrirtækisins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

8. gr.

1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir Landsvirkjun.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi stjórnar Landsvirkjunar skal haldast þar til á fyrsta ársfundi fyrirtækisins eftir gildistöku laga þessara, en fellur þá niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum sérstakrar viðræðunefndar eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar sem iðnaðarráðherra skipaði 23. febrúar 1996. Til viðræðnanna var stofnað að ósk borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri, en Reykjavíkurborg á 44,525% eignarhluta í Landsvirkjun og Akureyrarbær 5,475%. Ríkissjóður á 50% eignarhluta í Landsvirkjun.

Í viðræðunefndina voru skipaðir: Halldór J. Kristjánsson, nú ráðuneytisstjóri, formaður, Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, báðir samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur, Jakob Björnsson, bæjarstjóri á Akureyri, og Sigurður J. Sigurðsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, báðir samkvæmt tilnefningu bæjarráðs Akureyrar, og Guðmundur Jóhannsson viðskiptafræðingur, fulltrúi fjármálaráðuneytisins við nefndarstarfið.

Með nefndinni starfaði Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar. Ritari nefndarinnar var Örn Marinósson, framkvæmdastjóri fjármála- og markaðssviðs Landsvirkjunar, en að auki naut nefndin aðstoðar Stefáns Péturssonar, deildarstjóra fjármála- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, Baldurs Guðlaugssonar hrl. og Stefáns Svavarssonar endurskoðanda.

Nefndin lauk störfum í októbermánuði 1996. Lagði hún til að rekstrarform Landsvirkjunar yrði óbreytt að sinni, en fyrir 1. janúar 2004 færi fram athugun á því hvort ástæða væri til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun. Þá lagði nefndin til að framlög þau sem eigendur Landsvirkjunar hafa lagt fyrirtækinu til í formi stofnframlaga og sérstakra eiginfjárframlaga yrðu endurmetin miðað við árslok 1995, sett yrðu tiltekin arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið fyrir Landsvirkjun, fækkað í stjórn fyrirtækisins og breyting gerð á tilhögun á vali stjórnarmanna ríkisins og loks að verkaskipting stjórnar fyrirtækisins og forstjóra og tilhögun endurskoðunar ársreiknings yrði færð nær því sem gildir í hlutafélögum.

Eigendur Landsvirkjunar hafa fyrir sitt leyti samþykkt niðurstöður og tillögur nefndarinnar. Undirrituðu þeir 28. október 1996 samning um breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun og bókun um samkomulag um frumvarp það sem hér liggur fyrir, en með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar sem gera þarf á lögunum um Landsvirkjun svo að unnt sé að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum um Landsvirkjun sem í frumvarpi þessu felast eru eftirfarandi:

1. Lögfest er heimild Landsvirkjunar til að hagnýta þá sérþekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála, með verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til innlendra og erlendra aðila og með eignaraðild að fyrirtækjum erlendis. (1. gr.)
2. Framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins eru endurmetin miðað við 31. desember 1995 og mynda endurmetin eigendaframlög nýjan stofn til arðgreiðslu. Arðgreiðslur skulu ákveðnar með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins eins og nú er, en jafnframt með hliðsjón af yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. (2. gr.)

3. Stjórnarmönnum fækkar úr níu í sjö. Fulltrúum ríkisins í stjórn fækkar úr fjórum í þrjá og eignaraðilar velja ekki lengur sameiginlega einn stjórnarmann, sem jafnframt hefur verið formaður stjórnarinnar. Ráðherra orkumála skipar fulltrúa ríkisins, en þeir eru nú kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Í samræmi við þetta er lagt til að brott falli úr lögunum ákvæði um að ráðherra tilnefni einn mann til setu á stjórnarfundum sem hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Við breytinguna verða fulltrúar ríkisins í stjórn Landsvirkjunar þrír, en fulltrúar Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar fjórir, svo sem verið hefur. Til að vega þar upp á móti er lagt til að atkvæði stjórnarformanns sem ráðherra skipar úr hópi fulltrúa ríkisins vegi tvöfalt. Kjörtímabil stjórnarinnar verður eitt ár í senn, en er nú fjögur ár. Umboð núverandi stjórnar Landsvirkjunar helst þar til á fyrsta ársfundi fyrirtækisins eftir gildistöku laganna. (3. gr. og ákvæði til bráðabirgða.)
4. Ákvæði laganna um starfssvið stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar eru löguð að ákvæðum hlutafélagalaga um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélagi. (4. gr.)
5. Gert er ráð fyrir að árlega verði haldinn sérstakur ársfundur eigenda Landsvirkjunar þar sem skýrsla stjórnar og ársreikningur verði lögð fram til afgreiðslu, ákvörðun tekin um arðgreiðslur til eigenda og um aðra meðferð hagnaðar eða taps á reikningsárinu, ákvörðun tekin um þóknun til stjórnarmanna, lýst kjöri stjórnar og kosinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag fyrir fyrirtækið. Atkvæðisréttur eignaraðila á ársfundi verður í samræmi við eignarhluta hvers þeirra. (5. gr.)
6. Þegar að loknum ársfundi ár hvert skal haldinn sérstakur samráðsfundur og er gert ráð fyrir að fulltrúar á samráðsfundi og dagskrá fundarins verði sú sama og nú er á ársfundum. (6. gr.)
7. Ákvæði um endurskoðun ársreiknings Landsvirkjunar eru færð til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga og laga um ársreikninga. Endurskoðandi Landsvirkjunar verður eftirleiðis kosinn á ársfundi eigenda fyrirtækisins, en hann er nú ráðinn af stjórn fyrirtækisins. Því er ekki lengur gert ráð fyrir að eignaraðilum sé hverjum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. (7. gr.)
8. Felld eru úr gildi ákvæði um að aflað skuli tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir fyrirtækið. (8. gr.)

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. gr. gildandi laga um Landsvirkjun er kveðið á um tilgang fyrirtækisins. Tilgangur Landsvirkjunar er samkvæmt lögunum að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna og stóriðjufyrirtækja, að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins, að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar, að vinna að því í samvinnu við aðrar rafveitur að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið og að hafa með viðunandi hætti tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Landsvirkjun ræður yfir margvíslegri sérþekkingu á sviði orkumála. Þar sem ekki er í Landsvirkjunarlögunum með beinum hætti kveðið á um að fyrirtækinu sé heimilt að hagnýta slíka þekkingu á viðskiptalegum grundvelli, hvort heldur hér á landi eða erlendis, hefur þótt varlegast að líta svo á að þess háttar heimild sé ekki fyrir hendi.

Í grein þessari er lagt til að í 2. gr. laganna verði tekið ákvæði sem heimili Landsvirkjun að hagnýta þá þekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála utan eiginlegs starfssviðs fyrirtækisins sjálfs. Heimildir þær sem Landsvirkjun eru veittar til að hagnýta sérþekkingu sína eru þó mismunandi eftir því hvort um er að ræða starfsemi hér á landi eða erlendis. Er Landsvirkjun með grein þessari veitt heimild til að stofna og eiga hlut í fyrirtækjum erlendis, sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum, auk þess sem Landsvirkjun verður heimil verktaka og sala tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til fyrirtækja erlendis, hvort sem um er að ræða fyrirtæki sem Landsvirkjun á hlut í eða aðra aðila. Heimildir Landsvirkjunar innan lands verða á hinn bóginn þrengri að því leyti að ekki er gert ráð fyrir að til beinnar eignaraðildar Landsvirkjunar geti komið að öðrum fyrirtækjum hérlendis. Til slíkrar þátttöku þyrfti því, að óbreyttum ákvæðum þeim sem í þessari grein frumvarpsins felast, sérstaka lagaheimild. Hins vegar eru tekin af öll tvímæli um að Landsvirkjun megi hagnýta sérþekkingu sína á sviði orkumála með verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til annarra innlendra aðila. Slík starfsemi Landsvirkjunar yrði þá á viðskiptalegum grundvelli. Er gert ráð fyrir að þess verði gætt að þessi þáttur í starfsemi Landsvirkjunar verði ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi fyrirtækisins. Miðað er við að heimild Landsvirkjunar til verktöku samkvæmt þessari grein takmarkist við ráðgjafarþjónustu og aðra sérfræðiþjónustu á sviði orkumála, en feli ekki í sér heimild fyrir Landsvirkjun til að taka að sér framkvæmdir við mannvirkjagerð sem verktaki.

Um 2. gr.

Í grein þessari er lögð til sú breyting að greiða beri eigendum Landsvirkjunar arð af öllum framlögum sem þeir hafa lagt og munu leggja Landsvirkjun til, óháð því hvort framlög þessi eru í formi stofnframlaga, þ.e. raforkuvera og annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar, eða í formi sérstakra eiginfjárframlaga. Er lagt til að öll slík framlög eigenda nefnist einu nafni eigendaframlög. Skv. 5. gr. gildandi laga greiðir Landsvirkjun eigendum sínum einungis arð af sérstökum eiginfjárframlögum.

Í greininni felst enn fremur staðfesting á að eigendaframlög, svo sem þau hafa verið endurmetin miðað við 31. desember 1995 samkvæmt samningi eigenda Landsvirkjunar frá 28. október 1996 um breytingu á sameignarsamningi aðila frá 27. febrúar 1981, skuli mynda nýjan stofn til arðgreiðslu, sem síðan verði framreiknaður á sama hátt og eiginfjárframlögin til þessa. Í endurmati á eigendaframlögum var miðað við að eigendaframlögin, framreiknuð samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá innborgunarári til ársloka 1995, hafi að meðaltali borið 3% vexti á ári. Endurmetin eigendaframlög miðað við 31. desember 1995 nema samkvæmt þessu um 14 milljörðum kr., en eigið fé Landsvirkjunar samkvæmt ársreikningi nam þá 25,7 milljörðum kr. Er gert ráð fyrir að arðgreiðslan verði ákveðin sem hundraðshluti framreiknaðra eigendaframlaga á hverjum tíma. Samkvæmt samkomulagi eigenda Landsvirkjunar um arðgreiðslumarkmið fyrirtækisins sem var hluti samnings þeirra frá 28. október 1996 skal stefnt að því að reiknaður arður til eigenda verði 5,5% á ári af eigendaframlögum. Jafnframt var samið um viðmiðanir varðandi það hversu hátt hlutfall reiknaðs arðs skuli koma til útborgunar til eigenda og hversu hátt hlutfall bætast við eigendaframlög og hækka arðgreiðslustofn.

Í greininni felst að árlegur fundur eignaraðila Landsvirkjunar ákveði arðgreiðslur að fenginni tillögu stjórnar fyrirtækisins, en samkvæmt gildandi lögum ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna.

Loks felst í greininni sú breyting að auk þess sem arðgreiðslur skulu ákveðnar með hliðsjón af afkomu Landsvirkjunar eins og nú er skal hafa hliðsjón af yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. Verður því eins og í fyrirtækjum almennt unnt að taka ákvörðun um arðgreiðslur, þótt fyrirtækið hafi verið rekið með tapi árið á undan, ef hagnaði fyrri ára hefur í nægjanlegum mæli verið haldið eftir í fyrirtækinu.

Um 3. gr.

Í grein þessari eru lagðar til breytingar á skipan stjórnar Landsvirkjunar. Samkvæmt núgildandi lögum er stjórn fyrirtækisins skipuð níu mönnum. Kýs Alþingi fjóra stjórnarmenn hlutfallskosningu, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar kýs einn. Eignaraðilar skipa sameiginlega níunda manninn sem jafnframt er formaður stjórnarinnar. Lagt er til að stjórnarmönnum fækki úr níu í sjö. Er gert ráð fyrir að fulltrúum ríkisins í stjórn fækki úr fjórum í þrjá og eignaraðilar velji ekki lengur sameiginlega einn stjórnarmann. Jafnframt er lögð til sú breyting að ráðherra orkumála skipi fulltrúa ríkisins í stað þess að þeir séu kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Þykir sú tilhögun betur samrýmast eðlilegri verkaskiptingu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Af þessu leiðir og að gert er ráð fyrir að brott falli úr lögunum ákvæði um að ráðherra orkumála tilnefni einn mann til setu á stjórnarfundum, sem hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Við fækkun stjórnarmanna samkvæmt framansögðu verða fulltrúar ríkisins í stjórn Landsvirkjunar þrír, en fulltrúar Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, sem samanlagt eiga 50% eignarhlut í fyrirtækinu á móti 50% eignarhlut ríkisins, fjórir svo sem verið hefur. Til þess að ná fram hvoru tveggja, að fækka í stjórn fyrirtækisins þannig að störf stjórnarinnar geti orðið markvissari, en viðhalda jafnframt eðlilegu jafnvægi á milli eignaraðila, er lagt til að ráðherra skipi formann stjórnar úr hópi fulltrúa ríkisins í stjórn og að atkvæði stjórnarformanns vegi tvöfalt.

Í greininni felst að kjörtímabil stjórnar sem nú er fjögur ár, verði eitt ár í senn, frá ársfundi til ársfundar. Þá er lagt til að ársfundur ákveði þóknun stjórnarmanna.

Um 4. gr.

Í grein þessari er lagt til að ákvæði 9. gr. laganna um hlutverk stjórnar og forstjóra Landsvirkjunar verði löguð að ákvæðum hlutafélagalaga um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélagi. Stjórn og forstjóri fara saman með stjórn félagsins. Báðir þessir aðilar bera því ábyrgð á starfsemi fyrirtækisins. Er því gert ráð fyrir samvinnu stjórnar og forstjóra um stjórn fyrirtækisins, en um leið tiltekinni verkaskiptingu. Stjórnin mótar stefnu fyrirtækisins, tekur þær ákvarðanir sem lögin fela henni sérstaklega og ákvarðanir í öðrum mikilvægum málum fyrirtækisins, hefur eftirlit með störfum forstjóra og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Forstjóri annast daglegan rekstur, en skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Þá skal forstjóri sjá um að bókhald fyrirtækisins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna fyrirtækisins sé með tryggilegum hætti.

Um 5. gr.

Í grein þessari er lagt til að árlega verði haldinn sérstakur ársfundur eigenda Landsvirkjunar, sem svipi til aðalfundar í hlutafélagi eða atvinnufyrirtæki í öðru félagsformi. Gert er ráð fyrir að á ársfundi staðfesti eigendur ársreikning Landsvirkjunar, taki að fenginni tillögu stjórnar fyrirtækisins ákvörðun um arðgreiðslur og um aðra meðferð hagnaðar og taps fyrirtækisins á reikningsárinu, ákveði þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið kjörtímabil og velji löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun reikninga fyrirtækisins. Þá er miðað við að á ársfundi verði lýst kjöri stjórnar fyrir næsta kjörtímabil, en eiginlegt val hvers eignaraðila á fulltrúum sínum til setu í stjórn Landsvirkjunar er þá áður búið að eiga sér stað á vettvangi viðkomandi eignaraðila í samræmi við reglur laganna þar um. Loks er gert ráð fyrir að ársfundur geti orðið vettvangur eigenda til umræðna um önnur mál er varða Landsvirkjun. Atkvæðisréttur eignaraðila á ársfundi fyrirtækisins verður í samræmi við eignarhlut hvers og eins þeirra.

Um 6. gr.

Í grein þessari er lagt til að þegar að loknum ársfundi ár hvert skuli haldinn sérstakur samráðsfundur Landsvirkjunar. Fundur þessi gegnir í raun sama hlutverki og ársfundir Landsvirkjunar samkvæmt gildandi lögum. Er lagt til að skipan fulltrúa á samráðsfundi og dagskrá fundarins verði sú sama og nú er á ársfundum.

Um 7. gr.

Í grein þessari er lagt til að kveðið verði á um það í Landsvirkjunarlögum að um gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið og um endurskoðun ársreiknings fari samkvæmt almennum lögum og góðri reikningsskila- og endurskoðunarvenju. Sett hafa verið sérstök lög um ársreikninga, nr. 144/1994, sem m.a. gilda um sameignarfélög, en víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum, þó að því tilskildu að slík sérlög geri jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningsgerðar en ársreikningalögin. Ársreikningalögin geyma m.a. ítarleg ákvæði um efnahags- og rekstrarreikning, um matsreglur, skýringar með ársreikningi og um endurskoðun. Ekki er talin þörf á lögfestingu neinna sérreglna að því er varðar ársreikning Landsvirkjunar eða endurskoðun hans.

Þar sem gert er ráð fyrir að endurskoðandi Landsvirkjunar verði eftirleiðis kosinn á ársfundi eignaraðila í stað þess að vera ráðinn af stjórn fyrirtækisins eins og verið hefur er lagt til að úr 12. gr. laganna falli brott heimild hvers eignaraðila til að tilnefna sérstakan endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Einnig er lagt til að brott falli úr 12. gr. laganna ákvæði þess efnis að ársskýrsla Landsvirkjunar skuli lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs, enda nú gert ráð fyrir að haldinn sé ársfundur eignaraðila þar sem skýrsla stjórnar og ársreikningur fyrirtækisins komi til afgreiðslu.

Um 8. gr.

Í grein þessari er lagt til að brott falli úr 2. mgr. 13. gr. laganna ákvæði um að aflað skuli tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrirtækisins. 2. mgr. 13. gr. laganna geymir efnislegar viðmiðanir sem stjórn fyrirtækisins ber að fylgja við setningu gjaldskrár. Er þar kveðið á um að í gjaldskrá skuli raforkuverðið við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal skv. 2. mgr. 13. gr. laganna að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og

hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku. Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir fyrirtækið og ber því sjálf ábyrgð á að þessara viðmiðana sé gætt, óháð tillögu Þjóðhagsstofnunar. Þykir rétt að skerpa á skyldum stjórnarinnar í þessu sambandi með því að fella út aðild Þjóðhagsstofnunar að undirbúningi ákvarðana. Mál er varða framkvæmd 2. mgr. 13. gr. falla eins og önnur ákvæði laganna undir ráðherra orkumála og geta því komið til kasta hans, auk þess sem sett hafa verið samkeppnislög sem reynt gæti á í þessu sambandi.

Samningur eignaraðila Landsvirkjunar frá 28. október 1996 um breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun fól m.a. í sér sérstakt samkomulag um arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið. Hefur áður verið gerð grein fyrir arðgreiðslumarkmiðunum, sbr. skýringar við 2. gr. Samkvæmt arðgjafarmarkmiði eignaraðila skal stefnt að því að arðgjöf af því eigin fé sem í Landsvirkjun er bundið verði að jafnaði 5–6% á ári. Samkvæmt gjaldskrármarkmiðum skal stefnt að því að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000, en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári á árunum 2001–2010. Stjórn Landsvirkjunar setur eftir sem áður gjaldskrá fyrir fyrirtækið og tekur á hverjum tíma ákvarðanir um breytingar á henni á grundvelli þeirra ákvæða 2. mgr. 13. gr. laganna sem áður voru rakin og með hliðsjón af markmiðum eignaraðila samkvæmt sameignarsamningi.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæðinu felst að þrátt fyrir gildistökuákvæði frumvarpsins og þá breytingu á skipan stjórnar sem það gerir ráð fyrir helst umboð núverandi stjórnar Landsvirkjunar þar til á fyrsta ársfundi fyrirtækisins eftir gildistöku laganna. Ný stjórn fyrirtækisins tekur því ekki við fyrr en þá. Ákvæði um fækkun stjórnarmanna og tvöfalt atkvæðavægi stjórnarformanns koma því ekki til framkvæmda fyrr en með nýrri stjórn sem þá tekur við.

Fylgiskjal I.

Skýrsla sérstakrar viðræðunefndar eignaraðila Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar.

(28. október 1996.)

Iðnaðarráðherra skipaði 23. febrúar 1996 að ósk borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri sérstaka viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki fyrirtækisins.

Nefndin hefur nú lokið störfum sínum og náð einróma niðurstöðu. Skýrsla nefndarinnar fylgir hér með, ásamt drögum að viðauka við sameignarsamning um Landsvirkjun og drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Halldór J. Kristjánsson formaður.
Alfreð Þorsteinsson.
Jakob Björnsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
Sigurður J. Sigurðsson.
Guðmundur Jóhannsson.

1. Skipan nefndarinnar og hlutverk

Í samræmi við tillögu borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri skipaði iðnaðarráðherra viðræðunefnd eignaraðila að Landsvirkjun til þess að ræða eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins. Hlutverk nefndarinnar var að kanna hvort tímabært væri að breyta rekstrarformi, eignaraðild og hlutverki Landsvirkjunar frá því sem nú er og ef svo væri hve langt skyldi ganga í þeim efnum.

Eftirtaldir aðilar voru skipaðir í viðræðunefndina:

Af hálfu ríkisins:

Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem var formaður nefndarinnar.
Guðmundur Jóhannsson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneyti.

Samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkurborgar:

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi.

Samkvæmt tilnefningu bæjarráðs Akureyrarbæjar:

Jakob Björnsson, bæjarstjóri
Sigurður J. Sigurðsson, bæjarfulltrúi.

Með nefndinni starfaði Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar og ritari nefndarinnar var Örn Marinósson, framkvæmdastjóri fjármála- og markaðssviðs Landsvirkjunar. Þá naut nefndin einnig aðstoðar Stefáns Péturssonar, deildarstjóra fjármála- og markaðsdeildar Landsvirkjunar, Baldurs Guðlaugssonar, hrl. og Stefáns Svavarssonar, endurskoðanda.

Viðræðunefndin hélt sinn fyrsta fund 18. mars 1996, en alls voru haldnir 12 fundir. Í upphafi ákvað nefndin að fá bandaríska fjármálafyrirtækið JP Morgan til að vera eignaraðilum til ráðgjafar um mat á áhrifum mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og vegna mats á verðmæti fyrirtækisins. Helstu niðurstöðum JP Morgan verður lýst síðar í þessu nefndaráliti. Þá fylgja hér með tillögur um breytingar á sameignarsamningi eigenda Landsvirkjunar og tillögur um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun.

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 með það fyrir augum að koma á fót öflugu raforkufyrirtæki sem væri þess megnugt að nýta orkulindir landsins í auknum mæli í þágu stóriðju samhliða því að anna vaxandi eftirspurn hins almenna raforkumarkaðar. Tilkoma Landsvirkjunar var forsenda þess að unnt yrði að ráðast í þær virkjunarframkvæmdir sem nauðsynlegar voru til að mæta orkuþörf álvers Alusuisse í Straumsvík. Uppbygging raforkukerfis landsins frá stofnun Landsvirkjunar hefur verið mjög hröð. Í upphafi áttu ríkið og Reykjavíkurborg Landsvirkjun til helminga og var hlutverk fyrirtækisins að sjá Suður- og Vesturlandi fyrir rafmagni. Á árinu 1983 tóku gildi ný lög um Landsvirkjun sem fólu meðal annars í sér að orkuveitusvæði

fyrirtækisins var landið allt. Jafnframt eignaðist Akureyrarbær hlut í Landsvirkjun þegar Laxárvirkjun sameinaðist fyrirtækinu. Eignarhlutir í Landsvirkjun eru nú sem hér segir:

	%
Ríkið	50,000
Reykjavíkurborg	44,525
Akureyrarbær	5,475
	100,000

Gildandi sameignarsamningur um Landsvirkjun var undirritaður 27. febrúar 1981 en tók gildi að fullu 1. júlí 1983. Gildandi lög um Landsvirkjun eru nr. 42 frá 23. mars 1983 en samkvæmt þeim er tilgangur Landsvirkjunar:

1. Að vinna, flytja og selja í heildsölu raforku til almenningsrafveitna svo og til iðjufyrirtækja samkvæmt sérstökum samningum að svo miklu leyti sem almenningsrafveitur hafa ekki milligöngu um slíka raforkusölu.

2. Að byggja og reka raforkuver og meginstofnlínukerfi landsins.

3. Að annast áætlanagerð um ný raforkuver og stofnlínur á orkusvæði Landsvirkjunar.

4. Að vinna að því, í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa eftir því sem hagkvæmt er talið.

5. Að hafa með viðunandi öryggi tiltæka nægilega raforku til þess að anna þörfum viðskiptavina sinna á hverjum tíma.

Þegar litið er yfir sögu Landsvirkjunar má segja að þær væntingar sem gerðar voru til fyrirtækisins hafi í megindráttum gengið eftir. Landsvirkjun er í dag öflugt og traust fyrirtæki sem tryggir landsmönnum orkuöflun á hagkvæman hátt. Rafmagnsverð á Íslandi er með því lægsta sem þekkist og afhendingaröryggi er sambærilegt við það sem gerist annars staðar.

Eftir rúmlega 30 ára starfsemi Landsvirkjunar er hins vegar eðlilegt að eigendur fyrirtækisins meti að nýju hlutverk þess, auk þess sem breytingar í orkumálum nágrannaþjóðanna gefa tilefni til að athuga hvort breyta skuli rekstrarformi og eignarhaldi Landsvirkjunar.

2. Úrlausnarefni við breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar

Í umræðum um breytingar á rekstrarformi Landsvirkjunar þarf að skoða vandlega áhrif slíkra breytinga m.t.t. þeirra skuldbindinga sem fyrirtækið hefur tekist á hendur.

Landsvirkjun er sameignafélag í dag. Þegar rætt er um að breyta fyrirtæki í hlutafélag gleymist oft hversu viðamikil sú breyting er frá lagalegu sjónarmiði því að það er ekki gamla fyrirtækið sem breytist í hlutafélag heldur verður til nýr lögaðili, nýtt hlutafélag,

sem stofnað er til yfirtöku á eignum og skuldum, réttindum og skyldum og rekstri fyrirtækisins sem fyrir var. Landsvirkjun yrði því ekki lengur til sem slík ef ráðist yrði í að breyta um rekstrarform fyrirtækisins.

Erlendar skuldir Landsvirkjunar nema nú að jafnviröi um 650 milljónum Bandaríkjadollara og jafngildir það um 17% af langtímaskuldum þjóðarbúsins erlendis. Unnt er að leiða að því líkur að ef Landsvirkjun yrði lögð niður í núverandi mynd gerði það að verkum að lánveitendur hefðu rétt samkvæmt lánssamningum til að gjaldfella lánin og krefjast endurgreiðslu. Telja verður ólíklegt að til svo strangra ráðstafana kæmi að hálfu lánveitenda. Hins vegar þyrfti að ræða við alla lánveitendur Landsvirkjunar áður en til stofnunar hlutafélags kæmi og víst er að að endursemja þyrfti um lánskjör.

Í dag er Landsvirkjun undanþegin hvers kyns opinberum gjöldum öðrum en opinberum gjöldum til sveitarfélaga af húseignum sínum. Þess munu hins vegar fá, ef nokkur dæmi að einstökum hlutafélögum hafi verið veitt slík undanþága með sérákvæðum í lögum. Við sérhverja breytingu á rekstrarformi Landsvirkjun þarf að taka afstöðu til skattamála fyrirtækisins.

Við breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar þarf að huga að nokkrum atriðum er lúta að starfsmannamálum fyrirtækisins. Þar sem nýtt hlutafélag yrði annar lögaðili en Landsvirkjun er nú, yrðu starfsmenn ekki sjálfkrafa starfsmenn hlutafélagsins heldur yrði að ráða þá sérstaklega. Við þá ráðstöfun myndi reyna sérstaklega á eftirfarandi atriði:

1. Verkfallsrétt fastráðinna starfsmanna.
2. Rétt starfsmanna Landsvirkjunar til biðlauna.
3. Lífeyrissjóðsmál.

Vert er að geta þess að þau úrlausnarefni sem að ofan hefur verið lýst eiga ekki einvörðungu við um breytingu á Landsvirkjun í hlutafélag því ætla má að takast þyrfti á við þau flest ef skipta ætti Landsvirkjun upp í tvö fyrirtæki sem hefðu annars vegar framleiðslu og hins vegar flutning raforku með höndum.

3. Skýrsla JP Morgan

Eins og áður hefur verið getið leitaði nefndin til bandarísku fjármálafyrirtækisins JP Morgan um mat á áhrifum mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og vegna mats á verðmæti fyrirtækisins. Í þessum kafla verður getið helstu niðurstaðna úr skýrslu JP Morgan.

3.1 Landsvirkjun og lánsfjármarkaðir

Að mati JP Morgan nýtur Landsvirkjun mikils trausts á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og byggist það að hluta til á styrk fyrirtækisins sjálfs en ekki síður á ábyrgðum eigenda þess. Nefndin bað hins vegar JP Morgan að meta áhrif þess ef eigendur hættu að ábyrgjast lántökur fyrirtækisins og hvort breyting á rekstrarformi Landsvirkjunar hefði áhrif á lánshæfið.

JP Morgan er þeirrar skoðunar að óbreytt rekstrarform og hlutverk Landsvirkjunar sem fyrirtækis er hefur með höndum bæði framleiðslu og flutning raforku tryggi fyrirtækinu greiðastan aðgang að fjármálamörkuðum og þar með lægstan fjármagnskostnað. Ástæður þessa eru sem hér segir:

1. Í óskiptri Landsvirkjun jafnar lítil rekstraráhætta af flutningi raforku út meiri áhættu er fylgir raforkuframleiðslunni.
2. Hlutdeild Landsvirkjunar í raforkukerfi landsins er svo stór að bein tengsl eru á milli fyrirtækisins og þjóðarbúsins. Lánveitendur munu líta svo á að Landsvirkjun í hafi mikinn óbeinan stuðning ríkisins þó svo að hin formlega ábyrgð verði afnumin.

Lánshæfiseinkunn

Það er skoðun JP Morgan að verði ríkisábyrgð á lántökum Landsvirkjunar afnumin þurfi fyrirtækið að afla sér lánshæfiseinkunnar frá a.m.k. öðru þeirra tveggja fyrirtækja er sérhæfa sig á þessu sviði, matsfyrirtækjanna Standard & Poor's og Moody's. Kostir þess að fá slíka lánshæfiseinkunn eru m.a.:

1. Stækkar þann hóp fjárfesta er vilja lána fyrirtækinu og eykur þannig framboð á lánsfjármagni.
2. Bætir lánskjör vegna betri aðgangs að lánsfjármarkaði.
3. Upplýsingar um lánshæfi og fjárhagslegan styrk Landsvirkjunar verða aðgengilegar á alþjóðlegum fjármálamarkaði í gegnum upplýsingamiðlun matsfyrirtækjanna.
4. Lánshæfiseinkunn gefur stjórnvöldum og stjórnendum Landsvirkjunar tækifæri til þess að fá umsögn eða mat utanaðkomandi aðila á áhrifum stjórnvaldsbreytinga á afkomu fyrirtækisins.

Í flestum tilfellum er lítill munur á milli lánshæfiseinkunnar þjóðríkja annars vegar og lánshæfiseinkunnar helstu raforkufyrirtækjanna sem í þeim starfa hins vegar. JP Morgan gerir ráð fyrir að þrátt fyrir að óbein ábyrgð eigenda á lántökum Landsvirkjunar væri afnumin myndi óbeinn stuðningur ríkisins engu að síður gera það að verkum að lánshæfiseinkunn fyrirtækisins yrði því sem næst hin sama og íslenska ríkið nýtur í dag, eða A- eða A á meðan lánshæfiseinkunn ríkisins er A+.

Þau atriði sem bankinn telur stuðla að svo góðri lánshæfiseinkunn eru sem hér segir:

1. Staða Landsvirkjunar sem megin orkuöflunarfyrirtæki landsins.
2. Öruggar tekjur fyrirtækisins.
3. Reyndir stjórnendur sem tryggja stöðugleika í rekstri.
4. Orkustefna sem ýtir undir hagnýtingu innlendra orkugjafa.
5. Möguleikar fyrirtækisins til að breyta gjaldskrá sem tryggja stöðugt sjóðstreymi og greiðslu lánaskuldbindinga.

Helstu veikleikar Landsvirkjunar í þessu sambandi eru hins vegar taldir vera:

1. Smæð fyrirtækisins í alþjóðlegu samhengi.
2. Mikil skuldsetning sem takmarkar fjárhagslegt svigrúm fyrirtækisins.
3. Gengissveiflur og sveiflur á álmörkuðum geta haft neikvæð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækisins.
4. Áhætta er tengist stærð einstakra viðskiptavina.

JP Morgan telur að Landsvirkjun hafi gild rök gegn flestum ofangreindra álitamála. Hvað mikla skuldsetningu varðar telur bankinn að hún fari lækkandi að því gefnu að fyrirtækið nái a.m.k. að viðhalda að raungildi núgildandi gjaldskrár. Þá bendir JP Morgan á að enn megi draga úr þeirri gjaldmiðla- og álverðsáhættu sem Landsvirkjun býr við með frekari aðgerðum á fjármálamarkaði.

Að gefnu því sem að ofan er lýst er það skoðun JP Morgan að Landsvirkjun muni hafa greiðan aðgang að alþjóðlegum fjármálamörkuðum þó svo að formleg ábyrgð eigenda á lántökum verði afnumin. Sýnt er að lánskjör Landsvirkjunar myndu versna lítillega ef miðað er við núverandi lánskjör en bankinn bendir jafnframt á að fyrirtækið myndi þá ekki þurfa að greiða ábyrgðargjald til eigenda. Lykillinn að því að viðhalda trausti fjárfesta ef til þessa kemur er að kynna þeim vel áhrif breytinganna á þeirri áhættu sem þeir taka með því að hafa Landsvirkjun sem skuldara og verður það best gert með lánshæfiseinkunn.

Þess ber að geta að kostnaðarsamt er að fá lánshæfiseinkunn frá matsfyrirtækjum. Því til viðbótar fer mikill tími stjórnenda í vinnu við að fá fyrstu lánshæfiseinkunnina en síðan tekur fjármáladeild fyrirtækja jafnan við og þarf að verja töluverðum tíma árlega í að viðhalda góðu sambandi við umrædd fyrirtæki.

Lántökukostnaður

Lánskjör eru breytileg milli fyrirtækja og fara þau m.a. eftir lánshæfiseinkunn þeirra. Á bankamarkaði ráðast lánskjör einnig af svokölluðu áhættuvægi ("risk weighting") en reglur Bank of International Settlements segja til um hvaða vægi einstakir flokkar lántaka fá. Landsvirkjun er í dag með 0% "weighting" bæði í Englandi og á Norðurlöndunum en fullvíst má telja að hún verði 100% verði ábyrgð eigenda á lántökum afnumin. Miðað við markaðsaðstæður í dag mun slík breyting kosta fyrirtækið 0,03% við lántökur á bankamarkaði auk þess sem ætla má að vaxtaálag muni aukast lítillega frá því sem nú er.

3.2 Lánshæfi Landsvirkjunar

Það er mat JP Morgan að lánveitendur muni m.a. líta til eftirfarandi þátta þegar þeir leggja á það mat hver sé hæfileg skuldsetning Landsvirkjunar til lengri tíma litið en vert er að hafa í huga að of lágar skuldir hafa neikvæð áhrif á markaðsvirði fyrirtækisins:

1. Á næstu árum þyrfti fé úr rekstri að vera nægilegt til lækkunar skulda eftir að búið er að fjármagna framkvæmdir.
2. Æskilegt er að hafa nokkurn sveigjanleika hvað varðar gjaldskrá, arðgreiðslur og rekstrargjöld svo að fyrirtækið geti brugðist við niðursveiflum í rekstrarumhverfinu.
3. Hlutfallið "heildarskuldir/hreinn hagnaður án afskrifta" þykir hæfilegt 15-20% hjá fyrirtækjum með lánshæfiseinkunn í A flokki.

3.3 Mat á markaðsvirði Landsvirkjunar

Alþjóðlegir fjárfestar nota jafnan margvíslega mælikvarða til þess að meta virði raforkufyrirtækja. Sá mælikvarði sem JP Morgan mælir með og notar er núvirt sjóðstreymi en það er sú aðferð sem raforkufyrirtæki hafa öðrum fremur beitt við mat á fjárfestingarkostum og nýtur þessi aðferð vaxandi hylli á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Þegar leggja á mat á virði fyrirtækis með því að núvirða það sjóðstreymi sem reksturinn skilar þarf að gefa sér mjög ákveðnar forsendur um tekjur, gjöld og nauðsynlegar fjárfestingar á ákveðnu tímabili (oftast 10-15 ár). Einnig þarf að gefa sér forsendur um virði fyrirtækisins í lok þess tímabils sem skoðað er hverju sinni. Núvirði fyrirtækisins er síðan fundið með því að núvirða bæði sjóðstreymi á tímabilinu og lokavirði fyrirtækisins og er fjármagnskostnaður fyrirtækisins grundvöllur núvirðisreikninganna. Fjármagnskostnaður fyrirtækis telst vera vegið meðaltal af kostnaði þess af lánsfjármagni annars vegar og eigin fé hins vegar. Að lokum eru gerðar næmniathuganir á lykilforsendum til þess að athuga hverjar þeirra hafa mest áhrif á matið.

JP Morgan byggir mat sitt á virði Landsvirkjunar að mestu á þeim langtímaáætlunum sem bankinn hefur fengið frá fyrirtækinu. Helstu forsendurnar í þessum áætlunum eru sem hér segir:

1. Orkuverð til almenningsveitna mun haldast óbreytt á föstu verðlagi til og með ársins 2000 en lækka um 3% á ári eftir það.
2. Eftirspurn á almennum markaði eykst um 2% á ári.
3. Gert er ráð fyrir 3% verðbólgu og stöðugu gengi íslenskrar krónu.
4. Orkuverð til stóriðju fylgir samningum en bankinn notar eigin spá um þróun álverðs til skemmri tíma en notar eftir það spá ráðgjafarfyrirtækisins Resource Strategies International eins og Landsvirkjun.
5. Gert er ráð fyrir að fyrirtækið verði áfram undanþegið greiðslu skatta.
6. Ekki er gert ráð fyrir nýrri stóriðju.

JP Morgan telur að eðlilegt sé að miða við að vegið meðaltal fjármagnskostnaðar Landsvirkjunar sé 10,0%, þ.e. 8,8% af lánsfé og 12,5% af eigin fé og er þá átt við nafnvexti en samsvarandi raunvextir eru 7,0%, 5,8% og 9,5%. Með því að beita þeim aðferðum sem hér hefur verið lýst á þær sjóðstreymisáætlanir sem Landsvirkjun hefur látið honum í té kemst bankinn að þeirri niðurstöðu að heildarvirði fyrirtækisins sé 71.800 m.kr. og að virði eigin fjár sé því 24.300 m.kr. þegar búið er að taka tillit til heildarskulda sem eru að fjárhæð um 47.500 m.kr.

Bankinn bendir hins vegar á að Landsvirkjun sé um margt sérstakt fyrirtæki og því ríki nokkur óvissa um fyrrgreint mat. Atriði sem geta haft veruleg áhrif þar á eru m.a.:

1. Ofangreint mat byggir á þeirri forsendu að gjaldskrá fyrirtækisins verði nægilega há til þess að leyfa viðunandi arðsemi eigin fjár **að meðaltali** til 2010. Þetta þýðir að Landsvirkjun verður að skila mjög hárri arðsemi á árunum eftir 2005 til þess að vega upp á móti lágri arðsemi sem fyrirsjáanleg er á næstu árum miðað við þær gjaldskrárforsendur sem þegar er lýst.

2. Ofangreint mat byggir á því að mögulegt sé að sannfæra utanaðkomandi fjárfesta um að Landsvirkjun verði leyft að skila mjög hárri arðsemi eigin fjár á árunum eftir 2005 sbr. ofangreint.

3. Allar breytingar á gjaldskrá, sköttum og reglugerðarumhverfi Landsvirkjunar í framtíðinni geta haft afgerandi áhrif á arðsemi og þar með virði fyrirtækisins.

4. Sú rekstraráhætta sem Landsvirkjun hefur vegna tengingar á orkuverði til ISAL við álverð á heimsmarkaði getur fælt frá hefðbundna fjárfesta í raforkufyrirtækjum.

Lykilatriði í umræðunni um óvissuþættina hér að ofan er gjaldskrá Landsvirkjunar og hugsanleg tímasetning gjaldskrárbreytinga ef mögulegar eru. Bankinn bendir á að með fyrrgreindum áætlunum um þróun gjaldskrár verði arðsemi eigin fjár undir þeirri ávöxtun sem unnt er að fá á áhættulausri fjárfestingu á markaði hérlendis (spariskírteini ríkissjóðs) á næstu árum. Önnur leið sem JP Morgan fer fram á að eigendur íhugi er að hækka gjaldskrána um 20% nú þegar í þeim tilgangi að ná viðunandi arðsemi á næstu árum. Landsvirkjun myndi síðan lækka raungildi gjaldskrárinnar um 5% árlega strax frá árinu 1997 og koma þannig í veg fyrir að arðsemin færi upp fyrir það sem eðlilegt getur talist.

Eins og fyrr segir er það mat JP Morgan að markaðsvirði Landsvirkjunar, 24,3 milljarðar króna, sé nokkru lægra en bókfært eigið fé miðað við 10,0% meðalnafnvexti af fjármagni. Vert er að geta þess að umrætt markaðsvirði er mjög viðkvæmt fyrir meðalkostnaði fjármagns. Nokkur umræða hefur verið um að fjármagnskostnaður Landsvirkjunar sé í raun lægri vegna hagstæðra erlendra lána en bankinn telur engu að síður víst að fjárfestar muni líta til vaxtaumhverfis hérlendis er þeir leggja mat á virði hlutabréfa í fyrirtækinu.

Umrætt mat bankans er einnig viðkvæmt fyrir öðrum þáttum í rekstri Landsvirkjunar. Markaðsvirðið er sérstaklega viðkvæmt fyrir forsendum er lúta að gjaldskrá fyrirtækisins sem sést af því að það er á bilinu 21,3-28,5 milljarðar króna eftir því hvort

áætlanir gera ráð fyrir að árleg raunlækkun gjaldskrár verði 4% eða 2% á árunum 2001 - 2010. Þá er markaðsvirðið einnig mjög viðkvæmt fyrir forsendum um þróun álverðs og verður það 27,4 milljarðar króna ef álverð á tímabilinu verður 10% hærra en núverandi spár gera ráð fyrir en lækkar í 21,2 milljarða króna verði álverðið 10% lægra. Aðrir þættir s.s. vöxtur eftirspurnar eftir raforku og beinn rekstrarkostnaður geta einnig haft nokkur áhrif á matsverðið.

3.4 Áhugi fjárfesta á að festa fé í Landsvirkjun

JP Morgan hefur skoðað innlendan fjármálamarkað og komist að því að Landsvirkjun er langstærsta fyrirtækið hérlendis þegar litið er til heildareigna og eigin fjár. Tekjur fyrirtækisins eru hins vegar lægri en hjá mörgum öðrum aðilum. Bankinn kemst að þeirri niðurstöðu að jafnvel þó að hlutabréfamarkaður hérlendis hafi stækkað á undanförnum árum og ávöxtun hafi verið góð þá sé hann enn viðkvæmur fyrir ýmsum þáttum auk þess sem seljanleika bréfa á hverjum tíma sé ábótavant. Bankinn telur ástæður þessa vera:

1. Takmarkaður fjöldi stofnanafjárfesta.
2. Nær engin fjárfesting erlendra aðila.
3. Fjárfesting einstaklinga í hlutabréfum eru einkum skattalegs eðlis.
4. Hlutabréfaútboð að fjárhæð 700-800 m.kr. þykja stór. Stærri útboð þurfa sérstaka meðhöndlun.
5. Líklegt er að Landsvirkjun yrði yfirgnæfandi aðili á markaðinum ef til þess kæmi að hlutabréf í fyrirtækinu yrðu seld. Slíkt gæti jafnframt haft veruleg áhrif á þróun markaðarins.

Að ofangreindu má sjá að JP Morgan telur að þörf sé á erlendum fjárfestum ef setja ætti hlutabréf í Landsvirkjun á markað. Bankinn rökstyður þessa skoðun með því að innlendur hlutabréfamarkaður hafi sem stendur ekki bolmagn til þess að taka við hlutabréfum Landsvirkjunar upp á eigin spýtur auk þess sem dreifing hlutabréfaeignar stuðli að fjárhagslegum sveigjanleika fyrirtækisins. Síðast en ekki síst telur bankinn að með því að setja bréf Landsvirkjunar á markað bæði hérlendis og erlendis myndu núverandi eigendurýta undir þróun innlends hlutafjármarkaðar á sama tíma og þeir hámörkuðu virði eignarhlutar síns.

Bankinn bendir á að það sé ekki vandalaust að ná til erlendra fjárfesta og því yrði nauðsynlegt að skrá Landsvirkjun á erlendan hlutabréfamarkað og setja fram reikninga fyrirtækisins á því formi sem erlendir fjárfestar ættu að venjast og eru ástæður þessa sem hér segir:

1. Erlendir fjárfestar þurfa að vera vissir um seljanleika bréfa sinna en það er nokkuð sem innlendur hlutabréfamarkaður getur ekki tryggt á eigin spýtur.
2. Líklegt er að bréf í Landsvirkjun yrðu eina fjárfesting erlendra fjárfesta í íslenskum hlutabréfum og því er nauðsynlegt að vinna þeirra við að taka ákvörðun um kaup sé ekki það mikil að það fæli þá frá.
3. Það að kynna ársreikninga Landsvirkjunar með erlendum reikningsskilaaðferðum til viðbótar við núverandi framsetningu hjálpar erlendum fjárfestum við að að bera fyrirtækið saman við aðra fjárfestingakosti.

4. Erlendir fjárfestar munu bera fjárfestingu í Landsvirkjun saman við safn sitt af hlutabréfum í erlendum raforkufyrirtækjum í stað þess að skoða hækkun þingvísitölu hlutabréfa á verðbréfaþingi Íslands.

JP Morgan setti sig í samband við valin raforkufyrirtæki í Bandaríkjunum, Vestur Evrópu og á Norðurlöndunum með það fyrir augum að kanna áhuga þessara fyrirtækja á hlutabréfaeign í Landsvirkjun. Fyrirtækin lýstu öll áhuga á Landsvirkjun sem fjárfestingarkosti en sterkastur virtist áhuginn vera hjá fyrirtækjum á Norðurlöndunum. Öll þau fyrirtæki sem rætt var við lögðu áherslu á að ákvörðun um fjárfestingu í Landsvirkjun réðist af reglugerðarumhverfi fyrirtækisins og arðsemismarkmiðum.

3.5 Aðferðir til þess að vernda þjóðarhagsmuni ef Landsvirkjun er seld að hluta

Nefndin taldi nauðsynlegt að fjalla nokkuð um aðferðir sem fyrir hendi væru til verndar þjóðarhagsmunum ef ákvörðun yrði tekin um að selja Landsvirkjun að hluta eða öllu leyti.

JP Morgan bendir á að stjórnvöld í öðrum löndum hafa í mörgum tilfellum haldið eftir raunverulegri stjórn ("effective control") yfir fyrrverandi ríkisfyrirtækjum. Þetta hefur verið gert með því að setja ýmis ákvæði inn í samþykktir viðkomandi fyrirtækja s.s.:

1. Takmarkanir á yfirtökum ("takeovers").
2. Takmarkanir á hlutabréfaeign einstakra aðila.
3. Takmarkanir á hlutabréfaeign erlendra aðila.
4. Takmarkanir á sölu eigna.
5. Skipun stjórnarformanns og stjórnenda.
6. Takamarkanir á þjóðerni stjórnarformanns og stjórnenda.

Í Englandi hefur ríkisstjórnin valið að viðhalda áhrifum sínum í gegnum svokallað gullið hlutabréf ("golden share"). Þetta eru sérstök hlutabréf sem eru venjulega í vörslu þess ráðherra sem fer með málaflokk viðkomandi fyrirtækis og er aðeins eitt gullið hlutabréf í hverju fyrirtæki. Gullna hlutabréfið hefur ákveðin réttindi sem þýðir að handhafi bréfsins getur komið í veg fyrir ákveðna og fyrirfram skilgreinda þróun hjá fyrirtækinu ef ekki er til þess vilji stjórnvalda. Réttindi þau sem fylgja eign á gullnu hlutabréfi eru venjulega skilgreind í samþykktum hlutafélagsins og svo er búið um hnútana að þessum samþykktum verður ekki breytt án samþykkis handhafa gullna bréfsins. Venjan er sú að handhafi þessa bréfs hefur rétt til að sækja aðalfund og hefur þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Þá gefur gullið hlutabréf ekki rétt til arðgreiðslu.

Hér er aðeins lýst þeirri aðferð sem notuð hefur verið í Englandi enda hafa stjórnvöld í öðrum Evrópulöndum valið mjög svipaðar aðferðir til að vernda þjóðarhag við einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

3.6 Stjórnskipulag Landsvirkjunar

Nefndin fór fram á að JP Morgan léti í ljós álit á stjórnskipulagi Landsvirkjunar og voru það einkum þrjú atriði sem nefndin hafði hug á að tekin yrðu til athugunar:

1. Samsetning stjórnarinnar.
2. Hlutverk stjórnarinnar.
3. Hlutverk ársfundar (aðalfundar).

Bankinn telur að þetta verði best gert með því að lýsa hvernig málum er háttað hjá Vattenfall í Svíþjóð en það er ríkisfyrirtæki sem breytt var í hlutafélag 1991 og er enn í eigu ríkisins. Í tengslum við þessa breytingu var stjórnskipulag fyrirtækisins endurskoðað.

Stjórn Vattenfall er skipuð sjö eiginlegum stjórnarmeðlimum en auk þess eiga þar sæti fulltrúar starfsmanna. Við stjórnarkjör er leitast við að tryggja jafnvægi milli stjórnmálalegra sjónarmiða en val einstaklinga byggist einkum á kunnáttu þeirra og færni á sviði fjármála, iðnaðar og markaðsmála.

Hlutverk stjórnarinnar er sem hér segir:

1. Stjórnin kemur saman 5-6 sinnum á ári.
2. Á stjórnarfundum fer stjórnin yfir tillögur sem settar eru fram af stjórnendum fyrirtækisins. Stjórnin kemur ekki með eigin tillögur og virðir rétt stjórnenda til þess að reka fyrirtækið ("sovereignity of management").
3. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til þess að fjalla um einstök mál. Þetta hefur aðeins gerst einu sinni til þessa og var það í tengslum við ákvörðun um arðgreiðslu.

Það var samþykkt er fyrirtækinu var breytt í hlutafélag að stjórnin væri ekki vettvangur fyrir stjórnmálalegar deilur. Hlutverk stjórnarinnar er mjög skýrt en það er það eitt að vernda hagsmuni Vattenfall. Sænska ríkið fer með eignarhlut sinn á aðalfundi og í gegnum stjórn fyrirtækisins.

4. Framlög eigenda

Segja má að sú leið sem JP Morgan beitir við mat á verðmæti Landsvirkjunar lúti að framtíðarhorfum er varða rekstur fyrirtækisins. Nefndin hafði hins vegar einnig áhuga á því að lagt yrði mat á hvernig árangur hefur náðst af rekstri fyrirtækisins á undanförnum 30 árum og var löggiltur endurskoðandi Landsvirkjunar fenginn til þess að varpa nokkru ljósi á það málefni.

Endurskoðandinn bendir á að efnisþættir eigin fjár fyrirtækisins sem í árslok 1995 nam 25,7 milljörðum króna séu þrír. Í fyrsta lagi eru það eigendaframlög en þau hafa verið greidd með tvennum hætti, annars vegar með peningaframlögum og hins vegar með framlögum í formi mannvirkja. Í annan stað samanstendur eigið fé af þeim hagnaði fyrirtækisins sem ekki hefur verið greiddur út sem arður. Í þriðja lagi myndast hluti eigin fjár með því að eignir fyrirtækisins hafa verið endurmetnar með sérstökum

verðstuðli sem á að endurspegla verðbreytingar á mannvirkjakostnaði og er að einum þriðja miðaður við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar og að tveimur þriðju við breytingar á gengi SDR að viðbættri erlendri verðbólgu.

Ekki hefur verið gerð nákvæm athugun á því hvernig eigið fé skiptist á milli ofangreindra þátta. Hins vegar hefur endurskoðandinn reiknað út að eigendaframlögin hafi numið um 7,2 milljörðum króna á árslokaverðlagi 1995 metin með byggingarvísitölu og að árleg raunávöxtun eigin fjár eigenda Landsvirkjunar hafi því verið 5,42% ef miðað er við að unnt sé að selja fyrirtækið fyrir upphæð sem jafngildir bókfærðu eigin fé.

Að mati endurskoðandans er unnt að leiða að því rök að ofangreind meðaltalsávöxtun sé fullhá miðað við rekstrarafkomu fyrirtækisins á undanförnum áratugum. Þessi háa meðaltalsávöxtun skýrist m.a. af því að endurmat eigna fyrirtækisins tekur mið af breytingum á sértæku verðlagi sem hefur hækkað meira en vísitala byggingarkostnaðar. Endurskoðandinn telur mjög erfitt að segja nákvæmlega til um hversu hærra bókfært verð eigna er fyrir þessa sök enda þyrfti að endurreikna reikningsskil Landsvirkjunar frá upphafi til að komast að niðurstöðu hvað það varðar. Að hans mati er óvarlegt að gera ráð fyrir hærri raunávöxtun en sem nemur um 3% yfir fyrrgreint 30 ára tímabil. Þannig reiknuð verða eigendaframlögin um 14 milljarðar króna á verðlagi í árslok 1995.

5. Hugmyndir um eignarhald og rekstrarform Landsvirkjunar

Á fundum nefndarinnar var mikið fjallað um þá möguleika sem fyrir hendi væru að því er varðar eignarhald og rekstrarform Landsvirkjunar. Þrír kostir komu helst til greina í þessum umræðum og verður þeim gerð skil hér á eftir:

Leið I:
Rekstrarform óbreytt, en samið um upphæð eigendaframlaga, arðsemi, arðgreiðslur og aðlögun á stjórnskipulagi til samræmis við hlutafélagalög.

Meginatriði í þessari leið felast í eftirfarandi:

Ný ákvörðun tekin um hver fjárhæð eigendaframlaga skuli verða og koma þau í stað eldri ákvæða um eiginfjárframlög og stofnfjárframlög eigenda. Arðgreiðslur eru miðaðar við eigendaframlög eins og þau séu hlutafé.

Eigendur semja um rekstrarforsendur, arðsemi og arðgreiðslur til næstu 10 ára og byggist samkomulagið á:

1. Verðlagningu til almenningsrafveitna.
2. Hlutdeild Landsvirkjunar í raforkumarkaðinum.
3. Arðgjafarmarkmið verði ákveðin 5-6%% af eigin fé.
4. Arðgreiðslumarkmið sett og þeim náð í áföngum.
5. Stóriðjuverkefni verði metin sérstaklega og tryggt að þau hafi ekki neikvæð áhrif á hæfi fyrirtækisins til að greiða arð í samræmi við arðgreiðslumarkmið á samningstímanum í heild.

6. Stjórnunarleg atriði verði færð til samræmis við hlutafélagalög og miðað við að í stjórn fyrirtækisins sitji 7 menn. Þá er gert ráð fyrir haldinn verði aðalfundur líkt því sem gert er í hlutafélögum þar sem m.a. verður tekin ákvörðun um arðgreiðslur og kosin stjórn. Ákvæði hlutafélagalaga um verksvið stjórnar, forstjóra og aðalfundar verði tekin upp.
7. Rekstrarforsendur, arðgjöf og arðgreiðslur verði endurskoðaðar fyrir 1. janúar 2004 og þá liggi fyrir hvort grundvöllur sé til breytinga á rekstrarformi Landsvirkjunar.

Meðal þess sem gæti mælt með þessari leið er að ábyrgð eigenda á skuldbindingum Landsvirkjunar verður óbreytt en það auðveldar lántökur vegna nýrra stóriðjuverkefna og orkuöflunar fyrir hinn almenna markað án þess að fyrirtækið þurfi að afla sér lánshæfiseinkunnar. Þá ber að nefna að sökum þess að rekstrarform er óbreytt verður engin breyting á fyrirliggjandi samningum Landsvirkjunar vegna lána og orkusölu auk þess sem ekki þarf að endurskoða starfsmannamál fyrirtækisins.

Það sem kann að mæla í mót þessari leið er að núverandi eigendur geta ekki selt eignarhlut án samþykkis sameigenda og er það óbreytt ástand frá því sem nú er. Þá ber að hafa í huga að nýtt fjármagn einkaaðila kemur ekki til og skuldastaðan verður því óbreytt jafnframt því að lántökur verða áfram metnar af lánveitendum út frá ábyrgð eignaraðila fremur en fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Leið II

Stofnað hlutafélag. um eignir og rekstur Landsvirkjunar. Miðað verði við óbreytt eignarhald í fyrstu en frelsi aukið til að selja eignarhlut.

Meginatriðin í þessari leið felast í eftirfarandi:

Farin er svipuð leið og farin hefur verið víða annarsstaðar en það er að breyta rekstrarformi fyrirtækisins í hlutafélagaform og bjóða eigendum upp á takmarkaða möguleika til sölu á eignarhlutum sínum án þess að fyrirtækið sé selt á almennum markaði. Með þessu er oft verið að undirbúa fyrirtækið og rekstrarumhverfi þess fyrir frekari breytingar síðar. Þessi leið hefur eftirfarandi í för með sér:

1. Hlutafélag stofnað með óbreyttri eignaraðild að sinni.
2. Samið verði um auknar heimildir til að selja eignarhlut í fyrirtækinu.
3. Skattlagning verður óbreytt nema einkaaðilar eignist hlut í fyrirtækinu
4. Hlutafé verður ákveðið og arðgreiðslumarkmið sett á grundvelli umsaminna rekstrarforsendna.
5. Samið verður við alla lánardrottna um breytt rekstrarform Landsvirkjunar.
6. Ný stóriðjuverkefni gætu haft í för með sér eitthvað af eftirfarandi:
   a) Ábyrgð eigenda þyrfti á lántökum.
   b) Nýir hluthafar þyrftu að koma inn í fyrirtækið.
   c) Verkefnafjármögnun kynni að vera nauðsynleg.
7. Endurskoðunarákvæði yrðu t.d. 2004 eða ef nýjar stórframkvæmdir kæmu til.

Meðal þess sem gæti mælt með þessari leið er m.a. að áhætta eigenda verður takmörkuð við hlutafjáreign og rekstrarform Landsvirkjunar verður í samræmi við

rekstrarform flestra annarra fyrirtækja í landinu auk þess sem eigendur fá aukinn möguleika til sölu eignarhlutar. Þá er ljóst að eftir slíka breytingu munu lántökur fyrirtækisins byggjast á grundvelli arðsemi þess og fjárhagsstöðu en ekki er búist við að lánskjör breytist mikið frá því sem nú er.

Það sem helst kann að mæla í mót ofangreindri breytingu er að samninga er þörf við alla lánardrottna og ýmis álitaefni munu koma upp vegna formbreytinga fyrirtækisins s.s. biðlaun, verkfallsréttur, kjarasamningar o.fl.. Ennfremur má nefna að ekki kemur nýtt fé inn í fyrirtækið samfara breyttu rekstrarformi enda er ekki gert ráð fyrir hlutafjáraukningu á þessu stigi.

Leið III
Nýtt hlutafélag stofnað um Landsvirkjun og nýr aðili eða nýir aðilar koma inn í félagið.

Meginatriðin í þessari leið felast í eftirfarandi:

Hlutafélag er stofnað um rekstur Landsvirkjunar. Hlutafé núverandi eigenda verði metið miðað við söluverðmæti fyrirtækisins og einum eða fleiri nýjum hluthöfum boðið að koma inn í reksturinn með þriðjungs hlutafjáreign. Það fjármagn sem þannig kæmi inn í fyrirtækið yrði notað til að lækka skuldir þess. Með þessu móti ættu ríkið og sveitarfélögin hvort um sig þriðjungs hlut í félaginu á móti nýjum fjárfestum og skuldastaða fyrirtækisins væri verulega betri en nú er. Þessi leið felur eftirfarandi í sér:

1. Skattlagning núverandi eignaraðila af arði verður óbreytt.
2. Skattamál Landsvirkjunar verða endurskoðuð.
3. Lánshæfni er betur tryggð með sterkari eiginfjárstöðu.
4. Hlutverk Landsvirkjunar verður lítið breytt, þ.m.t. víðtækt hlutverk varðandi orkusölu til stóriðju.
5. Samið verði um rekstrarforsendur og meginmarkmið um rekstur og arðgreiðslur hins nýja félags.

Það sem helst kann að mæla með þessari leið er að nýr eða nýir aðilar kæmu að rekstrinum með verulegt nýtt eigin fé til orkuuppbyggingar. Rétt samsetning nýrra eignaraðila gæti stuðlað að frekari uppbyggingu stóriðju jafnframt því sem stigið er stórt skref í þá átt að innleiða markaðssjónarmið í raforkugeirann.

Það sem einkum gæti mælt á móti þessari leið er að nýir hluthafar tækju þátt í mikilvægum ákvörðunum sem varða þjóðarhag. Þá er það einnig sýnt að breyting yrði á skattfrelsi Landsvirkjunar en það getur haft veruleg áhrif á raforkuverð.

Sameiginlegt með ofangreindum leiðum er að næstu virkjunarheimildir yrðu staðfestar í lögum. Þá þyrfti í öllum leiðunum að afla lagaheimilda með breytingu á núgildandi lögum um Landsvirkjun.

Niðurstaða viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að hlutverk Landsvirkjunar sem framleiðandi og flutningsaðili raforku til almenningsrafveitna og stóriðjunotenda héldist óbreytt næstu árin frá því sem nú er enda geta grundvallarbreytingar á fyrirtækinu við núverandi aðstæður haft veruleg áhrif á virði fyrirtækisins ef það verður selt á almennum markaði. Er þetta í samræmi við álit JP Morgan. Eftir ítarlega athugun á þeim leiðum sem helst koma til greina varðandi rekstrarform og eignarhald Landsvirkjunar á komandi árum komst nefndin að eftirfarandi niðurstöðu:

Rekstrarform

Rekstrarform Landsvirkjunar verði óbreytt til ársins 2004 en eigendaframlög sem koma í stað eiginfjárframlaga og stofnframlaga verði endurmetin m.v. árslok 1995. Þá verði sett arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið fyrir Landsvirkjun og breytingar gerðar á stjórnskipulagi fyrirtækisins.

Eigið fé og arðgjöf

Arðgjafarmarkmið Landsvirkjunar skal að jafnaði vera 5-6% á ári af eigin fé sem taka ber tillit til við gjaldskrárbreytingar. Ekki þarf að afla tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir fyrirtækið.

Framlög eigenda Landsvirkjunar frá upphafi verði endurmetin með byggingarvísitölu og vaxtareiknuð með 3% en þannig reiknuð verða þau samtals um 14 milljarðar króna, sem hér eftir verða nefnd eigendaframlög. Sá hluti eiginfjár sem ekki telst eigendaframlag skal nefnast annað eigið fé .

Arðgreiðslur

Nefndin telur æskilegt að skilgreint verði betur með hvaða hætti Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð og gerir tillögu um eftirfarandi fyrirkomulag.

1. Eigendaframlög mynda stofn til útreiknings arðs sem miðast við 5,5% af endurmetnum stofni.

2. Á meðan hreinar rekstrartekjur án afskrifta sem hlutfall af heildarskuldum er undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar en 75% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

3. Þegar ofangreint hlutfall verður á bilinu 12-15% þá nemi útborgaður arður 40% af reiknuðum arði og 60% komi til hækkunar á eigendaframlögum.

4. Eftir að hlutfallið nær 15% nemi útborgaður arður 60% af reiknuðum arði en 40% bætist við eigendaframlög.

Lagt er til að ekki verði gerð breyting á núgildandi fyrirkomulagi hvað varðar greiðslu ábyrgðargjalds til eigenda.

Akureyrarbær skal fá sérstakar viðbótararðgreiðslur á árunum 2001-2003 til að vega upp á móti minni arðgjöf af framlagi Akureyrarbæjar til Landsvirkjunar en af framlagi ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árleg viðbótararðgreiðsla á umræddu tímabili skal vera 5,475% af fjárhæð sem nemur 25% af reiknuðum arði skv. framangreindu.

Eigendaframlög skulu endurmetin miðað við breytingar á byggingarvísitölu.

Fyrir liggja áætlanir um rekstur Landsvirkjunar byggðar á ákveðnum forsendum, þ.á.m. að gjaldskrárverð Landsvirkjunar verði óbreytt að raungildi til ársins 2000 og lækki síðan árlega um 2-3% á árunum 2001-2010. Tryggja þessar forsendur ákveðna arðsemi. Þær kunna þó að breytast sem gæti haft í för með sér röskun á fyrrgreindum forsendum um þróun gjaldskrár.

Stjórnunarleg atriði

Árlega skal haldinn ársfundur Landsvirkjunar og skal tekið tillit til ákvæða hlutafélagalaga um slíka fundi. Helstu verkefni ársfundar verða:

1. Skýrsla um starfsemina og afgreiðsla ársreiknings.
2. Skipun stjórnar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur.

Verksvið stjórnar og framkvæmdastjórnar verði gerð skýrari og verði að fullu í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Stjórn Landsvirkjunar skipa 7 menn sem hér segir:

1. Af hálfu ríkisins tilnefnir iðnaðarráðherra 3 menn og þar af einn sem stjórnarformann. Komi til atkvæðagreiðslu í stjórninni hefur stjórnarformaður tvöfalt atkvæði.
2. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs 3 menn.
3. Bæjarstjórn Akureyrar kýs 1 mann.

Ekki verði sérstakur áheyrnarfulltrúi frá ríkinu á stjórnarfundum.

Í kjölfar aðalfundar verði haldinn samráðsfundur með fulltrúum eigenda, sveitarfélaga og tiltekinna gesta þar sem kynnt yrði starfsemi Landsvirkjunar. Fundarmenn hafi málfrelsi á slíkum fundum.

Heimild verði til þátttöku í fyrirtækjum á sviði orkumála.

Endurskoðun sameignasamnings

Fyrir 1. janúar 2004 skal fara fram endurskoðun á sameignasamningi um Landsvirkjun, þ.m.t. á því hvort ástæða þyki til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Fylgiskjal II.

Samningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um breytingu á sameignarsamningi sömu aðila um Landsvirkjun, dags. 27. febrúar 1981.

(28. október 1996.)

Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hér eftir sameiginlega nefndir eignaraðilar, gera mér sér svohljóðandi

s a m n i n g

um breytingu á sameignarsamningi um Landsvirkjun, dags. 27. febrúar 1981.

1. 3. gr. sameignarsamningsins orðast svo:

Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands 50,000%.
2. Reykjavíkurborg 44,525%.
3. Akureyrarbær 5,475%.

2. 14. gr. sameignarsamningsins orðast svo:

Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð af eigendaframlögum sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar í formi stofnframlaga og sérstakra eiginfjárframlaga og munu leggja fram til Landsvirkjunar. Eiginfjárframlög eigenda til 1. nóvember 1980 eru nánar sundurliðuð á fylgiskjali C. Fylgiskjal E hefur að geyma endurmat á framlögðum eigendaframlögum miðað við 31. desember 1995. Fylgiskjöl C og E eru hluti af samningi þessum.

Endurmetin eigendaframlög skv. 1. mgr. og eigendaframlög, er síðar kunna að verða lögð fram, skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður ársfundur Landsvirkjunar, að fenginni tillögu stjórnar, arðgreiðslu sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum.

Fylgiskjal F, sem telst hluti sameignarsamnings þessa, hefur að geyma samkomulag eigenda um arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið fyrir Landsvirkjun.

3. Við ákvæði til bráðabirgða í sameignarsamningnum bætist nýr töluliður, 6. töluliður, er orðast svo:

Eignaraðilar eru sammála um að fyrir 1. janúar 2004 skuli fara fram endurskoðun á sameignarsamningi þessum, þ.m.t. á því hvort ástæða sé til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun.

Breyting samkvæmt 2. tölulið hér að framan á 14. gr. sameignarsamningsins, þ.m.t. ný fylgiskjöl E og F með sameignarsamningnum, sem fylgja samningi þessum, öðlast gildi þegar viðhlítandi breyting hefur verið gerð á 5. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Samhliða undirritun þessa samnings hafa samningsaðilar jafnframt undirritað sameiginlega bókun til staðfestingar á samkomulagi um efni frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum og er eitt handa hverjum eignaraðila og eitt fyrir Landsvirkjun.

Reykjavík	Reykjavík	Akureyri
F.h. ríkisins	F.h. Reykjavíkurborgar	F.h. Akureyrarbæjar
Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra	*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir* borgarstjóri með fyrirvara um samþykki borgarráðs/borgarstjórnar	*Jakob Björnsson* bæjarstjóri með fyrirvara um samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar

Fskj. E.

ENDURMETIN EIGENDAFRAMLÖG LANDSVIRKJUNAR

Eftirfarandi endurmat á framlögðum eigendaframlögum eigenda Landsvirkjunar er gert af löggiltum endurskoðanda Landsvirkjunar. Endurmatið miðast við 31. desember 1995 og byggir á endurmatsreglum sem eignaraðilar hafa orðið sammála um. Er miðað við að eigendaframlögin, framreiknuð samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá innborgunarári til ársloka 1995, hafi að meðaltali borið 3% vexti á ári.

Ár	Eigenda-framlög	Arður	Reiknaðir vextir	Aukning ársins	Samsöfnuð staða
1965	3.273.279.252	0	0	3.273.279.252	3.273.279.252
1966	194.308.989	0	103.843.064	298.152.052	3.571.431.304
1967	0	0	110.035.798	110.035.798	3.681.467.103
1968	0	0	113.426.001	113.426.001	3.794.893.104
1969	0	0	116.920.657	116.920.657	3.911.813.761
1970	0	0	120.522.982	120.522.982	4.032.336.743
1971	0	0	124.236.295	124.236.295	4.156.573.038
1972	702.751.016	0	138.889.895	841.640.910	4.998.213.948
1973	0	0	153.994.972	153.994.972	5.152.208.920
1974	153.880.255	0	161.110.082	314.990.337	5.467.199.257
1975	119.788.217	0	170.289.747	290.077.964	5.757.277.221
1976	84.587.631	0	178.684.784	263.272.415	6.020.549.636
1977	0	0	185.493.134	185.493.134	6.206.042.770
1978	0	0	191.208.178	191.208.178	6.397.250.948
1979	88.022.415	0	198.455.287	286.477.702	6.683.728.650
1980	81.644.673	0	207.183.416	288.828.089	6.972.556.739
1981	81.687.562	0	216.082.870	297.770.432	7.270.327.171
1982	68.485.944	0	225.053.806	293.539.750	7.563.866.921
1983	2.450.361.912	0	270.790.565	2.721.152.477	10.285.019.398
1984	-85.327.704	0	315.566.974	230.239.271	10.515.258.669
1985	0	118.255.253	322.153.397	203.898.145	10.719.156.813
1986	0	0	330.257.221	330.257.221	11.049.414.035
1987	0	85.537.135	339.114.747	253.577.612	11.302.991.646
1988	0	85.049.631	346.934.983	261.885.352	11.564.876.998
1989	0	84.815.722	355.007.274	270.191.553	11.835.068.551
1990	0	84.828.882	363.331.673	278.502.791	12.113.571.342
1991	0	85.366.957	371.904.055	286.537.098	12.400.108.440
1992	0	0	382.047.341	382.047.341	12.782.155.781
1993	0	0	393.818.220	393.818.220	13.175.974.001
1994	0	0	405.951.759	405.951.759	13.581.925.760
1995	0	0	418.459.133	418.459.133	14.000.384.892
	7.213.470.162	543.853.580	7.330.768.310	14.000.384.892	

Skýring:

1) Allar fjárhæðir á verðlagi í árslok 1995.
2) Vextir eru 3% af eigendaframlögum að teknu tilliti til arðs. Vextir reiknast í hálft ár á innborgunarári.

Fskj. F.

ARÐGJAFAR-, GJALDSKRÁR- OG ARÐGREIÐSLUMARKMIÐ LANDSVIRKJUNAR

Eignaraðilar Landsvirkjunar eru sammála um eftirfarandi:

1. Arðgjafarmarkmið

   Stefnt skal að því að arðgjöf af því eigin fé sem í Landsvirkjun er bundið verði að jafnaði 5-6% á ári. Með arðgjöf eigin fjár er átt við hagnað reikningsársins sem hlutfall af eigin fé.

2. Gjaldskrármarkmið

   Stefnt skal að því að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækki síðan að raungildi um 2-3% á ári á árunum 2001-2010.

3. Arðgreiðslumarkmið

   Miðað skal við að eigið fé Landsvirkjunar greinist í eigendaframlög, sem endurmetin miðað við árslok 1995 eru kr. 14.000.384.892, og annað eigið fé. Endurmetin eigendaframlög skulu mynda stofn til útreiknings arðs.

   Stefnt skal að því að reiknaður arður til eigenda Landsvirkjunar verði 5,5% á ári af endurmetnum eigendaframlögum. Við ákvarðanir um útborgun arðs verði eftirfarandi lagt til grundvallar:

   a) Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 75% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

   b) Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum á bilinu 12-15% komi 40% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 60% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

   c) Séu hreinar rekstrartekjur án afskrifta[1)] sem hlutfall af heildarskuldum hærri en 15% komi 60% af reiknuðum arði til útborgunar til eigenda í hlutfalli við eign þeirra en 40% bætist við eigendaframlög og hækki arðgreiðslustofn.

   d) Á árunum 2001-2003 skal Akureyrarbær fá greiddar sérstakar viðbótar-arðgreiðslur til að vega upp á móti minni arðgjöf af framlagi Akureyrarbæjar til Landsvirkjunar en af framlögum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Árleg viðbótararðgreiðsla á umræddu tímabili skal vera 5,475% af fjárhæð sem nemur 25% af reiknuðum arði skv. framansögðu.

[1)] *Hreinar rekstrartekjur án afskrifta = heildartekjur - beinn rekstrarkostnaður fyrir vaxtagreiðslur, skatta og afskriftir*

Fylgiskjal III.

Sameiginleg bókun eignaraðila Landsvirkjunar til staðfestingar á samkomulagi um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun.
(28. október 1996.)

Eignaraðilar Landsvirkjunar hafa orðið sammála um meðfylgjandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun. Frumvarpið er samið á vegum sérstakrar viðræðunefndar eignaraðilanna um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar, sem iðnaðarráðherra skipaði hinn 23. febrúar 1996.

Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar og helstu breytingum á núgildandi lögum sem í frumvarpinu felast. Nefndarálitið og samningur eignaraðila um breyting á sameignarsamningi um Landsvirkjun, dags. í dag, munu fylgja frumvarpinu sem fylgiskjöl.

Reykjavík	Reykjavík	Akureyri
F.h. ríkisins	F.h. Reykjavíkurborgar	F.h. Akureyrarbæjar
Finnur Ingólfsson iðnaðarráðherra	*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir* borgarstjóri með fyrirvara um samþykki borgarráðs/borgarstjórnar	*Jakob Björnsson* bæjarstjóri með fyrirvara um samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um Landsvirkjun í kjölfar yfirferðar viðræðunefndar eignaraðila um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til hafa engin útgjaldaáhrif á ríkissjóð, en hins vegar komu eignaraðilar sér saman um arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar í tengslum við þessa endurskoðun. Stefnt skal að því að reiknaður arður verði 5,5% af eigendaframlögum á ári að jafnaði. Til grundvallar arðgreiðslumarkmiði er lagt það mat að eigendaframlög nemi um 14 milljörðum króna í árslok 1995 og myndi þau stofn til útreiknings arðs. Miðað við 14 milljarða króna eigendaframlag, sem ríkissjóður á þá 7 milljarða króna af sem eigandi að 50% hlut í fyrirtækinu, ætti árleg arðgjöf að nema 5,5% af þeim hlut, þ.e. um 385 m.kr. fyrir ríkissjóð. Sjálf arðgreiðslumarkmiðin stefna að því að arðgreiðsla geti numið frá 25% til 60% af hinum reiknaða arði eða u.þ.b. 95 til 230 m.kr. árlega. Það fer því eftir hreinum rekstrartekjum hvers árs og heildarskuldum hverju sinni hversu mikið ríkissjóður ber úr býtum.

195. Frumvarp til laga [176. mál]

um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir.

1. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116., 117., 118. og 120. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki í þessum hópi, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn en oft hafa umræður og umsagnir um málið snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. *Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna.* Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönn-

um lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna.

196. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um umboðsmann aldraðra.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.

Greinargerð.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að 26.300 Íslendingar eru 67 ára og eldri (31. desember 1995) og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í auknum mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða.

197. Svar [64. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um félagslegar íbúðir.

1. Hvernig skiptast félagslegar íbúðir eftir kjördæmum?

Á skrá hjá félagsíbúðadeild Húsnæðisstofnunar eru 10.195 íbúðir. Skipting þeirra eftir kjördæmum er eftirfarandi:

Kjördæmi	Íbúðir	Hlutfall
Reykjavík	4.649	47%
Reykjanes	2.030	20%
Vesturland	355	3%
Vestfirðir	516	5%
Norðurland vestra	458	4%
Norðurland eystra	1.199	12%
Austurland	534	5%
Suðurland	454	4%
Samtals	**10.195**	**100%**

2. Hvert er hlutfall félagslegra íbúða sem standa auðar,
a. í heild á landinu öllu,
b. skipt eftir kjördæmum?
Hver er ástæða þess að ekki er hægt að selja þær eða leigja?

Í athugun Húsnæðisstofnunar, sem gerð var í þessum mánuði, var spurst fyrir um auðar íbúðir í viðkomandi sveitarfélagi. Alls bárust svör frá 56 sveitarfélögum. Kom í ljós að í landinu öllu voru samtals 116 félagslegar íbúðir auðar lengur en tvo mánuði, 79 íbúðir lengur en sex mánuði og 32 íbúðir auðar lengur en eitt ár.

Ef miðað er við auðar íbúðir lengur en tvo mánuði er hlutfall félagslegra íbúða sem standa auðar í landinu öllu 1,14%, ef miðað er við sex mánuði er hlutfallið 0,77% og ef miðað er við íbúðir sem standa auðar lengur en eitt ár er hlutfallið 0,31%.

Skipting auðra íbúða eftir kjördæmum og hlutfall þeirra af fjölda félagslegra íbúða í viðkomandi kjördæmi er eftirfarandi samkvæmt fyrrnefndri athugun:

Kjördæmi	Íbúðir auðar lengur en í tvo mánuði	Hlutfall	Íbúðir auðar lengur en í sex mánuði	Hlutfall	Íbúðir auðar lengur en í eitt ár	Hlutfall
Reykjavík	15	0,32%	8	0,17%	0	0,00%
Reykjanes	6	0,30%	3	0,15%	0	0,00%
Vesturland	4	1,13%	2	0,56%	2	0,56%
Vestfirðir	56	10,85%	44	8,53%	20	3,88%
Norðurland vestra	5	1,09%	2	0,44%	0	0,00%
Norðurland eystra	7	0,58%	3	0,25%	0	0,00%
Austurland	8	1,50%	6	1,12%	2	0,37%
Suðurland	15	3,30%	11	2,42%	8	1,76%

Rétt er að geta þess að sveitarfélög hafa gripið til þess ráðs að leigja félagslegar eignaríbúðir ef ekki hefur tekist að selja þær. Má sem dæmi nefna að á Akranesi eru 30 íbúðir leigðar út af samtals 115 félagslegum eignaríbúðum.

Vandi sveitarfélaga vegna erfiðleika við sölu á félagslegum íbúðum verður því ekki metinn út frá tölum um auðar félagslegar íbúðir. Til að gera sér grein fyrir þeim vanda þarf að afla upplýsinga um heildarfjölda íbúða í eigu sveitarfélaga og fjölda íbúða sem sveitarfélög eru að leysa til sín og fyrirsjáanlegt er að ekki muni seljast. Þann fjölda þarf síðan að bera saman við fjölda eiginlegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga.

Fjárhagslegur vandi sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða er mismunur skulda vegna eiginlegra leiguíbúða í eigu sveitarfélaga og heildarskulda sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Lauslegt mat bendir til þess að hér sé um að ræða 2 til 3 milljarða kr. Dæmi eru um lítil sveitarfélög sem skulda orðið nokkur hundruð milljónir króna vegna félagslegra íbúða.

Ekki virðist vera erfiðleikum bundið að selja félagslegar íbúðir í Reykjavík og næsta nágrenni, enda er almennt markaðsverð á íbúðum hæst á þessu landsvæði. Hins vegar gætir þessa vanda í svo til öllum öðrum landshlutum og stafar það að mestu af því hversu dýrar félagslegar íbúðir eru í samanburði við íbúðir á almennum markaði á þeim stöðum.

3. *Hefur fjöldi félagslegra íbúða í einstökum sveitarfélögum haft áhrif á markaðsverð íbúða á almennum markaði?*

Nefnd, sem skipuð var til að kanna stöðu húsnæðismála á landsbyggðinni, skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra í júní sl. Nefndin gerði athugun á því hvort finna mætti tengsl milli umfangs félagslegra íbúða og markaðsverðs á landsbyggðinni. Samkvæmt athugun nefndarinnar virðist fjöldi félagslegra íbúða í einstökum sveitarfélögum ekki hafa áhrif á markaðsverð íbúða. Stærð sveitarfélagsins og þar með fasteignamarkaðar hefur hins vegar áhrif ásamt fjarlægð frá Reykjavík. Verðmyndun á fasteignamarkaði er háð mörgum þáttum sem tengjast saman á mismunandi hátt. Staðsetning og atvinnuástand er lykilatriði.

4. *Hverjar eru helstu ástæður greiðsluerfiðleika fólks í félagslega íbúðakerfinu og hvernig skiptist þessi hópur eftir kjördæmum, tekjum og félagslegri stöðu?*

Íbúðareigendur í félagslega íbúðakerfinu geta sótt um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Stofnunin hefur heimild til að skuldbreyta vanskilum til allt að 15 ára og/eða fresta greiðslum lána í allt að þrjú ár (lánstíminn lengist ekki). Stofnunin hefur haft þessar heimildir frá því í október 1993. Það sem vegur þyngst í greiðslubyrði hjá umsækjendum um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika eru bankalán og önnur skammtímalán sem algengt er að stofnað sé til eftir kaup á félagslegri eignaríbúð.

Meðalskuldir umsækjenda í félagslegum eignaríbúðum sem sótt hafa um aðstoð hjá Húsnæðisstofnun:

Hjón: Heildarskuldir um 9.200.000 kr.
Byggingarsjóður verkamanna um 7.500.000 kr., um 82% af heildarskuldum.
Skammtímalán um 1.700.000 kr., um 18% af heildarskuldum.

Einstætt foreldri: Heildarskuldir um 6.960.000 kr.
Byggingarsjóður verkamanna um 5.960.000 kr., um 86% af heildarskuldum.
Skammtímaskuldir um 1.000.000 kr., um 14% af heildarskuldum.

Ástæðum greiðsluerfiðleika umsækjenda er skipt í eftirfarandi fjóra meginflokka og skiptast umsóknir þannig:

Atvinnuleysi 27%
Tekjulækkun 28%
Veikindi 17%
Önnur óvænt atvik 28%

Skipting umsókna um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika eftir kjördæmum:[1]

Kjördæmi	Umsóknir	Hlutfall
Reykjavík	302	54%
Reykjanes	168	30%
Vesturland	6	1%
Vestfirðir	14	2%
Norðurland vestra	11	2%
Norðurland eystra	37	7%
Austurland	12	2%
Suðurland	12	2%
Samtals	**562**	**100%**

Skipting umsókna um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika eftir félagslegri stöðu þar sem umsækjandi á félagslega eignaríbúð:[2]

Hjón/sambýlisfólk 52,6%
Einstæðir foreldrar 38,0%
Einhleypir 9,4%

Laun umsækjenda er sótt hafa um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika og eiga félagslega eignaríbúð:[3]

Ár	Hjón/sambýlisfólk, þús. kr.	Einstæðir foreldrar, þús. kr.	Einhleypir, þús. kr.
1993	169	107	85
1994	171	98	96
sl. þrjá mánuði	177	102	82

Í útreikningi launa umsækjenda er um að ræða heildarlaun samkvæmt launaseðlum sl. þriggja mánaða, barnameðlög, mæðralaun og aðrar bætur frá tryggingakerfinu.

Þegar umsókn er lögð inn um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika þurfa umsækjendur að leggja inn skattskýrslur sl. tveggja ára og launaseðla sl. þriggja mánaða. Er þetta gert til að sjá hvort breytingar hafa orðið á tekjum og eignastöðu.

[1] Umsóknir þar sem skuldbreyting hefur verið samþykkt, afgreiddar á tímabilinu janúar–september 1996.
[2] Umsóknir afgreiddar á tímabilinu janúar–júní 1996.
[3] Meðaltalstölur afgreiddra umsókna á tímabilinu janúar–júní 1996.

Eftirtektarvert er að í áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem út kom í október 1996 er vakin sérstök athygli á að nærri fjórði hver umsækjandi hjá Ráðgjafarstofunni býr í félagslegri eignaríbúð.

5. *Hvaða áhrif hefur mikill niðurskurður ríkisframlaga á þessu og næsta ári á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna?*

Í stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins, sem gerð var af Ríkisendurskoðun í október 1996, kemur fram að eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna hélst nokkurn veginn í horfinu fram á árið 1994. Í fjárlögum fyrir árið 1995 voru hins vegar einungis veittar 608 millj. kr. til sjóðsins. Jafnframt varð þá ljóst að fyrri forsendur um endurskoðun vaxta, lækkun meðallána, sparnað í rekstri o.fl. stóðust ekki nema að hluta. Ákvarðanir, sem teknar voru við afgreiðslu fjárlaga í desember 1994, leiddu þannig til þess að eiginfjárstaða sjóðsins tók að veikjast verulega. Þessi þróun hefur síðan haldið áfram.

Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að stjórnvöld grípi tafarlaust til aðgerða til lausnar yfirvofandi fjárhagsvanda sjóðsins. Athugasemdir Ríkisendurskoðunar varðandi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna eru nú til athugunar í félagsmálaráðuneytinu, ásamt öðrum athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins á undanförnum árum.

Framlög ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna í fjárlögum miðast við að viðhalda eiginfjárstöðu sjóðsins í ljósi áforma um ný útlán og aðhaldsaðgerðir. Í fjárlögum 1996 er framlag ríkisins til sjóðsins 400 millj. kr. og miðuðust lánsheimildir við 230 nýjar íbúðir, en úthlutað var til 250 nýrra íbúða. Í fjárlagafrumvarpi 1997 er framlag til Byggingarsjóðs verkamanna 300 millj. kr. og miðast lánsheimildir við 180 nýjar íbúðir.

Að mati fjármálaráðuneytis hefur eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna styrkst um allt að 1 milljarð kr. frá árinu 1991, en þá var gerð úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins.

198. Svar [63. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um samanburð á verði, greiðslubyrði og leigu íbúða í félagslega kerfinu og á almennum markaði.

Svarið er byggt á gögnum frá Fasteignamati ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins.

1. *Hvert var verð á fermetra í 90 m² íbúð í félagslega kerfinu árið 1995, skipt eftir kjördæmum? Hvert er áætlað fermetraverð sambærilegra fullbúinna nýrra íbúða á almennum markaði?*

Ekki er raunhæft að tala um ákveðið fermetraverð á íbúð á almennum markaði eftir kjördæmum. Verulegur munur er á markaðsverði íbúða innan kjördæma, t.d. er mikill munur á markaðsverði íbúðar á Ísafirði og í Vesturbyggð. Fasteignamat ríkisins hefur tekið tillit til þessa við gerð fasteignamats í einstökum sveitarfélögum og leiðréttir matið með markaðsstuðli viðkomandi sveitarfélags. Almennt má segja að markaðsverð íbúða sé hærra í stærri sveitarfélögum og þar um kring, en lægra á afskekktari stöðum. Aðrir þættir hafa einnig áhrif. Þannig er ekki hægt að tala um eitt markaðsverð á almennum markaði á fermetra í íbúð í einstökum kjördæmum.

Fjöldi seldra íbúða á almennum markaði og fjöldi seldra félagslegra íbúða er mismunandi eftir sveitarfélögum allt frá því að vera nánast engin sala upp í að vera allmargar seldar íbúðir. Erfitt er því að segja til um meðalfermetraverð á íbúð að ákveðinni stærð, bæði á íbúð á almennum markaði og á félagslegri íbúð, í einstökum sveitarfélögum. Ef svo á að takmarka samanburðinn við nýjar eða nýlegar íbúðir eru varla til nokkur gögn sem byggjandi er á. Því var valin sú leið að reikna út meðalverð seldra íbúða á almennum markaði sem hlutfall af meðalfasteignamatsverði viðkomandi íbúða. Sama er gert fyrir félagslegar íbúðir. Niðurstöður þeirra útreikninga eru bornar saman fyrir einstök sveitarfélög. Þessi samanburður ætti að geta gefið vísbendingu um mismun á verði á íbúð á almennum markaði og félagslegri íbúð í viðkomandi sveitarfélagi (sjá fylgiskjal).[1]

Sveitarfélag	Meðalsöluverð sem hlutfall af meðalfasteignamatsverði: Almennur markaður	Félagsleg íbúð	Söluverð félagslegra íbúða sem hlutfall af söluverði íbúða á almennum markaði
Sandgerðisbær	134,9%	183,0%	135,7%
Bolungarvíkurkaupstaður	107,8%	201,7%	187,1%
Höfðahreppur	122,4%	219,3%	179,2%
Árskógshreppur	145,2%	240,6%	165,7%
Seyðisfjarðarkaupstaður	93,8%	195,2%	208,1%
Selfosskaupstaður	132,3%	162,1%	122,5%

Verðmismunur á íbúð á almennum markaði og félagslegri íbúð í framangreindum sveitarfélögum er allt frá því að vera 22% á Selfossi til þess að vera 108% í Seyðisfjarðarkaupstað. Alls staðar þar sem gerðir voru útreikningar voru félagslegu íbúðirnar dýrari en íbúðir á almennum markaði. Hér er ekki um tæmandi úttekt að ræða, en vísbendingu engu síður.

2. *Hver er greiðslubyrði á mánuði á sambærilegri 90 m² fullbúinni nýrri þriggja herbergja íbúð, annars vegar á almennum markaði og hins vegar í félagslega kerfinu, skipt eftir þeim kostum sem þar bjóðast, miðað við að:*
   a. kaupendur eigi ekkert eigið fé,
   b. eigið fé kaupenda sé 10% af kaupverði?
   Óskað er eftir að einnig verði sýnd greiðslubyrði kaupleiguíbúða miðað við að sveitarfélögin láni til viðbótar 10% til 15 ára eins og lögin heimila.

Með vísan til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar er ljóst að til þess að samanburður á greiðslubyrði af íbúð sem keypt er á almennum markaði og félagslegri íbúð sé raunhæfur þarf að skoða einstök sveitarfélög. Ekki er hægt að líta á allt landið sem einn markað hvað verð á íbúðum varðar.

Við útreikning og samanburð á greiðslubyrði í félagslega kerfinu og á almenna markaðinum eru eftirfarandi forsendur lagðar til grundvallar:

1. Stuðst er við framangreindar forsendur fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Þar er félagsleg íbúð 87% dýrari en íbúð keypt á almennum markaði.

[1] Valið var eitt sveitarfélag í hverju kjördæmi, en ekki lágu fyrir samanburðarhæf gögn fyrir Reykjavík eða sveitarfélag á Vesturlandi.

2. Félagslega íbúðin kostar 7,0 millj. kr. Íbúð á almennum markaði kostar 3,7 millj. kr.
3. Lán Byggingarsjóðs verkamanna er 90% af kaupverði, með 2,4% vöxtum og lánstími 43 ár, þar af fyrsta árið afborgunarlaust. Húsbréfin eru 70% af kaupverði, með 5,1% vöxtum og lánstíminn er annars vegar 25 ár en hins vegar 40 ár. Öll lánin eru jafngreiðslulán.
4. Með tilliti til þess hversu óhagstæður þessi samanburður er fyrir félagslega íbúðarkerfið er ekki talin ástæða til að setja hér upp dæmi nema fyrir b-lið. Í samanburðinum er gert ráð fyrir sömu útborgun bæði vegna kaupa á félagslegri íbúð og íbúð keyptri á almennum markaði, þ.e. 10% af verði félagslegu íbúðarinnar. Það sem upp á vantar vegna kaupa á almennum markaði er tekið að láni í banka til fimm ára og með 9,5% vöxtum.
5. Við útreikning vaxtabóta er gert ráð fyrir reglum sem í gildi eru vegna framtals 1996, hámarkstekjum hjóna með tvö börn til að mega kaupa félagslega íbúð, þ.e. 2,3 millj. kr. og ekki aðrar skuldir fjölskyldunnar en vegna íbúðarkaupa.

Í eftirfarandi töflu er sýnd greiðsla á mánuði og á ári fyrir fyrsta, annað og sjötta árið. Fyrsta árið er sérstakt þar sem lán Byggingarsjóðs verkamanna er afborgunarlaust það ár, annað árið er einkennandi fyrir næstu fjögur ár (meðan bankalánið er greitt upp vegna kaupanna á almennum markaði) og sjötta árið er einkennandi fyrir næstu ár sem þar á eftir koma. Eins og að framan greinir eru vaxtabætur reiknaðar með í eftirfarandi dæmi.

Greiðslubyrði á mánuði og á ári er sem hér segir:

	Félagsleg íbúð, 90% lán		Íbúð með 70% húsbréfi til 40 ára og bankaláni til 5 ára		Íbúð með 70% húsbréfi til 25 ára og bankaláni til 5 ára	
	Kr. á mán.	Kr. á ári	Kr. á mán.	Kr. á ári	Kr. á mán.	Kr. á ári
Fyrsta árið	11.500	138.000	18.800	225.600	21.500	258.000
Annað árið	18.900	226.800	19.500	234.000	22.300	267.600
Sjötta árið	19.800	237.600	12.700	152.400	15.300	183.600

Samkvæmt framanrituðu er greiðslubyrði, vegna íbúðarkaupa á almennum markaði og með húsbréfum til 40 ára, fyrstu fimm árin samtals um 160.000 kr. meiri en af félagslegri íbúð. Á sjötta árinu er greiðslubyrðin af félagslegri íbúð um 85.000 kr. meiri en af íbúð á almennum markaði með húsbréfum til 40 ára. Þessi mismunur á ári hverju helst næstu 34 ár. Að 40 árum liðnum er húsbréfið uppgreitt en eftirstöðvar af lánum vegna félagslegu íbúðarinnar samsvara greiðslu að upphæð 237.600 kr. á ári næstu þrjú ár þar á eftir.

3. Hver er mánaðarleg leiga sambærilegrar þriggja herbergja íbúðar, annars vegar á almennum markaði og hins vegar í félagslega kerfinu?

Húsnæðisstofnun ríkisins gefur út viðmiðunarreglur til að styðjast við útreikning á leigu fyrir félagslegar íbúðir. Samkvæmt þeim reglum miðast leigugjaldið við að það nái yfir öll útgjöld sveitarfélagsins vegna viðkomandi íbúðar, þar með talið afborganir og vexti af lánum. Eftirfarandi tafla sýnir leigugjald, samkvæmt viðmiðunarreglum Húsnæðisstofnunar, fyrir félagslega íbúð að verðmæti 7,0–9,0 millj. kr. sem er algengt verð á félagslegum íbúðum:

	Félagsleg leiguíbúð, félagsleg kaupleiguíbúð, 90% lán til 50 ára, vextir 1,0%	Almenn kaupleiguíbúð, 90% lán til 50 ára, vextir 4,5%	Almenn kaupleiguíbúð með 70% láni til 50 ára og 20% láni til 25 ára, vextir 4,3%	Félagsleg eignaríbúð með 90% láni til 43 ára, vextir 2,4%
Leigugjald, kr.:	25.842–33.225	39.025–50.175	41.650–53.550	29.633–38.100

Húsaleiga fyrir félagslegar íbúðir sem kosta 7,0–9,0 millj. kr. er því á bilinu 25.842–53.550 kr. Leigugjaldið ræðst af kostnaðarverði íbúðar og þeim lánaflokki sem íbúðin er í. Framangreindar viðmiðunarreglur gilda fyrir allt landið. Hér er því um að ræða sama leigugjald fyrir allt landið óháð húsaleigumarkaðinum á hverjum stað. Litið er á allt landið sem einn og sama leigumarkaðinn.

Erfiðara er að segja til um leigu á almennum markaði. Líkt og gildir um söluverð á íbúðum hafa margir þættir áhrif á upphæð leigugjalds. Í meginatriðum eru áhrifaþættirnir þeir sömu. Samkvæmt upplýsingum frá nokkrum sveitarfélögum má ætla að leigugjald fyrir framangreindar íbúðir á almennum markaði sé á bilinu 20.000–45.000 kr. Sums staðar er leigan svo til eingöngu í lægri kantinum og annars staðar svo til eingöngu í hærri kantinum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjal.

Meðalsöluverð íbúða sem hlutfall af meðalfasteignamatsverði viðkomandi íbúða í nokkrum sveitarfélögum frá árinu 1989 til miðs árs 1996.

Sandgerðisbær:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989	9	112,8%	1	168,6%
1990	23	132,1%	5[1]	195,5%
1991	17	140,5%	10[2]	173,7%
1992	7	133,5%	5[3]	225,5%
1993	14	143,5%	5[4]	177,5%
1994	18	152,4%	13[5]	179,8%
1995	23	126,2%	4	176,1%
1996	15	138,6%	4	167,3%
Meðaltal		134,9%		183,0%
Samtal	126		47	

1) Ekki upplýsingar um fasteignamat 4 íbúða
2) Ekki upplýsingar um fasteignamat 8 íbúða
3) Ekki upplýsingar um fasteignamat 4 íbúða
4) Ekki upplýsingar um fasteignamat 3 íbúða
5) Ekki upplýsingar um fasteignamat 7 íbúða

Bolungarvíkurkaupstaður:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989	1	118,1%	7	212,9%
1990	3	105,8%	4	180,0%
1991	4	95,2%	4	185,6%
1992	10	108,0%	5	208,0%
1993	12	115,8%	4	196,4%
1994	17	111,1%	3	224,8%
1995	9	107,4%	1	203,9%
1996	1	100,9%		
Meðaltal		107,8%		201,7%
Samtals	57		28	

1) Ekki upplýsingar um fasteignamat 3 íbúða

Höfðahreppur:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989	1	119,7%	5	211,2%
1990	1	90,2%		
1991	7	124,2%	7	234,8%
1992	4	138,0%	1	217,3%
1993	6	145,5%	4	218,8%
1994	4	118,5%	5[1]	210,1%
1995	6	128,6%	6	210,9%
1996	2	114,3%	2	232,2%
Meðaltal		122,4%		219,3%
Samtals	31		30	

Árskógshreppur:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989			4	254,2%
1990			1	259,5%
1991	1	155,3%	6[1]	262,4%
1992	2	133,4%	2	224,1%
1993	1	158,0%	2	245,8%
1994	5	137,9%	6[2]	188,4%
1995	2	148,4%	11[3]	226,2%
1996	4	138,3%	1	264,4%
Meðaltal		145,2%		240,6%
Samtals	15		33	

1) Ekki upplýsingar um fasteignamat 4 íbúða
2) Ekki upplýsingar um fasteignamat 5 íbúða
3) Ekki upplýsingar um fasteignamat 7 íbúða

Selfosskaupstaður:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989	33	133,1%	6	174,8%
1990	39	142,2%	9[1]	165,9%
1991	47	140,1%	11[2]	168,6%
1992	50	142,5%	16[3]	158,1%
1993	48	134,4%	15[4]	148,6%
1994	72	127,5%	8	173,5%
1995	56	119,0%	10[5]	154,7%
1996	51	119,5%	5[6]	152,8%
Meðaltal		132,3%		162,1%
Samtals	396		80	

1) Ekki upplýsingar um fasteignamat 8 íbúða
2) Ekki upplýsingar um fasteignamat 9 íbúða
3) Ekki upplýsingar um fasteignamat 9 íbúða
4) Ekki upplýsingar um fasteignamat 5 íbúða
5) Ekki upplýsingar um fasteignamat 4 íbúða
6) Ekki upplýsingar um fasteignamat fyrir 1 íbúð

Seyðisfjarðarkaupstaður:

Söluár	Almennar íbúðir: Sölu-fjöldi	Almennar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði	Félagslegar íbúðir: Sölu-fjöldi	Félagslegar íbúðir: Meðal söluverð/meðal fasteignamatsverði
1989			3	182,5%
1990	2	72,2%	5	206,3%
1991	4	117,0%	11	229,8%
1992			3	206,5%
1993	2	87,2%	10	189,2%
1994	3	98,0%	5[1]	129,8%
1995	2	94,5%	3	199,0%
1996			4	218,7%
Meðaltal		93,8%		195,2%
Samtals	13		39	

1) Ekki upplýsingar um fasteignamat 4 íbúða

199. Fyrirspurn [178. mál]

til fjármálaráðherra um sjómannaafslátt.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve hárri fjárhæð nam sjómannaafsláttur samtals við álagningu gjalda 1996 vegna tekna ársins 1995, hvernig skiptist fjárhæðin milli skattumdæma og í hverju umdæmi milli:
   a. fiskiskipa,
   b. varðskipa, rannsóknarskipa, sanddæluskipa og ferjuskipa og
   c. farskipa sem eru í förum milli landa eða í strandsiglingum?
2. Hve margir nutu sjómannaafsláttar samtals og í hverju skattumdæmi? Hvert var hlutfall þeirra af framteljendum og hver var veittur sjómannaafsláttur sem hlutfall af álögðum tekjuskatti einstaklinga, hvort tveggja sundurliðað eftir umdæmum?

Skriflegt svar óskast.

200. Fyrirspurn [179. mál]

til samgönguráðherra um reglur fyrir flugfarþega um notkun tækja sem senda frá sér rafsegulbylgjur.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvert er mat íslenskra flugmálayfirvalda á því hvort hætta geti skapast í flugi vegna notkunar á tækjum sem senda frá sér rafsegulbylgjur?
2. Hafa stjórnvöld eða íslensk flugfélög, sem reka farþegaflug, sett reglur um notkun slíkra tækja?
3. Eru dæmi þess að slík tæki hafi valdið truflun eða hættuástandi í farþegaflugi á vegum íslenskra flugfélaga? Sé svo óskast þau tilgreind.
4. Er talin þörf á að flugfélög komi sér til öryggis upp skynjurum sem greini slíkar rafsegulbylgjur meðan á flugi stendur?

201. Frumvarp til laga [180. mál]

um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

A. Skipulag sjóðsins, aðild að honum, ávöxtun fjármuna sjóðsins o.fl.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara laga, skulu jafnan eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild 4. mgr. 4. gr., og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðjald þeirra vegna til sjóðsins skv. 13. gr. Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.

Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.

Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu, enda séu þeir skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálft starf. Sama á við um þá kennara og skólastjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1996 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma og starfshlutfall.

Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt og fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins.

Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árslok 1996 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til lífeyrissjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr.

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 7. gr. og orðast svo:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 8. gr. og orðast svo:

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

10. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

9. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar skal setja í samþykktir sjóðsins.

12. gr.

22. gr. laganna verður 11. gr.

18., 21., 23. og 24. gr. laganna falla brott.

Röð eftirfarandi greina laganna breytist þannig:

16. gr. verður 29. gr. og 20. gr. verður 32. gr.

B. Iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi, ábyrgð launagreiðenda o.fl.

13. gr.

Á 10. gr. laganna, sem verður 23. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. Orðin „svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 24. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.
c. 6. og 7. mgr. falla brott.
d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

   Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

14. gr.

11. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðast svo:

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. sérstaklega um deildina.

15. gr.

Á 12. gr. laganna, sem verður 24. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:
Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr. og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.
c. Við 2. mgr., sem verður 4. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.
d. 3. mgr. sem verður 5. mgr. orðast svo:
Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.
e. 4. og 5. mgr. falla brott.
f. Í stað orðanna „á hverjum tíma“ í 1. málsl. 6. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: við starfslok.
g. 9. mgr., sem verður 8. mgr., orðast svo:
Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

16. gr.

8.–11. mgr. 12. gr. a í lögunum, sem verður 25. gr., falla brott.

17. gr.

Á 13. gr. laganna, sem verður 26. gr., verða eftirfarandi breytingar:
a. Orðin: „í samráði við landlækni“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað „12. gr.“ í 2. og 3. mgr. kemur: 24. gr.

18. gr.

Á 14. gr. laganna, sem verður 27. gr., verða eftirfarandi breytingar:
a. 2. mgr. orðast svo:
Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:
1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.
b. 3. mgr. fellur brott.

c. Á eftir 5. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein, er verður 5. mgr. og orðast svo:

Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

d. 6. mgr. orðast svo:

Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

e. Í stað orðanna „Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið.

19. gr.

Við 15. gr. laganna, sem verður 28. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

20. gr.

Á 17. gr. laganna, sem verður 30. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. Tilvísunin „sbr. 12. og 14. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.

b. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr.

c. Í stað „16. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: 29. gr.

d. 2. mgr. orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

21. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

22. gr.

Á 25. gr. laganna, sem verður 33. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður

og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

23. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 34. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 33. gr. skal ríkissjóður endurgreiða þá hækkun sem þar er kveðið á um vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Til frádráttar endurgreiðslu ríkissjóðs samkvæmt sama ákvæði komi tekjur af viðbótariðgjaldi skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. skulu launagreiðendur greiða 9,5% iðgjald til B-deildar sjóðsins af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem eru sjóðfélagar, ávinna sér lífeyrisréttindi hjá B-deild sjóðsins og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla.

C. Stofnun nýrrar deildar við sjóðinn.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 12. gr. og orðast svo:

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.

25. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 13. gr. og orðast svo:

Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

26. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 14. gr. og orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

27. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 15. gr. og orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,8% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

28. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 16. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Tryggingayfirlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti tryggingayfirlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati tryggingayfirlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í alið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

29. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 17. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.

Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

30. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

31. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 19. gr. og orðast svo:

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

32. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 20. gr. og orðast svo:

Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.

33. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

D. Gildistaka og lagaskil.

34. gr.

I. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir um allar iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og lífeyrisgreiðslur úr honum eftir gildistöku þeirra. Ákvæði um niðurfellingu 2. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963 tekur þó gildi 1. janúar 1998.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt. Skal lögunum þá kaflaskipt þannig að I. kafli nái yfir 1.–11. gr. og heiti: **Almenn ákvæði.** II. kafli nái yfir 12.–21. gr. og heiti: **A-deild lífeyrissjóðsins.** III. kafli nái yfir 22.–34. gr. og heiti: **B-deild lífeyrissjóðsins** og IV. kafli nái síðan yfir 35.–38. gr. og heiti: **Gildistaka og lagaskil.**

35. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 35. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna og 1. mgr. 34. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

36. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 36. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

37. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 37. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

38. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 38. gr. og orðast svo:

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftar en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins rétthafa makalífeyris eftir eldri lögum. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 27. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefðu átt skylduaðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.

II.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. 13. gr. laganna skal vera 11,5% á árinu 1997.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

A. Efnisbreytingar á lögunum.

39. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

40. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skipar fjármálaráðherra tvo þeirra og stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

41. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

42. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

43. gr.

Síðari málsliður 6. gr. laganna orðast svo: Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun án sérstakrar þóknunar.

44. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum síðan ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í a.m.k. tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 17. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi.

46. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 9. gr. og orðast svo:

Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist reglubundið, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22.00 til 9.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

47. gr.

Á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

b. Í stað „60 ára“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: 65 ára.
c. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.
d. Í stað orðsins „hjúkrunarkonur“ í síðari málslið 5. mgr. kemur: hjúkrunarfræðinga.
e. 6. mgr. fellur brott.

48. gr.

10. gr. laganna verður 11. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

49. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr.

50. gr.

Við 12. gr. laganna, sem verður 13. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar og orðast svo:

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr., eða skv. 6. mgr. 8. gr., skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 8. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

51. gr.

13. gr. laganna verður 7. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 8. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald til sjóðsins.

52. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 13. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 12. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

53. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein og orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

54. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann.

55. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Allir hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu eiga rétt til aðildar að sjóði þessum. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er honum það þó heimilt og fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Heimild til aðildar að sjóðnum hafa einnig aðrir hjúkrunarfræðingar sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 á meðan þeir starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa jafnframt heimild til aðildar að sjóðnum, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjá öðrum sjóðfélögum.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum og þeir einstaklingar sem falla undir 1.–3. mgr.

Falli iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga niður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 4. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að sjóðnum, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til sjóðsaðildar innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga sama rétt til aðildar að þessum sjóði og þeir sem um ræðir í 1.–3. mgr. hefji þeir þar tilgreind störf á árinu 1997.

56. gr.

20. og 22. gr. laganna falla brott.

57. gr

21. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, honum þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs áður en taka lífeyris hefst verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

B. Gildistaka og lagaskil.

58. gr.

II. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Lífeyrisréttur þeirra sem byrjaðir eru töku lífeyris fyrir gildistöku laga þessara, svo og lífeyrisréttur maka þeirra og maka sjóðfélaga sem látist hafa fyrir gildistöku laganna, fer eftir reglum laga nr. 16/1965. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. um að breytingar á lífeyrisgreiðslum skuli ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu gildir þó um allar lífeyrisgreiðslur frá 1. janúar 1997.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16/1965, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa lögin út svo breytt.

59. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og 1. mgr. 58. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

60. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 22. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Jafnframt eiga sjóðfélagar, sem eru á aldrinum frá 45 ára til 55 ára við gildistöku laga þessara, rétt á að hefja töku lífeyris á aldrinum frá 60 ára til 65 ára, þó svo að þeir uppfylli ekki aldursskilyrði 4. mgr. 8. gr., enda hafi þeir þá látið af þeim störfum sem veitt hafa aðild að sjóðnum. Réttur til töku lífeyris samkvæmt þessari málsgrein ákvarðast þannig að við 60 ára aldursmarkið bætist 0,5 mánuðir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hlutaðeigandi sjóðfélaga vantar til að hafa náð 55 ára aldri við gildistöku laga þessara.

61. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 23. gr. og orðast svo:

Við gildistöku laga þessara skal reikna áunninn lífeyrisrétt allra sjóðfélaga eftir iðgjaldagreiðslutíma og hæsta starfshlutfalli sem viðkomandi sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, en þó aldrei af hærra starfshlutfalli en 100%. Hafi sjóðfélagi þannig greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi samfellt í a.m.k. eitt ár, eða samtals í þrjú ár ef ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða, skal reikna honum 2% réttindaávinning fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, og hlutfallslega fyrir hluta úr ári. Hafi hæsta starfshlutfall, sem sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, verið lægra en 100% skal hins vegar reikna hlutfallslega lægri réttindi fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Útreiknuð réttindi samkvæmt þessu skulu þó aldrei vera lægri en réttur skv. 2. mgr. 8. gr.

Hafi sjóðfélagi náð hæsta starfshlutfalli sínu samtals í eitt ár eða lengri tíma, án þess að um samfellu í iðgjaldagreiðslum í eitt ár hafi verið að ræða, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja það til grundvallar útreikningi skv. 1. mgr., enda hafi sjúkdómsforföll, atvinnuleysi eða sambærilegar ástæður komið í veg fyrir samfelldar iðgjaldagreiðslur.

62. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 24. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 8. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins a.m.k. þrjú ár.

63. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 25. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu, þurfa þeir hjúkrunarfræðingar, sem lokið hafa iðgjaldagreiðslu í 30 ár skv. 7. gr. laga nr. 16/1965, ekki að greiða iðgjald til sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að taka við iðgjöldum frá viðkomandi hjúkrunarfræðingum, samkvæmt beiðni þeirra frá gildistöku laga þessara og þar til þeir hafa lokið iðgjaldagreiðslu skv. 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr.

64. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 26. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna hjúkrunarstörfum sem veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nóvember 1995 ákvað fjármálaráðherra að skipa nefnd til að yfirfara lífeyrismál opinberra starfsmanna og þá sérstaklega lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Óskað var eftir tilnefningu í nefndina frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Kennarasambandi Íslands og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Fulltrúar þessara aðila störfuðu síðan í nefndinni ásamt fulltrúum fjármálaráðherra. Í nefndinni störfuðu þessir einstaklingar: Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, Ásta Möller, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, Björn Arnórsson, hagfræðingur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, Indriði H. Þorláksson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneyti, Magnús Pétursson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, Martha Á. Hjálmarsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna, Sigurður Ólafsson, hagfræðingur í fjármálaráðuneyti, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Vigdís Jónsdóttir, hagfræðingur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hvað tryggingafræðilega útreikninga og athuganir varðar hafa Bjarni Guðmundsson, Benedikt Jóhannesson og Vigfús Ásgeirsson liðsinnt nefndinni við samanburð á núgildandi réttindakerfi og réttindum í nýju kerfi. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að mæla með því við fjármálaráðherra að frumvarp þetta verði lagt fram á Alþingi.

I. Meginmarkmið nefndarstarfsins.

Í framhaldi af yfirferð við útreikninga, upprifjun eldri hugmynda og framlagningu frumvarpsdraga af hálfu fulltrúa fjármálaráðherra í nefndinni, sbr. drög dagsett 27. febrúar 1996, vann nefndin markvisst að endurskoðun laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna með það að markmiði að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Í stuttu máli voru eftirfarandi meginatriði höfð að leiðarljósi í nefndarstarfinu:

1. Núverandi starfsmönnum verði tryggður réttur til áframhaldandi aðildar að núverandi lífeyriskerfi, en jafnframt gefinn kostur á að flytja sig yfir í nýtt kerfi.
2. Nýir starfsmenn fái eingöngu aðild að nýju kerfi.
3. Verðmæti heildarréttinda verði hliðstæð í nýju kerfi og þau eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
4. Iðgjald verði greitt af heildarlaunum.
5. Sjóðfélagar ávinni sér réttindi á grundvelli innborgaðra iðgjalda.
6. Ákvæði um réttindi verði lögbundin, en iðgjald launagreiðenda breytilegt.

7. Vægi ellilífeyris- og örorkulífeyrisréttinda verði aukið.
8. Réttur til töku ellilífeyris verði ekki háður starfslokum.
9. Réttindi verði verðtryggð miðað við neysluverðsvísitölu.
10. Réttur til flýtingar/seinkunar á töku ellilífeyris verði almennur.

II. Helstu breytingar.

Til þess að ná þessum markmiðum er með frumvarpi þessu lagt til, að núverandi réttindakerfum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum starfsmönnum. Samhliða verði settar reglur um nýtt réttindakerfi sem nýráðnir starfsmenn greiði iðgjald til. Til nýja kerfisins verði greitt iðgjald af öllum launum, og réttindaávinnsla í því byggist á stigaútreikningi. Þá er lagt til að núverandi sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði gefinn kostur á vali milli þess að vera í eldra réttindakerfi eða því nýja.

Í frumvarpinu er lagt til að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar deildir sem kallaðar verða A-deild og B-deild. Nýir sjóðfélagar og þeir sem kjósa að færa sig úr eldra kerfi í nýtt greiði til A-deildar sjóðsins. Þeir sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku laga samkvæmt þessu frumvarpi verði hins vegar í B-deild sjóðsins, svo fremi þeir kjósi ekki að færa sig yfir í A-deildina.

Réttindareglur í B-deildinni verða að meginstofni til óbreyttar frá gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó verða gerðar nokkrar breytingar á lögum sjóðsins að því er varðar deildina. Breytingar þessar eiga það flestar sammerkt að þær eru til þess fallnar að taka á ýmsum framkvæmdarörðugleikum og túlkunarvandkvæðum sem komið hafa upp við framkvæmd núgildandi laga sjóðsins.

Helsta breyting, sem í frumvarpi þessu er lögð til á réttindum í B-deildinni, lýtur að framkvæmd svokallaðrar eftirmannsreglu. Lagt er til að í stað þess að miða lífeyri við þau laun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast verði breytingar á lífeyri miðaðar við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Lífeyrisréttur við upphaf lífeyristöku verði eftir sem áður reiknaður samkvæmt launum við starfslok. Á þennan hátt verður þessi breytta regla jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga þegar á heildina er litið. Núverandi sjóðfélögum verði þó gefinn kostur á að velja um óbreytta eftirmannsreglu.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að styrkja B-deildina þannig að hún verði betur í stakk búin til þess að mæta skuldbindingum sínum. Í fyrsta lagi er lagt til, að eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt 32 ára eða 95 ára reglu muni launagreiðendur greiða 10% iðgjald til sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum hefur iðgjald launagreiðanda hins vegar fallið niður samtímis niðurfellingu iðgjalda sjóðfélaga. Í öðru lagi er lagt til að sú grein í lögum sjóðsins verði felld brott, sem kveður á um að sjóðurinn eigi að verja hluta af ávöxtun sinni til greiðslu á lífeyrishækkunum sem launagreiðendur væru ella krafðir um. Báðar þessar breytingar eru til að styrkja B-deildina. Gagnvart launagreiðendum hefur breytingin hins vegar fyrst og fremst þau áhrif að flýta greiðslum til sjóðsins.

Eins og að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama hátt og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar fara samkvæmt frumvarpinu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Jafnframt verður núverandi sjóðfélögum gefinn kostur á að flytja sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samhliða þessu er lagt til að lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna verði breytt til samræmis við ákvæði sem gilda munu áfram um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefur nánast ekkert verið breytt síðan árið 1965. Ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á undanförnum árum, hafa fram að þessu ekki verið gerðar til samræmis á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Með þessu frumvarpi er lagt til að reglur sjóðanna verði samræmdar að þessu leyti.

Við gerð tillagna í frumvarpi þessu um nýtt réttindakerfi, þ.e. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, var það meginsjónarmið haft að leiðarljósi að verðmæti réttinda í A-deild sjóðsins væru þegar á heildina er litið sambærileg réttindum samkvæmt núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hins vegar eru reglur um A-deildina í verulegum atriðum frábrugðnar eldri réttindareglum.

Þannig eru útreikningsreglur lífeyris í þessum tveimur kerfum mismunandi. Samkvæmt gildandi lögum fer lífeyrisréttur sjóðfélaga eftir því hversu lengi þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins, í hvaða starfshlutfalli þeir hafa verið á hverjum tíma og því starfi sem þeir gegna við starfslok. Hafi þeir fyrr á iðgjaldagreiðslutíma sínum verið í hærra launuðu starfi en því sem þeir gegndu síðast eru lífeyrisgreiðslur reiknaðar samkvæmt því starfi, enda hafi viðkomandi gegnt því í a.m.k. í 10 ár. Eftir að taka lífeyris hefst taka lífeyrisgreiðslur síðan þeim breytingum, sem verða á launum fyrir viðmiðunarstarf.

Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að lífeyrisréttur í A-deild verði reiknaður eftir stigakerfi, þar sem réttindaávinningur ársins fari eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma. Eftir að taka lífeyris hefst er síðan lagt til að hann breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Samhliða þessari breytingu er lagt til að sjóðfélagar í A-deild greiði iðgjald af öllum launum alla starfsævi sína. Niðurfelling iðgjalda eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu verður því afnumin hjá deildinni.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ásamt rétti til barnalífeyris verði ákveðinn í lögum sjóðsins. Jafnframt er iðgjaldahluti launþega lögbundinn 4% samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er lagt til að iðgjald launagreiðenda verði breytilegt og endurskoðað árlega. Samkvæmt frumvarpinu á iðgjald launagreiðenda á hverjum tíma að vera við það miðað að iðgjöld til sjóðsins dugi til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er lagt til að iðgjaldaprósenta launagreiðenda verði 11,5% af heildarlaunum sjóðfélaga á árinu 1997. Með greiðslu iðgjalda samkvæmt þessu hafa launagreiðendur þá staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á útreikningsreglum elli-, örorku- og makalífeyris hjá A-deildinni miðað við núgildandi lög sjóðsins. Að hluta til eru þessar breytingar til komnar vegna útreiknings samkvæmt stigakerfi, en að hluta til er um tilfærslu á milli einstakra tegunda lífeyris að ræða. Þannig má almennt segja að réttur til elli- og örorkulífeyris sé aukinn samkvæmt frumvarpinu, en á móti dregið úr makalífeyrisréttindum.

III. Helstu ástæður fyrir nauðsyn breytinga.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða, ýmist í kjölfar lagasetningar um lífeyrismál eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Mikil breyting hefur einnig orðið hjá lífeyrissjóðnum í fjárhagslegum efnum og á starfsumhverfi. Þá hefur á síðustu árum verið tekinn upp sá háttur að gjaldfæra og skuldfæra lífeyrisskuldbindingar í reikningum opinberra aðila. Þrátt fyrir

þetta hafa þó litlar breytingar verið gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna á undanförnum árum.

Samkvæmt gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hvílir sú ábyrgð á launagreiðendum sem tryggt hafa starfsmenn sína í sjóðunum að endurgreiða lífeyrissjóðunum hluta af lífeyrisgreiðslum. Greiðsla launagreiðenda samkvæmt þessu fer eftir hækkunum, sem verða á lífeyrisgreiðslum og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir tekjum sem sjóðurinn hefur af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu.

Vegna þessa hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði og öðrum launagreiðendum sem greitt hafa iðgjöld til þessara sjóða. Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 1995 voru skuldbindingar alls metnar vera 123 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkanir, en 102 milljarðar króna ef miðað var við 3% ávöxtun. Í efnahagsreikningi sjóðsins kemur hins vegar fram að bókfærðar eignir voru á sama tíma 22,2 milljarðar króna, en samkvæmt endurmati voru eignirnar 24,7 milljarðar króna.

Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fyrir árið 1995 voru skuldbindingar sjóðsins metnar vera 13,4 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkanir, en 10,6 milljarðar króna ef miðað var við 3% ávöxtun. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins voru bókfærðar eignir á sama tíma 3,5 milljarðar króna, en samkvæmt endurmati voru eignirnar 4 milljarðar króna.

Við skoðun á þessum fjárhæðum eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna verður að taka tillit til þess að við mat á eignum sjóðsins hefur ekki verið tekið tillit til krafna sjóðsins á hendur launagreiðendum um að þeir endurgreiði lífeyrissjóðnum í framtíðinni hluta af lífeyrisgreiðslum. Þó svo launagreiðendur hafi á undanförnum árum í auknu mæli tekið upp þá reglu að bókfæra skuldbindingar sínar í ársreikningum, eins og t.d. er gert í ríkisreikningi, hafa fyrrnefndir lífeyrissjóðir ekki fært þessar kröfur til eignar í sínum reikningum.

Eins og að framan greinir fer greiðsla launagreiðenda á hverjum tíma vegna þessara skuldbindinga annars vegar eftir þeim hækkunum sem verða á lífeyrisgreiðslum og hins vegar eftir tekjum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu. Greiðsla launagreiðenda á hverju ári umfram iðgjaldagreiðslu fer því hvorki eftir raunverulegri þörf lífeyrissjóðanna fyrir fé til greiðslu lífeyris né heldur eftir þeim skuldbindingum sem myndast hjá sjóðunum á hverjum tíma.

Þær skuldbindingar, sem rætt er um hér að framan, hvíla að hluta til á ríkissjóði vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hjá A-hluta ríkisstofnunum, að hluta til hjá B-hluta ríkisstofnunum og að hluta til hjá ýmsum öðrum launagreiðendum sem fengið hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna samkvæmt heimild í lögum sjóðanna þar að lútandi. Meðal síðastgreindu launagreiðendanna má nefna rúmlega 50 sveitarfélög, nokkur samtök sveitarfélaga, stéttarfélög, líknarfélög, sjálfseignarstofnanir o.fl. Á öllum þessum launagreiðendum hvíla verulegar skuldbindingar gagnvart sjóðunum.

Þegar einstaklingur hefur unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda, sem greitt hefur iðgjald fyrir hann til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skiptist sú skuldbinding, sem til er stofnað, milli þessara launagreiðenda í tilteknum hlutföllum. Núverandi reglur um skiptingu skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðanda leiða oft til ósanngjarnrar niðurstöðu og hafa í för með sér óvissu um skuldbindingar hvers og eins ábyrgðaraðila.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna hefur öðrum launagreiðendum en ríkissjóði, sem greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fjölgað verulega. Sú breyting undirstrikar því enn frekar nauðsyn þess að breyta reglum um ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sjóðsins.

Þegar gerð hefur verið breyting á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hafa iðulega komið upp vandkvæði vegna gildandi reglna um útreikning lífeyris. Til dæmis komu þau berlega í ljós við verkaskipti sem urðu á árunum 1990 og 1991 samkvæmt lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og lögum nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ýmsum spurningum, sem fram komu um lífeyrisréttindi starfsfólks við þau verkaskipti, er í raun enn ósvarað.

Samsvarandi vandamál hafa komið upp í tengslum við einkavæðingu og verkefnatilflutning til einkaaðila. Einstaklingar, sem skipta um starf, koma til starfa hjá ríkinu eða hefja starf hjá öðrum launagreiðanda eftir að hafa unnið hjá ríkinu, hafa einnig orðið fyrir óþægindum og tapað eða misst af réttindum.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna greiða einungis iðgjald af dagvinnulaunum, vaktaálagi, persónuuppbót og orlofsuppbót. Lífeyrisréttindi þeirra eru síðan einungis reiknuð af þessum launategundum. Skapar þetta ósamræmi milli sjóðfélaga í þessum sjóðum og sjóðfélaga í almennu sjóðunum, þar sem almennt eru greidd iðgjöld af öllum launum.

Þá hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins iðulega bent á nauðsyn þess að endurskoða ýmis ákvæði í lögum sjóðsins. Þessar ábendingar hafa verið gerðar vegna ýmissa örðugleika við framkvæmd á gildandi lögum. Einnig hefur stjórn sjóðsins bent á ýmis ákvæði í lögum sjóðsins, sem mættu vera skýrari.

Loks má benda á erfiðleika við túlkun á svokallaðri eftirmannsreglu. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna gildir sú regla að lífeyrisréttur sjóðfélaga er reiknaður sem tiltekinn hundraðshluti af launum sem greidd eru fyrir það starf, sem sjóðfélagi gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris hefst fylgja lífeyrisgreiðslur þeim breytingum sem verða á launum fyrir þetta tiltekna starf. Lífeyrisgreiðslur breytast þannig í hlutfalli við breytingar á launum eftirmanna í starfi.

Þessi regla er mjög erfið í framkvæmd og í raun illframkvæmanleg. Störf breytast og verkefni launagreiðenda breytast. Í mörgum tilfellum er því erfitt að segja til um hver sé eftirmaður viðkomandi lífeyrisþega. Þá er samkvæmt verklagsreglum lífeyrissjóðanna leitast við að láta lífeyrisgreiðslur fylgja launaþróun hliðstæðra starfa. En slíkt mat verður alltaf erfitt í framkvæmd.

Verði gerðar breytingar á launakerfi opinberra starfsmanna eða fyrirkomulagi launagreiðslna er gert ráð fyrir að teknar verði upp viðræður við heildarsamtök starfsmanna í þeim tilgangi að breytingar á lífeyrisgreiðslum svari til breytinga á launum fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins samkvæmt frumvarpinu.

Hér að framan hefur verið minnst á helstu ástæður þess að nauðsynlegt er að breyta gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Nánar verður fjallað um þessi atriði og fleiri síðar í þessari greinargerð.

IV. Lagasetning.

Með lögum nr. 51/1921 var settur á stofn lífeyrissjóður fyrir embættismenn og ekkjur þeirra. Lagasetning um eftirlaun embættismanna er þó talsvert eldri en frá 1921, en um miðja síðustu öld voru lögleidd á Íslandi lög um eftirlaun þeirra sem konungur hafði gert að embættismönnum og launaðir voru af sjóði ríkisins.

Lögin frá 1921 um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra voru í gildi fram að gildistöku laga nr. 101/1943, en með þeim lögum var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með lögunum frá 1943 var gerð veruleg breyting á lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins. Fyrir gildistöku laga nr. 101/1943 höfðu einungis þeir sem tóku laun eftir lögum um laun embættismanna greitt í Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra. Eftir lagabreytinguna varð aðild að sjóðnum mun víðtækari. Meginreglan varð þá að allir ríkisstarfsmenn, sem uppfylltu ákveðin ráðningarskilyrði, urðu sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Með lögunum nr. 101/1943 var grunnur lagður að því lífeyrisréttindakerfi fyrir starfsmenn ríkisins sem nú er við lýði. Á næstu árum eftir gildistöku laganna frá 1943 voru gerðar ýmsar breytingar á lögunum, en næstu heildarlög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru lög nr. 64/1955. Síðan voru sett ný lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, sem nú gilda þótt á þeim hafi verið gerðar ýmsar breytingar í gegnum árin.

Hjúkrunarkonur höfðu ekki aðild að lífeyrissjóði fyrr en með lögum nr. 103/1943, en í greinargerð með þeim lögum voru tilgreindar ýmsar ástæður fyrir því að heppilegra þótti að hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir hjúkrunarkonur heldur en að taka þær inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lögum þessum var breytt með lögum nr. 34/1955 og aftur voru sett ný lög um sjóðinn á árinu 1965. Núgildandi lög sjóðsins eru nr. 16/1965 og hafa þau nánast verið óbreytt frá setningu þeirra.

V. Tryggingafræðilegar forsendur.

Við samningu þessa frumvarps voru tryggingafræðingar fengnir til að leggja mat á verðmæti réttinda samkvæmt núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og á verðmæti þeirra réttinda sem gert er ráð fyrir í A-deild sjóðsins. Við mat á heildarréttindum hins nýja kerfis og núverandi kerfis byggðu tryggingafræðingarnir á tilteknum forsendum sem notaðar voru við samanburð á kerfunum. Þannig var útreikningur miðaður við tryggingafræðilegar forsendur um lífslíkur, starfsorku og barneignalíkur, hlutfall sjóðfélaga í hjónabandi, skiptingu þeirra eftir aldri og kyni, aldursmun hjóna í sjóðnum, ávöxtun iðgjalda og þróun launa miðað við neysluverð og meðaltal yfirvinnugreiðslna.

Það var mat tryggingafræðinganna að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins væri sambærilegt í eldra kerfi og hinu nýja, ef árlegur ellilífeyrir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins næmi 1,9% af heildarlaunum starfsmannsins yfir starfsævina miðað við 65 ára ellilífeyrisaldur. Hefji starfsmaður töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 65 ára skerðist rétturinn um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldurinn, en ef ellilífeyrir er tekinn á aldrinum frá 65 til 70 ára þá aukist réttindin sem áunnin voru við 65 ára aldurinn um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn.

Í skýrslu tryggingafræðinganna er jafnframt bent á að sjóðfélagar í A-deild sjóðsins fái að meðaltali meiri lífeyrisréttindi en samkvæmt núgildandi lögum, enda greiði þeir í staðinn 4% iðgjald af heildarlaunum allan starfstímann í stað 4% af föstum launum fyrir dagvinnu í eldra kerfi og þá ekki alla starfsævi. Aukning lífeyrisréttinda í hinu nýja kerfi eigi því að samsvara þessum auknu iðgjaldagreiðslum starfsmanna.

Í skýrslu tryggingafræðinganna er síðan lagt mat á iðgjaldaþörf A-deildar sjóðsins og hún áætluð 15,5% af heildarlaunum. Til frekari útskýringar á samanburði réttinda í núgildandi kerfi og fyrirhugaðri A-deild er vísað til skýrslu tryggingafræðinganna sem fylgir með þessu frumvarpi.

VI. Breytingar á greiðslum til sjóðanna.

Þegar lagt er mat á breytingar á greiðslum til sjóðanna er rétt að skoða hvora deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir sig og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna sérstaklega. Jafnframt þarf að hafa í huga að fjárhagsleg áhrif breytinganna fyrir sjóðina eru ekki þau sömu og fyrir ríkið m.a. vegna þess að aðeins hluti sjóðfélaganna eru starfsmenn ríkisins.

B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Breytingar á greiðslum til þessarar deildar sjóðsins koma einkum fram í þremur atriðum:

1. Gera þarf ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að engir nýir sjóðfélagar munu hefja iðgjaldagreiðslur í stað þeirra sem hætta. Einnig þarf að gera ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að hluti sjóðfélaga mun færa sig úr B-deild sjóðsins í A-deild hans. Óvíst er hversu margir munu færa sig á milli deildanna.
2. Áætlað er að niðurfelling 2. mgr. 25. gr. gildandi laga sjóðsins, sbr. 22. gr. frumvarpsins, auki innstreymi til sjóðsins um 750 m.kr. þegar sú breyting tekur gildi árið 1998. Eins og greint er frá í athugasemdum við 22. gr. hefur greiðsla þessi, og greiðsla samkvæmt næsta lið hér á eftir, fyrst og fremst áhrif varðandi það hvenær launagreiðendur fullnusta skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.
3. Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að launagreiðendur greiði 10% iðgjald til B-deildar sjóðsins, eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður vegna 32 ára eða 95 ára reglu. Gert er ráð fyrir að auknar greiðslur vegna þessa verði tæplega 100 m.kr. á árinu 1997.

A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Vegna þessarar deildar er rétt að skoða eftirfarandi atriði:

1. Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að aðildarskilyrði að deildinni verði rýmkuð frá því sem nú er. Einstaklingar, sem áður greiddu til Söfnunarsjóðsins, munu eftir breytinguna greiða til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áætla má að iðgjöld vegna þessara einstaklinga verði um 180 m.kr.
2. Reikna má með að u.þ.b. 1.700 nýráðnir einstaklingar hefji greiðslu til A-deildarinnar á árinu 1997. Iðgjöld vegna þeirra eru áætluð um 170 m.kr.
3. Stærsti óvissuþátturinn við mat á greiðslum til A-deildarinnar varðar það hversu margir munu flytja sig úr B-deild sjóðsins til A-deildar.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna. Vegna áhrifa á greiðslur til sjóðsins þarf að hafa tvö atriði sérstaklega í huga:

1. Gera þarf ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að engir nýir sjóðfélagar munu hefja iðgjaldagreiðslur í stað þeirra sem hætta. Einnig þarf að gera ráð fyrir lækkun iðgjaldagreiðslna vegna þess að hluti sjóðfélaga mun færa sig úr sjóðnum í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Óvíst er hversu margir munu færa sig frá sjóðnum til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
2. Í 51. gr. frumvarpsins er lagt til að launagreiðendur greiði 10% iðgjald til sjóðsins eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður. Gert er ráð fyrir að auknar greiðslur vegna þessa verði u.þ.b. 10 m.kr. á árinu 1997.

VII. Skipting frumvarpsins í kafla.

Frumvarpi þessu er skipt í tvo kafla sem hér segir:

I. kafli skiptist í fjóra undirkafla og fjallar sá fyrsti um breytingu á þeim ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem varða skipulag hans, aðild að sjóðnum, ávöxtun fjármuna o.fl. atriði sem gilda fyrir báðar deildir sjóðsins.

Annar undirkaflinn fjallar um breytingar á ákvæðum laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins varðandi iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi, ábyrgð launagreiðenda o.fl. Samkvæmt frumvarpinu munu þessi ákvæði eingöngu gilda fyrir B-deild sjóðsins.

Í þriðja undirkaflanum eru ný ákvæði um iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi o.fl. ákvæði sem eingöngu gilda fyrir A-deild sjóðsins.

Í fjórða undirkaflanum eru ákvæði um gildistöku breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um lagaskil á milli eldri og nýrri réttindareglna hjá sjóðnum.

II. kafli fjallar um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Hann skiptist í tvo undirkafla.

Í síðari kaflanum eru ákvæði um gildistöku breytinga á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, um lagaskil milli eldri og nýrri réttindareglna hjá sjóðnum og um lagaskil milli réttindareglna hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með 1. gr. eru gerðar breytingar á 1. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í 1. mgr. er hlutverk sjóðsins skilgreint nánar en gert er í gildandi lögum. Þar er jafnframt tilgreint að heimili hans og varnarþing sé í Reykjavík.

Í 2. mgr. er tilgreint að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins skuli starfa í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild. Ákvæði um hverjir skuli greiða til hvorrar deildar um sig og um starfsemi hvorrar deildar eru í seinni greinum frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. eiga A-deild og B-deild sjóðsins að skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins. Hlutdeild deildanna á þannig að miðast við það hversu stór hluti af rekstrarkostnaði hvers árs er vegna vinnu fyrir hvora deild um sig. Stjórn sjóðsins er ætlað að setja reglur um þessa skiptingu.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um það hverjir teljist sjóðfélagar samkvæmt lögunum og kemur hún í stað 2. gr. í gildandi lögum. Samkvæmt greininni teljast þeir sjóðfélagar, sem greiða iðgald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir sem eiga geymd réttindi hjá sjóðnum en hafa hætt iðgjaldagreiðslu án þess að vera byrjaðir að taka lífeyri.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um hverjir skuli eiga aðild að A-deild sjóðsins, hverjir eigi rétt til aðildar að deildinni þó svo ekki sé um skylduaðild að ræða og um heimildir stjórnar til að veita öðrum aðild að A-deild sjóðsins en þeim sem skulu eiga aðild eða er sjálfkrafa heimil aðild. Greinin kemur í stað 3. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. eru ákvæði um aðild starfsmanna ríkisins að A-deildinni. Samkvæmt greininni skulu allir þeir starfsmenn ríkisins, sem náð hafa 16 ára aldri og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, vera sjóðfélagar í A-deild sjóðsins, sbr. þó 2. og 4. mgr. 4. gr. Þó er heimilt samkvæmt ákvæðum greinarinnar að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla skilyrði til aðildar að sjóðnum, geti greitt í aðra lífeyrissjóði. Þetta síðastnefnda getur t.d. átt við um lækna, verkfræðinga og tæknifræðinga sem þannig geta samið svo um í kjarasamningi að þeir greiði til annars lífeyrissjóðs en Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ákvæði 1. mgr. verður síðan að skoða með hliðsjón af 2.–4. mgr. 4. gr. Þar kemur fram sú meginstefna að þeir sem áttu skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir breytinguna geti áfram átt aðild að B-deild sjóðsins, sem að mestu leyti byggir á óbreyttu réttindakerfi. Kjósi þeir hins vegar að greiða fremur iðgjald til A-deildarinnar er þeim það þó heimilt.

Samkvæmt 3. gr. gildandi laga um lífeyrissjóðinn nr. 29/1963, er aðild starfsmanna ríkisins að sjóðnum takmörkuð vegna ákvæða um ráðningartíma og ráðningarkjör. Aðild að sjóðnum hafa þannig átt þeir starfsmenn ríkisins sem skipaðir eru, settir eða ráðnir með föstum launum til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra aðalstarf hlutaðeigandi og a.m.k. hálft starf. Þessi takmörkun verður ekki lengur til staðar hjá A-deild skv. 3. gr. frumvarpsins. Eftir breytinguna hafa t.d. lausráðnir starfsmenn ríkisins, þeir starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun samkvæmt tímakaupi og þeir sem eru í minna en hálfu starfi rétt til aðildar að sjóðnum. Á móti kemur að í 3. gr.eru skýrari ákvæði en í gildandi lögum um að aðild að sjóðnum verður takmörkuð við þá starfsmenn ríkisins sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga eða launaákvarðana samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

Hjúkrunarfræðingar hafa fram til þessa átt aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna sem starfað hefur samkvæmt lögum nr. 16/1965. Í II. tölul. 3. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hefur því verið ákvæði sem hefur undanþegið hjúkrunarfræðinga er starfa hjá ríkinu frá aðildarskyldu að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Slíkt

ákvæði er ekki í 3. gr. samkvæmt frumvarpi þessu. Eftir þessa breytingu og þá breytingu, sem gerð er samhliða á Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, munu hjúkrunarfræðingar, sem starfa hjá ríkinu, greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði ekki samið um aðra skipan mála í kjarasamningi. Hjúkrunarfræðingar, sem eru í starfi við árslok 1996, geta þó verið áfram í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

2. mgr. fjallar um aðildarrétt að A-deildinni fyrir kennara og skólastjórnendur grunnskóla, þá sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þá sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild eiga að sjóðnum við árslok 1996. Jafnframt fjallar málsgreinin um aðildarrétt að A-deildinni fyrir hjúkrunarfræðinga sem höfðu skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna við árslok 1996 og vinna í þjónustu annarra launagreiðenda en ríkissjóðs. Þessir einstaklingar eiga samkvæmt gildandi lögum rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeir eiga áfram rétt til aðildar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Kjósi þeir hins vegar að hefja greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa þeir rétt til þess. Varðandi nánari skýringu á ákvæðum 2. mgr. vísast til greinargerðar með 4. gr.

Eins og greint er frá hér að framan á 2. mgr. einungis við um þá starfsmenn sem gegna tilteknum störfum og aðild eiga að sjóðnum við árslok 1996. Um kennara og skólastjórnendur grunnskóla og hjúkrunarfræðinga, sem ráðnir verða til starfa eftir árslok 1996, gilda hins vegar bráðabirgðaákvæði I í gildistökukafla þessara laga.

Það er sameiginlegt með ákvæðum 1. og 2. mgr. að sjóðfélagar, sem þar um ræðir, eiga sjálfkrafa rétt á aðild að A-deild lífeyrissjóðsins. Á launagreiðendum þeirra hvílir því sú skylda að greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins, nema um annað sé samið. Heimild til aðildar skv. 3.–5. mgr. er hins vegar alltaf háð samþykki viðkomandi launagreiðanda.

Samkvæmt 3. mgr. er félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins ef launagreiðendur þeirra samþykkja aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Þetta ákvæði á þannig m.a. annars við um félagsmenn í þessum samtökum sem starfa hjá sveitarfélögum, fyrirtækjum í eigu ríkisins, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Heimildir skv. 3. mgr. eru nokkuð breyttar frá því sem er í gildandi lögum sjóðsins. Skv. 4. gr. laga sjóðsins, nr. 29/1963, er stjórn hans heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn hjá þar tilgreindum launagreiðendum. Meðal launagreiðenda, sem taldir eru upp í greininni, eru sveitarfélög og uppeldis- og heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum. Skv. 4. gr. gildandi laga leggur stjórn sjóðsins því hverju sinni mat á það hvort heimila skuli viðkomandi launagreiðanda að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Eftir reglu 3. mgr. geta félagsmenn í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélögum Bandalags háskólamanna og Kennarasambandi Íslands samið um það við launagreiðendur að iðgjöld fyrir starfsmennina verði greidd til sjóðsins. Þarf þá ekki samþykki stjórnar sjóðsins fyrir aðildinni eins og nú er.

Félagsmenn í framangreindum samtökum opinberra starfsmanna starfa í dag hjá fleiri launagreiðendum en þeim sem taldir eru upp í 4. gr. gildandi laga. Þannig starfa sumir t.d. hjá einkaaðilum. Þessir einstaklingar hafa ekki, að óbreyttum lögum, heimild til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Sama gildir um starfsmenn sem ráðast til starfa hjá fyrirtækjum eða stofnunum ríkisins eftir að þeim hefur verið breytt í hlutafélög. Eft-

ir reglu 3. mgr. geta einnig þessir launagreiðendur greitt iðgjald til sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína sem eru í áðurnefndum samtökum opinberra starfsmanna.

Breyting þessi á heimildum til aðildar að sjóðnum er möguleg í ljósi þeirra breytinga sem með frumvarpi þessu eru gerðar á iðgjaldagreiðslum launagreiðenda til samræmis við þær skuldbindingar sem stofnað er til á hverjum tíma. Iðgjald, sem greitt er til sjóðsins samkvæmt gildandi lögum, dugar hins vegar hvergi til greiðslu lífeyris. Því hafa verið settar þröngar skorður varðandi það hverjir hafa haft heimild til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar er stjórn sjóðsins heimilt að veita öðrum en þeim sem ákvæði 1.–3. mgr. ná til aðild að A-deild sjóðsins, svo framarlega sem þeir eigi ekki skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði og fyrir liggi að viðkomandi launagreiðandi hafi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Ákvæði greinarinnar tilgreinir ekki frekari takmarkanir en þær sem leiðir af skylduaðild að öðrum sjóði. Samkvæmt málsgreininni á stjórn sjóðsins að setja ákvæði í samþykktir sínar um hvernig þessu heimildarákvæði verði beitt.

Meginreglan verður sú að sjóðfélagar séu félagsmenn í aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna eða í Kennarasambandi Íslands. Skv. 4. mgr. er stjórn sjóðsins hins vegar heimilt að veita öðrum aðild að sjóðnum. Samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar skulu nánari reglur um aðild þessa vera í samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins verður síðan hverju sinni að samþykkja aðild samkvæmt þessari málsgrein.

Í 5. mgr. greinarinnar er loks ákvæði, er heimilar þeim launagreiðendum, sem greiddu iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína á árinu 1996, að greiða áfram iðgjald til sjóðsins fyrir þessa sömu starfsmenn. Skv. 5. mgr. 4. gr. hafa þessir launagreiðendur heimild til að greiða iðgjald til B-deildar fyrir þá starfsmenn sem hér um ræðir. Og samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar hafa þeir sömu heimild til aðildar að A-deildinni.

Þar sem félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands er með 3. mgr. þessarar greinar veitt heimild til aðildar að A-deildinni svo framarlega sem launagreiðendur þeirra samþykki aðildina. Þá hefur ákvæði 5. mgr. eingöngu þýðingu gagnvart þeim starfsmönnum launagreiðenda sem aðild áttu að sjóðnum á árinu 1996 og ekki eru í framangreindum bandalögum opinberra starfsmanna. Þetta ákvæði á þannig t.d. við um þá einstaklinga sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins af launum sem greidd eru samkvæmt samningi bankamanna, s.s. starfsmenn Byggðastofnunar, Þjóðhagsstofnunar og starfsmenn nokkurra sparisjóða, og um starfsmenn stjórnmálaflokka.

Um 4. gr.

Meginefni greinarinnar er að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skuli varðveitast í B-deild sjóðsins. Sjóðfélagar, sem aðild áttu að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok, geta síðan áfram verið í B-deildinni, eða fært sig yfir í A-deild sjóðsins kjósi þeir svo. Greinin kemur í stað 4. gr. gildandi laga, nr. 29/1963, sem fjallar um heimildir stjórnar sjóðsins til að veita öðrum en starfsmönnum ríkisins aðild að lífeyrissjóðnum, en ákvæði um þau málefni eru í 3. og 4. gr. þessa frumvarps.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skulu sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins á meðan þeir starfa hjá ríkinu og ráðning þeirra uppfyllir sömu skilyrði og þarf samkvæmt gildandi lögum til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skilyrði þessi eru að viðkomandi sé skipaður, settur eða ráðinn til a.m.k. eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og að starf hans sé ekki minna en hálft starf. Uppfylli ráðningarkjör viðkomandi einstaklings þessi skilyrði og hafi hann verið í starfi, sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum við árslok 1996, á hann rétt til aðildar að B-deild sjóðsins. Skiptir þá ekki máli hvort hann hafi verið ríkisstarfsmaður eða starfað hjá öðrum launagreiðendum sem tryggja starfsmenn sína hjá sjóðnum á þeim tíma.

Í seinni málslið 2. mgr. er síðan ákvæði um réttindi þeirra kennara og skólastjórnenda við grunnskóla sem voru í starfi er veitti þeim rétt til aðildar að sjóðnum við árslok 1996 og í 3. mgr. eru ákvæði um réttindi annarra starfsmanna við grunnskóla, starfsmanna á skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem aðild áttu að sjóðnum við sama tímamark.

Samkvæmt lögum nr. 98/1996, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla, sem eru reknir af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, aðild að lífeyrissjóðnum. Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 við gildistöku breytingarlaganna og ráðnir voru til áframhaldandi starfa við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra. Og samkvæmt lögum nr. 156/1995, sem einnig eru breytingarlög við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við árslok 1995 greiddu til sjóðsins vegna starfa hjá Sjálfseignarstofnuninni St. Jósefsspítala í Reykjavík, rétt til aðildar að sjóðnum meðan þeir starfa hjá sjúkrahúsinu.

Samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. að því er þessa hópa varðar hafa þeir sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins eins og þeir höfðu til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok 1996.

Sjóðfélögum, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr., er heimilt að greiða iðgjald til A-deildarinnar samkvæmt ákvæðum 4. mgr., kjósi þeir það fremur. Hafi þeir hins vegar valið að greiða til A-deildarinnar fellur niður réttur þeirra til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

Í 5. mgr. eru ákvæði um að launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína sem voru aðilar að sjóðnum við þetta tímamark. Heimild þessi nær bæði til þeirra starfsmanna sem voru í starfi hjá viðkomandi launagreiðanda við árslok 1996 og einnig til þeirra starfsmanna sem þeir ráða til starfa síðar, ef þeir hafa við árslok 1996 átt aðild að sjóðnum og fullnægja að öðru leyti ákvæðum um samfellu í iðgjaldagreiðslum.

Þeir launagreiðendur, sem hér um ræðir, eru m.a. fjöldi sveitarfélaga og stofnana í eigu sveitarfélaga, stéttarfélög, líknarfélög og heilbrigðisstofnanir á vegum líknarfélaga, stjórnmálaflokkar o.fl. aðilar sem fengið hafa heimild skv. 4. gr. laga nr. 29/1963, ásamt síðari breytingum, til að greiða fyrir starfsmenn sína til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 5. mgr. hafa þessir launagreiðendur „sömu heimild“ til að greiða iðgjald til B-deildarinnar og þeir höfðu til að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þarna er bæði verið að vísa til greiðsluheimildarinnar sem slíkrar, og eins til þess að heimildin nái einungis til þeirra starfsmanna sem ráðnir eru með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og í a.m.k. hálft starf.

Starfsmenn ríkisins, kennarar við grunnskóla og aðrir sjóðfélagar, sem heyra undir ákvæði 2. og 3. mgr., eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins óháð samþykki launagreiðenda þar að lútandi. Þeir hafa þannig sama rétt til aðildar að B-deildinni og þeir hafa fyrir árslok 1996 til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Aðild þeirra að B-deildinni sem falla undir 5. mgr. er hins vegar háð samþykki viðkomandi launagreiðenda. Aðild þeirra samkvæmt gildandi lögum sjóðsins er háð samþykki launagreiðenda svo aðstaða þeirra verður óbreytt að þessu leyti. Á sama hátt þarf samþykki launagreiðenda, til að þessir einstaklingar geti hafið iðgjaldagreiðslur til A-deildarinnar fremur en að greiða áfram til B-deildar.

Loks er ákvæði í 6. mgr. greinarinnar um að einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum 2. mgr. laga nr. 29/1963, hafi áfram sömu heimild til þess að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Um 5. gr.

Greinin kemur í stað 5. gr. gildandi laga, sem fellur brott. Sú grein er nú óþörf. Í reynd hefur ekki verið um það að ræða að nein réttindakaup hafi verið heimiluð skv. 5. gr. gildandi laga síðan 1980. Hér er ekki þörf á heimild fyrir réttindakaup svo sem um ræðir í greininni þar sem öllum launþegum og sjálfstæðum atvinnurekendum er nú skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs.

Samkvæmt 4. gr. er meginreglan að heimild til aðildar að B-deildinni sé takmörkuð við þá sem aðild eiga að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins við árslok 1996. Frá þessu eru undantekningar í þessari grein.

Í 1. mgr. segir að sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996 án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hafi rétt til aðildar að B-deildinni. Þarna er t.d. átt við einstaklinga sem voru við þetta tímamark í launalausu leyfi eða framlengdu barnsburðarleyfi eða þau tilvik þegar launagreiðslur í veikindum hafa fallið niður. Samkvæmt málsgreininni hafa þessir einstaklingar „sama rétt“ til aðildar að B-deildinni og þeir sem falla undir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr. Með sama rétti er þarna bæði vísað til skilyrða um ráðningartíma og starfshlutfall og einnig til skilyrða um áframhaldandi aðild án þess að ráðningarsambandi hafi verið slitið.

Í 2. mgr. greinarinnar er fjallað um rétt sjóðfélaga í B-deild sjóðsins til þess að hefja aftur iðgjaldagreiðslur til deildarinnar, eftir að þær hafa fallið niður, vegna þess að sjóðfélagi hafi hætt í starfi eða skipt um starf. Reglan er þá þannig að líða megi allt að 12 mánuðir án þess að réttur til aðildar að B-deildinni falli niður. Falli iðgjaldagreiðslur hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma á viðkomandi einstaklingur ekki lengur rétt til aðildar að deildinni.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar fjallað um réttarstöðu þeirra sem áunnið hafa sér rétt hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins einhvern tímann á árinu 1996, án þess þó að þeir hafi verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs. Í slíkum tilvikum eiga einstaklingar rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf á árinu 1997. Skiptir þá ekki máli að iðgjaldagreiðslur hafi fallið niður lengur en í tólf mánuði.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um skipan stjórnar lífeyrissjóðsins. Samkvæmt henni verður stjórnarmönnum fjölgað úr sex í átta. Við stjórn sjóðsins bætist einn stjórnarmaður skipaður af stjórn Kennarasambands Íslands og stjórnarmönnum sem fjármálaráðherra skipar fjölgar úr þremur í fjóra.

Um 7. gr.

Þessi grein er ný í lögum sjóðsins og fjallar hún um verksvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóðsins. Í greininni er kveðið á um að stjórn sjóðsins fari með yfirstjórn hans og að hún skuli fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Þá er í greininni kveðið á um eftirlitsskyldu stjórnar með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar á stjórn sjóðsins að setja honum samþykktir í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabankans. Ákvæði þetta kemur að hluta til í stað 21. gr. gildandi laga, sem fellur brott, en í þeirri grein er reglugerðarheimild samkvæmt lögum sjóðsins nr. 29/1963. Þrátt fyrir þetta ákvæði í 21. gr. hefur slík reglugerð aldrei verið sett.

Gildissvið samþykkta sjóðsins samkvæmt þessari grein er mun víðtækara en reglugerðarheimildin í gildandi lögum. Í þessu frumvarpi er á nokkrum stöðum kveðið á um að nánari ákvæði um tiltekin atriði skuli setja í samþykktir sjóðsins. Þannig segir í 3. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um breytingu á 3. gr. laganna, að nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skuli vera í samþykktum hans. Í lokamálsgrein 25. gr. frumvarpsins, sem á við um 13. gr. laganna, er ákvæði um að heimilt sé að hafa ákvæði í samþykktum sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi, sem varið verði til réttindaávinnings samkvæmt nánari reglum í samþykktunum. Í 32. gr. þessa frumvarps, sem á við um 20. gr. laganna, segir að í samþykktum sjóðsins sé heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga. Í 35. gr. frumvarpsins segir að setja skuli nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um val núverandi lífeyrisþega og virkra sjóðfélaga á viðmiðunarreglu til útborgunar lífeyris. Loks má nefna 37. gr. frumvarpsins, en samkvæmt henni á að setja nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

Samkvæmt 7. gr. skal kveðið á um það í samþykktum sjóðsins hvernig ávaxta skuli fé hans. Ákvæði um þetta eru nú í 8. gr. laganna sem felld verður brott með gildistöku þessara laga. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um ávöxtun á fé sjóðsins í samþykktum hans. Í þessu sambandi má benda á að fyrirhugað er að setja rammaákvæði um það atriði í almenna löggjöf um rekstur og starfsemi lífeyrissjóða.

Ekki er gert ráð fyrir að tæmandi upptalning sé í lögunum á því hvaða atriðum skuli skipað með ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Þannig má gera ráð fyrir að nánari ákvæði um ýmis atriði verði sett í samþykktirnar.

Samhliða ákvæðum um samþykktir sjóðsins er á ýmsum stöðum í þessum lögum kveðið á um skyldu stjórnar lífeyrissjóðsins. Þessar skyldur eru á ýmsan hátt viðtækari en þær sem lagðar eru á herðar stjórnar samkvæmt gildandi lögum. Sem dæmi má nefna ákvæði 9. gr. frumvarpsins, sem er breyting á 7. gr. laganna, en þar er stjórn sjóðsins m.a. falið að ákveða hvar afgreiðsla sjóðsins skuli vera. Þá má nefna d-lið 13. gr. frumvarpsins, sem er breyting á 10. gr. gildandi laga, en þar er stjórn sjóðsins falið að ákveða viðmiðunarlaun, sem iðgjöld eru greidd af fyrir þá sem taka laun eftir öðrum launaákvörðunum en

þeim sem almennt gilda fyrir opinbera starfsmenn. Loks má svo nefna 4. og 5. mgr. 25. gr. frumvarpsins, sem á við um 13. gr. laganna, en þar er stjórn sjóðsins falið að ákveða hvaða hundraðshluta launagreiðendur eigi að greiða í iðgjald til sjóðsins í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar.

Samkvæmt framansögðu eru því á ýmsan hátt lagðar ríkari skyldur á herðar stjórnar sjóðsins en verið hefur samkvæmt gildandi lögum. Þessar auknu skyldur lúta ekki hvað síst að samningu samþykkta sjóðsins og eins og að framan segir einnig að ýmiss konar ákvarðanatöku sem áður var skipað með löggjöf.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. þarf fjármálaráðherra að staðfesta samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim til þess að þær öðlist gildi. Gert er ráð fyrir að staðfesting þessi fari fram að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Samkvæmt málsgreininni á ráðherra að staðfesta hvort samþykktir sjóðsins séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því með setningu þessa ákvæðis að fjármálaráðherra fjalli efnislega um einstök ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um ársfund lífeyrissjóðsins og er hún ný í lögum hans. Fyrirmynd að greininni er sótt í reglugerðir ýmissa lífeyrissjóða, m.a. til ákvæða í grunnreglugerð SAL-sjóða. Ekki er þó gert ráð fyrir að ársfundur fari með ákvörðunarvald í málefnum sjóðsins. Slíkt er ekki framkvæmanlegt þar sem sjóðurinn verður eftir sem áður lögbundinn.

Samkvæmt greininni verður ársfundur sjóðsins opinn öllum sjóðfélögum. Hlutverk fundarins verður að veita upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðsins. Á ársfundi skal þannig eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingastefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

Um 9. gr.

Með þessari grein, sem er breyting á 7. gr. gildandi laga sjóðsins, er verður 9. gr. laganna, er það ákvæði fellt brott úr lögunum að Tryggingastofnun ríkisins eigi að annast reikningshald og daglega afgreiðslu lífeyrissjóðsins. Í stað þess á stjórn sjóðsins að ákveða hvernig haga skuli afgreiðslu hans. Samkvæmt þessu ákvæði er gerð sú breyting að stjórn sjóðsins á að ákveða hvar sjóðurinn verði til húsa, hvernig afgreiðslu verði háttað og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til starfrækslu sjóðsins. Þessi breyting þarf ekki að leiða til þess að sjóðurinn flytji afgreiðslu sína úr Tryggingastofnun ríkisins. Eftir sem áður er stjórn sjóðsins heimilt að semja við Tryggingastofnun um afgreiðslu sjóðsins. Hins vegar er sú breyting gerð að ekki verður lengur bundið í lögum að Tryggingastofnun eigi að annast þessa afgreiðslu.

Um 10. gr.

Með þessari grein er 8. gr. gildandi laga sjóðsins, sem fjallar um ávöxtun á fé hans, felld brott. Reglur um þetta verða eftir breytinguna í samþykktum sjóðsins, sbr. nánar í athugasemdum við 7. gr. frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu stjórnar sjóðsins til að láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Skv. 9. gr. gildandi laga á stjórn sjóðsins að láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans fimmta hvert ár. Þessu er breytt þannig að slík athugun skuli gerð árlega. Að öðru leyti segir í greininni að setja skuli nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar í samþykktir sjóðsins.

Um 12. gr.

Með þessari grein eru nokkrar greinar í gildandi lögum sjóðsins felldar brott og breyting gerð á röð annarra greina.

Í fyrsta lagi er sú breyting gerð að 22. gr. gildandi laga verður 11. gr.

Eftir breytingu á lögum sjóðsins samkvæmt þessu frumvarpi verður þeim kaflaskipt þannig að í I. kafla, sem nær yfir 1.–11. gr., verða sameiginleg ákvæði um A-deild og B-deild sjóðsins. Ákvæði um bann við framsali lífeyrisréttinda sem er í 22. gr. gildandi laga á við um báðar deildir sjóðsins og því er hún færð til.

Í öðru lagi eru fjórar greinar úr gildandi lögum felldar brott.

18., 23. og 24. gr. gildandi laga eru allar orðnar úreltar og því felldar brott. 21. gr., sem fjallar um setningu reglugerðar, er hins vegar felld brott í tengslum við setningu ákvæða í 7. gr. frumvarpsins um samþykktir sjóðsins og vísast í því sambandi til athugasemda við þá grein.

Í þriðja lagi er gerð breyting á röð tveggja greina í gildandi lögum, en þær verða eftir breytinguna í þeim kafla laganna, sem fjallar um B-deild lífeyrissjóðsins.

Um 13. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á 10. gr. gildandi laga sjóðsins, sem fjallar um iðgjaldagreiðslur til B-deildar hans. Eftir breytinguna verður greinin 23. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963 falla iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og launagreiðanda hans vegna niður þegar sjóðfélaginn hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár. Skv. 2. mgr. 12. gr. sömu laga skal hann þó greiða iðgjald þar til samanlagður iðgjaldagreiðslutími og aldur sjóðfélaga er 95 ár notfæri hann sér þá reglu sem þar eru ákvæði um. Með a-lið þessarar greinar er þessu breytt þannig að launagreiðendur eiga að halda áfram iðgjaldagreiðslu þó að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falli niður samkvæmt ákvæðum þessum.

Breytingar skv. b-lið þessarar greinar haldast í hendur við þær breytingar sem um er fjallað í næstu málsgrein hér að undan. Samkvæmt því sem tiltekið er í b-lið þessarar greinar á launagreiðandi að greiða 10% iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður.

Eftir þessa breytingu verða reglur um iðgjaldagreiðslur til B-deildarinnar þannig að sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðendur greiða síðan 6% iðgjald af þessum sömu launum. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár, eða þegar samanlagður aldur sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslutími hans nær 95 árum, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Frá þeim tíma greiðir launagreiðandi 10% iðgjald til sjóðsins fyrir þennan sjóðfélaga þar til hann lætur af störfum.

Rétt er að geta þess að auk iðgjaldagreiðslna samkvæmt framansögðu greiðir vaktavinnufólk jafnframt iðgjald til sjóðsins af launum fyrir vaktavinnu. Um þær iðgjaldagreiðslur gilda ákvæði sem í gildandi lögum eru í 12. gr. a. en eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu í 25. gr.

Í 6. og 7. mgr. gildandi laga eru sérstakar reglur um iðgjaldagreiðslur héraðslækna, sóknarpresta og starfsmanna stjórnmálaflokka. Ekki er ástæða til að hafa sérstakar reglur um iðgjaldagreiðslur þessara launþega. Ákvæði þessara málsgreina eru því úrelt og með c-lið þessarar greinar eru þau felld úr gildi. Sérreglur um iðgjaldagreiðslur héraðslækna og sóknarpresta voru settar á þeim tíma er aukatekjur höfðu áhrif á föst laun þessara stétta. Jafnframt má benda á að ákvæði d-liðar þessarar greinar frumvarpsins geta átt við um starfsmenn stjórnmálaflokka eins og um aðra, sé þörf á því.

Í d-lið þessarar greinar er ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins og verður það 6. mgr. þeirrar greinar sem verður 23. gr. laganna. Samkvæmt því skal stjórn lífeyrissjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga í B-deild sjóðsins eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaun þessi eiga að vera ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Vitað er að sumir launagreiðendur sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína greiða laun sem ekki eru í samræmi við laun ríkisstarfsmanna. Þessir launagreiðendur hafa nánast haft sjálfdæmi um það hvaða viðmiðunarlaun það eru sem iðgjald er greitt af, aðeins ef þau eru kölluð dagvinnulaun. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi, með því að nokkrir einstaklingar geta í krafti ráðningarsamninga öðlast lífeyrisrétt sem er í miklu ósamræmi við það sem almennt gerist hjá sjóðfélögum. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi.

Um 14. gr.

Með þessari grein eru gerðar breytingar á 11. gr. gildandi laga sjóðsins, nr. 29/1963, sem verður 22. gr. laganna. Eftir breytinguna hefur greinin fyrst og fremst það hlutverk að halda utan um þær greinar sem fjalla eingöngu um B-deild sjóðsins. Tekið er fram í greininni að auk þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. laganna, eins og þau eru eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi, sérstaklega um deildina. Ákvæði þessara greina eiga því eingöngu við um B-deild sjóðsins, þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram hverju sinni.

Um 15. gr.

Með þessari grein eru gerðar breytingar á 12. gr. gildandi laga, sem verður 24. gr. laganna. Greinin fjallar eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi um útreikning og greiðslu ellilífeyris hjá B-deild sjóðsins.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í a-lið þessarar greinar á 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að réttur til lífeyris hefjist næstu mánaðamót eftir að maður verður 65 ára. Jafnframt er í 1. mgr. áréttað að miðað sé við að sjóðfélagi hafi látið af þeim störfum, sem veittu honum aðild að sjóðnum, til þess að hann eigi rétt á lífeyri frá B-deild sjóðsins.

Í b-lið greinarinnar er ný málsgrein, sem verður 3. mgr., og í henni felst veigamesta breytingin sem gerð er í frumvarpinu á tilhögun lífeyrisgreiðslna úr B-deild sjóðsins. Hún lýtur að breytingum á þeirri kauptryggingu lífeyris sem sjóðfélagar í B-deild njóta. Í stað þess að miða breytingar á lífeyrisgreiðslum við þær breytingar, sem verða á launum sem fylgja þeirri stöðu er sjóðfélaginn gegndi síðast, verður miðað við „meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu".

Hér er þó rétt að benda á ákvæði 35. gr. frumvarpsins þar sem þeim sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeim sem þegar eru byrjaðir að taka lífeyri er gefinn kostur á að velja á milli „eftirmannsreglunnar", sem hefur verið í gildi fram að þessu og nýju reglunnar samkvæmt b-lið þessarar greinar. Um nánari skýringar á þessu vali vísast til athugasemda við 35. gr. frumvarpsins.

Í nýrri 3. mgr. skv. b-lið þessarar greinar er vísað til 2. mgr. (sem var 6. mgr.) til áréttingar því hvaða laun taka skuli til viðmiðunar þegar meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu eru metnar. Samkvæmt því skal taka inn í þann útreikning breytingar sem verða á þeim launum sem iðgjöld eru almennt greidd af og lífeyrir reiknast eftir, þ.e. á föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi. Samkvæmt málsgreininni á Hagstofa Íslands að reikna mánaðarlega þær breytingar sem verða á þessum launum.

Ástæður þess að þessar breytingar eru gerðar á tilhögun lífeyrisgreiðslna eru að núgildandi „eftirmannsregla" verður æ örðugri í framkvæmd. Víða er störfum svo háttað að illgerlegt er að segja fyrir um hver er eftirmaður hvers. Þá hafa opinberar stöður í mörgum tilvikum verið lagðar niður. Blasir þá við hvílíkum vandkvæðum er bundið að finna viðmiðun eftirlauna. Í öðrum tilvikum hafa stöður breyst og heilu stofnanirnar gjörbreyst, sem gerir illmögulegt að segja fyrir um hvort um sama starf er að ræða eða ekki.

Ætla verður að sjóðfélagar njóti þrátt fyrir þessa breytingu jafnverðmætra lífeyrisréttinda og áður þegar á heildina er litið. Lífeyrisgreiðslur eru áfram miðaðar við síðasta starf og launakjör við starfslok. Það eina sem breytist er , að ekki er nákvæmlega fylgt þeim breytingum, sem verða á launum hjá eftirmanni hvers og eins lífeyrisþega. Í stað þess verður fylgt meðalbreytingum sem verða á launum hjá opinberum starfsmönnum.

Með c- og d-lið greinarinnar eru gerðar breytingar á þeim málsgreinum, sem fjalla um útreikning lífeyris samkvæmt 95 ára reglunni. Með breytingu skv. d-lið á 3. mgr., sem verður 5. mgr., er fallið frá endurgreiðslu iðgjalda umfram 32 ár, þó svo að sjóðfélagi sem valið hefur 95 ára regluna fari ekki á lífeyri fyrr en eftir 64 ára aldur. Samhliða breytast útreikningsreglur lífeyrisréttinda þannig, að hundraðshluti lífeyisréttinda verður reiknaður samkvæmt 95 ára reglunni, þó að sjóðfélagi hefji ekki töku lífeyris fyrir 64 ára aldur. Eftir þessa breytingu er sjóðfélagi, sem velur 95 ára regluna, að taka ákvörðun um tvennt: Hvenær hann á möguleika á að fara á lífeyri og um útreikningsregluna.

Breyting skv. c-lið greinarinnar er eðlileg afleiðing breytinga samkvæmt d-lið. Skv. 3. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins þurfa sjóðfélagar að hafa farið á lífeyri fyrir 64 ára aldur til þess að geta notfært sér 95 ára regluna. Sá viðbótarmálsliður, sem með c-lið þessarar greinar er bætt við 2. mgr., sem verður 4. mgr., felur því ekki í sér neina efnisbreytingu.

Í e-lið greinarinnar eru ákvæði um niðurfellingu 4. og 5. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins. Þessar málsgreinar fjalla um rétt þeirra sem gerðust sjóðfélagar fyrir gildistöku laga nr. 32/1955 til að halda rétti samkvæmt eldri 95 ára reglu. Á þessar málsgreinar reynir ekki lengur, og því er eðlilegt að fella þær brott úr lögum sjóðsins.

Í f-lið greinarinnar felst að 6. mgr. verði 2. mgr. Útreikningsregla sú sem fram kemur í 6. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins á einungis við um þá sem fara á lífeyri samkvæmt hinni almennu reglu í 1. mgr. Eðlileg uppröðun þessarar lagagreinar er því að fjalla tæmandi um hina almennu reglu, áður en komið er að sérreglunni, þ.e. 95 ára reglunni. Ætla verður að sú framsetning geri greinina ljósari en nú er.

Jafnframt er í f-lið þessarar greinar frumvarpsins kveðið á um það, að í stað orðanna „á hverjum tíma“ í gildandi 6. mgr., sem verður 2. mgr., komi orðin „við starfslok“. Eftir þessa breytingu fjallar málsgreinin eingöngu um það, hvernig reikna eigi lífeyri sjóðfélaga við starfslok. Eftir þessa breytingu er hins vegar ekkert sagt um það í málsgreininni, hvernig lífeyrisgreiðslur breytist, eftir að taka lífeyris hefst. Um það vísast til skýringa með b-lið hér að framan.

Með g-lið þessarar greinar eru gerðar breytingar á 9. mgr. 12. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 8. mgr. 24. gr. Núgildandi 9. mgr. 12. gr. er að ýmsu leyti óljós og hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ekki hefur verið óalgengt að menn starfi áfram eftir að taka lífeyris hefst. Frá þeirri ráðningu hefur verið gengið með ýmsum hætti. Vafi hefur leikið á í hvaða tilvikum menn eigi engu að síður rétt á lífeyri, þrátt fyrir áframhaldandi störf, ýmist í sambærilegu starfi eða ólíku. Málsgrein þessari er því ætlað að taka af öll tvímæli. Í henni er tvennt tiltekið:

Í fyrsta lagi það að ef sjóðfélagi gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að B-deild sjóðsins skv. 4. gr. laga hans, eigi hann ekki rétt á lífeyri. Samkvæmt þessu á sjóðfélagi hins vegar rétt á lífeyri eftir að hann hefur látið af þeim störfum, sem veitt geta honum rétt til aðildar að B-deild sjóðsins skv. 4. gr., að því tilskyldu að hann hafi þá náð þeim aldri að hann eigi rétt á lífeyri. Breytir þá engu þótt hann stundi launaða vinnu sem ekki getur veitt aðild að B-deildinni.

Í öðru lagi er tiltekið í málsgreininni að ef sjóðfélagar fá áfram óskert laun sem starfinu fylgja eftir að þeir láta af störfum, eigi þeir ekki jafnframt rétt til lífeyris.

Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 16. gr.

Samkvæmt greininni falla 8.–11. mgr. 12. gr. a í gildandi lögum brott. Málsgreinarnar fjalla um rétt vaktavinnufólks til að kaupa lífeyrisrétt fyrir vaktavinnu sem unnin var á árunum 1974–80. Umsóknir um slík réttindakaup þurftu að hafa borist stjórn sjóðsins fyrir árslok 1981, ella félli þessi réttur niður. Efni greinanna hefur því enga þýðingu lengur.

Um 17. gr.

Með þessari grein eru gerðar tvær breytingar á 13. gr. laganna sem fjallar um rétt sjóðfélaga í B-deild til örorkulífeyris. Ákvæði um þessa tegund lífeyris verða eftir þessa breytingu í 26. gr.

Samkvæmt 1. mgr.13. gr. gildandi laga metur tryggingayfirlæknir orkutap sjóðfélaga í B-deild sjóðsins að höfðu samráði við landlækni. Þetta samráð við landlækni virðist óþarft. Í samræmi við það sem lagt er til að gildi um framkvæmd örorkumats hjá A-deild sjóðsins er lagt til í a-lið greinarinnar að tryggingayfirlæknir meti orkutap sjóðfélaga í B-deild sjóðsins og ekki þurfi þá við það mat að hafa samráð við landlækni.

Í b-lið greinarinnar eru lagfæringar á tilvísunum í greinar. Þarfnast þær ekki frekari skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni eru breytingar sem gerðar eru á 14. gr. gildandi laga, sem verður 27. gr., en hún fjallar um rétt maka til lífeyris úr B-deild sjóðsins eftir látinn sjóðfélaga.

Með a-lið greinarinnar er gerð breyting á orðalagi 2. mgr. Sú breyting sem hér er lögð til felur ekki í sér efnisbreytingu. Breytingin er gerð til að taka af tvímæli um, hvernig reikna skuli 20% viðbótarlífeyri til maka þegar látinn sjóðfélagi hefur verið í skertu starfshlutfalli.

Með b-lið greinarinnar er 3. mgr. 14. gr. gildandi laga felld brott, enda orðin úrelt. Þegar sú málsgrein var sett í lög var tekið tillit til greiðslna frá almannatryggingum við útreikning makalífeyris. Skv. 2. mgr. 14. gr., sem verður 27. gr., er það ekki lengur gert. Ákvæði 3. mgr. á því ekki lengur við og því er rétt að fella hana brott.

Í c-lið greinarinnar er ný málsgrein sem bætt er við þá grein í lögum sjóðsins sem fjallar um greiðslu makalífeyris úr B-deild hans. Í gildandi lögum eru ekki bein ákvæði um það hvernig fari ef hjúskap hefur verið slitið vegna skilnaðar og hinn látni sjóðfélagi hefur ekki gengið í hjúskap að nýju. Til að taka af tvímæli eru með c-lið þessarar greinar sett ákvæði um að sá tími sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir eftir að hjúskap lauk skuli ekki tekinn með í útreikning makalífeyris. Miðað er við þann dag er skilnaður að borði og sæng átti sér stað en lögskilnað hafi skilnaður að borði og sæng ekki verið undanfari lögskilnaðar. Hins vegar er gengið út frá að réttindatími fyrir stofnun hjónabands reiknist með við útreikning makalífeyris.

Með d-lið þessarar greinar eru gerðar breytingar á 6. mgr. 14. gr., sem verður 27. gr. Í núgildandi 6. mgr. 14. gr. er fjallað um skiptingu makalífeyris í þeim tilvikum þegar sjóðfélagi lætur eftir sig tvo maka á lífi. Þessi grein er á margan hátt óljós og vandskýrð. Erfið túlkunarvandkvæði hafa komið upp vegna hennar. Þykir því nauðsynlegt að kveða á um með gleggri hætti en í gildandi lögum hvernig réttindi hins látna sjóðfélaga skuli skiptast milli tveggja eða fleiri eftirlifandi maka. Meginregla skiptingar samkvæmt þeim breytingum, sem kveðið er á um í d-lið þessarar greinar, er að fyrri maki njóti alls réttindatíma hins látna sjóðfélaga fram til þess er hjúskapnum var slitið. Síðari maki nýtur hins vegar alls réttar sem ávinnst eftir það. Jafnframt felst í þessu sú breyting að breyting á hjúskaparstöðu annars hinna eftirlifandi maka skal ekki hafa áhrif á lífeyrisrétt hins.

Með e-lið greinarinnar er gerð breyting á 7. mgr. 14. gr. gildandi laga, sem verður 27. gr. Samkvæmt orðalagi 7. mgr. 14. gr. núgildandi laga er ekki heimilt að greiða sambúðaraðila lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig fyrrverandi maka. Breytingin sem kveðið er á um í e-lið þessarar greinar miðar að því að greiðsla sambúðarlífeyris samkvæmt

greininni sé ekki útilokuð í því tilviki að sjóðfélaginn hafi áður verið giftur og sá fyrrverandi maki sé á lífi.

Með c-lið þessarar greinar er kveðið á um að hafi hjúskap lokið með skilnaði skuli útreikningur makalífeyris miðast við þann réttindatíma er hinn látni sjóðfélagi hefur áunnið sér fram til þess er hjúskapnum var slitið. Við þessar aðstæður er tæpast eðlilegt að réttur fyrrverandi maka girði fyrir heimild til að greiða seinni sambúðaraðila lífeyri.

Um 19. gr.

Breyting sú sem gerð er með þessari grein á 15. gr. gildandi laga, sem verður 28. gr., er til samræmis við þá breytingu sem gerð er með b-lið 15. gr. frumvarpsins. Þar er einstaklingsbundin eftirmannsregla afnumin, en í stað þess lagt til að breytingar á lífeyrisgreiðslum fari eftir meðalbreytingum á launum opinberra starfsmanna. Í þeim tilvikum þar sem fyrsta greiðsla lífeyris miðast við annað starf en það sem sjóðfélagi gegndi síðast samkvæmt heimild í 1. eða 2. mgr. 28. gr. eða 6. mgr. 24. gr., eins og númer greinanna verða eftir breytingu samkvæmt þessu frumvarpi, skal samkvæmt því sem kveðið er á um í þessari grein miðað við meðalbreytingar frá þeim tíma er sjóðfélaginn skipti um starf.

Í 2. mgr. þessarar greinar er fjallað um þá stöðu að sjóðfélaginn hefur látið af hinu hærra launaða starfi fyrir gildistöku laga þessara. Við þær breytingar er óhjákvæmilegt að miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum sem starfinu fylgdu fram til gildistöku laganna, enda er ekki gert ráð fyrir neinum útreikningum á meðalbreytingum launa aftur fyrir gildistöku laga þessara.

Um 20. gr.

Með greininni eru gerðar breytingar á þeirri grein í lögum sjóðsins sem fjallar um réttarstöðu þeirra sem eiga geymd réttindi hjá B-deild sjóðsins. Þessi ákvæði eru í 17. gr. gildandi laga, sem verður 30. gr.

Samkvæmt a-lið greinarinnar er tilvísun í þar tilgreindar greinar felld brott. Tilvísanir þessar eru óþarfar og eftir breytingar á lögunum er vísað í rangar greinar. Því er eðlilegast að fella tilvísanirnar brott.

Með b-lið greinarinnar eru gerðar tvenns konar breytingar á 1. mgr. 17. gr. gildandi laga:

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting á því orðalagi í 3. málsl. þar sem segir að hafi viðkomandi verið sjóðfélagi í þrjú ár eða lengur „vegna starfs í þjónustu launagreiðanda, sem aðild á að sjóðnum“, að lífeyrisgreiðslur skuli miðast við laun eins og þau eru þegar lífeyrisgreiðslur byrja. Samkvæmt breytingunni í b-lið greinarinnar nægir að sjóðfélagi eigi *réttindi vegna* þriggja ára hjá sjóðnum til að lífeyrisréttur hans njóti fullrar verðtryggingar. Þarna getur verið munur á ef sjóðfélagi á rétt hjá sjóðnum vegna fleiri en þriggja ára, en innan við þrjú ár af þeim tíma eru iðgjaldagreiðslur af launum fyrir starf „í þjónustu launagreiðanda, sem aðild á að sjóðnum“ og hluti af réttindunum eru komin til vegna réttindaflutnings úr öðrum lífeyrissjóði.

Í öðru lagi er sú breyting gerð í b-lið greinarinnar að verðtrygging á geymdum rétti vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknist samkvæmt breytingum á meðallaunum á sama hátt og gert er ráð fyrir í 19. gr. frumvarpsins. Vísast í þessu sambandi til athugasemda við þá grein.

Með c-lið þessarar greinar er gerð lagfæring á tilvísun í lagagrein. Þarfnast það ekki frekari skýringa.

Þá er í d-lið greinarinnar gerð breyting á ákvæði 2. mgr. 17. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 30. gr. Í þeirri grein er fjallað um rétt sjóðfélaga til áframhaldandi aðildar að sjóðnum eftir að staða hefur verið lögð niður. Með breytingu skv. d-lið þessarar greinar skulu iðgjaldagreiðslur eftir það breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Breyting þessi er í eðlilegu samræmi við sambærilegar breytingar skv. b-lið 15. gr., 19. gr. og b-lið 20. gr. frumvarpsins. Vísast í því sambandi til athugasemd við þessar greinar.

Um 21. gr.

Samkvæmt greininni verður heimilt að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast af landi brott, enda brjóti það ekki í bága við milliríkjasamninga sem Ísland á aðild að. Heimild sem þessi hefur ekki verið í lögum sjóðsins. Hins vegar er heimildarákvæði þetta eðlilegt í ljósi þess að í 5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er almenn heimild til setningar slíkra ákvæða í reglugerðir einstakra lífeyrissjóða.

Um 22. gr.

Með þessari grein eru gerðar breytingar á 25. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 33. gr. eftir breytingarnar. Í greininni eru ákvæði sem skylda launagreiðendur sem tryggt hafa starfsmenn sína hjá sjóðnum, til að endurgreiða lífeyrissjóðnum hluta af lífeyrisgreiðslum. Greiðsluskylda launagreiðenda samkvæmt þessu fer annars vegar eftir þeim hækkunum, sem orðið hafa á lífeyrisgreiðslum, og hins vegar eftir ávöxtun á þeim skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkissjóði. Með þessari grein frumvarpsins eru gerðar þrjár breytingar á lagagreininni:

Í a-lið er breyting á 1. mgr. 25. gr. gildandi laga. Ákvæði gildandi laga hafa ekki verið nógu skýr að því er varðar skiptingu skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðenda, sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins fyrir tiltekinn sjóðfélaga. Markmiðið með breytingu á orðalagi 25. gr. er að taka af allan vafa um hvernig þessi skipting skuli vera. Skv. a-lið þessarar greinar á skipting skuldbindinga milli fleiri en eins launagreiðenda að vera í beinu hlutfalli við þá réttindaprósentu, sem viðkomandi sjóðfélagi hefur áunnið sér hjá hverjum launagreiðanda. Til skýringar á þessu má taka dæmi um sjóðfélaga sem vann hjá tveimur launagreiðendum, A og B, á þeim tíma sem hann ávann sér réttindi hjá sjóðnum. Með störfum hjá A ávann sjóðfélaginn sér 40% lífeyrisrétt, en með störfum hjá B ávann hann sér 20%. Launagreiðandi A greiðir þá tvöfalt hærri fjárhæð til sjóðsins samkvæmt þessari grein en launagreiðandi B. Skiptir þá ekki máli þótt launin sem sjóðfélaginn fékk fyrir þessi tvö störf væru mishá. Til frekari skýringa á þessum lið vísast til skýringa með b-lið greinarinnar.

Með b-lið er 2. mgr. 25. gr. gildandi laga felld brott. Tilgangur með þeirri breytingu er að styrkja fjárhagsstöðu B-deildar sjóðsins.

25. gr. laga nr. 29/1963, ásamt síðari breytingum, fjallar eins og komið hefur fram um endurgreiðslur launagreiðenda á hluta af lífeyrisgreiðslum. Fyrri málsgrein greinarinnar kveður á um að ríkissjóður og aðrir launagreiðendur sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins skuli endurgreiða sjóðnum þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Samkvæmt síðari málsgreininni eru þessar endurgreiðslur launagreiðenda á lífeyrisgreiðslum þó takmarkaðar. Lífeyrissjóðurinn á samkvæmt henni að ávaxta

a.m.k. 40% af heildarútlánum sínum í skuldabréfum ríkissjóðs og öllum þeim tekjum sem sjóðurinn hefur í vexti og verðbætur af þessum skuldabréfum á sjóðurinn að verja til lækkunar á þeim hluta lífeyris sem launagreiðendur ættu ella að greiða.

Ákvæði um að ríkissjóður skuli endurgreiða lífeyrissjóðnum þann hluta af lífeyrisgreiðslum, sem stafa af hækkunum á áður úrskurðuðum lífeyri, var fyrst sett í lög sjóðsins með lögum nr. 29/1963. Í athugasemdum við 25. gr. laganna var tekið fram að sambærileg ákvæði hefðu áður verið sett með ýmsum lagaákvæðum fyrir árið 1963, en heppilegra virtist að hafa ákvæði um endurgreiðslu lífeyrishækkana í lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. mgr. 25. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hefur verið óbreytt frá setningu laga nr. 29/1963, að öðru leyti en því að með 12. gr. laga nr. 98/1980 var ákvæðið um endurgreiðslur lífeyrishækkana látið ná til annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, á sama hátt og til ríkissjóðs.

Það ákvæði sem nú er í 2. mgr. 25. gr. um að sjóðurinn skuli verja hluta tekna af vöxtum og verðbótum til að greiða lífeyrishækkanir sem launagreiðendur ættu ella að greiða var fyrst sett í lög lífeyrissjóðsins með bráðabirgðalögum nr. 67/1980, sem síðan voru staðfest sem lög nr. 98/1980. Þar sem ákvæði þetta var fyrst sett með bráðabirgðalögum fylgdi engin greinargerð breytingarlögunum. Í framsöguræðu þáverandi fjármálaráðherra kom hins vegar fram að litið væri á breytinguna sem fyrsta skrefið í þá átt að „draga úr tvöfaldri verðtryggingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins".

Í ársskýrslu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 1995 er greint frá því að skv. 2. mgr. 25. gr. laga sjóðsins hafi hann varið 712 m.kr. á árinu 1995 til greiðslu á lífeyrishækkunum sem launagreiðendur yrðu ella krafðir um. Í skýrslunni er bent á að lagareglan hafi skert raunávöxtun sjóðsins um 74% á árinu 1995. Reglan hafi því óhjákvæmilega mikil áhrif á möguleika til uppbyggingar sjóðsins. Í tilvitnaðri ársskýrslu kemur fram að á árunum 1980 til 1995 hafi skerðing á tekjum sjóðsins vegna ákvæða 2. mgr. 25. gr. laga lífeyrissjóðsins, á núvirði og reiknuð með vöxtum verið 7,3 milljarðar kr.

Samkvæmt því sem greint er frá hér að framan ráðstafaði Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 712 m.kr. á árinu 1995 til greiðslu lífeyrishækkana, sem launagreiðendur yrðu ella krafðir um. Alls 522 m.kr. var varið til lækkunar á kröfum á ríkissjóð, 131 m.kr. til lækkunar á kröfum á hendur ýmsum B-hluta ríkisstofnunum og 59 m.kr. fóru til lækkunar á kröfum á hendur ýmsum sveitarfélögum, stéttarfélögum, líknarfélögum, sjálfseignarstofnunum og fleiri launagreiðendum, sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína.

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fékk Talnakönnun hf. til þess að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 1995. Í skýrslu Talnakönnunar er m.a. rætt um stöðu sjóðsins í framtíðinni. Er þar sérstaklega bent á að með núgildandi reglum um endurgreiðslu á hluta ávöxtunar til launagreiðenda sé komið í veg fyrir æskilega sjóðsmyndun. Bent er á það í skýrslunni að þessi útdeiling á hluta af ávöxtun sjóðsins leiði til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við sinn hlut í lífeyrisgreiðslum. Miðað við óbreyttar reglur megi því búast við að eignir sjóðsins þverri.

Hér að framan var greint frá því að á árunum 1980 til 1995 hafi skerðing á tekjum sjóðsins vegna ákvæðis 2. mgr. 25. gr. laga sjóðsins, að núvirði og reiknuð með vöxtum, numið 7,3 milljörðum kr. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar hefur í raun farið í að seinka greiðslum launagreiðenda til lífeyrissjóðsins.

Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst brugðist við þeim vanda, sem uppsöfnun skuldbindinga umfram innborganir samkvæmt gildandi lögum hefur í för með sér, með því að loka núverandi réttindakerfi fyrir nýjum sjóðfélögum. En það dugar ekki eitt og sér. Þau réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér verða áfram í B-deild sjóðsins og þar með hvíla skuldbindingar umfram bókfærðar eignir áfram á þeirri deild sjóðsins. Núverandi sjóðfélagar eiga einnig kost á því að vera í óbreyttu réttindakerfi. Þá verður að hafa í huga að fjárinnstreymi til deildarinnar minnkar og engir nýir sjóðfélagar bætast við.

Með þeirri breytingu að fella 2. mgr. 25. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins brott, er því stefnt að því að styrkja B-deild hans með því að flýta greiðslum til hans þannig að hann geti betur staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni.

Samkvæmt gildistökuákvæðinu í 34. gr. frumvarpsins, öðlast sú breyting sem mælt er fyrir um í b-lið þessarar greinar, að 2. mgr. 25. gr. laga lífeyrissjóðsins falli brott, ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998. Breyting þessi hefur áhrif á útgjöld ríkissjóðs, B-hluta ríkisstofnana og annarra launagreiðenda sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins. Því er eðlilegt að hafa nægan aðdraganda að gildistöku þessarar breytingar þannig að unnt verði að taka tillit til hennar við gerð fjárhagsáætlana og fjárlaga fyrir árið 1998.

Við greinina er bætt nýrri málsgrein þar sem mælt er fyrir um að lífeyrisgreiðslur skuli reiknast eftir launum sjóðfélaga við starfslok og eftir að taka lífeyris hefst eigi síðan að miða hækkanir á lífeyrisgreiðslum við meðalhækkanir sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu.

Samkvæmt gildandi lögum fara hækkanir á lífeyrisgreiðslum eftir hækkunum sem verða á launum sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Lífeyrisgreiðslur miðast þannig við laun eftirmanna í starfi. Hækkun launa við starfslok hefur þannig ekki áhrif á lífeyrisgreiðslur nema eftirmaður fái samsvarandi hækkun. Eftir að einstaklingsbundin „eftirmannsregla“ hefur verið aflögð geta breytingar á launum við starfslok því haft meiri áhrif á lífeyrisgreiðslur og því er þessi breyting gerð. Samkvæmt henni bera launagreiðendur sjálfir ábyrgð á auknum skuldbindingum vegna hækkana sem gerðar eru á föstum launum sjóðfélaga fyrir dagvinnu innan árs áður en taka lífeyris hefst, ef þessi hækkun launa er umfram almennar launahækkanir hjá opinberum starfsmönnum.

Um 23. gr.

Með lögum nr. 98/1996, um breyting á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, var kennurum og skólastjórnendum gert að greiða áfram iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eftir að rekstur grunnskólans var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Lögin voru í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. 57. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, en samkvæmt þeirri lagagrein var það meðal skilyrða fyrir því að grunnskólalögin tækju gildi 1. ágúst sl. að Alþingi samþykkti fyrir þann tíma breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem tryggði öllum þeim kennurum og skólastjórnendum við grunnskóla sem rétt höfðu átt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins aðild að sjóðnum.

Hinn 4. mars 1996 gerðu ríki og sveitarfélög með sér samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans. Var það í samræmi við grunnskólalögin, en þau gerðu ráð fyrir að allur launakostnaður vegna kennslu í grunnskólum flyttist frá ríki til sveitarfélaga, þar á meðal kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna, samhliða nauðsynlegum breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir því að sveitarfélögin bæru ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum vegna áunnina réttinda kennara

og skjólastjórnenda í þjónustu þeirra frá 1. janúar 1997, en ríkissjóður bæri ábyrgðina til þess tíma. Jafnframt var gengið út frá því að sveitarfélög gætu fullnustað lífeyrisskuldbindingum með samtímagreiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þannig var í samkomulaginu miðað við að framlag sveitarfélaga til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins yrði hækkað með viðbótariðgjaldi og að tekjur samsvarandi kostnaðarauknigunni yrðu fluttar frá ríki til sveitarfélaga með breytingum á tekjustofnalögum sveitarfélaga.

Þegar samkomulag ríkis og sveitarfélaga var gert 4. mars sl. voru uppi aðrar hugmyndir um breytingar á lögum um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en þær sem felast í þessu frumvarpi. Þannig var til dæmis ekki gert ráð fyrir því að núverandi sjóðfélagar gætu átt áfram aðild að óbreyttu kerfi eða geymt þar réttindi og flutt sig yfir í nýtt réttindakerfi. Þá var gert ráð fyrir að áunnin réttindi sjóðfélaga í núverandi kerfi yrðu gerð upp og flutt í nýja kerfið, sem eins og A-deild samkvæmt frumvarpinu átti að grundvallast á jafnvægi milli iðgjalda og skuldbindinga. Við mat á iðgjaldaþörf var jafnframt miðað við 5,5% raunávöxtun, en ekki 3,5% eins og gengið er út frá í tryggingafræðilegum útreikningum í tengslum við þetta frumvarp.

Ákvæði 23. gr. eru í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars sl., en endurspegla jafnframt breyttar aðstæður. Í 1. mgr. er lagt til að ríkissjóður ábyrgist og taki á sig allan kostnað vegna hækkana í kjölfar almennra launabreytinga á úrskurðuðum lífeyri kennara og skólastjórnenda eftir að þeir hefja töku lífeyris. Jafnframt er lagt til að til frádráttar komi viðbótariðgjald sveitarfélaga, sem sé áætlað þannig að sveitarfélögin komist eins nálægt því og kostur er að fullnusta þeim skuldbindingum sem stofnað er til með samtímagreiðslum.

Ábyrgð og mat á kostnaði ríkisins samkvæmt málsgreininni byggist á því að mögulegar breytingar á launakerfi eða fyrirkomulagi launagreiðslna til kennara og skólastjórnenda breyti ekki vægi viðmiðunarlauna við ákvörðun lífeyrisgreiðslna umfram það sem gerist hjá öðrum starfshópum sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Komi hins vegar til þess að hlutfall viðmiðunarlauna og heildarlauna kennara og skólastjórnenda breytist á annan hátt en hjá öðrum starfshópum verður ekki hjá því komist að endurskoða ábyrgð ríkisins samkvæmt málsgreininni.

Í 2. mgr. er lagt til að viðbótariðgjald sveitarfélaga vegna kennara og skólastjórnenda verði 9,5%. Þar með er gert ráð fyrir að iðgjald þeirra verði 15,5% (6 + 9,5%) af dagvinnulaunum, en iðgjald sjóðfélaga verði eftir sem áður 4%. Með þessu iðgjaldi er áætlað að sveitarfélögin geti fullnustað lífeyrisskuldbindingum sínum með samtímagreiðslu, sbr. 11,5% iðgjald launagreiðenda af heildarlaunum til A-deildar sjóðsins.

Óvissuatriði varðandi iðgjaldaþörf til B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru mun fleiri en vegna A-deildarinnar, en talið er nauðsynlegt að iðgjald launagreiðenda til A-deildar komi árlega til endurskoðunar. Því er ekki ólíklegt að í framtíðinni þurfi að endurskoða viðbótariðgjaldið til B-deildarinnar. Mikilvægi endurskoðunarinnar mun hins vegar ráðast af ýmsum þáttum, m.a. af fjölda kennara og skólastjórnenda sem kýs að flytja sig úr B-deild yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga er gert ráð fyrir breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þannig er miðað við að tekjuskattur lækki og útsvar hækki frá 1. janúar 1997 til samræmis við aukinn kostnað sveitarfélaga með 9,5% viðbótariðgjaldi til B-deildarinnar vegna kennara og skólastjórnenda.

Um 24. gr.

Greinin hefur fyrst og fremst það hlutverk að halda utan um þær greinar sem fjalla eingöngu um A-deild sjóðsins. Tekið er fram í greininni að auk hennar gildi ákvæði 13.–21. gr. laganna, eins og þau verða eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu, sérstaklega um deildina. Ákvæði þessara greina eiga því eingöngu við um A-deild sjóðsins, þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram hverju sinni.

Um 25. gr.

Í þessari grein er fjallað um iðgjaldagreiðslur til A-deildar sjóðsins. Hún felur í sér veigamiklar breytingar frá reglum 10. gr. gildandi laga, sem gilt hafa um iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fram til þessa, og munu gilda áfram að meginstofni til að því er B-deildina varðar.

Fyrst má nefna að eftir breytingu samkvæmt greininni eiga sjóðfélagar í A-deild sjóðsins og launagreiðendur þeirra að greiða iðgjald til sjóðsins svo lengi sem sjóðfélagar eru í starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum. Niðurfelling iðgjalda vegna 32 ára iðgjaldagreiðslu eða samkvæmt 95 ára reglunni verður því afnumin.

Þá er einnig munur á iðgjaldastofni. Skv. 1. mgr. greinarinnar á að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins af heildarfjárhæð greiddra launa, í stað þess að samkvæmt gildandi lögum er einungis greitt iðgjald af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót, orlofsuppbót og vaktaálagi. Nánar tiltekið á iðgjaldastofninn að vera sá sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990. Samkvæmt þessu á að greiða iðgjald til sjóðsins af öllum tegundum launa og þóknana fyrir starf, hverju nafni sem þær nefnast. Þó er sérstaklega tekið fram í greininni að ekki skuli greiða iðgjald vegna greiðslna sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og að iðgjald launagreiðenda til sjóðsins teljist sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins. Verði gerð breyting á gjaldstofni tryggingagjalds getur orðið nauðsynlegt að endurskoða þetta ákvæði.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar verður iðgjald sjóðfélaga áfram 4%. Skv. 4. mgr. hækkar iðgjald launagreiðenda hins vegar frá því sem nú er. Það verður að lágmarki 6% af fyrrgreindum launum. Leiði athugun tryggingafræðings í ljós að þessi greiðsla launagreiðenda ásamt iðgjaldi sjóðfélaga dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins, hvílir sú skylda á stjórn sjóðsins að hækka iðgjald launagreiðenda umfram 6% í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar.

Í 5. mgr. greinarinnar er síðan ákvæði um að iðgjald launagreiðenda skuli endurskoða árlega og að ákvörðun um hækkun þess eða lækkun skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár, sbr. þó bráðbirgðaákvæði II. í I. kafla frumvarpsins.

Þetta er ein veigamesta breytingin á lögum sjóðsins samkvæmt frumvarpinu. Með henni er lagt til að A-deild sjóðsins eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum þannig að eignir og skuldbindingar standist á. Gert er ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að deildin standi við þær skuldbindingar, sem réttindareglur sjóðsins segja til um. Kveðið er á um það í greininni að við mat á eignum og skuldbindingum skuli taka tillit til væntanlegra iðgjaldagreiðslna vegna starfandi sjóðfélaga og þeirra skuldbindinga er af þeim hljótast, auk áfallinna skuldbindinga.

Í 6. mgr. greinarinnar er síðan ákvæði sem er nýtt í lögum sjóðsins. Samkvæmt því verður heimilt að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald samkvæmt fyrri málsgreinum þessarar greinar og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til réttindaávinnings hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

Í málsgreininni eru ekki ákvæði sem takmarka það hvert þetta iðgjald megi vera, né settar fastar reglur um hvaða réttindi greiðsla þess eigi að veita. Hins vegar er við setningu þessa ákvæðis fyrst og fremst horft til þess að heimilt verði að semja svo um í kjarasamningi fyrir tiltekinn hóp sjóðfélaga að greitt verði viðbótariðgjald til sjóðsins. Sama gæti þá átt við um annars konar launaákvarðanir sem í gildi eru fyrir opinbera starfsmenn. Skv. 6. mgr. þessarar greinar er heimilt að setja ákvæði um þessi atriði í samþykktir sjóðsins.

Í málsgreininni eru, eins og fyrr greinir frá, engin ákvæði um það á hvern hátt viðbótariðgjaldi samkvæmt þessu verði varið til réttindaávinnslu hjá sjóðnum. Þannig er því í raun haldið opnu að sá réttindaávinningur geti hvort sem er orðið í formi viðbótarréttinda samkvæmt lögum um A-deild sjóðsins eða til réttindaávinnings í formi séreignar.

Um 26. gr.

Með greininni er gerð grundvallarbreyting á útreikningi lífeyris hjá sjóðnum og mun þessi breytti útreikningur gilda fyrir alla í A-deild hans. Í stað þess að reikna lífeyri eftir iðgjaldagreiðslutíma, starfshlutfalli á hverjum tíma og launum við starfslok, eins og gert er samkvæmt gildandi lögum, verður lífeyrisréttur reiknaður eftir stigakerfi þar sem réttindaávinningur ársins fer eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma. Með þessari breytingu er stefnt að því að samræmi verði á milli innborgaðra iðgjalda og réttindaávinnings.

Útreikningur samkvæmt þessari tillögu er þannig að ef sjóðfélagi greiðir iðgjald á tilteknu ári af launum, sem eru jafnhá samanlögðum grundvallarlaunum almanaksársins, reiknast honum eitt stig fyrir það ár. Greiði hann iðgjald af hærri fjárhæð fær hann meira en eitt stig, og minna ef hann greiðir af lægri fjárhæð. Við starfslok eru síðan stig allra iðgjaldagreiðsluára lögð saman og mynda þau þannig grundvöll lífeyrisréttinda hans. Með þessu reiknast lífeyrisréttur í samræmi við greidd iðgjöld allra þeirra ára, sem iðgjöld voru greidd til sjóðsins, í stað hlutfalls af lokalaunum.

Eftir þessa breytingu verður ein útreikningsregla, sem gildir fyrir alla sjóðfélaga í A-deild sjóðsins, í stað 95 ára og 32 ára reglu í núgildandi lögum.

Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar munu grundvallarlaun þau, sem réttindastig eru reiknuð eftir og lífeyrisprósenta reiknast af, breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Sú skipan er heppileg með tilliti til þess að lífeyrisréttur hjá sjóðnum verður þá verðtryggður með sömu vísitölu og meginhluti eigna sjóðsins er verðtryggður með.

Í 2. mgr. greinarinnar er tilgreint að grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skuli vera 49.084 kr. og að þau taki sömu breytingum og vísitala neysluverðs frá þeim tíma. Fjárhæð þessi er sú sama og gildir hjá lífeyrissjóðum innan Sambands almennra lífeyrissjóða og hjá fleiri sjóðum. Hagræði er af því að hafa samræmi þarna á milli, sérstaklega ef til flutnings iðgjalda kemur á milli sjóða.

Þó að grundvallarfjárhæð sé ákveðin 49.084 kr. í þessari grein hefur þessi fjárhæð lítil áhrif á réttindaávinnslu og lífeyrisrétt. Því lægri sem fjárhæð grundvallarlauna væri ákveðin þeim mun hærri væri stigaávinningur sjóðfélaga á tilteknu ári og þar með réttindaprósenta þeirra. Réttindaprósentan er síðan reiknuð af þessum sömu grundvallar-

launum þegar til töku lífeyris kemur. Þannig væri útkoman í raun sú sama hver svo sem fjárhæð grundvallarlaunanna væri ákveðin.

Ákvörðun um fjárhæð grundvallarlauna í þessu frumvarpi getur þó haft áhrif ef til greiðslu örorkulífeyris kemur, sbr. ákvæði 5., 11. og 12. mgr. 28. gr. frumvarpsins, sem verður 16. gr. laganna.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er kveðið á um, að sjóðfélagar, sem náð hafa 70 ára aldri, skuli ekki greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins. Sambærilegt ákvæði er ekki í gildandi lögum lífeyrissjóðsins.

Um 27. gr.

Í greininni eru ákvæði um útreikning og greiðslu ellilífeyris til sjóðfélaga í A-deild sjóðsins og samsvarar hún 12. og 15. gr. núgildandi laga að því er lífeyrisgreiðslur varðar.

Samkvæmt greininni er útreikningi lífeyris breytt í samræmi við þá reglu í 26. gr. frumvarpsins að umreikna iðgjöld í stig, reiknuð samkvæmt grundvallarlaunum. Útreikningur lífeyris breytist einnig vegna þeirra breytinga sem kveðið er á um í 25. gr. frumvarpsins að greiða iðgjöld alla starfsævi. Reglur um 1% ávinning réttinda fyrir hvert ár eftir að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þak við 64% ávinning innan 95 ára reglu eiga því ekki lengur við.

Samkvæmt breytingum á þessari grein og 26. gr. verður núgildandi eftirmannsregla afnumin. Í stað hennar verður tekin upp sú regla að lífeyrisgreiðslur til allra lífeyrisþega breytast hlutfallslega jafnt og að þessar breytingar taki mið af breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er miðað við að aldur við upphaf lífeyristöku sé 65 ár. Eins og fram kemur í 3. og 4. mgr. greinarinnar geta sjóðfélagar þó bæði byrjað lífeyristöku fyrr og eins seinkað lífeyristöku fram yfir 65 ára aldurinn. Breytist þá útreikningur lífeyris til hækkunar eða lækkunar, eftir því hvenær taka lífeyris hefst. Þannig eiga allir sjóðfélagar rétt á að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri, en lífeyrisgreiðslur skerðast þá samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Verður nánar fjallað um þá reglu hér á eftir. 65 ára aldursmarkið í 1. mgr. hefur því fyrst og fremst áhrif á útreikning lífeyris, en ekki á það hvenær sjóðfélagi megi hefja töku lífeyris. Við 65 ára aldur á sjóðfélagi rétt á lífeyri sem reiknast þannig að samanlagður stigafjöldi hans er margfaldaður með 1,90.

Ekki er gerð krafa um að sjóðfélagi í A-deild sjóðsins þurfi að hafa látið af störfum til þess að hann geti hafið töku lífeyris frá þeirri deild sjóðsins. Sjóðfélagar geta því hvenær sem er á aldrinum frá 60 til 70 ára ákveðið að byrja að taka lífeyri frá A-deild sjóðsins.

Samkvæmt 2. mgr. reiknast lífeyrir til sjóðfélaga í A-deildinni þannig að upphæð ellilífeyris verður tiltekinn hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga, margfölduðum með 1,90. Margföldunarstuðull þessi er byggður á því áliti tryggingafræðinga, sem önnuðust útreikninga vegna samningu þessa frumvarps, að þannig ákveðinn tryggi hann að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins verði sambærileg í nýju réttindakerfi og því eldra.

Samkvæmt 3. mgr. greinarinnar geta sjóðfélagar farið á lífeyri fyrir 65 ára aldur, sem verður áfram almennur aldur til töku lífeyris. Ákvæði 3. mgr. koma að þessu leyti í stað núgildandi 95 ára reglu. Samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar geta sjóðfélagar hafið töku lífeyris eftir að 60 ára aldri er náð óháð því hversu lengi þeir hafa greitt iðgjald

til sjóðsins. Þetta er breyting frá núgildandi lögum, en samkvæmt þeim getur sjóðfélagi einungis hafið töku lífeyris fyrir 65 ára aldur ef hann hefur náð svokallaðri 95 ára reglu.

Ef sjóðfélagi notfærir sér heimild til að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur skerðist áunninn réttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt fyrir 65 ára aldurinn. Ef sjóðfélagi flýtir töku lífeyris samkvæmt þessu er því fjöldi þeirra mánaða sem töku lífeyris er flýtt fyrir 65 ára aldur margfaldaður með 0,5 og áunninn réttindi skerðast þá um þann hundraðshluta. Skerðing þessi nemur því 6% af áunnum rétti fyrir hvert ár sem töku lífeyris er flýtt.

Samkvæmt 4. mgr. gildir sambærileg regla ef sjóðfélagar láta af störfum eftir 65 ára aldur. Þá hækkar sá réttur, sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér við 65 ára aldurinn, um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað, eða sem nemur 9,6% fyrir hvert ár. Skv. 4. mgr. geta sjóðfélagar frestað töku lífeyris og fengið reiknaða hækkun á áunninn rétt við 65 ára aldur um allt að fimm ár, eða til 70 ára aldurs. Sjóðfélagi sem lætur af störfum og byrjar töku lífeyris við 70 ára aldurinn hefur því hækkað þann rétt sem hann hafði áunnið sér við 65 ára aldurinn um 48%. Réttindi sem áunnin eru eftir 65 ára aldur fá hins vegar ekki sérstaka hækkun samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Ástæður fyrir þeim lækkunar- og hækkunarreglum sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar eru að því yngri sem sjóðfélagi er þegar taka lífeyris hefst þeim mun fleiri ár er líklegt að hann taki lífeyri úr sjóðnum. Fresti sjóðfélagi hins vegar að taka lífeyri greiðir lífeyrissjóðurinn honum lífeyri í færri ár. Reglur um skerðingu lífeyris samkvæmt þessu um 0,5% og hækkun um 0,8% eru þannig byggðar á mati tryggingafræðinga á því að lífeyrir verði jafnverðmætur hvenær sem taka hans hefst á bilinu frá 60 ára aldri til 70 ára aldurs, auk þess sem tekið er tillit til vaxtaávinnings af frestuninni fyrir sjóðinn.

Eins og áður hefur komið fram, þurfa sjóðfélagar í A-deild sjóðsins ekki að hafa látið af störfum til þess að þeir geti hafið töku lífeyris. Í 5. mgr. þessarar greinar eru ákvæði um hvernig reikna eigi réttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst. Þar segir að viðbótarstig sem áunnin eru samkvæmt þessu skuli reiknuð á ný þegar viðkomandi hefur náð 70 ára aldri. Þannig verður lífeyrisréttur fyrst endurreiknaður við 70 ára aldurinn. Skiptir þá ekki máli þótt sjóðfélagi hafi látið af störfum fyrir þann tíma.

Jafnframt segir í 5. mgr. að réttindi sem áunnin eru eftir að taka lífeyris hefst skuli reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. og að stig sem þannig eru áunnin skuli margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris, í stað 1,90 ella. Lægri margföldunarstuðull vegna þessara réttinda byggist á þeim forsendum að sjóðurinn hafi iðgjöld sem greidd eru eftir að taka lífeyris hefst einungis til ávöxtunar í fá ár.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um rétt sjóðfélaga í A-deild sjóðsins til að fá greiddan örorkulífeyri úr sjóðnum. Reglur um greiðslu örorkulífeyris eru í 13. gr. gildandi laga sjóðsins, en sú grein gildir áfram að því er varðar sjóðfélaga í B-deild. Reglur um rétt sjóðfélaga í A-deild sjóðsins til að fá greiddan örorkulífeyri eru samkvæmt greininni að umtalsverðu leyti frábrugðnar reglum gildandi laga. Fyrirmyndin að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari grein er sótt til almennu lífeyrissjóðanna, einkum til grunnreglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða. Helstu breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er örorkulífeyrir greiddur ef orkutap er metið 40% eða meira, en samkvæmt gildandi lögum er miðað við 10% orkutap.
2. Í 13. gr. gildandi laga er sagt að örorkulífeyrir skuli aldrei vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur orðið fyrir. Skv. 2. mgr. þessarar greinar verður þarna miðað við samanlagðan örorkulífeyri og barnalífeyri.
3. Í 13. gr. gildandi laga er sagt að örorkumat skuli aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt, og aðild hans að sjóðnum er tengd. Skv. 3. mgr. þessarar greinar verður áfram miðað við vanhæfni til starfs sjóðfélaga, en þó aðeins tímabundið í fyrstu fimm ár eftir orkutap. Eftir það skal miða örorkumatið við vanhæfni til almennra starfa.
4. Samkvæmt 4. mgr. greinarinnar er heimilt að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt geti heilsufar hans. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.
5. Í athugasemdum við 26. og 27. gr. var fjallað um breytingar á lífeyrisgreiðslum vegna útreiknings lífeyris samkvæmt stigakerfi. Að þessu leyti verður sama breyting á útreikningi örorkulífeyris og ellilífeyris. Skv. 5. mgr. 28. gr. skal samanlagður stigafjöldi, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfaldaður með 1,90 við útreikning örorkulífeyris. Margföldunarstuðullinn er því sá sami og gildir vegna útreiknings ellilífeyris.
6. Samkvæmt núgildandi lögum er framreikningur réttinda vegna ókomins tíma bundinn við þau tilvik þegar rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem sjóðfélagi gegndi. Takmörkun á rétti til framreiknings við þau tilvik þegar rekja má örorku sjóðfélaga til starfs hans er hins vegar ekki að finna í ákvæðum þessarar greinar. Því verður framreikningur réttinda vegna ókomins tíma meginregla hjá A-deild sjóðsins. Sjóðfélagar deildarinnar munu samkvæmt þessu njóta mun betri réttar til örorkulífeyris en núgildandi lög kveða á um. Í 5.–13. mgr. greinarinnar eru ítarleg ákvæði um framreikning réttinda vegna ókomins tíma.
7. Samkvæmt 15. mgr. greinarinnar verður örorkulífeyrir einungis greiddur ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma. Slík takmörkun er ekki í gildandi lögum.
8. Samkvæmt gildandi lögum er örorkulífeyrir almannatrygginga tekinn með við útreikning lífeyrisréttar hjá þeim sem metnir eru minna en 75% öryrkjar. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er þessum þætti sleppt við útreikning lífeyris.
9. Loks er rétt að geta ákvæða 18. mgr. greinarinnar, en þar er að finna ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum sjóðsins um það hvernig með skuli fara þegar öryrki, sem fengið hefur framreiknuð réttindi, verður 65 ára og byrjar að fá greiddan ellilífeyri í stað örorkulífeyris.

Um 29. gr.

Í greininni eru ákvæði um greiðslu makalífeyris úr A-deild sjóðsins. Ákvæði um rétt eftirlifandi maka til makalífeyris eru nú í 14. gr. laganna, sem að stofni til mun áfram gilda fyrir þá sem verða í B-deildinni. Reglur þær sem hér er kveðið á um eru í grundvallaratriðum frábrugðnar makalífeyrisreglum gildandi laga.

Samkvæmt 14. gr. gildandi laga sjóðsins er upphæð makalífeyris helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti látins sjóðfélaga. Þar við bætast 20% af launum þeim er hann miðast við, ef hann hefur uppfyllt eitt þeirra skilyrða, sem tilgreind eru í lagagreininni. Makalífeyrir er samkvæmt gildandi lögum greiddur svo lengi sem eftirlifandi maki lifir, en fellur þó niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju.

Eftir breytingu samkvæmt þessari grein verður meginreglan að makalífeyrir greiðist tímabundið úr A-deild sjóðsins. Við útreikning makalífeyris verða réttindi framreiknuð vegna ókomins tíma á sama hátt og við útreikning örorkulífeyris. Makalífeyrisgreiðslur verða í mörgum tilvikum samkvæmt þessu hærri úr A-deild sjóðsins fyrst eftir andlát sjóðfélaga, en vera mundi í óbreyttu réttindakerfi. Sérstaklega á það við um þá makalífeyrisþega sem eru ungir að árum þegar þeir missa maka sinn. Á móti kemur að þeir fá almennt einungis greiddan makalífeyri í takmarkaðan tíma.

Fyrirmyndin að ákvæðum þessarar greinar er sótt til almennu lífeyrissjóðanna á sama hátt og fyrirmyndin að ákvæðum 28. gr. að því er reglur um örorkulífeyri varðar. Í fyrstu fjórum málsgreinum þessarar greinar er tilgreint hverjir eigi rétt á lífeyri samkvæmt henni.

Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að fullur makalífeyrir skuli að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar eftir andlát sjóðfélaga sem notið hafði elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. í 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.

Ef sjóðfélagi hefur látið eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal skv. 2. mgr. greinarinnar greiða fullan makalífeyri fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé barnið á framfæri makans. Í þessum tilvikum er heimilt að greiða fullan makalífeyri lengur en í þau þrjú ár sem tilgreind eru í 1. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. er einnig heimilt að greiða makalífeyri lengur en í þann tíma, sem tilgreindur er í 1. mgr., ef eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki, enda hafi hann verið yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans. Þegar svo stendur á skal greiða makalífeyri meðan örorkan varir.

Samkvæmt 4. mgr. skal jafnframt greiða fullan makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga, ef makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1925. Ef hann er fæddur á tímabilinu frá 1. janúar 1945 til 1. janúar 1925 skal einnig greiddur makalífeyrir ótímabundið, en greiðslur til þeirra sem fæddir eru á þessu árabili skulu þó skerðast hlutfallslega fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925. Sá sem fæddur er eftir 1. janúar 1945 á hins vegar ekki rétt samkvæmt þessari málsgrein. Réttur hans fer því alfarið eftir 1.–3. mgr. þessarar greinar. Réttur eftirlifandi maka sem fellur undir ákvæði þessarar málsgreinar verður þó aldrei lægri en réttur skv. 1. mgr.

Í 5. mgr. er ákvæði sem að hluta til er sambærilegt við ákvæði 7. mgr. 14. gr. gildandi laga sjóðsins. Samkvæmt því er heimilt, þegar hinn látni sjóðfélagi hefur ekki látið eftir sig maka, að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans. Það verður síðan háð mati stjórnar sjóðsins hverju sinni hvort greiða skuli lífeyri samkvæmt þessu heimildarákvæði. Rétt er að vekja athygli á því að regla 4. mgr. á ekki við þegar lífeyrir er greiddur samkvæmt heimild í 5. mgr.

Í 6. mgr. greinarinnar eru síðan reglur um það hvernig skuli reikna upphæð makalífeyris úr A-deild sjóðsins. Útreikningsreglur makalífeyris eru þær sömu og útreikningsreglur örorkulífeyris. Réttindum vegna ókomins tíma er bætt við áunnin réttindi á sama hátt og við útreikning örorkulífeyris. Við útreikning makalífeyris eru þó áunnin stig og framreiknuð stig margfölduð með 0,95, í stað 1,90, eins og við útreikning örorkulífeyris. Makalífeyrir verður því í raun helmingur þess örorkulífeyris sem sjóðfélaginn hefði fengið.

Í 7. mgr. er tilgreint hverjir eru rétthafar makalífeyris samkvæmt greininni, en þeir eru:

Í fyrsta lagi sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með hinum látna sjóðfélaga. Í öðru lagi sá eða sú sem var í staðfestri samvist samkvæmt lögum nr. 87/1996 með hinum látna sjóðfélaga, en tilvitnuð lög fjalla um staðfesta samvist tveggja einstaklinga af sama kyni. Í þriðja lagi sá eða sú sem var í óvígðri sambúð með hinum látna sjóðfélaga, enda hafi sambúðin uppfyllt þau skilyrði, sem tilgreind eru í greininni.

Eftir breytingu samkvæmt þessari grein breytist réttur þeirra sem eru í staðfestri samvist eða óvígðri sambúð. Samkvæmt gildandi lögum sjóðsins eiga þeir aldrei sjálfkrafa rétt á makalífeyri. Þó getur verið heimilt að greiða þessum aðilum sambúðarlífeyri samkvæmt heimildarákvæðinu í 7. mgr. 14. gr. gildandi laga, að uppfylltum þar tilgreindum skilyrðum. Skv. 7. mgr. eiga þessir aðilar hins vegar sama rétt til makalífeyris eftir látinn sjóðfélaga og þegar um hjúskap hefur verið að ræða.

Með þessari grein er auk þess sem að framan greinir gerð breyting á réttarstöðu fráskilins maka. Skv. 14. gr. gildandi laga sjóðsins á fráskilinn maki rétt á lífeyri eftir látinn sjóðfélaga. Jafnframt eru ákvæði í þeirri grein um skiptingu lífeyris milli tveggja eða fleiri maka, sem gilda þegar hinn látni sjóðfélagi hefur verið giftur oftar en einu sinni. Sambærileg ákvæði eru ekki í þessari grein. Fráskilinn maki á því ekki rétt til lífeyris úr A-deild sjóðsins eftir látinn sjóðfélaga.

Um 30. gr.

Greinin fjallar um greiðslu barnalífeyris úr A-deild hans. Ákvæði um greiðslu barnalífeyris eru í 16. gr. gildandi laga sjóðsins, en sú grein mun áfram gilda um greiðslu barnalífeyris úr B-deildinni. Grein þessi er í nokkrum atriðum frábrugðin eldri greininni:

1. Samkvæmt 1. mgr. er barnalífeyrir greiddur til barna látins sjóðfélaga og til barna þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri úr sjóðnum. Aftur á móti eiga börn ellilífeyrisþega ekki rétt á barnalífeyri úr A-deild sjóðsins samkvæmt greininni, en skv. 16. gr. gildandi laga sjóðsins eiga börn ellilífeyrisþega rétt á barnalífeyri á sama hátt og börn látinna sjóðfélaga og börn öryrkja.
2. Barnalífeyrir verður greiddur til 22 ára aldurs úr A-deild sjóðsins samkvæmt ákvæðum 1. mgr. Skv. 16. gr. gildandi laga er barnalífeyrir hins vegar greiddur til 18 ára aldurs.
3. Skv. 16. gr. gildandi laga sjóðsins er algengast að fullur barnalífeyrir sé jafnhár og hálfur barnalífeyrir almannatrygginga. Samkvæmt þessari grein er barnalífeyrir ákveðinn tiltekin fjárhæð, sem tekur síðan breytingum til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs. Horfið verður því frá tengingu við barnalífeyri almannatrygginga hjá A-deild sjóðsins.

4. Í gildandi lögum sjóðsins er fjárhæð barnalífeyris sú sama, hvort sem barnalífeyrir er greiddur vegna andláts sjóðfélaga eða til barna örorku- eða ellilífeyrisþega. Í þessari grein er hins vegar gerður greinarmunur eftir því hvort lífeyrir er greiddur til barna vegna andláts sjóðfélaga eða til barna örorkulífeyrisþega. Skv. 2. mgr. er fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga 10.000 kr. með hverju barni á mánuði. Fjárhæð fulls barnalífeyris til barna öryrkja er hins vegar 7.500 kr. með hverju barni á mánuði skv. 3. mgr. greinarinnar. Báðar þessar fjárhæðir taka síðan þeim breytingum, sem verða á vísitölu neysluverðs frá janúar 1996.
5. Samkvæmt 5. mgr. á að greiða barnalífeyri til framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins sjálfs. Er þarna miðað við að eftir að barnið verður fjárráða verði það sjálft viðtakandi lífeyrisgreiðslunnar. Í 16. gr. gildandi laga sjóðsins eru engin ákvæði um það hvort greiða skuli barnalífeyri til barnsins eða framfæranda.

Um 31. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar er ákvæði um að ef iðgjaldagreiðslur hafi sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknist sá tími ekki með þegar úrskurða skal um hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Á þetta getur reynt vegna nokkurra ákvæða í frumvarpinu. Þar má sérstaklega nefna b-lið 5. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 29. gr.

Í síðari málsgrein greinarinnar er síðan ákvæði sem gildir um þau tilvik þegar sjóðfélagi á geymdan rétt hjá sjóðnum. Réttur til lífeyris fellur ekki niður í slíkum tilvikum, heldur reiknast hann þá einungis miðað við áunnin geymd stig. Reglur um framreikning við útreikning örorku- eða makalífeyris eiga þá ekki við.

Þegar skilyrði 1. mgr. 29. gr. frumvarpsins um iðgjaldagreiðslutíma eru ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við þetta ákvæði í síðari málsgrein þessarar greinar. Hafa þarf þetta í huga við túlkun á þessum lagagreinum. Á sama hátt ákvarðast upphæð örorkulífeyris eftir þessari málsgrein þegar skilyrði 1. mgr. 28. gr. eru ekki uppfyllt.

Um 32. gr.

Í greininni er kveðið á um að heimilt sé að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga. Með þessu ákvæði er bæði horft til þess að í samþykktir sjóðsins verði sett ákvæði um réttindaflutninga í einstökum tilfellum og eins til þess að A-deild lífeyrissjóðsins geti orðið aðili að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og réttindaflutninga á milli sjóða.

Um 33. gr.

Grein þessi fjallar um tvö aðskilin efni. Í fyrri málsgreininni er ákvæði sem segir að lífeyrir skuli greiðast mánaðarlega eftir á. Þó er tiltekið að sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og fengið hafa fyrir fram greidd laun skuli fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Í síðari málsgreininni er síðan heimild til handa stjórn til að inna lífeyrisgreiðslu af hendi í einu lagi, í stað mánaðarlegra lífeyrisgreiðslna, ef lífeyrisgreiðsla nær ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. eins stigs réttinda. Getur slík eingreiðsla verið heppileg, bæði fyrir lífeyrissjóðinn og eins fyrir sjóðfélagann.

Um 34. gr.

Ákvæði um gildistöku breytinga samkvæmt þessu frumvarpi eru í þessari grein. Skv. 1. mgr. öðlast lögin gildi 1. janúar 1997. Ákvæði um niðurfellingu 2. mgr. 25. gr. gildandi laga sjóðsins sem felst í b-lið 22. gr. frumvarpins, öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998. Til skýringar á því ákvæði vísast til athugasemda við 22. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er ákvæði um að fella skuli breytingar samkvæmt þessu frumvarpi inn í lög sjóðsins og að gefa þau út svo breytt. Þetta ákvæði þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Með b-lið 15. gr. þessa frumvarps er nýrri 3. mgr. bætt við 12. gr. gildandi laga sjóðsins sem verður 24. gr. Þessi nýja málsgrein fjallar um á hvern hátt lífeyrisgreiðslur í B-deild sjóðsins taki breytingum. Samkvæmt greininni eiga þær að breytast til samræmis við almennar breytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, í stað þess að breytast samkvæmt einstaklingsbundnu viðmiði áður. Breytingin á skv. 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins, að taka gildi 1. janúar 1997.

Samkvæmt greininni geta þeir sjóðfélagar, sem í framtíðinni munu hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem við gildistöku laga þessara eru byrjaðir að taka lífeyri, valið hvort lífeyrisgreiðslur þeirra fylgi einstaklingsbundnu viðmiði eða hvort þær breytist til samræmis við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Setja á nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti val sjóðfélaga samkvæmt þessu eigi að fara fram.

Um 36. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. gildandi laga sjóðsins, sem verður 30. gr. laganna eftir breytingu samkvæmt 20. gr. frumvarpsins, reiknast lífeyrir vegna geymds réttar hjá B-deild sjóðsins á mismunandi vegu eftir því hvort sjóðfélagi á réttindi hjá sjóðnum fyrir a.m.k. þrjú ár eða styttri tíma. Ef réttindatíminn er styttri en þrjú ár reiknast lífeyrir við upphaf lífeyristöku eftir krónutölu launa eins og þau voru þegar iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins. Lífeyrisrétturinn nýtur þannig ekki verðtryggingar á tímabilinu frá því að sjóðfélagi greiddi síðast til sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi hins vegar réttindi vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma á hins vegar að reikna lífeyri í samræmi við meðalbreytingar sem orðið hafa á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins.

Samkvæmt þessari grein á lífeyrisréttur hjá B-deild sjóðsins að vera verðtryggður í samræmi við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu ef samanlagður iðgjaldagreiðslutími hjá A- og B-deild nær þremur árum. Skiptir þá ekki máli þó réttindatíminn hjá B-deildinni sé fyrir styttri tíma. Þetta á bæði við um þá sjóðfélaga sem greiða iðgjöld til sjóðsins við gildistöku þessara laga, ef þeir kjósa að færa sig yfir í A-deild sjóðsins, og eins þá sem við gildistöku þessara laga eiga geymd réttindi vegna styttri tíma en þriggja ára, en hefja síðar greiðslu til A-deildarinnar.

Um 37. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr., eins og hún verður eftir breytingu skv. 15. gr. frumvarpsins, eiga sjóðfélagar í B-deild sjóðsins ekki rétt á lífeyri á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum. Greinin er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 37. gr. frumvarpsins er til áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að B-deild sjóðsins, hefji iðgjaldagreiðslu til A-

deildar hans. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deildina. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til A-deildar sjóðsins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum B-deildar um ráðningartíma og starfshlutfall er fullnægt.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar á að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild hans. Meðal ákvæða, sem setja þarf í samþykktir samkvæmt þessu, eru ákvæði um að þegar úrskurða skuli hvort skilyrðum um iðgjaldagreiðslutíma sé fullnægt, t.d. vegna reglna um framreikning réttinda vegna greiðslu örorku- eða makalífeyris, skuli tími í B-deild sjóðsins reiknaður með.

Um 38. gr.

Með d-lið 18. gr. frumvarpsins er gerð breyting á því ákvæði í lögum sjóðsins sem fjallar um skiptingu makalífeyris milli fleiri en eins rétthafa hjá B-deildinni. Eftir breytinguna verður þetta ákvæði í 6. mgr. 27. gr. laganna. Ákvæði 38. gr. frumvarpsins eru sett til þess að ekki þurfi að koma til endurreiknings á skiptingu makalífeyris milli fleiri en eins rétthafa ef sjóðfélagi hefur látist fyrir gildistöku þessara laga.

Samkvæmt síðari málslið greinarinnar er þó heimilt að skipta rétti til makalífeyris úr B-deildinni milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila, þó svo að sjóðfélagi hafi látist fyrir gildistöku þessara laga. Slíkt mun ekki breyta réttarstöðu fyrrverandi maka, en vera til hagsbóta fyrir síðari sambúðaraðila.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum skv. lögum um grunnskóla, eiga fyrir gildistöku laga þessara skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skv. 3. gr. laga sjóðsins, nr. 29/1963, sbr. breytingalög nr. 98/1996. Gildir þetta bæði um þá sem aðild áttu að sjóðnum fyrir breytingu samkvæmt lögum nr. 98/1996 og eins fyrir þá sem ráðnir hafa verið til starfa eftir þá breytingu. Samkvæmt óbreyttum lögum mundu nýráðnir kennarar í framtíðinni þannig eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu á aðildarreglum að sjóðnum eiga kennarar og skólastjórnendur, sem ráðast til starfa við grunnskóla, því aðeins rétt til aðildar að A-deild sjóðsins ef launagreiðendur þeirra hafa samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. Eftir gildistöku þessara laga þarf því að semja um til hvaða lífeyrissjóðs þessir starfsmenn eigi að greiða. Samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði skal greiða iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir nýráðna kennara og skólastjórnendur við grunnskóla, þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn.

Sambærileg sjónarmið eiga við um hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skulu allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, vera aðilar að sjóðnum. Með gildistöku þessara laga verður Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeir hjúkrunarfræðingar, sem ráðast til starfa hjá ríkissjóði eftir lagabreytinguna, munu greiða iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 1.

mgr. 3. gr. laga samkvæmt þessum breytingum. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar, sem starfa hjá öðrum en ríkissjóði og að óbreyttu hefðu átt skylduaðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, fá hins vegar því aðeins heimild til aðildar að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef launagreiðendur þeirra hafa samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja, sbr. 2. og 3. mgr. breyttra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Eftir gildistöku þessara laga þarf því að semja um lífeyrissjóðsaðild þessara hjúkrunarfræðinga á sama hátt og fyrir kennara. Bráðabirgðaákvæði I er til þess að tryggja lífeyrissjóðsaðild þessara starfsmanna á meðan ósamið er um hana.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Samkvæmt 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna eftir breytingu, sbr. 25. gr. þessa frumvarps, skal iðgjald launagreiðenda vera breytilegt. Samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum á tryggingafræðingur að meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þurfi að vera til þess að sjóðurinn eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum. Stjórn sjóðsins skal síðan árlega endurskoða iðgjaldahluta launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu hinnar tryggingafræðilegu athugunar. Ákvörðun um iðgjaldaprósentuna á síðan að liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Þó svo að stjórn sjóðsins sé falið að ákveða iðgjaldaprósentuna samkvæmt framansögðu, eftir tillögu tryggingafræðings, þykir heppilegra að kveðið verði á um það í lögum þessum hvert iðgjald launagreiðenda skuli vera á árinu 1997. Frumvarp þetta er ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en seint á árinu 1996. Því er nauðsynlegt að iðgjaldaprósenta launagreiðenda liggi fyrir strax eftir breytingar á lögum sjóðsins.

Þær tryggingafræðilegu forsendur, sem liggja að baki útreikningi á iðgjaldaþörf sjóðsins á árinu 1997, eru þær sömu og lagðar eru til grundvallar við ákvarðanatöku um lífeyrisréttindi hjá A-deild sjóðsins. Að mati tryggingafræðinga, sem önnuðust útreikninga vegna samningar þessa frumvarps, er iðgjaldaþörf sjóðsins 15,5% af heildarlaunum þannig að hlutur launagreiðenda verður 11,5% á árinu 1997.

Um 39. gr.

Með þessari grein er nafni sjóðsins breytt úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna í Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Breytingin er gerð vegna þess að í hópi sjóðfélaga eru bæði karlar og konur.

Um 40. gr.

Grein þessi fjallar um skipun stjórnar sjóðsins og er breyting á 3. gr. laganna. Samkvæmt gildandi lögum er stjórn sjóðsins skipuð þremur mönnum, formanni Hjúkrunarfélags Íslands (nú Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga), landlækni og einum manni tilnefndum af ríkisstjórninni. Eftir breytingu samkvæmt greininni verður stjórnin hins vegar skipuð fjórum mönnum og á fjármálaráðherra að skipa tvo þeirra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo.

Um 41. gr.

Þessi grein er ný í lögum sjóðsins og fjallar hún um verksvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóðsins. Í greininni er kveðið á um að stjórn sjóðsins fari með yfirstjórn hans og að stjórnin skuli fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Þá er í greininni kveðið á um eftirlitsskyldu stjórnar með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.

Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar á stjórn sjóðsins að setja honum samþykktir í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði. Þetta ákvæði er nýtt í lögum sjóðsins, og sambærilegt ákvæði er ekki í eldri lögum hans. Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum kveðið á um að nánari ákvæði um tiltekin atriði skuli setja í samþykktir sjóðsins. Þannig segir í 59. gr. frumvarpsins, að setja skuli nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um val núverandi lífeyrisþega og virkra sjóðfélaga á viðmiðunarreglu til útborgunar lífeyris. Samkvæmt 64. gr. þessa frumvarps, sem verður 26. gr. laganna, á að setja nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt þessari grein frumvarpsins skal kveðið á um það í samþykktum sjóðsins hvernig ávaxta skuli fé hans. Ákvæði um þetta eru nú í 4. gr. laganna, en eftir þessa breytingu verða reglur um ávöxtun á fé sjóðsins í samþykktum hans. Eðlilegra þykir að hafa þetta svo, enda er fyrirhugað að setja rammaákvæði um það atriði í almenna löggjöf um rekstur og starfsemi lífeyrissjóða.

Ekki er gert ráð fyrir að tæmandi upptalning sé í lögunum á því hvaða atriðum skuli skipað með ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Þannig má gera ráð fyrir að nánari ákvæði um ýmis atriði verði sett í samþykktirnar.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þarf fjármálaráðherra að staðfesta samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim til þess að þær öðlist gildi. Gert er ráð fyrir að staðfesting þessi fari fram að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Samkvæmt málsgreininni á fjármálaráðherra að staðfesta hvort samþykktir sjóðsins séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því með setningu þessa ákvæðis að fjármálaráðherra fjalli efnislega um einstök ákvæði í samþykktum sjóðsins.

Um 42. gr.

Með þessari grein, sem er breyting á 5. gr. gildandi laga sjóðsins, er það ákvæði fellt úr lögum hans að Tryggingastofnun ríkisins eigi að annast reikningshald hans. Í stað þess á stjórn sjóðsins að ákveða hvernig haga skuli afgreiðslu hans. Samkvæmt þessu ákvæði er gerð sú breyting að stjórn sjóðsins á að ákveða hvar sjóðurinn verði til húsa, hvernig afgreiðslu verði háttað og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til starfrækslu sjóðsins. Þessi breyting þarf ekki að leiða til þess að sjóðurinn flytji afgreiðslu sína frá Tryggingastofnun ríkisins. Eftir sem áður er stjórn sjóðsins heimilt að semja við Tryggingastofnun um áframhaldandi afgreiðslu sjóðsins. Hins vegar er sú breyting gerð að það verður ekki lengur bundið í lögum að Tryggingastofnun eigi að annast þessa afgreiðslu.

Um 43. gr.

Breyting samkvæmt þessari grein frumvarpsins er gerð í tengslum við breytingu samkvæmt næstu grein hér á undan. Samkvæmt þeirri grein er það ákvæði fellt úr lögum sjóðsins að Tryggingastofnun skuli annast reikningshald hans. Eftir þessa breytingu á 6. gr. laga sjóðsins, verða ákvæði um endurskoðun hans með sama hætti og gildir hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. laga um þann sjóð eftir breytingu skv. 9. gr. þessa frumvarps.

Um 44. gr.

Í 7. gr. gildandi laga er kveðið á um þrennt: Að sjóðfélagi þurfi að lágmarki að hafa greitt iðgjald til sjóðsins í fimm ár til að eiga rétt á lífeyri, við hvaða aldur sjóðfélagar eigi rétt á töku lífeyris og að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og launagreiðenda hans vegna falli niður þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld í 30 ár.

Með þessari grein frumvarpsins er 7. gr. gildandi laga sjóðsins felld niður. Eftir þá breytingu verða engin ákvæði í lögum sjóðsins um lágmarksiðgjaldagreiðslutíma til þess að réttur til lífeyris skapist. Ákvæði um það hvenær sjóðfélagi eigi rétt á að hefja töku ellilífeyris verða hins vegar samkvæmt þessu frumvarpi í 8. gr. laganna, sbr. 45. gr. frumvarpsins. Jafnframt verða ákvæði um stöðvun iðgjaldagreiðslu færð til, og eftir þessa breytingu verða þau í 7. gr. laganna, sbr. 51. gr. þessa frumvarps.

Um 45. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er reglum um útreikning og greiðslu ellilífeyris breytt til samræmis við ákvæði laga um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eins og þeim er breytt með 15. gr. frumvarpsins. Til skýringa á þessu ákvæði vísast því til athugasemda við 15. gr. og til eldri skýringa á 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Með þessari breytingu verða eftirfarandi breytingar gerðar á ákvæðum um útreikning og greiðslu ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga:

1. Samkvæmt gildandi lögum eiga sjóðfélagar rétt á lífeyri frá mismunandi tíma eftir því hvort þeir hafa valið að vera með makalífeyristryggingu eða ekki. Þeir sem ekki eru með makalífeyristryggingu eiga rétt á lífeyri frá 60 ára aldri. Hafi sjóðfélagi hins vegar sótt um það til sjóðsins að tryggja maka sínum rétt til makalífeyris, á hann hins vegar ekki rétt á lífeyri fyrr en við 65 ára aldur. Þessari reglu um mismunandi aldursmörk er breytt með þessu frumvarpi í tengslum við breytingar á reglum um greiðslu makalífeyris. Samkvæmt þessari grein frumvarpsins verður meginreglan sú að sjóðfélagar eiga rétt á töku lífeyris frá 65 ára aldri. Við skýringu á þessu ákvæði þarf þó að hafa í huga ákvæði um 95 ára regluna í 4. mgr. 8. gr. eins og hún verður eftir þessa breytingu, og 60. gr. þessa frumvarps, sem verður 22. gr. laganna, en þar er kveðið á um ákveðinn aðlögunartíma að þessari breytingu.
2. Við útreikning lífeyris eftir breytinguna verður tekið mið af meðaltalsstarfshlutfalli sjóðfélaga eftir gildistöku þessara laga í stað viðmiðunar við starfshlutfall við starfslok. Varðandi ávinnslu réttinda fyrir gildistöku laganna vísast til 61. gr. þessa frumvarps, sem verður 23. gr. laganna og til skýringa við þá grein frumvarpsins.
3. 95 ára reglan, eins og hún hefur gilt hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, verður tekin upp hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.
4. Viðmiðun lífeyris fyrir 10 ár í hærra launuðu starfi verður tekin upp á sama hátt og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
5. Sérreglur um mat á réttindum fyrir nematíma hjúkrunarfræðinga verða felldar niður.

Um 46. gr.

Í 46. gr. frumvarpsins eru ákvæði um lífeyrisréttindi vaktavinnufólks og eru þau í samræmi við gildandi reglur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Um 47. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru gerðar breytingar á þeirri grein laga sjóðsins sem fjallar um rétt sjóðfélaga til örorkulífeyris. Eftir breytinguna verða reglur sjóðsins um örorkulífeyrisréttindi eins hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Reglur þessara tveggja sjóða hafa verið sambærilegar hingað til. Þó hefur verið einn reginmunur þar á, en hann er sá að hjúkrunarfræðingar hafa ekki fengið örorkulífeyri vegna geymds réttar hjá sjóðnum. Eftir þessa breytingu fá þeir hins vegar þennan rétt.

Um 48. gr.

Samkvæmt 10. gr. gildandi laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna eiga eftirlifandi makar látinna sjóðfélaga því aðeins rétt á makalífeyri úr sjóðnum ef sjóðfélagi hefur sótt um slíka tryggingu til sjóðsins. Sjóðfélagar, sem sótt hafa um makalífeyristryggingu samkvæmt þessu, eiga þá samkvæmt 7. gr. gildandi laga sjóðsins ekki rétt á greiðslu ellilífeyris fyrr en við 65 ára aldur í stað 60 ára ella.

Með breytingu samkvæmt þessri grein verður ákvæðum um makalífeyri frá sjóðnum breytt þannig að eftirlifandi maki látins sjóðfélaga á eftir breytinguna alltaf rétt á makalífeyri. Reglur um makalífeyrisrétt hjá sjóðnum verður eftir breytinguna þær sömu og hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Til frekari skýringa vísast því til skýringa með 18. gr. þessa frumvarps, sem verður 27. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 49. gr.

Greinin fjallar aðeins um breytta uppröðun greina og þarfnast ekki skýringa.

Um 50. gr.

Með þessari grein er tveimur nýjum málsgreinum bætt við 12. gr. gildandi laga sjóðsins sem verður 13. gr. eftir breytingu samkvæmt frumvarpinu. Breytingin er samhljóða breytingu sem gerð er með 19. gr. þessa frumvarps á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til skýringa á þessari grein frumvarpsins vísast því til skýringa við 19. gr.

Um 51. gr.

Í þessari grein frumvarpsins, sem verður 7. gr. laganna, eru ákvæði um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins. Ákvæði um þær eru nú í 13. gr. laga sjóðsins.

Samkvæmt 13. gr. gildandi laga á iðgjaldaprósenta sjóðfélaga að vera breytileg eftir upphæð launa, frá 2,25% til 4,25% að hámarki. Í framkvæmd hefur iðgjaldaprósentan þó verið 4% mörg undanfarin ár.

Þær breytingar frá gildandi ákvæðum og framkvæmd þeirra sem felast í þessari grein frumvarpsins, eru þessar:

1. Iðgjöld verða greidd til sjóðsins af persónu- og orlofsuppbót, en ekki er heimild til þess samkvæmt gildandi lögum sjóðsins.
2. Sjóðfélagar greiða iðgjald til sjóðsins í 32 ár í stað 30 ára samkvæmt gildandi lögum.
3. Samkvæmt gildandi lögum sjóðsins falla iðgjaldagreiðslur launagreiðenda niður, þegar sjóðfélagi hefur lokið iðgjaldagreiðslu í 30 ár. Eftir breytingu samkvæmt þessari grein frumvarpsins eiga launagreiðendur að greiða 10% iðgjald til sjóðsins eftir að iðgjald launþega fellur niður vegna iðgjaldagreiðslu hans í 32 ár.

Eftir breytingar samkvæmt þessu hefur reglum um greiðslu iðgjalda til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga verið breytt til samræmis við reglur B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Um 52. gr.

14. gr. gildandi laga sjóðsins fjallar um á hvern hátt eigi að reikna lífeyri vegna geymds réttar hjá lífeyrissjóðnum. Hafi sjóðfélagi látið af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins áður en hann á rétt á lífeyri skal samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar reikna lífeyri eftir krónutölu launa eins og þau voru þegar iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins. Þessu ákvæði er breytt með 52. gr. frumvarpsins. Eftir þá breytingu gilda sömu reglur um réttindi vegna geymds réttar hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og gilda hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Til frekari skýringa vísast því til skýringa með 20. gr.

Um 53. gr.

Samhljóða breyting og þessi er gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með 21. gr. þessa frumvarps. Til frekari skýringa vísast því til athugasemda við þá grein.

Um 54. gr.

Með þessari grein frumvarpsins er kveðið á um að stjórn sjóðsins skuli láta gera tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum árlega í stað úttektar á fimm ára fresti áður.

Um 55. gr.

Í greininni er fjallað um það hverjir eigi rétt til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir gildistöku breytinga samkvæmt þessu frumvarpi. Meginefni greinarinnar er að heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins verður takmörkuð við þá sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Að öðru leyti fjallar þessi grein um sömu álitaefni og 4. og 5. gr. frumvarpsins fjallar um að því er Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins varðar. Til frekari skýringar á þessari grein vísast því til skýringa við þær greinar.

Um 56. gr.

Með þessari grein frumvarpsins eru felldar niður tvær greinar úr lögum sjóðsins sem báðar eru úreltar.

Um 57. gr.

Samhljóða breyting og þessi er gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með 22. gr. þessa frumvarps. Til frekari skýringa vísast því til athugasemda við þá grein.

Um 58. gr.

Í greininni er ákvæði um gildistöku breytinga samkvæmt þessu frumvarpi á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Samkvæmt 1. mgr. öðlast lögin gildi 1. janúar 1997 og gilda einungis um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Tekið er fram í fyrri málsgrein til áréttingar þessu að lífeyrisréttur þeirra sem byrjaðir eru töku lífeyris fyrir gildistöku þessara laga, svo og lífeyrisréttur maka þeirra og maka sjóðfélaga sem látist hafa fyrir gildistöku þeirra, fari eftir eldri lögum.

Í síðari málsgrein er ákvæði um að fella skuli breytingar samkvæmt þessu frumvarpi inn í lög sjóðsins og gefa þau út svo breytt. Þetta ákvæði þarfnast ekki skýringar.

Um 59. gr.

Með 45. gr. þessa frumvarps er breyting gerð á 8. gr. laganna. 3. mgr. greinarinnar fjallar um á hvern hátt lífeyrisgreiðslur hjá sjóðnum taki breytingum eftir að taka lífeyris hefst. Samkvæmt greininni eiga þær að breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu í stað breytinga samkvæmt einstaklingsbundinni viðmiðun áður. Breyting þessi á skv. 1. mgr. 58. gr. þessa frumvarps að taka gildi 1. janúar 1997.

Samkvæmt greininni geta þeir sjóðfélagar sem í framtíðinni munu hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem við gildistöku laga þessara eru byrjaðir að taka lífeyri, valið hvort lífeyrisgreiðslur þeirra fylgja einstaklingsbundinni viðmiðun samkvæmt gildandi reglum eða hvort þær breytist til samræmis við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Setja á nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti val sjóðfélaga samkvæmt þessu eigi að fara fram.

Um 60. gr.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, eiga sjóðfélagar, sem látið hafa af störfum, rétt á töku lífeyris við 60 ára aldur ef þeir hafa ekki makalífeyristryggingu hjá sjóðnum, en ella við 65 ára aldur. Samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps verður reglum um aldur hjúkrunarfræðinga við upphaf lífeyristöku breytt. Meginreglan verður sú að sjóðfélagar eiga rétt á lífeyri frá 65 ára aldri, sbr. 45. gr. frumvarpsins sem verður 8. gr. laganna. Sjóðfélagar geta þó hafið töku lífeyris fyrr samkvæmt svokallaðri 95 ára reglu skv. 4. mgr. sömu greinar ef samanlagður aldur þeirra og iðgjaldagreiðslutími nær 95 árum.

Ef þessar breyttu reglur um aldur sjóðfélaga við upphaf lífeyristöku væru settar án eðlilegrar aðlögunar, væri staðan sú að fjöldi sjóðfélaga, sem að óbreyttu ætti rétt á að láta af störfum og hefja töku lífeyris, missti þann rétt. Þetta mundi þá eiga við um fjölda sjóðfélaga á aldrinum 60 til 65 ára. Á sama hátt mundu þeir sjóðfélagar, sem nú eru farnir að nálgast 60 ára aldurinn og gætu að óbreyttu farið á lífeyri við þann aldur, missa þann rétt.

Ákvæðum þessarar greinar frumvarpsins er ætlað að koma í veg fyrir réttindaskerðingu sem þessa og að vera eðlileg aðlögunarregla að breytingum á reglum um aldur við upphaf lífeyristöku.

Um 61. gr.

Lífeyrisréttur sjóðfélaga hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna hefur verið reiknaður eftir iðgjaldagreiðslutíma sjóðfélaga, síðasta starfi hans og starfshlutfalli við starfslok. Hefur þá ekki skipt máli þó að starfshlutfall við starfslok hafi verið annað en starfshlutfall viðkomandi meginþorra starfsævi hans. Margir sjóðfélagar hafa á undanförnum árum farið í fullt starf úr hlutastarfi rétt áður en taka lífeyris hefst og hafa þeir þannig tryggt sér ellilífeyri eins og um fullt starf hafi verið að ræða alla starfsævina. Síðustu ár hefur þetta ekki þótt jafnsjálfsagt og áður og þar með skapað mikla og óviðunandi óvissu fyrir sjóðfélagana.

Einn megintilgangur með breytingum á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna gagnvart þeim sem áfram verða í sjóðnum er að breyta þessari reglu. Skv. 2. og 4. mgr. 8. gr. eins og þær verða eftir breytingu á lögum sjóðsins reiknast áunninn réttur eftir 1. janúar 1997, sbr. 58. gr. þessa frumvarps, eftir meðaltalsstarfshlutfalli yfir starfsævina. Þessi breyting er þó ekki látin virka að fullu aftur í tímann. Regla sú sem kveðið er á um í

þessari grein og verður 23. gr. laganna er því sett til að draga úr áhrifum þessarar breytingar vegna liðins tíma.

Um 62. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga sjóðsins, eftir breytingu samkvæmt 52. gr. þessa frumvarps, reiknast lífeyrir vegna geymds réttar hjá lífeyrissjóðnum á mismunandi vegu eftir því hvort sjóðfélagi á réttindi hjá sjóðnum vegna a.m.k. þriggja ára eða styttri tíma. Ef réttindatíminn er styttri en þrjú ár reiknast lífeyrir við upphaf lífeyristöku eftir krónutölu launa eins og þau voru þegar iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins. Lífeyrisréttur-inn nýtur þannig ekki verðtryggingar á tímabilinu frá því sjóðfélagi greiddi síðast til sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi hins vegar réttindi vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma á hins vegar að reikna lífeyri í samræmi við meðalbreytingar sem orðið hafa á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að iðgjöld voru síðast greidd til sjóðsins.

Samkvæmt þessari grein á lífeyrisréttur hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga að vera verðtryggður í samræmi við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu ef samanlagður iðgjaldagreiðslutími hjá sjóðnum og A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nær þremur árum. Skiptir þá ekki máli þó að réttindatíminn hjá sjóðnum sé vegna styttri tíma. Þetta á bæði við um þá sjóðfélaga sem greiða iðgjöld til sjóðsins við gildistöku þessara laga, ef þeir kjósa að færa sig yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og eins þá sem við gildistöku þessara laga eiga geymd réttindi vegna styttri tíma en þriggja ára en hefja síðar greiðslu til A-deildarinnar.

Um 63. gr.

Í greininni eru ákvæði um rétt þeirra sem þegar hafa lokið iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fyrir gildistöku breytinga samkvæmt þessu frumvarpi. Samkvæmt greininni þurfa þessir sjóðfélagar ekki að hefja iðgjaldagreiðslu að nýju, þó svo að breytt lög um sjóðinn kveði á um lengri iðgjaldagreiðslutíma. Þeir geta þó haft hagsmuni af því, og er þeim það þá heimilt.

Um 64. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr., eins og hún verður eftir breytingu skv. 45. gr. þessa frumvarps, eiga sjóðfélagar ekki rétt á lífeyri á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði að sjóðnum. Greinin er að þessu leyti óbreytt frá gildandi lögum sjóðsins. Ákvæði 1. mgr. 64. gr. þessa frumvarps er til áréttingar því að sama gildi þó svo að sjóðfélagi, sem aðild hefur átt að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, hefji iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þetta gildir um þá sjóðfélaga sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku þessara laga og færa sig yfir í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Og þetta gildir einnig um þá sjóðfélaga sem eiga geymdan rétt í sjóðnum við gildistöku þessara laga en hefja síðar iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna starfa þar sem aðildarskilyrðum að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna er fullnægt.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar á að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Meginatriði frumvarpsins.

Með lagafrumvarpi þessu er fyrirhugað að endurnýja löggjöf um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, en núgildandi lög eru að mestu byggð á lögum nr. 101/1943 og því að stofni til orðin um 50 ára gömul. Frumvarpið tengist nýrri starfsmannastefnu sem ríkisstjórnin hefur sett sér og miðar að því að laga fyrirkomulag starfsmannahalds og launamála að breyttum aðstæðum. Markmið frumvarpsins er þó ekki síður að draga úr þeirri óvissu sem nú ríkir um fjárhag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna (LHK). Hún stafar af því að samkvæmt gildandi lögum ávinna ríkisstarfsmenn sér lífeyrisréttindi sem eru verulega umfram samanlagðar iðgjaldagreiðslur þeirra og ríkisins til sjóðsins. Áætlað er að áfallin en ógreidd lífeyrisskuldbinding A-hluta ríkissjóðs vegna sjóðfélaga LSR og LHK hafi numið um 75 milljörðum króna í árslok 1995. Að óbreyttum lögum verður ekki unnt að uppfylla slíkar skuldbindingar nema komandi kynslóðir taki á sig samsvarandi skattahækkanir. Frumvarpið miðar að því að koma í veg fyrir að þessi vandi haldi áfram að stigmagnast. Það verði gert með því móti að allur áunnin lífeyrisréttur nýrra starfsmanna verði eftirleiðis fjármagnaður með hærri samtímagreiðslum iðgjalda frá launagreiðendum og launþegum. Þannig verði tryggt að eignir og skuldbindingar haldist jafnan í hendur í stað þess að skuldirnar safnist upp og að greiða þurfi uppbætur vegna hækkana á lífeyri eftir að taka hans hefst. Þessi meginbreyting kæmi einkum fram í því að iðgjaldagreiðslur launagreiðenda yrðu ákvarðaðar þannig, að undangenginni árlegri tryggingafræðilegri úttekt, að þær dugi til að mæta að fullu þeim réttindum sem stofnað er til á hverjum tíma. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að iðgjöld ríkisins hækki verulega frá því sem nú er, eða úr 6% í 11,5% af greiddum launum. Iðgjöld launþega yrðu óbreytt, eða 4%.

Annað helsta markmið frumvarpsins er að færa lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna nær því sem gildir fyrir flesta aðra launþega í landinu. Í meginatriðum yrði þetta gert með því að reikna réttindaávinning nýrra starfsmanna og núverandi starfsmanna sem það kjósa miðað við stigakerfi, líkt og hjá almennu lífeyrissjóðunum, þannig að réttindin ráðist af iðgjaldagreiðslum sem inntar hafa verið af hendi. Við þá breytingu yrðu afnumin ákvæði um að iðgjöld falli niður og að réttindaávinningur skerðist eftir að 32 ára greiðslutíma er náð eða eftir að samanlagður lífaldur og greiðslutími er orðinn 95 ár. Þá yrðu lífeyrisiðgjöldin ekki aðeins greidd af föstum launum, heldur einnig af öllum öðrum launum, s.s. yfirvinnu. Jafnframt yrði fallið frá því að miða lífeyrisgreiðslur við laun eftirmanns lífeyrisþega þar sem þær mundu nú ráðast af meðallaununum sem iðgjöldin voru greidd af. Í þeirri breytingu felst einnig að lífeyrisbæturnar yrðu verðtryggðar með neysluvöruvísitölu í stað þess að fylgja launabreytingum hjá eftirmönnum. Loks færi fram nokkur tilfærsla á réttindum frá makalífeyri yfir í elli- og örorkulífeyri. Þótt reglur um lífeyrisréttindin yrðu þannig hliðstæðar þeim sem gilda hjá almennum lífeyrissjóðum yrði verðmæti þeirra eftir sem áður talsvert meira. Það birtist m.a. í því að hlutfall ellilífeyris af

heildarlaunum yfir starfsævina yrði hærra hjá LSR, auk þess sem ellilífeyrisaldur yrði lægri.

Framangreindar breytingar á lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna byggja á þeirri meginforsendu að þegar á heildina er litið verði lífeyrisréttindi samkvæmt frumvarpinu sambærileg við þau sem ákvörðuð eru í núgildandi lögum. Úttekt tryggingafræðinga í fylgiskjali með frumvarpinu bendir til að sú forsenda geti staðist.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hið nýja fyrirkomulag lífeyrismála verði starfrækt sem sérstök A-deild í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og gildi fyrir alla þá sem hefja störf hjá ríkinu eftir að það verður að lögum. Eldra fyrirkomulagið yrði fellt undir B-deild sjóðsins og yrði nær óbreytt frá því sem nú gildir. Núverandi sjóðfélagar gætu valið um að halda áfram að ávinna sér lífeyrisréttindi þar eða að færa sig yfir í nýja fyrirkomulagið, án þess að glata þeim réttindum sem þeir hafa þegar áunnið sér. Sama yrði látið gilda um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna.

Rétt er að benda á að frumvarpið tekur ekki á því misvægi sem er á milli núverandi eigna LSR og þeirra lífeyrisskuldbindinga sem þegar eru áfallnar nema að takmörkuðu leyti. Sama gildir um skuldbindingar sem eiga eftir að myndast vegna þeirra ríkisstarfsmanna sem kjósa að eiga áfram aðild að B-deild sjóðsins.

Helstu kostnaðaráhrif fyrir ríkissjóð.

Ríkissjóður og aðrir launagreiðendur bera ábyrgð á skuldbindingum LSR umfram iðgjöld og aðrar tekjur. Allar breytingar til hækkunar eða lækkunar á gjöldum og tekjum sjóðsins miðað við það sem hefði orðið að óbreyttum lögum, s.s. breytingar á lífeyrisréttindum eða iðgjaldagreiðslum, geta því haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs til lengri tíma litið. Í greinargerð með frumvarpinu eru raktar ítarlega fjölmargar slíkar breytingar sem lagt er til að verði látnar gilda fyrst um sinn fyrir alla nýja ríkisstarfsmenn en munu síðan með tímanum ná til þeirra allra. Ekki þykir tilefni til þess að kostnaðarmeta hverja slíka breytingu á réttindum eða iðgjöldum fyrir sig. Frumvarpið er þannig úr garði gert að þegar á heildina er litið verður verðmæti lífeyrisréttindanna sambærilegt og samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, að undanskildum þeim auknu réttindum sem fjármagnast af viðbótariðgjöldum launþega vegna annarra launa en fastra launa. Auknar tekjur A-deildar LSR vegna hækkunar á iðgjaldahlutfalli ríkissjóðs í 11,5% og útvíkkunar á iðgjaldastofninum til allra launagreiðslna ganga til að mæta þessum sömu skuldbindingum, sem hefðu ella komið til greiðslu síðar. Frumvarpið hefði því fyrst og fremst þau áhrif á útgjöld A-hluta ríkissjóðs að greiðslur færðust til í tíma. Með öðrum orðum, þótt framlög ríkisstofnana til LSR mundu aukast verulega frá og með fjárlögum ársins 1997, þá mundu ógreiddar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs lækka í sama mæli á rekstrargrunni. Þessar greiðsluhreyfingar verða hins vegar talsvert umfangsmiklar og því er greint frá þeim helstu hér á eftir.

Veigamestu greiðsluáhrif frumvarpsins á ríkissjóð yrðu væntanlega þau sem snúa að hækkun iðgjaldagreiðslna til A-deildar LSR. Við mat á þeim þarf að taka mið af ýmsum óvissuþáttum. Til þess að gefa til kynna stærðargráðu þessara greiðslna er hér valin sú leið að áætla útgjöldin fyrsta árið eftir gildistöku laganna miðað við eftirfarandi forsendur:

- Fjöldi þeirra sem koma nýir til starfa verði um 900 á árinu (450 ársverk).
- Allir ríkisstarfsmenn með aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda færist yfir í A-deild LSR.
- 30% núverandi sjóðfélaga í LSR og LHK velji í upphafi árs að færa sig í A-deild LSR.

Að þessu gefnu má reikna með að útgjaldaaukning A-hluta ríkissjóðs á árinu 1997 gæti orðið um 500 m.kr. á greiðslugrunni vegna hækkunar á samtímagreiðslum lífeyrisiðgjalda.

Annar þýðingarmikill þáttur varðandi greiðsluáhrif frumvarpsins leiðir af ákvæði sem ætlað er til að treysta fjárhagsstöðu B-deildar LSR og vega á móti skuldbindingum umfram iðgjöld sem þar verða áfram til staðar. Samkvæmt ákvæðinu yrði fallið frá þeirri tilhögun núgildandi laga að draga vexti og verðbætur af verðbréfaeign sjóðsins frá þeim uppbótum sem launagreiðendum ber að standa skil á vegna lífeyrishækkana í kjölfar almennra kjarasamninga. Ef frumvarpið verður að lögum kemur þetta ákvæði til framkvæmda í byrjun ársins 1998. Miðað við áætlun um vaxtatekjur á móti lífeyrisuppbótum ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 má gera ráð fyrir að útgjöldin gætu aukist um 550 m.kr. á ári af þessari ástæðu.

Annað ákvæði frumvarpsins sem lýtur að því að styrkja greiðslugetu B-deildar sjóðsins kveður á um að iðgjaldaframlög launagreiðenda falli ekki niður þegar sjóðfélagar hætta að greiða sín iðgjöld samkvæmt svonefndri 32-ára reglu eða 95 ára reglu. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs af þessari breyttu tilhögun geti numið um 70–80 m.kr. á árinu 1997. Hér er um að ræða flýtingu á greiðslum til LSR sem leiðir til samsvarandi lækkunar á ríkisútgjöldum í framtíðinni, líkt og á við um liðina hér að framan.

Að samanlögðu má þannig reikna með að ákvæði frumvarpsins gætu aukið útgjöld A-hluta ríkissjóðs um 600 m.kr. á árinu 1997 og um allt að 1.200 m.kr. frá og með árinu 1998 miðað við uppgjör á greiðslugrunni.

Útgjaldaaukning á rekstrargrunni er óviss, en gera má ráð fyrir að hún verði af stærðargráðunni 100–200 m.kr. Þannig má gera ráð fyrir auknum útgjaldagreiðslum ríkisins vegna þess að núverandi sjóðfélagar fá samkvæmt frumvarpinu að velja um hvort þeir halda áfram í núverandi réttindakerfi eða færa sig yfir í hið nýja. Að því gefnu að sjóðfélagar velji það sem kemur þeim best má t.d. gefa sér að starfsmenn með mikla yfirvinnu sæki að öðru óbreyttu frekar í A-deildina en þeir sem eru án yfirvinnu. Þar að auki má gera ráð fyrir auknum iðgjaldagreiðslum til að byrja með vegna þeirra sem færast frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda yfir í A-deild LSR. Hins vegar má gera ráð fyrir að tekið verði tillit til þessara áhrifa í kjarasamningum og við launaákvarðanir í framtíðinni.

Bent skal á að áhrif frumvarpsins á fjárreiður ríkisaðila í B-hluta yrðu með svipuðum hætti og lýst er hér að framan varðandi A-hluta ríkissjóðs. Í meginatriðum yrði um að ræða tilfærslu á greiðslum í tíma þar sem samtímagreiðslur mundu aukast vegna hærri iðgjalda en skuldbindingar lækka að sama skapi. Líkt og í A-hlutanum mundu greiðsluáhrifin fyrst um sinn einungis taka til nýrra starfsmanna og þess hluta núverandi starfsmanna sem kýs að ganga inn í nýja lífeyriskerfið. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar B-hluta aðila í árslok 1995 námu 15 milljörðum króna og voru þá 80% þeirra færðar í reikninga þessara aðila þar sem eignir LSR samsvöruðu aðeins um 20% þeirra.

Loks má nefna að forsendur fyrir fjármögnun á lífeyrisréttindum grunnskólakennara og skólastjórnenda hafa breyst nokkuð frá því gengið var frá samkomulagi við sveitarfélög um þau atriði sl. sumar. Skýrist það af því að þau frumvarpsdrög sem þá var mið-

að við gerðu ráð fyrir að breytingar á lögum um LSR yrðu með öðrum hætti en stefnt er að með þessu frumvarpi. Þar má t.d. nefna að ekki var gert ráð fyrir að hluti sjóðfélaga gæti áfram átt aðild að núverandi lífeyriskerfi og að iðgjaldaþörf var metin miðað við 5,5% raunvexti í stað 3,5% nú. Að teknu tilliti til breyttra forsendna er nú miðað við að iðgjöld sveitarfélaga vegna þessara starfsmanna verði 15,5% af föstum launum í stað 6% áður, til þess að þau standi að fullu undir áunnum réttindum með samtímagreiðslum. Talið er að færa þurfi nærri 380 m.kr. úr tekjuskatti yfir í útsvar til að mæta þessum útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum. Á móti kemur að samkvæmt frumvarpinu dregst viðbótarframlag sveitarfélaganna frá ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu uppbóta á lífeyrinn. Þessar breytingar ættu ekki að valda útgjöldum hjá ríkissjóði fyrr en þessir sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Fylgiskjal II.

LÍFEYRISRÉTTINDI STARFSMANNA RÍKISINS

Samanburður á núverandi réttindum og réttindum fyrirhugaðrar A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Skýrsla unnin fyrir fjármálaráðuneytið af Talnakönnun hf.
og Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi.
(Nóvember 1996.)

YFIRLIT

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins hafa miðast við þau föstu laun fyrir dagvinnu sem samkvæmt kjarasamningum fylgja stöðu þeirri er sjóðfélagi gegndi síðast. Þessi réttindi eru ellilífeyrir til æviloka, sem hefur að meðaltali verið tekinn frá 68 ára aldri undanfarin ár hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og 64 ára aldri hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, örorkulífeyrir, makalífeyrir til æviloka og barnalífeyrir. Fullur örorkulífeyrir miðast yfirleitt við áunninn lífeyrisrétt og makalífeyririnn við helming áunnins lífeyrisréttar auk 20% af föstum launum virks sjóðfélaga.

Sjóðfélagar greiða 4% og launagreiðendur 6% iðgjald af föstum launum til þessara lífeyrissjóða venjulega í allt að 30 ár hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og 32 ár hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og vinna launþegar sér inn 2% réttindi á ári meðan iðgjald er greitt. Eftir það er innvinnsla réttindanna 1 til 2% á ári háð aldri sjóðfélaga.

Lífeyrisréttindi í fyrirhugaðri A - deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins taka mið af heildarlaunum sjóðfélaga og eru verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs. Réttindin eru ellilífeyrir til æviloka, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Réttindi til óskerts örorkulífeyris eru áunnin lífeyrisréttindi og þar til viðbótar þau réttindi sem viðkomandi hefði unnið sér inn til 65 ára aldurs miðað við meðallaun síðustu þriggja ára fyrir starfsorkumissi. Réttindi til makalífeyris eru helmingur óskertra örorkuréttinda og er tímabundinn þannig að óskertur makalífeyrir greiðist minnst í þrjú ár og 50% makalífeyrir í tvö ár til viðbótar nema sjóðfélaginn hafi látið eftir sig börn sem eru á framfæri eftirlifandi maka, þá greiðist óskertur makalífeyrir meðan yngsta barnið er yngra en 22 ára.

Það er mat höfunda þessarar skýrslu að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins verði sambærileg ef árlegur ellilífeyrir í A - deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nemi 1,9% af heildarlaunum starfsmannsins miðað við 65 ára ellilífeyrisaldur. Ef starfsmaðurinn hefur töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 65 ára skerðast réttindin um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldurinn, en ef ellilífeyrir er tekinn 65 til 70 ára þá aukast áunnin réttindi við 65 ára aldur um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn. Hér er reiknað með því að sjóðfélaginn greiði allan starfstíma sinn 4% af heildarlaunum í lífeyrissjóðinn.

Þessi niðurstaða er fengin með útreikningi á meðaltals sjóðfélaga og tryggingafræðilegum forsendum um lífs-, starfsorku- og barneignalíkur, hlutfall sjóðfélaga í hjónabandi eftir aldri og kyni, aldursmuni hjóna í sjóðnum, hlutfall karla og kvenna í sjóðnum, ávöxtun iðgjalda og þróun launa miðað við vísitölu neysluverðs og meðaltals yfirvinnugreiðslur.

Sjóðfélagar í A - deildinni fá samkvæmt þessu að meðaltali meiri lífeyrisréttindi en núverandi reglur sjóðsins gera ráð fyrir, enda greiða þeir í staðinn 4% iðgjald af heildarlaunum allan starfstímann í stað 4% iðgjalds af föstum launum venjulega í allt að 30 til 32 ár. Aukning lífeyrisréttindanna á að samsvara þessum auknu iðgjaldagreiðslum starfsmannanna. Samhliða þessari breytingu verður tilfærsla í lífeyrisgreiðslum þannig að vægi elli- og örorkulífeyris eykst á kostnað makalífeyris.

Iðgjaldaþörf sjóðsins er áætluð 15,5% af heildarlaunum þannig að hlutur launagreiðenda verður 11,5%.

INNGANGUR

Í frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir skiptingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) í tvær deildir, A - deild og B - deild. Gert er ráð fyrir að þeir sem hefja starf hjá ríkinu eftir að frumvarpið verður að lögum gerist félagar í A - deild sjóðsins en núverandi sjóðfélagar í LSR og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna (LH) geti valið um að ganga í A - deildina eða haldið áfram að vinna sér réttindi samkvæmt gömlu reglunum og verði félagar í B - deild sjóðsins.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í LSR hefur samkvæmt 12. grein laga númer 29 frá 1963 verið þau föstu laun fyrir dagvinnu sem samkvæmt kjarasamningum fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Í hinni nýju A - deild er tekin upp viðmiðun lífeyrisréttinda við vísitölu neysluverðs og einnig eru veigamiklar breytingar frá því sem verið hefur varðandi árlegan réttindaávinning lífeyrisréttinda. Réttindi í B - deild sjóðsins verða í öllum aðalatriðum hin sömu og nú eru í LSR.

Höfundar þessarar skýrslu hafa lagt mat á verðmæti núverandi lífeyrisréttinda og þeirra réttinda sem gert er ráð fyrir í A - deild sjóðsins. Í skýrslunni verður gerð grein fyrir lífeyrisréttindunum, niðurstöðu matsins, hvaða aðferðum var beitt við matið og þeim forsendum sem voru notaðar.

AÐFERÐAFRÆÐI

Lífeyrisréttindin eru reiknuð fyrir viðmiðunarhóp með tilteknu hlutfalli karla og kvenna, þar sem allir í hópnum hefja störf hjá ríkinu á sama aldri og vinna hjá ríkinu eftir því sem aldur og heilsa leyfir til sama ellilífeyrisaldurs. Réttindin eru annars vegar reiknuð út miðað við núverandi ákvæði um lífeyri og hins vegar ákvæði fyrirhugaðrar A - deildar LSR.

Í upphafi er einhver tiltekinn fjöldi sjóðfélaga í hópnum og getum við til hægðarauka sagt að 100.000 starfsmenn hefji störf. Eftir því sem árin líða þá fækkar í hópnum því að einhverjir deyja á ári hverju og einhverjir missa starfsorkuna. Þeir sem missa starfsorkuna fá örorkulífeyri og makar og börn þeirra sem deyja fá maka- og barnalífeyri. Þeir sem ná ellilífeyrisaldri fá síðan ellilífeyri.

Í kaflanum um forsendur er gerð grein fyrir forsendum um lífs- og starfslíkur sjóðfélaga og líkindum þess að sjóðfélagi láti eftir sig maka og börn. Á grundvelli þessara forsenda er reiknað hver er fjöldi þeirra sem fá hverja tegund lífeyris á ári hverju. Með forsendum um launa- og verðlagsþróun, sem einnig er getið um hér á eftir, ásamt reglum annars vegar A - deildar og hins vegar núverandi reglum, má ákvarða hversu háar greiðslur falla í hlut lífeyrisþega eftir ákvæðum hvors kerfis. Með þessu fæst áætlun fyrir sérhvert ár um lífeyrisgreiðslur í hvoru kerfinu um sig.

Á sama hátt fæst áætlun um árlegar launa- og iðgjaldagreiðslur hópsins, þannig að annars vegar fæst röð af greiðslum til starfsmanna og maka og afkomenda þeirra miðað við ákvæði A -deildar LSR og hins vegar miðað við núverandi reglur. Með samanburði (núvirðingu) á þessum tveimur greiðsluröðum má meta hvort réttindi til slíks hóps yrðu sambærileg í kerfunum tveimur.

FORSENDUR

Þar sem réttindi í A - deild verða miðuð við vísitölu neysluverðs eru forsendur um vexti og þróun launa einnig miðaðar við vísitölu neysluverðs. Útreikningurinn miðast því við það að vísitölunni er haldið fastri og hversu mikið vextir og launahækkanir eru umfram hækkanir vísitölunnar.

Ávöxtun

Ávöxtun umfram vísitölu neysluverðs er sett 3,5% á ári. Þessir vextir eru notaðir við núvirðingu þeirra greiðsluraða sem áður var lýst. Þetta er mat á þeim vöxtum sem nást á öruggar fjárfestingar umfram hækkun vísitölu neysluverðs þegar litið er til langs tíma (áratuga). Þetta eru sömu vextir og algengast er að nota þegar fjárhagsstaða íslenskra lífeyrissjóða, sem tengja réttindi við vísitölu neysluverðs, er metin.

Launahækkanir

Áætlun um launahækkun er skipt í tvo þætti. Annars vegar er það sem kalla má aldurs- eða starfsaldursbundna launahækkun og tekur til þeirra hækkana sem launþegar fá vegna samningsbundinna hækkana sem tengjast starfsaldri og þess sem nefna mætti starfsframa. Hins vegar er gert ráð fyrir almennum launahækkunum umfram hækkun vístölu neysluverðs.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga í LSR árin 1994 og 1995 voru notaðar til að meta starfsaldurs- og starfsframahækkanir og fékkst að hækkanirnar fyrstu 12 starfsárin eru 2,0% af byrjunarlaunum á ári og eftir það 0,9% af byrjunarlaunum á ári.

Það er algengt að gert sé ráð fyrir að almennar launahækkanir umfram hækkun verðlags muni verða á bilinu 0 til 2% á ári þegar litið er til langs tíma. Hér var almenn launahækkun ákveðin með þeim hætti að lífeyrisskuldbinding sjóðfélaga yrði sú hin sama hvort sem reiknað væri með almennri 2% ávöxtun umfram launahækkanir, en það er ávöxtunarforsendan sem notuð hefur verið við mat á lífeyrisskuldbindingum LSR, eða með ofangreindum starfsaldurs- og starfsframahækkunum auk almennrar árlegrar launahækkunar og 3,5% ávöxtun umfram hækkanir á vísitölu neysluverðs. Þessi útreikningur gaf 0,8% á ári í almennar launahækkanir.

Aðrar forsendur

Lífslíkur eru samkvæmt töflum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga fyrir árin 1986 - 1990. Örorkulíkur er samkvæmt G - 82 reiknigrunni danskra tryggingafélaga, lækkaðar um 50% með hliðsjón af reynslu LSR og LH. Barnaeignalíkur eru íslenskar frá árunum 1976 - 1980. Þetta eru sömu forsendur og notaðar voru við síðustu úttekt á LSR og LH og eru þær aðgreindar fyrir karla og konur og eru háðar aldri.

Hlutfall sjóðfélaga í hjónabandi og meðalaldur maka er samkvæmt reynslu í LSR í árslok 1995, hlutfall karla og kvenna byggt á því að rúmlega 30% þeirra, sem greiddu til LSR á árinu 1995 og voru með minna en eitt ár í greiðslutíma, voru karlar og þá tæplega 70% konur og meðalaldur þeirra rúm 33 ár. Almennur ellilífeyrisaldur miðast við 68 ár en meðalaldur virkra sjóðfélaga í LSR sem hófu töku ellilífeyris undanfarin ár var rúm 68 ár og hlutfall yfirvinnu tæplega 30% af heildar launum, sem er byggt á athugun starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis um yfirvinnuhlutfall undanfarin ár.

LÍFEYRISRÉTTINDI

Hér verður gerð grein fyrir helstu lífeyrisréttindum LSR, LH og fyrirhugaðrar A - deildar LSR. Þetta eru þau lífeyrisréttindi sem notuð voru í samanburðinum.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Iðgjald	Sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 6% af föstum launum í iðgjald venjulega að hámarki í 32 ár.
Ellilífeyrir	Sjóðfélagi vinnur sér inn 2% ellilífeyrisrétt af viðmiðunarlaunum á ári miðað við fullt starf meðan hann greiðir iðgjald eða er 65 ára eða eldri, annars 1% á ári. Hann hefur rétt á því að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 65 til 70 ára en ef samanlagður aldur og starfsaldur er 95 ár eða meira þá má flýta töku ellilífeyris allt til 60 ára aldurs. Viðmiðunarlaun eru venjulega föst laun eftirmanns í starfi.
Örorkulífeyrir	Ef sjóðfélagi missir varanlega starfsorku þá fær hann örorkulífeyri sem miðast við áunninn ellilífeyrisrétt.
Makalífeyrir	Eftirlifandi maki fær rétt til lífeyris til æviloka sem nemur helmingi af áunnum ellilífeyrisrétti sjóðfélagans og til viðbótar 20% af viðmiðunarlaununum, ef sjóðfélaginn var í starfi við fráfall eða þegar hann hóf töku elli- eða örorkulífeyris.
Barnalífeyrir	Börn eða kjörbörn látins sjóðfélaga fá lífeyri sem nemur helmingi barnalífeyris almanatrygginga þar til þau ná 18 ára aldri. Ef hitt foreldrið er einnig látið er barnalífeyririnn jafn barnalífeyri almannatrygginga.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna

Iðgjald	Sjóðfélagi greiðir 4% og launagreiðandi 6% af föstum launum í iðgjald venjulega að hámarki í 30 ár.
Ellilífeyrir	Sjóðfélagi vinnur sér inn 2% ellilífeyrisrétt af viðmiðunarlaunum á ári miðað við fullt starf meðan hann greiðir iðgjald eða hefur náð ellilífeyrisaldri, annars 1% á ári. Hann hefur rétt á því að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 70 ára nema hann hafi makalífeyristryggingu þá má hefja töku ellilífeyris á aldrinum 65 til 70 ára. Viðmiðunarlaun eru föst laun eftirmanns í starfi.
Örorkulífeyrir	Ef sjóðfélagi missir varanlega starfsorku þá fær hann örorkulífeyri sem miðast við áunninn ellilífeyrisrétt.
Makalífeyrir	Eftirlifandi maki fær rétt til lífeyris til æviloka, ef sjóðfélagi hefur fyrir 55 ára aldur sinn sótt um makalífeyristryggingu. Makalífeyrir nemur helmingi af áunnum ellilífeyrisrétti sjóðfélagans og til viðbótar 20% af viðmiðunarlaununum, ef sjóðfélaginn var í starfi við fráfall eða þegar hann hóf töku elli- eða örorkulífeyris.
Barnalífeyrir	Börn eða kjörbörn látins sjóðfélaga fá lífeyri sem nemur helmingi barnalífeyris almanatrygginga þar til þau ná 18 ára aldri. Ef hitt foreldrið er einnig látið er barnalífeyririnn jafn barnalífeyri almannatrygginga.

A - deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Iðgjald	Sjóðfélagi greiðir 4% af heildarlaunum í iðgjald og launagreiðandi það sem á vantar til að deildin standi undir sér.
Ellilífeyrir	Sjóðfélagi vinnur sér inn árlegan ellilífeyrisrétt frá 65 ára aldri 1,9% af heildarlaunum og eru réttindin verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Sjóðfélaga er heimilt að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 60 til 65 ára gegn því að áunnin réttindi skerðist um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar á 65 ára aldurinn. Eins má fresta töku ellilífeyris til 70 ára aldurs og aukast þá áunnin réttindi við 65 ára aldur um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað. Ellilífeyrisréttindi sem launþeginn kann að vinna sér inn eftir 65 ára aldur verða óbreytt 1,9% af heildarlaunum.
Örorkulífeyrir	Réttindi til óskerts örorkulífeyris eru áunnin ellilífeyrisréttindi og þar til viðbótar þau réttindi sem viðkomandi hefði unnið sér inn til 65 ára aldurs miðað við meðallaun síðustu þriggja ára fyrir starfsorkumissinn.
Makalífeyrir	Eftirlifandi maki fær rétt til tímabundins lífeyris sem nemur helmingi af örorkulífeyrisrétti sjóðfélagans. Óskertur makalífeyrir greiðist minnst í þrjú ár og 50% makalífeyrir í tvö ár í viðbót nema sjóðfélagi hafi látið eftir sig börn sem eru á framfæri eftirlifandi maka, þá greiðist óskertur makalífeyrir meðan yngsta barnið er yngra en 22 ára.
Barnalífeyrir	Börn eða kjörbörn látins sjóðfélaga fá lífeyri sem nemur 10.000 krónum á mánuði miðað við 174,2 stiga vísitölu neysluverðs þar til þau ná 22 ára aldri.

Það var verkefni höfunda þessarar skýrslu að reikna út hversu há prósenta af heildarlaunum ellilífeyrisrétturinn mætti vera til að verðmæti launa og lífeyris starfsmanna ríkisins sem gerast sjóðfélagar í A - deildinni yrðu sambærileg við þau réttindi sem aðild að núverandi sjóðum myndi veita

NIÐURSTAÐA

Það er mat skýrsluhöfunda miðað við framangreindar forsendur og reglur um innvinnslu réttinda að 1,9% af heildarlaunum í árlegan ellilífeyrisrétt í fyrirhugaðri A -deild LSR gefi sjóðfélögum sambærileg réttindi við það sem nú gerist hjá starfsmönnum ríkisins. Nauðsynlegt heildariðgjald A - deildarinnar er áætlað 15,5% af heildarlaunum.

Þessi niðurstaða er fyrst og fremst fengin út frá útreikningi á meðaltals sjóðfélaga samkvæmt forsendunum. Það voru einnig reiknuð önnur dæmi til samanburðar og eins reynt að leggja almennt mat á iðgjaldaþörf A - deildar LSR með samanburði við afkomu almennra lífeyrissjóða sem eru með svipaðar réttindareglur og A - deildin og eins hvert iðgjaldið í LSR þyrfti að vera til að sjóðurinn stæði undir sér miðað við núverandi reglur. Sá samanburður benti til þess að iðgjaldaþörf sjóðsins ætti að vera 15 til 16% af heildarlaunum og rennur það því einnig stoðum undir þessa niðurstöðu.

Þessar nýju reglur þýða tilfærslu á réttindum þannig að þær hafa mismunandi áhrif á hvern einstakling. Tilfærslan er annars vegar vegna þess að lífeyrisréttindin í A - deildinni miðast við heildarlaun en ekki föst laun eins og nú og hins vegar vegna þess að vægi elli- og örorkulífeyris er aukið á kostnað makalífeyris. Eins greiða sjóðfélagar í A -deildinni 4% af heildarlaunum í iðgjald allan starfstímann í stað 4% af föstum launum venjulega að hámarki í 30 til 32 ár og þýðir að það á sér einnig stað tilfærsla frá launum yfir í lífeyri. Samkvæmt

þessum útreikningi eiga sjóðfélagar A - deildar að meðaltali að vera jafn vel settir og starfsmenn ríkisins hingað til.

Það er skoðun skýrsluhöfunda að reglur fyrirhugaðrar A - deildar um lífeyrisréttindi veiti sjóðfélögum góð réttindi og vægi lífeyristegunda sé eins og nú er algengast hérlendis. Ef maki sjóðfélaga er heimavinnandi geta ráðstafanir til að tryggja makanum sjálfstæðan lífeyrisrétt verið nauðsynlegar vegna þess að makalífeyririnn í A - deildinni er tímabundinn.

Nefnd á vegum fjármálaráðherra og stéttarfélaga þeirra launþega sem eiga munu aðild að hinni nýju A - deild LSR samdi reglurnar um innvinnslu lífeyrisréttinda í deildinni. Skýrsluhöfundar völdu forsendur og reiknuðu út hver réttindastuðullinn í A - deildinni þyrfti að vera og voru til ráðleggingar um skerðingar- eða hækkunarprósentu lífeyrisréttinda þegar töku ellilífeyris var flýtt eða frestað frá 65 ára aldri.

Skýrsla þessi er unnin af Benedikt Jóhannessyni og Vigfúsi Ásgeirssyni hjá Talnakönnun hf. og Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi.

8. nóvember 1996

TALNAKÖNNUN HF

Vigfús Ásgeirsson Bjarni Guðmundsson

Viðauki:

Dæmi um ellilífeyrisréttindi

VIÐAUKI

Dæmi um ellilífeyrisréttindi

Starfs-	LSR - NÚVERANDI				A - DEILD		
byrjun	65	68	70		65	68	70
20	1,69	1,90	2,05		1,90	2,63	3,11
25	1,48	1,67	1,80		1,62	2,25	2,68
30	1,28	1,46	1,58		1,36	1,90	2,27
35	1,07	1,23	1,34		1,11	1,58	1,89
Starfs-	ALMENNUR SJÓÐUR				LOKALAUN		
byrjun	65	68	70		65	68	70
20	1,27	1,75	2,10		3,08	3,21	3,30
25	1,08	1,50	1,82		2,87	3,00	3,08
30	0,91	1,27	1,55		2,68	2,79	2,87
35	0,75	1,06	1,30		2,49	2,60	2,68

Hér eru sýndar fjórar töflur sem sýna árlegan ellilífeyri og árslaun við 65, 68 og 70 ára ellilífeyrisaldur miðað við 20, 25, 30 og 35 ára aldur í starfsbyrjun. Heildarlaun í starfsbyrjun eru í öllum tilvikum 1,40 milljónir á ári og er yfirvinnan 0,40 milljónir af heildarlaunanum. Töflurnar sýna síðan lokalaunin og ellilífeyririnn í milljónum króna fyrir þrjá mismunandi lífeyrissjóði.

Þessar fjárhæðir miðast við forsendur skýrslunnar um þróun launa hjá starfsmönnum ríkisins. Þar er gert ráð fyrir 0,8% almennum launahækkunum umfram verðlag á ári og þar til viðbótar árlegum hækkunum sem nema 2,0% af byrjunarlaunum fyrstu 12 starfsárin og síðan 0,9% af byrjunarlaunum til ellilífeyrisaldurs.

Ellilífeyririnn hækkar með föstum dagvinnulaunum eftirmanns í starfi samkvæmt núverandi reglum LSR en hann er verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs samkvæmt frumvarpinu í A - deildinni eins og algengast er hjá almennum lífeyrissjóðum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að árlegur ellilífeyrir í A - deildinni verði 1,9% af heildarlaunum og ef taka ellilífeyris hefst eftir 65 ára aldur, þá hækkar áunninn réttur við 65 ára aldurinn um 0,8% fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað. Í töflunni fyrir almenna sjóðinn er gert ráð fyrir árlegum ellilífeyri sem er 1,8% af heildarlaunum, en ef taka lífeyrisins hefst fyrir 70 ára aldur þá hækkar áunnin lífeyrisréttur um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er flýtt. Núna vinna sjóðfélagar í LSR sér inn 2% á ári af föstum dagvinnulaunum í allt að 32 ár og síðan 1 eða 2% á ári háð aldri.

202. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4., 5. og 6. gr., fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr., fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr., innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra til staðfestingar sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli tekna af þróunarsjóðsgjöldum skv. 4., 5. og 6. gr. sem og innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

6. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. 4. gr. laga nr. 92/1994, með síðari breytingum, fellur úr gildi 31. desember 2005, 5. gr. laga nr. 92/1994, með síðari breytingum, fellur úr gildi frá og með gjaldárinu 2006 og 6. gr. laga nr. 92/1994, með síðari breytingum, frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 2005. Að öðru leyti gilda lögin til 31. desember 2009. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laga þessara renna til Hafrannsóknastofnunarinnar og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Kemur 2. gr. til framkvæmda þegar umboði núverandi stjórnar lýkur. Kemur 6. gr. til framkvæmda við gerð efnahags- og rekstrarreiknings ársins 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við lögin bætist ný málsgrein við ákvæði til bráðabirgða I er orðast svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1997 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna. Skal láninu varið til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða IV er orðast svo:

Umsóknir um styrki vegna úreldingar fiskiskipa sem borist hafa Þróunarsjóði sjávarútvegsins fyrir gildistöku laga þessara skulu afgreiddar í samræmi við þágildandi ákvæði laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum. Til að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn sjóðsins heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að leggja fram framleiðslutæki, þ.m.t. skip sem keypt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Um innheimtu ógoldinna Þróunarsjóðsgjalda sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara skulu gilda ákvæði laga nr. 92/1994, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Of mikil afkastageta miðað við afrakstursgetu fiskistofna, bæði í veiðum og vinnslu, hafa um langan tíma verið eitt af meginvandamálum sjávarútvegsins. Það vandamál er alþjóðlegt og hafa ríkisstjórnir fjölmargra ríkja reynt að bregðast við því á margvíslegan hátt. Þróunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður á árinu 1994. Sjóðurinn fékk það hlutverk að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegsfyrirtækjum með því að auðvelda þeim að losna við umframafkastagetu í veiðum jafnt sem vinnslu. Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til úreldingar fiskiskipa, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki. Ennfremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir styrkjum til að úrelda fiskiskip. Í byrjun október á þessu ári hafði stjórn sjóðsins veitt loforð um 462 styrki að fjárhæð um 2.856 m.kr. Þar af eru 267 styrkir til aflamarksskipa að fjárhæð um 2.263 m.kr. og 195 styrkloforð til krókabáta að fjárhæð um 593 m.kr. Auk þess eru um 90 umsóknir um úreldingarstyrk vegna krókabáta í vinnslu hjá sjóðnum. Annað meginhlutverk sjóðsins er að kaupa upp fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra. Frá upphafi hefur sjóðurinn keypt sjö fiskverkunarhús fyrir um 75 m.kr. og selt aftur til annarrar starfsemi fyrir um 56 m.kr. Þá hefur sjóðurinn veitt lán og ábyrgðir vegna fjögurra þróunarverkefna. Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur selt hlutafé sitt í níu af þeim tíu hlutafélögum sem sjóðurinn átti hlutfé í og nemur söluverð um 529 m.kr.

Eins og framangreindar upplýsingar bera með sér hefur Þróunarsjóði sjávarútvegsins tekist vel að uppfylla þær væntingar sem gerðar voru til hans varðandi fækkun fiskiskipa og þar með minnkun fiskiskipaflotans. Það má sjá á eftirfarandi töflu er sýnir að útgefnum leyfum til veiða í atvinnuskyni hefur fækkað verulega frá fiskveiðiárinu 1994/1995 til 1996/1997:

	1994/1995	1995/1996	1996/1997
Aflamarksleyfi	1.310	1.078	1.011
Krókaleyfi	1.117	1.082	1.009
Samtals:	**2.427**	**2.160**	**2.020**

Þessu til viðbótar má búast við að leyfum muni enn fækka vegna yfirstandandi átaks við að úrelda krókabáta.

Þróunarsjóðurinn yfirtók við stofnun eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, hlutafjárdeildar Byggðastofnunar og atvinnutryggingadeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja að frádregnum 950 m.kr. endurlánum ríkissjóðs til atvinnutryggingadeildar sem ríkissjóður yfirtók. Stofnefnahagsreikningur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins dags. 1. júní 1994 var með neikvætt eigið fé upp á tæpar 789 m.kr., sem greindist þannig:

Yfirtekið frá Hagræðingarsjóði	564 m.kr.
Yfirtekið frá atvinnutryggingadeild Byggðastofnunar	< 783 m.kr.>
Yfirtekið frá hlutafjárdeild Byggðastofnunar	< 570 m.kr.>
Samtals:	**< 789 m.kr.>**

Framangreindar skuldbindingar sem Þróunarsjóðurinn yfirtók vegna atvinnutryggingadeildar og hlutafjárdeildar samtals að fjárhæð um 1.353 m.kr. voru með ábyrgð ríkissjóðs og hefðu ella fallið á ríkissjóð. Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi sjóðsins 31. desember 1995 var eigið fé neikvætt um tæpar 2.855 m.kr. en það skýrist af hinni miklu eftirspurn eftir styrkjum til viðbótar yfirteknum lánum ríkissjóðs.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins er fjármagnaður með gjöldum sem lögð eru á fyrirtæki er starfa í sjávarútvegi. Tekjur sjóðsins samanstanda af sérstöku gjaldi er eigendur fiskiskipa annars vegar og fasteigna sem notaðar eru til fiskvinnslu hins vegar, greiða. Er áætlað að þau nemi um 160 m.kr. á ári. Hinn 1. september sl. kom í fyrsta skipti til innheimtu gjald til sjóðsins er útgerðir skipa greiða af úthlutuðu aflamarki og er áætlað að innheimtan nemi um 520 m.kr. á yfirstandandi fiskveiðiári.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutverki Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði breytt og það miðað við að greiða skuldbindingar sjóðsins auk þess að kosta nýsmíði eða kaup á skipi til rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar á hafinu og lífríki þess. Skip Hafrannsóknastofnunarinnar eru orðin gömul og löngu tímabært að huga að endurnýjun skipastólsins. Meðfylgjandi eru greinargerð Hafrannsóknastofnunarinnar og tillaga stjórnarinnar um endurnýjun skipastólsins, sbr. fylgiskjal I. Rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunarinnar eru þrjú; r/s Dröfn, r/s Árni Friðriksson og r/s Bjarni Sæmundsson. Árni var smíðaður á árinu 1967 og verður því 30 ára á næsta ári og Bjarni var smíðaður á árinu 1970. Aðalvélar skipanna eru enn þær sömu og í upphafi og því vaxandi hætta á meiri háttar bilun. Þá eru skipin hvorki nægjanlega stór né öflug til að sinna nauðsynlegum rannsóknum sem Hafrannsóknastofnunin þarfnast til að geta gegnt meginhlutverki sínu varðandi skynsamlega nýtingu sjávarauðlinda. Það er því mikil þörf á að endurnýja þau enda þótt skipin hafi reynst mjög vel hvort á sinn hátt. Það er hins vegar ljóst að hvorugt þeirra hefur nægilegan togkraft til að stunda rannsóknir á djúpmiðum. Þetta hefur verið einkar bagalegt nokkur undanfarin ár, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu nauðsynjar að kanna grálúðu- og karfamið. Þá hafa þessi skip ekki nýjasta búnað til að stunda

bergmálsmælingar við erfið veðurskilyrði að vetrarlagi og hamlar það og seinkar leiðöngrum oft verulega. Hafrannsóknastofnunin fól tæknideild Fiskifélags Íslands að gera úttekt á skipum stofnunarinnar og tillögur um endurnýjun skipastólsins. Í tillögum Fiskifélagsins er lagt til að smíðað verði nýtt 65 m rannsóknaskip og gert ráð fyrir að kostnaðarverð nýsmíði verði 1.130 m.kr. Hafrannsóknastofnunin hefur talið vænlegt að kaupa tiltölulega nýtt skip af svipaðri stærð ef það fengist fyrir hagstætt verð og breyta því eftir því sem nauðsynlegt er fyrir hafrannsóknaskip. Því hefur á undanförnum 12 mánuðum farið fram ítarleg könnun á alþjóðlegum markaði þar sem slík skip gætu hugsanlega verið í boði. Ekki hefur fundist neitt slíkt skip sem kemur til greina að kaupa í þessu skyni.

Árið 1990 fékk norska Hafrannsóknastofnunin afhent rannsóknaskipið Johan Hjort sem smíðað var í Flekkefjord í Noregi. Það er sameiginlegt álit þeirra sem til þekkja að Johan Hjort hafi reynst afburða sjóskip og þykir mjög vandað og gott rannsóknaskip. Hafrannsóknastofnunin hafði því samband við hönnuði Johan Hjort og bað um að áætlað yrði hvað myndi kosta að smíða nýtt skip af svipaðri stærð og þetta norska rannsóknaskip. Niðurstaða þeirra var að líklegt væri að slíkt nýtt skip myndi kosta um 1300 m.kr. að meðtöldum öllum tækjabúnaði.

Með tilliti til þess að ítarleg könnun á sölumarkaði notaðra skipa marga undanfarna mánuði hefur ekki borið árangur samþykkti stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar eftirfarandi tillögur á fundi sínum 28. október 1996, sbr. fylgiskjal I:

1. Smíðað verði nýtt 65 metra rannsóknaskip. Áætlaður kostnaður á bilinu 1.100 m.kr til 1.300 m.kr.
2. R/s Árna Friðrikssyni eða r/s Bjarna Sæmundssyni verði lagt. Jafnframt verði ráðist í að gera nauðsynlegar endurbætur á því skipi sem ákveðið verður að nota áfram. Áætla má að endurbætur kosti á bilinu 50 til 100 m.kr.
3. R/s Dröfn verði seld og er söluverð hennar áætlað á bilinu 40–60 m.kr.

Verði frumvarp þetta að lögum er miðað við að farið verði að framangreindum tillögum. Áætlað er að heildarkostnaður vegna kaupa á nýju skipi ásamt breytingum á því gamla að frádregnu söluverði r/s Drafnar geti verið á bilinu 1.110 m.kr til 1.360 m.kr. Er gert ráð fyrir að Byggingasjóður hafrannsóknaskipa verji eignum sínum, um 265 m.kr., til verkefnisins og Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki lán hjá endurlánum ríkisins að fjárhæð allt að 1.000 m.kr. til að fjármagna það sem á vantar. Er við það miðað að lánið verði að fullu endurgreitt í árslok ársins 2008. Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi að fullu lokið við að greiða skuldbindingar sínar og hafi þar með lokið hlutverki sínu. Er því í frumvarpi þessu við það miðað að lögin falli úr gildi í árslok 2009. Fylgiskjal II sýnir áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning ásamt greiðslustreymi Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til ársloka 2009, sundurliðað eftir deildum sjóðsins miðað við framangreindar forsendur. Þar má einnig sjá áætlaðan efnahagsreikning allra deilda sjóðsins. Af honum sést að hrein eign Þróunarsjóðs er áætluð um 570 m.kr. í árslok 2009. Samkvæmt greiðsluáætluninni verða þróunarsjóðsgjöld síðast innheimt á árinu 2005. Er það í samræmi við þá fjárþörf sjóðsins. Þar af leiðandi eru 4., 5. og 6. gr. laga nr. 92/1994 felldar niður miðað við þær tímasetningar.

Hafrannsóknastofnunin hefur áætlað að rekstur nýja skipsins og annaðhvort r/s Árna eða r/s Bjarna í 280 til 300 sjódaga á ári muni kosta á bilinu 230 til 240 m.kr. Í fjárlögum ársins 1996 eru 210 m.kr. ætlaðar til skipareksturs stofnunarinnar. Stofnunin telur að ekki þurfi að auka framlög til hennar vegna þessa mismunar þar sem nýja rannsóknaskipið nýtist við stofnmælingu botnfiska og þannig megi því fækka leiguskipum við það

verkefni úr þremur í tvö. Einnig má gera ráð fyrir að kostnaður vegna kaupa á nýjum tækjum og búnaði verði lægri þegar rekin eru tvö skip í stað þriggja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um hið nýja hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem verður fyrst og fremst að taka við innheimtum tekjum sjóðsins af Þróunarsjóðsgjöldum, eignaumsýsla vegna eigna sjóðsins og greiðsla á skuldum hans. Er við það miðað að sjóðsstjórn leitist við að lágmarka gengisáhættu og vaxtaáhættu skuldbindinga sjóðsins með því að tryggja að gengisþróun sjóðsins umfram eignir í erlendri mynt endurspegli gengisþróun opinberrar myntkörfu Seðlabanka Íslands eins og hún er á hverjum tíma. Sjá einnig almennar athugasemdir.

Um 2. gr.

Í 2. gr. laga um Þróunarsjóð er gert ráð fyrir að í þriggja manna stjórn sjóðsins sitji maður tilnefndur af Samtökum atvinnurekenda í sjávarútvegi. Þar sem samtökin hafa verið lögð niður og hlutverki sjóðsins breytt með frumvarpi þessu þykir rétt að sjávarútvegsráðherra skipi alla stjórnarmenn án tilnefningar þegar umboði núverandi stjórnarmanna lýkur.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um að niður falli 7. gr., 8. gr., 9. gr., 10 gr. og 11 gr. laga um Þróunarsjóð. Í þessum greinum er kveðið á um heimildir sjóðsins til að veita styrki til að úrelda fiskiskip, kaupa fiskvinnslustöðvar ásamt framleiðslutækjum og til að veita lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegsfyrirtækjum eða til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Þar sem hlutverki sjóðsins er breytt með frumvarpi þessu þannig að það nær ekki lengur til framangreindra verkefna eru greinarnar felldar niður.

Um 4. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. gildandi laga er ákvæði sem segir að stjórn sjóðsins skuli leggja fyrir ráðherra fyrir upphaf hvers starfsárs sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun sjóðsins. Með frumvarpi þessu er skilatíma greiðsluáætlunar vegna næsta starfsárs flýtt til 1. september. Er þetta gert til að auðvelda vinnu við gerð frumvarps til lánsfjárlaga komandi árs.

Um 5. gr.

Í 15. gr. gildandi laga er ekki kveðið skýrt á um að tekið skuli tillit til tekna Þróunarsjóðs þegar lántökuheimild sjóðsins er ákvörðuð. Er því lagt til að úr því verði bætt.

Um 6 gr.

Verði frumvarp þetta að lögum þannig að hlutverki sjóðsins verði breytt falla niður þau verkefni sem 17. gr. kveður á um að veittar séu sérstakar upplýsingar um í ársreikningi sjóðsins. Að loknum frágangi á núverandi verkefnum sjóðsins á greinin því ekki við. Er því í gildistökuákvæði gert ráð fyrir að breytingin komi fyrst til framkvæmda við gerð efnahags- og rekstrarreiknings ársins 1998.

Um 7. gr.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1997. Er gert ráð fyrir að þróunarsjóðsgjald sem greitt er skv. 4. gr. laga nr. 92/1994 verði lagt í síðasta skipti á vegna gjaldársins 2005 og greinin falli úr gildi í árslok 2005, að þróunarsjóðsgjald skv. 5. gr. laga nr. 92/1994 verði síðast lagt á vegna gjaldársins 2005 miðað við eignir í árslok 2004 og að greinin falli úr gildi frá og með gjaldárinu 2006. Þá er gert ráð fyrir að þróunarsjóðsgjald vegna 6. gr. laga nr. 92/1994 verði síðast lagt á aflaheimildir skipa á því fiskveiðiári er hefst 1. september 2004 og lýkur 31. ágúst 2005. Sjá einnig almennar athugasemdir og athugasemdir við ákvæði til bráðabirgða. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að lögin gildi til 31. desember 2009. Er þá miðað við að á þeim tíma hafi sjóðurinn greitt allar skuldbindingar sínar og lokauppgjör farið fram. Er gert ráð fyrir að hrein eign sjóðsins í árslok 2009, ef einhver verður, renni til að kosta hafrannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Varðandi gildistöku 2. gr. og 6. gr. vísast til athugasemda um þær greinar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með greininni er fjármálaráðherra veitt heimild til að taka að láni allt að 1.000 m.kr. og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins til kaupa á hafrannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Að öðru leyti vísast um efni þessa ákvæðis til almennra athugasemda.

Í síðari hluta ákvæða til bráðabirgða er kveðið á um að allar umsóknir um styrki vegna úreldingar fiskiskipa sem borist hafa Þróunarsjóði sjávarútvegsins fyrir gildistöku laga þessara skuli hljóta afgreiðslu í samræmi við ákvæði þágildandi laga. Eitt af hlutverkum Þróunarsjóðsins hefur verið að taka þátt í þróunarverkefnum. Í því skyni hefur sjóðurinn það sem af er ársins 1996 keypt um 25 krókabáta sem hafa verið úreltir. Sjóðurinn fyrirhugar að kaupa ámóta fjölda krókabáta til ársloka þessa árs, en heimild þar að lútandi kom inn í lögin á síðasta þingi er Alþingi ákvað að sérstakt tímabundið átak yrði gert til að úrelda krókabáta. Þróunarsjóður hefur hafið samstarf við félög sem hyggjast hasla sér völl erlendis og munu bátar þessir nýtast til þeirra verkefna. Er því lagt til með frumvarpi þessu, að þótt ákvæði 11. gr. laga nr. 92/1994 falli brott sbr. 3. gr., geti stjórn sjóðsins haldið áfram því starfi sem þegar er hafið og hafi heimild til að leggja fram sem hlutafé í umræddum fyrirtækjum þau framleiðslutæki, þ.m.t. skip, sem sjóðurinn hefur eignast fyrir gildistöku laga þessara. Skal að því stefnt að selja hlutbréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir. Reynist markaður fyrir krókabátana í erlendum verkefnum ónægur skal stjórn Þróunarsjóðsins selja þá báta sem umfram eru úr landi. Að lokum er ákvæði er tryggir að ákvæði laga nr. 92/1994 með síðari breytingum gildi um innheimtu ógoldinna þróunarsjóðsgjalda þegar álagningu þeirra verður hætt sbr. 7. gr.

Fylgiskjal I.

Tæknideild Fiskifélags Íslands og
Fiskveiðasjóðs Íslands:

Úttekt á skipastól Hafrannsóknastofnunarinnar.
Yfirlit úttekta á einstökum skipum, samanburður, tillögur um samsetningu flota, valkostir í breytingum, kaupum eða nýsmíði.
Hluti í heildarúttekt á skipastólnum, skýrsla IV, lokaskýrsla.
(Apríl 1996.)

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru dregnar saman helstu niðurstöður úr úttektarskýrslum fyrir einstök skip Hafrannsóknastofnunarinnar, auk þess sem varpað er nokkru ljósi á þá valkosti að fá til stofnunarinnar ný skip; nýsmíði og/eða notað skip sem yrði breytt. Í einstökum úttektarskýrslum eru settar fram hugmyndir um breytingar og endurbætur á viðkomandi skipum. Hvað varðar nýsmíði eða kaup þá eru reifaðir ýmsir tæknilegir þættir og verðhugmyndir, ásamt því að gerður er samanburður á tæknilegum þáttum skipa stofnunarinnar við ný skip og önnur þekkt skip í rekstri sem fiskiskip og rannsóknaskip.

Helstu gögn sem stuðst er við:

1. Skýrsla Tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands til Hafrannsóknastofnunarinnar, verkefni 6495-1013, "Úttekt á R/S Árna Friðrikssyni RE 100", dags. 28. mars 1996.

2. Skýrsla Tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands til Hafrannsóknastofnunarinnar, verkefni 6495-2013, "Úttekt á R/S Bjarna Sæmundssyni RE 30", dags. 15. mars 1996.

3. Skýrsla Tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands til Hafrannsóknastofnunarinnar, verkefni 6495-3013, "Úttekt á R/S Dröfn RE 35", dags. 3. apríl 1996.

4. Ýmsar tæknilegar upplýsingar í fórum Tæknideildar um vinnslutogara, rannsóknaskip o.fl.

2. SAMANTEKT, MEGINNIÐURSTÖÐUR Í ÚTTEKT Á NÚVERANDI SKIPASTÓL

Í þessari samantekt eru birt lokaorð í einstökum úttektarskýrslum skipanna þriggja.

2.1. Úttekt - Árni Friðriksson RE 100

Sem kunnugt er þá er umrætt skip rétt tæplega 29 ára gamalt, og gekkst undir endurbyggingu fyrir um 6 árum. Skipið hefur á sínum tíma verið ágætlega hannað til þeirra verkefna sem því var ætlað og góð smíði. Sumt í búnaði var óhefðbundið á þeim tíma ef borið er saman við fiskiskip hérlendis, sem dæmi fjaðrandi undirlag fyrir aðalvélar og niðurfærslugír og óhefðbundið aflkerfi, skrúfuhringur og það hringur sem tengdist beint stýrisvél, svo og andveltigeymir til að bæta sjóhæfni og vinnuaðstöðu. Stærðarlega séð var skipið samsvarandi og flestir hinna svonefndu minni skuttogara sem komu á öndverðum áttunda áratugnum.

Fyrirkomulagslega séð var skipið í upphafi frábrugðið áðurnefndum minni skuttogurum að því leyti að aðeins var eitt heilt þilfar milli stafna og langur hvalbakur. Með breytingum árið 1990 var skipinu lokað aftur að skut og skutrenna og tilheyrandi togveiðibúnaður fluttist upp um eina hæð, þó ekki sjálfar togvindurnar. Fyrirkomulag til togveiða getur því ekki talist sambærilegt og almennt er í skuttogurum af sömu stærð, þar sem skipið er án hvalbaks með lágar lunningar og athafnasvæði togþilfars lítið.

Skráð aðalvélarafl er samtals 1030 hö, skipt á tvær jafnstórar vélar, og hefur það talist hæfilegt á þeim tíma er skipið var hannað og smíðað. Með endurbyggingu árið 1990 var raunverulegt afl aðalvéla aukið úr 515 í 600 hö, þótt það komi ekki fram í skráningu. Í aflnýtnimælingu sem Tæknideild framkvæmdi fyrir skömmu náðist að lesta vélarnar samtals um 1113 hö, eða um 93% af fullu afli miðað við 1200 hö. Skrúfubúnaður er hannaður fyrir 1030 hestafla yfirfærslu frá vélum og miðað við um 45 KW rafmagnsfamleiðslu frá ásrafal yrðri lestun aðalvéla að hámarki um 1100 hö. Skipið er búið ágætlega hagkvæmri skrúfu og togkraftur er ágætur miðað við vélarafl.

Þess má geta að Tæknideild framkvæmdi hliðstæðar aflnýtnimælingar á aðalvélabúnaði skipsins árið 1989, áður en skipið var endurbyggt. Tæknideild lagði til að út í endurbyggingu véla yrði ráðist í stað þess að fara út í róttækari breytingar. Samanburður mælinga nú og þá gefur eftirfarandi meginniðurstöður: Unnt er að lesta vélbúnaðinn um allt að 1100 hestöfl nú í stað 700 hestafla áður; mesti togkraftur nú er 18.3 tonn í stað 12.5 tonna áður; og eldsneytisnýting aðalvéla hefur batnað um 7-8% á hverja hestaflstund. Ekki reyndist unnt að fá samanburð á ganghraða, en ljóst má vera að við þá aflaukningu sem mælst hefur er ganghraðaaukning nálægt einni sjómílu á klukkustund. Að okkar mati er skipið ekki vélarvana gagnvart þeim verkefnum sem það sinnir og þeim veiðarfærum sem það notar og getur með góðu móti meðhöndlað.

Um íbúðir og vistarverur er það að segja að miðað við skipsstærð er rými og fyrirkomulag ágætt en ákveðnar endurbætur voru gerðar árið 1990 með viðbótarrými, þ.e. stakkageymslu og setustofu. Einna helst má finna að umfangi hreinlætisaðstöðu, sem stenst ekki kröfur tímans.

Aðalvindubúnaður skipsins er sem nýr, frá endurbyggingu árið 1990, og hefur reynst ágætlega, þótt komið hafi fram hugmyndir um endurbætur á búnaði.

Um rafeindatækjabúnað gildir að sjálfsögðu að þar hefur átt sér stað stöðug endurnýjun í takt við tímann. Það sem þykir ekki í samræmi við þær kröfur sem í dag eru gerðar til slíkra rannsóknaskipa er, að skipið er ekki búið svonefndum fallkili (tækjakili), þ.e. kjölur sem unnt er að láta síga örfáa metra niður fyrir skipskjölinn. Einnig er sónartæki skipsins nokkuð gamalt.

Um ástand skipsins er það að segja, að skrokkur er í góðu ásigkomulagi en brú léleg, vistarverur þriflegar, vélbúnaður hefur fengið gott viðhald og vindubúnaður sem nýr, ásamt stórum hluta rafeindatækja. Umgengni um skipið er til fyrirmyndar. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að vissir þættir eru ekki til frambúðar og ákveðin endurnýjun á búnaði þarf að eiga sér stað.

Niðurstaða Tæknideildar er sú að ekki sé raunhæft að ráðast í umfangsmiklar endurbætur á skipi. Þótt aldur sé afstæður þegar um skip er að ræða, og skrokkur í góðu ástandi, þá verður ekki litið framhjá því að skipið hefur þegar gengist undir ákveðna endurbyggingu og hentar ekki jafnvel í róttæka endurbyggingu að okkar mati og Bjarni Sæmundsson RE.

Hins vegar ætti ekkert að mæla á móti því að skipið verði gert út næstu árin, allt til aldamóta, eða þar til nýtt skip leysti það af hólmi í þeim verkefnum sem það stundar. Í úttektarskýrslu fyrir skipið eru nefndir nokkrir þeir þættir sem hvað brýnast er að bæta úr. Þeim er ekki raðað upp í forgangsröð og ekki er heldur verið að mæla með því að í alla verði ráðist miðað við rekstur næstu 4-5 árin. Brúin er þó að sjálfsögðu efst á lista og þá lágmarks viðgerð, krani gæti verið hagkvæmur kostur ef litið er til viðhaldskostnaðar og þess að nýta mætti hann annars staðar síðar.

2.2. Úttekt - Bjarni Sæmundsson RE 30

Sem kunnugt er þá er umrætt skip rétt 25 ára gamalt og hefur nánast haldist í sinni upphaflegu mynd með smávægilegum frávikum í vindubúnaði, gálgabúnaði og vissum dekkbúnaði og er þá undanskilin eðlileg tækjaendurnýjun í rafeindatækjum. Mjög hefur verið vandað til hönnunar og smíði skipsins og sumt í búnaði óhefðbundið eins og afl- og framdrifskerfi og stýrisbúnaður, og skipið óvenju þýtt. Stærðarlega séð var skipið á sínum tíma millistærð svonefndra minni og stærri skuttogara hérlendis. Skipið samsvarar sér vel hvað aðalmál snertir en þolir vel lengingu. Skipið hefur góða mótstöðueiginleika, þykir gott sjóskip, þó blautur, og ágætt togskip, ef veiðarfæri er valið við hæfi.

Fyrirkomulagslega séð, ofan efra þilfars, svipaði skipinu á sínum tíma til hefðbundinna tveggja þilfara skuttogara til ísfiskveiða, þó með þeirri undantekningu að nótaveiðibúnaður var í skipinu, sem var fjarlægður strax. Stærstur hluti milliþilfarsrýmis er hins vegar vistarverur (íbúðir og rannsóknastofur) og tiltölulega lítið vinnuþilfar. Íbúðir hafa verið rúmgóðar borið saman við skuttogara af stærri gerð. Neðan neðra þilfars er fyrirkomulag óhefðbundið, tiltölulega stórt rými fyrir afl- og framdrifsbúnað, mikið geymarými og lítil lest, og það aftast í skipi.

Aðalvélarafl er samtals 1800 hö, skipt á þrjár jafnstórar vélar, og hefur það talist hæfilegt miðað við skipstærð á þeim tíma, sem skipið var hannað, en rétt að hafa í huga að umrætt afl er í senn einnig "hjálparvélarafl" vegna uppbyggingar aflkerfisins. Í dag telst vélarafl í minna lagi og væri eðlilegt að auka það, samfara endurnýjun aðalvéla. Í því felst að endurnýja aðalvélar og tilheyrandi rafala, en aflkerfi skipsins byggist á því að framleiða eingöngu rafmagn (riðstraum), bæði fyrir hefðbundið skipsnet og framdrif skipsins, en skipið er knúið af tveimur 700 ha jafnstraumsmótorum um svonefnt thyristordrif. Ekki eru möguleikar í dag að ná hámarksafli til skrúfumótora, hvað þá eðlilegu afli undir vissum kringumstæðum, sem dæmi 85%, sökum þess að nægileg rafmagnsframleiðsla er ekki fyrir hendi eftir að skipsneti er fullnægt, auk þess sem vélarnar eru farnar að tapa afli. Aflnýtnimælingar sem Tæknideild gerði í janúar s.l. styðja það. Þannig náðist mest 924 hö á skrúfuöxul í bryggjuspyrnumælingu og 1062 hö í ganghraðamælingu.

Hvað viðkemur skrúfubúnaði skipsins, þá er hann ekki hefðbundinn miðað við það sem gerist í dag í skuttogurum, eða í nýlegum rannsóknaskipum, þar sem skrúfa er með föstum skurði og skipið án skrúfuhrings. Fasti skurðurinn er hins vegar ákjósanlegur við siglingu skips, svo og ýmsa beitingu, þar sem unnt er að stjórna drifmótorum stiglaust frá 0-200 sn/mín í báðar áttir. Skrúfunýtni verður því mun hagstæðari í þessu skipi, borið saman við hefðbundið kerfi, þ.e. skiptiskrúfu og fastan snúningshraða. Það rýrir hins vegar toggetuna að skipið er ekki búið skrúfuhring, en úr því má bæta, ef unnt væri að fá meiri lestun á skrúfumótora. Skrúfuhringur getur einnig verið valkostur.

Stýrisbúnaður skipsins hefur verið óvenjulegur í upphafi, bæði stýrisskrúfan sem fjarlægð var, og bógskrúfan með 360°snúningssviði.

Um íbúðir er það að segja að rými og fyrirkomulag hefur verið gott, en einna helst má finna að hreinlætisaðstöðu, og þá meðtalið hlífðarfatageymslu. Lokuð vinnuaðstaða, þ.e. vinnuþilfar, rannsóknastofur, tækjaklefar, er í heild ágæt, þó hana megi bæta.

Aðalvindubúnaður skipsins er jafngamall skipi, og auk aldurs eru vissir þættir sem mætti betrumbæta. Vinnuaðstaða á opnu þilfari hefur nánast ekkert breyst og hljóta því að vakna spurningar hvort þar megi ekki færa einhverja hluti á betri veg.

Um rafeindatækjabúnað gildir að sjálfsögðu, að þar hefur átt sér stað stöðug endurnýjun í takt við tímann. Það sem þykir ekki í samræmi við þær kröfur sem í dag eru gerðar til slíkra rannsóknaskipa er, að skipið er ekki búið svonefndum fallkili (tækjakili), þ.e. kjölur sem unnt er að láta síga örfáa metra niður fyrir skipskjölinn. Einnig er sónartæki skipsins nokkuð gamalt.

Um ástand skipsins er það að segja, að skrokkur er í góðu ásigkomulagi og smíðaður með góðum ísstyrkleika, vélbúnaður hefur fengið gott viðhald og sama má segja um annan búnað. Umgengni um skipið er til fyrirmyndar. Hins vegar verður ekki horft framhjá því að vissir þættir véla- og vindubúnaðar eru vart til frambúðar, þegar lítið er til þess að þeir eru jafngamlir skipi.

Í raun má segja að þrír valkostir séu fyrir hendi: að gera skipið út í nokkur ár án breytinga með eðlilegu viðhaldi og ákveðnu fyrirbyggjandi viðhaldi; að gera umfangsmiklar breytingar á skipinu með það að markmiði að gera það út í um 15 ár; og í þriðja lagi að selja skipið, eða skipta því út fyrir annað nýrra. Hvort sem skipið yrði selt tiltölulega fljótt, eða eftir nokkur ár, er það okkar mat að söluvirði skipsins yrði mjög lágt, þar sem það hefur takmarkað notagildi og verður ekki breytt í hefðbundið fiskiskip. Hins vegar er skipið of gott til að því sé lagt.

Ef litið er til hérlendra fiskiskipa af svipaðri stærð og stærri, þá hafa skip verið tekin í gagngerar breytingar og endurbætur, sem eru svipuð að aldri eða jafnvel mun eldri, allt að 10-15 árum. Forsendur hafa gjarnan verið skipsskrokkurinn stendur fyrir sínu og skipsgerðin sem slík í fullu gildi, en unnt að bæta ýmislegt í innra fyrirkomulagi og með nýjum búnaði. Hvað viðkemur rannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni RE, þá gildir það sama að okkar mati, skipsgerðin sem slík er ekki úrelt og ætla má að hann hafi fengið betri meðferð og viðhald, en mörg þau fiskiskip sem í dag eru í rekstri og ráðist er í endurbætur og breytingar á. Þá þykir skipið gott sjóskip og hentar vel í sjó- og vistfræðilegar rannsóknir og stofnstærðarmælingar. Úthald skipsins með þyngri veiðarfæri er hins vegar tiltölulega lítill hluti af heildarúthaldi, um eða innan við 15%. Nokkuð ljóst er að margt í fyrirkomulagi, aðbúnaði, véla- og tækjabúnaði, má betrumbæta. Með slíkum breytingum og endurbótum væri verið að tryggja rekstraröryggi skipsins og rekstrarhagkvæmni, bæta skipið sem vinnu- og dvalarstað áhafnar og rannsóknamanna, auka mögulega útivist o.fl.

Megintillögur Tæknideildar eru eftirfarandi:

1. Lenging á skipi um 10-11 bandabil, 6.00 - 6.60 m.
2. Breyting á yfirbyggingu og þilfarshúsum ofan efra þilfars.
3. Setja í skipið fallkjöl (tækjakjöl).
4. Skipta um aðalvélar skipsins og setja þrjár nýjar 750-875 hestafla vélar í stað þriggja 600 hestafla aðalvéla sem nú eru.
5. Endurbæta íbúðir og rannsóknaaðstöðu samfara lengingu skipsins.
6. Endurbæta vindubúnað og aflkerfi því tengdu.
7. Ýmsar aðrar breytingar.

Að öðru leyti er vísað í úttektarskýrslu fyrri skipið um einstaka þætti breytinga, og fyrirkomulagskissu. Það þarf vart að taka það fram að margt í útfærslu breytinga er "hrátt" og þarfnast frekari yfirlegu. Samkvæmt kostnaðaráætlun Tæknideildar er heildarkostnaður um 320 milljónir kr. Áætlað smíðaverð skips af sambærilegri stærð, með áþekkt vélarafl, búnað, vistarverur og möguleika og Bjarni Sæmundsson RE eftir fyrirhugaðar breytingar og endurbyggingu, er samkvæmt okkar áætlun nálægt 900 milljónum kr.

2.3. Úttekt - Dröfn RE 35

Umrætt skip er 15 ára gamalt og þar af hefur það verið rúmlega 11 ár í rekstri hjá stofnuninni sem rannsóknaskip. Skipið er upphaflega smíðað sem fiskiskip, sérhæft til togveiða sem togbátur með skuttogarafyrirkomulagi og tvö þilför milli stafna. Í reynd var þetta fyrsti tveggja þilfara togbáturinn af þessari stærð með skutrennu og

var því á vissan hátt tímamótabátur. Árið 1990 voru gerðar nokkuð umfangsmiklar breytingar á innra fyrirkomulagi sem fólu í sér mikla stækkun á íbúðarými með tilheyrandi minnkun á lestarými, endurbætur á vinnuþilfari o.fl. Miðað við stærð þykir skipið ágætt sjóskip, en veltur þó nokkuð. Skipið er í verkefnum innfjarðar og á grunnslóð, en hefur stundað rannsóknir á djúprækju. Stærð skipsins setur því að sjálfsögðu ákveðin mörk. Skipið þykir ágætt togskip.

Aðalvélarafl hefur talist mjög hæfilegt á sínum tíma miðað við skrokkstærð, en telst í minna lagi í dag. Hins vegar er skipið búið ágætlega hagkvæmri skrúfu á þeim tíma og hún stendur fyrir sínu. Gír og skrúfubúnaður getur yfirfært meira afl, allt að 700 hö, og er því unnt að auka getu skipsins án róttækra breytinga.

Í spyrnumælingum sem Tæknideild framkvæmdi fyrir skömmu náðist að lesta aðalvélarbúnaðinn 100% miðað við mælda olíunotkun og uppgefin eyðslustuðul frá framleiðanda. Tilsvarandi bryggjuspyrna mældist þá um 9.4 tonn, sem er eðlilegt miðað við líklegt vélarafl og skrúfuþætti. Aukning vélarafls um nálægt 25% mundi skila um 17% meiri bryggjuspyrnu miðað við sömu skrúfu.

Um íbúðir og vistarverur er það að segja að þær gerast ekki betri í bát af þessari stærð og eru íbúðabreytingar árið 1990 að sjálfsögðu skýringin á því.

Vindubúnaður skipsins er jafngamall skipi og í góðu ástandi. Búnaðurinn hefur reynst vel.

Um rafeindatækjabúnað gildir að sjálfsögðu að þar hefur átt sér stað stöðug endurnýjun í takt við tímann. Skipið getur talist mjög vel búið rafeindatækjum miðað við stærð skips og verkefni.

Um ástand skipsins er það að segja, að skrokkur er í góðu ásigkomulagi samkvæmt skýrslum SR, vélbúnaður hefur fengið gott viðhald og sama má segja um annan búnað. Umgengni um skipið er til fyrirmyndar. Í sjálfu sér er ekkert til fyrirstöðu að gera skipið út nokkur ár í viðbót án breytinga, en óneitanlega eru vissar breytingar áhugaverðar, sem mundu bæta skipið verulega.

Niðurstaða Tæknideildar er sú að tveir valkostir séu fyrri hendi. Annars vegar að gera skipið út nokkur ár til viðbótar án breytinga og selja það síðan á frjálsum markaði. Hins vegar að lengja skipið og skipta um aðalvél auk hugsanlegra minni háttar breytinga og lagfæringa. Slíkar breytingar gætu kostað á bilinu 20-25 milljónir kr. Með slíkum breytingum væri líklegt að rekstrartímabil skipsins yrði lengra, en þó má leiða að því líkur að skipið væri auðseljanlegra til fiskveiða eftir slíkar breytingar og þá fyrir mun hærri upphæð en fengist miðað við skipið óbreytt. Framhjá því verður ekki horft að Dröfn RE er eina skip stofnunarinnar sem er gjaldgengt sem fiskiskip. Upphæðir sem settar eru í skipið eiga því að skila sér að einhverju leyti til baka.

2.4. Samanburður á tæknilegum stærðum skipanna

Rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunarinnar spanna breytilegar stærðir, eru ólík hvað varðar ýmsa þætti er snerta afl- og framdrifskerfi og áherslur mismunandi í verkefnum.

Til fróðleiks eru hér settar fram samanburðarstærðir af ýmsum toga.

	Árni Friðriksson RE 100 (1055)	Bjarni Sæmundsson RE 30 (1131)	Dröfn RE 35 (1574)
Smíðaár (afhending)	1967-09	1970-12	1981-04
Mesta lengd	42.15 m	55.88 m	25.92 m
Lengd milli lóðlína	35.82 m	49.00 m	22.90 m
Breidd (mótuð)	9.75 m	10.60 m	6.60 m
Dýpt að efra þilfari	7.04 m	7.00 m	5.55 m
Dýpt að neðra þilfari	4.72 m	4.65 m	3.45 m
Djúprista (hleðsla)	4.47 m	4.40 m	3.40 m
Eiginþyngd	570 t	1030 t	212 t
Særými	(4.47 m) 822 t	(4.40 m) 1378 t	(3.40 m) 325 t
Burðargeta	(4.47 m) 252 t	(4.40 m) 348 t	(3.40 m) 113 t
Lestarrými	23 m³	65 m³	65 m³
Brennsluolíugeymar	77.5 m³	198.9 m³	29.3 m³
Kjölfestugeymar	14.5 m³	116.1 m³	-
Ferskvatnsgeymar	38.4 m³	69.0 m³	12.0 m³
Andveltigeymir	22.0 m³	68.0 m³	-
Brúttótonnatala	523 BT	822 BT	185 BT
Rúmlestatala	475 Brl	777 Brl	155 Brl
Rúmtala	1648.4 m³	2415.2 m³	521.4 m³
Aðalvélarafl	1030 hö	1800 hö	573 hö
Skrúfuþvermál	2365 mm	2800 mm	1900 mm
Skrúfuhringur	Já	Nei	Já
Bryggjuspyrna	(1030 hö) 17.20 t	(924 hö) 12.83 t	(573 hö) 9.35 t
Toggeta 80% álag	9.15 t	9.90 t	6.00 t
Hjálparvélaafl	350-77 hö	-	127+76 hö
Ásrafall (aðalvélar)	125 KW	3 x 410 KW	-
Rafalar (hjálparvélar)	230+52 KW		52+52 KW
Hliðarskrúfur	Engin	175 hö	Engin
Íbúðir (stærð)	260 m²	380 m²	110 m²
Fjöldi svefnklefa	15	21	10
Hvílufjöldi	21	29	12
Vinnuþilfar fiskmeðhöndlun	42 m²	55 m²	42 m²
Rannsóknastofur	43 m²	85 m²	5 m²
Togvinduafköst	240 hö	174 hö	170 hö
Víramagn	1900 m	2650 m	1200 m
Vírasverleiki	22 mmø	28 mmø	20 mmø
Lengd raunverul. togþilfars	12.0 m	18.5 m	10.5 m
Hífingarlengd	16.0m	18.0 m	12.0 m
Vörpuvinda	6.5 m³	5.7 m³	5.9 m³
Rannsókna- og tækjavindur	1	3	1
Hjálparkranar	2	2	1

3. NÝSMÍÐI RANNSÓKNASKIPS

3.1. Almennt

Nýsmíði rannsóknaskips getur talist eðlilegur kostur með hliðsjón af ýmsum sérþörfum stofnunarinnar og í ljósi þess að innan skamms tíma eru liðnir þrír áratugir síðan bæði tvö, og einu skip stofnunarinnar sem hafa verið sérsmíðuð, voru afhent. Þannig er það að okkar mati eðlilegast við endurnýjun að flaggskip flota stofnunarinnar, og jafnframt stærsta skipið, sé sérsmíðað, en ekki eitthvert af þeim minni.

Þessi leið er að sjálfsögðu dýrari í stofnkostnaði en gæti á hinn bóginn skilað einhverju í rekstrarkostnaði. Nokkuð ljóst er að slíkt skip yrði ekki smíðað hérlendis á næstu árum miðað við stöðu íslenskra skipasmíðastöðva, en hins vegar gæti það verið valkostur að láta smíða skrokkinn erlendis og fullgera smíðina hérlendis.

Það er nokkuð samdóma álit þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að notaður skuttogari mætti vart vera mikið eldri en 5-8 ára. Miðað við þá stærð sem nauðsynleg þætti yrði í flestum tilvikum í boði vinnslutogari. Ákveðnar breytingar þyrfti þá að gera á honum vegna sérþarfa og gæti þar verið um þó nokkra upphæð.

Það geta hins vegar verið ýmsir tæknilegir annmarkar á notuðum vinnslutogara af stærðinni 60-70 m í mestu lengd, og vissir þættir í hönnun og smíðinni, sem ekki er þörf á, eða eru óhentugir gagnvart rannsóknaskipinu. Nefna má:

- Breidd óþarflega mikil, svo og millidekkshæð og einnig yfirbygging ofan togþilfars, m.a. tvöfaldur bakki o.þ.h.

- Gjarnan perustefni sem mætti vera án og er ekki heppilegra við siglingu í ís sem dæmi.

- Ísstyrkleiki skrokks í sumum tilvikum ófullnægjandi.

- Þar sem er bógskrúfa er hún í göngum, en aðrir valkostir eru betri fyrir rannsóknaskip.

- Rýmdarstuðull (blokkstuðull) vinnslutogaranna er í mörgum tilvikum hár, svo og prismastuðull, og ýmsir aðrir stuðlar er snerta framdrif skipsins óhagstæðir ($L/\nabla^{1/3}$ B/T). Því er ekki óraunhæft að ætla að unnt sé að ná meiri ganghraða sem nemur einum hnút í sérhönnuðu rannsóknaskipi en vinnslutogara, og þar vega einnig þættir eins og minna vindfang, minna særými, auk framdrifsþátta.

- Í vinnslutogaranum eru ýmis rými sem ekki hafa fullt notagildi í rannsóknaskipi, sem dæmi 1000-1200 m^3 lest, 350-400 m^2 vinnslusalur og 300-400 m^2 togþilfar, og er plássþörf þessara þátta mun minni fyrir rannsóknaskipið. Þetta leiðir af sér meira "kubik" í vinnslutogaranum en þörf er á fyrir rannsóknaskipið, með tilheyrandi meiri stofnkostnaði og viðhaldskostnaði gagnvart skrokk og yfirbyggingum.

- Aðalvélabúnaður ekki á fjaðrandi undirstöðu og hljóðeinangrun o.fl. mjög takmörkuð.

- Aðalvélarafl í sumum tilvikum fullmikið og áhersluþungi á skipið sem togskip.

Mismunandi er eftir skipum, að hve miklu leyti ofangreindir annmarkar eru fyrir hendi.

3.2. Almenn tæknileg atriði

Hér verða settar fram ýmsar áherslur og tæknilegar stærðir fyrir nýtt rannsóknaskip, séð með augum starfsmanna Tæknideildar.

3.2.1. Notkunarsvið: Skipið skal smíðað og útbúið fyrir allar almennar rannsóknir (bergmáls-, sjó- og vistfræðirannsóknir o.fl.); vera öflugt togskip og eingöngu búið til botnvörpu- og flotvörpuveiða með sérstaka áherslu á veiðarfærarannsóknir; og einnig skal aðbúnaður miðaður við að skipið geti nýst fyrir nema á vissum sérsviðum sjávarútvegs.

3.2.2. Skipsgerð: Skipið skal smíðað sem tveggja þilfara skuttogari með skutrennu upp á efra þilfar, lokaðan hvalbak á fremri hluta efra þilfars og íbúðarhæð og brú aftantil á hvalbaksþilfari. Að lengd til skal miða við stærstu vinnslutogarana.

3.2.3. Hönnunarforsendur: Við hönnun skal sérstök áhersla lögð á að fá fram sem besta eiginleika varðandi:

* Sjóhæfni
* Stöðugleika
* Mótstöðu og framdrif
* Stjórnhæfni og stýrishæfni
* Hávaða og titring
* Toghæfni og meðhöndlun veiðarfæris
* Orkunýtingu almennt
* Aðbúnað og vinnuaðstöðu áhafnar, vísindamanna, nema (tiltekinn fjöldi)
* Meðhöndlun og geymslu afla
* Búnað og aðstöðu til bergmálsmælinga, sjó- og vistfræðirannsókna
* Fljótvirka úrvinnslu gagna

Til að sem best megi nálgast ofangreind atriði þarf m.a. að gera ákveðnar prófanir í tilraunageymum, og nýta vel við hönnun þá reynslu (hérlendis og erlendis) sem fyrir hendi er af rannsóknaskipum og skuttogurum.

3.2.4. Mál og stærðir: Til viðmiðunar eru eftirfarandi mál og stærðir lögð til grundvallar.

Mesta lengd	65.0 m
Lengd milli lóðlína	57.0 m
Breidd (mótuð)	12.2 m

Dýpt að efra þilfari	7.7 m
Dýpt að neðra þilfari	5.2 m
Eiginþyngd	1500 t
Burðargeta (djúprista 5.00 m)	500 t
Lestarými	240 m³
Brennsluolíugeymar	400 m³
Kjölfestugeymar	150 m³
Ferskvatnsgeymar	100 m³
Andveltigeymir	70 m³
Hámarks útivist	40 dagar
Brúttótonnatala	1400 BT
Rúmlestatala	1000 brl

3.2.5. Flokkun: Skipið skal smíðað með flokkunartákni fyrir skuttogara í tiltölulega "háum" ísklassa og flokkunartákni sem kveður á um tímabundið ómannað vélarúm.

3.2.6. Vélabúnaður: Gert er ráð fyrir ca 3300 ha aðalvél, sem tengist frákúplanlegum skiptiskrúfubúnaði um niðurfærslugír, og raforkuframleiðslu frá aðalvél um rafala (ca 1200 KW) tengdum niðurfærslugír. Aðalvél og gír á fjaðrandi undirstöðu. Auk þess verður ein hjálparvél og hafnarljósavél. (Athuga má einnig þann valkost að hafa diesel-elektriskt kerfi). Gert er ráð fyrir flipa-stýri, hliðarskrúfu að framan og andveltigeymi. Þá er gert ráð fyrir svartolíubúnaði, afgaskatli og ferskvatnsframleiðslutæki.

3.2.7. Íbúðir og rannsóknastofur: Gert er ráð fyrir eftirfarandi klefa- og hvílufjölda:

Áhöfn	14 klefar fyrir 14 menn.
Rannsóknamenn	11 klefar fyrir 16 menn.
Nemar	3 klefar fyrir 6 menn.
Samtals	28 klefar fyrir 36 menn.

Gert er ráð fyrir einum borðsal í skipinu en þar fyrir utan rúmgóðum setustofum, a.m.k. tveimur. Sérstakur sjúkraklefi verður í skipinu. Snyrtiaðstaða verður í samræmi við íslenskar reglur, en að auki saunaklefi og líkamsræktaraðstaða. Rannsóknastofur og tækjaklefar með hliðsjón af fenginni reynslu.

3.2.8. Meðhöndlun og geymsla afla: Aftantil á neðra þilfari er gert ráð fyrir sæmilega rúmgóðu stóru aðgerðarrými, um 110 m², þar sem koma mætti fyrir hliðstæðum búnaði og í íslenskum ísfiskskuttogurum, jafnframt því sem skapaðir yrðu möguleikar á sveigjanlegum aðgerðarbúnaði vegna tilrauna. Gera skal ráð fyrir að koma megi fyrir ákveðnum vinnslutækjum og frystitækjum, með takmarkaðri vinnslugetu.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi möguleikum á geymslu afla:

Sjókæligeymir	100 m³
Kælilest (frystilest)	70 m³
Frystilest (kælilest)	70 m³
Samtals	240 m³

3.2.9. Vindubúnaður, losunarbúnaður: Í skipinu skal vera allur nauðsynlegur vindubúnaður til botnvörpu- og flotvörpuveiða. Gert er ráð fyrir splittvindufyrirkomulagi og fyrirkomulagi fyrir eina vörpu undirslegna á togþilfari, tveimur flotvörpuvindum fyrir þrjú troll. Togvindur verða búnar átaksjöfnunarbúnaði með átaks- og vírlengdarmælum. Þá er gert ráð fyrir þremur losunar- og hjálparkrönum.

3.2.10. Siglinga-, fiskileitar-, fjarskiptatæki o.fl.: Gert er ráð fyrir öllum nauðsynlegum rafeindatækjum, hliðstætt og í skuttogurum af svipaðri stærð, þó veruleg frávik í fiskileitartækjabúnaði (sérbúnaður).

3.2.11. Rannsóknabúnaður, sérbúnaður: Undir þennan þátt er tekinn allur sérbúnaður, umfram fiskiskip, og má þar nefna:

- Búnaður vegna sjávarrannsókna (vindur o.fl.)
- Búnaður í rannsóknastofur
- Bergmálstækjabúnaður.
- Tölvubúnaður vegna gagnaúrvinnslu.
- Ýmis sérbúnaður.

3.3. Samanburður við önnur skip

Hér verður gerður samanburður á ýmsum tæknilegum stærðum nokkurra vinnslutogara hérlendis annars vegar og rannsóknaskipa hins vegar; þ.e. Bjarni Sæmundsson RE eftir tillögu að breytingu, nýsmíði samkvæmt tillögu, svo og eitt af nýjustu rannsóknaskipum Norðmanna, Johan Hjort.

	Þættir		Vigri	Baldv. Þorst.	Þerney	Pétur Jónsson	Bjarni Sæm.	Johan Hjort	Nýsm.
1	Mesta lengd	(m)	66.96	66.60	64.00	59.22	62.60	64.40	65.00
2	Lengd milli lóðlína	(m)	58.70	56.60	55.55	51.60	55.60	56.65	57.00
3	Breidd (mótuð)	(m)	13.00	12.60	13.00	13.00	10.60	13.00	12.20
4	Dýpt að efra þilfari	(m)	8.57	8.00	8.85	8.45	7.00	7.90	7.70
5	Dýpt að neðra þilfari	(m)	5.97	5.20	5.95	5.85	4.65	5.40	5.20
6	Eiginþyngd	(t)	2201	1990	1614	1861	1200	-	1500
7	Særými (0-fríborð)	(t)	3103	2341	3015	2701	1675*	-	2000*
8	Lestarými	(m^3)	1250	1137	1104	1045	65	-	240
9	Brennsluolíugeymar	(m^3)	506	313	539	484	199	380	400
10	Ferskvatnsgeymar	(m^3)	77	68	83	58	105	80	100
11	Brúttótonnatala	(BT)	2157	1906	1899	1924	1030	1828	1400
12	Rúmlestatala	(Brl)	1217	995	1199	1019	875	-	1000
13	Rúmtala	(m^3)	4556	3708	4297	3924	2741	3977	3616
14	Vélarafl	(hö)	4079	3589	3345	4024	2400	3264	3300
15	Spyrna á togferð (80% álag)	(t)	35.3	30.5	28.4	34.8	18.0	31.3	31.6
16	Rafmagnsframl. aðalvél	(KW)	1760	1468	1304	1814	1560	1170	1200
17	Vinnuþilfar (ranns.st.)	(m^2)	400	340	430	410	125	-	230
18	Íbúðarými, brúttó	(m^2)	550	560	490	460	470	-	620
19	Hvílufjöldi		32	27	45**	24	30	34	36
20	Fjöldi svefnklefa	(1m+2m)	20+6	7+10	18**	14+5	14+8	-	20+8

* Fríborð umfram 0-fríborð

** Eins og skipið var í upphafi með allt upp í 3-4ra manna klefa.

Borið saman við meðalstærð þeirra vinnslutogara, sem tilgreindir eru í töflu, þá er gert ráð fyrir nýsmíði sem er um 10-15% minni að rúmtölu (margfeldi aðalmála), um 25-30% minni í mælingu (BT-tölu). Mesta lengd nýsmíðinnar er áþekk og mesta lengd flestra vinnslutogaranna, en hins vegar er hún mjórri, grynnri og með minni yfirbyggingu, og þá er gert ráð fyrir 20% minni eiginþyngd.

Borið saman við hugmyndir sem settar hafa verið fram um breyttan Bjarna Sæmundsson RE, þá yrði skrokkstærð og BT-mæling um 34% meiri, vélarafl um 38% meira og spyrna á togferð um 75% meiri. Þá er gert ráð fyrir tvöföldu brennsluolíugeymarými miðað við virkt geymarými nú, tæplega fjórföldu lestarými, tæplega tvöföldun á rými vinnuþilfars og rannsóknastofa, og íbúðarými 30% stærra. Í nýsmíðinni er gert ráð fyrir einu trolli undirslegnu á togdekki og ekki togbraut fram að stefni, möguleika á þremur trollum á tromlum, þ.e. einni einfaldri og einni tvöfaldri.

3.4. Áætlað kostnaðarverð

Eftirfarandi verðhugmyndir eru hér settar fram um kostnaðarverð nýsmíði af þeirri stærð sem áður er lýst:

I Stálvirki o.fl.			
a) Bolur með yfirbyggingu	kr.	225 millj.	
b) Stálbúnaður (þilfarsbúnaður)	"	85 "	
c) Ýmis kostnaður	"	80 "	kr. 390 millj.
II Vélbúnaður			
a) Aðalvélarbúnaður	kr.	90 millj.	
b) Hjálparvélar og orkuframl.bún.	"	15 "	
c) Stýrisbúnaður (innifalið bógskrúfa)	"	20 "	
d) Ýmis vélbúnaður, niðursetn., röralagnir	"	110 "	
e) Rafkerfi	"	55 "	kr. 290 millj.
III Vindubúnaður, losunarbúnaður			
a) Afl- og stjórnkerfi	kr.	28 millj.	
b) Vindubúnaður til veiða	"	45 "	
c) Rannsóknavindur	"	17 "	
d) Kranar	"	15 "	kr. 105 millj.
IV Innréttingar, búnaður			
a) Innréttingar íbúða	kr.	65 millj.	
b) Innréttingar vinnuþilf., rannsóknastofa o.fl.	"	25 "	
c) Búnaður v/ meðh. og geymslu afla	"	20 "	kr. 110 millj.
V Rafeindatæki o.fl.			
a) Siglingatæki	kr.	20 millj.	
b) Fiskileitartæki, (hefðbundin)	"	25 "	
c) Fjarskiptatæki, önnur tæki	"	15 "	
d) Bergmálsleitartæki, (sérbúnaður)	"	50 "	

e) Niðursetning tækja	"	15 "	kr. 125 millj.

VI Ýmis sérbúnaður

a) Sérbúnaður v/sjó- og vistfr.rannsókna	kr.	70 millj.	
b) Umframbúnaður v/titrings- og hávaðavarna.....	"	35 "	
c) Líkantilraunir.....	"	5 "	kr. 110 millj.
Samtals			kr. 1130 millj.

4. KAUP Á NOTUÐUM SKUTTOGARA

4.1. Almennt

Á markaðnum erlendis er nokkurt framboð af skuttogurum, og þá einkum vinnslutogurum, ef litið er til yngri skipanna. Skip þessi eru að sjálfsögðu misgóð og henta misvel í verkefni hafrannsóknaskips, og kostnaður við nauðsynlegar breytingar mismikill. Miðað við skip nálægt 60 m lengd, sem þá væntanlega er ekki undir 13 m á breidd, er ekki ósennilegt að kaupverð slíks skips, miðað við 5-8 ára aldur, sé á bilinu 500-800 milljónir, fer eftir ýmsu.

Hér að framan hefur verið minnst á þau rými í skipum þessum, sem ekki hafa notagildi í rannsóknaskipi, eru til staðar, sum nýtast með breytingum til annarra nota, önnur eru ónotuð og skila ekki neinu. Ef um vinnsluskip er að ræða þá fylgir þeim flestum nokkuð umfangsmikill vinnslubúnaður. Reynsla er fyrir hendi hérlendis að í mörgum tilvikum hentar slíkur búnaður ekki fyrir íslensk vinnsluskip, honum er sópað út. Margt í vinnslubúnaði fiskiskipa er "klæðskerasaumað" fyrir viðkomandi skip og ætíð eru ýmsar sérþarfir. Væntanlega ættu vinnsluvélar að standa fyrir sínu og vera söluvara en í sumum tilvikum er um að ræða sérvélbúnað fyrir aðrar fisktegundir, sem ekki nýtast hér. Því verður ekki séð að úr vinnslubúnaði sem fylgdi með væri hægt að skapa mikil verðmæti með endursölu. Þar við bætist að frystikerfin eru væntanlega Freon 22 kerfi, sem ekki eru lengur leyfileg í nýjum kerfum.

4.2. Kostnaðarverð

Hér verður stillt upp kostnaðardæmi fyrir kaup og breytingu á vinnslutogara sem keyptur væri.

I Grunnverð

a) Kaupverð.....	kr.	650 millj.	
b) Heimsigling, skráning, ísl. kröfur o.fl.....	"	5 "	
c) Ýmsir viðhaldsþættir.....	"	5 "	kr. 660 millj.

II Breytingar

a) Smíði og niðursetning á tækjakjöl	kr.	15 millj.	
b) Innréttingar á milliþilfari, rannsóknastofur,			
viðbótar íbúðir o.fl.....	"	12 "	
c) Breyting á vinnslubúnaði, lestarbúnaði.....	"	8 "	
d) Tækja- og rannsóknavindur, niðursett	"	15 "	

e) Kranar niðursettir	"	6 "	
f) Ýmis búnaður v/sjórannsókna	"	30 "	
g) Bergmálsmælir, vísindaútgáfa með þremur botnstykkjum, niðursett	"	15 "	
h) Sónartæki niðursett	"	17 "	
i) Hliðarskrúfubúnaður	"	8 "	
j) Ýmislegt ófyrirséð	"	4 "	kr. 130 millj.
Samtals			kr. 790 millj.

Í ofangreindri áætlun er ekki gert ráð fyrir endurgjaldi vegna sölu á vinnslubúnaði, en hins vegar ekki gert ráð fyrir kostnaði við frárif á þessum búnaði. Varðandi hliðarskrúfubúnað, þá eru sum þessara skipa með slíkan búnað.

5. SAMSETNING FLOTA

5.1. Almennt

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af ástandi og ýmsum tæknilegum stærðum núverandi skipastóls, sett fram tillaga að nýsmíði og valkostur um kaup á notuðum skuttogara skoðaður. Það virðist nokkuð samdóma álit þeirra sem eru nátengdir rekstri skipastóls stofnunarinnar, að nauðsynlegur skipakostur sé þrjú skip. Á því atriði ætlar Tæknideild ekki að hafa aðra skoðun eða kafa frekar ofan í það atriði. Ljóst má vera að svæði haf- og fiskirannsókna er stórt, frá flóum og fjörðum og grunnslóð út á dýpstu slóð fiskveiðilögsögunnar og út fyrir hana. Einnig er ljóst að við þessar rannsóknir þarf að beita mismunandi veiðarfærum og rannsóknatækjum, með tilheyrandi mismunandi stærðum skipa. Því er nokkuð ljóst að skipastóllinn þarf að vera breytilegur að samsetningu með mismunandi áherslur. Spyrja má hvort ekki mætti leysa viss verkefni með leiguskipum. Í hefðbundnum haf- og fiskirannsóknum verður það vart gert vegna sérbúnaðar, en öðru máli gegnir um sértækar rannsóknir með ákveðnum áhersluþunga á vissum árstímum, eins og togararall. Það verkefni hefur sem kunnugt er verið leyst með leiguskipum.

Nokkuð einsýnt er að af þriggja skipa flota þurfi eitt að vera sérhæft á grunnslóð, en tvö þeirra fullboðleg á djúpslóð til að mæta verstu aðstæðum.

Hugmyndir Tæknideildar að samsetningu flota gera ráð fyrir öllum valkostum, þ.e. smíða nýtt skip, breyta einu af núverandi skipum stofnunarinnar til frambúðar, og kaupa notað skip og gera á því nauðsynlegar breytingar. Færa má rök fyrir því að auðveldara sé að fá heppilegt skip án mikilla breytinga í rannsóknir á grunnslóð en djúpslóð. Það er því mat Tæknideildar að skynsamlegra sé að sérsmíða skip fyrir rannsóknir á djúpslóð í stað skips á grunnslóð, því þar þurfi ekki neina sérstaka sérhæfingu. Það þarf ekki að fara út í frekari röksemdafærslur, umfram það sem kemur fram í sérskýrslum, að af "djúpsjávar" -rannsóknaskipum stofnunarinnar er það Bjarni Sæmundsson RE sem er valkostur í róttækar breytingar en ekki Árni Friðriksson RE. Niðurstaðan er því þessi:

- Gerðar róttækar breytingar á Bjarna Sæmundssyni RE 30 með það að markmiði að hann verði annað af tveimur djúpslóðarskipum með sérhæfingu í bergmálsmælingar, vist- og sjórannsóknir.

- Smíðað nýtt skip, um 30% skrokkstærra en Bjarni Sæmundsson RE eftir tillögu að breytingum, sem yrði flaggskip flotans og með sérhæfingu á rannsóknir með þung togveiðarfæri, en jafnfært í bergmáls- og stofnstærðarmælingar, enda gangbetra skip sökum meira afls. Árna Friðrikssyni mundi þá verða lagt, þegar nýtt skip yrði tekið í notkun.

- Kaupa skip til að sinna verkefnum minnsta skipsins. Í fljótu bragði væri ekki óeðlilegt að skip þetta væri millistig núverandi Drafnar og Árna Friðrikssonar. Flestir geta væntanlega verið sammála því að núverandi Dröfn mætti vera stærra í þessi verkefni, en Árni Friðriksson fullstór, þó hann sé snúningalipur. Þá er það að sjálfsögðu lykilatriði að Árni Friðriksson er ekki til frambúðar gagnvart t.d. vélbúnaði og væri jafnvel unnt að kaupa skip á ekki umtalsvert hærra verði en hugsanlegur kostnaður við aðalvélaskipti.

5.2. Tímaáætlun og frekari útfærsla hugmynda að breytingum

Hvernig ofangreindar hugmyndir, ef þær þykja vænlegar, verða tímasettar er erfitt að setja fram á haldbæran hátt. Hér verður þó sett fram hugmynd um fimm ára áætlun í endurnýjun skipastólsins.

- Boðnar verði út breytingar á Bjarna Sæmundssyni RE í ágúst 1996 og gengið frá tilboðum í október 1996 og breytingartímabil janúar- maí 1997.

- Efnt verði til samkeppni um hönnun nýs rannsóknaskips og veitt verðlaun fyrir bestu tillögur. Skilgreina þarf þarfir og ýmsar forsendur. Gert er ráð fyrir að þessari samkeppni verði hleypt af stað í júní 1996 og að tillögum sé skilað í september 1996.

- Gert ráð fyrir vali á hönnunaraðila í október 1996 og endanlegum útboðsgögnum í maí 1997 og að smíði nýs rannsóknaskips geti hafist í september 1997 og smíði lokið og afhending geti farið fram í desember 1998. Gert ráð fyrir þriggja mánaða seinkun þannig að skip yrði tilbúið í síðasta lagi mars 1999.

- Breyting á Dröfn framkvæmd í desember 1997 og janúar 1998, þ.e. lenging og vélaskipti sem megin breytingar.

- Árna Friðrikssyni lagt snemma árs 1999, eða þegar nýtt skip kemur. Miðað við þær hugmyndir yrðu endurbætur hafðar í lágmarki.

- Dröfn gerð út fram á mitt ár 2001 og þá seld á almennum markaði.

- Keypt til stofnunarinnar á miðju ári 2001 um það bil 35 m alhliða fiskiskip, allt að 5-8 ára gamalt til að leysa af hendi verkefni Drafnar.

Samandregið hér að framan fæst eftirfarandi:

Skip út:
- Árna Friðrikssyni RE lagt snemma árs 1999
- Dröfn RE lagt á miðju ári 2001

Ný skip og breytingar:
- Bjarni Sæmundsson RE tekinn í notkun eftir róttækar breytingar í maí 1997
- Dröfn RE tekin í notkun eftir minni háttar breytingar kostnaðarlega séð í janúar 1998
- Nýtt skip, flaggskip flotans um 65 m langt, tekið í notkun í desember 1998 til mars 1999
- Nýtt skip um 35 m langt, keypt notað, tekið í notkun á miðju ári 2001, minnsta skipið.

5.3. Fjárfesting

Eftirfarandi yfirlit er hér sett fram um fjárfestingu í skipastólnum til fimm ára, á núvirði.

I Breytingar á Bjarna Sæmundssyni RE		
Kostnaðarverð breytinga	kr. 320 millj.	kr. 320 millj.
II Nýsmíði á 65 m skipi		
Kostnaðarverð nýsmíði	kr. 1130 millj.	kr. 1130 millj.
III Notað 35 m skip að frádr. endurbótum og sölu Drafnar		
Kostnaðarverð breytinga á Dröfn	kr. 20 millj.	
Söluvirði Drafnar eftir breytingar	(" 60 ")	
Kaup á notuðu skipi (með breytingum)	" 140 "	kr. 100 millj.
Samtals		kr. 1550 millj.

Hvað viðkemur lið III hér að framan þá er reiknað með að söluvirði Drafnar sem fiskiskip sé í dag 40-60 milljónir og sem meðaltal 50 milljónir kr. Endurbætur upp á um 20 milljónir sem áður er lýst er reiknað með að hafi í för með sér hækkun á söluvirði, metið sem 10 milljónir kr. að núvirði miðað við sölu eftir nokkur ár. Því er reiknað með söluandvirði Drafnar sem 60 milljónir, en kaup á stærra skipi sem fjárfestingu upp á 140 milljónir kr.

6. LOKAORÐ

Í umræddri skýrslu hefur verið dregin upp mynd af megin niðurstöðum í úttektum fyrir einstök skip, settar fram hugmyndir um æskilegar breytingar og gerð grein fyrir æskilegri endurnýjun í nýsmíði og kaupum á skipi.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að ástand skipanna miðað við aldur er gott, umgengni og allt viðhald til fyrirmyndar. Hins vegar verður ekki framhjá því horft að tvö stærri skipin eru 25-30 ára gömul og margt í þeim er ekki í takt við tímann. Elsta skipið, Árni Friðriksson RE, hefur gengið í gegnum ákveðna endurbyggingu árið 1990, sem miðaði að því að gera hann út til aldamóta. Næstelsta skipið og jafnframt það stærsta, Bjarni Sæmundsson RE, er nánast í sinni upphaflegu mynd, en er vænlegur kostur til breytinga að okkar mati. Þar kemur til skipsgerðin sem slík, sjóhæfni og kostir skipsins, ástand skrokks og þeir möguleikar sem skipið býður upp á í tengslum við breytingar. Minnsta og jafnframt yngsta skipið, Dröfn RE, er sérhannaður togbátur, en keyptur til stofnunarinnar rúmlega þriggja ára gamall. Nokkuð umfangsmiklar endurbætur voru gerðar á innra fyrirkomulagi árið 1990, en með vissum endurbótum til viðbótar mætti bæta skipið verulega sem kæmi að notum, og mundi að einhverju leyti skila sér í sölu eftir nokkur ár. Þar ber að hafa í huga að Dröfn er eina skipið sem er gjaldgengt sem fiskiskip.

Að mati Tæknideildar þá gæti eðlileg samsetning flota næstu tvo til þrjá áratugina verið: Eitt nýtt skip sem nýsmíði (stærsta og öflugasta skipið); eitt skip í umfangsmikla endurbyggingu (Bjarni Sæmundsson RE); og eitt skip keypt notað og gerðar nauðsynlegar (óverulegar) breytingar á því (minnsta skipið). Að okkar mati væri eðlilegt að þessi endurnýjun tæki fimm ár. Á núvirði væri endurnýjun yfir í þessi þrjú nýju og breyttu skip um 1550 milljónir kr, eða um 310 milljónir kr á ári. Þessi floti væri allur kominn í gagnið árið 2001 og ætti ekki að þurfa að endurbyggja hann næstu 10 árin, eða allt til 2011, umfram einhverja tækjaendurnýjun. Um það leyti stæðu menn frammi fyrir því að endurnýja Bjarna Sæmundsson RE.

Áætlað kostnaðarverð Tæknideildar á nýsmíði eins og lýst er í kafla 3 er á bilinu 1100-1200 milljónir kr. Kaup á nýlegum vinnslutogara með ákveðnum breytingum gæti verið fjárfestingardæmi upp á um 350-400 milljónum kr. lægri upphæð, en beinn rekstrarkostnaður ætti að geta verið hagstæðari í nýsmíðinni, ef fjármagnskostnaður er undanskilinn.

Að mati sumra tekur það of langan tíma að láta smíða nýtt skip, jafnframt því að það sé dýr kostur. Því er til að svara að gjörbreytt tækni við hönnun og gagnaöflun, frá því sem var fyrir fáum áratugum, þýðir að undirbúningstími er mun styttri; aukin tæknivæðing og samkeppni í skipasmíðum, svo og meðal framleiðenda véla- og skipsbúnaðar, ásamt tilboðsgerð, þýðir skemmri afgreiðslutíma og lækkað verð.

Haf- og fiskirannsóknir hjá fiskveiðiþjóð eins og Íslendingum verða ekki stundaðar með góðum árangri án þess að til staðar sé góður og velbúinn skipastóll. Skipastóll að breytilegri samsetningu, sem unnt er að beita með fullnægjandi árangri við þær aðstæður sem krafist er í sérhverju tilviki, með nauðsynlegum og fullkomnum búnaði

til sjó- og vistfræðilegra rannsókna, bergmálsmælinga, fiski- og veiðirannsókna með veiðarfæri hliðstæð og notuð er í fiskiskipum. Auk þess þarf slíkur floti rannsóknaskipa að standast þær kröfur sem gerðar eru í dag til fiskiskipa af svipaðri stærð gagnvart vinnu-, hvíldar- og afþreyingaraðstöðu fyrir þá sem þar starfa.

Reykjavík 12 apríl 1996

Virðingarfyllst
f.h. Tæknideildar

Emil Ragnarsson

Jón Sigurðsson

Fylgiskjal II.

Hafrannsóknastofnun:

Bréf til sjávarútvegsráðuneytisins.
(31. október 1996.)

Eins og ráðuneytinu er kunnugt eru skip Hafrannsóknastofnunarinnar orðin gömul og löngu tímabært að huga að endurnýjun skipastólsins. Sem sakir standa stundar Hafrannsóknastofnunin í aðalatriðum eftirfarandi rannsóknir á sjó:

1. Umhverfisrannsóknir. Umfangsmiklar grunnrannsóknir sem taka til ástands sjávar, hafstrauma og sjógerða, plöntu- og dýrasvifs, fisklirfa og seiða á miðunum við landið og í næsta nágrenni þeirra eru gerðar allt að 4 sinnum á ári, þ.e. í febrúar, maí/júní,ágúst og nóvember. Þess utan eru ítarlegar umhverfis- og vistfræðirannsóknir sem beinast að ákveðnum svæðum og árstímum og eru hinar umfangsmiklu klak- og hrygningarrannsóknir á þorski dæmi um slíkar grunnrannsóknir en þær eru lykillinn að betri skilningi á lífríki sjávarins. Allar krefjast þessar rannsóknir sérhæfðs tækjabúnaðar og vinnuaðstöðu og verða því nánast einvörðungu stundaðar á rannsóknaskipum stofnunarinnar.

2. Mælingar á stærð nytjastofna. Stofnmælingar eru gerðar árlega á innfjarðarækju á skipum stofnunarinnar og auk þess eru farnir margir stofnmælingaleiðangrar á leiguskipum eftir því sem nauðsyn krefur. Ennfremur er stærð úthafsrækjustofnsins mæld í júlí og ágúst á skipum stofnunarinnar. Stofnmæling botnfiska á og utan til í landgrunninu er gerð á 4 leiguskipum í marsmánuði.

Á árinu 1996 hófst stofnmæling með þorskanetum á hrygningartíma í apríl þar sem notuð voru 4 leiguskip og í október var farið í haustmælingu botnfiska á einu rannsóknaskipi og einu leiguskipi. Í sama mánuði voru karfastofnar rannsakaðir á einu leiguskipi djúpt SV af landinu.

Bergmálsmælingar á íslensku sumargotssíldinni og stærð loðnustofnsins eru gerðar árlega á eigin skipum á tímabilinu október-febrúar og á norsk-íslensku síldinni í maí-júlí.

Bergmálsmælingar á stærð og útbreiðslu úthafskarfastofnsins eru einnig gerðar á eigin skipi í júní/júlí.

Ennfremur er hvalagengd á íslenska hafsvæðinu og nærliggjandi svæðum metin með talningu sem m.a. er gerð á skipum stofnunarinnar.

Þá hefur stofnunin nokkuð fengist við rannsóknir á útbreiðslu og veiðimöguleikum varðandi djúpsjávartegundir á eigin skipi, en það er meira af vilja en mætti eins og síðar verður að vikið.

Auk þessa er farið árlega í 30-40 leiðangra á fiskiskipum af ýmsu tagi.

Fyrirsjáanlegt er að flestum þessum rannsóknum verður að halda áfram með líku sniði og auka á ýmsum sviðum næstu árin. Sem dæmi um mikilvæg rannsóknaverkefni sem Hafrannsóknastofnunin verður einnig eða í auknum mæli að takast á við næstu árin má nefna stofnmælingu grálúðu, stofnmælingu botnfiska að haustlagi og rannsóknir á stofnstærð og göngumynstri norsk-íslensku síldarinnar að vorlagi í Austurdjúpi og á vetursetustöðvunum austanlands þegar stofninn hefur tekið upp fyrra göngumunstur. Þá verður að sinna djúpsjávar- og úthafstegundum mun meira en hægt hefur verið hingað til. Auk þess má nefna haf- og vistfræðirannsóknir á stórum svæðum, bæði suður og norður af landinu, en þær tengjast m.a. fæðuslóð loðnunnar og aukinni sókn á djúpslóðina suður af landinu. Allar þessar rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að Hafrannsóknastofnunin geti gengt meginhlutverki sínu varðandi skynsamlega nýtingu sjávarauðlinda. Rannsóknirnar má í aðalatriðum flokka í þrennt með tilliti til vinnuaðstöðu á sjó:

1. Umhverfisrannsóknir. Nútíma umhverfisrannsóknir krefjast sérhæfðar og rúmgóðrar vinnuaðstöðu og tiltölulega stöðugra skipa. Mörg nýjustu og fullkomnustu rannsóknatækin eru dýr, stór og þung og því áhættusamt og hættulegt að nota þau í miklum veltingi á litlum skipum. Ör þróun á sér stað í ýmis konar tækjabúnaði til sjó- og vistfræðirannsókna en fyrirsjáanlegt er að núverandi aðstaða um borð í rannsóknaskipunum nægir ekki til þess að hægt sé að nota mörg þessara tækja. Auk þess ber að stefna að því að fullvinna sem mest af gögnum á sjó, en í dag er takmörkuð aðstaða til slíkrar úrvinnslu. Því er þörf á vel búnum rannsóknaskipum með nýtísku rannsóknaaðstöðu ef við ætlum ekki að dragast aftur úr á mikilvægum sviðum hafrannsókna.

2. Rannsóknir með togveiðarfærum. Stofnunin þarf að hafa yfir að ráða a.m.k. einu skipi sem er sambærilegt að stærð og togkrafti við stærri gerðir af togurunum sem stunda veiðar á djúpslóð, bæði á grálúðu, úthafskarfa og djúpsjávartegundunum. Ástæðan er einfaldlega samanburður við afla veiðiskipa auk þess að kannanir á ástandi fiskimiða og á nýjum miðum yrðu trúverðugri en

nú þykir. Eins og er hefur stofnunin ekki yfir að ráða skipi með þessum eiginleikum.

3. Bergmálsmælingar. Með núverandi skipakosti er ekki hægt að sinna bergmálsmælingum á stærð fiskstofna svo vel sé nema í tiltölulega góðu veðri (6 vindstigum eða minna). Þetta er tilfinnanlegur galli vegna þess að bergmálsmælingar á íslensku sumargotssíldinni og loðnunni verður að gera á tímabilinu október-febrúar þegar tíðarfar er oftast rysjótt svo ekki sé meira sagt. Til bergmálsmælinga þarf stofnunin a.m.k. eitt öflugt skip sem gott er í sjó að leggja og búið svokölluðum fallkili til þess að hægt sé að koma botnstykkjum bergmálstækjanna niður fyrir veðurtruflanir í allt að 7-9 vindstigum.

Veðurtruflanir geta haft úrslitaáhrif á trúverðugleik bergmálsmælinga. Afar erfitt að leiðrétta fyrir þeim svo viðunandi geti talist og hingað til hefur verið almenn vinnuregla að mæla ekki þegar áhrif veðurtruflana eru umtalsverð (í meira en 6 vindstigum). Notkun fallkjala hefur reynst mjög vel og hafa Norðmenn sett fallkili í öll sín rannsóknaskip. Samkvæmt 15 ára reynslu okkar af bergmálsmælingum á tímabilinu október-febrúar myndi notkun fallkjala hafa stytt marga bergmálsleiðangra til mikilla muna.

Núverandi skipakostur Hafrannsóknastofnunarinnar er sem hér segir:

1. Árni Friðriksson lengd 42 m, breidd 10 m, vélar 2x600 hestöfl. Tekinn í notkun 1967 og yfirbyggður 1990. Skipið er í góðu ástandi, spilbúnaður og ljósavélar frá 1990 en aðalvél frá því 1967. Rannsóknaaðstaða er þröng, en aðstaða í fiskmóttöku ágæt. Skipið er vel búið siglinga- og bergmálstækjum til rannsókna. Notað til alhliða vistfræðirannsókna, togveiða og bergmálsmælinga.

2. Bjarni Sæmundsson lengd 56 m, breidd 11 m, vélar 3x600 hestöfl. Tekinn í notkun nýr 1970. Óbreyttur að mestu, utan tækjaklefi var færður af brúarsvæði niður á efra þilfar, smávægilegar lagfæringar gerðar á fiskmóttöku og skipt um viðvörunarkefi í vél. Skipið er vel búið siglingatækjum og bergmálstækjum til rannsókna. Á neðra þilfari eru tiltölulega rúmgóðar rannsóknastofur en aðstaða í fiskmóttöku ófullnægjandi. Hins vegar þarfnast innréttingar og lagnir endurbóta í ljósi nýrra tíma og tækjabúnaður enda eru þetta óbreytt frá 1970. Öllum framkvæmdum í þá veru hefur hins vegar sífellt verið frestað vegna óvissu um framtíðarskipan varðandi skipamál stofnunarinnar. Vegna stærðar sinnar og stöðugleika er Bjarni besta skip stofnunarinnar til umfangsmeiri vistfræðirannsókna. Skipið er einnig notað til togveiða og bergmálsmælinga.

3. Dröfn lengd 26 m, breidd 7 m, vél 573 hestöfl. Byggð sem fiskiskip 1981. Keypt til Hafrannsókna 1984 og innréttað til rannsókna 1990. Vel búin siglingatækjum og venjulegum dýptarmælum. Notuð aðallega til rannsókna á rækju, humri og skel.

Rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson eru orðin gömul (byggð 1967 og 1970), aðalvélar enn þær sömu og í upphafi og vaxandi hætta á meiriháttar bilunum. Ef slíkt gerðist yrði t.d. erfitt að stjórna loðnuveiðum, en það er gert á grundvelli bergmálsmælinga á stærð veiðistofnsins, venjulega með báðum þessum skipum meðan á vertíð stendur. Einnig myndi öll önnur rannsóknastarfsemi að sjálfsögðu raskast mikið. Það er því mjög brýnt að hefja undirbúningsvinnu vegna endurnýjunar rannsóknaskipanna og reyna að meta skipaþörfina næstu 10-20 árin eða svo.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt fól stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar Fiskifélagi Íslands (tæknideild) að gera úttekt á skipum stofnunarinnar og í samantekt tæknideildarinnar koma fram ákveðnar tillögur um endurnýjun skipastólsins. Sjá fylgiskjal 1. Þessar tillögur koma fram í meðfylgjandi töflu.

I	Breytingar á Bjarna Sæmundssyni RE		
	Kostnaðarverð breytinga		kr. 320 millj.
II	Nýsmíði á 65 m skipi		
	Kostnaðarverð nýsmíði		kr. 1130 millj.
III	Notað 35 m skip að frádr. endurbótum og sölu Drafnar		
	Kostnaðarverð breytinga á Dröfn	kr. 20 millj.	
	Söluvirði Drafnar eftir breytingar	kr.60 millj.	
	Kaup á notuðu skipi (með breytingum)	kr. 140 millj.	kr. 100 millj.
Samtals			kr. 1550 millj.

Eitt aðalatriði þessara tillagna er að leggja út í umfangsmiklar breytingar og lengingu á Bjarna Sæmundssyni sem áætlað er að kosti 320 millj. króna. Eftir ítarlegar umræður á Hafrannsóknastofnuninni og í stjórn stofnunarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að mjög hæpið væri að leggja út í jafn umfangsmiklar breytingar á jafngömlu skipi og hætt við að þær breytingar myndu ekki ná tilgangi sínum. Í tillögum Fiskifélagsins er einnig lagt til að smíðað verði nýtt 65 m rannsóknaskip og gert ráð fyrir að kostnaðarverð nýsmíði verði 1130 milljónir

króna. Hafrannsóknastofnunin taldi hins vegar vænlegra að kaupa tiltölulega nýlegt skip að svipaðri stærð ef það fengist fyrir hagstætt verð og breyta því eftir því sem nauðsynlegt er fyrir hafrannsóknaskip. Því hefur á farið fram ítarleg könnun á alþjóðlegum markaði þar sem slík skip gætu hugsanlega verið í boði. Því miður hefur ekki fundist neitt slíkt skip sem kemur til greina að kaupa í þessu skyni.

Með tilliti til þess að ítarleg könnun á sölumarkaði notaðra skipa hefur ekki borið árangur og eftir miklar umræður starfsmanna samþykkti stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar eftirfarandi tillögur á fundi sínum 28. október 1996, (sjá fylgiskjal 2).

Stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar leggur til við sjávarútvegsráðherra að:

1. Smíðað verði nýtt 65 metra rannsóknaskip. Áætlaður kostnaður er talinn vera á bilinu 1.100 m.kr. til 1.300 m.kr.

2. R/s Árna Friðrikssyni eða r/s Bjarna Sæmundssyni verði lagt. Jafnframt verði ráðist í að gera nauðsynlegar endurbætur á því skipi sem ákveðið verður að nota áfram. Áætla má að endurbætur kosti á bilinu 50 til 100 m.kr.

3. Rs Dröfn verði seld og er söluverð hennar áætlað á bilinu 40-60 m.kr.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar

Jakob Jakobsson

Fylgiskjal III.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, aðaldeild:

Áætlun 1996–2009.
(27. október 1996.)

Rekstrarreikningur.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	1996-2009 samtals
Tekjur:																
Vaxtatekjur	13	8	1	18	11	1	0	4	6	8	9	9	9	12	13	109
Vaxtat. endurlán til atvtrd.	0	0	0	16	81	137	150	159	163	163	156	140	124	117	117	1.521
Gjald af fiskiskipum	83	84	80	80	80	80	80	80	80	80	80					804
Gjald af fiskvinnslustöðvum	66	67	75	75	75	75	75	75	75	75	75					742
Aflamark	0	167	500	558	558	558	558	558	558	558	372	0	0	0		4.942
	162	326	656	746	805	850	862	876	881	883	691	148	132	129	130	8.117
Gjöld:																
Úrelding skipa	44	600														
Önnur verkefni	17	100	1.000													
Úrelding & önnur verkefni	61	700	1.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.700
Vaxtagj.,verðb.& gengism.	88	116	116	109	95	80	65	51	36	22	7	0	0	0	0	698
Vaxtagjöld af viðbótarlánum	0	13	59	91	120	143	133	137	130	101	65	33	13	3	0	1.040
Framlag til hlutafjárdeildar	0	0	0	0	0	0	0	492	0	0	0	0	0	0	0	492
Rekstrarkostnaður	17	17	17	17	17	17	17	17	17	17	17	10	10	10	10	210
	167	846	1.192	217	232	240	216	697	183	140	89	43	23	13	10	4.140
Hagnaður (-tap)	-5	-521	-536	529	573	610	647	180	698	744	602	106	109	116	120	3.977

		Greiðslustreymi:														
	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	1996-2009 samtals
Innborganir:																
Vaxtatekjur innh.		8	1	28	70	119	146	160	167	171	167	154	137	132	130	1.591
Innh. gjald af fiskiskipum		93	80	80	80	80	80	80	80	80	106	0	0	0	0	839
Innh. gjald af fiskv.stöðv.		67	75	75	75	75	75	75	75	75	75	0	0	0	0	742
Innh. aflamark		167	500	558	558	558	558	558	558	558	372	0	0	0	0	4.942
		335	656	741	783	832	858	873	880	883	720	154	137	132	130	8.113
Útborganir:																
Útb.úrelding skipa		625														
Útb. önnur verkefni		100	1.000													
Útb. verkefni alls		725	1.000	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.725
Endurgreidd stofnlán ríkissjóðs		0	0	224	224	224	224	224	224	224	224	0	0	0	0	1.790
Vaxtagjöld		175	116	111	98	84	69	55	40	25	11	2	0	0	0	786
Vaxtagjöld af viðbótarlánum		9	48	83	113	137	136	136	132	108	74	41	18	6	1	1.040
Rekstrarkostn. aðaldeildar		17	17	17	17	17	17	17	17	17	17	10	10	10	10	210
		925	1.181	435	452	462	446	431	412	374	326	52	28	16	11	5.550
Nettó greiðslustr. aðaldeildar		-591	-525	306	331	370	413	442	468	509	394	101	110	116	119	2.563
Frá (-til) hlutafjárdeildar		0	0	0	0	0	0	-492	0	0	0	0	0	0	0	-492
Frá (-til) atvinnutr.deildar			0	-500	-1.500	-200	-200	-100	0	0	200	300	200	0	0	-1.800
Viðbótarlán frá ríkissjóði		400	1.000	0	900	-200	-100	200	-400	-500	-600	-400	-200	-100	0	0
Nettó greiðslustreymi.		-191	475	-194	-269	-30	113	50	68	9	-6	1	110	16	119	271

Efnhagsreikningur:

	des.95	áætl. des.96	des.97	des.98	des.99	des.00	des.01	des.02	des.03	des.04	des.05	des.06	des.07	des.08	des.09
Eignir:															
Bankainnstæður+bankabréf	219	28	503	309	40	11	123	173	241	250	244	245	355	371	490
Óinnh. Þróunarsj.gj. o.fl.	35	26	26	26	26	26	26	26	26	26	0	0	0	0	0
Inneign hjá atvinnutrd.	0	0	0	500	2.000	2.200	2.400	2.500	2.500	2.500	2.300	2.000	1.800	1.800	1.800
Áfallnir vextir	0	0	0	5	27	46	50	53	54	54	52	47	41	39	39
	254	54	529	841	2.093	2.282	2.599	2.752	2.821	2.830	2.596	2.292	2.196	2.210	2.329
Skuldir:															
Ógr.úreldingarstyrkir	25	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Stofnlán ríkissjóðs	1.790	1.790	1.790	1.566	1.343	1.119	895	671	448	224	0	0	0	0	0
Viðbótarlán ríkissjóðs	0	400	1.400	1.400	2.300	2.100	2.000	2.200	1.800	1.300	700	300	100	0	0
Áfallnir vextir	88	29	29	27	24	20	16	13	9	5	2	0	0	0	0
Áfallnir vextir af viðb.lánum	0	4	15	23	30	36	33	34	33	25	16	8	3	1	0
	1.902	2.223	3.234	3.016	3.696	3.274	2.945	2.918	2.289	1.554	718	308	103	1	0
Hrein eign aðaldeildar	-1.648	-2.169	-2.705	-2.175	-1.602	-992	-345	-166	532	1.276	1.878	1.984	2.093	2.209	2.329

	des.95	áætl. des.96	des.97	des.98	des.99	des.00	des.01	des.02	des.03	des.04	des.05	des.06	des.07	des.08	des.09
Hrein eign samstæðu:															
Hrein eign aðaldeildar	-1.648	-2.169	-2.705	-2.175	-1.602	-992	-345	-166	532	1.276	1.878	1.984	2.093	2.209	2.329
Hrein eign atvinnutryggingadeildar	-661	-590	-652	-724	-743	-793	-875	-948	-1.041	-1.148	-1.256	-1.370	-1.497	-1.626	-1.758
Hrein eign hlutafjárdeildar	-546	-546	-539	-530	-521	-512	-502	0	0	0	0	0	0	0	0
Hrein eign samstæðu	**-2.855**	**-3.305**	**-3.896**	**-3.430**	**-2.867**	**-2.296**	**-1.722**	**-1.114**	**-509**	**127**	**622**	**614**	**596**	**583**	**571**

Rekstrarreikningur.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	samtals
Tekjur:														
Vaxtatekjur	5	4	2	3	3	17	2	2	2	2	2	1	2	47
Vaxtatekjur & verðb.	331	284	253	221	192	162	131	100	71	48	19	8	5	1.824
	336	288	256	225	195	179	133	102	73	50	21	9	7	1.872
Gjöld:														
Verðbætur, gengism.	325	276	131	81	76	45	21	9	-8	-6	0	0	0	949
Vextir af viðbótarlánum	0	16	81	137	150	159	163	163	156	140	124	117	117	1.521
Framlög í afskr.reikn. útlána	53	47	42	37	32	28	23	18	13	9	4	2	1	309
Rekstrarkostnaður	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	260
	398	359	275	274	277	252	226	209	181	163	148	139	138	3.040
Hagnaður (-tap)	-63	-72	-19	-49	-83	-73	-93	-108	-108	-113	-127	-130	-131	-1.168

Greiðslustreymi.

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	samtals
Innborganir:														
Innheimtar afb. af skbr.	552	579	579	573	561	553	537	528	509	483	306	145	99	6.004
Vaxtatekjur af skuldabr.	332	296	264	232	202	172	141	110	81	56	28	13	7	1.934
Þar af tapast 16,0%	-141	-138	-133	-127	-120	-114	-107	-100	-93	-85	-52	-24	-17	-1.252
Áhrif vanskila á greiðsluflæði	0	0	0	0	0	0	0	0	28	28	28	28	28	140
Vaxtatekjur af öðrum fjármunum	5	4	2	3	3	2	2	2	2	2	2	1	2	33
Önnur útlán (hlutd.skírt.)	0	0	0	0	0	59	0							59
	748	740	712	681	645	672	574	540	527	484	312	163	119	6.917
Útborganir:														
Gr. afb. af teknum lánum	-478	-987	-1.857	-613	-610	-503	-369	-345	-141	0	0	0	0	-5.903
Vaxtagjöld	-325	-298	-207	-138	-104	-72	-44	-25	-7	0	0	0	0	-1.220
Vaxtagjöld af viðbótarlánum	0	-12	-65	-123	-146	-157	-162	-163	-158	-144	-128	-119	-117	-1.492
Greiddur rekstrarkostnaður	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-20	-260
	-823	-1.317	-2.149	-894	-880	-752	-595	-553	-326	-164	-148	-139	-137	-8.875
Nettó sjóðsstreymi	**-75**	**-577**	**-1.437**	**-212**	**-235**	**-80**	**-21**	**-13**	**201**	**320**	**165**	**24**	**-18**	**-1.958**
Lán frá alm.deild	0	500	1.500	200	200	100	0	0	-200	-300	-200	0	0	1.800
Breyting á handbæru fé	-75	-77	63	-12	-35	20	-21	-13	1	20	-35	24	-18	-158

Efnhagsreikningur:

	áætl. des.96	des.97	des.98	des.99	des.00	des.01	des.02	des.03	des.04	des.05	des.06	des.07	des.08	des.09	
Eignir:															
Handbært fé	227	152	75	138	125	91	110	89	76	78	98	63	87	69	
Skuldabréf	6.004	5.452	4.873	4.294	3.721	3.160	2.607	2.070	1.542	1.033	550	244	99	0	
Innheimtanleg vanskil	140	140	140	140	140	140	140	140	140	112	84	56	28	0	
Hlutdeildarskírteini	44	44	44	44	44	44	0	0	0	0	0	0	0	0	
Áfallnir vextir	112	111	99	88	77	67	57	47	37	27	19	9	4	2	
Afskriftarreikningur	-943	-855	-764	-673	-583	-495	-408	-324	-241	-161	-85	-38	-15	0	
	5.584	5.043	4.466	4.031	3.524	3.007	2.506	2.022	1.554	1.089	665	334	203	72	
Skuldir:															
Langtímalán	5.903	5.425	4.438	2.581	1.968	1.358	855	486	141	0	0	0	0	0	
Viðbótarlán frá aðaldeild	0	0	500	2.000	2.200	2.400	2.500	2.500	2.500	2.300	2.000	1.800	1.800	1.800	
Áfallnir vextir	271	271	248	173	115	87	60	37	21	6	0	0	0	0	
Af. vextir af viðb.lánum	0	0	4	20	34	37	40	41	41	39	35	31	29	29	
	6.174	5.696	5.190	4.774	4.317	3.882	3.455	3.063	2.702	2.345	2.035	1.831	1.829	1.829	0
Hrein eign	-590	-652	-724	-743	-793	-875	-948	-1.041	-1.148	-1.256	-1.370	-1.497	-1.626	-1.758	0

Rekstrarreikningur.

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Tekjur:								
Vaxtatekjur	1,7	2,1	11,9	13,5	15,2	15,8	16,5	17,2
Vaxtatekjur af skuldabr.	3,9	3,4	3,0	2,1	1,5	1,3	1,1	0,5
Söluhagnaður hlutabréfa		3,1	-	-	-	-	-	-
Endurmat hlutabréfa	31,9	-5,8	-	-	-	-	-	-
	37,5	2,8	14,9	15,6	16,7	17,1	17,6	17,7
Gjöld:								
Verðb. v/hlutdskt.	25,0							
Rekstrarkostnaður	9,0	4,0	2,0	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
Hagnaður (-tap)	3,5	-1,2	12,9	14,6	15,7	16,1	16,6	16,7

Greiðslustreymi:

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Innborganir:								
Vaxtatekjur		5,5	14,9	15,6	16,7	17,1	17,6	17,7
Seld hlutabréf		342,9	0,0	-	-	-	-	-
Gr. m/skuldabréfum		-86,7	-	-	-	-	-	-
Innheimt skuldabréf		32,5	32,5	32,5	3,6	3,6	3,6	3,6
Seld skuldabréf		-	-	-	-	-	-	10,8
		294,2	47,4	48,1	20,3	20,7	21,2	32,1
Útborganir:								
Greiddur rekstrarkostnaður		-14,4	-2,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0
Greidd hlutdeildarskírteini		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-523,2
Uppgjör A-hlutd.skírteina		-	-	-	-	-	-	-492,2
		-14,4	-2,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1,0	-1.016,4
Niðurstaða sjóðsstreymis		**279,8**	**45,4**	**47,1**	**19,3**	**19,7**	**20,2**	**-984,3**
Framlag frá alm.deild		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	492,2
Breyt. á handbæru fé		279,8	45,4	47,1	19,3	19,7	20,2	-492,1

Eignir:
Handbært fé
Skuldabr. v/hlutabr.sölu
Hlutabréf v/hlbr.sölu
Hlutabréf nafnv.
- niðurfærsla/yfirverð

Skuldir:
Viðskiptaskuldir

Hrein eign til greiðslu
hlutdeildarskírteina:

Hlutdeildarskírteini
A-hlutdeildarskírteini
B-hlutdeildarskírteini

þar af til greiðslu:
A: % af hr.eign
B: % af hr.eign

ábyrgð:
A: mism.

Efnhagsreikningur:

31.12.95	31.12.96	31.12.97	31.12.98	31.12.99	31.12.00	31.12.01	31.12.02
60,7	340,5	385,9	433,0	452,3	472,0	492,1	0,0
36,0	90,2	57,7	25,2	21,6	18,0	14,4	0,0
27,5	0,0		-	-	-	-	-
312,3		-	-	-	-	-	-
5,8		-	-	-	-	-	-
442,3	430,7	443,6	458,2	473,9	490,0	506,5	0,0
10,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
431,9	430,7	443,6	458,2	473,9	490,0	506,5	0,0
798,8	798,8	798,8	798,8	798,8	798,8	798,8	0,0
564,2	564,2	564,2	564,2	564,2	564,2	564,2	347,6
1.363,0	1.363,0	1.363,0	1.363,0	1.363,0	1.363,0	1.363,0	347,6
31,7%	31,6%	32,5%	33,6%	34,8%	35,9%	37,2%	0,0%
253,1	252,4	260,0	268,5	277,7	287,2	296,9	0,0
178,8	178,3	183,6	189,6	196,1	202,8	209,7	0,0
431,9	430,7	443,6	458,2	473,9	490,0	506,5	0,0
545,7	546,4	538,8	530,3	521,1	511,7	501,9	0,0

Forsendur um sölu hlutabréfa (núv. hlutabréfaeign).

1996

Sala hlutabréfa:	Meitillinn	Tangi	Fáfnir	Búlandst.	**Alls**
Handbært fé	119,3	28,9		80,5	228,7
Skuldabréf		86,7			86,7
Hlutabréf					0,0
Söluverð alls	**119,3**	**115,6**	**0,0**	**80,5**	**315,4**
nafnverð	119,3	115,6	7,4	70,0	312,3
gengi	*1,00*	*1,00*	*0,00*	*1,15*	*1,01*
söluhagnaður	0,0	0,0	-7,4	10,5	3,1

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutverki Þróunarsjóðs verði breytt þannig að hann hætti að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og kosti í stað þess smíði nýs hafrannsóknaskips og endurbætur á eldri skipum. Eins og fram kemur í greinargerð er talið að kostnaður við þessa nýsmíði og endurnýjun nemi 1.090–1.360 m.kr. og þar af er áætlað að smíði nýs hafrannsóknaskips geti kostað 1.130 m.kr. Af því verði 265 m.kr. fjármagnaðar með eign Byggingarsjóðs hafrannsóknaskipa og 1.000 m.kr. með láni frá ríkissjóði. Skylt mun verða samkvæmt kvöðum EES-samningsins að bjóða slíkt skip út á alþjóðlegum grundvelli. Rekstrar- og efnahagsáætlun sú, sem fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal, sýnir að gert er ráð fyrir að hrein eign Þróunarsjóðsins í heild nemi 571 m.kr. í lok ársins 2009. Er þá reiknað með að innheimtu gjalda af fiskiskipum, fiskvinnslustöðvum og aflamarki ljúki árið 2005 og eftir það verði eingöngu um vaxtatekjur að ræða. Greiðslustreymisáætlunin byggir á þeirri forsendu að lántaka sjóðsins verði á 6,5% vöxtum og verði lánið verðtryggt.

Með vísan til þessara útreikninga verður að telja það nokkuð tryggt að Þróunarsjóður geti staðið við skuldbindingar sínar og endurgreitt það 1.000 m.kr. lán sem áformað er að taka hjá ríkissjóði, þannig að kostnaður ríkissjóðs af þessari lagabreytingu verði enginn.

203. Frumvarp til laga [182. mál]

um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 330.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin.

2. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta breytingar á 6. gr. samþykkta bankans með því að bæta við greinina c-lið um lán til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin framlengd.

Á þingi Norðurlandaráðs í mars 1992 var samþykkt tillaga frá norrænu fjármálaráðherrunum um að Norðurlöndin hrintu í framkvæmd sérstakri þriggja ára fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin. Markmið þessarar áætlunar er að stuðla að uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs í þessum ríkjum með því að útvega lánsfjármagn og áhættufé, veita þeim tæknilega aðstoð og ráðgjöf á sviði efnahagsmála og finna heppilegar leiðir til þess að beina erlendu fé til ýmissa fjárfestingarverkefna og efla samvinnu milli norrænna og baltneskra fyrirtækja. Mikilvæg forsenda þessa var stofnun sérstakra fjárfestingarbanka í Eystrasaltsríkjunum sem gætu orðið tengiliðir milli alþjóðlegra lánastofnana og einstakra fyrirtækja eða verkefna.

Áætlunin kom formlega til framkvæmda um mitt ár 1992. Hún skiptist í tvo meginþætti, annars vegar bein fjárframlög frá Norðurlöndunum til þess að styrkja tæknilega uppbyggingu fjárfestingarbankanna og hins vegar lánsfjárútvegun og lánafyrirgreiðsla til ákveðinna fjárfestingarverkefna, bæði í formi beinna lána og áhættufjármagns. Þrjár stofnanir önnuðust milligöngu um þessa fyrirgreiðslu, þ.e. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF) og Evrópubankinn (EBRD). Heildarframlag Norðurlandanna á þriggja ára tímabili áætlunarinnar nam um 45 millj. ECU, eða 3,6 milljörðum ísl. kr. Hlutur Íslands nam um 36 millj. kr., eða 12 millj. á ári. Auk þess voru veittar auknar ríkisábyrgðir til Norræna fjárfestingarbankans.

Fjármálaráðherrar Norðurlandanna hafa nú samþykkt framlengingu á fjárfestingaráætluninni til ársins 1999. Heildarframlag Norðurlandanna mun minnka um þriðjung og nema 29 millj. ECU á næstu þremur árum, eða sem nemur 2,4 milljörðum kr. Þar af næmi hlutur Íslands um 9 millj. kr. á ári. Auk þess verði Norræna fjárfestingarbankanum veittar auknar heimildir til útlána með því að hækka ábyrgðarramma Norðurlandanna um 30 millj. ECU.

Framlagi Norðurlandanna til fjárfestingaráætlunarinnar verður varið á eftirfarandi hátt:

— 30 millj. ECU vegna lána og ábyrgða til fjárfestinga, í umsjón NIB.
— 11,5 millj. ECU vegna lána, ábyrgða og hlutabréfakaupa í fjárfestingarbönkum, í umsjón EBRD.
— 7,5 millj. ECU til kaupa á hlutabréfum í fjárfestingarbönkum, í umsjón NIB.
— 5 millj. ECU til að stuðla að norrænni fjárfestingu, í umsjón Nopef.
— 3,25 millj. ECU vegna tæknilegrar aðstoðar við fjárfestingarbanka, í umsjón NIB.
— 1,75 millj. ECU til annarra verkefna.

2. Umhverfislán til grannhéraða Norðurlandanna.

Efnahags-, fjármála- og umhverfisráðherrar Norðurlanda samþykktu snemma árs 1995, að fengnum tillögum sameiginlegs vinnuhóps þessara aðila, að fela Norræna fjárfestingarbankanum að gera tillögu um nánari útfærslu á sérstakri lánafyrirgreiðslu til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna. Tillögur bankans lágu fyrir um mitt ár 1995 og hafa síðan verið til nánari skoðunar. Á fundi sínum 26. ágúst 1996 samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna að þessi lánafyrirgreiðsla skyldi koma til framkvæmda í upphafi árs 1997 samkvæmt þeim hugmyndum sem þá lágu fyrir frá Norræna fjárfestingarbankanum og var efnahags-, fjármála- og umhverfisráðherrunum falið að tryggja þessu máli framgang.

Samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að Norræni fjárfestingarbankinn geti veitt sérstök lán til umhverfismála í þessum ríkjum sem nemi allt að 100 millj. ECU. Jafnframt er gert ráð fyrir að Norðurlöndin ábyrgist þessi lán að fullu, þ.e. 100%. Þar af nemur hlutur Íslands 1,1 millj. ECU, eða um 92,4 millj. ísl. kr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nóvember 1995 samþykktu fjármálaráðherrar Norðurlandanna að ábyrgjast að fullu lántökur vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin. Ábyrgst er lántaka samtals að fjárhæð 30 millj. ECU, þar sem fjár verði aflað af Norræna fjárfestingarbankanum. Hluti Íslands í ábyrgðinni er 1,1% sem samsvarar 330.000 ECU, eða um 27 millj. kr.

Um 2. gr.

Óskað er eftir heimild frá Alþingi um ríkisábyrgð, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Um 3. gr.

Óskað eftir heimild til þess að ríkisstjórnin geti gengið frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. og staðfest breytingar á 6. gr. samþykkta bankans með því að bæta nýjum lið við greinina, c-lið, um lán til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkissjóður ábyrgist fjárhæð allt að 330.000 ECU (27 m.kr.) gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og ábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eyrstrasaltsríkin og allt að 1.100.000 ECU (92,4 m.kr.) til sama aðila vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Þar sem ekki er tekið fram í lagatextanum hvort um einfalda ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð er að ræða verður að líta svo á að ábyrgðin sé einföld. Líklegt verður að telja að ábyrgð þessi komi til með að falla á ríkissjóð að einhverju leyti, en einföld ábyrgð felur í sér að Norræni fjárfestingarbankinn mun þurfa að ganga að aðalskuldara áður en hægt verður að gera kröfu á ríkissjóð.

204. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Fyrir brot gegn 264. gr., framið innan íslenska ríkisins enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafar frá hafi verið framið erlendis og án tillits til hver var að því valdur.

2. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. laganna bætist: eða muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina.

3. gr.

173. gr. b laganna fellur brott.

4. gr.

Ný 264. gr. laganna færist í XXVII. kafla og verður svohljóðandi:

Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 4 árum.

Refsing getur orðið fangelsi allt að 10 árum ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.

Ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist.

Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða varðhaldi. Varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en varðhaldi má láta refsingu falla niður.

II. KAFLI
Breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

5. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir 264. gr. almennra hegningarlaga. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

III. KAFLI
Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65 21. maí 1974.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna bætist við ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla og varsla tækja, hluta eða efna til notkunar við ólöglega ræktun, framleiðslu eða tilbúning ávana- og fíkniefna er bönnuð.

Ráðherra er heimilt að tilgreina nánar í reglugerð hvaða efni falla undir 1. mgr. og sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 2. mgr. verður svohljóðandi:

   Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir 264. gr. almennra hegningarlaga.

b. 7. og 8. mgr. verða svohljóðandi:

   Heimilt er að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til. Það sama gildir um ávinning af öðrum brotum á lögum þessum, fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings og muni sem eru keyptir eru fyrir ávinninginn. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þá skal og heimilt að gera upptæka hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efna sem lögin taka til.

   Ítrekuð brot gegn lögum þessum skulu varða aukinni refsingu, enda sé um að ræða innflutning eða dreifingu þeirra efna sem um getur í 2.–4. gr. a.

IV. KAFLI
Breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

8. gr.

Við 125. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr., svohljóðandi:

Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir 264. gr. almennra hegningarlaga.

V. KAFLI
Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta laga og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

Þegar fullnusta fer fram á beiðni um eignaupptöku samkvæmt samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 gilda ákvæði I. og IV. kafla 2. hluta og I. og IV. kafla 3. hluta laga þessara eftir því sem við getur átt.

b. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 3. mgr. sem verður 5. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

c. Í stað orðanna „1. eða 2. mgr.“ í 4. mgr. sem verður 6. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

10. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

11. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 26. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

12. gr.

Í stað orðanna „4. mgr. 2. gr.“ í 1. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI
Breytingar á lyfjalögum, nr. 93 20 maí 1994.

13. gr.

Við 2. mgr. 43. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir 264. gr. almennra hegningarlaga.

VII. KAFLI
Gildistaka.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðasamninga á sviði refsiréttar. Þetta eru samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 (hér eftir nefndur fíkniefnasamningurinn) og samningur um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990, gerður á vettvangi Evrópuráðsins (hér eftir nefndur þvættissamningurinn). Fylgir íslensk þýðing samninganna tveggja hér á eftir sem fylgiskjöl I og II.

Þau lög, sem nauðsynlegt er að laga að ákvæðum samninganna áður en unnt er að fullgilda þá og frumvarp þetta ráðgerir breytingar á, eru almenn hegningarlög, nr. 19/1940 varðandi ákvæði um þvætti og eignaupptöku, lög um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, varðandi skilgreiningu á fíkniefnabroti og um eignaupptöku og lög um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, varðandi meðferð erlendra beiðna um aðgerðir samkvæmt samningunum. Við gerð frumvarpsins var einnig tekið mið af tillögum verkefnisstjórnar sem dómsmálaráðherra skipaði í janúar 1996 vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum, en tillögur verkefnisstjórnarinnar um breytingar á almennum hegningarlögum birtust í lokaskýrslu hennar frá júní 1996.

Loks eru gerðar tillögur um breytingar á þrennum sérrefsilögum, áfengislögum, nr. 82/1969, tollalögum, nr. 55/1987, og lyfjalögum, nr. 93/1994, í því augnamiði að gera refsivert þvætti ávinnings af brotum á þessum lögum.

Markmið fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins eru að ýmsu leyti sambærileg. Á undanförnum árum hefur þróun í alþjóðlegri samvinnu til að sporna við glæpastarfsemi einkennst af aðgerðum gegn peningaþvætti, þ.e. að hægt verði að ná til og gera upptækan ágóða af afbrotum og að þeir sem fremja brotin eða aðrir geti ekki leynt, komið undan eða notið ávinningsins af þeim.

Helsta markmið samninganna tveggja er þannig að uppræta aðalhvatann að afbrotum og glæpastarfsemi, ávinninginn sem fæst með brotunum. Samningarnir leggja þá skyldu á aðildarríki að gera þvætti ávinnings af afbrotum skýrlega refsivert brot í landslöggjöf sinni og að lagaheimildir séu til upptöku á slíkum ávinningi eða verðmætum sem ávinningnum hefur verið umbreytt í. Einnig gera samningarnir ráð fyrir víðtækri samvinnu milli aðildarríkjanna á þessu sviði, sérstaklega í tengslum við rannsóknaraðgerðir, svo sem leit og haldlagningu, svo og eignaupptöku á ávinningi af afbrotum. Á meðan ákvæði þvættissamnings Evrópuráðsins ná jafnt til ávinnings af öllum afbrotum ná ákvæði fíkniefnasamningsins sem fjalla um þvætti aðeins til ávinnings af fíkniefnabrotum. Efni fíkniefnasamningsins er hins vegar víðtækara þar sem hann skilgreinir fíkniefnabrot ítarlega og mælir fyrir um skyldu aðildarríkja til að gera slík brot refsiverð samkvæmt landslöggjöf sinni.

Í ljósi þess að efni fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins er nátengt er hagkvæmt að nauðsynlegar lagabreytingar vegna aðildar að þeim verði gerðar í einu lagi eins og stefnt er að með frumvarpi þessu.

II. Efni fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins.

Þótt fíkniefnasamningurinn og þvættissamningurinn kalli ekki á umfangsmeiri breytingar á íslenskri löggjöf en lagðar eru til í frumvarpinu er til hagræðingar, samhengisins vegna, vert að gefa yfirlit yfir efni þeirra í heild sinni. Hér á eftir verður rakið efni samninganna tveggja í stórum dráttum, með sérstakri áherslu á þau ákvæði þeirra sem breytingar samkvæmt frumvarpinu grundvallast á.

1. Fíkniefnasamningurinn.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 19. desember 1988 er gerður í kjölfar tveggja eldri samninga Sameinuðu þjóðanna á sviði fíkniefnamála. Þetta eru samningur um fíkniefni frá 30. mars 1961 og samningur um skynvilluefni frá 21. febrúar 1971. Ísland er aðili að báðum þessum samningum og eru þeir birtir með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22 og 23/1974. Markmið samninganna frá 1961 og 1971 er að skilgreina og flokka hvaða efni teljast vera fíkniefni annars vegar og skynvilluefni hins vegar og setja reglur um alþjóðlegt eftirlit með þessum efnum. Með fíkniefnasamningnum frá 1988 er hins vegar stefnt að því að berjast gegn fíkniefnabrotum og fíkniefnaverslun, bæði með hertri refsilöggjöf aðildarríkja og alþjóðlegri samvinnu.

Á eftir inngangsákvæðum fíkniefnasamningins í 1. og 2. gr., þar sem lýst er hugtökum og gildissviði samningsins, birtist kjarnaákvæði hans í 3. gr. sem fjallar um afbrot og viðurlög. Þar kemur fram skilgreining á fíkniefnabrotum og þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum sem aðildarríkjum er skylt að gera refsiverð í landslöggjöf sinni. Á þessum skilgreiningum byggja öll eftirfarandi ákvæði samningsins þar sem rætt er um fíkniefnabrot.

Við skilgreiningu á fíkniefnabroti í (a)-lið 1. mgr. 3. gr. er vísað til efna sem talin eru í fyrri samningum Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði frá 1961 og 1971. Er því einnig ítarlega lýst hvers kyns meðferð fíkniefna ber að gera refsiverða. Samningurinn vísar ekki einvörðungu til eldri samninga um hvaða efni teljast vera fíkni- eða skynvilluefni, heldur tiltekur einnig nýjan flokk efna svo og hluti og tæki sem aðildarríkjum ber að banna og gera meðferð á refsiverða við ákveðnar aðstæður. Er aðildarríkjum þannig skylt að gera refsiverða meðferð tækja, hluta eða efna sem talin eru í skrá I og II við samninginn ef sannað er að þau eigi að nota til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna. Í áðurgreindum skrám eru síðan talin efni sem teljast ekki öll sem slík beinlínis til fíkniefna eða skynvilluefna og heyra því undir hvorugan fyrri samning Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði. Einkenni þessara efna er hins vegar að þau eru veigamikill liður í framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna, og eru annaðhvort hefðbundin lyfjaefni sem algengt er að séu notuð við framleiðslu á fíkniefnum eða tæknileg hjálparefni við framleiðslu þeirra.

Í (b)- og (c)-lið 1. mgr. 3. gr. eru skilgreind þvættisbrot og er aðildarríkjum skylt að gera þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum refsiverðan verknað í landslöggjöf sinni. Verknaðarlýsing á þvætti er eftirfarandi:

— Að afla annarra verðmæta í stað eignar eða afsala eign í þeirri vitneskju að hún sé leidd af fíkniefnabroti í þeim tilgangi að fela eða dylja að eignin var ólöglega tilkomin eða til að aðstoða hvern þann mann sem á hlut að slíku broti við að komast hjá afleiðingum gerða sinna að lögum.

— Að fela eða dylja raunverulegt eðli eignar, tilurð hennar, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi er tengjast henni eða eignarrétt að henni í þeirri vitneskju að hún sé leidd af fíkniefnabroti eða af hlutdeild í slíku broti.
— Að afla eignar eða hafa vörslur hennar eða afnot í þeirri vitneskju þegar við henni var tekið að hún er ávinningur.
— Að eiga hlutdeild í, sammælast um eða leggja á ráðin um, gera tilraun til, veita hjálp eða aðstoða við, auðvelda eða veita ráð til að fremja hvort heldur fíkniefnabrot eða brot sem felst í þvætti á ávinningi af fíkniefnabroti.

Framangreind skilgreining á þvættisbrotum hefur orðið fyrirmynd annarra alþjóðlegra samninga og gerða sem fjalla um þvættisbrot. Má í því sambandi sérstaklega nefna þvættissamninginn og tilskipun Evrópubandalagsins nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar.

Reglur um refsilögsögu eru í 4. gr. samningsins. Þar eru taldar ráðstafanir sem aðildarríkjum er annaðhvort skylt eða heimilt að gera til þess að fella undir refsilögsögu sína brot sem eru lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. samningsins.

Mikilvægt ákvæði fíkniefnasamningsins er 5. gr. sem gerir aðildarríkjum skylt að setja í löggjöf sína heimildir til að gera fíkniefni, efni og tæki sem eru notuð til fíkniefnaframleiðslu og ávinning fíkniefnabrota upptækan, eða verðmæti sem koma í stað ávinnings. Þar er einnig mælt fyrir um alþjóðlega samvinnu um upptöku ávinnings af fíkniefnabrotum. Samkvæmt ákvæðinu geta ríki þar sem fíkniefnabrot er framið lagt fram beiðni í öðru aðildarríki um upptöku ávinnings af brotinu sem hægt er að rekja þangað. Um framkvæmd eignaupptökunnar og undanfarandi aðgerða, svo sem haldlagningar, fer eftir ákvæðum réttarfarslaga í því ríki sem beiðnin er send til.

Næstu ákvæði samningsins í 6.–8. gr. fjalla frekar um alþjóðlega samvinnu aðildarríkja varðandi einstaka fíkniefnabrot. Þar birtast m.a. reglur um framsal á mönnum sem framið hafa eða eru grunaðir um að hafa framið fíkniefnabrot, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, rannsóknaraðgerðir að beiðni annars aðildarríkis svo og um flutning málsmeðferðar milli aðildarríkja til saksóknar vegna fíkniefnabrota. Ekki er þó kveðið á um afdráttarlausa skyldu aðildarríkja til að flytja málsmeðferð, heldur mælst til að þau athugi möguleika á flutningi málsmeðferðar í einstaka tilvikum ef talið er að það þjóni betur réttarvörsluhagsmunum.

Í 9.–11. gr. samningsins eru almenn ákvæði um leiðir til þess að efla eftirlit með fíkniefnabrotum, m.a. um samvinnu og samræmingu milli lögregluyfirvalda í aðildarríkjum, eflingu þjálfunar lögreglu- og tollgæslumanna og að aðildarríki aðstoði gegnumflutningsríki, einkum þróunarlönd, til þess að auka eftirlit og uppræta flutning fíkniefna yfir landsvæði þeirra.

Í 12.–14. gr. samningsins eru ítarleg ákvæði um eftirlit með milliríkjaverslun með efnin sem talin eru í skrám I og II með samningnum og að aðilar skuli hindra verslun með tæki og búnað sem notaður er til framleiðslu á fíkniefnum og skynvilluefnum. Einnig er fjallað um aðgerðir til að uppræta ólöglega ræktun fíkniefna og eftispurn eftir þeim.

Í 15. og 16. gr. er fjallað um eftirlit með flytjendum í atvinnurekstri og ákveðnar kröfur gerðar til flutningsskjala á löglegum útflutningssendingum fíkniefna og skynvilluefna.

Í 17. gr. er mikilvægt ákvæði um ólöglega verslun sjóleiðis og aðgerðir sem hægt er að grípa til gagnvart skipum þar sem grunur leikur á að stunduð sé ólögleg fíkniefnaverslun. Á grundvelli 17. gr. var gerður sérstakur samningur á vegum Evrópuráðsins 31. janúar 1995 með ítarlegri útfærslu á efni hennar um við hvaða aðstæður megi grípa til aðgerða og þá hvaða aðgerða gagnvart skipum til að uppræta ólöglega fíkniefnaverslun.

Síðustu efnisákvæði samningsins eru ákvæði 18. og 19. gr. um eftirlit með flutningi á fíkniefnum og skynvilluefnum á fríverslunarsvæðum og um notkun póstþjónustunnar og í 20. gr. er lýst upplýsingaskyldu aðildarríkja um framkvæmd samningsins. Að lokum fjalla 21.–24. gr. samningsins um störf alþjóðlegra eftirlitsnefnda með framkvæmd samningsins og lokaákvæði um aðild, gildistöku o.fl. eru í 25.–34. gr. samningsins.

2. Þvættissamningurinn.

Samningurinn um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóvember 1990 er meðal nýjustu alþjóðasamninga sem gerðir hafa verið á vettvangi Evrópuráðsins á sviði refsiréttar og réttarfars. Þvættissamningurinn sækir fyrirmynd sína að hluta til ákvæða fíkniefnasamningsins, einkum þeirra sem skilgreina þvættisbrot og skyldu aðildarríkja til að gera upptækan ávinning af afbrotum eða jafnvirði slíks ávinnings. Þvættissamningurinn geymir hins vegar mun ítarlegri reglur um alþjóðlega samvinnu og málsmeðferð með svipuðum hætti og í þeim Evrópusamningum sem þegar hafa verið gerðir á þessu sviði. Eru ákvæði um alþjóðlega samvinnu og málsmeðferð einkum felld að ákvæðum samnings Evrópuráðsins um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970 sem Ísland er aðili að.

Efni samningsins skiptist í fjóra meginkafla. Í I. kafla samningsins með 1. gr. hans er lýst nokkrum undirstöðuhugtökum sem samningurinn byggir á. Í II. kafla er fjallað um ráðstafanir sem aðildarríkjum er skylt að tryggja í innanlandslöggjöf sinni. Kjarnaákvæði í þessum kafla eru 2. og 6. gr. um eignaupptöku og þvættisbrot. Skilgreiningar sem birtast í þessum ákvæðum eru nánast orðrétt samhljóða ákvæðum fíkniefnasamningsins um sama efni enda gerðar að fyrirmynd síðarnefnda samningins. Í 2. gr. kemur fram að aðildarríkjum er skylt að gera ráðstafanir svo að unnt sé að gera upptæk tæki sem notuð eru til að fremja afbrot og ávinning af afbrotum eða eignir sem samsvara þeim ávinningi.

Í 3.–5. gr. samningsins er fjallað um skyldu aðildaríkja til heimila með löggjöf ákveðnar rannsóknaraðgerðir í tengslum við rannsókn þvættisbrota til að greina og finna eignir sem heimilt er að gera upptækar skv. 2. gr. Meðal rannsóknaraðgerða sem skylt er að heimila í þessum tilgangi eru leit og haldlagning.

Samkvæmt 6. gr. samningsins um þvættisbrot er aðildarríkjum skylt að gera slík brot refsiverð samkvæmt landslögum. Eins og áður sagði er verknaðarlýsing á þvættisbroti sambærileg við verknaðarlýsingu fíkniefnasamningsins að öðru leyti en því að í 6. gr. er rætt um þvætti ávinnings af öllum afbrotum, en ekki aðeins fíkniefnabrotum. Í 3. mgr. 6. gr. er tekið fram að aðildarríki geti gert refsiverð þvættisbrot sem framin eru af gáleysi en það er þó ekki fortakslaus samningsskylda.

Efnismesti hluti þvættisamningsins er III. kafli hans, 7.–35. gr., og skiptist hann niður í sjö þætti. Í kaflanum er fjallað um alþjóðlega samvinnu og skyldu aðildarríkja, þar sem ávinningur af broti finnst, til að grípa til rannsóknaraðgerða og eignaupptöku að beiðni annars aðildarríkis þar sem rannsókn fer fram og loks eru ákvæði um málsmeðferð. Á eftir 1. þætti með almennum meginreglum um alþjóðlega samvinnu er í 2. þætti lýst skyldu aðildarríkja til rannsóknaraðstoðar hvert við annað. Skyldu aðildarríkja til bráðabirgðaráðstafana, svo sem kyrrsetningar og haldlagningar, svo og um upptöku eigna að beiðni annars aðildarríkis, er lýst í 3. og 4. þætti. Heimildir aðildarríkis til að synja um samvinnu samkvæmt samningnum eða fresta henni eru í 5. þætti og um tilkynningar um réttindi þriðja manns í eign og um vernd slíkra réttinda er fjallað í 6. þætti. Loks eru ítarlegar reglur um réttarfar, þar með talið um form og efni beiðna um aðgerðir sam-

kvæmt samningnum og meðferð þeirra, í 7. þætti samningins. Þar kemur fram í 23. gr. að aðilum er skylt að tilnefna miðstjórnvald sem annast öll samskipti við önnur aðildarríki um beiðnir og um meðferð beiðna.

Í IV. kafla samningins eru lokaákvæði um gildistöku, aðild, fyrirvara o.fl.

3. Aðildarríki að fíkniefnasamningnum og þvættissamningnum.

Aðildarríki að fíkniefnasamningnum voru 133 miðað við 24. júní 1996. Ísland er nú eitt örfárra ríkja á Vesturlöndum sem ekki hafa fullgilt samninginn. Er mikilvægt að fíkniefnasamningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu sem fyrst, ekki síst vegna þess að fíkniefnasamningurinn er mikilvægur grundvöllur fyrir vaxandi Evrópusamvinnu um varnir gegn fíkniefnabrotum.

Níu aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt þvættissamninginn miðað við 1. september 1996. Þetta eru Bretland, Búlgaría, Finnland, Ítalía, Litáen, Holland, Noregur, Svíþjóð og Sviss. Búist er við að tvö ríki fullgildi samninginn fljótlega og undirbúningur fyrir fullgildingu er langt kominn í 4–5 ríkjum til viðbótar. Danmörk er meðal þeirra ríkja sem væntanlega munu fullgilda samninginn fljótlega, enda hafa lagabreytingar vegna aðildar að samningum nýlega verið samþykktar. Þess má geta að aðild að samningnum stendur öllum ríkjum til boða en ekki aðeins aðildarríkjum Evrópuráðsins.

III. Íslensk löggjöf á sviði samninganna.

1. Löggjöf um peningaþvætti.

Hugtakið peningaþvætti er tiltölulega nýtt í íslenskri löggjöf og var framan af óljóst hvernig bæri að þýða enska orðið „money laundering“. Hefur verið fallist á að nýyrðið „peningaþvætti“ lýsi best inntaki þessa erlenda hugtaks sem átti sér enga skýra samsvörun á sviði íslensks refsiréttar og þótti t.d. hugtakið „hylming“ of þröngt til að þjóna þessu hlutverki þótt það sé mjög eðlisskylt. Samkvæmt skilgreiningu á hylmingu í íslenskum refsirétti er það skilyrði að ávinningur stafi frá auðgunarbroti.

Á síðustu árum hefur íslenskri refsilöggjöf verið breytt nokkuð til þess að koma til móts við alþjóðlegar kröfur um að peningaþvætti verði gert refsivert. Miklvægasti hvati að slíkum breytingum var tilskipun ráðs Evrópubandalagsins nr. 91/308 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar. Tilskipunin öðlaðist gildi 1. janúar 1993. Samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði var Ísland skuldbundið til þess að hafa lagað löggjöf sína að tilskipuninni við gildistöku EES-samningsins. Markmið áðurgreindrar tilskipunar EB er aðallega að samræma aðgerðir aðildarríkjanna til að reyna að hindra að fjármálastofnanir verði notaðar til þvættis á ágóða af brotastarfsemi og að aukið frelsi í fjármagnsflutningum og fjármálaþjónustu verði notað til peningaþvættis. Að auki er ófrávíkjanleg krafa að aðildarríki geri refsivert þvætti á ávinningi af fíkniefnabrotum en það er ekki jafn fortakslaust skuldbundið til að setja refsiákvæði um þvætti ávinnings af öðrum brotum.

Tilskipun EB nr. 91/308 kallaði á tvenns konar breytingar á íslenskri löggjöf. Annars vegar voru sett lög, nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti til þess að hindra misnotkun á fjármálastofnunum til peningaþvættis og að þær haldi uppi ákveðnu eftirliti til þess að fylgjast með og koma upp um peningaþvætti. Hins vegar var með lögum nr. 39/1993 bætt við almenn hegningarlög nýju ákvæði, 173. gr. b, sem gerir þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum refsiverðan verknað. Sambærileg breyting var gerð með lögum nr. 49/1993 sem bættu nýrri 2. mgr. við 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Sam-

kvæmt þessum nýju ákvæðum er nú refsivert að taka við eða afla sér eða öðrum ávinnings af fíkniefnabrotum, svo og að geyma eða flytja slíkan ávinning, aðstoða við afhendingu hans eða stuðla á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

Um þvætti ávinnings af öðrum brotum en fíkniefnabrotum eru ekki eins skýr ákvæði í íslenskri löggjöf. Ákvæði 22. gr. almennu hegningarlaganna um hlutdeild nær að nokkru leyti til þvættisbrota. Í 4. mgr. þeirra greinar er gerð refsiverð eftirfarandi hlutdeild sem felst í því að veita brotamanni eða öðrum, eftir að brot er fullframið, liðsinni til þess að halda við ólögmætum afleiðingum brots eða njóta hagnaðar af því. Ákvæði þetta áskilur þó að sá sem veitir liðsinni til að koma undan ávinningi njóti sjálfur hagnaðar af því, en það er þrengri verknaðarlýsing en kemur fram í 6. gr. þvættissamningsins. Að auki yrði ekki unnt að refsa fyrir tilraun eða hlutdeild í þvættisbroti eins og krafist er í þvættissamningnum á þessum grundvelli, þar sem brot skv. 4. mgr. 22. gr. getur ekki verið sjálfstætt brot heldur er órjúfanlega tengt öðru broti.

Í 254. gr. almennu hegningarlaganna er sérrefsiákvæði um hylmingu í tengslum við auðgunarbrot og um áhrif ítrekunar á auðgunarbrotum og hylmingu í tengslum við slík brot er fjallað í 255. gr. Í 263. gr. laganna er síðan kveðið á um refsingu fyrir hylmingu af gáleysi í tengslum við auðgunarbrot.

2. Eignaupptaka.

Almenn heimild til eignaupptöku er í 69. gr. almennu hegningarlaganna en skv. 3. tölul. 1. mgr. hennar er heimilt að gera upptæka með dómi muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til eða fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings.

Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna er heimilt að gera upptæk til ríkissjóðs efni þau sem lögin taka til og aflað hefur verið á ólögmætan hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu. Í 7. mgr. sömu greinar er veitt heimild til að gera upptækt andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til, svo og hvers konar muni sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

Þegar litið er til skuldbindinga fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins varðandi heimildir til eignaupptöku virðist 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. hegningarlaganna uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett. Með heimild til upptöku ávinnings af brotum, svo og jafnvirðisupptöku á fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings eru uppfyllt skilyrði samninganna um að hægt sé að gera upptækar eignir sem samsvara ávinningi af brotum. Hefur ákvæðið verið túlkað þannig af dómstólum að ekki sé aðeins unnt að gera upptæka fjárhæð sem samsvarar ávinningum heldur einnig muni, t.d. bifreið, sem ávinningur af broti hefur sannanlega runnið til kaupa á.

Sérreglan um upptöku ávinnings af fíkniefnabrotum skv. 7. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna er aftur á móti takmörkuð við andvirði ólögmætrar sölu efna sem lögin taka til auk þess sem hún kveður ekki skýrlega á um heimild til jafnvirðisupptöku. Þannig tekur ákvæðið ekki til upptöku ávinnings af öðrum brotum á lögunum en sölu efna, svo sem ávinnings sem fæst fyrir aðstoð við að flytja, dreifa eða geyma ávana- eða fíkniefni. Þegar um jafnvirðisupptöku ávinnings af fíkniefnabroti er að ræða, t.d. upptöku muna sem keyptir hafa verið fyrir ávinning af fíkniefnabroti hafa dómstólar þannig beitt 7. mgr. 5. gr. ásamt almennu heimildinni í 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennu hegningarlaganna.

Við ákvörðun dómstóla um upptöku ávinnings af brotum hefur oft reynst vandasamt í framkvæmd að leggja fram gögn um nákvæma fjárhæð ávinnings af broti. Þótt ljóst sé að brotamaður hafi hagnast á broti hafa dómstólar ekki talið sér heimilt að áætla fjárhæðina þegar ekki er unnt að ákveða hana samkvæmt sönnunargögnum í málinu. Við þessar aðstæður koma upptökuákvæðin í núgildandi lögum því ekki að tilætluðum notum.

3. Skilgreining á fíkniefnabroti.

Skilgreiningar á fíkniefnabrotum eru í 2. og 3. gr. ávana- og fíkniefnalaganna frá 1974. Eru ávana- og fíkniefni sem falla undir 2. gr. með öllu bönnuð á íslensku yfirráðasvæði nema sérstakt leyfi ráðherra komi til. Í 3. gr. eru settar takmarkanir við því að efni þau eða lyf sem þar greinir verði notuð í öðru skyni en í læknisfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Eru inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna samkvæmt báðum þessum ákvæðum bönnuð. Í 6. gr. laganna eru talin efni sem falla undir 2. gr. Í 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. er ráðherra síðan veitt heimild til ákveða nánar talningu á efnum sem falla undir ákvæðin. Í reglugerð nr. 16/1986, með síðari breytingum, eru þessi efni talin.

Greinamörk 2. og 3. gr. eru að verulegu leyti reist á flokkun alþjóðasamninganna tveggja frá 1961 og 1971. Þannig er í 2. gr. skírskotað til efna sem talin eru í samningnum um fíkniefni frá 1961 og í 3. gr. til samningsins um skynvilluefni frá 1971. Hugtakið ávana- og fíkniefni er hins vegar safnheiti í íslensku lögunum og almennt notað jöfnum höndum um fíkniefni og skynvilluefni samkvæmt samningunum.

Í 4. gr. laganna er öryggisákvæði sem kveður á um að 2. og 3. gr. gildi einnig um hráefni sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni. Hefur þessu ákvæði einkum verið beitt um vörslu, ræktun eða aðra meðferð plantna sem unnt er að vinna ávana- og fíkniefni úr.

Í 173. gr. a almennra hegningarlaga er lögð refsing við alvarlegri brotum á ávana- og fíkniefnalögunum, svo sem ef verknaður felst í því að láta mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni, afhenda þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt.

Beina heimild skortir í ávana- og fíkniefnalögin til þess að refsa mönnum fyrir vörslu og meðferð tækja, hluta eða efna sem skráð eru í skrá I og II við fíkniefnasamninginn frá 1988 í þeirri vitneskju að þau skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna. Efnin, sem talin eru á áðurgreindum skrám, eru ekki talin upp í reglugerð á grundvelli ávana- og fíkniefnalaganna í flokki efna sem óheimil eru samkvæmt lögunum.

4. Heimildir til eignaupptöku og rannsóknaraðgerða hér á landi samkvæmt erlendri beiðni á grundvelli samninganna.

Í lögum nr. 56/1993 um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma eru ítarleg ákvæði um fullnustu erlendra viðurlagaákvarðana, einkum á grundvelli Evrópusamnings um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 1970, svo og á grundvelli Evrópusamnings um flutning dæmdra manna frá 1983.

Þrátt fyrir að lögin séu sett í tilefni af framangreindum Evrópusamningum er unnt skv. 1. gr. laganna, samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki og með heimild í lögunum, að fullnægja hér á landi ákveðnum viðurlagaákvörðunum sem teknar eru í öðru ríki, svo sem upptöku eigna. Í 4. mgr. 2. gr. laganna kemur fram að þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en framangreind-

um tveimur Evrópusamningum ákveði dómsmálaráðuneytið hvernig fari um könnun þess hvort fullnægja megi erlendum viðurlagaákvörðunum hér á landi.

Samkvæmt 26. gr. laganna getur dómsmálaráðherra á grundvelli samkomulags við annað ríki ákveðið hvernig ákvæðum I. og IV. kafla í 2. hluta laganna skuli beitt í samskiptum Íslands og hlutaðeigandi ríkis enda þótt í slíkri ákvörðun felist frávik frá ákvæðum þessara kafla laganna. I. kafli 2. hluta laganna fjallar um fullnustu dóma sem fullnægja má samkvæmt Evrópusamningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma. Í þessum kafla eru reglur um hvernig skuli fara með beiðni erlendis frá um eignaupptöku hér á landi. IV. kafli 2. hluta laganna geymir sameiginleg ákvæði um framkvæmd erlendra beiðna.

Eins og sjá má af lýsingu framangreindra lagaákvæða er töluvert svigrúm til þess að framfylgja erlendri beiðni um eignaupptöku á grundvelli laganna án þess að til breytinga á þeim þurfi að koma.

Hvað varðar beiðni samningsaðila um leit og haldlagningu til undirbúnings eignaupptöku hér á landi, heimilar 1. mgr. 78. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, haldlagningu ef ætla má að hlutir kunni að verða gerðir upptækir. Ef lagaheimild er fyrir eignaupptöku samkvæmt erlendri beiðni er skilyrðum 1. mgr. 78. gr. fullnægt og er því ekki frekari lagabreytinga þörf vegna fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins að þessu leyti. Það sama á við um skilyrði leitar skv. 89. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

IV. Helstu breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu.

Lagabreytingum þeim, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu, er ætlað að færa íslenska löggjöf til samræmis við skuldbindingar fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins. Verður markmiði þeirra nú lýst í stórum dráttum en þeim verður ítarlegar lýst í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Breytingar samkvæmt frumvarpinu eru fjórþættar:

Í fyrsta lagi er stefnt að því gera refsivert þvætti ávinnings af öllum brotum á hegningarlögum og ákveðnum sérrefsilögum en ekki einvörðungu þvætti ávinnings af fíkniefnabrotum og auðgunarbrotum eins og í núgildandi löggjöf.

Í öðru lagi er stefnt að því að rýmka og gera skýrari lagaákvæði sem lúta að heimildum til upptöku á ávinningi af brotum og upptöku á jafnvirði slíks ávinnings.

Í þriðja lagi er stefnt að því að gera refsiverða vörslu og meðferð tækja, hluta og tiltekinna efna sem notuð eru til framleiðslu á fíkniefnum, en slík háttsemi er ekki skýrlega refsiverð samkvæmt núgildandi löggjöf.

Í fjórða og síðasta lagi stefnir frumvarpið að því að setja skýrlega orðaðar lagaheimildir sem grundvöll fyrir fullnustu á erlendum beiðnum um upptöku eigna hér á landi, svo og fyrir beiðni íslenska ríkisins um eignaupptöku erlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er ráðgerð viðbót við 4. gr. almennra hegningarlaga þess efnis að refsað verði fyrir brot á 264. gr. laganna jafnvel þótt frumbrotið sem ávinningurinn stafar frá sé framið erlendis. Ekki skiptir heldur máli hver framdi frumbrotið, t.d. hvort það var íslenskur ríkisborgari eða annar. Nauðsynlegt er að setja skýra reglu um þetta efni í ljósi fortakslausrar skuldbindingar í a-lið 2. mgr. 6. gr. þvættissamningsins þar sem segir að ekki skipti máli hvort frumbrotið fellur undir refsilögsögu samningsaðila.

Þótti rétt að regla um þetta ætti heima í 4. gr. laganna frekar en í 6. gr. þeirra þar sem síðarnefnda ákvæðið er bundið við að unnt sé að refsa hér á landi fyrir brot sem er framið utan íslenskrar refsilögsögu. Vert er að taka fram að þvættissamningurinn leggur ekki þá skyldu á aðildarríki að víkka út refsilögsögu sína þegar þvættisbrot eru annars vegar, þannig að unnt verði að refsa manni hér á landi fyrir slík brot sem hann hefur framið erlendis. 1. gr. frumvarpsins stefnir aðeins að því að heimila refsingu fyrir brot á 264. gr. laganna, sem er framið innan íslenskrar refsilögsögu þegar ávinningur stafar frá broti sem er framið erlendis.

Um 2. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lögð til viðbót við gildandi 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. þess efnis að skýrt sé kveðið á um að gera megi upptæka hluti sem keyptir eru fyrir ávinning. Þótt ákvæðið hafi í reynd verið túlkað þannig af dómstólum að það feli í sér heimild til að gera upptæka muni keypta fyrir ávinning þykir tryggara að orða heimildina sérstaklega. Er það m.a. gert í ljósi þess að sambærileg heimild verður orðuð í 5. gr. laganna um ávana- og fíkniefni, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Eins og rætt var í kafla III.2 að framan hefur stundum reynst örðugt eða jafnvel ómögulegt að afla nægra sannana um raunverulegan ávinning brotamanns af broti. Þetta getur sérstaklega átt við ef brotastarfsemi, t.d. ólögleg viðskipti, hefur sannanlega staðið um nokkurt skeið, en aðeins er hægt að leggja fram gögn um fjárhæð ávinnings í einu tilviki. Þess eru dæmi úr dómaframkvæmd að þótt brotamaður hafi sannanlega haft ávinning af broti hafi ekki verið fallist á upptöku þar sem gögn hefur skort til þess að ákveða upphæð hans. Dómstólar hafa ekki talið sér heimilt að áætla fjárhæðina þegar ekki hefur verið unnt að ákveða hana samkvæmt sönnunargögnum í málinu. Við þessar aðstæður koma núgildandi upptökuákvæði í lögum því ekki að tilætluðum notum en að nokkru leyti hefur verið hægt að ná hinum dulda ágóða með ákvörðun sektargreiðslu.

Í norskum og dönskum hegningarlögum hefur verið brugðist við þessari aðstöðu þannig að dómstólum hefur verið veitt heimild til þess að áætla fjárhæð þegar sannað er að ávinningur hafi orðið af brotinu en gögn skortir til að meta fjárhæð hans (1. mgr. 75. gr. dönsku hegningarlaganna og 34. gr. norsku hegningarlaganna). Í 2. gr. frumvarpsins er stefnt að því að veita dómurum sambærilega heimild til mats á umfangi ávinnings. Rétt er að að leggja áherslu á að venjulegar sönnunarreglur gilda eftir sem áður um að maður hafi í reynd haft ávinning af broti.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að 173. gr. b laganna um þvætti í tengslum við fíkniefnabrot verði felld brott. Verður þessarar sérreglu ekki lengur þörf þar sem almenn regla sama efnis sem nær til allra brota á lögunum verður sett í 264. gr. laganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ráðgert er að í 264. gr. laganna komi nýtt ákvæði og jafnframt að greinin sem nú stendur auð í XXVIII. kafla laganna sem fjallar um bætur, brottfall erfðaréttar o.fl. flytjist í næsta kafla á undan sem er XXVII. kafli um ýmis brot er varða fjárréttindi.

Við gerð frumvarpsins var sá kostur kannaður að gera þvættisbrot refsiverð samkvæmt íslenskum lögum með því að færa út gildissvið 4. mgr. 22. gr. almennu hegningarlaganna um eftirfarandi hlutdeild. Þrátt fyrir ýmsa kosti þeirrar leiðar virtist sem vankantar yrðu fleiri á þessari tilhögun sem verður nú lýst nánar.

Í fyrsta lagi gefur orðalag 6. gr. þvættissamningsins skýrt til kynna að ætlast sé til að þvættisbrot skuli gert að sjálfstæðu broti í landslöggjöf aðildarríkja. Í því sambandi má sérstaklega vísa til d-liðar 1. mgr. 6. gr. um að tilraun og hlutdeild í þvættisbroti skuli gerði refsiverð. Ef þvættisbrot er ekki gert að sjálfstæðu broti heldur órjúfanlega tengt frumbrotinu sem eftirfarandi hlutdeild eða aðstoð er væntanlega ógerlegt að ákæra fyrir tilaun eða hlutdeild í þvætti.

Í öðru lagi má benda á að í 2. mgr. 6. gr. fíkniefnasamningsins er kveðið á um að brot sem skilgreind eru í 1. mgr. 3. gr. samningsins skuli talin meðal framsalsbrota, en í þessu ákvæði eru þvættisbrot talin auk annarra brota. Ef þvættisbrot stendur ekki sjálfstætt í refsilöggjöfinni getur verið mjög vandasamt að uppfylla þessa samningsskuldbindingu.

Hér er því lagt er til að þvætti ávinnings af brotum á almennum hegningarlögum verði gert sjálfstætt refsivert brot, án tillits til þess um hvers konar brot er að ræða. Er með þessu komið til móts við skuldbindingu 1. mgr. 6. gr. þvættissamningsins. Sambærileg leið hefur verið valin í Noregi og Svíþjóð vegna aðildar að þvættissamningnum, sbr. 317. gr. norsku hegningarlaganna og 6. og. 7. gr. í 9. kafla sænsku hegningarlaganna.

Þótt skilgreining þvættis í 1. mgr. 264. gr. verði ekki orðrétt sú sama og í áðurnefndri 6. gr. þvættissamningsins nær hún til allra atriða sem þar eru talin vegna orðanna „stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti“ í síðari málslið 1. mgr.

Skilgreiningin á þvætti ávinnings af brotum í 1. mgr. 264. gr. er samhljóða þeirri sem kom inn í 173. gr. b almennu hegningarlaganna og 2. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna árið 1993 en þessi ákvæði eru sérreglur sem taka einvörðungu til þvættis í tengslum við fíkniefnabrot. Eins og lýst var í kafla III.1 að framan komu þessi ákvæði inn í íslenska löggjöf vegna tilskipunar EB nr. 91/308, en orðalag þeirrar tilskipunar um þvætti er nánast samhljóða verknaðarlýsingu þvættissamningsins.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. verður unnt að refsa fyrir viðtöku og öflun ávinnings af afbroti og aðstoð við að umbreyta ávinningi í því skyni að að fela ólöglegan uppruna hans. Markmið 1. mgr. er tvíþætt. Annars vegar er skýrlega gert refsivert að maður njóti ávinnings af broti sem annar hefur framið. Hins vegar er lögð refsing við ýmsum aðferðum sem unnt er að viðhafa til að aðstoða við undanskot á ávinningi afbrota, án skilyrðis um að viðkomandi hafi nokkurn ábata af aðstoðinni. Er tiltekin í ákvæðinu sú háttsemi að geyma, flytja eða aðstoða við afhendingu ávinnings en ekki reynt að telja með tæmandi hætti hvers konar aðstoð fellur undir ákvæðið. Þannig verður refsivert að stuðla á hvers konar annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af afbroti. Í dæmaskyni má nefna að undir ákvæðið félli sú háttsemi að leyna, senda, millifæra t.d. af bankareikningum, umbreyta, veðsetja eða fjárfesta með ávinningnum.

Ráðgert er að þvætti ávinnings geti varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Ef brot er ítrekað eða sérstaklega stórfellt, svo sem ef um ræðir verulega háar fjárhæðir eða ef þvættið hefur verið stundað kerfisbundið í atvinnustarfsemi, svo dæmi sé tekið, getur refsing orðið varðhald eða fangelsi allt að fjórum árum. Til samanburðar má geta þess að samkvæmt sænskum refsilögum varðar þvættisbrot allt að tveggja ára fangelsi en allt að sex árum ef það er sérstaklega gróft. Samkvæmt norsk-

um refsilögum varðar þvættisbrot sektum eða fangelsi allt að þremur árum en sé brotið sérstaklega stórfellt varðar það allt að sex ára fangelsi.

Í 2. mgr. er gerð tillaga um sérreglu varðandi þvætti ávinnings af fíkniefnabroti skv. 173. gr. a laganna. Samkvæmt 173. gr. b. laganna er hámarksrefsing fyrir þvætti ávinnings af slíku broti tíu ár. Í 3. gr. frumvarpsins er stefnt að því að 173. gr. b falli brott þar sem háttsemi sem þar er lýst muni falla undir almennu regluna í 1. mgr. 264. gr. Hins vegar þykir ekki rétt að lækka refsihámark fyrir þvætti ávinnings af fíkniefnabroti frá því sem nú gildir, enda er hér um að ræða svið þar sem hvað mest hætta er á reynt sé að koma undan ávinningi.

Í 3. mgr. er lagt til að ekki skuli höfða mál ef ávinningur sem um ræðir er mjög smávægilegur krefjist almenningshagsmunir þess ekki. Loks er unnt skv. 4 mgr. greinarinnar að færa niður refsingu ef þvætti er framið af gáleysi, og fella alveg niður ef frumbrotið varðar ekki þyngri refsingu en varðhaldi. Þess má geta að þvættissamningurinn gerir ekki fortakslausa kröfu um að þvætti framið af gáleysi verði gert refsivert í aðildarríkjum. Í a-lið 3. mgr. 6. gr. samningsins segir hins vegar að aðili geti lýst þvætti refsivert samkvæmt landslögum ef maður hefði mátt vita að eign var ávinningur.

Rétt er að benda á að ákvæði hegningarlaganna í 254. og 263. gr. um hylmingu í tengslum við auðgunarbrot standa áfram óbreytt, en eru ekki felld inn í 264. gr. samkvæmt frumvarpinu. Verður að líta á þessi ákvæði sem sérreglur gagnvart ákvæðinu í 264. gr. með gildissvið sem verður eftir sem áður bundið við auðgunarbrot í XXVI. kafla laganna.

Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um tvær breytingar á refsiákvæði áfengislaganna í 1. mgr. 33. gr. Þar sem 264. gr. almennu hegningarlaganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins hér að framan, miðast við að ávinningur komi frá broti á þeim lögum, nær ákvæðið ekki sjálfkrafa til allra brota á sérrefsilöggjöfinni nema annað sé tekið fram þar. Við mat á því hvaða sérrefsilög ættu að geyma heimild til þess að refsa fyrir þvætti ávinnings af brotum var einkum litið til þeirra sem höfðu þyngri refsimörk en sektir eða varðhald. Einnig var tekið mið af brotum sem eru líklegri en önnur til að skapa ávinning, svo sem á sérstaklega við um ólöglega áfengisssölu svo og ólöglega lyfjasölu sbr. 12. gr. frumvarpsins. Hér er því lagt til að meðferð ávinnings af brotum á áfengislögunum verði gerð refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennu hegningarlaganna. Með því að ræða um „meðferð“ ávinningsins er því skírskotað til nánari verknaðarlýsingar í 264. gr.

Í síðari málslið þessarar greinar frumvarpsins er lagt til að tilraun og hlutdeild í áfengislagabrotum verði gerðar refsiverðar, en tilvísun í III. kafla almennu hegningarlaganna skortir nú í áfengislögin.

Um 6. gr.

Með þessu ákvæði frumvarpins er stefnt að því að verknaðir sem lýst er í (iv)-lið (a)-liðar og (ii)-lið, (c)-liðar 1. mgr. 3. gr. fíkniefnasamningsins verði skýrlega gerðir refsiverðir samkvæmt lögunum um ávana- og fíkniefni. Vegna sérstöðu efna, svo og tækja og hluta sem talin eru upp í ákvæðinu samanborið við ávana- og fíkniefni sem falla undir 2.–4. gr. laganna, þykir rétt að refsiheimild vegna meðferðar þeirra verði í sérstakri grein, 4. gr. a, í lögunum.

Í núgildandi löggjöf skortir heimild til þess refsa mönnum fyrir vörslu og meðferð tækja, hluta eða efna sem skráð eru í skrá I og II með fíkniefnasamningnum frá 1988 í þeirri vitneskju að þau skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna. Efnin, sem talin eru á áðurgreindum skrám, eru ekki talin upp í reglugerð á grundvelli ávana- og fíkniefnalaganna í flokki efna sem óheimil eru samkvæmt lögunum. Úr nýlegri dómaframkvæmd hér á landi finnast dæmi þess að ekki hafi verið hægt að refsa fyrir meðferð slíkra efna vegna skorts á beinni refsiheimild þess efnis. Hefur þó verið unnt að færa háttsemina undir tilraun til fíkniefnabrots samkvæmt núgildandi lögum.

Einkenni þessara efna er að þau eru veigamikill liður í framleiðslu ávana- og fíkniefna og eru annaðhvort hefðbundin lyfjaefni í almennri lyfjaframleiðslu eða tæknileg hjálparefni við framleiðslu þeirra. Í stað þess að vera þannig flokkuð með annaðhvort fíkniefnum eða skynvilluefnum eru þau í reynd talin með tækjum eða hlutum sem notuð til ólöglegrar framleiðslu á fíkniefnum. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. a er þannig ekki ætlast til að meðferð þeirra verið refsiverð á grundvelli ákvæðisins, nema hún standi í beinu sambandi við framleiðslu flutning eða dreifingu fíkniefna. Með orðalagi ákvæðisins „til notkunar“ er ætlast til að sanna verði ásetning til þess að nota efnin í þessu skyni.

Þá skortir skýra refsiheimild í tilvikum þar sem um er að ræða vörslu, flutning eða dreifingu tækja eða hluta sem nota skal til ólöglegrar framleiðslu fíkniefna, en þessi atriði eru einnig talin í 1. mgr. 4. gr. a. Þessi lýsing getur sérstaklega átt við um hefðbundinn búnað sem notaður er við lyfjaframleiðslu almennt og er ekki ætlast til að meðferð þeirra við slíkar aðstæður verði gerð refsiverð á grundvelli ákvæðisins. Markmið ákvæðisins er að vörslur og nánar tilgreind meðferð slíkra tækja verði gerð refsiverð ef þau eru notuð til framleiðslu fíkni- eða skynvilluefna eða sannanlega á að nota þau í því skyni.

Í 2. mgr. er veitt reglugerðarheimild til þess að ákveða nánar hvaða efni falla undir 1. mgr. ákvæðisins og sérstaklega mikil hætta er talin stafa af í alþjóðasamningum. Er hér sérstök skírskotun til þeirra efna sem talin eru í skrá I og II með fíkniefnasamningnum, en þetta eru eftirtalin efni:

Í skrá I: Efedrín, ergómetrín, ergótamín, lýsergín sýra, 1-fenýl-2-própanón og pseudóefedrín.

Í skrá II: Ediksýru anhýdríð, asetón, antranílsýra, etýl eter, fenýlediksýra og píperidín.

Vegna örrar þróunar í fíkniefnaframleiðslu og nýrra efna sem upp kunna að koma og sérstök hætta stafar af þarfnast upptalning efnanna stöðugrar endurskoðunar. Til að tryggja svigrúm með hliðsjón af þessari þróun þykir rétt að efnin skv. 1. mgr. séu talin í reglugerð. Er þetta sami háttur og er hafður á varðandi talningu ávana- og fíkniefna sem falla undir 2. og 3. gr. ávana- og fíkniefnalaganna sem birtist, auk talningar í 6. gr. laganna, í reglugerð nr. 16/1986, með síðari breytingum.

Um 7. gr.

Í a-lið 7. gr. frumvarpsins er stefnt að því að breyta núgildandi 2. mgr. 5. gr. laganna sem skilgreinir þvættisbrot. Lagt er til að vísað sé til hinnar nýju 264. gr. almennu hegningarlaganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins, í stað þess að 2. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnilaganna endurtaki orðrétt sömu skilgreiningu á þvættisbroti. Er þetta og í samræmi við önnur ákvæði sem frumvarpið leggur til að bætt verði í sérrefsilöggjöfina þar sem vísað verður til 264. gr. almennu hegningarlaganna. Þess má einnig geta að núgildandi 2. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna tiltekur aðeins þvættisbrot sem framin eru af ásetn-

ingi. Með því að vísa til 264. gr. almennu hegningarlaganna yrði hins vegar unnt að refsa fyrir gáleysisbrot, sbr. 4. mgr. 264. gr.

Í b-lið 7. gr. frumvarpsins eru lagðar til ýmsar breytingar á 7. og 8. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna. Þannig er ráðgert að bæta tveimur nýjum málsliðum, 2. og 3. málsl., inn í núgildandi 7. mgr. 5. gr. ávana- og fíkniefnalaganna. Núgildandi upptökuákvæði laganna í 7. mgr. nær aðeins til andvirðis ólögmætrar sölu ávana- og fíkniefna og muna sem notaðir hafa verið til meðferðar efnanna. Markmiðið með breytingu á 7. mgr. 5. gr. er tvíþætt. Annars vegar er gerð tillaga um heimild í 2. málsl. til upptöku á ávinningi af fíkniefnabrotum og munum sem sannanlega eru keyptir fyrir ávinning. Með því að takmarka núgildandi upptökuheimild við andvirði ólögmætrar sölu, kemur ákvæðið ekki að notum við t.d. upptöku á ávinningi laganna sem er ekki tengt söluandvirði eða munum sem sannanlega eru keyptir fyrir ávinning. Sem dæmi um annars konar ávinning sem hægt er að hafa af fíkniefnabroti má nefna greiðslu fyrir geymslu eða flutning fíkniefna. Fram að þessu hefur takmarkað gildi 7. mgr. 5. gr. að þessu leyti ekki komið að sök þar sem hinni almennu og víðtækari reglu 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennu hegningnarlaganna hefur verið beitt samhliða við upptöku eigna. Er til hagræðingar að fyllri eignaupptökuheimildir verði í ávana- og fíkniefnalögunum sjálfum fyrst slíkar heimildir eru þar á annað borð. Í 3. málsl. greinarinnar er gerð tillaga um lögfestingu samhljóða reglu þeirri sem birtist í 2. gr. frumvarpsins. Er vísað til umfjöllunar að framan um 2. gr. frumvarpsins til skýringar á tilgangi reglunnar.

Breyting á 8. mgr. 5. gr. laganna sem fjallar um ítrekunaráhrif felst eingöngu í því að bæta 4. gr. a við upptalningu greina í ákvæðinu.

Um 8. gr.

Hér er gerð tillaga um viðbót við refsiákvæði í 125. gr. tollalaganna. Þar sem stefnt er að því að 264. gr. almennu hegningarlaganna, sbr. 4. gr. frumvarpsins hér að framan, miðist við að ávinningur komi frá broti á almennum hegningarlögum, nær ákvæðið ekki sjálfkrafa til allra brota á sérrefsilöggjöfinni nema annað sé tekið fram þar, eins og áður hefur verið nefnt. Þykir rétt að tollalög séu meðal þeirra sérlaga þar sem meðferð ólöglegs ávinnings verður gerð refsiverð. Því er lagt til að vísað verði til 264. gr. um verknaðarlýsingu á þvættisbroti með sama hætti og gert er í 5. gr. frumvarpsins varðandi áfengislög, a-lið 7. gr. varðandi ávana- og fíkniefnalög og 13. gr. varðandi lyfjalög.

Um 9. gr.

Í 9.–12. gr. frumvarpsins eru ráðgerðar breytingar á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993, vegna ákvæða fíkniefnasamingsins og þvættissamningsins um alþjóðlega samvinnu.

Báðir samningarnir skuldbinda aðildarríki til að taka við og framkvæma eignaupptöku á ávinningi afbrota samkvæmt beiðni frá öðru aðildarríki. Um framkvæmd eignaupptökunnar fer eftir lögum þess ríkis sem upptökubeiðninni er beint til. Eins og lýst var í kafla III.4 að framan veita lög nr. 56/1993, um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, almenna heimild í a-lið 1. mgr. 1. gr., til þess að fullnægja erlendum ákvörðunum um upptöku eigna á grundvelli þjóðréttarsamnings. Þrátt fyrir þetta svigrúm sem lögin veita þykir eðlilegt að tilgreina fíkniefnasamninginn og þvættissamninginn þar með skýrum hætti. Er því lagt til í a-lið 9. gr. frumvarpins að samningarnir tveir bætist við

upptalningu 2. gr. laganna í 3. og 4. mgr. og um framkvæmd beiðna eftir samningunum er síðan vísað til ákvæða laganna eftir því sem við á.

Um framkvæmd beiðni frá öðru aðildarríki um eignaupptöku á grundvelli fíkniefnasamningsins er þannig ráðgert að ákvæðum I. og IV. kafla í 2. hluta laganna verði beitt eftir því sem við á. Verður málsmeðferðin þannig felld að meðferð beiðna um fullnustu evrópskra refsidóma, sem byggir á samningi Evrópuráðsins um alþjóðlegt gildi refsidóma, en í kaflanum er sérstaklega fjallað um atriði sem lúta að eignaupptökubeiðni í 15. og 16. gr. Einnig munu sameiginleg ákvæði IV. kafla gilda um upptökubeiðni á grundvelli fíkniefnasamingsins. Þar er meðal annars kveðið á um í 28. gr. hvernig íslenskum lögum um meðferð opinberra mála verður beitt við framkvæmd slíkrar beiðni.

Með tilvísun í I. og IV. kafla í 3. hluta laganna er lagt til að ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um að beiðast eignaupptöku í öðru samningsríki samkvæmt fíkniefnasamningnum fari eftir sömu reglum og um fullnustu íslenskra viðurlaga erlendis á grundvelli samningsins um alþjóðlegt gildi refsidóma. Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laganna verður það þannig dómsmálaráðuneytið sem ákveður hvort fara eigi þess á leit við erlend stjórnvöld að þau fullnægi íslenskri ákvörðun um eignaupptöku á grundvelli fíkniefnasamningsins.

Sambærilegar tilvísanir eru ráðgerðar vegna upptökubeiðni á grundvelli þvættissamningsins í nýrri 3. mgr. 2. gr. laganna. Gilda ákvæði sömu kafla laganna þannig um meðferð og framkvæmd hennar eftir því sem við á og ákvörðun um hvort íslensk stjórnvöld beiðast eignaupptöku í öðru aðildarríki að þvættissamningnum.

Í b- og c-lið 9. gr. frumvarpsins eru ráðgerðar breytingar á tilvísunum í númer málsgreina 2. gr. laganna með hliðsjón af breyttri röð málsgreina.

Um 10.–12. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins eru lagðar til breytingar á tilvísunum í númer málsgreina 2. gr. laganna með hliðsjón af breyttri röð málsgreina eftir að nýjar 3. og 4. mgr. koma inn með 9. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Hér eru ráðgerðar sambærilegar breytingar á lyfjalögum og í 5. gr. frumvarpsins varðandi áfengislög, ávana- og fíknaefnalög og tollalög um að þvætti ávinnings af broti á þessum sérlögum verði refsivert. Má vísa til athugasemda við 5. gr. um röksemdir fyrir þessari breytingu.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum. Lagabreytingar þessar eru nauðsynlegar til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðasamninga á sviði refsiréttar, samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð grein fyrir meginmarkmiði lagabreytinganna en ekki verður séð að frumvarpið hafi teljandi áhrif á kostnað ríkissjóðs, verði það óbreytt að lögum.

Fylgiskjal II.

RÁÐSTEFNA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM GERÐ SAMNINGS GEGN ÓLÖGLEGRI VERSLUN MEÐ FÍKNIEFNI OG SKYNVILLUEFNI
Vínarborg, Austurríki, 25.11.–20.12.1988.

SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA GEGN ÓLÖGLEGRI VERSLUN MEÐ FÍKNIEFNI OG SKYNVILLUEFNI

Samþykktur af ráðstefnunni á 6. allsherjarfundi hennar hinn 19. desember 1988

Aðilar að samningi þessum,

sem hafa verulegar áhyggjur af hinni miklu og vaxandi ólöglegu framleiðslu, eftirspurn og verslun með fíkniefni og skynvilluefni, sem eru alvarleg ógnun við heilsu og velferð manna og skaða efnahagslegan, menningarlegan og stjórnmálalegan grundvöll samfélagsins,

hafa einnig verulegar áhyggjur af stöðugt vaxandi ásókn ólöglegrar verslunar með fíkniefni og skynvilluefni að ýmsum þjóðfélagshópum, og sérstaklega að börn eru í mörgum heimshlutum nýtt sem neyslumarkaður fyrir ólögleg efni og til ólöglegrar framleiðslu, dreifingar og verslunar með fíkniefni og skynvilluefni, sem felur í sér takmarkalausa hættu,

gera sér ljós tengslin milli verslunar með ólögleg efni og annarrar skyldrar skipulagðrar afbrotastarfsemi, sem grefur undan lögmætu efnahagslífi og ógnar stöðuleika, öryggi og sjálfsforræði ríkja,

gera sér einnig ljóst að verslun með ólögleg efni telst til alþjóðlegrar glæpastarfsemi, sem veita verður tafarlausa athygli og óskoraðan forgang til að kveða niður,

vita að verslun með ólögleg efni aflar mikils fjárgróða og auðs, sem gerir fjölþjóðlegum glæpasamtökum kleift að brjóta sér leiðir inn í stjórnkerfi ríkja, lögmæta verslunar- og fjármálastarfsemi og þjóðfélagið á öllum stigum þess, og grafa þar um sig og valda spillingu,

eru staðráðnir í því að svipta þá menn afrakstri glæpastarfsemi sinnar sem fást við verslun með ólögleg efni, og uppræta þar með helsta hvata þeirra til þess,

vilja uppræta misnotkun fíkniefna og skynvilluefna, og þar með hina ólöglegu eftirspurn eftir slíkum efnum og hinn gífurlega gróða sem aflað er með ólöglegri verslun með þau,

hafa í huga að ráðstafanir eru nauðsynlegar til að hafa eftirlit með ákveðnum efnum, þar með töldum forstigsefnum, framleiðsluefnum og leysiefnum, sem notuð eru við framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna og hafa leitt til aukinnar leynilegrar framleiðslu þeirra vegna þess hve auðveldlega þau eru tiltæk,

hafa einsett sér að bæta alþjóðlegt samstarf um að koma í veg fyrir verslun með ólögleg efni sjóleiðis,

gera sér ljóst að ábyrgð á því að verslun með ólögleg efni sé upprætt hvílir sameiginlega á öllum ríkjum, og að til þess séu sameiginlegar aðgerðir innan ramma alþjóðlegrar samvinnu nauðsynlegar,

viðurkenna valdbærni Sameinuðu þjóðanna á sviði varna gegn fíkniefnum og skynvilluefnum, og sem vilja að alþjóðastofnanir sem láta sig slíkar varnir varða starfi innan ramma þeirra,

staðfesta þær meginreglur sem gildandi þjóðréttarsamningar varðandi fíkniefni og skynvilluefni hafa að leiðarljósi, og gildi þess eftirlitskerfis sem þeir setja,

viðurkenna nauðsyn þess að efla og auka við þær aðgerðir sem kveðið er á um í Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1961, sama samningi eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á honum, og Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni frá 1971, til að bregðast við magni og umfangi ólöglegrar verslunar með slík efni og hinum alvarlegu afleiðingum hennar,

viðurkenna einnig mikilvægi þess að styrkja og bæta virk lagaúrræði til alþjóðasamvinnu á sviði afbrotamála til að kveða niður þá alþjóðlegu glæpastarfsemi sem fólgin er í verslun með ólögleg efni,

og vilja gera með sér víðtækan, virkan og árangursríkan alþjóðasamning, sem sérstaklega beinist að verslun með ólögleg efni, þar sem hinar ýmsu hliðar þessa vandamáls eru teknar fyrir heildstætt, sérstaklega þær sem ekki er tekið á í þeim alþjóðasamningum sem fyrir eru á sviði fíkniefna og skynvilluefna,

koma sér hér með saman um eftirfarandi:

1. gr.

SKILGREININGAR

Þar sem annað er ekki beinlínis tekið fram eða kemur fram af samhengi gilda eftirfarandi skilgreiningar hvarvetna í samningi þessum:

(a) „Starfsnefndin" merkir alþjóðaeftirlitsnefnd þá með ávana- og fíkniefnum, sem stofnsett var samkvæmt alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, 1961, og þeim samningi eins og honum var breytt með bókun um breytingar á alþjóðasamningnum frá 1972,

(b) „kannabisjurt" merkir sérhverja plöntu af ættinni cannabis,

(c) „kókarunni" merkir sérhverja plöntu af ættinni erythroxylon,

(d) „flytjandi í atvinnurekstri" merkir hvern þann mann eða opinberan aðila eða aðila í einkarekstri eða öðrum rekstri, sem fæst við að flytja fólk, varning eða póst gegn greiðslu, leigu eða einhverju öðru endurgjaldi,

(e) „nefndin" merkir ávana- og fíkniefnanefnd fjárhags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna,

(f) „upptaka", sem þar sem við á, tekur einnig til þess að eign sé fyrirgert, merkir varanlega sviptingu eignar samkvæmt ákvörðun dómstóla eða annars lögbærs yfirvalds,

(g) „afhending undir eftirliti" merkir þá starfsaðferð að hindra ekki að ólöglegar eða grunsamlegar sendingar fíkniefna, skynvilluefna, efna sem skráð eru í skrá I eða skrá II með samningi þessum, eða efna sem koma í þeirra stað, séu send frá, um eða inn í landsvæði eins eða fleiri ríkja með vitund og undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra, í því skyni að bera kennsl á fólk sem á hlut að afbrotum þeim sem lýst er í 1. mgr. 3. gr. samningsins,

(h) „samningurinn frá 1961" merkir Alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni, 1961,

(i) „samningurinn frá 1961 með breytingum" merkir Alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni frá 1961 eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á Alþjóðasamningnum um ávana- og fíkniefni, 1961,

(j) „samningurinn frá 1971" merkir Alþjóðasamninginn um ávana- og fíkniefni frá 1971,

(k) „ráðið" merkir fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna,

(l) „stöðvun" eða „hald" merkir tímabundið bann við umsetningu, ráðstöfun eða flutningi á eign, eða töku eignar í tímabundna vörslu eða umsjá að ákvörðun dómara eða lögbærs yfirvalds,

(m) „ólögleg verslun" merkir afbrot þau sem lýst er í 1. og 2. mgr. 3. gr. samnings þessa,

(n) „fíkniefni" merkir hvert það efni, náttúrlegt eða tilbúið, sem tilgreint er í fylgiskjali I eða II með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, 1961 og þeim samningi eins og honum var breytt með bókun frá 1972 um breytingar á honum,

(o) „ópíumvalmúi“ merkir jurt af tegundinni papaver somniferum L.,
(p) „ávinningur“ merkir hverja þá eign sem beint eða óbeint er leidd af eða fengin með afbroti sem lýst er refsivert samkvæmt 1. mgr. 3. gr.,
(q) „eign“ merkir verðmæti af öllu tagi, efnisleg eða óefnisleg, laus eða föst, áþreifanleg eða óáþreifanleg, og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra.
(r) „skynvilluefni“ merkir hvert það efni, náttúrulegt eða tilbúið, og hvert það náttúrulegt efni sem tilgreint er í fylgiskjali I, II, III eða IV með Alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, 1971,
(s) „framkvæmdastjóri“ merkir framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna,
(t) „skrá I“ og „skrá II“ merkir þannig tölumerkta lista yfir efni sem fylgja samningi þessum, eins og þeir breytast samkvæmt 12. gr.,
(u) „gegnumflutningsríki“ merkir ríki sem á landsvæði sem ólögleg fíkniefni, skynvilluefni og efni sem skráð eru í skrám I og II eru flutt um, án þess að efnin séu þar til orðin eða þeim ætlað að fara þangað endanlega.

2. gr.

GILDISSVIÐ SAMNINGSINS

1. Tilgangur samnings þessa er að stuðla að samvinnu aðilanna um að beita sér með árangursríkari hætti gegn hinum ýmsu þáttum er varða ólöglega verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem eru fjölþjóðlegs eðlis. Við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum skulu aðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir, þar með taldar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, í samræmi við þær grundvallarreglur um lagasetningu sem gilda hjá hverjum þeirra um sig.
2. Aðilar skulu framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með þeim hætti sem samræmist meginreglum um að fullveldisjafnræði ríkja og friðhelgi forráðasvæða þeirra skuli virt, og að ekki skuli hlutast til um innanríkismál annarra.
3. Aðili skal ekki takast á hendur að beita dómsvaldi eða framkvæma athafnir á landsvæði annars aðila, sem yfirvöldum hins síðarnefna er einum rétt að framkvæma samkvæmt landslögum hans.

3. gr.

AFBROT OG VIÐURLÖG

1. Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að lýsa eftirfarandi háttsemi refsiverða samkvæmt landslögum sínum, sé hún framin af ásetningi:
(a) **(i)** Að framleiða, búa til, vinna, gera, bjóða, bjóða til sölu, dreifa, selja, afhenda hverjir svo sem afhendingarskilmálar eru, stunda umboðsmennsku fyrir, senda, afhenda úr vörusendingu í flutningi, flytja milli staða eða flytja inn eða út nokkurt fíkniefni eða skynvilluefni í bága við ákvæði samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum, eða samningsins frá 1971,
(ii) að rækta ópíumvalmúa, kókarunna eða kannabisjurtir til þess að framleiða fíkniefni í bága við ákvæði samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum eða samningsins frá 1971,
(iii) að hafa vörslur eða kaupa fíkniefni eða skynvilluefni til nokkurra þeirra nota sem nefnd eru í lið (i) hér að framan,

(iv) að framleiða, flytja eða dreifa tækjum, hlutum eða efnum sem skráð eru í skrá I eða II í þeirri vitneskju að þau skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna,

(v) að skipuleggja, stjórna eða fjármagna hvert það brot, sem tilgreint er í (i), (ii), (iii) eða (iv) hér að framan.

(b) **(i)** Að afla annarra verðmæta í stað eignar eða afsala eign í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. (a)-lið þessarar málsgreinar, eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum, í þeim tilgangi að fela eða dylja að eignin var ólöglega til komin eða til að aðstoða hvern þann mann sem hlut á að slíku broti eða brotum við að komast hjá afleiðingum gerða sinna, að lögum,

(ii) að fela eða dylja raunverulegt eðli eignar, tilurð hennar, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi er tengjast henni, eða eignarrétt að henni, í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. (a)-lið þessarar málsgreinar eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum.

(c) Að því leyti sem það samræmist stjórnskipunarreglum og grundvallarreglum réttarkerfis hans:

(i) Að afla eignar eða hafa vörslur hennar eða afnot í þeirri vitneskju, þegar við henni var tekið, að hún sé leidd af broti eða brotum sem lýst eru refsiverð skv. (a)-lið þessarar málsgreinar eða af hlutdeild í slíku broti eða brotum,

(ii) að hafa vörslur tækja, hluta eða efna sem skráð eru í skrá I eða II, í þeirri vitneskju að þau séu notuð eða skuli notuð til ólöglegrar ræktunar, framleiðslu eða tilbúnings fíkniefna eða skynvilluefna,

(iii) að hvetja aðra opinberlega, með hvaða hætti sem er, til þess að fremja eitthvert þeirra brota sem lýst hafa verið í grein þessari, eða til að nota fíkniefni eða skynvilluefni ólöglega,

(iv) eiga hlutdeild í, sammælast um eða leggja á ráðin um, gera tilraun til, veita hjálp eða aðstoða við, auðvelda eða veita ráð til að fremja hvert það brot sem lýst er refsivert samkvæmt grein þessari.

2. Innan marka stjórnskipunarreglna og grundvallarreglna réttarkerfis síns skal hver aðili gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að lýsa það refsivert samkvæmt landslögum sínum, sé um ásetning að ræða, að hafa í vörslum sínum, kaupa eða rækta fíkniefni eða skynvilluefni til einkaneyslu í bága við ákvæði samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum og samningsins frá 1971.

3. Nú er vitneskja, ásetningur eða tilgangur áskilinn sem eðlisþáttur í broti skv. 1. mgr. þessarar greinar og má þá ályktа þar um að hlutlægum málavöxtum.

4.(a) Við hverju því broti sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar skal aðili leggja viðurlög sem taka mið af því hversu alvarleg þau eru, svo sem fangelsun eða aðra frelsissviptingu, fjárhagsleg viðurlög og upptöku.

(b) Aðilar geta ákveðið að auk sakfellingar og refsingar fyrir brot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli brotamaður sæta ráðstöfunum svo sem meðferð, kennslu, eftirmeðferð, endurhæfingu eða félagslegri aðlögun.

(c) Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi stafliða geta aðilar ákveðið þar sem við á, í minni háttar málum að beita megi í stað sakfellingar eða refsingar ráðstöfunum svo sem kennslu, endurhæfingu eða félagslegri aðlögun, og jafnframt meðferð og eftirmeðferð, ef brotamaður er eiturlyfjaneytandi.

(d) Aðilar geta ákveðið að í stað sakfellingar eða refsingar eða til viðbótar sakfellingu og refsingu fyrir brot sem lýst er refsivert skv. 2. mgr. þessarar greinar skuli koma ráðstafanir til meðferðar, kennslu, eftirmeðferðar, endurhæfingar eða félagslegrar aðlögunar brotamannsins.

5. Aðilar skulu tryggja að dómstólar þeirra og önnur lögbær yfirvöld sem mál heyrir undir geti tekið tillit til málavaxta sem gera brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. þessarar greinar sérstaklega alvarleg, svo sem:

(a) ef skipulög brotasamtök sem brotamaður tilheyrir eiga hlut að brotinu,
(b) ef brotamaður á hlut að annarri skipulagðri alþjóðlegri brotastarfsemi,
(c) ef brotamaður á hlut að annarri ólöglegri starfsemi sem brotið hefur gert auðveldari,
(d) ef brotamaður hefur beitt valdi eða vopnum,
(e) ef brotamaður gegnir opinberu starfi og brotið tengist viðkomandi starfi,
(f) ef fólk undir lögaldri hefur orðið fyrir broti eða verið notað til að fremja það,
(g) ef brot hefur verið framið inni á refsistofnun, menntastofnun eða stofnun til félagslegrar þjónustu eða í næsta nágrenni slíkra stofnana, eða á öðrum stað sem skólabörn og nemendur sækja til að stunda nám, íþróttir eða félagslíf,
(h) ef viðkomandi hefur áður verið sakfelldur, einkum fyrir svipað brot, heima fyrir eða erlendis, að svo miklu leyti sem landslög aðila heimila það.

6. Aðilar skulu leitast við að tryggja að hverjum heimildum til saksóknar sem fyrir hendi kunna að vera samkvæmt landslögum vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt þessari grein sé beitt þannig að löggæsluráðstafanir vegna þeirra verði sem virkastar, og að eðlilegt tillit sé tekið til nauðsynjar þess að koma í veg fyrir að slík brot séu framin.

7. Aðilar skulu tryggja að dómstólar þeirra eða önnur lögbær yfirvöld hafi í huga hversu alvarleg brot þau eru sem talin eru í 1. mgr. þessarar greinar og atvik þau sem talin eru í 5. mgr. þessarar greinar,við mat á möguleika þess að flýta lausn úr fangelsi eða veita skilorðslausn manni sem fundinn hefur verið sekur um slík brot.

8. Hver aðili skal þar sem við á setja í landslögum sínum langan fyrningarfrest til málshöfðunar vegna brota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr., og lengri fyrningarfrest ef sökunautur hefur komið sér undan málshöfðun.

9. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir sem samræmast réttarkefi hans til að tryggja að maður sem sakaður er um eða sakfelldur fyrir afbrot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. þessarar greinar, sem hittist fyrir á landsvæði hans, sé viðstaddur nauðsynlegar réttargerðir í refsimálinu.

10. Hvað snertir samvinnu milli aðila samkvæmt samningi þessum, þar á meðal einkum samvinnu skv. 5., 6., 7. og 9. gr., skulu brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt þessari grein ekki talin skattaafbrot eða stjórnmálaafbrot, eða litið svo á sem stjórnmálasjónarmið búi að baki þeim, enda standi stjórnskipunarlög eða grundvallarreglur landslaga aðila ekki til annars.

11. Ekkert í grein þessari skal skerða gildi þeirrar reglu að um lýsingu á brotum þeim sem hún á við um og á vörnum vegna þeirra skal farið að landslögum aðila, og skal saksótt fyrir brotin og þau sæta refsingu samkvæmt þeim lögum.

4. gr.
REFSILÖGSAGA

1. Hver aðili:

(a) Skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að fella undir refsilögsögu sína brot þau sem lýst hafa verið refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. þegar:
   (i) brotið er framið á landsvæði hans,
   (ii) brotið er framið á skipi er siglir undir fána hans, eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum hans á þeim tíma er brotið er framið.

(b) Má gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að fella undir refsilögsögu sína brot þau, sem lýst hafa verið refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. þegar:
   (i) brotið er framið af ríkisborgara hans eða af manni sem að jafnaði dvelur á landsvæði hans,
   (ii) brotið er framið á skipi sem aðilanum hefur skv. 17. gr. verið heimilað að grípa til viðeigandi aðgerða gegn, enda skal refsivaldi þá aðeins beitt á grundvelli samninga eða tilhögunar sem um ræðir í 4. og 9. mgr. þeirrar greinar,
   (iii) brotið er eitt þeirra brota sem lýst eru refsiverð skv. lið (c) (iv) 1. mgr. 3. gr., og er framið utan landsvæðis hans í því skyni að fremja innan landsvæðis hans brot sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Hver aðili:

(a) Skal einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að fella undir refsilögsögu sína þau brot sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þegar sökunautur er staddur á landsvæði hans og er ekki framseldur til annars aðila vegna þess að:
   (i) brotið hefur verið framið á landsvæði hans eða á skipi er sigldi undir fána hans, eða í loftfari sem skráð var samkvæmt lögum hans á þeim tíma er brotið var framið, eða
   (ii) brotið hefur verið framið af ríkisborgara hans.

(b) Má einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að fella undir refsilögsögu sína brot þau sem hann hefur lýst refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þegar sökunautur er staddur á landsvæði hans og er ekki framseldur til annars aðila.

3. Samningur þessi útilokar ekki að beitt sé hverri þeirri refsilögsögu sem aðila ber samkvæmt landslögum sínum.

5. gr.
UPPTAKA

1. Hver aðili skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera megi upptækt:

(a) Ávinning sem leiddur er af brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., eða eign sem að verðmæti svarar til slíks ávinnings,

(b) Fíkniefni og skynvilluefni, efni og búnað eða önnur tæki sem notuð eru eða ætluð til hvers kyns afnota við brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Hver aðili skal einnig gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að lögbær stjórnvöld hans geti fundið, rakið og stöðvað eða lagt hald á ávinning, eignir, tæki eða hverja þá hluti aðra, sem í 1. mgr. þessarar greinar segir, til þess að gera þá síðar upptæka.

3. Til að framkvæma ráðstafanir þær sem fjallað er um í grein þessari skal hver aðili veita dómstólum sínum og öðrum lögbærum yfirvöldum vald til að skipa svo fyrir að bankaskjöl og bókhalds- og viðskiptagögn skuli lögð fram eða hald lagt á þau. Aðilar skulu ekki synja um aðgerðir samkvæmt þessari málsgrein á grundvelli bankaleyndar.

4.(a) Er annar aðili, sem hefur dómsvald vegna brots sem lýst er í 1. mgr. 3. gr., hefur lagt fram beiðni samkvæmt grein þessari, skal aðili sem hefur á landsvæði sínu ávinning, eignir, tæki eða nokkra aðra hluti sem taldir eru í 1. mgr. þessarar greinar:

(i) leggja beiðnina fyrir lögbær yfirvöld sín til þess að fá heimild til upptöku, og fylgja þeirri heimild eftir, sé hún veitt, eða

(ii) leggja fyrir lögbær yfirvöld sín upptökuheimild sem sá aðili sem um upptöku biður hefur útgefið skv. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að framfylgja henni að því marki sem um er beðið, að því leyti sem hún varðar ávinning, eign, tæki eða einhverja aðra hluti sem um er fjallað í 1. mgr. og staðsettir eru á landsvæði þess aðila sem við beiðninni tekur.

(b) Er annar aðili, sem hefur dómsvald vegna brots sem lýst er í 1. mgr. 3. gr., hefur lagt fram beiðni samkvæmt grein þessari, skal aðili sá sem tekur við beiðninni gera ráðstafanir til að finna, rekja og stöðva eða leggja hald á ávinning, eignir, tæki eða hverja þá hluti aðra, sem í 1. mgr. þessarar greinar segir, í því skyni að upptaka þeirra verði síðar heimiluð, annað hvort af þeim aðila sem biður um ráðstafanirnar, eða að beiðni skv. (a)-lið þessarar málsgreinar, af þeim aðila sem við beiðninni tekur.

(c) Ákvarðanir þær og aðgerðir sem í (a)- og (b)-liðum þessarar málsgreinar segir skulu teknar eða framkvæmdar af þeim aðila sem tekur við beiðni, í samræmi við og eftir því sem mælt er fyrir um í landslögum hans og réttarfarsreglum eða hverjum þeim tvíhliða eða fjölhliða þjóðréttarsamningi, samkomulagi eða framkvæmdartilhögun sem hann er bundinn gagnvart þeim aðila sem biður um ráðstafanirnar.

(d) Ákvæði 6.–19. mgr. 7. gr. gilda að breyttu breytanda. Í beiðni sem lögð er fram samkvæmt grein þessari skal, auk þeirra upplýsinga sem greinir í 10. mgr. 7. gr., vera:

(i) Varði beiðnin lið (a) (i) í þessari málsgrein, lýsing á eign þeirri sem gera skal upptæka og málavöxtum þeim sem sá aðili er biður um ráðstafanir telur nægja til að sá aðili sem er beðinn um þær geti leitað heimildarinnar samkvæmt landslögum sínum,

(ii) Varði beiðnin lið (a) (ii) í þessari málsgrein, löggilt samrit upptökuheimildar þeirrar sem sá aðili er biður um ráðstafanir hefur gefið út og styður beiðni sína við, málavaxtalýsing, og upplýsingar um að hvaða marki beiðst sé framkvæmdar á upptökuheimildinni,

(iii) Varði beiðnin (b)-lið, lýsing á þeim málavöxtum sem byggt er á af hálfu þess aðila sem biður um ráðstafanir, og lýsing á þeim aðgerðum sem um er beðið.

(e) Hver aðili skal láta framkvæmdastjóra í té texta allra laga og reglugerða þar sem málsgrein þessi er látin koma til framkvæmda, og texta allra síðari breytinga á þeim lögum og reglugerðum.

(f) Nú kýs aðili að setja það skilyrði fyrir ráðstöfunum skv. (a)- og (b)-liðum þessarar málsgreinar að fyrir hendi sé viðeigandi þjóðréttarsamningur, og skal hann þá líta svo á að samningur þessi veiti til þess nauðsynlegan og fullnægjandi lagagrundvöll.

(g) Aðilar skulu leitast við að koma á með sér tvíhliða og fjölhliða samningum, samkomulagi eða tilhögun til að gera alþjóðasamvinnu samkvæmt grein þessari árangursríkari.

5.(a) Ávinningi eða eign sem aðili gerir upptæka skv. 1. eða 4. mgr. þessarar greinar skal hann ráðstafa samkvæmt landslögum sínum og stjórnsýslureglum.

(b) Þegar gerðar eru ráðstafanir að beiðni annars aðila samkvæmt grein þessari getur aðili tekið sérstaklega til athugunar að gera samninga um:

(i) Að veita andvirði ávinningsins eða eignanna, eða því fé sem fæst við sölu þeirra eða verulegum hluta þess til milliríkjastofnana sem sérhæfa sig í baráttunni gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og misnotkun slíkra efna,

(ii) Að skipta slíkum ávinningi eða eignum, eða því fé sem fæst við sölu þeirra, með öðrum aðilum með reglubundnum hætti í hverju tilviki, samkvæmt landslögum sínum, stjórnsýslureglum eða tvíhliða eða fjölhliða samningum sem gerðir eru í þessu skyni.

6.(a) Hafi ávinningi verið breytt eða skipt í aðra eign má ráðstafa henni í stað ávinningsins með sama hætti og fjallað er um í grein þessari.

(b) Hafi ávinningi verið blandað saman við eignir sem aflað hefur verið með lögmætum hætti má, án þess þó að neinn réttur til halds eða stöðvunar sé skertur, gera þær eignir upptækar allt að matsverði þess ávinnings sem blandað var saman við þær.

(c) Tekjum eða öðrum hagnaði af

(i) ávinningi

(ii) eignum sem ávinningi hefur verið breytt eða skipt í, og

(iii) eignum sem ávinningi hefur verið blandað saman við,

má ráðstafa með sama hætti og að sama marki og fjallað er um í grein þessari um ávinning.

7. Hver aðili getur metið hvort sönnunarbyrði skuli snúið við hvað snertir lögmæti þess hvernig meintur ávinningur eða önnur eign sem láta má sæta upptöku er til komin, að því leyti sem slík ráðstöfun samræmist meginreglum landslaga hans og eðli málsmeðferðar fyrir rétti eða annars staðar.

8. Eigi skal túlka ákvæði greinar þessarar til skerðingar á rétti grandlauss þriðja manns.

9. Ekkert í grein þessari skal skerða gildi þeirrar reglu, að landslög aðila skulu ráða skilgreiningu og framkvæmd ráðstafana sem grein þessi fjallar um, og að um skuli fara í samræmi við þau.

6. gr.
FRAMSAL

1. Grein þessi skal gilda um afbrot þau, sem aðilar lýsa refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

2. Afbrot þau sem grein þessi fjallar skuli talin meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi, sem fyrir hendi er milli aðila. Aðilar skuldbinda sig til að telja þau brot meðal framsalsbrota í hverjum þeim framsalssamningi, sem þeir gera á milli sín.

3. Nú fær aðili, sem setur það skilyrði fyrir framsali að þjóðréttarsamningur sé fyrir hendi, beiðni um framsal frá öðrum aðila sem hann hefur ekki gert framsalssamning við, og má hann þá líta svo á að samnigur þessi sé lagalegur grundvöllur framsals vegna sérhvers afbrots sem grein þessi gildir um. Aðilar þeir sem krefjast þess að skýr ákvæði séu í settum lögum til að nota megi samning þennan sem lagalegan grundvöll til framsals skulu taka til athugunar að setja slík lög, eins og þörf kann að vera á.

4. Aðilar þeir sem setja ekki það skilyrði fyrir framsali að þjóðréttarsamningur sé fyrir hendi skulu sín á milli viðurkenna afbrot þau sem grein þessi gildir um sem framsalsafbrot.
5. Framsal skal háð þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess aðila sem beðinn er um framsal eða í viðeigandi framsalssamningum, þar á meðal um ástæður þess að sá aðili sem beðinn er um framsal megi synja framsals.
6. Þegar athuguð er beiðni sem tekið er við samkvæmt grein þessari má ríki það sem um framsal er beðið neita að taka hana til greina þegar dómstólar þess eða önnur lögbær yfirvöld hafa verulega ástæðu til að ætla að það myndi greiða fyrir því að einhver yrði látinn sæta lögsókn eða refsingu vegna kynþáttar, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana, eða að það myndi af þessum sökum valda skaða einhverjum manni sem beiðnin snertir, ef fallist væri á hana.
7. Aðilar skulu leitast við að hraða málsmeðferð við framsal og einfalda kröfur um hvernig sýnt skuli fram á málavexti við framsal vegna allra brota sem grein þessi gildir um.
8. Í samræmi við ákvæði landslaga sinna og framsalssamninga getur sá aðili sem beðinn er um framsal, þegar hann hefur gengið úr skugga um að aðstæður séu brýnar og réttlæti það, hneppt mann sem leitað er framsals á og staddur er á landsvæði hans í gæslu að beiðni þess aðila sem biður um framsal, eða gert aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja nærveru hans við málsmeðferð vegna framsalsins.
9. Án þess að skertur sé réttur aðila til að beita refsivaldi því sem honum ber að landslögum sínum skal hann, ef meintur brotamaður hittist fyrir á landsvæði hans:
(a) sé maðurinn á þeim forsendum sem í (a)-lið 2. mgr. 4. gr. segir ekki framseldur vegna brots sem lýst er refsivert skv. 1. mgr. 3. gr., leggja málið fyrir lögbær stjórnvöld sín til saksóknar, nema samkomulag sé gert um annað við þann aðila sem um framsal biður,
(b) sé maðurinn ekki framseldur vegna slíks brots, en aðilinn hefur fellt það undir refsilögsögu sína skv. (b)-lið 2. mgr. 4. gr., leggja málið fyrir lögbær stjórnvöld sín til saksóknar, nema sá aðili sem um framsal biður óski annars til þess að hann haldi lögsögu sinni.

10. Ef synjað er um framsal sem beiðst er til fullnustu refsingar vegna þess að sá sem framselja skyldi er ríkisborgari þess aðila sem beðinn er um framsal, skal sá aðili ef lög hans leyfa það og eftir því sem þau lög kveða á um taka til athugunar að beiðni þess aðila sem biður um framsal að koma fram refsingu þeirri sem lögð hefur verið á samkvæmt lögum þess aðila sem biður um framsal, eða því sem eftir stendur af henni.
11. Aðilar skulu leitast við að koma á með sér tvíhliða og fjölhliða samkomulagi til framkvæmdar á framsali og til að auka virkni þess.
12. Aðilar geta tekið til athugunar að koma á með sér tvíhliða eða fjölhliða samkomulagi, ýmist í hverju einstöku tilviki eð almennt, um flutning manna til heimalands síns sem dæmdir hafa verið í fangavist eða aðra frelsissviptingu vegna afbrota sem grein þessi gildir um, svo þeir geti afplánað refsingu sína þar.

7. gr.
GAGNKVÆM DÓMSMÁLAAÐSTOÐ

1. Aðilar skulu samkvæmt grein þessari veita hver öðrum alla þá dómsmálaaðstoð sem við verður komið við rannsókn, málshöfðun og dómsmeðferð vegna afbrota sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.
2. Um gagnkvæma dómsmálaaðstoð sem veitt skal samkvæmt grein þessari má biðja í öllum eftirtöldum tilgangi:
(a) til öflunar sönnunargagna eða skýrslna af mönnum,
(b) til birtingar skjala,
(c) við að framkvæma leit og leggja hald á muni,
(d) til að rannsaka muni og vettvang,
(e) til að afla upplýsinga og sönnunargagna,
(f) til að afla frumrita eða staðfestra afrita af viðeigandi skjölum og gögnum, þar með töldum skjölum banka og fyrirtækja og bókhalds- og viðskiptagögnum,
(g) til að finna og rekja ávinning, eignir, tæki eða aðra hluti til þess að sýna fram á málsatvik.
3. Aðilar geta veitt hver öðrum gagnkvæma dómsmálaaðstoð í sérhverju formi öðru, sem leyft er í landslögum þess aðila sem um aðstoð er beðinn.
4. Þegar um það er beðið skulu aðilar að svo miklu leyti sem samrýmist landslögum þeirra og framkvæmdarvenjum greiða fyrir og stuðla að því að menn sem fallast á að veita aðstoð eða taka þátt í málsmeðferð, þar á meðal menn sem eru í gæslu, séu viðstaddir eða tiltækir.
5. Aðili skal ekki neita um gagnkvæma dómsmálaaðstoð samkvæmt grein þessari á grundvelli bankaleyndar.
6. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar samkvæmt neinum öðrum þjóðréttarsamningi, tvíhliða eða fjölhliða, sem nú eða síðar gildir um gagnkvæma dómsmálaaðstoð í sakamálum að meira eða minna leyti.
7. 8.–19. mgr. þessarar greinar skulu gilda um beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt grein þessari ef viðkomandi aðilar eru ekki bundnir samningi um gagnkvæma dómsmálaaðstoð. Séu aðilar bundnir slíkum samningi skulu samsvarandi ákvæði hans gilda nema aðilarnir komi sér saman um að beita 8.–19. mgr. í stað þeirra.
8. Aðilar skulu tilnefna stofnun eða, ef með þarf, stofnanir, sem bera skulu ábyrgð á og hafa heimild til að framfylgja beiðnum um gagnkvæma dómsmálaaðstoð eða framsenda þær lögbærum yfirvöldum til framkvæmdar. Tilkynna skal framkvæmdarstjóra um stofnunina eða stofnanirnar. Beiðnir um gagnkvæma dómsmálaaðstoð og öll erindi sem þær varða skulu sendar milli þeirra stofnana sem aðilarnir tilnefna, en ekki skal þetta þó hafa áhrif á rétt aðila til að senda beiðnir og erindi eftir diplómatískum leiðum, eða, ef brýnar ástæður eru til að aðilarnir verða á það sáttir, fyrir milligöngu Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu, ef unnt er.
9. Beiðnir skulu vera skriflegar og á tungumáli sem sá aðili sem tekur við beiðni samþykkir. Tungumál það eða þau sem hver aðili samþykkir skulu tilkynnt framkvæmdastjóra. Séu brýnar ástæður til og aðilarnir eru á það sáttir má bera beiðnir fram munnlega, en þegar skal þá staðfesta þær skriflega.

10. Í beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð skal greina:
(a) Hver stofnun sú er, sem beiðnina ber fram,
(b) Efni og eðli rannsóknarinnar, saksóknarinnar eða málsmeðferðarinnar sem beiðnin varðar, og nafn og starfssvið stjórnvalds þess sem annast rannsóknina, saksóknina eða málsmeðferðina,
(c) Samantekt um málsatvik, nema ef beiðnin er borin fram til að fá skjal birt,
(d) Hvernig aðstoðar er beiðst, og hvernig sá aðili sem aðstoðar beiðist óskar að málsmeðferð skuli hagað í einstökum atriðum, eftir því sem við á,
(e) Þar sem unnt er, deili á þeim mönnum sem beiðnin varðar, hvar þeir eru, og hvert þjóðerni þeirra er,
(f) Hver er tilgangur þess að skýrslna, upplýsinga eða aðgerða er óskað.

11. Aðili sá sem er beðinn um aðstoð getur óskað frekari upplýsinga þegar slíkt virðist nauðsynlegt til að framkvæma beiðnina samkvæmt landslögum hans, eða þegar það getur greitt fyrir framkvæmdinni.

12. Beiðni skal framkvæmd samkvæmt landslögum þess aðila sem um aðstoð er beðinn og eftir því sem sem unnt er og að því leyti sem það er ekki andstætt lögum hans, eftir þeirri málsmeðferð sem tilgreind er í beiðninni.

13. Aðili sá sem um aðstoð biður skal ekki senda frá sér né nota upplýsingar eða skýrslur, sem aðili sá sem um aðstoð var beðinn veitti, til annarrar rannsóknar, saksóknar eða málsmeðferðar en þeirrar sem tilgreind var í beiðni hans, nema aðili sá sem um aðstoð var beðinn samþykki það fyrirfram.

14. Aðili sá sem um aðstoð biður getur óskað þess að sá aðili sem um aðstoð er beðinn haldi beiðninni og efni hennar leyndri, að öðru leyti en því sem nauðsynlegt er til að framkvæma hana. Geti sá aðili sem um aðstoð er beðinn ekki sinnt ósk um leynd skal hann þegar tilkynna þeim aðila um það, sem um aðstoð biður.

15. Synja má um gagnkvæma dómsmálaaðstoð:
(a) Ef beiðnin er ekki borin fram í samræmi við ákvæði greinar þessarar,
(b) Ef aðili sá sem beðinn er um aðstoð telur að framkvæmd beiðninnar sé líkleg til að hafa áhrif til skerðingar á fullveldi sínu, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum meginhagsmunum,
(c) Ef landslög þess aðila sem um aðstoð er beðinn myndu standa því í vegi að stjórnvöld hans gætu framkvæmt þær aðgerðir sem um er beðið vegna sambærilegs afbrots, ef rannsókn, saksókn eða málsmeðferð vegna þess hefði verið á valdi þeirra sjálfra,
(d) Ef það væri andstætt réttarkerfi þess aðila sem um aðstoð er beðinn, að því leyti sem gagnkvæma dómsmálaaðstoð varðar, að fallast á beiðnina.

16. Tilgreina skal ástæður fyrir synjun á beiðni um gagnkvæma dómsmálaaðstoð.

17. Aðili sá sem beðinn er um aðstoð getur frestað gagnkvæmri dómsmálaaðstoð á þeim forsendum að hún myndi trufla rannsókn, saksókn eða málsmeðferð sem stendur yfir. Í slíkum tilvikum skal aðili sá sem beðinn er um aðstoð ráðfæra sig við þann aðila sem biður um aðstoð til að ákvarða hvort eigi að síður sé unnt að veita hina umbeðnu aðstoð samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem aðilinn sem beðinn er um aðstoð telur nauðsynlegt að setja.

18. Vitni, sérfræðingur eða annar maður sem fellst á að gefa skýrslu í meðferð máls eða að aðstoða við rannsókn, saksókn eða dómsmeðferð á landsvæði aðila sem biður um aðstoð skal ekki sæta saksókn, gæslu, refsingu eða neinni annarri skerðingu á persónufrelsi sínu á því landsvæði vegna athafna, athafnaleysis eða sakfellinga sem áttu sér stað áður

en hann yfirgaf landsvæði þess aðila sem um aðstoð er beðinn. Grið þessi skulu haldast uns vitnið, sérfræðingurinn eða maðurinn hefur, þrátt fyrir að hafa haft tækifæri til þess órofið í fimmtán daga, eða um hvert það tímaskeið sem aðilarnir eru ásáttir um, frá þeim degi er yfirvöld hafa tjáð honum að dómsmálayfirvöldum sé ekki lengur þörf á nærveru hans, eigi að síður dvalið um kyrrt á landsvæðinu af fúsum og frjálsum vilja, eða komið þangað aftur af fúsum og frjálsum vilja, hafi hann yfirgefið það.

19. Venjulegur kostnaður af framkvæmd beiðni skal borinn af þeim aðila sem um aðstoð er beðinn ef viðkomandi aðilar verða ekki ásáttir um annað. Sé eða verði þörf á verulegum eða óvenjulegum útgjöldum til að sinna beiðninni skulu aðilarnir ráðgast um hvernig ákvarða skuli skilmála og skilyrði fyrir framkvæmd hennar og á hvern hátt kostnaðurinn skuli greiddur.

20. Eftir því sem þörf krefur skulu aðilar athuga möguleika á að gera með sér tvíhliða eða fjölhliða samninga eða samkomulag sem þjóna myndi tilgangi þessarar greinar, gera framkvæmd hennar árangursríkari eða gefa ákvæðum hennar aukið gildi.

8. gr.
FLUTNINGUR MÁLSMEÐFERÐAR

Aðilar skulu athuga möguleika á að flytja málsmeðferð á milli sín til saksóknar vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt 1. mgr. 3. gr., í þeim tilvikum þar sem talið er að það þjóni betur réttarvörsluhagsmunum.

9. gr.
ÖNNUR SAMVINNA OG ÞJÁLFUN

1. Aðilar skulu hafa með sér náið samstarf í samræmi við réttar- og stjórnsýslukerfi sín, í því skyni að efla árangur löggæsluaðgerða til að kveða niður afbrot þau, sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Á grundvelli tvíhliða eða fjölhliða samninga eða samkomulags skal sérstök áhersla lögð á að:

(a) Koma á og viðhalda boðskiptaleiðum milli lögbærra stofnana og embætta sinna til að greiða fyrir öruggum og skjótum skiptum á upplýsingum varðandi alla þætti þeirrar háttsemi sem lýst er refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., þar á meðal varðandi tengsl við aðra afbrotastarfsemi, ef aðilarnir telja ástæður til þess,

(b) Starfa hver með öðrum við eftirgrennslan varðandi háttsemi sem lýst er refsiverð skv. 1. mgr. 3. mgr. og er fjölþjóðlegs eðlis, um:
   (i) Hverjir það eru, hvar þeir eru og hvað þeir aðhafast sem grunaðir eru um að tengjast háttsemi sem lýst er refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.,
   (ii) Tilflutning á ávinningi eða eignum, sem fengnar eru af slíkum brotum,
   (iii) Tilflutning á fíkniefnum, skynvilluefnum, efnum sem skráð eru í skrám I og II með samningi þessum, og tækjum sem notuð eru eða ætluð eru til afnota við að fremja slík brot,

(c) Þar sem við á og heimilt er samkvæmt landslögum, og þannig að gætt sé öryggis starfsmanna og leyndar um einstakar aðgerðir, að mynda sameiginlega starfshópa til að framkvæma ákvæði greinar þessarar. Embættismenn hvers aðila sem í slíkum starfshópi eru skulu starfa á þann hátt sem lögbær stjórnvöld þess aðila sem aðgerðirnar skulu fara fram hjá veita heimild til, og skulu hlutaðeigandi aðilar í öllum slíkum tilvikum sjá um að fullveldi þess aðila sem aðgerðirnar fara fram hjá sé virt til hlítar,

(d) Sjá fyrir nauðsynlegu magni efna til greiningar eða rannsóknarnota, þar sem það á við,
(e) Greiða fyrir aukinni samræmingu á störfum lögbærra stofnana sinna og embætta og stuðla að skiptum á starfsmönnum og öðrum sérfræðingum, þar á meðal með því að senda samvinnufulltrúa.

2. Hver aðili skal að því marki sem nauðsynlegt er hlutast til um, móta eða bæta sérstakar þjálfunaráætlanir fyrir löggæslumenn sína og aðra starfsmenn, þar með talda tollgæslumenn, sem vinna skulu gegn afbrotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Í slíkum áætlunum skal sérstök áhersla lögð á:

(a) Aðferðir við að koma upp um og vinna bug á afbrotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.,
(b) leiðir og aðferðir sem menn þeir nota sem grunaðir eru um að tengjast afbrotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., sérstaklega í gegnumflutningsríkjum, og viðeigandi gagnráðstafanir,
(c) að fylgjast með inn- og útflutningi fíkniefna og skynvilluefna, og efna sem tilgreind eru á skrám I og II,
(d) að finna og fylgjast með tilfærslum á ávinningi og eignum sem leiddar eru af brotum þeim sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., fíkniefnum og skynvilluefnum og efnum sem tilgreind eru á skrám I og II, og tækjum sem notuð eru við eða ætluð til nota við að fremja slík brot,
(e) aðferðir sem notaðar eru við að yfirfæra, fela eða dylja slíkan ávinning, eignir og tæki,
(f) öflun sönnunargagna,
(g) aðferðir við eftirlit á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum,
(h) nútíma löggæsluaðferðir.

3. Aðilar skulu styðja hverjir aðra við að skipuleggja og framkvæma rannsóknar- og þjálfunaráætlanir sem ætlaðar eru til sameiginlegrar nýtingar á sérþekkingu á þeim sviðum sem fjallað er um í 2. mgr. greinar þessarar, og skulu í því skyni einnig eftir því sem við á nota svæðisbundnar og fjölþjóðlegar ráðstefnur og málþing til að stuðla að samvinnu og hvetja til umræðu um málefni sem varða þá sameiginlega, þar á meðal sérstök viðfangsefni varðandi gegnumflutiningsríki og þarfir þeirra.

10. gr.
ALÞJÓÐLEG SAMVINNA OG AÐSTOÐ VIÐ GEGNUMFLUTNINGSRÍKI

1. Aðilar skulu beint sín á milli eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana eða svæðastofnana vinna saman við að aðstoða og styðja að því marki sem unnt er gegnumflutningsríki, en einkum þó þróunarlönd, sem slíkrar aðstoðar eða stuðnings þarfnast, með tæknilegum samvinnuáætlunum um viðskiptabönn og aðrar áþekkar aðgerðir.

2. Aðilar geta beint sín á milli eða fyrir milligöngu þar til bærra alþjóðastofnana eða svæðastofnana skuldbundið sig til að veita slíkum gegnumflutningsríkjum fjárhagsaðstoð til að bæta og styrkja hið nauðsynlega innra skipulag sitt til að hafa eftirlit með og hindra verslun með ólögleg efni.

3. Aðilar geta gert með sér tvíhliða eða fjölhliða samninga eða samkomulag til að auka árangur alþjóðlegrar samvinnu samkvæmt grein þessari og geta í því sambandi tekið til athugunar að gera fjárhagslegar ráðstafanir.

11. gr.
AFHENDING UNDIR EFTIRLITI

1. Ef meginreglur réttarkerfis hvers um sig leyfa, skulu aðilar eftir því sem þeim er unnt gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita megi með viðeigandi hætti afhendingu undir eftirliti á alþjóðlegum vettvangi á grundvelli samninga eða tilhögunar sem samkomulag hefur náðst um, til þess að þekkja deili á mönnum sem tengjast brotum sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. og til að sækja þá til saka.
2. Ákvarðanir um afhendingu undir eftirliti skulu teknar í hverju tilviki fyrir sig og má þegar þörf krefur taka til athugunar fjárhagslega tilhögun og samkomulag varðandi beitingu lögsögu þeirra aðila sem mál varðar.
3. Ólöglegar sendingar sem samþykkt er að afhenda undir eftirliti má með samþykki þeirra aðila sem mál varðar stöðva í flutningi og senda síðan áfram þannig að fíkniefnin eða skynvilluefnin séu að nokkru leyti látin óhreyfð eða fjarlægð, eða annað látið í þeirra stað.

12. gr.
EFNI SEM ALGENGT ER AÐ NOTUÐ SÉU VIÐ ÓLÖGLEGA FRAMLEIÐSLU FÍKNIEFNA OG SKYNVILLUEFNA

1. Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem þeir telja viðeigandi til að hindra að efnum sé komið undan, sem tilgreind eru í skrám I og II og notuð eru við ólöglega framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna, og skulu vinna saman í þessum tilgangi.
2. Búi aðili eða starfsnefndin yfir upplýsingum sem að mati hans eða hennar kunna að krefjast þess að efni verði fellt inn í skrá I eða skrá II skal tilkynna það framkvæmdarstjóra og veita honum þær upplýsingar sem styðja tilkynninguna. Málsmeðferð sú sem lýst er í 2.–7. mgr. þessarar greinar gildir einnig þegar aðili eða starfsnefndin búa yfir upplýsingum sem réttlæta að efni sé fellt niður úr skrá I eða II, eða að efni sé flutt úr annarri skránni í hina.
3. Framkvæmdarstjóri skal senda slíkar tilkynningar og allar þær upplýsingar sem hann telur við eiga til aðilanna og nefndarinnar, og til starfsnefndarinnar í þeim tilvikum er aðili sendir tilkynningu. Aðilar skulu senda framkvæmdarstjóra athugsemdir sínar við tilkynningu hans, ásamt öllum upplýsingum þeim til stuðnings sem auðveldað geta starfsnefndinni mat sitt og nefndinni ákvörðun sína.
4. [Nú telur starfsnefndin, með tilliti til umfangs, mikilvægis og fjölbreytni leyfilegrar notkunar efnis og þess hvort unnt og hversu auðvelt sé að nota önnur efni bæði í leyfilegum tilgangi og til ólöglegrar framleiðslu fíkniefna og skynvilluefna:
(a) að það sé oft notað við ólöglega framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis,
(b) að magn og umfang ólöglegrar framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis sé alvarleg ógnun við almennt heilsufar eða valdi alvarlegum félagslegum vanda, þannig að aðgerða á alþjóðavettvangi sé þörf,

og skal hún þá greina nefndinni frá mati sínu á efninu, þar á meðal líkleg áhrif þess að efninu sé bætt inn í skrá I eða II á bæði leyfileg not og ólöglega framleiðslu, ásamt tillögum um aðgerðir til eftirlits sem í ljósi mats hennar myndu við eiga, ef um það er að ræða.][1)]

[1)] Aths. þýð.: Hér er texti 4. mgr. 12. gr. þýddur eins og hann er tilgreindur á leiðréttingarskjali Fjárhags- og félagsmálaráðs dags. 20. desember 1988, merktu E/CONF. 82/15/Corr.2, en ekki eins og hann er tilgreindur í upphaflegum heildartexta samningsins.

5. Nefndin getur með hliðsjón af þeim athugasemdum sem aðilar láta í té og athugasemdum og tillögum starfsnefndarinnar, en mat hennar skal vera ákvarðandi hvað snertir vísindaleg atriði, svo og með eðlilegri hliðsjón af öllum öðrum atriðum sem máli skipta, ákveðið með atkvæðum tveggja þriðju hluta nefndarmanna að fella efni inn í skrá I eða II.

6. Framkvæmdarstjóri skal greina öllum ríkjum og öðrum sem eru eða eiga rétt á að verða aðilar að samningi þessum, svo og starfsnefndinni, frá öllum ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt grein þessari. Skulu slíkar ákvarðanir öðlast fullt gildi gagnvart hverjum aðila eitt hundrað og áttatíu dögum eftir dagsetningu erindis hans.

7.(a) Ákvarðanir nefndarinnar samkvæmt grein þessari skulu sæta endurskoðun af hálfu ráðsins að beiðni aðila, sé beiðni um það lögð fram innan eitt hundrað og áttatíu daga frá dagsetningu tilkynningar um ákvörðun. Beiðni um endurskoðun skal send framkvæmdarstjóra ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem liggja henni til grundvallar.

(b) Framkvæmdarstjóri skal senda nefndinni, starfsnefndinni og öllum aðilum afrit beiðni um endurskoðun ásamt viðeigandi upplýsingum, og bjóða þeim að leggja fram athugasemdir sínar innan níutíu daga. Allar athugasemdir sem mótteknar eru skulu sendar ráðinu til athugunar.

(c) Ráðið getur staðfest eða hrundið ákvörðun nefndarinnar. Tilkynning um ákvörðun ráðsins skal send öllum ríkjum og öðrum sem eru eða eiga rétt á að verða aðilar að samningi þessum, svo og nefndinni og starfsnefndinni.

8.(a) Án þess að skert sé almennt gildi ákvæða 1. mgr. þessarar greinar og ákvæða samningsins frá 1961, samningsins frá 1961 með breytingum og samningsins frá 1971, skulu aðilar gera þær ráðstafanir sem þeir telja við eiga til að fylgjast með framleiðslu og dreifingu efna í skrá I og skrá II, sem fram fer á landsvæði þeirra.

(b) Í þessu skyni geta aðilar:

(i) Haft eftirlit með öllum einstaklingum og fyrirtækjum sem fást við framleiðslu og dreifingu slíkra efna,

(ii) gert fyrirtæki og aðstöðu þar sem slík framleiðsla eða dreifing kann að fara fram háða skilyrtu starfsleyfi,

(iii) krafist þess að leyfishafar afli sérstaks leyfis til að stunda framangreindan rekstur,

(iv) komið í veg fyrir að slík efni safnist fyrir hjá framleiðendum og dreifingaraðilum í meira magni en því sem eðlileg starfræksla og ríkjandi markaðsaðstæður heimta.

9. Hvað snertir efni á skrám I og II skal hver aðili gera eftirtaldar ráðstafanir:

(a) Koma á og halda uppi skipan til að fylgjast með millilandaverslun með efni á skrám I og II, til að betur megi greina viðskipti sem grunsamleg eru. Slíkri skipan skal komið á í náinni samvinnu við framleiðendur, innflytjendur, útflytjendur, heildsala og smásala, sem skulu greina lögbærum yfirvöldum frá grunsamlegum pöntunum og viðskiptum.

(b) Heimila að hald sé lagt á hvert það efni sem skráð er á skrá I eða II, ef nægileg ástæða er til að ætla að það skuli nota við ólöglega framleiðslu fíkniefnis eða skynvilluefnis.

(c) Tilkynna svo fljótt sem unnt er lögbærum stjórnvöldum og embættum viðkomandi aðila ef ástæða er til að álíta að efni á skrá I eða II sé innflutt, útflutt eða gegnumflutt til ólöglegrar framleiðslu fíkniefna eða skynvilluefna, og sérstaklega greina þá einnig frá upplýsingum um greiðslutilhögun og aðra nauðsynlega þætti sem álitið byggist á.

(d) Gera skylt að merkja og skjalfesta á viðeigandi hátt innflutning og útflutning. Á verslunarskjölum, svo sem vörureikningum, farmskrám, tollskjölum, flutningsskjölum og öðrum sendingarskjölum skal greina heiti efni þeirra sem innflutt eru eða útflutt eins og þau eru skráð á skrá I eða II, magn það sem inn- eða útflutt er, og nöfn og heimilisföng útflytjandans og innflytjandans, svo og móttakandans, ef það er fyrir hendi.

(e) Sjá um að skjöl þau sem um er fjallað í (d)-lið þessarar málsgreinar séu geymd í tvö ár hið skemmsta, og að hægt sé að gera þau tiltæk lögbærum stjórnvöldum til skoðunar.

10.(a) Auk þess sem greinir í 9. mgr. og samkvæmt beiðni þess aðila sem hagsmuna hefur að gæta til framkvæmdarstjóra skal hver aðili sem efni á skrá I er flutt út frá tryggja að áður en útflutningurinn fer fram sendi lögbær stjórnvöld hans lögbærum stjórnvöldum innflutningsríkisins eftirfarandi upplýsingar:

(i) Nöfn og heimilisföng útflytjanda og innflytjanda, svo og móttakandans, ef það er fyrir hendi,

(ii) heiti efnisins á skrá I,

(iii) magn efnisins sem útflutt skal,

(iv) áætlaða innflutningshöfn og áætlaðan sendingardag,

(v) sérhverjar aðrar upplýsingar sem aðilar verða ásáttir um.

(b) Aðili getur gert strangari eða harðari eftirlitsráðstafanir en í málsgrein þessari segir, telji hann þær æskilegar eða nauðsynlegar.

11. Þegar aðili veitir öðrum aðila upplýsingar skv. 9. og 10. mgr. þessarar greinar getur sá aðili sem upplýsingarnar veitir krafist þess að aðilinn sem fær þær haldi leyndum öllum upplýsingum um iðnað, atvinnurekstur, viðskipti, sérfræðiverk eða vinnuaðferðir, sem leynt eiga að fara.

12. Hver aðili skal árlega veita starfsnefndinni upplýsingar í því formi og á þann hátt sem hún ákveður og á eyðublöðum sem hún lætur í té, um:

(a) Magn efna á skrám I og II sem hald er lagt á, og hvar þau eru upprunnin, ef það er vitað,

(b) öll þau efni sem ekki eru á skrá I eða II, sem í ljós er leitt að hafi verið notuð við ólöglega framleiðslu fíkniefna eða skynvilluefna, og aðili telur svo mikilvæg að vekja beri athygli starfsnefndarinnar á þeim,

(c) aðferðir til að koma efnum undan eða framleiða þau ólöglega.

13. Starfsnefndin skal árlega gefa nefndinni skýrslu um framkvæmd þessarar greinar, og skal nefndin með hæfilegum fresti endurskoða hvort tilgreiningar á skrám I og II séu fullnægjandi og viðeigandi.

14. Ákvæði greinar þessar taka ekki til lyfja eða annarra tilreiddra efna sem innihalda efni á skrám I eða II, sem eru þannig samsett að nýting efnanna eða úrvinnsla þeirra geti ekki farið fram án vandkvæða eða með aðferðum sem auðveldlega eru tiltækar.

13. gr.

TÆKI OG BÚNAÐUR

Aðilar skulu gera þær ráðstafanir sem þeir telja við eiga til að hindra að verslað sé með eða komið undan tækjum og búnaði til framleiðslu eða tilbúnings á fíkniefnum og skynvilluefnum, og skulu eiga með sér samvinnu í þessu markmiði.

14. gr.

AÐGERÐIR TIL AÐ UPPRÆTA ÓLÖGLEGA RÆKTUN FÍKNIEFNAJURTA OG ÚTRÝMA ÓLÖGLEGRI EFTIRSPURN EFTIR FÍKNIEFNUM OG SKYNVILLUEFNUM

1. Engar ráðstafanir sem aðilar gera samkvæmt samningi þessum skulu ganga skemmra en ákvæði þau sem gilda um upprætingu á ólöglegri ræktun jurta sem innihalda fíkniefni og skynvilluefni og um útrýmingu á ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum, og samningnum frá 1971.

2. Hver aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglega ræktun á og útrýma jurtum sem innihalda fíkniefni eða skynvilluefni, svo sem ópíumvalmúa, kókarunna og kannabisjurtum, sem ræktaðar eru ólöglega á landsvæði hans. Með þeim ráðstöfunum sem gripið er til skulu grundvallarmannréttindi virt og eðlilegt tillit tekið til þeirra venjubundnu nota sem leyfileg eru, þar sem gögn liggja fyrir um hefð fyrir slíkum notum, og til umhverfisverndar.

3.(a) Aðilar geta haft með sér samvinnu til að gera útrýmingaraðgerðir árangursríkari. Meðal annars getur slík samvinna þar sem við á falið í sér aðstoð við samræmda atvinnuuppbyggingu í sveitum er leiði til þess að aðrir kostir bjóðist í stað ólöglegrar ræktunar, sem staðið getur undir sér efnahagslega. Taka ber til athugunar þætti á borð við aðgang að mörkuðum, hverjar auðlindir séu tiltækar og ríkjandi félagshagfræðilegar aðstæður áður en slíkum uppbyggingaráætlunum í sveitum er hrint í framkvæmd. Aðilar geta samið um hverjar þær samvinnuráðstafanir aðrar, sem við eiga.

(b) Aðilar skulu einnig greiða fyrir skiptum á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum og upplýsingum um framkvæmd rannsókna varðandi útrýmingu.

(c) Hvarvetna þar sem landamæri aðila liggja saman skulu þeir leitast við að eiga með sér samvinnu um útrýmingarráðstafanir á landsvæðum hvers um sig sem að landamærunum liggja.

4. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir sem beinast að því að útrýma eða draga úr ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum með það að markmiði að draga úr mannlegum þjáningum og uppræta fjárhagslegan hvata til ólöglegrar verslunar. Ráðstafanir þessar má meðal annars grundvalla á tilmælum Sameinuðu þjóðanna, sérhæfðra stofnana Sameinuðu þjóðanna svo sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinar, og annarra þar til hæfra stofnana, og á heildardrögum þeim um samvinnu á vettvangi ýmissa fræðigreina sem samþykkt voru af alþjóðaráðstefnunni um misnotkun lyfja og ólöglega meðferð þeirra sem haldin var 1987, að því leyti sem lýtur að stofnunum á vegum ríkisvalds og utan þess og viðleitni einkaaðila á sviði forvarna, meðferðar og endurhæfingar. Geta aðilar komið á með sér tvíhliða eða fjölhliða samkomulagi eða tilhögun sem miðar að því að uppræta eða draga úr ólöglegri eftirspurn eftir fíkniefnum og skynvilluefnum.

5. Aðilar geta einnig gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að eyða eða ráðstafa með lögmætum hætti á fyrri stigum málsmeðferðar fíkniefnum, skynvilluefnum og efnum á skrá I eða II sem hald hefur verið lagt á eða gerð hafa verið upptæk, og til að nota megi sem sönnunargögn efni í nauðsynlegu magni sem greiningarniðurstaða liggur réttilega fyrir um.

15. gr.

FLYTJENDUR Í ATVINNUREKSTRI

1. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að flutningatæki sem flytjendur reka í atvinnuskyni séu ekki notuð við að fremja brot þau sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr., og geta slíkar ráðstafanir tekið til sérstakrar tilhögunar sem komið er á í samráði við flytjendur í atvinnurekstri.

2. Hver aðili skal krefjast þess af flytjendum í atvinnurekstri að þeir geri eðlilegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að flutningatæki þeirra séu notuð til að fremja afbrot sem lýst hafa verið refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr. Meðal slíkra varúðarráðstafana geta verið:

(a) Sé aðalatvinnustöð flytjanda í atvinnurekstri á landsvæði aðila:

- **(i)** Að þjálfa starfsmenn við að greina úr grunsamlegar vörusendingar eða grunsamlegt fólk,
- **(ii)** að hvetja til ráðvendni starfsmanna,

(b) Ef flytjandi í atvinnurekstri stundar starfsemi innan landsvæðis aðila:

- **(i)** Að fá farmskrár afhentar fyrirfram, hvarvetna þar sem það er unnt,
- **(ii)** að nota gáma með innsiglum sem sýna hvort þau hafi verið rofin, og hver hefur innsiglað,
- **(iii)** að tilkynna viðkomandi yfirvöldum eins fljótt og unnt er um allar grunsamlegar aðstæður sem kunna að tengjast því að framin séu brot sem lýst eru refsiverð skv. 1. mgr. 3. gr.

3. Hver aðili skal leitast við að tryggja að flytjendur í atvinnurekstri og viðkomandi yfirvöld á inn- og útflutningsstöðum og öðrum tollgæslusvæðum starfi saman til þess að koma í veg fyrir aðgang að flutningatækjum eða farmi án heimildar, og til að framkvæma viðeigandi öryggisráðstafanir.

16. gr.

FLUTNINGSSKJÖL OG MERKINGAR Á ÚTFLUTNINGSVÖRUM

1. Hver aðili skal krefjast þess að löglegar útflutningssendingar fíkniefna og skynvilluefna séu réttilega skjalfestar. Auk skjalfestingar samkvæmt kröfum sem gerðar eru í 31. gr. samningsins frá 1961, 31. gr. samningsins frá 1961 með breytingum og 12. gr. samningsins frá 1971 skulu verslunarskjöl, svo sem vörureikningar, farmskrár, tollskjöl, flutningsskjöl og önnur sendingarskjöl tilgreina heiti fíkniefnanna eða skynvilluefnanna sem flutt eru út, á þann hátt sem gert er í viðeigandi fylgiskjölum með samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum og samningnum frá 1971, magn það sem flutt er út, nafn og heimilisfang útflytjanda og innflytjanda, og vörumóttakanda, ef það er fyrir hendi.

2. Hver aðili skal krefjast þess að sendingar fíkniefna og skynvilluefna séu ekki ranglega merktar.

17. gr.

ÓLÖGLEG VERSLUN SJÓLEIÐIS

1. Í samræmi við alþjóðlegan hafrétt skulu aðilar hafa með sér alla þá samvinnu sem unnt er til að stöðva ólöglega verslun sjóleiðis.
2. Aðili sem hefur rökstuddan grun um að skip er siglir undir fána hans eða sýnir ekki fána eða skrásetningarmerki fáist við ólöglega verslun getur óskað aðstoðar annarra aðila við að stöðva þessa notkun þess. Þeir aðilar sem beðnir eru um slíkt skulu veita aðstoðina á þann hátt sem þeim er unnt.
3. Aðili sem hefur rökstuddan grun um að skip sem neytir réttar til siglinga að alþjóðalögum og siglir undir fána eða sýnir skrásetningarmerki annars aðila fáist við ólöglega verslun getur tilkynnt það fánaríkinu, óskað staðfestingar á skráningu, og sé hún staðfest óskað heimildar fánaríkisins til að grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart skipinu.
4. Skv. 3. mgr. eða samningum sem í gildi eru milli aðila, eða samkvæmt hverju því samkomulagi eða tilhögun sem þeir koma annars á með sér, getur fánaríkið meðal annars heimilað beiðniríkinu:
(a) Að ganga um borð í skipið,
(b) að leita í skipinu,
(c) ef ummerki finnast um tengsl við ólöglega verslun, að grípa til viðeigandi ráðstafana gagnvart skipinu, farmi þess eða mönnum um borð.
5. Þegar gripið er til aðgerða samkvæmt þessari grein skulu hlutaðeigandi aðilar hafa hliðsjón af þeirri nauðsyn að öryggi mannslífa á hafinu sé ekki stefnt í hættu, öryggi skipsins, og því að ekki séu skertir verslunarhagsmunir eða lagalegir hagsmunir fánaríkisins eða þeirra ríkja annarra sem hagsmuna hafa að gæta.
6. Í samræmi við skuldbindingar sínar í 1. mgr. þessarar greinar getur fánaríkið sett þau skilyrði fyrir heimild sinni sem það og beiðniríkið verða ásátt um, það á meðal skilyrði varðandi ábyrgð.
7. Hvað 3. og 4. mgr. þessarar greinar snertir skal aðili svara fljótt og greiðlega beiðni annars aðila um ákvörðun um hvort skip sem siglir undir fána hans eigi rétt á að gera það, og beiðni um heimild sem sett er fram skv. 3. mgr. Er hver aðili öðlast aðild að samningi þessum skal hann tilnefna stjórnvald, eða, ef með þarf, stjórnvöld, til að taka við síkum beiðnum og svara þeim. Slíkar tilnefningar skulu fyrir milligöngu framkvæmdarstjóra tilkynntar öllum öðrum aðilum innan mánaðar frá því er þær eru gerðar.
8. Aðili sem gripið hefur til einhverra aðgerða samkvæmt grein þessari skal þegar tilkynna viðkomandi fánaríki árangur þeirra.
9. Aðilar skulu taka til athugunar að koma á með sér tvíhliða samkomulagi eða svæðasamkomulagi eða tilhögun til að framkvæma ákvæði þessarar greinar, eða stuðla að auknum árangri þeirra.
10. Aðgerðir skv. 4. mgr. þessarar greinar skulu einungis framkvæmdar af herskipum eða herloftförum, eða öðrum skipum eða loftförum sem greinilega eru auðkennd og sjá má að gegna stjórnvaldsfyrirmælum samkvæmt heimild.
11. Við allar aðgerðir sem gripið er til samkvæmt grein þessari skal höfð hliðsjón af þeirri nauðsyn að valda ekki truflun eða skerðingu á réttindum og skyldum strandríkja eða beitingu lögsögu af þeirra hálfu samkvæmt reglum alþjóðlegs hafréttar.

18. gr.

FRÍVERSLUNARSVÆÐI OG FRÍHAFNIR

1. Aðilar skulu gera ráðstafanir til að stöðva ólöglega verslun með fíkniefni, skynvilluefni og efni á skrám I og II á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum, sem ekki ganga skemmra en þær sem beitt er á öðrum landsvæðum þeirra.
2. Aðilar skulu leitast við að:

(a) Fylgjast með flutningi á vörum og fólki á fríverslunarsvæðum og í fríhöfnum, og veita lögbærum stjórnvöldum sínum í því skyni heimild til að leita í farmi og skipum við komu og brottför, þar á meðal í lystiförum og fiskiskipum, svo og í loftförum og ökutækjum, en einnig á áhöfnum og farþegum og í farangri þeirra, þar sem við á,

(b) koma á og halda uppi skipan til að greina vörusendingar sem grunur leikur á að innihaldi fíkniefni, skynvilluefni eða efni á skrám I og II er fara frá eða koma til fríverslunarsvæða eða fríhafna,

(c) koma á og halda uppi skipan til að fylgjast með því sem á sér stað á hafnar- og viðlegusvæðum og á flugvöllum og landamærastöðvum innan fríverslunarsvæða og í fríhöfnum.

19. gr.

NOTKUN PÓSTÞJÓNUSTUNNAR

1. Í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum Alþjóða póstmálasambandsins og grundvallarreglur landslaga sinna skulu aðilar gera ráðstafanir til að stöðva notkun póstþjónustunnar til ólöglegrar verslunar, og skulu þeir hafa með sér samvinnu í þeim tilgangi.
2. Meðal ráðstafana þeirra sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. þessarar greinar skulu einkum vera:

(a) Samræmdar aðgerðir til að koma í veg fyrir og stöðva notkun póstþjónustunnar til ólöglegrar verslunar,

(b) að þar til bærir löggæslumenn komi á og beiti aðferðum til rannsóknar og eftirlits sem ætlað er að greina ólöglegar sendingar fíkniefna, skynvilluefna og efna á skrá I og II í pósti,

(c) aðgerðir á sviði löggjafar sem gera kleift að afla þeirra sönnunargagna á viðeigandi hátt, sem þörf er á vegna meðferðar máls í dómi.

20. gr.

UPPLÝSINGAR SEM AÐILAR VEITI

1. Aðilar skulu fyrir milligöngu framkvæmdarstjóra veita nefndinni upplýsingar um hvernig samningur þessi verkar á landsvæðum þeirra, þar á meðal:

(a) Texta laga og reglugerða sem settar eru til að framkvæma samning þennan,

(b) málsatvik í málum um ólöglega verslun innan lögsögu þeirra, sem þeir telja mikilvæg vegna þess að ný tilhneiging komi þar fram, vegna magns þess sem um ræðir, vegna uppruna efnanna, eða vegna þeirra aðferða sem beitt hefur verið við brotin.

2. Aðilar skulu veita upplýsingar þessar á þann hátt og svo tímanlega sem nefndin kann að óska eftir.

21. gr.

STÖRF NEFNDARINNAR

Nefndin hefur heimild til að fjalla um öll málefni sem varða tilgang samnings þessa, en einkum

(a) skal nefndin á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðilar veita skv. 20. gr. fylgjast með framkvæmd samningsins,

(b) getur nefndin komið fram með tillögur og almenn tilmæli á grundvelli athugunar á upplýsingum sem aðilar veita,

(c) getur nefndin vakið athygli starfsnefndarinnar á hverju því málefni er varða kann störf starfsnefndarinnar,

(d) skal nefndin í málum sem starfsnefndin vísar til hennar skv. (b)-lið 1. mgr. 22. gr. grípa til þeirra aðgerða sem hún telur við eiga,

(e) getur nefndin eftir þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 12. gr. breytt skrá I og II,

(f) getur nefndin vakið athygli ríkja sem ekki eru aðilar að samningnum á ákvörðunum og tilmælum sem samþykkt eru samkvæmt samningi þessum, í því skyni að þau taki til athugunar aðgerðir sem samræmast þeim.

22. gr.

STÖRF STARFSNEFNDARINNAR

1. Án þess að hafa áhrif á störf nefndarinnar skv. 21. gr. eða störf starfsnefndarinnar og nefndarinnar samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum eða samningnum frá 1971,

(a) hafi starfsnefndin á grundvelli athugunar á upplýsingum sem hún, framkvæmdarstjóri eða nefndin hefur tiltækar, eða upplýsinga sem stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa látið í té, ástæðu til að ætla að markmiðum samnings þessa í málefnum sem varða valdsvið hennar sé ekki náð, getur hún boðið aðilum, einum eða fleiri, að veita allar upplýsingar sem máli skipta.

(b) Hvað snertir 12., 13. og 16. gr.:

(i) Að afloknum aðgerðum skv. (a)-lið þessarar greinar getur starfsnefndin, telji hún víst að það sé nauðsynlegt, skorað á þann aðila sem um ræðir að gera þær ráðstafanir til úrbóta sem með tilliti til aðstæðna virðast nauðsynlegar til að framkvæmd verði ákvæði 12., 13. og 16. gr.

(ii) Áður en aðgerðir skv. (iii) hér að neðan eru framkvæmdar skal starfsnefndin fara með það sem trúnaðarmál sem henni og hlutaðeigandi aðila hefur farið á milli samkvæmt undanfarandi liðum.

(iii) Komist starfsnefndin að raun um að viðkomandi aðili hafi ekki gert ráðstafanir til úrbóta sem skorað hefur verið á hann að gera samkvæmt þessum staflið, getur hún vakið athygli aðilanna, ráðsins og nefndarinnar á málinu. Í hverri þeirri skýrslu, sem starfsnefndin kann að birta samkvæmt þessum lið skulu sjónarmið hlutaðeigandi aðila einnig tilgreind, ef hann óskar þess.

2. Hverjum þeim aðila, sem hefur beinna hagsmuna að gæta um málefni sem fjallað er um á fundi starfsnefndarinnar samkvæmt þessari grein skal boðið að láta sækja fundinn fyrir sína hönd.

3. Í tilvikum þar sem ákvörðun starfsnefndarinnar samkvæmt grein þessari er ekki samþykkt samhljóða skal geta sjónarmiða minni hlutans.
4. Ákvarðanir starfsnefndarinnar samkvæmt grein þessari skulu teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra nefndarmanna.
5. Er starfsnefndin rækir störf sín skv. (a)-lið 1. mgr. þessarar greinar skal hún sjá um að trúnaður sé virtur um allar upplýsingar er henni kunna að berast.
6. Ábyrgð nefndarinnar samkvæmt þessari grein tekur ekki til framkvæmdar á alþjóðasamningi eða samkomulagi sem aðilar gera með sér samkvæmt ákvæðum samnings þessa.
7. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til ágreinings milli aðila sem fellur undir ákvæði 32. gr.

23. gr.

SKÝRSLUR STARFSNEFNDARINNAR

1. Starfsnefndin skal árlega gera skýrslu um störf sín þar sem unnið er úr þeim upplýsingum sem henni eru tiltækar og þar sem við á lýst útskýringum sem aðilar hafa veitt eða óskað hefur verið af þeim, ef um það er að ræða, og tilgreindar athugasemdir og tilmæli sem starfsnefndin kann að vilja gera. Starfsnefndin getur gert þær skýrslur aðrar sem hún telur þörf á. Skal leggja þær fyrir ráðið fyrir milligöngu nefndarinnar, en nefndin getur gert þær athugasemdir sem henni þykir ástæða til.
2. Skýrslur nefndarinnar skulu sendar aðilum og skal framkvæmdarstjóri síðan birta þær. Aðilar skulu leyfa óhefta dreifingu þeirra.

24. gr.

BEITING STRANGARI RÁÐSTAFANA EN KRAFIST ER Í SAMNINGI ÞESSUM

Aðili getur gert harðari eða strangari ráðstafanir en kveðið er á um í samningi þessum ef hann telur slíkar ráðstafanir æskilegar eða nauðsynlegar til að koma í veg fyrir eða stöðva ólöglega verslun.

25. gr.

ENGIN FRÁVIK FRÁ RÉTTINDUM OG SKYLDUM SAMKVÆMT FYRRI ALÞJÓÐASAMNINGUM

Í ákvæðum samnings þessa skulu ekki talin felast frávik frá réttindum sem aðilar njóta eða skyldum sem þeir hafa tekið á sig samkvæmt samningnum frá 1961, samningnum frá 1961 með breytingum eða samningnum frá 1971.

26. gr.

UNDIRRITUN

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Vínarborg frá 20. desember 1988 til 28. febrúar 1989, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, af hálfu

(a) allra ríkja,
(b) Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir,
(c) svæðastofnana um efnahagssamvinnu sem bærar eru til að stunda samningaviðræður um, semja um og framkvæma atriði sem samningur þessi fjallar um, og gilda tilvísanir í samningi þessum til aðila, ríkja eða embætta um þær stofnanir innan þeirra takmarka sem valdmörk þeirra setja.

27. gr.

FULLGILDING, STAÐFESTING, SAMÞYKKT EÐA FORMLEG STAÐFESTINGARGERÐ

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt af hálfu ríkja og af hálfu Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, og formlegri staðfestingargerð af hálfu svæðasamtaka um efnahagssamvinnu, sem fjallað er um í (c)-lið 26. gr. Fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjöl og skjöl um formlegar staðfestingargerðir skulu afhent framkvæmdarstjóra til varðveislu.
2. Í skjölum sínum um formlega staðfestingargerð skulu svæðasamtök um efnahagssamvinnu lýsa því hvar valdmörk þeirra liggja hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um. Skulu samtökin einnig tilkynna framkvæmdarstjóra um allar breytingar á valdmörkum sínum hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um.

28. gr.

AÐILD

1. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar af hálfu allra ríkja, af hálfu Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, og af hálfu svæðasamtaka um efnahagssamvinnu, sem fjallað er um í (c)-lið 26. gr. Skal aðild fara fram með afhendingu aðildarskjals til framkvæmdarstjóra.
2. Í aðildarskjölum sínum skulu svæðasamtök um efnahagssamvinnu lýsa því hvar valdmörk þeirra liggja hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um. Skulu samtökin einnig tilkynna framkvæmdarstjóra um allar breytingar á valdmörkum sínum hvað snertir málefni sem samningur þessi gildir um.

29. gr.

GILDISTAKA

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er ríki eða Namibía, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, afhenda framkvæmdarstjóra til varðveislu hið tuttugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal.
2. Gagnvart hverju ríki eða Namibíu, sem Namibíuráð Sameinuðu þjóðanna kemur fram fyrir, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir að tuttugasta fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal hefur verið afhent, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag er fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis-, eða aðildarskjal hefur verið afhent.
3. Gagnvart hverjum þeim svæðasamtökum um efnahagssamvinnu, sem fjallað er um í (c)-lið 26. gr., sem afhenda skjal um formlega staðfestingargerð eða aðildarskjal, skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir afhendinguna, eða á þeim degi er samningurinn öðlast gildi skv. 1. mgr. þessarar greinar, hvort sem síðar verður.

30. gr.

UPPSÖGN

1. Aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til framkvæmdarstjóra.
2. Uppsögn skal öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðila einu ári eftir þann dag er framkvæmdarstjóri veitti tilkynningunni viðtöku.

31. gr.

BREYTINGAR

1. Hver aðili getur gert tillögur til breytinga á samningi þessum. Skal aðilinn senda framkvæmdarstjóra texta breytingarinnar og rök fyrir henni, er hann skal síðan framsenda öðrum aðilum og spyrja þá hvort þeir samþykki hina fyrirhuguðu breytingu. Hafi fyrirhugaðri breytingu sem þannig hefur verið dreift til aðila ekki verið hafnað af neinum þeirra innan tuttugu og fjögurra mánaða frá dreifingu hennar skal litið svo á sem hún hafi verið samþykkt, og skal hún öðlast gildi gagnvart aðila níutíu dögum eftir að hann hefur afhent framkvæmdarstjóra skjal þar sem hann lýsir samþykki sínu við að vera bundinn af breytingunni.
2. Hafi einhver aðili hafnað fyrirhugaðri breytingu skal framkvæmdarstjóri ráðfæra sig við aðilana, og óski meirihluti þeirra þess skal hann leggja málið ásamt þeim athugasemdum sem aðilarnir kunna að hafa gert fyrir ráðið, sem getur ákveðið að kalla saman ráðstaefnu skv. 4. mgr. 62. gr. stofnskrár hinna Sameinuðu þjóða. Breytingarbókun skal gerð um hverja þá breytingu sem af slíku ráðstefnuhaldi leiðir. Skal þess krafist að samþykki við að vera bundinn af ákvæðum slíkrar bókunar sé sérstaklega tjáð framkvæmdarstjóra.

32. gr.

LAUSN DEILUMÁLA

1. Nú rís deila milli tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, og skulu aðilar þá ræðast við í því skyni að leysa deiluna með samningi, rannsókn, milligöngu, sátt, gerð, aðstoð svæðastofnana eða dómsmeðferð, eða á annan friðsamlegan hátt að þeirra eigin vali.
2. Hverri þeirri deilu sem ekki verður leyst á þann hátt sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar skal að ósk einhvers ríkis sem aðild á að deilunni vísað til ákvörðunr alþjóðadómstólsins.
3. Nú á svæðastofnun um efnahagssamvinnu sem fjallað er um í (c)-lið 26. gr. aðild að deilu sem ekki er unnt að leysa á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, og getur hún þá fyrir milligöngu ríkis sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum farið þess á leit að ráðið biðji um ráðgjafarálit skv. 65. gr. samþykkta dómstólsins, en litið skal svo á sem álitið geri út um málið.
4. Hvert ríki getur við undirritun eða fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt samnings þessa, eða við aðild, eða hver svæðastofnun um efnahagssamvinnu við formlega staðfestingargerð eða aðild, lýst því yfir að viðkomandi aðili telji sig óbundinn af 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Aðrir aðilar skulu ekki bundnir ákvæðum 2. og 3. mgr. gagnvart aðilum sem gefið hafa slíka yfirlýsingu.
5. Hver sá aðili sem gefið hefur yfirlýsingu skv. 4. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er afturkallað hana með tilkynningu til framkvæmdarstjóra.

33. gr.

GILDIR TEXTAR

Arabískur, kínverskur, enskur, franskur, rússneskur og spænskur texti samnings þessa eru jafngildir.

34. gr.
VÖRSLUAÐILI

Framkvæmdarstjóri skal vera vörsluaðili samnings þessa.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa lögfullt umboð, undirritað samning þennan.

GERT Í VÍNARBORG, í einu frumriti, hinn tuttugasta desember 1988.

Viðauki.

Skrá I
Efedrín
Ergómetrín
Ergótamín
Lýsergín sýra
1-fenýl- 2-própanón
Pseudóefedrín

Sölt efna þeirra sem tilgreind eru á skrá þessari, hvarvetna þar sem slík sölt geta verið til.

Skrá II
Ediksýru anhýdríð
Asetón
Antranílsýra
Etýl eter
Fenýlediksýra
Píperidín

Sölt efna þeirra sem tilgreind eru á skrá þessari, hvarvetna þar sem slík sölt geta verið til.

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR UM ÞVÆTTI, LEIT, HALD OG UPPTÖKU ÁVINNINGS AF AFBROTUM

INNGANGUR

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki er undirritað hafa samning þennan,

sem líta til þess að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu aðildarríkja þess,

eru sannfærð um að fylgja verði sameiginlegri refsiréttarstefnu er miðast að vernd þjóðfélagsins,

líta svo á að í baráttu við alvarlega glæpi, sem eru vaxandi alþjóðlegt vandamál, sé nauðsynlegt að beita nútímalegum og áhrifaríkum ráðum sem eru alþjóðleg að umfangi,

telja að eitt af þeim ráðum sé að svipta afbrotamenn afrakstri afbrota sinna,

og líta svo á að til að ná því markmiði verði einnig að koma á alþjóðlegri samvinnutilhögun, er starfi sem greiðlegast,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
HUGTAKANOTKUN

1. gr.
Hugtakanotkun.

Í samningi þessum merkir:

a. „ávinningur“ hvaða efnahagsleg gæði sem er, sem aflað er með afbroti. Getur hann verið hver sú eign, sem fellur undir skilgreiningu b-liðar þessarar greinar,
b. „eign“ eign af hvaða tagi sem er, hvort sem hún er efnisleg eða óefnisleg, laus eða föst og skjöl eða gögn sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra,
c. „tæki“ hverja þá eign sem með einhverjum hætti er notuð eða nota skal, að öllu eða einhverju leyti, til að drýgja brot með,
d. „upptaka“ hverja þá refsingu eða ráðstöfun sem dómur kveður á um að aflokinni málsmeðferð vegna afbrots eða afbrota, sem hefur í för með sér endanlega sviptingu eignar,
e. „frumbrot“ hvert það afbrot sem ávinningur hefur orðið til við, ef ávinningurinn getur orðið andlag brots sem skilgreint er í 6. gr. samnings þessa.

II. KAFLI
RÁÐSTAFANIR SEM GERÐAR SKULU Á VETTVANGI EINSTAKA RÍKJA

2. gr.
Ráðstafanir vegna upptöku.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að gera upptæk tæki og ávinning, eða eignir sem samsvara þeim ávinningi sem um er að ræða.
2. Hver aðili getur við undirritun, eða þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt, lýst því yfir í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að 1. mgr. þessarar greinar eigi aðeins við um þau brot eða þá flokka brota sem tilgreind eru í yfirlýsingunni.

3. gr.
Rannsóknar- og bráðabirgðaráðstafanir.

Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að greina og rekja eignir sem gera má upptækar samkvæmt 1. mgr. 2. gr., og koma í veg fyrir alla verslun með slíkar eignir, yfirfærslu þeirra og ráðstöfun.

4. gr.
Sérstakar rannsóknarheimildir og rannsóknaraðferðir.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að heimila dómstólum eða öðrum þar til bærum yfirvöldum að mæla svo fyrir að gögn með upplýsingum um bankastarfsemi, fjármál og verslunarviðskipti skuli afhent eða hald lagt á þau, svo framkvæma megi aðgerðir þær sem fjallað er um í 2. og 3. gr. Aðili má ekki neita að gera ráðstafanir samkvæmt þessari grein á grundvelli bankaleyndar.
2. Hver aðili skal taka til athugunar að gera með löggjöf og á annan hátt þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að honum sé unnt að beita sérstökum rannsóknaraðferðum sem auðvelda að ávinningur sé greindur og rakinn, og afla sönnunargagna sem að því lúta. Aðferðir þessar geta meðal annars falið í sér að teknar séu ákvarðanir um vöktun, eftirlit, fjarskiptahlustanir eða aðgang að tölvukerfum, eða að tiltekin skjöl skuli afhent.

5. gr.
Réttarvernd.

Hver aðili skal með löggjöf eða á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja að þeir sem aðgerðir skv. 2. og 3. gr. hafa áhrif á og hagsmuna eiga að gæta njóti virkra lagalegra úrræða til verndar réttindum sínum.

6. gr.
Þvættisbrot.

1. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að eftirtalin háttsemi varði refsingu að landslögum, þegar um ásetning er að ræða:

a. að afla annarra verðmæta í stað eignar eða afsala eign í þeirri vitneskju að hún sé leidd af broti eða brotum í þeim tilgangi að fela eða dylja að eignin var ólöglega til komin eða til að aðstoða hvern þann mann sem hlut á að slíku broti eða brotum við að komast hjá afleiðingum gerða sinna, að lögum,
b. að fela eða dylja raunverulegt eðli eignar, tilurð hennar, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi er tengjast henni, eða eignarrétt að henni, í þeirri vitneskju að hún sé ávinningur,

og að því leyti sem það samræmist stjórnskipunarreglum og grundvallarreglum réttarkerfis hans:

c. að afla eignar eða hafa vörslur hennar eða afnot í þeirri vitneskju, þegar við henni var tekið, að hún var ávinningur,
d. að eiga hlutdeild í, sammælast um eða leggja á ráðin um, gera tilraun til, veita hjálp eða aðstoða við, auðvelda eða veita ráð til að fremja hvert það brot sem lýst er refsivert samkvæmt grein þessari.

2. Þegar ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru framkvæmd eða þeim beitt, gildir eftirfarandi:

a. Ekki skiptir máli hvort frumbrotið fellur undir refsilögsögu aðila.
b. Kveða má svo á að lýsing á brotum í þeirri málsgrein taki ekki til þeirra sem frömdu frumbrotið.
c. Álykta má um vitneskju, ásetning eða tilgang sem eðlisþátt í broti samkvæmt þeirri málsgrein af hlutlægum, raunverulegum málavöxtum.

3. Hver aðili getur gert þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að allar eða einhverjar þeirra athafna sem fjallað er um í 1. mgr. séu lýstar refsiverðar að landslögum í einhverjum eða öllum tilvikum þegar brotamaður:

a. hefði mátt vita að eign var ávinningur,
b. framdi verknaðinn í auðgunarskyni,
c. framdi verknaðinn til að stuðla að framkvæmd frekari brotastarfsemi.

4. Hver aðili getur við undirritun eða þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar, samþykktar- eða aðildarskjal sitt, lýst því yfir í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að 1. mgr. þessarar greinar eigi aðeins við um þau frumbrot eða þá flokka frumbrota sem tilgreind eru í yfirlýsingunni.

III. KAFLI
ALÞJÓÐLEG SAMVINNA
1. þáttur.
Meginreglur um alþjóðlega samvinnu.

7. gr.

Almennar meginreglur og ráðstafanir til alþjóðlegrar samvinnu.

1. Aðilar skulu eins og framast er unnt eiga samvinnu um að rannsaka og höfða mál sem miða að upptöku tækja og ávinnings.
2. Hver aðili skal með löggjöf og á annan hátt gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að hann geti með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessum kafla sinnt beiðnum um:

a. upptöku á tilteknum eignum sem eru ávinningur eða tæki, svo og upptöku á ávinningi sem felst í kröfu um peningagreiðslu samsvarandi ávinningnum að verðgildi,
b. aðstoð við rannsókn og bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til upptöku af öðru hvoru því tagi sem fjallað er um í a-lið.

2. þáttur.
Rannsóknaraðstoð.

8. gr.

Aðstoðarskylda.

Aðilar skulu eins og framast er unnt veita hver öðrum, eftir beiðni þar um, alla aðstoð við að greina og rekja tæki, ávinning og aðrar eignir sem sætt geta upptöku. Slík aðstoð skal meðal annars felast í hverjum þeim ráðstöfunum sem beinast að því að leggja fram og tryggja sönnunargögn um tilvist, staðsetningu eða tilflutning, eðli, lagalega stöðu eða verðmæti slíkra eigna.

9. gr.

Framkvæmd aðstoðar.

Aðstoð skv. 8. gr. skal framkvæmd eftir því sem landslög þess aðila sem beiðni er beint til leyfa og í samræmi við þau, og á þann hátt sem beiðnin tilgreinir, að því marki sem það samrýmist þeim lögum.

10. gr.

Upplýsingar veittar án beiðni.

Fari það ekki í bága við rannsókn eða rekstur máls á vegum hans sjálfs, getur aðili án undanfarandi beiðni afhent öðrum aðila upplýsingar um tæki og ávinning þegar hann telur að þær kunni að vera viðtökuaðilanum að gagni við að byrja eða framkvæma rannsókn eða meðferð refsimáls, eða kunni að leiða til þess að beiðni verði borin fram samkvæmt þessum kafla.

3. þáttur.
Bráðabirgðaráðstafanir.

11. gr.

Skylda til bráðabirgðaráðstafana.

1. Aðili skal að beiðni annars aðila sem höfðað hefur refsimál eða mál til upptöku eigna gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir, svo sem að kyrrsetja eða leggja hald á eign, eða til að koma í veg fyrir viðskipti með eign, yfirfærslu hennar eða ráðstöfun, ef hún getur síðar orðið andlag kröfu um upptöku eða ef síðar kann að vera unnt að uppfylla slíka kröfu með henni.
2. Aðili sem veitt hefur viðtöku beiðni um upptöku skv. 13. gr. skal, sé þess óskað, gera þær ráðstafanir sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar hvað snertir hverja þá eign sem er andlag beiðninnar eða ef síðar kann að vera unnt að uppfylla beiðnina með henni.

12. gr.

Framkvæmd bráðabirgðaráðstafana.

1. Bráðabirgðaráðstafanir skv. 11. gr. skulu framkvæmdar eftir því sem landslög þess aðila leyfa sem beiðni er beint til, í samræmi við þau, og á þann hátt sem beiðnin tilgreinir, að því marki sem það samrýmist þeim lögum.
2. Áður en fallið er frá bráðabirgðaráðstöfun samkvæmt þessari grein skal sá aðili sem beiðni er beint til ávallt þegar unnt er veita þeim aðila sem beiðnina leggur fram kost á að færa fram rök fyrir því að ráðstöfunin skuli haldast.

4. þáttur.
Upptaka.

13. gr.

Skylda til upptöku.

1. Aðili sem tekið hefur við beiðni annars aðila um upptöku á tækjum eða ávinningi á landsvæði sínu skal:
   a. framfylgja ákvörðun dómstóls þess aðila sem beiðni leggur fram um upptöku tækjanna eða ávinningsins, eða
   b. leggja beiðnina fyrir lögbær yfirvöld sín til þess að fá heimild til upptöku, og fylgja þeirri heimild eftir, sé hún veitt,
2. Til framkvæmdar á b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal hver aðili ávallt þegar nauðsynlegt er vera bær til að höfða mál til upptöku samkvæmt eigin lögum.
3. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda einnig um upptöku sem felst í því að krafa er gerð um greiðslu peninga sem svara til verðmætis ávinnings, og eign sem fullnustu má leita í er staðsett hjá þeim aðila sem beiðni er beint til. Ef svo stendur á og krafan er ekki greidd skal sá aðili sem beiðni er beint til, þegar koma skal fram upptöku samkvæmt 1. mgr., leita fullnustu kröfunnar í hverri þeirri eign sem tiltæk er til þess.
4. Ef beiðni um upptöku varðar ákveðna eign geta aðilar samið svo sín á milli að sá aðili sem beiðni er beint til megi koma upptökunni fram með þeim hætti að krafist sé greiðslu peninga sem svara til verðmætis eignarinnar.

14. gr.

Framkvæmd upptöku.

1. Um meðferð máls til ákvörðunar og um fullnustu upptöku skv. 13. gr. fer að lögum þess aðila sem beiðni er beint til.
2. Sá aðili sem beiðni er beint til er bundinn af niðurstöðum um atvik máls eins og þær koma fram í sakfellingu eða ákvörðun dómstóls aðila sem beiðni leggur fram, eða að því leyti sem þau koma óbeint fram af sakfellingunni eða ákvörðuninni.
3. Hver aðili getur við undirritun eða þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt lýst því yfir í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að gildi 2. mgr. þessarar greinar sé háð þeim takmörkunum sem leiðir af stjórnskipunarlögum og meginreglum réttarkerfis hans.
4. Ef ákvörðun um upptöku felst í greiðslu peninga skal þar til bært yfirvald þess aðila sem beiðni er beint til umreikna fjárhæðina í gjaldmiðil sinn á því gengi sem í gildi var þegar ákvörðun var tekin um að framfylgja upptökunni.
5. Í máli skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. á sá aðili sem beiðni leggur fram einn rétt á að taka ákvörðun um beiðni um endurskoðun upptökuákvörðunar.

15. gr.

Eignir sem gerðar hafa verið upptækar.

Eignir sem gerðar hafa verið upptækar af þeim aðila sem beiðni er beint til skal ráðstafað af þeim aðila samkvæmt landslögum hans.

16. gr.

Réttur til upptöku og hámarksverðmæti þess upptæka.

1. Beiðni um upptöku skv. 13. gr. hefur ekki áhrif á rétt þess aðila sem leggur hana fram til að framfylgja upptökuákvörðuninni sjálfur.
2. Ekki má túlka neitt í samningi þessum á þann veg að heildarverðmæti upptekinnar eignar megi fara fram úr þeirri fjárhæð sem tilgreind er í upptökuákvörðun. Telji aðili að slíkt geti komið fyrir skulu þeir aðilar sem málið varðar eiga með sér viðræður til að hindra það.

17. gr.

Fangelsun vegna vangreiðslu.

Sá aðili sem beiðni er beint til má ekki beita fangelsun vegna vangreiðslu né neinni annarri ráðstöfun til skerðingar á frelsi manns vegna beiðni skv. 13. gr., hafi sá aðili sem beiðni bar fram getið þess í beiðninni.

5. þáttur.
Synjun um samvinnu og frestun hennar.

18. gr.

Synjunarástæður.

1. Synja má um samvinnu samkvæmt þessum kafla, ef:
   a. umbeðnar aðgerðir væru andstæðar grundvallarreglum laga þess aðila sem beiðni er beint til,
   b. framkvæmd beiðni er líkleg til að stofna í hættu fullveldi, öryggi, allsherjarreglu eða öðrum mikilvægum hagsmunum þess aðila sem beiðni er beint til,
   c. sá aðili sem beiðni er beint til telur að það mál sem hún varðar sé ekki svo mikilvægt að hinar umbeðnu aðgerðir séu réttlætanlegar,
   d. afbrot það sem beiðni lýtur að er stjórnmálaafbrot eða skattabrot,
   e. sá aðili sem beiðni er beint til telur að það myndi vera andstætt reglum sínum um *ne bis in idem* ef hinar umbeðnu aðgerðir væru framkvæmdar, eða
   f. það brot sem beiðni lýtur að teldist ekki afbrot samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni er beint til, væri það framið í lögsögu hans. Hvað snertir samvinnu skv. 2. þætti á synjunarástæða þessi þó aðeins við að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir.
2. Einnig má synja um samstarf skv. 2. þætti að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir, svo og um samstarf skv. 3. þætti, ef ekki væri unnt samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni er beint til að gera hinar umbeðnu rannsóknar- eða réttarfarsráðstafanir í tengslum við sams konar mál innanlands.
3. Þegar lög þess aðila sem beiðni er beint til krefjast þess má einnig synja um samstarf skv. 2. þætti að því leyti sem umbeðin aðstoð felur í sér þvingunaraðgerðir, svo og um samstarf skv. 3. þætti, ef umbeðnar ráðstafanir eða hverjar þær ráðstafanir aðrar sem sambærileg áhrif hafa væru aðeins leyfilegar samkvæmt lögum þess aðila sem beiðni leggur fram ef dómari eða annað yfirvald á sviði dómgæslu, þar með talinn opinber saksóknari, hefur veitt til þess heimild í starfi sínu á sviði refsimála.

4. Einnig má synja um samstarf skv. 4. þætti þessa kafla ef:
   a. lög þess aðila sem beiðni er beint til kveða ekki á um upptöku vegna brots af því tagi sem beiðnin lýtur að,
   b. samvinna væri, þó með fyrirvara um þá skyldu sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., andstæð meginreglum þeirra landslaga aðila sem beiðni er beint til er fjalla um hámark eignaupptöku með tilliti til sambands afbrots og:
      i. efnahagslegs hagræðis sem talið kann að verða ávinningur af því, eða
      ii. eigna sem taldar kunna að verða tæki til að drýgja brotið með
   c. vegna fyrningar má eigi lengur beita upptöku samkvæmt lögum þess lands sem beiðni er beint til,
   d. beiðnin er ekki í tengslum við fyrri sakfellingu eða dómsákvörðun, eða við yfirlýsingu í slíkri ákvörðun um að eitt eða fleiri afbrot hafi verið framin, sem ákvörðun eða beiðni um upptöku byggðist á, eða
   e. upptöku verður annað hvort ekki framfylgt hjá þeim aðila sem beiðni leggur fram, eða ákvörðun um hana er enn áfrýjanleg með venjulegum hætti,
   f. beiðnin lýtur að upptökuákvörðun sem á rætur að rekja til ákvörðunar sem gerð er í fjarveru þess sem hún beinist gegn, og við málsmeðferð þess aðila sem beiðni leggur fram og leiddi til úrlausnarinnar var að mati þess aðila sem beiðni er beint ekki gætt lágmarksréttar til varnar sem viðurkennt er að beri hverjum þeim sem sakaður er um refsivert brot.

5. Að því er 4. mgr. þessarar greinar varðar telst ákvörðun ekki tekin í fjarveru sökunauts:
   a. hafi hún verið staðfest eða tekin eftir að hlutaðeigandi hefur haldið uppi vörnum, eða
   b. hafi hún verið tekin á áfrýjunarstigi í máli sem hlutaðeigandi hefur áfrýjað.

6. Þegar metið er í tengslum við ákvæði f-liðs 4. mgr. þessarar greinar hvort veittur hafi verið lágmarksréttur til varnar skal sá aðili sem beiðni er beint til hafa hliðsjón af því hvort hlutaðeigandi hefur vísvitandi reynt að komast undan réttvísinni eða hvort hann hefur ekki neytt lagalegra úrræða gegn þeirri úrlausn sem gerð var að honum fjarstöddum, þótt hann hafi átt þess kost. Hið sama gildir þegar hlutaðeigandi hefur verið löglega stefnt og hann hefur hvorki kosið að mæta né að óska þess að máli hans sé frestað.

7. Aðili skal ekki synja um neina samvinnu samkvæmt þessum kafla á grundvelli bankaleyndar. Þegar landslög krefjast þess getur aðili óskað þess að beiðni um samvinnu sem felur í sér að bankaleynd sé rofin sé samþykkt af dómara eða öðru yfirvaldi á sviði dómgæslu, þar með töldum opinberum saksóknara, í meðferð starfa sinna á sviði refsimála.

8. Eftirfarandi er með fyrirvara um það sem segir í b-lið 1. mgr. þessarar greinar:
   a. Sá aðili sem beiðni er beint til skal ekki bera það fyrir sig sem hindrun á að veita samvinnu samkvæmt þessum kafla, að sá sem rannsókn sætir eða upptökuákvörðun stjórnvalda þess aðila sem beiðni leggur fram beinist gegn, er lögpersóna.
   b. Ekki má bera fyrir sig að maður, sem ákvörðun um upptöku ávinnings beinist gegn, hafi síðan látist, eða það, að lögpersóna sem ákvörðun um upptöku ávinnings beinist gegn hafi síðan verið leyst upp, sem hindrun á því að samvinna sé veitt skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

19. gr.

Frestun.

Sá aðili sem beiðni er beint til getur frestað því að framkvæma beiðni ef það myndi stofna í hættu rannsókn eða málarekstri eigin stjórnvalda.

20. gr.

Beiðni sinnt að hluta eða með skilyrðum.

Áður en samvinnu samkvæmt þessum kafla er synjað eða frestað skal sá aðili sem beiðni er beint til, þegar við á og að höfðu samráði við þann aðila sem beiðni leggur fram, taka til athugunar hvort unnt sé að sinna beiðninni að hluta eða með þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

6. þáttur.
Tilkynningar um réttindi þriðja manns og um vernd þeirra.

21. gr.

Birting skjala.

1. Aðilar skulu veita hver öðrum alla mögulega gagnkvæma aðstoð við birtingu réttarfarsskjala fyrir þeim sem bráðabirgðaráðstafanir og upptaka eigna varða.
2. Grein þessari er í engu ætlað að hafa áhrif á:
   a. möguleika á því að senda réttarfarsskjöl fyrir atbeina póstþjónustunar beint til viðtakenda erlendis,
   b. þann möguleika að yfirmenn á sviði dómgæslu, embættismenn eða önnur þar til bær stjórnvöld þess aðila þar sem skjal á uppruna sinn birti réttarfarsskjöl beint fyrir atbeina stjórnvaldaerindreka eða yfirmanna á sviði dómgæslu, embættismanna eða annarra þar til bærra stjórnvalda þess aðila sem skjal skal sent til,

nema sá aðili sem skjal skal sent til veiti aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu um hið gagnstæða þegar undirritun fer fram eða þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt.

3. Þegar réttarfarsskjöl, sem gefin hafa verið út hjá þeim aðila sem sendir þau, eru birt erlendis þeim sem bráðabirgðaráðstafanir eða upptökuákvarðanir varða, skal sá aðili tilgreina hver þau réttarúrræði eru, sem samkvæmt lögum hans eru tiltæk þeim.

22. gr.

Viðurkenning á erlendum ákvörðunum.

1. Þegar fjallað er um beiðni um samvinnu skv. 3. eða 4. þætti skal sá aðili sem beiðni er beint til viðurkenna allar ákvarðanir á sviði dómgæslu sem teknar eru hjá þeim aðila sem beiðni leggur fram og lúta að réttindum sem þriðji maður telur til.
2. Viðurkenningu má synja:
   a. ef þriðji maður hafði ekki nægilegt tækifæri til að halda fram rétti sínum,
   b. ef ákvörðunin er ósamrýmanleg ákvörðun sem þegar hefur verið tekin í sama máli hjá þeim aðila sem beiðni er beint til,
   c. ef ákvörðun er ósamrýmanleg allsherjarreglu hjá þeim aðila sem beiðni er beint til, eða
   d. ef ákvörðunin var tekin í andstöðu við ákvæði um skylduvarnarþing í lögum þess aðila sem beiðni er beint til.

7. þáttur.
Reglur um réttarfar og aðrar almennar reglur.

23. gr.

Miðstjórnvald.

1. Aðilar skulu koma sér saman um miðstjórnvald, fleiri en eitt ef þörf krefur, sem sjá skulu um að senda beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt þessum kafla og svara þeim, framkvæma það sem um er beðið, eða framsenda þær þeim stjórnvöldum sem bær eru til að sinna þeim.
2. Þegar hver aðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild skal hann skýra aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá heiti og aðsetri þeirra stjórnvalda sem tilnefnd hafa verið skv. 1. mgr. þessarar greinar.

24. gr.

Milliliðalaus samskipti.

1. Miðstjórnvöld skulu hafa milliliðalaus samskipti hvert við annað.
2. Í bráðatilvikum má senda beiðnir og orðsendingar samkvæmt þessum kafla milliliðalaust frá yfirvöldum á sviði dómgæslu, að meðtöldum opinberum saksóknurum, hjá þeim aðila sem beiðni leggur fram, til sams konar yfirvalda þess aðila sem beiðni er beint til. Þegar svo stendur á skal um leið senda afrit til miðstjórnvalds þess aðila sem beiðni er beint til, fyrir milligöngu miðstjórnvalds þess aðila sem beiðni leggur fram.
3. Allar beiðnir og orðsendingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar má senda fyrir milligöngu Alþjóðasamtaka sakamálalögreglu (Interpol).
4. Nú er beiðni send skv. 2. mgr. þessarar greinar og yfirvaldið er ekki bært til að fjalla um hana, og skal það þá framsenda beiðnina þar til bæru stjórnvaldi í ríkinu, og tilkynna milliliðalaust þeim aðila sem beiðni leggur fram, að það hafi verið gert.
5. Beiðnir og orðsendingar skv. 2. þætti þessa kafla, sem ekki varða þvingunaraðgerðir, geta þar til bær stjórnvöld þess aðila sem beiðni leggur fram sent milliliðalaust þar til bærum stjórnvöldum þess aðila sem beiðni er beint til.

25. gr.

Form beiðni og tungumál.

1. Allar beiðnir samkvæmt þessum kafla skulu vera skriflegar. Nota má nútímaaðferðir í fjarskiptum, svo sem símbréf.
2. Að öðru leyti en því sem segir í 3. mgr. þessarar greinar skal ekki krefjast þess að beiðnir eða fylgiskjöl þeirra séu þýdd.
3. Þegar undirritun fer fram eða þegar aðili afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt getur hann lýst því yfir í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að hann áskilji sér rétt til að krefjast þess að beiðnum til hans og fylgiskjölum með þeim fylgi þýðing á tungumál hans eða á eitt af opinberum tungumálum Evrópuráðsins, eða á eitt þessara tungumála sem hann tilgreinir. Við það tækifæri getur hann lýst sig reiðubúinn til að taka við þýðingum á eitthvert annað mál sem hann tilgreinir. Hinir aðilarnir mega þá beita gagnkvæmnisreglunni.

26. gr.

Löggilding.

Skjöl sem send eru í tengslum við framkvæmd þessa kafla eru undanþegin kröfum um sérstaka staðfestingu.

27. gr.
Efni beiðni.

1. Í beiðni um samvinnu samkvæmt þessum kafla skal tilgreina:
   a. hvaða yfirvald ber beiðni fram, og hvaða yfirvald fer með rannsókn eða málsrekstur,
   b. tilgang beiðni og ástæður hennar,
   c. efni máls, þar á meðal þau atvik sem máli skipta (svo sem hvenær, hvar og við hvaða aðstæður brot var framið) og sem rannsóknin eða málsreksturinn lýtur að, nema um sé að ræða beiðni um birtingu,
   d. og að því leyti sem samvinna felur í sér þvingunaraðgerðir:
      i. texta viðeigandi laga, en sé það ekki unnt greinargerð um þau lög sem um málið gilda, og
      ii. að þær ráðstafanir sem beiði er um eða hverjar þær ráðstafanir aðrar sem sömu áhrif hafa megi gera á landsvæði þess aðila sem beiðni leggur fram samkvæmt lögum hans sjálfs,
   e. og þegar nauðsynlegt er og að því marki sem unnt er:
      i. deili á þeim manni eða mönnum sem um er að ræða, þar á meðal nafn, fæðingardag og fæðingarstað, þjóðerni og dvalarstaði, svo og aðsetur, ef um lögpersónu er að ræða, og
      ii. hver sú eign er sem samvinna varðar, hvar hún er, tengsl hennar við viðkomandi mann eða menn, tengsl hennar við brotið ef um það er að ræða, svo og allar fyrirliggjandi upplýsingar um réttindi annarra í eigninni, og
   f. öll sérstök tilhögun á málsmeðferð, sem sá aðili sem beiðni leggur fram kann að óska eftir að fylgt sé.

2. Í beiðni um bráðabirgðaráðstafanir skv. 3. þætti er lýtur að því að hald sé lagt á eign sem fullnustu má leita í samkvæmt upptökuákvörðun er felur í sér kröfu um greiðslu peninga skal einnig tilgreina hámarksfjárhæð þá sem fullnustu er leitað fyrir í eigninni.

3. Að viðbættum þeim upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. skal beiðni skv. 4. þætti einnig fylgja:
   a. ef a-liður 1. mgr. 13. gr. á við:
      i. staðfest eintak upptökuákvörðunar dómara þess aðila sem beiðni leggur fram, og greinargerð um forsendur hennar, séu þær ekki tilgreindar í ákvörðuninni sjálfri,
      ii. staðfesting þar til bærs stjórnvalds þess aðila sem beiðni leggur fram um að upptökuákvörðun sé fullnustuhæf og að hún sé ekki undir áfrýjun með venjulegum hætti,
      iii. upplýsingar um að hve miklu leyti óskað er fullnustu ákvörðunarinnar, og
      iv. upplýsingar um nauðsyn bráðabirgðaráðstafana.
   b. ef b-liður 1. mgr. 13. gr. á við, greinargerð um þau málsatvik sem byggt er á af þeim aðila sem beiðni leggur fram, er nægir til að sá aðili sem beiðni er beint til geti aflað ákvörðunar samkvæmt eigin lögum,
   c. ef þriðji maður hefur átt þess kost að krefjast réttar síns, skjöl þar sem sýnt er fram á að svo hafi verið gert.

28. gr.

Gallar á beiðni.

1. Nú fullnægir beiðni ekki ákvæðum þessa kafla eða veittar upplýsingar nægja ekki til að aðili sá sem beiðni er beint til geti fjallað um hana, og getur hann þá farið þess á leit við þann aðila sem beiðni leggur fram að hann breyti beiðninni eða veiti viðbótarupplýsingar henni til fyllingar.
2. Sá aðili sem beiðni er beint til getur sett lokafrest til móttöku slíkra breytinga eða viðbótarupplýsinga.
3. Meðan beðið er breytinga eða viðbótarupplýsinga sem óskað hefur verið vegna beiðni skv. 4. þætti þessa kafla getur sá aðili sem beiðni er beint til gert hverja þá ráðstöfun sem fjallað er um í 2. og 3. þætti þessa kafla.

29. gr.

Fleiri en ein beiðni.

1. Nú fær sá aðili sem beiðni er beint til fleiri en eina beiðni skv. 3. og 4. þætti þessa kafla sem lúta að sama manni eða eign, og hindrar það þá ekki að aðilinn sinni þeim beiðnum sem varða bráðabirgðaráðstafanir.
2. Ef fleiri en ein beiðni er lögð fram skv. 4. þætti þessa kafla skal sá aðili sem þeim er beint til athugunar að ráðfæra sig við þá aðila sem leggja þær fram.

30. gr.

Skylda til að veita rökstuðning.

Sá aðili sem beiðni er beint til skal rökstyðja allar ákvarðanir sínar um að synja eða fresta samvinnu sinni samkvæmt þessum kafla eða binda hana skilyrðum.

31. gr.

Upplýsingar.

1. Sá aðili sem beiðni er beint til skal þegar skýra þeim aðila sem beiðni leggur fram frá:
   a. til hvaða aðgerðar hefur verið gripið á grundvelli beiðni samkvæmt þessum kafla,
   b. til hvers sú aðgerð hefur endanlega leitt, sem gripið hefur verið til á grundvelli beiðni,
   c. ákvörðun sinni um að synja eða fresta samvinnu samkvæmt þessum kafla, eða binda hana skilyrðum að öllu eða einhverju leyti,
   d. hverjum þeim aðstæðum sem koma í veg fyrir að unnt sé að framkvæma umbeðna aðgerð eða eru líklegar til að tefja hana til muna, og
   e. ef um ræðir bráðabirgðaráðstafanir gerðar á grundvelli beiðni skv. 2. og 3. þætti, hvað reglur það eru í landslögum hans sem leiða sjálfkrafa til brottfalls ráðstöfunar.
2. Sá aðili sem beiðni leggur fram skal þegar skýra þeim aðila sem beiðni er beint til frá:
   a. sérhverri endurskoðun, ákvörðun eða öðru sem veldur því að upptökuákvörðun er ekki lengur fullnustuhæf að öllu eða einhverju leyti, og
   b. öllum nýjum atvikum, bæði hvað snertir staðreyndir máls og lög, sem valda því að ekki er lengur ástæða til aðgerðar samkvæmt þessum kafla.

3. Þegar aðili óskar upptöku hjá fleiri en einum aðila á grundvelli sömu upptökuákvörðunar skal hann tilkynna um beiðnina öllum aðilum sem fullnusta ákvörðunarinnar varðar.

32. gr.

Takmarkanir á notkun.

1. Sá aðili sem beiðni er beint til getur sett það skilyrði fyrir framkvæmd hennar að stjórnvöld þess aðila sem beiðni leggur fram noti hvorki né framsendi upplýsingar þær og málsgögn, sem aflað verður, í þágu annarra rannsóknar eða annarra málaferla en tilgreint er í beiðni, nema hann samþykki það fyrirfram.
2. Hver aðili getur við undirritun, eða þegar hann afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt, lýst því yfir í yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að án fyrirfram veitts samþykkis hans megi stjórnvöld aðila sem beiðni leggur fram hvorki nota né framsenda upplýsingar eða málsgögn sem hann lætur í té samkvæmt þessum kafla, í þágu annarrar rannsóknar eða annarra málaferla en tilgreint er í beiðni.

33. gr.

Leynd.

1. Sá aðili sem beiðni leggur fram getur óskað þess að sá aðili sem beiðni er beint til haldi leyndum þeim atvikum sem hún byggist á og efni hennar, að öðru leyti en því sem óhjákvæmilegt er til að framkvæma megi beiðnina. Sé þeim aðila sem beiðni er beint til ekki unnt að uppfylla kröfuna um leynd skal hann þegar skýra þeim aðila sem beiðni leggur fram frá því.
2. Sá aðili sem beiðni leggur fram skal, sé það ekki andstætt grundvallarreglum landslaga hans og sé farið fram á það við hann, halda leyndum öllum málsgögnum og upplýsingum sem sá aðili lætur í té sem beiðni er beint til, að öðru leyti en því sem óhjákvæmilegt er vegna þeirra rannsókna eða málaferla sem lýst er í beiðninni.
3. Mæli landslög hans ekki fyrir um annað skal aðili sem fengið hefur upplýsingar án beiðni skv. 10. gr. sinna öllum óskum þess aðila um leynd, sem veitir þær.Geti hann ekki sinnt þeim óskum skal hann þegar skýra þeim aðila sem sendi upplýsingarnar frá því.

34. gr.

Kostnaður.

Sá aðili sem beiðni er beint til skal bera venjulegan kostnað af að sinna henni. Sé nauðsynlegur kostnaður af því að sinna beiðni verulegur eða óvenjulegur skulu aðilar hafa með sér samráð til að koma sér saman um með hvaða skilmálum beiðnin skuli framkvæmd og hvernig bera skuli kostnað af henni.

35. gr.

Skaðabætur.

1. Nú hefur verið höfðað mál til greiðslu skaðabóta vegna athafnar eða athafnaleysis er varðar samvinnu samkvæmt þessum kafla, og skulu þá hlutaðeigandi aðilar taka til athugunar að hafa með sér samráð eftir því sem við á, til að ákvarða hvernig skipta skuli hugsanlegum skaðabótagreiðslum milli þeirra.
2. Aðili sem skaðabótamál hefur verið höfðað gegn skal leitast við að veita hinum aðilanum upplýsingar um málið, ef sá kann að eiga þar hagsmuna að gæta.

IV. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

36. gr.
Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins, svo og þeirra sem ekki eru aðilar að ráðinu, en hafa tekið þátt í að semja hann. Geta þau lýst samþykki sínu við að bindast samningnum með:
   a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, eða
   b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt, og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt.
2. Fullgildingar-, staðfestingar- og samþykktarskjöl skulu fengin aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
3. Samningur þessi gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er þrjú ríki, sem að minnsta kosti tvö eru aðildarríki Evrópuráðsins, hafa lýst samþykki sínu við að bindast honum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.
4. Gagnvart undirritunarríki sem síðar lýsir yfir samþykki sínu við að vera bundið samningnum öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá því er það lýsir samþykki sínu við að vera bundið honum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

37. gr.
Aðild að samningnum.

1. Er samningur þessi hefur öðlast gildi getur ráðherranefnd Evrópuráðsins að höfðu samráði við samningsríkin boðið hvaða ríki sem er, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu og ekki hefur tekið þátt í samningu hans, að gerast aðili að honum með ákvörðun sem tekin er með þeim meirihluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem rétt eiga til setu í nefndinni.
2. Gagnvart ríki sem þannig gerist aðili öðlast samningurinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

38. gr.
Staðbundið gildissvið.

1. Hvert ríki getur við undirritun eða þegar það afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt, tilgreint það eða þau landssvæði, sem samningur þessi á að ná til.
2. Hvert ríki getur hvenær sem er síðar lýst því yfir við aðalframkvændastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái til hvaða annars landsvæðis sem er, sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Öðlast samningurinn gildi gagnvart því landsvæði fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík yfirlýsing.
3. Yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum má með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra afturkalla fyrir hvert það landsvæði sem þar er tilgreint. Öðlast afturköllunin gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjóra berst slík tilkynning.

39. gr.

Afstaða til annarra samninga og samþykkta.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af fjölhliða þjóðréttarsamningum um sérstök málefni.
2. Aðilar að samningi þessum geta gert með sér tví- eða fjölhliða samning um þau málefni sem samningur þessi fjallar um, til að fylla eða treyst ákvæði hans eða auðvelda framkvæmd meginreglna hans.
3. Nú hafa tveir eða fleiri aðilar þegar gert með sér samkomulag eða samning um efni sem fjallað er um í samningi þessum, eða hafa með öðrum hætti fest samskipti sín í sessi hvað það efni varðar, og er þeim þá rétt að framkvæma samninginn eða samkomulagið eða hafa þá skipan á samskiptunum sem um er að ræða, í stað samnings þessa, ef það er alþjóðlegri samvinnu til framdráttar.

40. gr.

Fyrirvarar.

1. Hvert ríki getur við undirritun eða þegar það afhendir fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal sitt lýst því yfir að það nýti sér einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr., 4. mgr. 6. gr., 3. mgr. 14. gr., 2. mgr. 21. gr., 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 32. gr. Aðra fyrirvara má ekki gera.
2. Hvert ríki sem gert hefur fyrirvara samkvæmt undanfarandi málsgrein getur afturkallað hann að öllu eða einhverju leyti með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Öðlast afturköllunin gildi þann dag er aðalframkvæmdastjóri veitir henni viðtöku.
3. Aðili sem gert hefur fyrirvara við ákvæði samnings þessa getur ekki krafist þess að annar aðili framkvæmi það ákvæði, en ef fyrirvari hans er gerður að hluta eða bundinn skilyrði getur hann þó krafist þess að ákvæðið verði framkvæmt að því marki sem hann hefur samþykkt það sjálfur.

41. gr.

Breytingar.

1. Hver aðili getur lagt fram tillögur til breytinga á samningi þessum, og skal aðalframkvæmdastjóri senda þær aðildarríkjum Evrópuráðsins og öllum ríkjum sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa gerst aðilar að samningnum eða verið boðin aðild samkvæmt ákvæðum 37. gr.
2. Breytingatillögur aðila skulu sendar Evrópunefnd um afbrotamálefni, og skal hún leggja fyrir ráðherranefndina álit sitt á þeirri breytingu sem lögð er til.
3. Ráðherranefnd skal fjalla um breytingartillöguna og álit það sem Evrópunefnd um afbrotamálefni hefur lagt fyrir hana, og getur hún samþykkt breytinguna.
4. Texti hverrar breytingar sem ráðherranefnd samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar skal framsendur aðilum til staðfestingar.
5. Hver sú breyting, sem samþykkt er skv. 3. mgr., öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að allir aðilar hafa skýrt aðalframkvæmdarstjóra frá staðfestingu sinni.

42. gr.
Lausn deilumála.

1. Evrópunefnd um afbrotamálefni skal veittur kostur á að fylgjast með túlkun og framkvæmd samnings þessa.
2. Nú kemur upp deila milli aðila um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, og skulu þeir þá leitast við að leysa hana með samningum eða með hverjum öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali, svo sem með því að leggja deiluna fyrir Evrópunefnd um afbrotamálefni, í gerðardóm, en ákvörðun hans skal vera bindandi fyrir aðilana, eða fyrir Alþjóðadómstólinn, eftir því sem viðkomandi aðilar verða ásáttir um.

43. gr.
Uppsögn.

1. Hver aðili getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
2. Uppsögnin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi, er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.
3. Samningur þessi gildir þó áfram um fullnustu skv. 14. gr. á upptöku sem hefur verið beðið um samkvæmt ákvæðum samnings þessa fyrir gildistökudag uppsagnar.

44. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum ráðsins og hverju því ríki sem gerst hefur aðili að samningi þessum um:

a. sérhverja undirritun,
b. sérhverja afhendingu á fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjölum.
c. sérhvern gildistökudag samnings þessa skv. 36. og 37. gr.,
d. sérhvern fyrirvara sem gerður er skv. 1. mgr. 40. gr.
e. sérhverja aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu sem samning þennan varðar.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa lögfullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg, 8. nóvember 1990 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra aðildarríkja Evrópuráðsins, til þeirra ríkja sem ekki eru aðilar að Evrópuráðinu en hafa tekið þátt í samningu samnings þessa, og til allra ríkja sem boðið er að gerast aðilar að honum.

205. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um stofnun Menningarráðs Íslands.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ólafur Örn Haraldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Valgerður Sverrisdóttir, Jónas Hallgrímsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun Menningarráðs Íslands. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra listgreina ásamt fulltrúum stjórnmálaflokka og menntamálaráðuneytis. Hlutverk ráðsins verði eftirfarandi:

a. að móta heildarstefnu í menningarmálum,
b. að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði menningarmála,
c. að skipa ásamt menntamálaráðherra fagnefndir sem skipta fjármagni sem veitt er á fjárlögum til einstakra þátta menningarmála.

Ráðið verði formlegur umræðu- og samráðsvettvangur á sviði menningarmála og hafi jafnframt möguleika á frumkvæði í einstökum málum. Það verði sameiginlegur vettvangur stjórnvalda og þeirra sem að menningarmálum starfa.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Blómlegt menningarlíf og öflug listsköpun eru mikilvægustu leiðirnar til að örva mannsandann þannig að einstaklingar fái notið sín og þjóðin notið listsköpunar. Með auknu alþjóðlegu samstarfi er öflugt menningarlíf enn mikilvægara en áður og enginn vafi er á því að það styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar.

Í öðrum norrænum löndum hefur lengi verið til staðar samstarfsvettvangur stjórnvalda og ýmissa listgreina, svokölluð menningarráð. Þau eru mismunandi milli landa hvað snertir fjölda ráðsmanna, verksvið og umfang en eiga það sameiginlegt að vera nokkurs konar brú milli listamanna og stjórnmálamanna. Á þessum vettvangi fer fram upplýsingamiðlun á milli aðila auk þess sem ráðið er formlegur umræðuvettvangur um menningu og listir en slíkur vettvangur er ekki til á Íslandi nú. Það hefur verið gagnrýnt að skilningsleysi ríki í þjóðfélaginu á starfsháttum listamanna. Listamenn virðast einnig hafa óljósar hugmyndir um störf stjórnmálamanna og meðferð menningarmála á vettvangi stjórnmálanna, enda er ekki hægt að segja að í landinu sé við lýði heildarstefna í menningarmálum. Ákvarðanir um forgangsröðun eru allt of oft teknar í tengslum við fjárlagagerð og birtast landsmönnum eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar sem fjárlagafrumvarp lítur dagsins ljós. Þetta býður upp á tortryggni sem er hættuleg bæði fyrir stjórnmálamenn og listamenn og gefur menningarlífinu stundum neikvætt yfirbragð.

Eftir því sem flutningsmenn hafa kynnt sér stjórn og skipulag menningarmála hjá nágrannaþjóðum okkar virðist það fyrirkomulag sem starfað er eftir í Noregi hvað áhugaverðast fyrir okkur en þó er það danska einnig athyglisvert.

Norska menningarráðið og fulltrúaráð danska listasjóðsins eiga það sameiginlegt að vera skipuð bæði fulltrúum kosnum af þingi og fulltrúum ýmissa listgreina. Þeir fulltrúar eru ýmist tilnefndir af samtökum listamanna eða einstökum menningarstofnunum. Hlutverk norska menningarráðsins er m.a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf í menningarmálum, að sjá um fjárreiður, ráðgjöf og þjónustu fyrir norska listasjóðinn og að hafa frumkvæði í menningarmálum þar sem ástæða þykir til.

Eitt af verkefnum norrænu menningarráðanna er að deila út þeim fjármunum sem samþykkt er með fjárlögum að verja til ýmissa þátta menningarmála. Fulltrúaráðið í Danmörku og menningarráðið í Noregi skipa síðan tvo aðila í úthlutunarnefndir til þriggja ára og menningarmálaráðherra skipar einn aðila til þriggja ára. Þessar nefndir skipta því fjármagni sem stjórnin hefur úthlutað þeim samkvæmt ákveðinni reiknireglu. Í Danmörku hafa úthlutunarnefndirnar ákvörðunarvald og hugmyndir eru uppi um það í Noregi að breyta fyrirkomulaginu þannig að þær hafi það líka þar. Á þann hátt hafi sjálft ráðið meiri tíma til umræðna um mikilvæg mál sem varða listræna starfsemi.

Danski listasjóðurinn var stofnaður árið 1964 eftir að mikil umræða hafði farið fram um málið. Aðalástæða þess að það fyrirkomulag var tekið upp var sú að það þótti gagnrýnisvert að embættismenn og ráðherra úthlutuðu peningum til listamanna. Almenn sátt ríkir um danska fyrirkomulagið.

Sú aðferð, sem hér er beitt við úthlutun á fjármagni til lista, er mjög gamaldags og hefur fyrir löngu runnið sitt skeið. Má þar nefna að of langt er gengið í því að Alþingi skipti fjármagni niður á verkefni samkvæmt tillögum frá fjárlaganefnd og eins hitt að ákvarðanir um háar upphæðir til einstakra aðila eru teknar í ráðuneyti menntamála án umfjöllunar í þjóðfélaginu. Flutningsmenn telja heillavænlegra að það fé, sem veitt er á fjárlögum til hinna ýmsu listgreina, verði sett í sjóð sem síðan yrði hægt að sækja um fjármagn úr og yrðu umsóknir teknar til umfjöllunar og afgreiðslu í undirnefndum skipuðum sameiginlega af Menningarráði og menntamálaráðherra. Auk þess má hugsa sér að ráðið hafi yfirumsjón með listasjóði (starfslaunasjóði), a.m.k. hvað snertir skrifstofuþjónustu.

Þá er ekki ólíklegt að samskipti við útlönd og skipulag íslenskrar menningarkynningar erlendis yrði að einhverju leyti á verksviði ráðsins. Áhugi Íslendinga á að auka kynningar á list og menningu þjóðarinnar erlendis hefur aukist til muna á síðustu árum. Því er þörf fyrir ákveðið skipulag í þessum efnum hvað varðar meðferð mála. Í dag er óljóst hver á að hafa forustu í þessum málum, en á fjárlögum er menntamálaráðuneytinu ætlað fé til ráðstöfunar til menningarkynninga erlendis. Þá er kveðið á um það í reglugerð um Stjórnarráð Íslands að menntamálaráðuneytið fari með mál er varða „listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan“. Ljóst er að ráðuneytið þarf á ráðgjöf að halda í þessum efnum sem Menningarráð eða fagnefndir þess gæti veitt.

Flutningsmenn telja aðalávinning af Menningarráði vera eftirfarandi:

1. Það bætir upplýsingamiðlun og skýrir ferli fjármagns sem varið er til menningar.
2. Það er farvegur faglegrar umræðu um menningarmál á milli opinberra aðila og listamanna sem eyðir tortryggni.
3. Það mótar heildarstefnu með samráði fagmanna á ýmsum sviðum menningarmála sem eðli málsins samkvæmt væri til sífelldrar og gagnrýnnar endurskoðunar.

206. Fyrirspurn [185. mál]

til viðskiptaráðherra um fasteignir sem ríkisbankar hafa leyst til sín vegna gjaldþrota einstaklinga og lögaðila.

Frá Ingibjörgu Sigmundsdóttur.

1. Hvað áttu ríkisbankarnir, Landsbanki og Búnaðarbanki, margar íbúðir hvor um sig sem þeir höfðu leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna í upphafi árs 1991?
2. Hvað hafa sömu bankar leyst til sín margar íbúðir frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?
3. Hvað eiga þessir bankar hvor um sig margar íbúðir nú sem þeir hafa leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna? Hvað eru þessar íbúðir stór hluti af framboði íbúðarhúsnæðis á söluskrá fasteignasala?
4. Hvað telja forráðamenn ríkisbankanna líklegt að margar íbúðir lendi á nauðungaruppboði vegna viðkvæmrar fjárhagsstöðu viðskiptamanna þeirra miðað við efnahagshorfur nú?
5. Hvað hafa ríkisbankarnir hvor um sig leyst til sín margar fasteignir sem skilgreindar eru sem atvinnuhúsnæði frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?
6. Hvað hafa sömu bankar leyst til sín af fasteignum sem skilgreindar eru sem atvinnuhúsnæði í fermetrum talið frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?
7. Hvað eiga þessir bankar hvor um sig mikið af atvinnuhúsnæði sem þeir hafa leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna alls og í samanburði við framboð af atvinnuhúsnæði á leigu- og sölumarkaði?

Skriflegt svar óskast.

207. Fyrirspurn [186. mál]

til fjármálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvaða lífeyrisskuldbindingar hvíla á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfsmanna stjórnmálaflokkanna, hvers um sig og samtals? Hve margir starfsmenn eiga í hlut hjá hverjum flokki, hver er meðaltalsfjárhæð skuldbindingarinnar og meðalstarfstíminn? Hve mikið af lífeyrisskuldbindingunum verður innheimt hjá stjórnmálaflokkunum?

Skriflegt svar óskast.

208. Fyrirspurn [187. mál]

til dómsmálaráðherra um hættuleg eggvopn.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Er ráðherra, í ljósi fjölmargra atvika undanfarið þar sem beitt hefur verið hnífum, reiðubúinn að beita sér fyrir aðgerðum sem fela í sér takmarkanir á rétti manna til að ganga með hættuleg eggvopn?

209. Fyrirspurn [188. mál]

til umhverfisráðherra um breytingar á mengunarvarnareglugerð.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður liggja að baki breytingu á 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 394/1996?
2. Hefur breyting ákvæðisins áhrif á málsmeðferðarreglur um veitingu starfsleyfis á grundvelli ákvæða mengunarvarnareglugerðar, sbr. ákvæði 26. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988?
3. Með hvaða stoð í lögum er reglugerð nr. 394/1996 sett?

210. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra. Hann ræður annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.

3. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 3. mgr. orðast svo:

Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.

5. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

6. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.

Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.

7. gr.

Í stað orðsins „deildarstjóri“ í 14. gr. laganna kemur: skrifstofustjóri.

Breyting á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

8. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

9. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra liða í samræmi við það.

10. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Forseti Alþingis skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi.
b. 4. og 5. málsl. falla brott.

Breyting á lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.

12. gr.

1. og 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram á Alþingi. Kosningin gildir til fimm ára.

13. gr.

2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo: Um rétt til biðlauna fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

14. gr.

Síðari málsliður 14. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

15. gr.

1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Forseti Alþingis skipar skrifstofustjóra til fimm ára í senn.

16. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingu.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 85/1985:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.
b. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.
c. Í stað orðsins „skipaður“ í 4. málsl. kemur: ráðinn.

18. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ræður.

Breyting á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

19. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til þess að stjórna Landhelgisgæslunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

20. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: lög um lögreglumenn og lög um meðferð opinberra mála.

Breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn.

21. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með síðari breytingu.

22. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 39/1994, orðast svo: Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið.

23. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 67/1982, orðast svo:

Forseti Hæstaréttar skipar dóminum ritara til fimm ára í senn og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 18/1975, um trúfélög.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Hann skal hafa almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, með síðari breytingu.

25. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 5/1978:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Ráðherra skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar jafnframt vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins til fimm ára í senn.

c. 4. mgr. orðast svo:

   Ráðherra skipar lögreglumenn rannsóknarlögreglunnar til fimm ára í senn. Rannsóknarlögreglustjóri ræður annað starfslið, þar á meðal löglærða deildarstjóra og/eða fulltrúa.

Breyting á lögum nr. 96/1980, um biskupskosningu.

26. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 6. gr. laganna:

a. Aftan við orðið „embættið“ kemur: til fimm ára í senn.
b. Aftan við orðið „veitingu“ kemur: til sama tíma.

28. gr.

Í stað orðanna „en eigi lengur en til fjögurra ára í senn“ í 2. málsl. i.f. 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: til fimm ára í senn.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 17. gr. laganna:

a. Aftan við orðið „ráðherra“ í 1. málsl. kemur: til fimm ára í senn.
b. Við 2. málsl. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu.

30. gr.

3. mgr. 114. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 12/1992, orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.

Breyting á lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

31. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn.

32. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

33. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fangaverði til fimm ára í senn, en forstöðumaður stofnunar ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingu.

34. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar héraðsdómara ótímabundið.

35. gr.

Á eftir orðinu „héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, kemur: til fimm ára í senn.

36. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

37. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumaður.

Breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

38. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

39. gr.

Aftan við orðið „embætti“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: til fimm ára í senn.

40. gr.

Í stað orðanna „skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954,“ í 5. tölul. 16. gr. laganna kemur: starfsgengisskilyrðum laga.

41. gr.

Í stað orðanna „sbr. m.a. lög nr. 38/1954“ í 18. gr. laganna kemur: sbr. meðal annars lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

42. gr.

Í stað orðanna „26. gr. laga nr. 38/1954“ í 23. gr. laganna kemur: lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

43. gr.

Í stað orðanna „Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu“ í upphafi 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: Ráðherra skipar prófast úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu til sama tíma og skipun hans í prestsembætti stendur til.

44. gr.

1. málsl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo: Forseti Íslands skipar biskup til fimm ára í senn.

45. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar vígslubiskupa til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

46. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.
c. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissaksóknari.

Breyting á lögum nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við hæstarétt.
b. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögreglulögum nr. 90/1996.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Forseti Íslands skipar“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra skipar til fimm ára í senn.
b. Aftan við orðið „lögreglustarfa“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: til fimm ára í senn.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.
b. Við 2. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

III. KAFLI
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingu.

50. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 75/1996:

a. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.
b. Í stað orðsins „skipað“ í 4. mgr. kemur: tilnefnt.

Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

51. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

52. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnréttisráð hefur skrifstofu og skipar ráðherra framkvæmdastjóra þess til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

53. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

54. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa til fimm ára í senn að fenginni umsögn svæðisráða.

55. gr.

3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn og ræður framkvæmdastjóra, hvorutveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

56. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

IV. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingu.

57. gr.

2. málsl. 1. mgr. 90. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 84/1985, laganna orðast svo: Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

58. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

59. gr.

Í stað orðanna „III. kafla laga nr. 38/1954," í 6. gr. laganna kemur: lögum.

Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingu.

60. gr.

7. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 51/1994, orðast svo:

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

61. gr.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skattstjóra til fimm ára í senn.

62. gr.

Í stað orðsins „skipa" í 1. málsl. 1 mgr. 87. gr. laganna kemur: ráða.

63. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr., eins og henni var breytt með 13. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo:
   Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

64. gr.

1. málsl. 89. gr. laganna, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo: Ráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

65. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingu.

66. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996:

a. 1. tölul. orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
b. Í stað orðanna „3.–5. tölul." í 5. tölul. kemur: 6.–8. tölul.

67. gr.

1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna, eins og honum var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

68. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. laganna:

a. 4. tölul. fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.
b. Í stað orðanna „3.–6. tölul.“ í 5. tölul., sem verður 4. tölul., kemur: 5.–8. tölul.

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

69. gr.

Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. 4. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingu.

70. gr.

Á eftir orðinu „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með a-lið 17. gr. laga nr. 69/1996, kemur: til fimm ára í senn.

71. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna, eins og henni var breytt með f-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjórar ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

72. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingu.

73. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. tölul. 2. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, bætist nýr málsliður er orðast svo: Ennfremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora enda verði talið að þeir gegni þeim störfum að aðalstarfi.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

74. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og héraðsdómarar“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: héraðsdómarar og fulltrúar þeirra.
b. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og lögreglumenn.
c. 8. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.
d. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.
e. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. koma fjórir nýir töluliðir, sem orðast svo:
   10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórar.
   11. Héraðslæknar og héraðshjúkrunarfræðingar.
   12. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.
   13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
f. Í stað orðsins „9. tölul. þessarar greinar“ í 2. mgr. kemur: 13. tölul. 1. mgr.

75. gr.

Á eftir 1. málsl. 24. gr. laganna kemur nýr málsliður, er verður 2. málsl., og orðast svo: Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár.

76. gr.

Á 7. mgr. ákvæðis laganna til bráðabrigða verða eftirtaldar breytingar:

a. 1.–3. tölul. falla brott.
b. Við bætist nýr töluliður, er verður 4. tölul., og orðast svo:
   4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. skulu rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri teljast til embættismanna.

V. KAFLI
HAGSTOFA ÍSLANDS

Breyting á lögum nr. 24/1913, um hagstofu Íslands, með síðari breytingu.

77. gr.

5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 71/1919, orðast svo:

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Vanalega hefur sá einn rétt til þess starfa er lokið hefur háskólaprófi í stjórnfræði.

VI. KAFLI
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á áfengislögum nr. 82/1969.

78. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn.

b. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

79. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður yfirlækni, að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

80. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu.

Breyting á lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

81. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

Breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

82. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „skipar“ í 3. málsl. kemur: ræður.

83. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 148/1994:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 3. mgr. kemur: fimm.

84. gr.

5. málsl. 3. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva í Reykjavík til fimm ára í senn og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr.

85. gr.

Í 6. mgr. 29. gr. laganna falla brott orðin „yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og“.

86. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar ríkisspítalanna samkvæmt stjórnskipulagi ríkisspítala til fimm ára í senn.

b. Í stað orðsins „ráða“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: skipa.
c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna sjúkrahúsanna.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra staðfestir stjórnskipulag ríkisspítala að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.
e. 8. mgr. orðast svo:
Forstjóri ríkisspítala skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Um ákvörðun launa fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

87. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
b. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
c. Í stað orðsins „Skipa“ í 5. mgr. kemur: Ráða.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

88. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs.
b. 2. mgr. orðast svo:
Forstjóri ræður skrifstofustjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og deildarstjóra að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingalækni að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis. Forstjóri ræður einnig aðra starfsmenn.

89. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

90. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstjóri ræður sérfræðinga við stofnunina að fengnum tillögum stjórnar.

91. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra að fengnu áliti stjórnar viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki.

92. gr.

2. málsl. 12. gr. laganna orðast svo: Skráninguna annast vörumerkjaskráritari er ráðherra skipar til fimm ára í senn.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingu.

93. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn.

94. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Orkumálastjóri ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar.
b. Í 2. málsl. falla brott orðin „nr. 55/1962".

95. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rafmagnsveitustjóri ríkisins ræður fasta starfsmenn.
c. Í 2. málsl. 2. mgr. falla brott orðin „nr. 55/1962".

Breyting á lögum nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun.

96. gr.

Í stað orðsins „4ra" í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

97. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda að fengnum tillögum stjórnar.

98. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í umboði stjórnar og" í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

Breyting á lögum nr. 60/1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins.

99. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins til fimm ára í senn.

100. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Rafmagnseftirlitsstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar.

VIII. KAFLI
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

101. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Við garðyrkjuskólann skal skipaður skólastjóri til fimm ára í senn og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum.

Breyting á lögum nr. 3/1955, um skógrækt.

102. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skógræktarstjóra til fimm ára er annast framkvæmd þessara mála.

103. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skógræktarstjóri ræður skógarverði.

Breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum.

104. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 54/1975 og 8. gr. laga nr. 73/1996:

a. Við 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Landgræðslustjóri ræður fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum.

105. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslustjóra er heimilt að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

106. gr.

Í stað 1. málsl. 32. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, koma tveir málsliðir sem orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri ræður sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingu.

107. gr.

1. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 63/1994, orðast svo: Ráðherra skipar veiðimálastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

108. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

109. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri ræður fasta kennara og stundakennara.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

110. gr.

1. og 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður fasta kennara sem fullnægja skulu sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Ráða skal a.m.k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara, að fengnum tillögum deildarstjórnar. Skólastjóri ræður einnig stundakennara.

Breyting á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingu.

111. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1989, orðast svo:

Ráðherra skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.

112. gr.

Í stað orðsins „launalögum“ í 3. málsl. 16. gr. laganna, eins og henni var breytt með 41. gr. laga nr. 108/1988, kemur: ákvörðun kjaranefndar.

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

113. gr.

Við 3. gr. laganna bætist við ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn.

114. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

115. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess til fimm ára í senn. Forstöðumaður hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

IX. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

116. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

117. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólastjórnar. Fastir kennarar skulu ráðnir af skólastjóra að fengnum tillögum skólastjórnar.
b. 4. mgr. fellur brott.

118. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

119. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands.

120. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra og skal áður leitað umsagnar skólaráðs og skólanefndar.
b. Í stað orðsins „skipaður“ í 2. mgr. kemur: ráðinn.

121. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Launakjör skjólastjóra skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjaranefnd. Launakjör kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

122. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólanefnd. Ráðherra skipar rektor til fimm ára í senn.

123. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ennfremur ræður hann kennara og annað starfsfólk skólans.

124. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar.

125. gr.

2. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þeir skulu ráðnir af forstöðumanni að fenginni umsögn stjórnarnefndar.

Breyting á lögum nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

126. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn að fengnum tillögum skólanefndar. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir ráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands.

127. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

128. gr.

2. og 3. málsl. 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 58/1978, um Þjóðleikhús.

129. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn“ í 1. mgr. kemur: skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn.

b. 2. mgr. orðast svo:

Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal skipa annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

130. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið skipar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þjóðleikhússtjóri ræður.

131. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: skipaður.

132. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands.

133. gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður Blindrabókasafns ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar Blindrabókasafns og með samþykki menntamálaráðuneytis.

134. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

135. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

Breyting á lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

136. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólanefndar.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjórnar.

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

137. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn að fenginni tillögu stjórnarnefndar. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

Breyting á útvarpslögum nr. 68/1985.

138. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

139. gr.

Í stað orðsins „skipaðir“ í 2. málsl. 6. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðnir.

Breyting á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með síðari breytingu.

140. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 71. gr. laga nr. 87/1989, fellur brott.

Breyting á lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

141. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990, og setur honum erindisbréf.

Breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands.

142. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að tillögu skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

143. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prófessorsstarf.
c. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.

144. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Rektor ræður, að fengnum tillögum skólaráðs, fulltrúa rektors, fjármálastjóra, kennslustjóra, aðalbókavörð, bókaverði, endurmenntunarstjóra, aðstoðarmenn endurmenntunarstjóra, námsráðgjafa, deildarstjóra, húsverði, forstöðumann gagnasmiðju, tækjavörð og annað starfslið við stjórnsýslu eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

145. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „Ráðinn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Skipaður.
c. Í stað orðsins „ráðningu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: skipun.
d. Í stað orðsins „ráðningar“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skipunar.

146. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður nauðsynlegt starfslið.

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingu.

147. gr.

Orðin „til fimm ára í senn“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 98/1994, falla brott.

148. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 98/1994:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þjóðminjavörður ræður safnstjóra að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.
b. 4. málsl. 4. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd.

149. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

   Að fengnum tillögum málnefndar ræður forstöðumaður starfsfólk eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.
b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák.

150. gr.

Orðin „nr. 38/1954“ í 5. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

151. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. fellur brott.
b. 4. málsl. orðast svo: Um ráðningu hans fer eins og segir í háskólalögum um prófessora.

152. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Menntamálaráðherra skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Forstöðumaður ræður.
b. Orðin „forstöðumanns og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tveggja.

Breyting á lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

153. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar í samræmi við starfsmannaheimildir.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

154. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veitingu slíkrar kennarastöðu“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu í slíkt kennarastarf.
b. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðning í slíkt starf má vera tímabundin til allt að tveggja ára í senn.
c. Í stað orðsins „stöðuveitingu“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu.
d. Í stað orðsins „stöðuveitinga“ í 6. málsl. 3. mgr. kemur: ráðninga.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætta“ í 7. málsl. 3. mgr. kemur: prófessorsstarfs.
f. 4. mgr. orðast svo:

   Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að ráða dósent eða lektor tímabundinni ráðningu til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.
g. Í stað orðanna „til tveggja ára hið skemmsta“ í 6. mgr. kemur: tímabundið til allt að tveggja ára í senn.

155. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 2. mgr. kemur: prófessorsstörf.
c. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: prófessorsstarf.
f. Orðin „embættið eða“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
g. Orðin „embættið eða“ í 6. málsl. 4. mgr. falla brott.
h. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 6. mgr. kemur: prófessorsstarf.
i. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 7. mgr. kemur: prófessorsstarf.

156. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á, getur rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Rektor skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennarastarf laust til umsóknar, svo að starfið verði veitt ári áður en hinn nýráðni kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýráðna kennara hefjist.

Breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

157. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. kemur: fimm.
c. Orðin „að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974“ í 2. málsl. falla brott.

Breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingu.

158. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

159. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 70/1994:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta, lektora og stundakennara.
b. Í stað orðsins „skipa“ í 3. mgr. kemur: ráða.
c. Í stað orðsins „embættinu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: starfinu.
d. Í stað orðsins „embættið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starfið.
e. Í stað orðsins „embætti“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starf.
f. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: prófessorsstarf.

Breyting á lögum nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

160. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

161. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

162. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn.

163. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Orðin „til sex ára í senn“ í 1. málsl. falla brott
b. 2. málsl. fellur brott.

X. KAFLI
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála, með síðari breytingu.

164. gr.

2. gr. laganna, sbr. lög nr. 26/1954, orðast svo:

Ráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjóri veitir Flugmálastjórn Íslands forstöðu og annast daglega stjórn hennar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Í erindisbréfi flugmálastjóra, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Flugmálastjóri ræður aðra starfsmenn flugmálastjórnar.

Hlutverk flugmálastjórnar er að fara með framkvæmdarvald samkvæmt lögum um loftferðir og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á sviði flugmála.

Breyting á vegalögum nr. 45/1994.

165. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu. Ráðherra ræður aðstoðarvegamálastjóra að fengnum tillögum vegamálastjóra. Vegamálastjóri ræður aðra starfsmenn vegagerðarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

166. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs skipar ráðherra ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður.

XI. KAFLI
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

167. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 13. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 72/1984:

a. Við 1. málsl. bætist: til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „skipar“ í 2. málsl. kemur: ræður.
c. 3. málsl. fellur brott.

168. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn og ræður aðstoðarforstjóra, hvorttveggja að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra ræður forstöðumenn sviða að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra. Forstjóri ræður sérfræðinga við stofnunina og annað starfsfólk. Forstjóri skal hafa lokið prófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Ráðherra ákveður stjórnskipulag Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

169. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.

XII. KAFLI
UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Breyting á skipulagslögum nr. 19/1964.

170. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Breyting á lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

171. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Veðurstofustjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands.

172. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu.

173. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 70/1995:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 5. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þeir skulu ráðnir af framkvæmdastjóra að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

174. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Forstjóri ræður deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum stjórnar.

Breyting á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

175. gr.

1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar veiðistjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr.

XIII. KAFLI
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.

176. gr.

Í stað orðanna „sem til þess eru skipaðir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sem það er falið.

177. gr.

Í stað orðsins „embættismanna“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: starfsmanna.

178. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar til fimm ára í senn þá starfsmenn sem taldir eru í 1. og 2. flokki 8. gr. Heimilt er þó að skipa kjörræðismenn ótímabundið. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

179. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Eigi þarf nýja skipun þótt embættismaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks skv. 8. gr. en skipunartími hans framlengist við flutninginn til fimm ára í senn.

180. gr.

Í stað orðsins „embættismenn“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: starfsmenn.

XIV. KAFLI
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

181. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fimm.

182. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993.

183. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

184. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 50. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

185. gr.

1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi skipaðir til lengri tíma en fimm ára í senn.

XV. KAFLI
GILDISTAKA

186. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur hrint í framkvæmd nýrri stefnu í starfsmannamálum ríkisins í samræmi við ákvæði nýrra starfsmannalaga sem Alþingi samþykkti á 120. löggjafarþingi og staðfest voru og birt sem lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hér eftir auðkennd stml.). Ákvæði slíkra laga sem almennra laga víkja þó eftir sem áður fyrir sérákvæðum í öðrum lögum eins og hnykkt er á í 3. gr. stml. Markmið starfsmannastefnunnar ná því ekki að fullu fram að ganga nema sérákvæði um einstaka embættismenn og hópa starfsmanna verði í öllu verulegu færð til samræmis við meginreglur almennu laganna. Í þessu felst samnefnari allra þeirra breytinga sem hér er lagt til að gerðar verði og teljast þessar helstar:

Afnám æviráðningar.

Í 1. mgr. 23. gr. stml. er lögfest sú meginregla að skipun í embætti verði framvegis tímabundin til fimm ára í senn. Til að festa þá reglu í sessi er lagt til að öllum sérákvæðum um skipun í embætti verði breytt í samræmi við meginreglu stml. nema skipun í dómaraembætti sem óvarlegt þykir að tímabinda með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Skipun í embætti.

Í 2. mgr. 5. gr. stml. er lögfest sú meginregla að forstöðumenn stofnana og aðrir starfsmenn sem taldir eru í 1. mgr. 22. gr. s.l. komi að störfum sínum með skipun í embætti. Í samræmi við þetta er nokkrum ákvæðum sem mæla fyrir um að forstöðumenn skuli ráðnir til starfa, tímabundið eða ótímbundið, breytt í tímabundna skipun. Í nokkrum tilvikum er lagt til að staðgenglar þeirra eða næstráðendur verði ráðnir til starfa fyrir atbeina ráðherra.

Jafnframt er lagt til að lögbundinn atbeini forseta Íslands til að veita önnur embætti en hæstaréttardómara og biskupsins yfir Íslandi falli brott. Með því er fram haldið þróun sem orðið hefur í löggjafarstefnu síðari ára og veitingarvaldið falið ráðherra berum orðum. Það samræmist og betur því markmiði starfsmannastefnunnar að skýra boðleiðir og eyðir misskilningi sem á stundum hefur risið um atbeina forseta við ráðstöfun embætta. Er þetta sama þróun og orðið hefur í Danmörku.

Ótímabundin ráðning í starf.

2. mgr. 5. gr. stml. gerir jafnframt ráð fyrir að forstöðumenn ráði aðra starfsmenn stofnana. Í samræmi við þetta er ákvæðum sem fela ráðherra eða stjórn stofnunar að skipa eða ráða annað starfslið breytt og forstöðumanni falin ráðning þess, nema sérstök rök standi til annars. Það á t.d. við um staðgengla forstöðumanna eða næstráðendur, eins og lýst hefur verið, lögreglumenn og aðra þá sem fela má lögregluvald lögum samkvæmt og starfsstéttir sem talist hafa til embættismanna og ekki þykir rétt að breyta að svo stöddu, svo sem presta.

Tímabundin ráðning afnumin eða stytt.

Í 1. mgr. 41. gr. stml. er lögfest sú meginregla að ráðning í starf skuli almennt vera ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti með þriggja mánaða fyrirvara. Skv. 2. mgr. sömu greinar er þó heimilt að ráða í starf tímabundið en aldrei lengur en til tveggja ára. Í samræmi við þetta er tímabundin ráðning starfsliðs almennt felld niður nema sérstök rök standi til annars en þá bundin við tveggja ára hámark.

Loks ber að leggja áherslu á að ákvæði þessa frumvarps leiðir öll af ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og þeim markmiðum sem þau lög stefna að.

Frumvarpið miðar við gildandi lög þegar það er lagt fram. Í einhverjum tilvikum eru lagðar til breytingar á lögum sem ríkisstjórnin undirbýr viðameiri breytingar á eða eru til endurskoðunar í einstökum ráðuneytum. Meðan slík frumvörp eru ekki komin fram og ekki er ljóst hvaða afgreiðslu þau fá á Alþingi þótti þó ekki önnur leið fær en að halda í þessu frumvarpi öllum þeim breytingum sem nauðsynlegt þykir að gera að svo stöddu. Eftir atvikum þarf síðan að fella brott úr því ákvæði um breytingar á lögum sem þingið kann að afgreiða með öðrum hætti.

Frumvarpinu er skipt í kafla eftir því undir hvaða ráðuneyti eftirlit með framkvæmd þeirra laga sem leitað er breytinga á heyrir og innan hvers kafla eftir aldursröð viðkomandi laga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gildandi ákvæði heimilar Þingvallanefnd að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn, en tímabundin ráðning til svo langs tíma er almennt óheimil skv. 2. mgr. 41. gr. stml. Þá hafa lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkjunnar til skamms tíma falið sóknarpresti Þingvallaprestakalls, sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar, að gegna jafnframt þeim starfa sínum starfi þjóðgarðsvarðar. Í 38. gr. frumvarpsins er lagt til að hin lögbundna tenging þessara starfa verði rofin enda má færa að því gild rök að hún stríði gegn grundvallarreglum stjórnskipunarinnar um skipting starfa og valdmörk ráðherra. Þess í stað er í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. lagt til að Þingvallanefnd verði falið að ráða sér framkvæmdastjóra ótímabundið, svo sem raunin hefur orðið, og honum falið að ráða annað starfslið, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml.

Um 2. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að sá starfsmaður forsætisráðuneytis, sem forsætisráðherra velur til að gegna jafnframt störfum ritara ráðherrafunda, komi að því starfi sínu með skipun. Við það hugtak eru samkvæmt stml. bundin réttindi sem ekki þykja fara saman við það svigrúm sem rétt þykir að forsætisráðherra og eftir atvikum ríkisstjórn hafi til að ráðstafa þessum trúnaðarstarfa eins og hentast þykir hverju sinni, til að mynda við stjórnarskipti. Af þessum sökum er lagt til að gerðar verði viðeigandi breytingar á ákvæð-

inu í samræmi við skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á starfi sínu og verksviði skv. 19. gr. stml.

Um 3. gr.

Aðrar breytingar, sem lagt er til að lög um Stjórnarráð Íslands taki, leiðir allar af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 13. gr. laganna í 6. gr. frumvarpsins. Hún felur í sér að einungis ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar í ráðuneytum komi að störfum sínum með tímabundinni skipun, en deildarstjórar verði ráðnir til starfa eins og annað starfslið ráðuneytanna. Þessi breyting er í samræmi við það stefnumið stml. að einungis æðstu stjórnendur og stundum staðgenglar þeirra eða aðrir næstráðendur verði skipaðir í embætti, sbr. 2. mgr. 5. gr. og hér 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. Gildandi starfsmannaákvæði stjórnarráðslaga taka hins vegar mið af öðrum ákvæðum sömu laga um innra skipulag ráðuneyta. Samhliða breytingum á starfsmannaákvæðunum þykir þess vegna nauðsynlegt að gera jafnframt nokkrar breytingar á þeirri tilhögun sem 7. og 11. gr. laganna gera ráð fyrir.

Í 7. gr. gildandi laga um stjórnarráðið segir að ráðherra kveði á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum og í 1. mgr. 11. gr. að þeim stýri deildarstjórar undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra en ráðherra getur einnig sett þeim erindisbréf skv. 4. mgr. sömu greinar. Þannig teljast grunneiningar ráðuneytanna vera deildir samkvæmt gildandi lögum en ekki er gert ráð fyrir skrifstofum sem sérstökum stjórnunareiningum. Eftir því sem umsvif hins opinbera hafa aukist og stjórnsýslan þróast hefur svo einfalt stjórnskipulag ekki reynst fullnægjandi, a.m.k. ekki í hinum stærri ráðuneytum, sem aftur hefur leitt af sér að innan þeirra hefur verið stofnað til skrifstofa sem sérstaks stjórnunarstigs yfir deildunum. Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði á 7. gr., miðar að því að aðlaga lögin þeirri breytingu sem telja verður að þegar sé orðin á stjórnskipulagi ráðuneyta, sbr. niðurstöður könnunar sem forsætisráðuneytið gekkst fyrir í tengslum við gerð frumvarps til nýrra stjórnarráðslaga árið 1989 og lýst er í alþt. 1989–90, A-deild, bls. 4082–83.

Um 4. gr.

Breyting á 1. mgr. 11. gr. samkvæmt a-lið er í samræmi við þær breytingar sem þegar hefur verið lýst og miðar að því að skýra stöðu skrifstofustjóra og deildarstjóra í ráðuneytum.

Í b-lið er lagt til að felld verði brott heimild til að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis sem taki sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans. Með öðrum breytingum á lögunum þykir þetta ákvæði óþarft en það gerði upphaflega ráð fyrir að aðeins einn skrifstofustjóri gæti starfað í hverju ráðuneyti og hefði sömu stöðu og deildarstjóri nema í forföllum ráðuneytisstjóra að hann tæki við störfum hans. Með brottfalli þessa ákvæðis er gert ráð fyrir að staðgengill ráðuneytisstjóra verði eftir sem áður valinn úr hópi skrifstofustjóra en falið það hlutverk sitt með erindisbréfi ráðherra skv. 4. mgr. 11. gr. laganna.

3. mgr. 11. gr. hefur geymt því sem næst einstæða undanþáguheimild frá skyldu starfsmannalaga til að auglýsa lausar stöður deildarstjóra og skrifstofustjóra þegar starfsmenn ráðuneyta eru fluttir í þær enda má ætla að þeir myndu oft njóta starfsreynslu sinnar meðal annarra umsækjenda væri staða auglýst. Í c-lið er lagt til að heimild þessi falli brott að því er varðar stöður skrifstofustjóra þannig að þær mun alltaf þurfa að auglýsa, nema í þær sé fluttur annar embættismaður skv. 36. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr. stml. Hins

vegar er lagt til að undanþágan haldist um stöður deildarstjóra og þjóni áfram hlutverki sem hluti af eðlilegu framgangskerfi starfsmanna ráðuneytanna.

Um 5. gr.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að starfsheiti í stjórnarráðinu eru nú orðin allmiklu fleiri en talin eru í 12. gr. stjórnarráðslaga. Til að koma einhverjum böndum á er lagt til að ráðning starfsmanna undir öðrum starfsheitum en þar greinir verði bundin heimild ráðherra.

Um 6. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og ráðherra berum orðum falið að skipa í embættin. Jafnframt er skipun deildarstjóra og annarra starfsmanna ráðuneyta breytt í ráðningu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að stöðu aðstoðarmanna ráðherra innan ráðuneyta verði breytt úr deildarstjórastöðu í stöðu skrifstofustjóra eins og eðlilegt er með hliðsjón af öðrum breytingum á stjórnarráðslögum og hinum sérstöku trúnaðarskyldum sem aðstoðarmenn hafa við ráðherra. Til að taka af allan vafa þykir hins vegar rétt að taka fram að breyting þessi miðar ekki á nokkurn hátt að því að gera þá að einhvers konar staðgenglum ráðherranna eða aðstoðarráðherrum.

Um 8. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra Þjóðhagsstofnunar til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er fellt brott úrelt sérnefni stöðunnar.

Um 9.–10. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæðum er forstjóri Byggðastofnunar ráðinn ótímabundið af stjórn stofnunarinnar með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að ráðherra skipi forstjórann tímabundið.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er ríkisendurskoðandi ráðinn af forsetum Alþingis í sameiningu til sex ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er í a-lið lagt til að hann verði skipaður af forseta Alþingis til fimm ára í senn. Hæfisskilyrði ríkisendurskoðanda eru óbreytt, en í ljósi ítarlegra ákvæða VI. kafla stml. um aðdraganda að og skilyrði fyrir brottvikningu skipaðra manna úr embætti er í b-lið lagt til að brott falli sérregla um að forseti verði að njóta tilstyrks meirihluta Alþingis til slíkrar athafnar. Þá er einnig lagt til að brott falli úr þessari grein þýðingarlaust ákvæði um að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð gagnvart því, enda bætir það engu við það sem þegar er fram komið í 1. gr. laganna og er til þess fallið að valda ruglingi eins og það er staðsett í 2. gr.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er umboðsmaður Alþingis kjörinn á Alþingi til fjögurra ára í senn. Í frumvarpi því er varð að lögum þessum var lagt til að umboðsmanninn skyldi kjósa að loknum hverjum kosningum til Alþingis (alþt. 1986–87, A-deild, bls. 2556 og 2559). Í meðferð þingsins var tenging við kjörtímabil hvers Alþingis rofin en lengd kjörtímabils umboðsmanns þess í stað bundin við fjögur ár. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að kjörtímabil hans verði lengt í fimm ár.

Um 13. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði á umboðsmaður Alþingis rétt til biðlauna í þrjá mánuði eftir að hann lætur af starfi. Rétt þykir að biðlaun hans verði bundin sömu skilyrðum og nú greinir í stml., sbr. einkum 35. gr.

Um 14. gr.

Samkvæmt fyrri málslið 14. gr. skal umboðsmaður Alþingis sjálfur ráða starfsfólk embættis síns en ber samkvæmt síðari málslið sömu greinar að fara eftir reglum sem Alþingi setur um fjölda þess og launakjör. Í ljósi þeirra meginmarkmiða stml. að færa vald til að taka ákvarðanir um starfsmenn stofnana frá yfirstjórn stofnananna til forstöðumanna þeirra, auka sveigjanleika í starfsmannahaldi og einfalda launakerfi þykir síðari málsliður greinarinnar skerða það sjálfræði sem þau stefna að og fyrri málsliður 14. gr. virðist ætla umboðsmanni. Af þessum sökum er lagt til að síðari málsliðurinn falli brott.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er skrifstofustjóri Alþingis ráðinn af forsætisnefnd til sex ára í senn. Í athugasemdum við þetta ákvæði frumvarps þess er varð að lögum um þingsköp Alþingis er skýrt að sex ára ráðningartími hans sé í samræmi við það sem farið sé að tíðkast um æðstu embættismenn ríkisins (alþt. 1991 vþ., A-deild, bls. 25). Í ljósi þess að gert er ráð fyrir að þessi hópur muni framvegis taka skipun til fimm ára í senn samkvæmt meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að hið sama gildi um skrifstofustjóra Alþingis.

Um 16. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að fela ráðherra veitingarvald embættis umboðsmanns barna berum orðum.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri almannavarnaráðs skipaður ótímabundið að fengnum tillögum ráðsins en ráðherra er þó heimilt að tímabinda skipun hans. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. stml. er í a-lið lagt til að skipun framkvæmdastjórans verði tímabundin.

Í stað 2. málsl. málsgreinarinnar, sem geymt hefur heimild, sem nú verður óþörf, til að tímabinda skipun framkvæmdastjóra, er í b-lið lagt til að tekið verði upp nýtt ákvæði þess efnis að framkvæmdastjóri ráði annað starfslið ráðsins eins og 2. mgr. 5. gr. stml. miðar að.

Loks er í c-lið lagt til að fulltrúar almannavarnaráðs í kjördæmum landsins komi að þeim störfum sínum með ótímabundinni ráðningu í stað skipunar, en þeir geta einir fengið skipun sem taldir eru í 1. mgr. 22. gr. stml.

Um 18. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri almannavarnanefndar Reykjavíkur skipaður af borgarstjóra. Samræmis vegna er lagt til að hann verði ráðinn til starfa eins og í öðrum sveitarfélögum sem gert er að hafa framkvæmdastjóra, en um kjör þeirra fer að öðru leyti eftir þeim samþykktum sem sveitarfélögin gera, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 8/1986.

Um 19. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstjóra Landhelgisgæslunnar til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Um 20. gr.

Lagt er til að úrelt lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig greinin vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um lögreglumenn og um meðferð opinberra mála. Rétt þykir að gera þessa breytingu nú enda þótt ákvæðinu hafi þegar verið ljáð nýtt orðalag í 3. tölul. 43. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sem gildi taka 1. júlí 1997, sbr. 1. mgr. 42. gr. sl.

Um 21. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun lögreglumanna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er lagt til að sama regla gildi um aðra þá sem fela má lögregluvald lögum samkvæmt eins og boðað var í athugasemdum við 1. mgr. 22. gr. frumvarps þess er varð að stml., sbr. alþt. 1995–96, A-deild, bls. 3151. Lög þessi falla úr gildi hinn 1. júlí 1997 þegar ný lögreglulög nr. 90/1996 öðlast gildi, sbr. 42. gr. þeirra laga. Lagt er til að þau lög taki samsvarandi breytingum, sbr. 48. gr. frumvarps þessa.

Um 22. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar virðist ganga út frá því sem meginreglu að dómarar skuli skipaðir í embætti ótímabundið, enda verði þeim ekki að fullu vikið úr embætti nema með dómi. Er því m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. um tímabundna skipun í embætti, nema annað sé tekið fram í lögum, er því einu bætt við gildandi ákvæði að skipun hæstaréttardómara skuli vera ótímabundin.

Um 23. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun hæstaréttarritara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt þykir eðlilegra að veitingarvald þessa embættis og ráðning annarra starfsmanna sé í höndum forseta hæstaréttar í stað réttarins í heild eins og gildandi ákvæði er orðað.

Um 24. gr.

Lagt er til að lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig að starfsgengisskilyrði presta og forstöðumanna skráðra trúfélaga ráðist af því sem á hverjum tíma gildir um starfsmenn ríkisins, sbr. 6. gr. stml., en þau eru í meginatriðum hin sömu og áður giltu skv. 3. gr. laga nr. 38/1954.

Um 25. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst í að tímabinda skipun rannsóknarlögreglustjóra til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Enda þótt almennt sé lagt til að skipun varamanna forstöðumanna verði breytt í ráðningu þykir hlutverk staðgengils rannsóknarlögreglustjóra í öryggisgæslu ríkisins þess eðlis að rétt sé að telja það til embætta. Í b-lið er því lagt að skipun í embætti vararannsóknarlögreglustjóra verði við haldið, en veitingarvaldið fært frá forseta og skipunin tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði er annað starfslið rannsóknarlögreglunnar skipað af ráðherra. Í samræmi við þá meginreglu starfsmannalaganna að einungis forstöðumenn komi að starfi sínu með skipun og að þeir ráði annað starfslið er í c-lið lagt til að rannsóknarlögreglustjóri ráði aðra starfsmenn en rannsóknarlögreglumenn, en um þá þykja eftir atvikum eiga við sömu sjónarmið og um lögreglumenn, sbr. 21. og 48. gr. frumvarps þessa og athugasemdir við þær greinar. Rétt er að taka fram að breyting á ráðningarhætti annars starfsliðs þykir ekki hreyfa við stöðu þess innan stofnunarinnar enda þiggur það umboð sitt frá rannsóknarlögreglustjóra, þar á meðal til að mæla fyrir um lögregluaðgerðir.

Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins falla brott hinn 1. júlí 1997 við gildistöku nýrra lögreglulaga nr. 90/1996. Þangað til þykir rétt að færa ákvæði þeirra til samræmis við gildandi stml. Jafnframt er á öðrum stað í frumvarpi þessu lagt til að viðeigandi embætti í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. færist í þann hluta bráðabirgðaákvæðis sömu laga, sbr. b-lið 76. gr. frumvarpsins, sem fellur brott sama dag og lögreglulögin öðlast gildi.

Um 26. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun biskupsins yfir Íslandi í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 27. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda veitingu prestsembættis að undangengnu vali í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. hvort heldur valið er með bindandi niðurstöðu samkvæmt a-lið eða án bindandi niðurstöðu samkvæmt b-lið.

Um 28. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að binda tímabundna veitingu prestsembættis samkvæmt köllun við fimm ár í stað fjögurra ára hámarks í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 29. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda veitingu prestsembættis að undangenginni kosningu í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. hvort heldur niðurstaða kjörsins er bindandi samkvæmt a-lið eða ekki samkvæmt b-lið.

Um 30. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra Umferðarráðs til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 31. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra fangelsismálastofnunar í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er lagt til að sérhæft starfslið stofnunarinnar verði ráðið af forstjóra í stað ráðherra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. og það markmið starfsmannastefnunnar að auka ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna stofnana. Gilda þá sömu ráðningarhættir um það og annað starfslið stofnunarinnar, sbr. 3. málsl. greinarinnar.

Um 32. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að ráðherra er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. falið að skipa forstöðumenn fangelsa í stað þess að ráða þá. Jafnframt er skipun þeirra tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 33. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að fangaverðir koma að störfum sínum með tímabundinni skipun í stað ráðningar ráðherra í samræmi við það sem lagt er til að gildi almennt um þá sem fela má að fara með lögregluvald.

Um 34. gr.

61. gr. stjórnarskrárinnar virðist ganga út frá því sem meginreglu að dómarar skuli skipaðir í embætti ótímabundið, enda verði þeim ekki að fullu vikið úr embætti nema með dómi. Er því m.a. ætlað að tryggja sjálfstæði dómstólanna gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. um tímabundna skipun í embætti, nema annað sé tekið fram í lögum, er því bætt við gildandi ákvæði að skipun héraðsdómara skuli vera ótímabundin og veitingarvaldið falið ráðherra berum orðum.

Um 35. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun dómarafulltrúa í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Vegna nýlegra breytinga sem gerðar hafa verið á stöðu fulltrúanna þykir rétt að árétta að þeir starfa í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara, þar sem dómstjóri er ekki skipaður. Tímabinding skipunar þeirra þykir því ekki með nokkru móti vega að stjórnarskrárvörðu sjálfstæði dómstólanna eða tefla í tvísýnu stöðu þeirra til að annast lögmælt störf á óvilhallan hátt.

Um 36. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun sýslumanna til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Um 37. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst einungis í að fela sýslumönnum að ráða deildarstjóra við þau embætti sem skipt er í starfsdeildir, en samkvæmt gildandi ákvæði hefur þurft til þess skipun ráðherra. Er breytingin lögð til í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. og það markmið starfsmannastefnunnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna stofnana, en deildarstjórarnir, eins og annað starfslið sýslumannsembættanna, starfa hér eftir sem hingað til í umboði og á ábyrgð sýslumanns eins og lögin mæla gagngert fyrir um.

Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði mæla að öðru leyti ekki fyrir um hvernig starfsmenn sýslumannsembætta komi að störfum sínum, heldur aðeins að við þau skuli vera það starfslið sem ráðherra telur þörf á. Í samræmi við framangreind markmið starfsmannastefnunnar er í b-lið lagt til að mat um það verði í höndum sýslumannanna sjálfra.

Lögreglumenn koma að störfum sínum eftir ákvæðum laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, fram til 1. júlí nk. þegar ný lögreglulög nr. 90/1996 taka við, sbr. um breytingar á þeim lögum ákvæði 21. og 48. gr. frumvarps þessa og athugasemdir við þær

Um 38. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun prestsins á Þingvöllum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er lagt til að fellt verði úr þessum lögum ákvæði um stöðu hans sem þjóðgarðsvarðar, enda þykir eðlilegra og í samræmi við þá stefnu stml. að völd og ábyrgð fari saman að það stjórnvald, sem fer með málefni þjóðgarðsins og er að mestu leyti í höndum þingkjörinnar stjórnar, Þingvallanefndar, ráði ferðinni um hvaða starfslið er nauðsynlegt að halda í þjóðgarðinum á hverjum tíma. Þingvallanefnd getur eftir sem áður falið sama manni að gegna ákveðnum störfum á staðnum eins og um semst hverju sinni.

Um 39. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun sóknarpresta í embætti í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 40. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að gera það að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra almennu hæfisskilyrða sem á hverjum tíma gilda samkvæmt lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Áður gildandi hæfisskilyrði í 3. gr. laga nr. 38/1954 eru í meginatriðum óbreytt í 6. gr. stml.

Um 41. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að gera það að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Um 42. gr.

Greinin sem leitað er breytinga á skyldar sóknarprest til að taka að sér aukaþjónustu sókna innan prófastsdæmis, samkvæmt boði biskups gegn launum skv. 26. gr. eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins, nr. 38/1954. Sú grein mælti fyrir um að starfsmaður, sem gegndi samkvæmt fyrirmælum stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, fengi hálf þau föstu byrjunarlaun sem þeim starfa fylgdu, svo og allar auka-

tekjur. Breyting sú sem hér er lögð til felst í að gera lagatilvísun ákvæðisins að eyðuákvæði þannig að það vísi til þeirra laga sem á hverjum tíma gilda um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Af því leiðir samkvæmt núgildandi stml. að þóknun fyrir aukastörf sem þessi verður metin af kjaranefnd skv. 1. mgr. 9. gr., sbr. 39. gr. stml.

Um 43. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að binda skipun prófasts við sama tíma og skipun hans í prestsembætti stendur til þegar hann tekur við prófastsembættinu.

Um 44. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun biskups í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Í ljósi sérstöðu þess sem gegnir því embættis sem leiðtoga á sínu sviði þykir hins vegar rétt að ráðherra leiti áfram að formi til eftir atbeina forseta til að veita það.

Um 45. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun vígslubiskupa í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Um 46. gr.

Vegna meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. um að skipun í embætti sé tímabundin, nema annað sé tekið fram í lögum, er því einu bætt við gildandi ákvæði samkvæmt a-lið að skipun ríkissaksóknara sé ótímbundin, en um sjálfstæði hans í starfi þykja gilda sams konar sjónarmið og um dómara. Jafnframt er atbeini forseta við veitingu embættisins felldur niður.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt b-lið felst í að tímabinda skipun vararíkissaksóknara og saksóknara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er ráðherra falið veitingarvaldið berum orðum.

Samkvæmt gildandi ákvæði er annað starfslið við embættið, þar á meðal löglærðir fulltrúar, ráðið af ráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara. Með hliðsjón af 2. mgr. 5. gr. stml. og markmiði starfsmannastefnunnar um aukna ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna stofnana er í c-lið lagt til að atbeini ráðherra við ráðningu þess falli brott.

Um 47. gr.

Í þessari grein er lagt til að gerðar verði samsvarandi breytingar og í a- og b-lið í 46. gr. frumvarps þessa á lögum nr. 84/1996, sem breyta lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, en taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1997, sbr. 11. gr. fyrrnefndu laganna. Lögin eru samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til að eldri lög taki í c-lið 46. gr. frumvarps þessa.

Um 48. gr.

Breyting á 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 í a-lið felst í að tímabinda skipun ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela veitingarvaldið ráðherra berum orðum. Þá er skipun lögreglumanna tímabundin í b-lið í samræmi við fyrrgreinda meginreglu.

Um 49. gr.

Breyting á 37. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 felst í að tímabinda skipun stjórnenda Lögregluskóla ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og færa veitingarvaldið á stöðu skólastjóra til ráðherra berum orðum.

Um 50. gr.

Í samræmi við þá meginreglu starfsmannalaganna að einungis forstöðumenn stofnana komi að starfi sínu með skipun er í a-lið lagt til að vararíkissáttasemjari komi að starfi sínu með ráðningu, þó þannig að veitingarvaldið verði eftir sem áður hjá ráðherra.

Í b-lið er í samræmi við fyrrgreinda meginreglu lagt til að ríkissáttasemjari tilnefni þá aðstoðarsáttasemjara sem þörf er á hverju sinni.

Um 51. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og taka af tvímæli um að tillögur stjórnar stofnunarinnar eru ekki bindandi fyrir ráðherra.

Um 52. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður Jafnréttisráð framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn. Breytingin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. um að forstöðumaður sé skipaður af ráðherra en annað starfslið ráðið af forstöðumanni. Jafnframt er lagt til að framkvæmdastjórinn sé skipaður tímabundið í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 53. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun brunamálastjóra í fimm ár í stað sex til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 54. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa fyrir málefni fatlaðra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 55. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst annars vegar í að tímabinda skipun forstöðumanns Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og hins vegar í að breyta skipun framkvæmdastjóra stöðvarinnar í ráðningu í samræmi við það stefnumið starfsmannastefnunnar að einungis forstöðumenn stofnana komi að störfum sínum með skipun. Eftir atvikum þykir þó rétt að ráðning framkvæmdastjórans sé í höndum ráðherra.

Um 56. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að sytta tímabundna skipun framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins úr sex árum í fimm til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 57. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun ríkisbókara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 58. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bæði forstjóri og aðrir starfsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vera skipaðir af ráðherra og hann setja þeim erindisbréf. Í breytingunni felst að starfsmenn verða ráðnir af forstjóra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. en skipun forstjóra er tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Þá er fellt niður ákvæði um erindisbréf forstjóra og starfsmanna en um þau fer að almennum ákvæðum starfsmannalaga.

Um 59. gr.

Lagt er til að lagatilvísun verði gerð að eyðuákvæði þannig að um brot starfsmanns gegn lögum um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja fari að ákvæðum starfsmannalaga eins og þau eru á hverjum tíma.

Um 60. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstjóri og fast starfsfólk Fasteignamats ríkisins ráðið af ráðherra en starfsfólk til tímabundinna starfa ráðið af forstjóra. Í breytingunni felst að forstjóri verður tímabundið skipaður af ráðherra en starfsfólk ráðið af forstjóra í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 23. gr. stml. Þá þykir ekki ástæða til að halda í sérstaka heimild forstjóra til að ráða starfsfólk til tímabundinna starfa með hliðsjón af meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml.

Um 61. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skattstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 62. gr.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stml. er lagt til að umboðsmenn skattstjóra komi að þeim störfum með ráðningu, enda verður einungis skipað í þau störf sem talin eru í 1. mgr. 22. gr. stml. Í ljósi þess að tilteknir starfsmenn sveitarfélaga geta verið skikkaðir til að taka við starfanum samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 87. gr. þykir þó rétt að ráðning þeirra verði áfram í höndum ráðherra.

Um 63. gr.

Breyting á gildandi ákvæði í a-lið felst einungis í að tímabinda skipun ríkisskattstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Í b-lið er skipun vararíkisskattstjóra breytt í ráðningu í samræmi við það stefnumið stml. að einungis forstöðumenn stofnana komi að störfum sínum með skipun, sbr. 1. mgr. 22. gr. stml., en eftir atvikum þykir þó rétt að ráðning hans sé í höndum ráðherra.

Um 64. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skattrannsóknarstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 65. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun ríkislögmanns í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela veitingarvaldið ráðherra berum orðum.

Um 66. gr.

Við 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er í a-lið því einu við bætt að lögin taki ekki til annarra starfsmanna ríkisins en embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Er það nauðsynlegt í ljósi þeirrar breytingar sem lagt er til að þau lög taki í 73. gr. frumvarps þessa.

Í b-lið er lagfærð augljós villa um tilvísun í þá töluliði er taka til starfsmanna sveitarfélaga.

Um 67. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er því einu bætt að heimild til verkfalls nái ekki til annarra starfsmanna ríkisins en embættismanna sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd, en það fer saman við þá breytingu sem lagt er til að þau lög taki í 73. gr. frumvarps þessa.

Um 68. gr.

Breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna færa ákvæðið til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á þeim lögum í 1. tölul. 56. gr. stml. Í a-lið er lagt til að fellt verði brott það ákvæði er felur Félagsdómi að ákvarða hverjir falli undir 29. gr. eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, en þar var tilgreint hvaða störf væru undanþegin verkfallsheimild samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í stml. er ekki að finna sambærilega tilgreiningu á störfum sem undanþegin eru verkfallsheimild laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þess í stað eru þeir embættismenn ríkisins sem standa utan stéttarfélaga og ekki hafa verkfallsheimild skv. 40. gr. stml. taldir tæmandi talningu í 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Rísi ágreiningur um hverjir talist geti embættismenn í skilningi þess ákvæðis þykir Félagsdómur geta dæmt um það á grundvelli 1. tölul. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en samkvæmt því ákvæði dæmir Félagsdómur í málum sem rísa á milli samningsaðila um samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.

Um 69. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun forstjóra Innkaupastofnunar ríkisins, sem nú kallast Ríkiskaup, úr fjórum árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 70. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun ríkistollstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 71. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst einungis í að tímabinda skipun tollstjórans í Reykjavík í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Í b-lið er lagt til að tollverðir komi að starfi sínu með skipun en annað starfslið með ráðningu. Samkvæmt gildandi ákvæði eru tollverðir og annað starfslið ráðið til starfa. Í öðrum ákvæðum frumvarpsins er lagt til að þeir, sem falið er að halda uppi lögum og reglu og sinna öryggisgæslu og eftirliti, komi að jafnaði að störfum sínum með tíma-

bundinni skipun. Af þessum sökum er lagt til að sama regla gildi um tollverði í samræmi við 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 72. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun forstjóra Lánasýslu ríkisins í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvald embættisins berum orðum.

Um 73. gr.

Í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 10. september 1996, sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands f.h. fastráðinna lækna, er lagt til að kjör heilsugæslulækna verði ákveðin af kjaranefnd.

Í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem lagt var fyrir 120. löggjafarþing, var upphaflega gert ráð fyrir að háskólaprófessorar teldust embættismenn í skilningi frumvarpsins. Við meðferð Alþingis var horfið frá því að svo stöddu og málinu vísað til frekari umfjöllunar innan Háskóla Íslands. Varð það niðurstaða funda menntamálaráðherra með fulltrúum Háskóla Íslands að vegna sérstöðu starfa háskólaprófessora þætti rétt að leggja til að laun þeirra sem gegna prófessorsstöðu að aðalstarfi í skilningi stml. verði framvegis ákveðin af kjaranefnd.

Um 74. gr.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í öðrum ákvæðum frumvarps þessa er nauðsynlegt að bæta eftirtöldum störfum við 1. mgr. 22. gr. stml.:

Samkvæmt a-lið: Dómarafulltrúum, sbr. 35. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt b-lið: Ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, varalögreglustjóranum í Reykjavík og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, sbr. 28. og 37. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og 48. og 49. gr. frumvarps þessa. Önnur embætti talin í þessum staflið eru fyrir í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml.

Samkvæmt c-lið: Engin viðbót en embættismenn tollyfirvalda eru færðir úr 7. tölul. í sérstakan tölulið, 8. tölul.

Samkvæmt d-lið: Forstöðumenn fangelsa, sbr. 32. gr. frumvarpsins. Önnur embætti í þessum staflið voru áður talin í 8. tölul.

Samkvæmt staflið e:

10. tölul.: Við bætast yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi, sbr. 9. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, en önnur embætti sem þar eru talin samræmis vegna hefðu áður fallið undir 9. tölul. gildandi stml.

11. og 12. tölul.: Þeir sem þar eru taldir, sbr. 83. og 111. gr. frumvarpsins.

Um 75. gr.

Í 24. gr. stml. var í fyrsta skipti mælt fyrir um skilyrði fyrir setningu í embætti. Þau miðast hins vegar öll við atvik er varða þann sem skipaður er til að gegna embættinu, svo sem fráfall hans eða fjarveru um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Rétt þykir að stjórnvöldum verði jafnframt gert kleift að setja í embætti til reynslu, t.d. áður en nýr maður er í það skipaður fyrsta sinni.

Um 76. gr.

Við gildistöku frumvarps þessa, verði það að lögum, hafa þau sérlagaákvæði, sem 1.–3. tölul. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við ákvæði stml. er stefnt gegn, verið aðlöguð og færð til samræmis við almenn ákvæði stml. Af þeim sökum er í a-lið lagt til að sá hluti bráðabirgðaákvæðisins falli brott.

Við gildistöku nýrra lögreglulaga nr. 90/1996 hinn 1. júlí 1997 verður Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og saksókn í opinberum málum að hluta lögð til lögreglustjóraembættanna. Af þessum sökum er lagt til að embætti rannsóknarlögreglustjóra og vararannsóknarlögreglustjóra verði færð úr 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. og í þá málsgrein ákvæðis til bráðabirgða við stml. sem fellur brott sama dag.

Um 77. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun hagstofustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er fellt brott úrelt ákvæði um aðstoðarmann hagstofustjóra þar eð hagstofan starfar auk stofnlaga sinna samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands og fer um starfsmannahald að þeim lögum.

Um 78. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felur í sér að skipun áfengisvarnaráðunautar er tímabundin í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stml. og veitingarvaldið falið ráðherra þeim er fer með mál er varða áfengisvarnir samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands í stað ríkisstjórnar. Jafnframt er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra falið að setja honum erindisbréf samkvæmt b-lið í stað ríkisstjórnar. Loks segir í gildandi ákvæði að um launakjör áfengisvarnaráðunauts fari samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í c-lið er tilvísun þessari breytt og færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en skv. 39. gr. stml. taka embættismenn laun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar.

Um 79. gr.

Gildandi ákvæði kveður á um að ráðherra skipi yfirlækni og yfirheyrnar- og talupp-eldisfræðing, en aðrir starfsmenn eru ráðnir af stjórn stöðvarinnar. Á meðal þeirra starfsmanna er einnig framkvæmdastjóri. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stml. er lagt til að framkvæmdastjóri verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml., en annað starfslið ráðið af framkvæmdastjóra í stað stjórnar í samræmi við það markmið stml., sem m.a. birtist í 38. gr. þeirra, að auka á ábyrgð og tækifæri forstöðumanna til að skila betri árangri.

Um 80. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun yfirlæknis Þjónustu- og endurhæfingastöðvar sjónskertra í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 81. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns Geislavarna ríkisins í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 82. gr.

Breytingar á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felast í að tímabinda skipun landlæknis í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum. Samkvæmt b-lið er skipun aðstoðarlandlæknis breytt í ráðningu í samræmi við það stefnumið starfsmannalaga að einungis forstöðumenn stofnana komi að störfum sínum með skipun. Eftir atvikum þykir þá rétt að val hans sé í höndum ráðherra.

Um 83. gr.

Breyting á gildandi ákvæðum felst einungis í að lengja tímabundna skipun héraðslækna og héraðshjúkrunarfræðinga úr fjórum árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 84. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar heilsugæslustöðva í Reykjavík ráðnir af stjórnum þeirra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til að þeir verði skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er þeim falið að annast starfsmannamál stöðvanna með vísan til 29. gr. laganna, sbr. 8. mgr. 30. gr. eins og lagt er til að því ákvæði verði breytt.

Um 85. gr.

Með því að lagt er til að forstjóri ríkisspítala og framkvæmdastjórum annarra heilbrigðisstofnana verði falið að ráða yfirlækna og hjúkrunarforstjóra skv. 87. gr. frumvarps þessa og þeir eru við önnur sjúkrahús ráðnir af sjúkrahússtjórnum skv. 3. mgr. 31. gr. laga um heilbrigðisþjónustu er jafnframt lagt til að brott falli ákvæði um að ráðherra setji yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum erindisbréf, en útgáfa slíkra bréfa er skv. stml. falin veitingarvaldshafa.

Um 86. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst í að tímabinda skipun forstjóra ríkisspítala í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra að ráða þá er mynda framkvæmdastjórn ríkisspítalanna. Samkvæmt gildandi stjórnskipulagi er hún mynduð af framkvæmdastjóra lækninga, hjúkrunarforstjóra, framkvæmdastjóra tæknisviðs og framkvæmdastjóra stjórnunarsviðs.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ráðnir til starfa. Sem forstöðumenn stofnana er í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 9. tölul. 1. mgr. 22. gr., lagt til í b- og c-lið að þeir komi að störfum sínum með skipun til fimm ára, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur staðfest sérstakt stjórnskipulag ríkisspítala. Með vísan til þeirra starfsmanna, sem lagt er til að ráðherra skipi samkvæmt a-lið þykir rétt að lögin geri ráð fyrir að slíkt stjórnskipulag sé fyrir hendi. Í d-lið er því lagt til að tekið sé upp ákvæði um það og hvernig að setningu þess skuli staðið.

Í samræmi við breytingar í b- og c-lið er loks í e-lið lagt til að forstjóra ríkisspítala og framkvæmdastjórum sjúkrahúsa verði falið að annast um starfsmannahald þeirra stofnana sem þeir stýra í stað stjórna þeirra.

Um 87. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skuli vera skipaðir af ráðherra en við önnur sjúkrahús ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn.

Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stml. og framangreindar breytingar á þessum lögum er í þessari grein lagt til að yfirlæknar og hjúkrunarforstjórar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir verði ráðnir af forstöðumanni viðkomandi stofnunar. Að svo stöddu þykir hins vegar ekki rétt að færa ráðningu þeirra eða annars starfsliðs úr höndum stjórnar að því er önnur sjúkrahús varðar.

Um 88. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst í að tímabinda skipun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og breyta skipun tryggingayfirlæknis í ráðningu í samræmi við það stefnumið starfsmannalaga að einungis forstöðumenn stofnana komi að störfum sínum með skipun. Eftir atvikum þykir þó rétt að hún sé í höndum ráðherra.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í b-lið lagt til að forstjóri ráði annað starfslið.

Um 89. gr.

Fellt er brott ákvæði sem fært hefur verið í 88. gr. frumvarps þessa og lagt til að verði 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga um almannatryggingar.

Um 90. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt fyrri málslið felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru sérfræðingar stofnunarinnar skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í síðari málslið lagt til að þeir verði ráðnir af forstjóra.

Um 91. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru deildarstjórar rannsóknastofnana atvinnulífsins skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði framvegis ráðnir af forstjóra og honum veittar heimildir til að víkja frá þeim starfsgengisskilyrðum sem í ákvæðinu greinir í stað ráðherra.

Um 92. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun vörumerkjaskráritara í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 93. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun orkumálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 94. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fastir starfsmenn Orkustofnunar skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum orkumálastjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í a-lið lagt til að þeir verði ráðnir af orkumálastjóra.

Í b-lið er felld brott tilvísun í úrelt laganúmer og ákvæðið gert að eyðuákvæði þannig að það vísi til gildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Um 95. gr.

Breyting á gildandi ákvæði í a-lið felst einungis í að tímabinda skipun rafmagnsveitustjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fastir starfsmenn Rafmagnsveitu ríkisins skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í b-lið lagt til að þeir verði ráðnir af rafmagnsveitustjóra.

Í staflið c er felld brott tilvísun í úrelt laganúmer og ákvæðið gert að eyðuákvæði þannig að það vísi til gildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Um 96. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun forstjóra Iðntæknistofnunar úr fjórum í fimm ár í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 97. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður stjórn Iðntæknistofnunar framkvæmdastjóra aðaldeilda stofnunarinnar tímabundið til fjögurra ára í senn. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar að auka á ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana er lagt til að ráðning þeirra verði falin forstjóra að fengnum tillögum stjórnar. Jafnframt er í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml. og skuldbindingu fjármálaráðherra í kjarasamningum við stéttarfélög opinberra starfsmanna frá árinu 1989 lagt til að þessir eins og aðrir starfsmenn verði ráðnir ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Um 98. gr.

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 97. gr. þessa frumvarps og af sömu ástæðum er í a-lið lagt til að brott falli að forstjóri þiggi umboð sitt til að ráða aðra starfsmenn frá stjórn stofnunarinnar.

Í b-lið er lagt til að felld verði brott úrelt notkun hugtaka um fasta og lausa ráðningu starfsmanna og ákvæðið aðlagað meginreglu 41. gr. stml.

Um 99. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun rafmagnseftirlitsstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 100. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið rafmagnseftirlitsins skipað og ráðið af ráðherra að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að það verði ráðið af rafmagnseftirlitsstjóra.

Um 101. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns Garðyrkjuskóla ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og breyta starfsheiti hans í skólastjóra í samræmi við venju sem skapast hefur á staðnum.

Um 102. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun skógræktarstjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela veitingarvaldið ráðherra berum orðum.

Um 103. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru skógarverðir skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af skógræktarstjóra.

Um 104. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst einungis í að tímabinda skipun landgræðslustjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru fulltrúar landgræðslustjóra skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er í b-lið lagt til að þeir verði ráðnir af landgræðslustjóra.

Um 105. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skal landgræðslustjóri leita samþykkis ráðherra til að ráða landgræðsluverði. Í samræmi við markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar um valddreifingu og aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana er lagt til að þetta skilyrði falli brott.

Um 106. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði forstjóri og sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skipaðir af ráðherra. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að skipun forstjóra verði tímabundin til fimm ára í senn og í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að sérfræðingar stofnunarinnar verði ráðnir af forstjóra.

Um 107. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun veiðimálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 108. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skólastjóra búnaðarskólanna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 109. gr.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að skipa bústjóra við skólabú búnaðarskólanna. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að heimilað verði að ráða þá þegar svo ber undir.

Um 110. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar landbúnaðarráðherra fasta kennara við búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af skólastjóra. Jafnframt er felld niður tilvísun í lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, en þau lög féllu brott við gildistöku stml. skv. 3. tölul. 55. gr. stml.

Um 111. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma og stytta hámark skipunartíma yfirdýralæknis úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er veitingarvaldið falið ráðherra berum orðum.

Um 112. gr.

Gildandi ákvæði geymir úrelta tilvísun í ákvörðun launa héraðsdýralækna samkvæmt launalögum. Skv. 39. gr. stml. skulu laun skipaðra embættismanna, þar á meðal héraðsdýralækna, ákveðin af kjaranefnd. Er því lagt til að ákvæðið taki samsvarandi breytingum en það mælir að öðru leyti fyrir um hámarksstyrk til sveitarfélaga til að greiða mönnum, sem ekki eru dýralæknar að mennt, laun fyrir að annast tiltekin dýralæknisstörf meðan dýralæknir fæst ekki í umdæmi.

Um 113. og 114. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins ráðinn af stjórn stofnunarinnar. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka á sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml., er lagt til, að forstöðumaðurinn verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, sbr. einnig meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 115. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í einungis í að tímabinda skipun forstöðumanns aðfangaeftirlits með fóðri, áburði og sáðvörum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 116. gr.

Lagt er til að felld verði brott heimild til að veita íþróttafulltrúa skipun í embætti að liðnum þremur árum í starfi í samræmi við 1. mgr. 22. gr. stml.

Um 117. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði skólastjóri og kennarar Myndlista- og handíðaskólans skipaðir af ráðherra. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er í a-lið lagt til að skipun skólastjóra verði tímabundin og honum falið að ráða kennara í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. stml. Þá er tillöguréttur við val á skólastjóra og kennurum fluttur til skólastjórnar skv. 2. mgr. 9. gr. laganna í stað fræðsluráðs.

Í b-lið er lagt til að fellt verði brott úrelt ákvæði um að launakjör og kennsluskylda skólastjóra og kennara fari samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda mæla núgildandi lög um það efni ekki fyrir um kennsluskyldu kennara og skólastjóra.

Um 118. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er heimilt að skipa fjóra fasta kennara við skólann en breyta megi þeirri tölu með samþykki menntamálaráðherra og fræðsluráðs. Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til í 117. gr. og það markmið starfsmannastefnunnar að auka ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna stofnana, sem m.a. sér stað í 2. mgr. 5. gr. stml., er lagt til að ákvæðið falli brott.

Um 119. gr.

Samkvæmt 4. gr. laga um æskulýðsmál ræður menntamálaráðherra æskulýðsfulltrúa til að annast framkvæmdastjórn fyrir Æskulýðsráð. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar að auka möguleika forstöðumanna ríkisstofnana til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald er lagt til að ákvæðið falli brott með þeim áhrifum að Æskulýðsráð ræður sjálft framkvæmdastjóra sinn eftir almennum reglum starfsmannalaganna.

Um 120. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti Íslands skólastjóra Íþróttakennaraskólans en ráðherra annað fast starfsfólk. Í a-lið er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. lagt til að ráðherra verði falið að skipa skólastjórann og skólastjóranum að ráða annað starfslið. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að skipun skólastjóra verði tímabundin til fimm ára í senn.

Breyting í b-lið leiðir af síðastgreindri breytingu með því að kennarar koma að störfum sínum með ráðningu í stað skipunar.

Um 121. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru launakjör skólastjóra og starfsmanna Íþróttakennaraskólans ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með breytingunni er lagt til að lagatilvísun sé breytt og færð til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 9. gr. stml.

Um 122. og 123. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðuneytið rektor, kennara og skólanefnd Tækniskóla Íslands. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að skipun rektors verði tímabundin og að kennarar og annað starfslið skólans verði ráðið af honum í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Um 124. gr.

Gildandi ákvæði kveður á um að heimilt sé að skipa deildarstjóra úr röðum kennara Tækniskóla Íslands. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að heimildin taki til ráðningar þeirra í stað skipunar.

Um 125. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru sérfræðingar Stofnunar Árna Magnússonar skipaðir eða settir af menntamálaráðherra. Breytingin felur annars vegar í sér að forstöðumaður ráði sérfræðinga til starfa í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., og hins vegar að stjórnarnefnd verði umsagnaraðili við ráðningu sérfræðinga og geti þannig haft áhrif á val á umsækjendum.

Um 126. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti Íslands skólastjóra Fósturskóla Íslands, en ráðherra skipar annað fast starfsfólk, að fengnum tillögum skólanefndar. Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst annars vegar í því að gera skipun skólastjóra tímabundna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og hins vegar að færa veitingarvaldið til ráðherra berum orðum. Einnig er lagt til að skólastjóri ráði kennara og aðra starfsmenn skólans í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Í b-lið er lagt til að ákvæði um að skólastjóri ráði stundakennara og annað starfsfólk falli brott. Breyting sú sem lögð er til í a-lið gerir gildandi ákvæði óþarft.

Um 127. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að lengja tímabundna skipun skólastjóra Leiklistarskóla Íslands í fimm ár úr fjórum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 128. gr.

Hér er lagt til að brott falli lögbundið stöðuheiti sérstaks bókafulltrúa í menntamálaráðuneyti til að annast málefni almenningsbókasafna. Breytingin miðar að því að auka svigrúm ráðuneytisins til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald samkvæmt almennum reglum starfsmannalaga í samræmi við markmið starfsmannastefnunnar.

Um 129. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til í a-lið að þjóðleikhússtjóri komi að stöðu sinni með skipun og í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. að hún standi til fimm ára í stað fjögurra.

Í b-lið er gildandi ákvæði einungis breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til í a-lið.

Um 130. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðuneytið fjármálafulltrúa Þjóðleikhússins. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að fjármálafulltrúinn verði ráðinn af þjóðleikhússtjóra.

Um 131. gr.

Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri sé ráðinn til starfa. Breytingin er til að samræma ákvæðið breytingu í a-lið 129. gr. þessa frumvarps.

Um 132. gr.

Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri sé ráðinn til starfa. Breytingin er til að samræma ákvæðið breytingu í a-lið 129. gr. þessa frumvarps.

Um 133. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru starfsmenn Blindrabókasafns Íslands ráðnir af stjórn Blindrabókasafnsins, að fengnum tillögum forstöðumanns og með samþykki menntamálaráðuneytis. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnunnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 22. gr. stml., er lagt til að starfsmennirnir verði ráðnir af forstöðumanni. Lagt er til að stjórn Blindrabókasafns Íslands

hafi í stað veitingarvalds, tillögurétt um ráðningu starfsmanna og geti með þeim hætti haft áhrif á val þeirra.

Um 134. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í því að tímabundinn skipunartími forstöðumanns Blindrabókasafns Íslands verður fimm ár í stað þriggja ára í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 135. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands ráðinn af menntamálaráðherra að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til að framkvæmdastjórinn verði skipaður af ráðherra til fimm ára í senn, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 136. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra skólastjóra og fastráðna kennara Þroskaþjálfaskóla Íslands. Til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til í a-lið að skólastjóri verði skipaður tímabundið. Einnig er lagt til að skipun kennara verði afnumin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr.

Í samræmi við það markmið starfsmannastefnunnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 22. gr. stml., er í b-lið lagt til að kennarar verði ráðnir af skólastjóra að fengnum tillögum skólastjórnar.

Um 137. gr.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst í að gera skipun þjóðskjalavarðar tímabundna til samræmis við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra eða setur skjalaverði að fengnum tillögum stjórnarnefndar en þjóðaskjalavörður ræður aðra fasta starfsmenn með samþykki stjórnarnefndar. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnunnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml., er í b-lið lagt til að þjóðskjalavörður ráði fast starfsfólk, en stjórnarnefnd hafi tillögurétt við ráðningu þess.

Um 138. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að gera skipun útvarpsstjóra tímabundna í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Um 139. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að breyta skipun framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins í ráðningu í samræmi við það stefnumið starfsmannalaga að einungis forstöðumenn stofnana komi að störfum sínum með skipun. Eftir atvikum þykir þó rétt að ráðning þeirra verði í höndum ráðherra að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra eins og verið hefur.

Um 140. gr.

Lagt er til að brott falli lögbundið stöðuheiti sérstaks námsstjóra tónlistarfræðslunnar, en sá er í raun starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Breytingin miðar að því að auka svigrúm ráðuneytisins til að taka ákvarðanir er varða stjórnun og starfsmannahald samkvæmt almennum reglum starfsmannalaga í samræmi við markmið starfsmannastefnunnar.

Um 141. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skipaður af menntamálaráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. er lagt til að deildarstjóri verði ráðinn af forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði enda lýtur deildin yfirstjórn hans.

Um 142. gr.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með breytingu í 143. gr. þessa frumvarps á 32. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands er lagt til að dósentar og lektorar komi að stöðum sínum með ótímabundinni ráðningu í stað skipunar. Af þeim sökum er hér lagt til að heimild þessari verði breytt í tímabundna ráðningu og hún bundin við tveggja ára hámark í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml.

Um 143. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í samræmi við þá meginreglu stml. að skipun eigi fyrst og fremst við um forstöðumenn stofnana er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar komi að þeim stöðum sínum með ráðningu í stað skipunar. Hins vegar er í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingar í b- og c-liðum leiðir af framangreindri breytingu.

Um 144. gr.

1. mgr. 33. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lagt er til að falli brott samkvæmt a-lið, mælir fyrir um tímabundna ráðningu kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra og ótímabundna skipun aðalbókavarðar. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml. er í b-lið lagt til að rektor ráði ótímabundið í þessi störf eins og önnur við skólann. Jafnframt felst í breytingu samkvæmt b-lið að ekki þarf að leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir ráðningu í stöður enda þykja ákvæði stml., sér í lagi 38. gr. þeirra, og vísun til fjárlaga veita fullnægjandi aðhald hvað það varðar.

Um 145. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Listasafns Íslands ráðinn af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er í a-lið lagt til að hann verði skipaður til fimm ára í senn af menntamálaráðherra, sbr. og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Breytingar í b-, c- og og d-liðum felast einungis í því að aðlaga lagatextann þeirri breytingu.

Um 146. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður menntamálaráðherra nauðsynlegt starfslið Listasafns Íslands að fengnum tillögum forstöðumanns. Í samræmi við það stefnumið stml. að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml., er lagt til að forstöðumanni verði falið að ráða nauðsynlegt starfslið.

Um 147. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í því að minjaverðir verða ráðnir ótímabundið í stað þess að binda ráðningu þeirra til fimm ára. Er það gert til samræmis við 1. mgr. 41. gr. stml. sem gerir ráð fyrir að starfsmenn ríkisins séu almennt ráðnir ótímabundið.

Um 148. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði ræður menntamálaráðherra safnstjóra til fimm ára í senn, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og þjóðminjaráðs. Í samræmi við það stefnumið starfsmannalaganna að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml., er lagt til í a-lið að þjóðminjavörður ráði safnstjóra að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Ráðning hans verði ótímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml.

Breyting á gildandi ákvæði í b-lið felst einungis í að fella niður tímabundna ráðningu deildarstjóra við Þjóðminjasafnið, til samræmis við 1. mgr. 41. gr. stml.

Um 149. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra fastráðið starfsfólk Íslenskrar málstöðvar að fengnum tillögum málnefndar. Í samræmi við það stefnumið ríkisstjórnarinnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml., er lagt til í a-lið að forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar ráði starfsfólk að fengnum tillögum málnefndar.

Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt b-lið felst einungis í því að 2. og 3. mgr. gildandi ákvæðis eru samræmdar og felldar saman í eina málsgrein með tilliti til þeirrar breytingar sem lögð er til í a-lið.

Um 150. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að fella brott tilvísun í númer gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæðið gert að eyðuákvæði þannig að það vísi til gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Um 151. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Tilraunstöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ráðinn til sex ára í senn en um ráðningu hans fer að öðru leyti eins og segir í háskólalögum um prófessora. Breytingin felst einungis í því að vísa um ráðningu hans til háskólalaga enda er hann jafnframt prófessor við læknadeild Háskólans.

Um 152. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar menntamálaráðherra sérfræðinga við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði, að fengnu áliti dómnefndar, forstöðumanns og stjórnar. Í a-lið er lagt til að forstöðumaður ráði sérfræðinga í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml. Til samræmis við það er álitsréttur forstöðumanns við ráðningu sérfræðinga felldur brott í b-lið.

Breyting á gildandi ákvæði í c-lið felst í því að tímabundnar stöður sérfræðinga verði veittar til tveggja ára í stað þriggja í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml., sem kveður á um að tímabundin ráðning skuli aldrei vara lengur en í tvö ár.

Um 153. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að forstöðumaður ræður starfsfók stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Samkvæmt gildandi ákvæði ræður stjórn stofnunarinnar starfsfólk. Breytingin er í samræmi við það stefnumið stml. að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml.

Um 154. gr.

10. gr. laga um Háskóla Íslands fjallar um kennara við skólann.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. má tengja kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskóla Íslands þegar skólinn hefur ekki tök á koma upp rannsóknaaðstöðu í viðkomandi kennslugrein. Í 3. málsl. er heimilað að veita slíka stöðu tímabundið til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér sé um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml. lagt til í b-lið að hámark hennar verði bundið við tvö ár. Í a-, c- og d-liðum er orðalag fært til samræmis við ráðningu í stað skipunar. Breytingu í e-lið leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í 155. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. má skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér sé um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml. lagt til í f-lið að hámark hennar verði bundið við tvö ár.

Í g-lið er ákvæði um ráðningartíma aðjúnkta fært til samræmis við 2. mgr. 41. gr. stml. sem setur tímabundinni ráðningu tveggja ára hámark, en ekki lágmark eins og óbreytt ákvæði laganna gerir ráð fyrir.

Um 155. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í ljósi þess að einungis embættismenn geta komið að stöðum sínum með skipun og hún er samkvæmt stml. einkum ætluð forstöðumönnum stofnana er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar verði ráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingar í liðum b-i leiðir af framangreindu.

Um 156. gr.

Breyting á gildandi ákvæði miðar að því að fela rektor þær heimildir sem ráðherra hefur haft til að ráða vísindamenn til kennarastarfa við háskólann og leiðir af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 11. gr. laga um Háskóla Íslands og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Um 157. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna ráðinn af ráðherra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., sbr. 9. tölul. 1. mgr. 22. gr., og meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er með breytingum í a- og b-liðum lagt til að framkvæmdastjórinn verði skipaður til fimm ára í senn.

Í samræmi við markmið stml. um aukna ábyrgð og sjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana er í c-lið lagt til að brott falli skylda til að leita eftir heimild ráðuneytis til að ráða starfsfólk og tilvísun til laga nr. 97/1974, sem nú eru úr gildi felld með 3. tölul. 55. gr. stml., en 38. gr. stml. þykir veita nægilega leiðbeiningu og aðhald í þeim efnum.

Um 158. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að menntamálaráðuneyti skipi rektor Háskólans á Akureyri til fimm ára í senn. Í raun réttri er embættið veitt af ráðherra og þykir rétt að færa hér orðalag ákvæðisins til betri vegar.

Um 159. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðuneytið dósenta, en lektorar eru ráðnir af háskólanefnd og stundakennarar af rektor. Í samræmi við breytingu á prófessorsstöðum við Háskóla Íslands er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar verði ráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar, lektorar og stundakennarar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingarnar í liðum b-f leiðir allar af framangreindu.

Um 160. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er forstöðumaður Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála ráðinn til fimm ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til að hann komi að stöðu sinni með skipun ráðherra til sama tíma.

Um 161. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er framkvæmdastjóri Rannsóknarráðs Íslands ráðinn af því sjálfu til fimm ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til að hann komi að stöðu sinni með skipun ráðherra til sama tíma.

Um 162. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að stytta tímabundna skipun landsbókavarðar úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum.

Um 163. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er aðstoðarlandsbókavörður ráðinn tímabundinni ráðningu til sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml. er lagt til að hann verði ráðinn ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarrétti, enda er tímabundin ráðning til lengri tíma en tveggja ára almennt óheimil skv. 2. mgr. sömu greinar. Af sömu ástæðu er einnig fellt brott ákvæði um endurráðningu aðstoðarlandsbókavarðar.

Um 164. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun flugmálastjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru starfsmenn flugmálastjórnar skipaðir og ráðnir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af flugmálastjóra, en ráðherra þó falið að ráða framkvæmdastjóra að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs.

Loks er lagt til að fellt verði brott úrelt ákvæði um að ráðherra ákveði laun flugmálastjóra og starfsmanna hans þar til þeir hafi verið teknir í launalög.

Um 165. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun vegamálastjóra í samræmi við 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra veitingarvaldið berum orðum. Jafnframt er ráðherra falið að ráða aðstoðarvegamálastjóra, en vegamálastjóra að ráða aðra starfsmenn í samræmi við 5. gr. stml.

Um 166. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er ferðamálastjóri ráðinn af ráðherra til fjögurra ára í senn. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að ferðamálastjóri verði skipaður til fimm til ára í senn.

Um 167. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að ráðherra skipi forstjóra og tvo aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar til fimm ára í senn. Í samræmi við 1. mgr. 22. gr. stml. og með hliðsjón af 1. mgr. 5. gr. s.l. þykir eftir atvikum rétt að leggja til að aðstoðarforstjórarnir verði ráðnir af ráðherra. Breyting samkvæmt c-lið felst einungis í að fella brott ákvæði um fimm ára skipunartíma forstjóra og aðstoðarforstjóra úr 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna og flytja það í 1. málsl. að því er forstjóra varðar með a-lið. Með b-lið er skipun aðstoðarforstjóranna breytt í ráðningu.

Um 168. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru bæði forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og sérfræðingar við stofnunina skipaðir af ráðherra. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að sérfræðingarnir og annað starfslið verði ráðið af forstjóra og skipun hans tímabundin í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Þá hefur sjávarútvegsráðuneytið nýverið beitt sér fyrir skipulagsbreytingum innan stofnunarinnar, þar á meðal þeim að aðstoðarforstjóri starfi við hlið forstjóra og sem staðgengill hans. Með hliðsjón af 1. mgr. 5. gr. stml. þykir rétt að leggja til að sá verði ráðinn af ráðherra.

Loks hefur ráðuneytið kosið að skipta starfsemi stofnunarinnar í svið í stað deilda eins og 2. mgr. 55. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna gerir ráð fyrir að séu grunneiningar rannsóknastofnana atvinnulífsins. Eftir atvikum þykir því rétt að leggja til að tekið verði upp sérstakt ákvæði um að ráðherra ákveði stjórnskipulag þessarar stofnunar í niðurlagi ákvæðisins og jafnframt að ráðherra ráði forstöðumenn sviða eins og 1. mgr. 5. gr. stml. gefur heimild til. Lagt er til að áhrif stjórnar og forstjóra stofnunarinnar við val þeirra verði tryggð með lögbundinni álitsumleitan.

Um 169. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er fiskistofustjóri ráðinn ótímabundið. Í samræmi við 2. mgr. 5. gr., 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að hann verði skipaður til fimm ára senn.

Um 170. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun skipulagsstjóra ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 171. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið Veðurstofu Íslands ráðið af ráðherra að fengnum tillögum veðurstofustjóra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. er lagt til að veðurstofustjóra verði falið að ráða annað starfslið stofnunarinnar.

Um 172. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði er starfslið Landmælinga Íslands ráðið af ráðherra að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. er lagt til að forstjóra verði falið að ráða annað starfslið stofnunarinnar.

Um 173. gr.

Breyting á gildandi ákvæði skv. a-lið felst einungis í að tímabinda skipun framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru forstöðumenn verkefnasviða stofnunarinnar ráðnir af stjórn stofnunarinnar að fenginni umsögn framkvæmdastjóra. Í samræmi við það markmið starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar að auka sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna stofnana, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml., er í b-lið lagt til að forstöðumennirnir verði ráðnir af framkvæmdastjóra að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Um 174. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru deildarstjórar og sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands annaðhvort skipaðir eða fastráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml., sbr. 1. mgr. 22. gr., er lagt til að þeir verði ráðnir af forstjóra stofnunarinnar.

Um 175. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að tímabinda skipun veiðistjóra í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 176. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að ráðuneytisstjóri sjái um dagslegan rekstur utanríkisráðuneytisins ásamt þeim starfsmönnum sem til þess séu skipaðir. Við það hugtak eru samkvæmt starfsmannalögum bundin ákveðin réttindi sem ekki eiga við um ákvörðun verksviðs einstakra starfsmanna. Til að forðast misskilning er því lögð til sú orðalagsbreyting sem í ákvæðinu greinir.

Um 177. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði eru sendiræðismenn valdir úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 178. gr. frumvarps þessa fækkar svo í þeim hópi að rétt þykir að láta ákvæðið ná jafnt til embættismanna sem annarra starfsmanna.

Um 178. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að skipun í stöður sendiherra og sendifulltrúa í utanríkisþjónustunni, sem svarar til stöðu ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu, sbr. skilgreiningu 8. gr. laganna, verður tímabundin í fimm ár í senn í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er lagt til að ráðherra fari með veitingarvaldið berum orðum.

Þá er í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og aðra starfsmenn stjórnarráðsins, eins og lagt er til að lögum um Stjórnarráð Íslands verði breytt, sbr. 6. gr. frumvarps þessa, gert ráð fyrir að aðrir starfsmenn, þar á meðal sendiráðunautar og sendiráðsritarar sem svara til deildarstjóra og fulltrúa í stjórnarráðinu, komi að störfum sínum með ótímabundinni ráðningu.

Loks er hnykkt á því að kjörræðismenn megi skipa ótímabundið, eins og verið hefur, enda falla þeir utan gildissviðs starfsmannalaga.

Um 179. gr.

Í ljósi hinna sérstöku aðstæðna í utanríkisþjónustunni þykir rétt að leggja til að sú sérregla gildi um skipunartíma sendiherra og sendifulltrúa að hann framlengist sjálfkrafa við flutning þeirra milli staða og starfa innan sama flokks um fimm ár.

Um 180. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að þeir starfsmenn sem ráðnir eru í utanríkisþjónustuna um tilskilinn tíma til að gegna sérstökum störfum, svo sem viðskiptafulltrúar, fiskifulltúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar, skuli eftir því sem við á hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum. Með því að þau störf geta svarað til annarra starfa en embættismenn gegna, sbr. breytingar skv. 178. gr. frumvarps þessa, er lagt til að ákvæðið vísi almennt til starfsmanna utanríkisþjónustunnar.

Um 181. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að forstöðumaður bankaeftirlitsins skuli eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að hámark skipunartíma hans verði bundið við fimm ár.

Um 182. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bankastjórar Seðlabankans eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. er lagt til að hámark skipunartíma þeirra verði bundið við fimm ár.

Um 183. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í að stytta tímabundna skipun forstjóra Samkeppnisstofnunar úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 184. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst einungis í því að stytta tímabundna skipun forstöðumanns Vátryggingaeftirlitsins úr sex árum í fimm í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 185. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skulu bankastjórar ríkisviðskiptabankanna eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Í samræmi við stefnumið 2. mgr. 5. gr. og 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. er lagt til að þeir komi að störfum sínum með tímabundinni skipun og hún bundin við fimm ára hámark, sbr. meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml.

Um 186. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ýmsum sérákvæðum í lögum verði breytt til samræmis við þá reglu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að embættismenn verði aldrei skipaðir til lengri tíma en fimm ára. Enn fremur eru gerðar nokkrar aðrar breytingar á lögum í samræmingarskyni.

Ekki verður séð að breytingar þessar hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, heldur má ætla að takmarkaður skipunartími í æðri embætti ríkisins verði til að koma meiri hreyfingu á stjórnendur ríkisstofnana, auka þannig framtak stjórnenda og verða til hagsbóta fyrir ríkisreksturinn. Þannig geta sparast fjármunir þegar til lengri tíma er litið.

211. Svar [106. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Ögmundar Jónassonar og Kristins H. Gunnarssonar um flutning Landmælinga Íslands.

1. *Hver er áætlaður heildarkostnaður ríkisins af flutningi Landmælinga Íslands til Akraness?*

Samkvæmt leigusamningi sem Landmælingar Íslands hafa þegar gert um leigu húsnæðis á Akranesi frá og með 1. október 1998 mun leigusali, sem er Akranesbær og Málningarþjónustan hf., hanna og innrétta húsnæðið í samræmi við þarfir stofnunarinnar. Leigusali mun samkvæmt samningnum koma fyrir tölvulögnum sem stofnunin leggur til. Sem kostnaði við flutninginn er gert ráð fyrir kaupum á tölvulögnunum, svo og geymsluhillum og skjalaskápum. Að öðru leyti er reiknað með að notast verði við núverandi tækjabúnað og húsgögn.

Þá er miðað við aðkeypta vinnu við flutning á Akranes en ekki er meðtalin vinna starfsmanna við undirbúning og pökkun vegna flutningsins. Enn fremur er reiknað með leigu á núverandi húsnæði stofnunarinnar í 4–6 mánuði samhliða leigu húsnæðisins á Akranesi og frágangi og þrifum á núverandi húsnæði. Loks er gert ráð fyrir vinnu Framkvæmdasýslu ríkisins við undirbúning, umsjón og eftirlit, eins og kveðið er á um í fyrrgreindum leigusamningi.

Miðað við framangreindar forsendur er beinn kostnaður ríkisins af flutningi Landmælinga Íslands til Akraness áætlaður um 16–20 millj. kr. samkvæmt mati umhverfisráðuneytisins og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Um annan kostnað er erfitt að fullyrða og enn erfiðara að áætla. Gera má ráð fyrir kostnaði af flutningi starfsmanna til Akraness, en hann er óljós sökum þess að ekki liggur fyrir hversu margir starfsmenn muni flytja búferlum eða starfa hjá stofnuninni eftir flutninginn og ekki hefur verið gengið frá samningum við starfsfólk um þessi efni.

Þá er enn fremur ekki ólíklegt að flutningurinn muni hafa í för með sér einhverja tímabundna lækkun á sértekjum stofnunarinnar.

Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að nokkur ávinningur felist í að stofnunin flytji í húsnæði sem hannað verður og innréttað sérstakleg í samræmi við þarfir hennar þar sem m.a. verður tekið tillit til framtíðarþróunar eins og kostur er. Augljóst er að þannig mun nást fram hagræðing í skipulagi og rekstri til lengri tíma litið.

Vert er enn fremur að benda á að stofnunin mun flytja í minna húsnæði á Akranesi en hún hefur nú til ráðstöfunar og mun leigukostnaður hennar lækka um 2,8 millj. kr. á ári við það.

2. *Hver eru helstu rök fyrir flutningi stofnunarinnar til Akraness?*

Það hefur verið stefna flestra stjórmálaflokka og ríkisstjórna undanfarna tvo áratugi að flytja ríkisstofnanir frá höfuðborgarsvæðinu út á land. Á vegum stjórnvalda hefur á undanförnum árum verið lögð mikil vinna í tillögugerð um flutning ríkisstofnana, síðast með áliti og tillögum nefndar forsætisráðherra um flutning ríkisstofnana frá árinu 1993. Lítið hefur þó orðið úr framkvæmdum, ef frá er talinn flutningur Skógræktar ríkisins til Egilsstaða og embættis veiðistjóra til Akureyrar.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að flytja ríkisstofnanir út á land og var raunar stefna þeirrar síðustu einnig. Ákvörðun um flutning Landmælinga Íslands til Akraness er því tekin á stjórnmálalegum forsendum til að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar. Í ríkisstjórnarsáttmála stjórnarflokkannna segir m.a. að stuðlað verði að eflingu þjónustukjarna með ákvörðun um staðsetningu opinberra stofnana. Með stefnu sinni um flutning opinberra stofnana vilja stjórnvöld m.a. stuðla að jafnvægi í byggð landsins, styrkja byggðarkjarna, dreifa opinberri þjónustu og stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum utan höfuðborgarsvæðisins. Þá vilja stjórnvöld gefa ungu fólki sem leitar sér háskólamenntunar á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis kost á vinnu við sitt hæfi í heimabyggð eða velja sér búsetu á landsbyggðinni og jafnframt hamla gegn þeirri þróun að fólk og fyrirtæki flytji í auknum mæli af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Verður og að telja óæskilegt að menntafólk setjist allt að á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni búi einungis fólk sem starfar að frumgreinum atvinnulífsins. Í samræmi við framangreinda stefnu hefur verið tekin ákvörðun um að flytja Landmælingar Íslands til Akraness. Með sífellt bættum samgöngum og fjarskiptum, svo og aukinni tækni, verður flutningur og rekstur ríkisstofnana utan höfuðborgarsvæðisins auðveldari en áður. Ekki er ástæða til að ætla að þjónusta þeirra og starfsemi verði önnur eða verri við að flytja starfsemina frá höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður við rekstur Landmælinga Íslands á ekki að vera hærri eftir flutninginn en fyrir. Verkefni stofnunarinnar eru þess eðlis að þau eru ekki bundin við aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og geta farið fram utan þess. Af hálfu fyrrverandi umhverfisráðherra var hafin athugun og undirbúningur á flutningi Landmælinga Íslands til Akraness. Þeim undirbúningi hefur verið haldið áfram á þessu kjörtímabili og þótti ekki rétt að setja málið í annan farveg, þ.e. að huga að flutningi annað.

3. *Hvaða áhrif hefur það á starfsemi stofnunarinnar ef núverandi starfsmenn kjósa að að láta af störfum fremur en að flytjast með stofnuninni?*

Ljóst er að flutningur Landmælinga Íslands hefur í för með sér röskun fyrir starfsfólk og starfsemi stofnunarinnar. Því er lögð áhersla á að nægur fyrirvari sé á flutningnum og að starfsfólki gefist kostur á að gera upp hug sinn og undirbúa flutning eða leita sér að nýju starfi. Bæjaryfirvöld á Akranesi hafa heitið því starfsfólki sem flyst til bæjarins margháttuðum stuðningi, m.a. í tengslum við húsnæði, atvinnu fyrir maka, skólamál, þar á meðal leikskóla, og aðra félagslega sarfsemi. Þá hefur umhverfisráðherra enn fremur skipað starfshóp sem fjalla mun sérstaklega um málefni starfsmanna. Þannig er leitast við að auðvelda starfsmönnum umræddan flutning og þá röskun sem honum fylgir. Gert er ráð fyrir að starfsmenn hafi gert upp hug sinn um áframhaldandi störf hjá stofnuninni fyrir 1. janúar 1998. Vonast er til að sem flestir starfmenn haldi áfram störfum hjá Landmælingum Íslands eftir að stofnunin hefur starfsemi á Akranesi. Verði svo ekki er ljóst að ráða þarf nýja starfsmenn og þjálfa til starfans. Slíkt hefur óhjákvæmilega í för með sér viðbótarkostnað og röskun á starfsemi stofnunarinnar, enda þekking og hæfni starfsfólks mikilvægur hluti hennar.

4. *Hvaða áhrif er talið að starfsemi stofnunarinnar á Akranesi hafi á þróun atvinnulífs og byggðar þar?*

Skipta má áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi Landmælinga Íslands á þróun atvinnulífs og byggðar á Akranesi í þrennt. Í fyrsta lagi er um bein fjárhagsleg áhrif á bæjarsjóð að ræða, í öðru lagi áhrif á þjónustuaðila og í þriðja lagi ýmis önnur almenn áhrif.

Áhrif á bæjarsjóð munu eðli máls samkvæmt ráðast af því hversu stór hluti starfmanna stofnunarinnar kemur til með að búa á Akranesi. Ætla má að heildarlaunakostnaður Landmælinga Íslands á næsta ári verði um 64 millj. kr. Hámarksútsvar yrði því 6,4 millj. kr. það ár, en sú fjárhæð nemur um 1% af útsvarstekjum Akraneskaupstaðar. Miðað við að helmingur starfsmanna flytti til Akraness með stofnuninni og að meðallaun þeirra séu um 80% af þeim meðallaunum sem greidd eru hjá stofnuninni nú má gera ráð fyrir að tekjuaukning bæjarsjóðs yrði um 2,5 millj. kr. á ári. Hlutfallið mundi síðan væntanlega hækka á næstu árum eftir flutning stofnunarinnar. Að auki bætast við tekjur vegna útsvarsgreiðslna maka starfsmanna. Viðbótarkostnaður bæjarins vegna þjónustu við nýja íbúa, t.d. vegna grunnskóla og leikskóla, verður óverulegur. Ekki er því ólíklegt að bein tekjuaukning bæjarsjóðs Akraness af flutningnum verði um 1% af útsvarstekjum þegar fram líða stundir.

Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi munu Landmælingar Íslands verja um 70 millj. kr. til almenns reksturs og tækjakaupa. Því er ljóst að áhrif flutnings stofnunarinnar til Akraness á verslun og þjónustu í bænum verða umtalsverð þótt einungis hluti af umsvifum stofnunarinnar skilaði sér til fyrirtækja þar. Flutningurinn mun m.a. auka möguleika ýmissa sérhæfðra fyrirtækja á Akranesi, t.d. á sviði tölvu- og verkfræðiþjónustu, til að selja stofnuninni þjónustu sína. Þá mun flutningurinn almennt séð, eðli máls samkvæmt, auka aðra verslun og viðskipti og ýmsa þjónustustarfsemi í bæjarfélaginu.

Komi stærstur hluti starfsmanna sem starfa munu hjá Landmælingum í framtíðinni til með að búa á Akranesi eftir að stofnunin tekur þar til starfa má búast við að íbúafjölgun gæti orðið allnokkur og allt að 100 manns, sem er um 2% af íbúafjölda á Akranesi.

Þá hefur ákvörðun um flutning stofnunarinnar ásamt öðrum breytingum aukið mjög bjartsýni manna á Akranesi um að kyrrstöðutímabili í atvinnulífi þar sé lokið. Ljóst er að flutningurinn mun fjölga atvinnutækifærum í bænum og gefa kost á fjölbreyttari störfum. Enn má nefna að langskólagengnu fólki mun fjölga í bænum, en það býr yfir víðtækri þekkingu sem nýtast mun bæjarsamfélaginu á ýmsan hátt, m.a. í almennu félagsstarfi og menningarlífi svo eitthvað sé nefnt.

Ljóst er því að flutningur Landmælinga Íslands mun hafa víðtæk og veruleg jákvæð áhrif á þróun mannlífs á Akranesi.

212. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að jarðvegs- og gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins.

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að óhætt sé talið að mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, með hliðsjón af umsögnum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

3. gr.

Síðari málsgrein 40. gr. laganna orðast svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins ber ásamt Landgræðslu ríkisins að leita nýrra leiða við uppgræðslu lands og gera rökstuddar tillögur um plöntutegundir sem vænlegar gætu orðið til landgræðslu, enda falli þær að ákvæðum laga þessara um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda.

4. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslu ríkisins, eða öðrum aðilum, er heimilt að fjölga plöntum af þeim tegundum sem ákveðið hefur verið að nýta til landgræðslu á grundvelli laga þessara.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Líffræðistofnun Háskóla Íslands leggja mat á hvort einhverjar tegundir, sem nú eru notaðar til landgræðslu, falli ekki að alþjóðlegum skuldbindingum og lagaákvæðum um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúrulegra gróðurlenda og skila um það áliti til ráðherra fyrir árslok 1997. Landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra skulu fjalla sameiginlega um álitið og gefa út fyrirmæli til Landgræðslu ríkisins á grundvelli þess.

II.

Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um gróður- og jarðvegsvernd og landgræðslu fyrir árslok 1997.

Greinargerð.

Mikill og vaxandi áhugi er á gróðurvernd og landgræðslu hérlendis. Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er öðru fremur afleiðing búsetunnar. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því sviði þurfa að verða meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapa nýja möguleika sem hagnýta þarf skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við hana með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla og þekking getur einnig orðið að liði en aðlaga þarf þá reynslu að aðstæðum hér á landi. Mikið er um þessi efni fjallað erlendis, m.a. var þeim helgaður sérstakur kafli í árbók Worldwatch Institute 1996.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Það frumvarp sem hér er flutt um breytingu á lögum um landgræðslu snertir aðallega notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli að ræða. Markmiðið með frumvarpinu er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum.

Frumvarpið var lagt fram á 118. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var lagt fram aftur á 120. löggjafarþingi og er nú endurflutt með nokkrum breytingum sem gerðar eru í ljósi umsagna sem bárust landbúnaðarnefnd. Meðal annars hefur verið gerð breyting á 2. gr. með hliðsjón af umsögn umhverfisnefndar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Mat á því hvort óhætt sé talið at taka innflutta tegund til notkunar í landgræðslu er sett í hendur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að fengnum umsögnum tiltekinna aðila. Með þessu er m.a. komið til móts við athugasemdir umhverfisnefndar, sem ekki taldi rétt að einstakir umsagnaraðilar hefðu neitunarvald. Að öðru leyti lýsti umhverfisnefnd sig hlynnta því að settar yrðu reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu og tók undir með flutningsmönnum um að mikilvægt sé að notkun innfluttra plantna við landgræðslu falli að stefnumörkun um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um líffræðilega fjölbreytni (sjá fylgiskjal III). Þá er Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands bætt við sem umsagnaraðilum.

Alþjóðasamningur um líffræðilega fjölbreytni var gerður á vegum Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) og lagður fram til undirritunar á Ríó-ráðstefnunni í júní 1992. Alþingi heimilaði fullgildingu hans með þingsályktun 6. maí 1994. Ýmis ákvæði í samningnum varða efni þessa frumvarps og er þau m.a. að finna í 6.–9. gr. hans. Í 8. gr. samningsins er fjallað um vernd upprunalegs umhverfis og segir þar m.a.: „Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær.“

Álit starfshóps um umhverfismál og landbúnað.

Í áliti starfshóps um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði, sem skilaði í maí 1994 skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir, segir m.a. í kafla um innflutning plantna:

„Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins. ... Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig."

Í starfshópnum áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka; formaður hans var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbúnaðarráðuneyti. Í tillögum hópsins um aðgerðir segir m.a.:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Þessi kafli úr áliti starfshópsins er birtur í heild sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Á umhverfisþingi sem haldið var í Reykjavík 8.–9. nóvember 1996 var fjallað um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og framkvæmdaáætlun til aldamóta. Þar segir í kafla um innflutning plantna í kafla um landbúnað:

„Settar verði reglur um notkun á innfluttum tegundum. Þar verði tilgreint við hvaða aðstæður notkun þeirra eigi við og metnar afleiðingar þess að dreifa þeim á svæðum þar sem þær teljast ekki eiga heima."

Skaðleg röskun vegna innflutnings tegunda.

Í erindum sem flutt voru á ráðstefnu um innflutning plantna, sem Líffræðifélag Íslands, Landgræðsla ríkisins og fleiri stofnanir efndu til 21. mars 1994, kom fram margvíslegur fróðleikur um þetta efni. Auk margra innlendra fyrirlesara flutti bandarískur prófessor, Richard N. Mack frá Washington State University, erindi um innflutning plantna til Bandaríkjanna og fleiri landa. Hann rakti dæmi um reynslu af slíkum innflutningi og tilgreindi margar tegundir í því sambandi. Ályktunarorð hans voru að reynslan af slíkum innflutningi sýni ljóslega að vandlega þurfi að meta hugsanlegar neikvæðar afleiðingar, ekki síður en jákvæðar, af sérhverri framandi plöntutegund áður en hún er tekin í notkun.

Hér verða nefnd örfá dæmi af mörgum um að innflutningur og dreifing aðfluttra plöntutegunda geti haft meiri háttar áhrif á umhverfið:

— Trjátegundin Myrica faya á Hawaii, en hún bindur köfnunarefni líkt og lúpína.
— Runninn Mimosa pigra af belgjurtaætt, en hann barst frá Mið-Ameríku til Ástralíu og hefur frá 1950 breiðst út á flóða- og votlendissvæðum í norðanverðri Ástralíu.
— Jurtin Heracleum mantagazzianum af sveipjurtaætt sem á heimkynni í vestanverðu Kákasus en hefur borist til margra Evrópulanda og veldur þar miklum vandræðum, meðal annars í Svíþjóð.
— Jurtin Lythrum salicaria sem barst til Norður-Ameríku snemma á 19. öld og hefur síðan breiðst út um stór landsvæði þar sem hún leggur undir sig votlendi. Innflutningur hennar og dreifing er nú bönnuð í 13 ríkjum Bandaríkjanna.

— Eucalyptus-tré í Tælandi sem flutt var þangað frá Ástralíu til nota sem hráefni í pappírsiðnaði. Tegundin er mjög hraðvaxta, frek til vatns og kæfir meginhluta undirgróðurs.
— Runnar og jurtir sem flutt hafa verið til Nýja-Sjálands, svo sem Ulex europeus, Cytisus scoparius og Hieracium pilosella, en aðstæðum á Nýja-Sjálandi svipar um sumt til þess sem er hér á landi vegna mikilla beitaráhrifa.

Innfluttar tegundir á Íslandi — áhrif alaskalúpínu.

Sem dæmi um innfluttar tegundir hérlendis sem dreifa sér hratt og vaxa þétt og geta kæft annan gróður má nefna alaskalúpínu (Lupinus nootkatensis), spánarkerfil (Myrrhis odorata) og skógarkerfil (Anthriscus sylvestris).

Hér á landi hefur mest umræða og deilur orðið um alaskalúpínu og notkun hennar til landgræðslu. Tegundin var flutt hingað til lands frá Alaska árið 1946 og var fyrst í stað dreift á nokkrum skógræktarsvæðum. Plantan er afar öflug og bindur köfnunarefni úr lofti með aðstoð rótargerla. Nú er hana að finna víða á landinu og Landgræðsla ríkisins hefur hafið fjölgun á henni í stórum stíl til nota í landgræðslu (sjá fylgiskjal II, greinargerð frá Náttúruverndarráði um vistfræði lúpínu og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi).

Rannsóknir á vistfræði og útbreiðsluháttum alaskalúpínu á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (Borgþór Magnússon o.fl.) hafa m.a. leitt í ljós að hún breiðist ekki aðeins út á bersvæði heldur einnig á grónu landi (mosaþembum, mólendi, blómlendi, snjódældum og hraunum). Í erindi á fyrrgreindri ráðstefnu Líffræðifélags Íslands um innflutning plantna sagði Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur m.a.:

„Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mjög breytileg. Á Suðurlandi ber víða á mosum, vallarsveifgrasi, blásveifgrasi og túnvingli. Plöntutegundunum fækkar yfirleitt til muna þar sem lúpínan breiðist yfir land, einkanlega ef um gróið land er að ræða.

Óvíða sjást merki um að lúpínan hafi hörfað af landi en víða hefur hún gisnað talsvert. Dæmi um algjöra hörfun eru aðeins af litlum blettum á þremur til fjórum stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn í miklum þrótti eftir 40 ár. Eindregnust merki um gisnun eru frá þurrum svæðum í innsveitum á Norðurlandi. Fræforði er talsverður í jarðvegi í gömlum lúpínubreiðum. Gera má ráð fyrir að lúpínan verði víða viðvarandi í gróðri."

Á Kvískerjum í Öræfum var alaskalúpína sett niður í brekku við bæinn sumarið 1954 og hafa Kvískerjabræður fylgst náið með útbreiðslu hennar síðan. Um plöntuna segir Hálfdán Björnsson í viðtali við DV 19. júlí 1995:

„Ég held mikið upp á lúpínu þar sem hún má vera en hins vegar er ég alveg í vandræðum með hana þar sem hún má ekki vera og fer út fyrir. Hún er ákaflega gjörn á að fara um allt með vatni og jafnvel vindum.

Þetta er alveg ódrepandi jurt þar sem hún nær fótfestu og ég held að menn átti sig ekki alltaf á því að lúpínan útrýmir öðrum jurtum og getur verið stór skaðvaldur. Og það er mjög varasamt að planta henni innan um annan gróður þar sem fé nær ekki til.

Ýmsum sögum fer reyndar af því hvernig jurtin fer í sauðfé en sjálfur hef ég orðið var við að rollur hafi orðið „drukknar" eftir að hafa étið lúpínur. Sauðfénaðurinn náði þó alveg að jafna sig eftir „drykkjuna" en rollurnar eru ekki síst hrifnar af ungplöntum.

Ég er ekki frá því að Landgræðslan hafi litið á lúpínur sem patentlausn en jurtin má vissulega vera í friði á ákveðnum svæðum eins og á Mýrdalssandi þar sem er lítill manngróður. Þar getur hún átt rétt á sér.

Það þarf hins vegar að passa vel upp á lúpínur og að þær renni ekki út um allt. Hún hefur breiðst mjög mikið út hin seinni ár og er enn þá að breiðast út. Það vantar t.d. að hafa varanlegar leiðbeiningar með fræjunum þegar þau eru seld en plantan er mjög öflug og hún er í engum vandræðum með að breiðast út um allt."

Hörður Kristinsson grasafræðingur sagði m.a. um alaskalúpínu á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1994:

„Það er tegund sem við verðum að læra að umgangast með varúð. Svo ágæt sem hún er til að græða sanda og mela og bæta rýran jarðveg, þá er hún jafnframt mjög hættuleg íslenskum gróðurlendum, ef hún fær lausan tauminn. Þar sem hún sáir sér í gróðurlendi eyðir hún flestum þeim tegundum sem fyrir eru. Það er því ófyrirgefanlegt kæruleysi, þegar verið er að hvetja almenning til þess að dreifa lúpínu sem víðast um gróðurlendi Íslands."

Vandamál vegna lúpínu eru þekkt víðar en hér á landi. Önnur lúpínutegund, Lupinus arboreus, hefur breiðst hratt út í framandi umhverfi, svo sem á strandsvæðum við Humboldt Bay í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Á Nýja-Sjálandi hefur Russel-lúpína (lupinus polyphyllus) tekið að breiðast ört út undanfarna áratugi og er hún sumsstaðar talin ógna sérstæðu lífríki í þjóðgörðum og á verndarsvæðum, þar sem gripið hefur verið til aðgerða til að hefta útbreiðslu hennar.

Hér er ekki lagt til að notkun lúpínu til landgræðslu verði bönnuð fyrir fullt og allt, heldur að notkun hennar verði endurmetin og mörkuð um það stefna við hvaða aðstæður forsvaranlegt sé að nýta hana. Jafnframt verði ráðist í frekari rannsóknir er varða vistfræði hennar og áhrif á umhverfið.

Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, felur í sér breytingu á þremur greinum núgildandi laga um landgræðslu auk þess sem bætt er við nýju ákvæði um notkun innfluttra plöntutegunda í landgræðslu.

Ákvæði til bráðabirgða eru tvíþætt. Hið fyrra varðar mat á þeim tegundum sem nú eru notaðar til landgræðslu, það síðara gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að endurskoða í heild lög nr. 17/1965, um landgræðslu.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að jarðvegsvernd og gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Við mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði er m.a. æskilegt:

— að samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs,
— að gera vistfræðileg og siðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu,
— að hafa að leiðarljósi ákvæði alþjóðasáttmála, m.a. um baráttu gegn eyðimerkurmyndun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni,
— að tengja ákvæði löggjafar um jarðvegs- og gróðurvernd ásamt landgræðslu við aðra umhverfislöggjöf, m.a. lög um skipulagsmál og lög um náttúruvernd,
— að festa í sessi ákvæði um að landnotandi beri ábyrgð á meðferð og ástandi lands og að eftirlit á þessu sviði verði vel skilgreint og gert virkt.

Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig þannig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður til viðbótar bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

— Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.
— Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
— Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skyld málefni.
— Menntunarkröfur til starfsmanna.
— Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
— Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
— Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landnotkunar.
— Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
— Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
— Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.
— Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
— Tengsl við rannsóknaraðila.
— Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
— Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
— Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á markmiðsgrein laganna, 1. gr.

Meginefnisbreyting sem lögð er til í fyrri málsgrein greinarinnar er að bætt er við þriðja markmiðinu; að stuðla skuli að jarðvegs- og gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum verði að hlúa að þeim jarðvegi og gróðri sem fyrir er og vernda gegn ofnýtingu. Þá er lagt til að uppsetningu greinarinnar verði breytt og að í stað orðanna „eydd“ og „vangróin“, sem þykja óljós og of matskennd, komi orðin „örfoka“ og „lítt gróið“ en þau þykja lýsa betur því ástandi sem réttlætir beinar landgræðsluaðgerðir.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni (samningurinn öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994) með eftirfarandi orðum: „... þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er“. Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, sbr. m.a. samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að á eftir 5. gr. laganna komi ný grein þar sem kveðið er á um skilyrði þess að innflutt plöntutegund verði tekin til notkunar í landgræðslu hér á landi. Þetta ákvæði er í samræmi við breytingar sem lagt er til að gerðar verði á markmiðsgrein laganna. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er falið að meta hvort óhætt sé að taka innflutt-

ar plöntutegundir til notkunar í landgræðslu, og þá með hliðsjón af umsögnum tiltekinna rannsóknastofnana og stjórnsýsluaðila á sviði náttúruverndar. Meðal annars er talið mikilvægt að Náttúruvernd ríkisins, sem gegnir lögbundnu hlutverki á sviði gróðurverndar og fer m.a. með yfirstjórn friðlýstra svæða og þjóðgarða hér á landi, fjalli um þessi mál áður en ákvarðanir eru teknar. Þá er einnig lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins geti átt frumkvæði að því að gerðar verði rannsóknir áður en tekin er ákvörðun um að taka til notkunar í landgræðslu nýjar plöntutegundir. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra frekari reglur um framkvæmd þessara ákvæða.

Um 3. gr.

Lagt er til að síðari málsgrein 40. gr. laganna, sem fjallar um rannsóknir, verði breytt á þann veg að Rannsóknastofnun landbúnaðarins komi, auk Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins, að athugunum á nýjum leiðum við uppgræðslu lands og plöntutegundum til landgræðslu. Eðlilegt er að nýta í þessu skyni þá þekkingu og aðstöðu sem Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins býr yfir.

Um 4. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 41. gr. laganna, eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að fleiri en Landgræðslu ríkisins verði heimilað að annast fjölgun plantna sem ákveðið hefur verið að taka til landgræðslu. Er talið eðlilegt að fleiri en Landgræðslan geti stundað þá starfsemi. Þá er lagt til að landbúnaðarráðherra setji að höfðu samráði við umhverfisráðherra reglur þar sem kveðið er á um framkvæmd, m.a. um þau skilyrði sem viðkomandi aðilar þurfa að uppfylla og eftirlit með starfsemi þeirra.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringu vísast til greinargerðar með frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Starfshópur um framkvæmdaáætlun í umhverfismálum og landbúnaði:

Úr skýrslu til umhverfisráðherra um ástand, markmið og leiðir.

(Maí 1994.)

Skipun starfshóps.

Með bréfi, dags. 14. september 1993, skipaði umhverfisráðherra starfshóp sem skyldi hafa það hlutverk að skilgreina sjálfbæra þróun í landbúnaði og setja honum markmið til lengri og skemmri tíma. Jafnframt átti hópurinn að vinna framkvæmdaáætlun í umhverfis- og þróunarmálum til aldamóta sem miði að því að ná settum markmiðum. Eftirtaldir aðilar sátu í hópnum:

Fulltrúi	*Tilnefndur af*
Sveinbjörn Eyjólfsson, formaður	landbúnaðarráðuneyti
Andrés Arnalds	Landgræðslu ríkisins
Árni R. Árnason	Alþingi/landbúnaðarnefnd
Árni Bragason	Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins
Árni Ísaksson	Veiðimálastofnun
Árni M. Mathiesen	Alþingi/umhverfisnefnd
Baldvin Jónsson	Lífi og landi
Brynjólfur Jónsson	Skógræktarfélagi Íslands
Guðrún A. Jónsdóttir	Náttúrverndarráði
Halldór Þorgeirsson	RALA
Hjörleifur Guttormsson	Alþingi/umhverfisnefnd
Hreggviður Norðdahl	Landvernd
Jóhannes Geir Sigurgeirsson	Alþingi/landbúnaðarnefnd
Lísa Thomsen	Kvenfélagasambandi Íslands
Magnús B. Jónsson	Bændaskólanum Hvanneyri
Ólafur R. Dýrmundsson	Búnaðarfélagi Íslands
Páll Hersteinsson	veiðistjóraembætti
Þórir Ibsen	umhverfisráðuneyti
Þórólfur Sveinsson	Stéttarsambandi bænda

Starfsmaður hópsins var Guðlaugur Gauti Jónsson, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Innflutningur plantna.

Fjöldi tegunda hefur verið fluttur til landsins á þessari öld til notkunar í túnrækt, garðrækt, skógrækt og landgræðslu. Skógrækt byggir að töluverðu leyti á notkun innfluttra tegunda auk þess sem innfluttar tegundir eru uppistaðan í garðrækt. Aukin sumarhúsaeign hefur aukið til muna hættuna á því að innfluttar tegundir breiðist út frá görðum.

Enn sem komið er hafa innfluttar tegundir valdið lítilli röskun á íslenskum gróðurlendum en mörg dæmi eru um að slíkar tegundir séu að breiðast út. Gildandi löggjöf um innflutning plantna tekur ekki til eftirlits og varúðarráðstafana vegna hugsanlegrar ógnunar við vistkerfi landsins.

Með vistfræðilegum rannóknum er hægt að afla vísbendinga um hvort innflutningur og notkun tegundar er æskileg, en afstaða til notkunar á innfluttum tegundum byggist að hluta til á fagurfræðilegum sjónarmiðum sem gerir hlutlægt mat á faglegum grunni erfiðara.

Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar „Á leið til sjálfbærrar þróunar“ er varað við hættu sem steðji að íslensku flórunni vegna erfðablöndunar við innfluttar tegundir. Fátítt er að til landsins sé flutt fræ af tegundum sem náskyldar eru innlendum tegundum eða af staðbrigðum tegunda sem fyrir eru í landinu og er erfðablöndun því ólíkleg. Áhyggjuefnið er fremur það að tegund, sem er eðlilegur hluti af vistkerfi upprunalandsins, geti orðið ríkjandi hér á landi og rutt úr vegi innlendum gróðri.

Umræða um notkun á innfluttum tegundum og varúðarráðstafanir þeirra vegna þarf að vera þáttur í gerð landgræðslu- og skógræktaráætlana sem vinna á fyrir opnum tjöldum. Í slíkum áætlunum þarf að taka afstöðu til einstakra tegunda með hliðsjón af þeim markmiðum sem stefnt er að á hverju svæði fyrir sig.

Markmið.

Hugsanlegir kostir innfluttra tegunda verði nýttir ef tryggt er að plönturnar skaði ekki íslenskt gróðurlendi eða hafi neikvæð áhrif á ásýnd landsins.

Aðgerðir:

1. Vistfræðirannsóknir á íslenskum gróðurlendum verði efldar.
2. Eiginleikar innfluttra tegunda og tegunda sem til stendur að flytja inn verði rannsakaðir með tilliti til dreifingarleiða, dreifingarhraða, samkeppnishæfni og aðlögunar að íslenskum vaxtarskilyrðum.
3. Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. Tryggt verði að slíkur innflutningur leiði ekki til þess að sjúkdómar eða meindýr berist til landsins.
4. Settar verði reglur um notkun á innflutttum tegundum. Þar verði tilgreint við hvaða aðstæður notkun þeirra eigi við og bent á afleiðingar þess að dreifa þeim á svæðum þar sem þær eiga ekki heima, svo sem í þjóðgörðum.
5. Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkt Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst.

Fylgiskjal II.

Náttúruverndarráð:

Greinargerð um vistfræði lúpínu (*Lupinus nootkatensis*) og notkun hennar í landgræðslu á Íslandi.

(Febrúar 1995.)

Almenn vistfræði lúpínu.

Upprunaleg heimkynni alaskalúpínunnar (Lupinus nootkatensis) (hér eftir verður lúpína notað um tegundina) eru strendur og eyjar í Alaska og Bresku Kólumbíu (Dunn & Gillet 1966) en hún hefur verið flutt inn til nokkurra landa þannig að útbreiðsla hennar í heiminum er nú mun víðari. Í náttúrulegum heimkynnum vex hún einkum í fjörukömbum, á áreyrum og í skriðum. Hún er fjölær allstórvaxin a.m.k. miðað við íslenskan gróður og verður í heimkynnum sínum 0,4–1 m að hæð. Hún breiðist einkum út þar sem köfnunarefnisinnihald í jarðvegi er lágt og verður oft ríkjandi á röskuðum svæðum (Dunn & Gillet 1966). Blómgun og fræframleiðsla hennar er venjulega mikil og hún dreifist nær eingöngu með fræjum.

Lúpínan eins og aðrar belgjurtir bindur nitur úr andrúmsloftinu. Hvorki dýr né venjulegar plöntur geta bundið nitur en belgjurtirnar hafa hins vegar rótarhnýði þar sem þær hafa innlimað niturbindandi bakteríur. Plantan sér bakteríunum fyrir öllum lífsnauðsynjum en fær í staðinn nitur sem hún getur notað til vaxtar og uppbyggingar. Bakteríur þessar má kalla einu nafni rótarhnýðisbakteríur og eru flestar af ættkvíslinni Rhizobium. Venjulega fylgir ákveðin bakteríutegund hverri belgjurtartegund. Nauðsynlegt er að smita jarðveg með viðeigandi rótarhnýðisbakteríu þar sem belgjurt er sáð til að plönturnar dafni. Þegar niturbindandi tegundir hafa náð að festa rætur á ákveðnu svæði eykst frjósemi jarðvegs svo lengi sem þær vaxa þar. Lúpínan getur þannig aukið verulega frjósemi næringarsnauðs jarðvegs á fáum árum og ýmsar tegundir lúpínu eru notaðar í landbúnaði víða um lönd til að bæta jarðveg. Sumar tegundir lúpínu þar á meðal alaskalúpínan framleiða efni sem eru eitruð fyrir beitardýr, svokallað beiskjuefni (eða alkalóiða), þannig að hún nýtist illa sem beitarjurt. Magn beiskjuefna er meira í fræjum en blöðum og er því lúpínan helst bitin snemma sumars.

Ýmsar tegundir lúpínu hafa einnig talsvert verið notaðar sem skrautjurtir vegna ríkulegrar blómgunar og fagurra blóma.

Rannsóknir á lúpínu á Íslandi.

Rannsóknir á vistfræði lúpínunnar hérlendis hafa staðið frá 1987 á vegum umhverfisdeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins (RALA). Rannsóknir hafa farið fram á 15 stöðum á landinu austan frá Kvískerjum í Öræfum, vestur um og norður allt til Ássands í Kelduhverfi. Mikill munur er á rannsóknarstöðum. Á þeim hefur lúpínan vaxið í 15 til 40 ár, ársúrkoma er mismunandi á stöðunum og einnig meðalárshiti og jarðvegur. Gróðurlendi í nágrenni lúpínubreiðanna eru ýmist bersvæði með strjálingsgróðri, hálf- til algrónar mosaþembur, gras- og blómlendi, lyngivaxnir móar og brekkur eða kjarr- og skóglendi (Borgþór Magnússon o.fl. 1994).

Möguleikar til útbreiðslu.

Lúpínan dreifist nær eingöngu með sjálfsáningu. Fræframleiðsla er mikil (200–1.000 fræ m^2). Fræin eru stór og falla skammt frá móðurplöntunni. Kímplöntur vaxa því upp í nágrenni móðurplöntu og myndast þannig þéttar breiður. Spírunarhæfni fræja er góð og kímplantan öflug. Hún myndar fljótt rótarhnýði, hefur niturnám og nær að mynda talsverðan stöngul (um 10 cm háan) strax á fyrsta hausti (Borgþór Magnússon 1994).

Borgþór Magnússon (1994) hefur einnig fundið að hraður vöxtur á fyrsta ári styrkir plöntuna í samkeppni við annan gróður. Á öðru hausti hefur lúpínan myndað 2–4 stöngla, náð meira en 30 cm hæð og er þar með orðin hávaxnari en flestar aðrar tegundir sem með henni vaxa. Lúpínuplönturnar virðast ná fullri stærð á 5–6 árum. Við góð skilyrði getur lúpínan orðið 110–120 cm á hæð og hver planta getur myndað yfir 100 stöngla. Blómgun og fræmyndun hefst venjulega á þriðja ári og er fræmyndun síðan árleg. Öflug og djúpstæð rót eykur þol hennar gegn frostlyftingu. Lúpínan á því gott með að komast á legg á bersvæði, en einnig innan um lágvaxinn eða gisinn gróður.

Lúpínan virðist standa sig vel í samkeppni við lágvaxinn íslenskan gróður og er samkeppnisþróttur hennar auk hæfileikans til niturbindingar, trúlega aðallega fólgin í stærð hennar og þar með yfirburðum í samkeppni um ljósið.

Lúpínan getur breiðst út á bersvæði, svo sem melum, áraurum og eyrum, skriðum og flögum, og í grónu landi t.d. mosaþembum, mólendi, snjódældum, og hraunum. Sauðfjárbeit takmarkar útbreiðslu hennar, en á friðuðu landi getur lúpínan breiðst yfir mjög stór landflæmi á tiltölulega skömmum tíma (Borgþór Magnússon 1993). Á Norðurlandi er svarðlag í grónu landi yfirleitt gisnara en sunnanlands þar sem úrkoma er meiri. Af þessum sökum virðist lúpínan eiga auðveldara með að breiðast út í grónu landi fyrir norðan (Borgþór Magnússon o.fl. 1994).

Framvinda í lúpínubreiðum.

Þar sem lúpínan nær að breiðast út myndar hún samfelldar breiður, lokar landi á fáum árum og hefur tilhneigingu til að vera einráð í gróðurfari. Tegundum fækkar yfirleitt þar sem lúpínan fer yfir gróið land (Borgþór Magnússon 1993).

Gróðurframvinda í lúpínubreiðum er mismunandi frá einum stað til annars. Á Suðurlandi ber víða á mosum, blásveifgrasi, vallarsveifgrasi og hvönn í gömlum breiðum en Norðanlands fremur á blásveifgrasi og og túnvingli. Almennt virðast vaxtarskilyrði betri fyrir lúpínu sunnanlands en norðan, sennilega vegna meiri úrkomu þar. Fyrir sunnan verður lúpínan hávaxnari, breiðurnar þéttari og hún virðist breiðast út með meiri hraða. Í innsveitum norðanlands er lúpínan víða lágvaxin og gisin á berangri en virðist á hinn bóginn dafna betur þar sem hún breiðist inn á gróið land með móajarðvegi (Borgþór Magnússon o.fl. 1994).

Óvíða sjást merki þess að lúpínan hafi hörfað algerlega en víða hefur hún gisnað talsvert. Á Norðurlandi fara lúpínubreiður oft að gisna eftir 10–15 ár. Dæmi um algjöra hörfun úr gróðurlendi eru aðeins á litlum blettum á 3–4 stöðum. Í Múlakoti í Fljótshlíð er lúpínan enn þróttmikil eftir 40 ár og sömu sögu er að segja um Kvísker í Öræfum þar sem hún hefur vaxið nær jafnlengi. Þar sem lúpínan hörfar kemur graslendi í staðinn (Borgþór Magnússon 1994, Borgþór Magnússon o.fl.1994).

Fræforði.

Fræforði alaskalúpínu hefur verið rannsakaður lítillega hér á landi (Bjarni D. Sigurðsson 1994). Í ljós kom að lúpínan myndar fræforða í jarðvegi. Í Heiðmörk voru að meðaltali 1.350 spírunarhæf fræ á m^2 í jarðvegi í 5–10 ára gömlum lúpínubreiðum, en í þeim breiðum var lúpínan nálægt hámarksþéttleika.

Á svæði í Heiðmörk þar sem lúpínan hafði horfið fyrir fimm árum eða meira var fjöldi spírunarhæfra fræja enn helmingur af því sem var í breiðum með hámarksþéttleika. Einnig kom í ljós að lúpínuplöntur voru enn að koma upp á svæði þar sem ekki höfðu myndast fræ síðustu 15 árin og trúlega voru flest fræ frá upprunalegri sáningu fyrir 25 árum. Þetta gefur hugmynd um mögulega líflengd fræjanna þ.e. 15–25 ár en hún gæti verið mun meiri. Það að þéttleiki spírunarhæfra fræja á svæði þar sem enginn fræ hafa fallið í fimm ár er helmingur af því sem er í lúpínubreiðum þar sem hámarksfjöldi fræja fellur ár hvert, bendir einnig til langlífis fræja (Bjarni D. Sigurðsson 1994).

Athyglisvert er að 100% spírun var hjá fræjum af svæði þar sem lúpínan hopaði fyrir fimm árum. Þetta bendir til þess að fræin haldi spírunarhæfni sinni lengi. Lengsta skráða líflengd fræja er á fræjum hjá tegundinni L. arcticus sem er náskyld lúpínunni (L. nootkatensis). Geislakolsmæling á leifum frá fundarstað fræjanna benti til að þau væru 10.000 ára gömul Porsild o.fl. 1967).

Almennt eru rannsóknir á fræforða fremur fáar og þýðing hans því ekki fullljós. Talið er að vistfræðilegt gildi fræforða sé fólgið í því að hann gerir tegundina hæfari til að lifa af óhagstæð tímabil (óhagstæða veðráttu, beit o.s.frv.) (Thompson & Grime 1979). Tegundir sem verða algengar eftir rask geta viðhaldist þótt þær hverfi af yfirborði því að fræ bíða í jörðu eftir næsta raski og bent hefur verið á að einmitt á þennan hátt viðhaldist lúpínutegundir í vistkerfum (O'Leary 1982). Þannig eru gild rök fyrir því að ekki sé hægt að lýsa plöntusamfélagi á ákveðnum stað fyllilega með þeim tegundum sem sjáanlegar eru á yfirborði á hverri stundu, heldur verði einnig að reikna með tegundir í fræforða. Það verður því að telja líklegt út frá þessari forsendu að lúpínan hafi hvergi hörfað að fullu hérlendis úr gróðurlendum þar sem hún hefur vaxið.

Umfang notkunar lúpínu til landgræðslu.

Ekki eru haldbærar tæmandi upplýsingar um notkun lúpínu til landgræðslu eða í skógrækt. Hér verður gerð grein fyrir umfangi notkunar lúpínu á vegum Landgræðslu ríkisins síðustu árin sem byggð er á upplýsingum frá Landgræðslunni (Landgræðsla ríkisins, september 1994, óbirtar upplýsingar). Árið 1986 hóf Landgræðsla ríkisins ræktun á lúpínu í stórum stíl til frætekju. Fyrir þann tíma hafði lúpínu einungis verið dreift á tiltölulega lítil svæði á vegum Landgræðslunnar. Skógrækt ríkisins hefur einnig notað lúpínu á svæðum sínum lengi.

Ekki liggur fyrir hve miklu af lúpínu var sáð fyrir 1990. Það ár var hins vegar alls sáð í um 80 ha, mest í Gunnarsholti. Ekki er tiltæk nánari sundurgreining á sáningarsvæðum það ár.

Fram að 1991 voru raðsáningavélar ekki notaðar nema við sáningu í fræakra í Gunnarsholti. Raðsáning lúpínu til landgræðslu hófst árið 1991. Þá var lúpínu alls sáð á 26 svæðum á vegum Landgræðslu ríkisins. Stærð einstakra svæða var mjög misjöfn eða frá minna en 0,5 ha til rúmlega 40 ha. Stærsta svæðið var á Geldingalækjarsandi í Rangárvallasýslu en sáningarstaðir voru dreifðir um Suður- og Norðurland. Alls var sáð í 156,5 ha 1991 og mest í Rangárvallasýslu (tafla 1).

Tafla 1. Flatarmál lúpínusáninga á vegum Landgræðslu ríkisins 1991 eftir sýslum.

Sýsla	*Flatarmál (ha)*
Húnavatnssýsla	45,5
Skagafjarðarsýsla	3,9
Eyjafjarðarsýsla	2
Suður-Þingeyjarsýsla	21,7
Norður-Þingeyjarsýsla	18,4
Rangárvallasýsla	65
Samtals	**156,5**

Sáningarstaðir voru 38 árið 1992, frá u.þ.b. 1 ha til 65 ha að stærð. Stærsta svæðið var í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu. Alls var sáð í um 638 ha á Suður-, Vestur- og Norðurlandi. Mest var sáð í Rangárvallasýslu en einnig var miklu sáð í Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu (tafla 2).

Tafla 2. Flatarmál lúpínusáninga á vegum Landgræðslu ríkisins 1992 eftir sýslum.

Sýsla	*Flatarmál (ha)*
Kjósarsýsla	2,5
Borgarfjarðarsýsla	16,5
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	20,6
Húnavatnssýsla	37,1
Skagafjarðarsýsla	2,4
Suður-Þingeyjarsýsla	62
Norður-Þingeyjarsýsla	88,5
Vestur-Skaftafellssýsla (28 ha til fræframleiðslu)	93
Rangárvallasýsla (til fræframleiðslu)	276,5
Árnessýsla	38,4
Samtals	**637,8**

Árið 1993 var lúpínu sáð á 29 stöðum. Stærð einstakra svæða var á bilinu tæplega 2 ha til u.þ.b. 80 ha. Stærsta svæðið var á Ássandi í Norður-Þingeyjarsýslu en sáningarstaðir voru víða um Suður- og Norðurland. Alls var sáð í um 524 ha 1993 og mest í Norður-Þingeyjarsýslu og Rangárvallasýslu (tafla 3).

Tafla 3. Flatarmál lúpínusáninga á vegum Landgræðslu ríkisins 1993 eftir sýslum.

Sýsla	*Flatarmál (ha)*
Húnavatnssýsla	40,2
Suður-Þingeyjarsýsla	40,6
Norður-Þingeyjarsýsla	149,1
Vestur-Skaftafellssýsla (til fræframleiðslu)	28,2
Rangárvallasýsla (147,5 ha til fræframleiðslu)	218,5
Árnessýsla	47,5
Samtals	**524,4**

Árið 1994 var lúpínu alls sáð í 1.004,2 ha á landinu og var stærsta sáningarsvæðið þá á Hólasandi í Suður-Þingeyjarsýslu, um 362 ha.

Ofangreindar sáningar eru þær sem Landgræðsla ríkisins sáði sjálf, eða landgræðslubændur á vegum hennar, en hlutur landgræðslubænda var 63,8 ha 1991, 39,9 ha 1992 og 117,6 ha 1993. Auk þess hafa einstaklingar fengið lúpínufræ og sáð því, en það er ekki skráð.

Enn fremur má geta þess að fyrir utan fræsáningu 1993 var um 3.000 plöntum af lúpínu plantað á Haukadalsheiði og við Þorlákshöfn á vegum Landgræðslu ríkisins.

Af þessum tölum er ljóst að mest hefur verið sáð af lúpínu til landgræðslu á Suðurlandi og um austanvert Norðurland en á þeim svæðum eru vandamál vegna jarðvegseyðingar og uppblásturs umfangsmest.

Hér er ekki tekið tillit til þess hvernig sáningar hafa heppnast einungis er tíundaður fjöldi hektara sem sáð hefur verið í en svo virðist sem nokkuð af sáningum 1991 og 1992 hafi misfarist (óbirtar upplýsingar frá Landgræðslu ríkisins).

Tegundir til landgræðslu.

Gróður- og jarðvegseyðing er mjög alvarlegt vandamál hér á landi. Það er því mikilvægt að finna hagkvæmar og fljótvirkar leiðir til að vinna gegn þessu vanda. Að eiga kost á hentugum tegundum til landgræðslu skiptir því verulegu máli. Tegundir til landgræðslu þurfa að vera ódýrar og auðveldar í notkun, því er mikill kostur að nota tegundir sem komast af án áburðar. Fræöflun verður að vera trygg og ódýr. Nauðsynlegt er að slíkar plöntur séu sannir frumherjar, þ.e. hverfi úr gróðursamfélaginu eftir að hafa bætt vaxtarskilyrði nægilega til að aðrar plöntur geti dafnað. Að öðrum kosti er hætt við að þær verði of ríkjandi í vistkerfinu (Andrés Arnalds 1988).

Lúpínan virðist uppfylla þessi skilyrði nema það síðast talda. Af rannsóknum á vistfræði lúpínunnar hérlendis er ekki hægt að draga þá ályktun að lúpínan hagi sér hér sem frumherji í framvindu gróðursamfélaga.

Ef litið er til annarra tegunda, sem notaðar eru í landgræðslu, svo sem ýmissa grastegunda þá hafa þær þann ókost út frá hagkvæmnissjónarmiði að nota þarf áburð til að hjálpa þeim á legg í næringarsnauðum jarðvegi. Oftast þarf áburðargjöf í nokkur ár en það leiðir til hærri stofnkostnaðar við uppgræðslu en ef um niturbindandi tegundir er að ræða.

Íslensku belgjurtirnar umfeðmingur (Vicia cracca), baunagras (Lathyrus maritimus), gullkollur (Anthyllis vulneraria), fuglaertur (Lathyrus pratensis), giljaflækja (Vicia sepium) og hvítsmári (Trifolium repens) hafa verið lítillega rannsakaðar sem hugsanlegar landgræðsluplöntur. Þær eru allar lágvaxnar miðað við lúpínu og verða ekki áberandi í gróðurfari á sama hátt og hún.

Ekki er vitað hve niturbinding er mikil hjá umfeðmingi, baunagrasi, gullkolli og fuglaertum. Þessar tegundir þola illa beit nema fuglaertur sem þola talsverða beit (Jón Guðmundsson 1994). Hjá hvítsmára er niturbinding líklega eins mikil og hjá lúpínu (Jón Guðmundsson 1989). Hins vegar eru einstakir hlutar hvítsmáraplöntu skammlífari en hjá lúpínu og er því líklegt að aðrar plöntur njóti fyrr góðs af niturbindingu hans. Fræframleiðsla er lítil hjá hvítsmára og hann breiðist aðallega út með jarðrenglum. Nægilegt er að planta örsmárri torfu af hvítsmára til að koma honum til en hann getur breiðst út um 5–15 cm á ári. Hann er sú belgjurtanna sem einna best þolir beit (Jón Guðmundsson 1989, Jón Guðmundsson 1994).

Nokkrum vandkvæðum virðist bundið að fjölga umfeðmingi, baunagrasi og fuglaertum með fræjum en gullkollur og giljaflækja mynda fræ. Baungrasið þrífst vel á foksvæðum og gullkollurinn breiðist hratt út á melum friðaðs lands.

Notkun íslenskra tegunda til uppgræðslu hefur verið lítill gaumur gefinn ef undan er skilið melgresið sem er besta tegundin sem hingað til hefur verið völ á við heftingu sandfoks (Ása L. Aradóttir 1994). Ýmsar aðrar tegundir, svo sem birki og víðir, koma tiltölulega snemma inn í gróðurframvindu eða uppgræðslu, eru þess virði að stuðlað sé að landnámi þeirra á gróðurlitlum svæðum (Ása L. Aradóttir 1994).

Hvaða tegundir verða innrásartegundir.

Innrásartegundir kallast þær plöntutegundir sem breiðast út í gróðursamfélagi og breyta því og eyðileggja það sem slíkt. Innrásartegund getur verið útlend tegund eða innlend tegund sem á heimkynni sín í öðru samfélagi (Heywood 1988).

Það er erfitt að spá fyrir um hvaða tegundir komi til með að hegða sér sem innrásartegundir í nýjum heimkynnum (di Castri 1988). Lýsing á eiginleikum illgresis gefur vísbendingu því að sömu eiginleikar eiga að mestu við um innrásartegund og illgresi. Hinu

sanna illgresi hefur verið lýst sem fjölærri tegund með sveigjanlegar þarfir, fræin geta spírað við ýmsar aðstæður, ungplantan vex hratt, plantan blómstrar snemma á ævinni, er sjálffrjóvguð, getur fjölgað sér með vaxtaræxlun og er dugleg í samkeppni. Ekki er hægt að búast við að nokkur tegund hafi alla þessa eiginleika og ekki er þeirra allra þörf til að vera öflug innrásarplanta (Noble 1988). Ekki er heldur svo að allar tegundir sem hafa einn eða fleiri af þeim eiginleikum sem taldir voru séu innrásartegundir.

Komið hefur í ljós að hegðun tegundar í nýju umhverfi getur verið frábrugðin því sem er í hinum upprunalegu heimkynnum. Dæmi eru um að eiginleikar svo sem fjöldi lífvænlegra fræja geti verið með allt öðrum hætti í hinu nýja heimkynni en þar sem tegundin er upprunnin (Noble 1989). Blómgun, fræmyndun og lífslíkur fræja, spírunarhæfni fræja, möguleiki nýliðunar og lífslíkur rótaðra plantna eru allt atriði sem skipta verulegu máli fyrir stofnvöxtinn. Búast má við að mismunandi umhverfi bæði ólífrænt og lífrænt geti haft veruleg áhrif á lífslíkur bæði fræja og fullorðinna plantna. Fræætur á einum stað geta haft á það mikli áhrif hvert magn spírunarhæfra fræja er í jarðvegi og samkeppni við aðrar lífverur hefur áhrif á lífslíkur kímplantna og fullorðinna plantna (Noble 1988).

Ýmis dæmi eru þekkt um slíkan mismun. T.d. var tegundin Acasia longifolia flutt inn í S-Afríku frá Ástralíu og hagar sér sem innrásartegund í nýja landinu. Í ljós kom að magn fræja á m^2 í S-Afríku er 7.400 miðað við 10 fræ á m^2 í heimalandinu Ástralíu. Þetta varð ekki áströlskum landgræðslumönnum víti til varnaðar og þeir fluttu inn frá S-Afríku tegundina Crysanthemodies monilifera til að hefta sandfok. Það kom í ljós að hún hegðar sér með svipuðum hætti í Ástralíu og Acasia longifolia gerði í S-Afríku hvað varðar lífvænleg fræ í jörðu og eru 2.000 fræ á m^2 í Ástralíu en 10 í S-Afríku (Noble 1988).

Engin aðferð er örugg til að spá fyrir um hegðun tegundar í nýju umhverfi með vissu, en vísbendingar má fá út frá lífssögu hennar í heimkynnum sínum. Ein aðalvísbendingin er sú að ef stofnstærð og þéttleiki er mikill á einhverju æviskeiði, t.d. mikið magn fræja, en há tíðni dauðsfalla, t.d. vegna frææta, veldur því að stofninn grisjast, er möguleiki á að tegundin verði innrásartegund í nýjum heimkynnum ef dauðsfallatíðnin er þar af einhverjum ástæðum minni (Noble 1988). Mikil blómgun og fræframleiðsla er því vísbending en allar aðferðir til að spá fyrir um hegðun tegundar í nýju umhverfi þurfa að byggjast á rannsóknum á tegundinni bæði í heimkynnum hennar en einnig í hinu nýja búsvæði (Noble 1988).

Hvaða samfélög eru viðkvæm fyrir innrásarplöntum?

Flest vistkerfi á jörðinni hafa orðið fyrir áhrifum af framandi plöntutegundum. Heywood (1988) segir að innrás framandi tegunda í gróðursamfélög sé ein mesta ógn sem steðjar að gróðursamfélögum og alltof lítill gaumur gefinn. Mannlegar athafnir eru meginorsök þessara áhrifa af framandi tegundum. Umfang röskunar plöntusamfélaga af þessu tagi er þó mismunandi milli svæða í heiminum en eyjasvæði hafa orðið illa úti. Mjög alvarleg dæmi eru til um innrás í viðkvæm vistkerfi eyja t.d. á Nýja-Sjálandi, Hawaí og Madagaskar þar sem gróðurfar er stórlega breytt vegna innflutnings á plöntutegundum (Heywood 1988).

Eyjar eru oft tegundafáar og sumir hópar lífvera hafa þar fáa eða enga fulltrúa þótt þeir gætu þrifist þar. McArtur og Wilson (1967) sögðu að engin eyja hefði sama tegundafjölda og búast mætti við ef eyjan væri hluti meginlands. Oft er í nýju umhverfi ónýtt eða opið búsvæði, t.d. vantar runna eða tré, sem innrásartegund getur nýtt sér.

Athugun á gróðurlendum getur gefið vísbendingu um hvernig umhverfi þau bjóða aðfluttum tegundum. Oftast breiðast framandi tegundir út í opnu eða röskuðu landi og býður slíkt land upp á greiðan aðgang (Heywood 1988). Hérlendis bera gróðurlendi víða um land merki um langvarandi beit. Oft er gróðurhulan rofin af gróðurlitlum eða gróðurlausum blettum. Þessir blettir eru misstórir allt frá skellum í þúfnakollum upp í stórar auðnir. Þekja háplantna er einnig oft lítil í íslenskum gróðurlendum en mosi aftur á móti mikill í svarðlagi. Íslenskur gróður er enn fremur lágvaxinn. Skortur er á tegundum sem oft koma inn á seinni stigum framvindu og koma í veg fyrir að frumherjarnir viðhaldist. Ytra umhverfi, fyrst og fremst loftslag, kemur trúlega í veg fyrir að flestar tegundir sem berast hingað til lands þrífist hér og breiðist út. Hins vegar er ljóst að nái tegund á annað borð að vaxa og breiðast út við þau loftslagsskilyrði sem hér ríkja er aðgangur greiður að íslenskum gróðurlendum (Þóra Ellen Þórhallsdóttir 1994).

Innrás í gróðursamfélag af tegund, sem hefur yfirburði í samkeppni við þær tegundir sem fyrir eru, leiðir oftast til þess að tegundaauðgi á viðkomandi svæði minnkar. Í sumum tilfellum getur það orðið til þess að ákveðnum tegundum verði útrýmt, a.m.k. svæðisbundið og þar með þeim hluta af erfðafræðilegum breytileika þeirrar tegundar sem geymdur var í viðkomandi stofni. Allar slíkar breytingar þrengja þann breytileika sem þróunin hefur til að vinna úr í aldanna rás. Áhrifin geta þannig orðið mun víðtækari en hægt er að sjá fyrir í nútíð.

Notkun lúpínu í landgræðslu.

Miklar kröfur verður að gera til tegunda sem á að nota til uppgræðslu. Þær þurfa að skila árangri en mega ekki ógna sérkennum íslenskrar náttúru eða leiða til fábreyttari gróðursamfélaga. Markmiðið með notkun lúpínu til uppgræðslu er ekki að þekja landið með henni um aldur og æfi, heldur að hún standi þar aðeins tímabundið og auðgi jarðveginn af lífrænu efni og köfnunarefni og búi í haginn fyrir aðrar tegundir, en hverfi síðan úr gróðurlendinu (Andrés Arnalds 1988). Gengið er út frá því að alaskalúpínan sé landnemaplanta eða frumherji í gróðurframvindu. Staðfesting á því er forsenda þess að hægt sé að taka hana til fullra nota í landgræðslu (Andrés Arnalds 1989).

Þótt dæmi séu um að lúpínan hafi gisnað eða horfið úr gróðursamfélögum hérlendis er langt frá því að rannsóknir sýni að hún hagi sér sem frumherji, þvert á móti eru vísbendingar um að hún hegði sér sem innrásartegund. Hún vex vel á bersvæðum og í ýmsum gerðum íslenskra gróðurlenda, myndar mikið af fræjum og breiðist víða hratt út. Einnig virðist samkeppnisþróttur hennar gagnvart mörgum íslenskum tegundum vera mikill ekki síst vegna stærðar hennar. Rannsóknir á fræforða benda til að hann sé mikill og nokkuð langlífur. Sé fræforði tegundar langlífur er augljóslega erfitt að losna við hana þar sem hún hefur einu sinni verið gróðursett. Sé fræmyndun auk þess mikil er erfitt að halda henni innan afmarkaðra svæða.

Ljóst er þó að spurningum um vistfræði lúpínunnar er ekki fullsvarað og saga lúpínu hér á landi er enn ekki nægilega löng til að skera með vissu úr um líftíma hennar í ákveðnu gróðursamfélagi eða á tilteknu svæði. Rannsaka þarf hörfun lúpínunnar þar sem hún hefur orðið og hvernig framvinda verður í gróðursamfélagi eftir að lúpínan hefur hörfað. Samanburður á vistfræði lúpínunnar á Íslandi og í upprunalegum heimkynnum kynni einnig að veita mikilvægar upplýsingar.

Einnig þarf að leggja áherslu á rannsóknir á innlendum tegundum til landgræðslu.

Lokaorð.

Af þeim upplýsingum sem hér hafa verið raktar um umfang lúpínusáninga á vegum Landgræðslu ríkisins á síðustu árum verður ekki dregin önnur ályktun en sú að nú þegar sé verið að taka hana til fullra nota í landgræðslu. Einnig hefur Skógrækt ríkisins plantað lúpínu í stórum stíl á síðustu árum og auk þess hefur henni verið dreift víða til einstaklinga og áhugamannasamtaka. Þetta hefur verið gert án þess að fyrir liggi að hún uppfylli skilyrðið um að vera frumherjaplanta í gróðurframvindu við íslenskar aðstæður.

Dreifing lúpínu af almenningi er jafnvel meira áhyggjuefni en dreifing hennar í stórum stíl á landgræðslusvæðum. Þannig berst hún mjög víða þótt í litlu magni sé en dæmin sýna að fáeinar lúpínuplöntur geta á tiltölulega fáum árum fjölgað sér svo að lúpínubreiðurnar þeki tugi hektra eins og gerst hefur í Bæjarstaðaskógi. Einnig má búast við því að þannig berist hún oftar á viðkvæma eða sérstæða staði en þegar um stórfellda landgræðslu er að ræða sem eðli málsins samkvæmt fer oftast fram á stórum ógrónum svæðum.

Á ráðstefnu sem haldin var um innflutning plantna vorið 1994 komu fram flestar þær vistfræðilegu staðreyndir sem fjallað hefur verið um hér að framan, en einnig önnur atriði sem vert er að gefa gaum í þessu sambandi. Fram kom að þörf er á skýrri markmiðssetningu með landgræðslu á hverju svæði og fella þarf þau markmið að öðru skipulagi viðkomandi svæðis. Þetta tengist almennum óskum og kröfum um gerð áætlana um framtíðanotkun landsvæða, en slíkt minnkar líkur á árekstrum og mistökum. Fram kom einnig sterk ósk um að tekin verði inn „ný sjónarmið“ í þessa umræðu önnur en þau sjónarmið sem telja verndun gróðurs mikilvæga vegna hefðbundinna nytja til framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Þessi sjónarmið byggja á því að mikilvægt sé að vernda það sem er sérístenskt hvort sem það mat er byggt á smekk fólks, tilfinningu fyrir því sem er sérstætt í íslenskri náttúru eða því að það sérstæða sé uppspretta lífsfyllingar fyrir fólk og söluvara til ferðamanna í nútíð og framtíð.

Fylgiskjal III.

Umsögn umhverfisnefndar um frumvarp til laga um landgræðslu.

(14. maí 1996.)

Umhverfisnefnd hefur, að beiðni landbúnaðarnefndar, fjallað um frumvarp til laga um landgræðslu, 93. mál. Nefndin er hlynnt því að settar verði reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu svipað og lagt er til í frumvarpinu. Mikilvægt er að notkun innfluttra plantna við landgræðslu falli að stefnumörkun um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um líffræðilega fjölbreytni.

Þó verður að gæta þess að ekki séu settar óeðlilegar hömlur á innflutning erlendra tegunda. Nefndin vill því gera athugasemdir við ákvæði 2. gr. frumvarpsins er snýr að því hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að taka megi innfluttar plöntutegundir til notkunar í landgræðslu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slíkt sé aðeins heimilt ef fyrir liggi jákvæðar umsagnir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúrurverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Þykja þetta fullströng

skilyrði og leggur nefndin til að slakað verði á þeim þannig að enginn þessara aðila hafi neitunarvald.

213. Frumvarp til sóttvarnalaga. [191. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Með smitsjúkdómum í lögum þessum er átt við sjúkdóma eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Þeir smitsjúkdómar eru skráningarskyldir sem ráðherra ákveður með reglugerð að fengnum tillögum sóttvarnaráðs. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem þar koma fram.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem nánar er kveðið á um fyrirkomulag tilkynninga og skráninga.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þegar fjallað er um mál í sóttvarnaráði, sem tengjast starfssviði Hollustuverndar ríkisins eða embættis yfirdýralæknis, skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi ráðsins, eftir því sem við á, með málfrelsi og tillögurétti.

Sóttvarnaráð mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

8. gr.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til. Þær rannsóknastofur skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnda og dýralækna.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda, samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og dýralæknar skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Héraðslæknir eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd eða dýralækni, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir, heilbrigðisfulltrúar og dýralæknar skulu aðstoða við sóttvarnir og gefa nauðsynleg fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Nánari ákvæði um opinberar sóttvarnaráðstafanir skal setja með reglugerð.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Takist ekki samstarf við viðkomandi aðila getur hann, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Kæra frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einangrun á grundvelli 14. eða 15. gr. vari lengur en tvo sólarhringa og ef framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir þegar bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi sem hinn smitaði dvelst er einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar. Hann skal gefa varnaraðila kost á að skýra mál sitt og getur krafið varnaraðila um gögn til stuðnings kröfu hans. Dómari getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari

kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða hún falli niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi slíkra göngudeilda.

Á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem lög þessi tilgreina sérstaklega, hefur heilbrigðisráðherra heimild til að setja í sóttvarnareglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Sama máli gegnir ef til sérstakra ráðstafana þarf að grípa vegna sóttvarna við náttúruhamfarir.

19. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.

3. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
4. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
5. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

Fylgiskjal.

Flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum.

(Skáletraðir sjúkdómar eru tilgreindir í alþjóðaheilbrigðisreglum.)

1. Smitsjúkdómar þar sem persónueinkenna sjúklings er ekki getið og verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

1.1. Þarmasmit:
Yersiniosis.
Listeriosis.
Toxoplasmasýking.
Sullaveiki.
Tríkínósis.

1.2. Öndunarfærasmit:
Hemóphilus influenzae (gerð b) sjúkdómur.
Psittacosis.
Legionellosis.
Rauðir hundar.
Mislingar.
Hettusótt.
Kíghósti.
Inflúensa.

1.3. Blóðborið smit:
Sýkingar vegna blóðgjafa.
Meðfæddir rauðir hundar.

1.4 Kynsjúkdómar:
Condyloma genitalis.
Þvagrásarbólga af öðrum eða óþekktum orsökum.

1.5. Skordýraborið smit:
Malaría.
Rykkjasótt (febris recurrens).
Dílasótt (typhus exanthematicus).

1.6. Aðrir smitsjúkdómar:
Heilahimnubólga af völdum örvera.
Heilabólga af völdum veira.
Stífkrampi.
Óvenjulegar berklasýkingar.
Hjartaþelsbólga.

2. Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið og verða tilkynningaskyldir samkvæmt reglugerð, sbr. 2. mgr. 3. gr.

2.1. Þarmasmit:
Lömunarveiki (poliomyelitis).
Smitandi lifrarbólga A (hepatítis A).
Önnur smitandi lifrarbólga (hepatítis E).
Kólera.
Salmonellusýkingar (þar með talið tauga veiki og taugaveikibróðir).
Kampýlóbakteríusýkingar.
Blóðkreppusótt (shigellosis).
Aðrar þarmasýkingar af völdum baktería.

2.2. Öndunarfærasmit:
Barnaveiki (difteria).
Meningókokkasjúkdómur.
Berklar.
Svarti dauði (pestis).

2.3. Blóðborið smit:
Smitandi lifrarbólga B (hepatítis B).

Smitandi lifrarbólga C (hepatítis C).
Önnur smitandi lifrarbólga.
HIV (human immunodeficiency virus).

2.4. Kynsjúkdómar:
Klamýdía.
Lekandi.
Sárasótt.
Hepatítis B.
HIV (human immunodeficiency virus).

2.5. Skordýraborið smit:
Svarti dauði (pestis).
Gulusótt (yellow fever, febris flava).

2.6. Aðrir smitsjúkdómar:
Bótúlismi.
Holdsveiki (lepra).
Hundaæði (rabies).
Miltisbrandur (anthrax).

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna hófst ekki að ráði fyrr en á síðari hluta síðustu aldar. Árið 1875 gengu í gildi lög um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flyttust til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi lög í löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar bærust til Íslands og síðan í núgildandi sóttvarnalög sem eru frá árinu 1954.

Liðlega tuttugu árum síðar, eða árið 1896, gengu í gildi fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þessi lög hafa síðan þróast í núgildandi farsóttalög frá 1958.

Um aldamótin var ástand í málum holdsveikra og berklaveikra hér á landi mjög bágborið og aðgerðir aðkallandi. Árið 1898 gengu í gildi tvenn lög er snertu holdsveika, annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þótt úrelt séu og óþörf eru þessi lög enn í gildi.

Fyrstu lögin um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi nokkrum árum síðar, eða árið 1904. Núgildandi berklavarnalög eru frá árinu 1939.

Hinn 17. október 1988 skipaði heilbrigðisráðherra nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða farsóttalögin frá 1958, sóttvarnarlögin frá 1954, ýmis sérlög um varnir gegn ákveðnum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalögin frá 1939, lögin um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978, með síðari breytingu, og lögin um varnir gegn holdsveiki frá síðustu aldamótum.

Í nefndina voru skipuð: Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Skúli Johnsen borgarlæknir og Dögg Pálsdóttir, lögfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, og var hún jafnframt ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum. Frumvarpið var síðan lagt fram nokkuð breytt á 113. þingi í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og að nýju á 115. og 116. löggjafarþingi nánast óbreytt að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins var breytt. Þá var frumvarpið lagt fram á 119. löggjafarþingi með breytingum á 6. gr., um skipan sóttvarnaráðs, og 14. og 15. gr., sem fjalla um þvingunarúrræði, með það að markmiði að treysta réttarstöðu hins smitaða. Síðast var frumvarpið lagt fram á 120. löggjafarþingi með breytingum sem gerðar voru að teknu tilliti til hluta þeirra athugasemda sem bárust heilbrigðis- og tryggingarnefnd Alþingis sem sendi frumvarpið til umsagnar í lok 119. löggjafarþings. Má þar nefna breyt-

ingu á 6. gr. þess efnis að heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur ættu sæti í sóttvarnaráði, kveðið var á um kæru til Hæstaréttar í 3. mgr. 15. gr. og í 17. gr., sem fjallar um greiðsluhlutdeild sjúklinga, var kveðið á um frekari heimild til undanþágna frá þeirri meginreglu en var í fyrra frumvarpi. Þá taldi ráðuneytið við endurskoðun rétt að kveða á um að ákvarðanir skv. 14. gr. væru kæranlegar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis en ekki til landlæknis.

Frumvarp þetta er að mestu óbreytt frá frumvarpi því sem lagt var fram á 120. þingi. Þó hefur verið tekið tillit til nokkurra athugasemda sem bárust heilbrigðis- og tryggingarnefnd við það frumvarp, m.a. er bætt inn í 6. gr. ákvæði þess efnis að þegar fjallað er um mál sem tengjast Hollustuvernd eða embætti yfirdýralæknis skuli fulltrúar þeirra sitja fundi sóttvarnaráðs, ákvæði 2. mgr. 9. gr. um skyldur rannsóknastofa er gert skýrara og gerðar eru breytingar á 11. gr. frumvarpsins til að tryggja betur gagnkvæma tilkynningarskyldu sóttvarnalæknis, héraðslækna, heilbrigðisnefnda og dýralækna. Loks er gerð breyting á 14. gr. og lögð meiri áhersla á að leitað sé samstarfs við aðila áður en gripið er til þvingunaraðgerða.

Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru skilgreindar þær tvenns konar sóttvarnaráðstafanir sem grípa skal til. Annars vegar eru hinar almennu sóttvarnaráðstafanir, en það eru ráðstafanir sem ávallt skal beita gegn smitsjúkdómum. Hins vegar eru hinar opinberu sóttvarnaráðstafanir sem beita skal vegna hættulegra smitsjúkdóma í þremur tilvikum: Í fyrsta lagi þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá landinu, í öðru lagi þegar hætta er á útbreiðslu farsóttar innan lands og í þriðja lagi þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina í lögunum við hvað er átt þegar talað er um smitsjúkdóma. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma sem orsakast af örverum (bakteríum, sveppum, veirum eða öðrum frumstæðum lífverum) og sníkjudýrum (einfrumungum, ormum, lúsum og flóm) sem geta fjölgað sér, lifað á eða í hýsli og valdið sjúkdómi og borið manna á milli eða frá dýrum til manna. Margar örverur geta framleitt eiturefni (toxín) sem valdið geta sjúkdómum í mönnum, t.d. með mengun matvæla, jafnvel þótt örverurnar sem slíkar nái ekki að sýkja menn. Slíkar eitranir eru alla jafna taldar til smitsjúkdóma og því tilgreindar hér í skilgreiningu frumvarpsins á smitsjúkdómum.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um gildissvið laganna. Gert er ráð fyrir að þau nái annars vegar til smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill og hins vegar til annarra alvarlegra næmra sótta. Þýðing smitsjúkdóma breytist frá einum tíma til annars, gamlir sjúkdómsvaldar hætta að ógna og nýjar örverur koma fram á sjónarsviðið sem geta valdið hættulegum smitsjúkdómum og farsóttum og er því nauðsynlegt að geta brugðist skjótt við. Því er ekki talið heppilegt að binda í lögum hvaða sjúkdómar skuli vera skráningarskyldir og/eða tilkynningarskyldir. Þess vegna er gert ráð fyrir að skráningarskyldir verði þeir smitsjúkdómar sem ráðherra ákveður með reglugerð að fengnum tillögum sótt-

varnaráðs. Tilkynningarskyldir verða þeir skráningarskyldir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal ákveða, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Í reglugerð sem ráðherra setur skal nánar kveðið á um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga.

Tilkynningarskylda felur í sér að skylt verður að tilkynna tafarlaust til heilbrigðisyfirvalda ef grunur leikur á að einhver tiltekinna hættulegra smitsjúkdóma hafi fundist eða greinst og geti ógnað almannaheill. Skráningarskylda felur í sér að tilteknar sjúkdómsgreiningar verða skráðar og upplýsingar um fjölda tilfella sendar reglulega til heilbrigðisyfirvalda enda þurfi ekki í slíkum tilvikum að grípa til tafarlausra ráðstafana. Halda skal sérstaka smitsjúkdómaskrá, sbr. 2. tölul. 5. gr., sem skal taka til skráningarskyldra sjúkdóma, með bæði jákvæðum og neikvæðum upplýsingum.

Um 4. gr.

Í samræmi við áratuga hefð gerir frumvarpið ráð fyrir að ábyrgð á framkvæmd sóttvarna sé hjá embætti landlæknis undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Samkvæmt gildandi sóttvarnalögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar. Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir óþarfi að hafa fleiri en einn sóttvarnalækni til að sinna sóttvörnum í landinu öllu. Þess vegna er lagt til að ráðinn verði sérmenntaður sóttvarnalæknir við embætti landlæknis sem m.a. fylgist með útbreiðslu farsótta, skipuleggi aðgerðir gegn þeim, m.a. með ónæmisaðgerðum og fylgist með árangri þeirra, en gera má ráð fyrir miklum breytingum á fyrirkomulagi ónæmisaðgerða á komandi árum. Með því að hafa yfirstjórn þessara mála á einni hendi ætti heildaryfirsýn yfir smitsjúkdóma á landinu að verða betri og meiri trygging fyrir því að brugðist sé við með samræmdum aðgerðum. Sóttvarnalæknir skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra. Í starfi sínu skal hann hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir innan heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við getur átt.

Til að tryggja nægileg tengsl sóttvarnalæknis út í læknishéruðin þykir einnig rétt að héraðslæknar beri áfram ábyrgð á sóttvörnum undir stjórn sóttvarnalæknis. Samvinna sóttvarnalæknis og héraðslækna um sóttvarnir er mjög mikilvæg þar sem héraðslæknar búa yfir staðarþekkingu sem nauðsynleg er þegar taka þarf ákvörðun um aðgerðir.

Ekki tekst alltaf nauðsynleg samvinna milli sjúklings og læknis um nauðsynlegar aðgerðir vegna sóttvarna. Í lögum um smitsjúkdóma hefur frá upphafi verið að finna ákvæði þess efnis að heilbrigðisyfirvöld skuli njóta liðsinnis lögregluyfirvalda sé þess þörf. Hér er einnig slíkt heimildarákvæði.

Um 5. gr.

Hér er verksvið sóttvarnalæknis skilgreint nánar. Hann skal sjá um að skipuleggja og samræma sóttvarnir um land allt, fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma og koma upplýsingum þar að lútandi áleiðis til lækna og annarra sem á slíkum upplýsingum þurfa að halda. Þá skal hann vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar og hafa umsjón með forvarnastarfi á þessu sviði.

Um 6. gr.

Rétt þykir að setja á laggirnar sérstakt ráð, sóttvarnaráð, til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Árið 1986 skipaði heilbrigðisráðherra samstarfs- og ráðgjafarnefnd, farsóttanefnd, sem fékk það hlutverk að fylgjast með farsóttum og gera tillögur um aðgerðir til að hindra útbreiðslu þeirra. Gert er ráð fyrir að starf þessarar nefndar leggist niður ef ákvæði frumvarpsins um sérstakt sóttvarnaráð nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir að sóttvarnaráð verði skipað sjö mönnum, sérfræðingum á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulækni og hjúkrunarfræðingi með sérþekkingu á sviði sóttvarna.

Loks er gert ráð fyrir að fulltrúar Hollustuverndar ríkisins og embættis yfirdýralæknis sitji fundi ráðsins þegar fjallað er um mál sem snerta þessar stofnanir.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

Um 7. gr.

Orðalag greinarinnar er í samræmi við ákvæði í gildandi löggjöf um þessi efni.

Um 8. gr.

Ákvæðið er í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum.

Um 9. gr.

Smitsjúkdóma skal tilkynna á þar til gerðum eyðublöðum til héraðslæknis eða sóttvarnalæknis. Þessi skylda hvílir jafnt á læknum sem forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi rannsóknastofa sem greini sjúkdóma er lög þessi taka til og um eftirlit með þeim.

Um 10. gr.

Hér eru ákvæði um skyldu lækna til að tilkynna héraðslækni eða sóttvarnalækni ef þeir komast að því í starfi sínu að smitaður einstaklingur fylgi ekki fyrirmælum um hegðun. Sambærilegt ákvæði er að finna í gildandi lagaákvæðum um sóttvarnir.

Um 11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda, samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og dýralæknar skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Á sama hátt skal héraðslæknir tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd eða dýralækni eftir því sem við á þegar hinum fyrrnefndu verður kunnugt um smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa heilbrigðisnefndum og dýralæknum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið. Heilbrigðisnefndir, heilbrigðisfulltrúar og dýralæknar skulu aðstoða við sóttvarnir og gefa nauðsynleg fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

Um 12. gr.

Hér er mælt fyrir um viðbrögð sóttvarnalæknis ef tilkynningar benda til að farsótt sé í uppsiglingu. Í því tilviki skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart. Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana. Erfitt er að telja slíkar ráðstafanir tæmandi þar sem ekki er hægt að sjá fyrir þær að-

stæður sem gætu komið upp. Þær opinberu sóttvarnaráðstafanir, sem taldar eru í greininni, eru hinar sömu og í gildandi lögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geti beitt slíkum vörnum til bráðabirgða ef þeir telja hvers konar töf hættulega en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

Um 13. gr.

Ísland gerðist aðili að sóttvarnasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar árið 1952. Gildandi sóttvarnareglugerð, nr. 229/1971, hefur að geyma ýmis ákvæði í samræmi við þann samning. Rétt þykir að hafa í þessu frumvarpi almennt ákvæði sem heimili að setja reglugerð um sóttvarnaráðstafanir sem grípa má til vegna smithættu og eru í samræmi við þá alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Um 14. gr.

Hér er lýst þeim tilvikum sem talið er að réttlæti það að grípa til nauðsynlegra aðgerða án samþykkis einstaklings. Á það er hins vegar lögð áhersla að reynt sé til þrautar að ná samvinnu við sjúkling áður en gripið verður til þvingunaraðgerða og að það verði ekki gert nema brýna nauðsyn beri til. Þá er gert ráð fyrir að ákvörðun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi séu kæranlegar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

Um 15. gr.

Hér er fjallað nánar um einangrun smitbera á sjúkrahúsi eða annars staðar.

Talið er eðlilegt að þessum heimildum til frelsisskerðingar megi einnig beita í þeim tilvikum er maður, sem haldinn er smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um meðferð og umgengni eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum. Einangrun yrði ýmist á sjúkrahúsi eða með öðrum hætti.

Mikilvægt er að tryggja rétt hins smitaða við þvingunaraðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar til að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma og að slík mál hljóti skjóta úrlausn. Gert er ráð fyrir að sóttvarnalæknir beri ákvörðum um einangrun í lengri tíma en tvo sólarhringa, sem ákveðin er í andstöðu við hinn smitaða, undir héraðsdóm. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og þau gögn sem málið kunna að varða. Þá er einnig gert ráð fyrir að dómari geti aflað gagna af sjálfsdáðum. Tilgangur þess er að tryggja að þrátt fyrir hraða málsmeðferð sé niðurstaða byggð á öllum nauðsynlegum gögnum. Úrskurður héraðsdóms er kæranlegur til Hæstaréttar. Málsmeðferð fyrir dómi eða kæra til Hæstaréttar fresta þó ekki framkvæmd einangrunar. Ákvæðið byggir í grundvallaratriðum á III. kafla lögræðislaga, nr. 68/1984, sem fjallar um vistun einstaklinga á sjúkrahúsi gegn vilja þeirra.

Um 16. gr.

Rétt þykir að setja í sóttvarnalög ákvæði þess efnis að starfrækja skuli göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Rétt þykir einnig að heilbrigðisráðherra ákveði á hvaða sjúkrahúsum skuli vera aðstaða til einangrunar vegna sóttvarna. Þá þykir og rétt að ráðherra ákveði hvaða rannsóknastofur ábyrgist greiningu sýna úr einstaklingum sem talið er að kunni að vera smitaðir.

Um 17. gr.

Rétt þykir að kostnaður vegna framkvæmdar laganna greiðist að öllu jöfnu með sama hætti og annar sjúkra- og lækniskostnaður og að hlutdeild sjúklinga í þeim kostnaði fari eftir almennum reglum um það efni. Hins vegar þykir eðlilegt að heimila að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum. Rétt þykir að ráðherra geti með reglugerð ákveðið hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu. Markmið með slíkri undanþágu er að stuðla að því að vissir hópar sjúklinga, svo sem unglingar með kynsjúkdóma, leiti nauðsynlegrar læknishjálpar án þess að fjárhagsaðstæður hamli því. Ætla má að í því felist sparnaður þegar til lengri tíma er litið.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Greinin skýrir sig sjálf en gildistaka frumvarpsins hefur í för með sér allnokkra lagahreinsun.

Um fylgiskjal.

Markmið.

Skráning og tilkynning smitsjúkdóma með reglubundnum og kerfisbundnum hætti þjónar þeim tilgangi að afla upplýsinga um feril þeirra á hverjum tíma þannig að unnt sé að skipuleggja og grípa til varnaraðgerða gegn þeim og til þess að hægt sé að fylgjast með árangri ónæmisaðgerða og annarra forvarna gegn smitsjúkdómum. Upplýsingaöflunin hefur einnig þýðingu við að fylgjast með langtímabreytingum á nýgengi og algengi smitsjúkdóma.

Forsendur framkvæmdar.

Nauðsynlegt er að einungis mikilvægir smitsjúkdómar séu skráðir og tilkynntir og að slíkar aðgerðir séu skilvirkar. Skráningar- og tilkynningarformið þarf að vera eins einfalt og mögulegt er og niðurstöður um útbreiðslu smitsjúkdóma þurfa að berast læknum með reglubundnum og skýrum hætti þannig að þær nýtist í daglegu starfi til sóttvarna og til fróðleiks.

Aðferð.

Öflun upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma getur farið fram með tvennum hætti. Annars vegar með skráningu, þ.e. talningu á fjölda smitaðra án persónuauðkenna, og hins vegar með tilkynningu, þ.e. persónuauðkennum hins smitaða með upplýsingum um smitleiðir.

Tilgangur skráningar á heildarfjölda smitaðra einstaklinga án persónuupplýsinga er sá að fá faraldsfræðilega yfirsýn yfir þýðingarmikla smitsjúkdóma þar sem það hefur ekki hagnýta þýðingu að þekkja til einstaklinganna við sóttvarnir.

Tilgangur tilkynningar um smitsjúkdóm með persónueinkennum hins smitaða er sá að hindra útbreiðslu smits með aðgerðum sem beinast að hinum smitaða, t.d. með einangrun, meðferð og rakningu smits milli einstaklinga eða frá menguðum matvælum, vatni eða öðrum efnum til einstaklinga. Til þess að fullnægja þessum skilyrðum verða að fylgja tilkynningunni upplýsingar um líklegan smitunarstað og smitunartíma og einkenni til að tengja smitaða einstaklinga með faraldsfræðilegum hætti og meta áhrif smitsins.

Alþjóðlegar skuldbindingar.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin samþykkti árið 1969 alþjóðlegar heilbrigðisreglur (International Health Regulations) með breytingum sem tóku gildi 1973 og aftur 1981. Hefur Ísland skuldbundið sig til að fylgja þeim án fyrirvara. Í reglugerðinni eru tilgreindir eftirtaldir sjúkdómar sem lúta tilkynningarskyldu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar:

1. svarti dauði,
2. kólera og
3. gulusótt (febris flava).

Sjúkdómar sem skrá skal án persónueinkenna.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð yfir skráningarskylda smitsjúkdóma. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir skráningarskylda sjúkdóma. Þar eru taldir smitsjúkdómar sem ástæða er til að fylgjast með, t.d. til þess að meta árangur ónæmisaðgerða. Þar er einnig að finna ýmsa sjúkdóma sem ekki eru landlægir á Íslandi en gætu borist til landsins og náð útbreiðslu hér. Sumir sjúkdómar geta augljóslega ekki náð að breiðast út hér á landi, t.d. malaría, en mikilsvert er að fá upplýsingar um gagnsemi forvarnaraðgerða gegn slíkum sjúkdómum meðal ferðalanga.

Sjúkdómar sem tilkynna skal einstaklingsbundið.

Í frumvarpi til sóttvarnalaga er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði að fengnum tillögum sóttvarnaráðs hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Hugmyndin er að smitsjúkdómar, sem náð geta mikilli útbreiðslu í samfélaginu og jafnframt ógnað almannaheill, og þar sem vitneskja um smitaðan einstakling hefur þýðingu við upprætingu smits, skuli tilkynntir. Í þessum flokki er einnig gert ráð fyrir að alvarlegir smitsjúkdómar, sem ekki munu ná mikilli útbreiðslu, verði tilkynntir ef ekki er hægt að hindra útbreiðslu þeirra með öðrum hætti en að þekkja til smitaðra einstaklinga.

Þegar um er að ræða sjúkdóma þar sem persónulegar upplýsingar eru sérstaklega viðkvæmar, eins og við samræðis- eða kynsjúkdóma, þarf meðhöndlandi læknir að afla sér þeirra til að geta rakið smit. Til þess að rjúfa ekki trúnað í slíkum tilvikum þarf að tilkynna slíka sjúkdóma til sóttvarnalæknis með hluta nafnleyndar (semianonymt) þannig að einstaklingur þekkist ekki, en jafnframt verði komist hjá tvískráningu eins og hægt er. Meðhöndlandi læknir tilkynnir hins vegar sjúkdóminn með nauðsynlegum persónuauðkennum til sóttvarnalæknis ef sjúklingur fylgir ekki fyrirmælum eins og lögin kveða á um. Í fylgiskjali er tillaga að lista yfir sjúkdóma sem vænta má að yrðu tilkynningarskyldir.

Að lokum eru í fylgiskjalinu þeir sjúkdómar skáletraðir sem Íslendingar eru skuldbundnir til að tilkynna til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Það eru nýmæli í sóttvarnalögunum að ráðherra geti fjölgað eða fækkað tilkynningarskyldum sjúkdómum. Lögin sem slík nefna enga ákveðna smitsjúkdóma, þau kveða aðeins á um hvaða almenn skilyrði smitsjúkdómar þurfi að uppfylla til að teljast tilkynningarskyldir. Reynslan sýnir að smitsjúkdómar taka breytingum þannig að ástæða kann að vera til að fella burt tilkynningarskyldu eða nýr skaðvænlegur smitsjúkdómur birtist sem ástæða er til að tilkynna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga.

Í frumvarpi þessu eru endurskoðuð og sameinuð í ein lög fleiri eldri lög um sóttvarnir og skyld efni um leið og bætt er við nokkrum nýjungum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráða skuli sérstakan sóttvarnalækni til embættis landlæknis til að sinna sóttvörnum. Launakostnaður vegna þess læknis er talinn nema um 5,5 m.kr. á ári, og er þá miðað við heildarlauna- og námskostnað hliðstæðra embættislækna í þjónustu ríkisins. Þetta embætti hefur ekki verið til fram að þessu, en nú er starfandi sóttvarnalæknir við embætti landlæknis í 30% starfi sem farinn er að gegna þeim hlutverkum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Engin sérstök fjárveiting er til landlæknisembættisins vegna þessa, hvorki í fjárlögum 1996 né er gert ráð fyrir henni í frumvarpi til fjárlaga 1997.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að sóttvarnalæknir hafi með höndun víðtæka skipulagningu sóttvarna og skráningu smitsjúkdóma. Það starf mun a.m.k. útheimta eitt stöðugildi sem áætlað er að kosti um 1,5 m.kr. Önnur rekstrargjöld tengd hinu nýja embætti má áætla að nemi 2,5 m.kr. og er það einnig byggt á hliðstæðri reynslu. Samtals má ætla að embættið muni kosta a.m.k. 9,5 m.kr. á ári.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri nefnd, sóttvarnanefnd, sem í munu sitja sjö menn. Tekur hún við af núverandi farsóttanefnd með jafnmörgum mönnum. Sú nefnd fær um 1 m.kr. á ári í laun og er ekki gert ráð fyrir að sá kostnaður breytist.

Í þessu frumvarpi er m.a. að finna þau nýmæli (16. gr.) að starfrækja skuli göngudeildir sem veiti meðferð og reki smitleiðir tilkynningarskyldra smitsjúkdóma. Í Reykjavík er þegar búið að setja á stofn slíka göngudeild á endurkomudeild Sjúkrahúss Reykjavíkur en þar er sá tími dags nýttur þegar minnst álag er frá öðrum sjúklingum.

Á árinu 1995 var 5 m.kr. varið til að hefja starfsemi smitsjúkdómadeildar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Fjármunirnir voru notaðir til að kaupa tölvubúnað og ýmsan upphafsbúnað til að koma deildinni af stað auk þess sem sérfræðingur var lausráðinn til að stofna deildina. Sú deild er nú starfandi og er orðin hluti af heildarrekstri sjúkrahússins.

Árlegur beinn rekstrarkostnaður smitsjúkdómadeildar við Sjúkrahús Reykjavíkur er talinn vera sem hér segir: Laun læknis 3,5 m.kr., laun ritara og ýmis skrifstofuþjónusta sjúkrahússins 2 m.kr. og annar kostnaður (almennar rekstrarvörur) 1 m.kr., samtals 6,5 m.kr. Að mati Sjúkrahúss Reykjavíkur munu sértekjur af deildinni verða óverulegar þar sem ekki er vitað hve margir munu sækja til hennar.

Samtals má gera ráð fyrir að viðbótarútgjöld ríkissjóðs verði um 16 m.kr. við stofnun embættis sóttvarnalæknis og göngudeildar fyrir smitsjúkdóma við Sjúkrahús Reykjavíkur. Þar af er 6,5 m.kr. árlegur kostnaður við rekstur smitsjúkdómadeildarinnar þegar orðinn til sem hluti af heildarrekstrarkostnaði Sjúkrahúss Reykjavíkur. Verði fleiri göngudeildir settar á fót mun kostnaður ríkissjóðs aukast að sama skapi.

214. Svar [113. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um útleigu leikhúsa og samkeppni leikfélaga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða reglur gilda um afnot leikhópa eða leikfélaga af húsnæði Þjóðleikhússins, Leikfélags Reykjavíkur og Íslensku óperunnar til æfinga og sýninga og hvert er leigugjaldið?*
2. *Hverjum hefur verið leigt húsnæði undanfarin þrjú ár hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og Íslensku óperunni, á hvaða verði í hverju tilviki og hverjar hafa tekjurnar verið ár hvert hjá hverjum aðila?*
3. *Hverjir hafa boðið leikhús til útleigu aðrir en þrír framangreindir aðilar, hefur gætt samkeppni á þessu sviði og ef svo er, hver hafa verið áhrif þeirrar samkeppni á leiguverð?*
4. *Hver hafa verið áhrif samkeppni frá einstökum leikfélögum á aðgöngumiðaverð og aðsókn hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur og Íslensku óperunni?*

Leitað var upplýsinga um þau atriði sem fyrirspurnin beinist að hjá Þjóðleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur, Íslensku óperunni, Bandalagi íslenskra leikfélaga og Bandalagi atvinnuleikhópa. Svör þessara aðila eru birt sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Svar Þjóðleikhússins.
(7. nóvember 1996.)

1. *Spurt er um hvaða reglur gildi um afnot leikhópa og leikfélaga af húsnæði Þjóðleikhússins (og annarra leikhúsa) til æfinga og sýninga og hvert leigugjaldið sé.*

Svar: Þjóðleikhúsið er aldrei leigt út til *annarrar leiklistarstarfsemi* þar eð starfsemi leikhússins sjálfs lögum samkvæmt kallar á samfellda nýtingu hússins.

Hin seinni ár hefur þó verið tekin upp sú nýjung að efna einstaka sinnum til samstarfsverkefna við sjálfstæða leikhópa og hefur hlutur Þjóðleikhússins í því samstarfi falist í því að leggja til húsnæði, tækniaðstoð og aðstöðu. Hefur þetta einkum verið gert í þeim tilvikum að umræddir atvinnuleikhópar hafi verið með á ferðinni verkefni ann-

ars eðlis en verkefni þau sem á boðstólum eru á vegum leikhússins hverju sinni. (Sjá meðfylgjandi lista yfir samstarfsverkefni og -aðila á undanförnum árum.)

2. *Spurt er hverjum hafi verið leigt húsnæði Þjóðleikhússins undanfarin þrjú ár, á hvaða verði og hverjar tekjur hafi verið.*

Svar: Í þeim tilvikum sem unnt hefur verið að finna laus sýningarkvöld hefur húsið verið leigt til sýninga Íslenska dansflokksins og Listdansskóla Íslands. Báðir þessir aðilar heyrðu áður undir Þjóðleikhúsið og ber leikhúsinu skylda samkvæmt reglugerð að hafa samstarf við þessa aðila og leyfa eina til tvær sviðsetningar á ári. Er húsið þá leigt á kostnaðarverði. Tekjur eru þar af leiðandi engar.

Einu sinni til tvisvar á ári hefur aðalsvið leikhússins verið leigt undir tónleikahald. Þarf samþykkt þjóðleikhúsráðs fyrir slíku. Leigugjald er mismunandi eftir því hversu margir af tæknistarfsmönnum leikhússins eru nauðsynlegir. (Sjá meðfylgjandi yfirlit.)

3. *Spurt er hver hafi verið áhrif samkeppni frá einstökum leikfélögum á aðgöngumiðaverð og aðsókn hjá Þjóðleikhúsinu (... og öðrum leikhúsum).*

Svar: Segja má að nauðsynlegt væri að hækka miðaverð til þess að mæta hækkuðum rekstrarkostnaði en vegna mikillar samkeppni á leiklistarmarkaðnum hefur ekki þótt ráðlegt að grípa til frekari hækkana.

Aðgöngumiðaverð Þjóðleikhússins hefur verið óbreytt tvö síðastliðin ár en hafði þá hækkað um 100 kr. frá árunum þar á undan. Fullt miðaverð er 1.700 kr. en veittur er 600 kr. afsláttur til skólafólks og ellilífeyrisþega. Einnig er veittur 300 kr. hópafsláttur á hvern miða ef fleiri en 25 manns eru í hóp.

Engar kannanir hafa verið gerðar á áhrifum annarra leikfélaga á aðsókn að sýningum Þjóðleikhússins.

Aðsókn að leikhúsinu hefur verið mjög góð undanfarin ár og aðsókn að þeim sex leikritum sem nú eru á verkefnaskránni er einnig mjög góð. Ljóst er þó að gríðarlegt framboð leiksýninga þessa mánuðina bitnar á aðsókn einhverra aðila markaðarins.

Virðingarfyllst,

Stefán Baldursson, þjóðleikhússtjóri.

Fskj. 1.

Samstarfsverkefni síðastliðin þrjú ár.

Sprengd hljóðhimna vinstra megin eftir Magnús Pálsson. Sýnt á Litla sviði leikhússins í samvinnu við Alþýðuleikhúsið.

Ertu svona, kona? Danssýning eftir Auði Bjarnadóttur á Stóra sviði í samvinnu við Svöluleikhúsið.

Áhorfandinn í aðalhlutverki eftir Gísla Rúnar Jónsson. Flutt í skólum, á vinnustöðum og í leikhúsinu í samstarfi við leikflokk Gísla Rúnars og Eddu Björgvinsdóttur.

Niflungahringurinn eftir Wagner. Óperusýning á Stóra sviði í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík, Íslensku óperuna og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Drög að svínasteik eftir Raymond Cousse á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í samvinnu við EGG-leikhúsið (Viðar Eggertsson).

Fjötur um fót verðlaunaleikþáttur um fötlun eftir Unni Guttormsdóttur o.fl. sýndur á Litla sviði Þjóðleikhússins í samvinnu við Sjálfsbjörgu, samtök lamaðra og fatlaðra.

Fskj. 2.

Þjóðleikhúsið.
Leiguafnot á stóra sviði leikhússins.

Des.	1993	Listdansskóli Íslands – sýn. + æf.	120.000 kr.
Mars	1994	Ísl. dansflokkurinn – 6 sýn. + æf	1.000.000 kr.
Nóv.	1994	Ísl. forritaþróun hf. – kynningarf. síðdegis	300.000 kr.
Jan.	1995	Þjóðdansafél. Reykjavíkur – 2 sýn. + æf.	600.000 kr.
Febr.	1995	Sólstafir* (Skuggavaldur) – 1 sýn. + æf.	300.000 kr.
Mars	1995	Sólstafir* (Ísl. dansfl.) – 2 sýn. + æf.	600.000 kr.
Maí	1995	Ísl. dansflokkurinn – 6 sýn. + æf.	900.000 kr.
Febr.	1996	Emeliana Torrini o.fl. – tónleikar	180.000 kr.
Mars	1996	Listdansskóli Íslands – sýn. + æf.	176.000 kr.
Júní	1996	Bubbi Morthens o.fl. – tónleikar	200.000 kr.
Júní	1996	Listahátíð í Reykjavík (Kammersveit Reykjavíkur)	225.000 kr.

Innifalið í leigu er endurgjald vegna tæknivinnu, en sá kostnaður er mjög breytilegur eftir umfangi sýninga eða tónleika.

Ath. * Norræn listahátíð.

Fskj. 3.

Leiðbeiningar varðandi árlega leiksýningu áhugaleikfélaga í Þjóðleikhúsinu.

Þjóðleikhúsið hefur sl. tvö ár boðið einni leiksýningu áhugaleikfélaga að sýna í Þjóðleikhúsinu í leikárslok eftir að dómnefnd hefur valið „athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins". Leikhúsið hefur hug á að framhald verði á þessu enda hafa viðbrögð leikfélaganna verið mjög góð og þá ekki síður það sem mestu skiptir: áhugi áhorfenda.

Í ljósi reynslu þessara fyrstu tveggja ára hefur þjóðleikhússtjóri í framhaldi af samtölum við fulltrúa stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga lagt til að settar verði nokkrar reglur eða rammasamningur um viðkomandi sýningu þannig að öllum sé ljóst á hvaða forsendum umrætt boð Þjóðleikhússins er þegið. (Sjá meðfylgjandi samningsdrög.)

Þjóðleikhúsið skipar að haustlagi dómnefnd viðkomandi leikárs, þannig að dómnefndin sé reiðubúin allan veturinn að skoða sýningar áhugaleikfélaga sé eftir því óskað af viðkomandi félagi. Félagið greiðir þá allan kostnað af ferð dómnefndar á staðinn. Eftir sem

áður geta leikfélög sent myndbandsupptökur af leiksýningu þeirri, sem um ræðir, sjái félagið sér ekki fært að bjóða dómnefnd að skoða sýninguna eða ekki getur af því orðið af öðrum ástæðum.

Frestur leikfélaganna til að sækja um til Þjóðleikhússins er til aprílloka og skal dómnefnd skila niðurstöðu fyrir 10. maí enda hafi hún þá haft aðgang að myndböndum eða sýningunum sjálfum fyrir 1. maí.

Sótt er um á sérstökum eyðublöðum sem fást á skrifstofu Bandalags íslenskra leikfélaga.

Stefnt er að því að viðkomandi leiksýning sé sýnd í Þjóðleikhúsinu fyrstu eða aðra helgina í júní. Slíkt er þó samkomulagsatriði við viðkomandi félag. Leikfélagið fær aðgang að sviðinu frá því snemma morguns sýningardaginn og aðgang að öllu því starfsfólki leikhússins sem nauðsynlegt er þann dag allan og sýningarkvöldið, eftir því sem þörf krefur.

Eftir að sýning hefur verið valin og viðkomandi félag þekkst boðið skal einhver ábyrgur aðili leikfélagsins (t.d. formaður, framkvæmdastjóri) hafa samband við skipulagsstjóra Þjóðleikhússins, Sigmund Örn Arngrímsson, um allan frekari undirbúning og samskipti.

Fskj. 4.

SAMNINGUR

milli Þjóðleikhússins og ..... um sýningu í Þjóðleikhúsinu á leikritinu ..... eftir ..... sem valin hefur verið „Athyglisverðasta áhugaleiksýning" ársins 199....

1. Þjóðleikhúsið býður viðkomandi leikfélagi aðgang að Stóra sviði Þjóðleikhússins sýningardag frá kl. 9.00 og allan þann dag til tæknilegs undirbúnings, lýsingar og æfingar allt fram að sýningu sama kvöld.

2. Starfsfólk Þjóðleikhússins er leikfélaginu til aðstoðar allan þennan dag og á sýningarkvöldi, eftir því sem þörf krefur.

3. Þjóðleikhúsið býður fram aðstoð einhvers af fastráðnum leikstjórum leikhússins, aðkomuleikstjóranum til aðstoðar, sé þess óskað.

4. Verði því við komið er æskilegt að leikstjóri og tæknistarfsmaður viðkomandi sýningar (t.d. ljósamaður) undirbúi útfærslu sviðsmyndar og leggi drög að lýsingu í samvinnu við tæknifólk Þjóðleikhússins fyrir umsamdan sýningardag.

5. Þjóðleikhúsið stendur straum af öllum þeim kostnaði sem til fellur í leikhúsinu, greiðir laun allra starfsmanna leikhússins, bæði tæknifólks og starfsfólks í framhúsi, svo og æfingar- og sýningarkostnað. Þá býður leikhúsið upp á mat og kaffi í mötuneyti leikhússins meðan unnið er í húsinu.

Viðkomandi leikfélag sér sjálft um ferðir til og frá Reykjavík, gistingu og uppihald fyrir sitt fólk, sé um slíkt að ræða. Enn fremur flutning á leikmynd og leikmunum.

6. Allur kostnaður við auglýsingar og kynningar er greiddur af Þjóðleikhúsinu. Viðkomandi leikfélag leggur til ljósmyndir, leikskrár, veggspjöld og annað það efni sem til kynningar var ætlað heima fyrir.

7. Þjóðleikhúsið og viðkomandi leikfélag fær hvort um sig ákveðinn fjölda boðsmiða til ráðstöfunar eftir nánara samkomulagi. Aðgangseyrir seldra miða skiptist jafnt milli áhugaleikfélagsins og Þjóðleikhússins. Tekjur fyrir seldar leikskrár eða annað selt kynningarefni rennur óskert til viðkomandi leikfélags.

Sé um sérstaklega fjölmenna sýningu að ræða, sem komin er langt að, má þó endurskoða þessa hlutfallsreglu. Einnig skal skipting tekna vera með öðrum hætti, verði um aukasýningu að ræða og hækkar þá hlutfall gestaleikfélagsins í ⅔ hluta á móti ⅓ hlut Þjóðleikhússins.

f.h. Leikfélags. f.h. Þjóðleikhússins.

Við viljum taka þátt í samkeppni Þjóðleikhússins um áhugaverðustu áhugaleiksýningu leikársins 1996–97.

Leikfélag _____

Leikrit _____

Höfundur _____

Leikstjóri _____

Hvenær frumsýnt _____

Myndbandsupptaka fylgir umsókn já __ nei __

Við óskum eftir að dómnefnd komi heim í hérað og sjái sýninguna. Við munum greiða kostnaðinn við það

já __ nei __

Sýningarplan fylgir umsókn já __ nei __

Nafn formanns _____

Heimili _____

Heimasími Vinnusími Faxnúmer

Umsókn skal skilað til skrifstofu Bandalagsins að Laugavegi 96 eða til Þjóðleikhússins við Hverfisgötu, c/o Stefán Baldursson, eins fljótt og auðið er, helst fyrir frumsýningu.

Fylgiskjal II.

Svar Leikfélags Reykjavíkur.
(7. nóvember 1996.)

1. Engar sérstakar reglur gilda um afnot annarra leikhópa eða leikfélaga af húsnæði því sem Leikfélag Reykjavíkur hefur til ráðstöfunar undir starfsemi sína í Borgarleikhúsinu. Leikhússtjóri og leikhúsráð sinna erindum um samstarf þegar þau berast.
2. Leikfélag Reykjavíkur hefur ekki leigt öðrum leikhópum eða leikfélögum húsnæði, en átt samstarf við eftirgreinda aðila um leik- og danssýningar leikárin 1993/94, 1994/95 og 1995/96: Leiklistarskóla Íslands, Íslenska dansflokkinn, Listahátíð í Reykjavík, menntamálaráðuneytið, Svöluleikhúsið, leikhópinn Bandamenn, Helenu Jónsdóttur, Alheimsleikhúsið, Möguleikhúsið, Leikfélag Íslands og leikfélagið Annað svið.
3. Leikfélag Reykjavíkur býr ekki yfir upplýsingum til þess að svara þessum tölulið.
4. Mjög mikið framboð hefur verið á þessum markaði undanfarin ár og meðalverð því farið lækkandi hjá öllum sem stofna til leiksýninga. Aðsókn að þessari grein var, er og verður afar sveiflukennd og stýrist að mjög miklu leyti af atriðum sem engum hefur enn tekist að skýra til hlítar því að þar er tekist á við þætti eins og smekk neytandans og gæði verksins. Verðlag er að sjálfsögðu einn þátturinn, en e.t.v. ekki sá stærsti.

Virðingarfyllst,
f.h. Leikfélags Reykjavíkur,

Tómas Zoëga, frkvstj.

Fylgiskjal III.

Svar Íslensku óperunnar.
(14. nóvember 1996.)

I.

Íslenska óperan stendur opin til leigu fyrir hvern þann sem falast eftir húsnæðinu, lagar sig að þeim reglum sem gilda við útleigu og hefur aðstöðu til að samræma dagskrá sína þeirri sem fyrir er í óperuhúsinu.

Regla er á því að í störfum húsvarðar, sýningarstjóra/sviðsstjóra, ljósastjóra, dyravarða og sætavísa séu starfsmenn þeir sem þá þegar eru við störf hjá Íslensku óperunni, en nauðsynlegt er að hafa fólk sem þekkir til hússins.

Leigutaka er gefinn kostur á að nýta sér aðstöðu hússins til miðasölu og hafa hana á eigin vegum, nema Íslenska óperan sé með sýningu í sölu, þá koma aðilar sér saman um söluna.

Lágmarksverð á útleigu til tónleika eða sýninga hefur nýlega verið endurmetið og er nú *75.000 kr.* sem þó ræðst endanlega af umfangi sýningar, en það segir til um fjölda tæknifólks og fjöldi dyravarða og sætavísa miðast við gestafjölda á sýningu.

Leiguverð á æfingatímabili er samkvæmt sérstöku samkomulagi milli leigusala og leigutaka og er þá tekið mið af umfangi sýningar.

Tekið skal fram að *útreiknaður fastur kostnaður* svo sem viðhald, fasteignagjöld tryggingar, hiti og rafmagn er *23.000 kr. á dag* miðað við reikningsárið 1995–1996.

II.

Leiga á húsnæði Íslensku óperunnar árin 1993–1996.

1993: Pé-leikhópurinn.

Æfingatímabil 12 vikur. – án endurgjalds.

Sýningar alls 9 á 60.000 kr. hver	540.000
Afskrifuð skuld leikhópsins við Íslensku óperuna	309.550

Íslenski dansflokkurinn.

Æfingatímabil 8 dagar á 10.000 kr. hver	80.000
Sýningar urðu alls 5 og á 30.000 kr. hver	150.000

1994: Flugfélagið Loftur.

Æfingatímabil 33 dagar	100.000
Sýningar urðu alls 84 á 60.000 kr. hver	5.040.000
Leiga á sælgætissölu 84 x 12.500 kr.	1.050.000

1994: Strengjaleikhúsið.

Æfingatímabil án endurgjalds.

Sýningar á 8 dögum á 26.000 kr. hver	208.000

1995: Theater.

Æfingatímabil 11 dagar á 8.571 kr. hver	94.281
Sýningar urðu alls 6 á 60.000 kr. hver	360.000
Afskrifuð skuld leikhópsins við Íslensku óperuna	125.800

1996: Íslenski dansflokkurinn.

Æfingatímabil 8 dagar á 7.000 kr. hver	56.000
Sýningar urðu alls 4 á 21.000 kr. hver	84.000

III.

Varðandi lokaspurningu er ljóst að aukið framboð sýninga á Reykjavíkursvæðinu hefur haft mikil áhrif á aðsókn. Auglýsingakostnaður hefur til dæmis aukist til muna því að erfiðara reynist að ná til áhorfenda. Framboð á afsláttarmiðum í hinu ólíklegasta formi hefur farið út fyrir öll mörk og enginn vegur lengur að keppa um það ef sala á að mæta kostnaði við sýningar.

Ef nánari upplýsinga er þörf eru þær fyrirliggjandi.

Virðingarfyllst,

Garðar Cortes óperustjóri.

Fylgiskjal IV.

Svar Bandalags íslenskra leikfélaga.
(6. nóvember 1996.)

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga koma lítið við sögu hvað varðar leigu eða afnot af Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi og Íslensku óperunni og er okkur því hvorki kunnugt um leigugjald eða áhrif samkeppni (ef einhver er) á leigugjald.

Undantekning er þó Þjóðleikhúsið í einu tilviki árlega. Þar býður Þjóðleikhúsið „Áhugaverðustu áhugaleiksýningu ársins“ 1–2 sýningarkvöld í enda leikárs, að undangenginni samkeppni milli aðildarfélaganna. Samningur um skiptingu kostnaðar og tekna fylgir hér með.

Aðrir aðilar sem boðið hafa til leigu húsnæði undir leiksýningar í Reykjavík eru Íþrótta- og tómstundaráð (Tjarnarbíó) og Flugfélagið Loftur (Loftkastalinn). Um leigugjald þessara húsa er okkur ekki kunnugt, utan að eitt aðildarfélag okkar sýndi í Tjarnarbíói í apríl sl. og greiddi 180.000 kr. samtals fyrir fimm daga í æfingar og 13 sýningarkvöld. Miðasölutekjur voru 1.100.000 kr. samtals.

Með bestu kveðjum,

Vilborg Valgarðsdóttir
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal V.

Svar Bandalags atvinnuleikhópa.
(7. nóvember 1996.)

1. Stjórn Baal er ekki kunnugt um neinar fastar eða ákveðnar reglur sem í gildi eru hjá Þjóðleikhúsi, Leikfélagi Reykjavíkur eða Íslensku óperunni, hvað varðar afnot atvinnuleikhópa eða leikfélaga af húsnæði þessara aðila til æfinga eða sýninga. Enn fremur er stjórn Baal ekki kunnugt um að þessir aðilar hafi til viðmiðunar einhverja ákveðna leigugjaldskrá. Eftir því sem stjórn Baal kemst næst er það ákvörðun stjórnenda húsanna hverju sinni hverjum þeir veita afnot af húsnæðinu, með hvaða skilmálum og þá hvað er greitt fyrir þau afnot ef um ákveðna leiguupphæð er að ræða. Hins vegar þegar um er að ræða samstarfsverkefni milli stóru leikhúsanna og leikhópa eða leikfélaga reiknast framlag stóru leikhúsanna væntanlega meðal annars í aðstöðu og tækjabúnaði.
2. Hvað þessa spurningu varðar þá getur stjórn Baal ekki svarað neinu til, þar sem Baal hefur engar upplýsingar um þetta.
3. Erfitt er að skilgreina nákvæmlega „leikhús til útleigu“. Þeir leikhópar og aðrir sem hafa til ráðstöfunar „eigið“ húsnæði og nærtækast er að telja upp eru Loftkastalinn, Hermóður og Háðvör, Möguleikhúsið, Kaffileikhúsið, Tjarnarbíó og nú síðast Höfðaborgin. Af þessum húsum er það einungis Tjarnarbíó sem verið hefur í hreinni út-

leigu, en hin húsin hafa verið notuð á ýmsan hátt, allt frá því að hafa einvörðungu hýst sýningar viðkomandi hópa til þess að hafa verið í samvinnuverkefnum við ýmsa aðra, bæði aðra hópa sem og einstaklinga. Þar að auki hafa sýningar verið settar upp á öllum mögulegum stöðum, þar sem áhöld eru um hvort viðkomandi aðstaða geti kallast „leikhús“. Með samkeppnina er erfitt að segja nokkuð ákveðið. Atvinnuleikhóparnir hafa allajafna verið í fjársvelti og fjötrum og því ekki getað farið útá einhvern frjálsan markað og keppt þar við einhvern um húsnæði. Algengara er þegar ekki er um einhvers konar samvinnuverkefni að ræða, að hóparnir finni sér húsnæði þar sem eigendur líta á það sem samfélagslega skyldu sína að styðja við bakið á menningunni og stilla því leigu í hóf. Hvort eða hvað af þessu kann að hafa einhver áhrif á leigumarkað fyrir leiksýningar er ekki gott að segja.

4. Um það hvort og þá hvernig atvinnuleikhóparnir og áhugaleikfélög eru í samkeppni við stóru atvinnuleikhúsin er ekkert vitað nákvæmlega. Á því hefur ekki verið gerð nein úttekt, þó svo full ástæða væri kannski til. Hins vegar er það vitað að innan raða Baal hefur óánægju gætt með miðaverð stóru leikhúsanna þegar það hefur í reynd verið um og undir 1.000 kr. Atvinnuleikhóparnir njóta ekki þeirrar niðurgreiðslu að geta keppt við slík verð.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Bandalags atvinnuleikhópa,

Þórarinn Eyfjörð.

215. Svar [158. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur sú 12 millj. kr. fjárveiting, sem veitt var til barna- og unglingageðdeildar Ríkisspítalanna til að koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, verið nýtt? Hvernig hefur starfsemi hennar verið kynnt? Hver er reynslan af því sérstaka átaki sem gera átti til þjónustu við foreldra barna og unglinga í verulegum vímuefnavanda?

Eins og fram kemur í fyrirspurninni ákvað ríkisstjórnin í febrúar sl. að verja 12 millj. kr. á árinu 1996 til barna- og unglingageðdeildar Ríkisspítalanna til að koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda í samvinnu við aðra sem vinna að málaflokknum.

Barna- og unglingageðdeild auglýsti eftir fagfólki í apríl sl. til að vinna að markmiðum sem fram komu í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sérstaka fjárveitingu til deildarinnar. Ráðinn var geðlæknir, félagsráðgjafi og sálfræðingur með sérhæfingu í meðferð ofvirkra barna og barna með hegðunartruflanir og hófu þeir störf í byrjun sumars. Þá hefur sérhæfðum hjúkrunarfræðingi verið falið að veita fyrstu ráðgjöf þegar um vímuefnavanda unglinga er að ræða.

Þessi fjölgun starfsmanna hefur gert barna- og unglingageðdeild kleift að auka þjónustu við foreldra, m.a. með því að veita frumráðgjöf. Þá hefur hún aukið getu barna- og unglingageðdeildar til þess að taka á móti og greina börn sem eiga við hegðunartruflanir að stríða, m.a. ofvirk börn, en talið er að þessi börn séu í áhættuhópi hvað varðar vímuefnanotkun. Í þessu sambandi má geta þess að um þriðjungur unglinga sem leita til deildarinnar á við vímuefnavanda að stríða. Loks hefur deildin hafið fræðslu og þjálfun fyrir foreldra í formi námskeiða.

Ráðuneytið telur mjög brýnt að efla forvarnir gegn vímuefnaneyslu ungmenna, m.a. göngudeildarþjónustu. Hefja þarf forvarnavinnuna mun fyrr en verið hefur, m.a. með því að styrkja svo sem unnt er greiningu, meðferð og eftirfylgd barna með hegðunartruflanir og fræðslu og þjálfun fyrir foreldra, en án verulegs stuðnings þeirra verður árangri ekki náð á þessum vettvangi. Rétt greining og meðferð strax í upphafi gerir mögulegt að beita árangursríkustu meðferð sem þekkt er á hverjum tíma og nýta þannig fjármuni sem veittir eru til forvarna á hagkvæmasta hátt, m.a. með eflingu starfsemi barna- og unglingageðdeildar. Sérstök kynning á starfsemi deildarinnar hefur ekki farið fram.

Vinna barna- og unglingageðdeildar að forvörnum er nú markvissari en áður og nær til fleiri aðila. Fræðslu- og þjálfunarnámskeið BUGL fyrir foreldra barna í áhættuhópi hafa mælst mjög vel fyrir og telja bæði starfsmenn og þeir sem tekið hafa þátt í námskeiðunum að þau muni gera foreldra hæfari til þess að taka á vandamálum barna sinna. Þá hafa verið teknar upp nýjungar í þjónustu við ofvirk börn og börn með hegðunartruflanir. Talið er að þessi nýja þjónusta geti dregið úr líkum á vímuefnavanda síðar og sé þannig mikilvæg forvörn.

216. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess, í samvinnu við samráðsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi, Samtök sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi og Atvinnuþróunarfélag Austurlands, að hið fyrsta verði komið á fót upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi.

Verkefni miðstöðvarinnar verði fyrstu árin að auðvelda og þróa tengsl nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi við skóla og nám á háskólastigi og stuðla að fræðslu og námi á þessu skólastigi heima fyrir, m.a. með námskeiðum og fjarkennslu.

Greinargerð.

Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins.

Austfirðingar hafa hingað til að mestu verið afskiptir þegar um nám á háskólastigi er að ræða. Vissar tilraunir voru þó gerðar á síðasta áratug til að ná tengslum við þetta skólastig og hugmyndir hafa nýlega komið fram um háskólanám í fjórðungnum, eins og síðar er rakið. Sú tillaga sem hér er flutt felur í sér að hið fyrsta verði af hálfu yfirstjórnar menntamála ráðist í markvissar aðgerðir til að tengja Austurland við háskólastigið og leggja með því grunn að því sem síðar gæti orðið háskóli innan fjórðungsins.

Að mati flutningsmanna eru ekki raunhæfar forsendur í bráð til þess að efna til sjálfstæðs háskóla á Austurlandi og önnur tilhögun er vænlegri til að Austfirðingar fái á skjótan hátt greiðari aðgang og betri tengsl við háskólastigið en nú er. Lagt er til að Alþingi feli menntamálaráðherra að sjá til þess, í samvinnu við samráðsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi, Samband sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi (SSA) og Atvinnuþróunarfélag Austurlands, að hið fyrsta verði komið á fót upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins í fjórðungnum. Verkefnasvið þessarar miðstöðvar verði fyrst í stað einkum tvíþætt eins og fram kemur í nafngiftinni upplýsinga- og fræðslumiðstöð, þ.e.:

— að þróa víðtæk tengsl við skóla og nám á háskólastigi annars staðar á landinu og miðla þeim tengslum til nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi,

— að stuðla að fræðslu og námi á þessu skólastigi á Austurlandi, m.a. í formi námskeiða og fjarkennslu.

Endurmenntun, símenntun og fjarkennsla í samstarfi við þá háskóla sem fyrir eru gætu orðið meðal helstu verkefna miðstöðvarinnar og tengst skólum, fyrirtækjum og starfsgreinafélögum innan fjórðungsins.

Líklegt er einnig að fljótlega sé hægt að byggja upp stuttar háskólabrautir í tengslum við framhaldsskóla á Austurlandi. Horfur eru á að framhaldsskólanám til stúdentsprófs styttist innan tíðar úr fjórum árum í þrjú og mætti hugsa sér að í stað fjórða árs framhaldsskóla kæmi nám á háskólastigi, sbr. t.d. tölvuháskóla sem starfræktur er innan Verslunarskóla Íslands.

Háskólastig og byggðaþróun.

Þekking og gott aðgengi að menntun eru nú meginstoðir atvinnuþróunar og ráða miklu um afstöðu fólks til búsetu. Fátt er mikilvægara fyrir byggðaþróun eigi vel að farnast en að þessum þáttum sé vel sinnt og að enginn landshluti sé afskiptur í aðgengi til menntunar. Allvel hefur verið brugðist við þessu kalli tímans á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, en annað er uppi á teningnum þegar litið er til háskólastigs. Háskóla Íslands var ætlað að vera þjóðarskóli er hann var stofnaður en margt hefur skort á að svo yrði í reynd og námsframboð á vegum skólans hefur fyrst og fremst verið bundið við höfuðborgarsvæðið. Hér er fyrst og fremst um að kenna stefnuleysi af opinberri hálfu en einnig hafa takmörkuð fjárráð ráðið nokkru um þróun skólans.

Stofnun Háskólans á Akureyri var á vissan hátt andsvar við því hversu staðbundin starfsemi Háskóla Íslands varð í reynd, sem og stofnana er skólanum tengjast. Frumkvæðið að stofnun háskóla á Akureyri kom frá Norðlendingum, stutt af þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra, þótt margir fleiri þingmenn, yfirvöld menntamála og síðan Alþingi í heild tækju undir þá stefnu að koma skólanum á fót. Ýmsir fleiri skólar er bjóða upp á sérhæft nám eru nú starfræktir á háskólastigi, sumir staðsettir utan Reykjavíkur, eins og Samvinnuháskólinn Bifröst og Bændaskólinn á Hvanneyri.

Tillögur og hugmyndir um háskólanám á Austurlandi.

Á Austurlandi hafa á síðustu tólf árum verið gerðar nokkrar tilraunir er snerta háskólastigið. Ber þar fyrst að nefna tillögu sem Berit Johnsen sérkennslufulltrúi flutti ásamt Guðmundi Magnússyni, fræðslustjóra í fræðsluráði Austurlandsumdæmis, 9. ágúst 1984 um könnun á „að koma á námi í sérkennslu heima í héraði fyrir starfandi kennara. Námið yrði skipulagt í samvinnu við KHÍ (Kennaraháskóla Íslands) og undir eftirliti hans“. Könnun sem Berit gerði hafði leitt í ljós að þörf væri á 15–20 sérkennurum í um-

dæminu og voru helstu rök fyrir tillögunni að kennarar úti á landsbyggðinni mundu almennt ekki að óbreyttu taka sig upp til að stunda framhaldsnám í launalausu leyfi. Því þyrfti að koma til nýskipan mála með fjarkennslusniði, þannig að starfandi kennarar gætu lokið eins árs námi á tveimur árum. Tillaga þessi hlaut byr og innrituðust 16 kennarar í slíkt nám sem haldið var uppi á tímabilinu 1987–89. Berit stjórnaði þessu námi en með henni kenndu m.a. kennarar frá KHÍ. Segja má að þessi tilraun hafi ýtt undir stofnun farskóla KHÍ árið 1992, sem nú heitir fjarskóli KHÍ, en fyrstu B.Ed.-kandídatar útskrifuðust úr honum í ágúst 1996, þar af tíu kennarar af Austurlandi. Einnig ber að geta hugmyndar sem Berit Johnsen setti fram árið 1991 um að nýta Eiðaskóla sem eins konar miðstöð fyrir námskeiðshald, fjarkennslu og stuðning við námsmenn á háskólastigi. Yrði hann rekstrarlega sjálfstæð stofnun undir menntamálaráðuneytinu og þjónaði öllu landinu. Sú hugmynd hlaut þá ekki brautargengi.

Á vettvangi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA) var síðastliðið sumar rætt um nauðsyn þess að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi. Aðalfundur SSA 1996 gerði svohljóðandi ályktun um málið:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Neskaupstað 29. og 30. ágúst 1996, felur stjórn SSA að undirbúa í samvinnu við stjórnvöld og forsvarsmenn skóla á háskólastigi að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi í tengslum við austfirskt atvinnulíf og til að efla þekkingu og menntun í fjórðungnum."

Þá er þess að geta að bæjarstjórn Egilsstaða skipaði í júní 1996 nefnd „til undirbúnings menntun á háskólastigi á Egilsstöðum" og tilnefndi í hana Emil Björnsson, Helgu S. Hreinsdóttur og Elínu S. Einarsdóttur. Tók nefnd þessi til starfa 1. október 1996 og hefur m.a. snúið sér til SSA með ósk um samstarf.

Drög að þeirri tillögu sem hér er flutt voru kynnt stjórn SSA á fundi hennar með þingmönnum Austurlands 21. nóvember 1996 og voru viðbrögð viðstaddra jákvæð. Einnig hefur tillagan verið kynnt fulltrúa frá nefnd Egilsstaðabæjar sem veitt hefur upplýsingar um byrjunarstörf og hugmyndir nefndar sveitarfélagsins.

Heimaaðilar verði með í stefnumótun.

Af framansögðu er ljóst að á Austurlandi er ört vaxandi áhugi á að tengjast háskólastiginu. Nauðsynlegt er að tryggja sem besta samvinnu yfirstjórnar menntamála og þeirra aðila heima fyrir sem sýna málefnum háskólastigsins áhuga. Að mati flutningsmanna er vænlegt að sameina kraftana um að koma hið fyrsta á fót upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins í fjórðungnum. Menntamálaráðuneytið getur sem forustuaðili virkjað krafta heima fyrir til að undirbúa jarðveginn. Skilgreina þarf þörfina fyrir nám á háskólastigi í landshlutanum og hvernig miðstöð háskólastigins geti sem best orðið að liði. Ekki er hér gerð tillaga um aðsetur eða umfang slíkrar miðstöðvar þar eð slíkt er eðlilegur hluti þess undirbúnings sem fram þarf að fara nái tillagan fram að ganga.

Þeir þrír aðilar sem tilnefndir eru til samráðs samkvæmt tillögunni ættu að geta tryggt víðtæk tengsl við málið innan fjórðungsins.

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur á þrjátíu ára starfsferli reynst góður samnefnari til að fylkja sveitarstjórnum til sameiginlegra átaka, m.a. í mennta- og menningarmálum. Eins og framangreind ályktun ber með sér hefur SSA þegar hvatt til aðgerða til að koma á háskólamenntun í kjördæminu. Hefur stjórn SSA falið framkvæmdaráði sínu að fylgja ályktuninni eftir.

Atvinnuþróunarfélag Austurlands hefur eflst og má nú teljast samnefnari fyrir fyrirtæki og atvinnulíf í fjórðungnum. Í lögum félagsins er m.a. kveðið á um að félagið skuli miðla upplýsingum um tækni- og rekstrarmál og hafa milligöngu um námskeiðshald og aðra fræðslustarfsemi sem völ er á fyrir starfsfólk í atvinnulífinu. Vorið 1996 tók til starfa sérstök þróunarstofa á vegum Atvinnuþróunarfélagsins og nýtur hún m.a. fjárhagslegs stuðnings frá Byggðastofnun og SSA samkvæmt samningi. Miðast starfsemi þróunarstofunnar nú við þriggja ára tilraunaverkefni til að auka nýsköpun og arðsemi í atvinnulífi, m.a. með ráðgjafarstarfi og náinni samvinnu við mennta-, þróunar- og rannsóknastofnanir í öðrum landshlutum. Tengsl við háskólastigið er fyrirtækjum eystra og starfsfólki þeirra mikil nauðsyn og ætti tilkoma upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar háskólastigsins að létta þann róður.

Framhaldsskólar á Austurlandi hafa haft með sér samstarf allt frá árinu 1979 að sérstök stjórnunarnefnd var sett á laggirnar. Menntamálaráðuneytið beitti sér fyrir því vorið 1996 að treysta samstarf framhaldsskólanna til að gera það markvissara en verið hefur. Skólameistarar framhaldsskólanna hafa lýst fylgi við frumkvæði ráðuneytisins og sett fram hugmyndir um aukið samstarf skólanna. Vinnur sameiginleg nefnd ráðuneytis og heimaaðila nú að því verkefni. Fulltrúi ráðuneytisins í nefndinni er Kristrún Ísaksdóttir en af hálfu samráðsnefndar framhaldsskólanna Helga S. Hreinsdóttir. Eitt af því sem nefnt hefur verið af skólameisturum framhaldsskólanna er efling fræðslu fullorðinna og stofnun miðstöðvar til að styðja við hana, m.a. með því að nýta tækninýjungar eins og gagnvirkt sjónvarp í fjarkennslu. Tengsl gætu sem best orðið milli þessara hugmynda varðandi framhaldsskólastigið og miðstöðvar háskólastigsins, þannig að hvort styðji annað. Egilsstaðabær og nefndin sem starfar á hans vegum gæti í senn tengst starfi SSA og framhaldsskólanna að málefnum háskólastigsins.

Góð tengsl eru nauðsynleg við háskólana í landinu á undirbúningsstigi og þegar til framkvæmda kemur. Margháttaða reynslu má einnig sækja til annarra landa og laga hana að íslenskum aðstæðum.

Með samþykkt tillögunnar kæmi fram vilji Alþingis í málinu og góður grunnur væri lagður til að koma skipulegum undirbúningi af stað með það að markmiði að tengja íbúa Austurlands og atvinnulíf þar við háskólastigið.

217. Fyrirspurn [193. mál]

til heilbrigðisráðherra um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvert er umfang geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga hérlendis miðað við það sem tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við?
2. Hvert er hlutfall stofnanaþjónustu annars vegar og þjónustu utan sjúkrahúsa hins vegar á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs, eða þriðjung þjóðarinnar?
3. Hvernig er háttað samvinnu félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda um þjónustu við ungmenni með hegðunartruflanir?
4. Er vitað hve stór sá hópur ungmenna er sem á í vanda en fær enga aðstoð?

5. Hvaða áform eru um að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs?
6. Verður geðdeildarþjónusta veitt á nýjum barnaspítala?

Skriflegt svar óskast.

218. Fyrirspurn [194. mál]

til félagsmálaráðherra um túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndar sem skipuð var til gera tillögur um framtíðarskipan túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda?
2. Til hvaða aðgerða mun ráðherra grípa til að tryggja þessum hópi nauðsynlega túlkaþjónustu þannig að hann fái notið almennrar lögbundinnar þjónustu og aðgengis að samfélaginu?

219. Fyrirspurn [195. mál]

til samgönguráðherra um afsláttarkjör á póstdreifingu Pósts og síma.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða reglur gilda um það hjá Pósti og síma hvaða rit njóti afsláttarkjara í dreifingu, sem innrituð blöð og tímarit, og hvaða skilyrðum þurfa þau að fullnægja?

220. Svar [156. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um beingreiðslur til bænda.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir bændur (lögbýli) fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári:

a. undir 50 þús. kr. á mánuði,
b. 50–100 þús. kr. á mánuði,
c. 100–150 þús. kr. á mánuði,
d. 150–200 þús. kr. á mánuði,
e. yfir 200 þús. kr. á mánuði?

Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr skrám sem Framleiðsluráð landbúnaðarins færir um beingreiðslur til framleiðenda mjólkur og kindakjöts á verðlagsárinu 1995–96.

a. 1.106 lögbýli og 1.175 bændur (handhafar).
b. 816 lögbýli og 926 bændur (handhafar).

c. 488 lögbýli og 554 bændur (handhafar).
d. 360 lögbýli og 418 bændur (handhafar).
e. 476 lögbýli og 563 bændur (handhafar).

Tekið skal fram að fleiri handhafar eru að greiðslum en nemur fjölda lögbýla sökum fleirbýlis og þess að fleiri en einn aðili standa að rekstrinum. Í nokkrum tilvikum þar sem er félagsbúskapur er samt skráður einn handhafi þó svo að fleiri fjölskyldur hafi framfæri sitt af rekstrinum.

221. Fyrirspurn [196. mál]

til landbúnaðarráðherra um beingreiðslur til bænda, sundurliðað eftir kjördæmum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hve margir bændur í hverju kjördæmi og samtals fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári, hve há var fjárhæðin í hverju kjördæmi og samtals? Hvernig skiptast beingreiðslurnar milli sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda í hverju kjördæmi og samtals?
2. Hve margir bændur, sundurliðað eftir kjördæmum, fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári:
   a. undir 50 þús.kr. á mánuði,
   b. 50–100 þús.kr. á mánuði,
   c. 100–150 þús.kr. á mánuði,
   d. 150–200 þús.kr. á mánuði,
   e. yfir 200 þús.kr. á mánuði?

   Hver er samtala beingreiðslunnar í hverjum tekjuflokki?

Skriflegt svar óskast.

222. Svar [166. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um rekstur dagvistarheimila á vegum sjúkrahúsa.

Ekki reyndist unnt að afla eins ítarlegra upplýsinga og um var beðið, enda krefst það mun meiri tíma þar sem um er að ræða að safna saman upplýsingum áratugi aftur í tímann.

1. *Hvenær hófu sjúkrahúsin í Reykjavík, Ríkisspítalar, Borgarspítali og síðar Sjúkrahús Reykjavíkur og Landakotsspítali, að kosta rekstur dagvistarheimila fyrir börn í Reykjavík og vistun barna hjá dagmæðrum? Hver hefur kostnaðurinn verið árlega hjá hverjum spítala og samtals á núvirði?*

Ríkisspítalar hófu rekstur fyrsta leikskólans árið 1960. Þegar mest var voru reknir fimm leikskólar, þrjú skóladagheimili og ein skóladagheimilisdeild. Öllum skóladagheimilum var lokað á árunum 1992–95. Um þessar mundir eru reknir fimm leikskólar með rými fyrir 180 börn í heilsdagsvistun.

Á árinu 1982 var gerð bókun í kjarasamningi hjúkrunarfræðinga um að sjúkrahúsin skyldu taka þátt í vistun barna hjá dagmæðrum. Sett voru nokkur skilyrði fyrir greiðslunum sem fóru rólega af stað en á árunum 1985–90 þegar mikil þensla var á vinnumarkaðinum var mjög mikið um þessar greiðslur og náðu þær til allra faghópa spítalans, en ekki einungis til hjúkrunarfræðinga. Um tíma námu þær 700–800 þús. kr. á mánuði hjá Ríkisspítölum. Seinni hluta árs 1993 hafði staðan breyst og þá ákvað leikskólanefnd Ríkisspítala að hætta þessum greiðslum. Þeir foreldrar sem nutu þeirra þá héldu þeim, en ekki var bætt við og síðari hluta árs 1995 var greiðslunum hætt. Rétt er að geta þess að bókunin frá 1982 var aldrei tekin upp í samningum og endurnýjuð og því taldi nefndin að hún væri ekki gild lengur. Í meðfylgjandi töflu kemur fram árlegur kostnaður spítalans.

Ríkisspítalar	Verðlag hvers árs, þús. kr.	Verðlag ársins 1995, þús. kr.
1990	88.721	105.612
1991	95.853	106.832
1992	81.689	87.770
1993	81.649	84.277
1994	50.978	51.846
1995	36.740	36.740

Borgarspítalinn hóf rekstur leikskóla árið 1969. Þegar mest var rak spítalinn þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili og var rými fyrir 125 börn í heilsdagsvistun.

Ráðuneytinu tókst ekki að afla upplýsinga um hvenær St. Jósefsspítali Landakoti hóf rekstur leikskóla, en þegar mest var rak spítalinn þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili, með rými fyrir 92 börn í heilsdagsvistun. Frá árinu 1993 hafa stjórnendur spítalans dregið verulega úr rekstri dagvistarheimila fyrir börn og er nú einungis eitt þeirra í notkun.

Nú tekur Sjúkrahús Reykjavíkur (áður Borgarspítalinn og Landakot) þátt í rekstri fjögurra leikskóla, með samtals 113 rými fyrir börn í heilsdagsvistun. Ekkert skóladagheimili er nú rekið á vegum spítalans. Í töflunni kemur fram árlegur kostnaður spítalans.

Sjúkrahús Reykjavíkur (Borgarspítalinn og Landakot)	Verðlag hvers árs, þús. kr.	Verðlag ársins 1995, þús. kr.
1990	68.693	81.771
1991	107.497	119.810
1992	95.378	102.478
1993	84.810	87.539
1994	35.391	35.994
1995	37.467	37.467

2. *Hvaða sjúkrahús önnur hafa kostað rekstur dagvistarheimila fyrir börn og vistun barna hjá dagmæðrum, hver hefur kostnaðurinn verið árlega hjá hverjum spítala og samtals hjá þeim öllum á núvirði?*

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri rak leikskóla í leiguhúsnæði á árunum 1973–78. Frá ársbyrjun 1979 var hann fluttur í eigið húsnæði sem var áður notað til annarra þátta í starfsemi sjúkrahússins. Þá rak sjúkrahúsið einnig skóladagheimili á árunum 1981–94, en þá var starfsmönnum sagt upp og rekstri hætt. Í kjölfar lækkaðra fjárveitinga til dagheimila á árinu 1994 hefur sjúkrahúsið dregið úr þessari starfsemi. Þannig var skóladagheimili lokað og gerður samningur við Akureyrarbæ um yfirtöku sveitarfélagsins á tíu rýmum á leikskólanum frá 1. janúar 1995. Akureyrarbær hefur því nú til ráðstöfunar og greiðir fyrir 22 rými, en sjúkrahúsið fyrir tólf. Í töflunni kemur fram árlegur kostnaður spítalans.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	Verðlag hvers árs, þús. kr.	Verðlag ársins 1995, þús. kr.
1989	15.414	21.071
1990	15.622	18.596
1991	15.897	17.718
1992	14.949	16.062
1993	13.392	13.823
1994	5.917	6.018
1995	4.873	4.873

St. Jósefsspítali Hafnarfirði tók þátt í rekstri leikskóla St. Jósefssystra sem svaraði hlut barna starfsmanna. Þessi þátttaka var ekki skilgreind sérstaklega í bókhaldi fyrr en árið 1981 þannig að eldri tölur er mjög erfitt að finna. Þetta á einnig við um styrk vegna barnagæslu dagmæðra, en hann var greiddur allt til ársins 1993. Rekstri leikskólans var hætt 1. október sl. þegar Hafnarfjarðarbær yfirtók reksturinn og keypti húsnæðið. Í töflunni kemur fram árlegur kostnaður spítalans.

St. Jósefsspítali Hafnarfirði	Verðlag hvers árs, þús. kr.	Verðlag ársins 1995, þús. kr.
1981	251	3.572
1982	340	3.204
1983	499	2.552
1984	1.296	5.132
1985	1.174	3.512
1986	1.609	3.969
1987	3.263	6.776
1988	5.319	8.807
1989	4.863	6.648
1990	4.139	4.927
1991	5.065	5.645
1992	8.890	9.552
1993	8.090	8.350
1994	3.963	4.030
1995	5.779	5.779

Sjúkrahús Akraness hefur frá árinu 1978 rekið leikskóla með 16 rými í eigin húsnæði. Árlegur kostnaður spítalans hefur verið á bilinu 2,5–3,5 millj. kr. (var á síðasta ári 2,5 millj. kr.). Nú standa yfir viðræður við Akranesbæ um yfirtöku rekstursins.

Einnig komu sjúkrahúsin í Vestmannaeyjum og í Neskaupstað til skamms tíma að rekstri dagvistarheimila fyrir börn, í formi styrks sem nam 500–600 þús. kr. á ári. Þá rak hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi þar til fyrir skömmu leikskóla með tólf rými. Árlegur kostnaður Sunnuhlíðar var um 2,6 millj. kr.

3. *Hversu mörg dagvistarheimili hefur hver spítali reist og rekið og hver var stofnkostnaður þeirra hvers um sig og samtals á núvirði? Hvernig skiptist stofnkostnaðurinn milli ríkis og sveitarfélaga, sundurliðað eftir sveitarfélögum og spítölum?*

Þau sjúkrahús sem tekið hafa á einhvern hátt þátt í dagvistun barna hafa á undanförnum árum dregið verulega úr þeirri þátttöku. Einungis fjögur sjúkrahús taka enn þátt í kostnaði við dagvistun barna, Ríkisspítalar, Sjúkrahús Reykjavíkur, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og Sjúkrahús Akraness, en þau hafa öll dregið verulega úr kostnaðarþátttöku sinni á undanförnum árum. Samkvæmt nýju samkomulagi ráðherra heilbrigðis- og fjármála og borgarstjórans í Reykjavík skulu Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur hætta rekstri leikskóla í áföngum á árunum 1996–99.

Ríkisspítalar hófu rekstur fyrsta leikskólans árið 1960. Síðan bættust þeir við einn af öðrum og einnig skóladagheimili. Þegar mest var voru reknir fimm leikskólar, þrjú skóladagheimili og ein skóladagheimilisdeild og var rými fyrir 250 börn í heilsdagsvistun. Öllum skóladagheimilum var lokað á árunum 1992–95. Um þessar mundir eru reknir fimm leikskólar með rými fyrir 180 börn í heilsdagsvistun.

Ríkisspítalar hafa alfarið greitt stofnkostnað leikskóla sinna. Ekki liggur fyrir stofnkostnaður þeirra, en fasteignamatið var samtals 61,2 millj. kr. miðað við 1. desember 1995.

Þegar mest var rak Borgarspítalinn þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili og var rými fyrir 125 börn. Reykjavíkurborg reisti og keypti leikskólana til afnota fyrir spítalann.

St. Jósefsspítali Landakoti rak þegar mest var þrjá leikskóla og eitt skóladagheimili og var rými fyrir 92 börn. Rekstur þessara heimila var í þremur húsum, þar af voru tvö í eigu styrktarsjóðs St. Jósefsspítala. Tvö þessara húsa fylgdu með í samkomulagi um sameiningu spítalanna (öðru þeirra hefur verið lokað), en það þriðja er nú í eigu sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala og ekki nýtt lengur af spítalanum. Ekki liggur fyrir kaupverð þessara eigna en fasteignamat þeirra í ársreikningi 1995 var um 30 millj. kr.

Nú tekur Sjúkrahús Reykjavíkur (áður Borgarspítalinn og Landakot) þátt í rekstri fjögurra leikskóla, með samtals 113 rými, en ekkert skóladagheimili er rekið á vegum spítalans.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri rak leikskóla í leiguhúsnæði á árunum 1973–78. Frá ársbyrjun 1979 var hann fluttur í eigið húsnæði. Það var áður notað til annarra þátta í starfsemi sjúkrahússins. Ekki liggur fyrir vitneskja um hversu mikið breytingar á húsnæðinu kostuðu, en stjórnendur sjúkrahússins ætla að þær hafi numið 4–5 millj. kr. (á núvirði). Þegar mest var kostaði spítalinn 34 dagheimilisrými og 20 skóladagheimilisrými.

St. Jósefssystur ráku barnaskóla í húsi við spítalann frá árinu 1938. Þeim rekstri var síðar breytt í leikskóla sem þær ráku sérstaklega í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Árið 1984 yfirtók spítalinn fyrst rekstur leikskólans, en hafði áður greitt í samræmi við fjölda barna starfsmanna. Húsnæðið fylgdi með án greiðslu, en á árinu 1987 keyptu ríkið og Hafnarfjarðarbær spítalann fyrir 110 millj. kr. Ekki kom fram skipting verðs eftir hverju húsnæði fyrir sig, en árið 1983 var hafist handa við byggingu leikskóla á baklóð spítalans. Bygging þessi var einingahús keypt frá SG einingahúsum á Selfossi. Byggingarkostnaður var 4.053.000 kr. og var húsið tekið í notkun árið 1985 (starfsemin var flutt úr gamla barnaskólanum). Flest voru rýmin 30, en Hafnarfjarðarbær nýtti og kostaði á hverjum tíma a.m.k. þriðjung þeirra. Eins og fram hefur komið keypti Hafnarfjarðarbær leikskólann á þessu ári og var kaupverð 85% hluta ríkisins 12 millj. kr.

Sjúkrahús Akraness rekur leikskóla í eigin húsnæði. Ekki fengust upplýsingar um kaupverð hússins, en spítalinn fékk leikskólahúsnæðið (í sama húsi er starfsmannaíbúð) í makaskiptum fyrir annað húsnæði í eigu spítalans.

4. Hver er ástæða þess að sjúkrahúsin hafa farið út í rekstur dagvistarheimila?

Sjúkrahúsin hófu þátttöku í rekstri dagvistarheimila annars vegar vegna erfiðleika á að ráða sérmenntað starfsfólk og hins vegar vegna þess að framboð dagvistarrýma hjá sveitarfélögum hefur á engan hátt verið nægjanlegt. Fyrst var nær eingöngu um að ræða skort á hjúkrunarfræðingum, en fleiri sérmenntaðar stéttir bættust síðan við.

223. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 45/1994.

Flm.: Svavar Gestsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjörleifur Guttormsson.

1. gr.

Á eftir orðinu „skógræktarsvæða“ í niðurlagi 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: vegi sem sérstaklega eru afmarkaðir fyrir umferð reiðhjóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 118. og 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi því þessi stutta greinargerð:

Notkun reiðhjóla hefur aukist hér á landi á undanförnum árum. Hafa bæjarfélög brugðist við því með því að leggja sérstakar brautir fyrir umferð reiðhjóla. Þannig hefur orðið til nær samfellt net reiðhjólastíga á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins.

Þessi mál hafa ekki verið flutt inn á vettvang Alþingis áður. Hér er lögð fram tillaga um að vegir, afmarkaðir fyrir reiðhjól, verði teknir inn í vegalög sem væri fyrsta skrefið. Í framhaldi af því þyrfti svo að verða til samfellt net reiðhjólastíga á stærri svæðum. Vonandi verður tillagan til að vekja umræður sem síðan leiða til ákvarðana á Alþingi í þessum efnum.

224. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson.

1. gr.

Við a-lið 33. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimilt er að veita styrk til kaupa á síma eða öðrum fjarskiptabúnaði í bifreið sem keypt er samkvæmt þessari

lagaheimild þegar brýnt er að mati tryggingayfirlæknis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Bílasímar og aðrir farsímar eru taldir sjálfsagður búnaður í tæknisamfélagi nútímans. Fáir þurfa fremur á slíkum búnaði að halda en þeir sem eru verulega fatlaðir en geta engu síður stýrt eigin bifreið. Þeir öryrkjar, sem fengið hafa lán eða styrki til bifreiðakaupa að undanförnu, hafa stundum sótt um styrk til að setja farsíma í bíl sinn en fengið synjun. Rök fyrir synjuninni eru þau að reglur Tryggingastofnunar heimili ekki að veita styrk í þessu skyni. Segir einnig í synjunarbréfum Tryggingastofnunar að hún „greiði ekki hjálpartæki til þeirra sem vistast á stofnunum eða sjúkrahúsum sem eru á föstum fjárlögum eða daggjaldakerfi að hjólastólum undanskildum". Þessi röksemd getur verið út í hött þegar um er að ræða stofnanir eins og dvalarheimili Sjálfsbjargar í Hátúni 12, svo að dæmi sé nefnt.

Af þessum ástæðum er hér flutt frumvarp sem heimilar Tryggingastofnun að veita styrk til kaupa á fjarskiptabúnaði í bifreiðir öryrkja svo að tekin verði af öll tvímæli í þessum efnum.

225. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á liðnum árum hefur af og til komið upp umræða um gildi þess að Ísland fullgildi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156. Ályktað hefur verið um málið, fyrirspurn komið fram á Alþingi og samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur tekið spurninguna til efnislegrar umfjöllunar.

Alþjóðasamþykkt nr. 156 ber yfirskriftina Samþykkt um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Samþykktin var afgreidd af 67. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1981. Jafnframt var tillaga með nánari útfærslu á efni samþykktarinnar samþykkt. Í samþykktinni felast skuldbindingar og má þar m.a. nefna að stjórnvöld skulu setja sér þau markmið:

— að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð sem er í vinnu eða hyggur á að gegna launuðu starfi að ná fram þeim rétti sínum,

— að auðvelda starfsmönnum sem bera ábyrgð á fjölskyldu að hagnýta rétt sinn til að velja starf við hæfi,
— að taka tillit til þarfa þeirra að því er varðar kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi,
— að við skipulagningu á þjónustu sveitarfélaga skuli tekið tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð, t.d. hvað varðar barnagæslu og fjölskylduaðstoð,
— að glæða skilning á meginreglunni um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi konum og körlum, m.a. með kynningarstarfi,
— að gera ráðstafanir á sviði starfsmenntunar til að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að hefja og halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, svo og að eiga afturkvæmt á vinnumarkað eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar,
— að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar úr starfi.

Einnig er fjallað um með hvaða hætti aðildarríkin geti hrundið samþykktinni í framkvæmd, með lögum, reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða á annan hátt sem venjur og hefðir í landinu gera mögulegt.

Um framhald greinargerðar og fylgiskjöl vísast til þskj. 15 (15. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 1995–96, bls. 497–508.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samþykkt allsherjarþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.
II. Tillaga allsherjarþings Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 165 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

226. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

Flm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158 um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún, ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 trygg-

ir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Á síðasta ári höfðu alls 24 ríki fullgilt samþykktina (sbr. fylgiskjal III). Þar á meðal eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á reglum ámóta þeim sem samþykktin byggist á.

Samþykkt nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríkið getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar en þar eru nefndir til sögunnar þeir sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis og þeir sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma. Þá er að auki heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþáganna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Um framhald greinargerðar og fylgiskjöl vísast til þskj. 581 (332. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþingistíðinda 1995–96, bls. 2781–2794.

Með tillögunni voru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

II. Tillaga Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.

III. Ríki sem hafa fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158. frá 1982.

227. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um lagasetningu um umönnun aldraðra.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa lagasetningu um umönnun aldraðra og þær kröfur og ábyrgð sem gerðar eru til þeirra er slíka þjónustu veita. Löggjöfin taki bæði til umönnunar sem fram fer um lengri eða skemmri tíma á sérhæfðum stofnunum og þjónustu sem öldruðum er veitt í heimahúsum af óskyldum aðilum, hvort heldur er opinberum aðilum eða einkaaðilum. Frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1997.

Greinargerð.

Íslenskt þjóðfélag hefur á fáum áratugum breyst á mörgum sviðum samfara breyttri búsetu og atvinnuháttum meginþorra þjóðarinnar. Ein afleiðing breytinganna er að aðhlynning og hjúkrun aldraðra hefur í auknum mæli færst frá ættingjum til opinberra aðila, ýmist sem vistun á öldrunarstofnunum eða sem aðstoð sem veitt er í heimahúsum.

Kannanir á viðhorfum aldraðra sýna ótvírætt að það er ósk flestra að geta dvalist sem lengst á eigin heimili þegar aldurinn færist yfir og oft á tíðum þarf gamalt fólk tiltölulega litla hjálp til að geta búið í eigin íbúðum í stað þess að flytjast á öldrunarstofnun. Slík lausn er af flestum talin félagslega æskileg, jafnframt því að vera ódýrari fyrir samfélagið.

Eftir því sem þeim fjölgar sem komast á eftirlaunaaldur vex þörfin fyrir sérhæfðari öldrunarþjónustu og allar líkur eru á að sama þróun verði hér og í öðrum löndum, að upp vaxi ný atvinnugrein sem leitast við að sinna þeim óskum aldraðra sem ekki er komið til móts við af hálfu hins opinbera. Löggjafanum ber að setja lagaramma um slíka starfsemi þar sem tekið verður á þeim skilyrðum sem einkaaðilum og opinberum aðilum sem starfa að þessum málum ber að uppfylla. Með heildarlöggjöf um umönnun aldraðra væri lagður grunnur að því að þeir sem kaupa öldrunarþjónustu fái þá þjónustu sem þeir vænta, og enn fremur komið í veg fyrir að slík mál fari í sama farveg og víða erlendis þar sem óvandað fólk gerir leit aldraðra að öryggi og sjálfstæðu lífi að féþúfu, auk þess sem afbrotum í tengslum við umönnun aldraðra fjölgar.

Hér á landi hefur atvinnustarfsemi tengd byggingu svonefndra íbúða fyrir aldraða á vegum einkaaðila blómstrað um skeið, enda eftirspurn mikil þótt verð slíkra íbúða þyki oft á tíðum hátt. Þeir sem komið hafa að þessum málum efast sumir um að aldraðir séu með kaupum á slíkum íbúðum að fá þá þjónustu eða það öryggi í ellinni sem þeir vænta. Enginn dómur skal á það lagður hvort slíkar efasemdir eru réttmætar eða hvort það verð, sem sett er upp fyrir slíkar íbúðir, er í einhverju samhengi við raunverulegan byggingarkostnað og eðlilegan hagnað byggingaraðila. Mikil eftirspurn eftir slíkum íbúðum sýnir hins vegar ljóslega að aldraðir leggja mikið á sig til að geta búið sem lengst á eigin heimili. Það er ósk okkar allra, ungra sem aldinna, að fá tækifæri til að lifa eðlilegu einkalífi og ráða eigin högum sem lengst.

Þjóðfélagið mun seint geta komið til móts við allar þarfir þess fjölmenna hóps sem á næstu árum og áratugum telst til eftirlaunaþega og aldraðra og því leikur ekki vafi á að hér á landi, líkt og í mörgum öðrum löndum, verða á allra næstu árum til fjölmörg fyrirtæki sem leitast munu við að koma til móts við þessar þarfir með því að bjóða öldruðum persónulega umönnun, aðstoð og hjúkrun.

Flutningsmanni er ekki kunnugt um að til séu aðgengilegar upplýsingar um umfang þeirrar öldrunarþjónustu sem veitt er í heimahúsum af einkaaðilum hér á landi eða hver sé álitin líkleg þróun slíkrar starfsemi á næstu árum. Samkvæmt gögnum frá Bandaríkjunum áætlar atvinnumálaráðuneytið þar í landi (*Labour Department*) að heimahjúkrun og persónuleg þjónusta í heimahúsum séu þær tvær atvinnugreinar sem vaxa munu hraðast þar í landi á árunum 1994–2005. Ekki er ástæða til annars en að ætla að þróunin hér geti að einhverju leyti orðið svipuð og í Bandaríkjunum. Áætlun ráðuneytisins um tíu atvinnugreinar sem vaxa munu hraðast, mælt í þörf fyrir aukið vinnuafl, er þannig:

Atvinnugreinar	Aukning
Heimahjúkrun	120%
Aðstoð í heimahúsum (ekki hjúkrun)	83%
Utanaðkomandi þjónusta við fyrirtæki	79%
Þrif og umhirða bifreiða (ekki viðgerðir)	75%
Tölvur og hugbúnaðargerð	70%
Félagsleg þjónusta	69%
Skriffinnska tengd heilbrigðisþjónustu	65%
Dagvistun barna	59%
Ráðningarþjónusta og skyld starfsemi	58%
Byggingariðnaður	58%

Umönnunarþjónustan í Bandaríkjunum (*National Association for Home Care*) áætlar að þar í landi njóti nú sjö milljónir Bandaríkjamanna aðhlynningar í heimahúsum á vegum óskyldra aðila og á árabilinu 1985–94 hefur þeim fyrirtækjum sem veita slíka þjónustu fjölgað úr 6.000 í 17.000. Opinbera sjúkratryggingakerfið (*Medicare*) greiðir á árinu 1996 fyrir þá heimahjúkrun sem 3,9 milljónir manna af framangreindum 7 milljónum njóta og hefur sá fjöldi aukist um 2 milljónir einstaklinga frá árinu 1990 er tryggingarnar greiddu fyrir heimahjúkrun 1,9 milljóna einstaklinga. Á sama tímabili hafa greiðslur hins opinbera vegna þessarar þjónustu aukist úr 3,9 milljörðum dollara í 18,1 milljarð dollara.

Sami aðili hefur látið frá sér fara tölulegar upplýsingar um hvaða aðilar það eru sem kaupa aðhlynningu í heimahúsum:

— 67% kaupenda þjónustunnar eru konur en 33% karlar.
— 65 ára eða eldri eru 72% kaupenda, 15% eru á aldrinum 45 ára til 64 ára og 13% eru yngri en 45 ára.
— Aðhlynning skiptist þannig eftir umfangi þjónustu: 4% fá stöðuga umönnun allan sólarhringinn, 32% fá aðstoð oftar en þrisvar í viku, 41% fá aðstoð tvisvar til þrisvar í viku og 23% einu sinni í viku.

Erfitt getur verið að henda reiður á hvernig kostnaður við þá aðhlynningu sem veitt er í heimahúsum skiptist þar sem fjölmargt eldra fólk semur beint við einstaklinga um að veita slíka þjónustu. Kostnaður hjá þeim sem fá þjónustu fyrir tilstilli viðurkenndra fyrirtækja á þessu sviði skiptist þannig:

Greiðandi	Hlutfall
Opinberar sjúkratryggingar	42%
Félagsleg aðstoð	16%
Tryggingafélög	13%
Notandi þjónustunnar	23%
Aðrir aðilar	6%

Í Bandaríkjunum er nú talið að brýn þörf sé á samræmdri löggjöf um þjónustu sem öldruðum er veitt, en þar hefur þróunin orðið hvað örust í þá átt að fólk búi sem lengst í eigin húsnæði en vistist ekki á stofnunum. Reynslan þar í landi sýnir að með viðleitni eldri borgara til að komast hjá því að þurfa að flytjast á elliheimili hefur opnast leið fyrir óheiðarlegt fólk til að féfletta þá er öldrunarþjónustu kaupa. Löggjöf um þjónustu ut-

anaðkomandi aðila við aldraða í Bandaríkjunum nær ekki til umönnunar í heimahúsum frekar en hér á landi. Í skjóli þess að ekki er um að ræða opinbert eftirlit með starfsemi þjónustuaðila eða samræmingu á þeim kröfum sem gera ber til þjónustunnar hafa að undanförnu komið upp mörg erfið mál í Bandaríkjunum þar sem eldri borgarar verða fyrir barðinu á sviksömu og óvönduðu fólki. Það sorglega er að gamalt fólk sem hleypir utanaðkomandi fólki inn á heimili sín til aðstoðar gerir það í þeirri von að geta með því móti komist hjá því að fara á elliheimili. Reynslan sýnir enn fremur að í mjög mörgum tilvikum lætur það ættingja eða yfirvöld ekki vita verði það fyrir barðinu á óheiðarlegum „umönnunaraðilum“ af ótta við að þurfa að flytjast á elliheimili eða vera talið of gamalt til að gæta sín sjálft. Talið er að í 80% tilvika segi þolendur ekki frá slíkum brotum.

Í rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum á 150 tilvikum þar sem upp hefur komist um brot má flokka brotin þannig (ath. að summan er yfir 100% þar sem um fleiri en eina tegund brots er oft að ræða):

Brot	**Hlutfall**
Þjófnaður	73%
Ofbeldi og kynferðisleg áreitni	19%
Vanhirða	15%

Í 94% tilvika var hinn brotlegi ófaglærður aðstoðarmaður en í 6% tilvika var um faglært hjúkrunarfólk að ræða. Af þeim sem veita eldra fólki heimilisaðstoð í Bandaríkjunum eru 10% karlar og 90% konur. Karlar eru hins vegar viðriðnir 23% brota en konur 77%.

Sem betur fer munu fá dæmi um þess konar brot á Íslandi gagnvart eldri borgurum þótt vissulega hafi slík tilvik komið upp. Það er engu síður trú flutningsmanns að nauðsyn sé á að löggjafinn setji starfsemi sem byggist á umönnun aldraðra fastar skorður án þess að komið sé í veg fyrir að slík þjónusta fái að þróast á eðlilegan hátt. Með setningu löggjafar um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem veita alhliða öldrunarþjónustu er tryggt að aldraðir fái notið góðrar og ábyrgrar umönnunar í ellinni, jafnt á stofnunum sem einkaheimilum. Með slíkri löggjöf er jafnframt dregið úr líkum á að það sama hendi hér á landi og gerst hefur í Bandaríkjunum þar sem þeir þegnar þjóðfélagsins sem eru hvað varnarlausastir verða oft fyrir barðinu á óheiðarlegu fólki sem fær aðgang að heimilum viðkomandi undir yfirskini hjálpar og aðhlynningar. Nauðsynlegt er enn fremur að stuðla að því að aldraðir sem dveljast á öldrunarheimilum fái haldið persónulegri reisn sinni og sé sýnd sú virðing sem þeir eiga skilið af þjóðfélagi sem þeir hafa tekið þátt í að byggja upp af eljusemi og umhyggju fyrir komandi kynslóðum.

228. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um sölu afla á fiskmörkuðum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Ásta B. Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að allur sjávarafli sem seldur er innan lands skuli seldur á fiskmörkuðum.

Greinargerð.

Miklar breytingar eiga sér nú stað í íslenskum sjávarútvegi. Þær eiga m.a. rætur að rekja til tæknibreytinga á sviði fjarskipta og upplýsingastreymis, bættra samgangna og möguleika til skjótra flutninga, fiskveiðistjórnunarkerfisins og markaðsvæðingar veiðanna, svo og þess að fiskmarkaðir hafa haslað sér völl síðastliðin tíu ár. Á fiskmörkuðum eru nú árlega seld um 100 þúsund tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr.

Fiskmarkaðirnir hafa með sér samstarf um allt land, m.a. með því að nýta sér nýjustu fjarskiptatækni þannig að hvar sem skip eru stödd eða verkendur er mögulegt að koma á viðskiptum á skjótan hátt. Verð á fiskmörkuðunum hefur einnig orðið viðmið verðlagningar þess afla sem aðrir hafa samið um í svokölluðum beinum viðskiptum.

Verðmyndun utan fiskmarkaða hefur farið þannig fram að mikil tortryggni hefur skapast milli sjómanna og útgerðarmanna, ekki síst vegna fjölmargra dæma um að sjómenn séu með ýmsu móti látnir bera kostnað af kaupum eða leigu á veiðiheimildum. Verðlagningin er einatt þannig að erfitt er að greina á milli hvaða hluti hennar er fiskverð, samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, og hvað er kvótaleiga eða kaup.

Annar afli sem seldur er innan lands, þar með talin rækja, er seldur í beinum viðskiptum. Í þeim viðskiptum kemur virði kvótans einatt fram þó að oftast sé um að ræða viðskipti handhafa kvótans við sjálfa sig. Það getur haft afgerandi áhrif á gengi vinnslu eða útgerðar hvar kostnaður við öflun hráefnis og virði kvótans er skráð.

Sjómenn sjálfir hafa ítrekað og með auknum þunga krafist þess að allur fiskur verði seldur á fiskmarkaði, enda væri verðlagningin þá gagnsæ og ljóst hvert raunverulegt skiptaverð væri.

Miðað við umfang á framsali veiðiheimilda má ætla að sá hópur útgerðarmanna sem fæst bæði við vinnslu og veiðar taki einnig þátt í „tonni á móti tonni“ eða öðrum aðferðum sem útgerðin hefur beitt til að sérhæfa sig og ná hámarkshagnaði. Vinnslan hefur líka þurft að sérhæfa sig í vinnsluaðferðum og tegundum hráefnis. Hluti af framsalinu er því til þess að tryggja vinnslunni ákveðna tegund hráefnis. Því má segja að í stað þess að versla eðlilega á markaði með veiddan afla hafi þörf vinnslunnar fyrir aukna sérhæfingu leitt til framsals veiðiheimilda.

Hagsmunir útgerðar og sjómanna eiga að fara saman við verðlagningu á sjávarafla. Verðlagning á sjávarfangi á að heita frjáls. Hins vegar hafa útgerðarmenn í mörgum tilvikum ákveðið einhliða það verð sem greitt er til áhafna skipanna. Þrátt fyrir skýr ákvæði kjarasamninga og laga um að óheimilt sé að sjómenn taki þátt í kostnaði útgerðar við öflun veiðiheimilda hafa útgerðarmenn verðlagt afla til áhafna með tilliti til kostnaðar við öflun þeirra.

Tilraunir til að finna lausn á þessum vanda við verðlagningu hafa verið gerðar í tvígang á síðustu tveimur árum. Annars vegar var vorið 1994 sett á fót samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Sú tilraun mistókst gjörsamlega vegna viljaleysis útvegsmanna til að taka á vandanum. Hins vegar var í síðustu kjarasamningum sett á fót úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna til að úrskurða um fiskverð þegar ekki næðist samkomulag milli útgerðarmanna og áhafna um aflaverð. Í mörgum tilvikum hafa útvegsmenn hunsað nefndina og beitt sjómenn þvingunum til að geta verðlagt aflann eftir eigin geðþótta. Ljóst er því að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna getur ekki leyst þau vandamál sem við blasa við verðlagningu á afla.

Það hlýtur að vekja upp spurningar um af hverju viðsemjendur sjómanna, útgerðarmenn, vilja ekki að afli sé verðlagður á markaði. Er tregða útgerðarmanna gagnvart fiskmörkuðunum tengd því að ef afli er seldur á fiskmarkaði kemur rétt skiptaverð fram?

Með því að breyta leikreglum þannig að viðskipti á markaði séu áskilin við sölu afla til vinnslu má eyða tortryggni milli útgerðar og sjómanna og tryggja að þeir sem ná bestum árangri stundi fiskvinnslu á hverjum tíma, en formaður Verkamannasambandsins hefur í umræðum um kjör fiskvinnslufólks bent á að ef til vill sé afnotarétturinn af auðlindinni ekki í höndum réttra aðila fyrst árangurinn er ekki betri.

Sala alls afla sem seldur er innan lands um fiskmarkaði er ekki aðeins réttlætismál fyrir sjómenn heldur einnig mikilvægt hagsmunamál vinnslunnar svo að hún geti sérhæft sig enn frekar og gert betur.

Samþykkt þessarar tillögu felur í sér stefnumörkun Alþingis. Flutningsmönnum þykir ekki ástæða til að gefa framkvæmdarvaldinu fyrirmæli um hvernig standa eigi að fullgildingu hennar verði hún samþykkt en sjávarútvegsráðherra mun þá væntanlega flytja frumvarp til breytinga á viðeigandi lögum.

229. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Í stað ártalsins „1996“ 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 16/1994, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, var lögfest öryggisfræðsla fyrir sjómenn og eiga lögskráningarstjórar að hafa eftirlit með henni. Í lögunum var veittur aðlögunartími til 31. desember 1995 fyrir skipstjórnarmenn en 31. desember 1996 fyrir aðra skipverja. Með lögum nr. 162/1995 var aðlögunartími til handa skipstjórnarmönnum framlengdur til 31. desember 1996. Ástæðan var sú að þrátt fyrir aðlögunartíma hafði töluverður hópur skipstjórnarmanna enn ekki lokið öryggisfræðslunámi.

Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna hefur nú lagt til að þessi frestur verði lengdur um eitt ár þar sem margir sjómenn muni ekki hafa sótt námskeið um áramót. Samkvæmt upplýsingum hans eru námskeið, sem skólinn mun halda til áramóta, fullbókuð og er ekki unnt að koma fleiri nemendum á þau. Ef umræddur frestur verður ekki veittur er því ljóst að ekki fæst lögskráning á mörg skip.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna.

Í frumvarpinu er kveðið á um að skipstjórnarmenn verði að hafa hlotið öryggisfræðslu fyrir 31. desember 1997 í stað 31. desember 1996 eins og kveðið er á um í lögum nr. 16/1994, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987. Með frumvarpinu er því lagt til að aðlögunartími skipstjórnarmanna að þessari fræðsluskyldu verði framlengdur um eitt ár. Frumvarpinu fylgir ekki kostnaður fyrir ríkissjóð.

230. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorlákssson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson, Maríönnu Jónasdóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Þá fékk nefndin einnig á sinn fund Guðna Níels Aðalsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Svein Jónsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Martein Másson frá Lögmannafélagi Íslands, Jónas Fr. Jónsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands og Gunnar Helga Hálfdanarson og Vilborgu Loftsdóttur frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, en þessir aðilar sendu nefndinni einnig skriflegar umsagnir um málið. Auk þess bárust umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi löggiltra endurskoðenda, Neytendasamtökunum og reikningsskilaráði. Loks fékk nefndin Þorgeir Örlygsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá tölvunefnd til viðræðna um 11. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í stað þess að frádráttur vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri verði felldur niður í einu lagi um áramót verði hann lækkaður í áföngum á þremur árum. Eftir árið 1999 verði síðan enginn frádráttur heimilaður vegna fjárfestingar

manna í atvinnurekstri. Er þessi breyting gerð til að milda þau áhrif sem niðurfelling þessa frádráttarliðar kann að hafa á hlutabréfamarkaðinn. Þá er lítillega breytt ákvæðum um stofnfjárbréf í sparisjóðum. Er það gert vegna þess að í lögum nr. 9/1984 er ekkert fjallað um fjárfestingu í slíkum bréfum og þykir því nauðsynlegt að taka fram að skilyrði þau sem sett eru í þeim lögum eigi ekki við um stofnfjárbréf í sparisjóðum.

2. Lagt er til að sett verði í lögin ákvæði um skiptingu hlutafélaga. Í nýlegum lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, er að finna ákvæði um skiptingu hlutafélaga í eitt eða fleiri hlutafélög eða einkahlutafélög. Sú lagasetning tengist aðild að EES-samningnum en sambærileg ákvæði hafa verið tekin inn í löggjöf nágranna okkar á síðustu árum. Í hlutafélagalöggjöfinni er ákvæðinu um skiptingu skipað í flokk með samruna og talið að í aðalatriðum eigi sambærileg sjónarmið við um þetta tvennt.

   Í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ekki fjallað um skiptingu hlutafélaga. Aftur á móti eru allítarleg ákvæði um sameiningu félaga. Eftir gildistöku laga nr. 2/1995 hefur nokkrum sinnum verið leitað álits ríkisskattsstjóra á því hvaða skattalegar afleiðingar það hafi ef hlutafélögum er skipt í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög. Því hefur verið svarað til að í skattalegu tilliti verði að líta á slíka skiptingu sem slit og að þau verðmæti sem deilist milli hluthafa komi til skattlagningar þannig að mismunur nafnverðs, auk heimildar til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, og verðmætis hlutafjár myndi skattstofn hjá hverjum hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign hans í félaginu. Ekki hefur verið fallist á það að beita ákvæðum laganna um sameiningu með lögjöfnun. Sú afstaða byggist ekki hvað síst á því að í ákvæði hlutafélagalaga um skiptingu er ekki sett það skilyrði að endurgjald til hluthafa í hinu skipta félagi sé eingöngu í formi hlutabréfa í viðtökufélögunum. Það skilyrði er aftur á móti grundvallarþáttur í sameiningarákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

   Meginreglan varðandi skattlagningu söluhagnaðar er að stofnverð eigna teljist verð þeirra við kaup eða öflun og endurbætur þeirra þar til þær verða nothæfar í hendi eiganda. Verði eigendaskipti að eign myndast nýtt stofnverð í hendi hins nýja eiganda. Frá þessari reglu þykir hins vegar stundum rétt að víkja. Hafi eign t.d. verið fengin í arf er miðað við stofnverð í hendi þess sem lætur eignina af hendi. Sama á við þegar um sameiningu er að ræða skv. 56. og 57. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt. Fallast má á að sömu rök eigi við þegar um fulla skiptingu hlutafélaga er að ræða, þ.e. félagi er algerlega skipt upp og því slitið en eignir og skuldir renna til tveggja eða fleiri félaga og hluthafar í hinu skipta félagi fá endurgjald fyrir eignarhlut sinn að fullu greitt með hlutabréfum í viðtökufélögunum. Þetta er í samræmi við viðtekin sjónarmið í skattarétti, og reyndar er það svo að í sumum löndum, t.d. Noregi, hefur þetta verið talið gilda þrátt fyrir að ekki hafi verið við sett lagaákvæði að styðjast. Hér er hins vegar lagt til að þetta verði lögfest, en því markaður tiltölulega þröngur rammi. Í raun er ekki verið að leggja til að fallið verði frá skattlagningu heldur er skattlagningu frestað þar til eignarhlutur í viðtökufélagi er seldur. Ekkert kemur í veg fyrir að staðið sé að skiptingu á annan máta en gert er ráð fyrir í ákvæðinu, en það mundi aftur á móti valda því að viðkomandi aðilar mundu ekki njóta hins skattalega hagræðis sem hér er verið að leggja til heldur yrðu slík tilvik meðhöndluð eftir þeim reglum sem gilda um úttektarskattlagningu.

Í 1. málsl. hinnar nýju 56. gr. A er sett fram sú afmörkun að ákvæðið eigi eingöngu við í þeim tilvikum þegar um algera skiptingu hlutafélags er að ræða, þ.e. þegar öllum eignum og skuldum hlutafélags er skipt og félagi slitið. Eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna er hér eingöngu átt við skiptingu á hlutafélögum en ekki einkahlutafélögum. Þá kemur fram það skilyrði að hluthafar í því félagi sem skipt er fái eingöngu í sinn hlut hlutabréf í viðtökufélögunum sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi. Þetta gagngjaldsskilyrði er í samræmi við sams konar gagngjaldsskilyrði og í gildi hefur verið skv. 56. gr., er varðar samruna hlutafélaga, en megintilgangurinn með slíku gagngjaldsskilyrði er að koma í veg fyrir að fjármunir streymi út úr félaginu sem slitið er, þannig að um algeran samruna fjármuna og eigin fjár verði að ræða. Það sama á í raun við um félag sem skipt er þannig að eignir þess renna saman við tvö eða fleiri félög.

Ákvæði 2. málsl. greinarinnar felur í sér það viðbótarskilyrði fyrir því skattalega hagræði er felst í greininni að innbyrðis eignarhlutfall milli eigenda þess félags sem slitið er haldist óbreytt þrátt fyrir að eignarhlutur þeirra í hinu skipta félagi skiptist í tvo eða fleiri eignarhluti eftir því hve viðtökufélögin eru mörg. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að ef félagi er skipt þannig að fjögur félög taki við eignum og skuldum þess verði hlutur hvers hluthafa hins skipta félags í hverju hinna fjögurra viðtökufélaga hlutfallslega sá sami og var í hinu skipta félagi. Þannig er ekki nægjanlegt að eignarhlutfallið milli hluthafa hins skipta félags haldist ef litið er á hlutareign í viðtökufélögunum samanlagt heldur verður það einnig að eiga við um hlutareign í hverju og einu af viðtökufélögunum. Ákvæði 3. málsl. greinarinnar kveður á um að eignir skuli yfirfærast á bókfærðu verði. Þannig er ekki heimilt að endurreikna eða endurmeta verð eigna og mynda með því nýjan fyrningargrunn heldur verður fyrningargrunnur eigna sem skipt er sá sami í viðtökufélögunum og hann var í hinu skipta félagi.

Ákvæði 4. málsl. greinarinnar er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 56. gr. og kveður á um að við skiptinguna skuli viðtökufélögin taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem skipt er. Hinar skattaréttarlegu skyldur og réttindi flytjast samkvæmt ákvæðinu í samræmi við þær eignir og skuldir sem flytjast til þeirra. Með því er átt við að hlutfallið milli skattaréttarlegra skyldna og réttinda og þeirrar nettóeignar, þ.e. eignir að frádregnum skuldum, sem flyst til viðtökufélaganna sé hið sama.

Ákvæði 1. málsl. 57. gr. A breytist þannig að tekið er fram að greinin eigi einnig við 56. gr. A. Aðrar breytingar, sem gerðar eru á greininni, eru þær að gert er ráð fyrir flutningi á rekstrartapi til fleiri en eins félags til samræmis við það að skipting hlutafélags felur í sér að eignir renna inn í fleiri en eitt félag andstætt því sem gerist við samruna. Þá er orðinu skipting bætt inn í þar sem áður var eingöngu átt við sameiningu eða samruna.

Eins og gert er ráð fyrir að 57. gr. A hljóði eftir breytinguna er að því stefnt að hún girði fyrir að tap flytjist á milli félaga í tengslum við skiptingu hlutafélags nema í þeim tilfellum að viðtökufélögin uppfylli öll skilyrði greinarinnar. Ef eitt viðtökufélaga fullnægir ekki öllum skilyrðum 57. gr. A fellur niður það tap sem hefði ella flust til þess samkvæmt skiptingarreglunni.

3. Lagt er til að í 91. gr. laganna verði á afdráttarlausan hátt kveðið á um að ríkisskattstjóri geti heimilað skil skýrslu í tölvutæki formi, þannig að í slíkri tölvutækri afhendingu skýrslu felist jafnframt undirritun framtals eða ígildi hennar.

4. Lagt er til að ákvæði 10. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 97. gr. laganna, verði felld brott. Ákvæði 97. gr. kveður á um fresti sem skattstjóra eru settir varðandi endurákvörðun mála. Með hliðsjón af því að í greinargerð frumvarpsins er boðað að síðar á þinginu verði flutt frumvarp þar sem kveðið verði á um forúrskurði skattamála og þar sem fyrir liggur að taka á upp staðlað framtal lögaðila þykir rétt að frestað verði að svo stöddu að gera breytingar á 97. gr. Það mál verði tekið til skoðunar að nýju í tengslum við framangreindar breytingar.

   Í 10. gr., sem verður 14. gr., eru hins vegar lagðar til breytingar á 101. gr. að því er varðar kærur á ákvörðunum ríkisskattstjóra. Er lagt til að í stað þess að þær ákvarðanir verði fyrst kæranlegar aftur til ríkisskattstjóra og síðan til yfirskattanefndar verði þær kæranlegar beint til yfirskattanefndar og kæruleiðin þannig stytt að þessu leyti. Er þessi breyting í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á 96. gr. laganna á 120. löggjafarþingi.
5. Í 12. gr., er verður 16. gr., er lagt til að í 114. gr. laganna verði bætt ákvæði um ábyrgð á skattgreiðslum við skiptingu félaga.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.

231. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, GMS, PHB, EOK).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1996, orðast svo:

   Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árunum 1997–1999 samkvæmt lögum nr. 9/1984.

   Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við aukningu á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á hverju ári. Til þess að fá fullan frádrátt samkvæmt þessum tölulið skal árlega fjárfest fyrir að lágmarki 129.900 kr. hjá einstaklingi og 259.800 kr. hjá hjónum.

   Frádráttur hjá þeim sem fjárfest hafa fyrir þær fjárhæðir er greinir í 2. mgr. eða fyrir hærri fjárhæð skal vera sem hér greinir:

   a. Vegna fjárfestingar á árinu 1997 skal hann vera 60% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
   b. Vegna fjárfestingar á árinu 1998 skal hann vera 40% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
   c. Vegna fjárfestingar á árinu 1999 skal hann vera 20% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

   Hafi maður fjárfest fyrir lægri fjárhæð en greinir í 2. mgr. skal frádráttur skv. 3. mgr. taka hlutfallslegum breytingum.

Fjárhæð, sem heimilt hefur verið að flytja á milli ára vegna fjárfestinga í atvinnurekstri fyrir gildistöku laga þessara, telst vera aukning á fjárfestingu í atvinnurekstri skv. 1. og 2. mgr. og skal um frádráttinn gilda ákvæði 3. og 4. mgr. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Reglur þessa ákvæðis skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf. Enn fremur skulu þær þrátt fyrir lög nr. 9/1984 gilda um stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra og skal eigi heimilt að selja stofnfjárbréf í þrjú ár frá kaupum. Ef stofnfjárbréf er selt fyrir þann tíma skal nýttur frádráttur færður til tekna samkvæmt ákvæðum 2. og 3. málsl. 6. mgr.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði.

2. Á eftir 5. gr. bætist við þrjár nýjar greinar sem orðist svo:

a. (6. gr.)

Á eftir orðinu „Sameining“ í fyrirsögn á undan 56. gr. laganna kemur: og skipting.

b. (7. gr.)

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, 56. gr. A, sem orðast svo:

Sé hlutafélagi skipt og því slitið þannig að fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag taki við öllum eignum og skuldum þess og hluthafarnir í félaginu sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félögunum sem við taka sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í sérhverju viðtökufélaganna skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem slitið er með skiptingunni. Eignir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Við slíka skiptingu flytjast allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi frá því félagi sem slitið var og til þeirra félaga sem við taka til samræmis við þær eignir og skuldir sem flytjast til þeirra.

c. (8. gr.)

57. gr. A laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr., 56. gr. A og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi sem slitið var ekki flytjast til þess félags eða þeirra félaga sem við taka nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag eða félög þau sem við taka skulu hafa

með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga við sameiningu eða skiptingu þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining eða skipting félaga verður að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur eða þau félög sem við taka hafa með höndum.

3. Á eftir 9. gr. (er verði 12. gr.) komi ný grein, 13. gr., sem orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ríkisskattstjóri getur heimilað lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að skila skýrslu í tölvutæku formi.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., sem orðast svo:
      Skil á skýrslu í tölvutæku formi að fenginni heimild ríkisskattstjóra jafngildir undirritun skýrslunnar skv. 2. og 3. mgr.
4. 10. gr. (er verði 14. gr.) orðist svo:
   Í stað orðanna „eftir reglum 99. og 100. gr.“ í síðari málslið 3. mgr. 101. gr. laganna kemur: til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.
5. 12. gr. (er verði 16. gr.) orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 114. gr. laganna:
   a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Reglur þessarar málsgreinar um ábyrgð hjóna skulu gilda með sama hætti um samskattað sambúðarfólk og einstaklinga í staðfestri samvist.
   b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi félagi verið skipt skv. 56. gr. A án þess að skattar hafi verið greiddir bera þau félög sem við taka ábyrgð á skattgreiðslum.

232. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Indriða H. Þorláksson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson, Maríönnu Jónasdóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti og Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra. Þá fékk nefndin einnig á sinn fund Svein Jónsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Stefán Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands, Martein Másson frá Lögmannafélagi Íslands og Gunnar Helga Hálfdanarson og Vilborgu Loftsdóttir frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja, en þessir aðilar sendu nefndinni einnig skriflegar umsagnir um málið.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. laganna. Í a-lið er gert ráð fyrir að samræmt verði orðalag staðgreiðslulaga og laga um tekjuskatt og eignarskatt. Staðgreiðsla verði þannig tekin af öllum eignfærðum vöxtum og verðbótum í bönkum og sparisjóðum.

Í c- og d-lið er lagt til að skattlagning ávöxtunar á lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, verði samræmd því sem lagt er til varðandi hlutdeildarsjóði. Í stað þess að skattleggja frá ári til árs verði ávöxtun tryggingartakans skattlögð þegar tryggingin kemur til útborgunar. Með þessari breytingu skapast jafnframt samræmi á tímamarki við skattlagningu innlendra og erlendra tryggingabóta.

Í f- og g-lið er lagt til að í stað beinnar skráningar á skuldaviðurkenningar og verðbréf geti fyrirtæki sem hafa með höndum umsýslu viðskipta nýtt sér tölvu í því skyni að halda utan um upplýsingar. Þessi breyting leiðir til einföldunar í framkvæmd. Um leið er lagt til að ótvírætt sé tekið fram að skrá beri kaupverð allra krafna.

2. Lögð er til sú breyting á 11. gr. laganna að aðilar, sem skilaskyldir eru skv. 3. gr. laganna, geti sótt um undanþágu frá skilaskyldu ef þeir hafa einungis að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Þessum aðilum verður samt skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt. Ákvæðið mun þannig rýmkast nokkuð frá því sem nú er.
3. Með breytingartillögu við 3. gr. er lagt til að nægjanlegt verði að skrá eftirstöðvar kröfu eða verðbréfs við greiðslu eða fyrstu afborgun eftir 1. janúar 1997. Áfallnir vextir og verðbætur fyrir þann tíma eru undanþegin fjármagnstekjuskatti. Er því nauðsynlegt að fjárhæð þeirra sé skýrt afmörkuð.

Samkvæmt gildandi lögum teljast vextir af bréfum og kröfum sem gefin voru út eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997 eigi til skattskyldra vaxtatekna að því leyti sem þeir voru áfallnir 1. janúar 1997. Í ljós hefur komið að við innheimtu afborgana og vaxta af verðbréfum og kröfum sem eru þegar í vörslu skilaskyldra aðila við gildistöku laganna verður mikil fyrirhöfn hjá þeim að safna saman upplýsingum um kaupverð verðbréfanna til að innheimta staðgreiðslu af afföllum eða til að taka tillit til yfirverðs. Sama á við um sölu þeirra eða innlausn. Til að auðvelda framkvæmd er lagt til að settar verði tvær einfaldar meginreglur sem farið skuli eftir við ákvörðun á eftirstöðvaverði til ákvörðunar staðgreiðslu fjármagnstekna þessara verðbréfa. Annars vegar verði miðað við meðalstöðu einstakra flokka verðbréfa ef um er að ræða bréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Hins vegar gildir sú regla um öll önnur verðbréf og kröfur sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands að miða skuli við uppreiknað virði bréfsins að teknu tilliti til 5% ávöxtunarkröfu í öllum tilvikum, hafi nafnvextir verið lægri en 5%. Að sjálfsögðu getur gjaldandi komið með leiðréttingar í framtali hafi hann ekki kosið að koma þeim að fyrir afdrátt skattsins.

Að lokum er sett sérregla um skuldaviðurkenningar sem einstaklingar taka við í viðskiptum og teljast hluti söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi. Hér er um að ræða markaðsbréf eins og húsbréf sem ella ætti að meta í árslok 1996 skv. 2. mgr., svo og önnur skuldabréf og víxla skv. 3. mgr.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.

233. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, GMS, PHB, EOK).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.
   b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Við innlausn eða sölu skal gera skil á greiðslu skatts af gengishækkun hlutdeildarskírteina.
   c. Við 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. bætist: þegar þær koma til greiðslu.
   d. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. fellur brott.
   e. Á eftir orðinu „verðbréfum“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: þar með talda gengishækkun hlutdeildarskírteina.
   f. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
   g. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
      Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á það nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði). Þegar skilaskyldur aðili skv. 3. gr. selur eða hefur milligöngu í viðskiptum með verðbréf og annast innheimtu þeirra er skráningarskyldu fullnægt með því að dagsetning og söluverð (kaupverð) sé skráð með tryggilegum hætti í tölvu. Þegar slík verðbréf fara úr vörslu skilaskylds aðila, áður en þau eru að fullu greidd, skal hann skrá söluverð (kaupverð) ásamt upphaflegri dagsetningu viðskiptanna á bréfin.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Í stað 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Árlega skulu þeir gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:
   Við ákvörðun á fjárhæð áfallinna vaxta á kröfu og verðbréf skal þess gætt að færa uppreiknað verð, þ.e. eftirstöðvaverð, með áföllnum verðbótum og vöxtum á viðkomandi skjal við greiðslu eða fyrstu afborgun eftir 1. janúar 1997.
   Uppreiknað verð á verðbréfum sem uppfylla skilyrði um skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, skal miðast við vegið meðaltal viðskipta í einstökum flokkum verðbréfa sem fram fara á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember 1996 á Verðbréfaþingi Íslands, þar með talið tilkynnt viðskipti fyrir sama tímabil.
   Uppreiknað verð á kröfu eða verðbréfi sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, og ber lægri nafnvexti en 5% skal ákvarðað sem nafnverð kröfunnar eða eftirstöðvar verðbréfsins 31. desember 1996, að teknu tilliti til 5% ávöxtunar á ári til loka lánstíma. Ef rétthafi vaxta getur sýnt fram á að

ávöxtun kröfu eða verðbréfs sé lægri en greinir í 1. málsl. þessarar málsgreinar getur hann farið fram á leiðréttingu til samræmis við raunverulega ávöxtun. Slík leiðrétting skal gerð við álagningu að tekjuári liðnu. Þannig ákvarðað og uppreiknað verðmæti kröfu eða verðbréfs telst upphafsverð 1. janúar 1997 við staðgreiðslu fjármagnstekna. Krafa eða verðbréf sem bera nafnvexti 5% eða hærri skulu skattlögð samkvæmt því.

Skuldaviðurkenningar sem teknar eru sem greiðsla söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi og eru í eigu seljanda skulu metnar á uppreiknuðu verði í árslok 1996.

234. Nefndarálit [144. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssson, Bolla Þór Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá mættu á fundinn Þórður Skúlason og Garðar Jónsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ingólfur Bender frá Samtökum iðnaðarins og Jónas Fr. Jónsson og Birgir Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, en þeir sendu nefndinni einnig skrifleg erindi um málið. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Neytendasamtökunum og Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Breytingartillaga við 4. gr. frumvarpsins er í samræmi við breytingu sem lagt er til að gerð verði á málsmeðferðarreglum frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til að gæta samræmis er þessi breyting felld brott og ákvæðið orðað eins og í núgildandi lögum.

Samkvæmt breytingu, sem lagt er til að gerð verði á 7. gr. frumvarpsins, er endurákvörðun virðisaukaskatts kæranleg til skattstjóra þegar hann endurákvarðar virðisaukaskatt fyrri tímabila samhliða ákvörðun virðisaukaskatts hverju sinni, enda liggi ekki fyrir álagning tekjuskatts skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ef skattstjóri ákvarðar og endurákvarðar virðisaukaskatt samtímis eru bæði ákvörðunin og endurákvörðunin kæranlegar til skattstjóra innan 30 daga frá því að skatturinn var ákveðinn. Telja verður að heimild þessi sé mjög mikilvæg bæði fyrir skattborgarana og skattkerfið. Algengt er að þegar skattstjóri skoðar virðisaukaskattsskýrslu viðkomandi tímabils í því skyni að ákvarða skatt komi í ljós að endurákvarða þarf skatt vegna fyrri tímabila. Í slíkum tilvikum fer ákvörðun vegna viðkomandi tímabils og endurákvörðun fyrri tímabila fram samtímis, enda gilda sömu málsmeðferðarreglur fyrir og eftir ákvörðun. Af þeim sökum er nauðsynlegt að lögfesta þá heimild sem lögð er til í ákvæðinu þar sem samkvæmt frumvarpinu er lagt til að ferill málsmeðferðar vegna endurákvörðunar verði styttur. Að öðrum kosti má búast við að téðar breytingar á málsmeðferðarreglum laganna skili ekki tilætluðum árangri þar sem iðulega yrði sú staða uppi að skattstjóri ræki mál gegn sama aðila á grundvelli mismunandi málsmeðferðarreglna, þannig að við endurákvörðun mundi skattstjóri úrskurða og sá úrskurður væri svo kæranlegur til yfirskattanefndar. Hins vegar yrði að kæra ákvörðun skattstjóra um skatt vegna síðasta tímabils aftur til skattstjóra. Úrskurður skattstjóra yrði svo loks kæranlegur til yfirskattanefndar. Til

þess að koma í veg fyrir að skipta þurfi endurákvörðun skattstjóra vegna fyrri tímabila og ákvörðun viðkomandi tímabils upp í tvö aðskilin mál er lagt til að endurákvörðun verði jafnframt kæranleg til skattstjóra þegar skattstjóri sameinar málin og rekur þau bæði eftir þeirri reglu sem gerir skattaðila heimilt að kæra ákvörðunina og endurákvörðunina fyrst til skattstjóra og svo til yfirskattanefndar.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.

235. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, GMS, PHB, EOK).

1. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „fjögurra ára“ í 1. málsl. 5. efnismgr. komi: sex ára.
   b. 3. málsl. 5. efnismgr. falli brott.
2. Við 7. gr. Á eftir 1. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ef virðisaukaskattur er endurákvarðaður samtímis ákvörðun, sbr. 26. gr., er endurákvörðunin jafnframt kæranleg til skattstjóra innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn, enda liggi ekki fyrir álagning skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

236. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Bolla Þór Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin til fundar við sig Sigurð Jónsson frá Kaupmannasamtökum Íslands, Birgi Rafn Jónsson og Stefán Guðjónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jónas Fr. Jónsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands og Ingólf Bender frá Samtökum iðnaðarins, en þessir aðilar sendu nefndinni einnig skrifleg erindi um málið. Auk þess bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Neytendasamtökunum og Steinsmiðju S. Helgasonar hf.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í þeim felst að tvö tollskrárnúmer falla brott úr magngjaldi, þ.e. annars vegar morgunverðarkorn með súkkulaði og hins vegar ilmblöndur sterkari en 60%. Ekki þykir eðlilegt að þessar vörur beri vörugjald. Þá er lagt til að gildistöku frumvarpsins verði frestað um einn mánuð.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.

237. Breytingartillögur [142. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, GMS, PHB, EOK).

1. Við 4. gr.
   a. Í stað tollskrárnúmeranna „1806.9025 1806.9025“ í a-lið komi: 1806.9025 1806.9026.
   b. Tollskrárnúmerin „1806.9027“ og „3302.1029“ í a-lið falli brott.
2. Við 5. gr. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar“ komi: 1. febrúar.

238. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Pétursson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Bændasamtökunum og Landssambandi lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Einar Oddur Kristjánsson.		Gunnlaugur M. Sigmundsson.

239. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Pétursson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Bandalagi háskólamanna og Landssambandi lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

6. gr. orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:
Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf fyrir allt að 100 millj. kr.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson.		Gunnlaugur M. Sigmundsson.

240. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Pétursson og Gylfa Ástbjartsson frá fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin senda umsögn um málið frá Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað orðanna „3% vöxtum“ í 4. gr. komi: sömu vöxtum og húsbréf Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Þá vill meiri hlutinn taka fram að þrátt fyrir orðalag 2. gr. um að húsaleiga skuli miðast við markaðsleigu verði leigugjaldið ekki sett svo hátt að erfitt reynist að fá hæfa starfsmenn til starfa úti á landi.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
	Valgerður Sverrisdóttir.	

241. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um Löggildingarstofu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson frá viðskiptaráðuneyti, Aðalstein Guðmannsson og Ásgrím Jónsson frá Rafskoðun ehf., Baldvin Hafsteinsson frá Íslenskri verslun, Jónas Fr. Jónsson frá Verslunarráði Íslands og Berg Jónsson og Kristin Björnsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá fyrrnefndum hagsmunaaðilum, Löggildingarstofunni, Íslenskum sjávarafurðum hf., Staðlaráði Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda hf., Samtökum fiskvinnslustöðva og Neytendasamtökunum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „yfirfer gjaldskrá“ í 2. málsl. 3. gr. komi: gerir tillögu til ráðherra um gjaldskrá.
2. 2. mgr. 4. gr. falli brott.

Til skýringar á hugtökum í 2. gr. frumvarpsins skal tekið fram að lögmælifræði tekur til löggildingar á mælitækjum sem eru löggildingarskyld en hagnýt mælifræði til meðferðar landsmæligrunna og kvörðunarbúnaðar.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.		Valgerður Sverrisdóttir.

242. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson og Svein Þorgrímsson frá viðskiptaráðuneyti, Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirliti, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Magnús Ólafsson frá Fasteignamati ríkisins. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fasteignamati ríkisins og Vátryggingaeftirlitinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Lokamálsliður 1. gr. falli brott.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Séu brunatryggingariðgjöld og önnur gjöld og skattar sem ákvörðuð eru sem hlutfall af brunabótamati og innheimtast eiga samhliða innheimtu iðgjalda, svo og matskostnaður, eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að krefjast nauðungarsölu á hinni vátryggðu eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Önnur gjöld og skattar samkvæmt þessari málsgrein eru brunavarnargjald, umsýslugjald, forvarnargjald, viðlagatryggingargjald og álag á viðlagatryggingargjald.

Fyrri tillagan mælir fyrir um að fella brott málslið um að eigi skuli greiðast þóknun vegna innheimtu umsýslugjaldsins. Með þessu er nefndin ekki að leggja til að félögin eigi að fá þóknun fyrir innheimtuna, heldur þvert á móti er það afstaða nefndarinnar að ekki beri að greiða þóknun fyrir innheimtu á slíkum skatti frekar en af öðrum sambærilegum sköttum sem vátryggingafélög innheimta fyrir ríkið enda hefur fram til þessa einungis verið greidd þóknun fyrir innheimtu á viðlagatryggingargjaldi. Með síðari tillögunni er lagt til að veitt verði bein nauðungarsöluheimild ef eitthvert þeirra gjalda sem upp eru talin í ákvæðinu hefur ekki verið greitt innan sex mánaða frá gjalddaga.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Ágúst Einarsson.

Sólveig Pétursdóttir. Steingrímur J. Sigfússon. Valgerður Sverrisdóttir.

Einar Oddur Kristjánsson. Pétur H. Blöndal.

243. Fyrirspurn [204. mál]

til félagsmálaráðherra um tekjur og gjöld vatnsveitna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig vinnur félagsmálaráðuneytið að því að framfylgt sé þeim ákvæðum 7. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að vatnsgjald standi einungis straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu? Mun ráðuneytið beita sér fyrir lækkun vatnsgjaldsins á næsta ári þar sem tekjur af því hafa verið umfram tilgreindan kostnað árin 1992–95?
2. Hverjar voru tekjur vatnsveitna samtals í hverjum kaupstað landsins árin 1992–95 samkvæmt ársreikningum og hverjar voru þær samtals hjá öllum kaupstöðum?
3. Hver voru útgjöld vatnsveitna samtals (samanlögð rekstrargjöld og fjárfestingar) í hverjum kaupstað árin 1992–95 samkvæmt ársreikningum og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðum?
4. Hver er mismunur tekna skv. 2. lið fyrirspurnarinnar og útgjalda skv. 3. lið og hversu hátt hlutfall af tekjum ársins 1995 er hann, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?
5. Hverjar voru arðgreiðslur hverrar vatnsveitu árin 1992–95, sundurliðað eftir árum og samtals?

Skriflegt svar óskast.

244. Fyrirspurn [205. mál]

til viðskiptaráðherra um fasteignir í eigu banka og sparisjóða.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hve margar fasteignir eru í eigu banka og sparisjóða sem yfirteknar hafa verið til að tryggja fullnustukröfur og hvert er verðmæti þeirra? Óskað er sundurliðunar á fjölda fasteigna eftir iðnaðar-, verslunar-, skrifstofu- og íbúðarhúsnæði, svo og húsnæði tengdu landbúnaði og sjávarútvegi.

Skriflegt svar óskast.

245. Fyrirspurn [206. mál]

til viðskiptaráðherra um innstæður í ríkisbönkunum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hverjar eru innstæður (fjárupphæðir) á gömlum sparisjóðsbókum sem bera vexti undir almennum lægstu vöxtum?
2. Á hve mörg nöfn eru þessar innstæður skráðar?
3. Hvaða vaxtaprósentur er um að ræða?
4. Hve margir reikningar hafa ekki verið hreyfðir sl. 15 ár og um hve háa fjárhæð er að ræða?
5. Hverjar eru reglur bankanna um óhreyfðar innstæður? Hvað verður um þær innstæður?

Skriflegt svar óskast.

246. Fyrirspurn [207. mál]

til sjávarútvegsráðherra um smáfiskaskiljur.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver hefur þróunin verið í rannsóknum og tilraunum með smáfiskaskiljur?
2. Telur ráðherra að fyrir hendi séu skilyrði til þess að lögleiða smáfiskaskiljur eða að eðlilegra sé að loka ákveðnum svæðum fyrir togveiðum ef smáfiskaskilja er ekki notuð?

247. Fyrirspurn [208. mál]

til utanríkisráðherra um breytingar Norðmanna á grunnlínupunktum við Svalbarða.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hefur utanríkisráðuneytið mótmælt breytingum Norðmanna á grunnlínupunktum við Svalbarða?
2. Til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa vegna málsins?
3. Hve mikið minnkar alþjóðlega hafsvæðið í Barentshafi vegna þessa?

248. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um læsivarða hemla í bifreiðum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru læsivörðum hemlum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga til þingsályktunar var flutt á 120. löggjafarþingi og er nú endurflutt óbreytt.

Þann 15. maí 1996 sendi Félag íslenskra bifreiðaeigenda frá sér tillögur um breytingar á vörugjaldi bifreiða. Til að fylgja tillögum sínum eftir skoraði félagið á fjármálaráðherra og Alþingi að beita sér nú þegar fyrir breytingu á vörugjaldi bifreiða þannig að verð stærri og öruggari bifreiða lækkaði. Það hefði í för með sér aukið öryggi í umferðinni, bættan hag stórra fjölskyldna, aukna hagkvæmni í rekstri bifreiða og stuðla að minni mengun frá bílum, svo og kæmi það til móts við þarfir þeirra sem búa í dreifbýli.

Jafnframt skoraði FÍB á sömu aðila að fella alveg niður vörugjald á þeim hlutum nýrra bíla sem stuðla að auknu umferðaröryggi, svo sem höggpúðum (líknarbelgjum) og læsivörðum hemlum (ABS).

Í nágrannalöndum okkar hafa augu manna beinst að því að mikilvægur þáttur í sparnaði í heilbrigðiskerfinu er fólginn í öryggistækjum í bifreiðum og að með því að auka öryggi akandi vegfarenda sé augljóslega verið að spara mikið fé auk þess að draga úr þeim hörmungum sem fylgja alvarlegum slysum og örkumlum. Öryggisbúnaður bifreiða er ótvírætt talinn þýðingarmikil forvörn.

Læsivarðir hemlar (svokallaður ABS-hemlabúnaður) eru mikilvægur öryggisbúnaður sem gerir ökumanni kleift að stýra bifreið sinni jafnhliða nauðhemlun og dregur úr hættu á að hann missi vald á bifreiðinni þótt hann þurfi að hemla snögglega við slæmar aðstæður.

Í grannlöndum okkar er veittur afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem nemur þeim aukakostnaði sem fylgir öryggisbúnaði af þessum toga. Á liðnum árum hefur kastljósinu í vaxandi mæli verið beint að öryggi bifreiða og þýðingu þess að afstýra umferðarslysum svo sem unnt er. Þess vegna hefur færst í vöxt að tekið sé tillit til öryggisatriða þegar ákvarðanir eru teknar um gjöld á bifreiðar. Þannig ákvað Norska stórþingið (ekki ríkisstjórnin) að breyta bifreiðagjöldum vorið 1994 með tilliti til öryggisatriða og gefa afslátt af gjöldum öryggisbúnaðar, svo sem loftpúða, læsivarinna hemla og hárra hemlaljósa. Afslátturinn af læsivörðu hemlunum í Noregi og Danmörku skiptir tugþúsundum íslenskra króna. Þar sem útsöluverð þessa öryggisbúnaðar er mjög hátt hér á landi er hann aðeins boðinn í dýrari gerðir bíla.

Hér á landi hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að spara í heilbrigðiskerfinu. Enginn afsláttur er hins vegar veittur af búnaði sem er til þess fallinn að afstýra umferðaróhöppum og slysum, og sparar augljóslega fé. Með þeirri hvatningu sem hér er lögð til má stuðla að því að bifreiðir verði í auknum mæli útbúnar með sérstökum öryggisbúnaði.

249. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um könnun á biðlistum í heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Tómas Ingi Olrich, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sturla Böðvarsson, Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Jónsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að kanna ítarlega biðlista sjúklinga í heilbrigðisþjónustu. Könnuð verði samsetning biðlistanna, m.a. með tilliti til sérgreinaþjónustu, svo og búsetu sjúklinga, aldurs þeirra og biðtíma. Þá verði kannað hve bráð meðferð er og hve mikið vinnugeta er skert.

Markmið könnunarinnar verði þríþætt:

Í fyrsta lagi að afla upplýsinga í þeim tilgangi að móta tillögur um að stytta biðlistana á hagkvæman hátt.

Í öðru lagi að hægt verði að meta það á grundvelli könnunarinnar að hve miklu leyti mögulegt er og hagkvæmt að nýta þá heilbrigðisaðstöðu sem fyrir hendi er utan höfuðborgarsvæðisins til að stytta biðlistana og þar með koma í veg fyrir að sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði bundin við höfuðborgarsvæðið eitt.

Í þriðja lagi að reyna að meta þann kostnað sem þjóðin ber vegna biðlista sem myndast hafa í heilbrigðiskerfinu.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur sérgreinasjúkrahúsum fækkað og dregið hefur verulega úr sérhæfðari þjónustu á smærri sjúkrahúsum víðast um landið. Sérgreinasjúkrahús eru fimm á landinu öllu, tvö í Reykjavík, eitt á Akureyri og á Akranesi, auk St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, en auk þess er haldið uppi skurð-, fæðingar- og lyflæknisþjónustu á Akranesi, St. Fransiskusspítalanum Stykkishólmi, Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Neskaupstað, Selfossi, í Vestmannaeyjum og Keflavík.

Orsakir þessarar þróunar má rekja einkum til hraðrar tækniþróunar og aukinnar sérhæfingar á öllum sviðum læknisfræði og sjúkrahúsþjónustu. Þessi þróun hefur hins vegar stóraukið möguleika og verkefni heilbrigðisþjónustunnar. Á ýmsum sviðum hennar hafa myndast langir biðlistar. Á fjórða þúsund manns bíða nú aðgerða, og eru þá lýtalækningar ekki taldar með.

Á sama tíma og biðlistar hafa myndast hjá ákveðnum sviðum sumra sjúkrastofnana er aðstaða annars staðar vanmetin. Brýnt er að skoða gaumgæfilega hver er raunverulegur jaðarkostnaður hinna ýmsu læknisverka á sjúkrastofnunum sem geta bætt við sig verkefnum. Mikils er vert að nýta sem best þá aðstöu sem byggð hefur verið upp í landinu. Þegar ákvarðanir eru teknar um fjárveitingar til að stytta biðlista er eðlilegt að athuga sérstaklega hvort sjúkrahús á landsbyggðinni geta tekið aukinn þátt í að leysa vandann og leita um leið leiða til að viðhalda og efla sérhæfða heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Er það ekki síst mikilvægt af öryggisástæðum.

Bið sjúklinga eftir meðferð eða þjónustu heilbrigðiskerfisins veldur ekki einungis þeim þjáningum sem biðtímann þreyja. Biðlistarnir skapa einnig sérstök andleg og líkamleg heilbrigðisvandamál. Fjárhagslegur kostnaður er mikill og deilist niður á sjúklinga, fjölskyldur þeirra, vinnuveitendur og hið opinbera. Þótt erfitt geti reynst að meta slíkan kostnað hlýtur þó að vera brýnt að freista þess að meta hann í samanburði við þá fjármuni sem stytting biðlistanna krefst.

Fjöldi sjúklinga á biðlistum árin 1991–1996.

	1991	1992	1993	1994	1995	1995-2	1996
Bæklunardeildir:							
Landspítali	460	214	177	277	356		341
Borgarspítali	496	434	512	607	686		658
Landakotsspítali	134	17	5	-	-		
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	0	120	108	169	208	142	137
FSA	70	135	111	111	100	59	125
Alls	**1.160**	**920**	**913**	**1.164**	**1.350**		**1.261**
Breyting frá síðustu könnun		*-20,7*	*-0,8*	*27,5*	*16,0*		*-6,6*
Hjartaskurðlækningar:							
Landspítali	66	68	82	62	63		83
Breyting frá síðustu könnun		*3,0*	*20,6*	*-24,4*	*1,6*		*31,7*
Hjartaþræðingar:							
Landspítali	-	86	70	100	50		105
Borgarspítali	-	53	50	59	34		28
Alls	**100**	**139**	**120**	**159**	**84**		**133**
Breyting frá síðustu könnun		*39,0*	*-13,7*	*32,5*	*-47,2*		*58,3*
Háls-, nef- og eyrnadeild:							
Borgarspítali	-	837	841	788	847		768
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	-	132	102	189	216	236	236
Alls	**837**	**969**	**943**	**977**	**1.063**		**1.004**
Breyting frá síðustu könnun		*15,8*	*-2,7*	*3,6*	*8,8*		*-5,6*
Þvagfæraskurðdeild:							
Landspítali	450	395	444	459	453		232
Borgarspítali	28	96	60	44	30		73
Landakotsspítali	92	69	34	-	40		
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	0	20	60	16	67	64	64
Alls	**570**	**580**	**598**	**519**	**590**		**369**
Breyting frá síðustu könnun		*1,8*	*3,1*	*-13,2*	*13,7*		*-37,5*
Aðrar deildir:							
BSP: Heila- og taugaskurðdeild							99
BSP: Almenn skurðdeild							271
LSP: Æðaskurðdeild							299
Alls							**669**
Samtals skráðir á biðlistum (án endurhæfingar)	**2.667**	**2.608**	**2.574**	**2.819**	**3.087**	**0**	**3.066**
Breyting frá síðustu könnun		*-2,2*	*-1,3*	*9,5*	*9,5*		*-0,7*
Endurhæfing:							
Borgarspítali	-	0	0	7	32		
Kristnes	-	35	25	35	34		33
Reykjalundur	-	455	511	474	509		
Alls	**418**	**490**	**536**	**516**	**575**		
Breyting frá síðustu könnun		*17,2*	*9,4*	*-3,7*	*11,4*		

Biðlistar (án lýtalækninga)	**3.151**	**3.166**	**3.192**	**3.397**	**3.725**
Breyting í %		*0,5*	*0,8*	*6,4*	*9,7*
Lýtalækningar:					
Landspítali	1.000	1.330	652	660	363
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	0	154	102	101	114
Borgarspítali	0	0	180	134	149
Alls	**1.000**	**1.484**	**934**	**895**	**626**
Breyting milli ára		*48,4*	*-37,1*	*-4,2*	*-30,1*
Alls — allir biðlistar	**4.151**	**4.650**	**4.126**	**4.292**	**4.351**
Breyting í %		*12,0*	*-11,3*	*4,0*	*1,4*

250. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vernd gegn mismunun).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir sem henni bárust á 120. löggjafarþingi um mál sem að hluta til var sambærilegt.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu á almennum hegningarlögum. Annars vegar snýr breytingin að því að samræma löggjöf alþjóðlegum skuldbindingum um afnám kynþáttamisréttis og hins vegar felur frumvarpið í sér sambærilega refsivernd fyrir fólk gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar.

Samkvæmt f-lið 5. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja öllum, án nokkurs greinarmunar vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðlegs uppruna, jafnan rétt til aðgangs að öllum stöðum eða þjónustu sem veitt er almenningi, svo sem að samgöngutækjum, hótelum, veitingahúsum, kaffihúsum, leikhúsum og almenningsgörðum. Engar breytingar hafa verið gerðar á íslenskri löggjöf til samræmis við framangreint ákvæði andstætt þeirri þróun sem átt hefur sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Því þykir eðlilegt að leggja til í 1. gr. frumvarpsins að veita réttindum til jafns aðgangs að þjónustu og opinberum stöðum sérstaka refsivernd. Samhliða því að koma með þessu til móts við þjóðréttarlegar skuldbindingar er einnig lagt til að mismunun á grundvelli kynhneigðar verði gerð refsiverð, líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. — Valgerður Sverrisdóttir. — Jóhanna Sigurðardóttir.

Kristján Pálsson. — Ögmundur Jónasson. — Einar Oddur Kristjánsson.

Guðný Guðbjörnsdóttir. — Ólafur Örn Haraldsson.

Afsláttur vegna hlutafjárkaupa.

Í 3. gr. frumvarpsins er afnuminn með öllu afsláttur til að örva hlutafjárkaup einstaklinga. Ýmsir aðilar, þar á meðal minni hlutinn, hafa bent á að ef til vill væri betra að fella afsláttinn niður í áföngum því að vitaskuld er afnám hans ekkert annað en skattahækkun hjá einstaklingum. Auk þess hafa borist athugasemdir um að það kynni að varða við bann við afturvirkni skattalaga og jafnvel við ákvæði stjórnarskrár ef þessu yrði breytt án nauðsynlegs aðdraganda.

Í breytingartillögum meiri hlutans er tekið tillit til þessara sjónarmiða og afsláttur-inn afnuminn á þremur árum. Sú útfærsla er altént betri en gert var ráð fyrir í upphaflega frumvarpinu.

Röksemdir ríkisstjórnarinnar fyrir breytingum á þessum lið eru þær helstar að afla eigi tekna sem duga til að breyta jaðarsköttum. Það hefur verið upplýst af hálfu stjórnarliða að nefnd sem í eiga sæti aðilar vinnumarkaðarins sé að störfum og undirbúi tillögur um breytingar á jaðarsköttum. Stjórnarandstaðan á ekki aðild að þeirri nefnd og ekki hafa fengist neinar upplýsingar um starf hennar eða hverjar tillögur hennar séu.

Hér er allt á sömu bókina lært. Gengið er fram af krafti við að létta sköttum af fyrirtækjum en þegar kemur að einstaklingum tekur allt lengri tíma og engin skýr stefnumörkun sjáanleg. Minni hlutinn telur mjög brýnt að endurskoða skattalög með lækkun jaðarskatta í huga og hefur flutt um það frumvarp og er með fleiri mál í undirbúningi.

Lenging tapsfrádráttar.

Í 4. gr. frumvarpsins er ein meginbreyting þess, þ.e. að heimila að færa tap milli ára, ekki einungis í fimm ár heldur í átta ár. Hér er um að ræða mjög afdrifaríka breytingu. Um næstu áramót hefðu ákvæði núgildandi laga skipt verulegu máli í atvinnulífinu. Það er óeðlilegt að grípa til ívilnandi ráðstafana í skattalögum rétt áður en þau raunverulega taka gildi. Ástæðan fyrir þessum ráðstöfunum er að atvinnurekendur hafa gert margar samþykktir um það að rýmka beri rétt þeirra til að flytja tap á milli ára.

Í íslensku atvinulífi eru um 80 milljarðar kr. í ónotuðum töpum sem koma vitaskuld í veg fyrir að tekjuskattur sé greiddur til íslenska ríkisins. Að kröfu minni hlutans lagði fjármálaráðuneytið mat á umfang þessarar lagabreytingar en enginn slíkur útreikningur fylgdi frumvarpinu. Það kemur í ljós að af þessum tæpu 80 milljörðum kr. munu um 22–24 milljarðar falla niður verði frumvarpið að lögum. Miðað við núgildandi lög hefðu um 30 milljarðar kr. af þessum tæpu 80 milljörðum fallið niður um næstu áramót. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að fyrirtæki flytji 6–8 milljörðum meira milli ára en núgildandi lög segja til um.

Ef fyrirtækin gætu nýtt þennan tapsfrádrátt að fullu mundi tekjuskattur þeirra lækka um 2–2,5 milljarða kr. á næsta ári. Fjármálaráðuneytið metur það hins vegar svo að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara lagabreytinga nemi 300–500 millj. kr. Að mati minni hlutans er hér um að ræða mjög lágt mat. Minni hlutinn óskaði eftir því að gerðar yrðu frekari kannanir á þessum lið en meiri hlutinn sá ekki ástæðu til að láta gera frekari útreikninga. Þótt gengið sé út frá tölum fjármálaráðuneytisins er ljóst að tekjuskattslækkun fyrirtækja upp á allt að 500 millj. kr. á næsta ári er veruleg, ekki síst í ljósi þess að fyrirtæki skila ekki umtalsverðum tekjuskatti til samfélagsins. Tekjuskattur fyrirtækja á næsta ári er áætlaður 4,8 milljarðar kr. og er það ekki mikið miðað við 125 milljarða kr. tekjur.

Fyrirkomulag tapsfrádráttar er mjög mismunandi eftir löndum. Ýmis lönd hafa fimm ára tímabil eins og hér, önnur tíu ár og sum ótakmarkaðan tíma. Í enn öðrum ríkjum

greiða fyrirtæki tekjuskatt en geta fengið skattinn endurgreiddan ef þau tapa árið eftir. Að mati minni hlutans hefði þurft að skoða betur tekjuskattsálagningu fyrirtækja, bæði með það fyrir augum að samræma hana því sem gerist annars staðar og einnig til að leita leiða til þess að gera tekjuskatt fyrirtækja að stærri hlut í tekjum ríkisins. Ekkert slíkt er gert heldur gripið til ráðstafana til að létta sköttum af fyrirtækjum rétt áður en til gjaldtöku kemur. Minni hlutinn telur þessi vinnubrögð vera ámælisverð.

Áður fyrr voru oft umtalsverð viðskipti milli fyrirtækja með tap til að komast hjá tekjuskatti. Reglur um kaup á tapi og nýtingu á því hjá fyrirtækjum hafa verið þrengdar undanfarin ár og er það vel. Hins vegar lýsir það siðferði íslensks atvinnulífs að aðilar í ólíkum atvinnurekstri gátu verslað með tap sín á milli til þess eins að komast hjá því að greiða eðlilegan skatt til samfélagsins.

Minni hlutinn leggst gegn útfærslu ríkisstjórnarinnar í þessu máli en hefði verið reiðubúinn að vinna að uppstokkun á skattaumhverfi fyrirtækja en bendir á að brýnasta verkefni í skattamálum hérlendis eru skattamál einstaklinga en ekki fyrirtækja.

Rýmkun afskrifta.

Í 5. gr. frumvarpsins eru afskriftareglur fyrirtækja rýmkaðar til að auka sveigjanleika í afskriftum. Sú breyting er í samræmi við þróun sem orðið hefur víða erlendis og gerir minni hlutinn ekki athugasemd við hana.

Minni hlutinn bendir hins vegar á að mjög mikið misræmi er orðið milli uppgjörs bókhaldslaga og skattalaga. Fyrirtæki geta sýnt afkomu sína á mjög mismunandi hátt og farið samt eftir lögum og reglum. Þannig getur fyrirtæki sýnt mun betri afkomu með því að nýta afskriftareglur og sveigjanleika í kerfinu betur en önnur fyrirtæki. Þetta getur haft áhrif á fyrirtæki sem er skráð á verðbréfamarkaði þar sem hlutabréf þess ganga kaupum og sölum, byggt á almennum upplýsingum sem almenningur tekur trúanlegar hverju sinni. Í reynd eru upplýsingarnar alls ekki sambærilegar milli fyrirtækja. Þetta er áhyggjuefni og í nefndinni kom fram að Verðbréfaþing Íslands er að hugleiða hvernig hægt er að tryggja samræmdar upplýsingar handa viðskiptaaðilum á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Minni hlutinn fór fram á að þessi mál væru tekin föstum tökum við afgreiðslu frumvarpsins en ekki var orðið við því.

Önnur atriði frumvarpsins.

Í 6. gr. er réttarstaða fólks í staðfestri samvist gerð í skattalegu tilliti eins og er hjá hjónum. Sú breyting er til bóta og er studd af minni hlutanum.

Í frumvarpinu eru gerðar aðrar smærri breytingar, þar á meðal að tekjuskattur einstaklinga er lækkaður um leið og útsvar, þ.e. greiðsla til sveitarfélaga, er hækkað. Þessi breyting er eðlileg og umsamin og gerð í kjölfar flutnings grunnskóla til sveitarfélaga.

Í frumvarpinu var upphaflega gert ráð fyrir að breyta tímasetningum um endurákvarðanir á sköttum. Sú útfærsla í frumvarpinu, sem horfði að mörgu leyti til bóta, var hins vegar gagnrýnd í umsögnum vinnuveitenda og vitaskuld varð það niðurstaða meiri hlutans að hætta við allar endurbætur á þeim kafla. Þar var enn og aftur ljóst hverra hagsmuna stjórnarliðar gættu í þessu máli.

Þess má geta að í frumvarpinu kemur einnig fram frekari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar þótt ekki sé búið að finna henni farveg í frumvarpsformi. Í athugasemdum með frumvarpinu er nefnt að fella eigi niður skattgreiðslur af arði. Þetta lýsir betur en margt annað stefnu stjórnvalda en skattur af arði var lækkaður í vor úr 42% niður í 10% og nú á að fella algerlega niður þennan 10% skatt. Að vísu á þá að fella niður frádráttarbærni

Minni hlutinn telur að þurft hefði að skoða betur en gert var hvort ekki væri unnt að verða við þessu erindi sveitarfélaganna. Að hinu leytinu til óska sveitarfélögin eftir því að virðisaukaskattur af slökkvi- og björgunarbúnaði verði endurgreiddur og er það rökstutt með því að mikil þörf sé á að endurnýja slíkan búnað, en hann er kostaður af þeim. Meiri hlutinn hefur því miður ákveðið að verða við hvorugri þessara óska.

Hið pólitíska mál er að sjálfsögðu 9. gr. frumvarpsins sem er hluti þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna húsbygginga og viðhalds og endurbóta á húsnæði úr 100% niður í 60%. Minni hlutinn barðist hart gegn þessum áformum á síðasta þingi og varaði mjög við því að farið yrði út á þessa braut og stendur sú afstaða óbreytt. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á sínum tíma tekin í tengslum við breytingar á vörugjöldum og í raun til að fjármagna tiltekna lækkun á þeirri hlið. Með því var skattbyrði flutt yfir á þann hóp sem er að byggja eða endurbæta húsnæði og hlýtur sú ráðstöfun að teljast fráleit. Engar vísbendingar eru um að húsbyggjendur séu öðrum landsmönnum færari um að taka á sig skattahækkanir um þessar mundir. Verst er þó að þessi lækkun virðisaukaskattsins er mjög líkleg til að koma fram í stórauknum undanskotum frá skatti og svartri atvinnustarfsemi. Það er mat þeirra sem til þekkja að nú þegar sjái þess stað í verulegum mæli að úr því dragi að reikningum sé skilað vegna þess þáttar málsins þar sem endurgreiðslan hefur þegar lækkað, þ.e. vegna vinnu manna við nýbyggingar. Reyndar er málið hið vandræðalegasta fyrir meiri hlutann þar sem breytingin nú kemur til af því að mistök urðu við lagasetninguna síðasta vor. Frá byrjun var ætlunin að lækkunin tæki jafnt til vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis sem vinnu við viðhald og endurbætur en þar urðu mistökin og þess vegna er nauðsynlegt að gera breytingar. Eftir stendur að þessi ráðstöfun er óskynsamleg og óréttmæt og minni hlutinn leggst eindregið gegn henni. Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn þessari grein frumvarpsins og frumvarpinu í heild sinni verði hún engu síður samþykkt. Fyrir liggja umsagnir um þetta mál, m.a. frá BSRB og Samtökum iðnaðarins, þar sem þessum breytingum er eindregið mótmælt. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 3. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm. Ágúst Einarsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga (28. nóvember 1996).
II. Umsögn Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra (27. nóvember 1996).
III. Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (26. nóvember 1996).
IV. Umsögn Samtaka iðnaðarins (26. nóvember 1996).
V. Bréf tækjakaupanefndar Félags slökkviliðsstjóra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnunar (2. desember 1995).

254. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarpið er liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Efni þess snýr að framkvæmd staðgreiðslu við álagningu fjármagnstekjuskatts.

Löggjöf um fjármagnstekjuskatt var lögfest á síðasta þingi en að mati minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar var sú löggjöf fyrst og fremst til þess fallin að létta byrðar stórra hlutafjáreigenda og til hagsbóta fyrirtækjum í landinu.

Fjölmargir gallar á lögunum um fjármagnstekjuskatt eru þegar komnir í ljós og það áður en málið kemur til framkvæmda. Minni hlutinn benti ítrekað á þetta í vor og aftur í haust.

Meðal breytingartillagna meiri hlutans er að skekkja skattkerfið til að opna lögmönnum möguleika á að fría sig staðgreiðslu við innheimtustörf. Minni hlutinn telur margt brýnna í endurbótum á íslenskri skattalöggjöf en að opna sérstaka leið til ívilnunar fyrir þá sem hafa atvinnu af því að innheimta vanskilaskuldir. Forgangsröðun og umhyggja stjórnarliðanna kemur hins vegar skýrt í ljós í þessari breytingartillögu.

Minni hlutinn lýsir allri ábyrgð á framkvæmd laga um fjármagmagnstekjuskatt á hendur ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 3. des. 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Ásta B. Þorsteinsdóttir.

255. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til 1. breyt. á l. nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hlutinn skilur nauðsyn þess að endurskoða meðferð mála hvað snertir íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Undirbúningi málsins er hins vegar ábótavant. Ljóst er að húsnæði sem ríkið leggur starfmönnum sínum til í sumum byggðarlögum er hluti af starfskjörum þeirra, sérstaklega í byggðalögum þar sem erfiðlega hefur gengið að manna stöður. Ríkið hefur jafnvel þurft að beita annars konar hvatningu jafnframt, t.d. í formi staðaruppbóta, til að fá embættismenn til starfa. Að þessu er nauðsynlegt að hyggja, en ekki verður séð að það hafi verið gert eða að nokkur stefna hafi verið mótuð í þessum málum.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt markmið að reyna að takmarka útgjöld ríkisins vegna íbúðarhúsnæðis í þess eigu. Það má hins vegar ekki verða til þess að auka önnur útgjöld á móti, eða að mikilvæg þjónusta leggist af og þá fyrst og fremst í afskekktum byggðalögum.

256. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (barnaklám).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ágúst Þór Árnason frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kristínu Jónasdóttur frá Barnaheillum og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna. Þá hafa nefndinni borist erindi frá Lögmannafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Barnaheillum og Mannréttindaskrifstofu Íslands, auk þess sem stuðst var við umsagnir frá 120. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu felst að varsla barnakláms er gerð refsiverð. Með því er jafnframt mótuð afstaða gegn hvers konar kynferðislegri misnotkun á börnum. Í texta frumvarpsins er talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Nokkur umræða varð í nefndinni um aldursmörkin, bæði hvort setja ætti slík mörk inn í texta frumvarpsins og hvort miða ætti við 16 eða 18 ára aldur. Niðurstaðan varð að eðlilegast væri að miða við 16 ára aldur sem er sjálfræðissaldur. Í athugasemdum með frumvarpinu er miðað við lög um vernd barna og ungmenna, en þar er skilgreining á börnum miðuð við 16 ár. Nefndin vekur athygli á ábendingu frá Barnaheillum um mikilvægi þess að lagasetningu þessari verði fylgt eftir með stuðningi og fræðslu við löggæslumenn og dómstóla og að lögð sé áhersla á alþjóðlega samvinnu um þessi efni.

Nefndin leggur til að gerð verði sú breyting á 1. gr. frumvarpsins að það varði refsingu að sýna börn nota hluti á klámfenginn hátt en slíkt verði ekki bundið við grófan klámfenginn hátt. Þá leggur nefndin til að gerð verði breyting á gildistöku laganna þannig að þau öðlist gildi 1. janúar 1997 í stað 1. júlí sama ár. Telur nefndin að það sé nægilegur frestur.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. Orðið „grófan“ í síðari málslið 1. gr. falli brott.
b. Í stað orðanna „1. júlí“ í 2. gr. komi: 1. janúar.

Alþingi, 3. des. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Kristján Pálsson.	Ögmundur Jónasson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir.		Ólafur Örn Haraldsson.

257. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu er lagt til að frestur sá, er fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjöleignarhús, verði framlengdur frá 1. janúar 1997 til 1. janúar 1999. Samkvæmt því frestast gildistaka fyrirmæla 16. gr. laganna sem kveða á um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum. Fresturinn var ætlaður eigendum og húsfélögum til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöldum til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana. Ljóst er að þörf er á lengri fresti þar sem enn eru nokkrir annmarkar á því að ákvæði 16. gr. laganna geti tekið gildi.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Arnbjörg Sveinsdóttir og Siv Friðleifsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. des. 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Pétur H. Blöndal.
Kristján Pálsson.	Magnús Stefánsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
	Rannveig Guðmundsdóttir.	

258. Fyrirspurn [211. mál]

til umhverfisráðherra um íslenska refastofninn.

Frá Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

1. Hver er áætluð stofnstærð íslenska refastofnsins? Hvaða aðferðum er beitt við mat á henni?
2. Hver er áætluð dreifing refastofnsins á einstök landsvæði/kjördæmi?
3. Hvað hafa verið felldir margir refir á hverju ári á tímabilinu 1990–95?
4. Hvaða breytingar má ætla að verði á stofnstærð íslenska refastofnsins ef allar veiðar á ref leggjast af?

Skriflegt svar óskast.

3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
5. hefur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a.m.k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 4. tölul.,
6. hefur staðist próf skv. 3. gr.,
7. hefur ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. 11. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum endurskoðendaráðs ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 3. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri greinum sem kenndar eru á endurskoðunarkjörsviði viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

Þegar endurskoðandi tekur að sér þjálfun starfsmanns skv. 5. tölul. 1. mgr. skal hann tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Hann skal jafnframt ábyrgjast að nemandinn hljóti tilhlýðilega starfsþjálfun.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum endurskoðendaráðs að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. handa þeim sem öðlast hafa sambærilega reynslu og menntun eða eftir atvikum löggildingu í öðru ríki.

Próf og prófnefnd.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar verður að standast próf sem þriggja manna prófnefnd annast. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annan eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Prófin skulu ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

Ráðherra getur ákveðið gjald sem greitt skal fyrir að þreyta próf. Fjárhæð gjalds skal eigi vera hærra en sem nemur kostnaði við þóknun prófdómara og þeirra er próf semja.

Löggilding.

4. gr.

Eftir því sem þörf er á skal sá sem staðist hefur próf skv. 3. gr. leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samvisku-

semi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem endurskoðanda og að hann muni viðhalda menntun sinni.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini handa endurskoðanda.

Skrár.

5. gr.

Í ráðuneytinu skal halda skrá um þá sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunar og þau endurskoðunarfyrirtæki, sbr. 6. gr., sem tilkynnt hafa verið skv. 2. mgr. Skrá þessi skal birt árlega og vera opin almenningi.

Endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka starfsemi.

Ráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Endurskoðunarfyrirtæki.

6. gr.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

Starfssvið reksturs skv. 1. mgr. má aðeins vera rekstur endurskoðunarfyrirtækis.

Í sameignarfélagi skulu allir félagsmenn vera endurskoðendur.

Í hlutafélagi og einkahlutafélagi skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur.

Hlutir og einkahlutir mega aðeins vera í eigu:

1. endurskoðenda og/eða endurskoðunarfyrirtækja sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. manna sem gegna fullu starfi hjá endurskoðunarfyrirtæki,
3. manna sem gegna hlutastarfi hjá endurskoðunarfyrirtæki og gegna ekki öðru launuðu starfi sem ósamrýmanlegt er ákvæði 1. mgr. 7. gr.,
4. starfsmannafélaga hjá hlutaðeigandi endurskoðunarfyrirtæki sem eru óháð stjórn þess og eiga eingöngu hlut í því og þar sem félagsmenn eru aðeins úr hópi þeirra manna sem nefndir eru undir 2. og 3. tölul.

Þeir menn sem nefndir eru í 2. og 3. tölul. 5. mgr. og ekki eru endurskoðendur og þau félög sem nefnd eru í 4. tölul. 5. mgr. mega að hámarki samanlagt eiga 30% af hlutafénu og sameiginlega í mesta lagi ráða yfir 30% atkvæða í félaginu.

Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn endurskoðendaráðs, að aðrir en þeir sem nefndir eru í þessari grein geti átt eigendahagsmuni í endurskoðunarfyrirtæki svo fremi að ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Störf endurskoðenda.

Almenn ákvæði.

7. gr.

Störf endurskoðenda felast í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða svo framarlega sem það bagar ekki hlutlægni þeirra.

Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Starfsmaður endurskoðanda er einnig bundinn þagnarskyldu um þau mál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna. Sama gildir um þá sem tekið hafa að sér eftirlit með starfsemi endurskoðanda.

Starfræki endurskoðandi, eða endurskoðunarfyrirtæki, starfsstöð í fleiri en einu sveitarfélagi skal henni veitt forstaða af endurskoðanda.

Áritun.

8. gr.

Áritun endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað komi fram af árituninni, að reikningsskilin hafi verið endurskoðuð af honum í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Vanhæfisástæður.

9. gr.

Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,
2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,
3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,
5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,
6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Endurskoðandi má ekki eiga hlut í fyrirtæki sem hann endurskoðar. Verði ytri atvik, svo sem arfur, gjöf eða samruni fyrirtækja, til þess að endurskoðandi eignist arðgefandi hlut í fyrirtæki umbjóðanda ber honum eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan eins árs að losa sig við þann hlut eða vísa endurskoðunarverkefninu frá sér ella.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir.

Ósamrýmanleg störf.

10. gr.

Taki endurskoðandi við starfi sem ósamrýmanlegt er starfi hans sem endurskoðanda, sbr. 7. gr., skal hann leggja inn réttindi sín á meðan starfið varir. Til ósamrýmanlegra starfa teljast t.d. störf hjá ríki og sveitarfélögum, önnur en störf við kennslu og rannsóknir á sviði endurskoðunar og störf við endurskoðun hjá Ríkisendurskoðun.

Endurskoðendaráð úrskurðar hvort endurskoðunarstarf samrýmist öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Það getur heimilað undanþágu frá 1. mgr. ef telja verður að starf hjá fyrirtæki eða stofnun sé ekki til þess fallið að baga hlutleysi endurskoðandans.

Nú gegnir endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt lögum þessum og hefur ekki lagt inn réttindi sín skv. 1. mgr. og getur ráðherra þá fellt úr gildi löggildingu endurskoðanda að fenginni tillögu endurskoðendaráðs.

Endurskoðanda er alltaf frjálst að leggja inn réttindi sín.

Starfsábyrgðartrygging.

11. gr.

Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af einföldu gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Félags löggiltra endurskoðenda ákveða lágmark fjárhæðar tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna endurskoðenda.

Endurskoðanda er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki starfsábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda endurskoðanda og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

Endurskoðandi skal árlega senda ráðuneytinu staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

IV. KAFLI
Eftirlit.

12. gr.

Ráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Endurskoðanda er skylt að veita ráðherra eða þeim sem ráðherra tilnefnir í því skyni allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Er sá sem gegnir eftirliti bundinn þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit að endurskoðandi fullnægi ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum þessum ber ráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ráðherra skal leita álits endurskoðendaráðs áður en hann tekur ákvörðun sína.

V. KAFLI
Endurskoðendaráð og samtök endurskoðenda.

13. gr.

Til að gegna þeim störfum sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga skipar ráðherra þrjá menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafn marga til vara.

Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annar eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og skulu þeir vera endurskoðendur. Þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna.

Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

Kostnaður af störfum endurskoðendaráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Í henni skal rekja efnislega alla úrskurði sem fordæmisgildi hafa.

14. gr.

Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði.

Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 16. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera endurskoðandi, getur þá endurskoðendaráð í rökstuddu áliti lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Endurskoðendaráð getur í rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum eða að kröfu endurskoðanda ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af endurskoðendaráði.

Endurskoðendaráð getur veitt endurskoðanda áminningu eða gert honum að greiða sekt, sbr. 2. mgr. 18. gr. Ef endurskoðandi vill ekki una úrskurði endurskoðendaráðs eða ákvörðun ráðherra um réttindasviptingu getur hann borið sakarefnið undir dómstóla.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði.

15. gr.

Meðferð mála fyrir endurskoðendaráði fer eftir stjórnsýslulögum. Endurskoðendaráð setur sér nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Úrskurði endurskoðendaráðs, þar með talið um sektargreiðslu skv. 2. mgr. 18. gr., eða sátt sem kemst á fyrir endurskoðendaráði má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

Félag löggiltra endurskoðenda.

16. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félag löggiltra endurskoðenda setur siðareglur fyrir endurskoðendur. Að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla endurskoðendur.

Félag löggiltra endurskoðenda heldur skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 5. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI
Ágreiningur um störf endurskoðenda.

17. gr.

Ef endurskoðanda greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð hennar getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir endurskoðendaráð til úrskurðar.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir endurskoðendaráð verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

18. gr.

Nú telur einhver sem hefur hagsmuna að gæta, að endurskoðandi hafi gert á sinn hlut með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 16. gr., og getur hann þá lagt fyrir endurskoðendaráð kvörtun á hendur endurskoðandanum. Endurskoðendaráð vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að viðkomandi átti kost á að koma henni á framfæri eða ef kærandi hefur ekki hagsmuna að gæta eða kæra er metin tilefnislaus.

Í máli skv. 1. mgr. getur endurskoðendaráð veitt endurskoðanda áminningu. Ef sakir eru miklar eða endurskoðandi hefur ítrekað sætt áminningu getur endurskoðendaráð gert honum að greiða sekt í ríkissjóð allt að 1 millj. kr. eða brugðist svo við sem um ræðir í 2. mgr. 14. gr.

VII. KAFLI
Brottfall réttinda.

19. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður tímabundið samkvæmt einhverju því sem greinir í lögum þessum eða endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín, sbr. 10. gr., skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófs ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir próf skv. 3. gr. Slíka heimild veitir ráðherra að fenginni umsögn endurskoðendaráðs.

20. gr.

Hafi löggilding endurskoðanda verið felld úr gildi ber honum að skila löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir skilyrðum laga þessara til þess að fá löggildingu sem endurskoðandi gilda ákvæði 19. gr.

VIII. KAFLI
Viðurlög.

21. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, sviptingu réttinda eða varðhaldi, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

22. gr.

Hafi endurskoðandi verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. júlí 1997 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um það hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný. Lög þessi raska eigi réttindum sem maður hefur öðlast á grundvelli eldri laga, enda þótt þeir fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. gr.

23. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Falla þá úr gildi lög um löggilta endurskoðendur nr. 67 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um réttindi og skyldur endurskoðenda gilda nú lög nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Þau lög leystu af hólmi lög nr. 89/1953 sem komu í stað fyrstu laga um löggilta endurskoðendur hér á landi, nr. 9 frá 15. júní 1926.

Víða í íslenskum lögum er að finna ákvæði sem kveða á um að löggiltur endurskoðandi skuli endurskoða reikningsskil félags eða stofnunar. Helstu félög og stofnanir sem hér um ræðir eru félög yfir tiltekinni stærð, félög sem skrá hlutabréf sín eða aðra verðbréfaútgáfu á verðbréfamarkaði, félög þar sem ekki eru lagðar hömlur á viðskipti með eignarhluta, samvinnufélög sem starfrækja innlánsdeild eða hafa gefið út B-deildarstofnsjóðsskírteini, viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, verðbréfasjóðir, Verðbréfaþing Íslands, vátryggingafélög og lífeyrissjóðir. Enn fremur sveitarfélög sem hafa fleiri íbúa en 500. Þessi upptalning, sem nær til fjármálamarkaðarins í víðasta skilningi og allra stærri fyrirtækja og sveitarfélaga, gefur til kynna að löggjafinn hafi talið mikilvægt að óháðir aðilar með sérþekkingu á sviði endurskoðunar endurskoðuðu reikningsskil þessara aðila. Það er því mikilvægt að skýrt sé kveðið á um réttindi og skyldur endurskoðenda í lögum.

Annars staðar á Norðurlöndum hafa lög um endurskoðendur verið endurskoðuð á síðustu árum. Hefur sú endurskoðun m.a. verið gerð á grundvelli samþykktar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt þeim samningi skuldbundu aðildarríki samningsins sig til að breyta löggjöf sinni til samræmis við 8. félagaréttartilskipun Evrópusambandsins, en sú tilskipun fjallar um endurskoðendur. Á sínum tíma komust íslensk stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að eigi væri nauðsynlegt að breyta íslenskum lögum um endurskoðendur vegna þessarar tilskipunar þar sem gildandi lög fullnægðu þeim kröfum sem tilskipunin setti. Um þessa niðurstöðu má deila en í öllu falli er ljóst að æskilegt er að í löggjöfinni séu að ýmsu leyti skerptar línur þannig að tekin séu af öll tvímæli að íslensk löggjöf samræmist téðri tilskipun. Var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af ákvæðum þessarar tilskipunar og sambærilegri löggjöf annas staðar á Norðurlöndum.

Í Danmörku og Svíþjóð hefur lögum um endurskoðendur nýverið verið breytt og þau löguð að þeim aðstæðum sem nú ríkja í álfunni. Sömu sögu er að segja frá Finnlandi, en þar í landi var þó valin sú leið að sett voru almenn lög um endurskoðun sem hafa að geyma ákvæði um endurskoðendur. Í Noregi stendur endurskoðun laga um endurskoðendur enn yfir og frumvarp til nýrra laga er væntanlegt. Litið hefur verið til þeirra laga sem gilda í þessum löndum, en þó einkum höfð hliðsjón af dönsku lögunum. Þá hefur jafnframt verið höfð hliðsjón af skýrslu sem Evrópusamtök endurskoðenda gáfu út í júní 1995 og nefnist í íslenskri þýðingu „Óháð og hlutlæg endurskoðun“ (sjá „Álit, tímarit löggiltra endurskoðenda“, 1. tbl. 1996).

Bent hefur verið á að opinbert eftirlit með endurskoðendum hafi í framkvæmd ekki verið jafnvirkt og í nágrannalöndum okkar. Hefur Félag löggiltra endurskoðenda m.a. komið á framfæri við ráðuneytið tillögum um lagabreytingar þar að lútandi og hefur verið höfð hliðsjón af þeim tillögum við samningu frumvarps þessa. Gildandi lög hafa að geyma fábrotin ákvæði um eftirlit með endurskoðendum. Í frumvarpinu eru sett fram ítarleg ákvæði um slíkt eftirlit og hvernig bregðast skuli við hugsanlegum brotum þeirra. Réttindi og skyldur endurskoðenda eru skilgreind með skýrari hætti en í gildandi lögum.

Mörkuð er sú stefna að þeir einir sem ráðherra hefur löggilt sem endurskoðendur og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, svo sem um ábyrgðartryggingu, hafi rétt til að kalla sig endurskoðendur. Þannig er gert ráð fyrir að í inntaki hugtaksins „endurskoðandi“ felist ekki einungis tiltekin viðurkenning á menntun heldur einnig staðfesting á því að endurskoðandinn vinni við endurskoðendastörf með þeim réttindum og skyldum sem af lögum leiðir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem hlotið hafa löggildingu sem endurskoðendur en vinna ekki við endurskoðun eða störf innan nærliggjandi sviða leggi inn löggildingarskírteini sitt.

Gert er ráð fyrir að sérstakt þriggja manna ráð, endurskoðendaráð, úrskurði um ýmis kæru- og ágreiningsefni sem lúta að endurskoðendum og störfum þeirra. Við samningu ákvæða frumvarpsins um endurskoðendaráð var m.a. höfð hliðsjón af tillögum sem Félag löggiltra endurskoðenda kom á framfæri við ráðuneytið fyrir nokkrum árum. Frumvarpið ráðgerir að hver sá sem málsaðild hefur og telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda með aðgerðum hans eða aðgerðaleysi geti skotið málinu til endurskoðendaráðs til úrskurðar. Þau ákvæði sem um ráðið fjalla eru sniðin eftir því sem þekkt er og reynsla er fyrir í nálægum löndum, en víðast er að finna einhver virk úrræði sem taka á agabrotum endurskoðenda og bregðast við þeim með viðeigandi hætti.

Lagt er til að fyrirtæki endurskoðenda lúti sérstökum reglum. Ekki er ráðgert að löggilda endurskoðunarfyrirtæki sérstaklega, heldur eru settar við því skorður hverjir megi eiga og reka slík fyrirtæki, og enn fremur skorður við því að hvers konar starfsemi endurskoðunarfyrirtæki megi eiga aðild. Störfum endurskoðenda og þar með starfsemi endurskoðunarfyrirtækja er einkum lýst í 7. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að störf endurskoðenda felist í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu við þau og innan nærliggjandi sviða. Að svo miklu leyti sem þessi lýsing kann að virðast óljós er því til að svara að ekki þykir rétt að binda hendur endurskoðenda um of. Mjög ör þróun hefur orðið á undanförnum árum og samfélagið gerir þær kröfur til endurskoðenda að þeir sinni margvíslegum verkefnum öðrum en hreinni endurskoðun vegna þeirrar sérþekkingar sem þeir búa yfir. Rétt þykir að öll þróun verði innan veggja endurskoðunarfyrirtækjanna sjálfra svo að unnt sé að viðhafa það eftirlit með starfsemi þeirra sem lögin ráðgera. Af þessari ástæðu er ekki talið rétt að heimila endurskoðunarfyrirtækjum að taka þátt í rekstri annars konar þjónustufyrirtækja. Öll lúta þessi ákvæði að því að treysta hlutlægni endurskoðunarstarfsins og um leið traust og ásýnd endurskoðenda.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í níu kafla, en greinar þess eru alls tuttugu og fjórar. Áður en fjallað er nánar um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að lýsa hér stuttlega efnisskipan þess.

Í fyrsta kafla er að finna almenn ákvæði, svo sem um gildissvið og skilgreiningu á því hverjir séu endurskoðendur.

Í öðrum kafla er að finna ákvæði um almenn hæfisskilyrði, reglur um próf, löggildingu og skráningu endurskoðenda og ákvæði um endurskoðunarfélög. Eitt af því sem rætt var um við gerð frumvarpsins var hvort aðrir en endurskoðendur megi eiga hlut í rekstri endurskoðunarfyrirtækis. Rétt þykir að heimila starfsmönnum endurskoðunarfyrirtækis að eiga allt að 30% eignarhlut í hlutafélagi um rekstur þess. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að endurskoðunarfélög, sem starfa annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu geti að öllu leyti átt endurskoðunarfyrirtæki á Íslandi, enda séu meiri hluti stjórnarmanna endurskoðendur sem hafa starfsleyfi hérlendis.

Þriðji kafli fjallar um störf endurskoðenda. Þar er að finna almenn ákvæði um störf endurskoðenda, þýðingu áritunar og vanhæfisástæður. Þá er þar vikið að ósamrýmanlegum störfum og starfsábyrgðartryggingum. Jafnframt er kveðið afdráttarlaust á um að endurskoðandi megi ekki eiga hlut í fyrirtæki sem hann endurskoðar.

Í fjórða kafla er fjallað um eftirlit með störfum endurskoðenda. Er eftirlitið í höndum ráðuneytisins og sérstakrar þriggja manna nefndar, svokölluðu endurskoðendaráði, sem falið er úrskurðarvald, sbr. V. kafla frumvarpsins. Skal ráðuneytið fylgjast með að endurskoðandi uppfylli jafnan þau skilyrði sem krafist er til þess að öðlast endurskoðendaréttindi samkvæmt 2. gr. og að í gildi sé starfsábyrgðartrygging skv. 7. tölul. 2. gr., sbr. 11. gr. Hins vegar fylgist endurskoðendaráð með að skyldum skv. 10. gr. sé fylgt að því er varðar önnur störf. Uppfylli endurskoðandi ekki öll framangreind skilyrði skal ráðherra fella réttindi hans úr gildi.

Í fimmta kafla er fjallað um endurskoðendaráð og samtök endurskoðenda.

Í sjötta kafla er fjallað um úrræði þegar ágreiningur er milli endurskoðanda og umbjóðanda hans um störf endurskoðanda. Samkvæmt 17. gr. falla ágreiningsmál milli endurskoðanda og umbjóðanda hans um endurgjald fyrir störf hins fyrrnefnda undir endurskoðendaráð kjósi annar eða báðir deiluaðilar að leggja mál undir úrlausn þess. Samkvæmt 18. gr. falla einnig undir endurskoðendaráð mál sem byggjast á kvörtun umbjóðanda á hendur endurskoðanda fyrir háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum endurskoðenda. Getur ráðið gert endurskoðanda að sæta áminningu eða eftir atvikum sektum af því tilefni. Hafi hann áður sætt áminningu eða sakir eru miklar getur ráðið lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðanda verði felld niður. Skal ráðherra taka afstöðu til þess innan tveggja mánaða, sbr. 5. mgr. 14. gr. Þá er einnig vakin athygli á því að í 14. gr. frumvarpsins felst heimild handa endurskoðendaráði til að taka til meðferðar kvörtun á hendur endurskoðanda sem berst frá öðrum en umbjóðanda hans, en slík kvörtun gæti varðað brot endurskoðanda á lögum eða siðareglum endurskoðenda. Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins skal við meðferð mála fyrir endurskoðendaráði farið eftir stjórnsýslulögum, sbr. nú lög nr. 37/1993, nema annað leiði af ákvæðum VI. kafla. Í VI. kafla frumvarpsins eru sérreglur sem víkja frá stjórnsýslulögum og þrengja meðal annars rétt manna til að bera ágreining um endurgjald fyrir endurskoðunarstörf undir úrlausn dómstóla meðan sama ágreiningsefni er rekið fyrir endurskoðendaráði, auk þess er settur ákveðinn frestur til að beina kvörtun á hendur endurskoðanda til endurskoðendaráðs.

Sjöundi kafli fjallar um brottfall réttinda endurskoðanda.

Í áttunda kafla eru ákvæði um refsingar fyrir brot á skyldum, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Í níunda og síðasta kafla eru ákvæði um gildistöku og tengsl yngri laga og eldri, svo sem um hvernig fari um eldri réttindi sem menn hafa þegar aflað sér.

Um nánari skýringar vísast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða gildandi lögum. Í 1. mgr. er vikið að tilgangi laganna. Í 1. og 2. mgr. er haldið óbreyttum gildandi reglum um það hverjir séu endurskoðendur. Samkvæmt því teljast þeir einir endurskoðendur sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunarstarfa og fullnægja skilyrðum laga þessara. Er þar ekki hvað síst verið að vísa til þeirrar skyldu skv. 11. gr. að hafa gilda starfsábyrgðartryggingu. Er öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum óheimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu eða nota starfsheiti eða firmanafn sem er til þess fallið að vekja þá trú að maður sé endurskoðandi ef hann er það ekki. Eins og getið var um í almennum athugasemdum felst í þessu sú breyting að hugtakið „endurskoðandi" er ekki einungis viðurkenning á tiltekinni menntun heldur einnig staðfesting á því að sá sem kallar sig endurskoðanda fullnægi í öllum skilyrðum laga þessara. Um störf endurskoðanda er fjallað í öðrum ákvæðum frumvarpsins, sbr. einkum 7. gr. Vinni maður sem fengið hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa við annað en endurskoðun ber honum að leggja inn löggildingarskírteini sitt til ráðuneytisins, sbr. 10. gr. Tekið skal fram að með hugtakinu „starfsheiti" í þessu samhengi er átt við notkun á orðinu endurskoðandi einu sér eða sem viðskeyti við önnur orð, þannig að það verði til þess að sú ályktun verði dregin að maður vinni við endurskoðun þegar hann gerir það ekki. Ákvæðið girðir ekki fyrir að maður, sem lagt hefur inn réttindi sín skv. 10. gr., noti orðið endurskoðandi eða löggiltur endurskoðandi á bréfsefni eða nafnspjaldi, þ.e. sem viðurkenningu á menntun, heldur miðar ákvæðið að því að banna notkun orðsins sem starfsheitis. Þannig er manni, sem vinnur við ósamrýmanleg störf, sbr. 10. gr., óheimilt að gefa í skyn að hann sé starfandi endurskoðandi með orðinu endurskoðandi í starfsheiti þegar hann vinnur ekki við þann starfa.

Gera má ráð fyrir að sú kvöð, sem lögð er á menn að hafa starfsábyrgðartryggingu, muni hafa það í för með sér að fjöldi manna, sem fengið hafa löggildingu en starfa ekki við endurskoðun, muni leggja inn löggildingarskírteini sitt, sbr. 10. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skilyrði fyrir löggildingu endurskoðenda. Í henni felast nokkrar breytingar frá ríkjandi skipan.

Í 1. tölul. 1. mgr. er ákvæði efnislega samhljóða ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga, með þeirri viðbót að áskilnaður er gerður um að endurskoðandi sé svo andlega á sig kominn að hann sé fær um að gegna störfum endurskoðanda. Fyrirmynd þessa ákvæðis er að finna í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eðlilegt þykir að gera þennan almenna áskilnað um andlegt hæfi endurskoðanda með sama hætti og gert er varðandi dómara í tilvitnuðum lögum.

Í 2. tölul. 1. mgr. er það nýmæli að sá er óskar löggildingar má ekki hafa orðið að sæta því að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Eðlilegt þykir að gerð sé sú krafa til þeirra sem m.a. hafa það hlutverk að lögum að gefa hlutlaust og áreiðanlegt mat á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum að þeir hafi þau tök á eigin fjárreiðum að ekki hafi þurft að taka bú þeirra til gjaldþrotaskipta. Tekið skal fram að í 2. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að víkja megi frá þessu skilyrði 2. tölul. að fengnum meðmælum endurskoðunarráðs.

Í 3. tölul. 1. mgr. er það nýmæli að gerð er krafa um að sá er óskar löggildingar hafi óflekkað mannorð. Sambærilegt ákvæði má finna víða í löggjöf, sbr. t.d. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Eðlilegt þykir að gera sömu kröfur til endurskoðenda og gerðar eru til dómara og fleiri aðila að þessu leyti í lögum.

Ákvæði 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. er efnislega samhljóða 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Í 7. tölul. 1. mgr. er gerður áskilnaður um starfsábyrgðartryggingu, en það ákvæði á sér víða fyrirmyndir í íslenskri löggjöf, þó ekki sé það í gildandi lögum um endurskoðendur. Það liggur í eðli starfa endurskoðanda að oft eru miklir fjárhagslegir hagsmunir tengdir störfum þeirra. Þykir eðlilegt að lögfest sé skylda um að þeir hafi starfsábyrgðartryggingu og séu þannig tryggðir gegn hugsanlegum skaðabótakröfum vegna starfa þeirra. Um nánari skýringar vísast til athugasemda við 11. gr.

Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að heimilt sé að víkja frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum endurskoðendaráðs enda hafi umsækjandi haft forræði á fé sínu a.m.k. þrjú undanfarandi ár. Gert er ráð fyrir að við mat á því hvort undanþága skuli veitt verði horft á það hvort endurskoðandi hefur náð þeim tökum á fjárreiðum sínum að gjaldþrot hans í fortíð girði ekki fyrir löggildingu til endurskoðunarstarfa.

Samkvæmt 3. mgr. er prófnefnd heimilað að staðreyna þekkingu umsækjanda með erlend próf í viðskiptafræði.

Í 4. mgr. er kveðið á um að heimilt sé að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans. Í því ákvæði er kveðið á um að ef maður er dæmdur fyrir brot megi í dómi í opinberu máli svipta hann heimild sem hann hefur öðlast til að stunda starfsemi sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna, enda gefi brotið til kynna að veruleg hætta sé á því að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi.

Bætt er við ákvæði um að endurskoðandi, sem tekið hefur að sér þjálfun starfsmanns skv. 5. tölul. 1. mgr., skuli tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Eðlilegt þykir að upplýsingar um þá einstaklinga sem á hverjum tíma eru í starfsnámi liggi fyrir m.a. til að unnt sé að koma ýmsum tilkynningum og fræðsluefni á framfæri við þá. Jafnframt er lögð á endurskoðanda sú ábyrgð að hann tryggi að starfsmaður hljóti tilhlýðilega starfsþjálfun, en sérstaklega er kveðið á um slíka ábyrgð endurskoðenda í 2. tölul. 8. gr. 8. tilskipunar Evrópusambandsins.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er sérstök reglugerðarheimild þar sem ráðherra verður heimilt með reglugerð að gefa fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. greinarinnar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um próf til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi. Er ákvæðið efnislega að mestu samhljóða gildandi lögum. Í 2. mgr. segir að prófið skuli ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra. Að öðru leyti skal ákvarða nánar með reglugerð hvert námsefnið skuli vera, svo og önnur atriði sem að framkvæmd námskeiðsins lúta. Samkvæmt gildandi lögum hefur verið sett reglugerð nr. 403/1989, um verkleg próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa.

Í 4. mgr. er það nýmæli að kveðið er á um gjaldtöku fyrir að þreyta próf. Sett er hámark á fjárhæð gjaldsins og það miðað við laun sem greidd eru til þeirra er semja próf og þeirra sem fara yfir þau. Þannig verður ekki heimilt að miða gjaldtökuna við annan

kostnað sem af próftökunni kann að leiða, svo sem húsaleigu svo fátt eitt sé talið. Tekið skal fram að ráðherra getur að sjálfsögðu ákveðið lægra gjald þar sem hér er einungis sett hámark á gjaldtökuna til að tryggja að í henni muni ekki felast skattheimta og jafnframt til að afmarka þann kostnað sem hafa má hliðsjón af við ákvörðun gjaldfjárhæðar.

Um 4. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu löggildingarskírteinis til endurskoðanda og gögn sem krefja má umsækjanda um til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði sem krafist er.

Um 5. gr.

Í greininni er kveðið á um að ráðherra skuli auglýsa í Lögbirtingablaði hverjir hafi endurskoðendaréttindi og ef þau falla niður. Þá er kveðið á um að halda skuli skrá í ráðuneytinu um hverjir hafi réttindi sem endurskoðendur og hvaða félög séu starfrækt sem endurskoðunarfélög. Þetta ákvæði er í samræmi við áskilnað 28. gr. 8. tilskipunar Evrópusambandsins. Rökin eru fyrst og fremst þau að almenningur geti á hverjum tíma staðreynt hverjir það eru sem starfa sem endurskoðendur.

Um 6. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að endurskoðendur geti stofnað félög um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Það breytir þó engu um að endurskoðandi ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

Ákvæði þessarar greinar er samið að danskri fyrirmynd, en ekki eru í gildandi lögum nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, sérstök ákvæði um endurskoðunarfélög. Jafnframt eiga ákvæðin sér fyrirmynd í 8. tilskipun Evrópusambandsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í sameignarfélögum skuli allir félagsmenn vera endurskoðendur, en í hlutafélögum skuli meiri hluti félagsmanna vera endurskoðendur. Þykir ekki óeðlilegt að setja mismunandi skilyrði í þessum efnum með tilliti til þess að í sameignarfélögum er ábyrgð félagsmanna ótakmörkuð, sbr. hins vegar hlutafélög og einkahlutafélög sem eru með takmarkaða ábyrgð.

Í lokamálsgrein ákvæðisins er gert ráð fyrir að ráðherra geti heimilað að fenginni umsögn endurskoðendaráðs að aðrir en þeir sem nefndir eru í greininni geti átt hlut í endurskoðunarskrifstofu. Gæti þetta t.d. átt við um aðila sem starfa utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Þau ströngu skilyrði, sem hér eru sett um eignaraðild, þjóna fyrst og fremst þeim tilgangi að tryggja hlutleysi endurskoðenda bæði í reynd og í ásýnd. Sérstaklega þykir rétt að árétta að ákvæði þetta gildir eðli málsins samkvæmt ekki um Ríkisendurskoðun enda er til þeirrar stofnunar sérstaklega stofnað í lögum.

Um 7. gr.

Greinin fjallar almennt um störf endurskoðenda og felur ekki í sér efnislegar breytingar frá því sem nú gildir. Á grundvelli 1. mgr. er gert ráð fyrir að endurskoðandi geti veitt viðskiptavinum sínum aðra þjónustu en endurskoðun, svo framarlega sem hún bagar ekki hlutlægni hans og að slík þjónusta sé ekki bönnuð með landslögum eða siðareglum stéttarinnar. Það hefur ýmsa kosti að veita viðskiptavinum aðra þjónustu en endurskoðun þar

sem það eykur innsýn endurskoðandans í fyrirtækið og getur leitt til meiri gæða í endurskoðun hans. Engu að síður getur slíkt fyrirkomulag stofnað hlutlægni endurskoðandans og sjálfstæði hans í ásýnd í hættu. Því er sú krafa gerð að störf endurskoðenda við ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða séu ekki til þess fallin að baga hlutlægni hans.

Rétt er að skoða þetta ákvæði 7. gr. með hliðsjón af ákvæði 10. gr. sem kveður á um að endurskoðandi skuli leggja inn réttindi sín taki hann við starfi sem ósamrýmanlegt er starfi endurskoðanda skv. 7. gr. Vakin er athygli á að í 10. gr. er sérstaklega kveðið á um að störf við kennslu séu ekki ósamrýmanleg í þessu sambandi.

Ákvæði 3. mgr. um þagnarskyldu endurskoðenda er óbreytt frá því sem nú gildir. Bætt er við ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna endurskoðanda og þeirra manna sem tekið hafa að sér eftirlit með starfsemi endurskoðanda.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga. Þetta ákvæði og reyndar flest ákvæði frumvarpsins verður að skoða í ljósi þess að lög þessi verða almenn lög um endurskoðendur, en ekki um endurskoðun sem slíka. Ákvæði þar að lútandi er að finna í hinum ýmsu sérlögum, sbr. t.d. lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, svo fátt eitt sé nefnt.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu efnislega samhljóða 11. gr. núgildandi laga. Þó er kveðið skýrar á um hvaða tengsl mega ekki vera fyrir hendi. Ákvæðin eru til þess að treysta ásýnd endurskoðandans og styrkja sjálfstæði hans við störf sín.

3. mgr. hefur að geyma nýmæli um að endurskoðunarfyrirtæki megi ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann endurskoðar fyrir. Með einum viðskiptavini er m.a. átt við samstæðu móður- og dótturfyrirtækis.

Það liggur í hlutarins eðli að ef endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki hefur meira en 20% af tekjum sínum af einu endurskoðunarverkefni er hætta á að trúverðugleiki og hlutlægni hans verði dregin í efa þar sem með góðum rökum má halda fram að hann sé orðinn háður því að endurskoða slíkt fyrirtæki vegna þess hve stóran hlut tekna hann fær fyrir þann starfa. Því þykir nauðsynlegt að setja reglu af þessu tagi í því skyni að tryggja sjálfstæði endurskoðanda við störf sín og er hún í samræmi við viðurkennd sjónarmið og er sambærilega reglu almennt að finna í erlendri löggjöf um endurskoðendur, sbr. t.d. 14. gr. dönsku laganna um endurskoðendur. Ekki hefur farið fram sérstök könnun á því hér á landi hversu algengt er að einstakir endurskoðendur hafi svo fáa stóra viðskiptamenn að þetta ákvæði kunni að eiga við um þá. Slíkt er þó vel hugsanlegt og má þá ætla að þetta ákvæði hafi það í för með sér að slíkir endurskoðendur sameinist öðrum endurskoðunarfyrirtækjum í því skyni að fullnægja þessu skilyrði.

Um 10. gr.

Sú meginregla er orðuð í þessari grein að taki endurskoðandi við starfi sem ósamrýmanlegt er starfi hans sem endurskoðandi, sbr. 7. gr., skuli hann leggja inn réttindin meðan starfið varir. Sérstaklega er kveðið á um að kennslustörf og vísindaiðkan á sviði endurskoðunarfræða teljist til samrýmanlegra starfa í þessu samhengi. Jafnframt er kveðið á um að störf hjá Ríkisendurskoðunskoðun séu samrýmanleg. Telja verður að undan-

þágan um endurskoðendur sem starfa hjá Ríkisendurskoðun sé eðlileg með hliðsjón af þeirri stöðu sem sem sú stofnun hefur að lögum. Ríkisendurskoðun vinnur störf sín í umboði Alþingis en ekki framkvæmdarvaldsins sem á hinn bóginn ber ábyrgð á reikningsskilum ríkissjóðs, stofnana ríkisins og fyrirtækja. Af lögum má ráða að þetta fyrirkomulag, sem haft er við endurskoðun á reikningum ríkisins og stofnana þess og fyrirtækja, sé að mati löggjafans fullnægjandi og sjálfstæði og hlutleysi stofnunarinnar þannig tryggt.

Tekið skal fram að í sumum tilvikum hafa stærri sveitarfélög sérstaka endurskoðendur í vinnu hjá sér. Ekki er sérstaklega kveðið á um stöðu slíkra manna í frumvarpi þessu og fer því um það samkvæmt almennum reglum, sbr. einkum ákvæði þessarar greinar og 7. gr. Má því ætla að þeir yrðu að leggja inn réttindi sín, enda virðist þeim ekki í lögum tryggt það sjálfstæði sem í frumvarpi þessu er lagt til að tryggt sé að endurskoðendur hafi. Verður í reynd að líta á starf þeirra sem eins konar starf innri endurskoðenda eða skoðunarmanna sveitarfélags.

Endurskoðendaráð úrskurðar um hvort starf samræmist starfi endurskoðanda. Endurskoðendaráð getur heimilað undanþágu frá reglu 1. mgr. enda meti hún starf svo að það sé ekki til þess fallið að baga hlutlægni endurskoðandans og samrýmist þannig þeim grundvallarreglum um sjálfstæði endurskoðanda samkvæmt frumvarpi þessu.

Í 4. mgr. er sérstaklega kveðið á um að endurskoðanda sé ávallt heimilt til að leggja inn löggildingarskírteini sitt.

Um 11. gr.

Endurskoðandi ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna samkvæmt almennum reglum. Í þessari grein er það gert að skyldu fyrir endurskoðanda að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu. Sambærilegt ákvæði er almennt í erlendri löggjöf um endurskoðendur. Í íslenskri löggjöf má einnig benda á sambærileg ákvæði, sbr. t.d. lög nr. 34/1986, um fasteigna- og skipasölu, og lög nr. 61/1942, sbr. lög nr. 24/1995, um málflytjendur.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlitshlutverk ráðuneytisins með starfsemi endurskoðenda. Kveðið er á um skyldu endurskoðanda til að gefa ráðherra allar nauðsynlegar upplýsingar við framkvæmd eftirlitsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ef í ljós kemur að endurskoðandi fullnægi ekki skilyrðum laga þessara beri ráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ráðherra skal áður en slík ákvörðun er tekin leita álits endurskoðendaráðs. Með vísan til stjórnsýslulaga yrði að gefa endurskoðanda kost á að koma að andmælum og eftir atvikum að bæta úr ágalla áður en ákvörðun um niðurfellingu réttinda yrði tekin. Endurskoðandi, sem þannig hefur misst réttindi sín, getur öðlast þau síðar, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um endurskoðendaráð, skipan þess og greiðslu kostnaðar af störfum ráðsins. Félag löggiltra endurskoðenda tilnefnir einn af þremur mönnum í ráðið og viðskiptadeild Háskóla Íslands annan og skulu þeir báðir vera endurskoðendur. Þriðja nefndarmanninn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Skal hann fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Skipunartími ráðsins er fjögur ár.

Um hlutverk endurskoðendaráðs er fjallað í öðrum ákvæðum frumvarpsins, sbr. einkum 2., 6., 10., 12., 14., 15., 17., 18., 19. og 20. gr. og vísast um nánari skýringar til athugasemda við þær greinar.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um mál fyrir endurskoðendaráði. Ef sakir eru miklar skal endurskoðendaráð gera tillögu til ráðherra um að réttindi endurskoðanda verði felld niður, annaðhvort um tiltekinn tíma eða ótímabundið, ef sakir eru miklar. Skýra ber ákvæði þetta með hliðsjón af 18. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að endurskoðendaráð geti veitt endurskoðanda áminningu eða gert honum að greiða sekt til ríkissjóðs án þess að til réttindasviptingar komi.

Endurskoðandi getur ávallt farið með mál fyrir almenna dómstóla í því skyni að fá hnekkt úrskurði endurskoðendaráðs með dómi.

Endurskoðendaráð getur með rökstuddu áliti, ef það metur slíkt eðlilegt með hliðsjón af alvarleika máls og þeim heimildum sem það hefur að lögum, vísað máli til opinberrar rannsóknar og fer þá um málið að hætti opinberra mála. Sá endurskoðandi er kvörtun lýtur að getur jafnframt, ef hann vill ekki una því að endurskoðendaráð leiði málið til lykta, óskað eftir því að máli verði vísað til opinberrar rannsóknar og ber þá að fara að óskum hans þar að lútandi og lýkur þar með afskiptum endurskoðendaráðs af því máli.

Um 15. gr.

Í greininni er vikið að málsmeðferðarreglum og að ákvarðanir endurskoðendaráðs sæti ekki stjórnsýslukæru.

Sérstaklega er kveðið á um að endurskoðendaráði sé heimilt að gera málsaðilum að greiða málskostnað til gagnaðila síns. Eðlilegt þykir að setja í lögin slíka heimild þar sem hugsanlegt er að málarekstur fyrir endurskoðendaráði geti haft talsverðan kostnaði í för með sér fyrir málsaðila. Með þessu er stefnt að því að gera þann sem brotið hefur verið á skaðlausan af rekstri máls fyrir endurskoðendaráði.

Í 5. mgr. er kveðið á um að úrskurðum endurskoðendaráðs megi fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um Félag löggiltra endurskoðenda. Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. frumvarpsins setur félagið siðareglur fyrir félagsmenn í Félagi löggiltra endurskoðenda, en að fenginni staðfestingu ráðherra gilda þær fyrir alla endurskoðendur óháð því hvort þeir eru í Félagi löggiltra endurskoðenda, öðru félagi endurskoðenda eða utan slíkra félaga.

Í 5. mgr. 2. gr. laganna er kveðið á um að endurskoðandi sem tekur að sér þjálfun starfsmanns skuli tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Er helsti tilgangurinn með þessu ákvæði að auðvelda félaginu og prófnefnd endurskoðenda samskipti og miðlun upplýsinga, svo sem fræðsluefnis, til þeirra starfsmanna sem eru í þjálfun hjá endurskoðanda og hafa í hyggju að gangast undir próf skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um ágreiningsmál um endurgjald fyrir störf endurskoðenda. Endurskoðendaráð úrskurðar í slíkum deilumálum. Slíkan úrskurð er ávallt hægt að bera undir almenna dómstóla og það er ekki skilyrði fyrir því að mál sé borið undir dómstóla að endurskoðendaráð hafi fjallað um það. Sérstaklega er þó tekið fram að ekki er heimilt

að höfða mál fyrir almennum dómstólum um þetta efni á meðan endurskoðendaráð fjallar um málið.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að hver sá sem hefur hagsmuna að gæta geti borið undir endurskoðendaráð meint brot endurskoðanda gegn lögum um endurskoðendur eða reglum settum samkvæmt þeim, m.a. þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Ákvæðið er mjög opið varðandi þá sem borið geta mál undir endurskoðendaráð. Þannig gæti ráðherra, Félag löggiltra endurskoðenda, einstakir hluthafar í hlutafélagi eða sérhverjir aðrir sem hagsmuna hafa að gæta farið með mál fyrir endurskoðendaráð.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um heimildir endurskoðendaráðs, en þær eru þríþættar. Í fyrsta lagi getur það veitt endurskoðanda áminningu. Í öðru lagi getur það gert endurskoðanda að greiða fjársekt og í þriðja lagi getur það lagt til við ráðherra að hann felli niður réttindi endurskoðanda í tiltekinn eða óákveðinn tíma, sbr. 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Grein þessi fjallar um endurveitingu endurskoðendaréttinda sem felld hafa verið niður og um endurheimtu innlagðra réttinda. Í þeim tilvikum þegar endurskoðandi hefur verið sviptur réttindum er um tvenns konar reglur að ræða eftir því hvaða ástæður hafi valdið missi réttindanna. Annars vegar verða þau veitt að nýju án þess að annað þurfi til að koma en umsókn frá viðkomandi. Hafi svipting á réttindum endurskoðanda hins vegar verið ótímabundin þarf meira til að koma svo að réttindin verði veitt honum að nýju. Er við það miðað að hann þurfi að gangast á ný undir próf skv. 3. gr. frumvarpsins og umsókn um það má fyrst leggja fram fimm árum eftir niðurfellingu réttindanna.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að endurskoðandi, sem sviptur hefur verið réttindum, skuli leggja inn réttindi sín til ráðuneytisins. Ef hann síðar fullnægir skilyrðum laga til að öðlast réttindi að nýju fer samkvæmt ákvæðum 19. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um refsingar. Tekið skal fram að þetta ákvæði er almenn refsiheimild vegna brota á ákvæðum frumvarpsins og er það ekki á forræði endurskoðendaráðs að kveða á um refsingar samkvæmt því, heldur fellur það undir verksvið almennra dómstóla. Sérstaklega er kveðið á um að heimilt sé að refsa samkvæmt öðrum refsiheimildum ef þar er kveðið á um þyngri refsingar.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um hvernig farið skuli um lagaskil að því er varðar enduröflun réttinda sem maður hefur misst í gildistíð eldri laga.

Um 23. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild fyrir ráðherra til að gefa út reglugerð um nánari framkvæmd laganna.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi á miðju ári 1997. Eðlilegt þykir að nokkur aðlögunartími sé veittur að breyttum lögum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðendur.

Með frumvarpi þessu er fyrirhugað að endurnýja gildandi lagaákvæði um endurskoðendur og störf þeirra. Er því einkum ætlað að afmarka lögbundin réttindi og skyldur endurskoðenda með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum. Helstu breytingarnar í frumvarpinu eru að sett er fram fyllri skilgreining á starfssviði endurskoðenda, þeim er gert að afla sér starfsábyrgðartryggingar, sett eru strangari ákvæði um eignarhald á endurskoðunarfyrirtækjum, svo sem að eignarhluti annarra en endurskoðenda megi að hámarki vera 30%, skilyrði um vanhæfi eru hert þannig að endurskoðandi megi ekki eiga meira en 20% veltu sinnar undir einum viðskiptavini og loks verði komið á fót sérstakri úrskurðarnefnd á stjórnsýslustigi, endurskoðendaráði, til þess að leysa úr ágreiningi sem kann að rísa vegna starfa endurskoðenda.

Samkvæmt frumvarpinu verður kostnaður vegna starfa endurskoðendaráðs greiddur úr ríkissjóði. Þar er einkum um að ræða þóknun af störfum til nefndarmanna en einnig einhverja aðkeypta sérfræðiþjónustu. Þessi útgjöld eru áætluð um 1 m.kr. á ári en þau eru háð nokkurri óvissu þar sem erfitt er að dæma um það fyrir fram hversu mörg mál verða tekin til meðferðar. Þá hlýst einhver kostnaður af umsýslu ráðuneytisins í tengslum við skrá um endurskoðendur og eftirlit með þeim en þó ekki meiri en svo að ekki er talin vera þörf fyrir aukna fjárveitingu.

Á móti þessum útgjaldaauka vegur að samkvæmt frumvarpinu verður heimilað að taka prófgjald vegna löggildingarprófs endurskoðenda. Fjárhæð gjaldsins er í frumvarpinu takmörkuð við hluta breytilegs kostnaðar, eða sem nemur þóknun prófdómara og þeirra sem prófin semja, en ekki verður heimilt að innheimta jafnframt fyrir föstum kostnaði vegna húsnæðis og aðstöðu. Ef miðað er við launagreiðslur vegna þessara prófa á liðnu ári má reikna með að sértekjur af prófgjaldinu geti numið um 1 m.kr. Að samanlögðu má því ætla að útgjalda- og tekjuáhrif frumvarpsins vegist nokkurn veginn á.

262. Fyrirspurn [215. mál]

til félagsmálaráðherra um kynferðislega misnotkun á börnum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu oft á síðustu fimm árum hafa félagsmálayfirvöld, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð fengið til meðferðar mál vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar á börnum?
2. Hversu oft á þessu tímabili hafa félagsmálayfirvöld, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð úrskurðað og/eða kært meint brot af þessu tagi og hversu oft hefur það leitt til ákæru og sektar samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna og almennra hegningarlaga?
3. Hvaða rannsóknaraðferðir eru helst notaðar þegar um er að ræða meinta kynferðislega misnotkun á börnum? Er kannað hvort gerandi hefur haft í fórum sínum barnaklám eða dreift því?
4. Er öllum börnum, sem hafa verið misnotuð kynferðislega, tryggður stuðningur og meðferð af hálfu hins opinbera, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaga? Þarf að auka þann stuðning og þá hvernig?

Skriflegt svar óskast.

263. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1996:

a. Orðin „svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. orðast svo: Til tekna í þessu sambandi telst enn fremur gengishækkun hlutdeildarskírteina, svo og hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Stuðullinn skal miðast við breytingu á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka 12 mánaða tímabils, sbr. lög nr. 12/1995, um vísitölu neysluverðs, og skal miða breytingu við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð á tekjuári og vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð á álagningarári. Hafi aðili annað reikningsár en almanaksárið skal miða stuðulinn við þann mun sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir fyrsta mánuð tekjuárs og vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir fyrsta mánuð eftir lok þess tekjuárs.

3. gr.

1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1996, orðast svo:

Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árunum 1997–1999 samkvæmt lögum nr. 9/1984.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við aukningu á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á hverju ári. Til þess að fá fullan frádrátt samkvæmt þessum tölulið skal árlega fjárfest fyrir að lágmarki 129.900 kr. hjá einstaklingi og 259.800 kr. hjá hjónum.

Frádráttur hjá þeim sem fjárfest hafa fyrir þær fjárhæðir er greinir í 2. mgr. eða fyrir hærri fjárhæð skal vera sem hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árinu 1997 skal hann vera 60% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
b. Vegna fjárfestingar á árinu 1998 skal hann vera 40% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
c. Vegna fjárfestingar á árinu 1999 skal hann vera 20% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

Hafi maður fjárfest fyrir lægri fjárhæð en greinir í 2. mgr. skal frádráttur skv. 3. mgr. taka hlutfallslegum breytingum.

Fjárhæð, sem heimilt hefur verið að flytja á milli ára vegna fjárfestinga í atvinnurekstri fyrir gildistöku laga þessara, telst vera aukning á fjárfestingu í atvinnurekstri skv. 1. og 2. mgr. og skal um frádráttinn gilda ákvæði 3. og 4. mgr. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Reglur þessa ákvæðis skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf. Enn fremur skulu þær þrátt fyrir lög nr. 9/1984 gilda um stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra og skal eigi heimilt að selja stofnfjárbréf í þrjú ár frá kaupum. Ef stofnfjárbréf er selt fyrir þann tíma skal nýttur frádráttur færður til tekna samkvæmt ákvæðum 2. og 3. málsl. 6. mgr.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði.

4. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 7. tölul. 31. gr. laganna kemur: átta.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstalnanna „6“ og „8“ í 1. tölul. kemur: 5 og 10.
b. Í stað hlutfallstalnanna „6“ og „8“ í 2. tölul. kemur: 5 og 10.
c. Í stað hlutfallstalnanna „9“ og „12“ í 3. tölul. kemur: 5 og 15.
d. Í stað hlutfallstalnanna „15“ og „20“ í a-lið 4. tölul. kemur: 10 og 20.

e. Í stað hlutfallstalnanna „11“ og „15“ í b-lið 4. tölul. kemur: 10 og 20.
f. 5. tölul. orðast svo: Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:
   a. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1% en að hámarki 3%:
      1. Íbúðarhúsnæði.
      2. Skrifstofubyggingum.
      3. Verslunarbyggingum.
   b. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 6%:
      1. Verksmiðjubyggingum.
      2. Verkstæðisbyggingum.
      3. Vörugeymslubyggingum.
      4. Dráttarbrautum.
      5. Gisti- og veitingahúsum.
      6. Útihúsum á bújörðum.
      7. Loðdýrabúum og tilheyrandi girðingum.
      8. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymum.
      9. Ræktun á bújörðum.
      10. Hvers konar öðrum mannvirkjum og húsum, notuðum til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í þessari grein.
   c. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 6% en að hámarki 8%:
      1. Bryggjum og plönum þeim tengdum.
      2. Gróðurhúsum.
   d. Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 7,5% en að hámarki 10%:
      1. Borholum.
      2. Raflínum.
      3. Vinnubúðum, óvaranlegum.

   Ekki skiptir máli í sambandi við ákvörðun fyrningarhlutfalls úr hvaða byggingarefni mannvirki er gert.

6. gr.

Á eftir orðinu „Sameining“ í fyrirsögn á undan 56. gr. laganna kemur: og skipting.

7. gr.

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, 56. gr. A, sem orðast svo:

Sé hlutafélagi skipt og því slitið þannig að fleiri en eitt hlutafélag eða einkahlutafélag taki við öllum eignum og skuldum þess og hluthafarnir í félaginu sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félögunum sem við taka sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í sérhverju viðtökufélaganna skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem slitið er með skiptingunni. Eignir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Við slíka skiptingu flytjast allar skatta-

réttarlegar skyldur og réttindi frá því félagi sem slitið var og til þeirra félaga sem við taka til samræmis við þær eignir og skuldir sem flytjast til þeirra.

8. gr.

57. gr. A laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 56. gr., 56. gr. A og 57. gr. skal rekstrartap, þar með taldar eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, sbr. 7. tölul. 31. gr., hjá því félagi sem slitið var ekki flytjast til þess félags eða þeirra félaga sem við taka nema uppfyllt séu öll skilyrði þessarar greinar. Félag eða félög þau sem við taka skulu hafa með höndum skyldan rekstur eða starfsemi og það félag sem slitið var. Tap flyst ekki milli félaga við sameiningu eða skiptingu þegar það félag sem slitið var átti fyrir slitin óverulegar eignir eða hafði engan rekstur með höndum. Sameining eða skipting félaga verður að vera gerð í venjulegum og eðlilegum rekstrartilgangi. Hið yfirfærða tap verður að hafa myndast í sams konar rekstri og það félag sem við tekur eða þau félög sem við taka hafa með höndum.

9. gr.

Við 63. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Einstaklingar í staðfestri samvist skulu telja fram og skattlagðir eins og hjón.

10. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „33,15%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 30,5%.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. Á eftir „7. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. tölul. kemur: sbr. þó 4. tölul. þessarar greinar.
b. Á eftir „8. tölul. 3. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 3. tölul. kemur: sbr. þó 4. tölul. þessarar greinar.
c. Við bætist nýr töluliður, er verður 4. tölul., sem orðast svo: Tekjuskattur manna sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 3. gr. af arði, leigutekjum og söluhagnaði skal ákvarðaður skv. 3. mgr. 67. gr. og skal það vera endanleg álagning á þessar tekjur, sbr. 4. mgr. 67. gr.

12. gr.

Á eftir orðinu „samvinnufélögum“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. tölul. 74. gr. laganna kemur: stofnfjárbréf í sparisjóðum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ríkisskattstjóri getur heimilað lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að skila skýrslu í tölvutæku formi.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., sem orðast svo:
   Skil á skýrslu í tölvutæku formi að fenginni heimild ríkisskattstjóra jafngildir undirritun skýrslunnar skv. 2. og 3. mgr.

14. gr.

Í stað orðanna „eftir reglum 99. og 100. gr.“ í síðari málslið 3. mgr. 101. gr. laganna kemur: til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

15. gr.

Við 109. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Innheimtuaðilum samkvæmt þessari grein skal heimill aðgangur að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá í því skyni að sannreyna eignastöðu einstakra gjaldenda.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 114. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Reglur þessarar málsgreinar um ábyrgð hjóna skulu gilda með sama hætti um samskattað sambúðarfólk og einstaklinga í staðfestri samvist.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi félagi verið skipt skv. 56. gr. Án þess að skattar hafi verið greiddir bera þau félög sem við taka ábyrgð á skattgreiðslum.

17. gr.

118. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er ríkisskattstjóra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98. og 99. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

18. gr.

Á eftir orðinu „samvinnufélög“ í 1. málsl. 124. gr. laganna kemur: og stofnfjárbréf í sparisjóðum, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og hér greinir:

a. Ákvæði 9., 12., 15., 16., 17. og 18. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. Ákvæði 14. gr. kemur til framkvæmda frá og með gildistöku laga þessara og gildir um úrskurði um endurákvarðanir frá og með þeim tíma, þó þannig að hafi heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar gjalda verið fallin niður við gildistöku laga þessara, skv. 2. mgr. 97. gr. eins og hún hljóðaði fyrir gildistöku laga þessara, skapast ekki nýr afturvirkur frestur.
c. Ákvæði 3. gr. öðlast gildi 1. janúar 1997 og verður því eigi heimilt að draga frá tekjum ársins 1997 fjárhæð vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.
d. Ákvæði 4. og 5. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna rekstrar ársins 1996 og eigna í lok þess árs.
e. Ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda við staðgreiðslu tekjuskatts á árinu 1997 og álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997.
f. Ákvæði 1. og 11. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997.
g. Ákvæði 2. gr. kemur fyrst til framkvæmda á árinu 1998 við útreikning verðbreytingarstuðuls fyrir tekjuárið 1997.

20. gr.

Við lögin bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögn:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir tekjuárið 1996.

Auk verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna skal ríkisskattstjóri birta sérstakan verðbreytingarstuðul sem miðast við breytingu sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir 1. janúar 1996 og janúar 1997. Skattaðila skal heimilt í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laganna, sem lýkur á árinu 1996 skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn skal með sama hætti og í 1. mgr. greinir.

II.

Nýting eftirstöðva rekstrartapa rekstrarárana 1988 og síðar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 31. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á rekstrarárunum 1988 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstrarárana 1997–2000.

264. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanki Íslands“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: verðbréfasjóðir, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.
b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Við innlausn eða sölu skal gera skil á greiðslu skatts af gengishækkun hlutdeildarskírteina.
c. Við 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. bætist: þegar þær koma til greiðslu.
d. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. fellur brott.
e. Á eftir orðinu „verðbréfum“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: þar með talda gengishækkun hlutdeildarskírteina.
f. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
g. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á það nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði). Þegar skilaskyldur aðili skv. 3. gr. selur eða hefur milligöngu í viðskiptum með verðbréf og annast innheimtu þeirra er skráningarskyldu fullnægt með því að dagsetning og söluverð (kaupverð) er skráð með tryggilegum hætti í tölvu. Þegar slík verðbréf fara úr vörslu skilaskylds aðila, áður en þau eru að fullu greidd, skal hann skrá söluverð (kaupverð) ásamt upphaflegri dagsetningu viðskiptanna á bréfin.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Árlega skulu þeir gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Við ákvörðun á fjárhæð áfallinna vaxta á kröfu og verðbréf skal þess gætt að færa uppreiknað verð, þ.e. eftirstöðvaverð, með áföllnum verðbótum og vöxtum á viðkomandi skjal við greiðslu eða fyrstu afborgun eftir 1. janúar 1997.

Uppreiknað verð á verðbréfum sem uppfylla skilyrði um skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, skal miðast við vegið meðaltal viðskipta í einstökum flokkum verðbréfa sem fram fara á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember 1996 á Verðbréfaþingi Íslands, þar með talið tilkynnt viðskipti fyrir sama tímabil.

Uppreiknað verð á kröfu eða verðbréfi sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, og ber lægri nafnvexti en 5% skal ákvarðað sem nafnverð kröfunnar eða eftirstöðvar verðbréfsins 31. desember 1996, að teknu tilliti til 5% ávöxtunar á ári til loka lánstíma. Ef rétthafi vaxta getur sýnt fram á að ávöxtun kröfu eða verðbréfs sé lægri en greinir í 1. málsl. þessarar málsgreinar getur hann farið fram á leiðréttingu til samræmis við raunverulega ávöxtun. Slík leiðrétting skal gerð við álagningu að tekjuári liðnu. Þannig ákvarðað og uppreiknað verðmæti kröfu eða verðbréfs telst upphafsverð 1. janúar 1997 við staðgreiðslu fjármagnstekna. Krafa eða verðbréf sem bera nafnvexti 5% eða hærri skulu skattlögð samkvæmt því.

Skuldaviðurkenningar, sem teknar eru sem greiðsla söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi og eru í eigu seljanda, skulu metnar á uppreiknuðu verði í árslok 1996.

265. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Í stað orðanna „falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald“ í 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög þessi.

2. gr.

Við 7. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi aðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun eða leigu ökutækis en ökutækið er síðar tekið til annarrar notkunar þar sem honum er heimill minni eða enginn frádráttarréttur ber honum að tilkynna það til skattstjóra áður en notkun er breytt og fjarlægja auðkenni sem sett hafa verið á ökutækið samkvæmt þessari grein.

3. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóri skal ákvarða virðisaukaskatt skráðs aðila á hverju uppgjörstímabili.

Hann skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðrétta þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó skal skattstjóri ávallt leiðrétta augljósar reikningsskekkjur án sérstakrar tilkynningar til skattgreiðanda.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skattstjóri rannsaka skýrslu sérstaklega. Fallist skattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann aðila og innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður ríkissjóðs skal endurgreiða aðila mismuninn. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Endurgreiðsla má þó aðeins fara fram að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri tímabila. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna aðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á, þar með talið að aðili hafi lagt fram röng eða villandi gögn, framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Aðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós annmarkar á virðisaukaskattsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 25. gr., eða telji skattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði varðandi virðisaukaskattsskil aðila skal hann skriflega skora á aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests ákvarðar hann eða endurákvarðar virðisaukaskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á virðisaukaskattsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila.

Þá er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti eða öðrum þáttum sem virðisaukaskattsskýrsla byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talin notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Áætlun skal vera svo ríflega að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Ákvæði 27. gr. á við um áætlun samkvæmt þessari grein.

Við ákvörðun eða endurákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr., skal skattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal skattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað aðila er skattstjóra heimilt að gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem skattstjóri hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun skv. 3. mgr. og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra. Heimilt er aðila að kæra úrskurð skattstjóra til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein nær til skatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Hafi skattstjóri eða ríkisskattstjóri grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. kemur: 25. gr.

b. 7.–10. mgr. falla brott.

6. gr.

Í stað „26. gr.“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: 25. gr.

7. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti skv. 25. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um skattákvörðun. Við ákvörðun virðisaukaskatts án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabilsins, sbr. 24. gr. Kærur skulu vera skriflegar og rökstuddar. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr.

Ef virðisaukaskattur er endurákvarðaður samtímis ákvörðun, sbr. 26. gr., er endurákvörðunin jafnframt kæranleg til skattstjóra innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn, enda liggi ekki fyrir álagning skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að yfirskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

8. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 26. gr.

9. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% þess virðisaukaskatts.

10. gr.

Við lögin bætist viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

Viðauki.

Af vörum til manneldis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 24,5% virðisaukaskatt:

1704.1000	1806.3109	2009.1109	2106.9011	2204.2161
1704.9001	1806.3201	2009.1901	2106.9019	2204.2911
1704.9002	1806.3202	2009.1909	2106.9021	2204.2921
1704.9003	1806.3203	2009.2001	2106.9022	2204.2931
1704.9004	1806.3209	2009.2009	2106.9031	2204.2941
1704.9005	1806.9023	2009.3001	2106.9039	2204.2951
1704.9006	1806.9024	2009.3009	2106.9061	2204.2961
1704.9007	1806.9025	2009.4001	2106.9063	2204.3001
1704.9009	1806.9026	2009.4009	2201.1000	2205.1001
1805.0001	1806.9028	2009.5001	2202.1001	2205.9001
1805.0009	1806.9029	2009.5009	2202.1009	2206.0001
1806.1000	1806.9039	2009.6001	2202.9009	2208.7011
1806.2001	1905.2000	2009.6009	2203.0001	2208.7091
1806.2003	1905.3011	2009.7001	2204.1001	2208.9091
1806.2004	1905.3019	2009.7009	2204.2111	2209.0000
1806.2005	1905.3021	2009.8001	2204.2121	
1806.2006	1905.3029	2009.8009	2204.2131	
1806.2009	1905.3030	2009.9001	2204.2141	
1806.3101	2009.1101	2009.9009	2204.2151	

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi skattstjóri tilkynnt aðila um fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti fyrir 1. janúar 1997 skal fara með málið eftir þeim ákvæðum sem í gildi voru fyrir þann tíma.

II.

Fari afhending á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis sannanlega fram fyrir 1. janúar 1997 er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af henni að fullu, enda sé dagsetning sölureiknings fyrir þann tíma.

Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. janúar 1997 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af þeirri vinnu sem unnin var fyrir 1. janúar 1997.

266. Frumvarp til laga [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

2. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrissjóðurinn taki við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 1. mgr.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera 49.084 kr. og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í tíföld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki reiknuð í stig, sbr. 4. mgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lífeyrir, sem úrskurðaður hefur verið skv. 10., 11., 12. og 13. gr., skal taka sömu hlutfallsbreytingum í mánuði hverjum og vísitala neysluverðs til verðtryggingar sú sem Hagstofa Íslands birtir samkvæmt lögum nr. 12/1995, með síðari breytingum.

Verði gerð breyting á grundvelli eða á útreikningi neysluverðsvísitölunnar skal ráðherra, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ákveða með hvaða hætti lífeyrir samkvæmt fyrrnefndum greinum skuli verðtryggður þaðan í frá.

5. gr.

Síðari málsliður 16. gr. laganna orðast svo: Sjóðurinn skal endurgreiða iðgjöld sem honum eru greidd vegna starfsmanna sem ekki hafa náð 16 ára aldri eða þeirra sem náð hafa 70 ára aldri.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögunum orðast svo:
Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf fyrir allt að 100 millj. kr.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

267. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein:
Þar sem ákveðið er að leggja starfsmanni til húsnæði skal gera skriflegan húsaleigusamning á þar til gerðu eyðublaði, útgefnu af fjármálaráðuneyti. Slíkur leigumáli fellur niður án sérstakrar uppsagnar ef um leigjanda eiga við einhver þau atvik sem upp eru talin í 25. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt fellur leigumáli niður án sérstakrar uppsagnar ef leigjandi segir starfinu upp eða er sagt upp á grundvelli gagnkvæms uppsagnarfrests í ráðningarsamningi eða vegna þess að fyrir fram umsömdum ráðningartíma er lokið. Ákvæði gildandi húsaleigulaga um uppsögn ótímabundins leigumála eiga við að öðru leyti.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:
Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnæðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við markaðsleigu. Þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skal þó miða húsaleigu við brunabótamat, staðsetningu og notagildi. Heimilt er að setja í reglugerð viðmiðunarreglur um lágmark og hámark leigu sem taki breytingum eftir vísitölu.

3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Heimilt er þó að fresta sölu ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.

Sala fasteigna skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara eftir ákvæðum laga nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum, og reglum settum samkvæmt þeim.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt án auglýsingar að selja ríkisstarfsmönnum með sérstökum kjörum það húsnæði sem þeir hafa nú á leigu og búa í, enda sé húseignin staðsett í byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim sérstöku kjörum felst að ríkissjóður láni allt að 30% kaupverðs. Lánin séu verðtryggð, með sömu vöxtum og húsbréf Húsnæðisstofnunar ríkisins, og til allt að 15 ára. Innlausnarskylda hvíli á eignunum í allt að fimm ár. Í reglugerð, sem sett verður skv. 11. gr., skal nánar kveðið á um framkvæmd þessa. Með sama hætti er ráðherra heimilt að selja slíkt húsnæði í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúum ef þeir sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella meginmál þeirra inn í lög nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

268. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 5. des.)

1. gr.

4. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Húseigendur skulu árlega greiða umsýslugjald af brunabótamati húseignar er nema skal 0,025‰ (prómillum) af brunabótamatinu og skal gjald þetta renna til Fasteignamats ríkisins. Gjaldið skal notað til þess að standa undir kostnaði stofnunarinnar við að halda skrá yfir brunabótamat húseigna í landinu. Vátryggingafélag skal innheimta gjaldið samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila til stofnunarinnar eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga þess.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Séu brunatryggingariðgjöld og önnur gjöld og skattar sem ákvörðuð eru sem hlutfall af brunabótamati og innheimtast eiga samhliða innheimtu iðgjalda, svo og matskostnaður, eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að krefjast nauðungarsölu á hinni vátryggðu eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Önnur gjöld og skatt-

ar samkvæmt þessari málsgrein eru brunavarnagjald, umsýslugjald, forvarnagjald, viðlagatryggingargjald og álag á viðlagatryggingargjald.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

269. Nefndarálit [55. mál]

um frv. til 1. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Ólafsson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra og formann Umferðarráðs, Ólaf W. Stefánsson, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, Óla H. Þórðarson, framkvæmdastjóra Umferðarráðs, Guðbrand Bogason og Arnald Árnason frá Ökukennarafélagi Íslands og Ólaf Guðmundsson og Braga Bragason frá Landssambandi íslenskra akstursíþróttamanna.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Umferðarráði, Vegagerðinni og Ökukennarafélagi Íslands.

Frumvarpið fjallar í fyrsta lagi um aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins frá 1991 um ökuskírteini, þ.e. um aðlögun ökuréttindaflokka, um viðurkenningu á ökuskírteinum sem gefin eru út í aðildarríkjum EES, án tillits til búsetu, og um skilgreiningu á léttu bifhjóli. Í öðru lagi felast í frumvarpinu orðalagsbreytingar til samræmis við breytta flokkun vega í vegalögum. Þá fjallar það um breytingar á ákvæðum um leyfðan hámarkshraða bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki (hjólhýsi og tjaldvagn) þannig að hann verði almennt sá sami og hámarkshraði vörubifreiða, þó þannig að hámarkshraði bifreiða með tiltekna eftirvagna, sem eru án hemla, eða óskráð tengitæki verði lægri. Rétt er að geta þess að nokkur umræða varð í nefndinni um 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um hækkun hámarkshraða bifreiða með tengivagna úr 60 km/klst. í 80 km/klst. Nefndin leggur til að Umferðarráð fylgist með hvort breyting þessi hefur í för með sér aukna slysatíðni.

Í frumvarpinu er einnig heimild fyrir ráðherra til setningar reglna um ökunám og um stofnun og starfsemi ökuskóla. Í frumvarpinu er lagt til að æfingaakstur, hvort heldur er með ökukennara eða leiðbeinanda, megi hefjast tólf mánuðum áður en nemandi öðlast aldur til að fá ökuskírteini útgefið. Einnig eru lagðar til breytingar að því er varðar réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra kveði á um hverjir tilnefni fulltrúa í Umferðarráð, í stað þess að þeir aðilar séu taldir upp í lögum, og um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Nefndin fjallaði sérstaklega um tillögu sem felur í sér að nemanda verði heimilt að hefja æfingaakstur tólf mánuðum áður en hann hefur aldur til að fá útgefið ökuskírteini, í stað sex mánuðum áður eins og nú. Tími til æfingaaksturs áður en náð er tilskildum aldri til að fá ökuskírteini var lengdur úr þremur mánuðum í sex frá 1. júní 1993. Þá var dómsmálaráðherra jafnframt veitt heimild til að setja reglur um æfingaakstur nemanda án löggilts ökukennara en með leiðbeinanda sem uppfyllti tiltekin skilyrði. Reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda tóku gildi í maí 1994. Samkvæmt þeim er nemanda, sem að mati ökukennara hefur öðlast næga þekkingu á umferðarreglum og þjálfun í meðferð

og stjórnun ökutækis til að æfa akstur með leiðbeinanda, heimill slíkur akstur, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess heimild lögreglustjóra. Nefndin telur að með því að lengja tíma til æfingaaksturs gefist þeim sem nýta vilja sér heimild til að æfa sig með leiðbeinanda færi á að hefja undirbúningsþjálfun hjá ökukennara fyrr. Fulltrúar dómsmálaráðuneytis upplýstu að í Noregi og Svíþjóð væri æfingaakstur, með ökukennara eða leiðbeinanda, heimill frá 16 ára aldri en þar er ökuskírteini ekki gefið út fyrr en við 18 ára aldur. Nefndin leggur áherslu á að um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að lögum allar sömu reglur og um æfingaakstur með ökukennara. Leiðbeinandi telst stjórnandi ökutækisins og er ábyrgur fyrir æfingaakstrinum á sama hátt og ökukennari. Samkvæmt reglum um æfingaakstur með leiðbeinanda á aksturinn að fara fram með hliðsjón af þjálfun nemanda og leiðbeiningum sem Umferðarráð gefur út. Nefndin telur að með auknum æfingaakstri eigi nemandi að öðlast meiri reynslu í akstri sem honum nýtist þegar hann byrjar að aka sjálfur. Á það hefur verið bent að misskilnings eða vanþekkingar gæti um þær reglur sem gilda um æfingaakstur með leiðbeinanda. Nefndin telur því nauðsynlegt að reglur um þetta verði vel kynntar svo að öllum verði ljóst hvaða skilyrðum aksturinn er háður. Þá er og æskilegt að leiðbeinandi og ökukennari hafi samráð sín á milli. Að teknu tilliti til þessa mælir nefndin með því að æfingaakstur megi hefjast þegar tólf mánuðir eru þar til aldri til ökuréttinda er náð, þ.e. við 16 ára aldur.

Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna gerði sérstaklega athugasemd við 1. gr. og b-lið 7. gr. frumvarpsins. Skal af því tilefni tekið fram að frumvarpið hefur ekki í för með sér hækkuð aldursmörk vegna réttinda til aksturs léttra bifhjóla, heldur er aðeins um að ræða breytingu á hraðamörkum léttra bifhjóla úr 50 km/klst. í 45 km/klst. Þá felur frumvarpið í sér að mörk er varða kraft hjólanna eru miðuð við 50 rúmsentimetra en ákvæðið um 2,5 hestöfl fellur niður. Er þetta í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um ökuréttindaflokka. Einnig gerði það athugasemdir við það að unglingum undir 17 ára aldri væri ekki heimilt að aka kraftminni vélsleðum, en það kom fram í nefndinni að vélsleðar með vélarstærð minni en 50 rúmsentimetra eru mjög fáir. Rétt þykir að dómsmálaráðuneytið kanni hvort unnt sé að veita undanþágur fyrir ökumenn á aldrinum 15–17 ára til að aka torfærutækjum með vélarstærð allt að 50 rúmsentimetrum.

Nokkur umræða átti sér stað í nefndinni um það hvort hækka ætti ökuleyfisaldur, en upplýst var að hafin hefur verið viðhorfskönnun á hækkun ökuleyfisaldurs úr 17 í 18 ár.

Nefndin fjallaði einnig um breytingartillögu sem lögð var fram við 1. umræðu, þskj. 79. Getur nefndin ekki mælt með samþykki hennar, enda er á það bent að við hönnun vega hér á landi er ekki gert ráð fyrir hraða umfram 90 km/klst.

Nefndin leggur til að tvær breytingar verði gerðar á frumvarpinu í ljósi ábendinga sem henni hafa borist. Annars vegar er um að ræða breytingu á 3. gr. sem lögð er til samkvæmt ábendingu Umferðarráðs og Bifreiðaskoðunar Íslands, en tillagan felur í sér að hinn lægri leyfði hámarkshraði bifreiða með eftirvagn eða tengitæki miðist við eftirvagna sem eru meira en 750 kg að heildarþyngd í stað 300 kg eða meira eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Rökstuðningur við þessa breytingu er sá að óeðlilegt sé að miða við 300 kg þar sem þannig sé t.d. gerður greinarmunur á hámarkshraða tjaldvagns og jeppakerru. Þykja 750 kg eðlilegri mörk, enda eru þau í samræmi við ákvæði 63. gr. laganna þar sem kveðið er á um skráningarskyldu eftirvagna bifreiða og dráttarvéla. Hin breytingin sem lögð er til er einnig að ábendingu Umferðarráðs og felur hún í sér að þeim sem hefur rétt til að stjórna bifhjóli verði einnig heimilt til að stjórna torfærutæki. Þykir rétt að þeir sem hafa rétt til að stjórna bifhjóli án þess að hafa aflað sér bifreiðastjórarétt-

inda megi einnig stjórna torfærutæki, enda gilda sömu aldursmörk um réttindi til að stjórna bifreið og bifhjóli, þ.e. 17 ára aldur.

Nefndin leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað orðanna „300 kg eða meira“ í 2. efnismgr. 3. gr. komi: meira en 750 kg.
2. Við efnismálsgrein b-liðar 7. gr. bætist: eða bifhjóli.

Ögmundur Jónasson og Valgerður Sverrisdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jóhanna Sigurðardóttir hefur fyrirvara við 3. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 5. des. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Ólafur Örn Haraldsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Árni R. Árnason.	

270. Svar [164. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Blönduvirkjun.

1. Hver er orðinn heildarkostnaður við byggingu Blönduvirkjunar, þar með talinn kostnaður við uppgræðslu lands, gerð uppistöðulóns og lagningu rafmagnslína frá virkjun, og hver er kostnaðurinn sundurliðaður eftir árum á núvirði? Hver er áætlaður kostnaður við þær framkvæmdir sem enn er ólokið?

Heildarkostnaður við byggingu Blönduvirkjunar nemur 17.328 millj. kr. með vöxtum á byggingartíma, en við bætist síðan kostnaður vegna stækkunar Blöndulóns sem áætlað er að nemi um 200 millj. kr. Mun því verki verða að fullu lokið á árinu 1997. Sundurliðun kostnaðar eftir árum er sýndur hér á eftir:

Árlegur framkvæmdakostnaður með vöxtum.
(Upphæðir á verðlagi ársins 1996.)

Ár	Millj. kr.	Ár	Millj. kr.	Ár	Millj. kr.	Ár	Millj. kr.
1980	2	1984	881	1988	1.440	1992	511
1981	139	1985	1.360	1989	1.876	1993	47
1982	1.038	1986	1.165	1990	3.585	1994	0
1983	838	1987	1.058	1991	3.388	1995	0

2. Hvernig hefur framkvæmdin verið fjármögnuð og hver er fjármagnskostnaðurinn af lánum orðinn samtals og sundurliðaður eftir árum á núvirði? Hversu hárri fjárhæð nema ógreidd lán nú og hver er áætlaður árlegur fjármagnskostnaður vegna þeirra þar til þau eru uppgreidd og samtals?

Lántökur vegna byggingar Blönduvirkjunar námu 12.996 millj. kr., en þar af nam eignfærður fjármagnskostnaður (vextir á byggingartíma) 2.090 millj. kr. Gjaldfærður fjármagnskostnaður eftir að Blönduvirkjun var tekin í rekstur nemur 3.795 millj. kr. til ársloka 1995. Afborgun af hluta Blönduvirkjunar í skuldum Landsvirkjunar er ekki hafin, en gert er ráð fyrir að lánin fari lækkandi frá og með árinu 2001. Árlegur fjármagnskostnaður fer eftir því hvernig meðalvextir Landsvirkjunar eru frá ári til árs en þeir sveiflast mjög eftir gengisþróun á hverjum tíma. Áætlanir gera hins vegar ráð fyrir að meðalraunvextir af lánum Landsvirkjunar muni verða 4,5% og samkvæmt því mun áætlaður fjármagnskostnaður nema 8.030 millj. kr. frá 1996 til ársins 2014.

Lántökur, fjármagnskostnaður og ógreidd lán.
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1996.)

Ár	Lántökur	Þar af eignfærður fjármagnskostnaður	Ógreidd lán í árslok
1980	2	0	2
1981	104	3	106
1982	779	62	884
1983	628	55	1.513
1984	661	219	2.174
1985	1.020	217	3.194
1986	874	304	4.067
1987	793	144	4.861
1988	1.080	349	5.941
1989	1.407	359	7.348
1990	2.689	37	10.037
1991	2.541	342	12.578
1992	384	0	12.961
1993	35	0	12.996
1994	0	0	12.996
1995	0	0	12.996

3. *Hverjar hafa verið tekjur af sölu rafmagns frá Blönduvirkjun og hver hafa verið rekstrargjöld virkjunarinnar samtals og sundurliðað eftir árum, á núvirði?*

Unnt er að leiða að því rök að Landsvirkjun hefði getað mætt raforkuþörf sinni frá því að Blönduvirkjun var tekin í notkun og til ársloka 1995 án þess að styðjast við raforku frá virkjuninni. Engu að síður hefur veruleg rafmagnsframleiðsla verið í Blönduvirkjun frá upphafi vegna þess hve slíkt hefur verið hagstætt fyrir rekstur raforkukerfis Landsvirkjunar í heild sinni. Þá hefur rafmagnsframleiðsla Blönduvirkjunar komið í stað rafmagnsframleiðslu í öðrum virkjunum Landsvirkjunar á meðan þær hafa verið teknar úr rekstri vegna aðkallandi viðhalds. Með hliðsjón af þessu hafa Blönduvirkjun verið reiknaðar tekjur sem í árslok 1995 námu 1.749 millj. kr. Rekstrarkostnaður nam 536 millj. kr., afskriftir 1.430 millj. kr. og fjármagnskostnaður 3.795 millj. kr. á sama tímabili (1991–1995).

Tekjur af rafmagnssölu og rekstrargjöld.
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1996.)

	1991	1992	1993	1994	1995
Tekjur af rafmagnssölu	82	160	322	501	684
Beinn rekstrarkostnaður	21	131	120	136	128
Afskriftir	26	282	386	401	335
Gjaldf. fjármagnskostnaður	0	1.082	1.192	754	767
Fé frá rekstri	60	-1.053	-991	-389	-210

4. *Hverjar eru áætlaðar tekjur umfram rekstrarkostnað af sölu rafmagns frá Blönduvirkjun, árlega og í heild, til 1. október 2014 og hvað hafa þær tekjur þá nægt til að greiða mikið af áföllnum kostnaði við virkjunina frá upphafi?*

Áætlaðar tekjur umfram rekstrarkostnað (fé úr rekstri) til og með árinu 2014 nema 14.825 millj. kr. Eftirstöðvar af lánum virkjunarinnar eru þá áætlaðar 2.045 millj. kr. eða um 16% af upphaflegri skuld. Áætlað er að skuldir vegna Blönduvirkjunar verði að fullu greiddar á árinu 2016, en þá verða liðin 25 ár frá gangsetningu fyrstu vélar virkjunarinnar. Vert er að geta þess að meðalafskriftartími Blönduvirkjunar er um 50 ár.

Áætlaðar tekjur og gjöld af Blönduvirkjun til 1. október 2014.
(Upphæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1996.)

Ár	Fé frá rekstri	Ógreidd lán í árslok	Fjármagnskostnaður (áætlaður 2% á árinu 1996 og 4,5% eftir það)	Hlutfall miðað við 21. des. 1995
1996	460	12.996	260	100%
1997	643	12.996	585	100%
1998	642	12.996	585	100%
1999	644	12.996	585	100%
2000	645	12.996	585	100%
2001	645	12.745	585	98%
2002	657	12.099	574	93%
2003	686	11.443	544	88%
2004	715	10.757	515	83%
2005	746	10.042	484	77%
2006	778	9.296	452	72%
2007	812	8.518	418	66%
2008	847	7.706	383	59%
2009	883	6.859	347	53%
2010	921	5.976	309	46%
2011	961	5.054	269	39%
2012	1.003	4.093	227	31%
2013	1.046	3.091	184	24%
2014	1.091	2.045	139	16%

271. Svar [165. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um Landsvirkjun.

1. *Hver hafa verið framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins frá upphafi hvers um sig og samtals, sundurliðað eftir árum á verðlagi hvers árs og á verðlagi í nóvember 1996? Hvernig skiptast framlög hvers eiganda hverju sinni í fjárframlög og eignarhluta í framlögðum eignum og hverjar voru þær eignir?*

Framlög eigenda Landsvirkjunar hafa verið greidd með tvennum hætti, annars vegar með peningaframlögum og hins vegar með framlögum í formi mannvirkja. Samtals nema framlög eigenda Landsvirkjunar 7.213.470 þús. kr. á verðlagi í árslok 1995, en þar af nema eiginfjárframlög 2.148.908 þús. kr. á sama verðlagi. Eiginfjárframlög hvers eiganda um sig eru sem hér segir:

	Þús. kr.
Ríkissjóður	1.074.454
Reykjavíkurborg	956.801
Akureyrarbær	117.653

Framlög eigenda Landsvirkjunar önnur en bein fjárframlög fólust í eftirtöldum eignum:

a. Við stofnun Landsvirkjunar árið 1965 yfirtók fyrirtækið eignir og skuldir Sogsvirkjunar sem var sameign Reykjavíkurborgar og ríkissjóðs að jöfnu. Að auki lagði ríkissjóður fram undirbúningskostnað við Búrfellsvirkjun ásamt vatnsréttindum í Þjórsá og Reykjavíkurborg lagði fram varastöð við Elliðaár. Eru þetta hin svonefndu stofnfjárframlög.
b. Þegar Akureyrarbær gerðist meðeigandi í Landsvirkjun árið 1983 lögðu ríkissjóður og Akureyrarbær fram sem viðbótarstofnfjárframlög til Landsvirkjunar allar eignir og skuldir Laxárvirkjunar sem þá sameinaðist Landsvirkjun. Við sameininguna var samið um eignarhlutföll eigenda í Landsvirkjun eins og kveðið var á um í hinum nýja sameignarsamningi sem gerður var árið 1981 og tók gildi 1. júlí 1983. Framlög eigenda samkvæmt viðauka við þann samning voru bæði mannvirki á matsverði (stofnfjárframlög) og peningaframlög (eiginfjárframlög). Að auki var tiltekin fjárhæð endurgreidd Reykjavíkurborg til að jafna reiknað eiginfjárframlag að eignarhlutföllum.

Hér á eftir verða sýnd framlög eigenda á nafnvirði (verðlag hvers tíma) og svo á verðlagi í árslok 1995.

A. Framlög eigenda, fjárhæðir á verðlagi hvers tíma.

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri
1965	2.264.000	2.264.000	
1966	150.000	150.000	
1972	1.254.304	1.254.304	
1974	580.000	580.000	
1975	620.000	620.000	
1976	550.000	550.000	
1979	1.800.000	1.800.000	
1980	2.630.000	2.630.000	
1981	3.820.000	3.820.000	
1982	5.220.000	5.220.000	
1983	269.209.356	198.750.000	89.896.700
1984		-24.096.642	

B. Framlög eigenda, verðlag í árslok 1995.

Ár	Ríkissjóður	Reykjavík	Akureyri
1965	1.636.639.626	1.636.639.626	
1966	97.154.494	97.154.494	
1972	351.375.508	351.375.508	
1974	76.940.127	76.940.127	
1975	59.894.109	59.894.109	
1976	42.293.816	42.293.816	
1979	44.011.207	44.011.207	
1980	40.822.337	40.822.337	
1981	40.843.781	40.843.781	
1982	34.242.972	34.242.972	
1983	1.182.492.052	873.001.959	394.867.901
1984		-85.327.704	
Samtals	**3.606.710.029**	**3.211.892.232**	**394.867.901**

Heildarframlög eigenda á verðlagi í árslok 1995 ..... 7.213.470.162

Með sameignarsamningi dags. 27. febrúar 1981, sem tók gildi 1. júlí 1983, náðist samkomulag eignaraðila um skiptingu eigin fjár á grundvelli endurmats sem fram fór á eignum Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Lögum um Landsvirkjun var breytt til að staðfesta þetta samkomulag og er eignarhluturinn tilgreindur í 1. gr. laganna. Landsvirkjun er sameignarfélag ofangreindra eignaraðila og var bókfært eigið fé Landsvirkjunar í árslok 1995 25,7 milljarðar kr. Nýlegt óháð mat á markaðsverði hefur verðlagt fyrirtækið á um 24 milljarða kr. Vegna umræðna um eignarhlut í fyrirtækinu má benda á að skv. 17. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, er öllum sveitarfélögum, samtökum þeirra og sameignarfélögum heimilt að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun að tilteknum skilyrðum uppfylltum, m.a. að þeir leggi fram verðmæti er nemi minnst 1% af endurmetnum höfuðstól Landsvirkjunar í upphafi þess árs er af eignaraðild verður. Við mat á eign hvers eiganda fyrirtækisins hefur verið miðað við eigið fé þess. Nýtur slík eign stjórnarskrárverndar.

2. *Hversu háar fjárhæðir hefur Landsvirkjun veitt til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals:*
   a. í formi afsláttar á orkuverði og
   b. með sérsamningum sem leiða af sér lægra orkuverð en sambærilegum orkukaupendum stóð til boða,
   sundurliðað eftir árum og á núvirði?

Ekki hefur verið veittur sérstakur afsláttur af verði á raforku til almenningsrafveitna í eigu eigenda Landsvirkjunar og engir sérsamningar hafa verið gerðir sem leiða af sér lægra orkuverð til þeirra en annarra. Landsvirkjun selur lögum samkvæmt raforku í heildsölu eftir sömu gjaldskrá hvar sem er á landinu. Sérstök kjör sem í boði hafa verið á undanförnum árum hafa staðið öllum til boða.

3. *Hve háum fjárhæðum nema greiðslur Landsvirkjunar á ábyrgðargjaldi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals á núvirði, sundurlið eftir árum?*

Landsvirkjun hefur frá árinu 1987 greitt eigendum sínum ábyrgðargjald sem nemur 0,25% af útistandandi lánum fyrirtækisins á hverjum tíma en eigendur eru í einfaldri ábyrgð fyrir þeim. Ábyrgðargjald til ríkisins er greitt samkvæmt lögum en til Reykjavíkurborgar og Akureyrar samkvæmt samþykkt stjórnar Landsvirkjunar svo að jöfnuður yrði milli eigenda. Greiðslur ábyrgðargjaldsins eru sem hér segir og eru fjárhæðir í millj. kr. á verðlagi ársins 1995:

Ár	Ríki	Reykjavík	Akureyri	Samtals
1987	24	22	3	49
1988	49	44	5	98
1989	49	44	5	98
1990	45	40	5	90
1991	48	42	5	95
1992	49	43	5	97
1993	58	52	6	116
1994	59	52	6	117
1995	56	49	6	111
Samtals	**437**	**388**	**46**	**871**

4. *Hverjar hafa verið arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi til eigenda fyrirtækisins hvers um sig og samtals á núvirði, sundurliðað eftir árum, og hvernig hafa þær arðgreiðslur verið reiknaðar og greiddar?*

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, skal fyrirtækið greiða eigendum sínum arð af eiginfjárframlögum þeirra og þá með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins. Stjórn Landsvirkjunar ákveður arðgreiðsluna. Um er að ræða framlög eigenda í peningum en uppreiknuð með byggingarvísitölu. Hér á eftir eru sýndar arðgreiðslur Landsvirkjunar frá upphafi í millj. kr. og á verðlagi í árslok 1995:

Ár	Ríki	Reykjavík	Akureyri	Samtals
1979	18	18	0	36
1985	60	53	7	120
1988	42	38	5	85
1989	42	38	5	85
1990	42	38	5	85
1991	42	38	5	85
1992	42	38	5	85
Samtals	**288**	**261**	**32**	**581**

272. Beiðni um skýrslu [216. mál]

frá fjármálaráðherra um fjárhagsleg áhrif af útboðum Vegagerðarinnar og töpuðum kröfum ríkisins á hendur verktakafyrirtækjum.

Frá Guðmundi Lárussyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagsleg áhrif af útboðum og tilboðum og töpuðum kröfum ríkisins á hendur verktakafyrirtækjum. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1.a. Hver er heildarupphæð kostnaðaráætlana í útboðum á vegum Vegagerðarinnar árin 1990–95, sundurliðað eftir árum?
b. Hver er heildarupphæð verksamninga þegar gengið hefur verið til samninga við verktaka að loknu útboði Vegagerðarinnar árin 1990–95, sundurliðað eftir árum?
c. Hver er mismunur kostnaðaráætlana Vegagerðarinnar í útboðum og tekinna tilboða árin 1990–95, sundurliðað eftir árum og samtals?

2.a. Hvert var tap ríkissjóðs vegna óinnheimtra fjármuna í formi þungaskatts af ökutækjum í eigu þeirra verktakafyrirtækja sem unnu verk fyrir Vegagerðina á árunum 1990–95?
b. Hvert var tap ríkissjóðs vegna óinnheimtra fjármuna í formi virðisaukaskatts hjá verktakafyrirtækjum sem unnu að verkum fyrir Vegagerðina á sama tímabili?
c. Hver var greiðsla Vegagerðarinnar vegna vanefnda verktaka á verkum í vinnslu samkvæmt útboði árin 1990–95?
d. Hversu miklum fjármunum er talið að undirverktakar og aðrir aðilar hafi tapað í viðskiptum við verktaka sem urðu gjaldþrota eða stóðu ekki í skilum á sama tímabili?

3. Hvaða kröfur eru gerðar til verktaka sem Vegagerðin felur verk hvað varðar fjárhagsstöðu, tækniþekkingu, tækjakost og búnað?

4.a. Hversu algengt er að samið sé um viðbótarverkþætti án útboðs við verktaka sem fyrir eru í verkum og um hve háar fjárhæðir var að ræða árin 1990–95, sundurliðað eftir árum?
b. Hversu algengt er að verkum sé ekki skilað á tilsettum tíma?
c. Er í slíkum tilvikum undantekningarlaust beitt dagsektum? Hvaða reglur gilda um meðferð mála í þeim tilvikum að öðru leyti?

273. Breytingartillaga [75. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Í stað orðanna „viðlagatryggingargjald og álag á viðlagatryggingargjald“ í 2. gr. komi: viðlagatryggingariðgjald og álag á viðlagatryggingariðgjald.

274. Frumvarp til laga [217. mál]

um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

4. málsl. 1. gr. laganna orðast svo: Til fiskveiða hér á landi má aðeins skrá skip sem eru í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hérlendis, og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti eign íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
2. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila sem er skráður eigandi skips ekki yfir 5% má eignarhlutur þó vera allt að 33%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 46 22. maí 1996, um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1991, með síðari breytingum, var rýmkuð heimild útlendinga til þátttöku í íslenskum atvinnurekstri með óbeinni hlutdeild, þar á meðal með þátttöku í hlutafélögum sem aftur voru eigendur lögaðila er útgerð stunda. Niðurlagsákvæði 1. gr. laga nr. 115/1985 er efnislega samhljóða 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, eins og það var fyrir þá breytingu sem gerð var á ákvæðinu með 1. gr. laga nr. 46 22. maí 1996, en þar segir:

„Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:
   a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
   b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

Augljóst er að löggjafinn vildi með þessari lagaheimild rýmka heimildir erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi og þar með viðurkenna rétt þeirra að leggja fé til og eiga hlut í hlutafélögum, sem aftur áttu hluti í öðrum félögum, lögaðilum, sem mega stunda fiskveiðar og eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða.

Til þess að framangreint ákvæði geti náð tilgangi sínum er eðlilegt að breyta einnig ákvæðum laga um skráningu fiskiskipa í lögum nr. 115 31. desember 1985, eins og hér er lagt til. Þar með gilda sömu reglur um eignarhald útlendinga í fiskveiðum, fiskvinnslu og fiskiskipum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 115/1985, um skráningu skipa, með síðari breytingu.

Frumvarpið felur í sér breytingu á síðasta málslið 1. gr. laganna og varðar skilyrði fyrir skráningu skipa til fiskveiða. Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar laga nr. 46/1996, um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi nokkur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

275. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1996, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evr-

ópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 133 31. desember 1993 voru gerðar breytingar á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna í þeim tilgangi að aðlaga ákvæði þeirra ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt ákvæðum hans skulu ríkisborgarar annarra samningsríkja og félög sem hafa aðalstöðvar eða aðalstarfsemi í ríki innan EES eða hafa þar heimili samkvæmt samþykktum sínum hafa sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskir ríkisborgarar að því leyti sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi.

Meginregla EES-samningsins er að aðilum í einu ríki innan EES skal vera heimilt að fjárfesta í öðru ríki á svæðinu til jafns við aðra. Í XII. viðauka með EES-samningnum er Íslandi þó veitt heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Sambærilegan fyrirvara er einnig að finna í VIII. viðauka að því er varðar staðfesturétt. Þá var Íslandi veittur frestur til 1. janúar 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í fasteignum að ákvæðum samningsins.

Með lögum nr. 46 22. maí 1996 voru gerðar breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri með það fyrir augum að rýmka reglur um fjárfestingu erlendra aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins til samræmis við ákvæði EES-samningsins. Ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna eins og það er nú orðað vísar hins vegar til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og segir að erlendum aðila sé heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Ákvæðum laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna var hins vegar ekki breytt samtímis.

Frumvarp þetta miðar að því að laga ákvæði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að ákvæðum EES-samningsins, þannig að ákvæði 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna um að ekki þurfi að afla leyfis dómsmálaráðherra til réttinda yfir fasteign taki til þeirra sem njóta réttar samkvæmt reglum samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga, auk reglna um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt og þjónustustarfsemi.

Samkvæmt síðari málslið 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. setur ráðherra nánari reglu um til hvaða fasteigna réttur samkvæmt fyrri málslið tekur og um framkvæmd réttarins að öðru leyti. Um það efni gildir reglugerð um rétt tiltekinna EES-ríkisborgara og EES-félaga til að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum, nr. 697 20. desember 1995. Að samþykktri lagabreytingu þeirri sem frumvarp þetta felur í sér munu verða gerðar viðeigandi breytingar á ákvæðum reglugerðarinnar þar sem tekið verður tillit til lagabreytingarinnar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta miðar að því að laga ákvæði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að ákvæðum EES-samningsins. Ekki verður séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð verði frumvarpið óbreytt að lögum.

276. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Nefndin leitaði jafnframt eftir áliti Ríkisendurskoðunar á frumvarpinu. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri athugun á nokkrum málum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem nokkur ný útgjaldatilefni hafa komið fram. Af þeim ástæðum gerir meiri hluti nefndarinnar 31 breytingartillögu við frumvarpið sem samtals nema 349,3 m.kr. Þar af eru átta tillögur að fjárhæð 164,6 m.kr. sem fluttar eru undir einstökum liðum en stafa allar af viðbótarútgjöldum vegna náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust. Einstakar tillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

101 Embætti forseta Íslands. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5 m.kr. framlagi. Lagt er til að framlagið verði hækkað um 3 m.kr. þar sem rekstrarkostnaður reyndist vera meiri en talið var.

201 Alþingi. Sótt er um auknar fjárveitingar af nokkrum tilefnum sem alls nema 30,7 m.kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 50 m.kr. aukafjárveitingu til endurbyggingar á Kirkjustræti 8b og 10. Lagt er til að sú heimild verði hækkuð um 13 m.kr. Þar af eru 3,5 m.kr. aukin útgjöld við framkvæmdirnar við Kirkjustræti, einkum við tölvulagnir og öryggiskerfi. Afgangurinn, 9,5 m.kr., skýrist af útgjöldum við endurbæt-

ur á aðstöðu og búnaði í tengslum við tilflutninga á skrifstofum alþingismanna og breytinga á skipulagi skrifstofu Alþingis. Í annan stað er lagt til að veittar verði 8,7 m.kr. til útgjalda við ýmsar endurbætur á búnaði og aðstöðu í þingsalnum. Þá er óskað eftir 3 m.kr. viðbótarframlagi til að standa straum af auknum útgjöldum við alþjóðasamstarf þingsins. Sótt er um 2 m.kr. viðbótarheimild sökum þess að virðisaukaskattur hefur nú verið lagður á rekstur mötuneyta Alþingis, en ekki var gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárlögum. Einnig er gerð tillaga um 2 m.kr. viðbótarheimild til að mæta útgjöldum vegna mikils álags við þinghald á vorþingi 1996. Loks er farið fram á 2 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta greiðslu til Íslandsdeildar þings Vestur-Evrópusambandsins en Alþingi ákvað fyrr á árinu að hefja reglulega þátttöku í fundum og ráðstefnum sambandsins.

510 Bessastaðir. Farið er fram á 9 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins til að flýta verklokum við frágang lóðar á Bessastöðum. Af þeirri fjárhæð eru 7 m.kr. kostnaður við fornleifarannsóknir á vegum Þjóðminjasafns Íslands.

02 Menntamálaráðuneyti

203 Raunvísindastofnun Háskólans. Leitað er eftir 4,6 m.kr. viðbótarheimild til að bæta stofnuninni ófyrirséð útgjöld hjá jarðeðlisfræðistofu og jarðfræðistofu í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Leitað er eftir heimild fyrir 6 m.kr. aukafjárveitingu til stofnunarinnar vegna fjárhagsvanda sem safnast hefur upp frá árinu 1994. Stærstur hluti kostnaðarins skýrist af viðgerðum og endurbótum á aðstöðu og búnaði sem fram fóru á síðasta ári til þess að tryggja betra öryggi við varðveislu handrita, auk bakvakta sem teknar voru upp á sama tíma.

04 Landbúnaðarráðuneyti

233 Yfirdýralæknir. Í ljósi þess að horfur eru á að afgangur verði í ár á fjárveitingu liðarins *04-851 Greiðslur vegna riðuveiki* er lagt til að 7 m.kr. heimild verði flutt af þeim lið til þess að standa straum af kostnaði við erfðarannsóknir á riðu, 5 m.kr., og rannsóknir á riðusmiti með heymaurum, 2 m.kr.

261 Bændaskólinn á Hvanneyri. Gerð er tillaga um 6,5 m.kr. aukafjárveitingu til skólans. Þar af eru 4,5 m.kr. vegna viðhalds og stofnkostnaðar frá árinu 1995 og 2 m.kr. til uppgjörs á skuld við undirbúningsfélag hitaveitu í Borgarfirði.

851 Greiðslur vegna riðuveiki. Í ljósi þess að horfur eru á að afgangur verði á fjárveitingu til greiðslu bóta vegna riðuveiki í ár er lagt að 7 m.kr. heimild verði flutt yfir á liðinn *04-233 Yfirdýralæknir* til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á riðu og riðusmiti.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

201 Fiskifélag Íslands. Gerð er tillaga um 2,3 m.kr. framlag á þessum lið til að mæta eftirstöðvum málskostnaðar og biðlauna til starfsmanna sem hlutust af málarekstri í kjölfar þess að starfsemi Fiskifélags Íslands var endurskipulögð á árinu 1992.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

111 *Kosningar.* Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,5 m.kr. viðbótarframlagi vegna meiri útgjalda við forsetakosningar en miðað var við í fjárlögum. Kosningarnar reyndust kostnaðarsamari en þá var talið þar sem ýmsir reikningar frá aðilum sem annast framkvæmdina bárust seint til dómsmálaráðuneytisins. Lagt er til að framlag liðarins hækki um 5 m.kr. vegna þessa.

321 *Almannavarnir ríkisins.* Sótt er um 2,2 m.kr. fjárheimild til stofnunarinnar vegna aukakostnaðar við flugeftirlit í tengslum við aðdraganda náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

395 *Landhelgisgæsla Íslands.* Sótt er um 5 m.kr. fjárheimild til stofnunarinnar vegna aukakostnaðar við flugferðir á vegum stjórnvalda og vísindastofnana í tengslum við aðdraganda náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

429 *Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.* Sótt er um 0,5 m.kr. fjárheimild til embættisins vegna kostnaðar við auknar vaktir lögreglumanna í tengslum við náttúruhamfarirnar á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

430 *Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.* Sótt er um 0,9 m.kr. fjárheimild til embættisins vegna kostnaðar við auknar vaktir lögreglumanna í tengslum við náttúruhamfarirnar á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

07 Félagsmálaráðuneyti

999 *Félagsmál, ýmis starfsemi.* Lagt er til að 3 m.kr. framlag á viðfangsefninu *1.67 Sjálfsbjörg í Reykjavík* undir liðnum *08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* verði flutt yfir á viðfangsefnið *1.31 Félagasamtök, styrkir* undir þessum lið.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 *Tryggingastofnun ríkisins.* Farið er fram á 32,5 m.kr. framlag til stofnunarinnar í frumvarpinu vegna umframgjalda í rekstri þessa árs. Sú fjárheimild var miðuð við að það sem á skorti til að leysa úr fyrirsjáanlegri fjárvöntun ársins, 30 m.kr., yrði jafnað með framlagi af rekstrarhagræðingarfé heilbrigðisráðuneytisins. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki tök á að leysa úr málinu með því móti þar sem þeim fjármunum hefur verið ráðstafað til annarra verkefna. Lögð er til hækkun fjárheimildarinnar sem þessu nemur.

324 *Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.* Farið er fram á 27 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum halla í rekstri stofnunarinnar. Hallinn skýrist einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er um að ræða viðvarandi umframgjöld í starfseminni undanfarin ár, alls 12 m.kr., einkum við stækkun húsnæðis sem ekki hefur verið tekið fullt tillit til í framlögum fjárlaga. Í annan stað réðst stofnunin í kaup á heyrnartækjum sem námu 15 m.kr. umfram þær heimildir sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Á yfirstandandi ári er stefnt að því að rekstrarumfangið rúmist innan ramma fjárlaga.

367 *Sjúkrahúsið Suðurnesjum.* Heilbrigðisráðuneytið og fjármálaráðuneytið annars vegar og samninganefnd um byggingu D-álmu fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurnesjum hins vegar hafa gert með sér samkomulag sem miðar að aukinni hagræðingu í rekstri heilbrigðisstofnana á Suðurnesjum. Í samræmi við það samkomulag er leitað eftir 25 m.kr. viðbótarframlagi til Sjúkrahúss Suðurnesja til þess að jafna rekstrarhalla áranna 1995 og 1996.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Gerð er tillaga um 12,5 m.kr. aukafjárveitingu undir þessum lið. Eftir uppsagnir heilsugæslulækna 1. ágúst sl. fór heilbrigðisráðuneytið þess á leit við nokkur sjúkrahús að þau gerðu sérstakar ráðstafanir til þess að auka viðbúnað sinn á meðan læknarnir voru fjarverandi. Um er að ræða Ríkisspítala, Sjúkrahús Reykjavíkur, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupsstað, Sjúkrahús Suðurnesja og Sjúkrahús Suðurlands. Fyrirhugað er að framlaginu verði skipt á milli sjúkrahúsanna miðað við reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Lagt er til að 3 m.kr. framlag á viðfangsefninu *1.67 Sjálfsbjörg í Reykjavík* undir þessum lið verði flutt yfir á viðfangsefnið *1.31 Félagasamtök, styrkir* undir liðnum *07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.*

490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Heilbrigðisráðuneytið hefur gert samning við Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi um að annast starfsemina að Sogni og gera ráðstafanir til þess að hún rúmist innan þeirra marka sem fjárlög setja. Hins vegar er áætlað að uppsafnaður halli á rekstri stofnunarinnar verði orðinn 10 m.kr. í lok ársins og er leitað eftir heimild til að leysa úr þeirri fjárvöntun.

09 Fjármálaráðuneyti

989 Launa- og verðlagsmál. Í nóvember 1993 ákvað Kjaradómur að dómarar skyldu frá fastar yfirvinnugreiðslur sem jafnað yrði niður á alla mánuði ársins. Fljótlega kom fram ágreiningur um greiðslu orlofslauna á þá yfirvinnu. Var málinu vísað til Félagsdóms sem felldi dóm þess efnis að greiða bæri orlof á yfirvinnu dómara. Greiðsla vegna áfallins orlofs til loka nóvember á þessu ári nemur 15,2 m.kr. og er óskað eftir hækkun heimildar á liðnum sem því nemur. Kjaradómur hefur síðan úrskurðað að frá og með 1. desember 1996 verði ekki greitt orlof á fasta yfirvinnu dómara.

10 Samgönguráðuneyti

211 Vegagerðin. Áætlað er að vegasjóður þurfi að bera um 500 m.kr. útgjöld á næstu þremur árum til þess að bæta skemmdir á vegamannvirkjum á Skeiðarársandi af völdum náttúruhamfara í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust. Lagt er til að veitt verði 150 m.kr. aukaframlag til þess að standa straum af þeim kostnaði sem fellur til í ár.

14 Umhverfisráðuneyti

201 Náttúruverndarráð. Í kjölfar lagasetningar á 120. löggjafarþingi verður stjórnsýsla náttúruverndarmála endurskipulögð. Um næstu áramót tekur til starfa ný stofnun, Náttúruvernd ríkisins, sem tekur að mestu við fyrra hlutverki Náttúruverndarráðs. Með hliðsjón af þessum breytingum er lagt til að veitt verði 3 m.kr. viðbótarframlag til þess að uppsafnaður rekstrarhalli færist ekki yfir á nýju stofnunina.

310 Landmælingar Íslands. Sótt er um 0,5 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna kostnaðar við landmælingar og loftmyndatöku í tengslum við aðdraganda náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

410 Veðurstofa Íslands. Farið er fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 2,4 m.kr. af tveimur tilefnum. Annars vegar er leitað eftir 1,5 m.kr. heimild til þess að standa straum af auknum kostnaði eftir að teknar voru upp sólarhringsvaktir vegna varaflugvallarins á Egilsstöðum á miðju þessu ári. Hins vegar er sótt um 0,9 m.kr. heimild til stofnunarinnar vegna kostnaðar við aukna jarðskjálftavöktun og aðrar aðgerðir í

tengslum við aðdraganda náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust.

Alþingi, 9. des. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiessen.	Hjálmar Jónsson.
	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

277. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 00-101 Embætti forseta Íslands.	
101 Yfirstjórn.	
Fyrir „5.000“ kemur	8.000
2. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
102 Aðalskrifstofa	2.000
3. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
103 Þingmálaskrifstofa	2.000
4. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
104 Rekstrarskrifstofa	2.000
5. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
105 Alþjóðasamstarf þingmanna	3.000
6. Við 3. gr. 00-201 Alþingi.	
520 Fasteignir.	
Fyrir „50.000“ kemur	63.000
7. Við 3. gr. 00-201 Alþingi. Nýr liður:	
601 Tæki og búnaður	8.700
8. Við 3. gr. Nýr liður:	
00–510 Bessastaðir.	
601 Mannvirkjagerð	9.000
9. Við 3. gr. Nýr liður:	
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans.	
103 Rannsóknastofur	4.600
10. Við 3. gr. Nýr liður:	
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.	
101 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	6.000
11. Við 3. gr. Nýr liður:	
04–233 Yfirdýralæknir.	
127 Rannsóknir á riðu	7.000

Þús. kr.

12. Við 3. gr. Nýr liður:
04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri.
501 Viðhaldsfé 6.500
13. Við 3. gr. Nýr liður:
04–851 Greiðslur vegna riðuveiki.
190 Greiðslur vegna riðuveiki ..... -7.000
14. Við 3. gr. Nýr liður:
05–201 Fiskifélag Íslands.
101 Fiskifélag Íslands 2.300
15. Við 3. gr. 06-111 Kosningar.
110 Kosningar.
Fyrir „3.500“ kemur 8.500
16. Við 3. gr. Nýr liður:
06–321 Almannavarnir ríkisins.
101 Almannavarnir ríkisins 2.200
17. Við 3. gr. 06-395 Landhelgisgæsla Íslands.
190 Landhelgisgæsla Íslands.
Fyrir „20.000“ kemur 25.000
18. Við 3. gr. Nýr liður:
06–429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði.
120 Löggæsla 500
19. Við 3. gr. Nýr liður:
06–430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal.
120 Löggæsla 900
20. Við 3. gr. Nýr liður:
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
131 Félagasamtök, styrkir 3.000
21. Við 3. gr. 08-201 Tryggingastofnun ríkisins.
101 Tryggingastofnun ríkisins.
Fyrir „32.500“ kemur 62.500
22. Við 3. gr. Nýr liður:
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.
101 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands 27.000
23. Við 3. gr. Nýr liður:
08–367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum.
101 Sjúkrahúsið Suðurnesjum 25.000
24. Við 3. gr. Nýr liður:
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.
101 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi 12.500
25. Við 3. gr. Nýr liður:
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
167 Sjálfsbjörg í Reykjavík ..... -3.000
26. Við 3. gr. Nýr liður:
08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna.
101 Vistun ósakhæfra afbrotamanna 10.000

		Þús. kr.
27.	Við 3. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál.	
	190 Launa- og verðlagsmál.	
	Fyrir „247.000“ kemur	262.200
28.	Við 3. gr. 10-211 Vegagerðin.	
	610 Nýframkvæmdir.	
	Fyrir „277.000“ kemur	427.000
29.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	14–201 Náttúruverndarráð.	
	110 Þjóðgarðar og friðlýst svæði	3.000
30.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	14–310 Landmælingar Íslands.	
	101 Landmælingar Íslands	500
31.	Við 3. gr. Nýr liður:	
	14–410 Veðurstofa Íslands.	
	101 Almenn starfsemi	2.400

278. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 80% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur farið fram undanfarin missiri um framsal veiðiheimilda. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur í tengslum við veiðileyfagjald bent á að nýir aðilar sem hefja útgerð hér við land komast ekki til veiða nema með því að kaupa veiðiheimildir af aðilum sem fyrir eru og hafa fengið þeim úthlutað ókeypis af ríkisvaldinu. Þannig greiða nýir aðilar þegar veiðileyfagjald í útgerð en einungis til þeirra útgerða sem fengu þessum leyfum áður úthlutað af hálfu ríkisvaldsins. Upptaka veiðileyfagjalds breytir í sjálfu sér engu um framsal veiðiheimilda en þessu frumvarpi er ætlað að taka á tilteknum þætti þess máls.

Framsal veiðiheimilda er heimilt í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Stærstur hluti þess er skipti á veiðiheimildum innan sömu útgerðar svo og jöfn skipti á veiðiheimildum milli útgerðaraðila. Slík skipti veiðiheimilda eru öllum aðilum hagkvæm og leiða til hagkvæmrar stýringar veiða.

Annar flokkur framals er þegar veiðiheimildir eru leigðar innan ársins eða þegar varanlegar veiðiheimildir eru keyptar og seldar og peningaviðskipti eiga sér stað. Sala á varanlegum veiðiheimildum er hluti núverandi stjórnunarkerfis og felst í því að ýmsir aðilar minnka við sig eða hætta í útgerð en aðrir bæta við sig veiðiheimildum og nýir koma að atvinnugreininni. Þessi þáttur framsalsins hefur oft verið gagnrýndur og þá einkum af tveimur ástæðum:

Annars vegar er gagnrýnisvert að handhafar veiðiheimilda skuli geta leigt frá sér árlega stóran hluta úthlutaðra heimilda og lifað góðu lífi á hinum ókeypis úthlutuðu veiðiheimildum. Þetta særir réttlætistilfinningu margra og er ein af röksemdunum fyrir veiðileyfagjaldi.

Hins vegar hefur það verið gagnrýnt þegar aðilar leigja frá sér kvótann en leigja til sín aftur kvóta frá öðrum aðilum og láta sjómenn taka þátt í þeim viðskiptum. Þetta er lögbrot sem grunur leikur á að sé stundað í einhverjum mæli. Þingmenn jafnaðarmanna hafa lagt fram á Alþingi þingsályktun um að allur fiskur, sem seldur er innan lands, verði seldur á fiskmörkuðum. Lögfesting þessa leiðir m.a. til verðlagningar fyrir opnum tjöldum þannig að slík viðskipti heyra vonandi sögunni til.

Flutningsmönnum frumvarpsins finnst óeðlilegt að rúmar heimildir séu fyrir því í núgildandi lögum að útgerðir, sem fá veiðiheimildum úthlutað endurgjaldslaust, geti leigt þær frá sér og nýti sjálfar tiltölulega lítinn hluta þeirra. Í lögunum eru ákvæði þess efnis að hafi útgerðaraðili ekki nýtt sjálfur a.m.k. 50% af veiðiheimildum samanlagt tvö ár í röð fellur úthlutun hans niður og veiðiheimildirnar koma öðrum til góða.

Ástæðan fyrir því að miðað er við tvö ár er sú að skip getur bilað alvarlega eða verið frá vegna stórfelldra endurbóta þannig að eðlilegt er að hafa rýmri tíma við slíkar aðstæður.

Breytingin samkvæmt frumvarpinu er sú að í stað þess að aðili verði að veiða a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki verði hann að veiða a.m.k. 80%. Þetta þýðir að aðilar verða í reynd að gera það upp við sig hvort þeir séu í útgerð til langframa og nýti þá þær heimildir sem þeim er úthlutað eða hvort þeir hverfi úr útgerð.

Með samþykkt þessa frumvarps er að mestu leyti komið í veg fyrir að útgerðaraðilar leigi árlega frá sér stóran hluta úthlutaðra veiðiheimilda og stundi ekki veiðar í samræmi við úthlutaðan kvóta. Frumvarpið tekur þannig á veigamiklum þætti í gagnrýni á framsal veiðiheimilda í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

279. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (barnaklám).

(Eftir 2. umr., 9. des.)

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

280. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 267.

281. Lög [75. mál]

um breyting á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 268 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Séu brunatryggingariðgjöld og önnur gjöld og skattar sem ákvörðuð eru sem hlutfall af brunabótamati og innheimtast eiga samhliða innheimtu iðgjalda, svo og matskostnaður, eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að krefjast nauðungarsölu á hinni vátryggðu eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Önnur gjöld og skattar samkvæmt þessari málsgrein eru brunavarnagjald, umsýslugjald, forvarnagjald, viðlagatryggingariðgjald og álag á viðlagatryggingariðgjald.

282. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 129.

283. Lög [147. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 266.

284. Lög [174. mál]

um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. des.)

Samhljóða þskj. 191.

285. Fyrirspurn [220. mál]

til umhverfisráðherra um losun gróðurhúsalofttegunda.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver var losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis árið 1990 og hvað er áætlað að hún verði mikil árið 2000, að teknu tilliti til stækkunar álbræðslu Ísals?
2. Hvaða mótvægisaðgerðir eru þegar ákveðnar og fjárhagslega tryggðar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis til ársins 2000, sbr. 1. lið, hver er áætlaður kostnaður við þær og hverju eiga þær að skila í minna heildarmagni gróðurhúsalofttegunda?
3. Hvaða mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar fram til ársins 2000 til viðbótar því sem fram kemur í 2. lið, hvað er talið að þær kosti og hverju eiga þær að skila í minna heildarmagni?
4. Hversu mikil losun gróðurhúsalofttegunda má ætla að verði frá orkufrekum iðnaði sem stjórnvöld eða aðrir vinna að og áforma að geti hafist hérlendis í náinni framtíð eða innan tíu ára:
   a. álbræðslu á Grundartanga með allt að 180 þús. tonna ársframleiðslu,
   b. stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga um allt að 50 þús. tonna ársframleiðslu,
   c. álbræðslu á Keilisnesi með allt að 300 þús. tonna ársframleiðslu,
   d. magnesíumverksmiðju á Reykjanesi,
   e. öðrum orkufrekum iðnaði sem unnið er að á vegum MIL eða annarra?
5. Hver gæti orðið heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, að úthafsveiðum meðtöldum, að teknu tilliti til framangreindra áforma samkvæmt 4. lið?

6. Hvernig samrýmast þessi áform:
   a. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings um loftlagsbreytingar,
   b. þjóðréttarlegum skuldbindingum af Íslands hálfu,
   c. þeim stefnumiðum sem nú er rætt um á alþjóðavettvangi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Skriflegt svar óskast.

286. Fyrirspurn [221. mál]

til menntamálaráðherra um framhaldsnám fatlaðra.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur.

1. Hversu margir nemendur luku grunnskólaprófi vorið 1996?
2. Hversu margir nemendur hófu nám í framhaldsskólum landsins haustið 1996?
3. Hvert er meðaltal kennslustunda á viku tvö fyrstu ár framhaldsskólanáms?
4. Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra, luku grunnskólanámi vorið 1996?
5. Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra, hófu nám á framhaldsskólastigi haustið 1996?
6. Hvert er meðaltal kennslustunda sem fatlaðir nemendur fá á viku í framhaldsskólum?
7. Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir og luku grunnskólanámi 1996, eru í námi í fullorðinsfræðslu? Hvert er meðaltal kennslustunda sem þeir nemendur fá á viku?
8. Verða settar á stofn starfsnámsbrautir fyrir fatlaða nemendur við Borgarholtsskóla í Reykjavík eins og lofað var og þá hvenær? Hvert verður skipulag og lengd þess náms?

287. Fyrirspurn [222. mál]

til menntamálaráðherra um samning um frjálst námsval milli Norðurlanda.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Eru Íslendingar aðilar að samningi um frjálst námsval milli Norðurlanda sem undirritaður var af menntamálaráðherrum Norðurlanda síðasta haust? Ef svo er, er þegar byrjað að vinna eftir honum?
2. Hversu háa upphæð á ríkið að borga á ári með hverjum námsmanni?
3. Er fjöldi námsmanna ótiltekinn eða takmarkaður? Ef hann er takmarkaður, hafa verið gerðar einhverjar áætlanir um hverjir skuli eiga rétt á slíkri skólavist?

288. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga til meðferðar, leitað skýringa og fengið upplýsingar og athugasemdir frá ýmsum aðilum um efni þess og beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1996.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegum tekjuauka A-hluta ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins, eða um 5,1 milljarði kr. Þá er gert ráð fyrir gjaldaheimildum til viðbótar við fjárlög 1996 að fjárhæð 15,9 milljarðar kr. Eins og fram kemur í umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarpið er þannig reiknað með að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 14,7 milljarðar kr. ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga 1996 yrðu nýttar. Fjármálaráðherra áætlar hins vegar að 1,9 milljarðar kr. af gjaldaheimildum í árslok 1996 verði ekki nýttar í ár heldur fluttar til næsta árs eða felldar niður. Er þar um að ræða aukningu á ónotuðum gjaldaheimildum frá fyrra ári um 300 millj. kr. Að því gefnu er samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði 12,8 milljarðar kr., eða 8,9 milljörðum kr. meiri en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir. Þá er í frumvarpinu óskað eftir viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum 1996 að fjárhæð 20,6 milljarðar kr. en ekki er gert ráð fyrir að nýta nema 18,7 milljarða kr. af henni. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarpið er ljóst að gjöldin verða um 350 millj. kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Minni hlutinn ítrekar þá gagnrýni, sem fram kom í nefndaráliti hans við afgreiðslu fjáraukalaga 1995, á það að sótt sé um gjaldaheimildir umfram það sem ætlunin er að nota. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gagnrýnt þetta mjög og spurt hvers vegna sótt sé um hærri aukafjárveitingu en útlit er fyrir að þörf sé fyrir á árinu og hvort ekki væri rétt að taka ákvörðun um flutning fjárheimilda til næsta árs við afgreiðslu fjárlaga það ár, en ekki með fjáraukalögum sem lögð verða fyrir þingið á næsta ári.

Þá gagnrýnir minni hlutinn að í fjáraukalögum skuli nánast eingöngu vera sótt um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til sem leiðir til þess að afgreiðsla Alþingis verður eingöngu formsatriði og staðfesting á löngu teknum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Ríkisendurskoðun hefur bent á að þegar sótt er um aukafjárveitingar þurfi að gera kröfu um að beiðnir séu vel rökstuddar, sérstaklega að það komi fram í slíkum rökstuðningi hvers vegna útgjaldatilefni varð ekki séð fyrir við afgreiðslu gildandi fjárlaga. Því miður verður ekki séð við afgreiðslu þessa fjáraukalagafrumvarps að fjármálastjórn hins opinbera sé styrk hvað þetta varðar. Oft á tíðum er um uppsafnaðan halla að ræða sem löngu er fyrirséð að þurfi að taka á með auknum fjárframlögum. Sem dæmi má hér nefna rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala. Frumvarpið gerir ráð fyrir um 450 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna hallareksturs spítalanna. Þá fjárhæð sem nú er lagt til að verði varið til sjúkrahúsanna vantaði fyrirsjáanlega upp á við afgreiðslu fjárlaga ársins 1996 og var ítrekað bent á það af forsvarsmönnum spítalanna og af stjórnarandstöðunni við umræður í þinginu. Minni hlutinn lagði fram breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga um að þessari fjárvöntun yrði mætt að einhverju leyti en þær voru ekki samþykktar. Hið sama mætti segja um niðurskurð til menntamála sem var harðlega gagnrýndur við afgreiðslu fjárlaga þessa árs og bent á að menntakerfið þyldi ekki frekari handahófskenndan niðurskurð. Ríkisstjórnin skellti skollaeyrum við þessum ábend-

ingum og hélt á lofti algerlega óraunsæjum sparnaðartillögum en í athugasemdum við frumvarp til fjáraukalaga er það viðurkennt að aukning útgjaldanna stafi að stórum hluta af því að sparnaðaráform gengu ekki eftir.

Minni hlutinn telur algerlega óviðunandi að ekki sé lögð meiri áhersla á að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þau ná til. Óraunhæfar sparnaðartillögur á sviði heilbrigðismála eru dýrar fyrir ríkissjóð og koma fram á einum eða öðrum stað í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisráðuneytið hefur nú t.d. óskað eftir aukafjárveitingu sem nemur 15,1 millj. kr. til heilsugæslunnar í Reykjavík og í greinargerð til fjárlaganefndar um málið kemur fram að halli heilsugæslunnar í Reykjavík, sem nemur sömu fjárhæð, sé fyrst og fremst tilkominn vegna skorts á hjúkrunarrýmum í Reykjavík auk þess sem sjúklingar séu fyrr útskrifaðir af sjúkrahúsum í Reykjavík en áður. Þetta komi fram í aukningu á heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Fjármálaráðuneytið og meiri hluti fjárlaganefndar hefur hins vegar ekki fallist á þessa beiðni heilbrigðisráðuneytisins og neitar að horfast í augu við orsök vandans. Minni hlutinn átelur þessi viðhorf harðlega og leggur fram breytingartillögu um að orðið verði við þessari tillögu heilbrigðisráðuneytisins.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga og þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir sýna svo ekki verður um villst að stjórn fjármála ríkisins er ekki í ásættanlegum farvegi. Ríkisstjórnin heldur áfram þeirri iðju sinni á sviði heilbrigðismála að beita óraunhæfum, handahófskenndum niðurskurði sem hefur í för með sér ómælt tjón, hvort sem litið er á þau mál út frá fjárhagslegum eða öðrum forsendum.

Minni hlutinn áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur til breytinga sem lagðar hafa verið fram af meiri hlutanum og til að leggja fram aðrar breytingartillögur en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 9. des. 1996.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Gísli S. Einarsson. Kristinn H. Gunnarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

289. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá minni hluta fjárlaganefndar (BH, GE, KHG, KH).

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. Nýr liður:	
08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.	
101 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	13.000
2. Við 3. gr. Nýr liður:	
08-513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi.	
110 Heilsugæslustöðin Fossvogi	400

Þús. kr.

3. Við 3. gr. Nýr liður:
08-514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi.
120 Heilsugæslustöðin Miðbæ 1.700

290. Fyrirspurn [223. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu fullvirðisréttar og greiðslumarks frá veðsettum jörðum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvað hefur fullvirðisréttur og síðar greiðslumark annars vegar í sauðfé og hins vegar í mjólk verið selt frá mörgum jörðum á árabilinu 1986–96, sundurliðað eftir kjördæmum?
2. Á hve mörgum af þeim jörðum sem fullvirðisréttur eða greiðslumark hefur verið selt frá hvíla veð fyrir lánum frá:
   a. Stofnlánadeild landbúnaðarins,
   b. öðrum aðilum?
3. Hvaða reglur gilda um uppgjör lána þegar heimildir til framleiðslu á jörðum glatast eða eru verulega skertar?

Skriflegt svar óskast.

291. Framhaldsnefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fékk frumvarpið aftur til umfjöllunar að lokinni 2. umræðu.

Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði þrjár breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að gerð verði smávægileg orðalagsbreyting á lokamálslið 3. gr., til að gera ákvæðið skýrara. Í öðru lagi er lagt til að bráðabirgðaákvæðið verði tengt við lokamálsgrein 2. gr. (verður 5. gr. laganna) um tölvuskráningu. Loks er lagt til að við bætist gildistökuákvæði sem vantaði í frumvarpið.

Alþingi, 10. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Pétur H. Blöndal.

Einar Oddur Kristjánsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Kristján Pálsson.

292. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, EOK, GMS, KPál).

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „Árlega skulu þeir“ í upphafi síðari efnismálsl. komi: Aðilar, sem fá slíka undanþágu, skulu árlega.
2. Við 4. gr. bætist: sbr. þó 2. málsl. lokamálsgreinar 5. gr.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

293. Framhaldsnefndarálit [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fékk málið aftur til umfjöllunar eftir 2. umræðu.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til lagfæring á orðalagi 1. gr. til samræmis við gildandi lög.
2. Lagt er til að smávægileg breyting verði gerð á orðalagi 3. gr. til að koma í veg fyrir að hægt verði að mistúlka ákvæðið.
3. Lagt er til að tekjuskattsprósenta 10. gr. frumvarpsins verði lækkuð um 0,09 prósentustig. Er þetta gert til að auka svigrúm sveitarfélaga til hækkunar á útsvari um sama hlutfall til að mæta auknum kostnaði við fullnustu lífeyrissjóðsskuldbindinga grunnskólakennara vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.
4. Lagðar eru til breytingar á gildistökuákvæði til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu við 2. umræðu.
5. Lagt er til að hátekjuskattur verði framlengdur um eitt ár til viðbótar með tillögum til breytinga á ákvæðum til bráðabirgða I og IV í lögunum.

Alþingi, 10. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Pétur H. Blöndal.

Einar Oddur Kristjánsson. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Kristján Pálsson.

294. Breytingartillögur [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, EOK, GMS, KPál).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „sérhverjum“ í b-lið komi: öðrum.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „að lágmarki“ í 2. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
   b. Orðin „eða fyrir hærri fjárhæð“ í 3. efnismgr. falli brott.
3. Við 10. gr. Í stað „30,5%“ komi: 30,41%.
4. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og hér greinir:
   a. Ákvæði 6., 7., 8., 9., 12., 13., 15., 16., 17. og 18. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
   b. Ákvæði 4. og 5. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna rekstrar ársins 1996 og eigna í lok þess árs.
   c. Ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda við staðgreiðslu tekjuskatts á árinu 1997 og álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997.
   d. Ákvæði 1. og 11. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997.
   e. Ákvæði 2. gr. kemur fyrst til framkvæmda á árinu 1998 við útreikning verðbreytingarstuðuls fyrir tekjuárið 1997.

   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast ákvæði 3. og 14. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997.
5. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:
   a. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 145/1995, orðast svo:
      Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1996 og 1997 skal á árunum 1997 og 1998 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.
   b. Við ákvæði til bráðabirgða IV, sbr. lög nr. 145/1995, bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:
      Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1998 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1997. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1997 vegna tekna á árinu 1996 umfram 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og umfram 5.611.680 hjá hjónum.
   c. Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögn:
      1. (I.)

      Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir tekjuárið 1996.

      Auk verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna skal ríkisskattstjóri birta sérstakan verðbreytingarstuðul sem miðast við breytingu sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð 1996 og janúarmánuð 1997. Skattaðila skal í skattframtali ársins 1997 heimilt í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laganna, sem lýkur á árinu 1996 skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn skal með sama hætti og í 1. mgr. greinir.

2. (II.)

Nýting eftirstöðva rekstrartapa rekstraráranna 1988 og síðar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 31. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á rekstrarárunum 1988 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstraráranna 1997–2000.

295. Svar [128. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Viktors B. Kjartanssonar um smásölu áfengis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver er stefna ráðherra varðandi ríkisrekstur á smásölu áfengis hér á landi?

Telur ráðherra nauðsynlegt að ríkisstarfsmenn sjái um sölu áfengis? Ef svo er ekki, er þá eitthvað því til fyrirstöðu að einkaaðilum verði heimilað, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, að stunda verslun með þessa vörutegund eins og annan neysluvarning?

Lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, og áfengislögum, nr. 82/1969, var breytt vorið 1995 og samþykkt ný lög, nr. 96/1995, um gjald af áfengi. Einkaréttur ÁTVR á innflutningi og heildsölu með áfengi var afnuminn og í stað þess að ríkið aflaði tekna með hagnaði af áfengissölu kom gjald á áfengi. Málið var ítarlega rætt á Alþingi ásamt öðrum þáttum sem tengjast verslun ríkisins með áfengi. Þannig hafnaði Alþingi t.d. þeim möguleika að smásöluverð áfengis mætti vera breytilegt eftir útsölustöðum og endurspegla að einhverju leyti mismunandi sölu- og dreifingarkostnað. Á eftir ákvæði þess efnis að fjármálaráðherra skyldi ákveða útsöluverð áfengis á hverjum tíma tók Alþingi eftirfarandi ákvæði inn í frumvarp það sem var til umfjöllunar: „Verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skal vera það sama hvar sem er á landinu.“

Ákvæði 10. gr. áfengislaga var ekki breytt, en þar er kveðið á um skilyrði fyrir opnun útsölustaða áfengis. Fyrstu tvær málsgreinarnar hljóða svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1.000 í þrjú ár samfellt.

Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því sveitarfélagi sem í hlut á og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.“

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að löggjafinn hefur sett smásöluverslun með áfengi mjög þröngar skorður. Eftir að fjármálaráðherra hefur lögum samkvæmt ákveðið útsöluverð áfengis er það hlutverk stjórnar og forstjóra ÁTVR að reka fyrirtækið á hagkvæman hátt og hámarka arðsemi ríkisins sem eiganda. Stjórnendum fyrirtækisins er hins vegar vandi á höndum því að raddir um bætta þjónustu eru háværar og óskum um nýja

útsölustaði fjölgar stöðugt. Vandinn er sá að fjölgun útsölustaða eykur kostnað fyrirtækisins fremur en tekjur og samrýmist því illa kröfunni um hámarksarðsemi.

Stefna fjármálaráðherra er að fela eigi eignarhald og rekstur á einstökum útsölustöðum áfengis einkaaðilum í eins ríkum mæli og lög leyfa. Nýja útsölustaði á að bjóða út og semja við einstaklinga eða félög þeirra um að annast eins marga þætti rekstursins og kostur er, sbr. fyrirkomulag við opnun nýrra útsölustaða á undanförnum árum og útboð vegna fyrirhugaðra útsölustaða í Kópavogi og á Patreksfirði. Engin gild rök hafa verið færð fyrir því að áfengisútsölur þurfi, frekar en vínveitingahús, að vera í ríkisrekstri. Ríkið hefur hins vegar mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna gagnvart sölu á áfengi, sem æskilegt er að sjálfstæður aðili, óháður verslunarhagsmunum, sinni.

Fjármálaráðherra hefur beint þeim tilmælum til stjórnar ÁTVR að gera grein fyrir framlegð og arðsemi einstakra útsölustaða fyrirtækisins. Tilgangurinn er aukið rekstraraðhald og að undirbúa þann möguleika að rekstur núverandi útsölustaða, sem alfarið eru á ábyrgð ÁTVR, verði boðinn út. Einnig gæti þetta orðið liður í því að almennar gagnsæjar reglur verði settar um rekstur og opnun nýrra útsölustaða, en tiltekin arðsemi er eitt þeirra skilyrða sem eðlilegt er að gera til hvers útsölustaðar.

Á grundvelli þess sem að framan greinir telur fjármálaráðherra eðlilegt að stefnt sé að því að einkaaðilum verði heimilað að versla með áfengi, að uppfylltum almennum en ákveðnum skilyrðum. Til þess að það geti orðið þarf hins vegar að breyta lögum.

296. Lög [29. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (barnaklám).

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 279.

297. Lög [30. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum (réttarstaða handtekinna manna o.fl.).

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 30.

298. Lög [97. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (vernd gegn mismunun).

(Afgreidd frá Alþingi 10. des.)

Samhljóða þskj. 100.

299. Fyrirspurn [224. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvert hefur skráð atvinnuleysi verið á landinu öllu undanfarin tvö ár?
2. Hver hefur verið þróun atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu samanborið við skráð atvinnuleysi á landinu öllu sl. tvö ár,
   a. sundurliðað eftir kynjum,
   b. sundurliðað eftir aldri?
3. Hefur verið gripið til sérstakra vinnumarkaðsaðgerða af hálfu stjórnvalda til þess að rjúfa vítahring þeirra einstaklinga sem hafa orðið atvinnulausir?

300. Tillaga til þingsályktunar [225. mál]

um eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Frá Guðmundi Lárussyni.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að skorið verði úr um eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur krafa neytenda verið sú að hagræða beri í auknum mæli í mjólkuriðnaði þannig að kostnaður á vinnslu- og heildsölustigi verði hliðstæður því sem gerist í nálægum löndum. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum og hefur mjólkurvinnslu m.a. verið hætt á ýmsum svæðum. En betur má ef duga skal. Það hamlar t.d. frekari hagræðingu að í mörgum mjólkursamlögum er engan veginn ljóst hver hefur eignarhald á viðkomandi afurðastöð. Þetta á við um þau samlög sem eru talin í eigu samvinnufélaga í blönduðum rekstri þar sem fleiri aðilar en bændur standa fyrir rekstrinum. Brýna nauðsyn ber til að fá úr því skorið hvaða aðili fer með eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði þannig að vafi um eignarhaldið standi ekki í vegi fyrir nauðsynlegri hagræðingu. Því er tillaga þessi flutt.

301. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Snorra Snorrason frá Félagi úthafsútgerða. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Félagi úthafsútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í 1. lið er lagt til að heimild ráðherra til að skilyrða veiðar utan lögsögu úr íslenskum deilistofnum nái bæði til 2. og 5. mgr. 5. gr., þ.e. að ekki verði gerður greinarmunur á hvort samfelld veiðireynsla er til staðar eða ekki. Lagt er til að sams konar breyting verði gerð á 6. gr. er nær til úthafsveiða á öðrum stofnun en tilgreindir eru í 5. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er ákvæði um að ef veiðar skips brjóta í bága við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að sé því bannað að landa aflanum í íslenskum höfnum og hafnaraðilum jafnframt óheimilt að veita þeim hvers konar þjónustu. Í framangreindum breytingartillögum er í 3. lið lagt til að jafnframt verði alfarið óheimilt að veita þeim þjónustu innan íslenskrar landhelgi, hvort sem þjónustuaðilinn er íslenskur eða erlendur. Loks eru lagðar til nokkuð viðamiklar breytingar á viðurlagaákvæðum frumvarpsins. Gert ráð fyrir að við bætist sex ný ákvæði, mun skýrari og ítarlegri en 13. og 14. gr. frumvarpsins sem lagt er til að falli brott.

Um afstöðu meiri hlutans til málsins að öðru leyti vill hann að eftirfarandi skilningur hans komi fram:

1. Nánari reglur um útfærslu á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. liggi fyrir áður en úthlutun fer fram. Útgerðir geti þannig metið hvort þær sjái sér hag í því að sækja um rétt til veiða á úthafinu. Í mati á verðmæti aflaheimilda á fjarlægum miðum utan lögsögu sé við umreikning til þorskígilda einnig tekið tillit til sóknarkostnaðar. Þannig reiknað verðmæti þeirra verði lagt til grundvallar við framkvæmd ákvæða um afsal aflaheimilda á móti hinum nýju heimildum. Jafnframt verði útgerðum heimilað að velja sjálfar hvaða aflaheimildir þær láta af hendi.
2. Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði á grundvelli leyfa til veiðanna á sambærilegum forsendum og verið hafa. Veiðireynsla úr þessum stofni myndi ekki grunn að fastri aflahlutdeild.

Alþingi, 10. des. 1996.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Vilhjálmur Egilsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson,

302. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, VE, EOK, HjÁ, GHall).

1. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
   a. Í stað „2. mgr.“ komi: 2. og 5. mgr.
   b. Í stað „þeirrar málsgreinar“ komi: þeirra málsgreina.
2. Við 6. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
   a. Í stað „2. mgr.“ komi: 2. og 6. mgr.
   b. Í stað „þeirrar málsgreinar“ komi: þeirra málsgreina.
3. Við 10. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Í þessum tilvikum er einnig óheimilt að veita viðkomandi skipum þjónustu innan íslenskrar landhelgi eða frá íslenskum höfnum.
4. Á eftir 11. gr. komi nýr kafli, III. KAFLI, **Viðurlög,** með sex nýjum greinum sem orðist svo:
   a. (12. gr.)

      Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

      Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla við brot á lögum þessum eftir því sem við á.
   b. (13. gr.)

      Við brotum gegn 2. málsl. 7. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

      Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

      Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.
   c. (14. gr.)

      Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

      Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.
   d. (15. gr.)

      Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða

getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

e. (16. gr.)

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þessum. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 13. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

f. (17. gr.)

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

5. 13. og 14. gr. falli brott.

303. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Húnboga Þorsteinsson og Sesselju Árnadóttur frá félagsmálaráðuneyti. Þá komu til fundar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sömu reglur gildi um stofn til álagningar á sumarhús og nú gilda um útihús í sveitum. Stofn til álagningar fasteignaskatts á sumarhús verður þá fasteignamat þeirra. Jafnframt verði hætt að umreikna matsverð sumarhúsa til markaðsverðs sambærilegra eigna í Reykjavík. Þá er í frumvarpinu lagt til að í lögunum komi skýrt fram að sveitarstjórnir hafi sams konar heimildir til að undanþiggja sumarhús álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr. 3. gr. laganna og gilda um aðrar fasteignir í dreifbýli.

Í vor var gengið frá samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga og í framhaldi af því gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frá því að umrætt samkomulag var gert hafa forsendur um lífeyrissjóðsskuldbindingar breyst. Kostnaður sveitarfélaga við að standa skil á lífeyrissjóðsskuldbindingum grunnskólakennara mun aukast og verða 225 millj. kr. umfram það sem áður var vegna væntanlegra breytinga á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Því hefur verið gert viðbótarsamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekna frá ríki til sveitarfélaga. Í ljósi þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þar er mið-

að við að útsvarshlutfall verði hækkað um 0,09% til viðbótar því sem þegar er kveðið á um. Í framangreindu viðbótarsamkomulagi er síðan gert ráð fyrir samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli. Þá er lagt til að fyrirsögn frumvarpsins verði breytt þar sem ákvæði 1. og 6. gr. laga nr. 79/1996, sem breyttu í vor lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, munu ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1997 og 1. janúar 1998.

Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1996.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Arnbjörg Sveinsdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Kristján Pálsson.
	Sigríður Jóhannesdóttir.	

304. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Í stað „0,74%“ í 1. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, kemur: 0,77%.
   b. (3. gr.)
      Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga:
      a. Í stað „11,95%“ kemur: 12,04%.
      b. Í stað „11,15%“ kemur: 11,24%.
2. Á eftir 2. gr. (er verði 4. gr.) komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði III til bráðabirgða í lögunum, sbr. 7. gr. laga nr. 79/1996:
   a. Í stað „11,9%“ í 4. mgr. kemur: 11,99%.
   b. Í stað „11,1%“ í 4. mgr. kemur: 11,19%.
   c. Í stað „0,73%“ í 5. mgr. kemur: 0,75%.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum nr. 79/1996, um breytingu á þeim lögum.

305. Breytingartillaga [146. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Vilhjálmi Egilssyni.

Efnismgr. 7. gr. orðist svo:

Sé hlutafélagi skipt og því slitið þannig að fleiri en eitt hlutafélag taki við öllum eignum og skuldum þess og hluthafarnir í félaginu sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félögunum sem við taka sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í sérhverju viðtökufélaganna skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem slitið er með skiptingunni. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Við slíka skiptingu flytjast allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi frá því félagi sem slitið var og til þeirra félaga sem við taka í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.

306. Frumvarp til lánsfjáraukalaga [226. mál]

fyrir árið 1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Í stað „13.500“ í 4. tölul. 4. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1996 kemur: 14.500.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Afgreiðsla húsbréfa var áætluð 13.500 millj. kr. í lánsfjárlögum fyrir árið 1996. Útgáfan stefnir hins vegar í að verða allt að 14.500 millj. kr. á þessu ári og er sótt um heimild Alþingis um viðbót á núverandi útgáfu sem því nemur. Eftirspurn eftir húsbréfum hefur aukist og er gert ráð fyrir að samþykkt skuldabréfaskipti húsbréfadeildar muni í lok ársins verða um 20% fleiri en í fyrra. Aukin útgáfa nú er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir stöðvun afgreiðslu húsbréfa í desember.

Félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra eru sammála um að hraða eftir því sem kostur er að færa húsbréfakerfið til banka og sparisjóða. Félagsmálaráðherra mun á næstu dögum skipa nefnd til að undirbúa gerð þjónustusamnings við banka og sparisjóði er feli í sér að greiðslumat og skuldabréfaskipti í húsbréfakerfinu verði hjá bönkum og sparisjóðum þannig að þeir beri fulla ábyrgð á greiðslumatinu. Stefnt skal að því að húsbréfadeild gefi út húsbréf og noti andvirði þeirra til að endurfjármagna húsnæðislán sem bankar og sparisjóðir veita. Húsbréfadeildin kaupi lán af bönkum og sparisjóðum samkvæmt

sömu reglum um lánshlutföll, hámarkslán og veðmat og deildin beitir sjálf í dag. Tillögugerð og undirbúningi nefndarinnar verði lokið fyrir 1. mars 1997.

307. Tillaga til þingsályktunar [227. mál]

um stöðu drengja í grunnskólum.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem leiti orsaka þess að drengir eiga við meiri félagsleg vandamál að etja í grunnskólum en stúlkur og námsárangur þeirra er lakari. Jafnframt því að greina orsakir aðlögunarvanda drengja verði nefndinni falið að benda á leiðir til úrbóta.

Nefndina skipi fagfólk á sviði uppeldis- og kennslumála og að því stefnt að hún skili af sér í tíma svo að unnt verði að taka tillit til niðurstaðna hennar og tillagna við gerð nýrrar námsskrár fyrir grunnskóla sem taka á gildi árið 1998.

Greinargerð.

Það hefur lengi verið umræðu- og áhyggjuefni margra skólamanna hve staða drengja í skólakerfinu hefur almennt verið önnur og að ýmsu leyti erfiðari en stúlkna. Þeir aðlagast ekki jafn vel kröfum og væntingum skólans og stúlkurnar. Kannanir hafa sýnt að drengir taka mun meira af tíma kennarans en stúlkur þar sem vandamálin sem kennarinn og skólinn þurfa að fást við, hvort sem þau eru tengd námi eða aga, tengjast mun oftar drengjum. Drengir eru miklu fleiri í hópi þeirra sem þurfa á sérþjónustu og stuðningi innan skólanna að halda. Þá hefur námsárangur stúlkna verið betri. Síðastliðið vor voru stúlkur með hærri meðaleinkunn en drengir í öllum fjórum greinum samræmdra prófa 10. bekkjar.

Ýmsar tölfræðilegar upplýsingar eru til um mismunandi kynjahlutfall þeirra sem njóta sérþjónustu og stuðnings í skólunum. Drengir eru yfir 70% þeirra nemenda sem taldir eru þurfa sérkennslu í grunnskólunum. Sama er uppi á teningnum þegar röðin kemur að sérdeildum skólanna, þar eru drengirnir einnig u.þ.b. 70% nemenda. Þá er um svipað hlutfall að ræða þegar litið er til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólanna. En með slíkri aðstoð hefur grunnskólinn reynt að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda sinna. Það er hins vegar ljóst að leita þarf orsaka þess að drengjum tekst almennt verr að fóta sig í skólakerfinu en stúlkum. Þegar orsakirnar eru ljósar er líklegra að unnt verði að mæta þörfum drengjanna strax við upphaf skólagöngu í stað þess að takast síðar á við afleiðingar þess að skólinn, eins og hann er uppbyggður, virðist síður henta drengjum en stúlkum.

Sérfræðingar hafa sett fram tilgátur um að þroski kynjanna sé mismunandi þegar grunnskólanám hefst. Þannig sé námið fyrstu árin eins og eðlilegt framhald af leikjum og föndri stúlknanna en drengirnir eigi mun erfiðara með bæði fínhreyfingar og tjáningu. Þetta rímar við tilfinningu margra kennara. Markviss þjálfun strax í leikskóla gæti bætt úr ef niðurstaðan verður sú að taka þyrfti sérstaklega á þessum þáttum. Einnig hefur verið bent á að unglingspiltar eigi erfiðara með að tjá sig með orðum en stúlkur og því líklegri til að birgja inni tilfinningar sínar eða láta hendur skipta. Um 65% skjólstæð-

inga Unglingaheimilis ríkisins hafa verið piltar. Afskipti lögreglu af unglingum sýna einnig að piltar eru mun líklegri til að lenda undir eftirliti lögreglu, eða 86% á móti 14% stúlkna. Dauði af völdum slysa er einnig margfalt algengari meðal drengja og unglingspilta. Sama á við um sjálfsvíg.

Ein ástæða þess að drengir eiga við aðlögunarvanda að etja í skólum er talin sú að fáir karlar eru við kennslu í grunnskólum og leikskólum og því fáar fyrirmyndir sem þeir geta samsamað sig. Þessi staðreynd er þeim mun alvarlegri að margir feður vinna fjarri heimilum og u.þ.b. fjórðungur barna býr með einstæðum mæðrum. Karlmaður sem starfar sem kennari getur því verið raunveruleg fyrirmynd þeim börnum sem lítt kynnast körlum í uppeldi sínu. Hann er a.m.k. staðfesting þess að karlar sinna líka uppeldisstörfum.

Drengir fá skilaboð frá umhverfinu um hvers konar manneskjur þeir eigi að vera. Bæði fagfólk og foreldrar hafa vaxandi áhyggjur af því að í nútímasamfélagi sé drengjum boðið upp á stöðugt verri fyrirmyndir og að hetjuímyndin verði sífellt ofbeldiskenndari. Það hefur komið í ljós að fyrirmyndir drengja sem leita til skólasálfræðinga eru ekki raunverulegir karlmenn heldur oftar einhvers konar ofurmenni myndbanda og kvikmynda.

Því hefur oft verið haldið fram að karlmenn eigi verra en konur með að sýna tilfinningar og vinna úr þeim. Skoða má sjálfsvíg og áfengisneyslu karla út fá því. Uppeldi er talið eiga hér stærstan þátt en sárlega vantar rannsóknir á orsökum þess kynjamunar sem hér hefur verið rakinn.

Jafnréttisbaráttan hefur aðallega verið háð af konum. Hún hefur leitt til þess að losnað hefur um staðlaða ramma kvenímyndarinnar og staða kvenna hefur að ýmsu leyti breyst. Ábyrgð á börnum og heimili er þó enn hlutskipti flestra kvenna og kann að vera ein af orsökum þess launamisréttis sem þær búa við. Við þessu þarf að bregðast. Það verður ekki gert nema við beinum sjónum okkar einnig að stöðu og uppeldi drengja og leitum orsaka þess munar sem hér hefur verið rakinn. Fyrirferð drengjanna innan skólanna er ekki einhlít vísbending um sterka stöðu þeirra, heldur e.t.v. þvert á móti. Athyglin sem þeir fá er oft fyrst og fremst neikvæð. Á meðan bíða stúlkurnar prúðar eftir að röðin komi að þeim.

Þótt þessi tillaga taki einungis til stöðu drengja í grunnskólanum er ljóst að sum þeirra vandamála sem leita þarf orsaka fyrir og taka á er einnig að finna bæði í leikskóla og framhaldsskóla. Að svo miklu leyti sem staða drengja og pilta á þeim skólastigum hefur verið könnuð hafa niðurstöður verið áþekkar.

308. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna hljóðar svo:

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til 1. janúar 1999. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skal héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði. Ráðherra skipar einn fulltrúa án

tilnefningar. Svæðisráð skal kveðja á sinn fund fólk með sérþekkingu á skólamálum þegar ástæða er til.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna hljóðar svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa til 1. janúar 1999 að fenginni umsögn svæðisráða.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er hljóða svo: Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

4. gr.

2. málsl. 4. tölul. 40. gr. laganna hljóðar svo: Styrkur þessi má ná til alls framlags framkvæmdaraðila.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. og 3. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal eftir gildistöku þessara laga gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og skipa verkefnisstjórn/stjórnir í því skyni.

Yfirfærsla málaflokksins komi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt:

a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, skipaði 3. apríl 1996 til að endurskoða lög um málefni fatlaðra. Í nefndina voru skipuð: Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Haukur Þórðarson, yfirlæknir tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, sem félagsmálaráðherra skipaði jafnframt formann nefndarinnar. Jafnframt sat í nefndinni Árni Gunnarsson, formaður stjórnarnefndar málefna fatlaðra. Ritari nefndarinnar var Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri.

Tilefni endurskoðunar laga um málefni fatlaðra á árinu 1996 er að finna í ákvæði til bráðabirgða II í gildandi lögum, en þar segir að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Jafnframt segir í fyrrnefndu ákvæði að við endurskoðun laganna skuli miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga á málefnum fatlaðra.

Frumvarpi þessu má skipta í tvo meginþætti. Meginefni frumvarpsins lýtur að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. Aðrar breytingartillögur eru flestar nauðsynlegar vegna breytinga á öðrum lögum.

Yfirtaka sveitarfélaga á málefnum fatlaðra.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarps er varð að lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, náðist á þeim tíma ekki samstaða um að ganga lengra í að flytja málaflokkinn til sveitarfélaga en fram kemur í 13. gr. laganna. Aftur á móti er mælst til þess í athugasemdum fyrrnefnds frumvarps að við endurskoðun laganna, að fjórum árum liðnum, verði þessu atriði sérstakur gaumur gefinn, m.a. með hliðsjón af þróun málefna sveitarfélaga, einkum þeirri sameiningu sveitarfélaga sem kann að eiga sér stað á tímabilinu.

Á tímabilinu 1. janúar 1992 til 1. júlí 1996 hafa 54 sveitarfélög sameinast í 19 sveitarfélög. Frá gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga á árinu 1991 hafa 27 sveitarfélög sameinast um sjö félagsmálanefndir og þannig styrkt stöðu sína til að takast á við félagsþjónustu (fylgiskjal II).

Enda þótt þær væntingar um sameiningu sveitarfélaga, sem fram koma í lögskýringargögnum með gildandi lögum um málefni fatlaðra, svo og væntingar um samstarf sveitarfélaga um félagsþjónustu, sem fram koma í 7. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, hafi ekki gengið eftir nema að nokkru leyti hafa engu að síður átt sér stað talsverðar hræringar hvað varðar aukna ábyrgð sveitarfélaga og tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þannig hefur félagsþjónustu sveitarfélaga vaxið fiskur um hrygg. Samþykkt laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, hefur leitt til þess að sveitarfélög hafa yfirtekið nokkur verkefni, þar á meðal málefni fatlaðra, sbr. samning við Akureyrarbæ, og í undirbúningi er samningur við Vestmannaeyjabæ. Auk þess er nú stefnt að samningi við Húsavíkurbæ um þjónustu í Þingeyjarsýslum á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra. Síðast en ekki síst í þessu sambandi kemur hér til hinn umfangsmikli flutningur grunnskólans til sveitarfélaga. Allt rennir þetta stoðum undir frekari verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nýverið lýst því yfir við félagsmálaráðherra að sjónir manna í þessum efnum beinist nú að málefnum fatlaðra. Vísast þar til ályktunar XV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í september 1994 þar sem hvatt er til „að markvisst verði unnið að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, til að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið og færa ákvarðanatöku og ábyrgð nær þeim sem þjónustunnar njóta". Síðar segir í sömu ályktun: „Landsþingið telur rétt að fela sveitarfélögum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva, svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra." Málefni þetta er síðan áréttað í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. september 1996, til nefndarinnar er vann að undirbúningi þessa frumvarps. 20. september 1996 komu á fund nefndarinnar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem þeir mæltu fyrir því að málefni fatlaðra flyttust í einu lagi til sveitarfélaga. Á fundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. október 1996 var síðan tekið fyrir bréf nefndarinnar sem samdi frumvarpið til Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. september 1996. Á fundinum var samþykkt svofelld bókun um málið:

„Stjórnin telur ekki koma til greina að flytja þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga í áföngum. Lagt er til að skipuð verði verkefnisstjórn fulltrúa ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka sem vinni að tillögugerð um flutning alls málaflokksins og tekna frá ríki til sveitarfélaga til að mæta öllum kostnaði. Í ljósi þess að nokkur reynslusveitarfélög eru nú að yfirtaka verkefni á sviði málefna fatlaðra af ríkinu telur stjórnin rétt að

verkefnisstjórn verði gefinn góður tími til að vinna að málinu en að stefnt verði að niðurstöðu á árinu 1998 þannig að verkefnaflutningur geti átt sér stað 1. janúar 1999 ef full sátt næst milli aðila þar um.“ Hagsmunasamtök fatlaðra taka í sama streng. Þannig ályktuðu Landssamtökin Þroskahjálp á fulltrúafundi samtakanna 18. og 19. október 1996 að þau styddu það að sveitarfélög tækju yfir stjórnun og rekstur málaflokksins frá ársbyrjun 1999. Í tengslum við þann verkefnaflutning leggja landssamtökin áherslu á að réttindagæsla fatlaðra verði efld og jafnframt að taka þurfi tillit til mismunandi aðstæðna í sveitarfélögum. Á fundi framkvæmdastjórnar Öryrkjabandalags Íslands 22. október 1996 var samþykktur stuðningur við flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga að því tilskildu að tryggt yrði að fjármagn flyttist að sama skapi frá ríki til sveitarfélaga. Jafnframt leggur Öryrkjabandalagið ríka áherslu á að fulltrúi/fulltrúar fatlaðra sitji í verkefnastjórn sem áformað er að félagsmálaráðherra skipi til að undirbúa flutning málaflokksins til sveitarfélaga.

Markmiðið með flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga er að stíga lokaskrefið í þeirri þróun að fatlaðir séu sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu. Með flutningi málaflokksins til sveitarfélaga eru bundnar vonir við að þjónustan verði bætt. Litið er á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra sem eðlilegan þátt í þróun sveitarstjórnarstigs og þjónustu sveitarfélags við íbúa sína.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum í áðurnefndu frumvarpi til laga um málefni fatlaðra hefur það verið álitið æskilegt að þjónusta við fatlaða falli að almennri félagsþjónustu sveitarfélaga. Óæskilegt sé til lengdar að greina þjónustu við fatlaða frá þjónustu við aðra íbúa í sveitarfélagi. Það fyrirkomulag þótti hins vegar nauðsynlegt á sínum tíma, fól í sér eins konar átak til að lyfta málefnum fatlaðra úr þeirri kyrrstöðu sem áður ríkti um þann málaflokk. Nú þegar sérlög um málefni þroskaheftra og síðar málefni fatlaðra hafa gilt frá árinu 1980 og að mestu leyti verið á ábyrgð ríkisins, og grettistaki hefur verið lyft í þjónustu við fatlaða frá því sem var fyrir setningu sérlaga um þessi efni, þykir kominn tími til þess að sveitarfélög axli ábyrgð gagnvart fötluðum með sama hætti og öðrum íbúum sveitarfélagsins og sú þjónusta verði eðlilegur þáttur í félagsþjónustu sveitarfélaga.

Hagsmunasamtök fatlaðra hafa á undanförnum árum bent á að einn liður í blöndun fatlaðra og ófatlaðra sé sá að þjónusta við fatlaða og ófatlaða sé hlið við hlið og aðgreining milli fatlaðra og ófatlaðra sé óæskileg. Einnig leggja hagsmunasamtökin áherslu á sveigjanlega þjónustu sem taki mið af þörfum hvers einstaklings. — Sjónarhornið er að íbúar sveitarfélags fái þá félagslegu þjónustu sem þeir þarfnist, óháð því hver sé orsök þess að þeir þurfi á þjónustunni að halda, enda byggjast lög um félagsþjónustu sveitarfélaga á þessu grundvallaratriði.

Auk framangreindra raka má benda á að í núverandi fyrirkomulagi eru dæmi um að valdmörk milli ríkis og sveitarfélaga séu óskýr. Nefna má í því sambandi liðveislu og heimaþjónustu sveitarfélaga annars vegar og frekari liðveislu á vegum svæðisskrifstofa hins vegar. Með því að hafa þjónustu sem þessa á einni hendi fæst betri yfirsýn og einföldun.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að málefni fatlaðra færist til sveitarfélaga, yfirfærsla málaflokksins verði í einu lagi og komi til framkvæmda 1. janúar 1999. Dagsetningin 1. janúar 1999 er lögð til með það í huga að hæfilega langur tími gefist til undirbúnings. Með reynslu af yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga þykja tvö ár hæfilegur tími, enda gert ráð fyrir að undirbúningur hefjist tafarlaust verði frumvarp þetta að lögum.

Áður en af yfirfærslu málaflokksins getur orðið þarf að eiga sér stað umfangsmikill undirbúningur bæði hvað varðar þjónustuþáttinn og fjármálin. Því er lagt til í frumvarpinu að ráðherra skipi verkefnisstjórn eða -stjórnir sem vinni að undirbúningnum. Gert er ráð fyrir að í verkefnistjórn sitji, auk fulltrúa af hálfu ríkisins, m.a. fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hagsmunasamtökum fatlaðra og stéttarfélögum. Verkefnistjórn/ stjórnir hafi bæði það verkefni að semja ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem og að undirbúa flutning fjármagns frá ríki til sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að fagfólk, sem hefur reynslu og þekkingu á framkvæmd málefna fatlaðra, taki þátt í starfi verkefnastjórna.

Um lagalegan búning er gert ráð fyrir að þjónustuþátturinn verði felldur undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, þó ekki Greiningar- og ráðgjafarstöð sem verði áfram stofnun á vegum ríkisins. Um hana verði sett sérstök lög. Með því að fella þjónustu við fatlaða undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga þarf að semja ný og breytt lög um félagsþjónustu. Ljóst er að sú lagasetning krefst mikils og vandaðs undirbúnings. Lögin um málefni fatlaðra eru ítarleg sérlög sem kveða ríkt á um réttindi fatlaðra og skyldur ríkisins. Lögunum fylgja sex reglugerðir. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru hins vegar almenn rammalög, ná yfir víðtækt svið þar sem skyldur sveitarfélaga eru ekki nákvæmlega tíundaðar heldur er svigrúm sveitarfélaga mikið. Engin almenn reglugerðarheimild fylgir þeim lögum. Samsteypa jafnólíkra laga er því vandaverk. Tryggt verður að vera að réttindi fatlaðra samkvæmt gildandi lögum verði að engu leyti fyrir borð borin í hinum nýju lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að einhver sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðis sameinist um félagsþjónustuna fyrir 1. janúar 1999, enda þótt frumvarpið hafi ekki að geyma fyrirmæli þar að lútandi. Samstarf sveitarfélaga á þessum vettvangi er í ýmsum tilvikum forsenda fyrir því að þau geti veitt lögboðna þjónustu.

Við flutning málaflokksins til sveitarfélaga er nauðsynlegt að vera á verði um það að sérþekking innan málaflokksins glatist ekki. Búið verði svo um hnútana að einum aðila verði falið að halda utan um þekkingaröflun og varðveislu hennar, svo og ráðgjöf til sveitarfélaga. Nefndin sem vann að frumvarpinu bendir í þessu sambandi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, en eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að um þá stofnun verði sett sérstök lög. Jafnframt bendir nefndin á að við flutning málaflokksins til sveitarfélaga verði engu að síður séð til þess að fyrir hendi verði sérhæfð þjónusta á landsvísu. Auk þess verði hugað að því hvort réttindagæsla fatlaðra verði best tryggð með því móti að einum aðila verði falið að hafa þar yfirsýn.

Við undirbúning að yfirfærslunni til sveitarfélaga þarf jafnframt að huga að því hvernig með skuli fara þegar í hlut eiga stofnanir félagasamtaka eða sjálfseignarstofnanir, sem reknar eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þar sem búa heimilismenn víðs vegar af landinu. Tekið skal þó fram í þessu tilliti að skv. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, telst lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu og eru vistheimili og sambýli fatlaðra þar ekki undanskilin.

Hvað fjármálum viðkemur þurfa ríki og sveitarfélög að gera með sér samkomulag um kostnaðar- og tekjutilfærslur vegna yfirtöku sveitarfélaganna á málaflokki fatlaðra. Í þeim efnum verður væntanlega horft til sambærilegra leiða og farnar voru við yfirtöku sveitarfélaga á grunnskólanum. Í þeim leiðum fólst að útsvarstekjur sveitarfélaga voru auknar og sömuleiðis tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna jöfnunaraðgerða og sameiginlegra verkefna. Í kjölfarið verði gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Flestar breytingarnar eru nauðsynlegar þar sem þær leiðir af breytingum á öðrum lögum. Koma þar til lög um grunnskóla, nr. 66/1995, en með þeim lögum var fræðslustjóraembættið lagt niður, svo og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en samkvæmt þeim lögum skulu embættismenn skipaðir tímabundið.

Auk framangreindra nauðsynlegra breytinga eru þau nýmæli lögð til í 4. gr. frumvarpsins að styrkur Framkvæmdasjóðs fatlaðra til framkvæmdaraðila, sem byggja félagslegar íbúðir til leigu fyrir fatlaða, sé sá sami hvort sem framkvæmdaraðili er sveitarfélag eða félagasamtök. Um nánari skýringar á þessu atriði vísast til athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breyting sú sem lögð er til er í samræmi við það að embætti fræðslustjóra hefur verið lagt niður með flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, sbr. lög nr. 66/1995. Ekkert embætti svarar nú til embættis fræðslustjóra. Til þess að þekking á skólamálum skili sér engu að síður í störfum ráðsins er lagt til að svæðisráð kveðji á sinn fund fólk með þekkingu á skólamálum eftir því sem þörf er talin á. Sá aðili hafi málfrelsi og tillögurétt á fundum svæðisráðs.

Með niðurlagningu fræðslustjóraembættisins fækkar óhjákvæmilega í svæðisráði úr sjö í sex. Þar sem óheppilegt þykir að fjöldi fulltrúanna sé jöfn tala er lagt til að ráðherra skipi einn fulltrúa þannig að fjöldi fulltrúa í ráðinu verði óbreyttur.

Svæðisráðið verði skipað til 1. janúar 1999 þar sem gert er ráð fyrir að málaflokkurinn í heild sinni færist til sveitarfélaga 1. janúar 1999, sbr. ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta tengist annars vegar 22. og 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem fram kemur að embættismenn skuli skipaðir tímabundið til fimm ára, nema kveðið sé á annan veg í lögum. Hins vegar tekur ákvæðið mið af væntanlegum flutningi málaflokksins til sveitarfélaga 1. janúar 1999.

Með hliðsjón af framansögðu skulu framkvæmdastjórar svæðisskrifstofu skipaðir tímabundið. Vegna væntanlegrar yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga rennur skipunartíminn út um leið og málaflokkurinn færist til sveitarfélaga.

Um 3. gr

Ákvæðið er til samræmis við 22. og 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um að embættismenn skuli skipaðir tímabundið í fimm ár. Jafnframt er það til samræmis við framangreind lög að aðrir starfsmenn séu ráðnir til starfa.

Um 4. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk sem nemur öllu framlagi framkvæmdaraðila félagslegra leigubúða og kaupleiguíbúða í leigu. Hins vegar er einungis heimilt að veita sveitarfélögum styrk sem nemur helmingi framlagsins. Framlag framkvæmdaraðila er nú 10% af kostnaðarverði íbúða, en lán Byggingarsjóðs verkamanna 90%. Núgildandi fyrirkomulag felur því í sér að sveit-

arfélag getur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem nemur 5% af kostnaðarverði íbúða, en félagasamtök og sjálfseignarstofnanir fá 10%. Þessi tvískipting milli réttar sveitarfélaga annars vegar og annarra aðila hins vegar til styrkveitingar af þessu tagi þykir ekki hafa gefist vel. Rétt þykir að ýta undir það að sveitarfélög komi upp íbúðum til leigu fyrir fatlaða ekki síður en félagasamtök og sjálfseignarstofnanir. Því er lagt til að viðkomandi aðilar verði jafnt settir í þessum efnum, þ.e. heimilt verði að veita báðum aðilum styrk sem nemur öllu framlagi framkvæmdaraðila, þ.e. 10% af kostnaðarverði íbúða miðað við núgildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 5. gr.

Ástæða þess að lagt er til að gildistaka 2. og 3. gr. frumvarpsins verði bundin við 1. janúar 1997 er sú að gætt sé samræmis við gildistökuákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi haustþingi. Rétt þykir að ákvæði er varða tímabundna skipun embættismanna innan málefna fatlaðra eigi heima í þessu frumvarpi fremur en í fyrrnefndu frumvarpi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vísað er til skýringa í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem lúta annars vegar að fyrirhugaðri yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum frá 1. janúar 1999 og hins vegar nauðsynlegum breytingum vegna ákvæða laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 40. gr. gildandi laga er heimild til þess að greiða úr Framkvæmdasjóði fatlaðra 10% framlag félagasamtaka og sjálfseignarstofnana til félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu en Byggingarsjóður verkamanna fjármagnar 90%. Annað gildir um sveitarfélög sem framkvæmdaraðila, en þau fá greidd 5% af framlagi. Í frumvarpinu er lagt til að styrkur þessi megi nema öllu framlagi framkvæmdaraðila. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður sem af þessu kann að hljótast verði tekinn af öðrum viðfangsefnum sjóðsins. Ef sveitarfélögum hefðu verið greidd 10% í stað 5% á árunum 1993–1996 hefði kostnaðurinn aukist um 4,9 m.kr. á áætluðu meðalverðlagi ársins 1996 eða 1,2 m.kr að jafnaði á ári. Tilgangurinn með þessari breytingu er að jafna aðstöðu þessara aðila auk þess sem rétt þykir að ýta undir að sveitarfélög komi upp íbúðum til leigu fyrir fatlaða.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi önnur áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Fylgiskjal II.

Sameining sveitarfélaga 1. janúar 1992 til 31. júní 1996.

Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur í Strandasýslu verða Broddaneshreppur.

Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur í Dalasýslu verða Suðurdalahreppur.

Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur í Suður-Múlasýslu verða Djúpavogshreppur.

Landmannahreppur og Holtahreppur í Rangárvallasýslu verða Holta- og Landsveit.

Öxarfjarðarhreppur og Fjallahreppur í Norður-Þingeyjarsýslu verða Öxarfjarðarhreppur.

Suðurdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur í Dalasýslu verða Dalabyggð.

Ólafsvíkurbær, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur utan Ennis í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu verða Snæfellsbær.

Keflavíkurbær, Njarðvíkurbær og Hafnahreppur verða Reykjanesbær.

Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur verða Neskaupstaður.

Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Bíldudalshreppur í Vestur-Barðastrandarsýslu verða Vesturbyggð.

Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur verða Þórshafnarhreppur.

Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur, Borgarnesbær og Hraunhreppur í Mýrasýslu verða Borgarbyggð.

Eyjarhreppur og Miklaholtshreppur verða Eyja- og Miklaholtshreppur.

Nauteyrarhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu og Hólmavíkurhreppur í Strandasýslu verða Hólmavíkurhreppur.

Snæfjallahreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstaður verða Ísafjarðarkaupstaður.

Höfn, Mýrahreppur og Nesjahreppur verða Hornafjarðarbær.

Reykjarfjarðarhreppur, Súðavíkurhreppur og Ögurhreppur verða Súðavíkurhreppur.

Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaður Ísafjarðarkaupstað verður Ísafjarðarkaupstaður.

Flateyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Mosvallahreppur, Mýrahreppur, Suðureyrarhreppur og Þingeyrarhreppur verða Ísafjarðarbær.

Sameining félagsmálanefnda frá gildistöku laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, fram til október 1996.

Félagsmálanefnd fyrir Andakílshrepp, Skorradalshrepp, Lundarreykjadalshrepp, Reykholtsdalshrepp og Hálsahrepp.

Félagsmálanefnd Mýrasýslu. Álftanes-, Hvítársíðu-, Þverárhlíðar- og Borgarhreppur.

Félagsmálaráð Vestur-Húnavatnssýslu. Fremri-Torfustaða-, Hvammstanga-, Kirkjuhvamms-, Staðar-, Ytri-Torfustaða-, Þorkelshóls- og Þverárhreppur.

Félagsmálanefnd Hjaltastaðarhrepps og Eiðahrepps.

Félagsmálanefnd Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps.

Félagsmálanefnd Hornafjarðarbæjar, Bæjarhrepps, Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

Félagsmálanefnd Kolbeinsstaðahrepps og Eyja- og Miklaholtshrepps.

Fylgiskjal III.

Sérálit fulltrúa Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Breytingartillögur minni hluta nefndar um endurskoðun laga um málefni fatlaðra, Ástu B. Þorsteinsdóttur, fulltrúa Landssamtakanna Þroskahjálpar

Breyting á ákvæðum til bráðabirgða:

C-liður orðist svo: Sérstök lög um greiningu fatlana, ráðgjöf og aðra sérhæfða þjónustu á landsvísu.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður svohljóðandi:

d. Lög um réttindagæslu á landsvísu.

Athugasemdir við frumvarpið.

Landssamtökin Þroskahjálp eru sammála í meginatriðum frumvarpinu og þeim athugasemdum sem fylgja með því og virða það að fjölmargar athugasemdir og ábendingar samtakanna hafa verið teknar til greina í nefndarvinnunni. Þó telja samtökin það óráðlegt að einstökum atriðum sé ekki fylgt skýrar eftir með beinum breytingartillögum við núgildandi lög eða í bráðabirgðaákvæðum þessa frumvarps.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa allt frá árinu 1993 hvatt eindregið til þess að ábyrgð á þjónustu við fatlaða yrði færð til sveitarfélaga, að þeim skilyrðum uppfylltum að fjármagn fylgdi með, að réttindagæsla fyrir fatlaða væri styrkt og að ákveðin sérhæfð þjónusta, t.d. við fólk með fátíðar fatlanir, væri tryggð á landsvísu.

Landssamtökin Þroskahjálp telja það forsendur fyrir því að þessi verkefnatilfærsla gangi eftir til hagsbóta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra að frá þessum þáttum verði gengið með t.d. nýjum lögum um réttindagæslu fatlaðra á landsvísu, breytingum á lögum um ýmsar sérhæfðar þjónustustofnanir fyrir fatlaða. Því leggja samtökin það til að í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins komi ofangreind atriði auk þeirra þátta sem eru tilgreindir þar.

Þegar horft er til reynslu nágrannaþjóða okkar kemur það skýrt í ljós að þetta voru þeir þættir sem ekki hafði verið gaumur gefinn fyrir flutning á þjónustu við fatlaða til sveitarfélaganna. Reynsla Dana var sú að sérhæfð þekking glataðist að nokkru leyti, þannig að nú hefur verið brugðið á það ráð að setja á stofn miðstöðvar þekkingar um einstakar fatlanir. Það var einnig reynsla Dana að yfirsýn yfir afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda var fyrir borð borin og mismununar í þjónustu milli einstakra sveitarfélaga eða á milli hópa fatlaðra varð vart. Því hafa þeir komið á sérstakri jafnréttisstofnun til þess að vaka yfir réttindum og réttindagæslu á landsvísu. Í Svíþjóð hefur verið stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra af sömu ástæðum. Áður en þjónusta við fatlaða í Noregi var flutt til sveitarfélaga var skýrt skilgreint og um það sett lög og reglugerðir um sérhæfða þjónustu við fólk með fátíðar fatlanir.

Í Finnlandi hefur þjónusta við fatlaða óheft verið flutt til sveitarfélaganna án þess að aðgát væri höfð á ofangreindum þáttum. Afleiðingar þess hafa verið mjög alvarlegar m.a. dauðsföll íbúa í einstökum sveitarfélögum, að því að talið er vegna lélegs aðbúnaðar og þjónustu.

Þá má benda á það að verksvið trúnaðarmanna hér á landi er skilgreint mjög þröngt, þ.e. að þeir eiga eingöngu að sjá um réttindagæslu fyrir þá sem búa á heimilum eða stofnunum sem skilgreind eru í lögum um málefni fatlaðra. Þetta hefur m.a. leitt til þess að þeir fjölmörgu sem hafa nýtt sér þann kost á að fá liðveislu til sjálfstæðrar búsetu eiga ekki rétt til þjónustu trúnaðarmanna. Þetta og fjölmargt annað sem betur má fara hefur ítrekað verið bent á af hálfu trúnaðarmanna fatlaðra.

Því leggja Landssamtökin Þroskahjálp svo ríka áherslu á að þessum málum verði gefinn sérstakur gaumur í meðförum Alþingis og það tryggt að sérstök lög verði sett um réttindagæslu á landsvísu og að sértækri þjónustu verði fundinn staður, hugsanlega með breytingum á gildandi lögum um einstakar þjónustustofnanir. Þessi sjónarmið eiga einnig víðtækan stuðning hjá einstökum aðildarfélögum Öryrkjabandalags Íslands, m.a. Félagi heyrnarlausra, Blindrafélaginu, Geðhjálp, og Umsjónarfélagi einhverfra og sem kom fram í málflutningi fulltrúa þessara félaga á fundi nefndarinnar.

Í nefndaráliti með núgildandi lögum var á það bent að sérstaklega þurfi að gefa gaum réttarstöðu þeirra sem búa á sólarhringsstofnunum og sér í lagi stofnunum sem eru skilgreindar sem heilbrigðisstofnanir. Frá því að núgildandi lög voru sett hefur ein sólarhringsstofnun verið lögð niður, Sólborg á Akureyri, og hafist hefur verið handa við að flytja íbúa fyrrverandi Kópavogshælis, nú Endurhæfingarstöð Landspítalans í Kópavogi, í aðra búsetu. Engin áform eru enn komin um framhald á því verki, en aðeins fyrsta áfanga er lokið. Landssamtökin Þroskahjálp leggja ríka áherslu á að Alþingi fjalli um og skýri rétt þessara hópa til að njóta grundvallarmannréttinda.

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar,

Ásta B. Þorsteinsdóttir.

309. Fyrirspurn [229. mál]

til viðskiptaráðherra um starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver hafa verið laun og önnur starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands á ári hverju síðustu sjö ár (1990–96), sundurliðað eftir föstum launum, öðrum greiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bílahlunnindum? Hversu stór hluti starfskjaranna á ári hverju á þessu tímabili er í formi þóknana fyrir setu á bankaráðsfundum og í stjórnum sjóða og fyrirtækja eða frá dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum bankanna?
2. Við hvað hafa launakjör og önnur starfskjör þeirra verið miðuð og hvernig hafa þau breyst á þessum tíma?
3. Hver eru lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands, sundurliðað eftir bönkum og stöðum?
4. Hverjar hafa verið árlegar lífeyrisgreiðslur til þeirra sem komnir eru á eftirlaun að meðaltali síðustu sjö ár og hverjar eru hæstu lífeyrisgreiðslurnar, sundurliðað eftir bönkum og stöðum? Hve margir njóta nú þessara lífeyrisgreiðslna og hvað kosta þær árlega, sundurliðað eftir bönkum?
5. Hve margir núverandi og fyrrverandi bankastjórar og aðstoðarbankastjórar ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands njóta einnig lífeyrisgreiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum og þá hve mörgum? Hversu háar hafa heildargreiðslur úr lífeyriskerfinu verið til þeirra á ári hverju síðustu sjö ár, sundurliðað eftir bönkum og stöðum?
6. Hverjar eru heildarskuldbindingar bankakerfisins vegna lífeyrisréttinda þessara aðila á komandi árum?
7. Eru áform uppi um endurskoðun og breytingar á starfskjörum og lífeyrisréttindum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands eins og fyrrverandi viðskiptaráðherra lagði til á árinu 1994?

Skriflegt svar óskast.

310. Frumvarp til fjáraukalaga [48. mál]

fyrir árið 1996.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

Samhljóða þskj. 48 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**5 122 000**
Tekjuskattar	3 115 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	257 000	
Eignarskattar	70 000	
Skattar á vörur og þjónustu	1 000 000	
Vaxtatekjur	405 000	
Aðrar tekjur	275 000	
Gjöld		**16 221 700**
Samneysla	1 349 500	
Rekstrargjöld	1 245 000	
Viðhald	104 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 030 500	
Vaxtagjöld	10 850 000	
Fjárfesting	1 991 700	
Gjöld umfram tekjur		**11 099 700**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		2 270 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**13 369 700**
Afborganir af teknum lánum		7 590 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**20 959 700**
Lántökur		21 000 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**40 300**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	171 700	
01 Forsætisráðuneyti	174 000	
02 Menntamálaráðuneyti	288 400	
03 Utanríkisráðuneyti	94 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	105 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	46 800	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	109 300	
07 Félagsmálaráðuneyti	163 200	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 448 700	
09 Fjármálaráðuneyti	13 066 200	
10 Samgönguráðuneyti	514 000	
11 Iðnaðarráðuneyti	19 200	
14 Umhverfisráðuneyti	21 200	
Samtals		16 221 700

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–101 Embætti forseta Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 01	Yfirstjórn	8 000	
Stofnkostnaður:			74 000
6 21	Sóleyjargata 1	74 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	82 000	
5	Gjöld samtals		**82 000**
00–201 Alþingi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 000
1 02	Aðalskrifstofa	2 000	
1 03	Þingmálaskrifstofa	2 000	
1 04	Rekstrarskrifstofa	2 000	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	3 000	
Viðhaldsverkefni:			63 000
5 20	Fasteignir	63 000	
Stofnkostnaður:			8 700
6 01	Tæki og búnaður	8 700	
	Gjöld samtals		80 700
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	78 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 000	
5	Gjöld samtals		**80 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
00–510 Bessastaðir			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			9 000
6 01	Mannvirkjagerð	9 000	
	Gjöld samtals		9 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	9 000	
5	Gjöld samtals		**9 000**
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 600
1 03	Rannsóknastofur	4 600	
	Gjöld samtals		4 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	4 600	
5	Gjöld samtals		**4 600**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 000
1 01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	6 000	
	Gjöld samtals		6 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 000	
5	Gjöld samtals		**6 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–233 Yfirdýralæknir			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			7 000
1 27	Rannsóknir á riðu	7 000	
	Gjöld samtals		7 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	7 000	
5	Gjöld samtals		**7 000**
04–261 Bændaskólinn á Hvanneyri			
Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			6 500
5 01	Viðhaldsfé	6 500	
	Gjöld samtals		6 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	6 500	
5	Gjöld samtals		**6 500**
04–851 Greiðslur vegna riðuveiki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			−7 000
1 90	Greiðslur vegna riðuveiki	−7 000	
	Gjöld samtals		−7 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	−7 000	
5	Gjöld samtals		**−7 000**

	Þús. kr.	Þús. kr.
05–201 Fiskifélag Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 300
1 01 Fiskifélag Íslands	2 300	
Gjöld samtals		2 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	2 300	
5 Gjöld samtals		**2 300**
06–111 Kosningar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		8 500
1 10 Kosningar	8 500	
Gjöld samtals		8 500
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	8 500	
5 Gjöld samtals		**8 500**
06–321 Almannavarnir ríkisins		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		2 200
1 01 Almannavarnir ríkisins	2 200	
Gjöld samtals		2 200
Tegundasundurliðun:		
52–58 Önnur gjöld	2 200	
5 Gjöld samtals		**2 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–395 Landhelgisgæsla Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 90	Landhelgisgæsla Íslands	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
06–429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			500
1 20	Löggæsla	500	
	Gjöld samtals		500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	500	
5	Gjöld samtals		**500**
06–430 Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			900
1 20	Löggæsla	900	
	Gjöld samtals		900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	900	
5	Gjöld samtals		**900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 31	Félagasamtök, styrkir	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
08–201 Tryggingastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			62 500
1 01	Tryggingastofnun ríkisins	62 500	
	Gjöld samtals		62 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	62 500	
5	Gjöld samtals		**62 500**
08–324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 000
1 01	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	27 000	
	Gjöld samtals		27 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	27 000	
5	Gjöld samtals		**27 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–367 Sjúkrahúsið Suðurnesjum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			25 000
1 01	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	25 000	
	Gjöld samtals		25 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	25 000	
5	Gjöld samtals		**25 000**
08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 500
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	12 500	
	Gjöld samtals		12 500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	12 500	
5	Gjöld samtals		**12 500**
08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 000
1 53	Tóbaksvarnir	11 000	
1 67	Sjálfsbjörg í Reykjavík	−3 000	
	Gjöld samtals		8 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	8 000	
5	Gjöld samtals		**8 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–490 Vistun ósakhæfra afbrotamanna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 000
1 01	Vistun ósakhæfra afbrotamanna	10 000	
	Gjöld samtals		10 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	10 000	
5	Gjöld samtals		**10 000**
09–989 Launa- og verðlagsmál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			827 500
1 01	Rekstur	565 300	
1 90	Launa- og verðlagsmál	262 200	
Stofnkostnaður:			1 022 600
6 01	Stofnkostnaður	1 022 600	
	Gjöld samtals		1 850 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	−85 700	
52–58	Önnur gjöld	1 154 700	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	781 100	
5	Gjöld samtals	1 850 100	
4	Sértekjur	−36 100	
	Mismunur		**1 886 200**
10–211 Vegagerðin			
Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			427 000
6 10	Nýframkvæmdir	427 000	
	Gjöld samtals		427 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	427 000	
5	Gjöld samtals		**427 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–201 Náttúruvernd ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 000
1 10	Þjóðgarðar og friðlýst svæði	3 000	
	Gjöld samtals		3 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals		**3 000**
14–310 Landmælingar Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			500
1 01	Landmælingar Íslands	500	
	Gjöld samtals		500
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	500	
5	Gjöld samtals		**500**
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 400
1 01	Almenn starfsemi	2 400	
Viðhaldsverkefni:			10 000
5 20	Viðhald fasteigna	10 000	
	Gjöld samtals		12 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 500	
52–58	Önnur gjöld	10 900	
5	Gjöld samtals		**12 400**

311. Lög [143. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

1. gr.

Á eftir orðunum „Seðlabanki Íslands“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: verðbréfasjóðir, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Staðgreiðsla af vöxtum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal fara fram þegar vextir eru greiddir út eða færðir eiganda til eignar á reikningi, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 4. gr.
b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Við innlausn eða sölu skal gera skil á greiðslu skatts af gengishækkun hlutdeildarskírteina.
c. Við 1. málsl. 3. tölul. 1. mgr. bætist: þegar þær koma til greiðslu.
d. 2. málsl. 3. tölul. 1. mgr. fellur brott.
e. Á eftir orðinu „verðbréfum“ í 5. tölul. 1. mgr. kemur: þar með talda gengishækkun hlutdeildarskírteina.
f. Síðari málsliður 2. mgr. fellur brott.
g. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þegar verðbréf er selt, eða afhent sem greiðsla, skal skrá á það nafn seljanda, kennitölu hans og dagsetningu sölu ásamt söluverði (kaupverði). Þegar skilaskyldur aðili skv. 3. gr. selur eða hefur milligöngu í viðskiptum með verðbréf og annast innheimtu þeirra er skráningarskyldu fullnægt með því að dagsetning og söluverð (kaupverð) er skráð með tryggilegum hætti í tölvu. Þegar slík verðbréf fara úr vörslu skilaskylds aðila, áður en þau eru að fullu greidd, skal hann skrá söluverð (kaupverð) ásamt upphaflegri dagsetningu viðskiptanna á bréfin.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Aðilar, sem fá slíka undanþágu, skulu árlega gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

4. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Við ákvörðun á fjárhæð áfallinna vaxta á kröfu og verðbréf skal þess gætt að færa uppreiknað verð, þ.e. eftirstöðvaverð, með áföllnum verðbótum og vöxtum á viðkomandi skjal við greiðslu eða fyrstu afborgun eftir 1. janúar 1997.

Uppreiknað verð á verðbréfum sem uppfylla skilyrði um skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, skal miðast við vegið meðaltal viðskipta í einstökum flokkum verðbréfa sem fram fara á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember 1996 á Verðbréfaþingi Íslands, þar með talin tilkynnt viðskipti fyrir sama tímabil.

Uppreiknað verð á kröfu eða verðbréfi sem ekki er skráð á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, og ber lægri nafnvexti en 5% skal ákvarðað sem nafnverð kröfunnar eða eftirstöðvar verðbréfsins 31. desember 1996, að teknu tilliti til 5% ávöxtunar á ári til loka lánstíma. Ef rétthafi vaxta getur sýnt fram á að ávöxtun kröfu eða verðbréfs sé lægri en greinir í 1. málsl. þessarar málsgreinar getur hann farið fram á leiðréttingu til samræmis við raunverulega ávöxtun. Slík leiðrétting skal gerð við álagningu að tekjuári liðnu. Þannig ákvarðað og uppreiknað verðmæti kröfu eða verðbréfs telst upphafsverð 1. janúar 1997 við staðgreiðslu fjármagnstekna. Krafa eða verðbréf sem bera nafnvexti 5% eða hærri skulu skattlögð samkvæmt því.

Skuldaviðurkenningar, sem teknar eru sem greiðsla söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi og eru í eigu seljanda, skulu metnar á uppreiknuðu verði í árslok 1996, sbr. þó 2. málsl. lokamálsgreinar 5. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

312. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Liðurinn *Létt bifhjól* í 2. gr. laganna orðast svo:

Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.

2. gr.

Orðin „eða sýsluvegi“ í 2. mgr. 34. gr. laganna falla brott.

3. gr.

3. og 4. mgr. 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 80 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn, sem er án hemla og meira en 750 kg að heildarþyngd, eða óskráð tengitæki má aldrei vera meiri en 60 km á klst.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993:

a. Í stað orðsins „vörubifreið“ í a-lið 1. mgr. kemur: bifreið, þó ekki hópbifreið.
b. Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ og „er innan við 3.500 kg“ í c-lið 1. mgr. kemur: meira en 750 kg, og: fer ekki yfir 3.500 kg.

5. gr.

A-liður 1. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

a. ökunám og ökukennslu.

6. gr.

2. mgr. 54. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, eða í öðru ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, gildi hér á landi, samkvæmt nánari reglum, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „eða til að mega stjórna bifhjóli“ í 3. mgr. kemur: eða til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.
b. 4. mgr. orðast svo:

Enginn má stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið eða bifhjóli.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

a. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Ökukennarar og ökuskólar**.

9. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 4. mgr. 57. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, kemur: tólf.

10. gr.

Í stað orðanna „a.m.k. 750 kg“ í 1. mgr. 63. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, kemur: meira en 750 kg.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna skv. V. kafla vegalaga“ í 1. mgr. kemur: þéttbýlis.
b. Orðin „eða sýsluveg“ í 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna, sbr. V. kafla vegalaga“ í 3. mgr. kemur: þéttbýlis.

12. gr.

Í stað orðanna „kaupstaða og kauptúna og sýsluveg“ í 85. gr. laganna kemur: þéttbýlis.

13. gr.

2. mgr. 113. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, orðast svo:

Aðra fulltrúa í Umferðarráð skipar ráðherra samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

14. gr.

4. mgr. 114. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar. Dómsmálaráðherra ákveður fjölda nefndarmanna og setur nánari reglur um starfsemi nefndarinnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

313. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 263 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1996:

a. Orðin „svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. orðast svo: Til tekna í þessu sambandi telst enn fremur gengishækkun hlutdeildarskírteina, svo og hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum.

3. gr. hljóðar svo:

1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 97/1996, orðast svo:

Fé sem varið er til aukningar á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á árunum 1997–1999 samkvæmt lögum nr. 9/1984.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við aukningu á fjárfestingu í innlendum atvinnurekstri á hverju ári. Til þess að fá fullan frádrátt samkvæmt þessum tölulið skal árlega fjárfest fyrir 129.900 kr. hjá einstaklingi og 259.800 kr. hjá hjónum.

Frádráttur hjá þeim sem fjárfest hafa fyrir þær fjárhæðir er greinir í 2. mgr. skal vera sem hér greinir:

a. Vegna fjárfestingar á árinu 1997 skal hann vera 60% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
b. Vegna fjárfestingar á árinu 1998 skal hann vera 40% af fjárhæðum skv. 2. mgr.
c. Vegna fjárfestingar á árinu 1999 skal hann vera 20% af fjárhæðum skv. 2. mgr.

Hafi maður fjárfest fyrir lægri fjárhæð en greinir í 2. mgr. skal frádráttur skv. 3. mgr. taka hlutfallslegum breytingum.

Fjárhæð, sem heimilt hefur verið að flytja á milli ára vegna fjárfestinga í atvinnurekstri fyrir gildistöku laga þessara, telst vera aukning á fjárfestingu í atvinnurekstri skv. 1. og 2. mgr. og skulu um frádráttinn gilda ákvæði 3. og 4. mgr. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinna seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

Reglur þessa ákvæðis skulu gilda með sama hætti um samvinnuhlutabréf. Enn fremur skulu þær þrátt fyrir lög nr. 9/1984 gilda um stofnfjárbréf í sparisjóðum, enda sé útboð slíkra stofnfjárbréfa opið fyrir alla einstaklinga sem eiga lögheimili á starfssvæði viðkomandi sparisjóðs og það staðfest af ríkisskattstjóra og skal eigi heimilt að selja stofnfjárbréf í þrjú ár frá kaupum. Ef stofnfjárbréf er selt fyrir þann tíma skal nýttur frádráttur færður til tekna samkvæmt ákvæðum 2. og 3. málsl. 6. mgr.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd frádráttar samkvæmt þessu ákvæði.

7. gr. hljóðar svo:

Á eftir 56. gr. laganna kemur ný grein, 56. gr. A, sem orðast svo:

Sé hlutafélagi skipt og því slitið þannig að fleiri en eitt hlutafélag taki við öllum eignum og skuldum þess og hluthafarnir í félaginu sem skipt er fái eingöngu hlutabréf í félögunum sem við taka sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í hinu skipta félagi skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Eignarhlutir hluthafa í sérhverju viðtökufélaganna skulu vera innbyrðis í sömu hlutföllum og eignarhlutirnir voru í því félagi sem slitið er með skiptingunni. Eignir og skuldir skulu yfirfærast á bókfærðu verði. Við slíka skiptingu flytjast allar skattaréttarlegar skyldur og réttindi frá því félagi sem slitið var og til þeirra félaga sem við taka í sama hlutfalli og bókfært verð eigna að frádregnum skuldum sem flytjast til þeirra.

10. gr. hljóðar svo:

Í stað hlutfallstölunnar „33,15%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 30,41%.

19. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og hér greinir:

a. Ákvæði 6., 7., 8., 9., 12., 13., 15., 16., 17. og 18. gr. koma til framkvæmda þegar í stað.
b. Ákvæði 4. og 5. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1997 vegna rekstrar ársins 1996 og eigna í lok þess árs.
c. Ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda við staðgreiðslu tekjuskatts á árinu 1997 og álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997.
d. Ákvæði 1. og 11. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna á árinu 1997.
e. Ákvæði 2. gr. kemur fyrst til framkvæmda á árinu 1998 við útreikning verðbreytingarstuðuls fyrir tekjuárið 1997.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. öðlast ákvæði 3. og 14. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997.

20. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum til bráðabirgða í lögunum:

a. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, sbr. lög nr. 145/1995, orðast svo:

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1996 og 1997 skal á árunum 1997 og 1998 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

b. Við ákvæði til bráðabirgða IV, sbr. lög nr. 145/1995, bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1998 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1997. Fyrirframgreiðslan skal vera 5% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1997 vegna tekna á árinu 1996 umfram 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og umfram 5.611.680 hjá hjónum.

c. Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo ásamt fyrirsögn:

1. (I.)

Sérstakur verðbreytingarstuðull fyrir tekjuárið 1996.

Auk verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna skal ríkisskattstjóri birta sérstakan verðbreytingarstuðul sem miðast við breytingu sem verður á vísitölu neysluverðs sem gildir fyrir janúarmánuð 1996 og janúarmánuð 1997. Skattaðila skal í skattframtali ársins 1997 heimilt í stað verðbreytingarstuðuls skv. 26. gr. laganna að miða verðbreytingar við þennan sérstaka stuðul. Sama stuðli skal beitt á allar eignir og skuldir.

Fyrir annað reikningsár, sbr. 60. gr. laganna, sem lýkur á árinu 1996 skal með sama hætti heimilt að nota sérstakan verðbreytingarstuðul sem ákveðinn skal með sama hætti og í 1. mgr. greinir.

2. (II.)

Nýting eftirstöðva rekstrartapa rekstraráranna 1988 og síðar.

Þrátt fyrir ákvæði 7. tölul. 31. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa sem mynduðust í rekstri á rekstrarárunum 1988 og síðar og yfirfæranleg eru samkvæmt lögum frá skattskyldum tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns vegna rekstraráranna 1997–2000.

314. Frumvarp til laga [173. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum nr. 79/1996, um breytingu á þeim lögum.

(Eftir 2. umr., 11. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Á eftir orðunum „að undanteknum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sumarhúsum og.

b. Á eftir orðunum „í dreifbýli“ í 5. mgr. kemur: og sumarhús.

2. gr.

Í stað „0,74%“ í 1. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, kemur: 0,77%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga:

a. Í stað „11,95%“ kemur: 12,04%.
b. Í stað „11,15%“ kemur: 11,24%.

4. gr.

Í stað „IV. kafla“ í 1. mgr. 25. gr. laganna kemur: III. kafla.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði III til bráðabirgða í lögunum, sbr. 7. gr. laga nr. 79/1996:

a. Í stað „11,9%“ í 4. mgr. kemur: 11,99%.
b. Í stað „11,1%“ í 4. mgr. kemur: 11,19%.
c. Í stað „0,73%“ í 5. mgr. kemur: 0,75%.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

315. Frumvarp til laga [173. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, og lögum nr. 79/1996, um breytingu á þeim lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. des.)

Samhljóða þskj. 314.

316. Svar [122. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um skatttekjur af viðskiptum með aflaheimildir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru skatttekjur ríkissjóðs af viðskiptum með aflaheimildir á árunum 1994–95, sundurliðaðar eftir skattumdæmum?*
2. *Er það mat ráðherra að skattskil vegna þessara viðskipta séu eðlileg og fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvað er til ráða?*

Tekjur sem stafa af sölu aflaheimilda eru ekki sérgreindar í ársreikningum fyrirtækja og koma ekki fram sem sérstakur skattstofn í framtali við álagningu gjalda. Af þessum ástæðum er ekki unnt að vinna úr upplýsingakerfum skattkerfisins upplýsingar um skattstofn vegna sölu á aflaheimildum eða hverjar skatttekjur ríkissjóðs voru á tilgreindum árum af viðskiptum með aflaheimildir eins og spurt er um í fyrri lið fyrirspurnarinnar.

Þá skal tekið fram að sala á aflaheimildum leiðir ekki í öllum tilvikum til skattlagningar vegna taprekstrar eða nýtingar á yfirfæranlegu tapi frá fyrri árum. Yfirfæranlegt uppsafnað skattalegt tap lögaðila í sjávarútvegi í árslok 1995 var um 20,1 milljarður kr. Þar af voru 8 milljarðar kr. hjá fiskveiðifyrirtækjum, sem eru tæp 11% af heildarfjárhæð yfirfæranlegra tapa, en 12,1 milljarður kr. hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Skatttekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fiskveiðifyrirtækja við álagningu árið 1996 voru 202 millj. kr., sem eru um 4% af þeim tekjuskatti sem lagður var á lögaðila.

Til glöggvunar á umfangi viðskipta með aflaheimildir má benda á svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um færslu aflaheimilda á þskj. 123 (53. mál).

Hvað varðar síðari lið fyrirspurnarinnar verður að skilja hann á þann veg að spurt sé hvort sala aflaheimilda á milli aðila sé bókuð og tekjufærð hjá seljanda og talin til tekna við framtal. Sé það ekki gert er um að ræða skattsvik. Ráðuneytið getur ekki svarað þessari spurningu með afdráttarlausum hætti. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um vanhöld í skattskilum fyrirtækja að þessu leyti, en þessi þáttur skattskila er nú í skoðun sem liður í eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra og skattstjóra á yfirstandandi ári.

317. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarpið var áður flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið var lagt fram af sjávarútvegsráðherra í framhaldi af störfum sérstakrar nefndar sem skipuð var af ráðherra árið 1993 til þess að fjalla um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Ágreiningur var hins vegar í nefndinni, bæði um meginefni frumvarpsins og um einstakar greinar þess. Þrátt fyrir ágreininginn var frumvarpið lagt fram og er nú endurflutt eins og til stóð að afgreiða það á síðasta þingi. Nokkrar minni háttar breytingar eru lagðar til af meiri hluta nefndarinnar en þó engar sem snerta meginefni málsins. Ágreiningur er enn þá í nefndinni um allt meginefni frumvarpsins eins og í þeirri nefnd sem um málið fjallaði á vegum sjávarútvegsráðherra. Sá ágreiningur hefur ekki verið jafnaður. Þvert á móti hafa nú komið fram í meðferð sjávarútvegsnefndar enn frekari ábendingar en á síðasta þingi um að ástæðulaust og jafnframt varhugavert sé að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi eins og það er úr garði gert. Rökin eru m.a. þessi:

Í frumvarpinu er löggjafarsamkoman ótvírætt að framselja stjórnsýsluhafa, þ.e. sjávarútvegsráðherra, vald til þess að ákveða íþyngjandi ráðstafanir, þar á meðal í því skyni að takmarka athafnafrelsi og leggja á kvaðir án þess að löggjafinn setji stjórnvaldinu skýrt markaðar reglur um hvernig með skuli fara. Hæstiréttur Íslands hefur í nokkrum dómum sínum fjallað um hvar mörkin um heimild Alþingis til þess að framselja slíkt vald megi liggja, sbr. dómasafn 1985, bls. 1544, dómasafn 1986, bls. 451 og bls. 1361,

og dómasafn 1987, bls. 1018. Með dómi Hæstaréttar í málinu 110/1995, Samherji hf. gegn ríkinu, er kveðið enn afdráttarlausar að orði um hvar þessi mörk valdaafsals megi liggja, en þar segir m.a. að svo víðtækt framsal löggjafans til framkvæmdarvaldsins, sem felist í lögum nr. 4/1988, brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og sé því ólögmætt þar eð ekki sé að finna í lögunum neinar efnisreglur um takmark og umfang þeirrar réttindaskerðingar sem ráðherra sé heimilað að grípa til. Sú ályktun, sem löggjafarsamkoman ætti að draga af þessum skýra dómi, er sú að hún verði að fara varlegar en áður í slíku framsali valds til stjórnsýsluhafa.

Það er hins vegar ekki gert í því frumvarpi sem hér er til meðferðar að áliti Ketils Sigurjónssonar, lögfræðings og kennara í hafrétti við Háskóla Íslands, en athugasemdir hans fylgja með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal. Niðurstaða hans, studd mörgum og skýrum rökum, er sú að telja verði að í frumvarpinu sé um að ræða ólögmætt framsal til ráðherra á lagasetningarvaldi.

Að fengnum athugasemdum Ketils Sigurjónssonar óskaði 1. minni hluti eftir því að leitað yrði umsagnar Lagastofnunar Háskóla Íslands áður en til afgreiðslu yrði gengið. Á það fellst meiri hlutinn ekki en leggur þess í stað til að frumvarpið verði afgreitt með takmörkuðum skýringum í nefndaráliti en án þess að nokkurt tillit sé tekið til athugasemda Ketils Sigurjónssonar um ólögmæti framsals á lagasetningarvaldi til stjórnvalds í sjálfum lagatextanum. Þetta þykir 1. minni hluta algerlega óafsakanlegt í ljósi álits fræðimanna og eftir dóm Hæstaréttar í framangreindu máli, nr. 110/1995, og er algerlega andvígur því að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi við þær aðstæður.

Látið er í veðri vaka að niðurstaða úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem lauk með samkomulagi um nýjan alþjóðlegan samning í ágústmánuði 1995, kalli á skjóta lagasetningu. Það er ekki rétt. Aðeins örfá ríki hafa enn staðfest þann samning þannig að umtalsverð bið kann að verða á því að hann hljóti alþjóðlegt lagagildi. Á meðan svo er gilda ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um frjálsar veiðar á úthafinu. Óskað var eftir því við utanríkisráðuneytið að það aflaði upplýsinga um hvort þau ríki, sem staðfest hafa eða búa sig nú undir að staðfesta hinn nýja úthafsveiðisamning, hafi sett lög sem sambærileg eru þeirri lagasetningu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Svo er hins vegar ekki.

Kanada hefur enn ekki fullgilt úthafsveiðisamninginn en þar er unnið að breytingum sem fyrst og fremst lúta að eftirliti og beitingu eftirlits- og löggæsluvalds á úthafinu. Jafnvíðtækt stjórnunarvald og á að framselja til sjávarútvegsráðherra samkvæmt frumvarpi því sem hér er flutt virðist hins vegar ekki vera á dagskrá þar.

Evrópusambandið á enn nokkuð langt í land með að fullgilda samninginn. Þar er hins vegar fyrst og fremst rætt um eftirlits- og lögregluvald á úthafinu eins og í Kanada, en ekki um jafnvíðtækt valdaafsal á stjórn veiðanna til stjórnvaldshafa eins og hér er gert. Ákvörðun um slíkt er hins vegar tekin sjálfstætt og sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig en ekki í eitt skipti fyrir öll með almennu valdaafsali til stjórnsýsluhafa.

Í Noregi hafa nokkrar breytingar verið gerðar á lögum sem tengjast fullgildingu úthafsveiðisamningsins. Ekki verður annað séð af þeim gögnum sem nefndinni hafa borist en að þar sé fyrst og fremst um að ræða aðgerðir af sama toga og í Kanada og hjá Evrópusambandinu, þ.e. breytingar er varða gagnkvæmar heimildir til beitingar eftirlits- og löggjafarvalds á úthafinu til samræmis við samninga þar um.

Vilji sjávarútvegsráðherra og meiri hluta nefndarinnar virðist sem sé vera sá að Íslendingar ríði fyrstir á vaðið með lagasetningu um takmarkanir á veiðum á úthafinu og það áður en nýi úthafsveiðisáttmálinn hefur öðlast lagagildi samkvæmt alþjóðalögum og

á allt annan hátt en aðrar þjóðir ráðgera, þ.e. með almennu valdaframsali til stjórnvaldshafa á takmörkun og stýringu á veiðum á úthafinu og jafnvel í sumum tilvikum innan lögsögu annarra ríkja. Á meðan eru aðrar þjóðir fyrst og fremst að vinna að breytingum til þess að tryggja gagnkvæmt eftirlit með fiskveiðum á úthafinu í samræmi við samninga þar að lútandi.

Það er álit 1. minni hluta að með þessu sé algerlega að þarflausu verið að leggja hömlur á úthafsveiðiflota Íslendinga langt umfram það sem úthafsveiðiflotar annarra ríkja munu þurfa að búa við. Þannig er í senn verið að takmarka möguleika íslenskra úthafsveiðimanna langt umfram aðra og verið að koma í veg fyrir að Íslendingar geti aflað sér veiðireynslu og áhrifa til fiskveiðistjórnunar á úthafinu í framtíðinni. Engin þörf er á að takmarka þannig afkomumöguleika þjóðarinnar í samtíð og til framtíðar. Þá er einnig verið að innleiða sama kerfi fiskveiðistjórnunar á úthafinu eins og fylgt er í íslenskri fiskveiðilögsögu en það kerfi hefur sætt vaxandi gagnrýni m.a. fyrir þá sök að með því sé verið að færa fáum aðilum mikil verðmæti á kostnað þjóðarheildarinnar.

Fyrsti minni hluti gerir ýmsar aðrar athugasemdir við efni frumvarpsins þótt þær séu mikilvægastar sem að framan eru taldar. Meðal annarra athugasemda má nefna:

— Í athugasemdum með frumvarpinu er ranglega látið að því liggja að nýja löggjöf þurfi til þess að uppfylla skyldur þær sem fram koma í úthafsveiðiákvæðum hafréttarsamningsins, sbr. 116. gr. hans. Það er rangt. Enga nýja löggjöf þarf til þess að Ísland geti uppfyllt þjóðréttarlegar skyldur sínar um veiðar á úthafinu.

— Í 3. gr. frumvarpsins er ekki skilgreint hvað átt er við með orðalaginu „þar til bærum yfirvöldum". Skilja má orðalagið á þann hátt að íslenskt skip þurfi í senn leyfi íslenskra yfirvalda og yfirvalda viðkomandi ríkis til þess að stunda veiðar innan lögsögu þess ríkis. Á fundi nefndarinnar kom fram hjá ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins að sá skilningur gæti átt við í þeim tilvikum þar sem samningar milli Íslands og annars eða annarra ríkja um veiðiheimildir innan lögsögu þess eða þeirra síðarnefndu gerðu ráð fyrir slíku fyrirkomulagi. Það er þó ekki skýrt orðað í greininni þannig að framkvæmdin gæti allt eins orðið sú að ráðherra gæti krafist þess í hvaða tilviki sem væri að skip skráð á Íslandi aflaði sér heimildar frá honum til þess að stunda fiskveiðar innan fiskveiðilögsögu annars ríkis þótt viðkomandi skip hefði allar heimildir þess ríkis til þess að stunda veiðarnar.

— Í 10. og 11. gr. frumvarpsins eru ákvæði um fiskveiðar erlendra skipa. Samkvæmt gildandi þjóðarétti er það almenn regla að aðeins fánaríkið hefur lögsögu yfir skipi sem statt er á úthafinu. Eins og frá 11. gr. er gengið heimilar hún hins vegar íslenskum stjórnvöldum að grípa til ráðstafana gegn erlendum fiskiskipum á úthafinu hvenær sem það telst nauðsynlegt til þess að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að. Það er andstætt þjóðarétti.

— Í frumvarpinu eru jafnframt ákvæði sem lúta að skipum undir „hentifána". Enga skilgreiningu er hins vegar að finna á því hvað skuli telja „hentifána". Fer það þá væntanlega eftir aðstæðum.

Í hvaða tilvikum er t.d. íslenski fáninn „hentifáni" og hvenær ekki? Hvað auðkennir „hentifána" frá þjóðfána? Hvernig á íslenskur dómstóll að úrskurða um það þegar engin skýring er gefin á hugtakinu í lögum?

Þessar athugasemdir og fjölmargar aðrar leiða óhjákvæmilega til þeirrar niðurstöðu, að frumvarpið beri ekki að afgreiða. 1. minni hluti leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Verði frávísunartillagan ekki samþykkt áskilur 1. minni hluti sér rétt til þess að flytja breytingatillögur við 3. umræðu um málið.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er samþykk afstöðu 1. minni hluta og styður frávísunartillöguna.

Alþingi, 11. des. 1996.

Sighvatur Björgvinsson, frsm.	Lúðvík Bergvinsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Dómur í Hæstarétti í máli Samherja hf. gegn íslenska ríkinu, nr. 110/1995 (10. október 1996).
II. Nokkrar lögfræðilegar athugasemdir við frumvarp til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands: Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur, kennari í hafrétti við Háskóla Íslands.

318. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að frestur sá sem skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar hafa til að ljúka öryggisfræðslunámi í Slysavarnaskóla sjómanna samkvæmt lögunum verði framlengdur um eitt ár eða til 31. desember 1997. Margir sjómenn hafa enn ekki sótt þessi námskeið og ekki er unnt að koma fleiri nemendum að fyrir áramót þar sem öll námskeið eru fullbókuð.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 11. des. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Árni Johnsen.
Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.	Egill Jónsson.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Ragnar Arnalds.	Guðmundur Árni Stefánsson.

319. Tillaga til þingsályktunar [230. mál]

um Stofnun jafnréttismála fatlaðra.

Flm.: Ásta B. Þorsteinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðuneyti að koma á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra sem verði starfrækt á vegum ráðuneytisins.

Markmiðið með stofnuninni er að tryggja það að fatlaðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að stofnunin geti með aðgerðum sínum dregið úr eða komið í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra.

Helstu verkefni Stofnunar jafnréttismála fatlaðra verði:

a. að skoða og meta hvaða samfélagslegir þættir skipta máli til að flýta fyrir jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra,
b. að safna þekkingu á þjóðfélagsstöðu fatlaðra á hverjum tíma og afleiðingum fötlunar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélagið þannig að á einum stað sé til nauðsynleg þekking og yfirsýn á þessum viðfeðma málaflokki,
c. að vera stjórnvöldum og stofnunum ráðgefandi, sem og fyrirtækjum eða einstaklingum sem leita til hennar eftir þekkingu eða ráðgjöf, svo að úrbætur í þágu fatlaðra verði markvissar og byggðar á nauðsynlegri þekkingu,
d. að fylgjast með setningu laga og reglugerða, kanna áhrif þeirra á hagi fatlaðra og benda viðkomandi stjórnvöldum á það ef áhrif eða afleiðingar lagasetninga leiða til mismununar eða skerðingar á lífskjörum fatlaðra,
e. að fylgjast með þróun mála, lagasetningu eða öðru sem snertir málaflokkinn annars staðar á Norðurlöndum, innan Evrópusambandsins sem og á alþjóðavettvangi og beita sér fyrir umræðu um þróun eða nýjungar og koma ábendingum þar að lútandi til stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðra,
f. að leita umsagnar heildarhagsmunasamtaka fatlaðra um mál sem fjallað er um,
g. að gefa Alþingi árlega skýrslu um stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu.

Greinargerð.

Hugmyndafræði og stefna í málefnum fatlaðra hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugunum, hver stefnan hefur leyst aðra af hólmi. Lykilhugtökin á árunum 1970 til 1990 voru blöndun eða samskipan og komu þau í stað stofnanahugmyndafræðinnar. Nær alls staðar í hinum vestræna heimi er unnið að því að loka sólarhringsstofnunum fyrir fatlaða og ný og frjálsari búsetuúrræði hafa komið í þeirra stað. Margar merkar ákvarðanir og lagasetningar hafa vissulega breytt lífsskilyrðum fatlaðra hér á landi og í æ ríkari mæli hefur verið stuðlað að skipan þeirra við hlið ófatlaðra í þjóðfélaginu. Með margvíslegum hætti hefur því verið slegið föstu að málefni fatlaðra eru málefni samfélagsins alls og um úrlausnarefni málaflokksins ber að fjalla á þeim grundvelli.

Árið 1979 voru fyrstu lögin um aðstoð við þroskahefta sett af Alþingi og markaði sú lagasetning ákveðin þáttaskil. Áður hafði þjónusta verið mjög takmörkuð og grundvölluð á lögum um endurhæfingu og lögum um fávitastofnanir. Lögin um málefni þroskaheftra voru strax endurskoðuð og ný lög, sem náðu til allra hópa fatlaðra, lögin um málefni fatlaðra, tóku gildi 1984. Þau hafa nú tvívegis verið endurskoðuð og eru enn í dag undirstaða lagalegra réttinda fatlaðra til þjónustu. Við síðustu endurskoðunina sem fór

fram árið 1992 var þó sú stefna mörkuð að ávallt skyldi leitast við að veita fötluðum þjónustu eftir almennum lögum og á almennum stofnunum samfélagsins áður en gripið væri til sértækrar þjónustu. Þar var enn fremur mörkuð sú stefna að færa ákveðna þætti þjónustunnar til sveitarfélaganna á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og jafnframt stefnt að því að halda áfram á sömu braut við næstu endurskoðun að fjórum árum liðnum.

Sú endurskoðun hefur nú staðið yfir um nokkurt skeið og frumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi þar sem lagt er til að málaflokkurinn flytjist til sveitarfélaganna árið 1999.

Réttur fatlaðra til grunnskólamenntunar var lögfestur 1974 og réttur þeirra til framhaldsskólanáms var tryggður með lögum um framhaldsskóla frá 1988. Byggingarreglugerð um opinberar framkvæmdir er einnig skýrt dæmi um vilja stjórnvalda til að greiða aðgang fatlaðra að stofnunum samfélagins.

Á alþjóðavettvangi hefur Ísland staðfest þennan vilja sinn. Meðal annars með því að samþykkja yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðra frá 1975 og taka á nýjan leik undir stefnu Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra með því að undirrita yfirlýsingu þeirra frá 1993, „Grundvallarreglur um jafnrétti og jöfnun tækifæra fatlaðra".

Skilningur hefur tvímælalaust aukist mjög meðal almennings og stjórnvalda á lífsskilyrðum fatlaðra og fjölmargar aðgerðir hafa leitt til bættrar stöðu einstaklinga á mörgum sviðum mannlífsins. Þrátt fyrir það er ljóst að enn er langt í að hinum fjölmörgu hindrunum hafi verið rutt úr vegi og að samfélagið geti talist vera fyrir alla.

Sú skoðun hefur rutt sér til rúms hér á landi og í næstu nágrannalöndum okkar að rétt sé að þjónusta við fatlaða sé veitt á sama stjórnsýslustigi og félagsleg þjónusta fyrir aðra, þ.e. á sveitarstjórnarstigi. Með tilfærslu á rekstri grunnskólans til sveitarfélaganna hefur þjónusta skólanna og ábyrgð gagnvart fötluðum börnum færst til sveitarfélaganna og því er hægt að færa rök fyrir því að önnur þjónusta við þennan hóp getur að sama skapi verið jafn vel komin hjá sveitarfélögunum. Það verður því rökrétt framhald á þeirri þróun að fella ákvæði sérlaga inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna og fella úr gildi sérlög um málefni fatlaðra.

Sjálfsagt er að horfa til næstu nágrannalanda. Meta hver reynsla þeirra hefur verið við svipaðar kringumstæður og draga lærdóm af þeirri reynslu. Það er mat Dana að þegar þjónusta við viðkvæma hópa, eins og fatlaða, var flutt frá ríki til sveitarfélaga hafi að nokkru leyti glatast yfirsýn á afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda og að mismununar í þjónustu milli einstakra sveitarfélaga eða á milli hópa fatlaðra hafi orðið vart. Þess vegna hafa Danir sett á fót stofnun jafnréttismála fatlaðra með það að markmiði að gæta að réttindum og réttaröryggi fatlaðra.

Mismunandi leiðir hafa verið farnar til að tryggja réttindi fatlaðra. Lög sem banna alla mismunun gegn fötluðum voru sett í Bandaríkjunum árið 1990 og gera ráð fyrir að þeir sæti viðurlögum sem brjóta þau. Í Svíþjóð hefur verið stofnað sérstakt embætti umboðsmanns fatlaðra, svo fátt eitt sé nefnt.

Samkvæmt þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að sett verði á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra í því skyni að treysta enn betur réttindagæslu og réttaröryggi fatlaðra og til að tryggja það að á einum stað verði til nauðsynleg yfirsýn yfir málaflokkinn.

Grundvallarhugmyndafræði að baki Stofnun jafnréttismála fatlaðra er að öðlast þekkingu og stuðla að breytingum sem mega verða til þess að auka jöfnuð og jafna lífsskilyrði fatlaðra og ófatlaðra. Með tillögu að slíkri stofnun er gengið út frá því að enn njóta fatlaðir ekki jafnréttis á öllum sviðum, en einnig því að mismununin á sér ekki alltaf stað

af ásetningi eða með skipulögðum hætti, miklu fremur sem afleiðing pólitískrar og fjárhagslegrar forgangsröðunar og skorti á yfirsýn eða þekkingu.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu um hvernig jafnrétti fatlaðra á að nást. En stefnumótun nær því aðeins tilætluðum markmiðum að hún sé sett fram á grundvelli skýrrar og vel skilgreindrar greiningar á stöðu málaflokksins. Ef ekki er þannig að verki staðið að stefnumörkun endurspegli veruleikann sem henni er ætlað að ná til er hún gagnslaus.

Gert er ráð fyrir því að stofnun jafnréttismála fatlaðra leiti eftir samráði við heildarhagsmunasamtök fatlaðra og umsagnar þeirra um mál sem stofnunin fjallar um. Er hér átt við Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands eða einstök aðildarfélög þeirra.

Innan Stofnunar jafnréttismála fatlaðra getur skapast þekking og yfirsýn sem þörf er á til að treysta enn frekar þróun í þá átt að fatlaðir megi á jafnréttisgrundvelli njóta sömu tækifæra í samfélaginu og aðrir. Stofnun jafnréttismála fatlaðra á einnig samkvæmt þessari tillögu að senda ár hvert skýrslu um lífskjör fatlaðra til Alþingis.

320. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Annar minni hluti er í aðalatriðum sammála efni frumvarpsins. Þegar sama frumvarp var afgreitt frá sjávarútvegsnefnd síðasta vor átti 2. minni hluti aðild að áliti meiri hluta sjávarútvegsnefndar, en þó með fyrirvara sem varðaði afgreiðslu málsins og 8. gr., um eftirlitsákvæði.

Þegar frumvarpið var lagt fram á nýjan leik nú í haust hafði það verið lagfært í samræmi við breytingartillögur meiri hlutans frá því í vor. 2. minni hluti er enn sama sinnis og mun styðja efni frumvarpsins, með einni undantekningu. 2. minni hluti telur að ótvíræð þörf sé fyrir að lögfesta nýjan lagaramma um úthafsveiðar, enda hefur þróun þeirra mála verið ör undanfarin ár og aðstæður að flestu leyti gjörbreyttar frá því að núgildandi lög voru sett árið 1976.

Mikil umræða hefur orðið í sjávarútvegsnefnd um ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins og þá einkum þau rúmu heimildarákvæði sem samkvæmt því yrðu sett í hendur ráðherra. Ráðherra yrði þannig falið að ákveða „hvort og einnig að hve miklu leyti innan þeirra marka sem greinarnar kveða á um“ skuli láta útgerðarmenn skila veiðiheimildum á móti úthlutun varanlegra veiðiréttinda á úthafinu. Undir lok umfjöllunar sinnar bárust sjávarútvegsnefnd í hendur lögfræðilegar athugasemdir þar sem varað er við þessum opnu heimildum.

Annar minni hluti telur þessar athugasemdir, og reyndar athugasemdir við fleiri atriði frumvarpsins, það alvarlegar að ástæða hefði verið til að athuga þær nánar. Að minnsta kosti þyrfti að skoða hvort ekki væri rétt að afmarka mun betur þessi heimildarákvæði og skilyrða beitingu þeirra frekar eða binda við ákveðnar reglur.

Að öðru leyti en því sem lýtur að 3. mgr. 5. gr. og 6. gr. telur 2. minni hluti frumvarpið til bóta og þörf á að setja skýrari ákvæði í lög í takt við þróun hafréttarins hvað úthafsveiðar snertir þótt deila megi um ýmis útfærsluatriði.

Þjóðhagslegt mikilvægi úthafsveiða hefur aukist gríðarlega síðustu árin og er nú svo komið að allt að 15% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans er frá þeim, sbr. meðfylgjandi töflu með yfirliti yfir úthafsveiðar Íslendinga síðustu fjögur ár:

	1993		1994		1995		1996*	
	tonn	millj. kr.	tonn	millj. kr.	tonn	millj. kr.	tonn	millj. kr.
Reykjaneshryggur	19.747	932	47.000	2.037	29.265	1.318	45.000	2.025
Smugan	11.500	890	36.971	2.710	34.476	2.503	35.000	2.541
Flæmingjagrunn	2.196	382	2.555	418	7.700	1.309	18.000	3.060
Íslandssíld			21.010	111	174.000	948	170.000	927
Austur-Grænland			331	57				
Samtals	**33.443**	**2.204**	**107.867**	**5.333**	**245.441**	**6.078**	**268.000**	**8.533**
Hlutfall úhafsafla af heildar-aflaverðmæti íslenska flotans		4,3%		10%		11,4%		14–15%

*Áætlun

Annar minni hluti leggur áherslu á að alls ekki beri að skoða samþykkt þessa frumvarps sem aðgerð til að leggja stein í götu aukinnar sóknar íslenskrar útgerðar á úthafið. Þvert á móti er mikilvægt að leggja engar kvaðir eða íþyngjandi aðgerðir á íslenska úthafsútgerð, umfram það sem óumflýjanlegt er vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga. Ákvæði ýmissa annarra laga sem valda útgerðinni óþægindum í þessu sambandi þarf að endurskoða og er þar ekki síst átt við reglur um skráningu skipa og um úreldingu fiskiskipa.

Alþingi, 10. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon,
form.

321. Lög [55. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. des.)

Samhljóða þskj. 312.

322. Fyrirspurn [231. mál]

til umhverfisráðherra um skipulag miðhálendis Íslands.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hvað líður gerð svæðisskipulags miðhálendis Íslands?
2. Hverjir taka þátt í gerð skipulagsins og við hverja hafa þeir haft samráð?
3. Hver er áætlaður kostnaður við gerð skipulagsins?
4. Hvaða áform eru uppi um stjórnsýslu á miðhálendinu?

323. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30 maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu. Frumvarpið hefur verið lagt fram tvisvar áður og fjallaði nefndin ítarlega um það á 120. löggjafarþingi, fékk til sín fjölda gesta og aflaði gagna, auk þess sem stuðst hefur verið við umsagnir um málið frá 119. löggjafarþingi.

Frumvarpið fjallar um verndartíma höfunda, réttarstöðu notenda tölvuforrita, höfundarétt vegna leigu og útlána hugverka og höfundarétt vegna endurvarps hugverka og listflutnings um gervihnött eða kapal. Miða breytingarnar eingöngu að því að aðlaga höfundalögin að tilskipunum Evrópusambandsins um höfundavernd. Frumvarpið er að mestu óbreytt frá 120. löggjafarþingi, en gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á texta 1. gr. sem fjallar um tölvuforrit, auk þess sem skýringum við 10. gr. var breytt. Eru breytingarnar í samræmi við athugasemdir þær er menntamálanefnd gerði við frumvarpið á síðasta löggjafarþingi.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 12. des. 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Svanfríður Jónasdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.

324. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorlákssson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson, Maríönnu Jónasdóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Jónas Fr. Jónsson og Birgir Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Ingólfur Bender frá Samtökum iðnaðarins, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Kristján Ragnarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Birgir Rafn Jónsson og Stefán Guðjónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðni Níels Aðalsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Sigurður Jónsson frá Kaupmannasamtökunum, en þeir sendu nefndinni einnig skrifleg erindi um málið. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Á móti breikkun á gjaldstofni, sbr. skýringar við 2. tölul. hér að neðan, er lagt til að hlutfall tryggingagjaldsins lækki samsvarandi. Í stað meðalprósentunnar 5,5% kemur 5,25%. Er hlutfallstölum breytt til samræmis við þetta. Af sömu ástæðum lækkar gjald í Atvinnuleysistryggingasjóð úr 1,35% í 1,3%.
2. Lagt er til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er lagt til að við 3. gr. laganna bætist tveir töluliðir um að Staðlaráð fái í sinn hlut 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds og Icepro, sem er aðili að stöðlunarverkefnum á sviði tölvusamskipta, fái 0,001%. Til stóð að leggja á sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við gerð staðla, en talið var betra að fara þá leið sem hér er lögð til. Er þetta sama fyrirkomulag og gildir um Vinnueftirlit ríkisins. Þessi breyting mun þýða að tekjur Staðlaráðs verði um 16 m.kr. og tekjur Icepro um 2 m.kr. Hins vegar er lögð til sú breyting á 1. tölul. 7. gr. laganna að gjaldstofn tryggingagjalds verði breikkaður þannig að hluti launagreiðenda í lífeyrissjóðsiðgjöldum verði að fullu tekinn inn í stofninn, en miðist ekki við þann hluta framlagsins sem er umfram 6% af launum eins og nú er.

Alþingi, 12. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Pétur H. Blöndal. Valgerður Sverrisdóttir.

Gunnlaugur M. Sigmundsson. Sólveig Pétursdóttir.

325. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, PHB, VS, GMS, SP).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað hlutfallstölunnar „1,35“ í a-lið komi: 1,3.
   b. Í stað hlutfallstölunnar „4,15“ í 1. efnismgr. b-liðar komi: 3,95.
   c. Í stað hlutfallstalnanna „2,7“, „3,2“ og „3,7“ í a–c-lið 3. efnismgr. b-liðar komi: 2,5, 3,0 og 3,5.
   d. Í stað hlutfallstalnanna „5,15“, „4,8“ og „4,45“ í a–c-lið 4. efnismgr. b-liðar komi: 4,9, 4,6 og 4,25.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a. (2. gr.)
      Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:
      3. Staðlaráð fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,007% af gjaldstofni skv. III. kafla.
      4. Icepro fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla.
   b. (3. gr.)
      Orðin „umfram 6% af launum“ í 1. tölul. 7. gr. laganna falla brott.

326. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Magnús Pétursson, Halldór Árnason og Arnar Jónsson frá fjármálaráðuneyti. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Halldór J. Kristjánsson frá iðnaðarráðuneyti, Benedikt Jónsson og Þórður Ingvi Guðmundsson frá utanríkisráðuneyti, Friðrik Andersen frá samgönguráðuneyti, Pétur Guðmundsson frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Sigurður Helgason, Gunnar Olsen og Guðmundur Pálsson frá Flugleiðum hf., Logi Úlfarsson frá Íslenskum markaði hf., Kolbeinn Kristinsson og Birgir Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Jón Vilmundarson frá Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti, Guðmundur Malmquist frá Byggðastofnun og Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að heildarlántökuheimild ráðherra lækki um 200 millj. kr., sbr. breytingartillögu við 3. gr.
2. Lagðar eru til þrjár breytingar við 3. gr. Í fyrsta lagi að endurlánsheimild til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 170 millj. kr. Er það gert á grundvelli þess að í endurskoðaðri fjárhagsáætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að greiðendum fjölgi um 1.600 á næsta ári auk þess sem afborganir verði minni en samkvæmt fyrri áætlunum. Í öðru lagi er lagt til að heimild til að endurlána til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar lækki um 530 millj. kr. Er það gert þar sem ákveðið hefur verið að fresta þeim framkvæmdum við flugstöðina sem kynntar eru í frumvarpinu en þess í stað verður eingöngu ráðist í breytingar á innritunarsal og önnur tengd verk. Áætlaður kostnaður við þær breytingar er allt að 120 millj. kr. Samkvæmt tillögum fjármálaráðherra mun kostnaður við þessar 120 millj. kr. framkvæmdir verða að hálfu fjármagnaður af tekjum flugmálaáætlunar og að hálfu af tekjum Fríhafnarinnar. Þá er í þriðja lagi lagt til að við bætist nýr töluliður þar sem fjármálaráðherra verði veitt heimild til endurlána allt að 500 millj. kr. til lóðarframkvæmda við iðnaðarsvæðið á Grundartanga vegna fyrirhugaðs álvers Columbia Ventures Corporation.
3. Lagt er til að lántökuheimild Landsvirkjunar, sbr. 1. tölul. 4. gr., hækki úr 4.800 millj. kr. í 9.000 millj. kr. Ástæðan fyrir aukinni lánsfjárþörf er áform um virkjunarframkvæmdir á árinu 1997 í þágu fyrirhugaðs 60 þús. tonna álvers Columbia Ventures Corporation á Grundartanga, sem áætlað er að hefji starfsemi um mitt ár 1998, og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga sem áætlað er að verði lokið haustið 1999. Nefndin fjallaði ítarlega um fyrirhugaðar framkvæmdir vegna álvers á Grundartanga, stækkunar járnblendiverksmiðjunnar og nauðsynlegra virkjana sem þeim tengjast. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja eru samningar um byggingu álvers Columbia Ventures Corporation á lokastigi. Eftir að samningar liggja fyrir mun Columbia Ventures Corporation leita fjármögnunar á fjárfestingu sinni og er áætlað að því verði lokið í marsmánuði 1997. Skilningur nefndarinnar er sá að framkvæmdir við virkjanir muni ekki hefjast nema fyrir liggi verk-

lokaábyrgð vegna byggingar álversins og er lánsheimildin til Landsvirkjunar veitt í því ljósi. Nefndin mun jafnframt taka málið til umfjöllunar á nýjan leik þegar fjármögnunarvinnu Columbia Ventures Corporation er lokið þannig að hún geti lagt mat á stöðu málsins áður en Landsvirkjun hefur framkvæmdir og tekur lán vegna þeirra. Þannig vill nefndin ganga úr skugga um að þær forsendur standist sem upphaflega eru lagðar til grundvallar lánsheimild til Landsvirkjunar. Nefndin vekur sérstaka athygli á því að framkvæmdatími Landsvirkjunar vegna nýs álvers og stækkunar járnblendiverksmiðjunnar er þrjú ár. Á árinu 1997 er fyrirhugað af þessum ástæðum að framkvæma fyrir 5.137 millj. kr., á árinu 1998 fyrir 6.846 millj. kr. og á árinu 1999 fyrir 6.789 millj. kr. eða alls um 19 milljarða kr. Fjárfestingin í álverinu sjálfu mun nema um 12 milljörðum kr. og stækkun járnblendiverksmiðjunnar mun kosta 2,7 milljarða kr. ef af verður. Til viðbótar þarf svo að fjárfesta í hafnarmannvirkjunum og fleiru. Nefndin telur að áhættuna af þessu máli sé unnt að taka þar sem fyrir liggur að ekki verði lagt í virkjanaframkvæmdir nema verklokaábyrgð vegna álversframkvæmdanna sé til staðar og að hið nýja álver muni geta framleitt á kostnaðarstigi sem liggur neðan við miðju í hópi þeirra álvera sem nú selja framleiðslu sína á álmörkuðum. Að sjálfsögðu verður aldrei komist hjá nokkurri rekstraráhættu hjá hinu nýja álveri fremur en í öðrum rekstri en nefndin telur að sú áhætta sé ásættanleg á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um verklokaábyrgð og kostnaðarstig.

4. Lagt er til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur Hafnarsjóðs Grundartangahafnar, allt að 200 millj. kr. til hafnarframkvæmda vegna fyrirhugaðs álvers, Hita- og vatnsveitu Akureyrar, allt að 2.100 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lánum, og Lyfjabúðar Háskóla Íslands, allt að 35 millj. kr. til frekari endurbóta á fasteigninni Austurstræti 16. Ríkisábyrgð til Hita- og vatnsveitu Akureyrar er í samræmi við samkomulag fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og bæjarstjórnar Akureyrar frá 7. febrúar 1994.
5. Lagt er til að fjármálaráðherra verði heimilt að ábyrgjast mögulega skaðabótakröfu vegna notkunar lyfsins Thalidomide. Vegna auka- og hliðarverkana lyfsins afgreiðir framleiðandi þess það ekki nema viðkomandi ríki veiti slíka ábyrgð, auk þess sem tilvonandi neytendur eru látnir undirrita skjal þess efnis að þeir muni ekki hafa uppi neinar bótakröfur vegna hugsanlegra aukaverkana lyfsins, hvorki á hendur framleiðanda eða ríkissjóði.

Alþingi, 12. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Sólveig Pétursdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.

327. Breytingartillögur [24. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, SP, EOK, VS, PHB).

1. Við 1. gr. Í stað „12.000“ komi: 11.800.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað „6.183“ komi: 5.983.
   b. Í stað „3.970“ í 1. tölul. komi: 3.800.
   c. Í stað „1.950“ í 3. tölul. komi: 1.420.
   d. Við bætist nýr töluliður er orðist svo: Iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, allt að 500 m.kr.
3. Við 4. gr. Í stað „4.800“ í 1. tölul. komi: 9.000.
4. Á eftir 4. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila:
   1. Hafnarsjóð Grundartangahafnar, allt að 200 m.kr. vegna framkvæmda við Grundartanga.
   2. Hita- og vatnsveitu Akureyrar, allt að 2.100 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
   3. Lyfjabúðar Háskóla Íslands, allt að 35 m.kr. til endurbóta á fasteigninni Austurstræti 16.
5. Á eftir 10. gr. (er verði 11. gr.) komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast mögulega skaðabótakröfu vegna notkunar lyfsins Thalidomide.

328. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti, Magnús Pétursson, Halldór Árnason og Ólaf Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti, Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti og Þórð H. Ólafsson frá umhverfisráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá meiri og minni hluta félagsmálanefndar, meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, meiri og minni hluta menntamálanefndar, samgöngunefnd, meiri og minni hluta umhverfisnefndar, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. sem fjallar um lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til að leggja á viðbótargjald vegna innritunar utan auglýsts innritunartíma verði hækkuð, en að mati Skólameistarafélags Íslands er slík hækkun nauðsynleg til þess að stuðla að markvissari innritun í framhaldsskóla. Jafn-

framt er skólanefndum heimilað að láta gjaldið renna til skólasjóðs enda verði sjóðnum ráðstafað í þágu nemenda. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði gildandi laga um að efnisgjald skuli miðast við þriðjung af raunverulegum efniskostnaði. Ákvæði um hámark efnisgjalds, 12.500 kr. á önn, verði óbreytt. Enda þótt efniskostnaður á matvælabrautum framhaldsskóla hafi reynst nokkuð hærri ber að geta þess að hluti hans er fæðiskostnaður nemenda. Í öðru lagi er lagt til að heimild ráðherra samkvæmt frumvarpinu til að kveða á um gjaldtöku vegna endurinnritunar í bekkjardeildir eða áfanga verði gerð skýrari. Breytingin miðar að því að sérstakt gjald verði innheimt við endurinnritun í áfanga eða bekkjardeild og nær því ekki til upptökueða sjúkraprófa. Lagt er til að endurinnritunargjaldið verði 500 kr. fyrir hverja einingu. Þannig þyrfti t.d. að greiða 1.000 kr. fyrir endurinnritun í tveggja eininga áfanga og 1.500 kr. ef um þriggja eininga áfanga er að ræða. Ráðherra er falið að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. Lagt er til að 10. gr. verði breytt þannig að Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagni einnig starfsmenntun fiskvinnslufólks. Þannig verður öll starfsmenntun í atvinnulífinu á vegum hins opinbera fjármögnuð með sama hætti með framlögum frá sjóðnum.
3. Til samræmis við tillögur meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar er lagt til að 17. gr. verði breytt þannig að ráðherra verði skylt að leita samráðs við hlutaðeigandi sveitarfélag, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, áður en hann ákveður að setja reglugerð um að breyta skiptingu heilsugæsluumdæma, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra.
4. Á 19. gr. er lögð til sambærileg breyting og á 17. gr. frumvarpsins um samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag, sbr. umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.
5. Lagt er til að 25. gr., um sérstakt áfrýjunargjald til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, falli brott.

Meiri hlutinn tekur fram að þar sem enn eru óleyst tiltekin mál er varða þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu o.fl. atriðum muni nefndin taka málið aftur til skoðunar milli 2. og 3. umræðu.

Alþingi, 12. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember, fjallað um 8.–13. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls. Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Sturlaug Tómasson deildarstjóra frá félagsmálaráðuneyti.

Hér fer á eftir umsögn meiri hluta nefndarinnar. Að álitinu standa Siv Friðleifsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, að þrátt fyrir ákvæði laganna um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra skuli greiðast á árinu 1997, af ráðstöfunarfé sjóðsins, kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaður af starfsemi stjórnarnefndar málefna fatlaðra.

Á þessu ári greiðir Framkvæmdasjóður fatlaðra rekstrarverkefni að fjárhæð 140 millj. kr. Samkvæmt framangreindu mun á árinu 1997 einvörðungu heimilt að greiða tvö rekstrarverkefni úr sjóðnum, þ.e. styrki við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnað vegna stjórnarnefndar. Samtals er varið til þessara tveggja verkefna 13 millj. kr. í ár. Rekstrarverkefnum að fjárhæð 130 millj. kr. verður því létt af sjóðnum á næsta ári en fjármagn til þeirra fæst hins vegar í fjárlögum 1997. Í ár fær Framkvæmdasjóður fatlaðra 257 millj. kr. af erfðafjárskatti. Í 9. gr. frumvarpsins, sem felur í sér breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, er gert ráð fyrir að þetta framlag verði 165 millj. kr. Þessa lækkun, 92 millj. kr., á framlagi til sjóðsins verður að skoða með hliðsjón af því að rekstrarverkefnum að fjárhæð tæpar 130 millj. kr. verður létt af sjóðnum. Breytingin felur í sér að rekstraraðilar heimila og stofnana fyrir fatlaða fá í ársbyrjun nákvæmlega að vita hvað þeir hafa til ráðstöfunar en þurfa ekki að bíða fram í febrúar eða mars eftir upplýsingum um hver hin endanlega rekstrarfjárveiting er.

Varðandi 10.–13. gr. um breytingar á lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu, og lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, sem tengjast starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumálum kvenna, skal tekið fram að þær ættu ekki að hafa áhrif á áframhaldandi viðgang starfsmenntunar og framlög til atvinnumála kvenna. Í umræðum í nefndinni kom fram að líta mætti á þessa starfsemi sem forvarnir gegn atvinnuleysi. Í þessu sambandi má vekja athygli á að miðað er við að árlega skuli verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í sérstakan sjóð til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu. Starfsmenntaráð fer með stjórn sjóðsins.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

F.h. meiri hluta félagsmálanefndar,
Siv Friðleifsdóttir, varaform.

Fylgiskjal II.

Umsögn minni hluta félagsmálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máli.

9. gr. Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Samkvæmt lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, eiga tekjur Erfðafjársjóðs að renna óskertar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Minni hlutinn er andvígur 9. gr. frumvarpsins sem felur í sér að erfðafjárskattur umfram 165 millj. kr. renni til ríkissjóðs. Þegar lögfest var heimild Framkvæmdasjóðs til að veita framlag til nýrra viðfangsefna á rekstrarsviði, svo sem til liðveislu og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra, var það gert með þeim formerkjum að erfðafjárskattur rynni óskiptur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þarna var um mjög mikilvæg stuðningsúrræði að ræða, til þess fallin að minnka þörf fyrir stofnanir eins og verndaða vinnustaði og skammtímavistanir. Reiknað var með að þegar rekstrarverkefnum yrði létt af sjóðnum (væntanlega þegar mestu efnahagsþrengingarnar væru að baki) mundu sjóðsframlög renna óskipt til uppbyggingar að nýju. Minni hlutinn varar við að þegar umræddum rekstrarliðum er létt af sjóðnum skuli fjárframlög jafnframt skorin niður og bendir á að þrátt fyrir mikla þörf fyrir uppbyggingu, svo sem sambýli, eiga 255 millj. kr. að renna í ríkissjóð. Minni hlutinn bendir jafnframt á að skv. 39. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er fimm ára átak í gangi varðandi byggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Engar upplýsingar er að finna um fimmtu og síðustu greiðslu til þessarar uppbyggingar fyrir geðfatlaða sem Alþingi ákvað fyrir fimm árum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 var sérstaklega tilgreind 20 millj. kr. fjárveiting úr ríkissjóði og að hún væri sú fjórða af fimm.

10. og 12. gr. Starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna.

Minni hlutinn leggst gegn því að Starfsmenntasjóður og starfsmenntun í atvinnulífinu séu sett undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Starfsmenntun í atvinnulífinu er afar mikilvægt úrræði fyrir fólk á vinnumarkaði og Starfsmenntasjóður hefur veitt þúsundum manna stuðning. Starfsmenntun fólks á vinnumarkaði á alls ekki heima hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Minni hlutinn óttast að með þessari breytingu sé tekið fyrsta skrefið til þess að leggja af sjóðinn og stuðning vinnumálaráðuneytis við starfsmenntun í atvinnulífinu og varar eindregið við þessari breytingu.

Sama gagnrýni á við um framlög til atvinnumála kvenna. Sá litli sjóður hefur verið mjög þýðingarmikill. Hann hefur veitt mörgum konum tækifæri til að fara inn á nýjar brautir og þróa smáfyrirtæki sem hafa lítinn eða engan annan stuðning fengið. Staðan á vinnumarkaði og þróun hans sýna að mikil þörf er fyrir sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Mikilvægt er að til séu sjóðir í þágu kvenna sem veita lán eða styrki til nýsköpunar og stofnunar smáfyrirtækja eins og þekkist víða erlendis. Þeim sjóðum sem fella á undir Atvinnuleysistryggingasjóð á alls ekki að blanda saman við úrræði fyrir atvinnulausa þótt allar virkar leiðir sem styrkja fólk á vinnumarkaði hafi þýðingu fyrir atvinnu í landinu. Um er að ræða samtals 67 millj. kr. framlag til *starfsmenntunar í atvinnulífinu* og *atvinnumála kvenna*. Minni hlutinn mótmælir harðlega þessum tilflutningi. Að hans dómi er verið að blanda saman alls óskyldum málum því að styrkir Atvinnuleysistryggingasjóðs við verkefni fyrir atvinnulausa og átaksverkefni sveitarfélaga eru allt annars eðl-

is en almenn starfsmenntun, endurmenntun og símenntun fyrir vinnandi fólk. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu eru með merkilegustu fræðslulögum sem sett hafa verið síðari ár. Starfsmenntun í atvinnulífinu byggist ekki á skólaskyldu heldur því að fyrirtæki, stofnanir, starfsfólk og stéttarfélög telji að um raunhæft og gagnlegt nám sé að ræða. Starfsmenntun á að vera tiltæk og aðgengileg hvenær sem er, hvar sem er og fyrir hvern sem er. Í samræmi við markmið laganna hefur starfsmenntaráð lagt áherslu á að verkefni sem hljóta styrk feli í sér nýjungar og framþróun í starfmenntun og treysti stöðu þeirra hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði sökum lítillar eða engrar starfsmenntunar. Minni hlutinn hvetur til þess að fallið verði frá þessum áformum og bendir á að bæði Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið leggjast gegn því að setja Starfsmenntasjóð undir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal III.

Umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingaefndar.

Heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember, fjallað um 14.–21. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls. Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins skrifstofustjórana Guðríði Þorsteinsdóttur og Svanhvíti Jakobsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá komu til fundar Jóhannes Pálmason og Björn Ástmundsson frá Landssambandi sjúkrahúsa, Guðmundur Einarsson frá Landssamtökum heilsugæslustöðva, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður.

Að umsögnin standa Siv Friðleifsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson og Guðni Ágústsson.

Ákvæði 15.–20. gr. frumvarpsins fela í sér breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Í 15. gr. er gert ráð fyrir að þar sem aðstæður leyfa skuli heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr. laganna. Þetta kemur í stað ákvæðis sem kveður á um að þar sem aðstæður leyfa skuli heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því og í sömu byggingu sé þess kostur. Í þessu sambandi vill meiri hlutinn leggja áherslu á að heilsugæslustöðvarnar eiga samkvæmt ákvæði 15. gr. að hafa sömu möguleika og hingað til til að sinna hlutverki sínu.

Í 17. gr. segir að ráðherra sé heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í 19. gr. er síðan gert ráð fyrir að ráðherra hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga áður en hann setur nánari ákvæði í reglugerð um

flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu og ákveður sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu. Meiri hlutinn leggur til að ákvæði 17. og 19. gr. sæti þeirri breytingu að ekki verði einungis gert ráð fyrir samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga í slíkum tilvikum heldur einnig samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög hverju sinni. Breytingarnar verði því svohljóðandi:

Við 17. gr. Á eftir orðunum „að höfðu samráði við“ komi: hlutaðeigandi sveitarfélög og.

Við 19. gr. Á eftir orðunum „að höfðu samráði við“ í fyrri og síðari málslið komi: hlutaðeigandi sveitarfélög og.

Þá vill meiri hlutinn, til þess að taka af allan vafa um hvað átt er við með sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu, sbr. ákvæði 19. gr., leggja fram sem fylgiskjal með umsögninni minnisblað frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu þar sem fram kemur til hvaða sjúkrastofnana ákvæðið taki og hvaða sjúkrastofnanir falli ekki undir ákvæðið.

Varðandi 18. gr. hefur Lára Margrét Ragnarsdóttir fyrirvara við þá tilhögun sem þar er lögð til, þ.e. að í stað fjögurra stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík komi ein stjórn, og telur að í útboði um þjónustu fyrir svo stóra einingu geti skapast hætta á broti gegn samkeppnisreglum.

Meiri hlutinn bendir jafnframt á að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði til framlengingar á bráðabirgðaákvæði 2 í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, varðandi skipun bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur en ákvæðið fellur úr gildi 1. janúar 1997.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

F.h. meiri hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar,
Siv Friðleifsdóttir, varaform.

Fylgiskjal IV.

Umsögn minni hluta heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Minni hluti nefndarinnar telur að heilbrigðisþjónustukafli frumvarpsins feli í sér svo róttækar breytingar á heilbrigðisþjónustu landsmanna að algerlega óásættanlegt sé að samþykkja þær sem hluta af „bandormi“ þar sem verið að er að fjalla um breytingar á sautján öðrum lagabálkum. Augljóst er að með því er verið að skerða hefðbundinn rétt stjórnarandstöðunnar til að ræða málið til þrautar í því skyni að draga úr mögulegum mistökum í meðförum þingsins. Umræddar breytingar rista það djúpt að það hljóta að teljast óeðlileg vinnubrögð og úr takti við vinnuhefðir þingsins að leggja þær ekki fram sem sérstakt þingmál til þess að gefa þingheimi færi á að fjalla um þær sérstaklega. Vinnuaðferð ríkisstjórnarinnar endurspeglar því augljóslega að hún óttast umræðu um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það segir sína sögu um eðli þeirra.

Sérstök athygli er vakin á því að heilbrigðisþjónustuskaflinn sker sig úr að því leyti að ekki er að finna annars staðar viðlíka efnisbreytingar á gildandi lögum í frumvarpinu. Þá er hér er um víðtækt framsal að ræða til ráðherra.

Engin breytinganna felur í sér tímabundna ráðstöfun heldur vakir fyrir ríkisstjórninni að breyta varanlega umhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Það teljum við óeðlileg vinnubrögð, enda löng hefð fyrir því að breytingar sem gerðar eru í árvissu frumvarpi ríkisstjórnar um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum séu í eðli sínu tímabundnar. Á því hefur orðið breyting í seinni tíð og fyrri ríkisstjórnir eiga þar einnig hlut að máli. Þó kastar tólfunum þegar heilbrigðisráðherra hyggst nú knýja fram sex breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu sem allar eiga að vera varanlegar. Tengsl þriggja þeirra við fjárlög eru þó óljós og tvær tengjast þeim með engu móti. Af framangreindum ástæðum er ljóst að minni hlutinn getur alls ekki stutt breytingarnar eins og þær eru fram komnar.

Umræddar breytingar fela í sér verulega aukningu á miðstýringu ráðuneytisins í heilbrigðismálum og eru að því leyti framhald af miðstýringarárättu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum sem hefur meðal annars birst í yfirlýsingum fagráðherrans um nauðsyn þess að stofna svonefnd heilsukjördæmi. Um þetta er að finna fjögur gróf dæmi í frumvarpinu:

1. Í 17. gr. er lagt til að vald ráðherrans til að breyta fyrirkomulagi innan heilsugæslunnar með einfaldri reglugerð verði stóraukið. Á tímum valddreifingar, þegar sveitarfélögin sjálf hafa krafist aukinna áhrifa á eigin málefni, er þetta tímaskekkja.

2. Í 19. gr. er gengið enn lengra í þá átt að færa valdið úr héruðum landsins inn á skrifborð ráðherra með tillögu um að heilbrigðisráðherra fái vald til sameina sjúkrahús með reglugerð án þess að þurfa að spyrja þingið álits.

3. Í 19. gr. birtist enn frekar andúð ríkisstjórnarinnar á valddreifingu og samráði því að þar er lagt til að úr gildandi lögum falli ákvæði sem skyldar heilbrigðisráðherra til að hafa samráð við Landssamband sjúkrahúsa þegar breytingar á högum þeirra eru annars vegar.

4. Hvergi birtist þó skeytingarleysið um vilja fólksins sjálfs í naktari mynd en í 16. gr. en þar er lagt til að fellt verði brott ákvæði um fortakslaust samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir hyggist ráðherra til dæmis flytja heilusgæslustöðvar milli umdæma.

Þessari miðstýringu, sem er að verða aðalsmerki ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, hafnar minni hlutinn alfarið.

18. og 20. gr. eru þess eðlis að þær koma fjármálum ríkisins með engu móti við. Þetta er staðfest í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis en þar segir einfaldlega: „Ákvæðin hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.“ Þarna er því augljóslega verið að koma í gegn breytingum sem eiga ekkert skylt við nauðsynlegar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Svipaðar breytingar voru hluti af „bandormi“ ársins 1995 en voru felldar brott úr frumvarpinu fyrir afgreiðslu þess. Ef heilbrigðisráðherra er kappsmál að koma umræddri breytingu í gegn hefði hún getað lagt hana fram sem sjálfstætt þingmál á sl. vetri eða í byrjun yfirstandandi þings. Sú staðreynd að það var ekki gert býður heim þeirri hugsun að ríkisstjórnin hafi ekki unnið heimavinnuna í málaflokknum og því sé það þrautalending að nota „bandorm“ til að koma í gegn breytingum sem eiga ekkert skylt við fjárlögin.

15., 16., 17. og 19. gr. fela að sögn frumvarpshöfunda í sér breytingar sem nauðsynlegar eru til að mögulegt verði að ná sparnaði sem nemur 160 millj. kr. í sjúkrahúsum á landsbyggðinni en það er eitt af markmiðum heilbrigðiskafla fjárlagafrumvarpsins. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd þingsins hefur hins vegar engar forsendur til að rannsaka réttmæti þeirrar staðhæfingar, eins og henni ber þó samkvæmt beiðni fjárlaganefndar, því að engar upplýsingar hafa komið fram af hálfu heilbrigðisráðuneytisins um hvaða breytingar ríkisstjórnin hyggst ráðast í varðandi sjúkrahúsin úti á landi. Þannig mæla fullgild

rök gegn því að 15., 16. og 17. gr. séu nauðsynlegar til að ná fram sparnaðinum. Um 19. gr. gegnir öðru máli, en hún er efalítið nauðsynleg forsenda þess niðurskurðar sem ríkisstjórnin áformar á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar. Minni hlutinn getur þó með engu móti fallist á þá grein, enda ráðherra veitt ótrúlegt vald til að sameina sjúkrahús án samráðs við Alþingi eins og fyrr er rakið. Athyglisvert er að ákvæðið bendir sterklega til þess að heilbrigðisráðherra telji þær aðgerðir sem verður að ráðast í gagnvart sjúkrahúsum á landsbyggðinni svo mikið álitamál að hún leggi ekki í að færa það inn í þingið þar sem stjórnarliðar af landsbyggðinni hefðu umræðu- og atkvæðisrétt um breytingarnar.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki tókst að fá óyggjandi upplýsingar um hvaða skilning ber að leggja í orðalag 15. gr. þar sem lagt er til að heilsugæslustöð og sjúkrahús skuli, þar sem aðstæður leyfa, rekin sem ein stofnun undir einni stjórn. Óvíst er hvort þar er einungis átt við heilsugæslustöð og sjúkrahús í starfstengslum eða í sama byggðarlagi eða hvort hægt er að greininni samþykktri að sameina undir eina stjórn sjúkrahús og fleiri en eina heilsugæslustöð í nálægum en mismunandi byggðarlögum.

Vinnubrögðin varðandi 19. gr. verða að teljast sérkennileg. Þótt einungis liðugur mánuður sé í að fjárlagaárið byrji veit enginn utan ráðuneytisins hvað bíður sjúkrahúsanna á landsbyggðinni, en fram kom á fundi nefndarinnar að flöt skerðing sem næmi þessari upphæð hefði í för með sér 10–11% skerðingu á hvert sjúkrahús landsbyggðarinnar að meðaltali. Á fundi nefndarinnar með fulltrúum Landssambands sjúkrahúsa kom einnig fram að þrátt fyrir ákvæði gildandi laga um samráð við landssambandið þegar málefni sjúkrahúsanna eru annars vegar hefur heilbrigðisráðuneytið nákvæmlega ekkert samráð haft við það. Þetta tvennt, skortur á lögboðnu samráði og algert upplýsingaleysi um forsendur breytinganna í framangreindum greinum, er að dómi minni hlutans ámælisverð vinnubrögð af hálfu heilbrigðisráðherra.

Minni hlutinn getur því ekki staðið að samþykkt heilbrigðisþjónustukafla frumvarps um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er hún samþykk umsögn þessari.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

Össur Skarphéðinsson, form.
Ásta R. Jóhannesdóttir.
Ingibjörg Sigmundsdóttir.

Fylgiskjal V.

Umsögn iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember, fjallað um 24. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls.

Í 24. gr. frumvarpsins er lagt til að hlutverk Orkusjóðs verði aukið, m.a. vegna orkusparnaðarátaks til að draga úr kostnaði við húshitun og eru breytingar þær sem hér eru lagðar til í samræmi við tillögur í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997. Þá er jafnframt lagt til að eldri ákvæði um hlutverk Orkusjóðs sem ekki eiga lengur við í dag verði felld úr gildi.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við umrædda grein frumvarpsins.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

F.h. iðnaðarnefndar,
Stefán Guðmundsson, form.

Fylgiskjal VI.

Umsögn landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember, fjallað um 3.–7. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, 119. máls.

Nefndin fékk á sinn fund við umfjöllun málsins Ingimar Jóhannsson og Hrein Pálmason frá landbúnaðarráðuneyti.

Breytingar þær, sem lagðar eru til með framangreindum ákvæðum, eru ekki þess eðlis að nefndin sjái ástæðu til að gera athugasemdir við þær. Nefndin mælir því ekki gegn samþykkt 3.–7. gr. frumvarpsins.

Ágúst Einarsson, Egill Jónsson og Hjálmar Jónsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

F.h. landbúnaðarnefndar,
Guðni Ágústsson, form.

Fylgiskjal VII.

Umsögn meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um 1. og 2. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls. Nefndin fjallaði einnig um endurinnritunargjald það sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins í tengslum við meðferð nefndarinnar á frumvarpi til fjárlaga. Fékk nefndin á sinn fund um málið Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, Margréti Friðriksdóttur og Sigurð Sigursveinsson frá Skólameistarafélagi Íslands, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Hinu íslenska kennarafélagi, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur frá Kennarasambandi Íslands, Ingvar Ásmundsson, skólameistara Iðnskólans í Reykjavík, Kristján Bersa Ólafsson frá Félagi áfangaskóla, og frá Félagi framhaldsskólanema Snævar Sigurðsson, Ásgeir Sigfússon, Jarþrúði Ásmundsdóttur og Jón Einar Sverrisson.

Að umsögninni standa Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich, Ólafur Örn Haraldsson, Árni Johnsen og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu málsins. Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á tvennum lögum. Annars vegar er um að ræða breytingar á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, en samkvæmt þeim er lagður á sérstakur eignarskattur sem renna skal í sérstakan sjóð sem standa á straum af kostnaði við endurbætur á húsnæði menningarstofnana. Gert er ráð fyrir að tekjur af skattinum verði 435 millj. kr. á árinu 1997 og gerir frumvarpið ráð fyrir að 150 millj. kr. af þessum tekjum renni í ríkissjóð. Þá er einnig lagt til að 100 millj. kr. af tekjum af skattinum á árinu 1996 renni í ríkissjóð. Sjá nánar meðfylgjandi fylgiskjal frá fjármálaráðuneyti.

Hin breytingin lýtur að því að innheimt verði sérstakt gjald á hvern nemanda sem endurinnritast í próf eða áfanga í framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að fjárhæð gjaldsins verði 1.500 kr. Er gjaldinu ætlað að standa undir kostnaði vegna endurtekningarprófa en einnig standa vonir til þess að gjaldtakan leiði til þess að innritun í framhaldsskóla verði markvissari og því auðveldara að skipuleggja kennslu. Felur ákvæðið í sér að menntamálaráðherra setji nánari reglur um innheimtu gjaldsins. Meiri hlutinn bendir á að slíkar reglur verða að vera sveigjanlegar og sanngjarnar gagnvart nemendum sem eiga við sértæka erfiðleika að stríða og fullt tillit tekið til veikinda og skertrar námsgetu nemenda. Hjálmar Árnason hefur fyrirvara um útfærslu á endurinnritunargjaldinu.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

F.h. meiri hluta menntamálanefndar,
Sigríður A. Þórðardóttir, form.

Fylgiskjal VIII.

Umsögn minni hluta menntamálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máli.

1. gr.

Undirritaðar mótmæla ítrekuðum niðurskurði á mörkuðum tekjustofni sem m.a. er ætlaður til endurbóta menningarbygginga enda þótt knýjandi verkefni blasi við á því sviði.

2. gr.

Þá vara undirritaðar við áformum um svokallaðan fallskatt þar sem til stendur að innheimta 1.500 kr. gjald af nemendum sem endurinnritast í próf eða áfanga í framhaldsskóla. Þetta er rökstutt með því að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og skipulagningar kennslu. Þetta gjald á að gefa 32 millj. kr. í ríkissjóð. Ef um skipulagsvanda í einstaka skólum er að ræða telja undirritaðar að taka eigi á honum með viðeigandi hætti en ekki að láta nemendur greiða viðbótargjöld. Aukin ráðgjöf og eftirlit væri mun virkari leið til skilvirkara skólastarfs.

Enda þótt tekið verði tillit til fötlunar einstaka nemanda er ljóst að jaðartilvik verða fjölmörg og innheimta því flókin og erfið, ef ekki óframkvæmanleg.

Þá er líklegt að þetta gjald auki enn frekar á brottfall nemenda, ekki síst þeirra sem erfiðast eiga uppdráttar í skólunum og koma frá efnalitlum heimilum. Þessum hópi er hvorki boðið nám við hæfi, atvinna né atvinnuleysisbætur.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

Svanfríður Jónasdóttir.
Guðný Guðbjörnsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal IX.

Umsögn samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember, fjallað um 23. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls.

Breytingar þær, sem lagðar eru til í frumvarpinu, eru bein afleiðing þeirrar stefnumörkunar sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga.

Í 23. gr. er kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sbr. 11. gr. laga nr. 148/1994, skuli heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Nefndin leggur áherslu á að þessi mál voru rædd síðasta vor við undirbúning flugmálaáætlunar og var niðurstaðan þá sú að slíkt skyldi ekki gert. Samkvæmt núgildandi flugmálaáætlun verður stærsta viðfangsefnið uppbygging Reykjavíkurflugvallar auk ýmissa verkefna á öðrum flugvöllum. Ráðstöfun á tekjum flugmálaáætlunar til annarra verkefna mundi óhjákvæmilega setja þau verkefni í uppnám. Því er ljóst að frekari skerðingar koma í veg fyrir að unnt sé að ráðast í framangreindar framkvæmdir. Í því sambandi vill nefndin vekja athygli á að 25. nóvember sl. ályktaði flugráð á fundi sínum að ástand Reykjavíkurflugvallar við ákveðnar aðstæður væri svo alvarlegt að takmarka þyrfti umferð um flugvöllinn.

Þeir nefndarmenn sem standa að umsögninni eru Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir. Egill Jónsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Kristján Pálsson hefur fyrirvara við umsögnina og telur eðlilegt að fé af flugmálaáætlun renni til að standa undir skuldbindingum og framkvæmdum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar enda tekjur flugmálaáætlunar að mestu af umferð um Keflavíkurflugvöll.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

F.h. samgöngunefndar,
Einar K. Guðfinnsson, form.

Fylgiskjal X.

Umsögn meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember sl., fjallað um 26. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin fékk á sinn fund Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að greiða kostnað af refaveiðum úr ríkissjóði, en skv. 4. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, hefur ríkissjóður greitt allt að helming kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Meiri hlutinn telur fulla ástæðu til að endurskoða einstaka þætti kostnaðar við eyðingu refs. Það er þó ljóst að áður en ríkið hættir alveg kostnaðarþátttöku þarf að kanna áhrif þess í einstaka sveitarfélögum, m.a. með tilliti til nálægðar við verndarsvæði og þjóðgarða.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

Ólafur Örn Haraldsson.
Tómas Ingi Olrich.
Kristján Pálsson.
Kristín Halldórsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Magnús Stefánsson.

Fylgiskjal XI.

Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar frá 13. nóvember sl., fjallað um 26. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Nefndin fékk á sinn fund Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneytinu.

Í frumvarpinu er lagt til að hætt verði að greiða kostnað af refaveiðum úr ríkissjóði, en skv. 4. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, hefur ríkissjóður greitt allt að helming kostnaðar af veiðunum eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

Nokkrar umræður hafa farið fram í nefndinni um niðurfellingu á greiðslum vegna kostnaðar sem hlýst af refaveiðum, bæði við umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir 1997 og frumvarp til ráðstafana í ríkisfjármálum.

Undirritaður lýsir sig mótfallinn niðurskurðinum sem gert er ráð fyrir. Nauðsynlegt er að áfram verði á fjárlögum gert ráð fyrir mótframlagi til sveitarfélaga vegna refaveiða, t.d. í formi fastrar greiðslu fyrir hvert fellt dýr. 1. minni hluti bendir einnig á að

ekki liggi fyrir rök fyrir því að fella niður mótframlag. Felldir voru yfir 3.000 refir á síðasta ári. Ekki hefur verið gerð úttekt á hvort eða hversu miklum skaða refur veldur á mófugli eða æðarvarpi.

Alþingi, 27. nóv. 1996.
Gísli S. Einarsson.

Fylgiskjal XII.

Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar.

Undirritaður telur vel koma til greina að breyta fyrirkomulagi á greiðslum vegna refaveiða. Ekki hefur hins vegar verið gerð viðhlítandi grein fyrir því af hálfu umhverfisráðuneytis hvernig tillaga samkvæmt frumvarpinu, um að ríkissjóður hætti að endurgreiða allt að helming kostnaðar við veiðarnar, eigi að falla að öðrum ákvæðum um refaveiðar, sbr. lög nr. 64/1994.

Engin greinargerð hefur verið lögð fram af hálfu veiðistjóraembættisins um búsifjar eða tjón af völdum refa, né heldur um líkleg áhrif þeirrar tillögu sem hér um ræðir á viðkomu refastofnsins og möguleika til áframhaldandi rannsókna á stofninum, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1994. Ekkert hefur heldur heyrst um þetta frá ráðgjafarnefnd umhverfisráðherra um villt dýr, sbr. 3. gr. sömu laga. Erfitt er að sjá hvernig framfylgja eigi að öðru leyti ákvæðum 12. gr. (2.–3. mgr.) laga nr. 64/1994, þ.e. sérákvæði um refaveiðar þar sem segir m.a.:

„Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann . . .

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. . . .“

Lagasetningin var á sínum tíma umdeild og mælti undirritaður og fleiri með annarri skipan en lögfest var að því er varðaði refi. Erfitt er að rökstyðja, eftir að ríkið hættir þátttöku í kostnaði við refaveiðar, að umhverfisráðherra ákveði hvar veiða skuli refi og setji taxta fyrir laun til skotmanna sem sveitarstjórnum er síðan skylt að ráða samkvæmt 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Undirritaður leggur áherslu á að þannig sé frá málum gengið að áfram verði stundaðar traustar rannsóknir á refastofninum og fótum sé ekki kippt undan þeim að lítt athuguðu máli. Spurningunni um friðun eða veiðar á ref á hverjum tíma verður því aðeins svarað af viti að upplýsingar liggi fyrir um stofnstærð og áhrif verndunar og veiða á hana.

Rétt er að benda á vegna umræðu um ferðir einstakra refa að rannsóknir hafa verið gerðar á þeim þætti og benda niðurstöður þeirra ekki til að einstök dýr leggi að baki miklar vegalengdir. Meðalvegalengd, sem endurheimt fullvaxin dýr, merkt á Vestfjörðum á árunum 1980–82, höfðu lagt að baki, var 24 km (staðalfrávik 10–15 km).

2. minni hluti hvetur eindregið til þess að áður en endanleg afstaða verður tekin til málsins verði það athugað með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga um refaveiðar, sérstaklega með það í huga að unnt verði að halda áfram marktækum rannsóknum á refastofninum.

Alþingi, 27. nóv. 1996.

Hjörleifur Guttormsson.

329. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, EOK, SP, GMS).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er skólanefnd heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði. Efnisgjald skal þó aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innritunar- og efnisgjöld.
   Heimilt er framhaldsskólum að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og skal upphæð gjaldsins miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtökuna, m.a. um viðmiðun gjaldtökunnar, um mat á bekkjardeildum til eininga, tilhögun innheimtu og undanþágur frá greiðslu gjaldsins.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   8. gr. laganna orðast svo:
   Félagsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Árlega skal verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. 4. gr., og skulu fjárhæðir ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga hvert ár. Starfsmenntaráð fer með stjórn framlaga vegna annarrar starfsmenntunar en í fiskvinnslu. Stjórn starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar fer með fjárframlög vegna starfsmenntunar í fiskvinnslu.

3. Við 17. gr. Á eftir orðunum „að höfðu samráði við“ komi: hlutaðeigandi sveitarfélög og.
4. Við 19. gr. Á eftir orðunum „að höfðu samráði við“ í fyrri og síðari málslið komi: hlutaðeigandi sveitarfélög og.
5. Við 25. gr. Greinin falli brott.

330. Svar [178. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um sjómannaafslátt.

1. Hve hárri fjárhæð nam sjómannaafsláttur samtals við álagningu gjalda 1996 vegna tekna ársins 1995, hvernig skiptist fjárhæðin milli skattumdæma og í hverju umdæmi milli:
a. fiskiskipa,
b. varðskipa, rannsóknarskipa, sanddæluskipa og ferjuskipa og
c. farskipa sem eru í förum milli landa eða í strandsiglingum?

Við álagningu gjalda á árinu 1996 var sjómannaafsláttur samtals 1.524,5 millj. kr. hjá 8.850 einstaklingum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu hans eftir því um hvers konar skip er að ræða og er ekki unnt að vinna slíkar upplýsingar úr gagnagrunni skattyfirvalda. Skipting fjárhæða og afsláttarþega eftir skattumdæmum var þessi:

Skattumdæmi	Fjöldi	Millj. kr.
Reykjavík	1.385	224,7
Reykjanes	1.841	319,1
Vesturland	907	159,1
Vestfirðir	928	151,3
Norðurland vestra	462	78,0
Norðurland eystra	1.436	258,0
Austurland	966	169,3
Suðurland	324	55,1
Vestmannaeyjar	601	109,7
Samtals	**8.850**	**1.524,5**

2. Hve margir nutu sjómannaafsláttar samtals og í hverju skattumdæmi? Hvert var hlutfall þeirra af framteljendum og hver var veittur sjómannaafsláttur sem hlutfall af álögðum tekjuskatti einstaklinga, hvort tveggja sundurliðað eftir umdæmum?

Alls var lagt útsvar á um 198.000 einstaklinga, en fjöldi framtalsskyldra var um 202.500. Álagður tekjuskattur til ríkisins og útsvar til sveitarfélaga voru alls um 50 milljarðar kr.

Skattumdæmi	% af framteljendum	% af tekjusköttum
Reykjavík	1,7	1,1
Reykjanes	3,7	2,3
Vesturland	8,8	6,9
Vestfirðir	14,2	8,3
Norðurland vestra	6,2	5,2
Norðurland eystra	7,3	5,9
Austurland	10,3	7,9
Suðurland	2,8	2,9
Vestmannaeyjar	17,6	10,9
Samtals	**4,5**	**3,1**

331. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 23. september sl. og átti viðtal við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Samstarf fjárlaganefndarmanna og sveitarstjórnarmanna hefur nú sem áður verið gott og sú yfirsýn, sem fundir nefndarinnar með sveitarstjórnarmönnum gefa, er mikilvæg fyrir nefndina við afgreiðslu fjárlaga. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Nefndin óskaði eftir með bréfi, dags. 15. október sl., álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti og fylgja þau nefndarálitinu sem fylgiskjöl eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Þetta er sjötta árið sem þessi skipan er höfð á um samskipti fastanefnda þingsins við fjárlaganefnd um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Eftir að frumvarp til fjárlaga hefur verið lagt fram á Alþingi eru fjölmargir aðilar, félög, samtök og stofnanir, sem telja sig eiga erindi við fjárlaganefnd og kallar þá nefndin fyrir sig forsvarsmenn ýmissa stofnana til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 48 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Auk þess hafa undirnefndir unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu allra fjárfestingarliða. Breytingartillögur þær, sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu, nema samtals 710,9 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar vill þakka fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar fjármálaráðuneytisins og einstök ráðuneyti hafa veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

Eins og venja er bíða 3. umræðu afgreiðsla á tekjuhlið frumvarpsins, B-hluti og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umræðu, smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar.

Hér á eftir fylgja skýringar á breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Framlag til Alþingis hækkar alls um 43,4 m.kr. og verður 823,9 m.kr. Hækkun skiptist á eftirfarandi viðfangsefni: Viðfangsefnið 1.04 Rekstrarskrifstofa hækkar um 15,6 m.kr. Viðfangsefnið 1.08 Hið íslenska þjóðvinafélag hækkar um 1,8 m.kr. Viðfangsefnið 5.20 Fasteignir hækkar um 18 m.kr. Að lokum hækkar viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður um 8 m.kr.

610 Umboðsmaður Alþingis: Rekstrarframlag hækkar um 5,2 m.kr. og verður 38,9 m.kr.

01 Forsætisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 33 m.kr. og verður 43,7 m.kr. Teknir eru inn fjórir liðir. Í fyrsta lagi viðfangsefnið 1.11 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag, og verður framlag 4 m.kr. Það er önnur greiðslan af þremur til félagsins til ritunar á biskupasögu. Í öðru lagi er tekinn inn liðurinn 1.12 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar. Framlag er 6,5 m.kr. en gert er ráð fyrir framlagi í tvö ár og að framlag á árinu 1998 verði 5 m.kr. Í þriðja lagi er tekið inn nýtt viðfangsefni, 1.13 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag, og er framlag 6 m.kr. Fyrirhugað er að gera samning við félagið um að ljúka ritun og útgáfu á Sögu Íslands á næstu árum. Í fjórða og síðasta lagi er tekinn inn nýr liður, 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Fjárveiting er 15 m.kr. en á móti fellur niður viðfangsefni með sama heiti og fjárveitingu undir fjármálaráðuneyti á fjárlagalið 999 Ýmislegt. Að lokum hækkar framlag til viðfangsefnisins 1.23 Hrafnseyri um 1,5 m.kr. og verður 3 m.kr. til að ljúka byggingu torfbæjar á Hrafnseyri við Arnarfjörð.

02 Menntamálaráðuneyti

201 Háskóli Íslands: Tekinn er inn nýr liður, 1.11 Ritakaupasjóður, og er framlag 31,5 m.kr. Á móti lækkar framlag til bókakaupa Landsbókasafns – Háskólabókasafns um 19,5 m.kr.

202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 2,8 m.kr. vegna launakostnaðar við rannsóknir á riðu og Crautztfeldt-Jakob sjúkdómi.

203 Raunvísindastofnun Háskólans: Viðfangsefnið 1.03 Rannsóknastofur hækkar alls um 12,3 m.kr. Af þeirri hækkun eru 10,5 m.kr. ætlaðar til sérstaks átaksverkefnis í grunnrannsóknum á aðstæðum í Vatnajökli en 1,8 m.kr. til rannsókna.

205 Stofnun Árna Magnússonar: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 5 m.kr. til úrbóta í öryggismálum stofnunarinnar og vegna móttöku handrita.

211 Tækniskóli Íslands: Tekinn er inn nýr liður 6.01 Tæki og búnaður. Framlag að fjárhæð 12 m.kr. er ætlað til endurnýjunar tölvubúnaðar.

221 Kennaraháskóli Íslands: Viðfangsefnið 1.05 Kennsla hækkar um 3 m.kr. vegna fjarkennslu.

225 Samvinnuháskólinn: Fjárlagaliðurinn fær nýtt númer og nýtt heiti en var áður 580 Samvinnuskólinn. Heildarframlag hækkar um 5 m.kr. og verður 48,9 m.kr. Fyrirhugað er að endurskoða samning menntamálaráðuneytis við skólann. Nemendur hafa verið fleiri vegna framhaldsdeildar en sem heimilað var. Fjárveiting færist á 1.01 Almennur rekstur, 28,7 m.kr. og 1.02 Annað en kennsla, 22 m.kr. Sértekjur verða 1,8 m.kr.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefnið 6.50 Tölvubúnaður lækkar um 13 m.kr. og verður 7 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 6.90 Byggingarframkvæmdir hækkar um 13 m.kr. og verður 508 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er fjárhæðum skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

319 Framhaldsskólar, almennt: Framlag til viðfangsefnisins 1.40 Framhaldsskólar, óskipt hækkar um 30 m.kr. og verður 78,1 m.kr. Hækkun er vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á gildistölu nokkurra framhaldsskóla og leiðréttingar á framlagi.

506 Vélskóli Íslands: Framlag til eignakaupa á viðfangsefni 1.02 Annað en kennsla hækkar um 3 m.kr.

507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla hækkar um 3 m.kr. til að standa undir kostnaði við breytingar á kennsluaðstöðu verklegrar kennslu.

551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Kennsla hækkar um 4 m.kr.

561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands: Framlag til viðfangsefnisins 1.02 Annað en kennsla hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til kaupa á tæknibúnaði til margmiðlunar.

580 Samvinnuskólinn: Fjárlagaliðurinn fellur brott en fjárveiting til skólans flyst á fjárlagalið 02-225 Samvinnuháskólinn.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Fjárveiting hækkar um 100 m.kr. og verður 1.600 m.kr. vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um sjóðinn.

884 Jöfnun á námskostnaði: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 10 m.kr. og verður 106,5 m.kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 2 m.kr. og er ætlað til skráningar fornminja. Tekinn er inn nýr liður, 6.01 Tæki og búnaður. Framlag er 3 m.kr. til að ljúka endurnýjun á tölvubúnaði sem hófst í ár.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Framlag til viðfangsefnisins 1.11 Héraðsskjalasöfn hækkar um 1 m.kr. og verður 5 m.kr.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Viðfangsefnið 6.05 Bókakaup o.fl. fær nýtt heiti, 6.05 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur. Framlag lækkar um 19,5 m.kr. og verður 23,5 m.kr. Fjárveitingin er flutt til nýs Ritakaupasjóðs á fjárlagalið Háskóla Íslands.

973 Þjóðleikhús: Rekstrarframlag hækkar um 7 m.kr. til að standa undir greiðslu uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna leikhússins.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Rekstrarframlag hækkar um 7 m.kr. vegna endurskoðunar á útreikningsreglum um fjármögnun hljómsveitarinnar, greiðslu uppbóta á lífeyri, tekna af skemmtanaskatti og umsvifa í rekstri.

981 Kvikmyndasjóður: Framlag til sjóðsins hækkar um 25 m.kr. og verður 119,8 m.kr. og er hluti hækkunarinnar ætluð til uppgjörs á skuld.

983 Ýmis fræðistörf: Tekinn er inn nýr liður, 1.13 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar. Fjárveiting er 2,5 m.kr. og rennur til útgáfu á Íslendingasögum og Íslendingaþáttum á ensku. Þar er um að ræða lokagreiðslu til útgáfunnar.

988 Æskulýðsmál: Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.12 Ungmennafélag Íslands hækkar um 4 m.kr. og verður 14 m.kr. Hækkun skiptist þannig að 3 m.kr. eru ætlaðar til rekstrar félagsins en 1 m.kr. til endurbóta á húsnæði samtakanna.

989 Ýmis íþróttamál: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 13,5 m.kr. Viðfangsefnið 1.10 Íþróttasamband Íslands hækkar um 4 m.kr. og verður 28 m.kr. Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.11 Ólympíunefnd Íslands hækkar um 1,5 m.kr. vegna kostn-

aðar við Ólympíuleikana í Atlanta. Tekinn er inn nýr liður, 1.26 Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur, og er framlag 8 m.kr.

999 Ýmislegt: Tekinn er inn nýr liður, 1.11 Forvarnarstarf í skólum. Framlagið sem er 5 m.kr. er ætlað til að standa undir kostnaði við sérstakt sérfræðingateymi en hlutverk þess verður m.a. að skipuleggja forvarnastarf í skólum gegn áfengis- og fíkniefnanotkun ungmenna.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Framlag til fjárlagaliðarins hækkar um alls 15 m.kr. og verður 389,6 m.kr. Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 9,5 m.kr. Annars vegar er hækkun um 3,5 m.kr. sem ætlað er til að standa undir kostnaði ráðuneytisins við þátttöku fulltrúa Íslands í fundum og starfi efnahags- og félagsráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Hins vegar hækkar framlag um 6 m.kr. til að mæta auknum kostnaði vegna launa, ferða og bættrar starfsaðstöðu starfsmanns til að hafa með höndum samningagerð og viðræður um úthafsveiðar. Viðfangsefnið 1.53 Þýðingamiðstöð hækkar um 5,5 m.kr. og verður 18,3 m.kr. Hækkun á að standa undir kostnaði á þýðingum á reglum ESB er tengjast innflutningi og afnámi heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum á landamærum EFTA og ESB.

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi. Fjárveiting að fjárhæð 2,5 m.kr. er ætluð til að kosta þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í nefndarstarfi í tengslum við Fríverslunarsamtök Evrópu og samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Á móti lækkar fjárlagaliður 07-981-1.90 Vinnumál, ýmislegt um sömu fjárhæð.

04 Landbúnaðarráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.31 Skógræktarfélag Íslands hækkar um 0,5 m.kr. og verður 3,5 m.kr.

851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar: Liðurinn breytir um heiti en hét áður Greiðslur vegna riðuveiki.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla, og er framlag 4 m.kr. Stefnt er að því að gerður verði samningur við Fiskifélagið um að það annist sjóvinnukennslu í grunnskólum.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

290 Dómsmál, ýmis kostnaður: Framlag til viðfangsefnisins 1.15 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana hækkar um 1 m.kr. og verður 4,3 m.kr. vegna hækkunar á taxta lögfræðinga.

291 Húsnæði og búnaður dómstóla: Viðfangsefnið 6.01 Húsnæði Hæstaréttar hækkar um 35 m.kr. og verður 45 m.kr.

321 Almannavarnir ríkisins: Rekstrarframlag hækkar um 2,7 m.kr. vegna sameiginlegrar björgunaræfingar NATO á árinu 1997.

331 Umferðarráð: Tekinn er inn nýr liður, 1.11 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn. Framlag er 3 m.kr. en gert er ráð fyrir að unglingum verði gefinn kostur á kennslu í ökuhermi sem valgrein í efstu bekkjum grunnskóla.

341 Áfengis- og fíkniefnamál: Tekinn er inn nýr liður, 1.25 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála. Fjárveiting er 35 m.kr. en gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlun um nýtingu fjárveitingarinnar liggi fyrir í lok febrúar 1997.

397 Schengen samstarf: Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.01 Almennur rekstur lækkar um 6 m.kr. og verður 14 m.kr. þar sem framlag til reksturs skrifstofu Schengen og kostnaður við þýðingar verður lægri en áætlað var við gerð frumvarps til fjárlaga.

501 Fangelsismálastofnun ríkisins: Almennur rekstur hækkar um 7,5 m.kr. en á móti hækka sértekjur um sömu fjárhæð þannig að heildaráhrifin eru engin. Breytingin er gerð vegna mistaka við vinnslu frumvarps til fjárlaga.

07 Félagsmálaráðuneyti

400 Málefni barna og ungmenna: Viðfangsefnið 1.20 Heimili fyrir börn og unglinga hækkar um 3 m.kr. en á móti lækkar fjárlagaliður 07-950 Rekstrarhagræðing um sömu fjárhæð. Um er að ræða verðlagshækkun á framlagi til einkarekinna heimila.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík: Framlag til viðfangsefnisins 1.20 Sambýli hækkar um 5 m.kr. og verður 190,3 m.kr. Um er að ræða framlag til að hefja rekstur þriggja heimila fyrir fatlaða í lok ársins.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Framlag til viðfangsefnisins 1.10 Almennur rekstur hækkar um 35 m.kr. og verður 2.415 m.kr. Framlagið er hið þriðja af fjórum í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast.

950 Rekstrarhagræðing: Framlag lækkar um 3 m.kr. sem millifært er á fjárlagalið 07-400 Málefni barna og ungmenna.

981 Vinnumál: Viðfangsefnið 1.90 Ýmislegt lækkar um 2,5 m.kr. en á móti er tekinn inn nýr liður, 03-190-1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi, og er framlag þess liðar 2,5 m.kr.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.31 Félagasamtök, styrkir hækkar um 3 m.kr. en á móti fellur brott viðfangsefnið 08-399-1.67 Sjálfsbjörg í Reykjavík.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð: Fjárveiting að fjárhæð 6 m.kr. flyst yfir á fjárlagalið 206 Sjúkratryggingar vegna nýrra ákvæða almannatryggingalaga um styrk til kaupa á næringarefni og sérfæði.

206 Sjúkratryggingar: Viðfangsefnið 1.10 Almennur rekstur lækkar alls um 970 m.kr. og er breytingin þríþætt. Í fyrsta lagi hækkar framlag um 19 m.kr. vegna nýrra ákvæða almannatryggingalaga um styrk til kaupa á næringarefni og sérfæðis. Þar af eru 6 m.kr. millifærðar frá fjárlagalið 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Í öðru lagi lækkar framlag um 19 m.kr. og er þar um að ræða millifærslu til rannsóknastöðvar Hjartaverndar á fjárlagalið 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Að lokum lækkar framlag um 970 m.kr. og flyst fjárhæðin á nýjan fjárlagalið 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Millifærslan er vegna áforma um sparnað í rannsóknum.

207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa: Þetta er nýr fjárlagaliður og er framlag sem er 970 m.kr. millifært af fjárlagalið 206 Sjúkratryggingar. Millifærslan er vegna áforma um sparnað í rannsóknum. Fyrirhugað er að heilbrigðisráðuneyti ráðstafi þessum fjármunum í byrjun næsta árs á grundvelli reynslutalna fyrir árið 1996.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið 1.35 Hjartavernd, rannsóknarstöð fær nýtt heiti en var áður 1.25 Hjartavernd, Monica-rannsóknir. Framlag hækkar um 29,5 m.kr. og er um millifærslur að ræða. Annars vegar lækkar framlag til fjárlagaliðarins 206 Sjúkratryggingar um 19 m.kr. og hins vegar fellur viðfangsefnið 1.37 Hjartavernd brott en fjárveiting til þess viðfangsefnis er 10,5 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga. Breytingarnar eru í samræmi við drög að samningi milli Hjartaverndar annars vegar og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar um kaup á þjónustu af rannsóknarstöð Hjartaverndar. Fjárveiting til viðfangsefnisins 1.59 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili hækkar um 2 m.kr. og verða 16,4 m.kr. Viðfangsefnið 1.67 Sjálfsbjörg í Reykjavík fellur brott en fjárveiting að fjárhæð 3 m.kr. flyst á viðfangsefnið 07-999-1.31 Félagasamtök, styrkir.

408 Sunnuhlíð, Kópavogi: Almennur rekstur lækkar um 8,8 m.kr. en á móti lækka sértekjur um sömu fjárhæð þannig að heildarbreytingin er engin. Breyting er vegna breytinga á rekstrarfyrirkomulagi eldhúss stofnunarinnar.

420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið: Framlag hækkar um 3 m.kr. vegna rannsókna á alnæmi, lifrarbólgu o.fl.

510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík: Heildarframlag til fjárlagaliðarins lækkar um 4,1 m.kr., annars vegar vegna 0,9 m.kr. hækkunar almennra rekstrargjalda og hins vegar um 5 m.kr. vegna hækkunar sértekna. Á móti hækkar framlag til heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla, Reykjavík um sömu fjárhæð. Breytingarnar eru vegna endurnýjunar á samningi við Heimilislæknastöðina hf.

515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík: Heildarframlag hækkar um 4,1 m.kr. Framlag til almenns rekstrar hækkar um 8,4 m.kr. en á móti hækka sértekjur um 4,3 m.kr. Breytingarnar eru vegna endurnýjunar á samningi við Heimilislæknastöðina hf.

524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík: Sértekjur lækka um 2,3 m.kr. vegna ofáætlunar tekna af sjúkraflutningum.

526 Heilsugæslustöðin Búðardal: Sértekjur lækka um 1,3 m.kr. vegna ofáætlunar tekna af sjúkraflutningum.

553 Heilsugæslustöðin Akureyri: Rekstrarframlag hækkar um 2 m.kr. vegna lokaáfanga þróunarverkefnis um aukna fjölskylduvernd og bætt samskipti.

573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum: Sértekjur lækkar um 1,5 m.kr. vegna ofáætlunar sértekna.

581 Heilsugæslustöð Suðurnesja: Heildarframlag hækkar um 6 m.kr. Launagjöld viðfangsefnisins 1.01 Almennur rekstur hækka um 2 m.kr. vegna nýrrar stöðu heilsugæslulæknis. Að auki lækka sértekjur um 4 m.kr. vegna ofáætlunar.

09 Fjármálaráðuneyti

103 Ríkisbókhald: Rekstrarframlag hækkar um 10 m.kr. vegna aukins kostnaðar er tengist nýrri framsetningu á ríkisreikningi.

201 Ríkisskattstjóri: Heildarframlag hækkar um 23 m.kr. og verður 337 m.kr. Viðfangsefnið 1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa lækkar um 10 m.kr. en á móti er tekinn inn nýr liður, 1.20 Skatteftirlit. Framlag er 33 m.kr. en breytingarnar eru liður í endurskoðun á fyrirkomulagi skatteftirlits.

202 Skattstofan í Reykjavík: Rekstrarframlag lækkar um 3 m.kr. en áætlað er að fyrirhuguð skönnun á skattframtölum hafi í för með sér hagræðingu í rekstri.

203 Skattstofa Vesturlands: Almennur rekstur lækkar alls um 1,9 m.kr. og er fjárhæðin tvískipt. Annars vegar lækkar framlag um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og hins vegar lækkar framlag um 0,4 m.kr. vegna hagræðingar sem fyrirhuguð skönnun á skattframtölum hefur í för með sér.

204 Skattstofa Vestfjarða: Rekstrarfjárveiting lækkar um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og um 0,4 m.kr. vegna skönnunar á skattframtölum. Alls lækkar því framlag um 1,9 m.kr.

205 Skattstofa Norðurlands vestra: Rekstrarframlag lækkar um 0,7 m.kr. en áætlað er að fyrirhuguð skönnun á skattframtölum hafi í för með sér hagræðingu í rekstri.

206 Skattstofa Norðurlands eystra: Almennur rekstur lækkar alls um 7,5 m.kr. og er fjárhæðin tvískipt. Annars vegar lækkar framlag um 6 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og hins vegar lækkar framlag um 1,5 m.kr. vegna hagræðingar sem fyrirhuguð skönnun á skattframtölum hefur í för með sér.

207 Skattstofa Austurlands: Rekstrarfjárveiting lækkar um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og um 0,4 m.kr. vegna skönnunar á skattframtölum. Alls lækkar því framlag um 1,9 m.kr.

208 Skattstofa Suðurlands: Framlag lækkar um 1 m.kr. vegna fyrirhugaðrar skönnunar á skattframtölum.

209 Skattstofa Vestmannaeyja: Rekstrarframlag lækkar um 0,3 m.kr. vegna skönnunar á skattframtölum.

211 Skattstofa Reykjaness: Rekstrarframlag til skattstofunar á Reykjanesi hækkar um 4,3 m.kr. þannig að fjárveiting verði sambærileg við aðrar skattstofur miðað við íbúafjölda. Á móti lækkar framlag um 2 m.kr. vegna fyrirhugaðrar skönnunar á skattframtölum og hækkar því framlag alls um 2,3 m.kr.

212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld: Framlag hækkar alls um 17,9 m.kr. Í fyrsta lagi fellur viðfangsefnið 1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld brott og við það lækkar framlag um 46,6 m.kr. Í öðru lagi er tekinn er inn nýr liður, 1.15 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli, og er fjárveiting 25 m.kr. Hluti er ætlaður til að efla eftirlit á Keflavíkurflugvelli en ráðgert er að framkvæmdaáætlun og tillögur um skiptingu fjárveitingarinnar liggi fyrir í lok febrúar 1997. Í þriðja lagi er tekinn inn nýr liður, 1.30 Þungaskattur, og er fjárveiting 15 m.kr. Í fjórða lagi er fjárveiting á nýjum lið, 1.40 Fjármagnstekjuskattur, 27,5 m.kr. Að lokum lækkar framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður um 3 m.kr. og verður 13 m.kr.

999 Ýmislegt: Tekinn er inn nýr liður, 1.21 Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Framlag er 12 m.kr. einskiptisgreiðsla og er ætlað til að standa undir kostnaði vegna nýrrar framsetningar á fjárlögum og ríkisreikningi. Viðfangsefnið 1.41 Útboðs- og einkavæðingarverkefni fellur brott og flyst fjárveiting að fjárhæð 15 m.kr. á nýtt viðfangsefni hjá forsætisráðuneyti.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Heildarframlag til fjárlagaliðarins hækkar um 25,4 m.kr. og verður 177,4 m.kr. Viðfangsefnið 1.23 Slysavarnaskóli sjómanna hækkar um 1,7 m.kr. og verður 33,6 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 1.24 Tilkynningarskylda íslenskra skipa hækkar um 1 m.kr. og verður 19,8 m.kr. Viðfangsefnið 1.27 Slysavarnafélag Íslands hækkar um 2,6 m.kr., m.a. vegna tjóns við björgunarstörf við Hornafjörð. Tekinn er inn nýr liður, 1.29 Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum. Framlag er 5 m.kr. til að styrkja uppbyggingu björgunarskólans og umsýslu

staðarins. Framlag til Landsbjargar á viðfangsefninu 1.31 Landsbjörg hækkar um 5,1 m.kr. Þar af eru 2,5 m.kr. vegna björgunarbátsins Þórs og er það lokagreiðsla. Framlag til nýs viðfangsefnis, 1.42 Ferðamál og markaðsstarf, er 10 m.kr. og er ætlað til ferðamála á landsbyggðinni og til að styrkja markaðsaðgerðir.

211 Vegagerðin: Framlag til viðfangsefnisins 6.10 Nýframkvæmdir hækkar um 100 m.kr. Um er að ræða lán úr ríkissjóði til að flýta viðgerðum á vegamannvirkjum sem urðu fyrir skemmdum af völdum náttúruhamfara á Skeiðarársandi. Lánið verður endurgreitt af vegafé á árinu 1999.

651 Ferðamálaráð: Viðfangsefnið 1.21 Fjölsóttir ferðamannastaðir hækkar um 9 m.kr. og verður 14,1 m.kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

299 Iðja og iðnaður, framlög: Viðfangsefnið 1.19 Staðlaráð hækkar um 15 m.kr. og verður 18,8 m.kr. til samræmis við ákvörðun um að 0,007% af tryggingagjaldsstofni renni til Staðlaráðs Íslands til að kosta þróun staðla.

301 Orkustofnun: Vegna skipulagsbreytinga hjá stofnuninni eru gerðar nokkrar innbyrðis breytingar milli viðfangsefna fjárlagaliðarins en heildarfjárveiting breytist ekki. Eftirfarandi viðfangsefni breytast: Viðfangsefnið 1.01 Stjórnsýslusvið fær nýtt heiti, 1.01 Yfirstjórn, og framlag er 8,8 m.kr. Viðfangsefnið 1.02 Rannsóknarsvið fær nýtt heiti, 1.02 Orkumálasvið, og framlag er 66,5 m.kr. Teknir eru inn tveir nýir liðir. Annars vegar 1.03 Orkurannsóknir með 95,5 m.kr. fjárveitingu og hins vegar 1.04 Sala rannsókna en þar er framlag 169,2 m.kr. Að lokum fellur brott viðfangsefnið 1.09 Annað, óskipt.

399 Ýmis orkumál: Viðfangsefnið 1.16 Styrking dreifikerfis í sveitum hækkar um 10 m.kr. og verður 110 m.kr. til samræmis við samkomulag sem gert var við RARIK um ráðstöfun arðgreiðslna fyrirtækisins.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Framlag til viðfangsefnisins 1.23 Ýmis umhverfisverkefni hækkar um 1 m.kr.

410 Veðurstofa Íslands: Framlag til viðfangsefnisins 1.01 Almenn starfsemi hækkar um 1,5 m.kr. til að mæta kostnaði við sólarhringsvakt vegna veðurathugana á Egilsstaðaflugvelli.

Alþingi, 12. des. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (01 Forsætisráðuneyti, 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 1996. Á fund nefndarinnar kom frá forsætisráðuneyti Guðmundur Árnason skrifstofustjóri og frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti þau Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri, Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri, Þórhallur Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, Dagný Leifsdóttir deildarstjóri og Sólmundur Már Jónsson. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Stefán Hirst frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og Ágúst Þór Árnason frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlag til forsætisráðuneytis hækki um 2% milli ára. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður ráðuneytisins hækki um 23%, aðallega vegna fasteigna sem eru í umsjá ráðuneytisins og greiðslu biðlauna til starfsmanna Húsameistara ríkisins. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds lækkar um 11% þar sem framlag til Byggðastofnunar lækkar. Áætluð rekstrarútgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækka nokkuð á árinu. Tæplega helming þeirrar hækkunar má rekja til hækkunar launagjalda vegna kjarasamninga, en helstu hækkanir aðrar til aukins kostnaðar samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þá aukast útgjöld vegna Schengen-samstarfs, nýrra lögreglulaga og opinberrar réttaraðstoðar. Auk þess hækka aðrir smærri liðir nokkuð. Framlag vegna kosninga fellur niður og einnig er gert ráð fyrir við lokun Síðumúlafangelsisins að á næsta ári falli niður eingreiðslur til Fangelsismálastofnunar, auk þess sem gerð er 1% hagræðingarkrafa til stofnana dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Fjárveiting til viðhalds- og stofnkostnaðar lækkar þó nokkuð og má rekja það að mestu til þess að lokið er byggingu dómhúss Hæstaréttar, þó hækkar framlag til kaupa á húsnæði fyrir héraðsdómstól Suðurlands.

Nefndin kannaði sérstaklega nokkur atriði frumvarpsins og óskaði eftir upplýsingum um þau frá viðkomandi aðilum. Óskað var upplýsinga um kostnað við flutning skrifstofu forsetaembættisins og viðgerðir á húsnæði Alþingis við Kirkjustræti. Í svörum til nefndarinnar kom fram að kostnaður við flutning skrifstofu forseta Íslands er 36,8 millj. kr. en áætlaður heildarkostnaður við viðgerðir á húsnæði Alþingis í Kirkjustræti er 122,4 millj. kr. Einnig var óskað eftir upplýsingum um kostnað af útboðs- og einkavæðingarmálum á árinu 1996 og kom fram í svari ráðuneytisins að áætlaður kostnaður af starfi Framkvæmdanefndar um einkavæðingu á árinu 1996 væri 9 millj. kr.

Í nefndinni komu einnig fram spurningar um hvort fyrirhuguð væri hækkun dómsmálagjalda og fleiri gjalda skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Gjöld samkvæmt lögunum hafa ekki hækkað síðan lögin voru sett og tjáðu fulltrúar ráðuneytisins nefndinni að hugmyndir væru uppi um að færa fjárhæðir til samræmis við breytingar verðlags um næstu áramót, en verðlagsbreytingar munu nema 12,5%. Gjöldum þessum verður ekki breytt nema með lagasetningu sem undirbúin yrði af fjármálaráðuneyti og samhliða yrði væntanlega lagt fram yfirlit yfir hver áhrif hækkun gjaldanna hefði á tekjur ríkissjóðs. Þá fjallaði nefndin um fjárveitingar til lögreglumála í ljósi endurskipulagn-

ingar æðstu stjórnar lögreglunnar og annarra breytinga innan hennar. Skipuð hefur verið nefnd sem ætlað er að undirbúa gildistöku lögreglulaganna og fjallar hún m.a. um flutning verkefna frá Rannsóknarlögreglu ríkisins til annarra embætta. Stefnt er að því að nefnd þessi ljúki störfum fyrir afgreiðslu fjárlaga og munu tillögur hennar verða lagðar fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Leggur allsherjarnefnd áherslu á að við flutninginn verði sérstaklega tekið tillit til þeirrar starfsemi lögreglu er lýtur að rannsóknum og fíkniefnamálum, sem og almennt að forvörnum gegn ávana- og fíkniefnum. Í því sambandi ítrekar allsherjarnefnd það sem kom fram í áliti nefndarinnar um frumvarp til laga um lögreglumál, en þar segir: „Þá leggur nefndin til að farið verði rækilega yfir þær forsendur sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu og lagðar hafa verið til grundvallar flutningi starfsmanna og fjárheimilda til embætta ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans í Reykjavík þannig að tryggt sé að hægt verði að sinna með fullnægjandi hætti rannsóknum þeirra mála sem flytjast munu til embættis lögreglustjórans í Reykjavík."

Þá mælist nefndin til þess að leitað verði leiða til að koma til móts við aukinn rekstrarkostnað Mannréttindaskrifstofu Íslands vegna aukinna umsvifa skrifstofunnar.

Loks var það upplýst í nefndinni að fyrir fjárlaganefnd liggur beiðni forsætisnefndar vegna fjárveitinga til embættis umboðsmanns Alþingis. Tekur nefndin undir beiðni um að fjárveitingar til embættisins verði auknar.

Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara, m.a. vegna þeirrar hækkunar dómsmálagjalda sem boðuð er í fjárlagafrumvarpinu. Vilja þau vara við hækkunum á gjöldunum, ekki síst þeim sem bitna á fórnarlömbum gjaldþrota og nauðasamninga.

Hjálmar Jónsson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Árni R. Árnason og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 1996.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform.
Kristján Pálsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.
Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal II.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Sturlaug Tómasson og Sigríði Lillý Baldursdóttur frá félagsmálaráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund Sigurður E. Guðmundsson, Grétar Guðmundsson og Hilmar Þórisson frá Húsnæðisstofnun ríkisins, Margrét Tómasdóttir frá Atvinnuleysistryggingasjóði, Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Guðmundur Gunnarsson frá Rafiðnaðarsambandinu, Hannes Sigurðsson og Bolli Árnason frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Bragi Guðbrandsson frá Barnaverndarstofu og Friðrik Sigurðsson og Guðmundur Ragnarsson frá Landssamtökunum Þroskahjálp.

Heildarframlög til Byggingarsjóðs verkamanna voru á fjárlögum þessa árs 400 millj. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlagafrumvarpinu er 300 millj. kr. Ástæðan er sú að útlánum til kaupa á húsnæði fækkar úr 250 í 180. Í máli fulltrúa Húsnæðisstofnunar ríkisins kom fram að dregið hafi úr nýbyggingum og eftirspurn eftir félagslegu húsnæði hafi minnkað og að helsta áhyggjuefni stofnunarinnar væri veik eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna.

Varðandi breytingar sem tengjast starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumálum kvenna skal tekið fram að þær ættu ekki að hafa áhrif á áframhaldandi viðgang starfsmenntunar og framlög til atvinnumála kvenna. Í þessu sambandi má vekja athygli á að miðað er við að árlega skuli verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í sérstakan sjóð til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu. Starfsmenntaráð fer með stjórn sjóðsins.

Á þessu ári greiðir Framkvæmdasjóður fatlaðra rekstrarverkefni að fjárhæð 140 millj. kr. Á árinu 1997 mun einvörðungu heimilt að greiða tvö rekstrarverkefni úr sjóðnum, þ.e. kostnað vegna stjórnarnefndar málefna fatlaðra og styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar. Samtals er varið til þessara tveggja verkefna 13 millj. kr. í ár. Rekstrarverkefnum að fjárhæð 130 millj. kr. verður því létt af sjóðnum á næsta ári en fjármagn til þeirra fæst hins vegar í fjárlögum 1997. Í ár fær Framkvæmdasjóður fatlaðra 257 millj. kr. af erfðafjárskatti. Í 9. gr. frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, 119. máls, er gert ráð fyrir að þetta framlag verði 165 millj. kr. Þessa lækkun á framlagi til sjóðsins verður að skoða með hliðsjón af því að rekstrarverkefnum að fjárhæð tæpar 130 millj. kr. verður létt af sjóðnum. Breytingin felur í sér að rekstraraðilar heimila og stofnana fyrir fatlaða fá nákvæma vitneskju um hvað þeir hafa til ráðstöfunar í ársbyrjun en þurfa ekki að bíða fram í febrúar eða mars eftir upplýsingum um hver hin endanlega rekstrarfjárveiting er. Þá er rétt að benda á að á síðustu árum hafa mál þróast með þeim hætti að stjórnarnefnd málefna fatlaðra hefur tekið að sér að ákvarða háar rekstrarfjárveitingar án þess að fjárveitingavaldið hafi komið þar nærri.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 1996.

Siv Friðleifsdóttir, varaform.
Einar K. Guðfinnsson.
Magnús Stefánsson.
Pétur H. Blöndal.
Kristján Pálsson.

Fylgiskjal III.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði frumvarpsins:

1. **Málefni fatlaðra.** Samkvæmt lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, eiga tekjur erfðafjársjóðs að renna beint til málefna fatlaðra og hefur það fé farið til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Minni hlutinn telur það ekki góða þróun að taka fé úr Framkvæmdasjóði til reksturs þótt fallist sé á að brýnt var að fjármagna þau nýju verkefni sem sjóðurinn tók að sér. Það er því óviðunandi að þegar rekstrarverkefnum er létt af sjóðnum skuli erfðafjárskatturinn ekki renna til uppbyggingar fyrir fatlaða. Á undanförnum árum hefur gætt þeirrar tilhneigingar að taka sífellt meira fé í rekstur í stað framkvæmda og varar minni hlutinn við þeirri þróun. Þá á í annað sinn að klípa af erfðafjárskatti og taka stóran hluta hans beint í ríkissjóð. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 er erfðafjárskattur áætlaður 420 millj. kr. Þrátt fyrir mikla þörf, m.a. fyrir sambýli, munu aðeins 165 millj. kr. renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra þannig að 255 millj. kr. renna í ríkissjóð. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að svona skuli staðið að verki, enda miklu nær að endurskoða lög og skilgreina þarfir og fjármögnun upp á nýtt en að taka eyrnamerkt fé til annarra nota og beita til þess „þrátt-fyrir"-ákvæði.
2. **Byggingarsjóður verkamanna.** Fulltrúar Húsnæðisstofnunar ríkisins hafa á undanförnum árum vakið athygli á sífellt versnandi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna. Þrátt fyrir það er framlag ríkisins til sjóðsins skorið niður ár eftir ár og verður 300 millj. kr. á næsta ári (var 918 millj. kr. 1994)! Í úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Húsnæðisstofnunar (október 1996) segir: „Sýnt þykir að fjárhagsstaða Byggingarsjóðs verkamanna, sem fer með félagslega hluta húsnæðiskerfisins, stefni í óvissu" (bls. 29), og síðar segir: „Alvarleg staða blasir hins vegar við Byggingarsjóði verkamanna, en útreikningar benda til þess að sjóðinn vanti um 4–5 milljarða

kr. til að standa undir skuldbindingum, sé miðað við núvirtar eignir og skuldir um síðustu áramót. Útreikningar benda jafnframt til þess að eigið fé sjóðsins verði upp urið skömmu eftir næstu aldamót miðað við að útlánum sjóðsins yrði hætt. Ljóst er að þær aðgerðir sem gripið var til á árunum 1992 og 1993 og miðuðu að því að tryggja fjárhagsgrundvöll Byggingasjóðs verkamanna hafa brugðist“ (bls. 30). Því er augljóst að mjög brýnt er að taka á málefnum sjóðsins, ella stefnir í mikinn vanda.

3. **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 og frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir sama ár er ætlunin að flytja tvö verkefni sem verið hafa á vegum félagsmálaráðuneytisins yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér er um að ræða *starfsmenntun í atvinnulífinu* og *atvinnumál kvenna*, samtals 67 millj. kr. Minni hlutinn mótmælir harðlega þessum tilflutningi sem felur í sér að nú á atvinnulífið að standa undir þessum verkefnum í stað þess að ríkisvaldið veiti styrki til menntunar og nýsköpunar. Að dómi minni hlutans er verið að blanda saman alls óskyldum málum. Styrkir Atvinnuleysistryggingasjóðs til verkefna fyrir atvinnulausa og átaksverkefni sveitarfélaga eru allt annað mál en almenn starfsmenntun, endurmenntun og símenntun í atvinnulífinu fyrir vinnandi fólk. Slík menntun á eftir að stóraukast á komandi árum, óháð atvinnuleysi, og mun kalla á stefnumótun og aukin fjárframlög. Því er algjör firra að flytja verkefni til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hún hefur engar forsendur til að sinna, enda ekki skipuð út frá þörf fyrir sérhæfða menntun. Minni hlutinn hvetur fjárlaganefnd til að kynna sér þetta mál sérstaklega og bendir á að bæði Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið leggjast gegn þessari breytingu.

   Sama gildir um atvinnumál kvenna. Staðan á vinnumarkaði og þróun hans sýna að mikil þörf er fyrir sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Í fjölmörgum ríkjum, t.d. Bandaríkjunum, hefur verið komið á fót sérstökum sjóðum fyrir konur sem ýmist veita lán eða styrki til nýsköpunar og stofnunar nýrra fyrirtækja. Sú þróun tengist ekki atvinnuleysi, enda þörf á alveg sérstökum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi kvenna sem er mest meðal ófaglærðra. Minni hlutinn telur það mikla afturför og misskilning á hlutverki þess sjóðs sem styrkt hefur atvinnumál kvenna ef hann verður settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð, sem lögum samkvæmt gegnir allt öðru hlutverki og hefur ekki yfirsýn yfir nýsköpun í atvinnulífi. Hér er einfaldlega um að ræða verkefni sem krefst sérþekkingar og rannsókna á íslenskum vinnumarkaði sem verulega skortir á.

4. **Sambýli fyrir geðfatlaða.** Í frumvarpi til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár kemur fram að undanfarin fjögur ár hefur verið veitt 20 millj. kr. framlag til byggingar sambýla fyrir geðfatlaða og var þar um fimm ára átak að ræða (sjá bls. 323 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996), sbr. 39. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Ein 20 millj. kr. greiðsla er eftir og nú spyr minni hlutinn: Hvað er orðið um hana? Hvergi er stafkrók að finna um sambýli geðfatlaðra í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997. Af hverju stendur ríkisvaldið ekki við fyrri ákvarðanir?

5. **Jafnréttismál.** Framlög til jafnréttismála eru óbreytt milli ára þótt ljóst megi vera að mjög þarf að efla þann málaflokk. Skýrsla félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem lögð var fram á 120. löggjafarþingi leiddi í ljós að flest ráðuneytin hafa staðið sig illa og þurfa heldur betur að taka sig á. Stofnanir þurfa að gera jafnréttisáætlanir og taka þarf á launamálum kvenna, svo dæmi séu nefnd. Þá hefur komið í ljós að Íslendingar hafa ekki staðið við sáttmálann um afnám allrar mismununar gegn konum sem íslensk stjórnvöld staðfestu árið

1985 og að fylgja þarf eftir þeim samþykktum sem gerðar voru á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Við þurfum því að taka okkur tak í jafnréttismálum og það kostar peninga. Því leggur minni hlutinn til að fjárframlög til skrifstofu jafnréttismála verði aukin þannig að hún geti eflt starf sitt. Þá leggur minni hlutinn áherslu á að starf sjálfstæðra félagasamtaka á sviði kvennabaráttu og jafnréttismála verði styrkt, t.d. Kvenréttindafélag Íslands sem verður 90 ára á næsta ári, svo og önnur samtök sem starfa á þessu sviði. Minni hlutinn skorar því á fjárlaganefnd að veita umsóknum samtaka sem vinna að málefnum kvenna brautargengi. Oft var þörf, en nú er nauðsyn.

Alþingi, 21. nóv. 1996.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.
Rannveig Guðmundsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal IV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Þóri Haraldsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og skýrði hann þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Einnig komu til fundar frá heilbrigðisráðuneyti Einar Magnússon og Eggert Sigfússon. Þá komu til fundar Ingólfur Þórisson og Vigdís Magnúsdóttir frá Ríkisspítölum, Kristín Á. Ólafsdóttir, Jóhannes Pálmason og Magnús Skúlason frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Björn Ástmundsson og Björn Gunnarsson frá Landssambandi sjúkrahúsa.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í máli framangreindra aðila:

Varðandi sjúkrastofnanir á höfuðborgarsvæðinu kom fram hjá fulltrúa ráðuneytisins að í fjárlagafrumvarpinu væri gert ráð fyrir sama fjárframlagi til þeirra stofnana og í ár sem að óbreyttu þýðir að jafnhliða er gert ráð fyrir hagræðingu og sparnaði sem nemur a.m.k. 400 millj. kr.

Hjá fulltrúum Ríkisspítalanna kom fram að uppsafnaður vandi frá árunum 1995–96 næmi um næstu áramót um 260 millj. kr. Þeir telja að það þurfi að hagræða um 300 millj. kr. til viðbótar ef engar aðrar ráðstafanir verði gerðar fyrir árið 1997. Fram kom í máli fulltrúanna að biðlistar hafi lengst.

Fulltrúar Sjúkrahúss Reykjavíkur töldu að um 200 millj. kr. vantaði í rekstur á næsta ári þrátt fyrir sparnaðaraðgerðir og bentu á að uppsafnaður vandi áranna 1995–96 væri einnig til staðar.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 160 millj. kr. sparnaði á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Fulltrúar Landssambands sjúkrahúsa bentu á að ef þetta fæli í sér flata skerðingu þýddi það 10–11% skerðingu að meðaltali á stofnun.

Þá er þess að geta að nefndin heimsótti Vog í tengslum við athugun sína á fjárlagafrumvarpinu. Þar hafa frá árinu 1992 verið framkvæmdar skimanir á blóðsýnum til þess að leita að hugsanlegum smitberum lifrarbólgu. Þessar skimanir hafa farið fram í samráði við sérfræðinga á Landspítalanum. Ástæða þykir til að benda á að Vogur er eini staðurinn á landinu þar sem unnt er ná til smitbera veirunnar með svo skipulegum hætti en menn telja sig nú þegar hafa náð til á þriðja hundrað smitbera. Forsvarsmenn SÁÁ höfðu hins vegar áhyggjur af því að nú vantaði um 6,5 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við þessar og aðrar nauðsynlegar skimanir en hingað til hefur kostnaðurinn við þessar skimunarrannsóknir að mestu fallið á Rannsóknastofu Háskólans í sýklafræði. Frá 1. janúar 1997 mun Rannsóknastofan hins vegar senda reikninga fyrir þessar rannsóknir. Heilbrigðis- og tryggingaefnd telur ástæðu til að fjárlaganefnd skoði vandlega hvort unnt sé að koma til móts við SÁÁ í þessu efni.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Sólveig Pétursdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 1996.

Össur Skarphéðinsson, form.
Siv Friðleifsdóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.
Guðni Ágústsson.
Ásta B. Þorsteinsdóttir.
Ingibjörg Sigmundsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa Alþingis og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 1996. Nefndin fékk á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóra iðnaðarráðuneytis, Kristmund Halldórsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneyti, Þorkel Helgason orkumálastjóra, Hákon Ólafsson, forstjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Kristján Jónsson, forstjóra Rariks, og Eiríks Briem, fjármálastjóra Rariks. Þá fór nefndin í vettvangsferð í Iðntæknistofnun.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem varð um málið vill nefndin vekja sérstaka athygli fjárlaganefndar á málefnum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnunar.

Fjárveiting til stofnananna er lækkuð og þeim gert að ná fram hagræðingu með aukinni samvinnu sín á milli. Á undanförnum árum hefur stærri hluta þjóðarframleiðslunnar verið varið til rannsóknar- og þróunarverkefna. Sem dæmi má nefna að 1983 nam hlutur þessara verkefna 0,7% þjóðarframleiðslu en hann var 1,4% árið 1993. Hafa fyrirtæki mjög sótt í sig veðrið á þessum vettvangi en á sama tíma hefur hlutur rannsóknastofnana hins opinbera (án menntastofnana) í rannsóknar- og þróunarverkefnum lækkað úr 70% í 40% af heildarverkefnum. Því er ljóst að samdráttur hefur orðið á því fjármagni sem veitt er á fjárlögum til hagnýtra rannsókna fyrir atvinnuvegina. Sé litið til skiptingar heildarfjármagns til rannsókna eftir greinum atvinnulífsins kemur í ljós að framlag sem hlutfall af landsframleiðslu er lægst innan byggingariðnaðar og almenns framleiðsluiðnaðar. Þannig var fyrir hverjar 1.000 kr. í landsframleiðslu á fjárlögum ársins 1995 varið 20–30 kr. til rannsókna í landbúnaði og fiskveiðum en 2–3 kr. til rannsókna í iðnaði og byggingarstarfsemi. Þessi upphæð hækkar þó ef reiknuð eru með framlög iðnfyrirtækja, en þau eru burðarás þeirrar ánægjulegu þróunar sem orðið hefur með aukinni þátttöku fyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfi. Mikilvægt er þó að rannsóknastofnanirnar hafi svigrúm til að eiga frumkvæði að framsæknum þróunarverkefnum sem skipta atvinnulífið máli, þannig að starfsemi þeirra einskorðist ekki við ráðgjafarstörf. Rannsóknastofnanir iðnaðarins hafa lagt áherslu á almenna þjónustu við fyrirtæki og nýsköpun sem stuðlar að bættri samkeppnisstöðu greinarinnar. Vert er að minna á að af hefðbundnum atvinnugreinum er almennt talið að iðnaður og þjónusta muni skapa flest framtíðarstörf. Hvað varðar málefni Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins tók gildi 1. janúar 1995 þjónustusamningur til þriggja ára milli stofnunarinnar og iðnaðarráðuneytisins. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu kemur fram að gerð hans sé ein af tilraunum ríkisins við að koma á þjónustusamningum við stofnanir þar sem hlutverk þeirra og verkefni eru skilgreind. Hér er um merkilega nýjung að ræða þar sem gerð er tilraun til að miða fjárhagsforsendur rannsóknastofnunar við lengri tíma en eitt ár. Nefndin vekur athygli á því að vart geti talist traustvekjandi, með tilliti til samningsgerðar í framtíðinni, ef ekki er staðið við ákvæði þjónustusamnings sem þessa og telur óeðlilegt að ákvæði hans verði brotin.

Hvað varðar Rafmagnsveitur ríkisins, Rarik, minnir nefndin á að arðgreiðslur til ríkissjóðs skulu nema 2% af bókfærðu eigin fé Rarik við næstliðin áramót, nú um 10,6 milljarðar kr. Á árunum 1997 og 1998 skal þó lækka eigið fé um bókfært verðmæti dreifiveitna í sveitum, eða um 3 milljarða kr. Þar að auki skal lækka árlegt framlag Rarik um 20 millj. kr. árin 1997 til 2001 til að aðstoða fyrirtækið við að mæta tjóni á raforkukerfi þess. Frá og með árinu 1997 munu 65% af arðgreiðslum Rarik verða varið til framkvæmda við dreifikerfi í sveitum, 5% í þróunarverkefni og 30% renna í ríkissjóð. Á þessu ári er því gert ráð fyrir að 103 millj. kr. af arðgreiðslunum renni til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfi í sveitum en allt umfram það greiðir Rarik. Háspennudreifikerfi í sveitum er alls um 6.500 km að lengd. Rætt hefur verið hvort leggja megi það í jörðu en almennt er þó talið að ekki sé unnt að ráðast í slíkar stórframkvæmdir. Til að auka rekstraröryggi kerfisins má þó telja raunhæft að leggja um 10–20% af því í jörðu, þar sem verðurfarsskilyrði eru hvað erfiðust, en kostnaður af því er áætlaður allt að 2.000 millj. kr. Talið er miðað við orkuspá að árlegur viðhaldskostnaður kerfisins sé um 150–200 millj. kr.

Iðnaðarnefnd hyggst á yfirstandandi þingi kynna sér sérstaklega málefni Orkustofnunar, m.a. vegna breytinga á skipulagi stofnunarinnar.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Sigríður A. Þórðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

Stefán Guðmundsson, form.
Guðjón Guðmundsson.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Pétur H. Blöndal.
Árni R. Árnason.
Sighvatur Björgvinsson.
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og beiðni fjárlaganefndar frá 15. október 1996.

Nefndin fékk á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Gísla Karlsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Árna Ísaksson veiðimálastjóra, Jón Loftsson skógræktarstjóra, Svein Runólfsson landgræðslustjóra og Þorstein Tómasson, forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Vakin er athygli á því að í fjárlagafrumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum framlögum til jarðræktar samkvæmt jarðræktarlögum. Ekki hefur fengist fé fyrir fjölda styrkhæfra framkvæmda á undanförnum árum. Meiri hlutinn vekur athygli fjárlaganefndar á því að mikilvægt er að gera þessi framlög upp og vísar um það til álits meiri hlutans um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1996. Enn fremur eru nú að þróast hér á landi búgreinar, svo sem kornrækt, sem þarf að búa sömu skilyrði og gerist annars staðar í Evrópu. Þá eru bændur nú í auknum mæli farnir að feta sig inn á svið lífrænnar ræktunar, en slíkar afurðir verða sífellt eftirsóttari, og því mikilvægt að hlúð verði að þessari ræktun eftir mætti.

Meiri hlutinn lýsir yfir áhyggjum af því að framlög til fyrirhleðslna hafa stöðugt lækkað hin síðari ár. Matsnefndir fyrirhleðslna sem starfa í öllum sýslum landsins, samkvæmt lögum um landbrot af völdum fallvatna, nr. 43/1975, hafa gert úttektir á þessum vanda í viðkomandi sýslum. Landgræðslan hefur raðað verkefnum í forgangsröð sem breytist frá ári til árs. Fjögur brýnustu verkefnin nú eru við Markarfljót, Jökulsá á Dal, Skaftá og Jökulsá í Lóni. Meiri hlutinn leggur áherslu á að gera þurfi langtímaáætlun um þessi mál.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að halda áfram uppbyggingu nytjaskógræktar á Íslandi. Sex ára reynsla er komin á verkefnið Héraðsskógar og er hún góð. Þróa þarf hugmyndina á bak við Héraðsskóga áfram þannig að hún nái til allra landshluta. Skógrækt ríkisins er tilbúin að stíga næsta skref í þessari þróun með því að ýta úr vör verkefninu Suðurlandsskógum í samvinnu við Sunnlendinga.

Þetta er það brýnasta sem við blasir en önnur atriði mætti nefna sem snerta fjárlagafrumvarpið og munu hafa áhrif á afkomu bændastéttarinnar og landbúnaðarins.

Alþingi, 26. nóv. 1996.

Guðni Ágústsson, form.
Egill Jónsson.
Magnús Stefánsson.
Guðjón Guðmundsson.
Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Heildarútgjöld til landbúnaðarmála eru áætluð 6.924 millj. kr. á árinu 1997 eða svipuð og í fjárlögum 1996. Hæst ber greiðslur vegna búvöruframleiðslu eða 5.240 millj. kr.

Aðalskrifstofa. Heildarútgjöld skrifstofu landbúnaðarráðuneytis eru áætluð 136 millj. kr. og er vandséð að allir liðir eigi þar rétt á sér. Má þar nefna ýmsa þætti sem eðlilegt er að atvinnugreinin beri sjálf en ekki ríkisvaldið, t.d. mat á búvörum tæpar 9 millj. kr. og verðlagsnefnd landbúnaðarafurða tæpar 8 millj. kr.

Rekstur aðalskrifstofu kostar tæpar 91 millj. kr. en til upplýsingar eru útgjöld aðalskrifstofu ráðuneytanna skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir 1997 eftirfarandi:

Forsætisráðuneyti	61 millj. kr.
Utanríkisráðuneyti	375 millj. kr.
Menntamálaráðuneyti	261 millj. kr.
Landbúnaðarráðuneyti	91 millj. kr.
Sjávarútvegsráðuneyti	85 millj. kr.
Dómsmálaráðuneyti	123 millj. kr.
Félagsmálaráðuneyti	102 millj. kr.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	157 millj. kr.
Fjárlagaráðuneyti	300 millj. kr.
Samgönguráðuneyti	109 millj. kr.
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	126 millj. kr.
Umhverfisráðuneyti	99 millj. kr.

Það er greinilegt af þessum samanburði að umfang landbúnaðarráðuneytisins er nokkuð mikið, einkum þegar horft er til umsvifa landbúnaðar í þjóðlífinu, en framlag landbúnaðar til landsframleiðslunnar er einungis um 2,5%. Hér þarf að eiga sér stað endurmat, en ekki örlar á slíkri vinnu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Aðrir liðir sem falla undir aðalskrifstofu eru einnig gagnrýnisverðir, svo sem að veita framlag upp á tæpar 11 millj. kr., m.a. vegna rekstrarvanda ráðuneytisins, og þegar nær væri að hagræða, einkum með tilliti til þeirra miklu umsvifa sem fyrr er getið.

Einnig er veitt framlag til nýrrar nefndar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða og er þetta skólabókardæmi um verkefni sem á að vera á sviði atvinnugreinarinnar sjálfrar en ekki greitt af skattfé almennings. Í þessu birtist í hnotskurn landbúnaðarstefna stjórnvalda, þ.e. atvinnugreinin er það fléttuð inn í opinberan rekstur og umsýslu að eðlileg skil milli skattfjár og athafnasemi atvinnugreinarinnar sjálfrar eru ekki lengur fyrir hendi.

Landbúnaðarstofnanir. Framlag til RALA er lækkað um 14 millj. kr. en gert er ráð fyrir að Framleiðnisjóður veiti stofnuninni 15 millj. kr framlag til rannsókna. Það er ekki fast í hendi og málefni Framleiðnisjóðs eru í mikilli óvissu. Meginverkefnum hans er nú lokið og því eðlilegt að hann væri lagður niður. Því er rangt að eyrnamerkja framlög til RALA þannig, eins og gert er í frumvarpi til fjárlaga.

Minni hlutinn telur að leggja verði aukna áherslu á rannsóknir og menntun í landbúnaði en þar vantar stefnumótun af hálfu stjórnvalda. Mikil verkefni eru fram undan í rannsóknum, m.a. hjá RALA, sem munu skila aukinni þekkingu og auknum tekjum innan landbúnaðarins þegar fram líða stundir. Þetta á einnig við um menntastofnanir landbúnaðarins, svo sem bændaskólana á Hvanneyri og Hólum og Garðyrkjuskólann svo og Hagþjónustuna en framlög til þessara málaflokka eru svipuð og á þessu ári að teknu tilliti til að lokið er að verulegu leyti endurbótum á húsnæðinu á Hólum.

Tryggja þarf betur samvinnu og samstarf stofnana á sviði rannsókna og menntunar í landbúnaði en engin áform eru um það af hálfu stjórnvalda, að því best er vitað.

Málefni Veiðimálstofnunar eru í mikilli óvissu og þarf ráðuneytið að gera upp við sig hvort þessi starfsemi eigi að vera rekin á vegum ríkisins í sjálfstæðri stofnun eða falla undir önnur verkefni og stofnanir ríkisins.

Ef til vill væri til bóta að þátttaka ríkisvaldins í öllu sem snýr að fiskum, hvort sem er í sjó, vötnum eða ám, væri frá einu ráðuneyti, þ.e. sjávarútvegsráðuneytinu og þá fyrst og fremst innan Hafrannsóknastofnunar. Minni hlutinn hvetur til umræðu um hvort eðlilegt sé að breyta vistun þeirra málaflokka sem nú heyra undir landbúnaðarráðuneyti á sviði fiskeldis.

Skógrækt og landgræðsla. Til Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga verður varið 412 millj. kr. á næsta ári. Þetta er mikið fé enda risavaxið verkefni fram undan. Minni hlutinn telur hins vegar að gera þyrfti úttekt á því hvort ekki komi til greina að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins í eina stofnun og hvort slík stofnun ætti að heyra undir umhverfisráðuneytið.

Greiðslur vegna búvöruframleiðslu. Greiðslur vegna búvöruframleiðslu eru 5.240 millj. kr. og er einn stærsti liðurinn á fjárlögum. Þessar greiðslur eru um 4,2% af útgjöldum ríkisins og er nær sama fjárhæð og fer til rekstrar á öllum framhaldsskólum landsins og meira en nemur öllum elli- og örorkulífeyri landsmanna.

Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu nema 2,7 milljörðum og vegna sauðfjárframleiðslu 2,5 milljörðum. Greiðslur þessar eru í samræmi við búvörusamninga. Minni hlutinn er ósammála landbúnaðarstefnu stjórnvalda og telur að hagsmunir neytenda séu fyrir borð bornir eins og sést m.a. á þessum fjallháu greiðslum úr ríkissjóði til eins atvinnuvegar. Núverandi fyrirkomulag landbúnaðarstefnunnar er ekki hagkvæmt bændum eins og sést vel á lágum launum þeirra.

Engin tilraun er gerð í fjárlagafrumvarpinu að stokka upp þætti landbúnaðarmála, svo sem litla framleiðni í úrvinnslugreinum, háan milliliðakostnað og verðlagskerfi afurða óhagkvæmt bændum og neytendum.

Á síðasta ári voru ekki nýtt sóknarfæri í tengslum við GATT-samninginn til að breyta landbúnaðarstefnunni og auka fjölbreytni í úrvali á landbúnaðarafurðum. Stuðningur við íslenskan landbúnað er sá fjórði mesti í heiminum og er ljóst að ekki verður lengur við svo búið nema að það komi alvarlega niður á lífskjörum launafólks.

Staðnað landbúnaðarkerfi er síst af öllu bændum til hagsbóta til lengri tíma en það er mjög brýnt að leyfa markaðsöflunum að leika meira um landbúnaðinn en gert hefur verið en þó ber vitanlega að fara að öllu með gát og hafa eðlilega aðlögun að breyttum aðstæðum.

Ýmis framlög. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 eru ýmis framlög sem eru gagnrýnisverð. Þannig verður varið 180 millj. kr. til Bændasamtakanna en eðlilegt er að atvinnugreinin standi sjálf undir kostnaði við eigin hagsmunasamtök þótt vissulega sé um að ræða aðkeypta þjónustu af hálfu ríkisins. Það er hins vegar mikið matsatriði hvort ríkisvaldið eigi að vera kaupandi að slíkri þjónustu.

Einnig má geta þess að ríkið er þátttakandi í ýmsum verkefnum sem ekki þekkjast í öðrum atvinnugreinum. Þannig er ríkisvaldið borgunaraðili að markaðsátaki fyrir lífrænar landbúnaðarfurðir en til þess er varið 25 millj. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga. Þótt slík markaðssetning sé vitaskuld markverð er það álitamál að mati minni hlutans hvort styrkja eigi slíkar markaðskannanir með beinum hætti á fjárlögum.

Áætlað er að verja 274 millj. kr. til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins en að mati minni hlutans er tímabært að endurmeta starfsemi sjóðsins svo og aðra þætti innan sjóðakerfis landbúnaðarins.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar lýsir stöðnun gagnvart landbúnaði. Þar örlar ekki á neinum breytingum né nýmælum. Það lýsir íhaldssamri stefnu Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks sem hafa öðrum flokkum framar byggt upp landbúnaðarkerfi fortíðarinnar og er umhugað um að breyta þar sem allra minnstu.

Alþingi, 19. nóv. 1996.

Ágúst Einarsson.
Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal VIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við beiðni fjárlaganefndar, sbr. bréf dags. 15. október 1996, farið yfir þann kafla frumvarps til fjárlaga sem er á hennar málefnasviði.

Nefndin fékk á sinn fund Örlyg Geirsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneyti, og Halldór Árnason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar frá Skólameistarafélagi Íslands Margrét Friðriksdóttir og Sigurður Sigursveinsson, Elna Katrín Jónsdóttir frá Hinu íslenska kennarafélagi, Guðrún Ebba Ólafsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, Ingvar Ásmundsson, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík, Kristján Bersi Ólafsson frá Félagi áfangaskóla, frá Hússtjórnarskólanum í Reykjavík Ingibjörg Þórarinsdóttir og Helga Konráðsdóttir og frá Hússtjórnarskólanum Hallormsstað Signý Ormarsdóttir. Þá átti nefndin fund með fyrirsvarsmönnum Háskóla Íslands þar sem m.a. voru rædd fjármál skólans og stofnana hans. Fund þann sóttu fyrir hönd Háskólans Sveinbjörn Björnsson rektor, Stefán Karlsson, forstöðumaður Árnastofnunar, Einar Sigurðsson, forstöðumaður Landsbókasafns, Jón Torfi Jónasson prófessor, Ástráður Eysteinsson, formaður vísindanefndar, Ásta Kr. Ragnarsdóttir, formaður kynningarnefndar, og Magnús Guðmundsson, deildarstjóri upplýsingadeildar.

Þeir fjárlagaliðir sem snúa að menntamálum voru ítarlega ræddir á fundum nefndarinnar.

Nefndin bendir á að í kjölfar setningar nýrra laga um framhaldsskóla, þar sem aukin áhersla er lögð á starfsmenntun, er fyrirsjáanlegt að veita verði auknu fé til málaflokksins. Þá minnir nefndin einnig á ákvæði framhaldsskólalaga um gerð reiknilíkans, til að reikna út kennslu- og rekstrarkostnað skóla, og leggur áherslu á að vinnu við líkanið verði hraðað og að henni ljúki sem fyrst, þannig að unnt verði að nýta það við fjárlagagerð fyrir árið 1998. Varðandi fjárveitingu til einstakra skóla leggur nefndin áherslu á að þegar hagræðingarkröfur eru settar fram þurfi sérstaklega að gæta að stöðu fámennra framhaldsskóla sem þjóna dreifbýlum svæðum og að starfsemi Framhaldsskólans á Laugum, Framhaldsskólans á Húsavík og Framhaldsskólans í A-Skaftafellssýslu sé tryggð áfram. Í nefndinni urðu miklar umræður um framtíð hússtjórnarskólanna og hvernig starfsemi þeirra verði best fyrir komið. Beinir nefndin því til fjárlaganefndar að hún skoði málefni þessara skóla sérstaklega. Þá vekur nefndin athygli á miklum kostnaði foreldra sem þurfa að senda börn sín úr heimahéraði til framhaldsskólanáms.

Nefndin telur mjög brýnt að fjárveitingar til Árnastofnunar verði athugaðar sérstaklega. Þrátt fyrir mikið aðhald var halli á rekstri stofnunarinnar á árinu 1995. Fjárhagsstaða hennar hefur enn versnað á árinu 1996 og er útlit fyrir að í árslok muni hallinn nema allt að 6 millj. kr. Þær fjárveitingar sem ætlaðar eru stofnuninni í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 eru ekki nægilega háar, miðað við óbreytt umfang, til að unnt verði að minnka hallann. Helsta verkefni sem stofnunin verður að geta sinnt betur er öryggismál, en það er frumskylda Árnastofnunar að varðveita þau handrit sem hún geymir. Nokkrar úrbætur hafa verið gerðar og fleiri standa fyrir dyrum en fé vantar til verksins.

Samið var um það við Dani árið 1986 að Íslendingar fengju ljósmyndir af þeim íslensku handritum sem verða eftir í Kaupmannahöfn. Þetta verkefni er mikið öryggisatriði og hefur einnig í för með sér stórfellt hagræði fyrir rannsóknir hér á landi. Íslendingar áttu að bera kostnaðinn af myndagerðinni en fjárveiting til þess hefur ekki enn fengist. Jafnframt fara fram á Árnastofnun alþjóðlegar rannsóknir og merk útgáfustarfsemi. Á þeim tímamótum sem fram undan eru í íslenskri handritasögu, er síðustu handritin verða afhent Íslendingum til varðveislu, leggur menntamálanefnd áherslu á að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi verði með fjárframlögum gert kleift að sinna með sóma þeim mikilvægu verkefnum sem stofnunin hefur með höndum. Nefndin telur koma til álita að skoðað verði að stofnunin fái sérstakt fjárframlag í tilefni þessa.

Þá vill menntamálanefnd vekja athygli á fjárveitingum til ritakaupa við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Við sameiningu Háskólabókasafns og Landsbókasafns, sbr. 8. gr. laga nr. 71/1994, var gert ráð fyrir að hluti af fjárveitingu til Háskóla Íslands skyldi árlega renna til bókasafnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli bókasafnsins og Háskólans. Segir í greinargerð með frumvarpinu að nota skuli fé þetta til ritakaupa og almennrar þjónustu. Þetta ákvæði laganna hefur ekki verið uppfyllt. Umræddur hluti af fjárveitingu Háskóla Íslands hefur, frá setningu laganna, ekki runnið til bókasafnsins, auk þess sem fjárveiting hefur ekki nægt til að mæta lágmarkskröfum í þessu efni og blasir nú alvarlegur vandi við bókasafninu að því er ritakaup varðar. Verð rita sem keypt eru til bókasafnsins hækka með hverju ári og var halli á ritakaupum orðinn 12 millj. kr. á árinu 1995. Stendur bágborinn ritakostur kennslu og rannsóknum í Háskólanum fyrir þrifum. Nú hefur verið gert samkomulag milli bókasafnsins og Háskólans þar sem fyrirhugað er að stofna sérstakan ritakaupasjóð sem yrði myndaður frá og með árinu 1997. Yrði sjóðurinn í vörslu Háskóla Íslands og gert er ráð fyrir að hluti fjárveitingar til bókakaupa flytjist frá Landsbókasafni yfir á Háskóla. Bendir menntamálanefnd á að ljóst þurfi að vera hvort þessi tilhögun samrýmist lögunum. Jafnframt bendir nefndin á að brýnt er að leysa vandann og koma ritakaupum safnsins í viðunandi horf.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera nánar grein fyrir afstöðu sinni í umræðum um frumvarpið og flytja við það breytingartillögur.

Guðný Guðbjörnsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara. Þær eru sammála þeim áhersluatriðum sem fram koma í nefndarálitinu en fordæma almennan niðurskurð í menntakerfinu sem mun skaða þjóðina á komandi árum og er ekki í neinu samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í síðustu kosningum eða við setningu nýrra framhaldsskólalaga. Þá vísa þær alfarið á bug hugmyndum um sérstaka gjaldtöku á nemendur framhaldsskóla vegna endurtekninga prófa.

Alþingi, 21. nóv. 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form.
Hjálmar Árnason.
Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Tómas Ingi Olrich.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Arnbjörg Sveinsdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.
Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.
Árni Johnsen.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga, nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Friðrik Andersen frá samgönguráðuneyti og skýrðu þeir þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Þorgeir Pálsson flugmálastjóri frá Flugmálastjórn, Magnús Oddsson ferðamálastjóri frá Ferðamálaráði, Hermann Guðjónsson forstjóri og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri og Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri frá Vegagerð ríkisins.

Heildarframlög til rekstrar Vegagerðarinnar og hvers konar framkvæmda í vegamálum voru á fjárlögum þessa árs 6.663 millj. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlagafrumvarpinu er 6.964 millj. kr. Hér er þó um að ræða verulega lækkun frá gildandi vegáætlun sem gerði ráð fyrir 7.555 millj. kr. framlagi. Það skýrist af því að framlög úr ríkissjóði vegna framkvæmdaátaks verða samkvæmt fjárlagafrumvarpi lægri og að skerðing markaðra tekjustofna vegasjóðs er áætluð 856 millj. kr. á næsta ári í stað 144 millj. kr. Ljóst er að þessi skerðing mun hafa í för með sér um 18–19% lækkun fjárveitinga til nýframkvæmda.

Framlög til framkvæmda og rekstrar flugvalla eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 612 millj. kr., þar af 310 millj. kr. til framkvæmda. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið kemur fram að gert sé ráð fyrir því að 60 millj. kr. af þeirri upphæð verði varið til þess að standa undir fjárhagsskuldbindingum og nýjum framkvæmdakostnaði vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þau mál voru rædd síðastliðið vor við undirbúning flugmálaáætlunar og var niðurstaðan þá sú að slíkt skyldi ekki gert. Samkvæmt núgildandi flugmálaáætlun verður stærsta viðfangsefnið uppbygging Reykjavíkurflugvallar auk ýmissa verkefna á öðrum flugvöllum. Ráðstöfun á tekjum flugmálaáætlunar til annarra verkefna mundi óhjákvæmilega setja þau verkefni í uppnám. Því er ljóst að frekari skerðingar koma í veg fyrir að unnt sé að ráðast í framangreinar framkvæmdir.

Varðandi stöðu hafnamála er ástæða til að vekja athygli á miklum skuldbindingum sem fyrir liggja vegna framkvæmda í þeim málaflokki sem þegar hafa verið unnar eða hafist handa við. Áætlað er að þessar skuldbindingar nemi um 700 millj. kr. um áramót. Samgöngunefnd telur rétt að vara við þessari þróun og leggur áherslu á að við henni sé brugðist.

Heildarframlög til ferðamála eru samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 117,3 millj. kr. Mikilvægt er að verja fé til rannsókna og þróunarstarfsemi í ferðamálum og úrbóta í umhverfismálum, t.d. á fjölsóttum ferðamannastöðum, líkt og fjárlaganefnd gerði tillögu um við 2. umræðu núgildandi fjárlaga. Það er álit samgöngunefndar að forsenda fyrir aukinni sókn í ferðamálum sé að þeim málum sé vel sinnt. Fagna ber ráðningu sérstaks starfsmanns til að sinna málefnum ferðaþjónustunnar og mun það styrkja stjórnsýslulega stöðu málaflokksins.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. nóv. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form.
Magnús Stefánsson.
Stefán Guðmundsson.
Árni Johnsen.
Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.
Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.

Fylgiskjal X.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar, sbr. bréf frá 15. október sl., farið yfir þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði. Nefndin fékk á sinn fund frá sjávarútvegsráðuneyti Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra. Þá komu Jakob Jakobsson og Vignir Thoroddsen frá Hafrannsóknastofnun og Atli Atlason frá Fiskistofu á fund hennar.

Þeir fjárlagaliðir, sem snúa að sjávarútvegsmálum, voru ítarlega ræddir á fundum nefndarinnar.

Í máli fulltrúa Hafrannsóknastofnunar kom fram að ekki væri í frumvarpinu gert ráð fyrir fjárveitingu til nokkurra nýlegra verkefna, þ.e. haustralls, klakrannsókna á þorski, þorskmerkinga og mælinga botnfiska. Sjávarútvegsnefnd er hlynnt þessum verkefnum og telur mikilvægt að hægt verði að halda þeim áfram. Þá tekur nefndin undir með Hafrannsóknastofnun, sjávarútvegsráðuneyti o.fl. að brýnt er fyrir Íslendinga að halda úti öflugu rannsóknarstarfi á fiskistofnum og lífríki hafsins.

Fulltrúi Fiskistofu gerði nefndinni grein fyrir nýjum verkefnum sem stofnuninni verða falin, sérstaklega rekstri svokallaðra ytri landamærastöðva ESB, en frumvarpið gerir ráð fyrir 22,7 millj. kr. í þann lið. Hins vegar taldi hann nokkuð skorta á að stofnunin fengi auknar fjárveitingar vegna ýmissa annarra nýrra verkefna sem Fiskistofu hefur að undanförnu verið falið að annast, svo sem vegna skelfiskeftirlits, símakróks, aukins sjóeftirlits vegna laga um umgengni um nytjastofna sjávar, eftirlits á Flæmska hattinum o.fl.

Loks vill sjávarútvegsnefnd ítreka ábendingu sína frá því í áliti með fjárlagafrumvarpi síðasta árs að fjárlagaliðinn 1 41, Lúðueldi á Reykjanesi, væri réttara að nefna t.d.

„Tilraunastöðin á Stað“ miðað við að sú starfsemi sem nú fer þar fram er alls ekki bundin við lúðueldi.

Alþingi, 13. nóv. 1996.

Árni R. Árnason, varaform.
Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson.
Guðmundur Hallvarðsson.
Hjálmar Árnason.
Einar Oddur Kristjánsson.
Lúðvík Bergvinsson.
Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur skv. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og í samræmi við bréf fjárlaganefndar frá 15. október 1996 farið yfir þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem snýr að hennar málefnasviði.

Nefndin fékk til viðræðna við sig Þórð H. Ólafsson, skrifstofustjóra í umhverfisráðuneyti, og skýrði hann þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Þá komu á fund nefndarinnar Hermann Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins og Magnús Jónsson veðurstofustjóri. Þá bárust nefndinni erindi frá Æðarræktarfélagi Íslands, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Kaldrananeshreppi, auk þess sem skriflegar upplýsingar bárust frá umhverfisráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Landmælingum Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld umhverfisráðuneytisins hækki um tæplega 78 millj. kr. Má að mestu leyti rekja hækkunina til aukinna fjárveitinga til Hollustuverndar ríkisins, en stofnuninni hafa verið falin fleiri verkefni en áður. Einnig hækkar framlag til aðalskrifstofu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veðurstofu Íslands vegna aukinna verkefna, en áætlað er að sértekjur þessara stofnana hækki. Þá er áætlað að ársverkum umhverfisráðuneytis fjölgi um tæp 6% frá síðustu fjárlögum. Gert er ráð fyrir að rekstrarútgjöld aukist um 24%. Leiðir hækkunin að mestu leyti af aukinni vinnu Veðurstofunnar við rannsóknir og eftirlit með snjóflóðum og flutnings verkefna milli ráðuneyta. Annars er gert ráð fyrir að framlag til viðhalds og stofnkostnaðar lækki nokkuð.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki formlegar breytingartillögur við einstaka liði þess þáttar fjárlagafrumvarpsins sem heyrir undir málefnasvið hennar, en bendir sérstaklega á eftirfarandi atriði:

Við umfjöllun um frumvarpið urðu nokkrar umræður í nefndinni um niðurfellingu greiðslna fyrir veiðar á refum og voru skoðanir skiptar innan nefndarinnar. Kostnaður ríkisins af veiðunum hefur í ákveðnum tilvikum verið úr hófi fram og er meiri hlutinn sammála um að grípa hafi þurft til sparnaðar á þessu sviði.

Athygli nefndarinnar var vakin á aukningu verkefna hjá Hollustuvernd ríkisins og að aukinn halli hefur verið á rekstri stofnunarinnar undanfarin ár.

Þá var athygli nefndarmanna vakin á fjárveitingu til eignakaupa hjá Veðurstofu Íslands. Kom fram í máli veðurstofustjóra að fjárveitingar til þessa liðar þyrftu að þrefaldast ef vel ætti að standa að málunum, en undir hann fellur m.a. endurnýjun búnaðar veðurathugunarstöðva og jarðskjálftastöðva, svo og endurnýjun veðurratsjár, tölva o.fl.

Þá vill meiri hlutinn benda á vaxandi mikilvægi Landmælinga Íslands og kortagerðar á þeirra vegum fyrir umhverfismál í landinu.

Loks bendir meiri hlutinn á misræmi sem kemur fram í frumvarpinu varðandi náttúrugripasöfn. Þannig er Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum eina safnið sem ætluð er sérstök fjárveiting. Telur nefndin að betur færi á því að samræmis væri gætt á milli safna.

Kristín Halldórsdóttir vill sérstaklega taka fram að horfur eru á rekstrarhalla hjá Hollustuvernd ríkisins þrátt fyrir tillögur um aukafjárveitingu til stofnunarinnar á þessu ári. Áætlaðar fjárveitingar á næsta ári munu að líkindum duga til að viðhalda óbreyttum rekstri, en halli fyrri ára verður áfram til staðar. Þá bendir hún á að athuga þurfi rækilega launalið Veðurstofu Íslands sem stofnunin telur vanáætlaðan um liðlega 11 millj. kr. miðað við óbreytt umfang almennrar starfsemi. Verði sá liður ekki leiðréttur telur stofnunin ljóst að draga verði verulega úr þjónustu, en hún hefur tekið við æ fleiri verkefnum á síðustu árum, einkum við vöktun náttúru og umhverfis.

Gísli S. Einarsson lýsti sig mótfallinn niðurskurði til refaveiða og telur hann nauðsynlegt að áfram verði á fjárlögum gert ráð fyrir styrkjum til refaveiða, t.d í formi fastrar greiðslu fyrir hvert fellt dýr.

Til frekari upplýsinga vísast til fylgiskjala.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. nóv. 1996.

Ólafur Örn Haraldsson, form.
Árni M. Mathiesen, með fyrirvara.
Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.
Kristín Halldórsdóttir.
Ísólfur Gylfi Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal XII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Undirritaður átelur að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki setja fram marktækar tillögur og ábendingar til fjárlaganefndar um fjárveitingar til umhverfisráðuneytis og stofnana sem undir það heyra vegna frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1997. Það er skoðun undirritaðs að nefndin sem heild hefði átt að setja fram rökstuddar hugmyndir um forgangsröðun viðbótarfjárveitinga, í von um að fjárlaganefnd sjái sér fært að leggja meira til þessa málaflokks.

Markmiðið með því að fagnefndir fjalli um fjárlagafrumvarp á sínu málefnasviði átti m.a. að vera að fá fram slíkar tillögur eða ábendingar um hugsanlega tilfærslu fjármagns milli liða.

Það er þó betra en ekki að í umfjöllun umhverfisnefndar um fjárlagagerðina fengust margháttaðar upplýsingar, skriflegar og munnlegar, um fjárveitingabeiðnir umhverfisráðuneytis og stofnana þess, sem og um bakgrunn framkominna óska og tillagna. Stendur umhverfisnefnd í heild að framsendingu skriflegra upplýsinga sem nefndin aflaði um fjárlagagerðina. Til viðbótar vísast til skriflegs svars umhverfisráðherra við fyrirspurn undirritaðs um málefni Hollustuverndar ríkisins á þskj. 106 (121. löggjafarþing).

Að öðru leyti vill undirritaður koma eftirfarandi á framfæri við fjárlaganefnd:

1. **Hollustuvernd ríkisins.** Alvarlegasta staðan sem við blasir hjá umhverfisráðuneytinu varðar fjárhag og ónógan mannafla hjá Hollustuvernd ríkisins. Vakin er sérstök athygli á bréfi Hermanns Sveinbjörnssonar, framkvæmdastjóra Hollustuverndar, til umhverfisnefndar, dags. 13. nóvember 1996. Þar kemur m.a. fram að ríkisframlag samkvæmt fjárlagafrumvarpi muni ekkert saxa á þann halla sem yfirfærist að óbreyttu frá árinu 1996. Ýmsir mikilvægir þættir í starfsemi stofnunarinnar verði áfram í svelti, svo sem eftirlit og umhverfisvöktun, fræðslu- og kynningarmál og alþjóðleg samvinna. Alvarlegar brotalamir eru í starfsemi stofnunarinnar vegna stórfelldrar undirmönnunar miðað við lögboðið hlutverk og verkefni sem eru tilkomin vegna EES-aðildar. Hefur það m.a. leitt til þess að dregið hefur úr samskiptum Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna. Eftirlit er vanrækt, m.a. á eiturefnasviði þar sem „lögbundið innflutningseftirlit hefur í raun aldrei komist í framkvæmd auk þess sem vítur liggja fyrir vegna vanefnda um merkingu og skráningu eiturefna“.

   Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur ítrekað gert athugasemdir við framkvæmd mála hér á landi og mjög skortir á að sinnt sé upplýsingaskyldu gagnvart stofnuninni. Þannig hefur eftirlitsstofnunin t.d. gert formlegar athugasemdir við 18 gerðir á eiturefnasviði.

   Umhverfisráðherra hefur upplýst að „gerðir í umræðu og mótun hjá Evrópusambandinu er varða starfsemi Hollustuverndar og gera má ráð fyrir að komi inn í EES-samninginn eru nú 106 talsins og eru á ýmsum stigum undirbúnings“. (Svar við fyrirspurn á þskj. 106.)

Niðurstaða sérstakrar úttektar á „mannaflaþörf hjá Hollustuvernd ríkisins“, sem unnin var af Skipulagi og stjórnun ehf., er sú að stofnunin þarfnist a.m.k. 35,5 stöðugilda til viðbótar við 40 ársverk sem fyrir eru. Þar segir síðan: „Eftir rækilega yfirferð ráðgjafa með forstöðumönnum var komist að þeirri niðurstöðu að „alger lágmarksþörf“ til aukningar væri 20,5 stöðugildi.“

Öllum ætti að vera ljóst að þessi staða mála endar með ósköpum fyrir þau verkefni sem Hollustuvernd er skylt að sinna. *Lágmarkslagfæring í tengslum við afgreiðslu fjárlaga nú er að mati undirritaðs að halli fyrri ára verði úr sögunni og hallalaus starfsemi tryggð á næsta ári miðað við fjölgun um sjö ný stöðugildi, þannig að unnt verði að ná viðbót um 21 stöðugildi á þremur árum. Vinna ætti að því um leið að færa hluta af stofnuninni út á land með skipulegum hætti.*

2. **Veðurstofa Íslands.** Framlög til almennrar starfsemi virðast vanáætluð um 11 millj. kr. Alvarlegra er þó að um 20 millj. kr. vantar til endurnýjunar tækjabúnaðar. Þá verður að tryggja við afgreiðslu fjárlaga að heimild sé á næsta ári til lausnar á miklum húsnæðisvanda stofnunarinnar.
3. **Landmælingar Íslands.**
   a. Til að sinna þátttöku Íslands í fjölþjóðlegum GPS-mælingum vantar 12,3 millj. kr.
   b. Til að ljúka samningsbundnu verkefni um grunnkortagerð í mælikvarðanum 1:25.000 fyrir aðila á Fljótsdalshéraði vantar fjárveitingu að upphæð 7,4 millj. kr.
4. **Náttúruvernd ríkisins.** Fram undan er fyrsta starfsár nýrrar ríkisstofnunar sem tekur við verkefnum af Náttúruverndarráði og skrifstofu Náttúruverndarráðs. Á vegum ráðsins var lögð fram veruleg vinna í formi sjálfboðastarfs. Ljóst er að með þeirri skipulagsbreytingu sem ákveðin var með nýrri löggjöf um náttúruvernd mun þurfa að greiða fyrir slíka vinnu og ráða fleira fólk til starfa eigi að halda í horfinu. Ótal verkefni bíða þess utan óleyst á vegum Náttúruverndar ríkisins. Lágmarksviðbót á framlagi til stofnunarinnar ætti að vera 10 millj. kr.
5. **Skipulagsstjóri ríkisins.** Mikil þörf er á að hraða og hefja vinnu við fleiri svæðisskipulagsverkefni sveitarfélaga og ætla til þess 8 millj. kr. til viðbótar því sem felst í fjárlagafrumvarpi.
6. **Náttúrustofur.** Brýnt er að gera Náttúrustofu í Neskaupstað kleift að komast í eigið húsnæði, væntanlega ásamt útibúi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins.
7. **Náttúruhús.** Heimild þarf að fást á fjárlögum fyrir ríkið til að gera samning við Reykjavíkurborg og Háskóla Íslands um byggingu náttúrufræðisafns, sbr. tillögur stjórnskipaðrar nefndar. Jafnframt þarf að leggja fram nokkra upphæð til vinnu að frekari undirbúningi málsins, t.d. 5 millj. kr. Í svari umhverfisráðuneytis til nefndarinnar segir m.a.: „Fullur vilji er til að fylgja eftir þeim hugmyndum sem þá voru uppi.“

Alþingi, 21. nóv. 1996.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 15. október 1996. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Helga Ágústsson ráðuneytisstjóra, Benedikt Jónsson sendiherra, Stefán Hauk Jóhannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti, og Björn Dagbjartsson, framkvæmdarstjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Í framhaldi af þeirri umræðu sem varð um málið í nefndinni sér hún ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við frumvarpið að þessu sinni. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að málefni utanríkisþjónustunnar séu til stöðugrar endurskoðunar í ljósi síbreytileika aðstæðna og með það fyrir augum að nýta takmarkaðan mannafla og fjármagn sem best. Mun nefndin á næstunni huga nánar að skipulagi þjónustunnar og þeim verkefnum sem hún sinnir.

Árni R. Árnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. okt. 1996.

Geir H. Haarde, form.
Össur Skarphéðinsson.
Siv Friðleifsdóttir.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.
Svavar Gestsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Kristín Ástgeirsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.

332. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi.	
a. Við 104 Rekstrarskrifstofa.	
Fyrir „180.700“ kemur	196.300
b. Við 108 Hið íslenska þjóðvinafélag.	
Fyrir „500“ kemur	2.300
c. Við 520 Fasteignir.	
Fyrir „10.000“ kemur	28.000

Þús. kr.

d. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „12.000“ kemur 20.000

2. Við 4. gr. 00-610 101 Umboðsmaður Alþingis.
Fyrir „33.700“ kemur 38.900

3. Við 4. gr. 01-190 Ýmis verkefni.
a. Nýir liðir:
111 Ritun biskupasögu, Hið íslenska fornritafélag 4.000
112 Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar 6.500
113 Saga Íslands, Hið íslenska bókmenntafélag 6.000
115 Útboðs- og einkavæðingarverkefni 15.000
b. Við 123 Hrafnseyri.
Fyrir „1.500“ kemur 3.000

4. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:
111 Ritakaupasjóður 31.500

5. Við 4. gr. 02-202 101 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.
Fyrir „103.000“ kemur 105.800

6. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun Háskólans. 103 Rannsóknastofur.
Fyrir „165.800“ kemur 178.100

7. Við 4. gr. 02-205 101 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
Fyrir „41.400“ kemur 46.400

8. Við 4. gr. 02-211 Tækniskóli Íslands. Nýr liður:
601 Tæki og búnaður 12.000

9. Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 105 Kennsla.
Fyrir „168.600“ kemur 171.600

10. Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:
02-225 Samvinnuháskólinn.
101 Almennur rekstur 28.700
102 Annað en kennsla 22.000
4 Sértekjur 1.800

11. Við 4. gr. 02-269 521 og 621 Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Þús. kr.

Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 521 og 621).

1. Háskólinn á Akureyri,
tæki og búnaður 10.000
endurbætur 20.000
2. Tilraunastöðin Keldum,
endurbætur 8.000
fisksjúkdómahús 7.000
3. Kennaraháskóli Íslands,
viðhald 12.000
Varmaland 8.000
kaup á tækjum 10.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Stofnun Árna Magnússonar	1.000	
5. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	2.000	
6. Tækniskóli Íslands	2.000	
7. Norræna eldfjallastöðin	43.000	
		123.000

12. Við 4. gr. 02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.
a. Við 590 Viðhald. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Almennir framhaldsskólar, viðhald (02-318 590).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	5.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3.000	
3. Menntaskólinn við Sund	3.000	
4. Kvennaskólinn í Reykjavík	2.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	15.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík	18.000	
8. Fósturskóli Íslands	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands	2.000	
11. Sjómannaskólahúsið	13.000	
		64.000
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði	2.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.000	
		20.000
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2.000	
2. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Reykholti	2.000	
		4.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða	2.000	
		2.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.000	
		1.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.000	
3. Sjávarútvegsbraut, Dalvík	1.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum	10.000	
5. Framhaldsskólinn á Húsavík	1.000	
		16.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, Eiðar	15.000	
2. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		16.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	10.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000	
		11.000
Héraðsskólar og framhaldsskólar, óskipt		10.000
Viðhaldskostnaður af leigutekjum, óskipt		30.000
		174.000
b. Við 650 Tölvubúnaður.		
Fyrir „20.000“ kemur		7.000
c. Við 690 Byggingarframkvæmdir.		
1. Fyrir „495.000“ kemur		508.000
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

	Þús. kr.	
Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 690).		
Reykjavík:		
1. Skóli í Borgarholti	119.600	
2. Fjölbrautaskólinn Ármúla	10.000	
		129.600
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
nýbygging	55.700	
búnaður	31.800	

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.100	
3. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	60.400	
		149.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	800	
hönnun viðbyggingar	1.000	
		1.800
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	2.200	
heimavist og verknámshús	22.800	
		25.000
Norðurland eystra:		
1. Framhaldsskólar Akureyri	50.000	
2. Framhaldsskólinn á Húsavík	2.500	
		52.500
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, íþróttahús	11.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
verknámshús	25.600	
		36.600
Suðurland:		
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
viðbygging	7.800	
2. Fjölbrautaskóli Suðurlands, nýbygging	55.700	
3. Skólar á Laugarvatni	50.000	
		113.500
		508.000

13. Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar, almennt. 140 Framhaldsskólar, óskipt.
Fyrir „48.100“ kemur 78.100
14. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 102 Annað en kennsla.
Fyrir „14.400“ kemur 17.400
15. Við 4. gr. 02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík. 102 Annað en kennsla.
Fyrir „7.000“ kemur 10.000
16. Við 4. gr. 02-551 Húsmæðraskólinn Hallormsstað. 101 Kennsla.
Fyrir „4.000“ kemur 8.000

Þús. kr.

17. Við 4. gr. 02-561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands. 102 Annað en kennsla.
    Fyrir „61.600“ kemur 63.600
18. Við 4. gr. 02-580 Samvinnuskólinn. Liðurinn fellur brott.
19. Við 4. gr. 02-872 101 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
    Fyrir „1.500.000“ kemur 1.600.000
20. Við 4. gr. 02-884 101 Jöfnun á námskostnaði.
    Fyrir „96.500“ kemur 106.500
21. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „87.100“ kemur 89.100
    b. Nýr liður:
    601 Tæki og búnaður 3.000
22. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands. 111 Héraðsskjalasöfn.
    Fyrir „4.000“ kemur 5.000
23. Við 4. gr. 02-905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. 605 Bókakaup o.fl. Liðurinn orðast svo:
    605 Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur 23.500
24. Við 4. gr. 02-919 190 Söfn, ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Söfn, ýmis framlög (02-919 190).		
1. Vesturfarasetrið Hofsósi	1.200	
2. Botndýrasafn í Sandgerði	500	
3. Safnið „Líf í fersku vatni“ á Hólum	500	
4. Áhugamannahópur um varðveislu Tryggvaskála	500	
Óskipt	3.600	
		6.300

25. Við 4. gr. 02-969 621 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Menningarstofnanir (02-969 621).	
1. Þjóðarbókhlaða	5.000
2. Þjóðminjasafn Íslands	100.000
3. Þjóðskjalasafn Íslands	35.000
4. Þjóðleikhús	25.000
5. Listasafn Íslands	15.000
6. Verndun gamalla húsa	35.000
7. Byggðasöfn	15.000
8. Stýrimannaskólinn við Öldugötu	8.500
9. Langabúð	3.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
10. Listasafn Einars Jónssonar	21.000	
11. Safnahúsið við Hverfisgötu	22.000	
12. Ríkisútvarpið	50.000	
		335.000

26. Við 4. gr. 02-973 101 Þjóðleikhús.
Fyrir „311.000“ kemur 318.000
27. Við 4. gr. 02-974 101 Sinfóníuhljómsveit Íslands.
Fyrir „116.000“ kemur 123.000
28. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.
Fyrir „94.800“ kemur 119.800
29. Við 4. gr. 02-982 190 Listir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Listir (02-982 190).		
1. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
2. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
3. Flugfélagið Loftur	2.000	
4. Samband íslenskra lúðrasveita	400	
5. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
6. Möguleikhúsið	1.000	
7. Kaffileikhúsið	500	
8. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
9. Leikbrúðuland	500	
10. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
11. Sumartónleikar Norðurlandi	500	
12. Útileikhúsið	400	
13. Djassklúbbur Egilsstaða	400	
14. Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	400	
15. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
16. Efling, tónleikahald	300	
17. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
Óskipt	14.200	
		31.500

30. Við 4. gr. 02-983 Ýmis fræðistörf. Nýr liður:
113 Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar 2.500
31. Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.
a. Við 112 Ungmennafélag Íslands.
Fyrir „10.000“ kemur 14.000
b. Við 190 Æskulýðsmál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400	
2. Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500	
3. Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
4. Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum	300	
5. Landssamband hestamannafélaga	700	
Óskipt	1.600	
		6.000

32. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.
    a. Við 110 Íþróttasamband Íslands.
    Fyrir „24.000“ kemur 28.000
    b. Við 111 Ólympíunefnd Íslands.
    Fyrir „3.000“ kemur 4.500
    c. Við 116 Íþróttafélög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Íþróttafélög (02-989 116).

Reykjavík:		
1. Ungmennafélagið Fjölnir	300	
2. Skíðadeild Víkings	375	
3. Skotfélag Reykjavíkur	375	
4. Knattspyrnufélagið Fram	400	
5. Siglingafélag Reykjavíkur	300	
6. Íþróttafélagið Leiknir	200	
7. KR	400	
8. Skylminganefnd ÍSÍ	200	
		2.550
Reykjanes:		
1. Fimleikadeild Keflavíkur	300	
2. Golfklúbbur Suðurnesja	375	
3. Frjálsíþróttadeild FH	200	
4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps	300	
5. Lyftinga- og líkamsræktardeild Ungmennafélags Njarðvíkur	150	
6. Skotdeild Keflavíkur	500	
7. Knattspyrnufélagið Víðir	300	
8. Knattspyrnufélagið Haukar	200	
		2.325

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Knattspyrnufélag ÍA	200	
2. Skotfélag Akraness	250	
3. Ungmennafélagið Íslendingur	200	
4. Golfklúbburinn í Búðardal	300	
5. Ungmennafélagið Reynir, Hellissandi	300	
6. Golfklúbburinn Vestarr, Grundarfirði	500	
		1.750
Vestfirðir:		
1. Skotfélag Ísafjarðar	350	
2. Ungmennafélag Barðastrandar	200	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Golfklúbbur Patreksfjarðar	300	
5. Golfklúbburinn Gláma	200	
		1.250
Norðurland vestra:		
1. Golfklúbbur Hólmavíkur	375	
2. Skíðafélag Fljótamanna	300	
3. Golfklúbbur Sauðárkróks	250	
4. Ungmennafélagið Hvöt, Blönduósi	300	
5. Ungmennafélagið Grettir	300	
		1.525
Norðurland eystra:		
1. Skíðadeild Leifturs	300	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	300	
3. Golfklúbbur Akureyrar	500	
4. Ungmennafélagið Æskan	250	
5. Golfklúbbur Húsavíkur	300	
6. Ungmennafélagið Snörtur	100	
7. Skíðafélag Dalvíkur	375	
		2.125
Austurland:		
1. Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu	200	
2. Golfklúbbur Norðfjarðar	375	
3. Ungmennafélagið Súlan	200	
4. Ungmennafélagið Neisti	300	
5. Íþróttafélagið Huginn	200	
		1.275

	Þús. kr.	Þús. kr.
Suðurland:		
1. Ungmennafélag Hrunamanna	300	
2. Golfklúbburinn Flúðir	300	
3. Golfklúbburinn Dalbúi	200	
4. Golfklúbburinn Selfoss	300	
5. Ungmennafélagið Vaka	200	
6. Ungmennafélagið Drangur	300	
7. Golfklúbburinn Hellu	200	
		1.800
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga		200
		14.800

d. Nýr liður:
126 Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur 8.000

33. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.
a. Nýr liður:
111 Forvarnastarf í skólum 5.000
b. Við 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis framlög (02-999 190).		
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
2. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
5. Landssamtökin heimili og skóli	400	
6. ÍSARK	500	
7. Kvenréttindafélag Íslands	500	
8. Surtseyjarfélagið	400	
9. Mannréttindastofnun	300	
10. Saga Film	1.000	
11. Sjómannadagsráð	200	
12. Edinborgarhúsið	500	
13. Skaftfell, listamiðstöð Seyðisfirði	500	
14. Hreppar í Rangárvallasýslu, „Á Njáluslóð“	500	
Óskipt	1.200	
		10.000

34. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „324.700“ kemur 334.200

Þús. kr.

b. Við 153 Þýðingamiðstöð.
Fyrir „12.800“ kemur 18.300

35. Við 4. gr. 03-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:
113 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi 2.500

36. Við 4. gr. 04-190 Ýmis verkefni.
a. Við 131 Skógræktarfélag Íslands.
Fyrir „3.000“ kemur 3.500
b. Við 190 Ýmis verkefni. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis verkefni (04-190 190).		
1. Landvernd	300	
2. Æðarræktarfélag Íslands	200	
3. Flóaáveitufélagið	500	
4. Sérstök verkefni í gróðurvernd og uppgræðslu á Reykjanesi	1.000	
Óskipt	6.400	
		8.400

37. Við 4. gr. 04-311 190 Fyrirhleðslur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Fyrirhleðslur (04-311 190).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	2.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	500	
3. Jökulsá í Lóni	500	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	9.500	
7. Þjórsá	1.000	
		14.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	700	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.500	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		4.900
		19.400

38. Við 4. gr. 04-851 190 Greiðslur vegna riðuveiki. Liðurinn orðast svo:
190 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar 72.000
39. Við 4. gr. 05-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:
121 Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla 4.000
40. Við 4. gr. 06-290 Dómsmál, ýmis kostnaður. 115 Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana.
Fyrir „3.300“ kemur 4.300
41. Við 4. gr. 06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla. 601 Húsnæði Hæstaréttar.
Fyrir „10.000“ kemur 45.000
42. Við 4. gr. 06-321 101 Almannavarnir ríkisins.
Fyrir „28.500“ kemur 31.200
43. Við 4. gr. 06-331 Umferðarráð. Nýr liður:
111 Ökuhermar fyrir grunnskólabörn 3.000
44. Við 4. gr. 06-341 Áfengis- og fíkniefnamál. Nýr liður:
125 Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála 35.000
45. Við 4. gr. 06-397 101 Schengen samstarf.
Fyrir „20.000“ kemur 14.000
46. Við 4. gr. 06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins.
a. Við 101 Almennur rekstur.
Fyrir „421.700“ kemur 429.200
b. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „40.800“ kemur 48.300
47. Við 4. gr. 07-400 Málefni barna og ungmenna. 120 Heimili fyrir börn og unglinga.
Fyrir „124.800“ kemur 127.800
48. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík. 120 Sambýli.
Fyrir „185.300“ kemur 190.300
49. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „2.380.000“ kemur 2.415.000
50. Við 4. gr. 07-950 190 Rekstrarhagræðing.
Fyrir „23.000“ kemur 20.000
51. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. 190 Ýmislegt.
Fyrir „24.800“ kemur 22.300

	Þús. kr.	Þús. kr.
52. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.		
a. Við 131 Félagasamtök, styrkir.		
1. Fyrir „23.300“ kemur		26.300
2. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Félagasamtök, styrkir (07-999 131).	Þús. kr.
1. Samtökin 78	500
2. Barnaheill	300
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.700
4. Umsjónarfélag einhverfra	500
5. Félag einstæðra foreldra	700
6. Landssamband aldraðra	300
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500
8. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	3.500
9. Blindrafélagið	5.000
10. Félagasamtökin Vernd	500
11. Málbjörg	300
12. Kvennaráðgjöfin	500
13. Daufblindrafélag Íslands	700
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500
15. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500
16. Geðverndarfélag Akureyrar	400
Óskipt	6.900
	26.300

b. Við 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ýmis framlög (07-999 190).	Þús. kr.
1. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000
2. Íslensk ættleiðing	2.300
3. Geðhjálp	3.500
Óskipt	2.200
	12.000

53. Við 4. gr. 08-203 110 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Fyrir „3.917.000“ kemur	3.911.000
54. Við 4. gr. 08-206 110 Sjúkratryggingar. Fyrir „11.285.000“ kemur	10.315.000
55. Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður: **08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa.** 110 Almennur rekstur	970.000

Þús. kr.

56. Við 4. gr. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).		
1. Akranes, sjúkrahús	10.100	
2. Stykkishólmur, St. Fransiskusspítali og heilsugæslustöð	14.000	
3. Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	7.200	
4. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	10.000	
5. Hvammstangi, sjúkrahús	3.500	
6. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
7. Eskifjörður, H2	1.100	
8. Eskifjörður, Hulduhlíð	7.000	
9. Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	5.300	
10. Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili	5.000	
11. Laugarás, heilsugæslustöð	15.000	
12. Selfoss, bílageymslur sjúkrabíla	6.000	
13. Reykjanesbær, Sjúkrahús Suðurnesja, D-álma	26.000	
14. Kópavogur, heilsugæslustöð	11.800	
15. Mosfellsbær, heilsugæslustöð	1.500	
16. Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	20.500	
		156.000

57. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.
   a. Við 135 Hjartavernd, Monica-rannsóknir. Liðurinn orðast svo:
      135 Hjartavernd, rannsóknarstöð 33.000
   b. Við 137 Hjartavernd. Liðurinn fellur brott.
   c. Við 159 Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili.
      Fyrir „14.400“ kemur 16.400
   d. Við 167 Sjálfsbjörg í Reykjavík. Liðurinn fellur brott.
   e. Við 190 Ýmis framlög. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Ýmis framlög (08-399 190).	
1. Félag heilablóðfallsskaðaðra	200
2. Landssamtök hjartasjúklinga	200
3. Umhyggja	300
4. LAUF	500
5. Styrktarfélag Perthessjúkra	200
6. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000
7. Alnæmissamtökin	500
8. Húsnæðisfélag SEM	1.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
9. MS-félagið	200	
10. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
Óskipt	3.600	
		8.500

58. Við 4. gr. 08-408 Sunnuhlíð, Kópavogi.
    a. Við 101 Almennur rekstur
    Fyrir „146.000“ kemur 137.200
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „14.300“ kemur 5.500
59. Við 4. gr. 08-420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið.
    101 Sjúkrastofnanir SÁÁ.
    Fyrir „222.300“ kemur 225.300
60. Við 4. gr. 08-510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík.
    a. Við 101 Almennur rekstur
    Fyrir „363.900“ kemur 364.800
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „23.000“ kemur 28.000
61. Við 4. gr. 08-515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „40.700“ kemur 49.100
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „8.400“ kemur 12.700
62. Við 4. gr. 08-524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík. 4 Sértekjur.
    Fyrir „10.200“ kemur 7.900
63. Við 4. gr. 08-526 Heilsugæslustöðin Búðardal. 4 Sértekjur.
    Fyrir „3.200“ kemur 1.900
64. Við 4. gr. 08-553 101 Heilsugæslustöðin Akureyri.
    Fyrir „117.300“ kemur 119.300
65. Við 4. gr. 08-573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum. 4 Sértekjur.
    Fyrir „11.800“ kemur 10.300
66. Við 4. gr. 08-581 Heilsugæslustöð Suðurnesja.
    a. Við 101 Almennur rekstur.
    Fyrir „97.100“ kemur 99.100
    b. Við 4 Sértekjur.
    Fyrir „22.400“ kemur 18.400
67. Við 4. gr. 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. 190 Annað. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Annað (08-621 190).	
1. Áfangaheimilið Dyngjan	1.000
2. Líknarfélagið Skjöldur	1.000
3. Íslenskir ungtemplarar	2.000
4. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	2.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Krossgötur	4.000	
6. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
7. Áfangi, líknarfélag	1.000	
8. Stórstúka Íslands	2.000	
Óskipt	31.900	
		45.900

68. Við 4. gr. 09-103 101 Ríkisbókhald.
Fyrir „109.200“ kemur 119.200
69. Við 4. gr. 09-201 Ríkisskattstjóri.
a. Við 110 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa.
Fyrir „91.800“ kemur 81.800
b. Nýr liður:
120 Skatteftirlit 33.000
70. Við 4. gr. 09-202 101 Skattstofan í Reykjavík.
Fyrir „207.800“ kemur 204.800
71. Við 4. gr. 09-203 101 Skattstofa Vesturlands.
Fyrir „33.000“ kemur 31.100
72. Við 4. gr. 09-204 101 Skattstofa Vestfjarða.
Fyrir „23.200“ kemur 21.300
73. Við 4. gr. 09-205 101 Skattstofa Norðurlands vestra.
Fyrir „23.300“ kemur 22.600
74. Við 4. gr. 09-206 101 Skattstofa Norðurlands eystra.
Fyrir „56.700“ kemur 49.200
75. Við 4. gr. 09-207 101 Skattstofa Austurlands.
Fyrir „27.800“ kemur 25.900
76. Við 4. gr. 09-208 101 Skattstofa Suðurlands.
Fyrir „33.700“ kemur 32.700
77. Við 4. gr. 09-209 101 Skattstofa Vestmannaeyja.
Fyrir „12.900“ kemur 12.600
78. Við 4. gr. 09-211 101 Skattstofa Reykjaness.
Fyrir „101.800“ kemur 104.100
79. Við 4. gr. 09-212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld.
a. Við 101 Ýmis sameiginleg útgjöld. Liðurinn fellur brott.
b. Nýr liður:
115 Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli 25.000
c. Nýr liður:
130 Þungaskattur 15.000
d. Nýr liður:
140 Fjármagnstekjuskattur 27.500
e. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „16.000“ kemur 13.000

Þús. kr.

80. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt.
    a. Nýr liður:
    121 Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings 12.000
    b. Við 141 Útboðs- og einkavæðingarverkefni. Liðurinn fellur brott.
81. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni.
    a. Við 123 Slysavarnaskóli sjómanna.
    Fyrir „31.900“ kemur 33.600
    b. Við 124 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.
    Fyrir „18.800“ kemur 19.800
    c. Við 127 Slysavarnafélag Íslands.
    Fyrir „15.600“ kemur 18.200
    d. Nýr liður:
    129 Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum 5.000
    e. Við 131 Landsbjörg.
    Fyrir „8.400“ kemur 13.500
    f. Nýr liður:
    142 Ferðamál og markaðsstarf 10.000
82. Við 4. gr. 10-211 Vegagerðin. 610 Nýframkvæmdir.
    Fyrir „2.106.000“ kemur 2.206.000
83. Við 4. gr. 10-335 Siglingastofnun Íslands.
    a. 670 Hafnamannvirki. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Hafnamannvirki (10-335 670).		
Vesturland:		
1. Akranes	15.000	
2. Snæfellsbær	12.300	
3. Grundarfjörður	4.600	
4. Stykkishólmur	1.500	
		33.400
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	8.300	
2. Tálknafjörður	1.300	
3. Ísafjarðarbær	33.100	
4. Bolungarvík	1.300	
5. Súðavík	13.400	
6. Drangsnes	3.800	
7. Hólmavík	1.500	
		62.700
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	10.000	
2. Blönduós	5.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Skagaströnd	16.300	
4. Sauðárkrókur	14.600	
5. Hofsós	1.600	
6. Siglufjörður	6.800	
		54.300
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	15.200	
2. Hrísey	5.000	
3. Hjalteyri	200	
4. Akureyri	32.500	
5. Svalbarðseyri	1.200	
6. Grenivík	6.900	
7. Grímsey	2.400	
8. Húsavík	33.800	
9. Kópasker	1.700	
10. Raufarhöfn	2.500	
11. Þórshöfn	30.700	
		132.100
Austurland:		
1. Bakkafjörður	200	
2. Vopnafjörður	16.500	
3. Borgarfjörður eystri	16.700	
4. Seyðisfjörður	21.200	
5. Neskaupstaður	9.300	
6. Eskifjörður	500	
7. Fáskrúðsfjörður	6.300	
8. Stöðvarfjörður	200	
9. Djúpivogur	4.800	
10. Höfn í Hornafirði	13.400	
		89.100
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	38.900	
2. Þorlákshöfn	41.700	
		80.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	26.000	
2. Sandgerði	45.500	
3. Reykjanesbær	26.500	
4. Vogar	14.700	
		112.700

	Þús. kr.
Óskipt	2.100
	567.000

b. Við 674 Lendingarbætur. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Lendingarbætur (10-335 674).		
1. Hellnar og Búðir, Snæfellsbæ	500	
2. Grunnavík, Ísafjarðarbæ	600	
3. Kjörvogur, Árneshreppi	100	
4. Broddanes, Broddaneshreppi	300	
5. Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	500	
		2.000

c. Við 680 Sjóvarnagarðar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	
Sjóvarnargarðar (10-335 680).		
1. Akranes	5.900	
2. Snæfellsbær	4.500	
3. Ísafjarðarbær	6.400	
4. Blönduósbær	2.300	
5. Höfðahreppur	1.500	
6. Svalbarðsstrandarhreppur	1.000	
7. Húsavík	4.200	
8. Þórshafnarhreppur	3.300	
9. Árskógshreppur	500	
10. Ölfushreppur	2.500	
11. Vestmannaeyjar	3.000	
12. Bessastaðahreppur	6.500	
13. Seltjarnarnes	4.800	
Óskipt	4.600	
		51.000

84. Við 4. gr. 10-651 Ferðamálaráð. 121 Fjölsóttir ferðamannastaðir.
Fyrir „5.100“ kemur 14.100

85. Við 4. gr. 11-299 Iðja og iðnaður, framlög.
a. Við 119 Staðlaráð.
Fyrir „3.800“ kemur 18.800
b. Við 150 Nýsköpun og markaðsmál. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Nýsköpun og markaðsmál (11-299 150).		
Landssamband hugvitsmanna	500	
Óskipt	32.000	
		32.500

86. Við 4. gr. 11-301 Orkustofnun.
    a. Við 101 Sjórnsýslusvið. Liðurinn orðast svo:
    101 Yfirstjórn 8.800
    b. Við 102 Rannsóknarsvið. Liðurinn orðast svo:
    102 Orkumálasvið 66.500
    c. Nýir liðir:
    103 Orkurannsóknir 95.500
    104 Sala rannsókna 169.200
    d. Við 109 Annað, óskipt. Liðurinn fellur brott.
87. Við 4. gr. 11-399 Ýmis orkumál. 116 Styrking dreifikerfis í sveitum.
    Fyrir „100.000“ kemur 110.000
88. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. 123 Ýmis umhverfisverkefni.
    Fyrir „17.000“ kemur 18.000
89. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands. 101 Almenn starfsemi.
    Fyrir „287.300“ kemur 288.800

333. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um tryggingagjald til umfjöllunar og fékk umsagnir frá fjölmörgum aðilum en þeirra er getið í áliti meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpið fjallar um að samræma tryggingagjald milli atvinnuvega hérlendis þannig að greiðslur þeirra sem hafa verið í lægri gjaldflokki munu hækka en greiðslur þeirra sem hafa verið í hærri gjaldflokki munu lækka.

Tryggingagjald er launaskattur, þ.e. álagning á greidd laun fyrirtækja. 1. minni hluti telur að noti ríkisvaldið slíkan gjaldstofn sé eðlilegt að atvinnugreinum sé ekki mismunað nema menn kjósi að veita tilteknum atvinnugreinum sérstakar ívilnanir umfram aðrar hvað varðar launakostnað.

Á síðari árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að mismunun í atvinnulífinu sé ekki af hinu góða og atvinnuvegir verði að keppa á jafnréttisgrundvelli um framleiðsluþætti, þar á meðal um vinnuafl.

Sérstök ívilnun fyrir sjávarútveg, landbúnað og iðnað á kostnað annarra atvinnugreina er arfur frá þeim tíma þegar efnahagskerfið byggðist í miklum mæli á ríkisafskiptum og ýmiss konar millifærslum. Sá tími er liðinn og benda má á að erlendis er lögð rík áhersla á að samræma skattlagningu af hálfu ríkisins. Þótt ekki beri nauðsyn til þess vegna EES-

samningsins að samræma tryggingagjaldið er þessi lagabreyting í samræmi við þróun löggjafar erlendis.

Fyrsti minni hluti styður samræmingu tryggingagjalds og að henni sé dreift á fjögur ár. Það auðveldar einstökum atvinnugreinum aðlögun að þessari breytingu. Breytingartillaga meiri hlutans um að miða við heildarlaun, þ.e. með lífeyrissjóðsiðgjaldi, er til bóta og styður 1. minni hluti þá tillögu.

Fyrsti minni hluti er hins vegar alfarið andvígur þeim markaða tekjustofni til Staðlaráðs og Icepro sem er ákveðinn í 2. lið breytingartillagna meiri hlutans en þeir aðilar sjá um útgáfur staðla hérlendis og eru stofnanir með opinberri þátttöku. Það er mun eðlilegra að framlög til þessa þáttar væru á fjárlögum hverju sinni frekar en að marka tekjustofn með þeim hætti sem meiri hlutinn leggur til.

Með þessu er tilteknum stofnunum og fyrirtækjum veittur forgangur fram yfir önnur sem síðar kynnu að vilja hasla sér völl á þessu sviði. Þetta er dæmi um vond vinnubrögð og slæma stefnu, enda eru markaðir tekjustofnar almennt á undanhaldi í umræðu um skatta- og efnahagsmál. Þannig tókst meiri hlutanum að gera tiltölulega gott mál um ákveðið grundvallaratriði verra með breytingartillögum sínum.

Alþingi, 12. des. 1996.

Ágúst Einarsson, frsm. Ásta B. Þorsteinsdóttir.

334. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlög eru stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og ein mikilvægasta efnahagslega ákvörðunin sem tekin er í landinu ár hvert. Vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þau ráða lífsafkomu fjölda fólks og afkomu byggðarlaga. Fjárlagafrumvarpið er ekki bara upptalning á einstökum útgjaldaliðum og tekjupóstum. Það segir ekki aðeins til um hvað skattar eru áætlaðir háir á fjárlagaárinu eða hvað heilbrigðisþjónusta landsmanna muni væntanlega kosta. Fjárlögin eiga að vera tæki til að gera aðstæður einstaklinga og fjölskyldna bærilegar og við núverandi skilyrði ættu þau að fela í sér jákvæð skilaboð til verkalýðshreyfingarinnar í aðdraganda afdrifaríkra kjarasamninga. Launafólk hefur tekið á sig þungar byrðar á undanförnum árum sem kominn er tími til að létta af því og ef allt væri með felldu ætti fjárlagafrumvarpið að gefa skýrar vísbendingar þar um. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa aukist, við státum okkur af einhverjum mesta hagvexti innan OECD og efnahagsspár benda til framhalds þar á. Fjárlagafrumvarpið ber það ekki með sér að höfundar þess hafi fylgst með þessari þróun. Á undanförnum árum hefur skattastefnan miðað að því að leggja meiri skatta á heimilin. Sífelldar breytingar á barnabótum, barnabótaauka og vaxtabótum hafa leitt til mikillar óvissu hjá barnafólki og ungum húskaupendum. Það er sérkennileg skattastefna sem boðar upplausn fjölskyldunnar frekar en sameiningu hennar. Þar fyrir utan hafa heimilin þurft að taka á sig aukna skattbyrði til að hægt væri að lækka

byrði fyrirtækja. Það er kominn tími til að fjölskyldan verði aftur hornsteinn þjóðfélagsins í stað þess að vera hornsteinn skattakerfisins.

Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsmál hafa að sumu leyti þróast með hagstæðum hætti á þessu ári. Samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að vöxtur landsframleiðslunnar á þessu ári nemi um 5,5%. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 gerir stofnunin ráð fyrir nokkuð minni hagvexti eða sem nemur 2,5%. Ef þetta gengur eftir verður meðalvöxtur landsframleiðslunnar hér á landi um 3,4% frá árinu 1994 eða um einu prósentustigi hærri en í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar að meðaltali.

Hagþróunin að undanförnu hefur fremur markast af auknum þjóðarútgjöldum en aukinni innlendri verðmætasköpun. Þetta má glöggt sjá í þeim mikla umsnúningi sem orðið hefur í þróun viðskiptajafnaðarins á þessu ári, en gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn muni nema um 9 milljörðum kr. í ár. Sama er uppi á teningnum á næsta ári. Þjóðarútgjöld eru talin munu aukast um 3,5% og á sú aukning aðallega rætur í neysluútgjöldum heimilanna og fjárfestingu. Vöxtur innflutnings er verulegur eða 5,7% samanborið við 2,8% áætlaða aukningu útflutningstekna. Allt þetta mun valda því að viðskiptahallinn á árinu 1997 verður langt yfir viðunandi mörkum miðað við eðlilegt fjárfestingarstig eða um 15 milljarðar kr. Nauðsynlegt er að allir átti sig á því að aukinn viðskiptahalli er ávísun á auknar erlendar skuldir.

Vart þarf að taka fram að ef af fyrirhuguðum framkvæmdum við nýtt álver á Grundartanga verður munu þjóðhagsforsendur breytast. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að landsframleiðslan aukist um 4,5% í stað 2,5% ef af þessu verður og viðskiptahallinn fari yfir 20 milljarða kr. Við slíkar aðstæður hefur stefnan í ríkisfjármálum veigamikið gildi ef halda á verðlagsforsendum og skuldaþróun innan eðlilegra marka.

Minni hlutinn telur allt benda til meiri hagvaxtar á næsta ári en boðað er í frumvarpinu og eru tekjur þess vegna verulega vanáætlaðar. Aukin umsvif og neysla skila tekjum í ríkissjóð sem verða mun meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum og augljóslega meiri á næsta ári en áætlað er í frumvarpinu. Rétt er að nýta þann tekjuauka til að bæta skuldastöðu ríkissjóðs, en ekki er síður mikilvægt að nýta hann til þess að rétta af stefnuna í menntakerfinu, heilbrigðis- og tryggingakerfinu og félagslega kerfinu. Niðurskurðir síðustu ára í þessum málaflokkum hefur komið harkalega niður á almenningi og veldur meiri kostnaði til lengri tíma litið, bæði hjá einstaklingum og þjóðfélaginu í heild.

Fjárhagsstaða heimilanna.

Gríðarleg skuldasöfnun hefur átt sér stað hjá heimilunum í landinu á undanförnum árum. Í upphafi níunda áratugarins námu skuldir heimilanna um 24,1% af ráðstöfunartekjum þeirra. Á þessu ári er áætlað að samsvarandi hlutfall nemi um 131,3%. Greiðslubyrði lána hefur að sama skapi stóraukist og takmarkað svigrúm margra fjölskyldna, ekki síst tekjulágra, til að framfleyta sér á þann hátt sem við öll gerum kröfur til í nútímasamfélagi. Þegar skuldaaukning er orðin svo mikil að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til uppgreiðslu þeirra blasir alvarlegur vandi við.

Í lok þessa árs áætlar Seðlabankinn að heildarskuldir heimilanna muni nema tæpum 350 milljörðum kr. Á milli áranna 1995 og 1996 nemur skuldaaukning hátt í 30 milljörðum kr. á föstu verðlagi.

Hvað skýrir svo óhagstæða þróun í fjármálum heimilanna sem raun ber vitni? Stór hluti þessarar þróunar stafar af því að einkaneysla er fyrst og fremst fjármögnuð með lánum. Undirrótin er án efa að stórum hluta fólgin í óhóflegri bjartsýni um framtíðartekjur sem stjórnvöld hafa ýtt undir með margvíslegum hætti. Hagvöxtur á þessu ári stendur því ótraustum fótum. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næsta ári.

Þá veldur það frekari áhyggjum að heimilin, sem halda uppi þessum hagvexti, eru talin auka neysluútgjöld sín í ár sem nemur 7%. Það þýðir að annaðhvort er gengið á sparnað eða safnað skuldum. Hvorugur kosturinn getur talist góður þar sem sparnaður heimilanna er afar lítill fyrir á alþjóðlegan mælikvarða og skuldsetning þegar mikil.

Það sér því hver maður að efnahagsstefna, sem felur í sér frekari vaxtahækkanir, hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir heimilin við þær aðstæður sem nú hafa verið skapaðar.

Skuldasöfnun hins opinbera.

Hið opinbera hefur ekki verið fordæmi fyrir heimilin í fjárhagslegu tilliti undanfarin ár. Skuldasöfnun opinberra aðila er nú komin á það stig að ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur. Seðlabankinn áætlar að í lok þessa árs nemi samanlagðar skuldir A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga rúmum 275 milljörðum kr. Í hlutfalli við landsframleiðslu nema skuldirnar 53,3%. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1995 koma fram sláandi tölur í þessu samhengi. Þar segir að ráðstafa þyrfti öllum skatttekjum ríkissjóðs í tvö ár ef greiða ætti niður skuldir hans.

Sífellt er hamrað á því að opinberar skuldir fari lækkandi og er þá vitnað til skulda í hlutfalli við ýmsar hagstærðir. Það ætti hins vegar að vera hagsmunamál allra, bæði stjórnmálamanna og almennings, að horfast í augu við skuldavandann í stað þess að hengja sig ætíð í hlutfallstölur sem eru síbreytilegar milli tímabila til að réttlæta tiltekna stefnu. Kjarni málsins er sá að skuldir opinberra aðila aukast á þessu ári að raungildi úr rúmum 278 milljörðum kr. á árinu 1995 í rúman 281 milljarð kr. Þetta kemur skýrt fram í töfluviðauka við frumvarpið. Þá verður ekki fram hjá því litið að ríkisfjármálastefna sem bregst ekki af fullum þunga við þeim gríðarlega halla sem myndast hefur í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd er í reynd skuldastefna. Við núverandi aðstæður eru ríkisfjármálin langvirkasta tækið til að bregðast við viðskiptahallanum.

Fjárfestingar.

Í þjóðhagsáætlun til aldamóta er gert ráð fyrir að fjárfestingar aukist verulega hjá fyrirtækjum og heimilum. Einnig er gert ráð fyrir að framleiðnin í þjóðarbúskapnum aukist. Heildarútflutningur eykst um 3,5% og aukning innflutnings verður um 3%. Ef þessi spá gengur eftir mun viðskiptahallinn snúast og afgangur verða. Það verður að gerast ef takast á að lækka erlendar skuldir. Minni hlutinn telur að erlendar skuldir megi ekki vera hærri en 35–40% af landsframleiðslu ef unnt á að vera að ráða við sveiflur sem skapast af því að okkar afkoma byggist aðallega á sjávarútvegi.

Lítil fjármunamyndun er alvarleg meinsemd í efnahagsstjórn. Á árunum 1992–94 varð um fjórðungssamdráttur á þessu sviði og þrátt fyrir lítils háttar aukningu síðan er Ísland í hópi þeirra þjóða sem hafa hvað lægst hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu eða 15,5%. Að jafnaði er náið samband á milli fjármunamyndunar og atvinnustigs. Það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að stuðla að fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og skapa þannig störf fyrir ungt fólk sem streymir inn á vinnumarkaðinn. Skortur á slíkri stefnu er ávísun á viðvarandi atvinnuleysi. Varanlegum stoðum verður ekki

skotið undir hagvöxt í framtíðinni nema hlutfall fjármunamyndunar hækki. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka viðhalds- og fjárfestingarframlög verulega til þess að sporna við þenslu. Minni hlutinn varar við að láta eignir ríkisins drabbast niður vegna skorts á viðhaldi og endurbótum.

Launa- og atvinnumál.

Meðal launafólks gætir vaxandi óþolinmæði og gremju yfir kjörum. Það er öllum ljóst að þjóðarsáttarsamningarnir byggðust á því að verkafólk axlaði að mestu byrðarnar af því að koma stöðugleikanum á. En forréttindahópar áttu að bera sinn skerf. Gerðu þeir það? Ákveðið var að frysta að mestu þáverandi ástand í launamálum með því óréttlæti sem í því er, enda talið mikilvægast að ná tökum á íslensku efnahagslífi. Það hefur tekist og er komið að því að stjórnvöld styðji við bakið á verkalýðshreyfingunni og mæti kröfum hennar um réttlátari skiptingu teknanna láglaunafólki til hagsbóta og jafnframt að treysta það öryggisnet sem velferðarkerfið á að vera sjúkum, öldruðum og láglaunafólki. Áform ríkisstjórnarinnar eru til þess fallin að vekja upp efasemdir um að stjórnvöld muni standa við sinn þátt þjóðarsáttarsamninganna. Stjórnarstefnan hefur svipt burt þeim trúnaði sem áður ríkti milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda og er þannig orðin sjálfstætt efnahagsvandamál. Aftenging atvinnuleysisbóta og bóta ellilífeyrisþega og öryrkja er eitt þeirra atriða sem verður að breyta til fyrra horfs og tryggja verður að þær fylgi almennri launaþróun í landinu.

Launafólk á Íslandi er dæmt til þess í launa- og skattkerfinu að reyna að ná endum saman með vinnutíma sem er allt að þremur mánuðum lengri á ári en gerist meðal grannþjóða okkar. Í þessu fjárlagfrumvarpi er ekki að finna neinar tillögur eða stefnu sem tekur á þessum málum. Minni hlutinn átelur harðlega að einmitt nú, þegar við stöndum frammi fyrir allsherjarkjarasamningum við gerbreytt skilyrði eftir samdráttarskeið og í nýju efnahagsumhverfi, reyni stjórnvöld ekki að ná árangri með því að leggja fram efnahagsstefnu sem er þess eðlis að hún sannfæri launafólk um að hugur fylgi máli. Það virðist ekki vera alvara í því af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að gera hvort tveggja, að breyta skattkerfinu í þá átt að það verði vinnuhvetjandi en ekki letjandi og stuðli að réttlátari tekjudreifingu og sýna fram á að þessi efnahagsstefna verði haldbær, eins og hún reyndist vera í hallærinu, og þoli líka góðærið.

Verulega minna fjármagn rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári en á þessu. Að hluta til skýrist það af áætlun um minna atvinnuleysi eða 0,2% sem er áætlað um 130 millj. kr. En það eru líka boðaðar hertar úthlutunarreglur sem ástæða er til að vara við.

Minni hlutinn telur skilnings- og afskiptaleysi ríkisstjórnar Davíðs Oddsonar gagnvart höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar óþolandi. Skilningsleysið birtist í því að láta hvers kyns óréttlæti dafna í viðskiptum með sameign þjóðarinnar, hugmyndum um að heimila veðsetningu kvóta og afskiptaleysi gagnvart því að lög séu brotin, þegar sjómenn eru látnir taka þátt í rekstri útgerðar með þátttöku í kvótaleigu og verða að sæta brottrekstri ef þeir sætta sig ekki við það sem útgerð vill skammta þeim eins og nýleg dæmi sanna.

Heilbrigðismál.

Velferðarkerfi þjóðarinnar er einn mikilvægasti hlekkur samfélagsins. Það á að stuðla að jöfnuði meðal fólks og tryggja lágmarksafkomu þeirra fjölskyldna og einstaklinga sem lent hafa í sérstökum erfiðleikum. Í þessu fjárlagafrumvarpi er á mörgum sviðum þrengt að velferðarkerfinu og getu þess til að sinna skyldum sínum. Framlög til sjóða eru skor-

in niður, atvinnuleysisbætur skertar og sjúkrahúsin látin búa við vaxandi rekstrarvanda. Jákvæðar, uppbyggjandi aðgerðir skortir.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa árlega verið helsti skotspónn sparnaðaraðgerða. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt því að til þess málaflokks fara um 41,6 % af útgjöldum íslenska ríkisins, eða 52 milljarðar kr. í fjárlagafrumvarpinu. Gæta þarf aðhalds og huga af kostgæfni að því hvernig þessum háu fjárhæðum er varið. Ráðdeild og sparnaður í þessum mikilvæga málaflokki er stöðugt verkefni. Á hinn bóginn verður að standa vörð um rétt landsmanna til bestu fáanlegrar þjónustu.

Það er gagnrýni vert að meiri hlutinn hafi ekki getað afgreitt rekstur sjúkrastofnana frá nefndinni fyrir 2. umræðu fjárlaga. Tillögur um niðurskurð vegna rannsókna og röntgengreininga sem nemur 100 millj. kr. hafa verið kynntar lauslega í nefndinni en engin útfærsla á framkvæmd. Ekki virðist vilji til sértækra aðgerða til að stytta biðlista vegna bæklunaraðgerða þar sem 1.400–1.500 manns bíða aðgerða. Alls bíða yfir 3.000 manns eftir mismunandi aðgerðum samkvæmt upplýsingum landlæknis. Halli allra sjúkrahúsanna í landinu frá fyrri árum nemur að minnsta kosti 800 millj. kr. og samkvæmt framlögðum gögnum vantar að minnsta kosti 1–1,5 milljarða kr. til að mæta þeirri þörf sem stjórnendur telja fyrir hendi.

Minni hlutinn telur brýna nauðsyn á nýrri stefnumörkun í heilbrigðismálum í stað handahófskennds niðurskurðar við fjárlagagerð ár hvert og telur sýnt að lengra verði ekki gengið á þessari braut. Minni hlutinn lýsir andstöðu við aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og telur að ekki megi víkja frá þeim meginþætti í heilbrigðislöggjöf okkar að fólki skuli ekki mismunað eftir efnahag.

Húsnæðismál.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um Byggingarsjóð verkamanna. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að stefnt skuli að stórfelldum skerðingum framlaga til hans. Þessi skerðing er aðför að sjóðnum og samkvæmt nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar stefnir í gjaldþrot sjóðsins með sama áframhaldi. Minni hlutinn lýsir allri ábyrgð á stöðu sjóðsins á hendur ríkisstjórninni.

Minni hlutinn vill leggja áherslu á að úrræða verði leitað til að auka möguleika ungs fólks til að fjárfesta í húsnæði. Þá er ljóst að auka þarf framboð á leiguhúsnæði og tryggja betur en nú stöðu leigjenda á fasteignamarkaðinum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra.

Minni hlutinn varar við aðgerðum ríkisstjórnar varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra Þegar sjóðurinn tók við ákveðnum hluta af rekstrarkostnaði í þessum málaflokki var það raunverulega samkvæmt samkomulagi í síðustu ríkisstjórn og það var sett í fjárlögin þá að við það væri miðað að ef þessi sjóður ætti að einhverju leyti að fjármagna rekstur yrði tryggt að hann fengi óskertar tekjur af erfðafjárskatti sem nú eru 420 millj. kr. Nú eru einungis 165 millj. kr. settar í sjóðinn þannig að um 255 millj. kr. renna í ríkissjóð. Minni hlutinn telur að hér sé um alvarlega aðgerð og mjög vafasama að ræða þar sem þótt ekki sé verið að skera niður reksturinn núna fer framkvæmdageta sjóðsins mjög minnkandi og það mun koma fram í stöðnun í uppbyggingu á málefnum fatlaðra á næstu árum og lengingu biðlista.

Menntakerfi í upplausn.

Fjárlögin eru hin raunverulega yfirlýsing stjórnvalda um menntastefnu og menntunarmöguleika ungs fólks í heimi sem breytist óðfluga. Við Íslendingar veitum minna til menntamála en allar nágrannaþjóðir okkar og vísinda- og rannsóknastarfsemi er aftarlega í forgangsröðinni. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur í verki sýnt mikilvægi menntunar fullkomið skilningsleysi þrátt fyrir loforð um annað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar voru hástemmd loforð höfð í frammi um að vegur menntunar skyldi aukinn, lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna endurskoðuð og Nýsköpunarsjóður námsmanna styrktur. Það sem af er kjörtímabili ríkisstjórnarinnar hefur menntakerfið verið í stórkostlegri afturför, enda hefur þjóðfélagið logað í illdeilum vegna menntastefnu stjórnarinnar. Í fyrra var ráðist að kennurum ásamt öðrum ríkisstarfsmönnum með breytingum á lögum um starfsmenn ríkisins þrátt fyrir mikla andstöðu þeirra og samtaka þeirra. Háskólinn hefur verið sveltur svo að ráðamenn þar á bæ hafa lýst því yfir að þeir treysti sér ekki til að halda uppi viðunandi gæðum í kennslu og þjónustu, framhaldsskólar og starfsmenntun eru fórnarlömb handahófskennds niðurskurðar í ár og þeir sem verst fara út úr niðurbrotinu eru að sjálfsögðu notendur menntakerfisins, sjálfir námsmennirnir. Framtíð þjóðarinnar, fólkið sem á að taka við þjóðarskútunni, býr við síauknar álögur í formi ýmiss konar skólagjalda og nú síðast birtist óendanlegt hugmyndaflug ríkisstjórnarinnar í endurinnritunargjaldi eða fallskatti. Lánasjóður íslenskra námsmanna er enn í sama farinu og þegar ríkisstjórnin tók við þrátt fyrir loforð framsóknarmanna um breytta stefnu í þeim málum fyrir kosningar. Menntastefna ríkisstjórnarinnar er hættuleg landi og þjóð, hún rýrir samkeppnisstöðu Íslendinga á alþjóðavettvangi og brýtur niður alla framþróun þjóðarinnar. Og það allra versta er kannski sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur með markvissum aðgerðum séð til þess að aðeins þeir sem eiga fjárhagslegan hauk í horni geta notið þeirra forréttinda að mennta sig. Sú þróun er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í öðrum málaflokkum þar sem sífellt er þrengt að þeim sem nota samfélagslega þjónustu, svo sem fötluðum, öryrkjum og öldruðum.

Munu nú einstakir þættir menntakerfisins teknir til umfjöllunar.

A. Grunnskólar og leikskólar.

Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna var grundvallarbreyting gerð á skólakerfi landsmanna og enn er ekki séð fyrir endann á því hvort sú ráðstöfun hafi verið til góðs. Pólitísk sátt var um málið á Alþingi þótt fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu ýmsa fyrirvara á stuðningi sínum við málið. Grundvöllur þess að sátt verði um málið í framtíðinni er að sveitarfélögunum verði tryggður fjárhagslegur grunnur til að standa sómasamlega að uppbyggingu skólanna, en samkomulag var gert á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga í mars sl. um flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Framlag til málaflokksins Grunnskólar og leikskólar er í frumvarpi til fjárlaga áætlað um 1.618 millj. kr. sem er lækkun um 5 milljarða kr. frá fjárlögum þessa árs. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga mun leiða til lækkunar á útgjöldum menntamálaráðuneytisins um 6,2 milljarða kr., en á móti koma sérstakar greiðslur til sveitarfélaga á árinu 1997, samtals að fjárhæð um 1,2 milljarðar kr., vegna flutnings grunnskólans. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1996 kom í ljós að greiðslur vegna þessa voru vanmetnar fyrir árið 1996 og þurfti að sækja um viðbótarheimild upp á 239 millj. kr. Þá er fyrirhugað að breyta verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar þjónustu við fötluð börn í leikskólum, en mikilvægt er að sú breyting komi á engan hátt niður á þjónustu við börnin.

Sveitarfélögin hafa mótmælt síauknum álögum af hálfu ríkisins sem koma óneitanlega niður á þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Leggur minni hlutinn áherslu á mikilvægi samráðs við sveitarfélögin um skuldbindingar sem lagðar eru þeim á herðar þar sem þeim hafa verið falin æ stærri verkefni í seinni tíð. Rekstur grunnskólans er eitt slíkt og flutningur hans til sveitarfélaga má ekki verða til þess að landsmönnum verði mismunað eftir búsetu og efnahag.

B. Framhaldsskólar og sérskólar.

Stórfelldur niðurskurður til framhaldsskólanna í fjárlögum þessa árs hefur orðið tilefni mótmæla og mikillar ólgu í þjóðfélaginu. Af fyrirhuguðum niðurskurði upp á um 200 millj. kr. hefur verið ákveðið að standa við 160 millj. kr., en 40 millj. kr. er áætlað að skila til baka. Hluti þess, eða 20 millj. kr., er fluttur á liðinn Framhaldsskólar, óskipt. Ætlunin er að þeim fjármunum verði varið til að standa straum af kostnaði við fyrirhugaða samninga, skipulagsbreytingar við framhaldsskólana og innheimtu endurinnritunargjalds. Er að nokkru leyti verið að koma til móts við hörð mótmæli gegn fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til nokkurra skóla á landsbyggðinni, þ.e. Framhaldsskólans á Laugum, í Austur-Skaftafellssýslu, á Húsavík og Skógarskóla. Þá er ætlað að 20 millj. kr. umfram það sem áætlað var í fjárlagafrumvarpinu verði varið til tækjakaupa og lausnar rekstrarvanda nokkurra skóla þannig að nú þegar liggur fyrir að sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar í rekstri framhaldsskólanna eru óraunhæf. Þrátt fyrir 40 millj. kr. eftirgjöf er staða framhaldsskólanna algerlega óviðunandi og á engan hátt í takt við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um eflingu menntunar.

Þá hefur hinn umdeildi fallskattur vakið mikla reiði. Það er ótrúlega lágkúruleg fjáröflunaraðferð sem ríkisstjórnin fer hér af stað með. Átelur minni hlutinn harðlega slík vinnubrögð, enda mun hann flytja breytingartillögur til að afnema þennan fyrirhugaða skatt. Í skýringum með frumvarpi til fjárlaga er gjaldtakan sögð vera lögð til í þeirri von að hún leiði til markvissari innritunar, og auðveldi skipulagningu kennslu, fremur en til útgjalda nemenda. Þessari skýringu vísar minni hlutinn algerlega á bug. Í fyrsta lagi má stórlega efast um þá kenningu að slík gjaldtaka leiði til markvissari innritunar en nú, hvað þá heldur að hún auðveldi skipulagningu kennslu. Ekkert hefur komið fram sem sýnir þetta. Þá er ljóst að skatturinn leiðir til útgjaldaauka nemenda auk þess sem hann leiðir til þess að þeim sem þurfa á stuðningi að halda er með markvissum hætti ýtt út úr skólakerfinu. Á sama tíma ætlar ríkisstjórnin að vísa ungmennum á aldrinum 16–18 ára úr atvinnuleysisbótakerfinu þótt hún hafi ekki nokkur úrræði tiltæk til þess að auka atvinnumöguleika þessa hóps. Minni hlutinn fordæmir þessa aðför ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að ungmennum og varar við afleiðingum slíkrar mismununarstefnu.

Í nýjum framhaldsskólalögum er lögð áhersla á aukna verkmenntun og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er mikil áhersla einnig lögð á þennan þátt. Þessar áherlsur er alls ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu eða í síðari tillögum sem frá menntamálaráðuneytinu hafa komið. Niðurskurðurinn í frumvarpinu bitnar þvert á móti verst á þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á verkmenntun á meðan hinir klassísku bóknámsskólar fara betur út úr sparnaðaráformum. Slík stefna er úr takt við kröfur samfélagsins sem einmitt þarfnast öflugri verkmenntunar á meðan offramboð er á stúdentum úr mörgum bóknámsgreinum.

C. Háskólastigið.

Samkvæmt frumvarpinu hækkaði fjárveiting til Háskóla Íslands um 89 millj. kr. frá fyrra ári. Að teknu tilliti til verðlagsforsendna mun raunhækkunin hafa numið um 34 millj. kr. Í frumvarpinu er samhengið á milli nemendafjölda og framlaga til menntamála viðurkennt sem vissulega er ný stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar og er fagnaðarefni að loksins skuli þessi sjálfsögðu sannindi mæta skilningi.

Háskóli Íslands gerði athugasemdir við að ekki hefði verið komið til móts við ósk um fjárveitingu til bóka- og tímaritakaupa upp á 17 millj. kr. og bent var á að erlendar verðhækkanir á bókum hafi leitt til þess að safnið hafi orðið að segja upp 30% áskrifta tímarita næsta árs sem muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir kennslu og rannsóknir skólans. Að hluta til var komið til móts við beiðnina á milli 1. og 2. umræðu, eða með sem svarar 12 millj. kr. Minni hlutinn vill vara við óraunsæjum sparnaðartillögum á þessu sviði og vekur um leið athygli á nauðsyn þess að Þjóðarbókhlaðan sé opin á þeim tímum sem námsmenn þurfa á að halda þannig að safnið nýtist í sem ríkustum mæli. Þá vill minni hlutinn vekja athygli á framkominni beiðni Háskólans á Akureyri um stóraukin framlög til rannsóknastarfsemi sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur ekki fallist á. Framlagið í ár er 13,8 millj. kr. miðað við 13,5 í fyrra en skólinn telur að hækka þurfi þetta um helming eigi skólinn að geta sinnt rannsóknum af metnaði. Sýnir þetta enn og aftur að vilji ríkisstjórnarinnar til að styðja rannsóknir og vísindi ristir ekki djúpt.

Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna er óbreytt frá síðustu fjárlögum þannig að enn og aftur sýnir ríkisstjórnin að hún ætlar ekki að standa við loforð sín gagnvart kjósendum sínum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var lofað að efla sjóðinn, en þess í stað var gerð tilraun til að skerða hann á síðustu fjárlögum og í ár á framlag til hans að standa í stað. Minni hlutinn gerir að tillögu sinni að framlög til sjóðsins verði aukin um 5 millj. kr. sem er síst of há fjárhæð til eflingar sjóðnum.

D. Starfsmenntun í atvinnulífinu.

Í frumvarpinu eru gerðar breytingar á stöðu Starfsmenntasjóðs þannig að sjálfstæð fjárveiting til sjóðsins verður felld niður, en í stað þess verður tryggt að sömu fjármunum verði varið til starfsmenntunar í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Að auki er honum ætlað að fjármagna liðinn Atvinnumál kvenna, en þessi verkefni heyrðu áður undir liðinn Vinnumál. Þessi breyting er í engu samræmi við þá umræðu sem átt hefur sér stað á síðari árum um mikilvægi starfsmenntunar, erlendis eða hér á landi á evrópsku ári símenntunar. Minni hlutinn lýsir yfir undrun sinni á þessari breytingu og vísar því á bug að hún geti samræmst áformum ríkisstjórnarinnar um eflingu starfsmenntunar. Þvert á móti velur ríkisstjórnin að gera starfsmenntun að nokkurs konar hliðarbúgrein Atvinnuleysistryggingasjóðs, auk þess sem sköpuð er veruleg hætta á því með breytingunni að þeir fjármunir sem hingað til hafa runnið í Starfsmenntasjóð verði hluti af potti sem bitist er harðlega um. Með breytingunni er komið á fullkomnu óvissuástandi um framtíð starfsmenntamála og þess vegna gerir minni hlutinn það að tillögu sinni að þessum málum verði fyrir komið á sama hátt og áður var. Aðeins þannig er tryggt að þeim fjármunum sem um ræðir verði varið til starfsmenntunar en ekki til annarra verkefna.

Þá gerir minni hlutinn að tillögu sinni að framlög til Félagsmálaskóla alþýðu verði hækkuð í því skyni að efla starfsmenntun. Minni hlutinn vekur sérstaklega athygli á nauðsyn þess að auka framlög til liðarins 1.40 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem hlutverk trúnaðarmanna hefur stóraukist með stórfelldum breytingum á lagaumhverfi vinnumarkaðar og auknum áhuga fyrir gerð vinnustaðasamninga.

Umhverfismál.

Ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um að hún vilji leggja aukna áherslu á umhverfismál, og gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi er nú á lokastigi í umhverfisráðuneytinu. Áætlunin er til næstu fjögurra ára og í henni er að finna markmið og leiðir sem augljóslega munu kosta talsvert fé. Verkefnin munu dreifast á nokkur ráðuneyti, en umhverfisráðuneytið þarf að hafa með höndum frumkvæði, skipulagningu, upplýsingar og eftirlit, auk beinna verkefna til að ná settu markmiði. Í fjárlagafrumvarpinu sjást þess hins vegar engin merki að gert sé ráð fyrir aukinni starfsemi ráðuneytisins vegna þessa. Það vekur ugg um að ekki fylgi hugur máli.

Allar stofnanir umhverfisráðuneytisins sinna mikilvægum og vaxandi verkefnum og þyrftu auknar fjárveitingar ef vel ætti að vera. Minni hlutinn vill sérstaklega benda á aðstæður innan tveggja þessara stofnana.

Þrátt fyrir aukafjárveitingu á þessu ári til Hollustuverndar ríkisins eru horfur á verulega auknum halla hjá stofnuninni sem henni virðist ætlað að draga áfram á eftir sér. Ástæðan fyrir erfiðum rekstri stofnunarinnar er sú að henni eru sífellt ætluð aukin verkefni án þess að fjárveitingar og stöðuheimildir fylgi. Aukin verkefni eru fyrst og fremst vegna alþjóðlegra samninga og skuldbindinga, svo sem vegna EES o.fl. Þau eru orðin svo rúmfrek að framkvæmd eftirlits og vöktunar situr á hakanum, og sama er að segja um rannsóknir, fræðslu- og leiðbeiningarstörf. Niðurstöður úttektar á verksviði og mannaflaþörf stofnunarinnar, sem unnin var af Skipulagi og stjórnun ehf., eru þær að 20,5 stöðugildi til viðbótar þeim 40 sem fyrir eru sé „alger lágmarksþörf". Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðeins verði fjölgað um eitt starf vegna framkvæmdar laga um erfðabreyttar lífverur. Málefnum þessarar stofnunar er með þessu stefnt í algjört óefni.

Veðurstofan hefur tekið á sig æ fleiri og stærri verkefni á síðustu árum, einkum við vöktun náttúru og umhverfis. Forsvarsmenn stofnunarinnar telja launalið hennar vanáætlaðan um liðlega 11 millj. kr. miðað við óbreytt umfang almennrar starfsemi og telja samdrátt í þjónustu óhjákvæmilegan fáist hann ekki leiðréttur. Meiri hlutinn hefur ekki viljað fallast á það þótt ljóst sé að Veðurstofan þarf aukinn mannskap ef hún á að geta aukið sértekjur sínar eins og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Verra er þó að ekki hefur fengist leiðrétting á framlagi til eignakaupa stofnunarinnar. Sá liður þyrfti 10–20 millj. kr. hækkun, og má til áherslu vitna í rökstuðning Veðurstofunnar sem segir að „120 ársverka stofnun, sem veltir 450 m.kr. (þ.m.t. ICAO, ofanflóðasjóðsverkefni, ESB-styrkt verkefni o.fl.), rekur 150 veðurathugunarstöðvar, 30 jarðskjálftastöðvar, veðurratsjá, tvær háloftastöðvar, 50–60 tölvur, netkerfi til tölvuvinnslu og fjarskipta o.m.fl., gerir nánast ekkert til endurnýjunar búnaðar eða bætir þjónustu með eignakaupalið upp á 10,4 m.kr."

Forvarnir og aðgerðir vegna vímuefnavandans.

Stjórnvöld hafa nú loks tekið við sér vegna vaxandi neyslu vímuefna sem veldur ómældum vanda, ekki aðeins einstaklinga og fjölskyldna, heldur þjóðfélagsins alls. Ólöglegt efni virðast beinlínis streyma inn í landið, starfsemi innflytjenda og sölumanna teygir krumlurnar um allt samfélagið, neytendur verða sífellt yngri, og ofbeldi verður æ harðara innan þessara hópa. Stjórnvöld hyggjast nú loks taka nokkuð á vandanum og þá fyrst og fremst með því að freista þess að draga úr framboði ólöglegra efni, herða löggæslu og tollgæslu. Því ber að fagna, enda brýn nauðsyn að efla gæslu á því sviði og sérstaklega að herða eftirlit í höfnum landsins. Einnig þarf stórbætta gæslu í Leifsstöð, m.a. vegna ábendinga frá Interpol um vaxandi hættu á að stöðin verði notuð sem skiptistöð til að

koma ópíum og heróíni frá Suður-Ameríku til Evrópulanda. Skuggahliðin á þessu átaki stjórnvalda er sú að ekki er nóg að draga úr framboði, heldur þarf með öllum tiltækum ráðum að draga úr eftirspurninni sem er mikil og ört vaxandi, því miður ekki síst meðal ungmenna. Forvarnarþátturinn er vanræktur og illa skipulagður og meðferðarþátturinn er fjársveltur þrátt fyrir augljósan og merkilegan árangur. Þar mætti ná enn betri árangri við björgun og endurhæfingu þeirra sem lent hafa í klóm eiturefnanna. Meiri stuðningur stjórnvalda mundi skila sér margfalt til samfélagsins aftur.

Lokaorð.

Fjáralaganefnd hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frumvarpsins og tekjuhlið þess bíður því 3. umræðu. Allt bendir til þess að tekjuhliðin sé verulega vanáætluð og telur minni hlutinn að þar muni a.m.k. 1,5–2 milljörðum kr., m.a. þar sem áætlunin byggir á röngum grunni. Breytingartillögur meiri hlutans nema rúmlega 700 millj. kr. og styður minni hlutinn margar þeirra. Minni hlutinn flytur nokkrar breytingartillögur við gjaldahlið frumvarpsins nú við 2. umræðu sem rúmast fyllilega innan fjárlagarammans.

Fjárlög markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er. Minni hlutinn getur ekki tekið ábyrgð á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins.

Alþingi, 12. des. 1996.

Gísli S. Einarsson, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir. Kristinn H. Gunnarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

335. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um listamannalaun, nr. 35/1991.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein frá menntamálaráðuneytinu, Baldvin Tryggvason og Hjálmar H. Ragnarsson frá Bandalagi íslenskra listamanna, Ingibjörgu Haraldsdóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Pétur Einarsson frá Félagi íslenskra leikstjóra, Theodór Júlíusson frá Félagi íslenskra leikara, Gísla Sigurðsson og Hörð Bergmann frá Hagþenki, Ingu Rós Ingólfsdóttur og Gunnar Kvaran frá Félagi íslenskra tónlistarmanna, Hrafn Gunnlaugsson og Friðrik Þór Friðriksson frá Samtökum kvikmyndaleikstjóra og Knút Bruun og Bryndísi Jónsdóttur frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Hagþenki, Félagi íslenskra tónlistarmanna, Félagi íslenskra listdansara, Félagi tónskálda og textahöfunda, Bandalagi íslenskra leikfélaga, Tónlistarráði Íslands, Samtökum kvikmyndaleikstjóra, Félagi íslenskra leikara, Félagi íslenskra hljómlistarmanna og Bandalagi íslenskra listamanna.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um listamannalaun sem felast helst í því að gera lögin skýrari en nú. Þannig er í frumvarpinu kveðið skýrar á um tilgang með listamannalaunum og heimild sjóðstjórnar til að fella niður starfslaun komi í ljós að viðkomandi listamaður sinnir ekki list sinni. Enn fremur felur frumvarpið í sér nokkrar breytingar á 9. gr. laganna er fjallar um Listasjóð. Þær miða að því að þrengja ákvæði laganna þess efnis að helmingur úthlutunarfjár sé bundinn við einn hóp án tillits til þess hversu margir sækja um. Þannig er lagt til að leiklistarráð fjalli um veitingu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna vegna þátttöku í uppfærslum leiksýninga á vegum leikhópa og að allt að þriðjungi fjárveitingar Listasjóðs verði varið til þeirra.

Nefndin leggur til þá breytingu við 9. gr. frumvarpsins að við úthlutun úr Listasjóði hafi stjórn listamannalauna heimild til að fela framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu starfslauna til leikhúslistamanna vegna þátttöku þeirra í uppfærslum leikhópa. Þykir eðlilegt að leiklistarráð, sem kveðið er á um í leiklistarlögum, komi að úthlutun á þessum hluta starfslaunanna. Er breytingartillaga þessi gerð til að taka af öll tvímæli um framkvæmd úthlutunarinnar.

Þá vill nefndin benda á að huga þarf sérstaklega að stöðu höfunda fræðirita þegar úthlutað er úr Launasjóði rithöfunda.

Menntamálanefnd mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. efnismgr. 9. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórn listamannalauna getur falið framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna.

Alþingi, 12. des. 1996.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Tómas Ingi Olrich.
Svanfríður Jónasdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Árni Johnsen.

336. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er hluti af ýmsum skattalagabreytingum ríkisstjórnarinnar sem margar orka mjög tvímælis eða eru beinlínis fráleitar. Það á t.d. við um lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarbyggingar og viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði. Tekjuöflunin samkvæmt þessu frumvarpi er sérstaklega merkt lækkun vörugjalda og þar með er skattbyrði að færast frá neysluskattstofnum yfir í launatengd gjöld.

Að hinu leyti er uppgefin ástæða sú að ríkisstjórnin hafi í vor ákveðið að samræma tryggingagjald milli atvinnugreina, þ.e. hækka gjaldið á þær útflutnings- og framleiðslugreinar sem verið hafa í lægra þrepi og lækka hinar. Það er út af fyrir sig eðlilegt sjónarmið að stefna að slíkri samræmingu en á hitt ber að líta að með þessu færist þunginn

af greiðslunum yfir á mannaflsfrekar framleiðslugreinar. Spurningin er einnig á hvaða grundvelli slík samræming eigi að vera, hvort miða eigi við hlutfall af launagreiðslum eða e.t.v. eitthvað annað. Loks verður að horfast í augu við að breytingin íþyngir verulega þeim greinum sem taka á sig hækkunina en ekki er þar með sagt að þær séu vel í stakk búnar til að mæta slíku. Það á a.m.k. hvorki við um fiskvinnsluna né landbúnaðinn.

Annar minni hluti telur afar óvarlegt að standa svona að þessum breytingum og lýsir allri ábyrgð af því á hendur ríkisstjórninni.

Yfirlýsingar um tengsl þessa máls við EES-samninginn hafa verið afar misvísandi. Gefið var í skyn af hálfu ríkisstjórnar að nauðsynlegt væri að samræma tryggingagjald á allar greinar vegna athugasemda frá ESA. Þetta var síðan dregið til baka.

Ástæða er til að vara við lækkun atvinnuleysistryggingagjalds og samsvarandi hækkun almenna tryggingagjaldsins sem frumvarpið felur einnig í sér. Því miður er með öllu óvíst hvort sú tímabundna minnkun atvinnuleysis sem lögð er til grundvallar áætlun um minni fjárþörf atvinnuleysistryggingasjóðs verður varanleg.

Þá er 2. minni hluti andvígur a-lið 2. tölul. í breytingartillögum meiri hlutans á þskj. 325 um að taka Staðlaráð og Icepro inn í þennan gjaldstofn. Eðlilegast er að fjárveitingar til slíkra hluta komi af fjárlögum ef ríkið kostar þá eða styrkir.

Annar minni hluti tekur hins vegar ekki afstöðu til b-liðar 2. tölul. í breytingartillögum meiri hlutans sem felur í sér að gjaldstofn tryggingagjalds verði breikkaður þannig að hluti launagreiðenda í lífeyrissjóðsiðgjöldum verði að fullu tekinn inn í stofninn.

Alþingi, 12. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Umsögn Bændasamtaka Íslands (22. nóvember 1996).
II. Umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva (22. nóvember 1996).
III. Umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna (9. október 1996).

337. Frumvarp til laga [232. mál]

um áfengis- og vímuvarnaráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Áfengis- og vímuvarnaráð.

1. gr.

Stofna skal áfengis- og vímuvarnaráð sem heyrir undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ráðið skal stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, svo sem heilsugæslu og annarra heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfis, refsivörslukerfis og félagasamtaka.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs.

2. gr.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs eru:

1. Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma í þessum málefnum.
2. Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúrræðum og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.
3. Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.
4. Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, sbr. 3. mgr. 1. gr., m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.
5. Að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út ársskýrslu þar sem fram koma upplýsingar um stöðu áfengis- og vímuvarna.
6. Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnunum á áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna, og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.
7. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.
8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra eða ríkisstjórn fela ráðinu.

Skipan áfengis- og vímuvarnaráðs.

3. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Til setu í áfengis- og vímuvarnaráði skal að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver sinn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

Heilbrigðisráðherra skipar formann og varaformann úr ráðinu.

Heilbrigðisráðherra ákveður þóknun til þeirra sem sitja í áfengis- og vímuvarnaráði.

Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs.

4. gr.

Dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs er í höndum sérhæfs starfsfólks sem ráðið ræður eftir þörfum.

Heilbrigðisráðherra getur ákveðið að dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs verði hluti sérstakrar forvarnamiðstöðvar.

Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs.

5. gr.

Til að sinna hlutverki sínu hefur áfengis- og vímuvarnaráð árlega eftirgreinda fjármuni til ráðstöfunar:

1. Forvarnasjóð skv. 8. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, eins og henni var breytt með lögum nr. 85/1996.
2. Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
3. Framlög sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum til starfsemi á vegum ráðsins.

Reglugerðarheimild.

6. gr.

Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði samkvæmt lögum um gjald af áfengi.

Brottfall og breytingar lagaákvæða.

7. gr.

Við gildistöku laga þessara falla brott 26.–29. gr. í áfengislögum, nr. 82/1969, með áorðnum breytingum.

Í stað þriggja síðustu málsliða 8. gr. laga um gjald af áfengi, nr. 96/1995, eins og ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 85/1996, kemur: Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Gildistökuákvæði.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áfengisvarnaráð verður heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar um áfengisvarnir þangað til sérstök forvarnamiðstöð verður stofnuð en þó ekki lengur en til næstu alþingiskosninga.

Starf áfengisvarnaráðunautar verður lagt niður eigi síðar en 1. maí 1998. Um réttindi hans fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Skrifstofa áfengisvarnaráðs verður lögð niður 1. júlí 1997 og halda starfsmenn ráðsins störfum sínum fram til þess tíma. Um réttindi þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ráðuneyti þau sem áfengis- og vímuvarnir heyra undir hafa um langt skeið staðið fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr og hindra neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Í lok janúar 1996 ákvað ríkisstjórnin að tillögu dómsmálaráðherra, menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra að samræma aðgerðir vegna ávana- og fíkniefnavarna. Skipuð var nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum. Áður hafði dómsmálaráðherra hrundið af stað sérstöku átaki í ávana- og fíkniefnavörnum í því skyni að skoða ýmis svið ávana- og fíkniefnavarna sem undir dómsmálaráðuneytið heyra, svo sem viðurlög, meðferð ákæruvalds og dómstóla á brotum vegna ávana- og fíkniefna, forvarnir á þessu sviði sem og löggæslu og meðferðarúrræði, m.a. fyrir ungmenni sem leiðst hafa út í afbrot í tengslum við vímuefnaneyslu.

Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra skilaði skýrslu og tillögum í júní 1996. Þar var m.a. lagt til að ríkisstjórnin markaði sér samræmda stefnu til nokkurra ára í fíkniefnavörnum og að stofnað verði sérstakt afbrota- og áfengis- og vímuvarnaráð.

Nefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum var í kjölfarið falið að gera drög að stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum og kanna möguleika á stofnun afbrota- og áfengis- og vímuvarnaráðs.

Nýsamþykkt stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem birt er sem fylgiskjal II með frumvarpinu, byggir á tillögum nefndarinnar. Þá hefur nefndin unnið þetta lagafrumvarp um áfengis- og vímuvarnaráð. Hvorttveggja ber merki aukinnar áherslu stjórnvalda á áfengis- og vímuvarnir.

Í lagafrumvarpi þessu er kveðið á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Eins og fram kemur í 7. gr. gerir frumvarpið ráð fyrir að starfsemi áfengisvarnaráðs verði lögð niður og áfengis- og vímuvarnaráði falin þau verkefni sem það hefur hingað til annast ásamt fíkniefnavörnunum. Áfengisvarnaráð í núverandi mynd mun þannig hætta störfum þegar heilbrigðisráðherra hefur sett á laggirnar sérstaka forvarnamiðstöð en þó eigi síðar en við næstu alþingiskosningar. Um aðdraganda að niðurlagningu áfengisvarnaráðs er sérstaklega fjallað í ákvæði til bráðabirgða með lögunum. Margvísleg hagkvæmnisrök mæla með að sameina áfengisvarnir öðrum fíkniefnavörnum enda hefur margsinnis með rannsóknum verið sýnt fram á tengsl áfengisneyslu og annarrar vímuefnaneyslu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að fyrst um sinn verði dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs sjálfstæð. Gert er þó ráð fyrir að innan skamms verði sérstök forvarnamiðstöð sett á laggirnar og er undirbúningur þess þegar hafinn í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þegar til þess kemur mun dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs færast til slíkrar miðstöðvar. Sérstakt áfengis- og vímuvarnasvið yrði innan miðstöðvarinnar og áfengis- og vímuvarnaráð yrði til faglegrar ráðgjafar um þau verkefni sem ráðinu eru falin samkvæmt frumvarpinu. Undir þessa stofnun verður væntanlega felld starfsemi tóbaksvarna, heilsueflingar, manneldismála og slysavarna svo nokkuð sé nefnt. Hliðstæðar stofnanir hafa um nokkurt skeið starfað í nágrannalöndum okkar og lofar árangur af slíku samræmdu forvarnastarfi góðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um að stofna skuli áfengis- og vímuvarnaráð sem heyri undir ráðherra heilbrigðismála.

Tilgangi með stofnun ráðsins er lýst í 2. mgr. en hann er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Starfsemi ráðsins skal beinast gegn neyslu áfengis- og vímuefna í öllum aldurshópum. Ráðið skal þó leggja sérstaka áherslu á áfengis- og vímuvarnir meðal barna og ungmenna.

Skaðvænlegar afleiðingar af neyslu áfengis og annarra vímuefna eru vel kunnar. Áfengis- og vímuefnaneysla er þekktur áhættuþáttur í sjálfsvígum, m.a. sjálfsvígum ungmenna. Rannsóknir hafa staðfest tengsl áfengis- og vímuefnanotkunar og áhættuhegðunar, m.a. afbrota. Könnun á vegum Fangelsismálastofnunar sýndi að af 108 ungmennum á aldrinum 15–23 ára sem fengu skilorðsbundna ákærufrestun á árunum 1993–1994 sagðist rúmlega helmingur einhvern tíma hafa neytt fíkniefna og rúmlega helmingur sagðist hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar afbrot var framið. Rannsókn sömu stofnunar á árunum 1991–1994 á 177 föngum á aldrinum 16–25 ára leiddi í ljós að þrír af hverjum fjórum sögðust einhvern tíma hafa neytt fíkniefna og 82% sögðust hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar afbrot var framið.

Markmiðið með starfi áfengis- og vímuvarnaráðs er því að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu. Ýmsum aðferðum má beita í forvörnum til að draga stórlega úr neyslu áfengis, ekki síst meðal barna og ungmenna. Samhæfing starfs og samvinna á þessu sviði er mjög mikilvæg. Markmiði um að uppræta fíkniefnaneyslu er unnt að ná ef allir þeir fjölmörgu aðilar sem vinna að áfengis- og vímuvörnum taka höndum saman og stilla saman krafta sína í öflugri samvinnu. Tengsl milli þeirra sem starfa að áfengis- og vímuvörnum eru of lítil. Þau þarf að efla og bæta. Áfengis- og vímuvarnaráði er því sérstaklega ætlað að beita sér fyrir samvinnu þessara aðila og samræmingu starfa þeirra. Hér er m.a. átt við heilsugæslu og aðrar heilbrigðisstofnanir, félagsmálayfirvöld sveitarfélaga, löggæslu, menntakerfið, refsivörslukerfið og félagasamtök. Markmiðið með stofnun ráðsins er ekki að yfirtaka verkefni þessara aðila heldur tryggja sem besta samvinnu og koma þar með í veg fyrir óþarfa margverknað.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs talin upp í átta töluliðum. Verkefnin bera þess merki að þungamiðjan í starfsemi ráðsins er að stuðla að samræmingu í áfengis- og vímuvörnum.

Í 1. tölul. er fjallað um eftirlitshlutverk ráðsins, en ráðinu er ætlað að fylgja því eftir að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðið hafi það verkefni að fylgja eftir stefnu ríkisstjórnar í þessum málaflokki. Það mun því falla í hlut áfengis- og vímuvarnaráðs að fylgja eftir þeirri stefnu í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum sem ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt.

Í 2. tölul. er fjallað um ráðgjafarhlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs. Því er ætlað að vera ríkisstjórn, sem og öðrum stjórnvöldum, þar á meðal staðbundnum nefndum sveitarfélaga, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, gera tillögur um stefnu á þessu sviði og byggja þar á niðurstöðum rannsókna sem fyrir liggja á hverjum tíma. Ráðinu er sérstaklega ætlað að vera til ráðgjafar um þörf á meðferðarúrræðum fyrir þá sem fjötrast hafa í ofneyslu vímuefna.

Samkvæmt 3. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði ætlað að gera tillögur um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði. Í 5. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir árlegu ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs. Forvarnasjóður sem stofnaður var samkvæmt lögum um gjald af áfengi, nr. 96/1995, sbr. lög nr. 85/1996, mun heyra undir áfengis- og vímuvarnaráð. Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að um þetta hlutverk ráðsins verði sett sérstök reglugerð.

Eins og áður hefur verið vikið að er tilgangur stofnunar áfengis- og vímuvarnaráðs aðallega sá að stuðla að samhæfingu og samræmingu starfa þeirra fjölmörgu aðila sem vinna að áfengis- og vímuvörnum. Í verkefnalista ráðsins er þetta hlutverk aftur tilgreint, sbr. 4. tölul. 2. gr., og undirstrikað að þetta skuli framkvæmt með því m.a. að hafa reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila. Þannig er gert ráð fyrir að þessir samráðsfundir verði haldnir a.m.k. tvisvar á ári og að áfengis- og vímuvarnaráð hafi frumkvæði að því að boða til og halda slíka fundi.

Samkvæmt 5. tölul. á áfengis- og vímuvarnaráð að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir. Hér er átt við alls kyns fræðsluefni, bæði námsefni og fræðsluefni til almennra nota. Gert er ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð geti hlutast til um að aðrir aðilar sjái um framkvæmd þessa verkefnis. Félagasamtök munu hér eftir sem hingað til hafa veigamiklu hlutverki að gegna við útgáfu fræðsluefnis um áfengis- og vímuvarnir fyrir almenning. Ákvæðið gerir þannig ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð hafi ákveðnu umsjónarhlutverki að gegna í þessum efnum, fylgist með þörf á útgáfu fræðsluefnis og stuðli að því að efni af því tagi sé ætíð til reiðu án þess að annast framkvæmdina sjálfa. Mikilvægt er að til séu á einum stað allar upplýsingar um áfengis- og vímuvarnir, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum. Í 5. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði því einnig falið að annast gagnaöflun svo tryggt sé að hjá ráðinu verði ætíð unnt að finna nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu þessara mála. Slíkur gagnabanki kemur öllum þeim sem starfa á þessu sviði til góða og er nauðsynleg forsenda árangursríkra áfengis- og vímuvarna. Í töluliðnum er ráðinu einnig gert að gefa út ársskýrslu þar sem fram eiga að koma upplýsingar um stöðu áfengis- og vímuvarna.

Í 6. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði falið að stuðla að rannsóknum sem að gagni geta komið við áfengis- og vímuvarnir. Hér er svipað uppi á teningnum og gagnvart fræðsluefninu. Ekki er gert ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráðið framkvæmi sjálft þessar rannsóknir heldur hlutist til um að þær séu gerðar. Framkvæmd rannsókna verður falin þeim aðilum sem færastir eru til slíkra hluta, t.d. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála eða öðrum. Sérstök áhersla er lögð á það að áfengis- og vímuvarnaráð sjái til þess að árlega fari fram rannsóknir til að fylgjast með þróun í áfengis- og vímuefnanotkun barna og ungmenna. Slíkar rannsóknir hafa um árabil verið framkvæmdar meðal nágrannaþjóða okkar og þykja nauðsynlegar til að byggja á forvarnastarf á þessu sviði. Þá á ráðið að fylgjast með tengslum áfengis- og vímuefnanotkunar og afbrota en tengsl hér á milli eru óvefengd og augljós.

Í 7. tölul. er áfengis- og vímuvarnaráði falið að fylgjast með stöðu þessara mála í grannríkjunum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í þessum löndum.

Gert er ráð fyrir að unnt verði að fela áfengis- og vímuvarnaráði önnur verkefni en þau sem talin eru upp sérstaklega í 2. gr. frumvarpsins, sbr. 8. tölul.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um skipan áfengis- og vímuvarnaráðs. Gert er ráð fyrir að í ráðinu eigi sæti átta einstaklingar sem heilbrigðisráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Sérstaklega er tekið fram að til setu í ráðinu skuli að jafnaði velja einstaklinga sem eru sérfróðir um áfengis- og vímuvarnir. Í ráðið tilnefna forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hver sinn fulltrúa og varamenn með sama hætti. Þannig er reynt að tryggja að öll ráðuneyti sem áfengis- og vímuvarnir falla að einhverju leyti undir tilnefni fulltrúa til setu í áfengis- og vímuvarnaráði. Auk þess er gert ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa enda hafa sveitarfélögin veigamiklu hlutverki að gegna í vímuvörnum samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Um 4. gr.

Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um daglega starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs. Eins og 2. gr. frumvarpsins ber með sér eru verkefni ráðsins umfangsmikil. Því er gert ráð fyrir að ráðið reki skrifstofu þar sem starfi sérhæft starfslið sem sjái um framkvæmd ákvarðana sem áfengis- og vímuvarnaráð tekur um verkefni sem því eru falin. Jafnframt er í ákvæðinu heimilað að dagleg starfsemi ráðsins geti sameinast sérstakri forvarnamiðstöð sem heilbrigðisráðherra hyggst setja á laggirnar. Þegar slík forvarnamiðstöð kemst á myndi dagleg starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs verða sérstakt svið innan hennar og ráðið verða fagaðili til stuðnings og ráðgjafar þeirri starfsemi. Innan vébanda forvarnamiðstöðvar verður safnað saman verkefnum á forvarnasviði. Til viðbótar vímuvörnum verða þar væntanlega tóbaksvarnir, heilsuefling, manneldismál, kynsjúkdómavarnir, forvarnir langvinnra sjúkdóma og slysavarnir. Hugsanlegt er að tóbaksvarnir verði þá sameinaðar vímuvörnum enda margsýnt fram á tengsl tóbaksreykinga og neyslu annarra vímuefna, ekki síst meðal barna og ungmenna.

Um 5. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé áfengis- og vímuvarnaráðs til að sinna verkefnum sínum verður af þrennum toga. Í fyrsta lagi Forvarnasjóður sem stofnaður var með lögum nr. 96/1995. Með lögum nr. 85/1996 var ákvæðum um Forvarnasjóðinn breytt þannig að fjármunum hans má nú ráðstafa til áfengis- og fíkniefnavarna. Áður var ráðstöfun sjóðsins bundin við áfengisvarnir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Alþingi geti veitt áfengis- og vímuvarnaráði sérstakar viðbótarfjárveitingar á fjárlögum hverju sinni. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að starfsemi ráðsins verði að einhverju leyti fjármögnuð með framlögum frá fyrirtækjum eða öðrum sem vilja leggja vímuvörnum lið með fjárstuðningi.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um hvaða lagaákvæði skuli falla brott við gildistöku laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Ber þar fyrst að nefna 26.–28 gr. áfengislaga, nr. 82/1969, en í þeim ákvæðum er fjallað um áfengisvarnaráð og hlutverk þess. Í 29. gr. laganna eru ákvæði um að af ágóða Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skuli árlega leggja framlag í gæsluvistarsjóð eins og ákveðið sé í lögum nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Með lögum nr. 144/1995 var III. kafli um gæsluvistarsjóð í lögum nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, felldur brott. Hér er því lagt til að 29. gr. áfengislaga verði til lagahreinsunar einnig felld brott. Loks er gert ráð fyrir að þrír lokamálsliðir 8. gr. laga um gjald af áfengi falli niður, eins og því ákvæði var breytt með 1. gr. laga nr. 85/1996, en í staðinn komi nýr málsliður um að áfengis- og vímuvarnaráð geri tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr Forvarnasjóði.

Um 8. gr.

Brýnt er að áfengis- og vímuvarnaráð geti hafið störf hið fyrsta. Því er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1997.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er fjallað um hvernig staðið skuli að því að leggja áfengisvarnaráð niður. Áfengisvarnaráð sem Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum starfar sem ráðgjafi heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnar í áfengismálum þangað til forvarnamiðstöð hefur verið stofnuð, þó eigi lengur en að næstu alþingiskosningum.

Starf áfengisvarnaráðunautar skal lagt niður eigi síðar en 1. maí 1998 og á hann réttindi af þeim sökum í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Áfengisvarnaráðunautur verður þó áfram í áfengisvarnaráði fram til næstu alþingiskosninga, hafi það ekki þegar verið lagt niður, sbr. 1. mgr.

Starfsemi skrifstofu áfengisvarnaráðs verður lögð niður 1. júlí 1997. Vegna niðurlagningar starfseminnar munu starfsmenn skrifstofunnar eiga réttindi af þeim sökum samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð.

Markmiðið með frumvarpinu er að efla og styrkja varnir gegn neyslu áfengis og vímuefna, sérstaklega á meðal barna og ungmenna. Lagt er til að stofnað verði áfengis- og vímuvarnaráð sem samhæfi og samræmi störf þeirra er vinna að vörnum gegn neyslu vímuefna, svo sem heilbrigðisstofnana, félagsmálayfirvalda sveitarfélaga, löggæslu, stofnana menntamála og félagasamtaka. Gert er ráð fyrir að hið nýja ráð taki við störfum núverandi áfengisvarnaráðs, sem verði lagt niður í áföngum.

Samkvæmt 3. gr. eru skipaðir átta menn í áfengis- og vímuvarnaráð, þremur fleiri en í núverandi áfengisvarnaráð. Í 4. gr. er gert ráð fyrir að dagleg störf ráðsins verði í höndum sérhæfðs starfsfólks sem ráðið verði eftir þörfum. Heilbrigðisráðherra getur ákveðið að starfsemin verði hluti af sérstakri forvarnamiðstöð.

Í 2. gr. frumvarpsins eru talin upp nokkuð umfangsmikil verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs í átta töluliðum og verður að gera ráð fyrir að nokkur kostnaður hljótist af þeim. Sum eru þegar í höndum áfengisvarnaráðs og verður þar eingöngu um tilflutning verkefna á milli aðila að ræða. Á meðal helstu verkefna ráðsins sem telja verður ný, eða að aukist að umfangi, er að ráðinu er ætlað að gera tillögur um ráðstöfun fjár úr Forvarnasjóði, stuðla að útgáfu fræðslugagna um vímuvarnir, vera í samskiptum við erlend ríki um áfengis- og vímuvarnir og stuðla að rannsóknum á því sviði auk þess að samhæfa verkefni þeirra sem vinna gegn neyslu vímuefna.

Kostnaður við áfengisvarnaráð er áætlaður 9,1 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997, og er hann greiddur af Forvarnasjóði, sbr. 8. gr. laga nr. 96/1995. Árið 1994 fékk áfengisvarnaráð 3 m.kr. af óskiptum lið heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins til viðbótar við framlag í fjárlögum og 2 m.kr. árið 1995.

Í 5 gr. er gert ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð standi undir kostnaði við starfsemi sína af framlögum úr Forvarnasjóði, með fjárveitingum í fjárlögum hverju sinni og með framlögum sem fyrirtæki eða aðrir kunna að leggja af mörkum. Verður að gera ráð fyrir að kostnaður við ráðið verði greiddur úr Forvarnasjóði í samræmi við núverandi fjármögnun áfengisvarnaráðs. Eru tekjur sjóðsins áætlaðar samtals 55 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997. Kostnaður við áfengis- og vímuvarnaráð fer mjög eftir umfangi þess kynningar- og samræmingarstarfs sem það tekur sér á hendur og hversu margt fólk verður ráðið til að annast verkefni þess. Gera má ráð fyrir að aukinn kostnaður verði einkum af útgáfu- og kynningarstarfsemi, stuðningi við rannsóknir, erlendu samstarfi og samræmingu starfa þeirra er koma að vímuvörnum. Kostnaðarauka vegna þessara verkefna má áætla a.m.k. 4–5 m.kr. á ári og má gera ráð fyrir að auknum verkefnum verði að hluta sinnt með verkefnastyrkjum úr Forvarnasjóði. Loks má gera ráð fyrir 2–3 m.kr. stofnkostnaði fyrsta árið vegna búnaðar og tækja.

Samantekið má gera ráð fyrir að frumvarpið hafi 14–15 m.kr. árlegan kostnað í för með sér vegna reksturs áfengis- og vímuvarnaráðs og verkefna sem það á að stuðla að. Þar til viðbótar kemur 2–3 m.kr. kostnaður við kaup á tækjum og búnaði fyrsta árið og 3,3 m.kr. biðlaunagreiðslur til starfsmanna áfengisvarnaráðs. Gera má ráð fyrir að á móti þeim kostnaði falli niður 9,1 m.kr. sem nú er ráðstafað til áfengisvarnaráðs, en hætta á rekstri þess 1. júlí 1997. Verður að gera ráð fyrir að áfengis- og vímuvarnaráð verði ekki komið að fullu í rekstur fyrr en það hefur tekið við öllum verkefnum áfengisvarnaráðs. Miðað við núverandi fyrirkomulag á fjármögnun áfengisvarnaráðs verður daglegur rekstrarkostnaður áfengis- og vímuvarnaráðs greiddur af Forvarnasjóði og hefur því ekki bein áhrif á afkomu ríkissjóðs ef frá eru taldar biðlaunagreiðslur og kaup á stofnbúnaði.

Fylgiskjal II.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

(3. desember 1996.)

Ríkisstjórnin telur neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki vera alvarlegt vandamál sem bregðast þurfi við.

Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra.

Fram til ársins 2000 verður áhersla lögð á:

- Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.
- Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.
- Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.

Ráðuneyti gera hvert á sínu sviði framkvæmdaáætlun til að útfæra stefnu ríkisstjórnarinnar. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en 1. mars 1997.

Fjárveitingar til löggæslu og tollgæslu verða hækkaðar auk þess sem meðferðarúrræði verða efld. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir bættri nýtingu fjármuna sem þegar er varið til varna gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki og að verkefni sem tengjast framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar njóti forgangs gagnvart úthlutun úr Forvarnasjóði og af fé til tóbaksvarna.

Ríkisstjórnin mun fela sérstakri nefnd að fylgjast með framkvæmd stefnunnar og að gefa ríkisstjórninni reglulega skýrslu um framgang hennar og árangur.

GREINARGERÐ

Rannsóknir gefa vísbendingar um að unglingum í efstu bekkjum grunnskóla sem hafa prófað áfengi fjölgi stöðugt. Þannig sýndi rannsókn dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur árið 1995 að frá árinu 1989 hafði þeim sem prófað höfðu áfengi fjölgað úr 41% í 66% meðal 14 ára og úr 61% í 77% meðal 15 ára. Unglingar sem höfðu drukkið áfengi síðustu 12 mánuði áður en könnunin var gerð voru spurðir hversu oft þeir hefðu orðið ölvaðir í þau skipti sem þeir drukku og sögðust 14 ára hafa orðið fullir í 46% tilvika en 15 ára í 59% tilvika. Ölvun er því mjög algeng meðal unglinga sem neyta áfengis og stór hluti unglinga er farinn að neyta áfengis og hafa reynslu af því að vera ölvaður þegar fyrir fermingu.

Rannsóknir meðal framhaldsskólanema sýna að þorri þeirra hefur neytt áfengis og flestir fundið til áfengisáhrifa.

Rannsókn við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá því fyrr á þessu ári sýnir að 97% pilta í framhaldskólum í Reykjavík og 94% stúlkna hafa neytt áfengis. Af piltunum höfðu 92% fundið áfengisáhrif og 88% stúlknanna. Samanburður milli rannsókna sýnir að kynjamunur á áfengisneyslu meðal framhaldsskólanema sé að hverfa.

Framhaldsskólanemarnir voru spurðir um aldur við fyrstu áfengisvímu. Í ljós kom að tæplega 5% voru 12 ára, 8% 13 ára, 25% 14 ára, 30% 15 ára og 20% 16 ára. Meðalaldurinn var 14,7 ára sem reyndist ívið hærri en í fyrri rannsóknum sem sýnt hafa meðalaldur um 14 ára.

Rannsóknin sýndi að tæplega 42% piltanna og 21% stúlknanna höfðu prófað ólögleg vímuefni. Algengustu vímuefnin sem framhaldsskólanemarnir höfðu prófað voru kannabisefni, þ.e. hass og gras (maríjúana) og amfetamín. Í rannsókninni voru einnig könnuð tengsl milli aldurs við fyrstu áfengisvímu og þess hvort viðkomandi hefði prófað ólögleg fíkniefni. Í ljós kom að eftir því sem aldur við fyrstu áfengisvímu hækkar minnka líkurnar á að farið sé út í neyslu ólöglegra vímuefna.

Þetta samræmist niðurstöðum fyrri rannsókna og styður tilgátur um að eftir því sem **aldur við fyrstu áfengisvímu er lægri því meiri líkur eru á því að ungmenni leiðist út í neyslu ólöglegra vímuefna.**

Daglegar reykingar barna og ungmenna aukast einnig. Kannanir á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands sýna að milli áranna 1990 og 1994 hafa daglegar reykingar ungmenna á aldrinum 12-16 ára aukist úr 5% í tæplega 8% meðal pilta en heldur minna hjá stúlkum eða úr 6% í 7%.

Á fylgiskjölum eru súlurit sem sýna áfengisneyslu grunnskólanema 1989 og 1995, áfengisneyslu og neyslu ólöglegra fíkniefna meðal framhaldsskólanema í Reykjavík 1996 og daglegar reykingar grunnskólanemaa 12 - 16 ára á öllu landinu árið 1994.

* * *

Vaxandi neysla barna og ungmenna á fíkniefnum, tóbaki og áfengi er mesta vá sem vofir yfir æsku landsins.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að **uppræta** neyslu fíkniefna meðal barna og ungmenna og **draga stórlega** úr neyslu þeirra á áfengi og tóbaki.

Áhersluþættir stefnu ríkisstjórnarinnar fram til ársins 2000 verða á sviði forvarna, einkum þeirra sem beinast að áhættuhópum gagnvart misnotkun áfengis, tóbaks og

fíkniefna. Hefta skal aðgengi barna og ungmenna að þessum efnum og fækka fíkniefnatengdum brotum til að auka öryggi almennings. Efla á meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem vilja hverfa af braut neyslu, ekki síst meðferðarúrræði fyrir aldurshópinn 16-18 ára. Loks skal þess freistað að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn fíkniefna-, áfengis- og tóbaksneyslu barna og ungmenna. Ýmislegt bendir til að ákveðins umburðarlyndis gæti gagnvart því að börn og ungmenni byrji snemma reykingar og takmarkaða neyslu áfengis. Þetta er hættulegt umburðarlyndi því rannsóknir sýna að mikilvægast sé að seinka upphafi neyslu áfengis og tóbaks sem mest hjá börnum og ungmennum. Börn sem byrja ung að neyta áfengis eru líklegri til að neyta ólöglegra fíkniefna auk þess sem þau eru líklegri síðar á ævinni til að vera í hópi stórneytenda áfengis. Reykingar og neysla áfengis fara einnig saman. Minnkandi áfengisneysla og reykingar meðal barna og unglinga munu því beint leiða til minnkandi neyslu ólöglegra fíkniefna.

Ráðuneyti skulu hvert á sínu sviði gera framkvæmdaáætlun þar sem stefnan verður útfærð. Framkvæmdaáætlanir skulu vera tilbúnar 1. mars 1997. Aðgerðir sem gætu orðið hluti slíkra framkvæmdaáætlana eru:

1. Að styðja við foreldra í uppeldishlutverki sínu m.a. með því að styrkja og efla starfsemi foreldrasamtaka.
2. Að auka þátttöku heilsugæslu í forvörnum og meðferð með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa.
3. Að auka fræðslu og forvarnir í skólum allt frá leikskólaaldri með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa og stuðningi við tómstundastarf barna og ungmenna.
4. Að efla og styrkja úrræði, m.a. meðferðarúrræði sem foreldrar, heilsugæsla, sveitarfélög og skólar geta leitað til þegar vart verður áhættuhegðunar hjá barni eða ungmenni.
5. Að efla rannsóknir á sviði áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarna og nota niðurstöður slíkra rannsókna til þróunar markvissari og árangursríkari starfsemi og aðgerða á þessu sviði.
6. Að efla forvarnastarf hjá lögreglu og tryggja að löggæsla og tollgæsla hafi ávallt á að skipa þeim mannafla og búnaði er gerir þessum aðilum kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu áfengis og fíkniefna.

Til forvarna gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki er nú þegar varið umtalsverðum fjármunum á fjárlögum. Fjárframlög til tollgæslu og löggæslu verða þó aukin auk þess sem meðferðarúrræði verða efld. Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir bættri nýtingu þessara fjármuna og að fjármunum Forvarnasjóðs og fé til tóbaksvarna verði varið með markvissum hætti til verkefna sem hafa þann tilgang að hrinda stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmd.

Ríkisstjórnin mun fela sérstakri nefnd að fylgjast með því að stefnunni verði hrundið í framkvæmd. Jafnframt verður viðkomandi falið að skila reglulegum skýrslum um framgang stefnunnar. Þar skal m.a. gera grein fyrir árangri aðagerða sem gripið verður til til að útrýma notkun fíkniefna meðal barna og ungmenna og draga stórlega úr neyslu þeirra á áfengi og tóbaki.

Framhaldsskólanemar í Reykjavík 1996 sem prófað hafa ólögleg vímuefni.
Könnun gerð af hópi 11 í aðferðafræði III í félagsvísindadeild Háskóla Íslands vorið 1996.





Grunnskólanemar sem prófað höfðu áfengi 1989 og 1995 skv. rannsóknum dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur.

Framhaldsskólanemar í Reykjavík 1996 sem neytt hafa áfengis.
Könnun gerð af hópi 11 í aðferðafræði III í félagsvísindadeild Háskóla íslands vorið 1996.



Daglegar reykingar grunnskólanema á öllu landinu árið 1994 eftir kyni og aldri skv. könnunum á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands



Daglegar reykingar grunnskólanema á öllu landinu árið 1994 eftir kyni og aldri skv. könnunum á vegum héraðslækna og Krabbameinsfélags Íslands



338. Frumvarp til laga [233. mál]

um vörumerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Einstaklingar og lögaðilar geta öðlast einkarétt á vörumerki samkvæmt ákvæðum laga þessara. Vörumerki eru sérstök auðkenni fyrir vöru eða þjónustu til að nota í atvinnustarfsemi.

2. gr.

Vörumerki geta verið hvers konar sýnileg tákn sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, svo sem:

1. orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, mannanöfn, nöfn á fyrirtækjum eða fasteignum,
2. bókstafir og tölustafir,
3. myndir og teikningar,
4. útlit, búnaður eða umbúðir vöru.

Ekki er unnt að öðlast vörumerkjarétt á tákni sem sýnir eingöngu lögun sem leiðir af eiginleikum vöru, lögun sem er nauðsynleg vegna tæknilegs hlutverks vöru eða sem miðar annars að öðru en því að auðkenna hana.

3. gr.

Vörumerkjaréttur getur stofnast með:

1. skráningu vörumerkis fyrir vöru eða þjónustu í samræmi við ákvæði laga þessara, eða
2. notkun vörumerkis sem er og hefur verið notað hér á landi fyrir vöru eða þjónustu.

Vörumerki, sem ekki telst uppfylla skilyrði laga þessara um skráningu, getur ekki skapað vörumerkjarétt með notkun. Þó getur vörumerki, sem ekki telst uppfylla skilyrði laganna um sérkenni við upphaf notkunar, skapað vörumerkjarétt ef merkið öðlast sérkenni við notkun.

4. gr.

Í vörumerkjarétti felst að aðrir en eigandi vörumerkis mega ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef:

1. notkunin tekur til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til og
2. hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., um eins eða svipaða vöru eða þjónustu, getur eigandi vörumerkis einnig bannað notkun þess fyrir annars konar vöru eða þjónustu ef vörumerkið er vel þekkt hér á landi og notkunin hefur í för með sér misnotkun eða rýrir aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.

Án samþykkis eiganda vörumerkis er óheimilt að vísa til merkisins þegar seldir eru varahlutir eða annað fylgifé vöru, enda sé það gert á þann hátt að ætla megi að fylgifé sé frá eiganda komið eða hann hafi gefið samþykki sitt til notkunar merkisins.

5. gr.

Með notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi er m.a. átt við að:

1. merki er sett á vöru eða umbúðir hennar,
2. vara eða þjónusta auðkennd með merki er boðin til sölu, markaðssett eða markaðssetning undirbúin,
3. vara eða þjónusta auðkennd með merki er flutt inn eða út,
4. merki er notað í auglýsingum, bréfhausum eða á annan sambærilegan hátt.

6. gr.

Að því tilskildu að notkun sé í samræmi við góða viðskiptahætti getur eigandi vörumerkis ekki bannað öðrum að nota í atvinnustarfsemi:

1. nafn sitt, nafn fasteignar eða heiti á atvinnustarfsemi sinni,
2. lýsingar á tegund vöru eða þjónustu, ástandi, magni, notkun, verði, uppruna, hvenær vara er framleidd eða þjónusta boðin fram eða á öðrum eiginleikum vöru eða þjónustu.

Hafi eigandi vörumerkis markaðssett vöru eða þjónustu sem nýtur vörumerkjaréttar eða heimilað slíkt getur hann ekki síðar hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu vörunnar eða þjónustunnar.

7. gr.

Þegar tveir eða fleiri, hver um sig, krefjast vörumerkjaréttar á auðkennum er villast má á gengur eldri réttur fyrir yngri ef annað leiðir ekki af síðargreindum ákvæðum.

Vernd skráðs vörumerkis hefst á umsóknardegi eða upphafsdegi forgangsréttar, sbr. 17. og 18. gr.

8. gr.

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið verndar jafnhliða rétti á eldra merki þótt merkin séu svo lík að villast megi á þeim ef umsókn um skráningu hefur verið afhent í góðri trú og eigandi eldra vörumerkisins hefur þrátt fyrir vitneskju um yngra merkið látið notkun á því afskiptalausa hér á landi í fimm ár samfellt frá skráningardegi.

9. gr.

Yngri réttur á vörumerki getur einnig notið verndar jafnhliða rétti á eldra merki þótt villast megi á merkjunum ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins.

10. gr.

Í tilvikum þeim, er um ræðir í 8.–9. gr., geta dómstólar, ef það telst sanngjarnt, ákveðið að annað merkjanna eða bæði megi eingöngu nota á sérstakan hátt, t.d. þannig að þau séu af ákveðinni gerð, staðarnafni bætt við eða þau með öðrum hætti skýrt aðgreind.

11. gr.

Samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis ber höfundum og útgefendum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðirita að gæta þess að merki sé ekki birt nema þess sé jafnframt getið að um skráð vörumerki sé að ræða.

Þeim sem vanrækir skyldur sínar skv. 1. mgr. ber að kosta leiðréttingu sem birt skal á þann hátt er sanngjarnt þykir.

II. KAFLI
Skráning vörumerkja.

12. gr.

Umsókn um skráningu vörumerkis skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar sem annast skráningu vörumerkja og heldur vörumerkjaskrá. Í umsókn skal tilgreina hvert merkið er, með mynd ef við á, og fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið óskast skráð. Einnig skal greina frá nafni eða heiti umsækjanda og skal umsókn fylgja tilskilið gjald. Umsókn skal enn fremur vera í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 65. gr.

13. gr.

Það er skilyrði skráningar vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna m.a. tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skal ekki telja nægjanlegt sérkenni. Sama á við um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða notuð eru í daglegu máli.

Þegar kveða skal á um hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni skal líta til allra aðstæðna og þó einkum til þess hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefur verið í notkun.

14. gr.

Vörumerki má ekki skrá:

1. ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- eða sveitarfélaga, opinber skoðunar- og gæðamerki, sérstök heiti greindra einkenna eða annað sem til þess er fallið að villst verði á því og framangreindum merkjum og táknum; bannið nær því aðeins til opinberra skoðunar- og gæðamerkja að óskað sé skráningar merkis fyrir sömu eða svipaðar vörur og þær sem framangreind merki og tákn eru notuð fyrir,
2. ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um tegund vöru, ástand eða uppruna,
3. ef merkið er andstætt lögum eða allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli,
4. ef í merkinu felst eitthvað það sem gefur tilefni til að ætla að átt sé við heiti á virkri atvinnustarfsemi, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkinu felst sérkennilegt nafn á fasteign eða mynd af henni,
5. ef í merkinu felst eitthvað er skilja má sem sérkennilegan titil á vernduðu bókmenntalegu eða listrænu verki eða ef gengið er á höfundarétt annars manns á slíku verki eða annan hugverkarétt,
6. ef villast má á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér,

7. ef merkið er til þess fallið að villst verði á því og vörumerki sem telst vel þekkt hér á landi á þeim tíma sem umsókn um skráningu er lögð inn,
8. ef villast má á merkinu og merki sem skráð hefur verið alþjóðlegri vörumerkjaskráningu, að því tilskildu að sú skráning hafi öðlast gildi hér á landi áður en umsókn var lögð inn, sbr. 59. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4.–8. tölul. má skrá merki ef samþykki eiganda vörumerkis eða annarra rétthafa liggur fyrir.

Óheimilt er að skrá vörumerki fyrir vín og sterka drykki sem fela í sér landfræðileg heiti á vínum og sterkum drykkjum nema varan sé upprunnin frá viðkomandi stað.

15. gr.

Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær ekki til þeirra hluta merkis sem ekki er heimilt að skrá eina sér.

Ef sérstök ástæða er til að ætla að skráning merkis geti valdið vafa um það hve víðtækur vörumerkjaréttur er má við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á einstökum hlutum þess.

Komi síðar í ljós að þá hluta merkis, sem undanskildir hafa verið vernd, megi að réttu lagi skrá má skrá slíka hluta merkis, eða merkið sjálft, án þeirra takmarkana er um getur í 2. mgr.

16. gr.

Vörumerki skal skrá í ákveðinn flokk eða flokka vöru eða þjónustu.

Greining í vöru- og þjónustuflokka ákveður ráðherra og auglýsir.

17. gr.

Ef umsókn um skráningu vörumerkis er lögð inn hér á landi innan sex mánaða frá því að fyrst var sótt um skráningu merkisins í ríki sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) nýtur umsóknin forgangsréttar frá fyrsta umsóknardegi ef beiðni þess efnis er lögð fram. Í forgangsrétti felst að umsókn, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem umsókn annarra um skráningu eða notkun á merkinu, telst fram komin samtímis umsókn merkisins í erlendu ríki.

Ef um gagnkvæma réttarvernd er að ræða getur ráðherra ákveðið með reglugerð að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við um umsóknir sem lagðar hafa verið inn í ríkjum sem ekki eru aðilar að Parísarsamþykktinni eða samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

18. gr.

Ef sótt er um skráningu vörumerkis innan sex mánaða frá því að merkið var notað í fyrsta sinn fyrir vöru eða þjónustu sem sýnd hefur verið á opinberri sýningu eða alþjóðlegri sýningu hér á landi skal sú umsókn, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem umsókn annarra um skráningu eða notkun annarra á merkinu, talin fram komin samtímis birtingu merkisins á sýningunni.

19. gr.

Ef umsókn um skráningu vörumerkis er ekki í samræmi við ákvæði laga eða Einkaleyfastofan telur að aðrar tálmanir leiði til þess að synja beri um skráningu skal umsækjanda send rökstudd synjun og jafnframt veittur frestur til að skýra mál sitt. Að loknum þeim fresti tekur Einkaleyfastofan að nýju afstöðu til umsóknarinnar.

20. gr.

Staðhæfi einhver við Einkaleyfastofuna að hann sé eigandi að skráðu vörumerki eða vörumerki sem sótt hefur verið um skráningu á getur stofnunin beint þeim tilmælum til hlutaðeigandi að hann höfði mál innan tilskilins frests því til staðfestingar. Í tilmælunum skal þess getið að verði mál ekki höfðað geti Einkaleyfastofan litið fram hjá staðhæfingu hans.

Sé höfðað mál til staðfestingar rétti til vörumerkis er heimilt að fresta meðferð hjá Einkaleyfastofunni.

21. gr.

Þegar umsókn um skráningu vörumerkis telst fullnægja gerðum kröfum til skráningar skal merkið skráð og birt. Við birtingu merkisins skulu koma fram helstu upplýsingar um skráninguna og birt mynd af merkinu ef við á. Vörumerki skulu birt í sérstöku blaði sem Einkaleyfastofan gefur út (ELS-tíðindi).

22. gr.

Heimilt er að andmæla skráningu vörumerkis eftir birtingu. Andmælum ber að skila skriflega til Einkaleyfastofunnar innan tveggja mánaða frá birtingardegi og skulu þau rökstudd.

Ef andmæli koma fram gegn skráningu vörumerkis athugar Einkaleyfastofan skráninguna að nýju í samræmi við ákvæði 19. gr. Eiganda skráningar skal tilkynnt um andmælin og gefinn kostur á að tjá sig um þau.

Taki Einkaleyfastofan andmæli ekki til greina skal formlegur úrskurður þess efnis kynntur andmælanda og eiganda skráningar.

Taki Einkaleyfastofan andmæli til greina skal formlegur úrskurður um ógildingu skráningar merkis, að hluta til eða öllu leyti, kynntur andmælanda og eiganda skráningar.

23. gr.

Ef umsókn um skráningu vörumerkis sem byggir á forgangsrétti skv. 17. eða 18. gr. er lögð inn eftir að sambærilegt merki hefur verið skráð, og Einkaleyfastofan telur að umsóknin hefði staðið í vegi fyrir skráningunni, skal tilkynna eiganda hins skráða vörumerkis um þetta og gefa honum kost á að tjá sig um málið. Verði umsóknin sem byggir á forgangsrétti samþykkt skal ógilda skráninguna að hluta til eða öllu leyti.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við þegar Einkaleyfastofan fær tilkynningu þar sem farið er fram á að alþjóðleg skráning gildi hér á landi og ljóst er að sú skráning hefði staðið í vegi fyrir skráningu merkis sem sótt var um eftir að hin alþjóðlega skráning öðlaðist gildi hér, sbr. 59. gr.

24. gr.

Samkvæmt beiðni eiganda vörumerkis og gegn greiðslu tilskilins gjalds má gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því ekki að heildaráhrif merkisins raskist. Breytinga á skráðu vörumerki skal getið í vörumerkjaskrá og skulu þær birtar í ELS-tíðindum.

25. gr.

Ef eigandi að skráðu vörumerki hefur ekki innan fimm ára frá skráningardegi notað vörumerkið hér á landi fyrir þær vörur eða þjónustu sem það er skráð fyrir eða hafi slík notkun ekki átt sér stað í fimm ár samfellt má ógilda skráninguna með dómi, sbr. 28. gr., nema gildar ástæður séu fyrir því að notkun á vörumerkinu hefur ekki átt sér stað.

Ef vörumerki er notað í annarri útfærslu en greinir í vörumerkjaskrá, þó þannig að um sé að ræða óveruleg frávik sem ekki raska aðgreiningarhæfi þess eða ef merkið hefur verið sett á vörur hér á landi sem eingöngu eru ætlaðar til útflutnings eða á umbúðir þeirra, skal leggja slíkt að jöfnu við notkun skv. 1. mgr.

Ef vörumerki er notað af öðrum en eiganda, en með samþykki hans, skal leggja þá notkun að jöfnu við notkun eiganda.

Skráning verður þó ekki afmáð ef notkun á merki hefur hafist eftir lok fimm ára tímabilsins en áður en krafa um ógildingu kemur fram. Ef krafa um ógildingu er ekki lögð fram fyrr en þrír mánuðir hið skemmsta eru liðnir frá lokum fimm ára tímabilsins en eigandi merkis hefur hafið eða tekið aftur upp notkun þess á síðustu þremur mánuðum áður en krafa um ógildingu kom fram skal slík notkun ekki hafa áhrif á kröfu um ógildingu, enda hafi eiganda merkis verið kunnugt um að krafan mundi koma fram er hann hóf undirbúning að notkun þess.

Hafi notkunarskyldu verið fullnægt fyrir hluta af þeim vörum eða þjónustu er vörumerkið var skráð fyrir skal ógildingin ekki taka til þess hluta skráningarinnar.

26. gr.

Vernd skráðs vörumerkis hefst á þeim degi sem umsókn skv. 12. gr. er lögð inn og gildir í tíu ár frá og með skráningardegi.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis verður skráning endurnýjuð til tíu ára hverju sinni, talið frá lokum hvers skráningartímabils.

27. gr.

Umsókn um endurnýjun á skráningu vörumerkis er heimilt að leggja inn hjá Einkaleyfastofunni sex mánuðum áður en skráningartímabili lýkur en ekki síðar en sex mánuðum eftir lok tímabilsins. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Telji Einkaleyfastofan umsókn fullnægjandi skal endurnýjun færð í vörumerkjaskrá og birt í ELS-tíðindum. Ef umsókn telst ekki fullnægjandi ber að senda umsækjanda tilkynningu um það og veita honum ákveðinn frest til þess að lagfæra umsóknina.

Hafi umsókn um endurnýjun ekki verið lögð inn innan þess frests sem um getur í 1. mgr. fellur skráning merkisins úr gildi.

III. KAFLI
Afnám skráningar.

28. gr.

Hafi vörumerki verið skráð andstætt ákvæðum laga þessara er unnt að fella skráninguna úr gildi með dómi, sbr. þó ákvæði 8.–10. gr. Ef ógildingarástæðan er skortur á sérkenni merkis eða önnur tilvik sem getið er um í 13. gr. skal við matið einnig taka tillit til notkunar sem átt hefur sér stað eftir skráningu.

Skráningu er enn fremur unnt að fella úr gildi með dómi ef vörumerki:

1. er ekki notað í samræmi við ákvæði 25. gr.,
2. hefur vegna athafna eða athafnaleysis eiganda þess öðlast almenna merkingu fyrir vöru eða þjónustu á því sviði sem skráning tekur til,
3. er notað með þeim hætti að villt getur um fyrir mönnum, m.a. að því er varðar tegund, ástand eða uppruna vöru eða þjónustu.

29. gr.

Hverjum þeim sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta er rétt að höfða mál gegn eiganda merkis í því skyni að skráning þess verði felld úr gildi.

Einkaleyfastofan er réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1.–3. tölul. 1. mgr. 14. gr., 25. gr. og 2. mgr. 28. gr.

30. gr.

Hver sem lögmætra hagsmuna hefur að gæta getur krafist þess að Einkaleyfastofan afmái skráningu vörumerkis ef sýnt er fram á að starfsemi eiganda þess hafi lagst af.

Áður en Einkaleyfastofan afmáir skráningu eftir kröfu skv. 1. mgr. ber að senda eiganda vörumerkis tilkynningu og gefa honum kost á að tjá sig innan þriggja mánaða. Slíka tilkynningu ber að senda með sannanlegum hætti. Ef ekki er vitað um heimilisfang eiganda vörumerkis ber að auglýsa tilkynninguna í Lögbirtingablaðinu. Gefi eigandi sig ekki fram við Einkaleyfastofuna innan fyrrgreinds frests ber að afmá merkið úr skránni.

31. gr.

Verði Einkaleyfastofunni á augljós mistök við skráningu vörumerkis, endurnýjun eða færslu í vörumerkjaskrá er stofnuninni heimilt að lagfæra mistökin innan þriggja mánaða frá skráningar- eða innfærsludegi. Leiðréttingu skal birta í ELS-tíðindum.

32. gr.

Vörumerki verða afmáð úr vörumerkjaskrá:

1. ef skráning er ekki endurnýjuð,
2. ef eigandi merkis óskar þess,
3. ef skráning er lýst ógild í kjölfar andmæla,
4. ef skráning er lýst ógild skv. 23. gr.,
5. samkvæmt dómi um ógildingu vörumerkis,
6. samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef starfsemi eiganda vörumerkis hefur sannanlega verið hætt, sbr. 30. gr.,
7. samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef augljós mistök hafa átt sér stað við skráningu, endurnýjun eða breytingu, sbr. 31. gr.,
8. ef umboðsmaður hefur ekki verið tilnefndur, sbr. 35. gr.

IV. KAFLI
Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.

33. gr.

Umsækjanda, sem hvorki rekur starfsemi hér á landi né er búsettur í ríki sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar eða að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO), ber að sanna að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu fyrir þær vörur eða þjónustu sem umsókn hans tekur til.

Ef um gagnkvæma réttarvernd er að ræða getur ráðherra ákveðið að ákvæðum 1. mgr. um skyldu til að sanna skráningu í heimalandi skuli ekki beitt.

34. gr.

Ráðherra getur ákveðið að vörumerki, sem ekki mundi talið skráningarhæft hér á landi en hefur verið skráð í öðru ríki, megi þó skrá hér á sama hátt og í hinu erlenda ríki. Slík skráning veitir þó í engu rýmri rétt en samsvarandi skráning í hinu erlenda ríki.

35. gr.

Eigandi vörumerkis, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum tilkynningum er merkið varða þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrá.

Hafi umboðsmaður ekki verið tilnefndur eða segi hann af sér umboðsmennsku ber eiganda merkis að bæta úr því innan frests sem Einkaleyfastofan ákveður. Ef ekki er vitað um heimilisfang eiganda merkis skal birta tilkynningu um frestinn í ELS-tíðindum. Ef umboðsmaður samkvæmt framangreindu er ekki tilnefndur áður en frestur er úti skal merkið afmáð úr skránni.

V. KAFLI
Framsal, leyfi o.fl.

36. gr.

Rétt til vörumerkis má framselja ásamt atvinnustarfsemi þeirri sem það er notað í eða eitt sér.

Framselji einhver atvinnustarfsemi sína eignast framsalshafi vörumerki sem henni tilheyra, nema um annað hafi verið samið.

37. gr.

Hver sá sem eignast hefur rétt á skráðu vörumerki skal tilkynna það til Einkaleyfastofunnar sem skal geta eigendaskiptanna í vörumerkjaskrá.

Þar til framsal er tilkynnt telst sá eigandi merkis sem síðast var skráður eigandi þess.

38. gr.

Eigandi að skráðu vörumerki getur veitt öðrum leyfi til að nota merkið í atvinnuskyni (nytjaleyfi). Nytjaleyfi getur verið almennt eða sérstakt og tekið til allra eða takmarkaðra hluta vöru eða þjónustu sem vörumerki er skráð fyrir.

Eigandi að skráðu vörumerki getur krafist vörumerkjaréttar fram yfir rétt nytjaleyfishafa brjóti hann ákvæði nytjaleyfissamnings varðandi gildistíma, leyfilega útfærslu merkis, hvar og hvernig má nota það eða ákvæði er varða gæði vöru eða þjónustu er leyfishafi býður fram undir merkinu. Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn að um það hafi verið samið.

Eigandi vörumerkis eða leyfishafi getur, gegn ákveðnu gjaldi, farið fram á að nytjaleyfi verði fært í vörumerkjaskrá og birt í ELS-tíðindum. Sami háttur skal á hafður er nytjaleyfi fellur úr gildi. Einkaleyfastofan getur hafnað því að færa inn nytjaleyfi ef talið er að notkun leyfishafa á merkinu geti leitt til hættu á ruglingi.

39. gr.

Hafi réttur að skráðu vörumerki verið veðsettur eða aðför gerð í honum skal þess getið í vörumerkjaskrá ef eigandi merkis, veðhafi eða gerðarbeiðandi óskar.

VI. KAFLI
Bann gegn notkun villandi vörumerkja.

40. gr.

Ef notkun vörumerkis telst villandi eftir að það hefur verið framselt eða leyfi til þess að nota það hefur verið tilkynnt má með dómi banna hlutaðeigandi að nota merkið í þeirri gerð sem það er.

Sama á við ef vörumerki er annars villandi, eigandi þess notar það á villandi hátt eða einhver annar með hans samþykki.

Einkaleyfastofan, svo og hver sá sem hagsmuna hefur að gæta, getur höfðað mál samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI
Réttarvernd.

41. gr.

Unnt er að krefjast lögbanns við athöfn sem þegar er hafin eða er sannanlega yfirvofandi og brýtur eða mun brjóta gegn vörumerkjarétti.

42. gr.

Notkun vörumerkis, sem er andstæð ákvæðum laga þessara, má banna með dómi.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn vörumerkjarétti skal sæta sektum. Eftir atvikum getur refsing verið varðhald eða fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur hagnast á brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Mál samkvæmt þessari grein skulu rekin í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.

43. gr.

Þeim sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti er skylt að bæta tjón það sem af hefur hlotist.

Þeim sem hagnast á broti gegn vörumerkjarétti, án þess að um ásetning eða gáleysi sé að ræða, er skylt að greiða hæfilegt endurgjald. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

44. gr.

Í málum út af brotum gegn vörumerkjarétti getur dómstóll ákveðið að gerðar skuli ráðstafanir til að hindra misnotkun á vörumerki. Í því skyni getur dómstóll ákveðið að merkið skuli numið brott af þeim vörum sem eru í vörslu hlutaðeigandi eða hann annars ræður yfir. Ef nauðsyn ber til má ákveða að ónýta skuli vöruna eða afhenda hana þeim er misgert var við gegn bótum eða án þeirra.

45. gr.

Rétt til að höfða mál skv. 43. og 44. gr. hefur sá sem telur hagsmuni sína skerta. Mál þessi skulu rekin sem almenn einkamál, en kröfur skv. 43. gr. er einnig heimilt að setja fram í opinberu máli.

46. gr.

Hafi leyfi verið veitt til notkunar á vörumerki er leyfissali og leyfishafi, hvor um sig, réttur sóknaraðili í málum um brot gegn vörumerkjaréttinum, enda hafi ekki verið um annað samið.

Höfði leyfishafi mál ber honum að tilkynna það leyfissala. Vanræksla í þessu efni varðar frávísun máls.

VIII. KAFLI
Alþjóðleg skráning vörumerkja.

47. gr.

Með alþjóðlegri skráningu vörumerkis er átt við skráningu vörumerkis hjá alþjóðaskrifstofunni er starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) samkvæmt bókun frá 27. júní 1989 við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja frá 14. apríl 1891.

Einkaleyfastofan veitir viðtöku umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis hér á landi og annast alþjóðlegar skráningar.

48. gr.

Skilyrði fyrir viðtöku alþjóðlegrar umsóknar er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari, einstaklingur búsettur hér á landi eða hann reki hér virka atvinnustarfsemi og hafi þegar lagt inn umsókn um skráningu vörumerkisins hér á landi eða fengið vörumerkið skráð hér.

49. gr.

Umsókn skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar á þar til gerðu eyðublaði. Umsókn skal vera á ensku og í henni skal tilgreina hvert merkið er, með mynd ef við á, og fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið óskast skráð. Einnig skal greina frá nafni eða heiti á atvinnustarfsemi umsækjanda. Fyrir móttöku og meðhöndlun umsókna skal greiða tilskilið gjald.

50. gr.

Einkaleyfastofan kannar hvort upplýsingar í alþjóðlegri umsókn eru í samræmi við upplýsingar í þeirri umsókn eða skráningu vörumerkis hér á landi sem hún byggist á.

Ef ósamræmis gætir skal umsækjanda tilkynnt um það og honum veittur frestur til að koma athugasemdum eða leiðréttingum á framfæri. Berist engar athugasemdir frá umsækjanda innan tilskilins frests telst umsókn hans afturkölluð en ef ósamræmis gætir enn þrátt fyrir athugasemdir hans er Einkaleyfastofunni heimilt að neita að framsenda umsóknina til alþjóðaskrifstofunnar.

Þegar samræmi er með þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skal Einkaleyfastofan senda staðfestingu á því, ásamt alþjóðlegu umsókninni, til alþjóðaskrifstofunnar. Í staðfestingunni skal geta um umsóknardag og númer þeirrar landsumsóknar, og skráningar ef við á, sem alþjóðlega umsóknin byggist á.

51. gr.

Berist Einkaleyfastofunni tilkynning frá alþjóðaskrifstofunni um að eigandi alþjóðlegrar skráningar vörumerkis, sem ekki uppfyllir skilyrði 48. gr., fari fram á að skráning hans gildi hér á landi ber henni að rannsaka skráningarhæfi merkisins gegn greiðslu tilskilins gjalds.

52. gr.

Telji Einkaleyfastofan alþjóðlega skráningu vörumerkis óskráningarhæfa hér á landi er eiganda skráningar heimilt að tjá sig um málið og óska eftir því að það verði tekið til skoðunar að nýju. Eigandi skráningar skal þá tilnefna umboðsmann skv. 35. gr. Alþjóðaskrifstofunni skal send niðurstaða Einkaleyfastofunnar, ásamt rökstuðningi, innan 18 mánaða frá dagsetningu tilkynningar alþjóðaskrifstofunnar, sbr. 51. gr.

Telji Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að alþjóðleg skráning vörumerkis gildi hér á landi skal hún birt í ELS-tíðindum. Þar skal getið þeirrar dagsetningar sem alþjóðaskrifstofan hefur ákveðið sem skráningardag alþjóðlegu skráningarinnar.

53. gr.

Heimilt er að andmæla gildi alþjóðlegrar skráningar hér á landi eftir birtingu í ELS-tíðindum. Andmælin skulu rökstudd og berast Einkaleyfastofunni innan tveggja mánaða frá birtingardegi.

Eftir að Einkaleyfastofan hefur móttekið andmæli sendir hún tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar um að skráningin öðlist ekki gildi þegar í stað hér á landi, ásamt rökstuðningi fyrir andmælunum.

Eiganda alþjóðlegrar skráningar er heimilt að tjá sig um andmælin innan tilskilins frests og skal hann þá tilnefna umboðsmann skv. 35. gr.

Andmælanda og eiganda alþjóðlegrar skráningar skal tilkynnt um úrskurð Einkaleyfastofunnar þegar hann liggur fyrir.

Þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir tilkynnir Einkaleyfastofan alþjóðaskrifstofunni um hana. Ef andmæli eru tekin til greina er skráningin felld úr gildi hér á landi að öllu leyti eða að hluta. Niðurstöðu þessa skal birta í ELS-tíðindum.

54. gr.

Ef bæði alþjóðleg og landsbundin skráning er í gildi hér á landi fyrir sama vörumerki, í eigu sama aðila, og skráningarnar ná til sömu vöru, skal alþjóðlega skráningin koma í stað hinnar síðarnefndu og fylgir henni þá sami réttur og áður gilti um landsbundnu skráninguna.

Geta skal um breytingu skv. 1. mgr. í vörumerkjaskrá og hún birt í ELS-tíðindum.

55. gr.

Falli alþjóðleg skráning að hluta til eða öllu leyti úr gildi fellur hún með sama hætti úr gildi hér á landi. Tilkynning um slíkt skal færð í vörumerkjaskrá og hún birt í ELS-tíðindum.

56. gr.

Þegar fimm ár eru liðin frá skráningardegi alþjóðlegrar skráningar heldur skráningin gildi sínu hér á landi þrátt fyrir að skráning eða umsókn, sem hefur verið grundvöllur alþjóðlegu skráningarinnar, falli úr gildi.

57. gr.

Ef alþjóðleg skráning vörumerkis, sem gildir hér á landi, fellur úr gildi innan fimm ára frá skráningardegi vegna þess að umsókn eða skráning vörumerkis, er alþjóðlega skráningin byggist á, getur ekki lengur verið grundvöllur fyrir slíkri skráningu, og eigandi vörumerkisins óskar síðar eftir að skrá sama merki hér á landi, skal gildistökudagur alþjóðlegu skráningarinnar teljast umsóknardagur þeirrar umsóknar, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. umsóknin skal í síðasta lagi lögð inn þremur mánuðum eftir að hin alþjóðlega skráning féll úr gildi,
2. umsóknin tekur ekki til annarrar vöru eða þjónustu en alþjóðlega vörumerkjaskráningin,
3. umsóknin uppfyllir að öðru leyti þau skilyrði sem gilda um íslenskar vörumerkjaumsóknir, þar með talið að umsækjandi greiði tilskilin gjöld.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu færðar í vörumerkjaskrá og birtar í ELS-tíðindum.

58. gr.

Ef alþjóðleg skráning vörumerkis, sem gildir hér á landi, fellur úr gildi innan fimm ára frá skráningardegi vegna þess að ríki, sem verið hefur aðili að bókuninni við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja, hefur sagt upp aðild sinni og eigandi vörumerkisins óskar síðar eftir að skrá sama merki hér á landi skal gildistökudagur alþjóðlegu skráningarinnar teljast umsóknardagur þeirrar umsóknar, enda séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. umsóknin berst innan tveggja ára frá því að uppsögnin tók gildi,
2. umsóknin tekur ekki til annarrar vöru eða þjónustu en alþjóðlega vörumerkjaskráningin,

3. umsóknin uppfyllir að öðru leyti þau skilyrði sem gilda um íslenskar vörumerkjaumsóknir, þar með talið að umsækjandi greiði tilskilin gjöld.

Upplýsingar skv. 1. mgr. skulu færðar í vörumerkjaskrá og birtar í ELS-tíðindum.

59. gr.

Alþjóðleg skráning vörumerkis öðlast gildi og hefur sömu réttaráhrif hér á landi og önnur skráð vörumerki frá skráningardegi hennar, síðari tilnefningardegi eða forgangsréttardegi, að því tilskildu að skráningu hafi ekki verið synjað hér. Lög þessi gilda um slíkar skráningar eftir því sem við getur átt.

60. gr.

Upplýsingar sem varða alþjóðlegar vörumerkjaskráningar, svo sem breytingar, endurnýjanir, framsal merkis, brottfall skráningar o.fl., skal birta í ELS-tíðindum.

61. gr.

Ákvarðanir Einkaleyfastofunnar, er varða afgreiðslu umsókna um alþjóðlega skráningu vörumerkja, má bera undir áfrýjunarnefnd í samræmi við ákvæði 63. gr.

62. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla, þar á meðal um birtingu alþjóðlegra vörumerkjaskráninga, andmæli gegn skráningu, endurnýjun og gjöld.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

63. gr.

Ákvörðunum og úrskurðum Einkaleyfastofunnar samkvæmt lögum þessum geta aðilar máls áfrýjað til áfrýjunarnefndar innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin. Innan sama frests skal greiða áfrýjunargjald. Berist greiðsla ekki innan tilskilins frests skal vísa áfrýjuninni frá.

Nefnd þriggja manna, áfrýjunarnefnd, er ráðherra skipar, skal úrskurða í ágreiningsmálum. Ráðherra skipar formann nefndarinnar til þriggja ára í senn og skal hann vera lögfræðingur með sérþekkingu á hugverkarétti. Aðra nefndarmenn skipar ráðherra til að úrskurða í einstökum ágreiningsmálum.

Ef aðilar máls óska úrskurðar dómstóla ber þeim að höfða mál innan þriggja mánaða frá þeim degi sem Einkaleyfastofan eða áfrýjunarnefnd tók ákvörðun sína.

64. gr.

Öllum er heimilt að kynna sér efni vörumerkjaskrárinnar, annaðhvort með því að skoða hana eða með því að fá endurrit úr henni. Þá eiga allir rétt á að fá vitneskju um hvort merki er skráð.

65. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um frágang vörumerkjaumsókna og meðferð þeirra hjá Einkaleyfastofunni, um form vörumerkjaskrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskírteina og efni þeirra og meðferð andmælamála, svo og um gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit o.fl. Þá skal ráðherra setja nánari ákvæði um áfrýjun og áfrýjunarnefnd.

66. gr.

Lög þessi raska ekki gildi eldri vörumerkjaskráninga þótt vörumerkin fullnægi ekki skilyrðum laganna til þess að verða skráð sem ný vörumerki.

Um vörumerki sem skráð eru samkvæmt eldri lögum kemur tilgreining á vöru eða þjónustu, sem um ræðir í 12. gr., ekki til framkvæmda fyrr en skráning er endurnýjuð.

67. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, með síðari breytingum.

Með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir eldri lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 2. júní 1995 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til að endurskoða ákvæði laga um vörumerki, nr. 47/1968, með síðari breytingum. Starfshópurinn skyldi við endurskoðunina taka mið af þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Einnig var hópnum falið að meta hvort rétt væri að gera aðrar breytingar á lögum um vörumerki, m.a. með hliðsjón af þeirri réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði annars staðar á Norðurlöndum.

Í starfshópinn voru skipuð lögfræðingarnir Ásgeir Einarsson, formaður, Ásta Valdimarsdóttir og Hafdís Ólafsdóttir, ritari.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að endurskoða vörumerkjalögin í heild sinni, enda hafa þau staðið nær óbreytt frá árinu 1968. Voru í því sambandi höfð til hliðsjónar vörumerkjalög annarra Norðurlandaþjóða sem tekið hafa miklum breytingum á síðustu árum. Dönsku vörumerkjalögin, sem tóku gildi 1. janúar 1992, voru helsta fyrirmyndin. Einnig var tekið mið af því að samkvæmt EES-samningnum skal Ísland frá 1. janúar 1997 fylgja eftir ákvæðum bókunar frá 27. júní 1989 við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja frá 14. apríl 1891. Þá var og tekið tillit til þess hluta ákvæða samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) sem fjallar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS), viðauka 1c.

Starfshópurinn sendi nokkrum aðilum drög að frumvarpinu og óskaði eftir athugasemdum þeirra, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Einkaleyfastofunni, Samtökum iðnaðarins, Samtökum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI), Félagi íslenskra hugvitsmanna, Verslunarráði Íslands, Útflutningsráði Íslands og Erlu S. Árnadóttur hrl., formanni áfrýjunarnefndar í einkaleyfa- og vörumerkjamálum.

Helstu nýmæli.

Frumvarp þetta felur í sér ný og breytt efnisatriði varðandi vernd vörumerkja. Veigamestu nýmælin eru annars vegar ákvæði um alþjóðlega skráningu vörumerkja og hins vegar reglur um breytta málsmeðferð. Ákvæði um alþjóðlega skráningu ættu að geta orðið til verulegra hagsbóta fyrir eigendur vörumerkja en aðild Íslands að slíku skráningarkerfi á sviði vörumerkja leggur jafnframt auknar skyldur á Einkaleyfastofuna sem skráningaryfirvald. Nánar er fjallað um þessi og önnur nýmæli í frumvarpinu:

Alþjóðleg skráning vörumerkja. Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga skal Ísland frá 1. janúar 1997 fylgja eftir ákvæðum bókunar við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja. Bókunin kallar á að tekinn verði inn í vörumerkjalög sérstakur kafli um alþjóðlega skráningu vörumerkja. Um Madridsamninginn og bókunina vísast til ítarlegrar umfjöllunar í næsta kafla um efni frumvarpsins.

Málsmeðferð. Samkvæmt gildandi vörumerkjalögum skal að lokinni rannsókn á umsókn um skráningu vörumerkis birta merkið til andmæla og er ekki heimilt að skrá það fyrr en að liðnum tveggja mánaða andmælafresti. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að umsókn verði skráð og birt strax og fyrir liggur að hún uppfyllir skilyrði laganna en unnt verði að andmæla skráningu eftir birtingu.

Þá er gert ráð fyrir að bæði umsækjandi og andmælandi geti áfrýjað úrskurðum Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar en heimild í gildandi lögum er takmörkuð við umsækjanda.

Skráning og notkun. Vörumerkjarétt er unnt að öðlast með skráningu, markaðsfestu eða notkun. Í frumvarpinu er hins vegar miðað við að vörumerkjaréttur geti stofnast með skráningu vörumerkis eða notkun. Vörumerkjaréttur getur því stofnast við upphaf notkunar en það er þó háð því skilyrði að merki uppfylli skilyrði laganna um sérkenni.

Tilgreining vöru og þjónustu. Vörumerki ber samkvæmt gildandi lögum að skrá í sérstaka vöru- og þjónustuflokka sem innihalda ýmsar tegundir vöru og þjónustu. Í frumvarpinu er hins vegar á því byggt að umsækjandi þurfi að tilgreina nákvæmlega hvaða vörur og þjónustu hann hyggst auðkenna með merki sínu. Ekki verður lengur heimilt að tilgreina eða „taka frá“ heila vöru- eða þjónustuflokka.

Hugtakanotkun. Vörumerkjaskrárritari annast skráningu vörumerkja samkvæmt gildandi vörumerkjalögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Einkaleyfastofan taki við hlutverki vörumerkjaskrárritara í samræmi við núverandi framkvæmd. Stofnunin var sett á laggirnar með auglýsingu nr. 187/1991 og hefur það hlutverk að sjá um framkvæmd laga og alþjóðasamninga er varða hugverkaréttindi á sviði iðnaðar.

Efni frumvarpsins.

Frumvarpinu er skipt í níu kafla. Í I. kafla eru almenn ákvæði. Í 1.–6. gr. er m.a. skilgreint hverjir geti öðlast einkarétt á vörumerki, þ.e. vörumerkjarétt. Þá er þar að finna upptalningu á algengustu tegundum vörumerkja og sérstaklega kveðið á um hvernig vörumerkjaréttur geti stofnast, annars vegar með skráningu merkis og hins vegar með notkun, sem einnig er nánar skilgreind. Einnig er tilgreint hvað felst í vörumerkjarétti en sá réttur er einkaréttur og því getur eigandi vörumerkis bannað öðrum notkun þess að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá er að finna sérstök ákvæði um takmörkun á vörumerkjarétti. Í 7.–10. gr. eru ákvæði varðandi „eldri“ og „yngri“ rétt og í 11. gr. er sérstök regla um rétt eiganda skráðs vörumerkis þegar vörumerki hans er birt í orðabókum, handbókum, o.fl.

Í II. kafla er fjallað um skráningu vörumerkja. Eins og rakið er hér að framan getur vörumerkjaréttur stofnast með tvennum hætti, við skráningu merkis eða notkun þess. Í kaflanum, sem og III. og IV. kafla, eru ákvæði sem eingöngu varða skráningu vörumerkja. Ákvæðin taka bæði til forms og efnis.

Í III. kafla frumvarpsins er sérstaklega fjallað um afnám skráningar. Þar er m.a. ákvæði um þau tilvik þegar skráning er felld úr gildi með dómi. Einnig er í kaflanum nýmæli þar sem Einkaleyfastofunni er veitt heimild til að bregðast við því ef starfsemi eiganda vörumerkis hefur verið lögð niður og til að leiðrétta augljós mistök.

Í IV. kafla eru sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja hér á landi. Þar eru ákvæði um gagnkvæma vernd í ýmsum ríkjum og einnig er þar að finna svonefnda „telle quelle“ reglu. Þá er og að finna ákvæði um skyldu til að hafa umboðsmann ef eigandi vörumerkis á ekki lögheimili hér á landi. Ákvæði þessa kafla verður að skoða m.a. í ljósi ákvæða Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

Í V. kafla eru ákvæði um framsal á rétti til vörumerkis og skyldu til skráningar á slíku framsali auk ákvæða um nytjaleyfi.

Í VI. kafla er ákvæði um bann gegn notkun villandi vörumerkja og er það ákvæði til fyllingar ákvæðum 14. gr., einkum 2. tölul. 1. mgr., sbr. og 28. gr. Þá er talin vera þörf á slíku ákvæði með hliðsjón af ákvæðum V. kafla um framsal vörumerkja, leyfi o.fl.

Í VII. kafla er fjallað um réttarvernd. Þar er m.a. ákvæði um lögbann og ákvæði um að sá sem brýtur gegn vörumerkjarétti skuli sæta sektum eða eftir atvikum varðhaldi eða fangelsi. Einnig er í kaflanum ákvæði um skaðabótaskyldu.

Í VIII. kafla er fjallað um alþjóðlega skráningu vörumerkja og eru ákvæði hans nýmæli.

Í bókun 28 við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði er kveðið á um ýmsa alþjóðasamninga á sviði hugverkaréttinda sem Ísland skal gerast aðili að. Í 2. mgr. 5. gr. bókunarinnar kemur fram að Ísland skuldbindi sig frá 1. janúar 1997 til að fylgja eftir bókuninni við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu vörumerkja frá 14. apríl 1891.

Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) hefur yfirumsjón með framkvæmd Madridsamningsins og bókunarinnar við hann. Aðild að samningnum eða bókuninni felur það í sér að aðilar í hlutaðeigandi ríkjum geta lagt inn umsókn um skráningu í einu aðildarríki og síðan tilnefnt önnur sem þeir óska eftir að veiti merkinu vernd. Þetta verður þó aðeins gert að uppfylltum nánari skilyrðum. Alþjóðleg skráning getur sparað eiganda vörumerkis bæði útgjöld og fyrirhöfn sem fylgir því að skrá vörumerki í einstökum ríkjum.

Í Madridsamningnum frá árinu 1891 eru ákvæði sem ýmis ríki hafa átt erfitt með að fella sig við og hafa einungis 46 ríki gerst aðilar að samningnum (október 1996). Gagnrýnt hefur verið það skilyrði alþjóðlegrar skráningar að umsækjandi hafi þegar fengið vörumerki sitt skráð í því ríki þar sem hann hyggst leggja inn umsókn sína. Þá hefur það verið gagnrýnt að einungis er gert ráð fyrir einu tungumáli sem nota má í samskiptum aðildarríkja samningsins og alþjóðaskrifstofunnar sem starfar á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar, þ.e. frönsku, og ýmsir hafa verið óánægðir með reglur um gjöld og fresti. Með bókuninni við Madridsamninginn er reynt að bæta úr þeim ágöllum sem taldir eru vera á samningnum.

Bókunin við Madridsamninginn er frá 27. júní 1989. Til þess að bókunin öðlaðist gildi þurftu fjögur ríki að staðfesta hana, þar af eitt sem aðild á að Madridsamningnum. Það skilyrði var uppfyllt um síðustu áramót og tók bókunin gildi 1. janúar 1996. Þann 18. janúar samþykkti þing Madridsambandsins reglur sem bæði varða Madridsamninginn og bókunina. Þessar reglur tóku gildi 1. apríl 1996 og frá þeim tíma hófst framkvæmd samkvæmt bókuninni.

Þegar hafa 12 ríki gerst aðilar að bókuninni (október 1996) en á næstunni er búist við að aðildarríkjum fjölgi til muna. Með bókuninni er komið á nýju alþjóðlegu skráningarkerfi vörumerkja, sambærilegu því sem verið hefur í gildi samkvæmt Madridsamningnum. Skráningarkerfi þessi verða notuð hlið við hlið en munu ekki skarast, þ.e. þegnar ríkis sem eingöngu er aðili að Madridsamningnum geta ekki látið alþjóðlega skráningu merkis síns ná til ríkis sem eingöngu er aðili að bókuninni við samninginn. Samkvæmt bókuninni þarf sá sem sækir um alþjóðlega skráningu vörumerkis að vera eig-

andi vörumerkjaumsóknar eða skráningar í því ríki þar sem hann leggur inn umsóknina. Auk þess þarf umsækjandi að vera ríkisborgari eða búsettur í landinu eða reka þar virka atvinnustarfsemi. Það ríki sem tekur við umsókn sendir hana síðan til alþjóðaskrifstofunnar, en samkvæmt bókuninni getur hvert aðildarríki valið á milli þess að nota frönsku eða ensku í samskiptum sínum við alþjóðaskrifstofuna. Þá hafa andmælafrestir verið lengdir miðað við fresti samkvæmt Madridsamningnum, gildistími skráningar er styttur úr tuttugu árum í tíu ár og nánari reglur hafa verið settar um gjaldtöku.

Í IX. kafla er að finna ýmis ákvæði, m.a. almenna heimild til að skjóta málum til áfrýjunarnefndar, ákvæði um skipan nefndarinnar, ákvæði um rétt manna til að kynna sér efni vörumerkjaskrárinnar gegn gjaldi, heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð, gildistökuákvæði og ákvæði um tengsl eldri laga og yngri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skilgreint hverjir geti öðlast einkarétt á vörumerki, þ.e. vörumerkjarétt. Í samræmi við norræna löggjöf og framkvæmd hér á landi er lagt til að heimild til að skrá vörumerki verði ekki takmörkuð við atvinnurekendur eins og hefur verið gert heldur nái til allra einstaklinga og lögaðila. Vörumerki þarf hins vegar að nota í viðskiptum eða atvinnustarfsemi samkvæmt ákvæðum greinarinnar og leiðir það af eðli vörumerkja. Með atvinnustarfsemi er hér átt við starfsemi sem er óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Ekki er gerð krafa um að vörumerki hafi verið tekið í notkun þegar við skráningu þess né er farið fram á upplýsingar um notkun eða ætlaða notkun í tengslum við skráningu. Notkunarskylda er hins vegar til staðar eftir að vörumerki hefur verið skráð í fimm ár, sbr. athugasemdir við 25. og 28. gr.

Réttur til vörumerkis er einkaréttur sem felur í sér að eigandi getur bannað öðrum að nota merkið að uppfylltum nánari skilyrðum, sbr. athugasemdir við 4. gr.

Krafan um að vörumerki skuli vera sérstakt auðkenni er grundvallaratriði í vörumerkjarétti. Markmið vörumerkjaréttar er tvíþætt. Annars vegar er markmiðið að veita þeim sem stunda viðskipti þá réttarvernd að þeir geti auðkennt vörur sínar svo að viðskiptavinir þekki þær frá vörum annarra. Hins vegar hefur vörumerki auglýsingargildi og getur haft söluhvetjandi áhrif á neytendur. Því er mikil áhersla lögð á að merki séu ekki villandi fyrir almenning.

Ógerlegt er að hafa tæmandi talningu á því hvað þarf til þess að auðkenni sé nægilega greinilegt, enda er slíkt matsatriði í hverju tilviki. Við matið er gengið út frá því meginsjónarmiði að merki séu ekki svo lík að hætt sé við að neytendur villist á þeim. Sjá nánar um sérkenni merkja í athugasemdum við ákvæði 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 13. gr.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir að vörumerki geti verið hvers konar sýnileg tákn sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra. Þá eru þar taldar upp helstu tegundir tákna sem geta fallið undir vörumerkjahugtakið.

Orðið tákn hefur hér víðtæka merkingu og er lagt til að miða skuli við hvers konar sýnileg tákn. Það er m.a. gert með hliðsjón af ákvæðum samnings um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO) sem fjallar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS), viðauka 1c. Þar er gert ráð fyrir að aðilar geti sett það skilyrði að tákn séu sýnileg (á ensku *visually perceptible*).

Í ákvæðinu er að finna upptalningu á algengustu tegundum tákna. Í 1. tölul. eru vígorð sérstaklega nefnd, en vígorð verða að fullnægja sömu skilyrðum og önnur skráningarhæf orð, þ.e. að vera svo sérkennileg að almenningur festi þau sér í minni sem auðkenni á sérstakri vöru eða þjónustu frá ákveðnum aðila. Þá eru í 2. tölul. nefndir bók- og tölustafir. Slík tákn verða einnig, sem og önnur tákn samkvæmt ákvæðinu, að fullnægja því skilyrði að hafa sérkenni og aðgreiningareiginleika, sbr. athugasemdir við 13. gr.

Í 2. mgr. er að finna dæmi um hvenær tákn eru þess eðlis að ekki sé unnt að öðlast vörumerkjarétt á þeim. Ákvæðið tekur til sömu aðstæðna og ákvæði gildandi laga þar sem kveðið er á um að vörumerkjaréttur nái ekki til þeirra hluta vörumerkis sem aðallega miða að því að gera vöruna, búnað hennar eða umbúðir hagkvæmari í notkun eða miða annars að öðru en að auðkenna hana. Hér er reglan sett fram að danskri fyrirmynd en ákvæðið er talið nauðsynlegt með hliðsjón af því að unnt er að öðlast vörumerkjarétt á útliti, búnaði og umbúðum vöru.

Um 3. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig vörumerkjaréttur getur stofnast, annars vegar með skráningu merkis og hins vegar með notkun. Um skráningu vörumerkja vísast til athugasemda við II.–IV. kafla.

Hér á landi hefur framkvæmdin verið sú að vörumerkjaréttur hefur verið talinn geta stofnast við upphaf notkunar en ekki verið gert að skilyrði að markaðsfestu hafi verið náð. Litið hefur verið til danskrar framkvæmdar í þessu efni. Í dönsku vörumerkjalögunum, sem tóku gildi 1. janúar 1992, var lögfest sambærilegt ákvæði því sem hér er lagt til. Ákvæði um markaðsfestu, sem er að finna í gildandi lögum, er því sleppt. Ef aðili getur sannað að hann hafi fyrstur notað ákveðið vörumerki er vörumerkjarétturinn hans svo lengi sem notkunin á sér sannanlega stað, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

Vernd vörumerkis sem fengin er með notkun er efnislega hin sama og vernd skráðra merkja. Annað mál er að sönnunarbyrði um notkun merkis hvílir á þeim sem telur sig njóta réttarverndar og þar er aðstöðumunur.

Í 2. mgr. kemur fram að vörumerki, sem ekki uppfylla skilyrði frumvarpsins til skráningar, geta ekki skapað vörumerkjarétt með notkun. Þannig getur enginn skapað sér vörumerkjarétt með notkun á merki sem er andstætt lögum eða til þess fallið að villa um fyrir mönnum, sbr. 14. gr., svo að dæmi séu tekin. Þá verður að hafa í huga að vörumerki verða að hafa til að bera ákveðin sérkenni svo að þau geti talist hæf til skráningar, sbr. 13. gr. Því er ekki unnt að öðlast vörumerkjarétt við upphaf notkunar ef merki fullnægir ekki skilyrðum þeirrar greinar. Þrátt fyrir þetta er heimilt að nota merkið. Með víðtækri notkun getur vörumerki síðan öðlast sérkenni og skapað vörumerkjarétt. Dæmi um vörumerki sem þetta ákvæði gæti átt við er t.d. orðið Kvöldblaðið. Fyrir blað sem kæmi út á kvöldin teldist orðið ekki uppfylla skilyrði vörumerkjalaga um sérkenni. Ef merkið væri hins vegar notað í mörg ár og næði þannig útbreiðslu og festu á markaði yrði að telja að eigendur þess gætu skapað sér einkarétt á nafninu í krafti notkunar.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvað felst í vörumerkjarétti og kemur til skoðunar grundvallaratriðið um bann við notkun vörumerkja sem rugla má saman.

Samkvæmt ákvæðinu geta aðrir en eigandi vörumerkis ekki heimildarlaust notað í atvinnustarfsemi sinni tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef notkunin tekur til sömu eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til, sbr. 1. tölul., og hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum, sbr. 2. tölul. Skilyrði 1. og 2. tölul. þurfa því bæði að vera uppfyllt.

Ákvæði 1. tölul. skal skoða í því samhengi að þegar sótt er um skráningu vörumerkis skal tilgreina nákvæmlega fyrir hvaða vöru eða þjónustu merki óskast skráð, sbr. athugasemdir við 12. gr. Við túlkun á ákvæði 2. tölul. skal líta til þess að það er heildarmynd merkis sem meiru ræður þegar meta skal hvort villast megi á merkjum en einstakir hlutar þess. Það er sjónarmið hins almenna neytanda í þessu efni sem hafa ber í huga við slíkt mat. Þó ber að hafa hugfast að yfirleitt hefur neytandi aðeins annað merkið fyrir augum þannig að tækifæri gefst ekki til samanburðar. Sjónlíking merkja er það sem einkum skiptir máli við mat á hættu á ruglingi en að því er varðar einstök orð eða orðasambönd kemur hljóðlíking ekki síður til greina. Einnig ber að hafa hliðsjón af merkingu orða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir sérstakri vernd fyrir vörumerki sem eru vel þekkt hér á landi. Ákvæðið tekur mið af svonefndri „Kodak"-kenningu og hefur að geyma undantekningu frá meginreglu 1. mgr. Ekki er skilyrði að um vísvitandi ágengni sé að ræða af hálfu þess sem notar slíkt vel þekkt merki.

Ákvæði 3. mgr. tekur til þess að stundum ber svo við að annar en eigandi skráðs vörumerkis framleiðir og/eða selur varahluti (aukahluti) eða annað fylgifé sem nota má í tengslum við þá vöru sem vörumerkjarétturinn nær til. Eðlilegt má telja að sá sem býður varahlut eða varahluti til sölu megi skýra frá tengslum hans við aðalhlutinn. Hins vegar verður að koma í veg fyrir að almenningur megi álíta varahlutinn kominn frá þeim sem á vörumerkjaréttinn. Rétt þykir að þetta komi skýrt fram í lögunum, sbr. m.a. orðalagið „að vísa til" en ekki „að nota".

Um 5. gr.

Í greininni er skilgreint hvað felst í notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi. Með því er afmarkað upphaf vörumerkjaréttar, sbr. ákvæði 3. gr., og einnig hvenær notkun annarra en eiganda merkis yrði talin óheimil. Hér er þó ekki um tæmandi talningu að ræða, t.d. getur munnleg notkun á vörumerki einnig komið til álita. Ákvæðið nær til vöru og þjónustu.

Ákvæði 1. tölul. tekur til merkis sem sett er á vöru eða umbúðir hennar. Óheimil notkun á merki annars manns, sem felst í því að setja merkið á vörur eða umbúðir án leyfis, er eitt algengasta brot gegn vörumerkjarétti. Þegar merki er notað með þessum hætti án leyfis getur eigandi þess gripið til þeirra réttarúrræða sem mælt er fyrir um í VII. kafla um réttarvernd og vísast hér til athugasemda við þann kafla.

Ákvæði 3. tölul. um útflutning vöru er ætlað að ná til þeirra tilvika þegar vara, sem framleidd er hér á landi og einungis ætluð til útflutnings, er auðkennd með skráðu vörumerki og sú notkun merkisins er án samþykkis eiganda þess. Slíkt á við þó að varan sé eingöngu ætluð til sölu á mörkuðum sem vörumerkjarétturinn nær ekki til.

Í 4. tölul. er fjallað um notkun merkis í auglýsingum, bréfhausum eða á annan sambærilegan hátt. Hér er átt við alla hugsanlega notkun í auglýsingum, óháð eðli auglýsingamiðils.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er að finna reglu sem felur í sér takmörkun á vörumerkjarétti. Samkvæmt henni getur eigandi vörumerkis ekki bannað öðrum að nota í atvinnustarfsemi sinni það sem talið er upp í 1. og 2. tölul., að því tilskildu að notkunin sé í samræmi við góða viðskiptahætti. Notkun telst ekki í samræmi við góða viðskiptahætti ef t.d. kaupendur vöru mega ætla að sá sem notar merki sé hinn rétti eigandi þess, að sérstakt samningssamband sé milli aðila eða notkunin sé með öðrum hætti viðurkennd af eiganda.

Ákvæði 2. mgr. hefur að geyma reglu sem tekin hefur verið upp í ýmis lög á sviði hugverkaréttar. Hér er kveðið á um það sem kalla mætti réttindaþurrð eða tæmingu réttinda (á dönsku *konsumption* og ensku *exhaustion of rights*). Reglan varðar rétt eiganda vörumerkjaréttar til að stjórna frekari markaðssetningu á grundvelli einkaréttar síns. Eftir að vara sem auðkennd er með merki er komin á markað fyrir atbeina eða með samþykki eiganda þess getur hann ekki haft frekari áhrif á markaðssetningu vörunnar, sölu, leigu, inn- eða útflutning eða annars konar dreifingu.

Réttindaþurrð getur verið landsbundin, svæðisbundin eða ótakmörkuð, þ.e. náð til alls heimsins. Í löggjöf ýmissa ríkja er réttindaþurrð eingöngu talin eiga við innan viðkomandi ríkis. Samkvæmt Evrópurétti hefur landfræðileg afmörkun hins vegar verið talin geta valdið viðskiptahindrunum og því hefur réttindaþurrð verið talin ná til allra ríkja Evrópusambandsins. Samkvæmt samningum um hið Evrópska efnahagssvæði ber einnig að afnema landfræðilega afmörkun réttindaþurrðar í löndum EFTA.

Hingað til hefur réttindaþurrð í íslenskum vörumerkjarétti verið talin ná til heimsins alls, án þess að það hafi beinlínis verið tekið fram. Ekki er ætlunin að breyta þeirri reglu hér en til að taka af allan vafa er hún sett skýrt fram í ákvæði 2. mgr.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú almenna regla að eldri réttur á vörumerki gangi framar yngri rétti ef um er að ræða merki sem villast má á. Ákvæðið á við um vörumerki hvort sem þau eru skráð eða ekki. Þessi regla getur þó leitt til réttarskerðingar og því er í 8. og 9. gr. að finna undantekningarákvæði frá henni.

Í 2. mgr. er ákvæði um það tímamark sem rétturinn skv. 1. mgr. miðast við. Samkvæmt því hefst vernd á skráðu vörumerki á umsóknardegi eða á þeim degi sem markar upphaf forgangsréttar, sbr. 17. og 18. gr. Vísast til athugasemda við þær greinar til skýringar á reglunni um forgangsrétt samkvæmt Parísarsamþykktinni.

Notkun vörumerkis án skráningar skapar rétt skv. 1. mgr. á sama hátt og skráning en sönnun fyrir notkun getur reynst torveld.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um að tveir aðilar geta notið vörumerkjaréttar jafnhliða. Reglan byggist á fyrningar- og tómlætissjónarmiðum og gildir bæði þegar skráð vörumerki og eldra óskráð merki rekast á og um merki sem bæði eru skráð.

Sá sem vill öðlast rétt til notkunar eða skráningar yngra merkis verður að vera grandlaus. Í því felst að hann hafi ekki vitað eða mátt vita að eldri réttur til merkisins var þegar til staðar.

Upphaf fimm ára frestsins í ákvæðinu miðast við skráningardag, sbr. og ákvæði 25. gr., en ekki umsóknardag.

Til þess að eigandi eldra merkis njóti réttarverndar er honum almennt settur fimm ára frestur til þess að hefjast handa. Hins vegar geta orðið réttarspjöll ef beðið er svo lengi og því eru ákvæði í 9. gr. til að koma í veg fyrir slíkt.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði, eins og ákvæði 8. gr., byggist á því að tómlæti geti valdið réttarspjöllum. Hér er kveðið á um að yngri réttur öðlist vernd ef eigandi eldri réttar hefst ekki handa innan hæfilegs tíma. Fela verður dómstólum að meta hvað telja megi hæfilegan tíma. Réttur eldri rétthafa getur skerst hvort heldur honum er kunnugt um notkun hins nýja merkis eða ekki. Sé honum kunnugt um notkunina verður hann að hefjast handa fyrr, enda gæti það valdið nýjum notanda auknu tjóni ef notkun hans er látin átölulaus. Í þessu sambandi skiptir fimm ára frestur sá sem fjallað er um í 8. gr. ekki máli. Orðalagið „nauðsynlegar ráðstafanir“ felur ekki í sér kröfu um málsókn til þess að verja réttinn. Sem dæmi má nefna að bann gegn notkun eða bréfaskipti um hana nægja. Ef samningar nást ekki eða banni er ekki hlítt verður þó að halda varnaraðgerðum áfram, hugsanlega með málsókn, og þá enn innan „hæfilegs tíma“.

Við beitingu ákvæðisins ber að hafa í huga að nota má heimild 10. gr. til að nema brott úr merki það sem helst getur valdið ruglingi.

Um 10. gr.

Eðlisrök geta leitt til þess að eldri réttur víki að meira eða minna leyti fyrir yngri rétti, sbr. athugasemdir við 8. og 9. gr. Þess verður hins vegar að gæta að vörumerkjalöggjöf verður einnig að standa vörð um almannahagsmuni. Vernd merkja sem villast má á getur orðið til þess að blekkja almenning. Ákvæði þessarar greinar miða að því að bæta hér úr.

Hér er aðeins um heimild að ræða og er matið í höndum dómstóla. Oft mun eldra merki verða talið rétthærra en það er þó ekki einhlítt. Ýmis sjónarmið koma til greina, t.d. ef yngra merki yrði talið sterkara eða verðmeira. Það skiptir og máli hvoru merkinu er auðveldara að breyta og stundum getur lítilfjörleg breyting á báðum merkjunum verið nægjanleg. Oft nægja lita- og/eða leturbreytingar. Þess ber þó að gæta sérstaklega að merki verði ekki breytt á þann veg að það missi sérkenni sitt.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis beri höfundum og útgefendum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðirita að gæta þess að merki sé ekki birt nema þess sé jafnframt getið að um skráð vörumerki sé að ræða.

Með ákvæðinu er stefnt að því að koma í veg fyrir að gildi merkis sé rýrt þannig að sérkenni merkisins séu slitin úr tengslum við vöruna í augum almennings. Eigandi merkis getur beint kvörtun sinni að framangreindum aðilum. Tómlæti getur hér sem endranær valdið réttarspjöllum.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að umsókn um skráningu vörumerkis skuli skila til Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfastofan er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðherra og sér m.a. um meðferð og skráningu vörumerkja. Stofnunin hefur því tekið við því hlutverki sem vörumerkjaskrárritara er falið í gildandi lögum. Einkaleyfastofan heldur vörumerkjaskrá fyrir landið allt.

Gerð er krafa um að umsókn skuli vera skrifleg en þess er hins vegar ekki krafist að hún sé á sérstöku eyðublaði. Ef um mynd er að ræða þarf hún að vera skýr, bæði til þess að unnt sé að afmarka efni vörumerkjaverndarinnar og með tilliti til birtingar merkisins.

Ef sótt er um skráningu fyrir útlit vöru þarf að koma fram í umsókn hvernig varan lítur út í þrívídd. Slíkt má gera með ljósmynd eða teikningu. Oftast er nægjanlegt að sýna útlit vöru frá einu sjónarhorni með einni mynd en stundum getur verið nauðsynlegt að leggja fram fleiri myndir.

Umsækjandi um skráningu vörumerkis getur verið einstaklingur eða lögaðili. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé atvinnurekandi þegar umsókn er lögð inn þó að vörumerki skuli nota í atvinnustarfsemi, sbr. athugasemdir við 1. gr.

Hér kemur einnig fram að geta skuli um þær vörur eða þjónustu sem merki óskast skráð fyrir. Samkvæmt gildandi lögum ber hins vegar að geta um vörutegundir eða vöruflokka. Skráning vörumerkja hér á landi er byggð á Nice-samningum um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Þessari flokkun hefur verið fylgt hér um árabil en aðild Íslands að samningnum miðast við 9. apríl 1995. Samkvæmt sáttmálanum er allri vöru og þjónustu skipt í 42 flokka. Hver flokkur hefur síðan að geyma skylda vöru eða þjónustu. Hingað til hefur verið heimilt að skrá vörumerki fyrir heila vöru- eða þjónustuflokka án nánari tilgreiningar. Jafnframt hefur verið óheimilt að skrá eins eða svipuð vörumerki, í eigu ólíkra aðila, í sama flokk eða flokka sem innihalda skylda vöru eða þjónustu. Í sumum flokkum er þó að finna það ólíka vöru eða þjónustu að eins eða svipuð vörumerki geta ekki talist valda hættu á ruglingi. Vörumerkjum fjölgar stöðugt og m.a. þess vegna er talið rétt að veita aðilum einungis einkarétt á merki sínu fyrir þær vörur eða þjónustu sem merkið er notað fyrir. Með þetta í huga hefur notkunarskylda einnig víða verið lögfest, þar á meðal hérlendis. Því er lagt til að ekki verði lengur unnt að skrá vörumerki í heila flokka heldur verði að tilgreina nákvæmlega vöru eða þjónustu. Síðan verður að meta hverju sinni hvort hætta sé á ruglingi á vörum innan sama flokks.

Umfang vörumerkjaréttar ræðst m.a. af vörumerkinu sjálfu og þeim vörum eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir. Þar sem skráning vörumerkis öðlast gildi frá og með umsóknardegi er ófrávíkjanleg krafa að umfang skráningarinnar sé ljóst strax þegar umsókn er lögð inn. Með hliðsjón af þessu er ekki hægt að rýmka gildissvið umsóknar á síðari stigum þótt alltaf megi þrengja það.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um almenn skilyrði þess að vörumerki teljist hæf til skráningar. Þessi skilyrði taka til allra tegunda vörumerkja, þ.e. orða, mynda, útlits vöru o.fl.

Í 1. mgr. kemur fram það grundvallarskilyrði að vörumerki þurfi að hafa sérkenni. Þá þurfa vörumerki að hafa aðgreiningareiginleika þannig að hver sem er geti greint vörur eiganda þess frá vörum annarra.

Krafan um aðgreiningarhæfi og sérkenni grundvallast á tveimur sjónarmiðum. Annars vegar að einfaldar myndir, mynd af vörunni sjálfri eða lýsing á henni með almennum orðum er ekki til þess fallin að gefa vörunni sérkenni í huga almennings. Hins vegar er ekki talið réttmætt að einstakir aðilar geti helgað sér almennar lýsingar á vöru. Slíkt mundi takmarka svigrúm annarra til þess að gera grein fyrir vöru sinni. Þessi sjónarmið ber að hafa í huga þegar meta skal hvort merki sé hæft til skráningar. Upptalningin í ákvæðinu er dæmi um þessi sjónarmið en ekki tæmandi. Smávægilegar breytingar á lýsandi orði geta yfirleitt ekki leitt til þess að merki teljist skráningarhæft. Þegar meta skal hvort orð sem fela í sér lýsingu séu nægilega aðgreinandi ber einkum að hafa í huga merkingu þeirra í íslensku máli. Erlend orð koma þó einnig til greina ef þau hafa ákveðna merkingu hjá almenningi. Sem dæmi má nefna orð eins og „extra“ og „super“.

Þá þykir enn fremur rétt að taka tillit til þess að í daglegu lífi eða viðskiptum er víða að finna orð sem ekki verða talin lýsandi fyrir tiltekna vöru eða þjónustu en hafa unnið sér sess í málinu og flestir vita hvað þýða. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði sem dæma slík merki beinlínis óskráningarhæf. Sem dæmi hér má nefna táknið 100%. Táknið er ekki beinlínis lýsandi fyrir eina tegund vöru eða þjónustu fremur en aðra en felur í sér almenna lýsingu á vöru eða þjónustu og því getur enginn einn aðili öðlast einkarétt á notkun þess.

Þegar meta skal sérkenni merkis er nauðsynlegt að skilja á milli einstakra orða og merkja sem samanstanda af orði og mynd. Oft getur tiltekið orð, sem ekki telst búa yfir nægjanlegu sérkenni, verið talið uppfylla skilyrði ákvæðisins ef það er ritað á sérstakan hátt eða með einhvers konar stílfærslu. Myndir geta einnig talist lýsandi, t.d. merki sem eingöngu er mynd af vörunni sjálfri. Til að útlit vöru eða umbúðir verði skráð sem vörumerki þarf útlitið að vera svo sérstakt að það geti eitt sér auðkennt vöruna. Útlitið þarf því að vera verulega frábrugðið útliti annarrar vöru.

Í 2. mgr. kemur fram að jafnvel þótt merki hafi í upphafi ekki verið talið skráningarhæft geti notkun þess skapað því vernd. Þar skiptir m.a. máli tímalengd notkunar og hversu víðtæk notkunin hefur verið. Þegar vörumerki telst hafa öðlast sérkenni er miðað við að vörumerkjarétturinn nái aðeins til þeirrar vöru eða þjónustu sem það hefur verið notað fyrir og geti því aðeins verið skráð í samræmi við það.

Um 14. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um ýmislegt er athuga skal áður en merki er skráð. Ákvæði þessi eru að mestu leyti í samræmi við gildandi vörumerkjalög. 1.–3. tölul. 1. mgr. miða að vernd almennra og opinberra hagsmuna en 4.–7. tölul. varða hins vegar einkum réttindi einstakra aðila.

Í 1. tölul. er kveðið á um vernd ýmissa opinberra merkja í samræmi við ákvæði 6. gr. b (bis) Parísarsamþykktarinnar. Samkvæmt þeirri grein skuldbinda aðildarríki samþykktarinnar sig til að synja skráningu á merkjum sem hafa að geyma skjaldarmerki, fána eða önnur ríkistákn aðildarríkjanna, opinber merki þeirra og stimpla er gefa til kynna eftirlit og ábyrgð. Regla þessi á einnig við um merki eða heiti alþjóðastofnana sem aðildarríkin eiga aðild að. Ekki ber þó að synja um skráningu vörumerkja sem hafa að geyma einhver slík merki eða tákn, eða geta valdið ruglingi, ef hlutaðeigandi ríki eða stofnun hefur veitt samþykki sitt fyrir því. Vakin skal athygli á því að samkvæmt ákvæðinu er vernd opinberra skoðunar- og gæðamerkja í raun minni en annarra opinberra merkja þar sem skilyrði er að merki sé ætlað til nota á sams konar eða svipaðar vörur. Þetta er í samræmi við 2. tölul. 6. gr. b (bis) Parísarsamþykktarinnar. Skv. 3. tölul. (a) 6. gr. b (bis)

Parísarsamþykktarinnar skulu aðildarríkin senda hvert öðru, fyrir milligöngu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), skrá yfir ríkistákn, opinber merki o.fl. sem þau óska eftir að njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Hvert aðildarríki skal veita almenningi aðgang að þessum skrám. Allt frá því að Ísland gerðist aðili að Parísarsamþykktinni hefur þessum skrám verið haldið til haga hjá skráningaryfirvöldum en frá 1. janúar 1996 hafa slíkar tilkynningar verið birtar í ELS-tíðindum, sbr. athugasemdir við 21. gr.

Í 2. tölul. er að finna ákvæði um villandi merki. Mestu skiptir hvort líklegt sé að menn láti blekkjast, t.d. hvað varðar tegund vöru, ástand hennar, magn, notkun, verð, uppruna og framleiðslutíma. Í ákvæðinu er ekki um tæmandi talningu að ræða.

Samkvæmt 3. tölul. er óheimilt að skrá merki sem er andstætt lögum eða allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli. Með „lögum" er átt við gildandi rétt í landinu, ekki aðeins sett lög og reglugerðir. Ákvæðið tekur til þess tilviks þegar vörumerki telst andstætt lögum og einnig ef notkun merkisins er andstæð lögum eða allsherjarreglu. Líklega mun sjaldan reyna á það hvort merki stríði gegn allsherjarreglu eða hvort það sé til þess fallið að valda hneyksli, en sem dæmi um brot gegn hinu fyrrnefnda má nefna ef merki væri líkt einkennismerki lögreglu eða annarra slíkra yfirvalda.

Samkvæmt ákvæðum 4. tölul. er m.a. óheimilt að skrá merki ef í því felst eitthvað sem gefur tilefni til að ætla að átt sé við heiti á virkri atvinnustarfsemi. Hugtakið „atvinnustarfsemi" ber að skýra nokkuð rúmt, sbr. athugasemdir við 1. gr., og er ekki eingöngu átt við séreignarfélög, hlutafélög og önnur félög viðskiptalegs eðlis heldur einnig heiti sjóða, samtaka, safna og opinberra stofnana. Við meðhöndlun umsókna kannar Einkaleyfastofan hvort til séu svipuð heiti á atvinnustarfsemi. Slík könnun getur þó aðeins náð til skráðra heita þó að tekið sé tillit til heita sem eru vel þekkt en ekki skráð, t.d. heita ýmissa opinberra stofnana. Andmæli við skráningu geta þó byggst á heiti sem ekki er skráð. Skilyrði er að um virka atvinnustarfsemi sé að ræða. Hér er miðað við að skráð fyrirtækjaheiti geti ekki staðið í vegi fyrir skráningu vörumerkja ef starfsemi hefur legið niðri í mörg ár. Ákvæði 4. tölul. tekur einnig til nafns og myndar af manni eða fasteign hans. Skilyrði er að nafn fasteignar sé sérkennilegt. Við skýringar á því verður ekki einungis að hafa í huga að nafnið sé sjaldgæft eða sérkennilegt heldur m.a. söguleg og landfræðileg hugartengsl almennings. Nafn manns eða mynd nýtur ekki verndar ef viðkomandi er „löngu látinn". Talið er rétt að miða við að menn hafi látist fyrir a.m.k. 70 árum og er þá hugsunin sú að ólíklegt sé að mjög nákominn ættingi, svo sem maki eða börn, séu á lífi. Mannanöfn þurfa ekki að vera sérkennileg til að ákvæði þetta eigi við, en ljóst þarf að vera að átt sé við tiltekinn mann. Af þessu má ráða að algeng mannanöfn án auðkenna njóta ekki verndar. Mynd manns eða fasteignar nær til hvers konar mynda.

Í 5. tölul. er vikið að vernd höfundaréttar og hugverkaréttinda. Við skilgreiningu á því hvað telst bókmenntalegt eða listrænt verk er rétt að miða við ákvæði 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Enn fremur er það forsenda fyrir því að beita megi þessu ákvæði að höfundaréttur sé enn í gildi, sbr. 43. gr. höfundalaga. Við mat á því hvort um brot er að ræða verður að leggja til grundvallar reglur höfundaréttar. Önnur hugverkaréttindi eru t.d. hönnunarvernd og svæðislýsingar smárása í hálfleiðurum.

Í 4. og 5. gr. frumvarpsins eru ákvæði um megininntak vörumerkjaréttar, þar á meðal bann við því að aðrir noti eins eða svipað vörumerki. Í 6. tölul. þessarar greinar kemur þessi meginregla fram sem bann við skráningu. Ákvæðið tekur bæði til skráðra merkja og merkja sem eru notuð hér á landi. Einkaleyfastofan skal kanna hvort merki kunni að brjóta gegn rétti annarra og í því skyni fara yfir öll vörumerki sem skráð eru í svipuð-

um flokkum og merki það sem óskað er skráningar fyrir. Að því er notkun varðar getur könnun skráningaryfirvalda ekki verið nákvæm. Þeir sem rétt eiga vegna notkunar verða því að vera á varðbergi og andmæla skráningu merkja ef þeir telja brotið gegn rétti sínum. Skilyrði er að merki sé notað og er ekki nægjanlegt að notkun hafi verið undirbúin. Þótt notkun merkis falli niður í stuttan tíma eða vegna sérstakra atvika missir merkið ekki vernd.

Það er meginregla að vörumerkjaréttur er landsbundinn. Undantekningu frá þessari reglu er að finna í 7. tölul. Samkvæmt ákvæðinu er vörumerkjum, sem teljast vel þekkt (á dönsku *vitterlig kendt* og á ensku *well known*), veitt vernd hér á landi. Regla þessi á sér stoð í 6. gr. b (bis) Parísarsamþykktarinnar og verður að túlka hana með hliðsjón af ákvæði samþykktarinnar sem m.a. kveður á um að ekki þurfi að vera um eins merki að ræða heldur nægi t.d. eftirlíkingar og þýðingar.

Í 8. tölul. er að finna ákvæði er varða vörumerki sem skráð hafa verið alþjóðlegri skráningu, sbr. ákvæði VIII. kafla, þ.e. merki sem hafa verið skráð í samræmi við ákvæði bókunar við Madridsamninginn, og Ísland er eitt þeirra ríkja sem skráningunni er ætlað að taka til. Samkvæmt ákvæði 59. gr. getur alþjóðleg skráning í fyrsta lagi öðlast gildi hér á landi frá alþjóðlegum skráningardegi, í öðru lagi frá tilnefningardegi, þ.e. ef Ísland hefur verið tilnefnt eftir að merkið er skráð alþjóðlegri skráningu, og í þriðja lagi frá forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist. Þegar alþjóðleg skráning hefur verið birt í ELS-tíðindum er ljóst að yfirvöld hér telja ekkert því til fyrirstöðu að skráningin nái til Íslands.

Í 2. mgr. kemur fram að þótt eldri réttur standi í vegi fyrir skráningu beri að heimila hana ef viðkomandi rétthafi veitir samþykki sitt. Þetta ákvæði á við um þau tilvik sem heyra undir 4.–8. tölul. 1. mgr., þar á meðal um alþjóðlega skráð merki. Skv. 2. tölul. 1. mgr. er óheimilt að skrá merki sem geta villt um fyrir mönnum. Ákvæði þessarar málsgreinar verður að skoða í samhengi við þann tölulið. Þó að fyrir liggi samþykki eldri rétthafa vegna tilviks sem fellur undir 4.–8. tölul. 1. mgr. getur merki talist villandi skv. 2. tölul. 1. mgr. og er þá óheimilt að skrá merkið.

Í 3. mgr. er að finna sérstaka reglu er varðar vín og sterka drykki. Ákvæðið er byggt á 2. mgr. 23. gr. samnings um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS). Með hugtakinu „landfræðileg heiti á vínum og sterkum drykkjum“ er átt við heiti sem gefa til kynna að vín eða sterkir drykkir séu upprunnir í ákveðnu landi, héraði eða á nánar tilteknum stað, t.d. Burgundy.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um þau tilvik þegar hlutar vörumerkis eru undanskildir vernd. Á ensku og fleiri tungumálum er þetta nefnt „disclaimer“ en hér á landi er talað um takmörkun skráningar. Oft er hluti vörumerkis óskráningarhæfur og nýtur því ekki verndar. Eftir að merki hefur verið skráð getur reynt á það hversu víðtækur einkarétturinn er.

Í 1. mgr. segir að vörumerkjaréttur sá sem menn öðlast við skráningu nái ekki til þeirra hluta merkis sem ekki er heimilt að skrá eina sér. Ákvæðið tekur til allra tegunda vörumerkja. Oft eru lýsandi orð hlutar merkis. Þegar enginn vafi er talinn leika á því að hluti vörumerkis sé undanskilinn vernd er ákvæði 1. mgr. talið eiga við. Sem dæmi má nefna ef orðið „kaffi“ kæmi fyrir í vörumerki fyrir kaffi.

Þegar óljóst getur verið hvort einkaréttur nær til hluta merkis er unnt að beita ákvæðum 2. mgr. og skrá merkið með sérstakri takmörkun og taka þannig af allan vafa. Ekki er hægt að gagnálykta á þann veg að ef merki er ekki skráð með takmörkun sé vernd fengin. Merki verður að meta í heild og stundum verða dómstólar að skera úr um hvort einstakir hlutar merkis séu verndaðir.

Hluti merkis sem skortir sérkenni getur öðlast það ríka markaðsfestu við notkun að hann yrði talinn skráningarhæfur síðar. Hafi slíkur hluti verið undanskilinn vernd við skráningu má skv. 3. mgr. skrá hann síðar án slíkrar takmörkunar eða einan sér. Þó að merki í heild sinni hafi náð markaðsfestu með notkun er ekki þar sem sagt að ákvæði 3. mgr. eigi við.

Um 16. gr.

Sú skylda að skrá vörumerki í ákveðna flokka var tekin upp hér á landi með vörumerkjalögum, nr. 47/1968, og samkvæmt reglugerð nr. 1/1969 var skylt að skrá merki í samræmi við flokkaskrá er fylgdi reglugerðinni. Sú flokkaskrá er í samræmi við Nice-samninginn um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu. Vörumerki hafa því verið skráð hér á landi í samræmi við alþjóðlega flokkun frá árinu 1969.

Í 12. gr. er kveðið á um að í umsókn skuli tilgreina þær vörur eða þjónustu sem merki óskast skráð fyrir. Umsækjandi þarf því bæði að tilgreina nákvæmlega vöru eða þjónustu og þá vöruflokka sem varan eða þjónustan fellur undir, sbr. athugasemdir við þá grein.

Um 17. gr.

Í greininni er fjallað um svonefndan forgangsrétt. Ákvæðið byggist á c-lið 1. mgr. 4. gr. Parísarsamþykktarinnar en samkvæmt þeirri grein skal slíkur forgangsréttur gilda um vörumerki í aðildarríkjum samþykktarinnar. Samkvæmt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar (WTO), nánar tiltekið 3. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. í viðauka 1c, samningi um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS), skulu reglurnar um forgangsrétt í Parísarsamþykktinni einnig gilda um umsóknir sem hafa verið lagðar inn í aðildarríki samningsins.

Frestur til að leggja inn umsókn hér á landi og krefjast forgangsréttar er sex mánuðir frá upphaflegum umsóknardegi, að þeim degi frátöldum. Ef síðasta dag frestsins ber upp á helgidag telst fresturinn renna út næsta virka dag.

Skilyrði er að forgangsréttar sé krafist af umsækjanda. Undanfarin ár hefur verið gert ráð fyrir slíkri beiðni á umsóknareyðublaði. Beiðni getur þó verið í öðru skriflegu formi frá hendi umsækjanda.

Umsókn sú, sem forgangsréttur er byggður á, þarf að uppfylla þau skilyrði sem gerð eru í hlutaðeigandi ríki. Umsókn þarf því að hafa verið móttekin en ekki er skilyrði að hún verði skráð.

Flest ríki heims eru annaðhvort aðilar að Parísarsamþykktinni eða samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar, nema hvort tveggja sé. Væntanlega mun því ekki reyna oft á ákvæði 2. mgr. Krafan um gagnkvæmni felur í sér að tvíhliða samningur hafi verið gerður milli Íslands og hlutaðeigandi ríkis.

Um 18. gr.

Í greininni er fjallað um bráðabirgðavernd fyrir vörumerki sem koma fram á sýningum. Vernd þessi er í samræmi við ákvæði 11. gr. Parísarsamþykktarinnar sem kveður á um að aðildarríki skuli veita vörumerkjum og fleiri réttindum, sem koma fram á opinberum eða opinberlega viðurkenndum alþjóðavörusýningum, bráðabirgðavernd.

Vernd hefst þegar merki kemur fram á sýningu, en verndin lengir þó ekki frest vegna forgangsréttar skv. 17. gr.

Ákvæðið á einkum við um innlendar sýningar en getur þó náð til erlendra sýninga, enda sé um gangkvæman rétt að ræða í hinu erlenda ríki.

Um 19. gr.

Einkaleyfastofan kannar hvort umsókn uppfyllir skilyrði laganna, bæði hvað snertir form og efni. Helstu formskilyrði koma fram í 12. gr. og vísast til athugasemda við þá grein.

Með orðalaginu „aðrar tálmanir" er veitt heimild til að synja um skráningu, t.d. ef vitað er að umsækjandi er ekki réttur eigandi vörumerkis.

Um 20. gr.

Í greininni er tekið á því hvernig Einkaleyfastofan getur brugðist við ef fram kemur krafa frá þriðja manni sem telur sig eiga betri rétt til vörumerkis en umsækjandi. Sambærilegt ákvæði er að finna í 17. gr. einkaleyfalaga, nr. 17/1991.

Staðhæfing þriðja manns verður að berast á þeim tíma sem umsókn eða skráning er til meðferðar hjá Einkaleyfastofunni. Meðferð umsóknar getur lokið tveimur mánuðum eftir skráningu ef engin andmæli hafa komið fram eða þegar niðurstaða hefur fengist í andmælamáli. Ef máli er skotið til áfrýjunarnefndar telst málinu lokið þegar úrskurður nefndarinnar liggur fyrir.

Í gildandi vörumerkjalögum er ekki að finna ákvæði um hvernig bregðast skuli við slíkum aðstæðum. Yfirleitt er hér um mjög flókin mál að ræða sem geta krafist vitnaleiðslna og því er tryggast að úr slíkum málum verði leyst fyrir dómstólum.

Í 2. mgr. er heimild fyrir Einkaleyfastofuna til að fresta meðferð ef mál varðandi rétt til vörumerkis hefur verið höfðað fyrir dómstólum. Hér er ekki aðeins átt við meðferð umsóknar heldur einnig t.d. andmælamál. Þetta gildir hvort sem ákvæði 1. mgr. eiga við eða aðili hefur höfðað mál af sjálfsdáðum.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að þegar umsókn telst fullnægja gerðum kröfum um skráningu skuli skrá merki og birta. Samkvæmt gildandi vörumerkjalögum skal birta umsókn um vörumerki til andmæla að lokinni rannsókn og er ekki heimilt að skrá merki fyrr en að liðnum tveggja mánaða andmælafresti. Andmæli berast einungis í fáum tilvikum og því þurfa flestir umsækjendur að bíða í tvo mánuði eftir skráningu vörumerkis síns. Vegna þessa hefur víða verið tekin upp sú regla að skrá vörumerki fyrir birtingu og heimila andmæli eftir skráningu. Þær skráningar, sem verða ógiltar vegna andmæla, eru síðan birtar.

Þá er hér er einnig að finna ákvæði um að vörumerki skuli birt í sérstöku blaði sem Einkaleyfastofan gefur út. Í gildandi vörumerkjalögum er gert ráð fyrir að vörumerki skuli birt í Stjórnartíðindum eða sérstöku blaði er ríkistjórnin gefur út. Vegna umfangs vörumerkjaumsókna hefur ekki þótt henta að birta vörumerkjaumsóknir í Stjórnartíðindum. Frá árinu 1984 hafa vörumerkjaumsóknir og tilkynningar er varða hugverkaréttindi í iðnaði verið birtar í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum. Heiti blaðsins var breytt í ELS-tíðindi um áramótin 1995–96.

Um 22. gr.

Í greininni segir að unnt sé að koma fram andmælum við skráningu merkis innan tveggja mánaða frá birtingu þess. Hver sem er getur borið fram andmæli. Það er því ekki skilyrði að andmælandi sýni fram á að hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta eins og gildir um ákvæði 29. gr.

Andmæli leiða til þess að skráning merkis er tekin til skoðunar að nýju. Andmælanda og eiganda skráningar gefst þá kostur á að koma sjónarmiðum sínum varðandi skráninguna á framfæri.

Í 3. og 4. mgr. er kveðið á um að Einkaleyfastofan skuli kveða upp úrskurð um framkomin andmæli, að virtum andmælarétti skv. 2. mgr., og að stofnuninni beri að tilkynna andmælanda og eiganda skráningar um niðurstöðu sína. Í 4. mgr. er einnig lagt til að heimilt verði að ógilda skráningu að hluta. Það getur t.d. átt við ef merki hefur verið skráð fyrir margs konar vöru eða þjónustu og Einkaleyfastofan telur að merkið geti einungis valdið hættu á ruglingi við merki andmælanda hvað varðar hluta þeirrar vöru eða þjónustu sem merkið óskast skráð fyrir. Úrræði sem þessu hefur verið beitt í framkvæmd, þ.e. í andmælamálum hefur Einkaleyfastofan í vissum tilfellum heimilað skráningu fyrir einungis hluta þeirrar vöru eða þjónustu sem óskað var skráningar fyrir.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar verður að skoða annars vegar með hliðsjón af ákvæðum 17. og 18. gr. um forgangsrétt og hins vegar ákvæðum 8. tölul. 1. mgr. 14. gr. og 59. gr. er varða alþjóðlegar skráningar. Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja rétt þeirra umsókna sem byggja á forgangsrétti og rétt alþjóðlegra skráninga.

Í 1. mgr. segir að ef umsókn sem byggir á forgangsrétti er lögð inn eftir að sambærilegt merki hefur verið skráð skuli Einkaleyfastofan tilkynna eiganda hins skráða merkis um þetta, ef hún telur að umsóknin hefði staðið í vegi fyrir skráningunni. Eiganda hins skráða merkis skal veittur frestur til að tjá sig um málið. Verði niðurstaðan sú að umsóknin sem byggir á forgangrétti sé samþykkt skal Einkaleyfastofan ógilda skráninguna að hluta til eða öllu leyti, eftir því sem við á, og verður merkið þá afmáð úr vörumerkjaskránni, sbr. ákvæði 32. gr.

Í 2. mgr. er vísað til þess að ákvæði 1. mgr. eigi einnig við varðandi alþjóðlega skráningu, sbr. ákvæði 59. gr.

Um 24. gr.

Í greininni er að finna heimild til að gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því ekki að heildaráhrif merkisins raskist. Leggja ber ríka áherslu á að slíkar breytingar hafi ekki áhrif á sérkenni eða heildarmynd merkis.

Eigandi skráningar þarf að óska eftir slíkri breytingu og greiða tilskilið gjald. Breytt merki ber að birta í ELS-tíðindum til upplýsingar en ekki er heimilt að andmæla breytingunni. Eigandi merkisins getur borið synjun á beiðni sinni undir áfrýjunarnefnd.

Um 25. gr.

Með lögum nr. 67/1993 var bætt inn í gildandi vörumerkjalög tveimur nýjum greinum um notkunarskyldu vörumerkja, 25. gr. a og 25. gr. b. Þessum greinum hefur hér verið steypt saman í eina grein.

Í greininni segir að hafi eigandi skráðs vörumerkis ekki byrjað að nota merkið innan fimm ára frá skráningardegi geti hver sá sem hagsmuna hefur að gæta höfðað mál gegn honum í því skyni að fá skráninguna fellda úr gildi. Sama á við ef eigandi vörumerkis hefur hafið notkun á merkinu en síðar hætt henni og ekki notað það samfellt í fimm ár.

Notkun vörumerkis verður að tengjast raunverulegri markaðssetningu vöru eða þjónustu. Hafi eigandi merkis, fimm árum eftir skráningu, einungis hafið notkun á hluta af þeim vörum sem merkið er skráð fyrir verður skráningin ekki ógilt í heild sinni. Skráning verður þá einungis gerð ógild fyrir þær vörur sem ekki hefur verið byrjað að nota merkið fyrir. Vörumerki yrði ekki ógilt fyrir vörur sem teljast mjög skyldar þeim vörum sem þegar hefur verið hafin notkun á.

Ef eigandi skráningar getur fært gild rök fyrir því hvers vegna hann hefur ekki hafið notkun á vörumerki innan fimm ára frá skráningu verður skráning ekki ógilt. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvað telja skuli gild rök. Brostnar forsendur, svo sem fjárskortur, skortur á starfsfólki, erfiðleikar við öflun hráefnis eða markaðssetningu teldust t.d. ekki gild rök í þessu sambandi. Þó mætti gera undantekningu á ef erfiðleikar þessir væru tilkomnir vegna aðstæðna sem eigandi fær ekki ráðið við (*force major*).

Um 26. gr.

Í greininni er kveðið á um hvenær vernd skrásetts vörumerkis hefst og hve lengi hún varir. Skráningartímabil er tíu ár í senn en fyrsta verndartímabilið getur þó verið lengra því vernd hefst frá og með umsóknardegi eða forgangsréttardegi en frestur telst frá skráningardegi. Eigandi telst sá sem er skráður eigandi í upphafi og ef einhver annar óskar endurnýjunar þarf hann að sýna fram á heimild sína.

Um 27. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um meðferð umsókna um endurnýjun á skáningu vörumerkja. Eins og fram kemur í 26. gr. er skráningartímabil tíu ár í senn. Til þess að skráning gildi lengur þarf umsækjandi að leggja inn umsókn um endurnýjun merkis.

Í gildandi lögum er heimilt að leggja inn umsókn um endurnýjun ári áður en skráningartímabili lýkur. Hér er lagt til að sá tími verði styttur í sex mánuði. Ekki þykja vera rök fyrir því að eigendur geti lagt inn umsókn um endurnýjun svo löngu áður en skráningartíma lýkur og að auki getur skapast af því visst óhagræði.

Ákvæði 19. gr. eiga við um meðferð á umsókn um endurnýjun eftir því sem við getur átt. Við endurnýjun er það þó aðeins hin formlega hlið sem Einkaleyfastofunni ber að kanna.

Í 2. mgr. er lagt til að ef umsókn um endurnýjun telst fullnægjandi skuli merki endurnýjað og birt í ELS-tíðindum. Nægilegt er talið að birta skráningarnúmerið en ekki merkið sjálft. Slíkri birtingu eru ekki sett ákveðin tímamörk en væntanlega munu endurnýjanir birtar skömmu eftir að þær hafa verið færðar í vörumerkjaskrá.

Um 28. gr.

Í greininni eru talin upp þau tilvik sem leiða til þess að unnt er að fella skráningu úr gildi með dómi. Vakin er athygli á því að meginreglan er sú að einungis dómstólar geta fellt skráningu úr gildi. Eina undantekningin er í 23. gr. en samkvæmt því ákvæði getur Einkaleyfastofan lýst skráningu ógilda. Samkvæmt þessari grein eru það aðeins skráningar sem eru andstæðar efnisreglum laganna sem unnt er að ógilda.

Þau tilvik sem fallið geta undir ákvæði 1. mgr. eru mjög mörg. Sem dæmi má nefna ef merki hefur verið skráð andstætt ákvæðum 13. gr.

Í 2. mgr. eru talin upp þau tilvik sem geta komið upp eftir skráningu og leitt til ógildingar. Samkvæmt 1. tölul er heimilt að ógilda skráningu vegna notkunarleysis, en í 2. tölul. er ákvæði er varðar það er vörumerki missir aðgreiningareiginleika sína. Erlendis er þetta oft nefnt „degeneration". Ákvæðið á því aðeins við ef vörumerki hefur öðlast almenna merkingu vegna notkunar eða aðgerðarleysis eiganda þess. Ákvæði 3. tölul. er sett til verndar neytendum og ber að skoða það með hliðsjón af ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 14. gr.

Um 29. gr.

Í greininni er kveðið á um að hver sem lögmætra hagsmuna hefur að gæta geti höfðað mál gegn eiganda vörumerkis til að fá skráningu fellda úr gildi. Þetta getur t.d. átt við ef merki er talið skorta sérkenni. Engin tímamörk eru sett fyrir málsókn samkvæmt ákvæðinu og athuga ber sérstaklega að ekki er gert ráð fyrir að slík mál megi reka gegn yfirvöldum.

Í 2. mgr. segir að Einkaleyfastofan geti verið sóknaraðili í tilteknum málum þar sem opinberir hagsmunir eru taldir í húfi.

Um 30. gr.

Hér er lagt til að tekið verði upp ákvæði í lögin sem heimilar Einkaleyfastofunni að afmá skráningu vörumerkis ef starfsemi eiganda þess hefur sannanlega verið lögð niður. Hér er um nýmæli að ræða að danskri fyrirmynd.

Skráning vörumerkis gildir í tíu ár. Á hverjum tíma er í vörumerkjaskránni töluvert um skráð vörumerki í eigu fyrirtækja sem hafa hætt starfsemi á skráningartímabilinu án þess að vörumerkjaréttinum hafi verið ráðstafað um leið eða óskað hafi verið eftir því að merkið yrði afmáð úr skránni. Slíkar skráningar koma í veg fyrir að aðrir geti notað sama eða lík merki og ekki er hægt að fá þessi vörumerki framseld þar sem eigendur þeirra eru ekki lengur til. Ákvæði sem þetta ætti að stuðla að því að vörumerkjaskráin sé rétt og skráning vörumerkja þjóni viðskiptalífinu sem best.

Um 31. gr.

Samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga er stjórnvaldi almennt heimilt að leiðrétta bersýnilegar villur sem fram koma í ákvörðunum. Ákvæði þessu er ætlað að taka af allan vafa um að slíkar leiðréttingar Einkaleyfastofunnar séu lögmætar. Enn fremur má benda á að í frumvarpinu hefur verið lagt til að vörumerki verði skráð áður en þau eru birt og

því gefst ekki lengur tækifæri til að koma að athugasemdum við birtingu umsóknar áður en merki er skráð.

Hér er það gert að skilyrði að um augljós mistök sé að ræða, t.d. misritun á orði, nafni eða tölu eða aðrar bersýnilegar villur er varða form. Lagfæring þarf að eiga sér stað innan þriggja mánaða frá skráningardegi ef um skráningu er að ræða en innfærsludegi í öðrum tilvikum. Eftir að skráning hefur verið lagfærð skal eiganda hennar látið í té nýtt eintak af viðkomandi skjali.

Um 32. gr.

Í greininni eru talin upp þau tilvik sem leiða til þess að vörumerki verða afmáð úr vörumerkjaskránni.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um að erlendir aðilar sem óska eftir skráningu hér á landi verði að sanna að þeir hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu. Ef um gagnkvæma réttarvernd er að ræða í hlutaðeigandi ríki fyrir íslenska aðila þurfa þeir erlendu hins vegar ekki að sanna skráninguna.

Talið er að í Parísarsamþykktinni og samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar felist samkomulag um gagnkvæmni. Því þurfa aðilar sem búsettir eru í einhverju aðildarríkja þeirra samninga ekki að sýna fram á skráningu merkis í heimalandi sínu samkvæmt ákvæði 1. mgr.

Ákvæði 2. mgr. hefur það í för með sér að ráðherra getur ákveðið að umsækjendur frá öðrum ríkjum en þeim sem eru aðilar að framangreindri samþykkt eða samningi þurfi ekki að sýna fram á skráningu, að því tilskildu að um gagnkvæma réttarvernd sé að ræða.

Krafan skv. 1. mgr. á því aðeins við þegar umsækjandi er frá ríki sem ekki hefur verið samið við um gagnkvæma réttarvernd, annaðhvort með tvíhliða samningi eða slíkt telst felast í fjölþjóðasamningum eins og Parísarsamþykktinni og samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar.

Um 34. gr.

Greinin fjallar um svonefnda „telle quelle“ reglu sem grundvallast á 6. gr. e (quinquies) Parísarsamþykktarinnar. Samkvæmt því ákvæði eiga öll merki sem skráð hafa verið löglega í upprunalandi að vera viðurkennd í sömu mynd í öðrum aðildarríkjum samþykktarinnar, með undantekningum þó. Undantekningarnar eru þær að synja má um skráningu merkis ef það skerðir rétt þriðja aðila, skortir öll sérkenni, brýtur í bága við allsherjarreglu eða getur blekkt almenning.

Þegar merki er skráð með vísun til þessa ákvæðis veitir skráningin ekki rýmri rétt en skráning í heimalandi.

Um 35. gr.

Í greininni er ákvæði um skyldu þeirra aðila sem ekki hafa lögheimili hér á landi til að hafa umboðsmann búsettan hérlendis. Umsækjandi þarf að eiga hér lögheimili í skilningi laga um lögheimili til að vera undanþeginn þessari skyldu.

Þörf hefur verið talin á slíku ákvæði, m.a. þar sem þeir sem ekki eiga varnarþing hér á landi verða ekki saksóttir hér. Fyrst og fremst er þetta þó til hagræðis þar sem oft er þörf á skjótum viðbrögðum frá umsækjendum vegna meðferðar umsókna og líklegra er að unnt sé að bregðast skjótt við ef aðili er búsettur í landinu.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til umboðsmanna, eingöngu að um sé að ræða einstakling eða lögaðila sem á lögheimili hér á landi.

Í 2. mgr. er tekið á því ef umsækjandi tilnefnir ekki umboðsmann eða umboðsmaður segir af sér umboðsmennsku. Í slíkum tilvikum veitir Einkaleyfastofan umsækjanda frest til að bæta úr, en ef umboðsmaður er ekki tilnefndur innan frestsins skal afmá umsóknina.

Um 36. gr.

Í ákvæði þessu er byggt á þeirri meginreglu að frjáls sala á skráðum sem óskráðum vöumerkjum sé heimil. Bæði er heimilt að selja vörumerkið eitt sér eða með þeirri atvinnustarfsemi sem merkið er notað í. Sú meginregla er sett fram að við sölu á atvinnustarfsemi verði að taka sérstaklega fram ef vörumerki á ekki að fylgja með. Að öðrum kosti er merkið talið fylgja atvinnustarfseminni.

Um 37. gr.

Samkvæmt þessari grein er krafist skráningar á framsali. Í þessu tilviki fer ekki fram af hálfu Einkaleyfastofunnar nein efnisleg rannsókn heldur er aðeins metið hvort formlega sé gengið frá tilkynningu og gögnum um eigendaskipti. Ef framsalið er talið til þess fallið að villa um fyrir almenningi koma ákvæði 28. gr. til álita.

Í 2. mgr. er sett fram sú regla að þegar framsal er tilkynnt teljist sá eigandi merkis sem síðast var skráður eigandi þess.

Um 38. gr.

Í ákvæði þessu kemur fram að eigandi vörumerkis getur veitt öðrum leyfi til þess að nota merkið í atvinnuskyni. Nytjaleyfi eru algengir samningar á sviði vörumerkjaréttar og e.t.v. þeir mikilvægustu. Í greininni er veitt heimild til þess að nytjaleyfi taki annaðhvort til allrar eða hluta af þeirri vöru eða þjónustu sem merkið er skráð fyrir og jafnframt getur leyfið verið almennt eða sérstakt.

Ekki þykir lengur rétt að veita sérstaka heimild til þess að nytjaleyfið taki til afmarkaðra svæða landsins. Er í þessu sambandi horft til bannákvæða samkeppnislaga, nr. 8/1993, sérstaklega ákvæðis um bann við skiptingu markaða eftir svæðum. Aðilar að nytjaleyfissamningum verða því framvegis að gæta þess að ákvæði samninga séu í samræmi við reglur samkeppnislaga og geta eftir atvikum sótt um undanþágu frá bannreglum laganna.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að réttur eiganda vörumerkis geti gengið framar rétti leyfishafans ef sá síðarnefndi brýtur tiltekin ákvæði samningsins. Þá er heimild leyfishafa til framsals á rétti sínum samkvæmt nytjaleyfissamningi takmörkuð. Þannig er nytjaleyfishafa aðeins heimilt að framselja rétt ef veitt er sérstök heimild til framsals í samningi.

Í 3. mgr. segir að aðilar nytjaleyfissamnings geti óskað eftir því að nytjaleyfi verði fært í vörumerkjaskrá og birt. Sama á við ef leyfið fellur úr gildi. Samkvæmt greininni ber Einkaleyfastofunni að meta það hvort notkun leyfishafa á vörumerkinu geti leitt til hættu á ruglingi. Telji stofnunin hættu á slíku getur hún synjað um innfærslu á nytjaleyfi í vörumerkjaskrá. Synjun Einkaleyfastofunnar má skjóta til áfrýjunarnefndar.

Um 39. gr.

Samkvæmt þessari grein er eiganda vörumerkis, þeim sem hefur fengið merkið að veði eða gert aðför í því, heimilt að láta skrá athugasemd um réttinn í vörumerkjaskrá. Tilkynningu verða að fylgja gögn um þann rétt sem um er að ræða. Einkaleyfastofan getur ekki neitað að skrá athugasemd sem að formi til er fullnægjandi, en þyki tilkynning til þess fallin að villa um fyrir mönnum er hægt að beita reglunum í 28. og 29. gr.

Um 40. gr.

Eins og greinin ber með sér er hér um bann að ræða en ekki refsiákvæði og er reglan nánast til fyllingar ákvæðum 14. gr., einkum 2. tölul. 1. mgr., og 28. gr. Þá er talin þörf á slíkri reglu vegna ákvæða V. kafla um framsal vörumerkja, leyfi o.fl. Hér getur bæði verið um að ræða skerðingu á opinberum hagsmunum og hagsmunum einstaklinga og miðast ákvæðið um sakaraðild við það.

Hætt er við að merki geti orðið villandi þegar það hefur verið framselt eða leyfi veitt til notkunar þess. Því eru í 1. mgr. ákvæði sem lúta að þessu, en almenna reglan er sett fram í 2. mgr. Ákvæði greinarinnar eiga ekki aðeins við þegar merkið sjálft er villandi, heldur einnig þegar það er notað á villandi hátt eða starfsemi notandans er ekki þess eðlis sem merkið bendir til.

Um 41. gr.

Hér er mælt fyrir um réttarúrræði sem eigendur vörumerkjaréttar geta gripið til ef þeir telja brotið á rétti sínum. Lögbann getur verið mjög áhrifaríkt réttarúrræði á sviði hugverkaréttar og því þykir rétt að kveða sérstaklega á um að unnt sé að krefjast þess. Eigandi vörumerkjaréttar getur haft mikinn hag af því að brot sé stöðvað strax.

Lögbann er hægt að leggja við athöfn sem er hafin eða er yfirvofandi. Skilyrði fyrir lögbanni er að gerðarbeiðandi sanni eða leiði líkur að því að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Beiðni um lögbann skal beint til sýslumanns á heimilisvarnarþingi gerðarþola eða þar sem meint ólögmæt athöfn fer fram eða líkur eru á að hún muni fara fram. Framkvæmd lögbanns fer eftir almennum reglum sem gilda um lögbann, þ.e. lögum nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Um 42. gr.

Í 1. mgr. kemur fram sú almenna regla að banna megi með dómi hvers konar óréttmæta notkun vörumerkis.

Í greininni eru jafnframt talin upp refsiviðurlög við brotum gegn vörumerkjarétti. Ákvæðið er bundið við ásetningsbrot. Í hugverkarétti eru flest dómsmál einkaréttarlegs eðlis og er þá beitt öðrum úrræðum, t.d. skaðabótum. Einungis þykir þörf á refsiviðurlögum við skipulegri brotastarfsemi. Hér gilda að öðru leyti almennar reglur refsiréttarins, svo sem um tilraun og hlutdeild.

Heimild 2. mgr. til að beita varðhaldi eða fangelsisvist í allt að þrjá mánuði er í samræmi við refsiákvæði einkaleyfalaga, nr. 17/1991, og laga um hönnunarvernd, nr. 48/1993. Þá er ákvæði 3. mgr., um að lögaðila megi ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðila eða ekki, samhljóða ákvæði samkeppnislaga, nr. 8/1993, og laga um hönnunarvernd.

Um 43. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að brot framin af ásetningi eða gáleysi leiða til þess að hinn brotlegi er skaðabótaskyldur. Bætur miðast við tjón þess sem brotið var gegn. Um mat á tjóninu gilda almennar reglur. Þó ber að hafa í huga að brot gegn vörumerkjarétti getur rýrt viðskiptavild sem tengist vörumerki þótt ekki sé beinlínis hægt að sýna fram á minni viðskipti. Tjónið getur t.d. verið á þann veg að viðskipti aukist ekki. Þegar um skerðingu á viðskiptavild er að ræða ber að hafa í huga þá vinnu og þann kostnað sem lagt hefur verið út í til að skapa viðskiptavildina. Sérstaklega er brýnt að líta til þess þegar aðgerðir annarra hafa beinlínis miðað að því eða haft þau áhrif að veikja stöðu vörumerkis sem áður hafði sterka stöðu á markaðnum.

Í 2. mgr. er ákvæði sem aðeins á við um brot framin í góðri trú. Mat á því hvað telst vera hæfilegt endurgjald er í höndum dómstóla og ber þá að horfa til þess hvað telst vera sanngjarnt í hverju tilviki. Hins vegar má endurgjald fyrir hagnýtingu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar þeim hagnaði sem hinn bótaskyldi hefur haft af brotinu.

Um 44. gr.

Í ákvæði þessu er mælt fyrir um ráðstafanir sem dómstóll getur gripið til í þeim tilgangi að hindra misnotkun á vörumerki. Ákvæðið er almennt orðað og hafa dómstólar því frelsi til að kveða á um þær ráðstafanir sem best þykja hæfa hverju sinni.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði um að málsóknarheimild geti verið bæði hjá eiganda vörumerkis og nytjaleyfishafa. Skýr ákvæði um aðild eru nauðsynleg í þessum efnum, einkum um rétt leyfishafa. Jafnframt er mikilvægt að eigandi vörumerkis geti gætt hagsmuna sinna. Ákvæðið er frávíkjanlegt og gildir því aðeins að aðilar hafi ekki samið um annað. Ef leyfishafar eru fleiri en einn á hver leyfishafi aðild.

Í 2. mgr. er ákvæði um að leyfishafi, sem höfðar mál, skuli tilkynna eiganda vörumerkis um málshöfðunina. Þetta er til þess að tryggja að ekki verði rekin fleiri en eitt mál samtímis.

Um 47. gr.

Í greininni er skilgreint hvað átt er við með alþjóðlegri skráningu vörumerkis. Hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í Genf starfar skrifstofa sem sér um alþjóðlega skráningu vörumerkja í samræmi við ákvæði bókunar við Madridsamninginn. Sú skrifstofa er nefnd alþjóðaskrifstofan.

Í 2. mgr. er ákveðið að Einkaleyfastofan taki við og meðhöndli umsóknir um alþjóðlega skráningu vörumerkja og sjái um alþjóðlegar skráningar. Annars vegar er um að ræða móttöku umsókna frá íslenskum aðilum sem óska eftir alþjóðlegri skráningu og hins vegar móttöku alþjóðlegra skráninga sem óskað er eftir að öðlist gildi hér á landi.

Um 48. gr.

Í greininni er kveðið á um það hverjir geti lagt inn umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis. Ákvæðið er byggt á 1. mgr. 2. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn.

Til að geta lagt inn umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis hjá Einkaleyfastofunni þarf umsækjandi að vera eigandi íslenskrar vörumerkjaumsóknar eða vörumerkjaskráningar. Auk þess þarf umsækjandi að vera íslenskur ríkisborgari eða vera búsettur hér á landi eða reka virka atvinnustarfsemi í landinu (á ensku *real and effective industrial or commercial establishment*). Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt er Einkaleyfastofunni heimilt að vísa umsókn um alþjóðlega skráningu frá.

Um 49. gr.

Í greininni er kveðið á um hvað þurfi að koma fram í umsókn um alþjóðlega skráningu og um form umsóknarinnar.

Umsókn má einungis leggja inn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að fá hjá Einkaleyfastofunni. Þessi eyðublöð lætur alþjóðaskrifstofan stofnuninni í té. Aðildarríki bókunarinnar við Madridsamninginn geta valið um hvort notuð er franska eða enska sem samskiptamál við alþjóðaskrifstofuna. Ísland mun velja ensku og verða umsóknir því að vera á ensku.

Samkvæmt 8. gr. bókunarinnar er skrifstofum aðilarríkja hennar heimilt að krefjast gjalds fyrir móttöku og meðhöndlun umsókna um alþjóðlega skráningu og er gert ráð fyrir að slíkt gjald verði lagt á hér á landi. Auk þessa gjalds þarf að greiða önnur gjöld til alþjóðaskrifstofunnar í samræmi við ákvæði bókunarinnar og reglna sem henni fylgja.

Um 50. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um meðhöndlun Einkaleyfastofunnar á umsókn um alþjóðlega skráningu. Ákvæðið byggir á 3. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn.

Einkaleyfastofan á að hafa eftirlit með því að þær upplýsingar, sem koma fram í umsókn um alþjóðlega skráningu, samsvari þeim upplýsingum sem koma fram í landsbundinni umsókn eða skráningu sem alþjóðlega umsóknin byggist á. Ef upplýsingarnar eru samsvarandi ber Einkaleyfastofunni að senda alþjóðaskrifstofunni staðfestingu á því ásamt umsókninni. Einkaleyfastofan á einnig að tilgreina innlagningardag (þ.e. umsóknardag) alþjóðlegu umsóknarinnar og umsóknardag og númer landsbundinnar umsóknar eða skráningar, sbr. 1. mgr. 3. gr. bókunarinnar.

Ef umsókn um alþjóðlega skráningu berst alþjóðaskrifstofunni innan tveggja mánaða frá því að umsóknin var lögð inn hjá Einkaleyfastofunni telst sá dagur vera skráningardagur alþjóðlegu skráningarinnar. Ef umsóknin kemur hins vegar til alþjóðaskrifstofunnar síðar skal alþjóðlegi skráningardagurinn vera sá dagur þegar umsóknin barst skrifstofunni.

Ef ekki er samræmi með þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn um alþjóðlega skráningu og upplýsingum sem koma fram í hinni landsbundnu umsókn eða skráningu skal gefa umsækjanda kost á að bæta úr því. Mikilvægt er að sá frestur sé ekki langur þar sem umsækjandi getur fengið alþjóðlega skráningu frá umsóknardegi hér á landi ef umsóknin berst alþjóðaskrifstofunni innan tveggja mánaða, eins og áður segir.

Einkaleyfastofan kannar ekki önnur atriði en þau sem greint er frá í þessari grein. Alþjóðaskrifstofan tekur að öðru leyti afstöðu til umsóknarinnar.

Um 51. gr.

Ákvæði 48.–50. gr. varða þau tilvik þegar íslenskir aðilar sækja um alþjóðlega skráningu. Þessi grein tekur hins vegar til þess þegar erlendir aðilar sækja um alþjóðlega skráningu sem ætlað er að gilda hér á landi. Alþjóðaskrifstofan skal tilkynna Einkaleyfa-

stofunni um að komið hafi fram slík krafa. Einkaleyfastofunni ber þá að rannsaka, á sama hátt og við á um landsbundnar umsóknir, hvort eitthvað standi í vegi fyrir því að skráningin gildi hér, sbr. 5. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn.

Um 52. gr.

Í greininni eru ákvæði er varða rannsókn Einkaleyfastofunnar á alþjóðlega skráðu vörumerki.

Eftir að umsókn berst alþjóðaskrifstofunni eru formskilyrði könnuð og að þeim uppfylltum er merkið skráð. Tilkynning um það er send þeim ríkjum sem óskað er eftir vernd í (tilnefnd ríki) og merkið er birt í riti sem alþjóðaskrifstofan gefur út. Það er því vörumerki sem skráð hefur verið alþjóðlegri skráningu sem kemur til rannsóknar hér en ekki umsókn.

Þegar þess er óskað að alþjóðleg skráning vörumerkis öðlist gildi hér á landi sendir alþjóðaskrifstofan tilkynningu þar um til Einkaleyfastofunnar. Einkaleyfastofan tekur þá skráningu til rannsóknar eins og um landsbundna umsókn væri að ræða, sbr. athugasemdir við 51. gr.

Samkvæmt 5. gr. bókunarinnar við Madridsamninginn er aðildarríkjum heimilt að synja um vernd alþjóðlegrar skráningar. Í 1. mgr. þessarar greinar er sagt fyrir um hvernig með skuli fara ef Einkaleyfastofan telur alþjóðlegu skráninguna óskráningarhæfa hér. Einkaleyfastofunni ber þá að senda alþjóðaskrifstofunni tilkynningu um synjunina innan 18 mánaða frá dagsetningu tilkynningar um að Ísland hafi verið tilnefnt. Synjun Einkaleyfastofunnar þarf ekki að vera endanleg því að eigandi skráningar getur gert athugasemdir og óskað eftir að skráningarhæfi merkis verði metið að nýju. Ef eigandi skráningarinnar kemur fram með athugasemdir og óskar eftir að ákvörðunin sé endurskoðuð er honum skylt að tilnefna umboðsmann búsettan hér á landi í samræmi við 35. gr. (sbr. reglur við bókunina, 17. gr. vii).

Tilkynningu um synjun getur Einkaleyfastofan þó sent eftir 18 mánaða frestinn ef forsendur fyrir synjun koma fyrst fram í andmælamáli og andmælafresturinn fer fram yfir þann tíma. Einkaleyfastofan skal í slíkum tilvikum greina alþjóðaskrifstofunni frá því innan 18 mánaða að hugsanlegt sé að synjun um skráningu berist síðar.

Sjái Einkaleyfastofan ekkert því til fyrirstöðu að skráning öðlist gildi hér á landi skal alþjóðlega skráningin birt í ELS-tíðindum. Í birtingunni skal koma fram alþjóðlegur skráningardagur en hann segir einnig til um frá hvaða tíma skráning hefur gildi hér. Oftast yrði sá dagur hinn sami og umsóknardagur alþjóðlegu umsóknarinnar hjá þeirri stofnun sem upphaflega tók við henni.

Um 53. gr.

Í greininni er að finna ákvæði um andmæli við gildi alþjóðlegrar skráningar hér á landi.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um það hvernig andmæli skuli úr garði gerð og um andmælafrest.

Í 2. mgr. segir að tilkynna skuli alþjóðaskrifstofunni ef ákvörðun um að skráning taki gildi hér er afturkölluð. Einnig skal skýra frá andmælunum og rökstuðningi þeirra. Alþjóðaskrifstofan tilkynnir eiganda skráningarinnar þetta.

Eigandi skráningar getur tjáð sig um framkomin andmæli innan frests sem Einkaleyfastofan ákveður. Ef eigandi vill tjá sig ber honum að hafa umboðsmann búsettan hér á landi í samræmi við 35. gr.

Í 5. mgr. segir að tilkynna skuli endanlega ákvörðun til alþjóðaskrifstofunnar. Hér er átt við að þetta skuli gert eftir að niðurstaða er fengin í máli sem hefur verið áfrýjað eða að liðnum áfrýjunarfresti.

Um 54. gr.

Ákvæði þessarar greinar tekur til þess þegar umsækjandi alþjóðlegrar skráningar á sama vörumerki skráð hér á landi. Samkvæmt 4. gr. b (bis) bókunarinnar við Madridsamninginn á, að vissum skilyrðum uppfylltum, að breyta landsbundnu skráningunni í alþjóðlega skráningu. Það er m.a. skilyrði að alþjóðlega skráningin taki til sömu vöru og þjónustu og hin landsbundna skráning gerði.

Um 55. gr.

Í greininni kemur fram sú meginregla að alþjóðleg skráning sé háð landsumsókn eða landsskráningu sem hún upphaflega byggist á. Ef alþjóðleg skráning fellur úr gildi, að hluta eða öllu leyti, fellur hún með sama hætti úr gildi hér á landi. Undantekningar frá þessari reglu er að finna í ákvæðum 56.–58. gr.

Um 56. gr.

Í greininni segir að fimm árum eftir skráningardag alþjóðlegrar skráningar sé hún í raun orðin „sjálfstæð“ gagnvart landsbundnu skráningunni eða umsókninni. Þó að landsbundin skráning, sem var grundvöllur hinnar alþjóðlegu skráningar, falli úr gildi mun alþjóðlega skráningin halda gildi sínu hér á landi. Fyrstu fimm ár skráningartímabils alþjóðlegrar skráningar er skráningin því í raun háð þeirri landsumsókn eða skráningu sem hún upphaflega byggðist á.

Um 57. gr.

Eins og kemur fram í athugasemdum við 56. gr. er alþjóðleg skráning háð landsumsókn eða skráningu sem hún upphaflega byggðist á fyrstu fimm ár skráningartímabilsins. Falli landsumsókn eða skráning úr gildi innan þessara tímamarka fellur alþjóðlega skráningin einnig úr gildi. Þetta hefur verið nefnt „central attack“.

Hér er ákveðið að þegar slíkt hefur átt sér stað geti eigandi skráningar lagt inn umsókn hér á landi og sú umsókn fengið sem umsóknardag gildistökudag alþjóðlegu skráningarinnar sem fallin er úr gildi. Reglan byggist á 9. gr. e (quinquies) bókunarinnar við Madridsamninginn. Nánar er fjallað um skilyrði slíkrar yfirfærslu í greininni. Að auki byggjast ákvæði þessarar greinar á 3. og 4. mgr. 6. gr. bókunarinnar.

Um 58. gr.

Greinin fjallar um, eins og 57. gr., hvernig umsóknardagur nýrrar umsóknar geti undir vissum kringumstæðum talist sá sami og gildistökudagur alþjóðlegu skráningarinnar var. Í þessu tilviki er ástæða þess að alþjóðlega skráningin hefur fallið úr gildi sú að heimaland eiganda skráningarinnar hefur sagt upp aðild sinni að bókuninni við Madridsamninginn.

Ákvæði greinarinnar byggist á 5. mgr. 15. gr. bókunarinnar.

Um 59. gr.

Í greininni er kveðið á um það hvenær alþjóðleg skráning öðlast gildi hér á landi en upphaf gildistímans getur miðast við þrjú mismunandi tímamörk, í fyrsta lagi frá alþjóðlegum skráningardegi, í öðru lagi frá því að Ísland var tilnefnt, í samræmi við reglur um síðari tilnefningar, sbr. 2. mgr. 3. gr. c (ter) bókunarinnar við Madridsamninginn, og í þriðja lagi frá forgangsréttardegi njóti hin alþjóðlega skráning forgangsréttar, sbr. 2. mgr. 4. gr. bókunarinnar og 17. gr. þessa frumvarps.

Eins og fram kemur í 52. gr. er aðildarríkjum að bókuninni við Madridsamninginn heimilt að synja um vernd alþjóðlegrar skráningar. Ef slík synjun á sér stað mun skráningin aldrei öðlast gildi hér á landi.

Alþjóðleg skráning, eins og hún er skráð og birt, hefur sömu réttaráhrif hér og landsbundnar skráningar. Þetta hefur í för með sér að ákvæði vörumerkjalaga munu í meginatriðum einnig gilda um þau vörumerki sem njóta hér verndar með alþjóðlegri skráningu.

Um 60. gr.

Í greininni er að finna ákvæði varðandi birtingu. Hér er kveðið á um hvað Einkaleyfastofunni ber að auglýsa auk þeirra tilvika sem þegar hafa verið nefnd.

Um 61. gr.

Ákvörðunum Einkaleyfastofunnar varðandi umsóknir um alþjóðlega skráningu hér á landi má áfrýja til áfrýjunarnefndar með sama hætti og um landsumsókn væri að ræða. Ákvæði 63. gr. gilda í raun einnig að öllu leyti um alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir, þar á meðal um áfrýjunargjald og um heimild til að bera mál undir dómstóla.

Um 62. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 63. gr.

Í greininni er að finna almennt ákvæði um heimild til að áfrýja einstökum ákvörðunum og úrskurðum Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar. Samkvæmt gildandi vörumerkjalögum er einungis umsækjanda heimilt að áfrýja ákvörðun Einkaleyfastofunnar til áfrýjunarnefndar. Andmælandi hefur ekki sama rétt heldur þarf hann að snúa sér beint til dómstóla. Hér er hins vegar lagt til að aðilar máls hafi jafnan rétt til að áfrýja til áfrýjunarnefndar, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þetta er að auki í samræmi við ákvæði einkaleyfalaga, nr. 17/1991, og laga um hönnunarvernd, nr. 48/1993.

Til frekara samræmis við ákvæði laga um einkaleyfi og hönnunarvernd er lagt til að áfrýjunarfrestur verði tveir mánuðir, en tilkynning um áfrýjun, auk tilskilins gjalds, þarf að berast iðnaðarráðuneytinu innan frestsins en ráðuneytið tekur við áfrýjunum fyrir hönd áfrýjunarnefndar. Tveir mánuðir verða að teljast nægur tími til þess að taka ákvörðun um áfrýjun.

Í 2. mgr. er ákvæði um skipan áfrýjunarnefndar og er það í samræmi við ákvæði gildandi laga að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir að formaður nefndarinnar skuli auk þess að vera lögfræðingur hafa sérþekkingu á hugverkarétti.

Í 3. mgr. er lagt til að frestur sá, sem aðilar máls hafa til að bera ákvarðanir eða úrskurði Einkaleyfastofunnar eða áfrýjunarnefndar undir dómstóla, verði þrír mánuðir í stað sex eins og í gildandi lögum.

Um 64. gr.

Hér er að finna ákvæði sem svara til ákvæða gildandi laga. Þau sýna að vörumerkjaskráin er „opin“, þ.e. almenningur á rétt á að fá vitneskju um það sem skráð er þar, en þó gegn gjaldi, sbr. 65. gr. Þá er mönnum veitt tækifæri til að kynna sér fyrir fram hvort ákveðið vörumerki er skráð, t.d. með fyrirspurn í síma.

Um 65. gr.

Hér er að finna heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um þau atriði sem talin eru upp í greininni. Athuga ber að ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Um 66. gr.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um að ákvæði frumvarpsins raski ekki gildi eldri vörumerkjaskráninga þótt vörumerkin fullnægi ekki skilyrðum til að vera skráð sem ný merki. Reglan undirstrikar að ákvæði frumvarpsins verða ekki gerð afturvirk.

Ákvæði 2. mgr. verður að skoða í ljósi athugasemda við 12. gr. Ákvæðið er sett til að taka af allan vafa um að ekki er gerð krafa um nákvæma tilgreiningu á vöru eða þjónustu fyrir merki sem þegar eru skráð fyrr en að endurnýjun þeirra kemur.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um gildistöku laganna og miðast hún við 1. janúar 1997, en frá og með þeim degi ber Einkaleyfastofunni að taka við umsóknum um alþjóðlega skráningu vörumerkja. Vísast hér til umfjöllunar um VIII. kafla í athugasemdum um efni frumvarpsins.

Í 2. mgr. er skýrt kveðið á um að með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laganna skuli farið eftir eldri lögum. Engin undantekning er gerð frá þessu og skal því öll meðferð umsókna sem berast fyrir gildistöku, sem og efni og umfang réttinda, vera í samræmi við ákvæði eldri laga.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um vörumerki.

Með frumvarpi þessu er lagt til að löggjöf um vörumerki verði endurnýjuð, enda komin til ára sinna. Við bætast ýmis ákvæði sem m.a. leiðir af þróun í aðildarríkjum EES og á alþjóðavettvangi. Einkaleyfastofan annast vörumerkjaskráningu hér á landi. Skráning vörumerkja krefst sérþekkingar og mun hin nýja löggjöf, ef samþykkt verður, gera í vissum efnum auknar kröfur til starfsmanna, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar aukist nokkuð. Í þessu efni þarf m.a. að taka tillit til nýrra ákvæða um alþjóðlega skráningu vörumerkja.

Á Einkaleyfastofunni starfa nú 11 manns. Ætla má að samþykkt frumvarpsins geti leitt til þess að bæta þurfi við einum starfsmanni og er heildarkostnaður við það talinn um 3 m.kr. Einkaleyfastofan hefur nú fengið til afnota 250 fermetra aukið húsnæði á 2. hæð á Lindargötu 9. Þegar er gert ráð fyrir kostnaði við skrifstofubúnað og nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu í fjárheimildum stofunnar á árinu 1997 og kemur því ekki til frekari útgjalda ríkissjóðs af þeim sökum.

Gert er ráð fyrir að sértekjur af skráningu vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar muni sem fyrr standa undir kostnaði við starfsemi stofnunarinnar. Því mun ekki koma til aukinna útgjalda hjá ríkissjóði vegna samþykktar þessa frumvarps. Vakin skal þó athygli á að enn ríkir veruleg óvissa um hve margar alþjóðlegar vörumerkjaumsóknir verða lagðar inn hjá stofnuninni og því er óljóst hvort umsóknargjöld muni standa undir kostnaði við alþjóðlegar vörumerkjaskráningar.

339. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 og brtt. á þskj. 332.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Ástu B. Þorsteinsdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-221 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „190.000“ kemur	90.000
2. Við 4. gr. 02-981 101 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „94.800“ kemur	164.800
3. Við 4. gr. 04-821 101 Framleiðnisjóður landbúnaðarins.	
Fyrir „274.000“ kemur	134.000
4. Við brtt. á þskj. 332, 19. liður. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „1.600.000“	1.690.000
5. Við 4. gr. 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Nýr liður:	
131 Þróunaraðstoð erlendis	70.000
6. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
154 Vímuefnavarnir	20.000
7. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
680 Til byggingar barnaspítala	10.000
8. Við 6. gr. Nýr liður:	
3.85 Að selja land í eigu Vífilstaða og verja andvirði sölunnar til byggingar barnaspítala.	

Greinargerð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir tillögur og áhersluatriði þingflokks jafnaðarmanna við 2. umræðu fjárlaga og hvernig útgjöldum er mætt með lækkun framlaga.

	Millj. kr.
Lækkun framlaga:	
Til Byggðastofnunar	-100
Til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins	-140
Samtals lækkun	**-240**
Aukin framlög:	
Til Lánasjóðs íslenskra námsmanna	90
Til Kvikmyndasjóðs	70
Til þróunaraðstoðar erlendis	50
Til vímuefnavarna	20
Til byggingar barnaspítala	10
Samtals hækkun	**240**

340. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 og brtt. á þskj. 332.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-223 Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Nýr liður: 102 Undirbúningur raungreinaátaks í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og grunnskólanna, undir forustu menntamálaráðuneytis	20.000
2. Við brtt. á þskj. 332, 12. liður. 02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður.	
a. Við *Sérstakt yfirlit,* viðhald (590). Menntaskólinn í Reykjavík. Fyrir „5.000“ kemur	20.000
b. Við *Sérstakt yfirlit,* stofnkostnaður (690). Fjölbrautaskólinn Ármúla. Fyrir „10.000“ kemur	20.000
3. Við brtt. á þskj. 332, 56. liður. 08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Við *Sérstakt yfirlit.* Heilsugæslustöðvar í Reykjavík. Fyrir „20.500“ kemur	40.000
4. Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýr liður: 120 Fornminjarannsóknir í Reykholti	5.000

341. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03-390 101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Fyrir „172.000“ kemur	182.000
2. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður: 680 Til byggingar barnaspítala	20.000

342. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. Nýr liður: 102 Grunnkortagerð á Fljótsdalshéraði samkvæmt samningi	5.000

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum gerðu Landmælingar Íslands, Skipulag ríkisins og ýmsar stofnanir og félög á Fljótsdalshéraði með sér samning um gerð grunnkorta í mælikvarðanum 1:25 000, hliðstæð kortum sem unnin höfðu verið fyrir Suð-Vesturland og eru þar nú undirstöðugögn fyrir skipulag og framkvæmdir. Af tíu kortum sem gera á af Héraði var vinna nokkuð á veg komin við sex þeirra en stöðvaðist þar eð fjármagn til Landmælinga var skorið niður. Til að standa við samninginn og að ljúka verkefninu þyrftu Landmælingar 7,4 millj. kr. til að greiða aðkeypta vinnu og tækjaþjónustu. Landmælingar sóttu um fjárveitingu til þessa við undirbúning fjárlagagerðar 1997. Hér er gert gert ráð fyrir að verkinu yrði lokið á tveimur árum og framlag ríkisins á næsta ári verði 5 millj. kr. gegn samningsbundnu framlagi heimaaðila.

343. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-221 Hollustuvernd ríkisins. Nýr liður: 102 Verkefni vegna EES-samnings, reglugerðir og eftirlit	12.000

Greinargerð.

Fyrir liggur í svari umhverfisráðherra á þskj. 106 (46. mál) frá í haust og í skriflegri greinargerð Hermanns Sveinbjörnssonar framkvæmdastjóra Hollustuverndar til umhverfisnefndar frá 13. nóvember sl. að ýmsir mikilvægir þættir sem Hollustuvernd er lögum samkvæmt gert að sinna verða áfram út undan og vanræktir sökum fjárskorts. Þetta á m.a. við um fjölmörg verkefni sem eru til komin vegna aðildar Íslands að EES-samningi og hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ítrekað gert athugasemdir við framkvæmd mála er varða hollustuvernd hér á landi. Þannig hafa t.d. verið gerðar athugasemdir við 18 gerðir á eiturefnasviði.

344. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
160 Náttúruhús í Reykjavík, undirbúningur	3.000

Greinargerð.

Á árinu 1990 skilaði stjórnskipuð nefnd ítarlegum tillögum um Náttúruhús í Reykjavík sem hýsa skyldi nútímalegt náttúrufræðisafn. Með sýningum í húsinu yrði almenningi veitt fræðsla um íslenska náttúru og umhverfi, atvinnuvegi og rannsóknir. Samkvæmt tillögum nefndarinnar yrðu burðarstólpar safnsins Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrir hönd ríkisins, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands, en kanna átti hvort nágrannasveitarfélög, svo og stofnanir, félög og fyrirtæki vildu taka þátt í rekstrinum með hlutareign eða styrkjum. Frekari undirbúningsvinna fór fram á vegum samvinnunefndar ráðuneyta, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands á árunum 1991–92 en stöðvaðist þá þar eð ríkið lagði ekki fram fé. Málið er jafnbrýnt og áður og á umhverfisþingi í nóvember sl. kom fram eindreginn stuðningur við að hefjast handa á ný við undirbúning.

345. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-725 101 Námsgagnastofnun.	
Fyrir „291.200“ kemur	307.200
2. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
132 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði	6.000
3. Við 4. gr. 09-989 Launa- og verðlagsmál. Nýr liður:	
191 Átak til að jafna launamun kynjanna	200.000

346. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Gísla S. Einarssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-795 601 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
Fyrir „165.000“ kemur	313.000

347. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. bætist nýr fjárlagaliður:	
07-170 Atvinnumál kvenna	50.000
2. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál. Nýr liður:	
130 Starfsmenntun í atvinnulífinu	47.100
3. Við 4. gr. 07-985 Félagsmálaskóli alþýðu.	
a. Við 110 Almennur rekstur.	
Fyrir „12.300“ kemur	15.000
b. Við 140 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum.	
Fyrir „1.800“ kemur	4.000

348. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Gísla S. Einarssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristni H. Gunnarssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-319 140 Framhaldsskólar, óskipt.	
Fyrir „48.100“ kemur	298.100

349. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. 115 Nýsköpunarsjóður.	
Fyrir „15.000“ kemur	20.000

350. Frumvarp til laga [234. mál]

um samningsveð.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Með *veðrétti* er í lögum þessum átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu).

2. Með *sjálfsvörsluveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali heldur umráðum hins veðsetta þrátt fyrir veðsetninguna.

3. Með *handveði* er í lögum þessum átt við veðrétt þar sem veðsali er sviptur umráðum hins veðsetta.

2. gr.

Gildissvið.

1. Víkja má frá ákvæðum laga þessara með samningi nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum.

2. Með samningi verður veðréttur einungis stofnaður þannig að gildi hafi að lögum að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum.

3. Ákvæði laga þessara víkja fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum.

3. gr.

Heimild til veðsetningar. Sérgreining hins veðsetta.

1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.

2. Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.

3. Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.

4. Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

4. gr.

Tilgreining veðkröfunnar.

1. Þegar samningsveð öðlast réttarvernd við þinglýsingu er það skilyrði réttarverndar að fjárhæð veðkröfu eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið skal tryggja, sé tilgreint í skjali því sem stofnar til veðréttarins.

2. Fjárhæð veðkröfu skv. 1. mgr. skal tilgreind í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

3. Heimilt er í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé það tilgreint í bréfinu sjálfu og þar komi fram tegund og grunntala verðtryggingar.

5. gr.

Sérreglur um kröfur varðandi kostnað, vexti o.fl.

Eftirtaldar kröfur eru tryggðar með aðalkröfunni nema annað leiði af samningi þeim sem til veðréttarins stofnaði:

a. kostnaður sem veðhafi hefur af innheimtu veðkröfu,
b. vextir af skuld sem fallið hafa í gjalddaga á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu veðsettrar eignar var sett fram,
c. krafa sem er þannig til komin að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af hinni veðsettu eign og um er að ræða iðgjald sem fallið hefur í gjalddaga á því tímamarki sem um ræðir í b-lið hér að framan.

6. gr.

Um töku arðs af veði.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða á veðsali rétt til þess að hirða arð af veðinu.

2. Sá sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið vexti, arð og afborganir sem falla til á gildistíma veðsetningarinnar. Fjárhæðum þeim, sem veðhafi þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu gjaldfallinna vaxta af veðkröfunni og gjaldfallinna hluta höfuðstóls kröfunnar. Það sem umfram er getur eigandi (veðsali) krafist að fá greitt hjá veðhafa. Ef innleysa þarf veðsett skjal eða kröfu má veðhafi veita viðtöku og halda hjá sér innlausnarfjárhæðinni, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, þar með talið til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Ef hlutafé í hlutafélagi er hækkað með útgáfu jöfnunarhlutabréfa nær veðréttur í hlutabréfum einnig til hins hækkaða hlutafjár nema um annað sé samið í veðbréfi.

7. gr.

Afnotaréttur, viðhalds- og vátryggingarskylda.

1. Þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða hefur veðsali heimild til þess að hagnýta sér veðið með venjubundnum hætti nema um annað hafi verið samið, aðfararreglur leiði til annarrar niðurstöðu eða takmarkanir séu á því gerðar í öðrum lögum.

2. Sjálfsvörsluveðhafi er skyldur til þess að annast um veðið og halda því við á þann hátt að tryggingarréttindi veðhafa skerðist ekki.

3. Ef handveðsett lausafé er afhent veðhafa er hann skyldur til þess að annast um veðið og hafa eftirlit með því á þann hátt sem nauðsyn krefur hverju sinni. Hann hefur ekki heimild til þess að hagnýta sér veðið í eigin þágu nema um slík afnot hafi verið samið sérstaklega eða slík afnot séu heimil á öðrum grundvelli.

4. Þegar um er að ræða samningsveð í fasteignum, skipum og loftförum, rekstrartækjum eða vörubirgðum er veðsali skyldur til að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt sem lög áskilja eða venja er til.

8. gr.

Áhætta og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta.

1. Ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun ber eigandinn sitt tjón og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi.

2. Eigandi og veðhafi eru skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum samkvæmt almennum skaðabótareglum eða á sérstökum grundvelli.

9. gr.

Um eindögun veðkröfu.

1. Þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu getur veðhafi krafist eindögunar kröfu sinnar í eftirgreindum tilvikum:

a. þegar skylda til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega,
b. þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala á hinu veðsetta,
c. þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta,
d. þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. laga þessara,
e. þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun og það leiðir til þess að veðtryggingin skerðist verulega,
f. þegar veðið er selt, enda hafi veðhafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

2. Áður en eindögunar verður krafist skv. d-lið 1. mgr. skal veðhafi með hæfilegum fresti gera eiganda eða veðsala viðvart og gefa þeim kost á að efna skyldur sínar réttilega nema því aðeins að frestur geti leitt til tjóns.

3. Ef ákvæði í veðsamningi heimilar eindögun veðskuldar í öðrum tilvikum en þeim sem greind eru í 1. mgr. er heimilt að víkja slíku ákvæði til hliðar í heild eða að hluta eða breyta því ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera það fyrir sig.

10. gr.

Framsal og veðsetning á veðrétti.

1. Gagnvart eiganda (veðsala) getur veðhafi framselt veðrétt sinn og sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum.

2. Ef krafa sú, sem tryggja skal, verður ekki framseld gildir hið sama um veðréttinn til tryggingar kröfunni.

3. Framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart veðsala en veðhafi sjálfur átti nema annað leiði af traustfangsreglum.

11. gr.

Framsal á veðinu.

1. Veðréttur er því eigi til fyrirstöðu að hinu veðsetta (veðandlaginu) sé afsalað nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Sérstakt afsal á hlutum veðandlagsins eða á fylgifé þess er aðeins heimilt með samþykki veðhafa nema slíkt afsal skerði ekki tryggingarréttindi veðhafa.

2. Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um aðrar ráðstafanir með löggerningi en afsal.

12. gr.

Sameiginlegt veð.

1. Þegar tvö eða fleiri sjálfstæð fjárverðmæti í eigu sama eiganda eða fleiri eigenda standa til fullnustu sömu veðkröfu á veðhafi rétt til þess að leita fullnustu í því veðandlagi eða þeim veðandlögum, sem hann sjálfur kýs, til fullnustu allrar kröfunnar nema um annað hafi verið samið eða takmarkanir séu á því gerðar í lögum.

2. Ef veðhafi hefur fengið fullnustu í einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag eiga aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því sem umfram er.

13. gr.

Um sambandið milli fleiri veðrétta.

Þegar tveir eða fleiri eiga veðrétt í sama fjárverðmæti gengur eldri réttur fyrir yngri rétti nema annað leiði af samningi eða reglum er áskilja tilteknar tryggingaráðstafanir til verndar rétti.

14. gr.

Útlausn.

1. Þegar veðhafi hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu geta aðrir veðhafar krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt hans gegn greiðslu veðkröfunnar allrar í reiðufé.

2. Ef fleiri veðhafar en einn vilja neyta útlausnarréttar gengur sá fyrir sem fremstur er í forgangsröð. Síðari veðhafi getur ekki krafist þess að fá að leysa til sín veðrétt fyrri veðhafa ef fyrri veðhafi vill beita útlausnarrétti gagnvart síðari veðhafa.

II. KAFLI
Um samningsveð í fasteignum.

15. gr.

Það sem veðsett verður.

1. Eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verða veðsett eftir reglum þessa kafla.

2. Nú er skipting fasteignar háð samþykki tiltekins stjórnvalds og verður afmarkaður hluti fasteignarinnar þá ekki veðsettur sérstaklega fyrr en viðkomandi stjórnvald hefur veitt samþykki til skiptingar eignarinnar.

16. gr.

Afmörkun veðréttar í fasteign.

1. Ef annað leiðir ekki af samningi nær veðréttur í fasteign til:

a. lands eða lóðar,
b. húsa og annarra bygginga og mannvirkja sem reist hafa verið eða verða á landi eða lóð,
c. lausafjár sem við kaup og sölu telst venjulegt fylgifé þeirrar fasteignar sem veðsetningin nær til og
d. sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda sem heyra til hinni veðsettu eign.

2. Um veðsetningu rekstrartækja ásamt fasteign í atvinnurekstri gilda ákvæði III. kafla laga þessara.

17. gr.

Afmörkun veðréttar í varanlegum afnotarétti lands og húsa o.fl. sem á landi eru.

1. Veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu eru, nær til allra þeirra réttinda sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi.

2. Reglur b- og c-liða 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 16. gr. eiga hér einnig við.

18. gr.

Veðsetning aðgreindra eignarhluta.

Veðréttur í eignarhluta í fjöleignarhúsi nær til:

a. þeirrar einingar sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og
b. tilheyrandi hlutdeildar í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

19. gr.

Réttarvernd.

Veðréttur samkvæmt kafla þessum öðlast réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Hið veðsetta verður áfram í umráðum veðsala nema um annað hafi verið samið.

20. gr.

Yfirtaka veðskuldar.

1. Nú tekur kaupandi fasteignar í samningi við seljanda að sér greiðslu veðskuldar sem hvílir á hinni seldu eign. Verður kaupandi þá við þinglýsingu afsals skuldbundinn gagnvart veðhafa og seljandi þá jafnframt laus undan skuldbindingu sinni ef ákvæði er þess efnis í veðbréfinu að skuldin gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Þó er veðhafa heimilt að krefja fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðbréfinu meðan veðhafi hefur ekki fengið tilkynningu um skuldskeytinguna og þinglýsingu afsals kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum þessu til sönnunar. Seljandi á rétt til þess að veðhafi áriti veðbréfið um skuldskeytinguna.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem greinir í 1. mgr. verða skuldaraskipti því aðeins skuldbindandi fyrir veðhafa að hann samþykki skuldaraskiptin í samningi við hinn nýja eiganda veðsins.

III. KAFLI
Um samningsveð í lausafé.
A. Almenn ákvæði.

21. gr.

Meginregla um réttarvernd.

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

22. gr.

Handveð.

1. Heimilt er að stofna til handveðréttar í lausafé.

2. Handveðréttur öðlast réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða aðila sem tekið hefur að sér að hafa umráð veðsins fyrir veðhafa þannig að eigandinn sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum. Það jafngildir afhendingu í þessu sambandi þegar afhentur hefur verið lykill að húsnæði þar sem veðið er geymt eða gerðar hafa verið aðrar sambærilegar ráðstafanir sem leiða til þess að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu.

3. Ef veðið er í umráðum annars en eiganda á gildistíma veðsetningarinnar öðlast handveðréttur einnig réttarvernd þegar umráðamaður hefur fengið tilkynningu um veðsetninguna og um það að eigandinn ráði ekki yfir veðinu. Ef umráðamaður neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna.

4. Veðsetning á handveðrétti öðlast réttarvernd við það að hið veðsetta lausafé er afhent framveðhafa. Reglur 2. og 3. mgr. eiga hér einnig við.

23. gr.

Sjálfsvörsluveð í lausafé.

1. Heimilt er að stofna til sjálfsvörsluveðréttar í einstökum lausafjármunum.

2. Um stofnun sjálfsvörsluveðréttar í lausafé skal gera bréflegan gerning. Um réttarvernd slíks veðréttar gilda ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé.

3. Reglur 20. gr. um yfirtöku veðskuldar eiga við með sama hætti þegar skráningarskyldu lausafé er afsalað.

B. Veð í rekstrartækjum, rekstrarveð.

24. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Þegar rekstraraðili veðsetur fasteign sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja sem heyra rekstrinum til. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna þar sem reksturinn fer fram.

2. Með rekstrartækjum er átt við vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annan útbúnað.

3. Veðréttur í rekstrartækjum, sem á hvílir söluveð, nær til þess réttar sem veðsali á hverju sinni í viðkomandi hlut.

4. Veðréttur í rekstrartækjum samkvæmt þessari grein nær hvorki til skráningarskylds lausafjár né heldur þeirra verðmæta sem verða veðsett samkvæmt ákvæðum 28., 29., 30., 31. og 32. gr.

5. Veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þau eru á hverjum tíma. Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar sem rekstrarlega séð eru aðskildar og þar sem atvinnureksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni er heimilt að veðsetja rekstrartæki hverrar einingar sérstaklega.

6. Eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðsamningur er í gildi.

25. gr.

Rekstraraðili.

Með rekstraraðila er átt við:

a. sérhvern þann aðila sem hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur, svo sem hlutafélag, samvinnufélag, sameignarfélag, samlagsfélag eða firma einstaks manns,
b. aðra aðila sem hafa atvinnurekstur með höndum þótt eigi sé reksturinn í hagnaðarskyni, svo sem sjúkrahús, barnaheimili, skóla, söfn, íþrótta- og afþreyingarstofnanir, félagsmála- og mannúðarstofnanir og aðrar álíka stofnanir.

26. gr.

Réttarvernd.

Rekstrarveð öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum.

27. gr.

Framsal veðsettra rekstrartækja.

1. Veðsali getur skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa.

2. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerð til innheimtu veðkröfu hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að skipta út eða framselja rekstrartækin nema fyrir liggi samþykki veðhafa.

3. Þegar rekstrartæki hafa verið seld í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar og seljandinn hefur ekki lengur umráð þeirra fellur veðrétturinn í tækjunum brott.

4. Ef eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinu veðsetta tók um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. með ráðstöfun sinni.

5. Um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. laga þessara gilda ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989.

C. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

28. gr.

1. Rekstraraðila, sem stundar verktakastarfsemi, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sem heyrir atvinnurekstri hans til og ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum. Skal í veðbréfi greina tegund vélbúnaðar, árgerð og tölu eftir því sem kostur er.

2. Veðréttur í vélbúnaði skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað eiganda í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3. og 5. mgr. 24. gr., 25. gr., 26. gr. og ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. um framsal eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

D. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

29. gr.

Rekstrartæki og greiðslumark.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

30. gr.

Bústofn, rekstrarvörur, afurðir og uppskera.

1. Þeim sem stunda atvinnurekstur í landbúnaði er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni tiltekna flokka bústofns síns. Með bústofni í þessu sambandi er t.d. átt við sauðfé, hross og nautgripi; alifugla, svín og loðdýr; seiði, eldisfisk og hafbeitarfisk.

2. Framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni rekstrarvörur, afurðir og uppskeru sem veðsali á eða eignast kann.

3. Við veðsetningu skv. 1. og 2. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

4. Veðréttur í afurðum og bústofni öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

5. Um framsal á bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru, sem veðsett hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., gilda einnig, eftir því sem við geta átt, ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

E. Veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

31. gr.

Búnaður skipa og aflahlutdeild.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Afli, afurðir og rekstrarvörur.

1. Útgerðarmönnum, framleiðendum sjávarafurða og þeim sem eignast vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði einu nafni afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar.

2. Við veðsetningu skv. 1. mgr. skiptir verkunar- eða framleiðslustig ekki máli.

3. Veðréttur í afla, rekstrarvörum og afurðum öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

4. Við veðsetningu skv. 1. mgr. gilda um framsal ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. laga þessara.

F. Veð í vörubirgðum.

33. gr.

Afmörkun veðréttarins.

1. Rekstraraðilum er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir atvinnurekstrar síns.

2. Með vörubirgðum er átt við það sem rekstraraðilinn á eða eignast kann af:

a. hráefni, vörum í vinnslu, fullunnum vörum og verslunarvörum,
b. rekstrarvörum og öðrum vörum sem notaðar eru í atvinnurekstrinum,
c. búnað utan um framleiðsluvörur rekstrarins.

3. Veðrétturinn má ná til vörubirgða veðsala í heild eða til nánar tilgreinds hluta birgðanna sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hlutum þeirra og telja má sjálfstæða heild. Nær veðrétturinn þá til vörubirgðanna eða hluta þeirra eins og þær eru á hverjum tíma.

4. Veðréttur í vörubirgðum nær ekki til þeirra verðmæta sem ákvæði 28.–32. gr. taka til.

34. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í vörubirgðum skv. 33. gr. öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

2. Um veðrétt í vörubirgðum gilda ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr.

G. Söluveð.

35. gr.

Hverjar kröfur unnt er að tryggja.

Í tengslum við sölu lausafjár er heimilt að semja um veðrétt í hinu selda (söluveð) til tryggingar:

a. kröfu seljanda til endurgjaldsins ásamt vöxtum og kostnaði eða
b. láni sem þriðji maður hefur veitt kaupanda til greiðslu kröfu þeirrar sem nefnd er í a-lið, í heild eða að hluta, enda hafi lánveitandi greitt lánsfjárhæðina beint til seljanda.

36. gr.

Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

37. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja án samþykkis þess veðhafa sem söluveð á, sbr. þó 36. gr.

38. gr.

Réttarvernd og fullnusta.

1. Það er skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda.

2. Í samningi verður að greina sérstaklega þau verðmæti sem veðrétturinn skal ná til og það kaupverð eða þá lánsfjárhæð sem tryggja skal. Ef fleiri hlutir en einn eru keyptir með söluveði í einu lagi nær veðrétturinn til allra hlutanna til tryggingar allri þeirri fjárhæð sem kaupandinn skuldar.

3. Ef samið er um söluveð bæði til tryggingar kröfu seljanda og til tryggingar láni sem þriðji maður hefur veitt skal líta svo á að veðréttir þessir séu jafnstæðir nema annað leiði af samningi.

4. Þegar vanskil verða á greiðslu krafna þeirra sem greinir í 35. gr. getur veðhafi leitað fullnustu kröfu sinnar með því að krefjast nauðungarsölu, enda hafi hann áskilið sér þá heimild í söluveðssamningi. Rifti veðhafi söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningnum eða á grundvelli almennra reglna getur hann krafist afhendingar hins veðsetta úr hendi veðsala.

39. gr.

Viðskeyting.

Söluveð fellur brott ef söluhlutur er skeyttur við fasteign eða annan aðalhlut á þann hátt að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar.

40. gr.

Umbætur.

Söluveð fellur brott ef endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli söluhlutarins eða verðmæti eftir að hann var afhentur kaupanda.

41. gr.

Fyrning.

Krafa sú, sem tryggð er með söluveði, fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er hún varð gjaldkræf. Söluveð til tryggingar slíkri kröfu fellur úr gildi um leið og krafan fyrnist.

42. gr.

Um rétt sem jafna má til söluveðs.

Ef seljandi eða sá sem veitt hefur lán til kaupa á hlut hefur áskilið sér eignarrétt í hinu selda þar til kaupverðið eða lánið er að fullu greitt eða hann hefur áskilið sér rétt til þess að taka hlutinn við greiðslufall skal með slíkan samning farið sem þar sé um söluveðssamning að ræða.

IV. KAFLI
Samningsveð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum.

A. Viðskiptabréf.

43. gr.

Viðskiptabréf má setja að handveði eða sjálfsvörsluveði. Ef viðskiptabréf er sett að handveði gilda um réttarvernd veðsetningarinnar, eftir því sem við geta átt, ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Til þess að sjálfsvörsluveðréttur í viðskiptabréfi öðlist réttarvernd verður að árita bréfið sjálft um veðsetninguna.

B. Innlausnarbréf.

44. gr.

1. Heimilt er að veðsetja kröfur eða réttindi samkvæmt innlausnarbréfi þótt eigi sé það viðskiptabréf.

2. Veðréttur skv. 1. mgr. öðlast réttarvernd í samræmi við reglur um handveð, sbr. ákvæði 2.–4. mgr. 22. gr. Veðsetning veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

C. Almennar fjárkröfur.

45. gr.

Hverjar almennar fjárkröfur verða veðsettar.

1. Almenna fjárkröfu, sem maður á á hendur nafngreindum skuldara, er heimilt að veðsetja. Hið sama á við um almenna fjárkröfu sem tiltekinn aðili kemur til með að eignast á hendur nafngreindum skuldara í sérstöku réttarsambandi.

2. Með almennri fjárkröfu er átt við fjárkröfu sem hvorki er viðskiptabréfskrafa né krafa samkvæmt innlausnarbréfi.

46. gr.

Réttarvernd.

1. Veðréttur í almennum kröfum öðlast réttarvernd við það að skuldarinn fær tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

2. Veðsetning slíks veðréttar öðlast réttarvernd með sama hætti.

D. Vörureikningsveð.

47. gr.

1. Rekstraraðila er heimilt að veðsetja þær almennu kröfur sem hann á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins. Er þá eigi nauðsynlegt að skuldari sé nafngreindur.

2. Skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu.

3. Samningur sá, sem nefndur er í 1. mgr., öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað rekstraraðila í lausafjárbók.

4. Ákvæði 25. gr. eiga við um samninga samkvæmt þessari grein. Ákvæði 4. gr. eiga hér ekki við.

V. KAFLI

Um gildistöku, brottfallin lög o.fl.

48. gr.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Fyrir brot gegn ákvæðum 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. laga þessara skal refsa skv. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

3. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

4. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Inngangur.

Frumvarp til laga um samningsveð hefur verið til meðferðar á 116., 117., 118. og 120. löggjafarþingi en eigi hlotið afgreiðslu. Frumvarp þetta er byggt á hinum fyrri frumvörpum. Við framlagningu frumvarpsins á síðasta þingi voru gerðar nokkrar breytingar frá fyrstu gerðum þess, m.a. með hliðsjón af framkomnum athugasemdum sem borist höfðu allsherjarnefnd Alþingis. Var gerð grein fyrir þeim breytingum í inngangi athugasemda við það frumvarp. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu óbreytt frá þeirri gerð. Á því hafa þó verið gerðar þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er nýrri málsgrein, 4. mgr., bætt við 3. gr. Þar er um það fjallað þegar veðsett eru fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, en ákvæði þessa efnis var ekki í frumvarpinu á síðasta þingi. Í öðru lagi er fellt brott ákvæði 4. mgr. 29. gr. um veðsetningu greiðslumarks bújarða, en þá breytingu leiðir sjálfkrafa af hinnu fyrstu. Í þriðja lagi er nýrri málsgrein, 2. mgr., bætt við 48. gr., en þar er mælt fyrir um refsingu við broti gegn ákvæðum 2. málsl. 4. mgr. 3. gr.

Við samningu frumvarpsins var nokkur hliðsjón höfð af þeirri endurskoðun sem Norðmenn gerðu á sínum veðlögum árið 1980, bæði hvað varðar efni réttarreglnanna og framsetningu þeirra. Þá hefur og verið litið til þeirra breytinga sem Danir hafa á undanförnum árum gert á réttarreglum þeim um veðsetningar sem fram koma í dönsku þinglýsingalögunum. Að öðru leyti er frumvarpið sniðið að íslenskum aðstæðum og er nánari grein gerð fyrir því í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

II.
Íslensku veðlögin frá 1887 og breytingar á þeim.

Gildandi íslensk lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887, þ.e. lög nr. 18 frá 4. nóvember 1887. Frá setningu veðlaganna hafa verið gerðar ýmsar breytingar á þeim, bæði til þess að svara nýjum þörfum sem til hafa komið á síðustu áratugum vegna breyttra atvinnuhátta og af öðrum ástæðum. Má hér t.d. vísa til þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum 1927, 1929, 1930, 1933, 1953, 1960, 1986 og 1989. Enn fremur hafa eftir gildistöku veðlaganna verið sett sérlög sem mælt hafa fyrir um sérstakar veðsetningarheimildir ákveðnum atvinnugreinum til handa, sbr. t.d. lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Flestir, sem til þekkja, munu sammála um að hvorki veðlögin í upphaflegri mynd sinni né heldur framangreindar breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim, nægi til þess að svara nútímaþörfum. Er þá einkanlega átt við það að gildandi íslenskar réttarreglur á sviði veðréttar svari hvorki þörfum atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda og þar með eftirspurn þeirra eftir lánsfé, né heldur veiti reglurnar lánastofnunum og öðrum lánveitendum nægjanlegt öryggi við lánveitingar.

Frumvarp það til nýrra íslenskra laga um samningsveð, sem hér liggur fyrir, hefur það að meginmarkmiði að bæta úr framangreindum annmörkum með því að laga íslensk veðlög að nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Þá má og segja að gildistaka nýrra laga um aðför og nauðungarsölu 1. júlí 1992, þ.e. laga nr. 90/1989 og laga nr. 90/1991, kalli á ýmsar breytingar á reglum um samningsveðsetningar eins og nánar er rakið í skýringum við einstakar frumvarpsgreinar.

III.
Meginefni veðlaganna frá 1887.

Í raun er efni íslensku veðlaganna frá 1887 afar fábrotið, bæði hvað varðar efnisreglur um veðsetningar og reglur um fullnustu veðkrafna. Þegar frá eru talin ákvæði 6.–8. mgr. 4. gr. laganna um heimild til lækkunar þinglestrar- og stimpilgjalda og um undanþágur frá slíkum gjöldum má flokka efni laganna með eftirfarandi hætti:

a. Fyrst er að geta ákvæða laganna um **handveð**. Er þar annars vegar um að ræða þá réttarfarsreglu 1. gr. laganna sem veitir handveðhafa beina uppboðsheimild, en lagaákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu. Hins vegar er hvað handveð varðar það efnisákvæði 2. gr. að lánardrottinn missi eigi kröfu sína þótt handveð glatist nema vangæslu hans sé um að kenna.

b. Í annan stað hafa veðlögin að geyma reglur um **bann við allsherjarveðsetningu**, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr., og reglur um **bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna**, sbr. 2. mgr. 4. gr.

c. Í þriðja lagi hafa lögin að geyma ýmsar **undantekningar frá reglu 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna**. Er hér annars vegar um að ræða ákvæði 3.–4. mgr. 4. gr. og 9. gr. og hins vegar ákvæði 5. og 6. gr.

Um önnur atriði en þau sem greind eru í a–c-liðum hér að framan fjalla íslensku veðlögin ekki, en rétt er að taka fram að mikilvægar veðsetningarheimildir er að finna í sérlögum, t.d. lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, og lögum nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

IV.
Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga.

Auk þeirra almennu atriða, sem nefnd voru í I–III hér að framan, eru það eftirtalin atriði sem einkum gera það aðkallandi að sett verði ný veðlög hér á landi:

Í fyrsta lagi er það svo að ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð er að finna á víð og dreif í löggjöfinni og eru ákvæði þessi frá ýmsum tímum. Hið elsta þessara ákvæða var lengi opið bréf frá 11. desember 1869 handa Íslandi er nákvæmar kveður á um innheimtu á kröfum með forgangsréttindi hjá þeim mönnum sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluveð í lausafé sínu, en ákvæði þetta féll reyndar úr gildi 1. júlí 1992 við gildistöku laga nr. 90/1989. Nýjasta breyting, sem gerð hefur verið á veðlögunum, er hins vegar frá árinu 1989, sbr. lög nr. 9/1989. Má telja af því réttarbót ef helstu ákvæðum íslenskrar löggjafar um samningsveð verður safnað saman í einn lagabálk.

Í öðru lagi ber að hafa í huga að íslensku veðlögin verða tæpast talin almenn veðlög í eiginlegum skilningi, svo sem yfirlitið í kafla III ber með sér, því lögin láta ósvarað mörgum helstu álitaefnum á sviði veðréttarins. Er í nýjum veðlögum full þörf á að taka til úrlausnar ýmis veðréttarleg álitaefni sem réttarframkvæmdinni einni hefur verið látið eftir að móta.

Í þriðja lagi er það svo að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á veðlögunum frá setningu þeirra og áður eru nefndar, eru margar til komnar vegna þrýstings frá einstöku atvinnugreinum sem hafa mikla þörf fyrir rekstrarfé, t.d. sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, og óskað hafa eftir auknum heimildum til þess að veðsetja rekstrartæki sín og vörubirgðir. Hefur löggjafinn með breytingum þessum smátt og smátt verið að rýmka undanþágurnar frá ákvæðum 2. mgr. 4. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna.

Þótt lagabreytingar þessar hafi án efa komið þeim atvinnugreinum til góða sem breytingarnar gagngert varða og þær því verið réttlætanlegar á sínum tíma verður ekki fram hjá því horft að þær hafa, þegar til lengri tíma er litið, leitt til þess að einstakar atvinnugreinar í landinu búa við ólík kjör hvað varðar veðsetningarheimildir. Verður sá munur, sem nú er á aðstöðu atvinnugreinanna að þessu leyti, tæpast réttlættur. Má og benda á dæmi þess úr réttarframkvæmdinni að óljósar heimildir í þessum efnum hafa haft óheppilegar afleiðingar í för með sér. Virðist við framangreindar breytingar á veðlögunum meira hafa verið hugsað um að leysa bráðan vanda tiltekinna atvinnugreina eða veita ákveðnum lánveitendum aukið öryggi í stað þess að huga að heildstæðum lausnum er kæmu öllum jafnt til góða.

Í fjórða lagi er það svo að með breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum hafa skapast nýjar aðstæður og þarfir sem gildandi lög svara ekki. Þá hafa orðið til réttindi sem höfundar veðlaganna árið 1887 leiddu eðlilega ekki hugann að, hvort og þá jafnframt að hvaða marki unnt væri að veðsetja, eins og t.d. greiðslumark í landbúnaði og veiðiheimildir í sjávarútvegi. Er full þörf á því að bregðast við slíkum nýjum aðstæðum og setja reglur um veðsetningu slíkra réttinda sem ekki þekktust áður.

V.
Almenn sjónarmið við endurskoðun veðlaganna.

Eins og rakið er í upphafi almennra athugasemda hefur frumvarp þetta það að markmiði að bæta úr vanköntum þeim sem eru á gildandi íslenskum veðlögum og laga veðreglurnar að breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum. Var sú leið farin, eins og frumvarpið ber með sér, að semja frá grunni ný lög í stað þess að semja viðbætur við gildandi lög.

Við þá endurskoðun gildandi veðlaga, sem er grundvöllur frumvarps þessa, hefur verið til margra atriða að líta:

1. Fyrsta atriðið, sem taka þurfti afstöðu til, var það hvert skyldi verða gildissvið nýrra íslenskra veðlaga, þ.e. hvort lögin skyldu fjalla um samningsveð einvörðungu eða um samningsveð, dómveð og lögveð. Norsku veðlögin frá 1980 fjalla ekki einungis um samningsveð, heldur einnig um dómveð og lögveð.

Frumvarp þetta hefur einungis að geyma reglur um samningsveðsetningar, enda þörfin fyrir endurskoðun lagareglna um samningsveðsetningar mun brýnni en setning almennra reglna um lögveð og dómveð. Þá má og benda á að ýmis ákvæði íslensku þinglýsingalaganna og nýju lögin um aðför og nauðungarsölu, sem tóku gildi 1. júlí 1992, draga úr þörf þess að settar verði almennar reglur um aðfararveð og lögveð í íslensk veðlög.

2. Við samningu frumvarpsins hefur verið leitast við að skoða veðréttindi í samhengi við önnur tryggingarréttindi, en einskorða ekki athugunina við þau réttindi ein sem hefðbundið er að kalla veðréttindi. Hefur í þessu samhengi verið hugað að því hvort ekki sé rétt að skipa ýmsum tryggingarréttindum, sem samstöðu eiga með veðréttindum, á borð með þeim. Bera þessa merki t.d. ákvæði III. kafla frumvarpsins um söluveð.

3. Þá verður við endurskoðun sem þessa að taka afstöðu til þess hversu rúmar veðsetningarheimildirnar eiga almennt séð að vera. Á það við bæði gagnvart veðsala sjálfum og gagnvart öðrum kröfuhöfum hans en veðhöfum. Gagnvart veðsala er spurningin í þessum efnum fyrst og fremst sú hversu langt er forsvaranlegt að teygja veðsetningarheimildirnar þegar mið er tekið af þeim fullnustumöguleikum sem fyrir hendi eru hverju sinni. Geta of rúmar veðsetningarheimildir verið háskalegar fyrir skuldara og fjölskyldu hans. Leiða hagsmunir þessara aðila til þess að einhverjum takmörkunum verða veðsetningarheimildirnar að sæta. Þetta sjónarmið leiðir þó fremur til takmarkana á því með hvaða hætti verðmæti verða veðsett en til takmarkana á því hversu mikið verði veðsett. Sér þessa sjónarmiðs stað í ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

4. Gagnvart kröfuhöfum er álitaefnið um veðsetningarheimildir fyrst og fremst það, hversu víðtækar heimildir skuldari eigi að hafa til þess að binda eignir sínar til tryggingar skuldum sem hann stendur í við ákveðna kröfuhafa. Er eðlilegt að sú spurning vakni, hvort þeir kröfuhafar, sem ekki hafa aflað sér eða ekki hafa átt þess kost að afla sér sérstakrar tryggingar fyrir kröfum sínum, eigi ekki líka að eiga einhverja möguleika til þess að fá fullnustu krafna sinna. Ber í þessu sambandi að hafa í huga, að veðsamningur hefur ekki einungis áhrif á hagsmuni samningsaðilanna, þ.e. veðhafa og veðsala, heldur getur samningurinn haft afgerandi áhrif á hagsmuni þriðja manns, þ.e. bæði annarra veðhafa og þeirra kröfuhafa skuldara sem ekki eiga veðréttindi til tryggingar kröfu sinni.

Hafa í þessu sambandi komið upp vangaveltur um það að e.t.v. sé rétt að takmarka veðsetningarheimildirnar þannig að veðréttur geti einungis náð til ákveðins hluta af verðmæti veðsins svo tiltekinn hundraðshluti þess geti jafnan runnið til almennra kröfuhafa.

Ýmis vandkvæði eru þessu þó samfara, t.d. þau að þar með er dregið úr verðmæti veðsins sem tryggingar séð frá sjónarhóli veðhafa, en slíkt skerðir að sjálfsögðu möguleika eiganda veðsins til þess að fá lán með tryggingu í veðandlaginu. Hefur sjónarmiðum í þessa átt því yfirleitt verið hafnað, t.d. nú síðast við endurskoðun norsku veðlaganna. (Ot. prp. nr. 39 1977–78, bls. 19.) Hagsmuni þeirra sem ekki eiga þess kost að afla kröfum sínum verndar, t.d. launþega, verður að verja með öðrum hætti. Má í því sambandi benda á lög nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

VI.
Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ef frumvarp þetta verður óbreytt að lögum munu helstu breytingar á íslenskum reglum um samningsveðsetningar verða þessar:

1. Gildi taka almenn lög sem að meginstefnu til ná til allra samningsveðsetninga, en lagaákvæði um samningsveðsetningar er nú að finna dreifð í ýmsum lögum eins og áður er rakið og eru þau frá ýmsum tímum. Þannig er við það miðað að úr gildi falli lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, haldi óbreytt gildi sínu og eru ástæður þess nánar raktar í skýringum við 2. gr.

2. Heimildir til veðsetninga í þágu atvinnuveganna verða rýmkaðar til mikilla muna ef frumvarpið verður að lögum. Felast breytingarnar **annars vegar** í því að heimildin til þess að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda, sbr. ákvæði 24. gr., en nær ekki einungis til tiltekinna rekstraraðila, eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. **Hins vegar** felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þá verður og heimild til slíkra veðsetninga hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut, heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

3. Lögfestar verða reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handveð ef frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaganna sem áður er getið.

4. Lögfestar verða reglur um ýmis þýðingarmikil almenn atriði sem sett ákvæði skortir um í gildandi rétt. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði frumvarpsins um töku arðs af veði, afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, eindögun veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og afmörkun veðréttar.

5. Eytt verður óvissu um það, hver er gildandi réttur í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði 20. gr. frumvarpsins um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum við 20. gr. frumvarpsins.

6. Lögfestar verða réttarreglur um eignarréttarfyrirvara sem í frumvarpinu er kallaður **söluveð**, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur og því full þörf á að setja skýrar reglur um. Skipar frumvarpið söluveði (eignarréttarfyrirvara) í flokk „venjulegra“ veðréttinda, með ákveðnum frávikum þó.

7. Lögfestar verða almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti. Er í frumvarpinu m.a. tekin afstaða til þess, hverra tryggingaráðstafana er þörf þegar kröfuréttindi eru veðsett, en full þörf er á að eyða óvissu í þeim efnum.

8. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að lögfestar verði réttarreglur um svokallað „factoring“ eða vörureikningsveð sem svo er nefnt í frumvarpinu, en þar er um það tilvik að ræða, þegar rekstraraðili framselur, framselur í tryggingarskyni eða veðsetur þær almennu fjárkröfur sem hann fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins.

9. Enn má nefna að í gildandi réttarreglur skortir ákvæði um það að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum. Sér þess stað í ákvæðum 27. gr. frumvarpsins.

10. Loks er þess að geta að í sérstökum kafla frumvarpsins, þ.e. II. kafla, er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa það verðmæti sem mesta þýðingu hefur við veðsetningar í dag, en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá eru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd. Er í frumvarpinu tekin afstaða til þess, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett; hvernig afmarka beri veðréttinn; fjallað er um veðsetningu í varanlegum afnotarétti lands og húsa; um veðsetningu aðgreindra eignarhluta, réttarvernd; auk þess sem almenn ákvæði I. kafla um t.d. útlausnarrétt og skipti á veðskuldum eiga við um fasteignir.

Nánari grein fyrir þeim atriðum, sem hér hafa verið nefnd, er gerð í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins og vísast til þeirra.

VII.
Um nokkrar meginreglur frumvarpsins.

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum meginreglum og meginsjónarmiðum sem frumvarp þetta byggir á.

1. Formkröfur við ákveðnar veðsetningar.

Eðlilegt er að þeirri spurningu sé varpað fram, hvort ekki sé rétt í nýjum veðlögum að gera það að skilyrði fyrir gildi sjálfsvörsluveðsamninga að þeir skuli jafnan vera skriflegir. Má færa það fram til stuðnings slíkri reglu að hún sé til þess fallin að skapa aukið öryggi í samskiptum veðhafa og veðþola og gagnvart þriðja manni.

Gegn slíkri reglu mæla hins vegar þau rök að það er almennt séð ekki skilyrði fyrir gildi samninga milli aðila að íslenskum rétti að þeir séu skriflegir. Bæði fasteignum, lausafé og ýmiss konar réttindum, eins og t.d. kröfuréttindum, verður afsalað með munnlegum samningi og hægt er að stofna til afnotaréttinda yfir fasteignum og lausafé þótt eigi séu samningar um það efni skriflegir. Eru þá vandséð rök þess að krafan um skriflegan gerning gildi um veðréttindi ein óbeinna eignarréttinda.

Þá má og til viðbótar benda á að það að afla veðsamningi réttarverndar er einn mikilvægasti þátturinn í því að veita veðhafa það öryggi sem veðsetningum er almennt ætlað að tryggja, einkanlega gagnvart skuldheimtumönnum veðsala. Þegar um sjálfsvörsluveðréttindi er að ræða verður réttarvernd yfirleitt ekki náð, nema veðsamningur sé skjalfestur, sbr. reglur um þinglýsingar. Má því segja að með áskilnaði um tiltekna réttarvernd er hægt að ná sama árangri og kröfunni um skriflegan gerning er ætlað að tryggja.

Með framangreind rök í huga byggir frumvarpið á þeirri meginreglu að það sé ekki skilyrði fyrir gildi veðgernings **í millum aðila** að gerningurinn sé skriflegur.

Í 23. gr. frumvarpsins ræðir um stofnun sjálfsvörsluveðs í lausafé, en um slíkan veðrétt skal gera skriflegan gerning. Um rök fyrir reglunni vísast til athugasemda við 23. gr., en þar er í raun verið að vísa til þeirrar reglu sem fram kemur í 22. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. 5. mgr. 47. gr. sömu laga. Í 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins er það og gert að skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð að samningurinn sé gerður skriflega, og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutarins til kaupanda. Um þýðingu þessa skilyrðis vísast til athugasemda við 38. gr.

2. Sérgreiningarreglan.

Við setningu veðlaganna árið 1887 var sérstaklega að því stefnt að reisa skorður við mistnotkun á almennri veðsetningu (generalpant) sem svo var kölluð, sbr. ákvæði 1. mgr. 4. gr. laganna. Afleiðing reglunnar er sú að veðréttur verður ekki stofnaður í öllu því sem veðsali á eða eignast kann, en slíkar veðsetningar voru tíðkaðar fyrir gildistöku laganna. Þóttu veðsetningar þessar háskalegar fyrir aðra skuldheimtumenn veðþola þar sem þær lögðu tiltölulega lítið haft á veðþolann og honum var eftir sem áður heimilt að ráðstafa einstökum eignum sínum. Þýðing veðréttarins kom hins vegar ekki í ljós fyrr en við gjaldþrot og skapaði þá veðhafanum forréttindaaðstöðu við búskiptin.

Þá var að því stefnt við setningu veðlaganna árið 1887 að reisa skorður við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, sbr. ákvæði 2. mgr. 4. gr. Þjónar regla þessi sama tilgangi og regla 1. mgr. 4. gr. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31.)

Með ákvæðum 1. og 2. mgr. 4. gr. veðlaganna var lögfest hin svokallaða sérgreiningarregla í íslenskum veðrétti (specialitetsprinsipp). Afleiðing af lögfestingu reglunnar er sú að sjálfsvörsluveð verður einungis stofnað í einstaklega tilteknum eignum og verður að gera nægilega skýra grein fyrir því í veðbréfinu hver hin veðsetta eign er og sé um fleiri eignir að ræða verður að telja þær allar upp í veðbréfi og auðkenna hverja einstaka nægilega. Misbrestur þessa hefur verið talinn hafa þær afleiðingar í för með sér að veðsetningin sé ógild. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31–32 og bls. 83–84, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 26–27.)

Veðlögin gerðu þó frá upphafi ákveðnar undantekningar frá framangreindri meginreglu um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna. Annars vegar er heimilt að setja að sjálfsvörsluveði tiltekin heildarsöfn muna sem fylgifé fasteignar, skips eða loftfars sem stofnað er til sjálfsvörsluveðréttar yfir enda þótt ekki sé um fylgifé að ræða samkvæmt almennum reglum, sbr. t.d. ákvæði 5. gr. og ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. Hins vegar er heimilt í nokkrum tilvikum að setja að sjálfsvörsluveði út af fyrir sig, þ.e. án þess að jafnframt séu veðsett réttindi yfir fasteign, skipi eða loftfari, ákveðin heildarsöfn, sbr. 3. og 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. veðlaganna.

Óhætt er að segja að sérgreiningarreglan í núverandi mynd sinni þjóni vel tilgangi sínum. Hún getur þó aldrei með öllu komið í veg fyrir að veðsali setji að veði allt það sem hann á. Reglan kemur hins vegar í veg fyrir að slíkt gerist ósundurgreint í einum og sama veðgerningnum. Þykja þetta nægjanleg rök til þess að haldið er í regluna í frumvarpi þessu, sbr. ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við þá grein, er hér um skilyrði fyrir gildri veðstofnun að ræða.

3. Tilgreiningarreglan.

Önnur hlið sérgreiningarreglunnar er sú, hvort setja eigi það skilyrði að upphæð veðkröfu þurfi jafnan að koma fram í veðbréfi. Víða erlendis gildir sú regla, a.m.k. hvað varðar veð í fasteignum, að upphæð veðkröfu eða a.m.k. hámark hennar verður að vera

ákveðin. Hefur regla þessi í íslenskum fræðiritum ýmist verið nefnd sérgreiningarregla (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 20) eða **tilgreiningarregla** (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24). Í Noregi er reglan nefnd sérgreiningarregla (specialitetsprinsipp) (Sandvik, Kruger og Giertsen, Norsk Panterett, bls. 56), en í dönskum rétti er talað um „individualisering af pantekravet" (W.E. von Eyben, Panterettigheder, bls. 122).

Í reglu þessari, sem í frumvarpinu er nefnd tilgreiningarregla, sbr. 4. gr. frumvarpsins, felst eins og áður segir að tilgreina verður í veðskjali upphæð veðkröfu. Styðst reglan við þau rök að æskilegt sé að menn geti fengið vissu um það hversu háar veðskuldir hvíli á eignum, einkum þeir sem veð taka í eign. Fyrir setningu þinglýsingalaga, nr. 39/1978, var ekki talið að slík regla gilti að íslenskum rétti. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 20.) Slík regla var hins vegar að nokkru tekin í lög við gildistöku þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. 23. gr. þeirra laga. Hefur það ákvæði verið skýrt svo að tilgreina verði, þegar veðbréf eiga í hlut, í gjaldgengri mynt, íslenskri eða erlendri, hvert sé verðmæti þeirrar aðalgreiðslu sem veðið á að tryggja, en í tryggingarbréfum megi láta sitja við hámarksfjárhæð greiðslu. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24.)

Tilgreiningarreglan er í sjálfu sér ekki trygging fyrir því að skuldbinding sú, sem veðið á að tryggja, sé í raun og veru til. Þá kemur reglan heldur ekki í veg fyrir að raunveruleg skuld sé lægri en tilgreind veðkrafa. Reglan er þó almennt til þess fallin að stuðla að fastari skipan veðlána og hún spornar að vissu marki við því að lánardrottnum sé ívilnað sviksamlega. Erfiðara er að koma við svikum ef ákveðinni hámarksfjárhæð er til að dreifa. Viss viðvörun fyrir lánardrottna felst í því að þinglýst hefur verið mjög hárri hámarksupphæð, þ.e. upphæð sem eftir atvikum og fjárhag veðþola er óeðlilega há. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 25.)

Með þessi rök í huga er í 4. gr. frumvarpsins lagt til að reglan verði tekin upp í veðlög, en regla frumvarpsins er að nokkru sama efnis og 23. gr. þinglýsingalaga. Er í sjálfu sér ekkert athugavert við það að reglan komi bæði fram í veðlögum og þinglýsingalögum. Um skýringu á nánara inntaki reglunnar vísast til athugasemda við 4. gr. Frá meginreglu 4. gr. eru gerðar ýmsar undantekningar sem fram koma í 5. gr.

Krafan um tilgreiningu fjárhæðar veðkröfu beinist að **réttarverndinni**, þ.e. um er að ræða skilyrði fyrir réttarvernd. Samningurinn er gildur milli aðila þótt kröfunni sé ekki fullnægt, en hann veitir takmarkaða réttarvernd.

4. Áhættusjónarmið.

Það liggur í eðli veðréttarins sem tryggingarréttar að verðmæti veðsins á því tímamarki, þegar til fullnustu kemur, er það sem skiptir öllu máli fyrir veðhafa. Atvik, sem leiða til þess að verðmæti veðsins rýrnar, geta því haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir veðhafa.

Ýmis atvik geta leitt til þess að verðmæti veðsins rýrnar eða verður að engu. Má þar bæði nefna tilviljunarkennda atburði og atvik sem rekja má til hátternis veðþola, veðhafa eða þriðja manns. Þá má og í þessu samhengi nefna það að verðmæti veðsettrar eignar getur rýrnað smátt og smátt við venjubundna notkun eignar.

Sett ákvæði hefur skort í íslenskan rétt um það hver eigi að bera áhættuna af eyðileggingu eða rýrnun veðsins ef frá er talið það ákvæði 2. gr. veðlaganna að eigi missi lánardrottinn kröfu sína þótt handveð glatist nema vangæslu hans sé um að kenna. Nokkur áhöld hafa verið um það hvernig skilja beri ákvæði þetta.

Ólafur Lárusson taldi (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 48) að ekki yrði hjá því komist að beita reglunni þannig að vangæsla veðhafa á varðveislu veðsins hefði þær afleiðingar að **veðkrafan** félli niður ef hún leiddi til þess að veðið glataðist. Gaukur Jörundsson telur (Um veðréttindi, bls. 40) að þrátt fyrir orðalag 2. gr. veðlaganna nái ábyrgð veðhafa á skyldu til varðveislu veðsins tæpast lengra en svo að hann verði að bæta það tjón, sem af hefur hlotist, eftir atvikum með því að veðkrafan verði lækkuð sem því nemur.

Talið hefur verið samkvæmt íslenskum rétti að handveðhafa beri að gæta þess að vinna ekki spjöll á veðinu. Skylda hans er þó talin ná lengra þar sem hann verður einnig að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til varðveislu þess. Að öðrum kosti getur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart veðþola. Þegar um sjálfsvörsluveð í fasteign og lausafé er að ræða verður veðþoli að annast viðhald veðsins. Hann má ekki haga notum sínum þannig að veðið hljóti tjón af eða verði fyrir eyðileggingu eða sliti sem fer fram úr því sem eðlilegt er. Þá má hann heldur ekki rýra verðgildi veðsins. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 42 og bls. 68.) Reglur 2. og 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins byggja á sömu sjónarmiðum og hér hafa verið rakin.

Í 8. gr. frumvarpsins er reynt að marka skýrar línur um áhættuna af eyðileggingu eða rýrnun veðandlagsins. Af ákvæðum 1. mgr. 8. gr. leiðir að það er veðtryggingin sem tapast en ekki veðkrafan, sjá nánar skýringar við 8. gr.

Í tengslum við reglur um áhættuskipti hefur 2. mgr. 8. gr. að geyma ákvæði um bótaskyldu veðhafa og veðsala á „grundvelli almennra skaðabótareglna eða á sérstökum grundvelli". Handveðhafi getur t.d. orðið bótaskyldur gagnvart veðþola ef hann vanrækir varðveisluskyldu sína skv. 3. mgr. 7. gr. (Sandvik, Kruger og Giertsen, bls. 274).

5. Framsal og veðsetning á veðrétti.

Framsal veðréttar hefur í för með sér skipti á kröfuhöfum í veðréttarsambandinu. Slík aðilaskipti verður skuldari almennt að sætta sig við þótt þau geti verið honum til óhagræðis. Frumvarpið byggir á þeirri meginreglu sem fram kemur í 10. gr. að gagnvart veðsala geti veðhafi framselt veðrétt sinn eða sett hann að veði, framveðsett, nema um annað hafi verið samið eða slíkar takmarkanir megi leiða af atvikum. Um skýringar á reglunni vísast til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins.

6. Sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé.

Þess var áður getið að við samningu frumvarps þessa var höfð hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á dönskum og norskum veðréttarreglum, einkum breytingum í Noregi. Að einu leyti er þó verulegur munur á frumvarpinu og norsku lögunum, en það er varðandi samningsveðsetningar í lausafé.

Réttarreglum um samningsveð er misjanlega skipað meðal einstakra þjóða. Stafar það af því að óheft heimild til veðsetninga og ákvörðunar um fyrirkomulag þeirra hefur óhjákvæmilega í för með sér öryggisleysi í fjárhagslegum samskiptum manna. Hefur þetta sjónarmið leitt til þess að heimildin til veðsetninga er víðast hvar bundin ýmiss konar takmörkunum og á það ekki hvað síst við um sjálfsvörsluveð í lausafé, en víðtæk heimild til slíkra veðsetninga hefur þótt mjög háskaleg eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum við III. kafla frumvarpsins.

Í íslenskum rétti hefur sú meginregla gilt að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé eru heimilar, en leitast hefur verið við að haga þeim veðsetningum þannig að af þeim stafi ekki hætta. Svipuð viðhorf hafa verið ríkjandi í Danmörku. Í Noregi og ýmsum öðrum ríkjum hefur hins vegar verið byggt á því sem meginreglu að sjálfsvörsluveðsetningar í

lausafé séu óheimilar. Þessari meginreglu var haldið í Noregi við endurskoðun veðlaganna árið 1980, þ.e. lausafé verður að meginstefnu til einungis sett að handveði, þótt frá því séu gerðar nokkrar undantekningar varðandi veðsetningarheimildir atvinnuveganna.

Þar sem síst virðist ástæða til þess að íslenskum rétti að þrengja heimildir til þess að setja lausafé að sjálfsvörsluveði er við það miðað í frumvarpinu að lausafé verði hvort heldur sem er handveðsett eða það sett að sjálfsvörsluveði, sbr. 21.–23. gr. frumvarpsins. Þó er leitast við sem fyrr að haga reglunum þannig að af sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé stafi ekki hætta og þá einkum fyrir almenna kröfuhafa veðsala. Er nánari grein gerð fyrir því í almennum athugasemdum við III. kafla og í skýringum við einstakar greinar þess kafla.

7. Um veðsetningar í heildarsafni muna.

Þótt frumvarpið miði við það að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé séu heimilar byggir frumvarpið eigi að síður á því eins og gert er í gildandi rétti að óheimilt sé að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni. Hefur slíkt verið nefnt veðsetning í heildarsafni muna (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 31). Regla þessi kemur fram í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Frá 2. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga eru ýmsar undantekningar, sbr. t.d. ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. og ákvæði 9. gr. um veðsetningu búfjár til tryggingar rekstrarlánum. Af líkum toga eru og ákvæði 5. og 6. gr. um veðsetningu lausafjár með fasteignum og skipum.

Regla 2. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga kemur óbreytt fram í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Er þar við það miðað að óheimilt sé, umfram það sem veðlög eða önnur lög heimila, að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og einkenndir eru einu almennu nafni.

Frá meginreglu þessari eru þó gerðar ýmsar veigamiklar undantekningar í frumvarpinu. Koma þessar undantekningar **annars vegar** fram í 24., 29. gr. og 31. gr., þar sem heimilað er að setja að sjálfsvörsluveði tiltekin lausafjárverðmæti ásamt fasteign eða skipi. Fjallar 24. gr. almennt um svokallað rekstrarveð, þ.e. veðsetningu lausafjármuna, sem notaðir eru í atvinnurekstri, ásamt fasteign þeirri, þar sem atvinnureksturinn fer fram. Í 29. gr. er fjallað um slíkar veðsetningar í landbúnaði og í 31. gr. um tilteknar veðsetningarheimildir í sjávarútvegi.

Hins vegar koma þessar undantekningar fram í 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins þar sem heimilað er að setja að sjálfsvörsluveði safn muna, en þó án þess að samtímis séu veðsett réttindi yfir fasteign. Er í 28. gr. heimilað að veðsetja saman færanlegan vélbúnað sem notaður er í verktakastarfsemi. Í 30. gr. ræðir um veðsetningu bústofns, rekstrarvara, afurða og uppskeru í landbúnaði, en í 32. gr. ræðir um veðsetningu á afla, afurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs. Í 33. gr. er rekstraraðilum hins vegar veitt almenn heimild til þess að veðsetja vörubirgðir rekstrar síns.

8. Um uppfærslurétt og útlausnarrétt.

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 var í sjálfu sér viðurkennt að þörf væri á því að setja í lög reglur um uppfærslurétt réttlægri samningsveðhafa í fasteign. Að áliti nefndar þeirrar, sem samdi frumvarp til veðlaganna, var hins vegar talið eðlilegra að slíkum ákvæðum yrði skipað í þinglýsingalög og þar sem sérstök nefnd hafði verið sett á laggirnar til þess að endurskoða norsku þinglýsingalögin voru ekki sett ákvæði um slíkan uppfærslurétt í veðlögin.

Það þykir af ýmsum ástæðum ekki eðlilegt að skipa lagareglum um uppfærslurétt í veðlög. Fyrst er þess að geta að á reglur um uppfærslurétt getur reynt gagnvart fleiri óbeinum eignarréttindum en veðréttindum einum. Þá ber og að hafa í huga að reglur um uppfærslurétt eru í raun spurning um forgangsvernd síðari rétthafa þegar önnur réttindi fyrri rétthafa, eins og t.d. veðréttindi, falla brott eða þrengjast. Því þykir eðlilegra að miða við að reglum um uppfærsluréttindi síðari veðhafa verði skipað í þinglýsingalög og verður það því að bíða endurskoðunar þeirra laga. Er nánar að þessu vikið í almennum athugasemdum við I. kafla frumvarpsins og vísast þangað.

Hins vegar hefur frumvarpið að geyma í 14. gr. ákvæði um útlausnarrétt veðhafa og vísast til athugasemda við 14. gr. um efni þess réttar og skilyrðin fyrir beitingu hans.

9. Framsal einstakra muna út úr löglega veðsettu heildarsafni.

Þess er áður getið í almennum athugasemdum að möguleikar manna til þess löglega að veðsetja heildarsöfn muna aukast verulega ef frumvarp þetta verður að lögum. Óljóst er samkvæmt gildandi rétti, hver höft slík veðsetning setur á heimildir veðþola til þess að ráðstafa með löggerningi einstökum munum út úr heildarsafninu. Er nauðsynlegt í frumvarpi þessu að marka með skýrum hætti reglur í þessum efnum.

Sú meginregla, sem frumvarpið byggir á, kemur fram í 1. mgr. 27. gr. þess. Þar er meginreglan sú að veðsali geti skipt út eða framselt veðsett rekstrartæki svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun veðtryggingu veðhafa. Er þá við það miðað í 3. mgr. 27. gr. að veðrétturinn falli brott þegar veðhafi hefur ekki lengur umráð hins veðsetta. Heimild veðsala til þess að skipta út eða framselja einstök verðmæti fellur niður eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerða til innheimtu veðkröfu, sbr. 2. mgr. 27. gr.

Í 4. mgr. 27. gr. ræðir um afleiðingar þess að veðsali hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr., framselt öðrum hið veðsetta. Öðlast veðhafi þá veðrétt, sams konar og hann átti í veðandlaginu, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinu veðsetta tók, um endurgjald af hans hálfu fyrir það sem af hendi var látið. Sá sem við hinu veðsetta tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari ef hann hefur greitt hana veðsala áður en veðréttur í henni var niður fallinn, enda hafi hann vitað eða mátt vita að veðsali hafi farið út fyrir heimild skv. 1. mgr. 27. gr. með ráðstöfun sinni.

Sömu reglur og hér voru raktar eiga jafnan við þegar heildarsöfn hafa samkvæmt frumvarpinu verið löglega sett að sjálfsvörsluveði, sbr. ákvæði 28.–32. gr. og ákvæði 33. gr. Vísast um röksemdir fyrir reglunum til athugasemda við greinar þessar.

10. Sérgreining einstakra muna þegar veðsett eru heildarsöfn.

Af ákvæðum 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir að haldið er í þá meginreglu íslensks réttar að sjálfsvörsluveð verði einungis sett í einstaklega ákveðnum munum. Verður því í veðbréfi að gera nægilega grein fyrir því, hver hin veðsetta eign er, og sé um fleiri eignir að ræða verður almennt að telja þær allar upp í veðbréfinu og auðkenna hverja einstaka þeirra nægilega.

Þess er hins vegar áður getið að frumvarp þetta mun, ef að lögum verður, auka mjög möguleika manna til þess að veðsetja heildarsöfn muna, ýmist ein sér eða saman með fasteign. Þegar svo hagar til er við það miðað í frumvarpinu að slaka megi á framangreindri kröfu um sérgreiningu hvers einstaks munar. Styðst þetta sjónarmið annars vegar við þau rök að eðlilegt sé að slaka á kröfunni um sérgreiningu hvers einstaks munar

samfara auknum heimildum til þess að veðsetja heildarsöfn og hins vegar að erfitt geti verið og til trafala að koma nægjanlegri sérgreiningu við hverju sinni.

Þannig kemur fram í athugasemdum við 26. gr. frumvarpsins að þegar veðsett eru rekstrartæki ásamt fasteign samkvæmt heimild 24. gr. þurfi ekki að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega í viðkomandi veðbréfi, heldur nægi að taka fram í veðbréfinu að veðsett sé tiltekin fasteign, þar sem atvinnureksturinn fer fram, ásamt rekstrartækjum í heild, eins og þau eru á hverjum tíma. Um nánari skýringar á reglunni og rök fyrir henni vísast til athugasemda við 26. gr. frumvarpsins og auk þess til skýringa við 28., 29., 30. og 34. gr.

VIII.
Tengsl veðreglna við reglur um aðför.

Þess er áður getið að ákveðið samspil er á milli efnisreglna um veðréttindi og reglna um aðför. Þarf t.d. að samræma reglur veðlaganna og reglur aðfararlaganna varðandi framkvæmd aðfarar í fasteignum sem veðsettar verða ásamt rekstrartækjum, sbr. 24. gr. frumvarpsins. Er í 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins vísað til reglna 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. Skulu reglur þær ekki raktar frekar hér, en vísað er til athugasemda við 24. og 27. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins, þ.e. 1.–14. gr., er gert ráð fyrir lögfestingu ýmissa almennra reglna á sviði veðréttar. Eiga reglur kaflans við um allar samningsveðsetningar, hvert svo sem veðandlagið er. Sumar þessara reglna hafa gilt hér á landi lögfestar, t.d. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við allsherjarveðsetningu (svokallað generalpant), sem er sama efnis og 1. mgr. 4. gr. veðlaganna frá 1887 og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við því að setja að sjálfsvörsluveði safn samkynja muna (heildarsöfn muna), en sú grein er sama efnis og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Þá hafa aðrar reglur I. kafla verið taldar gilda hér á landi ólögfestar, t.d. að nokkru leyti ákvæði 7. gr. um afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, og ákvæði 8. gr. frumvarpsins um áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta. Enn eru í kaflanum settar fram reglur, sem óljóst er, að hve miklu leyti hafa gilt hér á landi, sbr. t.d. 14. gr. frumvarpsins um útlausnarrétt.

Í íslenskum rétti er ekki til að dreifa settum lagaákvæðum um skipti á veðskuldum og um uppfærslurétt réttlægri samningsveðhafa, þegar veðréttindi rétthærri veðhafa falla niður eða þrengjast. Þegar samningsákvæðum sleppir, hefur verið talið, að réttarstaðan hvað uppfærsluréttinn varðar ráðist fyrst og fremst af eðli máls og meginreglum laga, þ.e. hvað best verði talið henta hagsmunum þeirra aðila, sem í hlut eiga, svo og veðsetningum í heild sinni, auk meginsjónarmiða laga og lögfræði. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 46.) Heppilegra er, að reglur um svo þýðingarmikið atriði sé að finna í settum lögum, og má segja, að reglur um uppfærslurétt og skipti á veðskuldum eigi þá heima með ákvæðum um útlausnarrétt. Um þau efni er þó ekki að finna reglur í frumvarpi þessu, og liggja til þess tvenns konar rök. Í fyrsta lagi þau, að reglur um skipti á veðskuldum og uppfærslurétt varða fyrst og fremst forgangsvernd réttinda, og er því eðlilegt, að reglum um slík atriði sé fremur skipað í þinglýsingalög en almenn veðlög. Í öðru lagi eru þau rök, að reglur um uppfærslurétt varða ekki einvörðungu veðréttindi heldur og fleiri kvaðir og eignahöft en veðréttindi. Mælir það einnig með því, að reglum um það efni sé skip-

að í þinglýsingalög fremur en almenn veðlög. Með þessi rök í huga hefur frumvarpið ekki að geyma reglur um uppfærslurétt og skipti á veðskuldum, og munu því um það efni áfram gilda ólögfestar reglur.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er að finna skilgreiningar á nokkrum grundvallarhugtökum, sem fyrir koma í frumvarpinu. Skilgreiningarnar hafa það fyrst og fremst að markmiði að lýsa almennum einkennum frumvarpsins og gildissviði þess. Þá sést og af skilgreiningunum, hvert er samhengið milli helstu hugtaka, sem á er byggt í frumvarpinu. Auk skilgreininga þeirra, sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins eru ýmis önnur hugtök, sem hafa sérhæfðari merkingu, skýrð í öðrum greinum, t.d. í 2. mgr. 24. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstrartæki; 25. gr., þar sem skýrt er hugtakið rekstraraðili; 2. mgr. 29. gr., þar sem skilgreint er hugtakið rekstrartæki í skilningi þess ákvæðis og 2. mgr. 33. gr., þar sem skilgreint er hugtakið vörubirgðir.

Í veðlögunum frá 1887 er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu veðréttur. Í fræðiritum (t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 13) eru það talin megineinkenni veðréttinda, að þau heimili veðhafa að krefja veðþola um fjárgreiðslu og forgangsrétt til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af verðmæti tiltekinnar eignar, veðsins. Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 16) skilgreinir hugtakið á svipaðan hátt. Hann segir, að veðréttindi séu réttindi, sem veiti heimild til þess að krefja um fjárgreiðslu og til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu, sé hún ekki innt af hendi, af peningaverði ákveðinnar eignar, og gangi þessi réttur veðhafa fyrir rétti almennra kröfuhafa.

Hugtakið veðréttur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er skilgreint með svipuðum hætti. Þar kemur fram, að með veðrétti í frumvarpinu sé átt við forgangsrétt til þess að leita fullnustu fyrir kröfu (veðkröfu) í tilteknu fjárverðmæti eða fjárverðmætum (veðinu). Hugtaksskilgreining þessi nær í sjálfu sér yfir öll veðréttindi, en í þessu sambandi skal minnt á, að frumvarp þetta fjallar einvörðungu um samningsveðsetningar, svo sem nánar er rakið í almennum athugasemdum hér að framan.

Veðsetning fasteignar, þar sem eigandi (veðþoli) býr á eigninni og hefur áfram not hennar, er dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu, sbr. síðari málslið 19. gr. frumvarpsins. Við í vörubirgðum skv. 33. gr. frumvarpsins er einnig dæmi um sjálfsvörsluveðsetningu samkvæmt frumvarpinu, og hinu sama gegnir um söluveð, sbr. 38. gr. frumvarpsins, en þá veðsetningu verður í eðli sínu að telja sjálfsvörsluveðsetningu (Norsk Panterett, bls. 325).

Dæmi um handveðsetningu er það hins vegar, þegar einstakir lausafjármunir eru afhentir veðhafa til umráða, sbr. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Einnig þegar viðskiptabréf er afhent banka til tryggingar endurgreiðslu láns, sbr. ákvæði 43. gr. frumvarpsins. Það einkennir veðrétt þennan, að veðsali er sviptur umráðum veðsins á virkan hátt, þ.e. hann missir umráð hins veðsetta. Er með því lögð áhersla á, að girt sé fyrir, að veðþoli geti ráðið yfir veðinu, og er þar fyrst og fremst átt við umráð og hagnýtingu án löggernings. Rétt er að hafa í huga, að umráðasvipting getur samkvæmt frumvarpinu gerst án þess að veðandlagið sé beinlínis afhent veðhafa, sbr. nánar ákvæði 22. gr. Umráðasvipting er því það, sem einkennir handveðið. Þegar veðsettar eru almennar fjárkröfur, öðlast veðhafi réttarvernd við það, að skuldara kröfunnar er tilkynnt um veðsetninguna, sbr. 46. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum aukast að miklum mun möguleikar manna til þess að setja lausafjárverðmæti að sjálfsvörsluveði, og á það sérstaklega við um sjálfsvörsluveð í hinum svokölluðu heildarsöfnum muna, sbr. 28., 30., 32. og 33. gr. frumvarpsins.

Þar sem ýmsar hættur geta verið slíkum veðsetningum samfara, er nauðsynlegt að búa svo um hnútana, að lánardrottnar eigi auðvelt með að ganga úr skugga um áhvílandi lausafjárveðsetningar væntanlegra viðsemjenda sinna. Þegar frumvarp þetta var fyrst lagt fram var samhliða lagt fram frumvarp til breytinga á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, með síðari breytingum og var meginefni þess að við embætti sýslumannsins í Reykjavík verði haldin sérstök landsskrá yfir þinglýstar sjálfsvörsluveðsetningar og aðfarargerðir í lausafé, hvort sem umrætt lausafé er skráningarskylt eða ekki. Er það frumvarp ekki flutt nú þar sem þær hugmyndir, sem í því fólust, eru enn til frekari skoðunar.

Um 2. gr.

Í 2. gr. eru almenn ákvæði um gildissvið frumvarpsins, þ.e. að hvaða marki ákvæði þess, ef að lögum verða, eru frávíkjanleg og um stöðu þeirra gagnvart sérlögum.

Rétt þykir, að það komi fram í almennu veðlögunum, hvort og að hvaða marki lögin eru frávíkjanleg. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna **með samningi** „. . . nema annað sé tekið fram eða megi leiða af atvikum“. Ófrávíkjanleg ákvæði í frumvarpinu eru t.d. 2. mgr. 2. gr.; 3. gr.; 3. mgr. 9. gr.; 2. mgr. 15. gr.; 18. gr. og að auki allar reglur frumvarpsins um réttarvernd. Dæmi um ákvæði frumvarpsins, sem berum orðum eru frávíkjanleg, er t.d. ákvæði 2. mgr. 6. gr.; 1. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 16. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. verður veðréttur einungis stofnaður, þannig að gildi hafi að lögum, að slík veðstofnun sé heimiluð í lögum þessum eða öðrum lögum. Áskilnaður þessi lítur bæði að því, hver verðmæti verða veðsett og með hvaða hætti. Af ákvæðinu leiðir í fyrsta lagi, að samningar um veð í öðrum fjárverðmætum en þeim, sem nefnd eru í veðlögum eða öðrum lögum, eru ógildir, einnig milli aðilanna. Þá felst það í áskilnaði 2. mgr. 2. gr., að veðréttur verður einungis stofnaður með þeim hætti, sem lög leyfa. Er reyndar sérstaklega tekið fram í 3. mgr. 3. gr., að sjálfsvörsluveðsetningar í heildarsafni muna séu aðeins heimilar að því marki, sem veðlög eða sérlög heimila.

Í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir, að ákvæði laganna víki fyrir sérákvæðum um samningsveðsetningar í öðrum lögum. Eins og rakið er í almennum athugasemdum gerir frumvarp þetta t.d. ráð fyrir því, að lög um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, haldi óbreytt gildi sínu. Frumvarpið byggir á þeirri forsendu, að ákvæði veðlaganna eigi í sjálfu sér við um allar veðsetningar, þar með talin veðsetningu loftfara. Ákvæði sérlaga geti hins vegar mælt á annan veg um einstök atriði, t.d. um stofnun, skráningu, réttarvernd og forgangsáhrif veðs. Ganga þá ákvæði slíkra sérlaga hvað þau atriði varðar framar almennum ákvæðum frumvarpsins. Það hlýtur þó jafnan að vera lögskýringaratriði hverju sinni, sem á reynir, hversu langt sérlög ganga og hvenær almenn ákvæði veðlaga grípa inn í.

Um 3. gr.

Í 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram hin svokallaða sérgreiningarregla, sem nánar er vikið að í almennum athugasemdum með frumvarpinu.

Regla 1. mgr. er sama efnis og regla 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um bann við allsherjarveðsetningu, þ.e. bann við veðsetningu í öllu því, sem maður á eða eignast kann. Er hér mælt fyrir um tiltekið gildisskilyrði veðsetningar, þ.e. með ákvæðinu er verið að setja samningsfrelsi um veðsetningar vissar skorður. Gegnir hinu sama um ákvæði 3. mgr. 3. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, en sú frumvarpsgrein er að mestu sama efnis og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Þótt segja megi, að efni 2. mgr. 3. gr. leiði af almennum reglum, þykir rétt að orða slíka reglu í veðlögum. Veðsetning, sem brýtur gegn ákvæðinu, getur verið ógildanleg í heild eða að hluta, en niðurstaða í þeim efnum ræðst af efni þeirrar lagareglu eða þess samningsákvæðis, sem takmarkar réttinn til þess að ráðstafa viðkomandi réttindum.

Regla 3. gr. frumvarpsins hefur, eins og áður segir, að geyma fyrirmæli, er varða gildisskilyrði veðsetninga. Tilgreiningarreglan, sem fram kemur í 4. og 5. gr., hefur á hinn bóginn ekki að geyma reglur um gildisskilyrði, heldur varða þau ákvæði réttarvernd, svo sem nánar verður skýrt í athugasemdum við þær greinar.

Regla 4. mgr. 3. gr. á við um þau tilvik þegar veðsett eru fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt og halda skrár um. Sem dæmi slíkra réttinda má nefna aflahlutdeild sem úthlutað er á skip, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og greiðslumark sem úthlutað er á lögbýli samkvæmt ákvæðum reglugerða sem stoð eiga í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Sjá um hið síðastnefnda reglugerðir nr. 360/1995, um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1995–1996, og reglugerð nr. 541/1994, um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995–1996.

Af reglu 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir í fyrsta lagi að óheimilt er að veðsetja slík réttindi sem hér um ræðir þótt aðilaskipti geti orðið að þeim með öðrum hætti samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða. Þau geta með öðrum orðum ekki verið sjálfstætt andlag veðréttar. Í öðru lagi kemur fram sú regla í 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. að hafi slíkt fjárverðmæti, sem hér um ræðir, t.d. veiðiskip eða lögbýli, verið veðsett er eiganda þess óheimilt á gildistíma veðsetningarinnar að skilja hin úthlutuðu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti, nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Varðar það refsingu skv. 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins með sama hætti og skilasvik, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

Hvað aflahlutdeild fiskiskips varðar er rétt að taka fram að þar er einvörðungu átt við þá aflahlutdeild sem helst óbreytt milli ára, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990. Samkvæmt því þarf ekki samþykki veðhafa þótt aflamark sé flutt milli skipa eftir þeim reglum sem um það gilda samkvæmt lögum nr. 38/1990.

Regla 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. helgast af því sjónarmiði að eðlilegast sé að líta á fjárverðmætið (veðandlagið) og hin úthlutuðu réttindi sem eina heild. Frá reglu 2. málsl. 4. mgr. er þó heimilt að víkja samkvæmt niðurlagsákvæði 4. mgr. ef fyrir liggur þinglýst samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti. Þannig geta veðhafar og veðþolar samið um það í upphafi, annaðhvort í þinglýstu veðbréfi eða sérstakri þinglýstri yfirlýsingu, að veðþola sé heimilt að skilja viðkomandi réttindi frá veðandlaginu. Sé slíku þinglýstu samþykki ekki til að dreifa er aðskilnaður veðandlagsins og réttindanna ekki heimill. Af áskilnaði 4. mgr. 3. gr. um þinglýst samþykki veðhafa leiðir að sá sem hyggst kaupa réttindin af handhafa þeirra verður að kynna sér það í þinglýsingabókum hvort þeir sem veðréttindi hafa eignast í fjárverðmæti því sem réttindin eru skráð á hafi samþykkt aðskilnað fjárverðmætisins og réttindanna.

Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er skírskotað til réttinda til nýtingar í atvinnurekstri sem stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt. Hvað aflahlutdeild fiskiskipa varðar er með þessu sérstaklega verið að undirstrika og leggja áherslu á það viðhorf löggjafans, sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Hér

er því fyrst og fremst um takmarkaðan og tímabundinn nýtingarrétt að ræða. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarps þessa um bann við því að skilja hinar úthlutuðu nýtingarheimildir frá veðandlaginu (veiðiskipinu) er í engu ætlað að breyta þessu eðli og inntaki nýtingarréttarins.

Þá er og rétt að leggja áherslu á það að sá sem tekur veðrétt í veiðiskipi eða búnaði tekur með sama hætti og eigandi skipsins eða búnaðarinnar þá áhættu að hin úthlutuðu nýtingarréttindi verði skert vegna almennra ráðstafana ríkisvaldsins eða þau jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings. Ákvæði 4. mgr. 3. gr. er ekki ætlað að hefta svigrúm löggjafans til slíkra almennra ráðstafana þannig að leitt geti af sér bótaskyldu ríkissjóðs, hvorki gagnvart eigendum veiðiskipa og búnaðar né heldur gagnvart þeim sem öðlast hafa takmörkuð réttindi yfir slíkum verðmætum.

Um 4. gr.

Með frumvarpsgrein þessari, sem er að nokkru sama efnis og 23. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, er lagt til, að lögfest verði í íslenskum rétti hin svokallaða tilgreiningarregla, sem nánar er vikið að í almennum athugasemdum.

Ákvæði 23. gr. laga nr. 39/1978 hafa verið skilin þannig, að tilgreina verði, þegar um veðskjöl er að ræða, í ákveðinni gjaldgengri mynt, hvert sé verðmæti aðalgreiðslu samkvæmt þeirri skuldbindingu, sem veðið á að tryggja, en í tryggingarbréfum megi þó láta sitja við hámarksfjárhæð greiðslu. Hins vegar er ekki fyllilega ljóst samkvæmt íslenskum rétti, hvort hámarksfjárhæð sú, sem tilgreind er í tryggingarbréfi, er heildargreiðsla, þannig að t.d. kostnaður við innheimtu kröfu og vextir falli þar undir. Gaukur Jörundsson (Um veðréttindi, bls. 24) telur líklegra, að tilgreining hámarksfjárhæðar í tryggingarbréfum feli í sér heildargreiðslu. Allmikið er tíðkað hér á landi í tryggingarbréfum, að til viðbótar tryggingu fyrir tiltekinni hámarksfjárhæð kröfu áskilji veðhafar sér að auki tryggingu fyrir vöxtum og kostnaði. Virðist ekki amast við því í réttarframkvæmdinni, því slíkum bréfum er þinglýst athugasemdalaust og farið virðist eftir slíkum áskilnaði bréfa við úthlutun uppboðsandvirðis. (Sjá nú Hrd. 1993.1547.)

Í Danmörku hefur 3. mgr. 10. gr. þinglýsingalaganna, sem er fyrirmynd 23. gr. íslensku þinglýsingalaganna, verið túlkuð svo, að hámarksfjárhæð í tryggingarbréfi sé heildargreiðsla (sjá t.d. Lene Pagter Kristensen, Tinglysningsloven, bls. 150). Til þess að veðbréfi verði þinglýst þar í landi, verður veðbréfið annaðhvort að greina ákveðna fjárhæð eða ábyrgðin að vera takmörkuð við ákveðið hámark. Í síðastnefnda tilvikinu er ekki hægt að áskilja sér tryggingu fram yfir hámarksfjárhæðina, hvorki fyrir vöxtum né kostnaði við innheimtu kröfu (sjá t.d. Knud Illum, Tinglysning, bls. 100, og W.E. von Eyben, Panterettigheder, bls. 124).

Í Noregi gildir á hinn bóginn sú regla, að þótt tryggingarbréf greini hámarksfjárhæð, er ekkert því til fyrirstöðu, að veðið standi að auki til fullnustu vöxtum og kostnaði við innheimtu kröfu (sjá t.d. Sjur Brækhus, Omsetning og kreditt 2, bls. 230 og 232).

Sú tilhögun, sem gildir í Danmörku og hér var lýst, hefur ýmsa kosti og helstan þann, að viðsemjendur veðþola geta þá treyst því, þegar um tryggingarbréf með hámarksfjárhæð er að ræða, að veðið standi einvörðungu til fullnustu þeirri hámarksfjárhæð, sem tilgreind er, og ekki öðrum greiðslum. Til þess er hins vegar að líta, að framkvæmd hér á landi virðist hafa verið með öðrum hætti, og verður ekki séð, að af þeirri framkvæmd hafi skapast vandkvæði. Má og segja, m.a. með hliðsjón af reglu b-liðar 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins, að það eigi að vera tiltölulega auðvelt fyrir væntanlega viðsemjendur veðþola að ganga úr skugga um, hverjir vextir og kostnaður geti fallið á skuld til viðbótar til-

greindri hámarksfjárhæð í tryggingarbréfi. Því er við það miðað í frumvarpi þessu, að áskilnað 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu hámarksfjárhæðar beri að skilja á þann veg, að til viðbótar tilgreindri hámarksfjárhæð í tryggingarbréfum standi veðsett eign til fullnustu vöxtum og kostnaði, sbr. a- og b-liði 1. mgr. 5. gr.

Áskilnaður 1. mgr. 4. gr. um, að geta verði fjárhæðar aðalkröfu í veðsamningi eða hámarks hennar, lýtur að skilyrðum þess, að afla veðsamningi réttarverndar gagnvart þriðja manni. Samningur, sem fullnægir ekki skilyrði 1. mgr. 4. gr., getur í sjálfu sér verið gildur milli aðilanna, en samningurinn nýtur hins vegar takmarkaðrar réttarverndar gagnvart þriðja manni.

Regla 1. mgr. 4. gr. á einungis við, þegar um er að ræða samningsveð, sem öðlast réttarvernd við þinglýsingu. Ákvæði á því ekki við um handveð. Þá á ákvæðið hvorki við um veð í almennum fjárkröfum, sbr. 45. gr., né heldur söluveð. Þegar um söluveð er að ræða, eiga við ákvæði 2. mgr. 38. gr., og þjónar það ákvæði sama tilgangi og ákvæði 4. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. er lagt til, að fjárhæð veðkröfu megi tilgreina hvor heldur sem er í íslenskum krónum, erlendri mynt eða reiknieiningu, sem hefur skráð gengi í íslenskum bönkum og sparisjóðum, eða reiknieiningu sem tekur mið af skráðu gengi erlendra gjaldmiðla.

Fræðimenn hafa skýrt 23. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sem vikið er að hér að framan, svo, að tilgreina verði a.m.k. hámarksfjárhæð aðalgreiðslu í ákveðinni gjaldgengri mynt (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24). Þegar tekið er tillit til þess, að á síðari árum hafa verið teknar upp ýmsar reiknieiningar, sem miðast við gengi margra gjaldmiðla, svo sem eins og SDR (sérstök dráttarréttindi) og ECU (European Currency Unit), og að ekki er óalgengt, að lán séu veitt, sem miðast við slíkar reiknieiningar, þykir nauðsynlegt að gera ráð fyrir því í lögum, að veðkröfur megi tilgreina í slíkum reiknieiningum. Verður að telja, að það sé hvorki í ósamræmi við 23. gr. þinglýsingalaga né heldur ákvæði laga um nauðungarsölu varðandi uppboðsheimildir og ákvæði laga um aðför varðandi aðfararheimildir.

Í 3. mgr. 4. gr. er sérstaklega tiltekið, að heimilt sé í veðbréfi að binda fjárhæðir við hækkun samkvæmt vísitölu eða gengi, enda sé fyrirmælum um tilgreiningu á gengi eða tegund og grunntölu verðtryggingar fylgt.

Talið hefur verið í íslenskum rétti, að slík ólögfest heimild sé fyrir hendi (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 24), enda hefur það verið tíðkað í réttarframkvæmdinni. Eðlilegt þykir hins vegar, að það sé beinlínis tekið fram í lögum, að slík heimild sé fyrir hendi.

Um 5. gr.

Í þessari frumvarpsgrein er gert ráð fyrir því, að lögfestar verði ákveðnar undantekningar frá þeirri meginreglu 4. gr. frumvarpsins, að það sé skilyrði réttarverndar veðréttinda, að fjárhæð veðkröfu þurfi að vera tilgreind eða hámark þeirrar kröfu, sem veðið á að tryggja.

Sjónarmið þau, sem búa því að baki að undanskilja ákveðnar kröfur frá áskilnaði 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu fjárhæðar eða hámarksfjárhæðar, eru mismunandi. Í fyrsta lagi má nefna, að um er að ræða kröfur, sem að jafnaði fylgja aðalkröfu sem viðbót, eins og t.d. vextir og kostnaður. Í öðru lagi er um að ræða kröfur, sem hagkvæmt er, þegar litið er til veðandlagsins sjálfs og hagsmuna veðhafa, að viðurkenna forgangsrétt fyrir, eins og t.d. kröfur vegna greiðslu vátryggingariðgjalda. Um þessi tilvik gildir, að erfitt get-

ur verið að afmarka fjárhæð kröfu nákvæmlega á því tímamarki, sem máli skiptir skv. 4. gr.

Þýðing 5. gr. felst ekki í því, að hún sé heimild þess, að veðrétturinn nái til þeirra krafna, sem þar eru upptaldar, heldur í hinu, að þegar umræddar kröfur fylgja tiltekinni aðalkröfu, er það ekki nauðsynlegt skilyrði réttarverndar að tilgreina tiltekna fjárhæð eða tiltekna hámarksfjárhæð. Engar reglur eru settar fram um það í frumvarpinu, hvenær umræddar kröfur skulu fylgja aðalkröfu. Ákvörðun um það efni byggir á túlkun á veðsamningi aðila. Í 5. gr. kemur fram, að kröfur þær, sem þar getur, fylgi aðalkröfu, nema annað leiði af samningi.

Um a-lið.

Í a-lið 5. gr. kemur fram, að krafa veðhafa vegna kostnaðar við innheimtu veðkröfu fellur utan áskilnaðar 1. mgr. 4. gr. um tilgreiningu fjárhæðar eða hámarksfjárhæðar. Skal í þessum efnum minnt á þá reglu 2. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, að aðför til fullnustu þeim kröfum, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustugerðum.

Í því orðalagi a-liðar, að um sé að ræða kostnað af innheimtu veðkröfu, felst ákveðin takmörkun. Með því er fyrst og fremst átt við lögboðin gjöld og annan kostnað, sem jafnan fylgir aðfarargerð og nauðungarsölu eignar og kröfuhafi hefur greitt og getur endurkrafið skuldara um. Hér má sem dæmi nefna réttargjöld, kostnað af öflun dómsendurrita og birtingarkostnað. Þá tekur umrætt orðalag og til málskostnaðar í máli, sem veðhafa er nauðsynlegt að höfða til þess að afla sér aðfararheimildar og innheimtukostnaðar, í þeim tilvikum þar sem ekki er um að ræða veðbréf með beinni uppboðsheimild.

Um b-lið.

Samkvæmt reglum, sem taldar eru gilda hér á landi ólögfestar, er veðréttur talinn ná til aukagreiðslna eins og vaxta og dráttarvaxta, þótt ekki sé við samningsákvæði að styðjast (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 28, og Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 21).

Þótt það sé meginregla samkvæmt gildandi rétti, að veðréttur nái til aukagreiðslna eins og vaxta, sætir sá veðréttur ákveðnum takmörkunum hvað forgangsrétt varðar. Í lögum nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, segir að sé skuldunauti veittur gjaldfrestur á vöxtum af skuld, sem fasteignaveð er fyrir, eftir að þeir eru komnir í gjalddaga, þá haldist ekki forgangsréttur veðhafa fyrir vöxtunum gagnvart síðari veðhöfum lengur en í eitt ár frá því þeir komu í gjalddaga. Er tilgangur reglu þessarar sá að koma í veg fyrir, að veðhafi geti veitt skuldara óhæfilega gjaldfresti á kostnað annarra veðhafa. Þeir vextir, sem umfram eru árið, færast aftar í veðröðinni.

Samkvæmt forsögu sinni og upphaflegum tilgangi tekur umrætt lagaákvæði til samningsvaxta, en það hefur í framkvæmd einnig verið látið ná til dráttarvaxta. Er ekki talið skipta máli, hvort gjaldfrestur hefur verið veittur berum orðum eða með aðgerðarleysi. Hafa lögin í framkvæmd (t.d. í úrskurðum varðandi nauðungarsölu) verið túlkuð þannig, að forgangsréttur til vaxtanna nái til þeirra vaxta, sem falla í gjalddaga á einu ári fram að því tímamarki, að beiðni um nauðungarsölu er móttekin. Þetta þýðir með öðrum orðum, svo dæmi sé nefnt, að sé beiðni um nauðungarsölu móttekin 15. maí 1992, nær forgangsréttur veðhafa til þeirra vaxta, sem falla í gjalddaga frá 15. maí 1991 og síðar. Eins og áður segir, er tilgangur reglu laga nr. 23/1901 sá að koma í veg fyrir, að veðhafi geti veitt skuldara óhæfilega gjaldfresti á kostnað annarra veðhafa. Regla laganna auðveldar mönnum að ganga úr skugga um, hverjar skuldbindingar hvíla á tilteknum veðréttum

eignar, og hún veitir í raun tryggingu fyrir því, að ekki hvíli á eignum aðrar skuldir en þær, sem hægt er að ganga úr skugga um með nokkurri vissu, hve miklar eru. Verður ekki annað séð, en regla laga nr. 23/1901 hafi að þessu leyti gefist vel í framkvæmd, og þykir því ekki í frumvarpi þessu ástæða til að leggja til breytingu þar á, að öðru leyti en því, að ekki þykir rétt að einskorða regluna við þau veðréttarsambönd, þar sem fasteignaveð er fyrir skuld. Á reglan því við, hvert svo sem veðandlagið er. Í 48. gr. frumvarpsins er lagt til, að lög nr. 23/1901 falli úr gildi, þar sem reglu b-liðar 5. gr. er ætlað að koma í hennar stað.

Um c-lið.

Í c-lið 5. gr. kemur fram, að áskilnaður 1. mgr. 4. gr. nær ekki til kröfu, sem þannig er til komin, að veðhafi hefur samkvæmt heimild í veðbréfi greitt iðgjöld brunatryggingar eða annarrar skaðatryggingar af veðsettri eign, og um er að ræða iðgjald, sem fallið hefur í gjaldaga á einu ári fyrir það tímamark, sem nefnt er í b-lið, þ.e. á einu ári áður en beiðni um nauðungarsölu eignar var sett fram.

Brunatryggingar og aðrar skaðatryggingar gegna þýðingarmiklu hlutverki í flestum veðréttarsamböndum, þar sem þær draga að mun úr áhættu veðhafa. Til þess að tryggja hagsmuni sína og forðast tjón, getur veðhafi þurft að grípa til þess ráðs að greiða vátryggingariðgjöldin, ef veðsali gerir það ekki sjálfur. Þar sem greiðsla vátryggingariðgjaldsins kemur ekki bara þeim veðhafa til góða, sem iðgjaldið greiðir, heldur og öðrum, sem veð eiga í sömu eign, er ljóst, að sá veðhafi, sem greitt hefur iðgjaldið, verður að njóta einhverra tryggingarréttinda hvað endurkröfu hans varðar.

Af ákvæðum c-liðar leiðir, að veðhafi, sem greitt hefur vátryggingariðgjald, nýtur sama forgangsréttar hvað varðar þá fjárhæð, sem hann hefur greitt í iðgjald, og veðréttur hans varðandi aðalkröfu nýtur. Þetta getur að sjálfsögðu leitt til þess, að tryggingarréttindi annarra veðhafa skerðast, og af þeirri ástæðu m.a. verður undantekningarregla c-liðar að sæta ákveðnum takmörkunum. Á undantekningarregla þessi fyrst og fremst við um brunatryggingu og aðra skaðatryggingu, sem er nauðsynleg til þess að vernda hagsmuni veðhafa í veðandlaginu. Það verður háð mati hverju sinni, hvað hér fellur undir.

Óeðlilegt er, að unnt sé að safna upp iðgjaldagreiðslum þeim, sem um ræðir í c-lið. Því gildir sú takmörkun, að undanþáguheimildin nær til iðgjaldagreiðslna fyrir eitt ár fram að því tímamarki, sem nefnt er í b-lið. Í því felst, að það eru aðeins iðgjöld í eitt ár, reiknað fram að því tímamarki, sem um ræðir í b-lið, sem njóta forgangsréttar án sérstaks áskilnaðar eða tilgreiningar.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram sú skýringarregla, að kröfur þær, sem nefndar eru í ákvæðinu, fylgja aðalkröfu og njóta sama forgangsréttar og hún, svo fremi sem önnur niðurstaða verður ekki leidd af samningi þeim, sem stofnaði til veðréttarins. Er þetta í samræmi við gildandi rétt, a.m.k. hvað varðar þær kröfur, sem greinir í a- og b-liðum. Í því orðalagi frumvarpsgreinarinnar, „. . . nema annað leiði af samningi . . .“ felst, að það þarf ekki að koma fram í veðsamningi berum orðum, að umræddar viðbótarkröfur fylgi ekki aðalkröfu, heldur nægir, að út frá því hafi verið gengið í millum aðila, að veðandlagið standi einvörðungu til fullnustu aðalkröfunni, þótt ekki hafi það verið orðað sérstaklega.

Um 6. gr.

Talið er samkvæmt gildandi rétti, að það fari fyrst og fremst eftir samningi aðila, hvernig háttað sé afstöðu veðréttinda til arðs af veðsettri eign, og gildir það bæði um borgaralegan arð og náttúrulegan arð. Með borgaralegum arði er venjulega átt við end-

urgjald fyrir afnot og hagnýtingu, sem eigandi hefur heimilað öðrum af veðsettri eign, t.d. leigugjald og vextir. Með náttúrulegum arði er venjulega átt við verðmæti, sem við hagnýtingu eignar eru frá henni skilin, svo sem ull af fé, hey af túni, möl úr námu, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Ekki er ávallt unnt að komast að niðurstöðu um það á grundvelli skýringa á veðsamningi, hvernig háttað sé afstöðu veðréttinda til arðs af veðsettri eign. Hafa í því sambandi ýmsar viðmiðunarrreglur verið orðaðar, bæði hvað varðar sjálfsvörsluveðsetningar og handveðsetningar, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 30–31.

Um 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins byggir á því, að eigandinn eigi, þegar um sjálfsvörsluveð er að ræða, að hirða arð af veðinu, nema um annað hafi verið samið. Er það í samræmi við gildandi reglur, og þarfnast ekki frekari skýringa.

Ekki þykir ástæða til að setja í frumvarpið sérstakar reglur um töku arðs af handveðsettri eign. Er í fyrsta lagi erfitt að setja fram reglu, sem átt getur við í öllum tilvikum, auk þess sem þau tilvik eru afar fátíð, þar sem reynir á rétt til töku arðs af handveðsettu lausafé. Er eðlilegast, að úr slíkum álitaefnum leysi aðilar í samningum sínum, t.d. þannig að veðhafi eigi rétt til arðs af veðsettri eign á meðan hann hefur vörslur hennar. Rétt er þó að vekja á því athygli, að ákvæði 2. mgr. eiga samkvæmt orðalagi sínu bæði við um sjálfsvörsluveðsetningar og handveðsetningar, þegar um kröfur er að ræða, sbr. orðalagið: „Sá, sem á veðrétt í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum getur krafið um og móttekið . . .“

Um 2. mgr.

Regla 2. mgr. 6. gr. um veð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum og almennum fjárkröfum er sérregla, sem gengur framar reglu 1. mgr. í þeim tilvikum, þar sem krafa er sett að sjálfsvörsluveði. Samkvæmt reglu 2. mgr. 6. gr. getur veðhafi, sem á veð í viðskiptabréfum, innlausnarbréfum eða almennum fjárkröfum krafið um og móttekið, vexti, arð og afborganir, sem falla til á gildistíma veðsetningar. Þeim fjárhæðum, sem hann þannig veitir viðtöku, getur hann ráðstafað til fullnustu **gjaldfallinnar** kröfu til vaxta, afborgunar eða höfðustóls. Hins vegar þurfa aðilar að semja um það sérstaklega, ef veðhafi á að geta haldið hjá sér t.d. vöxtum fyrir **ógjaldfallinni** kröfu á hendur veðsala.

Ef innleysa ber handveðsett skjal eða kröfu, er aðstaðan hins vegar önnur. Veðtryggingin fellur brott við innlausn, og því verður veðhafi að geta haldið hjá sér innlausnarfjárhæðinni, einnig til tryggingar ógjaldföllnum hlutum veðkröfunnar. Því er orðuð sérregla um innlausnarbréf í 4. málsl. 2. mgr. 6. gr.

Hækkun hlutafjár í hlutafélagi með útgáfu svonefndra jöfnunarhlutabréfa verður án þess að greitt sé nýtt fé inn til félagsins. Þar sem til verða fleiri hlutir í félaginu en áður, er sú hætta fyrir hendi, að verðmæti hlutanna minnki. Er því lagt til að meginreglan verði sú að veðréttur í hlutafé nái einnig til hækkunar hlutafjár sem verður í þessum tilvikum. Má ætla að þorri veðsamninga mundi gera ráð fyrir þeirri skipan. Tekið skal fram, að með 5. málsl. 2. mgr. 6. gr. er ekki verið að breyta þeirri reglu, sem hér á landi er talin gilda, að atkvæðisréttur fylgi ekki veðrétti í hlutabréfum.

Hvað varðar veð í kröfum þá skal hér til samanburðar minnt á ákvæði 3. mgr. 44. gr. aðfararlaganna nýju, en þar kemur fram, að fjárnám í veðbréfi eða kröfu taki til arðs og vaxta, nema annað sé tekið fram.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við gildandi rétt, en veðþoli hefur verið talinn hafa heimild til þess að hafa umráð og afnot veðandlagsins, þrátt fyrir veðsetninguna. Við það er miðað, að aðilar geti samið á annan veg. Þá geta ákvæði aðfararlaga takmarkað heimild veðþola til þess að hafa umráð veðsetts verðmætis, sbr. t.d. 56. og 57. gr. aðfararlaganna nýju, sem takmarkað geta rétt gerðarþola til umráða yfir eign, sem aðför hefur verið gerð í.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru í samræmi við ólögfestar reglur, sem hér á landi hafa verið taldar gilda í þeim efnum, sem þar er um fjallað, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 38.

Í 4. mgr. er lögð sú skylda á herðar veðsala að vátryggja veðið vegna brunatjóns og annars skaða á þann hátt, sem lög áskilja eða venja er til. Með orðalaginu „. . . á þann hátt, sem lög áskilja . . .“ er verið að minna á, að í vissum tilvikum leiðir skyldu til vátryggingar beint af lögum. Þannig má sem dæmi nefna 1. gr. laga nr. 48/1994, um brunatryggingar. Þar segir, að húseigendum sé skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður hús. Hús í smíðum skal einnig vátryggja. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög, sbr. lög nr. 116/1993, eru allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skyldir að vátryggja þau.

Þótt ekki sé við lagaskyldu að styðjast, hefur sú venja víða myndast í ákveðnum lögskiptum, að veðþoli er skyldur til að halda hinu veðsetta vátryggðu. Stundum gera stöðluð form veðbréfa ráð fyrir slíku, t.d. þegar um er að ræða veðsetningu afurða, þegar lán eru veitt til greiðslu hráefnis og vinnulauna. Ljóst má vera, að veð í rekstrartækjum og vörubirgðum koma til með að gegna þýðingarmiklu hlutverki í lánastarfsemi hér á landi, ef frumvarp þetta verður að lögum. Til greina gæti komið að skylda veðsala til þess að halda slíkum veðandlögum jafnan vátryggðum. Ekki þykir þó að svo stöddu ástæða til í almennum veðlögum að mæla fyrir um slíkt, og er því ekki gengið lengra en að leggja slíka skyldu á veðþola, þar sem venja er til slíks í tilteknum lögskiptum. Eru það slík tilvik, sem höfð eru í huga með orðunum „. . . á þann hátt, sem . . . venja stendur til.“ Í því felst, að í ólögfestum tilvikum er veðþola almennt séð ekki skylt að vátryggja veðið, nema þar sem venja hefur myndast í þeim efnum í tilteknum lögskiptum.

Um 8. gr.

Eins og rakið er í almennum athugasemdum, hefur skort skýrar reglur um það í íslenskan rétt, hver eigi að bera áhættuna af því, að veðsettur hlutur ferst eða skemmist af tilviljun. Er, eins og þar kemur fram, ekki öðrum almennum ákvæðum til að dreifa en 2. gr. veðlaganna, og áhöld hafa verið um það, hvernig skýra ber það ákvæði. Með ákvæðum 8. gr. frumvarpsins er reynt að skapa skýrari línur í þeim efnum.

Í 1. mgr. er fjallað um skiptingu áhættu milli eiganda og veðhafa, þegar veðandlagið ferst eða skemmist af tilviljun. Er reglan sú, að eigandinn ber sitt tjón, og veðtrygging veðhafa skerðist að sama skapi. Inntak reglunnar er það, að það er veðtryggingin en ekki veðkrafan, sem skerðist eða fellur brott. Af því leiðir, að þótt veðsettur hlutur farist eða skemmist af tilviljun, leiðir það eitt samkvæmt frumvarpinu ekki til ábyrgðar veðþola gagnvart veðhafa, án þess að annað og meira komi til. Hagsmunir veðhafa geta hins vegar verið tryggðir í slíkum tilvikum með ákvæðum e-liðar 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, en þar kemur fram að veðhafi getur sagt upp veðskuldinni, þ.e. krafist eindögunar

hennar, ef veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun. Það er þó háð því, að veðtrygging hans skerðist verulega vegna þeirra atvika, sem þar um ræðir. Í því felst, að þótt veðhafi geti ekki krafið veðþola um skaðabætur vegna þess, að hið veðsetta hefur farist eða skemmst af tilviljun, getur hann krafist eindögunar veðkröfunnar, þótt gjalddagi sé ekki kominn, ef því skilyrði er fullnægt, að veðtryggingin skerðist verulega.

Í 2. mgr. ræðir um það, hvenær veðhafi og veðþoli geta orðið skaðabótaskyldir hvor gagnvart öðrum. Samkvæmt ákvæðinu geta þeir í fyrsta lagi orðið bótaskyldir samkvæmt almennum skaðabótareglum og í öðru lagi getur skaðabótaábyrgð stofnast á sérstökum grundvelli, eins og það er orðað, en með því orðalagi er t.d. átt við ábyrgð samkvæmt sérstakri lagareglu eða samningsákvæði. Handveðhafi gæti t.d. orðið bótaskyldur, ef hann sýnir af sér aðgæsluleysi við varðveislu veðsins, eða í því tilviki, þar sem hann vanrækir að vátryggja veðið, þótt hann hafi skuldbundið sig til þess með samningi. Þá er og hugsanlegt, að veðhafinn hafi í samningi tekið á sig víðtækari skyldur til varðveislu veðsins en leiðir af reglu 7. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er, að veðlög hafi að geyma reglur um það, hvenær veðskuld gjaldfellur eða heimilt er að líta á hana sem gjaldfallna. Er um það fjallað í 9. gr. frumvarpsins, þ.e. hvenær heimilt er við ákveðnar aðstæður að líta svo á, að veðskuld sé gjaldfallin, þótt eigi sé kominn gjalddagi kröfu.

Efni greinarinnar skiptist í þrennt. Í 1. mgr. 9. gr. er að finna upptalningu atvika, sem leitt geta til þess, að heimilt er að krefjast eindögunar veðskuldar, þ.e. segja skuldinni upp vegna tiltekinna atvika, þótt eigi sé kominn umsaminn gjalddagi kröfu. Í 2. mgr. kemur fram sú takmörkun á uppsagnarréttinum, að í ákveðnu tilviki verður veðhafi að beina áskorun til veðþola um réttar efndir, áður en heimildarinnar verður neytt. Í 3. mgr. ræðir um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála um eindögun veðskuldar, og kemur þar fram sama regla og gildir skv. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.

Í réttarframkvæmd hér á landi hafa myndast ákveðnar reglur um eindögun eftirstöðva skulda, þar með talinna veðskulda, þegar skuldari eða veðþoli vanefnir skyldur sínar. Gjaldfellingarákvæði í veðskuldabréfum geta oft verið mjög hörð í garð skuldara, og er tilhneiging til þess að túlka þau ekki fortakslaust eftir orðanna hljóðan. Á það einkum við, þegar greiðsludráttur er óverulegur og hefur ekki haft í för með sér tjón fyrir veðhafa, enda hafi veðþola hvorki brostið getu né vilja til greiðslu, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 51–52. Lögfesting 9. gr. frumvarpsins kemur ekki til með að breyta ólögfestum gildandi rétti að þessu leyti.

Um 1. mgr.

Upptalninguna í 1. mgr. 9. gr. má flokka með fernum hætti. Í fyrsta lagi er um að ræða tilvik, sem flokka má til beinna vanefnda af hálfu lántaka, þ.e. a- og d-liðir, þar sem skyldan til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega, og þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti skyldur sínar skv. 7. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi eru tilvik, sem líta má á sem eins konar forsendubrest, þ.e. b- og e-liðir, þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala hins veðsetta, eða þegar veðið eyðilegst eða skemmist af tilviljun, og það leiðir til þess, að veðtryggingin skerðist verulega. Í þriðja lagi er um að ræða tilvik, sem hefur samstöðu með greiðsluþroti, þ.e. c-liður, þar sem ræðir um það, að bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta. Í fjórða lagi (f-liður) er um það tilvik að ræða,

þar sem veðið er selt, enda hafi veðsali áskilið sér í veðbréfi heimild til eindögunar af því tilefni, sbr. til hliðsjónar 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins hefur í raun á sér einkenni frávíkjanlegrar uppsagnarreglu, og er efni hennar því ekki takmarkað við það eitt að reisa skorður við uppsagnarákvæðum, sem of langt ganga. Í þessu felst, að þótt hefðbundið uppsagnarákvæði skorti í veðbréf, verður ákvæðum frumvarpsins beitt sem heimild til uppsagnar við t.d. verulegan greiðsludrátt.

Í a-lið 1. mgr. ræðir um heimild til uppsagnar, þegar skyldan til greiðslu vaxta og afborgana hefur verið vanefnd verulega. Það eitt nægir ekki, að farið hafi verið fram úr umsömdum gjalddaga, heldur verður greiðsludráttur að vera þannig, að hann veiti heimild til uppsagnar. Um mat í þeim efnum verður að vísa til almennra riftunarreglna, þar sem heildarmat á aðstæðum er látið ráða.

Í b-lið 1. mgr. ræðir um rétt til uppsagnar, þegar ákveðin hefur verið nauðungarsala hins veðsetta, eins og það er orðað. Í veðskuldabréfum hér á landi er allmikið tíðkað að hafa ákvæði þess efnis, að heimilt sé að gjaldfella veðskuld, t.d. „. . . ef aðrir skuldheimtumenn veðþola ganga að veðinu . . .“ eða „. . . ef leitað er fullnægju í veðinu fyrir greiðslu, er gengur fyrir skuld þessari . . .“, svo einhver dæmi séu nefnd. Er veðhafi með slíkum ákvæðum í raun að áskilja sér rétt til uppsagnar gagnvart veðþola vegna vanefnda veðþolans við annan kröfuhafa. Þess er fyrst að geta, að viðmiðunarmörk eins og þau, sem að framan voru tilgreind, eru óljós og hefur það valdið vafa, hvernig túlka beri slík ákvæði í framkvæmd. Í annan stað geta ákvæði sem þessi verið hörð í garð skuldara, ef reynt er að fylgja þeim bókstaflega. Í b-lið er tekið af skarið um það, að það sé skilyrði fyrir gjaldfellingu eða eindögun veðskuldar í slíkum tilvikum, að ákveðin hafi verið nauðungarsala hins veðsetta. Nægir þannig ekki, að beiðni um nauðungaruppboð hafi komið fram.

Til samanburðar skal þess getið, að í Noregi er heimildin til eindögunar heldur rýmri í þessu tilviki og miðast við, að veðið hafi verið „. . . satt til tvangsauksjon . . .“, en þá er talið nægja, að beiðni um nauðungarsölu hafi verið samþykkt (Norsk Panterett, bls. 116).

Samkvæmt 42. gr. b) dönsku þinglýsingalaganna eru skilyrðin hins vegar þrengri en lagt er til í frumvarpi þessu. Þar segir, að þrátt fyrir ákvæði í veðbréfi, geti veðhafi ekki krafist eindögunar höfuðstóls af því tilefni, að 1) ógreiddir eru skattar og gjöld eða gjaldfallnar greiðslur til annarra veðhafa; 2) gert er fjárnám í eigninni; 3) veðhafi tekur veðið til afnota samkvæmt sérstakri heimild (tages til brugeligt pant); 4) tekin er fyrir í rétti beiðni um nauðungarsölu eignarinnar; 5) bú skuldara er tekið til gjaldþrotaskipta eða 6) að bú skuldara er tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú. Regla þessi kom inn í dönsku þinglýsingalögin 1979 samhliða breytingum, sem gerðar voru á ákvæðum dönsku réttarfarslöggjafarinnar um nauðungarsölu. Er markmiðið með ákvæðinu m.a. að reyna að tryggja, að sem hæst verð fáist fyrir eign við nauðungarsölu, með því að koma í veg fyrir, að háar fjárhæðir gjaldfalli vegna nauðungarsölumeðferðarinnar. Þykir ekki sanngjarnt, að nauðungarsalan leiði til þess, að skuldir annarra kröfuhafa, sem ekki eru í vanskilum, gjaldfalli. Þá þykir þrenging heimilda til eindögunar til þess fallin að auka líkur á því, að komast megi hjá nauðungarsölu með því að selja eignir frjálsri sölu.

Í c-lið 1. mgr. er heimiluð eindögun skuldar, þegar bú skuldara eða eiganda veðs er tekið til gjaldþrotaskipta. Þykir ekki óeðlilegt í slíku tilviki að heimila veðhafa að beita vanefndaúrræðum, í þessu tilviki eindögun eftirstöðva skuldarinnar. Má segja, að hér búi að baki hagkvæmnisjónarmið. Gjaldþrot leiðir til heildaruppgjörs, þar sem eigur skuldara ganga til fullnustu þeirra krafna, er á honum hvíla. Er þá hagkvæmt, að veðhafi geti

einnig fengið greiðslu allrar kröfu sinnar, þótt umsaminn lánstími sé ekki á enda kominn. Þar við bætist, að forsendur fyrir lánveitingu eru brostnar við gjaldþrot skuldara. Er heimildin í c-lið mjög í samræmi við tíðkanleg ákvæði í veðskuldabréfum hér á landi.

Í d-lið 1. mgr. ræðir um heimild til eindögunar veðskuldar, þegar eigandi eða veðsali misnotar í verulegum atriðum umráðarétt sinn yfir veðinu eða vanefnir með öðrum hætti verulega skyldur sínar skv. 7. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða tilvik, sem snýr beint að öryggi veðtryggingarinnar fyrir veðhafa. Ákvæðið á við um sjálfsvörsluveð, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 7. gr. Hér er það skilyrði, að veðþoli vanefni skyldur sínar verulega. Það mundi t.d. teljast veruleg vanefnd, ef veðþoli vanrækir með öllu að vátryggja hið veðsetta, og eins gæti ónóg vátrygging leitt til sömu niðurstöðu. Erfiðara getur hins vegar verið að meta það í öðrum tilvikum, hvort skilyrðum d-liðar 1. mgr. 9. gr. er fullnægt, en úrslitum ræður, hvort vanefnd er veruleg. Vanrækt viðhald veðsettrar eignar til langs tíma getur talist veruleg vanefnd, ef það leiðir til þess, að tryggingarréttindi veðhafa skerðast verulega. Kemur það beint fram í 2. mgr. 7. gr. auk þess sem 1. og 4. mgr. 7. gr. hafa það að markmiði að vernda veðhafa gegn því, að veðtrygging hans skerðist.

Í e-lið 1. mgr. kemur fram sú regla, að veðhafi getur krafist eindögunar, þegar veðið eyðileggst eða skemmist af tilviljun. Hér er eingöngu átt við eyðileggingu eða skemmd á veðandlaginu sem slíku, þannig að t.d. verðmætisrýrnun, sem er að rekja til breytinga á markaðsverði veðandlagsins, getur ekki heimilað eindögun samkvæmt þessum staflið. Það er skilyrði eindögunar, að veðtryggingin skerðist verulega af þeim ástæðum, sem hér eru greindar. Ef veðandlagið er vátryggt og vátryggingin nær til umrædds tjóns, er eindögun skv. e-lið 1. mgr. ekki heimil.

Í f-lið 1. mgr. kemur fram, að veðhafi geti krafist eindögunar kröfu sinnar, þegar veðið er selt, enda hafi hann áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi. Það er meginregla, að kröfuhafi þurfi ekki að sæta því, að skuldaraskipti verði að kröfunni, nema kröfuhafi samþykki það. Því hefur það verið gildandi réttarregla, að þó svo að eigendaskipti verði að hinu veðsetta, leiði það ekki til þess, að fyrri eigandi leysist undan ábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Veðhafi hefur með sama hætti brýna hagsmuni af því, hver er eigandi hins veðsetta. Rétt þykir því að gera tillögu um það, að veðhafi, sem hefur áskilið sér það í samningi, hafi heimild til að gjaldfella veðkröfuna, ef eigendaskipti verða að hinu veðsetta. Ekki þykir þó ástæða til þess að veita slíka gjaldfellingarheimild í öðrum tilvikum en þegar sérstakt samningsákvæði liggur til grundvallar.

Um 2. mgr.

Ljóst má vera, að eindögun veðkröfu, áður en kominn er fyrir fram ákveðinn gjalddagi kröfu, getur valdið skuldara ýmiss konar erfiðleikum. Því er svo ákveðið í 2. mgr., að eindögunar verður ekki krafist skv. d-lið 1. mgr., fyrr en veðhafi hefur með hæfilegum fyrirvara skorað á eiganda og veðsala að efna skyldur sínar réttilega. Fyrr verður eindögun ekki beitt. Er hér verið að leggja til að ákveðnu marki lögfestingu á aðvörunarskyldu kröfuhafa gagnvart skuldara, áður en vanefndaúrræðum verður beitt (svokölluð nachfrist-regla).

Ákvæði um aðvörunarskyldu kröfuhafa gagnvart skuldara í tilefni vanefnda sem forsendu fyrir beitingu vanefndaúrræða, eru fá í íslenskum rétti, sbr. þó t.d. ákvæði húsaleigulaga um riftun leigusamninga, reglur um riftun vinnusamninga o.s.frv. Þá skal og í þessu sambandi vakin athygli á ákvæðum 7. gr. aðfararlaganna nýju um greiðsluáskorun sem skilyrði aðfarar.

Um 3. mgr.

Sjálfstæð þýðing 3. mgr. 9. gr. er í sjálfu sér takmörkuð, en þjónar þeim tilgangi að minna á, að um ógildingu ósanngjarnra samningsskilmála í veðbréfum fari eftir ákvæðum III. kafla laga nr. 7/1936, með síðari breytingum. Með því að taka þetta fram í ákvæðinu er og á það minnt, að koma má fram andmælum gegn framgangi aðfarar eða nauðungarsölu á þessum grundvelli fyrir sýslumanni og eftir atvikum héraðsdómi í kjölfarið.

Á ógildingu reynir að líkindum fyrst og fremst gagnvart uppsagnarákvæðum í veðsamningum, sem víkja frá eða ganga lengra en heimilt er samkvæmt lögunum, og er ógildingarreglunni því skipað í 9. gr. Rétt er þó að minna á, að gildissvið ógildingarreglunnar er ekki takmarkað við gjaldfellingarákvæðin ein sér. Það er ekki einvörðungu almennt efni uppsagnar- eða gjaldfellingarákvæðisins, sem hér er haft í huga, heldur ekki síður aðstaðan á því tímamarki, þegar lánveitandi (veðhafi) beitir ákvæðinu í þeim tilgangi að ná fram fullnustu. Það leiðir af 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, að 3. mgr. 9. gr. er ófrávíkjanlegt ákvæði.

Um 10. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins ræðir um heimild veðþola til þess að ráðstafa veðandlaginu með löggerningi. Í 10. gr. er hins vegar fjallað um heimild veðhafa til þess að ráðstafa veðréttindunum með löggerningi, þ.e. til þess að framselja eða veðsetja veðrétt sinn. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. er meginreglan sú, að gagnvart veðþola er veðhafa slíkt framsal heimilt, nema annað leiði af samningi eða lögum. Ákvæðið fjallar um heimild veðhafa til framsals gagnvart veðþola, en um réttarstöðu annarra, sem hagsmuni kunna að eiga í veðandlaginu, fer eftir almennum reglum um réttarvernd viðkomandi réttinda.

Framsal veðréttar getur átt sér stað samtímis framsali kröfu þeirrar, sem veðið á að tryggja, og er án efa tíðast þannig staðið að framsali veðréttinda. Einnig getur slíkt framsal átt sér stað við það, að veðrétturinn er skilinn frá kröfunni, sem að baki býr, eftir atvikum þannig, að framseld er veðkrafa, sem engin persónuleg ábyrgð fylgir, en þar er um sjaldgæf tilvik að ræða. Þess má finna dæmi úr löggjöf, að gert sé ráð fyrir því, að aðilaskipti geti orðið að veðréttindum, sbr. t.d. 3. gr. laga nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum.

Eðli málsins samkvæmt getur það haft ýmiss konar óhagræði í för með sér fyrir skuldara og eiganda veðandlagsins, þegar veðhafaskipti verða. Á hér hið sama við eins og þegar framseldar eru óveðsettar kröfur, en aðilaskipti geta orðið að slíkum kröfuréttindum. Hér reynir því mjög á sömu sjónarmið, bæði í kröfuréttarlegu og veðréttarlegu tilliti. Þegar um framsal almennra krafna er að ræða, verður skuldari að sæta því, að einungis hluti kröfu hans sé framseldur eða krafa hans framseld mörgum kröfuhöfum. Gagnstætt því sem fram kemur í 1. mgr. 11. gr. er á því byggt í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins, að ekkert standi því í vegi, að veðrétturinn skiptist á fleiri hendur, t.d. í tengslum við framsal á hluta kröfunnar ásamt tilsvarandi hluta veðtryggingarinnar.

Það fer eftir ákvæðum löggjafarinnar á hverjum tíma, hverjar takmarkanir eru á heimild kröfuhafa til þess að framselja kröfu sína, en um sumar kröfur gildir sú regla, að kröfuhafaskipti geta ekki orðið að þeim. Rök þau, sem búa að baki banni við framsali á kröfunni sjálfri, mæla þá einnig með því, að aðilaskipti geti ekki orðið að réttinum, sem tryggir kröfuna. Því er í 2. mgr. 10. gr. orðuð sú regla, að verði krafa sú, sem tryggja skal, ekki framseld, gildi hið sama um veðrétt til tryggingar kröfunni.

Í ákvæðum 3. mgr. felst, að framsalshafi eða framveðhafi öðlast ekki meiri rétt en heimildarmaður hans átti. Traustfangsreglur geta þó leitt til annarrar niðurstöðu.

Um 11. gr.

Efni frumvarpsgreinarinnar er í samræmi við þá reglu, sem talin er gilda hér á landi, að veðsetning sé því hvorki til fyrirstöðu, að hinu veðsetta sé afsalað, sbr. ákvæði 1. mgr., né heldur að stofnað sé til annars konar réttinda yfir því með löggerningi, t.d. réttlægri veðréttinda eða afnotaréttinda, sbr. ákvæði 2. mgr. Regla þessi byggir á því sjónarmiði, að veðréttur veðhafa fylgi veðandlaginu, hver svo sem eigandi þess er. Gagnvart veðhafa á það því almennt séð ekki að skipta máli, hver er eigandi veðandlagsins.

Heimild til framsals skv. 1. mgr. á við, „. . . nema annað leiði af samningi . . .“ eins og segir í ákvæðinu. Er þessu orðalagi ætlað að ná til þeirra tilvika, þar sem ráðstöfunarheimildin með löggerningi er ekki takmörkuð berum orðum, en slíka takmörkun má t.d. leiða af forsendum samnings. Ákvæði laga geta takmarkað rétt veðþola til þess að framselja veðsett verðmæti.

Ákvæði veðsamnings geta takmarkað heimild veðþola til þess að ráðstafa veðandlaginu með löggerningi, t.d. þannig að veðið verði alls ekki selt eða það ekki selt án samþykkis veðhafa. Slíkt samningsákvæði er bindandi í millum aðila. Eins kunna ákvæði laga að takmarka heimild manns til þess að framselja veðsett verðmæti, eins og áður er rakið.

Síðari málsliður 1. mgr. hefur það að markmiði að tryggja, að sérstökum hlutum veðandlagsins eða fylgifé þess verði ekki afsalað, nema samþykki veðhafa komi til. Slíkt afsal gæti í vissum tilvikum leitt til þess, að veðréttur veðhafa í því, sem frá hefur verið skilið, yrði ekki gerður gildandi gagnvart nýjum eiganda vegna traustfangsreglna, auk þess sem slík skipting veðandlagsins getur haft ýmiss konar óhagræði í för með sér fyrir veðhafann. Þykir því rétt að áskilja samþykki hans í þeim efnum, nema þegar slíkt getur gerst án þess að því fylgi hætta fyrir veðhafa, t.d. þegar nýr hlutur kemur í staðinn fyrir eldri hlut o.s.frv. Er hér í raun ekki um breytingu á gildandi rétti að ræða, því talið hefur verið, að t.d. eigandi fasteignar geti ekki skilið frá eigninni hluta af henni þannig að veðrétturinn nái ekki til þess hluta eftir sem áður, t.d. ekki selt byggingarlóð úr landi veðsettrar jarðar. Veðhafinn mundi halda veðrétti sínum í hinum fráskilda hluta eignarinnar eftir sem áður, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 29.

Ákvæði þessarar frumvarpsgreinar hagga ekki við ákvæðum laga um skipting fasteignaveðslána, nr. 39/1937.

Um 12. gr.

Ekkert er því til fyrirstöðu, og er reyndar mjög algengt, að margir sjálfstæðir hlutir eða mörg sjálfstæð fjárverðmæti séu sett að veði til tryggingar einni og sömu skuldinni. Á Norðurlandamálum hefur slík veðsetning verið kölluð „sameiginlegt veð“ (fellespant, sampant, solidarpant eða korrealpant). Ástæður slíkrar veðtöku eru oftast þær, að hvert einstakt veðandlag nægir ekki til að tryggja viðkomandi kröfu, og þarf því fleiri verðmæti saman til þess að tryggja endurgreiðslu kröfunnar. Er þá bæði til, að hin mismunandi veðandlög eru í eigu sama veðþola eða þau eru í eigu fleiri veðþola en eins; þau geta ýmist verið sömu eða ólíkrar tegundar; og um sameiginlegt veð getur verið að ræða, þótt ábyrgð veðþolanna á veðkröfunni sem slíkri sé með ólíkum hætti.

Á ýmis álitaefni getur reynt, þegar um sameiginlegt veð er að ræða. Þau helstu eru, hvort veðhafi þurfi að ganga að öllum veðandlögunum samtímis eða hvort honum sé heimilt að ganga að hverju þeirra fyrir sig og þá eftir atvikum í ákveðinni röð; hvernig háttað er endurkröfurétti veðþolanna sín í milli; og hvað verður um veðréttindi annarra kröfuhafa, þegar tiltekinn veðhafi leitar fullnustu í ákveðnu veðandlagi fyrir stærri hluta kröfu sinnar en á endanum hefði átt að lenda á því veðandlagi.

Um 1. mgr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um veðtöku með framangreindum hætti, og er hún þar kölluð sameiginlegt veð. Reglan, sem þar kemur fram, er í samræmi við gildandi rétt, því talið hefur verið, að eigi veðhafi veðrétt í fleiri eignum fyrir sömu veðskuld, sé honum frjálst að ganga að hverri þeirra, sem hann vill til fullnustu veðskuldinni, sbr. Hrd. 1936. 348. Hann getur þannig gengið að einni eigninni til fullnustu allrar kröfunnar eða þeim fleirum saman. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 42.)

Er hér í raun um sama fyrirkomulag að ræða og þegar fleiri einstaklingar eru solidariskt ábyrgir fyrir greiðslu sömu skuldarinnar. Hefur slíkt á Norðurlandamálum verið nefnt „solidarisk pantheftelse" eða „tinglig solidaransvar". Veðkröfunni er með öðrum orðum ekki skipt þannig, að veðhafi geti einvörðungu leitað fullnustu í tilteknu veðandlagi fyrir ákveðnum hluta kröfu sinnar. Skal í þessu sambandi bent á ákvæði 209. gr. siglinglaganna, en þar segir, að sá, sem hafi fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, geti gengið að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Í reglu frumvarpsgreinarinnar felst, að það er að meginstefnu til háð ákvörðun veðhafa, hvort hann gengur að öllum veðandlögunum samtímis eða að hverju þeirra fyrir sig í ákveðinni röð. Ræður þá ákvörðun hans, hvort þau eru boðin upp öll samtímis eða hvert fyrir sig, nema því aðeins að reglur annarra laga takmarki slíkan rétt. Ákvörðunarvaldi veðhafa í þessum efnum eru þó þær skorður settar, að hann verður að ákveðnu marki að taka tillit til hagsmuna annarra, sem réttindi eiga yfir sama verðmæti og beita rétti sínum þannig, að hann valdi ekki öðrum óþarfa tjóni.

Regla 1. mgr. 12. gr. er frávíkjanleg. Er aðilum því heimilt að semja um takmarkanir í þessum efnum, m.a. með tilliti til þess fyrir hversu stórum hluta kröfu hægt er að leita fullnustu í tilteknu veðandlagi; í hvaða röð veðhafi skal leita fullnustu í fleiri veðandlögum o.s.frv.

Taka verður afstöðu til þess hverju sinni, þegar á reynir, hvað telst sjálfstætt fjárverðmæti í skilningi 1. mgr. 12. gr. Ef rekstrartæki eru t.d. veðsett með fasteign þeirri, þar sem rekstur fer fram, sbr. t.d. 24. gr. frumvarpsins, eru rekstrartækin í raun ósjálfstæður hluti sama veðandlagsins. Slík tilvik falla ekki undir ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Um sameiginlegt veð í skilningi greinarinnar er hins vegar að ræða, þegar veðþoli hefur sett að sjálfsvörsluveði fasteign sína og að auki til tryggingar sömu kröfu sett að handveði veðbréf. Þá er og um sameiginlegt veð að ræða, þegar fleiri aðilar en einn hafa sett að veði hver sitt veðandlagið.

Ekki er í frumvarpsgreininni berum orðum fjallað um endurkröfurétt eins veðþola á hendur öðrum, þegar svo hagar til, að veðhafi neytir valréttar síns skv. 1. mgr. 12. gr. Þegar kröfuhafi (C) fær greiðslu þá, sem honum ber, og veðrétturinn átti að tryggja, er tilgangi veðréttarins náð, og fellur hann þá niður. Þetta á fyrst og fremst við, ef það er skuldarinn sjálfur (B) sem greiðir. Ef þriðji maður (A) greiðir veðskuldina, er talið samkvæmt gildandi rétti, að veðrétturinn haldist í sumum tilvikum. Ef þriðji maður (A) greiðir vegna þess, að honum bar skylda til þess, hann er t.d. ábyrgðarmaður að skuld, eða vegna þess að hann gætti réttmætra hagsmuna sinna, er hann greiddi, þá er talið, að

hann fái aðgangskröfu á hendur skuldaranum (B), og er almennt talið, að aðgangskröfunni (þ.e. kröfu A á hendur B) fylgi sömu tryggingarréttindi og þau, er fylgdu hinni innleystu kröfu (þ.e. kröfu C á hendur B). Nýtur greiðandinn (A) þá sama veðréttar og sá maður naut, sem hann greiddi til (þ.e. C), og sé hin innleysta krafa forgangskrafa við gjaldþrot, gegnir hinu sama um endurkröfuna, sbr. t.d. Hrd. 1987.693, sjá Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 71; Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 99–100, og Henry Ussing, Obligationsretten, 4. útg., bls. 19. Er við það miðað, að sömu reglur og hér voru raktar, gildi, ef frumvarp þetta verður að lögum, og má segja, að slíka reglu leiði þá af ákvæðum 1. mgr. 12. gr.

Rök þeirrar reglu, að tryggingarréttindi fylgi endurkröfunni í framangreindum tilvikum (þ.e. kröfu A á hendur B) hafa m.a. verið talin þau, að með þessum hætti verði endurkröfurétturinn virkari. Auk þess hefur verið bent á, að aðrir kröfuhafar verða ekki verr settir en þeir hefðu orðið, ef upphaflegur kröfuhafi (C) hefði sjálfur haldið sig að viðkomandi skuldara (B), sjá t.d. Ussing, Obligationsretten, bls. 19. Sá veðþoli, sem greiðir til veðhafa, meira en honum bar samkvæmt innbyrðis réttarsambandi veðþolanna, á rétt til endurgreiðslu þess, sem umfram er frá hinum veðþolunum, og er þá sanngirnismál, að hann eigi veðrétt fyrir endurkröfu sinni.

Um 2. mgr.

Ef val veðhafa skv. 1. mgr. 12. gr. ætti að ráða úrslitum um það, hver af fleiri eigendum eða fleiri veðþolum skal að lokum bera byrðarnar af greiðslunni til veðhafa, mætti segja, að tilviljun ein réði í þeim efnum. Þá kynnu menn að freistast til þess að bjóða veðhafa borgun fyrir að leita ekki fullnustu í veðandlagi í eigu þeirra eða í veðandlagi, sem þeir eiga síðari veðrétt í. Sú aðstaða, sem hér kemur upp, er í raun sú sama, og þegar um persónulega „solidariska“ ábyrgð á greiðslu kröfu er að ræða, og það hefur lent á einum eða fleiri aðilum að greiða alla skuldina. Því er eðlilegt, að viðbrögðin séu hin sömu í báðum tilvikum af hálfu löggjafans, þ.e. reynt að koma í veg fyrir óheppilegar afleiðingar af valrétti kröfuhafa með því að mæla fyrir um reglur, sem gilda skulu um eftirfarandi uppgjör. Tilgangur endurkröfunnar er í báðum þessum tilvikum að dreifa þunganum af greiðslunni á einstaka eigendur og síðari veðhafa, þannig að niðurstaðan verði, eftir því sem kostur er, í sem bestu samræmi við innbyrðis réttarsamband þeirra.

Í 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um innbyrðis réttarstöðu þeirra, sem hagsmuna eiga að gæta í einstökum veðandlögum, þegar um sameiginlegt veð er að ræða. Byggir ákvæðið á því, að veðhafi neyti réttar síns skv. 1. mgr. 12. gr. til þess að ganga einvörðungu að einu veðandlaginu. Getur slíkt augljóslega haft áhrif á réttindi annarra, sem hagsmuni eiga í því veðandlagi, sem fullnustu er leitað í, þ.e. bæði eigandans og þeirra, sem eiga réttlægri veðréttindi, síðari veðhafa.

Í 2. mgr. 12. gr. kemur fram sú regla, að hafi veðhafi fengið fullnustu í aðeins einu veðandlaginu fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim, sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila skyldi falla á það veðandlag, eigi aðrir veðhafar í því veðandlagi, og eftir atvikum eigandinn sjálfur, rétt til þess að ganga inn í veðréttinn í öðrum veðandlögum fyrir því, sem umfram er. Ákvæðið á við, hvort heldur sem veðþoli greiðir af fúsum og frjálsum vilja eða fullnustuúrræðum hefur verið beitt.

Regla 2. mgr. 12. gr. byggir á því, eins og áður segir, að veðhafi hafi neytt þess réttar síns skv. 1. mgr. að leita eingöngu fullnustu í einu af mörgum veðandlögum fyrir allri veðkröfunni. Vera kann, að veðandlögin séu í eigu mismunandi aðila eða eins og sama aðilans, en aðstaðan sé hins vegar þannig, að á hinum einstöku veðandlögum hvíli önnur og ólík veðréttindi. Af valrétti veðhafa getur þá leitt, að hann fái í einu veðandlag-

inu annaðhvort fullnustu allrar kröfu sinnar eða a.m.k. fyrir stærri hluta veðkröfunnar en þeim, sem samkvæmt réttarsambandi milli aðila skyldi falla á það veðandlag.

Af 2. mgr. 12. gr. leiðir, að endurkröfuveðréttur samkvæmt þeirri grein getur orðið virkur, þótt veðandlög þau, sem standa til fullnustu ákveðinni kröfu, séu **í eigu sama aðilans.** Í slíkum tilvikum eru það síðari veðhafar, sem geta gert kröfu til endurkröfuveðréttar samkvæmt ákvæðinu í öðrum veðandlögum, þegar val fyrri veðhafa leiðir til þess, að þeir fá ekki að fullu greiðslu af andvirði þess veðandlags, sem fyrri veðhafi hefur leitað fullnustu í. Af „... réttarsambandinu milli aðila ...", þ.e. milli fyrri veðhafa (samveðhafa) og síðari veðhafa, verður yfirleitt ekkert ráðið um inntak endurkröfunnar, en sú frávíkjanlega regla hefur verið orðuð í norskum rétti, að síðari veðhafi eigi þá rétt til þess í gegnum endurkröfuveðrétt sinn að verða eins settur og hann hefði orðið, ef fyrri veðhafi (samveðhafi) hefði fengið hlutfallslega fullnægju af öllum veðandlögunum (Sjur Brækhus, Omsetning og kreditt, 2, bls. 182).

Ef veðandlögin eru **í eigu mismunandi aðila**, sem einnig eru persónulega ábyrgir fyrir greiðslu skuldarinnar, gilda um uppgjör endurkröfuveðréttarins sömu reglur og um hina persónulega endurkröfu. (Sjur Brækhus, bls. 182.)

Oftast yrði það án efa eigandi veðandlags, sem kemur til með að beita endurkröfuveðrétti skv. 2. mgr. 12. gr. En ekkert er því til fyrirstöðu, eins og áður er fram komið, að annar veðhafi í því veðandlagi, sem fullnustu var leitað í, geti beitt endurkröfuveðrétti samkvæmt ákvæðinu, þegar veðréttur hans hefur þrengst eða er að engu orðinn vegna fullnustunnar.

Ákvæði 2. mgr. 12. gr. leiðir til þess, eins og áður segir, að aðrir veðhafar í því veðandlagi (Y), sem fullnustu var leitað í og því næst eigandi þess, ganga inn í veðrétt veðhafa í öðru veðandlagi (X) fyrir þeim hluta veðkröfunnar, sem samkvæmt réttarsambandinu milli aðila hefði átt að falla á þetta veðandlag (X), þ.e. fyrir þeim hluta veðkröfunnar, sem greiddur hefði verið af söluandvirði (X), ef veðhafi hefði einnig gengið að því.

Til skýringar því, hvernig regla 2. mgr. 12. gr. getur virkað í framkvæmd, skal nefnt eftirfarandi dæmi:

A og B skulda C sameiginlega 500.000 kr. Til tryggingar skuldinni hefur C veð í fasteigninni (X), sem er eign A, og að auki veð í fasteigninni (Y), sem er í eigu D, ættingja B. Síðar er eignin (Y) veðsett E á öðrum veðrétti. Skuldin við C lendir í vanskilum, og C ákveður að leita einvörðungu fullnustu í (Y), þar sem verðmæti þeirrar eignar nægir til þess að C fái kröfu sína greidda að fullu.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins gengur E fyrst og því næst D inn í veðrétt C í eigninni (X) fyrir þeim 250.000 kr., sem gengið er út frá að sé sú fjárhæð, sem greidd hefði verið af söluandvirði eignarinnar (X), ef C hefði gengið að báðum eignunum og þær hefðu hvor um sig selst fyrir 250.000 kr. eða hærri fjárhæð.

Það skiptir ekki máli í dæminu hér að framan varðandi endurkröfuveðrétt skv. 2. mgr. 12. gr., þótt D samkvæmt réttarsambandi aðila beri enga ábyrgð á greiðslu veðkröfunnar sem slíkrar, en A sé hins vegar ábyrgur fyrir greiðslu allrar skuldarinnar. Hér hefur D orðið fyrir útgjöldum sem eigandi veðandlags en ekki sem skuldari veðkröfunnar. Endurkröfuveðréttur sá, sem um er fjallað í 2. mgr. 12. gr. er veðréttur en ekki persónuleg krafa. Hvort persónuleg krafa fylgir jafnframt, lýtur ekki ákvæðum 2. mgr. 12. gr. heldur öðrum lögmálum. Regla 2. mgr. 12. gr. gildir því án tillits til þess, hvort sem sá, sem endurkröfuveðrétt á, er persónulega ábyrgur fyrir umræddri skuld og hvort sem persónuleg krafa fylgir endurkröfuveðrétti hans eða ekki.

Rökin, sem búa að baki reglu 2. mgr., eru þau að það eigi ekki að vera undir vali veðhafa á fullnustuaðferð komið, hver á endanum eigi að bera ábyrgð á greiðslu veðkröfunnar eða á hvern hátt ábyrgðin skiptist, þegar um fleiri ábyrga er að ræða.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið á um forgangsáhrif, þegar svo hagar til, að fleiri en einn eiga veðrétt í sama fjárverðmæti. Meginregla sú, sem frumvarpið byggir á, er í samræmi við gildandi ákvæði íslenskra laga um forgangsáhrif ósamrýmanlegra réttinda, þ.e. að eldri réttur gangi fyrir yngra rétti (prior tempore, potior jure), en sú regla er ekki einskorðuð við veðréttindi. Það er aðeins í undantekningartilvikum, sem á meginregluna reynir, þ.e. þegar fleiri en einn eiga veðrétt í sömu eign og enginn hefur aflað rétti sínum verndar, t.d. með þinglýsingu í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

Ýmis atriði geta samkvæmt gildandi reglum og frumvarpinu leitt til frávika frá meginreglu þessari. Í fyrsta lagi er það svo, að koma verður við ákveðnum tryggingarráðstöfunum til verndar tilteknum réttindum. Þannig er það skilyrði réttarverndar handveðréttinda, að umráðasvipting eigi sér stað, og samkvæmt þinglýsingalögum verður að þinglýsa réttindum yfir fasteign til þess að þau haldi gildi sínu gagnvart grandlausum viðsemjendum og gagnvart skuldheimtumönnum eiganda. Rétthafi, sem ekki tryggir réttindi sín með slíkum ráðstöfunum, getur átt það á hættu að réttur hans verði að víkja. Yngri viðsemjendur, sem vita um tilvist eldri óþinglýstra réttinda, verða þó að virða hin eldri réttindi, sbr. 19. og 29. gr. þinglýsingalaga. (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57.) Frumvarpið byggir einnig á þessu sjónarmiði. Af öðrum lagaákvæðum, sem hér geta haft þýðingu, skal einnig minnt á 32. gr. þinglýsingalaga, en samkvæmt þeirri grein er réttarvernd lögveðréttinda ekki háð þinglýsingu, nema lög áskilji annað.

Í öðru lagi er lagt til grundvallar í frumvarpsgreininni, að með samningi sé unnt að kveða á um, hvar í forgangsröð veðhafi skuldi standa. Veðhafi getur þannig samið um það við eiganda veðandlagsins, að hann standi að baki ákveðinni fjárhæð eða að baki ákveðinni kröfu. Veðhafi getur einnig samið um það gagnvart öðrum veðhöfum, að hann skuli standa annars staðar í forgangsröð, en hann á rétt til samkvæmt almennum reglum, hvort heldur sem er með alla kröfu sína eða einvörðungu hluta hennar. Af slíkum samningsákvæðum getur þá leitt, að eldri rétthafi standi að baki yngri rétthafa. Skal í þessu sambandi bent á 1. mgr. 12. gr. þinglýsingalaga: „Nú gefur veðhafi ... eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti ... eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum ...“ Byggir frumvarpið á því sama sjónarmiði og þarna kemur fram, þ.e. að semja megi um aðra forgangsröð réttinda, en leiða mundi af almennum reglum, sjá Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 57.

Ef tveir eða fleiri ósamrýmanlegir samningsveðréttir eru afhentir til þinglýsingar sama dag, eru þeir jafnstæðir að þinglýsingargildi, sbr. 2. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu, að aðilar semji um að standa samhliða á tilteknum veðrétti, þótt ekki sé orðuð um það sérstök regla. Þegar tveir eða fleiri veðhafar hafa samið um það að standa samhliða á ákveðnum veðrétti, er yfirleitt um það samið þeirra í milli eða leiðir af forsendum samnings, í hve stórum hluta af verðmæti veðandlagsins hver um sig getur leitað fullnustu í. Skal í þessu sambandi minnt á ákvæði 1. mgr. 38. gr. aðfararlaganna nýju, þar sem fram kemur sú meginregla, að ekki skuli taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur að nægja muni fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Um 14. gr.

Þótt ekki sé við sett lagaákvæði að styðjast, hefur verið talið í íslenskum rétti, að veðhafi geti með vissum skilyrðum leyst til sín veðréttindi annarra veðhafa, sem veð eiga í sömu eign, þ.e. leyst þá út. Útlausnarréttur af þessu tagi hefur verið talinn eiga rætur sínar að rekja til fullnustuaðferða á fyrri tímum, sem fólust í því, að veðhafi tók veðið til eignar. Þegar síðari veðhafi gekk að veðinu í slíkum tilvikum, var óhjákvæmilegt að það gerðist með þeim hætti, að hann leysti fyrri veðhafa út.

Það eru einkum síðari veðhafar, sem hagsmuni geta haft af því að leysa til sín veðréttindi fyrri veðhafa, enda getur staða þeirra orðið ótrygg, þegar fyrri veðhafar leita fullnustu. Þjóna reglur um útlausn þá þeim tilgangi að stöðva framhald fullnustuaðgerðar, sem byrjað hefur.

Óljóst hefur þótt samkvæmt íslenskum rétti, hver eru hin nánari skilyrði slíks útlausnarréttar. Þó hefur verið talið, að ekki komi til greina að viðurkenna útlausnarrétt, fyrr en veðkrafa sú, sem útlausnin beinist að, er komin í gjalddaga. Það eitt hefur þó ekki verið talið nægjanlegt, og er yfirleitt við það miðað, að útlausnarréttur geti því aðeins átt rétt á sér, að veðhafi sá, sem útlausnin beinist að, hafi byrjað fullnustuaðgerðir, sjá Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 64, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 50.

Í 14. gr. frumvarpsins er fjallað um útlausnarrétt, skilyrði hans og forgangsrétt, þegar fleiri veðhafar vilja neyta útlausnarréttar. Í 1. mgr. er við það miðað, að útlausnarrétti verði ekki beitt, fyrr en veðhafi sá, sem útlausnin beinist að, hefur sett fram beiðni um nauðungarsölu. Felst að öllum líkindum í þessu, að hert er á skilyrðunum, því samkvæmt frumvarpsgreininni nægir ekki, að t.d. beiðni um aðför hafi verið sett fram. Þá er það skilyrði sett, að veðhafi, sem beita vill útlausnarrétti, verði að gera skuldina upp að fullu, þ.e. með greiðslu hennar allrar í reiðufé. Þannig mundi það ekki nægja, að einungis yrði gerður upp sá hluti skuldar, sem er í vanskilum.

Sá sem beitir útlausnarrétti og leysir kröfu til sín tekur yfir bæði veðkröfuna og hinn útleysta veðrétt, þ.e. hann gengur að öllu leyti inn í rétt hins og nýtur framvegis sama veðréttar og hann. Með þessu er komið í veg fyrir, að veðréttindi síðari veðhafa færist upp.

Það eru bæði fyrri veðhafar, þeir sem eiga samhliða veðrétt og síðari veðhafar, sem neytt geta útlausnarréttar. Vilji fleiri en einn neyta réttarins, gengur sá fyrir, sem fremstur er í forgangsröð. Oftast eru það án efa síðari veðhafar, sem mesta hagsmuni hafa af því að beita útlausnarrétti, en vel eru þau tilvik hugsanleg, að fyrri veðhafi geti haft hagsmuni af því að leysa til sín veðréttindi síðari veðhafa. Þegar um samhliða veðrétt er að ræða, á hvorugur forgangsrétt fram yfir hinn. Afleiðingin hlýtur þá að vera sú, að báðir geti gert kröfu til þess að beita útlausnarrétti.

Um II. kafla.

Kaflinn hefur að geyma sérreglur um samningsveð í fasteignum. Sumar reglur kaflans hafa verið taldar gilda ólögfestar hér á landi, t.d. ýmsar reglur, sem fram koma í 15.–19. gr. Þá er að finna í kaflanum reglur, sem óljóst er hvort gilt hafi hér á landi, sbr. ákvæði 20. gr. um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en um það efni, sem 20. gr. fjallar um, hefur dómaframkvæmd verið á reiki og fræðiskoðanir óljósar, svo sem nánar verður rakið í athugasemdum við 20. gr.

Samningar um afnotaveð hafa aldrei verið tíðkaðir að neinu ráði hér á landi. Víða erlendis var þess háttar veðsetning hins vegar tíðkuð, og hún fólst í því, að menn notuðu afnotasamninga í tryggingarskyni. Veðþoli fékk þá veðhafa eign til umráða, þannig að veðhafi mátti hirða af henni arðinn, annaðhvort sem afborgun af höfuðstól veðskuldarinnar eða sem vexti af henni eða sem hvort tveggja. Þessarar tegundar veðsetningar gætti mest á síðari hluta miðalda, m.a. vegna þess, að með þessum hætti töldu menn sig hafa fundið leið til þess að komast í kringum bann kirkjulaga við því að taka vexti af dauðu fé, sjá t.d. Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 3–4.

Í norsku veðlögin frá 1980 voru tekin upp ákvæði um afnotaveð. Þótti ekki ástæða til þess að girða fyrir heimildir manna til þess að semja um þess háttar veðsetningar. Ekki þykir í frumvarpi þessu ástæða til þess að fylgja fordæmi norsku veðlaganna að þessu leyti, enda hefur þörf fyrir slíka veðsetningu ekki gert sérstaklega vart við sig hér á landi. Þá er og til þess að líta, að veðþoli og veðhafi eiga þess kost að semja um aðrar fullnustuaðferðir í fasteignum en þær, sem tíðkanlegar eru. Má hér sem dæmi nefna aðferðir eins og þær, að veðið falli til veðhafa eftir mati eða fyrir fyrir fram ákveðið verð, eða að það falli til hans án endurgjalds. Þess ber þó að geta í sambandi við slíka samninga, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936, með síðari breytingum, kunna að setja slíkum samningsákvæðum skorður, auk þess sem hafa ber í huga, að slíkar fullnustuaðferðir hafa ekki sömu réttaráhrif og nauðungaruppboð. Þannig er t.d. talið, að veðréttindi síðari veðhafa standa eftir óhögguð.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins er um það fjallað, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett samkvæmt ákvæðum II. kafla, og hvernig háttað er heimild til veðsetningar afmarkaðra hluta fasteigna, þegar skipting fasteignar er háð samþykki opinberra aðila.

Um 1. mgr.

Í 1. mgr. 15. gr. er tekin afstaða til þess, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett. Er það orðað svo, að eignarréttur yfir fasteign, sérstök réttindi yfir fasteign og eignarhlutdeild í fasteign verði veðsett eftir reglum kaflans.

Með **eignarrétti** í frumvarpsgreininni er átt við hinn beina eignarrétt yfir fasteigninni. **Sérstök réttindi** yfir fasteign geta verið mjög margvísleg, en við það er miðað, að heimildin til veðsetningar slíkra réttinda ráðist almennt af því, hvort um framseljanleg réttindi er að ræða eða ekki. Ef engar takmarkanir gilda á heimildinni til þess að framselja slík réttindi, eru að sama skapi líkur til, að unnt sé að veðsetja réttindin. Með sérstökum réttindum í þessu sambandi er t.d. átt við afnotarétt og veðrétt. **Eignarhlutdeild** í fasteign getur tekið til sameignarréttinda. Sjá um það efni t.d. Hrd. 1986.374 varðandi heimild manns til þess að veðsetja eignarhlutdeild sína í fasteign, sem var í óskiptri sameign hans og annars aðila, en í dómi Hæstaréttar sagði m.a. um það efni: „. . . Var varnaraðila heimilt að veðsetja eignarhluta sinn í hinni óskiptu sameign, enda veitir veðsetningin veðhafa eigi meiri rétt til eignarinnar en veðsali á . . .“, sjá um veðsetningu eignarhlutdeildar í sameign Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 26, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 19.

Takmarkanir kunna að vera á heimild manns til þess að ráðstafa sérstökum réttindum og hlutdeild í sameign, og getur þær ýmist verið að rekja til samnings, sem til slíkra réttinda hefur stofnað eða ákvæða laga. Þannig geta t.d. verið ákvæði um það í samningi, að hlutdeild í sameign verði ekki framseld; hún verði aðeins framseld með samþykki eða einungis framseld tilteknum aðilum, og gildir þá hið sama um veðsetningu. Um

allar slíkar takmarkanir gildir það á hinn bóginn, að sá aðili, sem takmarkanirnar gilda til hagsbóta fyrir, getur veitt samþykki sitt til veðsetningar.

Lög geta takmarkað heimild manns til þess að veðsetja sameignarréttindi og sérstök réttindi með ýmsum hætti. Þannig má um sameignarréttindi sem dæmi nefna, að íbúð í fjöleignarhúsi fylgir hlutdeild í sameign hússins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Skv. 4. mgr. 10. gr. verður slík hlutdeild ekki skilin frá íbúðunum. Hlýtur hið sama þá að gilda um veðsetningu hlutdeildarinnar, þ.e. hún verður ekki veðsett sérstaklega, enda gæti slík veðsetning leitt til aðilaskipta að þeim réttindum.

Hvað varðar lagalegar takmarkanir á heimild til ráðstöfunar sérstakra réttinda yfir fasteign má í dæmaskyni nefna ákvæði V. kafla laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, en kafli þessi fjallar um félagslegar íbúðir. Í almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum getur umsækjandi valið um þrjá kosti: kaup, leigu með kauprétti eða leigu með hlutareign. Skv. 2. mgr. 73. gr. stofnast með leigusamningi með kauprétti persónulegur réttur leigutaka til afnota af íbúð og til kaupa á henni. Er tekið fram, að réttur þessi sé ekki framseljanlegur og erfist ekki. Ef leigutaki tilkynnir, að hann hyggist neyta kaupréttar, skal gerður skriflegur kaupsamningur, sbr. 1. mgr. 74. gr. Réttur kaupanda, sem stofnast við kaupsamning, er persónulegur réttur. Hann er ekki framseljanlegur og erfist ekki, sbr. 6. mgr. 74. gr. Skv. 10. mgr. 74. gr. er kaupanda óheimilt að veðsetja kaupleiguíbúð, meðan hann hefur ekki að fullu greitt framlag til framkvæmdaraðila, nema að fengnu veðleyfi hans.

Um 2. mgr.

Ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins bannar sem slíkt ekki veðsetningu aðgreindra hluta fasteignar. Hins vegar er ljóst, að veðsetning á hluta fasteignar getur leitt til aðilaskipta að þeim hluta. Í einstaka lögum, t.d. 31. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, og 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984, er skipting fasteignar háð samþykki opinberra aðila. Þannig segir í 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, að óheimilt sé á skipulagsskyldum stöðum að skipta löndum og lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum, nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Í 3. mgr. 12. gr. jarðalaga segir, að til að skipta landi jarða og sameiginlegu landi fleiri jarða, til að sameina jarðir og til að leggja lönd eða jarðir til afrétta, þurfi samþykki jarðanefnda og sveitarstjórna og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins. Ákvæði 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins hefur það að markmiði að tryggja, að ekki verði farið í kringum ákvæði sem þessi með því að koma á aðilaskiptum með veðsetningum og nauðungarsölu. Samningar, sem fara gegn fyrirmælum 2. mgr. 15. gr. eru ógildir.

Um 16. gr.

Frumvarpsgreinin afmarkar veðrétt í fasteign, og er ákvæðið frávíkjanlegt, sbr. orðalagið: „Ef annað leiðir ekki af samningi . . .“ Veðrétturinn er afmarkaður á grundvelli veðsamningsins. Ef veðrétturinn er hins vegar síðar framseldur, er ekki útilokað, að framsalshafi hljóti meiri veðréttindi en framseljandi átti. Slíkt gerist hins vegar á grundvelli traustfangsreglna og fellur því utan sviðs 16. gr. Um traustfangsreglur sjá Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 24, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 20.

Ákvæði 16. gr. byggja á þeirri forsendu, að hús, byggingar og önnur mannvirki á lóð séu í eigu veðsala. Ekki er fjallað um veðsetningu mannvirkja, sem eru í eigu annarra en veðsala. Skiptir í slíkum tilvikum mestu máli, hvort réttur þriðja manns nýtur verndar gagnvart veðhafa, eða, ef litið er á málið frá hinu sjónarhorninu, hvort veðhafinn geti unnið traustfangsrétt.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nær veðréttur í fasteign til lands eða lóðar. Er þetta í samræmi við þá skilgreiningu á fasteignarhugtakinu, að fasteign sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt.

Í b-lið 1. mgr. 16. gr. kemur fram sú túlkunarregla, að veðsetning nái til húsa, bygginga og annarra mannvirkja, sem reistar hafa verið eða verða á landi eða lóð. Það er engan veginn sjálfgefið, að veðréttur eigi í þessum tilvikum bæði að ná til þeirra bygginga, sem fyrir hendi eru, þegar til veðsetningar er stofnað, og þeirra, sem síðar eru reistar. Má segja, að veðhafi hljóti með því hagnað, sem hann hefur ekki látið neitt endurgjald fyrir. Til þess er hins vegar að líta, að oftast er það svo, að nýjar byggingar koma í stað eldri, og það gæti leitt til vandkvæða við fullnustuna, ef veðrétturinn nær ekki líka til nýrra bygginga og mannvirkja. Því er lagt til í frumvarpinu, að veðrétturinn nái bæði til þeirra mannvirkja, sem fyrir hendi eru, þegar til veðsetningar er stofnað, og þeirra, sem síðar kunna að verða reistar. Gildir þetta, nema aðilar hafi samið á annan veg. Þessi regla er í samræmi við gildandi rétt, sjá um það efni dóm Landsyfirréttarins í Lyfrd. V. 608, Ólaf Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 37, og Gauk Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 29. Þá verður og að telja reglu þessa í bestu samræmi við 1. mgr. 26. gr. þinglýsingalaganna, en þar kemur fram sú regla, að sá, sem hafi þinglýsta eignarheimild að eign, njóti einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þar á meðal byggingum, sem reistar hafa verið eða **reistar verða** á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa, eins og segir í því ákvæði.

Við ákvörðun þess, hvað séu hús, aðrar byggingar og mannvirki á landi eða lóð í skilningi 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins, hlýtur meginviðhorfið að vera, hvort byggingarnar eða mannvirkin eru af varanlegri gerð, þannig að verðmæti þeirra sé að miklum mun meira sem hluti fasteignarinnar en sem sjálfstætt verðmæti.

Við ákvörðun þess, hvað sé venjulegt fylgifé fasteignar í skilningi c-liðar 1. mgr. 16. gr. verður að byggja á hefðbundnum sjónarmiðum um það, hvað telst fylgifé fasteigna við kaup og sölu þeirra.

Ákvæði d-liðar 1. mgr. 16. gr. tekur til sameignarréttinda, afnotaréttinda, félagsréttinda og annarra réttinda, sem heyra til hinni veðsettu eign. Hins vegar tekur ákvæðið ekki til slíkra réttinda, er heyra eigandanum til sem persónulegur réttur hans.

Um 17. gr.

Í 17. gr. frumvarpsins er fjallað um veðsetningu í varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landinu er. Þeir samningar, sem hér munu án efa tíðast falla undir, eru hinir svokölluðu grunnleigu- og þá einkum erfðafestusamningar, þar sem land er selt á leigu, m.a. til bygginga.

Í frumvarpsgreininni felst sú regla, að veðsetning á varanlegum afnotarétti til lands og húsa o.fl., sem á landi eru, taki til allra þeirra réttinda, sem veðsali nýtur samkvæmt afnotasamningi. Er þá að sjálfsögðu lagt til grundvallar, að um sé að ræða afnotaréttindi, sem séu framseljanleg.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. þinglýsingalaga gildir sú regla, að erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, sem leigurétturinn tekur til, nema annars sé sérstaklega getið. Er regla 17. gr. frumvarpsins í samræmi við umrætt ákvæði þinglýsingalaga.

Mjög er það misjafnt varðandi einstakar tegundir afnotasamninga, hvort réttindi samkvæmt þeim eru framseljanleg eða ekki samkvæmt reglum, er um slíka samninga gilda. Verður við beitingu þessa ákvæðis að hafa slíkar reglur að leiðarljósi. Skal í því sambandi annars vegar bent á grunnleigusamningana. Er leigutaka slíkra samninga að jafnaði heimilt að veðsetja og selja hús og mannvirki á leigulóðinni ásamt leiguréttindum. Samkvæmt 44. gr. húsaleigulaga, nr. 36/1994, gildir hins vegar sú meginregla, að leigjanda er óheimilt að framselja leigurétt sinn eða framleigja hið leigða húsnæði án samþykkis leigusala.

Um 18. gr.

Samkvæmt 11. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, er hver eignarhluti í fjöleignarhúsi, ásamt því sem honum fylgir sérstaklega og eignarhluta í sameign, sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna. Ákvæði 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins fjallar um veðsetningu slíkrar fasteignar (t.d. íbúðar). Nær veðsetningin annars vegar til þeirrar einingar (íbúðar), sem veðsali á eignarrétt að, þ.e. séreignar hans, og hins vegar nær veðsetningin til þeirrar hlutdeildar, sem viðkomandi eining á í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi. En eins og rakið var í skýringum við 15. gr. verður hlutdeild í sameign fjölbýlishúss ekki skilin frá íbúðunum, og af því leiðir, að hlutdeildin verður heldur ekki veðsett sérstaklega, enda gæti það leitt til aðilaskipta.

Lög um fjöleignarhús, nr. 26/1994, gilda jafnt um íbúðarhús og annað húsnæði en íbúðarhús, svo sem atvinnu- og verslunarhúsnæði.

Um 19. gr.

Sjálfsvörsluveðsetning er sú aðferð við veðsetningu fasteigna, sem nánast eingöngu er tíðkuð hér á landi. Þó er í sjálfu sér talið heimilt að handveðsetja fasteignir þannig að veðhafi fái umráð fasteignar. Er þá talið, að gæta verði þinglýsingarreglna til þess að veðrétturinn njóti fullkominnar réttarverndar og að umráðasvipting ein sér geti ekki komið að gagni. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 37.)

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 voru uppi hugmyndir um að leiða í lög, að sjálfsvörsluveðsetning væri eina aðferðin, sem leyfilegt væri að viðhafa, þegar um veðsetningu fasteigna væri að ræða. Frá því var þó horfið. (Ot. prp. nr. 39, 1977–78, bls. 102.)

Þótt handveðsetning fasteigna sé án efa ekki mjög raunhæft tilvik, þykir ekki ástæða til í nýjum veðlögum að banna veðsetningu þeirra með þeim hætti. Má og benda á, að í kringum slíkt veðsetningarbann væri auðvelt að fara með samningi, sem væri einhvers konar sambland af sjálfsvörsluveðs- og leigusamningi. Því byggir frumvarpið á þeirri forsendu, að handveðsetning fasteigna sé í sjálfu sér heimil, þótt ekki sé það sagt berum orðum í frumvarpinu.

Það, sem hins vegar skiptir mestu máli, er að taka af skarið um það, hverra tryggingarráðstafana er þörf við veðsetningu fasteigna. Samkvæmt því segir í 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins, að veðréttur í fasteign öðlist réttarvernd við þinglýsingu í fasteignabók. Á það við, hvort heldur sem fasteign er sett að sjálfsvörslu- eða handveði. Í síðari málslið 1. mgr. felst sú líkindaregla, að veðréttur í fasteign sé sjálfsvörsluveðréttur. Það verður því að semja um það sérstaklega, ef veðhafinn á að hafa einhver umráð hins veðsetta.

Um heimild til framsals á veðrétti í fasteign gilda almenn ákvæði 10. gr. frumvarpsins. Á það skal minnt í þessu sambandi, að í 30. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, kemur fram sú regla, að hafi veðbréfi verið þinglýst, þarf ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gernings (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar stofnað er til hennar með því að setja veðbréfið að handveði.

Um 20. gr.

Eins og áður er fram komið, hefur dómaframkvæmd verið á reiki um það hér á landi, að hve miklu leyti kaupandi fasteignar, sem tekur að sér greiðslu áhvíldandi veðskuldar, verður jafnframt persónulegur skuldari umræddrar skuldar. Úrlausn þessa getur haft þýðingu, þegar þannig hagar til, að verðmæti veðandlagsins nægir af einhverjum ástæðum ekki til fullnustu þeirrar kröfu, sem veðið átti að tryggja.

Í gömlum dómi, Hrd. 1936.294, var talið, að kaupandi fasteignar, sem tók að sér greiðslu áhvílandi veðskuldar, hefði orðið persónulega skuldbundinn gagnvart kröfuhafa. Var talið, að sú skuldbinding hefði stofnast við það, að kaupandinn tók við afsali fyrir hinni veðsettu eign með ákvæði þess efnis, að hann skyldi taka að sér greiðslu skuldarinnar, og lét þinglýsa afsalinu. Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 56 og 61) féllst ekki á þá niðurstöðu. Taldi Ólafur, að til þess að veðhafi fengi persónulega kröfu á hendur hinum nýja eiganda, yrði annaðhvort nýi eigandinn að taka að sér skuldina gagnvart veðhafanum eða fyrri eigandinn að hafa framselt veðhafanum rétt sinn gagnvart hinum nýja eiganda.

Árið 1981 gekk í Hæstarétti dómur, Hrd. 1981.1040, sem veitti vissa vísbendingu um, að á því væri byggt í íslenskum rétti, að samþykki kröfuhafa væri forsenda þess, að slík skuldaraskipti gætu orðið. Í atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar í Hrd. 1983.691 var hins vegar komist að gagnstæðri niðurstöðu, þ.e. byggt á sömu reglu og í Hrd. 1936.294. Sagði í þeim dómi m.a.:

„. . . Af dómi Hæstaréttar 10. júní 1936 (Hrd. VII. bindi, bls. 294) þykir mega draga þá ályktun, að kaupandi fasteignar, sem tekur að sér í kaupsamningi eða afsali, sem hann lætur þinglýsa, greiðslu veðskuldar, sem á hinni seldu eign hvílir, verður við kaupin eigi aðeins veðþoli, heldur einnig samskuldari að veðskuldinni, þó að hinn fyrri skuldari verði að sjálfsögðu ekki leystur undan skuldbindingu sinni, nema skuldareigandi samþykki . . .“

Á því álitaefni, sem hér um ræðir, hefur í nokkrum tilvikum verið tekið í sérlagaákvæðum, er gilda um ákveðnar lánastofnanir og sjóði. Það einkennir efni flestra þessara lagaákvæða, að lánveitanda, sem veitt hefur lán gegn veði í þar tilgreindum veðandlögum, er heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða að hluta, ef eigendaskipti verða að veðandlaginu:

1. Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa, nr. 60/1928.

Í 11. gr. laganna segir, að heimilt sé veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti. Í 12. gr. segir, að vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skuli hann leita samþykkis landsbankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Sambærileg ákvæði eru í lögum nr. 122/1935 og nr. 94/1941 um sama efni, svo og lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Reglur laga nr. 73/1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, eru hins vegar með öðrum hætti. Í 2. mgr. 11. gr. segir, að verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skuli kaupandi þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin, og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði. Er slík lánsyfirtaka ekki stimpilskyld. Í 12. gr. eru talin ýmis atvik, sem valda því, að bankastjórn er heimilt að að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins og án uppsagnar, og meðal þeirra atvika er það, að nýr kaupandi vanrækir að taka lánið að sér.

Lög þessi hafa nú verið felld úr gildi, sbr. 14. gr. laga nr. 118/1990 og 101. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

2. Lög um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, nr. 48/1966.

Í 10. gr. er ákvæði þess efnis, að heimilt er að heimta lán endurgreitt að nokkru eða fullu, ef eigendaskipti verða að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni.

3. Lög um Iðnlánasjóð, nr. 76/1987.

Í 25. gr. þeirra laga segir, að verði eigendaskipti að eign, sem veðsett sé Iðnlánasjóði, sé stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skuli bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

4. Lög um Stofnlánadeild samvinnufélaga, nr. 45/1972.

Samkvæmt 10. gr. þeirra laga er heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða fullu, ef eigendaskipti verða að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni.

5. Lög um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1976.

Samkvæmt 21. gr. laganna er heimilt að telja lán eða eftirstöðvar fallnar í gjalddaga án uppsagnar „. . . við eigendaskipti að veði fyrir láni . . .“.

6. Lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, nr. 34/1979.

Í 9. gr. laganna segir: „Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir . . .“ Lög þessi eru nú fallin úr gildi, sbr. 101. gr. laga nr. 43/1993.

7. Lög um Landflutningasjóð, nr. 62/1979.

Þar segir í 6. gr., að verði eigendaskipti að eign, sem veðsett sé landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, sé stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skuli bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.

8. Reglugerð um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti, nr. 467/1991.

Í 15. gr. reglugerðarinnar segir, að verði eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbréfadeildarinnar, skuli liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hafi húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

Auk framangreindra lagákvæða skal þess getið, að ýmsar lánastofnanir hafa í stöðluðum lánssamningsformum sínum ákvæði þess efnis, að heimilt sé að fella skuld í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar, m.a. ef eigendaskipti verða að veðinu, sem valda skuldaraskiptum án samþykkis veðhafa. Í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er slík ákvæði ekki að finna, en lengi vel voru í veðsamningum lífeyrissjóðsins ákvæði þess efnis, að heimilt væri að gjaldfella lán, ef eigendaskipti yrðu að eign veðsettri sjóðnum. Slíkan áskilnað er ekki lengur að finna í stöðluðum veðskjölum sjóðsins, en eftir sem áður lítur sjóðurinn svo á, að upphaflegur lántaki sé ekki laus undan persónulegri skuldbindingu sinni gagnvart sjóðnum, nema samþykki sjóðsins komi til. Í f-lið 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins er það gert að skilyrði fyrir eindögun veðskuldar í tilefni eigendaskipta að veðandlaginu, að veðhafi hafi áskilið sér heimild til eindögunar í veðbréfi.

Fyrir gildistöku veðlaganna í Noregi árið 1980 var talið, að með yfirtöku veðskuldar í kaupsamningi tæki kaupandi fasteignar á sig persónulega ábyrgð á greiðslu veðskuldarinnar, þótt ekki kæmi til sérstakt samþykki kröfuhafa. Gat kröfuhafi samkvæmt því byggt rétt á samningi skuldara og þriðja manns og valið á milli þess, hvort hann beindi kröfu sinni að upphaflegum skuldara eða hinum nýja eiganda. Kröfuhafi var hins vegar bundinn af vali sínu, og ef hann t.d. valdi hinn nýja eiganda, varð sá skuldbundinn gagnvart kröfuhafa og hinn fyrri eigandi varð laus úr persónulegri ábyrgð sinni.

Í Danmörku hefur gagnstæð regla við hina eldri norsku reglu lengi gilt, sbr. 2. mgr. 39. gr. þinglýsingalaganna dönsku, þ.e. að kröfuhafi getur ekki byggt beinan rétt á samningi skuldara og þriðja manns. Frá meginreglunni eru þó undantekningar, sem fram koma í 1. mgr. 39. gr. þinglýsingalaganna, en þar segir, að taki kaupandi fasteignar (framsalshafi) í samningi við seljanda (framseljanda) yfir veðskuld í eign, og sé ákvæði þess efnis í bréfinu, að skuldin gjaldfalli ekki, þrátt fyrir eigendaskipti að veðandlaginu, sé framsalshafinn, þegar hann hefur fengið þinglýst afsali, skuldbundinn í stað framseljandans og hinn síðarnefndi laus undan skuldbindingum sínum gangvart veðhafa. Þó getur veðhafi krafið fyrri eiganda um allar greiðslur samkvæmt veðskuldabréfinu, meðan veðhafinn hefur ekki móttekið tilkynningu um yfirtökuna og þinglýsingu afsals til kaupanda ásamt nauðsynlegum gögnum því til sönnunar. Framseljandi getur krafist þess, að veðhafinn áriti veðskuldabréfið um skuldaraskiptin. Í 2. mgr. 39. gr. kemur fram, að í öðrum tilvikum en þeim, sem greinir í 1. mgr. 39. gr., öðlist skuldayfirtaka fyrst gildi gagnvart veðhafa, að gerður sé um það efni samningur milli veðhafa og hins nýja eiganda um yfirtöku skuldarinnar. Slíkum samningi verður komið á með áritun á skuldabréfið.

Við gildistöku veðlaganna í Noregi árið 1980 tóku Norðmenn upp breyttar reglur um yfirtöku veðskuldar í fasteignakaupum. Inntak hinnar nýju reglu er í meginatriðum það, að seljandi og kaupandi fasteignar geta ekki einhliða ákveðið skuldaraskipti án alls atbeina frá kröfuhafa. Upphaflegur skuldari getur samkvæmt þessari reglu því aðeins losnað undan skuldbindingum sínum við veðhafa, að hann greiði honum sjálfur eða semji beint við hann um skuldskeytinguna. Gera lögin ráð fyrir því, að skuldskeytinguna beri þannig að, að framseljandinn snúi sér til kröfuhafans með fyrirspurn um það, hvort kröfuhafinn vilji samþykkja framsalshafann sem skuldara í sinn stað. Samþykki kröfuhafinn það, felst í samþykki hans tvennt: a) framseljandinn losnar undan skuldbindingum sínum gagnvart kröfuhafa, og b) framsalshafinn verður skuldbundinn.

Vegna þeirrar réttaróvissu, sem hér á landi er um það, hverjar reglur gildi um persónulega yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, þykir nauðsynlegt í frumvarpi þessu að taka af skarið um það, hver regla skuli gilda í þessum efnum.

Reglur dönsku þinglýsingalaganna og norsku veðlaganna um yfirtöku hinnar persónulegu ábyrgðar á veðkröfunni byggja á sama meginsjónarmiði, þ.e. að skuldskeyting geti aðeins orðið með samþykki veðhafa, en aðferðir laga þessara við að afla samþykkisins eru misjafnar, eins og rakið var hér að framan.

Í 20. gr. frumvarps þessa er byggt á sama meginviðhorfi og fram kemur í Danmörku og Noregi, þ.e. að skuldskeyting geti að meginstefnu til aðeins orðið með samþykki kröfuhafa. Um aðferðina við að afla samþykkisins er fylgt fyrirmynd dönsku þinglýsingalaganna, enda þykir hún einfaldari í framkvæmd og í meira samræmi við þau sérlagaákvæði, sem nefnd voru hér að framan en norska reglan. Er það samkvæmt þessu lagt í vald aðila veðsamnings að semja um það fyrir fram, hvort skuldaraskipti geti orðið.

Varðandi skýringu á 20. gr. frumvarpsins er rétt að hafa í huga, að ákvæðið fjallar aðeins um yfirtöku á hinni persónulegu skuldarábyrgð við eigendaskipti, en ekki um það, hvort veðskuld gjaldfalli við eigendaskipti.

Telja verður, að ákvæði 2. mgr. 20. gr. sé í samræmi við meginreglur íslensks réttar um skuldaraskipti, sbr. sérlagaákvæðin, sem nefnd voru hér að framan, þ.e. að til skuldaraskipta þurfi almennt samning kröfuhafa og nýs eiganda. Þykir rétt í frumvarpi þessu að byggja áfram á þessari meginreglu, þannig að ljóst megi vera, að samningur kaupanda og seljanda einn sér um yfirtöku kaupanda á veðskuld geti almennt ekki skapað kröfuhafa beinan rétt á hendur kaupanda. Getur kröfuhafi samkvæmt því almennt séð ekki öðlast beinan rétt á hendur kaupanda, fyrr en kaupandi hefur skuldbundið sig beint gagnvart honum. Að sama skapi er seljandi ekki laus, fyrr en kaupandinn hefur skuldbundið sig beint gangvart veðhafa.

Ákvæði 1. mgr. felur hins vegar í sér frávik frá meginreglunni og nær til þess tilviks, þar sem ákvæði er í veðbréfi þess efnis, að veðskuld gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veði. Er tilgangurinn með þessari undantekningu sá að auðvelda skuldaraskipti, þannig að seljandi verði ekki persónulega ábyrgur gagnvart veðhafa, jafnvel löngu eftir að sala hefur átt sér stað. En þar sem regla 1. mgr. er frávíkjanleg, er ekkert því til fyrirstöðu, að í veðbréfi sé ákvæði þess efnis, að seljandi verði persónulega skuldbundinn gagnvart veðhafa, þrátt fyrir eigendaskipti að veðinu. Ef aðilar veðsamnings hafa ekki tekið afstöðu til þess í veðbréfinu, hvort skuld gjaldfalli við eigendaskipti, gildir hin almenna regla 2. mgr.

Það, sem einkennir 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins er það, að samningur veðþola og kaupanda fasteignar um yfirtöku kaupandans á veðskuldinni, skapar beinan rétt fyrir kröfuhafa á hendur kaupandanum frá þinglýsingu afsals. Er hér því um eiginlegt þriðjamannsloforð að ræða. Það er þó forsenda skuldskeytingar skv. 1. mgr. 20. gr., að ákvæði sé þess efnis í veðbréfi, að það gjaldfalli ekki þrátt fyrir eigendaskipti að veði.

Ef kaupsamningur hefur ekki að geyma ákvæði þess efnis, að kaupandinn skuli vera persónulega ábyrgur gagnvart veðhafanum, verður kaupandinn hvorki skuldbundinn gagnvart seljandanum til þess að greiða skuldir hans við veðhafa, né heldur öðlast veðhafinn beinan rétt á hendur kaupandanum.

Í 1. mgr. er við það miðað, að skuldskeytingin öðlist gildi frá og með þinglýsingu afsals til kaupanda. Ef kaupsamningi er fyrst þinglýst, verður að líta svo á, að bæði kaupandi og seljandi séu persónulega skuldbundnir gagnvart kröfuhafa, þar til afsali hefur verið þinglýst, en eftir það verði kaupandinn einn skuldbundinn. Ef kaupsamningi er rift vegna vanefnda seljanda, fellur skuldbinding kaupanda eðli málsins samkvæmt niður.

Tilkynning skv. 1. mgr. 20. gr. getur verið hvort heldur sem er munnleg eða skrifleg, en af sönnunarástæðum er ráðlegt að senda skriflega tilkynningu.

Um III. kafla.

Þriðja kafla frumvarpsins, sem fjallar um samningsveð í lausafé, er eftir bókstöfum skipt niður í sjö undirkafla, en þeir eru:

A: Hefur að geyma almenn ákvæði um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé (21. gr.) og ákvæði um samningsveð í einstökum lausafjármunum, þ.e. handveð (22. gr.) og sjálfsvörsluveð (23. gr.).

B: Fjallar um veð í rekstrartækjum, rekstrarveð (24.–27. gr.).

C: Fjallar um veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi (28. gr.).

D: Fjallar um veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum (29. og 30. gr.).

E: Fjallar um veð í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs (31.–32. gr.).

F: Fjallar um veð í vörubirgðum (33.–34. gr.).

G: Fjallar um svokallað söluveð eða eignarréttarfyrirvara (35.–42. gr.).

Ef frumvarp þetta verður að lögum munu helstu breytingar á íslenskum veðrétti koma fram í ákvæðum þessa kafla, eins og áður er rakið í almennum athugasemdum með frumvarpinu og ofangreindar undirkaflafyrirsagnir bera með sér.

Óheft heimild til veðsetninga og ákvörðunar um fyrirkomulag þeirra getur leitt af sér öryggisleysi í fjárhagslegum samskiptum manna. Á það ekki hvað síst við um sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé, en víðtæk heimild til slíkra veðsetninga hefur þótt mjög háskaleg. Er sums staðar á því byggt, t.d. í Noregi, að óheimilt sé að setja lausafé að sjálfsvörsluveði. Þróunin hefur þó víðast hvar verið sú, að vikið hefur verið frá slíkum reglum, þegar nauðsynlegt hefur reynst að nota lausafé sem tryggingu, þar sem handveðsetningum verður ekki við komið.

Í íslenskum rétti hefur lengi gilt sú meginregla, að sjálfsvörsluveðsetningar í lausafé eru heimilar, en leitast er við að haga veðsetningum um þær þannig, að af þeim stafi ekki hætta. Í III. kafla frumvarpsins er á því byggt, sbr. 22. og 23. gr., að lausafé verði bæði sett að handveði og sjálfsvörsluveði. Hins vegar er í frumvarpinu, eins og í gildandi rétti, reynt að haga reglum um slíkar veðsetningar þannig, að af þeim stafi ekki hætta. Um þær gildir nú svokölluð **birtingarregla**, en í henni felst, að kunngera ber veðsetningu lausafjár með þinglýsingu, sbr. ákvæði 2. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga, svo veð-

setningin haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins, og gagnvart skuldheimtumönnum. Byggir frumvarpið einnig á því að þinglýsa beri sjálfsvörsluveðsetningum í lausafé, sbr. 2. mgr. 23. gr., sem fjallar um sjálfsvörsluveðsetningu einstakra lausafjármuna, og ákvæði 26. gr.; 2. mgr. 28. gr.; 3. mgr. 29. gr.; 4. mgr. 30. gr.; 2. mgr. 31. gr.; 3. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 34. gr., sem varða sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsöfnum muna.

Þá gildir nú um þessar veðsetningar svokölluð **sérgreiningarregla**. Í þeirri reglu felst annars vegar það, að óheimilt er að veðsetja allt það, sem menn eiga eða kunna að eignast og hins vegar það, að óheimilt er að setja að sjálfsvörsluveði safn samkynja muna. Koma reglur þessar fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. veðlaganna. Er á þessum sömu sjónarmiðum byggt í frumvarpinu, sbr. ákvæði 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Af ákvæðum 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir að veðsetningar í heildarsöfnum muna eru óheimilar umfram það sem frumvarpið eða önnur lög kunna að leyfa. Er þar byggt á sömu reglu og fram kemur í 2. mgr. 4. gr. gildandi laga. Má því segja að frumvarpið byggi á sömu meginreglu og ákvæði gildandi laga, en hins vegar mundi frumvarpið, ef lögfest yrði, leiða til þess, að verulega yrðu rýmkaðar heimildir til þess að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum, sem eru samkynja eða ætlaðir eru til samkynja notkunar og auðkenndir eru einu almennu nafni. Ættu undanþáguheimildir þessar að koma atvinnuvegunum til góða með því að fjölgað yrði þeim lausafjárverðmætum, sem veðsett yrðu sem heildarsöfn muna. Jafnframt eru slíkar veðsetningarheimildir til þess fallnar að auka öryggi lánastofnana og annarra, sem við lánveitingar fást. Er nánari grein gerð fyrir þessum sjónarmiðum í almennum athugasemdum hér að framan og í athugasemdum við einstakar greinar III. kafla og vísast þangað.

Til yfirlits skal hér getið með hverjum hætti III. kafli frumvarpsins gerir ráð fyrir að lausafé verði veðsett:

I. Handveð í einstökum munum, sbr. 22. gr.

II. Sjálfsvörsluveð í einstökum lausafjármunum, sbr. 23. gr.

III. Sjálfsvörsluveðsetningar í tilteknum heildarsöfnum muna:

1. Veðsetning heildarsafna ásamt fasteign, loftfari eða skipi:
   a. Veð í rekstrartækjum, þ.e. almennt rekstrarveð, sbr. 24.–27. gr.
   b. Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, sbr. 29. gr.
   c. Veð í búnaði skipa, sbr. 31. gr.
   d. Veð í varahlutum loftfara, sbr. 24. gr. laga nr. 21/1966.
2. Veðsetning tiltekinna heildarsafna sérstaklega:
   a. Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi, sbr. 28. gr.
   b. Veð í bústofni, rekstrarvörum, afurðum og uppskeru landbúnaðar, sbr. 30. gr.
   c. Veð í afla, afurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs, sbr. 32. gr.
   d. Veð í vörubirgðum, sbr. 33.–34. gr.

IV. Söluveð (eignarréttarfyrirvari), sbr. 35.–42. gr.

A.
Almenn ákvæði.

Um 21. gr.

Í 21. gr. frumvarpsins segir að um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fari eftir ákvæðum laganna og eftir því, sem ákveðið sé í öðrum lögum. Vegna tilvísunar frumvarpsgreinarinnar til annarra laga skal minnt á það sem fram kemur í athugasemdum við 23. gr. frumvarpsins um ákvæði annarra laga sem þýðingu kunna að hafa í þessu sambandi.

Um 22. gr.

Í íslenskum rétti hefur fá sett lagaákvæði verið að finna um handveð, ef frá eru talin ákvæði 1. og 2. gr. veðlaganna frá 1887. Ákvæði 1. gr. veðlaganna hafði ekki að geyma efnisreglu heldur réttarfarsreglu, en þar sagði, að handveðhafi hefði heimild til þess að láta selja veðið á uppboði, ef skuld sú, sem veðið ætti að tryggja, væri eigi borguð á gjalddaga. Mælti greinin síðan fyrir um það, með hverjum hætti skyldi staðið að slíkri uppboðssölu. Með 90. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, var 1. gr. veðlaganna felld úr gildi. Ákvæði 2. gr. veðlaganna hefur hins vegar að geyma þá efnisreglu, að eigi missi lánardrottinn kröfu sína, þótt handveð glatist, nema vangæslu hans sé um að kenna.

Í frumvarpsgreininni er lagt til, að lögfestar verði ýmsar efnisreglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttar. Eru þær í flestu í samræmi við þær reglur, sem taldar eru gilda hér á landi óskráðar.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. þarfnast ekki skýringa, en í 2. mgr. segir, að handveðréttur öðlist réttarvernd við afhendingu veðsins til veðhafa eða annars, sem tekið hefur að sér að hafa umráð þess. Hér er um að ræða skilyrði fyrir réttarvernd, en ekki gildisskilyrði veðsetningarinnar sem slíkrar. Er hér fylgt því sjónarmiði, sem nú er talið gilda samkvæmt íslenskum rétti, að veðsamningur geti verið gildur milli aðila, þótt tryggingarráðstafana hafi ekki verið gætt. Réttarverndin er hins vegar við slíkar aðstæður takmörkuð. (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 34.)

Í 2. mgr. er það sett sem skilyrði fyrir réttarvernd, að veðið sé afhent veðhafa, þannig að veðhafi sé sviptur möguleikanum á því að hafa veðið undir höndum, og rætt er um aðrar sambærilegar ráðstafanir, sem leiða til þess, að eigandinn glatar möguleikanum til þess að geta ráðið yfir veðinu. Til samræmis við þær reglur, sem taldar eru gilda, er hér fyrst og fremst átt við umráð og hagnýtingu án löggernings, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 34. Um ráðstöfun veðþola á veðandlaginu með löggerningi gilda hins vegar almennar reglur 11. gr. frumvarpsins, en samkvæmt gildandi rétti er talið, að veðþoli geti ráðstafað veðandlaginu með löggerningi með þeim takmörkunum, sem leiðir af réttindum veðhafa.

Ekki er það skilyrði skv. 3. mgr., að tilkynning sé skrifleg, þótt augljóst sé af sönnunarástæðum, að varlegra er fyrir veðhafa að senda skriflega tilkynningu. Markmið tilkynningarinnar er að gera þriðja manni það ljóst, að hann megi ekki afhenda veðþola hið veðsetta. Við það tímamark skal miða, að tilkynningin sé komin til þriðja manns. Er það nægjanlegt, og þarf þriðji maður því ekki berum orðum að hafa samþykkt að varðveita veðandlagið. Ef þriðji maður hins vegar neitar að hafa umráð hins veðsetta fyrir veðhafa, öðlast veðrétturinn ekki réttarvernd við tilkynninguna, eins og berum orðum segir í ákvæðinu sjálfu. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hverjar ástæður eru fyrir því, að þriðji maður hefur umráð hins veðsetta, t.d. hvort um lán, leigu, veðsetningu, geymslu

o.s.frv. er að ræða. Þannig má t.d. hugsa sér, að eigandi hlutar hafi stofnað til handveðréttar til handa A í tiltekinni eign sinni. Regla 3. mgr. hefur í slíku tilviki þá þýðingu, að það ætti að vera tiltölulega áhættulítið fyrir B að lána eigandanum fé gegn réttlægri handveðrétti í þessu sama veðandlagi. Um svipaðar reglur dansks réttar, sjá t.d. W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg., bls. 355.

Hvað varðar reglu 4. mgr. 22. gr. frumvarpsins skal minnt á þá reglu, sem fram kemur í 30. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar segir berum orðum, að heimilt sé að stofna til sjálfsvörsluveðs í einstökum lausafjármunum. Er það svipað orðalag og fram kemur í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins hvað handveð varðar.

Í 2. mgr. kemur fram, að stofnun sjálfsvörsluveðs í einstökum lausafjárverðmætum sé formbundin, því gera skal bréflegan gerning um veðstofnunina. Þá segir, að um réttarvernd slíks veðréttar gildi ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd sjálfsvörsluveðs í lausafé. Þinglýsing er samkvæmt þessu forsenda þess, að veðbréf (veðréttur) haldi gildi gagnvart grandlausum síðari viðsemjendum, og gagnvart skuldheimtumönnum, sbr. 2. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga. Gerningur getur verið gildur milli aðila, þótt eigi hafi honum verið þinglýst, en hann nýtur þá takmarkaðrar réttarverndar.

Í tilvísun 2. mgr. 23. gr. til reglna þinglýsingalaga felst enn fremur, að veðbréfi, sem ekki er gefið út af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður skv. 22. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, ekki þinglýst, nema undirskrift þess sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum. Fylgja ber formkröfu þessari stranglega, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 81, og Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 66.

Um veðsetningu viðskiptabréfa, innlausnarbréfa og almennra krafna gilda ákvæði IV. kafla frumvarpsins. Í frumvarpinu er ekki hróflað við ákvæðum gildandi laga um veðsetningu skráningarskylds lausafjár, en lagaákvæði þessi eru:

a. Um veðsetningu loftfara gilda ákvæði laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966.
b. Um veðsetningu skipa, sem eru 5 rúmlestir eða stærri, og eru skráningarskyld samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, gilda ákvæði V. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
c. Um veðsetningu skipa, sem eru minni en 5 rúmlestir, og skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 115/1985, gilda ákvæði VI. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978.
d. Um veðsetningu skrásettra bifreiða gilda ákvæði VII. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988.

Þá skal þess og getið í þessu sambandi, að um veðsetningu skipa, sem ekki eru skráningarskyld, gilda ákvæði VII. kafla þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988.

Á efni 3. mgr., sem fjallar um persónulega ábyrgð við yfirtöku veðskulda, hefur áður verið minnst í tengslum við 20. gr. frumvarpsins og vísast þangað. Þó er rétt að hafa í huga að í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins er við það miðað, að skuldskeyting í fasteignakaupum verði við þinglýsingu afsals, þ.e. þá er seljandi fasteignar laus og kaupandinn skuldbundinn gagnvart veðhafa. Um skrásettar bifreiðir gildir sú regla skv. 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. lög nr. 63/1988, að ekki þarf að þinglýsa eignar-

heimild að skrásettri bifreið, heldur er eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Samkvæmt þessu verður, þegar um skrásettar bifreiðir er að ræða, að miða skuldskeytinguna við það tímamark, er eignarheimild er skráð í ökutækjaskrá.

B.
Rekstrarveð.

Um 24. gr.

Ákvæðin um rekstrarveð í undirkafla B í III. kafla, þ.e. ákvæði 24.–27. gr. munu, ef að lögum verða, hafa í för með sér verulegar breytingar á gildandi íslenskum rétti um möguleika þeirra, sem atvinnurekstur stunda, til að veðsetja lausafé ósundurgreint með fasteignum. Meginefni kaflans kemur fram í 1. mgr. 24. gr., og felst í því, að þegar rekstraraðili veðsetur fasteign, sem er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, nær veðréttur í fasteigninni, ef um það hefur verið samið, einnig til rekstrartækja. Í þessu felst með öðrum orðum að heimilt er að veðsetja rekstrartækin með fasteigninni, enda sé fullnægt því skilyrði, að fasteignin sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga.

Samkvæmt gildandi lögum eru það aðeins þeir, sem veðsetja verksmiðjur og annað iðnaðarhýsi, sem mega veðsetja vélar, önnur iðnaðaráhöld eða verkefni með fasteigninni, sbr. 1. mgr. 6. gr. veðlaganna. Sambærileg heimild kemur og fram í 5. gr. veðlaganna, en samkvæmt því ákvæði er heimilt að semja svo um, að jörð skuli fylgja auk jarðarhúsa og kúgilda önnur tiltekin hús, áhöld, búsgögn og heyforði sá, sem á henni er í hvert skipti. Heimildir af svipuðum toga er annars vegar að finna í 2. mgr. 6. gr. veðlaganna, en þar kemur fram, að með skipi megi veðsetja auk venjulegs fylgifjár, aðra lausafjármuni, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu. Hins vegar er slíkar heimildar að finna í 24. gr. laga nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum, þar sem heimilað er að veðsetja varahluti flugvéla ásamt flugvél samkvæmt sérstökum reglum, er um slíkar veðsetningar gilda.

Framangreindar heimildir gildandi réttar til að veðsetja lausafjármuni með fasteign (skipi eða loftfari) eru tæmandi taldar. Aðrir en þeir, sem berum orðum eru nefndir í lagaákvæðum þessum, hafa því ekki samkvæmt íslenskum rétti heimild til þess að veðsetja rekstrartæki ósundurgreind með fasteignum.

Í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir verulegum breytingum á reglum gildandi laga. Felst breytingin í því, að þegar veðsettar eru fasteignir, sem varanlega eru útbúnar með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, er heimilt að semja svo um, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrartækja. Er heimild til veðsetningar með þessum hætti samkvæmt frumvarpinu því ekki bundin við iðnrekendur og bændur (ásamt útgerðaraðilum og eigendum loftfara), eins og nú er samkvæmt íslenskum rétti. Ákvæði þetta afnemur í sjálfu sér ekki reglu 2. mgr. 4. gr. gildandi laga um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, sbr. 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins, en rýmkar hins vegar verulega undanþáguheimildir gildandi laga. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að í reglum gildandi réttar felst ákveðin mismunun gagnvart atvinnugreinunum í landinu, þar sem sumum þeirra er heimilt að veðsetja rekstrartæki ósundurgreind með fasteignum en öðrum atvinnugreinum ekki. Verður sá munur, sem er á aðstöðu hinna ólíku atvinnugreina að þessu leyti, tæpast réttlættur. Hefur frumvarpsgreinin það að markmiði að eyða þessum mismun. Þá má og á það benda, að þegar veðsettar hafa verið fasteignir í rekstri samkvæmt gildandi rétti, hefur eftir á oft þurft að taka afstöðu til þess,

hvort tiltekin tæki og búnaður teldust til almenns fylgifjár viðkomandi fasteignar eða sjálfstæð fjárverðmæti og þar með sjálfstætt veðandlag, en mat í þeim efnum getur verið vandasamt. Ætti ákvæði frumvarpsgreinarinnar að vera til þess fallið að eyða óvissu í þeim efnum.

Gegn veðsetningarfyrirkomulagi þessu má e.t.v. færa fram þau rök, að það geti leitt til þess, að veðréttindi í fasteignum og lausafé rekstraraðila safnist á hendur tiltölulega fárra aðila, þannig að svigrúm til þess að afla sér lánsfjár gegn veði í lausafé skerðist. Að einhverju leyti kann það að eiga við rök að styðjast, en til þess er þó að líta, að hér er um heimildarákvæði að ræða, og svo hitt, að veðréttur samkvæmt frumvarpsgreininni nær ekki til framleiðslu og vörubirgða.

Við samningu frumvarpsins var sá möguleiki hugleiddur að heimila veðsetningu rekstrartækja sem sérstaks heildarsafns muna, þ.e. án þess að samtímis væru veðsett réttindi yfir fasteign. Þegar litið er hins vegar til þess, að frumvarpið byggir á meginreglunni um bann við sjálfsvörsluveðsetningu heildarsafns muna, sbr. 3. mgr. 3. gr., og að því gættu, að reglan um veðsetningu rekstrartækja byggir á því viðhorfi, að veðsetning rekstrartækja ásamt fasteign sé almennt til þess fallin að auka verðmæti veðréttinda í fasteignum í rekstri, þykir þessi háttur heppilegri. Af þessu leiðir því, að rekstrartæki í skilningi 1. mgr. 24. gr. verða ekki veðsett saman sem sérstakt ósundurgreint heildarsafn, þótt einstakir munir verði hins vegar veðsettir. Veðsetning rekstrartækjanna í heild gæti að vísu farið fram í einu og sama veðbréfinu, en þá þyrfti að auðkenna sérhvert verðmæti.

Ákvæði 5. og 6. gr. gildandi veðlaga veita heimild til þess að semja svo um, að tiltekin lausafjárverðmæti, sem almennt verða ekki talin til fylgifjár fasteigna, skuli fylgja fasteign við veðsetningu hennar, sbr. orðalag 5. gr. „. . . rétt svo um að semja . . .“ og orðalag 6. gr. „. . . rétt . . . að semja svo um . . .“. Heimildin skv. 24. gr. laga um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966, er með líku sniði, en þar segir, að skrásetja megi veðrétt, sem einnig taki yfir varahluti í eigu eiganda loftfars. Ákvæði 3. og 4. gr. í norsku veðlögunum veitir heimild til slíkrar veðsetningar. Þarf því að taka það sérstaklega fram í veðbréfi, að rekstrartækin fylgi fasteigninni, ef veðrétturinn á einnig að ná til þeirra. Í 1. mgr. 37. gr. dönsku þinglýsingalaganna er hins vegar á því byggt, að þegar fasteign er varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga, beri að líta svo á, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrarbúnaðar og rekstrartækja, sem heyra atvinnurekstrinum til, nema um annað hafi verið samið.

Í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er byggt á sama sjónarmiði og fram kemur í norsku lögunum, þ.e. að veðréttur í fasteign, þar sem atvinnurekstur er stundaður, nái einnig til þeirra rekstrartækja, sem heyra atvinnurekstrinum til, ef um það hefur verið samið, enda sé fullnægt því skilyrði, að viðkomandi fasteign sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga.

Rök þau, er búa að baki reglu 1. mgr. 24. gr. eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi er þess að geta, að fasteignir, þar sem atvinnurekstur er stundaður, eru oft og tíðum mjög sérhæfðar og sérstaklega útbúnar með þarfir viðkomandi atvinnurekstrar í huga. Eru fasteignir og rekstrartæki þá hönnuð sem ein heild og því oft eðlilegt, að veðréttur í fasteigninni nái einnig til rekstrartækjanna. Í öðru lagi ber að hafa í huga, að það getur verið vandkvæðum bundið að skilja rekstrartækin frá fasteigninni, án þess að slíkt hafi í för með sér eyðileggingu eða rýrnun á bæði fasteigninni og rekstrartækjunum. Í þriðja lagi er þess að geta, að það er almennt til þess fallið að auka verðmæti veðréttar í fasteign, ef rekstrartæki fylgja með, og í raun má segja, að veðréttur í fasteign, þar sem atvinnurekstur er stundaður, getur oft og tíðum verið harla lítils virði, ef rekstrartækin, eins og þau eru

skilgreind í frumvarpsgreininni, fylgja ekki með við veðsetningu fasteignarinnar.

Með atvinnurekstri í 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins er átt við starfsemi, sem felur í sér **framleiðslu, sölu eða þjónustu** og hefur það að markmiði að skapa þeim tekjur, sem reksturinn stundar. Undir hugtakið framleiðendur í þessum skilningi mundu t.d. falla þeir, sem stunda framleiðslu í sjávarútvegi og hvers konar iðnaði. Undir atvinnurekstur, sem felur í sér sölu, fellur bæði smásala og heildsala, og undir þjónustustarfsemi t.d. hótel- og veitingahúsarekstur. Þess verður að krefjast, að reksturinn hafi ákveðið merkjanlegt umfang og sé stundaður nokkuð samfellt. Um skýringar á hugtakinu rekstraraðili vísast að öðru leyti til athugasemda við 25. gr.

Svo að ákvæði 1. mgr. 24. gr. eigi við, þarf því skilyrði að vera fullnægt, að viðkomandi fasteign sé varanlega útbúin með þarfir tiltekins atvinnurekstrar í huga. Ber að leggja ríka áherslu á, að þessu skilyrði sé fullnægt, enda er hér um undantekingu að ræða frá hinni almennu reglu 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins um bann við sjálfsvörsluveðsetningum í heildarsöfnum muna.

Útbúnaðurinn þarf samkvæmt þessu að koma fram með afgerandi hætti og hafa þýðingu fyrir eignina sem heild, þótt ekki sé nauðsynlegt að hann sjáist hið ytra. Hinn varanlegi útbúnaður getur t.d. náð til innréttinga fasteignar og sérstaks búnaðar í innréttingum. Ekki skiptir máli, hvort atvinnurekstur er byrjaður eða ekki, en það er hins vegar skilyrði, að búnaðurinn þjóni atvinnurekstrinum sem slíkum, en sé ekki til persónulegra nota.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er það orðað svo, að veðsetning rekstrarveðs gerist samtímis veðsetningu þeirrar eða þeirra fasteigna, þar sem reksturinn fer fram. Með fasteign er átt við land og þær byggingar, sem rekstrarlega séð eru ein eining. Hljóta almennar viðmiðanir að ráða í þeim efnum, hvað sé fasteign. Sá áskilnaður frumvarpsgreinarinnar, að veðsetning gerist samtímis veðsetningu fasteignar, felur það í sér, að veðsali verður að eiga eignarrétt að eða hafa framseljanlegan afnotarétt yfir viðkomandi fasteign til þess að geta veðsett rekstrartæki og búnað ásamt fasteigninni með heimild í ákvæði þessu.

Í 2. mgr. 24. gr. er það tilgreint, hvað séu **rekstrartæki** þeirra, sem stunda framleiðslu, sölu eða þjónustu. Eru þar nefndar vélar, tæki, áhöld, innréttingar, innbú og annar útbúnaður. Hugtakið getur spannað allt frá skrifstofuvélum og skrifstofubúnaði í skrifstofuhúsnæði til prentvéla í prentsmiðju og færibanda og lyftara í frystihúsi eða sláturhúsi.

Hafa ber í huga að 24. gr. frumvarpsins tekur bara til rekstrartækja, en **ekki** til **framleiðslu, vörubirgða eða afurða**, en að veðsetningu slíkra verðmæta er vikið í 30., 32. og 33. gr. Skal í þessu sambandi vakin athygli á því, að í 6. gr. gildandi veðlaga er þeim, sem veðsetur verksmiðjur og önnur iðnaðarhýsi heimilt að semja svo um, að vélar, iðnaðaráhöld **og verkefni** skuli fylgja fasteigninni. Hvað verkefni varðar, er ekki óalgengt, að t.d. skipasmíðastöðvar, sem byggja skip fyrir eigin reikning í þeim tilgangi að selja síðar, veðsetja fasteignir skipasmíðastöðvarinnar ásamt verkefni því, sem unnið er að. Í frumvarpi þessu er við það miðað, að verkefnið fylgi ekki með við veðsetningu fasteigna, sbr. 2. mgr. 24. gr., heldur verði sérstakt veðandlag, sbr. ákvæði 33. gr. frumvarpsins um veð í vörubirgðum og framleiðslu.

Í 4. mgr. 24. gr. er tekið fram, hvaða lausafé verður ekki veðsett sem rekstrarveð. Í fyrsta lagi verður skráningarskylt lausafé ekki veðsett sem rekstrarveð. Hvað t.d. bifreiðar varðar má nefna, að þær tengjast yfirleitt ekki rekstri með sama hætti og lausafé það, sem telst til rekstrartækja í skilningi 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi verða

rekstrartæki landbúnaðar ekki veðsett sem rekstrarveð skv. 24. gr., en um veðsetningu þeirra sem rekstrartækja gilda ákvæði 29. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi verður búnaður skipa ekki veðsettur sem rekstrarveð skv. 24. gr., en um veðsetningu hans gilda ákvæði 31. gr.

Í ákvæðum 5. mgr. 24. gr. frumvarpsins felst, að veð í rekstrartækjum er veð í heildarsafni (svokallað tingsinnbegrep á Norðurlandamálum), þ.e. veðrétturinn nær til rekstrartækjanna í heild eins og þessi verðmæti eru á hverjum tíma. Þá er og heimilt að veðsetja hluta rekstrartækjanna, ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem eru rekstrarlega séð aðskildar, og þar sem reksturinn fer fram í fleiri fasteignum en einni. Þegar rekstrartæki eru veðsett með þessum hætti að hluta, nær veðrétturinn einnig til þeirra fasteigna, þar sem viðkomandi hluti rekstrarins fer fram.

Í 6. mgr. 24. gr. kemur fram sú regla, að eftir að fasteign hefur verið veðsett með rekstrartækjum, verður ekki stofnað til veðréttar í rekstrartækjunum einum meðan rekstrarveðssamningur er í gildi. Er í þessum efnum byggt á svipuðum sjónarmiðum og fram koma í 2. mgr. 42. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, en samkvæmt því ákvæði verður fjárnám ekki gert í fylgifé fasteignar, skips eða loftfars einu út af fyrir sig nema með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifé hafi **áður** sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því. Ef unnt væri að veðsetja einstök rekstrartæki, eftir að til rekstrarveðs hefur verið stofnað, og afla þeim veðrétti réttarverndar, væri staða samningsveðhafa gerð til muna betri en staða aðfararveðhafa. Þykir því eðlilegt að miða við, að veðsetningarheimildin sæti takmörkunum að þessu leyti.

Um 25. gr.

Í greininni kemur fram skilgreining á því, hverjir teljist til rekstraraðila í skilningi 24. gr. frumvarpsins. Hefur sú skilgreining þýðingu fyrir veðsetningarheimildir skv. 24., 28. og 33. gr. frumvarpsins. Þá hefur skilgreining 25. gr. einnig þýðingu varðandi skýringu 47. gr. frumvarpsins, því samkvæmt þeirri grein eru það aðeins rekstraraðilar, sem hafa heimild til að gera samning um „factoring".

Upptalning 25. gr. á rekstraraðilum er ekki tæmandi, og er hugsunin sú, að ákvæðið nái til allra þeirra, sem hafa einhvers konar rekstur eða þjónustu með höndum. Í a-lið eru taldir upp aðilar, sem yfirleitt hafa rekstur með höndum í hagnaðarskyni, en í b-lið þeir, sem almennt stunda ekki atvinnurekstur í hagnaðarskyni, þótt undantekningar kunni að vera þar í frá.

Eðli rekstrar skiptir ekki máli. Hugtakið „rekstraraðili" getur t.d. náð til lækna, tannlækna og ýmissa þjónustuaðila, og ekki skiptir máli, hvort um skráðan rekstraraðila er að ræða í firmaskrá eða hlutafélagaskrá.

Um 26. gr.

Veð í rekstrartækjum samkvæmt framansögðu öðlast réttarvernd, þegar réttinum er þinglýst í fasteignabók ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign. Ber að miða forgangsáhrifin við afhendingu skjals til þinglýsingar, sbr. 1. mgr. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978. Nær veðrétturinn þá bæði til fasteignarinnar og rekstrartækjanna. Þarf þá ekki að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega í viðkomandi veðbréfi, heldur nægir að taka fram í veðbréfi, að veðsett sé tiltekin fasteign, þar sem atvinnureksturinn fer fram, ásamt rekstrartækjunum í heild, eins og þau eru á hverjum tíma. Sambærileg regla gildir skv. 3.–5. gr.

í norsku veðlögunum, en samkvæmt því ákvæði er það ekki skilyrði, að rekstrartækin séu sundurgreind, heldur nægir að vitna til þess í veðskjali, að þau séu veðsett með heimild í hinu tilvitnaða lagaákvæði. Sjá um norskan rétt Tore Sandvik o.fl., Norsk Panterett, 2. útg., bls. 61. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að 37. gr. dönsku þinglýsingalaganna afmarkar það, hvaða verðmæti teljast fylgifé fasteignar samkvæmt veðsamningi án þess að gera þurfi um það sérstakt samkomulag, sjá um danskan rétt Lene Pagter Kristensen, Tinglysningsloven, bls. 276.

Þótt ekki þurfi samkvæmt framansögðu að sérgreina rekstrartækin nákvæmlega með sundurgreindri upptalningu þeirra, getur af sönnunarástæðum verið heppilegt, að þeim sé með einhverjum hætti lýst. Ekkert er því til fyrirstöðu, að þeim sé gróflega lýst, annaðhvort í veðskjalinu sjálfu eða sérstöku fylgiskjali. Eins gæti nákvæmari sundurgreining komið fram á sérstöku skjali, sem ekki þarf endilega að fylgja með við þinglýsingu. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður að gera þá kröfu til þinglýsingarframkvæmdar, að það komi fram með ótvíræðum hætti í fasteignabók og á veðbókarvottorðum, að tiltekin fasteign sé veðsett ásamt rekstrartækjum, m.a. með tilvísun til viðkomandi lagagreinar. Þá ber og að gæta þess í veðskjölum, ef neytt er þeirrar heimildar, sem fram kemur í niðurlagi 5. mgr. 24. gr., þ.e. að veðsetja rekstrartæki tiltekinnar einingar sérstaklega, að fram komi um hvaða einingu er að ræða.

Þar sem rekstrartæki verða bæði veðsett ásamt fasteign og sérstaklega, getur síðari viðsemjanda veðsala verið þörf á að kanna bæði fasteigna- og lausafjárbók við athugun á því, hvort rekstrartæki eru veðsett.

Um 27. gr.

Talið hefur verið í íslenskum rétti (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 68), að þegar um lögmætt sjálfsvörsluveð í heildarsafni muna er að ræða, hafi veðþoli að einhverju marki heimild til þess að ráðstafa einstökum hlutum úr safninu, án þess að fá samþykki veðhafa. Nauðsynlegt er hins vegar að skapa skýrari línur í þeim efnum, og er það gert í frumvarpsgreininni hvað varðar veðsetningu rekstrartækja.

Í 1. og 2. mgr. er fjallað um heimildir veðsala til þess að afhenda eða skipta út einstökum munum úr heildarsafninu. Meginsjónarmiðið er það, að veðsali hafi slíka heimild, svo lengi sem slíkt er í samræmi við eðli rekstrarins eða skerðir ekki að mun tryggingu veðhafa. Hlýtur viðmiðun í þessum efnum að vera háð mati hverju sinni. Eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun samkvæmt lögum um aðför og lögum um nauðungarsölu til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfunnar, hefur veðsali ekki lengur heimild til þess að skipta út eða framselja veðsett rekstrartæki, nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Þykir heppilegt í þessu sambandi að miða við það tímamark, þegar veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun, enda skal hún send með sannanlegum hætti, þ.e. ábyrgðarbréfi eða símskeyti, sbr. t.d. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Í 3. mgr. kemur fram sú regla að veðréttur í rekstrartækjum, sem seld hafa verið eða skipt hefur verið út í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr., fellur niður. Þykir slíkt fyrirkomulag ekki varhugavert, enda má í sumum tilvikum benda á, að nýir hlutir koma í stað gamalla o.s.frv., þegar veðþoli neytir heimildar 1. mgr., og er það þá til þess fallið að auka verðmæti veðréttarins fyrir veðhafa.

Í 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um það tilvik, þegar eigandi veðsettra rekstrartækja hefur umfram þá heimild, sem greinir í 1. og 2. mgr. framselt öðrum hið veðsetta. Er meginreglan þá sú, að veðréttur veðhafa færist yfir á kröfu seljandans til endurgjalds úr hendi kaupanda. Sá, sem við hinu veðsetta tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, ef hann hefur greitt hana veðsala, áður en veðréttur í henni var fallin niður. Ábyrgð hans er þó bundin því skilyrði, að hann hafi vitað eða mátt vita, að veðsali fór með ráðstöfun sinni út fyrir heimild 1. mgr.

Í 5. mgr. segir að um fjárnám í fasteign og rekstrartækjum skv. 24. gr. gildi ákvæði 42. gr. laga um aðför, nr. 90/1989. Í því lagaákvæði kemur fram sú regla að þegar fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, teljist það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifjár slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi og þess, sem síðar verður til.

Tilvísun 5. mgr. 27. gr. frumvarpsgreinarinnar til lagaákvæðis þessa felur það í sér í fyrsta lagi, að fjárnám í fasteign á grundvelli veðbréfs telst ná til rekstrartækjanna sem sérstaks fylgifjár, ef neytt hefur verið þeirrar heimildar, sem um ræðir í 1. mgr. 24. gr. til þess að gera lausaféð að sérstöku fylgifé fasteignarinnar.

Í öðru lagi felur tilvísun 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins til 42. gr. laga nr. 90/1989 það í sér, að fjárnám verður því aðeins gert í rekstrartækjunum einum út af fyrir sig, að fyrir liggi samþykki þess eða þeirra veðhafa, sem eiga veðrétt í fasteigninni og rekstrartækjunum, nema rekstrartækið hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga, að kröfuhafi getur út af fyrir sig farið þá leið að fá gert fjárnám í senn í rekstrartækjum og fasteign, en það væri samrýmanlegt ákvæðum 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins og 42. gr. aðfararlaga. Í þeim efnum þarf að taka tillit til tvenns. Annars vegar að 5. mgr. 27. gr. frumvarpsins felur ekki í sér sérstaka heimild til þess fyrir kröfuhafa, og getur hann því eingöngu farið þessa leið, ef fasteignin ein er ekki næg trygging fyrir kröfu hans og rekstrartækjanna væri þá einnig þörf til að tryggja kröfu hans, en við mat í þessu færi eftir almennum reglum 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 38. gr. aðfararlaga. Hins vegar verður að hafa í huga að ákvæði 27. gr. frumvarpsins breyta því ekki að kröfuhafi verður berum orðum að fá fjárnám bæði í fasteign og rekstrartækjum, ef sú á að verða niðurstaðan. Fjárnám í fasteigninni einni næði þannig ekki til rekstrartækjanna, enda eru rekstrartækin sérstakt fylgifé með fasteigninni en ekki almennt fylgifé, sem ákvæði 42. gr. aðfararlaga ná til.

C.
Veð í færanlegum vélbúnaði í verktakastarfsemi.

Um 28. gr.

Í 28. gr. frumvarpsins er rekstraraðilum, sem stunda verktakastarfsemi, veitt heimild til þess að setja að sjálfsvörsluveði sérstaklega, en ekki ásamt fasteignum, færanlegan vélbúnað, sem notaður er í atvinnurekstrinum. Er hér átt við vélbúnað, sem ekki er skráningarskyldur sem ökutæki samkvæmt umferðarlögum.

Veðréttur sá, sem hér um ræðir, er veðréttur í heildarsafni muna. Felur 28. gr. því í sér frávik frá meginreglu 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Veðrétturinn öðlast skv. 2. mgr. 28. gr. réttarvernd með þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók. Þegar færanlegur vélbúnaður er settur að sjálfsvörsluveði skal til að auðvelda sönnun greina í veðbréfi tegund vélbúnaðarins, árgerð og tölu, eftir því sem kostur er. Ekki er lagt til afdráttarlausara orðalag því hér er samt sem áður um að ræða veðsetningu á heildarsafni muna. Í

fyrstu gerðum frumvarpsins var við það miðað að ekki þyrfti að sérgreina hvert einstakt verðmæti þótt það gæti af sönnunarástæðum verið ráðlegt. Var þá höfð hliðsjón af 3.–8. gr. í norsku veðlögunum frá 1980. Um norskan rétt sjá Tore Sandvik o.fl., Norsk Panterett, bls. 83.

Af tilvísun 3. mgr. 28. gr. frumvarpsins til 5. mgr. 24. gr. leiðir m.a., að ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem rekstrarlega séð eru aðskildar er heimilt að veðsetja vélbúnað hverrar einingar sérstaklega. Þarf þá að koma fram í veðbréfi, um hvaða rekstrareiningu er að ræða.

Með færanlegum vélbúnaði í skilningi ákvæðisins er átt við tæki eins og jarðýtur, skurðgröfur, krana o.s.frv., sem ekki eru skráningarskyld ökutæki skv. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993. Samkvæmt því ákvæði eru skráningarskyld ökutæki bifreiðir, bifhjól, torfærutæki og dráttarvélar, eftirvagnar, sem eru gerðir fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, svo og hjólhýsi og tjaldvagnar. Þá segir í því ákvæði, að dómsmálaráðherra geti fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla. Samkvæmt lagaákvæðinu eru ekki öll tengitæki og allar vinnuvélar skráningarskyldar, heldur er öryggissjónarmiðum ætlað að ráða um skráningu. Skal í þessu sambandi minnt á skilgreiningu 2. gr. umferðarlaga á hugtakinu vinnuvél en þar segir:

„Vinnuvél:

a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað til hraðari aksturs en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.“

Til grundvallar veðsetningarheimild þessari liggur það sjónarmið, að verktakastarfsemi er fjárfrekur atvinnurekstur, sem kallar á mikið rekstrarfé. Eru verktakafyrirtækin yfirleitt með stærstan hluta viðskipta sinna við einn tiltekinn viðskiptabanka. Þykir það þjóna hagsmunum bæði lánveitanda og lántaka í slíkum tilvikum, að verktakafyrirtækjunum sé heimilt að setja lánardrottnum sínum að sjálfsvörsluveði einu nafni færanlegan vélbúnað sinn, án þess að tilgreina þurfi sérstaklega hvern einstakan hlut. Nær þá veðrétturinn til vélbúnaðarins í heild eins og hann er á hverjum tíma.

Hugtakið rekstraraðili í 28. gr. frumvarpsins er sömu merkingar og í 24. gr., og vísast um skýringar til athugasemda við það ákvæði, að því þó gættu, að hér er viðmiðunin sú, að rekstraraðili stundi verktakastarfsemi. Veðsetningarheimildin nær til færanlegs vélbúnaðar, sem notaður er í verktakastarfsemi rekstraraðila. Vélbúnaður, sem fellur utan marka 28. gr., verður eftir atvikum veðsettur sem rekstrartæki skv. 24. gr. ásamt fasteignum eða sérstaklega samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr.

Ef rekstur veðsala skiptist í fleiri einingar, sem rekstrarlega séð eru sjálfstæðar, leiðir það af tilvísun 3. mgr. 28. gr. til 5. mgr. 24. gr. frumvarpsins, að heimilt er að veðsetja færanlegan vélbúnað, sem tilheyrir tiltekinni sjálfstæðri rekstrareiningu sérstaklega. Tilvísunin þýðir hins vegar ekki það, að verðmætin verði veðsett sem rekstrarverð ásamt fasteignum, enda þykja rök ekki liggja til þess, að hinn færanlegi vélbúnaður verði veðsettur með fasteignum.

D.
Veð í rekstrartækjum landbúnaðar, búfé og afurðum.

Um veðsetningarheimildir í þágu landbúnaðar er nú fjallað í fjórum greinum veðlaganna:

a. **Afurðalánaveð**, sbr. 4. mgr. 4. gr. Þar er framleiðendum landbúnaðarvara og öðrum, sem hafa vörurnar til sölumeðferðar, veitt heimild til þess að veðsetja afurðir og rekstrarvörur, sem veðsali á eða eignast kann, án tillits til verkunar eða framleiðslustigs. Er þetta sérstök sjálfsvörsluveðsetning, sem felur í sér veðsetningu í heildarsafni muna.
b. Heimild til að veðsetja **með jörð** auk kúgilda og jarðarhúsa, önnur tiltekin hús, áhöld, búsgögn og heyforða þann, sem á jörð er í hvert skipti, sbr. 5. gr. Er hér um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu lausafjár ásamt fasteignum, þ.e. tiltekið lausafé, sem ekki er fylgifé fasteignar í venjulegum skilningi, er samkvæmt þessu ákvæði heimilt að gera að sérstöku fylgifé.
c. **Rekstrarlánaveð**, sbr. 9. gr. Veitir ákvæðið bændum heimild til þess að veðsetja tiltekna flokka búfjár síns einu nafni til tryggingar rekstrarlánum, sem veitt eru til ekki lengri tíma en eins árs í senn. Er hér um að ræða sérstaka sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna.
d. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. er **leiguliða** heimilt að setja landsdrottni að sjálfsvörsluveði áhöld þau, er hann á til að yrkja leigujörð, svo og afurðir bús síns, þeim skuldum til tryggingar, sem hann er kominn eða kann að komast í við landsdrottinn sinn, og af ábúðinni leiða.
e. Heimild **ábúanda ríkisjarðar** til þess að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum, sem hann á kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa, sbr. 2. mgr. 15. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1988.

Auk framangreindra ákvæða kom fram sérstök veðsetningarheimild bændum til handa í lögum nr. 31/1930, um sveitabanka, en þau lög komu aldrei til framkvæmda. Samkvæmt þeim lögum var bændum heimilt að setja bankanum að veði, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann, einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, framleiðslutæki og jarðarafurðir, sbr. 14. og 20. gr. þeirra laga. Lík heimild var í 2. gr. laga nr. 17/1934, um Kreppulánasjóð, en samkvæmt því ákvæði var bændum heimilt að veðsetja Kreppulánasjóði með einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, sem þeir ættu eða kynnu að eignast, svo og fóðurbirgðir, sem þeir kynnu að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé. Enn fremur mátti lántakandi veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn sín, innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, jafnt þau er hann á, er veðsetningin fer fram, og þau, sem hann eignst síðar. Heimild þessi var mjög víðtæk varðandi það, hvað veðsetja mátti, en hún var aftur takmörkuð á þann veginn, að hún náði aðeins til veðsetninga til handa þessari einu lánastofnun, Kreppulánasjóði.

Í norsku veðlögunum frá 1980 teljast áhöld, búfénaður og afurðir í landbúnaði ekki til rekstrarveðs í skilningi 2.–4. gr., sem fjallar um rekstrarveð, heldur eru þessi verðmæti sérstakt veðandlag, sem heimilt er að setja sérstaklega að sjálfsvörsluveði, þ.e. án þess að samtímis sé veðsettur eignar- eða afnotaréttur til fasteignar. Er þar um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna. Í dönsku þinglýsingalögunum er hins vegar við það miðað, að veðsetning fasteigna í landbúnaði taki einnig til rekstrarbúnaðar og rekstrartækja ásamt áhöfn, afurðum og annarri framleiðslu, nema öðru vísi hafi verið samið. Eru með þessum hætti í dönsku lögunum tiltekin lausafjárverðmæti, sem ekki telj-

ast fylgifé fasteignar í venjulegum skilningi, gerð að sérstöku fylgifé.

Um 29. gr.

Þegar jörð er sett að veði, hefur samkvæmt gildandi lögum verið litið svo á, að veðrétturinn nái til lands jarðarinnar og að auki til kúgilda og jarðarhúsa, sem eru talin fylgifé jarðar (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 36). Með heimild í 5. gr. veðlaganna er svo heimilt við veðsetningu jarðar að láta tiltekin önnur verðmæti fylgja jörð, en þar er um að ræða önnur tiltekin hús á jörð, áhöld, búsgögn og heyforða, sem á henni er í hvert skipti.

1. mgr. 29. gr. frumvarpsins er orðuð með öðrum hætti en 5. gr. gildandi laga, þótt í raun sé ekki um verulega efnisbreytingu að ræða. Þar kemur fram sú regla, að við veðsetningu jarðar sé heimilt að semja svo um, að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau, sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Gerist veðsetning rekstrartækjanna samtímis veðsetningu jarðarinnar.

Samkvæmt 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins nær veðréttur í rekstrartækjum, rekstrarveð, ekki til þeirra verðmæta, sem veðsett verða skv. 29. gr. frumvarpsins. Þykir af ýmsum ástæðum, m.a. sögulegum, rétt að skipa veðsetningarheimildum landbúnaðar, þar með talið hvað varðar rekstrartæki sérstaklega í frumvarpinu. Má t.d. benda á að veðréttur í rekstrartækjum skv. 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins nær m.a. til innbús. Eiga tæpast við sömu sjónarmið um veðsetningu innbús, þegar í hlut eiga annars vegar almennir rekstraraðilar og hins vegar bændur. Ber í þessum efnum að hafa í huga, að árið 1952 var flutt á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á veðlögunum. Miðaði frumvarp þetta að því að heimila bændum að veðsetja, eins og í lögum um Kreppulánasjóð, einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er þeir ættu eða kynnu að eignast. Sama skyldi og gilda um veðsetningu fóðurbirgða. Þá skyldi bændum og heimilt að veðsetja í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsali ætti, þegar veðsetning færi fram og það, er hann síðar kynni að eignast. Frumvarpið var samþykkt, en með verulegum breytingum þó, og varð það að 9. gr. gildandi laga. Samkvæmt því ákvæði er bændum einungis heimilt að veðsetja einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, en slík heimild á hvorki við um fóðurbirgðir né búsgögn innan húss. (Alþt. 1952, A, bls. 1063.)

Með atvinnurekstri í landbúnaði er í 1. mgr. 29. gr. átt við hefðbundinn búskap og nýrri búgreinar eins og t.d. fiskeldi.

Í 2. mgr. er skilgreint, hvað átt sé við með rekstrartækjum landbúnaðar. Eru þar nefnd í dæmaskyni áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum. Rétt er að taka fram, að innbú á sveitaheimilum fellur ekki undir skilgreiningu 2. mgr. Þar undir geta hins vegar fallið heyvinnuvélar í hefðbundnum búrekstri eins og heyhleðsluvagnar, heyblásarar, heybindivélar, sláttuvélar, múgavélar og færibönd auk ýmissa annarra áhalda, véla og tækja, sem notuð eru við búrekstur. Hins vegar nær hugtakið rekstrartæki í skilningi 2. mgr. 29. gr. ekki til þeirra ökutækja, sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum. Þá nær skilgreiningin og yfir vélar og tæki, sem notuð eru við rekstur fiskeldisstöðva, hvort heldur sem er utan húss eða innan, en í tíð gildandi laga hefur nokkur vafi verið í þeim efnum.

Veð í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd, þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi fasteign eða fasteignum, sbr. 3. mgr. 29. gr. Í þessu sambandi skal bent á, að ábúanda ríkisjarðar er skv. 2. mgr. 15. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1988, heimilt að veðsetja ábýlisjörð sína til tryggingar lánum, sem hann á

kost á í Búnaðarbanka Íslands, til bústofnskaupa. Getur hann þá, ef frumvarp þetta verður að lögum, veðsett ábýlisjörðina ásamt rekstrartækjum.

Við veðsetningu rekstrartækja í landbúnaði gildir sama regla og á er byggt í 24. og 28. gr. frumvarpsins, þ.e. að ekki þurfi í veðbréfi að sérgreina hvert einstakt tæki, heldur nægi að taka þar fram, að rekstrartækin séu veðsett ásamt fasteigninni. Af sönnunarástæðum er hins vegar ráðlegt að gera einhverja grein fyrir því, hver verðmæti er hér um að ræða, hvort sem sú lýsing kæmi fram í veðbréfi eða sérstöku fylgiskjali. Vísast um þetta atriði til þeirra sjónarmiða sem fram koma í skýringum við 26. og 28. gr. frumvarpsins.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar er fjallað um veð í bústofni, en í 2. mgr. um veð í rekstrarvörum landbúnaðar, afurðum og uppskeru. Er í báðum tilvikum um sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna að ræða, þar sem heimildin til veðsetningar er ekki bundin því skilyrði, að jafnframt sé stofnað til veðs í réttindum yfir fasteign. Af ákvæðum 1. og 2. mgr. leiðir, að í veðbréfi nægir að sérgreina veðandlagið með þeim hætti, að fram komi tegund þess og tala hér um bil. Er það í raun sama regla og fram kemur í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga, þegar veðsettir eru einu nafni tilteknir flokkar búfjár og afurðir og rekstrarvörur landbúnaðar.

Heimildir 1. og 2. mgr. 30. gr. til veðsetningar á bústofni, rekstrarvörum og afurðum er ekki nýmæli samkvæmt frumvarpinu, því slíka heimild er nú að finna í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga. Heimildin til veðsetningar skv. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga nær til þess, að verið sé að veita ríkissjóði, bönkum eða öðrum lánastofnunum veð í hinum tilgreindu veðandlögum, og skv. 9. gr. gildandi laga er veðsetningarheimild þeirrar greinar takmörkuð við það, að verið sé að veita bönkum og sparisjóðum veð í hinu tilgreinda veðandlagi. Takmörkun þessi studdist í upphafi við þau rök annars vegar, að með henni væri síður hætta á, að þessi veðsetning yrði misbrúkuð og hins vegar, að því aðeins væri ástæða til að veita lánveitanda þau forréttindi, sem veðið veitti, að hann hefði lánað féð til þess að afla þess verðmætis, sem veðsetja átti, og með því tekið á sig að nokkru áhættuna af rekstrinum (Alþt. 1927, A, þskj. 301, bls. 480). Þessi rök þykja ekki eiga við í dag, og því er slíka takmörkun ekki að finna í 30. gr. frumvarpsins. Á heimildin því við, hver svo sem veðhafinn er. Þá er og í frumvarpsgreininni horfið frá þeirri takmörkun gildandi réttar, að binda veðsetningarheimild þessa við það, að um sé að ræða tryggingu fyrir láni, sem veitt er út á hin veðsettu verðmæti. Á veðsetningarheimildin því við, hver svo sem skuldin er.

Í 4. mgr. 4. gr. og 9. gr. gildandi laga koma fram takmarkanir á gildistíma veðsetningar. Er í 9. gr. miðað við veðsetningarheimild í eitt ár og í 4. mgr. 4. gr. í eitt ár eða fjögur ár eftir því hvert veðandlagið er. Veðsetningarheimild þessi var í upphafi veitt sjávarútveginum til hagsbóta, þótt landbúnaður bættist síðar við, og studdist tímatakmörkunin við þau rök, að heimildin næði til veðsetningar á verðmætum, sem sum væru ekki orðin til (svo sem óveidds afla), og þætti af þeirri ástæðu rétt að binda hana við ákveðið, tiltölulega stutt tímabil, sem í upphafi var eitt útgerðartímabil, en var síðar breytt í eitt ár. (Alþt. 1927, A, þskj. 519, bls. 836 og Alþt. 1960, A, þskj. 178, bls. 426.) Tímatakmarkanir þessar hafa það í för með sér, að reglulega verður að endurnýja veðsamningana með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði. Samkvæmt 6. mgr. 4. gr. gildandi laga er fjármálaráðuneytinu að vísu heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir lánum þessum, og skv. 7. mgr. 4. gr. gildandi laga, eru víxlar til fram-

lengingar afurðalánum, sem Seðlabankinn endurkaupir, undanþegnir stimpilgjaldi. Hvað sem slíkum heimildum líður, þykir ekki í frumvarpinu ástæða til þess að takmarka með lögum veðsetningarheimildirnar með þessum hætti. Þykir eðlilegra að leggja það í vald aðilanna sjálfra að semja fyrir fram um afmarkaðan gildistíma veðsetningar, ef þeir sjá ástæðu til.

Í 1. mgr. er nefnt í dæmaskyni, hvað teljist bústofn í skilningi ákvæðisins. Sú upptalning er ekki tæmandi. Þar er það nefnt, að hafbeitarfiskur teljist búfé, en skv. 4. mgr. 4. gr. gildandi veðlaga hefur það þótt vafa undirorpið, hvort og þá jafnframt með hvaða hætti veðsetningarheimild þeirrar greinar nær til hafbeitar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda er þetta í raun mjög svipuð veðsetningarheimild og er í 4. mgr. 4. gr. gildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er sama efnis og regla 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa. Í 5. mgr. frumvarpsgreinarinnar er vitnað til 1.–4. mgr. 27. gr. frumvarpsins hvað varðar heimild til framsals einstakra verðmæta úr heildarsafni, og vísast til skýringa við þá grein.

E.
Veðréttur í búnaði skipa, afla, sjávarafurðum og rekstrarvörum sjávarútvegs.

Þess er getið í athugasemdum við 29. og 30. gr., að rétt þyki af ýmsum ástæðum, m.a. sögulegum, að skipa veðsetningarheimildum landbúnaðar sérstaklega. Á hið sama við um samningsveðsetningar í siglingum og sjávarútvegi. Þá þykir það og gleggra til yfirlits að haga efnisskipan með þessum hætti.

Um 31. gr.

Frumvarpsgreinin veitir heimild til þess að semja svo um, þegar skip er veðsett, að skipinu skuli fylgja auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé, sem ætlað er til notkunar á skipi, en teljst ekki til fylgifjár þess í venjulegum skilningi.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 2. mgr. 6. gr. gildandi veðlaga, svo sem henni var breytt með lögum nr. 46/1933. Í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi til þeirra laga (Alþt. 1933, A, þskj. 395, bls. 840–841), er gildissvið ákvæðisins skýrt rækilega. Þar segir, að þegar skrásett skip sé selt að sjálfsvörsluveði, fylgi allt venjulegt fylgifé þess með í veðinu. Hvert sé venjulegt fylgifé skips, sé ákveðið eftir því, hvaða hlutir venjulega eru látnir fylgja skipi í kaupum og sölum, og yfirleitt muni vera litið svo á, að það séu eigi aðrir hlutir en þeir, sem nauðsynlegir séu til þess að skipið geti farið ferða sinna, og þó eigi allir þeir hlutir. Segl og reiði, vél og nauðsynlegir vélahlutir, skipsbátar, akkeri og festi séu þannig fylgifé skipsins, en aftur á móti t.d. ekki siglingaáhöld. Og það, sem meira máli skipti, margt annað, sem ætlað sé til nota í skipi til annars en sjálfrar siglingar skips, sé ekki venjulegt fylgifé, t.d. veiðarfæri, nótabátar á síldveiðiskipum, ýmis búsgögn, er í skipinu þurfi að hafa, olíu- og kolabirgðir, föst legufæri, er skipinu kunni að vera ætlað að nota o.fl. Þessa muni sé ekki hægt að veðsetja með skipinu. Veð í þeim verði aðeins veitt sem venjulegt sjálfsvörsluveð í lausafé. Hér sé farið fram á sams konar heimild til að veðsetja þessa muni með skipinu eins og veitt sé í 5. og 6. gr. veðlaganna til að veðsetja lausafjármuni með jörðum og með verksmiðjum. Fjármunir þessir séu oft mikils virði, og það mundi því auka veðgildi skipanna drjúgum, ef unnt væri að veðsetja þá með skipum, og oft muni þeir keyptir fyrir fé, sem tryggt sé með veði í skipinu, og sé þá eðlilegra, að tryggingin nái einnig til þeirra. Þess skuli getið, að

því er snerti kola- og steinolíubirgðir skips, að ekki sé til þess ætlast, að veðið nái til annars en þess forða, sem sé á skipinu í hvert skipti, og nái það því eigi til birgða þeirra af vörum þessum, sem útgerðin eigi í landi. Um aðra muni sé veðrétturinn aftur á móti ekki bundinn við það, að þeir séu í skipinu, þegar að því sé gengið, ef þeir séu ætlaðir til notkunar í því. Veðið geti því t.d. náð til varavörpu eða varanótar, er skipinu fylgi, en geymd sé í landi. Ákvæði 1. mgr. 31. gr. frumvarpsins byggja á þeim sjónarmiðum sem hér komu fram.

Ákvæði 2. mgr. 31. gr. frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um heimildir útgerðarmanna, framleiðenda sjávarafurða og þeirra, sem eignast hafa vörur þessar til vinnslu eða endursölu til annarra en neytenda, til þess að veðsetja afla, tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölumeðferðar. Er hér um sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna að ræða.

Veðsetningarheimildin kemur fram í 1. mgr., og er í raun sama heimild og nú kemur fram í 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Heimildin samkvæmt frumvarpsgreininni er þó rýmri að því leyti til, að hún er ekki takmörkuð við það, að verið sé að veita ríkissjóði, bönkum eða öðrum lánastofnunum veð í hinum tilgreindu veðandlögum til tryggingar lánum, sem tekin eru út á verðmætin. Þá er heimildin heldur ekki bundin tímatakmörkunum. Má um þetta efni vísa til skýringa við 30. gr. frumvarpsins.

Efni 2. mgr. er hið sama og efni 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa. Ákvæði 3. mgr. þarfnast heldur ekki skýringa, og um skýringar á 4. mgr. vísast til skýringa við 5. mgr. 30. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr.

F.
Veð í vörubirgðum.

Um 33. gr.

Ákvæði 33.–34. gr. frumvarpsins fjalla um veð í vörubirgðum. Er skv. 33. gr. heimilt að setja vörubirgðir að sjálfsvörsluveði sem heildarsafn muna. Almennt ákvæði hefur skort í íslenskan rétt um heimildir rekstraraðila til þess að setja vörubirgðir sínar að sjálfsvörsluveði einu nafni, en takamarkaðar heimildir í þá átt er að finna í lögum nr. 21/1966, um skrásetningu réttinda í loftförum, (varahlutabirgðir með loftfari); lögum nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána, (hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar), auk þeirra heimilda, sem fram koma í 4. mgr. 4. gr. og 6. gr. gildandi laga (afli, afurðir, rekstrarvörur, verkefni).

Í frumvarpi þessu þykir ekki rétt að hagga við reglu 24. gr. laga nr. 21/1966, enda er hún sérstaks eðlis. Ákvæðum 29.–32. gr. frumvarpsins er hins vegar ætlað að leysa af hólmi reglur 4., 5. og 6. gr. gildandi laga, og 33.–34. gr. frumvarpsins er m.a. ætlað að koma í stað laga nr. 47/1972, en þær frumvarpsgreinar eru þó til muna víðtækari en efni laga nr. 47/1972.

Samkvæmt lögum nr. 47/1972 er iðnfyrirtækjum heimilt að setja bönkum eða sparisjóðum að sjálfsvörsluveði hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, sem veðsali á eða eignast kann á tilteknu tímabili, allt að einu ári í senn. Var við setningu laga þessara að því stefnt að veita iðnfyrirtækjum hliðstæða heimild og framleiðendur landbúnaðar- og sjávarafurða höfðu þá til að setja bönkum og sparisjóðum að sjálfsvörsluveði ótiltekið safn hráefna og vara í vinnslu og fullunnar. Með iðnfyrirtækjum var átt við iðju og iðnaðar-

fyrirtæki einstaklinga og félaga, án tillits til rekstrarforma (Alþt. 1971–72, þskj. 581, bls. 1473–74).

Frumvarpsgreinin er víðtækari en ákvæði laga nr. 47/1972 að því marki sem nú skal greint:

a. Veðsetningarheimild gildandi laga er bundin við iðnfyrirtæki, en frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir almennri veðsetningarheimild til handa þeim, sem stunda atvinnurekstur.
b. Heimild gildandi laga er tímabundin, þ.e. við eitt ár í senn, en slíka takmörkun er ekki að finna í frumvarpsgreininni.
c. Þá er veðandlagið skilgreint rýmra í frumvarpinu en í gildandi lögum. Í gildandi lögum er talað um hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar, en í frumvarpinu er viðmiðunin hráefni, vörur í vinnslu, fullunnar vörur, verslunarvörur, rekstrarvörur og aðrar vörur, sem notaðar eru í rekstrinum og auk þess búnaður um framleiðsluvörurnar.
d. Heimild gildandi laga er bundin við það, að um sé að ræða banka eða sparisjóði sem lánveitendur. Slík takmörkun er ekki í frumvarpinu.

Í 33. gr. frumvarpsins er rekstraraðilum veitt heimild til þess að setja að sjálfsvörsluveði vörubirgðir rekstrar síns. Er hér, eins og áður er rakið, um að ræða sjálfsvörsluveðsetningu í sérstöku heildarsafni muna. Með rekstraraðila er átt við rekstraraðila skv. 25. gr. frumvarpsins, og vísast um skýringu á því hugtaki til athugasemda við 24. og 25. gr., en eins og þar kemur fram, er um að ræða þá aðila, sem stunda framleiðslu, sölu eða þjónustu. Sérreglur gilda hins vegar samkvæmt frumvarpinu um heimildir rekstraraðila í landbúnaði og sjávarútvegi til þess að veðsetja afla, afurðir og rekstrarvörur og eiga ákvæði 33.–35. gr. því ekki við um þá aðila.

Í 2. mgr. er skilgreint, hvað átt sé við með vörubirgðum. Í 1. gr. laga nr. 47/1972 er heimild iðnfyrirtækja bundin við hráefni, vörur í vinnslu og fullunnar. Í frumvarpsgreininni er hins vegar rætt um hráefni, vörur í vinnslu, tilbúnar vörur, fullunnar vörur og verslunarvörur, auk þess sem heimildin nær einnig til rekstrarvara og búnaðar utan um vörurnar. Í athugasemdum við 24. gr. frumvarpsins er vikið að reglu 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, sem veitir heimild til þess að veðsetja verkefni með fasteign. Úr framkvæmd í tíð gildandi réttar er þar nefnt það dæmi, þegar skipasmíðastöðvar veðsetja fasteignir sínar ásamt smíðaverkefni, sem þær vinna að. Af ákvæðum 24. gr. leiðir, eins og þar er rakið, að slík verkefni verða ekki veðsett sem rekstrartæki með fasteign. Þykir eðlilegra að skipa slíkum verðmætum á bekk með vörubirgðum og mundi t.d. skipasmíðaverkefni þá falla undir a-lið 2. mgr. 33. gr. frumvarpsins.

Af ákvæðum 3. mgr. 33. gr. leiðir, að veð í vörubirgðum er veð í heildarsafni muna, þ.e. veðrétturinn nær til vörubirgðanna eins og þær eru á hverjum tíma. Þá nær veðrétturinn og til birgðanna í heild sinni, nema veðsettur hafi verið nánar tilgreindur hluti birgðanna, sem rekstrarlega séð er aðskilinn frá öðrum hluta þeirra og telja má sjálfstæða heild. Heimildin til að veðsetja hluta birgðanna er einkum sett með hagsmuni þeirra rekstraraðila í huga, sem reka framleiðslu eða rekstur á fleiri stöðum en einum. Þá má einnig hugsa sér, að slík veðsetning að hluta geti átt sér stað, þar sem tiltekinn rekstraraðili framleiðir ólíkar vörur á mismunandi stöðum og er með aðskildar vörugeymslur.

Um 34. gr.

Í 34. gr. mælir fyrir um réttarvernd veðs í vörubirgðum. Kemur þar fram, að veðréttur-inn öðlast réttarvernd með þinglýsingu á blað veðsala í lausafjárbók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga. Veð í vörubirgðum skv. 33. gr. er veð í ósundurgreindu heildarsafni muna, eða ótilteknu safni eins og það er orðað í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til laga um veðtryggingu iðnrekstrarlána. Hvað sérgreiningu veðandlagsins í veðskjali varðar, þá nægir almennt að fram komi tegund vörubirgðanna og tala hér um bil.

Í 2. mgr. 34. gr. segir, að um veðrétt í vörubirgðum gildi ákvæði 1.–4. mgr. 27. gr. Er viðmiðunin samkvæmt því sú, að veðsali hafi heimild til þess að selja vörur, sem heyra til veðsettum vörubirgðum, í samræmi við það sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri, eða það skerði ekki að mun veðtryggingu veðhafa. Hér er að sjálfsögðu um matskennda viðmiðun að ræða, sem skoða verður og meta í hverju einstöku tilviki. Meginviðhorfið er það, að veðrétturinn sé því ekki til fyrirstöðu, að selt sé út úr veðsettum birgðum, svo lengi sem salan er í samræmi við það, sem eðlilegt er í viðkomandi rekstri. Smásali, sem veðsett hefur vörubirgðir sínar, svo eitthvert dæmi sé nefnt, verður eðli málsins samkvæmt að selja úr birgðunum í daglegum rekstri sínum. Hinu sama gegnir um framleiðanda tiltekinnar verslunarvöru. Hann verður eðlilega að koma framleiðslu sinni á markað í samræmi við það, sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri og er veðrétturinn því ekki til fyrirstöðu. Framsal umfram það, sem tíðkanlegt er í viðkomandi atvinnurekstri, er hins vegar óheimilt. Með sama hætti er framsal óheimilt, ef það er til þess fallið að skerða veðtryggingu veðhafa. Á það skal bent í þessu sambandi, að veðhafi getur að sjálfsögðu gætt hagsmuna sinna, ef þörf krefur, með samkomulagi við veðsala um, að greiðslur frá þriðja manni fyrir andvirði vara, sem seldar hafa verið úr veðsettum vörubirgðum, renni að einhverju leyti eða öllu um hendur veðhafa, þar til veðskuld er að fullu greidd.

Heimild til framsals vörubirgða er bundin sömu takmörkunum og fram koma í 2. mgr. 27. gr. Í því felst, að eftir að veðhafi hefur komið fram greiðsluáskorun til undirbúnings fullnustugerðar til innheimtu veðkröfu, hefur veðsali ekki lengur rétt til þess að afhenda vörur, sem heyra til veðsettum vörubirgðum.

G.
Söluveð.

Í lausafjárkaupum, sérstaklega afborgunarkaupum, hefur lengi verið tíðkað, að seljandi geri þann fyrirvara, að kaupandi öðlist ekki eignarrétt að söluhlut, fyrr en hann hefur efnt kaupsamninginn og þá fyrst og fremst með greiðslu kaupverðsins. Í því felst m.a. sá áskilnaður seljanda, að hann heimti hlutinn aftur, ef vanefndir verða af hálfu kaupanda. Kaupandi getur þá ekki ráðstafað hlutnum, t.d. með sölu eða veðsetningu, fyrr en eignarréttarfyrirvarinn er fallinn niður. Brot á því getur varðað refsingu sem fjárdráttur eða svik. Þá hefur jafnvel verið talið, að þótt kaupandi slíks hlutar sé í góðri trú, mundi hann í flestum tilvikum vera skyldur til þess að skila eigandanum hlutnum, sjá þó Hrd. 1966.231. Sett lagaákvæði hefur á hinn bóginn skort í íslenskan rétt um eignarréttarfyrirvara. Á það bæði við um hina kauparéttarlegu hlið afborgunarsamninga með eignarréttarfyrirvara og um réttarvernd þeirra tryggingarréttinda, sem í eignarréttarfyrirvara felst.

Eignarréttarfyrirvari felur í sér tryggingarráðstöfun, sem að mörgu leyti svipar til veðstofnunar. Hafa því oft verið uppi raddir um það, að um þessi réttindi bæri að beita réttarreglum um veð. Hefur þá einkum verið haft í huga, hvort ekki væri rétt að krefjast sömu tryggingarráðstafana til þess að eignarréttarfyrirvarinn geti orðið bindandi fyrir viðsemjendur og skuldheimtumenn kaupanda. Sú hefur þó ekki orðið niðurstaðan í íslenskum rétti, og að uppfylltum vissum skilyrðum er eignarréttarfyrirvari af hálfu seljanda bindandi fyrir síðari viðsemjendur og skuldheimtumenn kaupanda, þótt ekki hafi verið gætt réttarreglna um stofnun sjálfsvörsluveðs í lausafé.

Ákvæðin í undirkafla G í III. kafla fjalla um svokallað söluveð og rétt sem jafna má til söluveðs. Söluveð samkvæmt frumvarpinu er veðréttur í hinu selda til tryggingar láni sem seljandi eða annar lánveitandi hefur veitt til kaupa. Er hægt að áskilja sér slíkan veðrétt í þeim tilvikum, þegar allt kaupverðið er greitt í einu lagi eftir afhendingu söluhlutar, og þegar söluverðið er greitt með afborgunum.

Með söluveði er því fyrst og fremst átt við tryggingarréttindi þau, sem hingað til hafa verið talin felast í eignarréttarfyrirvara í lausafjárkaupum (pactum reservati dominii), sbr. upphafsákvæði 35. gr. frumvarpsins. Má því segja, að hugtakið söluveð í skilningi frumvarpsins sé í raun nýtt heiti á þekktum réttindum, þ.e. þeim tryggingarrétti, sem felst í eignarréttarfyrirvara. Er í frumvarpinu við það miðað, að eignarréttarfyrirvari sé tryggingarréttur, sem í flestu eigi samstöðu með veðréttindum og beri að skipa í flokk með þeim. Samkvæmt því er í frumvarpinu farið með eignarréttarfyrirvara (söluveð) sem hver önnur sjálfsvörsluveðréttindi í lausafé, með ákveðnum frávikum þó. Með ákvæðum kaflans er þess vegna stefnt að því að leysa af hólmi gildandi ólögfestar reglur um hina tryggingarréttarlegu hlið eignarréttarfyrirvara.

Í kaflanum er m.a. mælt fyrir um skilyrði þess, að stofnað verði til gilds söluveðs, sem svo er kallað (35. og 36. gr.); um ráðstöfunarheimild veðsala (37. gr.); um form og efni söluveðsssamningsins og skilyrði réttarverndar (38. gr.) og um fullnustuleiðir veðhafa (5. mgr. 38. gr.). Af ákvæðum kaflans leiðir, að ekki skiptir máli svo ákvæði kaflans eigi við, hvort aðilar hafa kosið að kalla samning sinn samning um söluveð, samning um kaup með eignarréttarfyrirvara eða öðru heiti, sbr. 42. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. frumvarpsins er það skilyrði fyrir réttarvernd samnings um söluveð, að veðsamningurinn sé skriflegur. Það er hins vegar einungis í undantekningartilvikum skilyrði fyrir réttarvernd, að samningnum sé þinglýst, en það er í því tilviki, þegar um er að ræða söluveð í skráningarskyldum lausafjármunum, sbr. 2. mgr. 38. gr. Gilda þá almennar reglur um réttarvernd og forgangsáhrif.

Tryggingarréttur seljanda lausafjár, sem selt hefur verið með eignarréttarfyrirvara, felst nú í því að heimta hlutinn aftur, eftir atvikum með aðstoð sýslumanns, ef kaupandinn stendur ekki í skilum með greiðslur kaupverðs. Í ákvæðum frumvarpsins felst sú rýmkun, sbr. 5. mgr. 38. gr., að söluveðhafi getur valið milli tveggja fullnustuleiða. Hann getur annars vegar krafist nauðungarsölu hins veðsetta eftir þeim almennu reglum, sem gilda um nauðungarsölu lausafjár. Hins vegar getur hann farið þá leið að rifta söluveðssamningi samkvæmt heimild í veðsamningi eða á grundvelli almennra riftunarreglna. Getur hann í því tilviki krafist afhendingar hins veðsetta úr höndum veðsala. Þá verður að beita þeim reglum um uppgjör í millum aðila, sem hingað til hefur verið fylgt.

Um 35. gr.

Í 35. og 36. gr. frumvarpsins er gildissvið reglna um söluveð markað. Í 35. gr. kemur fram, að grundvöllur söluveðs sé samningur um sölu lausafjár, og þar kemur einnig fram, hvers konar kröfur unnt er að tryggja með söluveði. Er þar um að ræða kröfu seljanda til endurgjalds fyrir seldan hlut ásamt vöxtum og kostnaði. Við það er miðað í ákvæðinu, að raunveruleg sala hafi átt sér stað og að söluverðmætið verði sérgreint, og skiptir þá ekki öllu máli, hverju nafni aðilar kalla samning sinn. Sem dæmi um kostnað, sem unnt er að tryggja með söluveði, má nefna útgjöld seljanda vegna geymslu, umbúnaðar, flutnings og uppsetningu hins selda.

Af ákvæðum b-liðar 35. gr. leiðir, að auk seljanda geta lánveitendur kaupanda tryggt rétt sinn með söluveði, sbr. orðalagið „... láni, sem þriðji maður hefur veitt kaupanda ...". Skilyrði gilds söluveðs samkvæmt þessari heimild er það, að lánveitandi greiði lánið beint til seljanda, þannig að lánsfjárhæðin fari ekki um hendur kaupanda. Í þessari heimild felst að öllum líkindum veruleg rýmkun á sviði gildandi reglna um eignarréttarfyrirvara.

Einungis verður stofnað til söluveðs í lausafé, sbr. það orðalag 35. gr., að í tengslum við sölu lausafjár, sé heimilt að semja um veðrétt í hinu selda. Er það og meginregla, að allt lausafé megi setja að söluveði, en frá því gilda þó undantekningarnar, sem koma fram í 36. gr. Til söluveðs samkvæmt þessum kafla frumvarpsins verður ekki stofnað, þegar um sölu fasteigna er að ræða, en rétt er hins vegar að hafa í huga, að seljandi fasteignar getur skv. 15. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, áskilið sér veðrétt yfir hinni seldu eign. Gengur sá réttur framar réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngri eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldri eiganda, og skjalið, sem gefur þetta til kynna er í síðasta lagi afhent samtímis skjali því, er heitir viðsemjanda yngri eiganda réttindunum.

Í 35. gr. er á því byggt, að aðilar semji gagngert um söluveð í samningi sínum, sbr. orðalagið „... heimilt að semja ...". Seljandi getur því ekki einhliða áskilið sér söluveð þannig að bindandi sé fyrir kaupanda eða þann, sem leiðir rétt sinn frá honum. Við mat á gildi staðlaðra samningsskilmála í þessu sambandi verður að líta til almennra reglna um það efni.

Um 36. gr.

Sú meginregla gildir skv. 35. gr. frumvarpsins að söluveð verður stofnað í öllu lausafé, nema sérstök takmörkun sé þar gerð á. Heimilt er að stofna til söluveðs í skráningarskyldu lausafé, t.d. bifreið, skipi eða flugvél, en gæta verður þinglýsingarreglna, sbr. 2. mgr. 38. gr. Er með þessu verið að koma í veg fyrir, að á slíkum verðmætum geti annars vegar hvílt óþinglýst söluveð og hins vegar þinglýst veð í viðeigandi réttindaskrá. Þótt ekki verði stofnað til óþinglýsts söluveðs í skráningarskyldu lausafé, er skv. 1. mgr. hægt að stofna til söluveðs í fylgifé slíks lausafjár, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 38. gr.

Samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. er ekki heimilt að stofna til söluveðs í hlutum, sem kaupandi hefur heimild til þess að selja áfram, endurselja, áður en hlutirnir eru að fullu greiddir seljanda. Þegar litið er til hagsmuna almennra kröfuhafa kaupanda og þeirra, sem í grandleysi öðlast rétt yfir hlutunum með samningi við kaupanda, verður að telja það varhugavert, að hægt sé að stofna til söluveðs í slíkum verðmætum. Um heimild kaupanda í þessum efnum fer eftir samningi aðila.

Bann við stofnun söluveðs samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. tekur ekki til þeirra tilvika, þar sem kaupanda er heimilt „... að selja hlut, eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins“. Í slíkum tilvikum má nota söluveð sem tímabundna tryggingu fyrir endurgjaldskröfunni. Er með þessu haldið í þetta tryggingarform við sölu efnis, hrávöru og eininga, sem ætlunin er að selja að lokum sem hluta eða þátt endanlegrar framleiðslu, eftir að fram hafa farið endurbætur og viðskeyting. Sem dæmi tilvika, er hér geta falli undir má t.d. nefna verktakaframkvæmdir, skipasmíðar og þess háttar. Söluveð getur þá hvílt á hlut á framleiðslustigi, en fellur burt, þegar endurbótum eða viðskeytingu er lokið. Einföld uppsetning hins keypta og aðrar slíkrar ráðstafanir mundu ekki teljst endurbætur í skilningi ákvæðisins.

Um 37. gr.

Í 37. gr. kemur fram sú regla, að hlut, sem á hvílir söluveð, má hvorki selja né veðsetja, án samþykkis þess veðhafa, sem söluveð á. Er regla frumvarpsgreinarinnar í samræmi við ólögfestar reglur, sem taldar eru gilda á þessu sviði. Bann við sölu og veðsetningu samkvæmt þessu ákvæði getur eðli málsins samkvæmt ekki náð til þeirra tilvika, sem falla undir fyrri málslið 36. gr., en þar er fjallað um þau tilvik, þegar kaupanda hlutar er heimilt að selja söluhlutinn áfram, þótt kaupverðið sé ekki að fullu greitt. Í slíkum hlutum verður ekki, svo gilt sé, stofnað til söluveðs.

Regla 37. gr. frumvarpsins felur samkvæmt framansögðu í sér frávik frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 11. gr. frumvarpsins, þ.e. að veðréttur sé því eigi til fyrirstöðu, að hinu veðsetta sé afsalað, nema annað leiði af samningi eða ákvæðum laga. Samkvæmt 37. gr. frumvarpsins gildir gagnstæð regla varðandi söluveð, þ.e. veðrétturinn er því til fyrirstöðu, að hinu selda verði afsalað eða það veðsett, nema samþykki söluveðhafa liggi fyrir. Kaupandi hefur samkvæmt þessu ekki ráðstöfunarrétt með löggerningi yfir hinu keypta, fyrr en hann hefur að fullu gert upp við seljanda. Regla 37. gr. frumvarpsins á við, hvort sem söluveðhafinn er seljandi eða lánveitandi, sbr. a- og b-liði 35. gr. frumvarpsins. Ráðstafanir kaupanda, sem andstæðar eru ákvæðum 37. gr. frumvarpsins, geta leitt til refsiábyrgðar kaupanda.

Um 38. gr.

Um réttarvernd söluveðs er fjallað í 38. og 39. gr. Samkvæmt 1. mgr. 38. gr. er það skilyrði réttarverndar, að samningur sé gerður skriflega og í síðasta lagi samtímis afhendingu söluhlutar til kaupanda. Er þessi áskilnaður nauðsynlegur af sönnunarástæðum og til þess að fyrirbyggja málamyndagerninga. Krafan um skriflegan samning felur það í sér, að fyrir liggi samningur um söluveð, sem undirritaður er af báðum aðilum. Þinglýsing er hins vegar ekki skilyrði fyrir réttarvernd, nema í undantekningartilvikum, sbr. það sem fram kemur í almennum athugasemdum við undirkafla G í III. kafla frumvarpsins og í skýringum við 35. gr.

Í 2. mgr. er fjallað um efni söluveðssamningsins. Í samningnum skal bæði sérgreina veðandlagið og tilgreina fjárhæð þeirrar kröfu, sem veðinu er ætlað að tryggja. Þó er ekki nauðsynlegt að sérgreina sérstaklega þá vaxta- eða kostnaðarkröfu, sem greinir í a-lið 35. gr. Ef fram kemur í samningi þeim, sem liggur til grundvallar viðskiptum aðila, hvaða verðmæti hafa verið seld með greiðslufresti, ætti ekki að koma að sök, þótt veðréttarins sé getið á öðru skjali.

Í 3. mgr. er fjallað um það tilvik, þegar saman rekast veðréttindi seljanda og lánveitanda, og báðir hafa samið um söluveð í hlutnum. Getur það t.d. gerst, þegar lánveitandi lánar kaupanda fyrir hluta kaupverðsins. Eru þá veðréttir þessara aðila jafnstæðir, nema um annað hafi verið samið. Er þá miðað við það, sem veðhafarnir hafa samið sín í milli, þ.e. seljandi og lánveitandi.

Samkvæmt 4. mgr. frumvarpsgreinarinnar á söluveðhafi tveggja kosta völ til þess að gera veðrétt sinn gildandi. Hann getur annars vegar krafist afhendingar hins selda, eftir atvikum með aðstoð sýslumanns, eftir þeim reglum, sem hingað til hafa verið taldar gilda í þeim efnum. Hins vegar er honum kostur að krefjast nauðungarsölu á hinu veðsetta án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar eftir sömu reglum og gilda um slíka sölu samkvæmt lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, en þar eru hafðar í huga reglur 2.–6. tölul. 1. mgr. 6. gr. þeirra laga. Af því leiðir, að áður en nauðungarsölu verður krafist, og eftir að krafa er komin í gjalddaga, skal veðhafi beina greiðsluáskorun til veðþola eftir reglum þeim, sem fram koma í 9. gr. laga nr. 90/1991. Velji söluveðhafi að rifta samningi um söluveð vegna vanefnda kaupanda og krefjist afhendingar hlutarins, kunna að rísa álitaefni um skyldur hans gagnvart þeim, sem öðlast hafa óbein eignarréttindi í hlutnum, t.d. veðréttindi á grundvelli reglunnar í 37. gr. frumvarpsins. Ekki þykir ástæða til þess að setja sérstakar reglur um réttarstöðu söluveðhafa í slíkum tilvikum, enda verður að telja, að hann yfirtaki eftir því sem við getur átt, þær skyldur, sem á kaupanda hlutar hafa hvílt. Þannig mundi söluveðhafi yfirtaka skyldur kaupanda um meðferð á hlut, skyldu til að vátryggja hlut o.fl., svo fremi sem þessar skyldur hafa hvílt á kaupanda gagnvart veðhafanum. Mundu um þetta gilda almennar reglur.

Um 39. gr.

Í 39. og 40. gr. er fjallað um tilvik, sem leitt geta til þess, að söluveð falli niður. Er í 39. gr. fjallað um viðskeytingu, og getur ákvæðið haft þýðingu, þegar um söluveð í hlutum og fylgifé er að ræða. Sjónarmið það, sem fram kemur í ákvæðinu, er í samræmi við ólögfestar reglur íslensks réttar um viðskeytingu, sem dómstólar hafa mótað. Talið er óheppilegt út frá samfélagsleglum sjónarmiðum að spilla eða eyða verðmætum, ef aðrir kostir eru fyrir hendi, sjá til athugunar Hrd. 1966.231.

Í ákvæðinu er við það miðað, að tvær ástæður geti leitt til brottfalls söluveðs. Annars vegar það, að það hafi óhóflegan kostnað í för með sér að skilja hlut eða fylgifé frá aðalhlut **eða** slíkur aðskilnaður mundi hafa í för með sér ósanngjarna verðmætisrýrnun. Fyrri viðmiðunin nær til þeirra tilvika, þar sem aðskilnaður hefur mikinn kostnað í för með sér, en seinni viðmiðunin nær til þeirra tilvika, þar sem aðskilnaður er í sjálfu sér framkvæmanlegur, en mundi aftur leiða til þess, að aðalhluturinn yrði verðlítill eða verðlaus og erfitt getur reynst að útvega annan hlut í stað þess, sem fjarlægður var.

Um 40. gr.

Í frumvarpsgreininni er fjallað um söluveð í verðmætum, t.d. hráefni, sem kaupandinn mun umbreyta með einhverjum hætti í starfsemi sinni. Má sem dæmi nefna planka og borð í húsgagnaframleiðslu, stálplötur í skipasmíðum og pappír í prentsmiðjum. Er þá álitaefnið, hvort veðrétturinn nái til lokaframleiðslunnar.

Samkvæmt frumvarpsgreininni geta tvær ástæður leitt til þess, að söluveðréttur í þeim verðmætum, sem hér um ræðir, fellur brott. Það er í þeim tilvikum, þegar endurbætur eða tilkostnaður leiða til verulegra breytinga á eðli hlutarins eða verðmæti, eftir að hann var afhentur kaupanda. Erfitt er að nefna dæmi um verulega breytingu á eðli eða verðmæti hlutar, og verða dómstólar að móta reglur í þeim efnum. Sem dæmi um verulega breytingu á eðli hlutar má þó nefna það tilvik, þegar stálplötur hafa verið skornar niður í tiltekinn skipsskrokk.

Umbætur, viðskeyting eða breytingar á eðli hlutar geta hvort heldur sem er átt sér stað, þar sem ætlunin er að selja hlut áfram og í þeim tilvikum, þar sem kaupandinn að eigin frumkvæði umbreytir hlut án þess að hafa endursölu í huga. Er í frumvarpsgreininni ekki greint á milli þessara tilvika, en það leiðir af ákvæðum 2. mgr. 36. gr., að **réttur** kaupanda til endursölu í slíkum tilvikum (bæði skv. 39. og 40. gr.) stendur því ekki í vegi, að um söluveð verði samið.

Um 41. gr.

Samkvæmt gildandi rétti verður sennilega litið á eignarréttarfyrirvara sem hlutbundinn rétt (hlutaréttartryggingu). Seljandinn hefur áskilið sér eignarrétt að hinu selda og eignarréttindi fyrnast ekki. Þannig var og aðstaðan í Noregi, en þar var þessum reglum breytt við gildistöku nýrra fyrningarlaga 1979 og við gildistöku veðlaganna 1980.

Í frumvarpsgreininni er bæði fjallað um fyrningu kröfu þeirrar, sem söluveðið á að tryggja, og fyrningu söluveðsins sjálfs. Samkvæmt fyrri málslið greinarinnar fyrnist krafan til endurgjaldsins á fjórum árum frá því hún varð gjaldkræf. Er það sami fyrningarfrestur og gildir vegna krafna út af sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé, sem ekki er afhent sem fylgifé fasteignar. Þykir ekki ástæða til þess að lögmæla lengri fyrningarfrest kröfunnar en almennt gildir við sölu lausafjár.

Um fyrningu veðréttarins segir í síðari málslið greinarinnar að söluveð falli úr gildi um leið og krafan fyrnist. Er það sama regla og gildir skv. 3. mgr. 1. gr. fyrningarlaganna, en þar segir, að sjálfsvörsluveðréttur í lausafé falli úr gildi um leið og krafan fyrnist.

Ekki þykir í frumvarpinu ástæða til þess að kveða sérstaklega á um slit á fyrningarfresti kröfu þeirrar, sem söluveð á að tryggja. Er við það miðað, að í þeim efnum gildi almennar reglur fyrningarlaga, nr. 14/1905, ákvæði laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, og laga um aðför, nr. 90/1989.

Um 42. gr.

Í 42. gr. eru ákveðin tryggingarréttindi sett á borð með söluveði. Af ákvæðinu leiðir, að þegar samið hefur verið um tryggingarréttindi fyrir endurgjaldi hins selda í formi eignarréttarfyrirvara eða réttar til að taka söluhlut til baka, ber með slíka samninga að fara sem samninga um söluveð. Gilda þá um slíka samninga ákvæði 35.–41. gr. Skiptir þannig engu máli, þótt seljandi hafi áskilið sér eignarréttarfyrirvara í stað veðréttar (söluveðs).

Af tilvísun 42. gr. til reglna um söluveð leiðir, að brottfallsregla 39. gr. stendur því í vegi, að eignarrétti leigusala verði beitt gagnvart síðari viðsemjendum og kröfuhöfum leigutaka, þegar leiguhlutur hefur verið skeyttur þannig við aðalhlut, að aðskilnaður mundi leiða til óhóflega mikils kostnaðar eða ósanngjarnrar verðmætisrýrnunar. Sama á við, þegar endurbætur eða tilkostnaður hafa í verulegum atriðum breytt eðli hins leigða, sbr. ákvæði 40. gr., sem einnig gilda.

Almennt um IV. kafla.

Megineinkenni veðréttar er það, að um er að ræða forgangsrétt til að leita fullnustu fyrir tiltekinni greiðslu í ákveðinni eign, veðinu. Að baki hugtakinu veðréttindi býr því það, að ákveðinn aðili á forgangsrétt til að taka fjárhagslegt verðmæti einhverrar greiðslu af verði tiltekinnar eignar. Af því er talið leiða, að veðréttindi geti aðeins stofnast í eignum, sem hafa fjárhagslegt gildi, en á móti kemur, að unnt er að stofna til veðréttinda yfir hvers konar eignum, sem hafa fjárhagslegt gildi, þar með töldum kröfuréttindum.

Heildstæð ákvæði skortir hins vegar í íslenskan rétt um það, hver kröfuréttindi verða veðsett og hverjar tryggingarráðstafnir eru nægjanlegar til verndar slíkum rétti. Úr þessu er bætt í IV. kafla frumvarpsins, sem fjallar um veðsetningu viðskiptabréfa, innnlausnarbréfa og almennra krafna. Þá hefur kaflinn og að geyma reglur um „factoring“ eða vörureikningsveð. Ef frumvarp þetta verður að lögum, koma auk reglna IV. kafla almennar reglur frumvarpsins til með að gilda um veðréttindi í kröfum, nema annað sé sérstaklega tekið fram eða leiði af eðli máls.

Það fer eftir því, hvers konar kröfuréttindi eiga í hlut, hverjar tryggingarráðstafanir eru nauðsynlegar til verndar veðrétti í kröfum. Er ýmist byggt á því, að umráðasviptingu eða áritun þurfi (viðskiptabréf); tilkynningu til skuldara (almennar fjárkröfur) eða þinglýsingu (vörureikningsveð). Af ákvæðum IV. kafla leiðir, að unnt er samkvæmt frumvarpi þessu að stofna til veðréttar í kröfuréttindum með eftirfarandi hætti:

1. Handveð í viðskiptabréfakröfum, sbr. 43. gr.
2. Sjálfsvörsluveð í viðskiptabréfakröfum, sbr. 43. gr.
3. Handveð í innlausnarbréfum, sbr. 44. gr.
4. Samningsveð í almennum fjárkröfum, þar sem veðréttur öðlast réttarvernd við tilkynningu til skuldara, sbr. 45.–46. gr.
5. Þinglýst vörureikningsveð (factoring), skv. 47. gr.

IV. kafla er eftir bókstöfum skipt niður í undirkafla, þ.e. kafla A, sem fjallar um veð í viðskiptabréfakröfum; kafla B, sem fjallar um veð í innlausnarbréfum; kafla C, sem fjallar um veð í almennum fjárkröfum, og kafla D, sem fjallar um vörureikningsveð (factoring).

A.
Viðskiptabréf.

Um 43. gr.

Samkvæmt norsku veðlögunum, sbr. 4.–10. gr., gildir sú regla að einvörðungu verður stofnað til handveðs í viðskiptabréfum. Gilda þá um réttarvernd slíks veðs almennar reglur veðlaganna um handveðsetningar. Í 22. gr. dönsku skuldabréfalaganna er það gert að skilyrði fyrir veðsetningu viðskiptabréfs, að veðhafi fái bréfið í hendur, en áritun á bréfið um rétt hans nægir ekki (W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg., bls. 354). Hér á landi er töluvert tíðkað að taka handveð í viðskiptabréfum, og af ákvæðum 5. mgr. 48. gr. íslensku þinglýsingalaganna er ljóst, að ekkert er því til fyrirstöðu í sjálfu sér að stofna til sjálfsvörsluveðs í viðskiptabréfi, en á það er minnt í ákvæðinu, að réttaráhrif þinglýsingar gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu eru háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna. Er í ljósi þessa við það miðað í 43. gr. frumvarpsins, að bæði verði stofnað til handveðs og sjálfsvörsluveðs í viðskiptabréfum.

Réttarreglur um það, með hvaða hætti kröfur verða veðsettar, eru óljósar að gildandi rétti. Er þá sérstaklega átt við, hverjar tryggingarráðstafanir er rétt að áskilja, til þess að veðréttur í kröfum öðlist réttarvernd. Vafalaust hefur verið talið, að fullgilt **handveð** stofnist í skriflegum kröfum, þar með töldum viðskiptabréfakröfum, ef skuldari er sviptur umráðum skjalsins, sem krafan hefur verið fest á, og skuldara jafnframt tilkynnt um veðsetninguna. Meira vafamál hefur hins vegar þótt, hvort slaka megi svo á kröfum, að áritun um handveðsetningu á viðskiptabréf dugi ein út af fyrir sig og tilkynning til skuldara, ef aðrar kröfur eiga í hlut.

Ólafur Lárusson (Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 45–46) lagði áherslu á, að veðþoli væri sviptur ekki aðeins réttinum til að ráða yfir veðinu svo í bága færi við rétt handveðhafans, heldur og möguleikanum til þess. Væri hann sviptur vörslum veðsins missti hann þar með umráðamöguleikann, en hann gæti misst þann möguleika með ýmsum öðrum hætti, og að áliti Ólafs jafngilti vörsluskiptum hver sú ráðstöfun, sem svipti veðþola þessum möguleika. Því átti að hans áliti að nægja áritun á viðskiptabréf, þótt bréfið færi ekki úr vörslum veðþola, og sama væri að segja um það, ef skuldara kröfu væri tilkynnt um veðsetningu hennar, og skipti þá ekki máli, hvort krafan væri munnleg eða skrifleg. Hafa íslenskir dómstólar byggt á þessu sjónarmiði, þ.e. að tilkynning til skuldara og áritun á viðskiptabréf nægi til veðstofnunar. Hefur slíkt stundum verið nefnt handveðsígildi eða handveðréttarígildi (Gaukur Jörundsson, Um veðréttindi, bls. 37). Sjá Hrd. 1940.291, Hrd. 1967.78 og Hrd. 1969.921.

Áður er gerð grein fyrir því, hverjar reglur gilda í Danmörku og Noregi um tryggingarráðstafanir, þegar viðskiptabréfskrafa er sett að handveði. Reglur danskra og norskra laga þykja í þeim efnum skýrari og síður til þess fallnar að valda óvissu og misskilningi en þær reglur, sem íslenskir fræðimenn og dómstólar hafa mótað. Því er að fyrirmynd hinna erlendu laga lagt til í frumvarpinu, að upp verði tekin sú regla hér á landi, að réttarvernd veðsetningar viðskiptabréfs, þegar um handveðsetningu er að ræða, sé háð því, að umráðasvipting eigi sér stað með þeim hætti, sem greinir í 2.–4. mgr. 22. gr. frumvarpsins. Nægir því ekki, ef frumvarpið verður að lögum, að árita viðskiptabréfið um veðsetninguna.

Ef viðskiptabréf er sett að sjálfsvörsluveði, eru réttaráhrifin háð því, að bréfið sjálft sé áritað um veðsetninguna. Þykir rétt í þessum efnum að halda reglu 5. mgr. 48. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, en orða regluna einnig í veðlögunum, til öryggis og mönnum til leiðbeiningar.

Í 43. gr. frumvarpsins er hugtakið viðskiptabréf ekki skilgreint, en við það er miðað, að lögð verði til grundvallar sama skilgreining og stuðst hefur verið við í íslenskum rétti fram til þessa, sjá t.d. Ólafur Lárusson, Kaflar úr kröfurétti, Reykjavík, MCMLXV, bls. 61. Fer það eftir því, hversu viðskiptum manna er háttað á hverjum tíma, hvaða bréf teljast til viðskiptabréfa, þannig að þörf sé á, að sama regla gildi um þau og gilda um skuldabréf. Getur það breyst með breyttum viðskiptaháttum. Verður það hlutverk dómstóla á hverjum tíma að móta reglur í þeim efnum.

B.
Innlausnarbréf.

Um 44. gr.

Ákvæði 44. gr. frumvarpsins veita heimild til þess að veðsetja kröfur og réttindi samkvæmt innlausnarbréfi. Innlausnarbréf hefur verið skilgreint sem skjal, kröfuréttarlegs eðlis, sem veitir manni (skuldara) rétt til að neita að inna skyldu af hendi til sérhvers þess, sem ekki hefur skjalið undir höndum með sýnilegri formlegri heimild. Felst í þessu, að skuldarinn getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu, að skjalinu verði framvísað, það afhent eða það áritað um greiðslu. Til innlausnarbréfa hafa m.a. verið talin alls konar aðgöngumiðar, farseðlar eða póstávísanir. Innlausnarbréf eru ekki viðskiptabréf.

Samkvæmt frumvarpsgreininni er heimilt að setja innlausnarbréf að handveði, og þegar innlausnarbréf er sett að handveði, öðlast veðrétturinn réttarvernd í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. 22. gr. frumvarpsins, þ.e. við umráðasviptingu. Í norsku veðlögunum er það jafnframt gert að skilyrði, að send sé tilkynning til þess aðila, sem skuldbundinn er samkvæmt skjalinu. Í Danmörku gildir sú regla um réttarvernd, bæði gagnvart síðari viðsemjendum og skuldheimtumönnum, að veðhafi fái innlausnarbréfið í hendur. Ekki þykir ástæða til að taka upp tilkynningarskyldu að fyrirmynd norsku laganna, og byggir frumvarpið því á þeirri reglu, að vörslusvipting sé nægjanleg til réttarverndar.

C.
Almennar fjárkröfur.

Um 45. gr.

Í 45. gr. er fjallað um veðsetningu almennra krafna, en með almennum fjárkröfum er átt við aðrar kröfur en viðskiptabréfakröfur og kröfur samkvæmt innlausnarbréfum, sbr. 2. mgr. 45. gr. Er í 1. mgr. 45. gr. rætt um það, hverjar almennar kröfur verða veðsettar, en í 46. gr. ræðir um réttarvernd slíks veðréttar.

Veðsetningarheimildin skv. 1. mgr. 45. gr. er hvorki bundin við það, að krafa sé gjaldkræf né heldur hitt, að hún sé til orðin, sbr. orðalagið „... kemur til með að eignast ...“. Heimildin nær til fjárkrafna almennt, þ.e. hvort sem um er að ræða kröfur, sem stofnast innan eða utan samninga. Þá nær heimildin og til krafna af sviði opinbers réttar, t.d. krafa um eignarnámsbætur, að því marki, sem lög eða aðrar réttarheimildir takmarka ekki heimild manns til þess að veðsetja slíkar kröfur.

Tilgreiningarregla 4. gr. frumvarpsins gildir hér ekki, þar sem þinglýsing er ekki skilyrði réttarverndar. Það er að sjálfsögðu forsenda fyrir heimild til veðsetningar, að um sé að ræða framseljanlega kröfu. Takmarkanir í lögum eða samkvæmt samningi á heimild til framsals hefur því einnig þýðingu varðandi heimild til veðsetningar. Kröfu í erlendri mynt er unnt að veðsetja, sbr. og 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Um 46. gr.

Hvað almennar fjárkröfur varðar, hefur það verið talið nægja til fullrar réttarverndar, að skuldara kröfu sé tilkynnt um veðsetningu hennar, og hefur þá ekki verið talið skipta máli, hvort krafa er munnleg eða skrifleg (Ólafur Lárusson, Fyrirlestrar um veðréttindi, bls. 46 og bls. 83). Regla 46. gr. frumvarpsins byggir á þessu sama sjónarmiði, en þar segir, að veðréttur í almennum kröfum öðlist réttarvernd við það, að skuldarinn fái tilkynningu um veðsetninguna, annaðhvort frá veðsala eða veðhafa.

Nauðsynlegt er, að tilkynning til skuldara sé gerð með sannanlegum hætti. Í Noregi er það tíðkað af bönkum og öðrum lánastofnunum, sem taka veð í almennum fjárkröfum, að láta skuldara undirrita yfirlýsingu um, að honum sé kunnugt um veðsetninguna og að hann falli frá rétti til þess að beita skuldajafnaðarrétti gagnvart veðþola vegna krafna, sem skuldarinn kann að eiga á hendur veðþolanum. Þá er það og tíðkað, að skuldari staðfesti með undirritun sinni, að hann sé því aðeins laus undan greiðsluskuldbindingu sinni samkvæmt kröfunni, að greiðslan sé innt beint af hendi til veðhafa.

Í norsku veðlögunum frá 1980 er að finna ítarlegar reglur um ráðstöfunarrétt yfir veðsettum kröfum og um uppgjör, þegar veðsett krafa hefur verið framseld, sbr. 4.–6. gr. og 4.–8. gr. í norsku lögunum. Er það meginviðhorf norsku laganna, að veðsali almennrar fjárkröfu glati við veðsetninguna flestum heimildum sínum sem kröfuhafi hinnar veðsettu kröfu, og jafnframt að veðsetning kröfunnar veiti veðhafa í flestu sömu réttarstöðu og hann hefði hlotið, ef hann hefði fengið kröfuna framselda til eignar, sjá Tore Sandvik, o.fl., Norsk Panterett, 2. útg. 1982, bls. 381. Í dönskum rétti gilda ólíkar reglur hinum norsku. Þar er byggt á því meginviðhorfi, að heimildir veðsala sem kröfuhafa til þess að ráðstafa veðsettri kröfu takmarkist með þeim hætti, að hagsmunum veðhafans sé ekki stefnt í hættu. Getur veðsali samkvæmt því engar þær ráðstafanir gert, sem stefna fullnustumöguleikum veðhafa í hættu. Ráðstöfunarheimildum veðhafa eru og sömu skorður settar í dönskum rétti, og getur veðhafi engar þær ráðstafanir framkvæmt, sem stefnt geta hagsmunum veðsala í hættu, þegar veðrétturinn er niður fallinn, sjá W.E. von Eyben, Panterettigheder, 8. útg. 1987, bls. 364.

Þótt margt sé óljóst samkvæmt gildandi íslenskum rétti um ráðstöfunarheimildir veðhafa og veðþola, þegar veðsett hefur verið almenn fjárkrafa, verður ekki séð þörf þess að lögfesta reglur um það efni í anda hinna norsku laga. Eru og líkur til, að gildandi reglur íslensks réttar eigi meiri samstöðu með dönsku reglunum en þeim norsku. Byggir frumvarpið á þeirri forsendu, ef það verður að lögum, að leggja beri til grundvallar sömu reglur og fylgt hefur verið í íslenskum rétti hingað til um ráðstöfunarheimildir veðhafa og veðþola veðsettrar kröfu.

D.
Vörureikningsveð.
Um 47. gr.

Vörureikningsveð (factoring) hefur á síðustu árum rutt sér mjög til rúms bæði hérlendis og erlendis sem fjármögnunaraðferð í viðskiptalífinu. Felst þessi aðferð í því, að viðskiptaaðilar slá lán út á viðskiptakröfur sínar hjá fjármögnunarfyrirtækjum, sem taka að sér innheimtu krafna, ráðstöfun þeirra og greiðslu til kröfuhafa að frádreginni þóknun. Er þá yfirleitt þannig frá málum gengið, að kröfueigandi framselur fjármögnunarfyrirtækinu kröfuna, en skuldara er send tilkynning um framsalið og um það, hvar og hverjum hann skuli greiða, sbr. t.d. Hrd. 1985.1339. Er þá algengt, að kröfuhafi ábyrgist gagnvart fjármögnunarfyrirtækinu greiðslu kröfunnar, og með reglulegu millibili fer fram uppgjör í millum framseljanda og framsalshafa.

Í 47. gr. frumvarpsins ræðir um „factoring“ eða vörureikningsveð, eins og það er nefnt í frumvarpinu. Þar er um að ræða veð í almennum kröfum, sem rekstraraðili á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta hans. Getur veðrétturinn þannig náð til þeirra útistandandi krafna, sem fyrir hendi eru og þeirra, sem síðar koma til. Samkvæmt frumvarpinu er þinglýsing forsenda réttarverndar slíkra veðsamninga.

Bankar geta hagnýtt sér vörureikningsveð eða „factoring“ og það geta einnig aðrir lánveitendur, hvort heldur er um einkaaðila að ræða eða aðila, sem hafa atvinnu sína af lánveitingum. Það er hins vegar ekki skilyrði, að til slíks veðs sé stofnað í tengslum við lánveitingu til tryggingar endurgreiðslu þess. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að eldri kröfuhafar, sem eiga útistandandi kröfur á hendur rekstraraðila, geti hagnýtt sér vörureikningsveð til þess að tryggja endurgreiðslu krafna sinna.

Reglurnar um vörureikningsveð í frumvarpinu eiga sér að ýmsu leyti fyrirmynd í norsku veðlögunum frá 1980, en þó ekki að öllu leyti. Reglurnar eru og að ýmsu leyti frábrugðnar öðrum reglum IV. kafla um veð í almennum fjárkröfum:

Í fyrsta lagi er það svo, að heimildin til þess að nýta sér veðsetningu með þessum hætti er takmörkuð við þá, sem eru rekstraraðilar, en það fer eftir ákvæðum 25. gr. frumvarpsins, hverjir eru rekstraraðilar. Einstaklingar, sem vilja slá lán út á útistandandi kröfur, verða því að fylgja fyrirmælum 45. og 46. gr. frumvarpsins, þar sem þeir teljast ekki til rekstraraðila. Þá er það skilyrði, að um sé að ræða almennar fjárkröfur, sem rekstraraðili á eða fær í rekstri sínum. Engar takmarkanir gilda hins vegar um það, hverjir geta tekið veð í slíkum kröfum, og slík veðtaka eða framsal þarf ekki nauðsynlega að vera tilkomin í tengslum við lánveitingar, eins og áður er rakið.

Í öðru lagi gildir tilgreiningarregla 2. mgr. 4. gr. ekki, þegar um vörureikningsveð er að ræða. Þá má segja að eins og 47. gr. frumvarpsins er orðuð sé af hagkvæmnisástæðum erfitt að koma við nafngreiningu á skuldara, þar sem unnt er að stofna til veðs í öllum þeim almennu kröfum, sem rekstraraðilinn „... á eða fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins ...“. Er það enda beinlínis tekið fram í 1. mgr. 47. gr. i.f., að ekki sé nauðsynlegt, að skuldari sé nafngreindur. Vörureikningsveð verður þannig stofnað í öllum kröfum, sem til verða í aðgreindum hluta rekstrar, hvort heldur sem þeirri aðgreiningu liggja til grundvallar landfræðilegar ástæður eða ástæður, sem er að rekja til framleiðslu eða sölu á ólíkum sviðum.

Í þriðja lagi eru reglurnar um réttarvernd vörureikningsveðs ólíkar þeim reglum, sem almennt gilda um réttarvernd almennra fjárkrafna samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt 46. gr. nægir það til réttarverndar, þegar um almennar fjárkröfur er að ræða, að skuldara sé tilkynnt um veðsetninguna, en í 47. gr. er á því byggt, að þinglýsa þurfi vörureikningsveði í lausafjárbók svo það öðlist réttarvernd gagnvart þriðja manni. Tilkynning nægir því ekki til þess að skapa veðréttinum réttarvernd gagnvart þriðja manni, þótt tilkynning sé hins vegar nauðsynleg til þess að tryggja, að krafan sé gerð upp við veðhafa/framsalshafa (t.d. fjármögnunarfyrirtæki) en ekki við rekstraraðilann (kröfuhafann). Áskilnaðurinn um þinglýsingu styðst m.a. við þau rök, að vörureikningsveð er veð í heildarsafni muna, þ.e. vörureikningum veðsala eins og þeir eru á hverjum tíma með þeirri takmörkun einni, að veðsali getur takmarkað gildissvið veðsamningsins við aðgreindan hluta rekstrarins. Þykir þetta því öruggari tryggingarráðstöfun en tilkynning til skuldara.

Það eru eins og áður segir einungis rekstraraðilar, sem geta gert samninga skv. 47. gr. frumvarpsins. Í 2. mgr. 47. gr. kemur fram sú regla, að skuldari samkvæmt vörureikningi leysist undan greiðsluskyldu sinni með greiðslu til kröfuhafa, ef hann hefur ekki fengið tilkynningu um annan viðtakanda greiðslu. Þykir regla þessi eðlileg af tilliti til hagsmuna skuldara. Þá er tilkynning eins og áður segir nauðsynleg til þess að stýra greiðslum til veðhafa.

Veðsamningur öðlast réttarvernd gagnvart þriðja manni við þinglýsingu á blað réttsala í lausafjárbók. Meginreglan er sú, að réttur samkvæmt þinglýstum vörureikningsveðsamningi gengur framar yngri réttindum, hvort heldur sem þar er um að ræða réttindi, sem stofnast hafa með samningi eða fullnustugerðum skuldheimtumanna.

Við setningu veðlaganna í Noregi árið 1980 var nokkur umræða um það, hvernig haga ætti reglum um réttarvernd vörureikningsveðs gagnvart veði í einstökum kröfum, sem tilheyra heildarkröfum rekstraraðila. Í tillögum nefndar þeirrar, er samdi upphaflegt frumvarp til veðlaga (Sivillovbokutvalget), var við það miðað, að þinglýst vörureikningsveð gengi framar veði í einstökum kröfum, ef vörureikningsveðsamningnum hefði verið þinglýst, áður en skuldari fékk tilkynningu um veðsetningu umræddrar kröfu. (Om Pant, Raadsegn 8, Bergen 1970, bls. 108.)

Í frumvarpi norska dómsmálaráðuneytisins til veðlaga, sem lagt var fram á Stórþinginu 1977–78, sbr. Ot. prp. nr. 39 Om Pantelov, var á annarri reglu byggt en þeirri, sem „Sivillovbokutvalget" lagði til. Þar var við það miðað, að þótt vörureikningsveðsamningi hefði verið þinglýst, viki réttur samkvæmt samningnum ávallt fyrir rétti grandlauss þriðja manns yfir tiltekinni kröfu, sem tilheyrði heildarkröfum rekstraraðilans, að því tilskildu að þriðji maður hefði aflað veðrétti sínum í kröfunni réttarverndar með þeim hætti, sem segir í 48. gr., þ.e. með tilkynningu til skuldara. Var frumvarpið þannig samþykkt, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 4.–10. gr. í norsku lögunum. Er þá ekki talið skipta máli, hvort til veðréttarins hefur verið stofnað fyrir eða eftir þinglýsingu vörureikningsveðsamningsins, og ekki er gerður greinarmunur eftir því, hvort veðsali og skuldari eru í góðri trú eða ekki. Styðst reglan við þau rök, að veðhafi (framsalshafi) samkvæmt vörureikningsveðsamningi eigi þess jafnan kost að koma í veg fyrir réttindaárekstur af þessu tagi með því að stimpla vörureikninginn, áður en hann er sendur skuldara, og öðlist vörureikningsveðhafi (factor) þá réttarvernd frá því tímamarki, er skuldari móttekur vörureikninginn (faktura), sjá nánar Ot. prp. nr. 39, 1977–78, bls. 133.

Fyrirkomulag það, sem valið var í Noregi og að framan er lýst, þykir ekki alls kostar heppilegt. Í fyrsta lagi er þess að geta, að þegar einstakar kröfur eru framseldar eða veðsettar eftir stofnun vörureikningsveðs, hlýtur veðsali (framseljandi) yfirleitt að vera í vondri trú. Í öðru lagi felst í reglu þessari frávik frá þeirri meginreglu, sem gildir um framsal almennra krafna, að framsalshafi öðlist ekki meiri rétt en framseljandi átti. Í þriðja lagi er staða skuldara að ýmsu leyti gerð erfið, því hann fær tilkynningu um veðsetningu tiltekinnar kröfu, sem hann áður hefur fengið fyrirmæli um, að hann skuli gera upp við fjármögnunaraðilann (factor), en á skuldara er á hinn bóginn ekki lögð tilkynningarskylda af þessu tilefni. Í fjórða lagi leiðir það af þessu fyrirkomulagi norsku laganna, að vörureikningsveðhafi verður í raun að viðhafa tvenns konar tryggingarráðstafanir til verndar rétti sínum gagnvart þriðja manni, þ.e. annars vegar þinglýsingu og hins vegar tilkynningu til skuldara. Með þessi rök í huga þykir heppilegra að miða við það í frumvarpi þessu, að þinglýsing nægi í öllum tilvikum til þess að vernda rétt vörureikningsveðhafa gagnvart síðar stofnuðum réttindum yfir einstökum kröfum.

Ekki þykir ástæða til þess að kveða sérstaklega á um ráðstöfunarrétt yfir kröfum þeim, sem hafa verið veðsettar skv. 47. gr. Það er fyrst og fremst sammningur aðila sem kveður á um réttarstöðuna að þessu leyti.

Almennt um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um gildistöku, brottfallin lög og framkvæmd laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. er við það miðað að lögin öðlist gildi 1. júlí 1997. Eiga lögin þá við um þá veðsamninga, sem til er stofnað eftir gildistöku laganna. Um samninga þá, sem til er stofnað fyrir gildisöku laganna, gilda hins vegar ákvæði eldri laga.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi veðlögin frá 1887. Einnig falla úr gildi lög nr. 23/1901, um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, en regla b-liðar 5. gr. frumvarpsins kemur í stað þeirra laga. Þá falla og úr gildi lög nr. 47/1972, um veðtryggingu iðnrekstrarlána.

Í 4. mgr. 48. gr. er tekið af skarið um það, að framkvæmd laga þessara heyri undir dómsmálaráðherra. Til þess liggja þau rök, að almennar efnisreglur um samningsveðréttindi tengjast þinglýsingarreglum og réttarfarsreglum um aðför og nauðungarsölu, en framkvæmd hinna þriggja síðastnefndu laga heyrir undir dómsmálaráðherra. Er því eðlilegt að framkvæmd allra þessara laga sé á einni og sömu hendinni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð.

Tilgangurinn með frumvarpi þessu er að sameina ýmis ákvæði íslenskrar löggjafar um samningsveð og að aðlaga íslensk veðlög nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Ekki verður séð að frumvarpið leiði til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

351. Fyrirspurn [235. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur ríkissjóðs af skráningu tiltekinna skipa.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum af afsölum og veðböndum við nýskráningu ms. Brúarfoss og ms. Helgu RE 49?

Skriflegt svar óskast.

352. Fyrirspurn [236. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd búvörusamnings.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hve margir bændur höfðu samið um sölu á rétti sínum til beingreiðslna fyrir 15. nóvember 1995 og fyrir hve háa upphæð samtals, sbr. samning um framleiðslu búfjárafurða frá 1. október 1995?
2. Hve margir bændur höfðu samið um sölu á rétti sínum til beingreiðslna fyrir 1. júlí 1996 og fyrir hve háa upphæð?
3. Hve miklu af þessum rétti hefur verið endurúthlutað og til hve margra bænda?
4. Hve margir bændur hafa nýtt sér tilboð Jarðakaupasjóðs um að sjóðurinn kaupi jarðir þeirra ef þær seljast ekki á frjálsum markaði?

Skriflegt svar óskast.

353. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðmundi Lárussyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Nýr liður:	
130 Til kennslu í iðjuþjálfun samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis	5.000

354. Frumvarp til laga [57. mál]

um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

(Eftir 2. umr., 13. des.)

I. KAFLI

Fiskveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

2. gr.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

3. gr.

Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

4. gr.

Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn, sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 5. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 5. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 5. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum, sem um ræðir í þessari grein, utan lögsögunnar enda uppfylli þau skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

6. gr.

Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim, sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á, skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem

að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 3. mgr. eða á grundvelli 6. mgr. skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

8. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu sem veitt verða á grundvelli 2. og 5. mgr. 4. gr. laga þessara skal greiða gjald skv. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Útgerðir skipa, sem fá úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 5. gr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum á grundvelli 6. gr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 4. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 4. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 4. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands, skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður, skulu útgerðir skipa, er veiðar stunda úr þeim stofni, greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald, fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna samkvæmt þessari málsgrein greiðist mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

Sé á grundvelli 1. mgr. ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingarbúnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir greiða kostnað sem af slíku eftirliti hlýst, þar með talin hlutdeild í yfirstjórn.

Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

9. gr.

Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

II. KAFLI
Fiskveiðar erlendra skipa.

10. gr.

Óheimilt er að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum ef veiðarnar brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Í þessum tilvikum er einnig óheimilt að veita viðkomandi skipum þjónustu innan íslenskrar landhelgi eða frá íslenskum höfnum. Þessar takmarkanir koma til viðbótar ákvæðum 3. gr. laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Þá getur ráðherra ákveðið að 1. mgr. skuli beitt gagnvart skipum ef ætla má vegna veiða þeirra úr tilteknum stofni að slíkt sé nauðsynlegt til verndunar lifandi auðlinda hafsins eða ef viðkomandi skip er skráð undir hentifána og ætla má að það sé gert til að forðast stjórnun fiskveiða á viðkomandi hafsvæði.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Þá skerða ákvæðin ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafna þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

11. gr.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

III. KAFLI
Viðurlög.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla við brot á lögum þessum eftir því sem við á.

13. gr.

Við brotum gegn 2. málsl. 7. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

14. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

15. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

16. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þessum. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 13. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

17. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

19. gr.

Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 6. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands, vegna starfa eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum á tímabilinu 1. ágúst 1996 til gildistöku laga þessara fellur í gjalddaga einum mánuði eftir gildistöku þeirra.

355. Frumvarp til laga [237. mál]

um Tryggingasjóð einyrkja.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Sjóðstofnun og sjóðfélagar.

Stofnaður skal sjóður er ber heitið Tryggingasjóður einyrkja.

Tilgangur sjóðsins er að vera tryggingasjóður vegna atvinnuleysis sjóðfélaga samkvæmt lögum þessum.

Sjóðfélagar eru bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.
Stjórn Tryggingasjóðs, ráðstöfunarfé og skrifstofuhald.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna stjórn Tryggingasjóðs einyrkja til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra og fjármálaráðuneyti skulu tilnefna einn stjórnarmann hver og einn til vara. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Stjórn sjóðsins skal öll standa að gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og að meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Stjórn sjóðsins skal hafa samráð og samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna framkvæmdar laga þessara.

Eftir hver áramót skal stjórn sjóðsins gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn.

Minnst tíu hundraðshluta árlegra tekna sjóðsins samkvæmt lögum um tryggingagjald skal leggja í varasjóð þar til varasjóður nemur eins árs útgreiðslu bóta miðað við síðastliðið ár. Eftir þann tíma skulu að að jafnaði vera fjármunir í varasjóði sem duga til eins árs útgreiðslu bóta miðað við greiðslur úr sjóðnum á síðastliðnum þremur árum. Óheimilt er að ráðstafa úr varasjóði nema að fengnu samþykki ráðherra.

Ef sýnt þykir að Tryggingasjóður einyrkja geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur og/eða um hækkun á tekjum sjóðsins.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Tryggingasjóði einyrkja samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Vinnumálastofnun skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu, þar með talið útborgun bóta, fyrir sjóðinn í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti og umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

3. gr.

Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru, sbr. 2. mgr., bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjórar sem staðið hafa mánaðarlega skil á greiðslu tryggingargjalds af reiknuðu endurgjaldi í einni af þeim starfsgreinum sem falla undir gildissvið sjóðsins í a.m.k. tólf mánuði á síðustu 24 mánuðum, en hlutfallslega lengur ef tekjur af rekstri hafa verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra, áður en þeir hættu rekstri eða urðu atvinnulausir.

Sjóðfélagar eru, nánar tiltekið, eftirtaldir hópar einyrkja:

1. Bændur: Þeir sem stunda búrekstur í atvinnuskyni. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt sem stunduð er til tekjuöflunar, svo og eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda og þjónusta á lögbýlum er nýtir gæði jarðar eða aðra framleiðslu landbúnaðar í framangreindum tilgangi.
2. Smábátaeigendur: Útgerðaraðilar smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni.
3. Vörubifreiðastjórar: Þeir sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar, samkvæmt lögum um leigubifreiðar.

II. KAFLI
Almenn skilyrði bótaréttar.

4. gr.

Almenn bótaskilyrði.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjóðfélagar, sbr. 3. gr., sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru orðnir 18 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Hafa hætt rekstri, sbr. 5. gr.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Eru búsettir hér á landi.
5. Hafa á síðustu tólf mánuðum staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði áður en rekstri var hætt, en hlutfallslega lengur ef tekjur af rekstri hafa verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra. Hafi sjóðfélagi unnið sem launþegi þegar hann varð atvinnulaus skal hann eiga rétt á bótum úr sjóðnum hafi hann unnið samtals í a.m.k. tíu vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjómanna á fiskiskipum sem skylt er að lögskrá skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21.67 lögskráningardagar. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 18 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið a.m.k. þriðjung tímans eftir að hann varð 18 ára.

6. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir atvinnulausir í tvær vikur samfellt.
7. Eru reiðubúnir að ráða sig í fullt starf sem launþegar eða hefja sjálfstæðan rekstur. Úthlutunarnefnd er heimilt að víkja frá þessu skilyrði ef sjóðfélaga er ókleift að ráða sig í fullt starf, enda sé hann reiðubúinn að ráða sig í a.m.k. hálft starf.

Sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði laga þessara um bótarétt, skal ekki á sama tíma njóta atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

5. gr.

Lok sjálfstæðrar starfsemi.

Sjóðfélagi skal samkvæmt lögum þessum teljast atvinnulaus:

1. Ef hann er hættur rekstri.
2. Hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri.
3. Hefur ekki hafið störf sem launþegi.
4. Er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um atvinnu.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Tryggingasjóðs einyrkja, setja nánari viðmiðunarreglur um hvað telst lok rekstrar í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

6. gr.

Geymdur bótaréttur vegna náms eða heimilisaðstæðna.

Sá sem fullnægir skilyrðum bótaréttar en fer í nám, eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, svo sem veikindum barns eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti í allt að sex mánuði.

7. gr.

Geymdur bótaréttur vegna veikinda.

Sjóðfélagi, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, en verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur þeim bótarétti er hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði sæki hann um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Atvinnuleysi vegna veikinda skapar út af fyrir sig ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

Sé um skerta vinnufærni að ræða getur svæðisvinnumiðlun óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis á vinnufærni umsækjanda.

8. gr.

Atriði sem girða fyrir rétt til bóta eða skerða bótatímabil.

Þrátt fyrir ákvæði 4–7. gr. eiga eftirtaldir sjóðfélagar ekki rétt á bótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 55 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju nema hann sanni að hann hafi stundað tryggingarskylda vinnu í samfellt sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem sviptir hafa verið leyfi til að stunda atvinnurekstur í þeim starfsgreinum sem falla undir gildissvið laga þessara. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 55 bótadaga og skerðist bótatímabil sem því nemur.
6. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í jafnlangan tíma og eftir stendur af námsönn og skerðist bótatímabil sem því nemur.
7. Þeir sem sem reynt hafa að afla sér bóta með sviksamlegum hætti, sbr. V. kafla.

III. KAFLI
Bótatímabil og fjárhæð bóta.

9. gr.
Upphaf bótatímabils, biðtími og bótagreiðslur.

Sjóðfélagi, sem öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, enda hafi tekjur hans síðustu tólf mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði.

Hafi reiknað endurgjald og/eða launatekjur viðkomandi síðustu tólf mánuði fyrir skráningu verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum hámarksatvinnuleysisbótum á mánuði frestast réttur til atvinnuleysisbóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Nánari reglur um útreikning biðtíma skal ráðherra setja með reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Tryggingasjóðs einyrkja.

Fái hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu, dag og dag, skulu atvinnuleysisbætur hans skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans, þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

10. gr.
Lok bótatímabils.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Fái sjóðfélagi launaða vinnu á bótatímabili eða hefur á ný sjálfstæða starfsemi framlengist bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum.

Vari starfstímabil innan bótatímabils samfellt í tólf mánuði eða lengur skal úthlutunarnefnd endurmeta bótarétt hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda hafi sjóðfélagi staðið skil á tryggingagjaldi vegna sjálfstæðrar starfsemi í starfsgrein sem fellur undir gildissvið laga þessara í a.m.k. sex mánuði eftir lok bótatímabils.

Sá tími sem hinn atvinnulausi tekur þátt í verkefnum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum, telst hluti bótatímabils.

11. gr.

Fjárhæð bóta.

Hámarksbætur skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru 1/4 hluti sömu fjárhæðar. Atvinnuleysisbætur skulu þó aldrei vera hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi sem tryggingagjald hefur verið greitt af og atvinnuleysisbætur launamanns aldrei hærri en sem svarar dagvinnulaunum síðustu sex mánuði fyrir skráningu.

Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð um allt að 3% frá forsendum fjárlaga ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga, eða ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi nægilegt fé í tryggingasjóði einyrkja til þess að mæta skuldbindingum sjóðsins.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. og 2. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Annist Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns skal fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og Tryggingasjóður einyrkja 6%.

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Fái hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur skal eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

12. gr.

Reglur um útreikning bóta

Hámarksbætur greiðast þeim sem hefur verið skráður sem sjálfstætt starfandi og hefur staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi miðað við síðustu tólf mánuði áður en hann varð atvinnulaus. Ella greiðast bætur hlutfallslega miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.

Hafi hlutaðeigandi á liðnum tólf mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri skal hver mánuður sem tryggingagjald og staðgreiðsluskattur hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.

Bótahlutfall getur aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 3. mgr. 11. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 7. og 8. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið bóta á síðustu tólf mánuðum reiknast bótadagar á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

13. gr.

Skrá um ákvörðun bóta.

Stjórn Tryggingasjóðs einyrkja skal semja skrá um ákvörðun bóta. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir lengd þess tímabils er umsækjandi bóta hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds eða eftir starfstíma og starfshlutfalli.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

14. gr.

Atvinnuleysisskráning

Sjóðfélagi sem nýtur bótaréttar skal skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti hann ekki skráð sig vegna veikinda skal hann skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hann sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn Tryggingasjóðs einyrkja getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram með öðrum hætti en vikulega.

Umsækjandi bóta skal er hann skráir sig gefa skráningaraðila upplýsingar hafi breytingar orðið á högum hans er varða rétt hans til bóta frá því að hann skráði sig síðast.

15. gr.

Þýðing þess að starfi er hafnað.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á því að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisaðstæðna umsækjanda.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 8. gr.

16. gr.

Starfsleitaráætlun.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda jafnframt ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 8. gr.

17. gr.

Hlutastörf.

Bjóðist hinum atvinnulausa hlutastarf skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og 7. tölul. 1. mgr. 4. gr., hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka hlutastarfi. Ráði maður sig í hlutastarf getur hann samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar notið þess hluta bótaréttar síns sem er umfram starfshlutfall hans í allt að sex mánuði. Að þeim tíma liðnum falla bætur niður nema maður kjósi að segja upp hlutastarfi í þeim tilgangi að leita sér að fullu starfi. Ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. á ekki við um þá sem segja upp starfi sínu af þessari ástæðu.

18. gr.

Almenn skilyrði á biðtíma.

Þeir sem sæta biðtíma eftir bótum skulu hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt. Skal þeim einnig skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt reglum laga þessara.

V. KAFLI
Viðurlög og refsingar.

19. gr.

Viðurlög vegna rangra, villandi eða leyndra upplýsinga.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

Nú hefur maður aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi, og skal hann þá til viðbótar missi bóta endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

20. gr.

Sviksamlegt athæfi við öflun bóta.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI
Ákvörðun bóta og málskot.

21. gr.

Úthlutunarnefnd.

Stjórn Tryggingasjóðs einyrkja skal skipa fimm manna úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Skulu Bændasamtök Íslands, Landsamband smábátaeigenda og Landssamband vörubifreiðastjóra tilnefna einn nefndarmann hver en félagsmálaráðherra tvo, þar af formann stjórnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Þóknun til úthlutunarnefndar greiðist úr Tryggingasjóði einyrkja samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Vinnumálastofnun skal sjá úthlutunarnefnd fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu.

22. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.

Ákvarðanir úthlutunarnefndar skal tilkynna til hlutaðeigandi umsækjanda og stjórnar Tryggingasjóðs einyrkja. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar innan tveggja vikna frá því að aðilum var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta vegna þeirra mála er varða úthlutunarnefnd Tryggingasjóðs einyrkja greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

VII. KAFLI
Tekjur Tryggingasjóðs einyrkja og fjárreiður.

23. gr.

Tekjur.

Tekjur Tryggingasjóðs einyrkja eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi sem stafar frá sjóðfélögum Tryggingasjóðs einyrkja og rennur í sjóðinn, sbr. ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði I.
3. Vextir af innstæðufé sjóðsins.

24. gr.

Fjárreiður.

Stjórn Tryggingasjóðs einyrkja tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

25. gr.

Styrkir vegna sérstakra úrræða og búferlaflutninga.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem staðfestar skulu af ráðherra.

26. gr.

Gerð ársreiknings og endurskoðun.

Reikningar Tryggingasjóðs einyrkja skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.
Fjárnám og frádráttur gjalda.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarfélaga eða hagsmunasamtaka af bótum nema skriflegt samþykki bótaþega liggi fyrir.

28. gr.
Upplýsingar vegna framkvæmdar laganna.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta Tryggingasjóði einyrkja og úthlutunarnefnd í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Tryggingasjóði einyrkja eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

29. gr.
Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

Um bótarétt vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja skal fara samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

30. gr.
Reglugerð um framkvæmd laganna.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn sjóðstjórnar, setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

31. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal leggja Tryggingasjóði einyrkja til stofnframlag við gildistöku laga þessara. Upphæð þessa framlags skal nema mismuninum á hlutfalli atvinnutryggingagjalds í greiddu tryggingargjaldi sjóðfélaga og útstreymis vegna greiðslna atvinnuleysisbóta til sömu aðila samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 1. júlí 1997.

II.

Þeir einyrkjar sem hafa hafið bótatímabil samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, fyrir gildistöku laga þessara, skulu frá og með 1. júlí 1997 færast yfir til Tryggingasjóðs einyrkja og njóta bóta úr honum einvörðungu hafi þeir tilheyrt starfsgreinum sem sjóðurinn tekur til, sbr. 2. mgr. 3. gr., er þeir hófu bótatímabil.

Við mat á bótarétti þeirra sem njóta ekki bótaréttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði skal viðmiðunartímabilið um skilyrði bótaréttar samkvæmt lögum þessum vera 1. júlí 1995 til 1. júlí 1997.

III.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. tekur 16. gr. laga þessara gildi 1. janúar 1998.

V.

Lög þessi skulu endurskoðuð að liðnum tveimur árum frá gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 8. október 1996 skipaði félagsmálaráðherra nefnd sem falið var að kanna réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi einstaklinga gagnvart atvinnnuleysisbótakerfinu og gera tillögur til félagsmálaráðherra um framtíðarskipan þessara mála. Í nefndinni voru María Hauksdóttir, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Ása Þ. Baldursdóttir, tilnefnd af Landssambandi vörubifreiðastjóra, Örn Pálsson, tilnefndur af Landssambandi smábátaeigenda, Ólafur Hjálmarsson frá fjármálaráðuneytinu og Gunnar E. Sigurðsson frá Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.

II. Réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar öðluðust fyrst rétt til atvinnuleysisbóta með reglugerð nr. 389/1993, um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, er tók gildi 1. október 1993. Við gildistöku þessarar reglugerðar öðluðust sjálfstætt starfandi einstaklingar í fyrsta skipti almennan bótarétt sem grundvallaðist á vinnu þeirra sem sjálfstæðir atvinnurekendur.

Með reglugerð nr. 389/1993 fengu sjálfstætt starfandi einstaklingar sem slíkir hliðstæðan rétt til atvinnuleysisbóta og launþegar að því undanskildu að viðmiðun um réttindi þeirra var greitt tryggingagjald undanfarna tólf mánuði auk sérstakra biðdaga í upphafi bótatímabils sem í upphafi voru 20 talsins. Efni reglugerðarinnar var gagnrýnt af hálfu þeirra sem njóta áttu góðs af henni, þar á meðal af fulltrúum bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra. Gagnrýnin sneri einkum að tveimur atriðum. Annars vegar beindist hún að ákvæði um biðdaga eftir atvinnuleysisbótum og hins vegar var það skilyrði gagnrýnt að allri atvinnustarfsemi skyldi vera hætt í að minnsta kosti tólf mánuði. Var meðal annars vísað til þess að fyrir gildistöku umræddrar reglugerðar gátu einstaklingar innan þessara hópa öðlast bótarétt ef þeir höfðu starfað sem launamenn með einum eða öðrum hætti. Var litið til þess að fyrir gildistöku reglugerðarinnar voru vörubifreiðastjórar flokkaðir sem launamenn og fengu bótarétt á þeim grundvelli. Smábátaeigendur höfðu fengið lögskráningardaga viðurkennda sem grundvöll bóta ef þeir stunduðu launavinnu samhliða. Hvað bændur snerti þá gátu þeir aðeins átt rétt á bótum ef þeir stunduðu launavinnu í þágu annarra og tekjur af búrekstri þeirra voru minni en hámarks atvinnuleysisbætur. Bændur deildu einkum á það skilyrði reglugerðarinnar að þurfa alveg vera hættir rekstri til þess að geta átt rétt á bótum. Bentu þeir á að það þýddi í raun

að þeir yrðu að flytja af búum sínum til að fá rétt til atvinnuleysisbóta. Vegna þessa skilyrðis gætu þeir ekki setið áfram á jörðum sínum þótt aðrir hefðu tekið við rekstrinum.

Frá gildistöku reglugerðar nr. 389/1993 hefur verið leitað ýmissa leiða til að koma til móts við gagnrýni framangreindra hópa. Með reglugerð nr. 304/1994, um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur, sem tók gildi 25. maí 1994, var meðal annars dregið úr áhrifum þeirrar kröfu að allri atvinnustarfsemi skyldi vera hætt í a.m.k. tólf mánuði. Var tekin upp sú regla að sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem væri atvinnulaus, gæti sótt um það til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að hefja starfsemi að nýju áður en tólf mánuðir væru liðnir. Þó var það skilyrði sett að hann gæti sýnt fram á að forsendur hefðu skapast fyrir því að hefja rekstur að nýju í a.m.k. 60 daga. Með þessari reglugerð var biðdögum í upphafi bótatímabils einnig fækkað úr 20 í 15.

Ein af meginreglum reglugerðar nr. 304/1994 er að atvinnuleysi, sem stafar af árstíðarbundnum sveiflum í rekstri eða tímabundinni stöðvun rekstrar vegna verkefnaskorts, skapar ekki rétt til bóta. Hins vegar er gert ráð fyrir þeim möguleika að þeir sjálfstætt starfandi einstaklingar geti átt rétt á bótum sem er gert ókleift að halda áfram rekstri vegna sérstakrar löggjafar um atvinnustarfsemi þeirra, enda vari stöðvunin samfleytt í fleiri en 24 daga.

Þá er ákvæði í reglugerð nr. 304/1994 sem kveður á um að heimilt sé að afhenda afkomendum reksturinn án missis bótaréttar ef samdrátturinn er meiri en 40% á tveimur árum. Hert var á kröfunni um skil á tryggingagjaldi og gert að skilyrði að hlutaðeigandi hafi staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds fyrir síðustu 12 mánuði áður en hann varð atvinnulaus. Það er því ekki nægilegt þegar menn eru orðnir atvinnulausir að standa skil á áður ógreiddu tryggingagjaldi í því skyni að afla sér bótaréttar.

Enn fremur er það eitt af meginskilyrðum þessarar reglugerðar að viðkomandi láti skrá sig af launagreiðendaskrá og skrá yfir aðila með virðisaukaskattskylda starfsemi.

III. Meginefni tillagna nefndarinnar.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að svigrúm til að rýmka skilyrði bótaréttar á grundvelli gildandi reglugerðar, nr. 304/1994, væri takmarkað í ljósi 1. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar. Mat nefndarinnar var að bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjórar ættu að hafa aukin áhrif á réttindi sín og skyldur í atvinnuleysisbótakerfinu meðal annars með því að fá aðild að stjórn, úthlutun bóta og umsögn um úthlutunarreglur.

Til athugunar kom m.a. hvort stíga ætti skrefið til fulls og gera alla sjálfstætt starfandi einstaklinga hér á landi aðila að einum sjóði. Nefndin skoðaði ýmsa kosti í þessu sambandi. Var m.a. horft til þess hvernig framkvæmd þessara mála er háttað í nágrannalöndunum. Á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, er aðild að atvinnuleysistryggingasjóðum frjáls, þ.e. launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar verða sjálfir að gera upp við sig hvort þeir vilja tryggja sig með greiðslu iðgjalds gegn fjárhagslegu áfalli í kjölfar atvinnuleysis. Atvinnuleysistryggingakerfi þessara landa byggist á frjálsri aðild sjóðfélaga en kerfin eru ólík innbyrðis, veita mismikla tryggingarvernd, í mislangan tíma og framlög sjóðfélaga eru mishá.

Nefndin mat það svo að það væru sameiginlegir hagsmunir þessara hópa að stofnaður yrði sérstakur atvinnuleysistryggingasjóður fyrir þá sjálfstætt starfandi einstaklinga sem tilheyra þeim samtökum sem áttu fulltrúa í nefndinni. Nefndin lagði til að löggjöf vegna hins nýja sjóðs yrði byggð á grunni frumvarps til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Lagði nefndin jafnframt til að atvinnuleysisbætur yrðu greiddar í gegnum útborgun-

arkerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og það er á hverjum tíma. Atvinnuleysistryggingasjóði yrði falið að sjá um daglegar fjárreiður fyrir sjóðinn sem myndi greiða sína hlutdeild í rekstrarkostnaði. Kærumál lytu sömu reglum og gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar um að ákvarðanir og úrskurðir úthlutunarnefndar verði kæranlegir til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta eins og henni er í lýst í því frumvarpi. Nefndin gerði jafnframt ráð fyrir því að reglur um skilyrði bótaréttar yrðu hliðstæðar þeim sem nú eru í gildi eins og við á að viðbættum nánari reglum um lok atvinnustarfsemi.

IV. Nánar um efni frumvarpsins

1.

Frumvarpi til laga um Tryggingasjóð einyrkja er ætlað að koma í stað gildandi laga og reglna um atvinnuleysisbætur til sjálfstætt starfandi bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra. Er það byggt að meginstefnu til á starfi framangreindar nefndar og þeim hugmyndum sem að framan er lýst.

Í frumvarpinu er kveðið á um að stofnaður verði sérstakur sjóður fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga með þátttöku bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra. Skal hann heita Tryggingasjóður einyrkja og verður hliðsettur Atvinnuleysistryggingasjóði en ekki deild innan hans.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sérstakri sjóðstjórn með aðild hlutaðeigandi hagsmunaaðila, þ.e. fulltrúa bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra. Enn fremur gerir frumvarpið ráð fyrir því að félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti eigi fulltrúa í stjórninni. Nefndin lagði til að Atvinnuleysistryggingasjóður tilnefndi einn stjórnarmann. Frá því er horfið í þessu frumvarpi, enda gert ráð fyrir að um hliðsetta sjóði verði að ræða.

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að stjórn sjóðsins hafi samráð og samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Talið er nauðsynlegt að kveða á um slíkt samráð þar sem gera má ráð fyrir því sumir einstaklingar sem tilheyra þeim starfsgreinum sem eiga aðild eiga að sjóðnum uppfylli ekki skilyrði um bótarétt. Er þar átt við einstaklinga sem eru laustengdir framangreindum starfsgreinum. Ráð er fyrir því gert að þeir einstaklingar, sem ekki uppfylla skilyrði frumvarps þessa, ef að lögum verður, geti sótt um bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Væntanlega munu koma upp einhver markatilvik sem leysa þarf úr og því gert ráð fyrir að á milli þessara tveggja sjóða verði að vera nokkurt samstarf.

2.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að ákvörðun um bótarétt verði byggð á tveimur meginskilyrðum. Annars vegar því hvort umsækjandi bóta uppfylli það skilyrði að teljast sjóðfélagi, sbr. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar að hann hafi á svokölluðu viðmiðunartímabili við útreikning bótaréttar, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem er síðustu tólf mánuðir áður en hann hætti rekstri, staðið í skilum mánaðarlega með greiðslu tryggingargjalds af reiknuðu endurgjaldi í viðkomandi starfsgrein. Er úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skylt að rannsaka hvort skilyrðið um sig óháð hinu. Fyrra skilyrðið, þ.e. hver geti talist sjóðfélagi, felur í sér að umsækjandi bóta verður að sýna fram á að hann hafi á síðustu 24 mánuðum áður en hann hætti rekstri eða varð atvinnulaus, staðið í skilum með greiðslu tryggingagjalds af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. 12 mánuði. Áður en úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta tekur ákvörðun um bótarétt hlutaðeigandi samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. verður að ganga úr skugga um að þetta skilyrði sé

uppfyllt. Með þessu skilyrði er stefnt að því að þeir einir geti öðlast bótarétt úr sjóðnum sem hafi raunveruleg tengsl við þær starfsgreinar sem falla undir gildissvið sjóðsins og að innstreymi í sjóðinn af atvinnutryggingagjaldi samkvæmt lögum um tryggingagjald verði í nokkru samræmi við útstreymi atvinnuleysisbóta til sömu aðila. Síðara skilyrðið felur í sér að umsækjandi bóta hafi staðið í skilum á greiðslu tryggingagjalds af reiknuðu endurgjaldi á viðmiðunartímabili við útreikning bótaréttar sem er síðustu tólf mánuðir áður en viðkomandi hætti rekstri eða varð atvinnulaus. Til þess að öðlast lágmarksbótarétt verður umsækjandi að hafa staðið í skilum með greiðslu tryggingagjalds í a.m.k. þrjá mánuði. Sé litið heildstætt á þessi tvö skilyrði fyrir bótarétti og haft til hliðsjónar að umsækjandi uppfylli lágmarkskröfu síðara skilyrðisins um skil á greiðslu tryggingagjalds í a.m.k. þrjá mánuði verður hann jafnframt að hafa staðið skil á greiðslu tryggingargjalds í níu mánuði á síðustu tólf mánuðum þar á undan. Það má einnig hugsa sér að umsækjandi um bætur uppfylli bæði skilyrðin með því að hann hafi mánaðarlega á síðustu tólf mánuðum áður en hann varð atvinnulaus staðið í skilum á greiðslu tryggingagjalds af reiknuðu endurgjaldi.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir því að bótaréttur umsækjanda geti verið reistur á launavinnu hans á síðustu tólf mánuðum áður en hann varð atvinnulaus. Í þessu felst að hann hafi unnið í fullu starfi samtals í tíu vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða. Í þessu sambandi er í raun átt við ráðningartímabil en í því felst að orlofstími reiknast með við ákvörðun á starfstímabili. Öðlast hann þá rétt til lágmarksbóta að því tilskyldu að hann uppfylli jafnframt framangreint skilyrði, sbr. 1. mgr. 3. gr., um að teljast sjóðfélagi.

3.

Líkt og kveðið er á um í reglum núgildandi laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, er enn skilyrði bótaréttar að umsækjandi bóta sé hættur rekstri. Frumvarp þetta mælir þannig svo um að ráðherra setji, að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins, nánari viðmiðunarreglur um hvað teljist lok rekstrar í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga. Mikilvægt er að aðstæður einstakrar starfsgreinar verði skoðaðar og síðan mótaðar reglur og viðmið um hvenær rekstri telst vera hætt. Gert er ráð fyrir að sem mest jafnvægi verði á milli skilyrða hinna einstöku starfsgreina innan sjóðsins, þannig að inn- og útstreymi verði sem jafnast, bæði hvað snertir einstakrar starfsgreinar sem og í tengslum við jafnvægi milli einstakra hópa sem eiga aðild að sjóðnum. Með slíkum reglum ætti að vera unnt að afstýra árekstrum milli einstakra hópa sjóðfélaga, en einnig er gert ráð fyrir þeim möguleika að kveðið verði á um deildaskiptingu innan sjóðsins í reglugerð.

Enn fremur er skilyrði bótaréttar að viðkomandi einstaklingur hafi ekki hafið störf sem launþegi og hann verður sannanlega að vera í atvinnuleit og geta tekið tilboðum um atvinnu. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir þeirri meginreglu að menn verði að vera reiðubúnir að ráða sig í fullt starf til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hins vegar er úthlutunarnefnd veitt heimild til þess að víkja frá þessu skilyrði sé hinum atvinnulausa ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus. Jafnframt er gert ráð fyrir því að menn geti ekki notið hærri bóta en sem svarar því starfshlutfalli sem þeir eru reiðubúnir að ráða sig í. Þannig eiga þeir sem úthlutunarnefnd heimilar að ráða sig í hlutastarf ekki að geta notið bóta með launum í lengri tíma en sex mánuði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir grundvallarbreytingu frá ákvæðum laga nr. 93/1993 um bótatímabil. Er hér um að ræða sams konar breytingu og gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt frumvarpinu verður hvert bótatímabil nú að hámarki fimm ár í stað 260 daga eða 52 vikna samkvæmt lögum nr. 93/1993. Samkvæmt þeim lögum er biðtími eftir hvert bótatímabil 16 vikur en með þátttöku í átaksverkefnum eða námskeiðum er unnt að skerða biðtímann þannig að bótatímabil falli saman. Lögfestingu frumvarpsins um fimm ára hámarksbótatíma er ætlað að koma í veg fyrir þann möguleika að menn geti í raun verið ótakmarkaðan tíma á bótum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að eftir að bótatímabili ljúki geti maður ekki öðlast bótarétt að nýju fyrr en eftir a.m.k. tólf mánuði enda hafi viðkomandi staðið skil á greiðslu tryggingagjalds vegna sjálfstæðrar starfsemi í starfsgrein sem fellur undir gildissvið laganna í a.m.k. sex mánuði. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að umsækjandi bóta geti fullnægt þessu skilyrði með launaðri vinnu í sex mánuði eins og fram kemur í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar. Er það í samræmi við skilyrði frumvarpsins um að viðkomandi tilheyri þeim starfsgreinum á grundvelli eigin rekstrar. Sömu sjónarmið liggja að baki ákvæðum um að ef bótaþegi sem er á bótatímabili hættir og skráir sig atvinnulausan eftir 24 mánuði skuli úthlutunarnefnd endurmeta bótarétt hans með hliðsjón af 3. gr., sbr. 4. gr. frumvarpsins. Getur það leitt til þess að hann falli af bótum.

Ákvæði laga nr. 93/1993 um áhrif þess að menn segja starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða hafa misst vinnu af ástæðum sem þeir eiga sjálfir sök á er með öðrum hætti í frumvarpi þessu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að slíkt leiði til missis réttar til bóta í 55 daga. Samkvæmt lögum nr. 93/1993 er um 40 daga biðtíma að ræða.

Þá er í frumvarpinu lögð til breyting á reglu laga nr. 93/1993 um biðtíma eftir bótum í upphafi bótatímabils. Í stað þess áskilja að maður hafi verið atvinnulaus í a.m.k. þrjá daga í upphafi bótatímabils er lagt til að maður verði að hafa verið atvinnulaus í upphafi bótatímabils í a.m.k. tvær vikur samfellt. Að því skilyrði uppfylltu, ásamt öðrum skilyrðum greinarinnar, á maður rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi. Krafa um tveggja vikna samfellt atvinnuleysi til þess að öðlast bótarétt á eingöngu við í upphafi bótatímabils.

Í frumvarpinu er kveðið á um að atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklings geti aldrei verið hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Er hér um sams konar reglu að ræða og í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar. Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga verða eftir sem áður 2.433 kr. á dag og lágmarksbætur fjórðungur sömu fjárhæðar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að ein úthlutunarnefnd verði fyrir landið allt og er það breyting frá núverandi framkvæmd. Er talið ráðlegt að úthlutun bóta verði í höndum einnar nefndar og þannig komið í veg fyrir hugsanlegt ósamræmi í túlkun þessara reglna.

4.

Efni frumvarpsins tekur, með sama hætti og frumvarp til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar, mið af þeirri skipulagsbreytingu sem lögð er til á þætti vinnumiðlunar með frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Er þar gert ráð fyrir að litið verði á landið sem eitt vinnusvæði og með því stefnt að eflingu opinberrar vinnumiðlunar. Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir gerir ráð fyrir því að komið verði á fót Vinnumálastofnun á vegum ríkisins undir yfirstjórn aðila vinnumarkaðarins. Á vegum Vinnu-

málastofnunar verði starfræktar samtengdar svæðisvinnumiðlanir. Í tengslum við þær starfi svæðisráð, skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélaga og framhaldsskóla á svæðinu, sem gegni því hlutverki að halda uppi skilvirku samstarfi við einstaklinga á vinnumarkaði, sem og fyrirtæki og stofnanir. Svæðisvinnumiðlanir og svæðisráð beri ábyrgð á að fyrir hendi séu úrræði fyrir atvinnulausa til þess að auka starfsmöguleika þeirra. Gerir frumvarpið um vinnumarkaðsaðgerðir ráð fyrir því að verkefni svæðismiðlana verði meðal annars að annast skráningu atvinnulausra, útgáfu vottorða um atvinnuleysi og að miðla upplýsingum um laus störf og sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingasjóður einyrkja verði fjármagnaður með tekjum af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald, stofnframlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs og vöxtum af innstæðufé sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður leggi Tryggingasjóði til stofnframlag ef frumvarpið verður að lögum. Upphæð þessa framlags skuli nema mismuninum á hlutfalli atvinnutryggingagjalds í greiddu tryggingargjaldi sjóðfélaga og útstreymis vegna greiðslna atvinnuleysisbóta til sömu aðila samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 1. júlí 1997.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um stofnun Tryggingasjóðs einyrkja. Sjóðurinn mun þó eigi ná til allra þeirra sem kunna að falla undir hugtakið einyrki heldur aðeins til bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra, svo sem nánar er tiltekið í 3. gr. Eru þessir hópar þannig greindir frá öðrum sjálfstætt starfandi einstaklingum innan atvinnuleysisbótakerfisins, en aðrir hópar munu áfram eiga aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði svo sem verið hefur.

Þá er í 2. mgr. kveðið á um að heimili og varnarþing sjóðsins skuli vera í Reykjavík.

Um 2. gr.

Lagt er til að félagsmálaráðherra skipi fimm menn í stjórn Tryggingasjóðs einyrkja til fjögurra ára í senn, fjóra samkvæmt tilnefningu frá samtökum sjóðfélaga og fjármálaráðuneytis, en formann án tilnefningar. Varaformaður verði skipaður af ráðherra úr hópi aðalmanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórnin skuli standa sameiginlega að gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans. Er það sama fyrirkomulag og gildir um stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. 6. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1995.

Ákvæði 3. mgr. gerir ráð fyrir að stjórn Tryggingasjóðs einyrkja beri að hafa samráð og samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, enda má þess vænta að starfssvið þessa nýja sjóðs annars vegar og Atvinnuleysistryggingasjóðs hins vegar muni skarast að einhverju leyti. Ekki er kveðið nánar á um vettvang þessarar samvinnu, enda eðlilegt að nánari framkvæmd hennar verði samkvæmt samkomulagi þessara tveggja stjórna.

Í því skyni að félagsmálaráðherra geti sinnt eftirliti með sjóðnum er lagt til í 4. mgr. að stjórn sjóðsins gefi ráðherra árlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári ásamt endurskoðuðum ársreikningi. Stjórn sjóðsins skal einnig láta gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn.

Í 5. mgr. er kveðið á um varasjóð Tryggingasjóðs einyrkja, sem skal að jafnaði nema eins árs útgreiðslu bóta miðað við greiðslur síðastliðið ár og verði aðeins heimilt að ráðstafa úr varasjóði að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

Ef sýnt þykir að Tryggingasjóður einyrkja geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum, svo sem vegna þess að útgjöld sjóðsins hafa aukist verulega, skal stjórn sjóðsins samkvæmt 6. tölul. gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur og/eða um hækkun á tekjum sjóðsins.

Þar sem Tryggingasjóður einyrkja verður mikill vöxtum í fjárhagslegu tilliti og hvað snertir fjölda sjóðfélaga er gert ráð fyrir því að Vinnumálastofnun annist sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn. Felur þetta í sér að Vinnumálastofnun mun sjá um útborgun bóta fyrir sjóðinn í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti og umsjá hennar. Þó er gert ráð fyrir þeim möguleika að ráðherra geti ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Þá er gert ráð fyrir því að sá kostnaðar sem hlýst af rekstri sjóðsins meðal annars vegna umsýslu Vinnumálastofnunar greiðist af tekjum hans.

Um 3. gr.

Í greininni er sett fram á skilgreining á hugtakinu sjóðfélagi. Er þar átt við einstakling sem tilheyrir a.m.k. einni af þremur starfsgreinum sem falla undir gildissvið sjóðsins. Auk þess er, sbr. 1. mgr. 3. gr., skilyrði að viðkomandi hafi staðið mánaðarlega skil á greiðslu tryggingargjalds af reiknuðu endurgjaldi, í a.m.k. 12 mánuði á síðustu 24 mánuðum, en hlutfallslega lengur ef tekjur af rekstri hafa verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra, áður en hann hætti rekstri eða varð atvinnulaus. Sú viðmiðun sem sett er fram í þessari grein er byggð á viðmiðunarreglum sem ríkisskattstjóri setur samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Eru þær til leiðbeiningar við ákvörðun á reiknuðu endurgjaldi sem maður, er vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal reikna sér sem laun, eins og fram kemur í 2. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987. Ríkisskattstjóri skal í upphafi hvers staðgreiðsluárs ákveða lágmark reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu. Hafi viðkomandi reiknað sér lægra endurgjald en samkvæmt framansögðu og því greitt lægra tryggingagjald ber honum samkvæmt þessari grein að greiða hlutfallslega lengur miðað við það.

Það má hugsa sér að umsækjandi bóta sýni fram á að hann hafi uppfyllt þetta skilyrði á síðustu 12 mánuðum. Hins vegar má jafnframt gera ráð fyrir þeim möguleika að umsækjandi bóta uppfylli ekki þetta skilyrði á því tímabili. Í þessu tilviki væri unnt að líta til síðustu 24 mánaða, sbr. 1. mgr. 3. gr. Sem dæmi má nefna að einstaklingur hafi staðið skil á greiðslu tryggingagjalds í þrjá mánuði á síðustu 12 mánuðum en í níu mánuði á árinu þar á undan. Sýni hann fram á þetta hefur hann uppfyllt skilyrði 1. mgr. 3. gr. um að teljast sjóðfélagi. Hafi hann aftur á móti aðeins skilað átta mánuðum telst hann hins vegar ekki hafa uppfyllt þetta sérstaka skilyrði. Í þessu felst að þeir einstaklingar sem tilheyra þeim þremur starfsgreinum sem undir sjóðinn falla, en uppfylla ekki skilyrði laganna til að teljast sjóðfélagar, eiga ekki rétt til bóta úr sjóðnum. Þeir verða því að sækja um bætur til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Nánari tilgreiningu á sjóðfélögum er að finna í 2. mgr. greinarinnar. Frumvarpinu er ætlað að ná til allra bænda, jafnt hefðbundinna búvöruframleiðenda sem annarra. Hugtakið bóndi er ekki skilgreint í lögum en við skilgreiningu frumvarpsins er stuðst við 3. gr. samþykkta Bændasamtaka Íslands. Hvað snertir smábátaeigendur er um að ræða stærðarviðmið á smábátum miðað við 10 brúttórúmlestir. Það viðmið var notað í lögum nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða, sbr. 10. gr. þeirra laga. Í bráðabirgðaákvæðum I og II við lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, var 10 brl. markið einnig notað, en féll út árið 1994 er krókabátaflokkurinn var sérstaklega skilgreindur, en það eru bátar minni en 6 brl. sem ekki völdu aflamark 1. janúar 1991. Rétt þykir þó að miða við 10 brúttólestir í frumvarpi þessu, en það mun einnig vera sama viðmið og stuðst er við um aðild að Landssambandi smábátaeigenda. Enda þótt hugtakið „smábátaeigendur" sé notað getur aðstaðan verði sú að bátar séu teknir á leigu til veiða í atvinnuskyni. Þar sem ekki er ætlunin að útiloka slík tilvik er í 2. tölul. 2. mgr. vísað til útgerðaraðila smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Þá er vísað í lög nr. 61/1995, um leigubifreiðar, og eiga þeir sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar sjóðsaðild, að uppfylltu skilyrði 1. mgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sams konar bótaskilyrðum og gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Þannig verði aldurslágmark til þess að njóta bóta 18 ár, sbr. 1. tölul. 1. mgr., í stað 16 ár svo sem verið hefur að gildandi lögum. Þá er það og skilyrði skv. 2. tölul. að viðkomandi sé hættur rekstri, sbr. einnig 5. gr. frumvarpsins, en skv. 2. mgr. 5. gr. setur ráðherra nánari reglur um hvað skuli teljast lok rekstrar í hlutaðeigandi starfsgrein.

Í 3. tölul. 1. mgr. er lagt til sem ótvírætt skilyrði bótaréttar að umsækjandi hafi óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi. Slíkt ákvæði hefur ekki verið í gildandi lögum og hefur það valdið nokkrum vafa í framkvæmd. Þeir sem teljast hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi eru íslenskir ríkisborgarar; þeir sem fengið hafa óbundið atvinnuleyfi skv. 8. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og erlendir ríkisborgarar sem ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir, sbr. 13. gr. sömu laga, en það eru fyrst og fremst ríkisborgarar ríkja sem eiga aðild að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði 5. tölul. 1. mgr. um ákvörðun á vinnuframlagi sjálfstætt starfandi felur efnislega í sér sömu reglu og er í lögum nr. 93/1993, þ.e. að miðað verði við skil á tryggingagjaldi síðustu 12 mánuði og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi áður en sótt er um bætur. Viðmiðun við útreikning bótaréttar verður eins og samkvæmt gildandi lögum skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi samkvæmt þeim viðmiðunarmörkum sem ríkisskattstjóri gefur árlega út vegna þessara starfsgreina. Er hér miðað við þrjá mánuði til lágmarksbótaréttar.

Í 5. tölul. er lagt til að bótaréttur þeirra sjóðfélaga, sem voru launþegar að einhverju leyti innan viðmiðunartímabilsins, grundvallist á starfstímabilum og starfshlutfalli. Í stað þess að miða við unnar dagvinnustundir sem tryggingagjald hefur verið greitt af, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, er miðað við tíu vikna vinnu á síðustu tólf mánuðum miðað við fullt starf en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða. Er þetta í samræmi við nýtt frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar. Í þessu sambandi er í raun átt við ráðningartímabil en í því felst að orlofstími reiknast með við ákvörðun á starfstímabili. Frávik frá skilyrði um tryggingagjaldsskylda vinnu eru hugs-

anleg á grundvelli svonefndrar fimm ára reglu í 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993, en samkvæmt henni geta norrænir ríkisborgarar, og aðrir sem samningurinn tekur til, átt rétt á því að öðlast strax við flutning rétt til atvinnuleysisbóta án þess að hafa unnið í því landi þar sem bóta er krafist.

Lögð er til breyting á reglum um ákvörðun á vinnuframlagi sjómanna til samræmis við það að í frumvarpinu er lagt til að bótaréttur grundvallist á starfshlutfalli og starfstíma. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 93/1993 skal til þess að finna dagvinnustundir sjómanna margfalda fjölda skráningardaga með átta. Lagt er til að áfram verði miðað við lögskráningardaga sjómanns og að 21,67 lögskráningardagar teljist vera eins mánaðar vinna. Deilitalan 21,67 er sú sama og notuð er af aðilum vinnumarkaðarins þegar verið er að reikna út dagkaup fyrir virkan dag. Um er að ræða meðaltal mánudaga til föstudaga, þ.e. 52 vikur x 5 dagar = 260 dagar. Við útreikning á meðaltali á mánuði er deilt í 260 með 12, sem gefur niðurstöðuna 21,67 dagar á mánuði. Þegar sjómaður hefur verið skráður á skip allan mánuðinn hefur hann því skilað rúmlega mánaðarvinnu samanborið við starfsmann í landi. Sjómaðurinn tekur síðan frí á launum eða launalaust, eftir því hvort um farmann eða fiskimann er að ræða. Þykir því rétt að halda áfram þeirri aðferð að reikna út frá lögskráningardögum sjómanns sem hann getur annaðhvort staðfest með því að sýna sjóferðarbók sína eða vottorð frá lögskráningarstjóra. Sé um að ræða fiskiskip undir tólf rúmlestum brúttó, sem ekki er skylt að lögskrá á gilda almennar viðmiðunarreglur um útreikning bótaréttar.

Samkvæmt gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar er það skilyrði að maður hafi verið atvinnulaus í a.m.k. þrjá daga í upphafi bótatímabils. Þess í stað er áskilið í 6. tölul. 1. mgr. að maður hafi verið atvinnulaus í a.m.k. tvær vikur samfellt í upphafi bótatímabils. Að því skilyrði uppfylltu, ásamt öðrum skilyrðum 4. gr., á maður rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi. Krafa um tveggja vikna samfellt atvinnuleysi til þess að öðlast bótarétt á eingöngu við í upphafi bótatímabils, sbr. 1. mgr. 10. gr.

Sú meginregla er lögð til í 7. tölul. 1. mgr. að maður verði að vera reiðubúinn að ráða sig í fullt starf eða hefja sjálfstæðan rekstur til þess að geta notið bóta á grundvelli frumvarpsins, ef að lögum verður. Er sú regla í samræmi við frumvarp til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Úthlutunarnefnd er þó veitt heimild til að víkja frá þessu skilyrði sé manni talið ókleift að ráða sig í fullt starf. Er í því sambandi einkum haft í huga að fjölskylduaðstæður eða heilsufar viðkomandi standi í vegi. Miðað er við að sams konar heimild gildi um þá sem hafa verið í hlutastarfi. Gert er ráð fyrir að gengið verði úr skugga um þetta atriði um leið og maður sækir um bætur en skv. 1. mgr. 17. gr. getur sá sem ekki er reiðubúinn að fara í fullt starf ekki átt rétt á hærri bótum en sem nemur því starfshlutfalli sem hann er reiðubúinn að ráða sig í.

Til að skýrt sé að menn geta ekki á sama tíma notið bóta sem launþegar úr Atvinnuleysistryggingasjóði og Tryggingasjóði einyrkja er lagt til ákvæði þar um í 2. mgr. greinarinnar.

Um 5. gr.

Skilyrði þess að sjóðfélagi megi teljast atvinnulaus eru greind í fjórum liðum og þarf viðkomandi að uppfylla öll skilyrðin; vera hættur rekstri, hafa eigi lengur tekjur eða ígildi tekna af rekstri, vera ekki í atvinnu sem launþegi og loks að vera sannanlega í atvinnuleit auk þess að geta tekið tilboðum um atvinnu. Þar sem sérstök sjónarmið geta átt við um hvern þeirra hópa, sem aðild munu eiga að Tryggingasjóði einyrkja hvað snertir skilyrði um lok rekstrar í starfsgrein, er lagt til í 2. mgr. að ráðherra setji nánari regl-

ur þar um. Ekki er gert ráð fyrir að um grundvallarbreytingar verði að ræða frá gildandi reglum, sbr. reglugerð nr. 304/1994 og viðmiðunarreglur nr. 628/1994, um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingur fái atvinnuleysisbætur.

Um 6. gr.

Ákvæðið fjallar um heimild til þess að geyma bótarétt vegna náms eða heimilisaðstæðna. Hliðstæð ákvæði er að finna í 1. og 4. mgr. 17. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, en þó er það nýmæli að í ákvæðinu er skilgreint hvers konar heimilisaðstæður heimili geymslu bótaréttar. Sérákvæði um fæðingarorlof er enn fremur nýmæli.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 17. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar en 3. mgr. felur í sér nýmæli. Í ljós hefur komið að nokkuð er um það að atvinnulausir einstaklingar beri við óvinnufærni þegar þeim er boðinn vinna. Það er því mikilvægt að vinnumiðlanir hafi skýra heimild til að óska eftir gögnum og upplýsingum um vinnufærni umsækjenda þannig að ljóst sé þegar menn sækja um bætur að þeir séu fullfærir til vinnu, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Um 8. gr.

Greinin tekur til atriða sem girða fyrir rétt til bóta eða skerða bótatímabil og svarar ákvæðið til 1.–4. og 7.–8. tölul. 21. gr. núgildandi laga um atvinnuleysistryggingar.

Ákvæði 4. tölul. felur í sér þá breytingu að bótaréttur falli niður í 55 bótadaga í stað 40 bótadaga, sbr. 4. tölul. 21. gr. laga um almannatryggingar, þegar maður hefur sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem hann á sjálfur sök á. Breyting þessi er í samræmi við frumvarp til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. einnig ákvæði 6. tölul. sem felur í sér nýmæli um missi bóta þegar umsækjandi hefur hætt námi fyrir lok námsannar.

Ákvæði 5. tölul., um skerðingu bótaréttar ef viðkomandi hefur verið sviptur leyfi til atvinnureksturs, er einnig nýmæli.

Um 9. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 22. gr. gildandi laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með tveimur breytingum:

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að miða við tekjur síðustu sex mánuði við ákvörðun þess hvort umsækjandi skuli sæta biðtíma verði miðað við tekjur á síðustu tólf mánuðum, enda er það talið gefa skýrari mynd af raunverulegum efnahagi aðila.

Þá er lögð til breyting frá því fyrirkomulagi sem nú er, skv. 4. mgr. 22. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, að atvinnuleysisbætur skerðast vegna tilfallandi vinnu, dag og dag, miðað við unninn stundafjölda þó aldrei meira en miðað við átta klst. fyrir hvern sólarhring. Í 3. mgr. greinarinnar er lagt til að átta klst. hámark fyrir hvern sólarhring verði afnumið þannig að allar unnar vinnustundir í slíkri tilfallandi vinnu reiknist með við ákvörðun á fjölda bótadaga sem niður falla. Þannig valdi átta vinnustundir niðurfellingu hámarksbóta í einn dag en hlutfallslega færri vinnustundir ef viðkomandi nýtur lægri bótaréttar. Af síðasta málslið 3. mgr. leiðir að þegar viðkomandi hefur unnið samtals 173 stundir á a.m.k. tólf mánuðum í slíkri tilfallandi vinnu skal taka tillit til þeirrar vinnu við ákvörðun bótafjárhæðar og bótatímabils, sbr. 10. og 12. gr. frumvarpsins. Þegar því marki er náð þarf viðkomandi aftur að safna 173 vinnustundum á a.m.k. tólf

mánuðum til þess að geta átt rétt á enn hærri bótafjárhæð og frekari framlengingu bótatímabils, sbr. 10. og 12. gr. Með „tilfallandi vinnu“ er átt við að maður sé ráðinn til vinnu frá degi til dags. Sé maður á hinn bóginn ráðinn til lengri tíma gilda almennar reglur 8. og 9. gr. um bótarétt hans.

Um 10. gr.

Með ákvæðinu eru lagðar til grundvallarbreytingar á ákvæðum um bótatímabil og biðtíma. Skv. 3. og 5. mgr. 22. gr. gildandi laga er bótatímabilið 260 dagar eða samtals 52 vikur. Biðtími að afloknum bótatíma er 16 vikur en með þátttöku í átaksverkefnum eða námskeiðum er unnt að skerða biðtímann þannig að hann verði enginn. Af því leiðir að menn geta í raun verið ótakmarkaðan tíma á bótum sem er óeðlilegt og þekkist hvergi í nágrannalöndum okkar.

Í greininni eru lagðar til breytingar á þessu fyrirkomulagi þannig að hvert bótatímabil verði nú að hámarki fimm ár. Er þessi breyting í samræmi við ákvæði frumvarps til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Skv. 16. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir skal sá sem fellur af bótum njóta sérstakrar aðstoðar starfsfólks svæðisvinnumiðlunar við að kanna réttindi hans til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

Í 1. mgr. er lagt er til að bótatímabil manns, sem verið hefur á bótum en fær síðan vinnu eða hefur á ný sjálfstæða starfsemi, framlengist um jafnlangan tíma og hann hafði atvinnu. Þó er gert ráð fyrir því fráviki í 2. mgr. að hafi starfstímabil innan bótatímabilsins varað í samfellt tólf mánuði eða lengur skuli úthlutunarnefnd samkvæmt þessu frumvarpi endurmeta rétt sjóðfélaga með vísan til 3. sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Með sama hætti og gert er ráð fyrir í frumvarpi til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að nýtt bótatímabil geti hafist þegar liðnir eru í það minnsta tólf mánuðir frá því að bótatímabili lauk. Í því frumvarpi er einnig miðað við að hlutaðeigandi þurfi að hafa að baki að minnsta kost sex mánaða vinnu á þessu tímabili. Þessi regla er tekin upp hér, þó með hliðsjón af því að hér er um sjálfstætt starfandi einstaklinga en ekki launþega að ræða. Þannig er miðað við að viðkomandi einstaklingur hafi staðið skil á greiðslu tryggingagjalds vegna sjálfstæðrar starfsemi í starfsgrein sem fellur undir gildissvið laganna í a.m.k. sex mánuði.

Í 4. mgr. er lagt til að þau tímabil sem maður tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, sem styrkt eru af sjóðnum, sbr. 25. gr. þessa frumvarps, skuli teljast hluti bótatímabils. Með því móti er réttarstaða þess sem ráðinn er í starf vegna slíkra úrræða sú sama hvað bótatímabil snertir hvort sem hann er ráðinn á almennum launakjörum eða ekki.

Um 11. gr.

Ákvæðið er hliðstætt 23. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, en þó ekki að öllu leyti samhljóða. Þannig er lagt til að atvinnuleysisbætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga verði aldrei hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi sem tryggingagjald hefur verið greitt af síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Samsvarandi viðmiðun vegna dagvinnulauna launþega er höfð með í frumvarpi þessu þar sem gera má ráð fyrir þeim möguleika að sjóðfélagi hafi starfað sem launþegi síðustu mánuðina áður en hann varð atvinnulaus. Það sem liggur að baki ákvæðinu er að koma í veg fyrir að menn geti verið betur settir á bótum en í atvinnu en ljóst er að menn spara sér ýmis útgjöld sem tengjast atvinnuþátttöku meðan þeir eru atvinnulausir.

Það nýmæli er lagt til í 3. mgr. að framlög vegna barna meðlagsskyldra skuli renna beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Er þetta í samræmi við nýtt frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar.

Ákvæði 5. mgr. um að greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum skuli koma til frádráttar atvinnuleysisbótum er einnig nýmæli en óeðlilegt þykir að menn geti þegið atvinnuleysisbætur til viðbótar slíkum greiðslum sem líta má á sem tekjuígildi. Ákvæðið gildir jafnt um lífeyrisgreiðslur úr almennum lífeyrissjóðum, þ.e. þeim lífeyrissjóðum sem stofnaðir voru á grundvelli samkomulags aðila vinnumarkaðarins frá 1969, sem og þeim sjóðum sem stofnaðir hafa verið á síðustu árum og fengið staðfestingu fjármálaráðuneytisins á reglugerðum sínum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980. Sama gildir einnig um þá sjóði sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Samkvæmt gildandi lögum eiga allir launamenn og atvinnurekendur að greiða til lífeyrissjóðs viðkomandi starfshóps eða starfsstéttar og hafa flestir launamenn þannig ekkert val um það til hvaða lífeyrissjóðs þeir greiða. Nokkur hópur launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga getur hins vegar valið sér lífeyrissjóð. Einnig er hugsanlegt að launamaður eða stéttarfélag hans hafi keypt viðbótarlífeyristryggingu frá frjálsum lífeyrissjóði. Allar þessar greiðslur eiga samkvæmt ákvæðinu að koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. um hámarksbætur eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 304/1994. Réttur til hámarksbóta er þannig miðaður við að hlutaðeigandi hafi staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu skatts af reiknuðu endurgjaldi á síðustu tólf mánuðum.

Lágmarksbætur, sem eru skv. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins 1/4 hluti hámarksbóta, greiðast þeim sem hafa unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf á síðustu tólf mánuðum, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um rétt til að telja námstímabil með við ákvörðun bótafjárhæðar, sbr. 5. mgr. 24. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Ákvæði 6. mgr. felur aðeins í sér orðalagsbreytingu en ekki efnisbreytingu frá 8. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1993.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er gert ráð fyrir að með aukinni ráðgjöf og úrræðum vinnumiðlana fyrir atvinnulausa, sem hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra, verði unnt að aðstoða atvinnulausa til þess að verða virkir í atvinnuleit. Með viðurkenndum skráningaraðila er átt við svæðisvinnumiðlun eða þann aðila sem svæðisráð hennar hefur falið að annast skráningu, sbr. 8. og 10. gr. frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Rétt þykir að það komi fram með skýrum hætti í lagatexta hvaða viðurlög það hafi í för með sér að skráning falli niður en framkvæmdin hefur verið eins og í ákvæðinu greinir. Er þannig mælt fyrir um í 2. mgr. 14. gr. að skrái viðkomandi sig ekki á tilskildum degi sæti hann missi bóta fyrir þá daga sem líða frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný. Ákvæði 3. mgr. er nýmæli þar sem fram kemur að stjórn Tryggingasjóðs einyrkja geti ákveðið að skráning fari fram með öðrum

hætti en vikulega, en skv. 20. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar er eingöngu heimilt að láta skráningu fara fram oftar en vikulega. Þykir rétt að stjórnin hafi meira svigrúm til að meta þörf á skráningu, t.d. ef tekið er upp annars konar eftirlitskerfi hjá vinnumiðlun en skráning.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. mgr. greinarinnar er hliðstætt 6. tölul. 21. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar.

Í stað þess að áskilja að maður geti eingöngu hafnað vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, svo framarlega sem starfinu fylgi „meiri áreynsla og vosbúð", sbr. 2. málsl. 6. tölul. 21. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, er lagt til í 2. mgr. að heimilt verði að hafna vinnu í annarri starfsgrein en maður hefur áður stundað ef taldar eru góðar líkur á því að hann muni geta fengið vinnu í sinni starfsgrein.

Ekki eru gerðar breytingar á ákvæði gildandi laga um atvinnleysistryggingar um að heimilt geti verið að hafna vinnu fjarri heimili samkvæmt mati úthlutunarnefndar, sbr. 3. mgr. Með heimilisaðstæðum er átt við fjölskylduaðstæður, þar á meðal heilsufar fjölskyldumeðlima umsækjanda. Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um að maður geti hafnað vinnu af öðrum ástæðum en þeirri að vinna sé fjarri heimili.

Um 16. gr.

Gert er ráð fyrir að það verði fastur þáttur í þjónustu vinnumiðlana, sbr. frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, að aðstoða atvinnulausa við að gera starfsleitaráætlun. Slík áætlun felst í því að gerð er áætlun út frá forsendum viðkomandi einstaklings með hliðsjón af möguleikum á að útvega honum atvinnu. Jafnframt felur hún í sér að hinn atvinnulausi skuldbindur sig til þess að vera virkur í atvinnuleit. Eðlilegt er að líta svo á að sá sem er ekki til samvinnu um gerð slíkrar áætlunar eða fer ekki eftir gerðri áætlun fullnægi ekki því skilyrði að vera í atvinnuleit og það geti haft viðurlög í för með sér á sama hátt og þegar maður hafnar atvinnu. Það er hlutverk úthlutunarnefndar að taka ákvörðun um missi bótaréttar af þessum sökum.

Gert er ráð fyrir að í starfsleitaráætlun verði kveðið á um hvernig eftirliti svæðisvinnumiðlunar með því að maður fullnægi skilyrðum bótaréttar verði háttað, þar á meðal hversu oft maður á að hafa samband við svæðisvinnumiðlun og hvernig maður sýnir fram á þátttöku í úrræðum á vegum hennar.

Um 17. gr.

Ákvæðið felur í sér nýmæli að því er snertir hlutastörf en réttarstaðan hefur verið óljós hvað þau snertir þar sem ekki er kveðið á um gildi þeirra í lögum um atvinnuleysistryggingar. Samkvæmt 7. tölul. 1 mgr. 4. gr. frumvarpsins er meginreglan sú að menn verða að vera tilbúnir að ráða sig í fullt starf. Úthlutunarnefnd er þó sbr. einnig 3. mgr. 15. gr., veitt svigrúm til mats með hliðsjón af aðstæðum hins atvinnulausa.

Um 18. gr.

Hér er um samsvarandi reglur að ræða og í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar. Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra sem sæta biðtíma eftir bótum, t.d. vegna tekna, sbr. 9. gr. frumvarpsins, eða vegna þess að þeir hafa sagt upp starfi án gildra ástæðna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. Er þetta í samræmi við túlkun gildandi laga um atvinnuleysistryggingar, enda þótt ekki séu fyrir hendi skýr ákvæði um þetta atriði í þeim.

Um 19.–20. gr.

Samsvarandi ákvæði er að finna í 1. og 2. mgr. 41. gr. gildandi laga. Rétt þykir að taka sérstaklega fram að það að leyna upplýsingum hefur sömu afleiðingar í för með sér og að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Lagt er til að heimilt verði að skjóta ákvörðunum úthlutunarnefndar til sérstakrar úrskurðarnefndar. Gert er ráð fyrir að sú nefnd verði stofnsett með nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. frumvarp þar um sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun og verður þannig ekki skotið áfram til neins æðra stjórnvalds. Á hinn bóginn stendur þeim er telur á rétt sinn hallað með ákvörðun nefndarinnar að sjálfsögðu sú leið opin að leita annaðhvort til almennra dómstóla eða umboðsmanns Alþingis með þá ákvörðun.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir að Tryggingasjóður einyrkja verði að grunni til fjármagnaður með samsvarandi hætti og Atvinnuleysistryggingasjóður. Ákvæði 1. tölul., um tryggingagjald, byggist á þeim forsendum að um samhliða breytingu á lögum um tryggingagjald verði að ræða, þannig að tekjum af atvinnutryggingagjaldi þeirra einyrkja sem falla undir lög þessi verði ráðstafað í Tryggingasjóð einyrkja, en ekki í Atvinnuleysistryggingasjóð, sbr. nú 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, ásamt síðari breytingum.

Um 24. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Ákvæði 33.–37. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar fela í sér heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að veita ýmiss konar lán og styrki. Í ákvæði 25. gr. er fylgt fordæmi frumvarps til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar, þannig að eingöngu verði heimilt að veita styrki úr sjóðnum til þess að aðstoða við að hrinda í framkvæmd úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlana til þess að auka starfshæfni og starfsmöguleika atvinnulausra og til að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsl. greinarinnar eru samhljóða 1. mgr. 39. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar en 3. málsl. felur í sér nýmæli. Það hefur tíðkast í nokkrum mæli að félagsgjöld til stéttarfélaga séu dregin af bótum sem þykir óeðlilegt nema skýrt samþykki hins atvinnulausa liggi fyrir.

Um 28. gr.

Ákvæðið er samhljóða 2. og 3. mgr. 39. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar að öðru leyti en því að ákvæði um upplýsingaskyldu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og lífeyrissjóða er nýmæli. Tengist það því að í 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framlög vegna barna greiðist í ákveðnum tilvikum beint til Innheimtustofnunar. Upplýsingaskylda lífeyrissjóða er nauðsynleg með tilliti til ákvæði 5. mgr. 11. gr.

Um 29. gr.

Ákvæðið vísar til III. kafla frumvarps til laga um atvinnuleysistryggingar. Gert er ráð fyrir því að Tryggingasjóður einyrkja greiði ekki bætur í tilvikum sem þar er fjallað um. Þó þykir rétt að hafa ákvæði þetta í frumvarpinu til að taka af allan vafa.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Ákvæði um gildistöku er í samræmi við fyrirliggjandi frumvörp um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, enda ljóst að nokkurn tíma þarf til undirbúnings fyrir gildistöku.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt niðurstöðu í skýrslu nefndar þeirrar sem vann að undirbúningi þessa frumvarps var mismunur á innstreymi tekna af atvinnutryggingagjaldi í Atvinnuleysistryggingasjóð og útstreymi greiðslna úr sjóðnum vegna atvinnuleysistryggingabóta þeirra þriggja hópa sem frumvarpið tekur til, kr. 23.705.394. á árinu 1996, framreiknað til áramóta miðað við stöðuna 8. nóvember 1996. Gera má ráð fyrir að hinn 1. júlí 1997, verði um nokkuð hærri fjárhæð að ræða, en hún verður stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til Tryggingasjóðs einyrkja, sbr. 2. tölul. 23. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í þessu lagaskilaákvæði er kveðið á um flutning þeirra bótaþega, sem uppfylla skilyrði laganna sem sjóðfélagar, en verið hafa í atvinnuleysistryggingakerfinu, yfir til Tryggingasjóðs. Ákvæði 2. mgr. skýrir sig sjálft með hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða III.

Í 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er að finna grundvallarbreytingu á ákvæðum um bótatímabil, sem við gildistöku laganna verður að hámarki fimm ár. Samkvæmt þessu ákvæði er tímamarkið 1. júlí 1994 lagt til grundvallar mati á lengd bótatímabils. Hafi maður þannig verið á atvinnuleysisbótum samfellt a.m.k. frá þeim degi til þess dags að frumvarp þetta verður að lögum, getur bótatímabil að hámarki varað til 1. júlí 1999. Sem dæmi má nefna að ef einstaklingur hefur verið á atvinnuleysibótum samfellt frá 1. janúar 1993 getur bótatímabil hans í raun orðið sex og hálft ár. Ef bótatímabil hefst eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku nýrra laga er gert ráð fyrir að bótatímabili ljúki fimm árum eftir að það hófst. Ef einstaklingur hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum frá 15. febrúar 1995 lýkur bótatímabili hans þannig 15. febrúar árið 2000.

Um ákvæði til bráðabirgða IV.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að ákvæði 16. gr. frumvarpsins um starfsleitaráætlanir og úrræði svæðisvinnumiðlana taki gildi 1. janúar 1998, þar sem ljóst þykir að þær muni krefjast lengri undirbúningstíma en til 1. júlí 1997, svo sem gildistökuákvæði þessa frumvarps gerir ráð fyrir.

Um ákvæði til bráðabirgða V.

Rétt þykir að leggja til að lögin verði endurskoðuð að liðnum tveimur árum frá gildistöku, enda ætti þá að vera komin hæfileg reynsla á framkvæmd þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Tryggingasjóð einyrkja.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar starfa nefndar um réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi atvinnurekenda gagnvart atvinnuleysistryggingabótakerfinu. Þar er lagt til að stofnaður verði Tryggingasjóður einyrkja sem hafi það hlutverk að greiða sjóðfélögum sem yrðu bændur, vörubifreiðastjórar og smábátasjómenn atvinnuleysisbætur. Reglur um bótahæfi taka að mestu leyti mið af þeim ákvæðum sem er að finna í frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar að teknu tilliti til þeirra atriða sem greina á milli stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga og launamanna. Í því samhengi skiptir miklu máli hvernig viðmiðunarreglur um hvað teljist lok rekstrar verða útfærðar.

Hugsanlegt er að aðrir hópar sjálfstætt starfandi einstaklinga fái aðild að þessum sjóði í framtíðinni en gert er ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð innan tveggja ára frá setningu þeirra.

Gert er ráð fyrir að Tryggingasjóður einyrkja verði rekinn samhliða Atvinnuleysistryggingasjóði en sem sérstök eining og með sjálfstæða stjórn. Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta mun þó skera úr um ágreining fyrir báða sjóðina. Í 2. gr. er að finna ákvæði um að 10% árlegra tekna sjóðsins skuli leggja í varasjóð þar til slíkur sjóður nemur eins árs útgreiðslu bóta miðað við síðastliðið ár. Einnig er þar ákvæði um að stjórn sjóðsins skuli gera tillögu til félagsmálaráðherra um hertar úthlutunarreglur eða hækkun á tekjum sjóðsins ef sýnt þykir að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Í VII. kafla frumvarpsins er kveðið á um að tekjur sjóðsins skuli vera tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald, sérstakt stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs mun nema mismuninum á hlutfalli atvinnutryggingagjalds í greiddu tryggingargjaldi væntanlegra félaga í Tryggingasjóði einyrkja og útstreymi vegna greiðslna atvinnuleysis bóta til sömu aðila samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 1. júlí 1997. Ætla má að stofnframlagið nemi um 33 m.kr. ef ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna úthlutunar bótanna. Kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs við úthlutun bóta á árinu 1995 nam 7% af úthlutaðri bótafjárhæð, eða um 2,3 m.kr. af 33 m.kr. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi til Tryggingasjóðs einyrkja á árinu 1997 verða um 24,5 m.kr. þar sem miðað er við að sjóðurinn taki til starfa 1. júlí 1997. Árlegar tekjur sjóðsins yrðu að óbreyttu um 49 m.kr. auk vaxta. Í þessari áætlun er tekið tillit til fyrirhugaðra breytinga á tryggingagjaldi.

Árlegt tekjutap Atvinnuleysistryggingasjóðs er talið geta numið allt að 18,7 m.kr. sem er áætlaður mismunur á inn- og útstreymi Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna bænda, vörubifreiðastjóra og smábátasjómanna á árinu 1997. Auk þess verður sjóðurinn á árinu 1997 af allt að 30 m.kr. sem er stofnframlagið. Þannig flytjast allt að 49 m.kr. á árinu 1997 til Tryggingasjóðs einyrkja og um 18,7 m.kr. á ári eftir það. Á móti losnar Atvinnuleysistryggingasjóður við skuldbindingar vegna þessara aðila.

356. Frumvarp til laga [238. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlun. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu og örva lestraráhuga.

Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.

Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig, að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

2. gr.

Til almenningsbókasafna teljast:

a. bókasöfn fyrir almenning sem sveitarfélög reka,
b. bókasöfn í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og fangahúsum, rekin af hlutaðeigandi stofnunum.

3. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningsbókasafns með myndun byggðasamlags eða öðrum hætti sem samræmist sveitarstjórnarlögum.

4. gr.

Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og bókasafn grunnskóla, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna. Við slíka sameiningu skal gera ráð fyrir greiðum aðgangi almennings að þjónustu safnsins utan skólatíma.

Heimilt skal og að stofna til samningsbundins rekstrar- eða þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla á framhaldsskóla- eða háskólastigi þar sem slík tilhögun telst henta vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Landið skiptist í bókasafnsumdæmi. Menntamálaráðherra ákveður skiptinguna í reglugerð að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í hverju bókasafnsumdæmi er eitt umdæmissafn sem rækir þjónustu við umdæmið. Öllum bókasöfnum í hverju umdæmi ber að efla samvinnu sín í milli.

6. gr.

Sveitarfélög í hverju bókasafnsumdæmi ákveða í sameiningu hvaða almenningsbókasafn í umdæminu skuli gegna hlutverki umdæmissafns. Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða skilyrðum, m.a. um sérmenntað starfslið, safnkost, aðföng, tæknibúnað og afgreiðslutíma, bókasafn þurfi að fullnægja til að gegna hlutverki umdæmissafns.

Umdæmissafn skal veita öðrum söfnum í umdæminu faglega ráðgjöf, efla samvinnu safna og vera upplýsingamiðstöð umdæmisins.

Umdæmissafn skal eftir föngum lána eða útvega öðrum söfnum og íbúum í umdæminu þann safnkost sem þau vanhagar um.

Umdæmissafni er heimilt að inna af hendi bókasafnsþjónustu við félög og stofnanir, t.d. skóla og sjúkrahús, og er heimilt að taka greiðslu fyrir þá þjónustu.

Í hverju umdæmissafni skal kappkosta að koma upp upplýsingaþjónustu eða deild sem tengist atvinnulífi, m.a. ferðamálum, í umdæminu.

7. gr.

Fyrir hverju almenningsbókasafni á vegum sveitarfélaga skal vera 3–5 manna stjórn, kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum. Kjörtímabil bókasafnsstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn setur bókasafnsstjórn erindisbréf. Standi sveitarfélög saman að rekstri bókasafns skal í samstarfssamningi kveða á um aðild hvers og eins þeirra að bókasafnsstjórn og um verkefni hennar. Sama gildir að því er varðar stjórnir umdæmissafna.

8. gr.

Sveitarfélög ráða starfslið almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa það nauðsynlegum búnaði.

Við mannaráðningar skal leitast við að tryggja eftir föngum að almenningsbókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfir verksviði safnanna. Forstöðumaður almenningsbókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi.

Við hönnun bókasafnsbygginga, svo og við kaup eða leigu húsnæðis fyrir bókasafn, skal þess gætt að safnið sé öllum aðgengilegt.

9. gr.

Framlög til almenningsbókasafna skulu ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags.

Standi sveitarfélög sameiginlega að rekstri almenningsbókasafns skal í samstarfssamningi kveðið á um skiptingu kostnaðar og þá m.a. tekið tillit til staðsetningar safnsins. Í samkomulagi um umdæmissafn, sbr. 6. gr., skal kveðið á um framlög sveitarfélaga í bókasafnsumdæminu til safnsins vegna hlutverks þess sem umdæmissafns.

10. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, dvalarheimilum aldraða og fangahúsum skal vera bókasafn sem hlutaðeigandi stofnun kostar og rekur. Heimilt er þó stofnun að semja við almenningsbókasafn í byggðarlaginu um bókasafnsþjónustu gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar.

Stjórn stofnunar skipar vistmannabókasafni stjórn og setur henni erindisbréf.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn stuðlar að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veitir þeim faglega ráðgjöf og á við þau samstarf, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um stofnunina og reglugerð á grundvelli þeirra.

12. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna almenningsbókasafna og hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim sé framfylgt.

Almenningsbókasöfn skulu árlega láta í té skýrslu til menntamálaráðuneytisins um fjármál og starfsemi hvers safns. Heimilt er ráðuneytinu að fela Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða annarri stofnun að hafa umsjón með öflun þessara upplýsinga og úrvinnslu þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og hinn þriðji af Bókavarðafélagi Íslands. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Ráðgjafarnefndin veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, einstakar sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir eða forstöðumenn almenningsbókasafna vísa til hennar. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til þessara aðila.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12.300 þús. kr. í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem lög þessi gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samræmi við Rithöfundasamband Íslands.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Reglugerðin skal undirbúin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og samráð haft við Bókavarðafélag Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1997. Um leið falla úr gildi lög nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1997–2001 leggur ríkissjóður fram fé, eigi minna en 4 millj. kr. hvert ár, til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Fénu má verja til að veita bókasöfnum styrki til kaupa á tölvubúnaði í þessu skyni, svo og til þess að halda námskeið fyrir bókaverði og gefa út fræðsluefni fyrir almenning um hvernig færa megi sér í nyt nýja upplýsingatækni. Einnig er heimilt að veita af þessu fé styrki til annarra þróunarverkefna í þágu almenningsbókasafna, einkum rannsókna og fræðslu. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun fjárins, þar á meðal um styrkskilmála, og tekur ákvörðun um úthlutun framlaga að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna, sbr. 14. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um almenningsbókasöfn eru frá árinu 1976 (lög nr. 50/1976, breytt lítillega með lögum nr. 108/1988). Ýmsar forsendur hafa breyst á þeim tveimur áratugum sem síðan eru liðnir og endurskoðun laganna hefur verið á döfinni um alllangt skeið. Sem dæmi um breyttar aðstæður sem eðlilegt er að taka tillit til við slíka endurskoðun skulu eftirtalin atriði nefnd sérstaklega:

— Stórstígar framfarir í upplýsingatækni sem hafa víðtæk áhrif á starfshætti og starfsmöguleika bókasafna.
— Sameining sveitarfélaga víða um land og aukið samstarf þeirra hefur breytt rekstrargrundvelli almenningsbókasafna.
— Með sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í nýrri Þjóðarbókhlöðu hefur myndast öflug stofnun sem á að geta orðið bókasafnakerfi landsins í heild öflug stoð svo sem löggjöf um hana gerir og ráð fyrir.

Árið 1990 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd undir forustu bókafulltrúa ríkisins og með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bókavarðafélagi Íslands. Skyldi hún semja frumvarp til nýrra laga um almenningsbókasöfn og hafa hliðsjón af starfi nefnda sem fjallað höfðu um málefni almenningsbókasafna nokkrum árum fyrr. Nefndin skilaði tillögum sínum að lagafrumvarpi ásamt greinargerð snemma árs 1991. Við samningu frumvarps þess sem hér liggur fyrir voru þær tillögur lagðar til grundvallar, en vikið frá þeim í ýmsum atriðum í ljósi þróunar sem orðið hefur síðan þær voru lagðar fram. Einnig var byggt á álitsgerð nefndar sem menntamálaráðuneytið skipaði haustið 1995 til að fjalla um tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet, en henni var jafnframt falið að athuga frumvarpsdrögin frá 1991 með hliðsjón af þróun í tölvu- og upplýsingamálum. Sú nefnd skilaði skýrslu með tillögum sínum í janúar 1996. Þá ber að nefna ritið „Í krafti upplýsinga“ sem kom út í mars 1996, en þar er gerð grein fyrir stefnumörkun menntamálaráðuneytisins að því er varðar nýtingu nýrrar upplýsingatækni í þágu mennta og menningar. Er þar m.a. fjallað um mikilvægan þátt bókasafna í þeim efnum. Svo er einnig gert í stefnuritinu „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið“ sem birt var í október 1996. Þar er talið æskilegt að bókasöfn „þróist í alhliða upplýsingamiðstöðvar sem tryggi öllum viðskiptavinum sínum greiðan aðgang að upplýsingum á tölvutæku formi, m.a. með tengslum við innlendar og alþjóðlegar fræðslumiðstöðvar og upplýsingaveitur“. (Sjá og athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.)

Veigamestu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir, borið saman við núgildandi lög um almenningsbókasöfn, eru eftirfarandi:

1. Í skilgreiningu á hlutverki almenningsbókasafna er lögð áhersla á það markmið að þau séu alhliða upplýsingastofnanir þar sem almenningur eigi kost á að nýta m.a. nýjustu tölvutækni til að afla margháttaðra gagna.
2. Flokkun almenningsbókasafna er einfölduð og búið í haginn fyrir skipulag sem stuðlað geti að myndun öflugra umdæmissafna.
3. Afnumin eru ákvæði í núgildandi lögum um lágmarksfjárframlag sveitarfélaga til almenningsbókasafna en mælt fyrir um að framlög skuli ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun hvers sveitarfélags.
4. Kveðið er á um ráðgjafar- og samstarfshlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns gagnvart almenningsbókasöfnum, með skírskotun til löggjafar um stofnunina.
5. Fellt er niður ákvæði um sérstakan fulltrúa í menntamálaráðuneytinu er annist málefni almenningsbókasafna. Samkvæmt frumvarpinu fer menntamálaráðuneytið eftir sem áður með yfirstjórn þeirra mála, en gert er ráð fyrir heimild til að fela Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða annarri stofnun umsjón með hluta af þeim verkefnum sem ráðuneytið hefur nú með höndum á þessu sviði.
6. Breytt er ákvæðum sem lúta að menntun starfsmanna almenningsbókasafna.
7. Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði um fimm ára skeið til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet.

Almenningsbókasöfn gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir menningar- og atvinnulíf þjóðarinnar og mikilvægi þess fer síst minnkandi í því „upplýsingasamfélagi“ sem talið er vera í sköpun. Rekstur almenningsbókasafna, annarra en tiltekinna stofnanabókasafna, hefur undanfarna áratugi verið að fullu á höndum sveitarfélaga og í frumvarpinu er gert

ráð fyrir að svo verði áfram. Ákvæði frumvarpsins taka mið af því að um er að ræða verkefni sem sveitarfélögin bera ábyrgð á og því eðlilegt að þau hafi sem frjálsastar hendur um framkvæmd þess innan hins almenna ramma sem löggjöfin markar. Hins vegar er í frumvarpinu mjög byggt á því að samvinna takist með sveitarfélögum um þá skipan á málefnum almenningsbókasafna sem líklegust er til að stuðla að öflugri starfsemi safnanna, jafnframt því að lögð er áhersla á að söfnin ástundi samstarf sín á milli og eigi hlut að því að koma á samvirku bókasafnakerfi í landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er hlutverk almenningsbókasafna skilgreint. Tekið er mið af þeirri þróun sem orðið hefur á sviði upplýsingatækni frá því að núgildandi lög voru sett og lögð áhersla á að bókasöfnin veiti almenningi færi á að nýta sér kosti hennar og möguleika. Ógrynni fróðleiks og upplýsinga er þegar og verður enn frekar í framtíðinni að finna í tölvutækum gagnasöfnum, jafnframt því sem margmiðlunartæknin stuðlar að aukinni fjölbreytni þess efnis sem á boðstólum er. Miklu skiptir að bókasöfnin verði miðstöðvar þar sem almenningi gefst kostur á að njóta nýrra tækifæra á þessu sviði. Enn um hríð mun skorta mikið á að allir hafi aðstöðu til að hagnýta tölvustudda upplýsingatækni á eigin spýtur og mun ekki síst reyna á bókasöfnin að hamla gegn ójafnræði í þeim efnum.

Hin nýja tækni gerir bókasöfnunum m.a. auðveldara að sinna þeim þætti í starfi sínu sem lýtur að almennri upplýsingaþjónustu, bæði fyrir atvinnulíf og almenning. Að þessum þætti er sérstaklega vikið í 1. mgr. með ítarlegri hætti en í núgildandi lögum. Þar sem rætt er um upplýsingar um opinberar stofnanir og þjónustu er að sjálfsögðu ekki síst átt við starfsemi í því sveitarfélagi eða þeim sveitarfélögum sem að hverju safni standa.

Í 1. mgr. kemur fram að þjónusta almenningsbókasafna á að miðast við fólk á öllum aldri. Mikilvægt er að söfnin leggi rækt við að höfða til barna og unglinga og stuðli þannig að því að glæða lestraráhuga þeirra. Það tengist einnig því sjálfsagða markmiði safnanna að efla íslenska tungu.

Í 2. mgr. er kveðið á um rétt allra landsmanna til að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Í því skyni er sérhverju sveitarfélagi skylt að standa að slíkri þjónustu. Í þessu felst ekki að skylt sé að reka bókasafn í hverju sveitarfélagi heldur er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti sameinast um slíkan rekstur ef öflug þjónusta verður betur tryggð á þann hátt, sbr. 3. gr.

Í 3. mgr. er lögð áhersla á nauðsyn þess að almenningsbókasöfn og önnur bókasöfn ástundi samvinnu, notendum til hagsbóta. Með nútímatækni hafa skapast forsendur fyrir samvirku bókasafnakerfi í landinu. Slíkt samstarf hefur augljósa kosti, bæði fjárhagslega, m.a. í tengslum við skráningu og gagnaöflun, og ekki síður fyrir þá sem til safnanna leita og geta fengið fjölbreyttari og greiðari þjónustu en ella.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er bókasöfnum sem frumvarpið tekur til skipt í tvo flokka, annars vegar bókasöfn fyrir almenning sem sveitarfélög reka, hins vegar bókasöfn fyrir vistmenn stofnana, rekin af hlutaðeigandi stofnun. Í síðara tilvikinu fer því eftir eðli stofnunar hvort rekstur bókasafnsins er kostaður af ríki eða sveitarfélögum.

Í núgildandi lögum er nokkru margbrotnari skilgreining á almenningsbókasöfnum þar sem taldar eru upp eftirfarandi tegundir þeirra, auk stofnanasafna: Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn og hreppabókasöfn. Ekki þykir þörf á að hafa þessa sundurgreiningu í lögum. Hins vegar girða ákvæði frumvarpsins á engan hátt fyrir það að almenningsbókasöfn á vegum sveitarfélaga beri mismunandi nöfn í samræmi við mismunandi rekstrargrundvöll og þjónustusvæði, sbr. og athugasemdir við 5. gr., um umdæmissöfn.

Um 3. gr.

Ljóst er að sums staðar hagar svo til að viðunandi bókasafnsþjónusta verður betur tryggð með því að tvö eða fleiri sveitarfélög sameinist um reksturinn en að hvert sveitarfélag standi eitt sér að málum. Greinin gerir því ráð fyrir að heimild sé til slíks samstarfs, svipað og er í núgildandi lögum. Ákvæðið tekur einnig til samvinnu um rekstur svæðis- eða héraðsbókasafns þótt bókasöfn séu starfrækt í einstökum sveitarfélögum sem að slíku safni standa. Um samstarfsform fer eftir ákvörðun hlutaðeigandi sveitarfélaga innan ramma sveitarstjórnarlaga.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum er heimild til að sameina almenningsbókasafn og skólasafn að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Hér er gert ráð fyrir að slík heimild taki til almenningsbókasafns og bókasafns grunnskóla, enda ekki með sama hætti rekstrarlegur grundvöllur fyrir beinni sameiningu við önnur skólasöfn. Síðari málsliður 1. mgr. miðar að því að tryggja að þjónusta við almenna notendur sé ekki skert óeðlilega ef til sameiningar er stofnað.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir möguleikum á rekstrar- eða þjónustusamstarfi milli almenningsbókasafns og bókasafns við framhaldsskóla eða háskóla ef sérstakar aðstæður þykja mæla með slíkri tilhögun. Nokkur dæmi eru nú um slíka samvinnu. Mikilvægt er að gerður sé formlegur samningur sem tryggi hagsmuni beggja aðila að samstarfinu.

Um 5. og 6. gr.

Í þessum greinum er fjallað um skiptingu landsins í bókasafnsumdæmi og um hlutverk umdæmissafna.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir umdæmaskiptingu er ákveðin skal í reglugerð. Aðalsafn í umdæmi getur verið eitt af þrennu:

1. Bæjarbókasafn sem starfar í kaupstað.
2. Bæjar- og héraðsbókasafn sem starfar í kaupstað en rækir jafnframt þjónustu í byggðunum í kring.
3. Héraðsbókasafn. Aðsetur héraðsbókasafna skal einnig ákveðið í reglugerð. Hlutverk þessara safna er ekki nánar skilgreint í lögunum sjálfum.

Í frumvarpinu er sem fyrr gert ráð fyrir að menntamálaráðherra ákveði skiptingu landsins í bókasafnsumdæmi, en áskilið að aflað hafi verið tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga (sbr. 5. gr.). Eitt almenningsbókasafn í hverju umdæmi skal gegna hlutverki umdæmissafns og rækja þjónustu við önnur söfn í umdæminu, m.a. með ráðgjöf og atbeina við útvegun safngagna sem þau vanhagar um, jafnframt því að efla samvinnu safnanna og halda uppi sem öflugastri upplýsingaþjónustu. Ætlast er til að sveitarfélög í hverju bókasafnsumdæmi komi sér saman um hvaða safni er falið þetta hlutverk, enda fullnægi það tilteknum skilyrðum. Þar er um að ræða kröfur sem miða að því að tryggja

að hlutaðeigandi safn hafi burði til að gegna leiðbeiningar- og þjónustuhlutverki umdæmissafns og lúta m.a. að sérmenntaðu starfsliði, safnkosti, tæknibúnaði og afgreiðslutíma samkvæmt því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Í núgildandi reglugerð um almenningsbókasöfn, sem sett var árið 1978 (nr. 138/1978), er landinu skipt í 40 bókasafnsumdæmi. Eitt safn í hverju umdæmi er í reglugerðinni skilgreint sem „miðsafn“ og ætlað hlutverk svipað því sem frumvarpið ætlar umdæmissafni. Af þessum miðsöfnum eru 15 bæjarbókasöfn, sex bæjar- og héraðsbókasöfn og 19 héraðsbókasöfn. Reglugerðin kveður jafnframt svo á að um leið og sveitarfélag öðlist kaupstaðarréttindi verði það sjálfkrafa bókasafnsumdæmi með bæjarbókasafni. Hafi héraðsbókasafn starfað í hinum nýja kaupstað verði það bæjar- og héraðsbókasafn en bókasafnsumdæmið verði hið sama. Á grundvelli þessa ákvæðis hefur „miðsöfnum“ fjölgað í 42.

Nefnd sú, er vann að endurskoðun laga um almenningsbókasöfn 1990–91 og um getur í almennum athugasemdum hér að framan, taldi í greinargerð með tillögum sínum það vera megingalla á núgildandi skipan að landinu væri „skipt í mörg og smá bókasafnsumdæmi með miðsöfnum sem í reynd hafa ekki valdið því hlutverki að veita ráðgjöf og stuðning við hreppsbókasöfn og skólasöfn í umdæminu“. Í greinargerðinni sagði síðan m.a.:

„Vert er að benda á að þar sem þjónusta almenningsbókasafna er virkust er löndum skipt niður í fá og fjölmenn bókasafnsumdæmi þar sem öflug aðalsöfn sjá öðrum söfnum umdæmisins fyrir faglegri aðstoð og þjónustu. Þannig eru 20 fylkisbókasöfn í Noregi (íbúatala 1988 4.221.000), 24 lénsbókasöfn í Svíþjóð (íbúatala 8.459.000), 14 miðsöfn í Danmörku (íbúatala 5.130.000) og í Finnlandi eru 16 landshlutabókasöfn (íbúatala 4.954.000). Sams konar skipan tíðkast í Bandaríkjunum og Bretlandi. Reynslan hefur sýnt að stofnun slíkra þjónustukjarna hefur úrslitaþýðingu fyrir uppbyggingu bókasafnanna og er í raun eina leiðin til að tryggja jafnari þjónustu. Þess vegna er nauðsynlegt að sveitarfélögin sameinist um rekstur fárra en öflugra umdæmissafna. Einnig er nauðsynlegt að allar tegundir bókasafna í hverju umdæmi, sérstaklega almenningsbókasöfn og skólasöfn, efli samvinnu og tengsl sín í milli. Aðeins þannig er hægt að fullnýta það fjármagn sem til þeirra er veitt og þann safnkost sem til er í hverju umdæmi.

Nefndin leggur til að bókasafnsumdæmin séu miðuð við landshlutasamtök sveitarfélaga og verði þau því 7 talsins. Þó sé fyrst og fremst miðað við hagkvæmt samstarf sveitarfélaga og þannig möguleiki á fleiri umdæmum þar sem svo hagar staðháttum.“

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að skiptingin í bókasafnsumdæmi verði bundin í lögum, enda var það ekki tillaga framangreindrar nefndar. Eðlilegt er að um umdæmaskiptinguna séu höfð samráð við samtök sveitarfélaga og að sveitarfélög í hverju umdæmi ákveði síðan með samkomulagi sín í milli hvernig umdæmissafnshlutverkinu verði skipað. Ætla verður menntamálaráðuneytinu að hlutast til um það, eftir því sem þörf krefur, að slíkt samkomulag komist á. Miklu skiptir að þær ákvarðanir, sem hér er um að tefla, verði teknar með það í huga að raunhæfur grundvöllur verði lagður að starfi umdæmissafnanna.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um stjórnir almenningsbókasafna og gerir ráð fyrir að þær séu kjörnar af sveitarstjórnum sem í hlut eiga. Sú er einnig meginreglan samkvæmt núgildandi lögum, en ákvæði frumvarpsins um þetta efni eru nokkru ítarlegri. Þegar um er að ræða bókasafn sem tvö eða fleiri sveitarfélög standa að fer um stjórnaraðild einstakra sveit-

arfélaga eftir þeim samstarfssamningi sem gera skal um reksturinn, sbr. 3. og 9. gr. Að því er umdæmissöfn varðar er einnig gert ráð fyrir að í samkomulagi sveitarfélaga á þjónustusvæði hlutaðeigandi safns, sbr. 6. og 9. gr., sé kveðið á um það hvernig tekið verði tillit til hins sérstaka hlutverks safnsins við skipan stjórnar.

Um 8. gr.

Beint ákvæði um að sveitarfélög ráði starfslið almenningsbókasafna á sínum vegum er ekki að finna í núgildandi lögum en leiðir efnislega af því hvernig rekstrarábyrgð er háttað.

Í núgildandi lögum (12. gr.) er kveðið á um að við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skuli forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingar, svo og að bókasafnsfræðingar skuli að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa. Mikilvægi þess að til almenningsbókasafna ráðist starfsfólk með sem traustasta menntun á starfssviði sínu er í 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins áréttað með nokkru almennari hætti. Í 1. mgr. 6. gr. er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði í reglugerð sérstök skilyrði sem umdæmissöfn þurfi að fullnægja að þessu leyti.

Ákvæðin um húsakost og búnað eiga sér hliðstæðu í 10. gr. núgildandi laga, nema hvað hér er lögð áhersla á aðgengi með þarfir fatlaðra í huga.

Um 9. gr.

Í þeim lögum sem nú gilda eru ítarleg ákvæði um lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að þau ákvæði falli brott en í stað þess mælt fyrir um að framlög til almenningsbókasafna skuli ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags.

Rökin fyrir þessari breytingu eru að hluta þau að núgildandi lagaákvæði hafa reynst örðug í framkvæmd. Þyngra vegur þó að telja verður eðlilegt að sveitarfélög taki sjálfstæða ákvörðun um framlög til þessarar starfsemi eins og ýmissa annarra verkefna sem þeim er lögskylt að sinna.

Um 10. gr.

Ákvæði 1. mgr. um stofnanabókasöfn eru efnislega að miklu leyti hliðstæð því sem mælt er fyrir um í 6. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er nýtt ákvæði um stjórnir slíkra safna sem ætlað er að stuðla að skipulegri uppbyggingu þeirra og umsjá.

Um 11. gr.

Með sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í nýrri Þjóðarbókhlöðu myndaðist langöflugasta bókasafnsstofnun á Íslandi, bæði að því er varðar safnkost, sérhæft starfslið og aðstöðu, jafnt húsnæði sem tækjabúnað. Eðlilegt er að þessi stofnun láti að sér kveða til eflingar bókasafnakerfi landsins í heild og hafi forgöngu um að stuðla að samvirkni þess. Fyrir því er og gert ráð í 7. gr. laga nr. 71/1994 þar sem hlutverki Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er lýst. Í 11. gr. frumvarpsins er skírskotað til þeirra laga, jafnframt því að gert er ráð fyrir að þessum þætti verði gerð nánari skil í væntanlegri reglugerð á grundvelli sömu laga.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um yfirumsjónar- og eftirlitshlutverk menntamálaráðuneytisins að því er varðar málefni almenningsbókasafna. Gert er ráð fyrir þeirri breytingu frá núgildandi lögum að niður falli ákvæði um að sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annist þessi mál. Ekki þykir ástæða til að mæla þannig fyrir um starfsskipan í ráðuneytinu fremur en á öðrum sviðum sem undir stjórnsýslu þess falla. Sum þeirra verkefna sem samkvæmt reglugerð eru nú á hendi bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu eru þess eðlis að hentugt kynni að þykja að fela Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða öðrum aðila umsjón þeirra, sbr. þá heimild sem gert er ráð fyrir í 2 mgr. þessarar greinar, svo og 11. gr.

Um 13. gr.

Samkvæmt heimild í 10. gr. núgildandi laga hefur starfað ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna, skipuð tveimur fulltrúum, öðrum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hinum af Bókavarðafélagi Íslands. Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir slíkri ráðgjafarnefnd með einum fulltrúa til viðbótar, tilnefndum af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Í 2. mgr. er verksvið nefndarinnar markað nokkru skýrara en í núgildandi lögum.

Um 14. gr.

Ákvæði þessarar greinar um greiðslu í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í almenningsbókasöfnum eru efnislega óbreytt frá núgildandi lögum. Fjárhæðin sem hér er tilgreind er færð til samræmis við núverandi stöðu (sbr. frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997).

Menntamálaráðuneytið skipaði 10. júní 1996 nefnd til að kanna forsendur fyrir breytingum á gildandi lagaákvæðum um þóknun vegna afnota bóka í bókasöfnum, sbr. 11. gr. laga nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn. Þess er að vænta að nefndin skili áliti áður en meðferð frumvarpsins lýkur á Alþingi.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í september 1995 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd undir formennsku Þóru Óskarsdóttur bókafulltrúa til að gera tillögur um hagkvæmustu leiðina til þess að tengja bókasöfn landsins í starfrænt upplýsinganet. Nefndin skyldi taka mið af þróun í tölvu- og upplýsingamálum og þeim kröfum sem gera verður til safnanna vegna hennar.

Í skýrslu nefndarinnar sem skilað var í janúar 1996 er bent á að til þess að almenningsbókasöfnum verði kleift að veita almenningi óheftan aðgang að upplýsingum og þekkingarmiðlum þurfi þau að hafa tækjabúnað sem veiti aðgang að internetinu og öðrum upplýsingum í tölvutæku formi. Lögbundin framlög (sveitarfélaga) til almenningsbókasafna hafi ekki verið miðuð við þann aukakostnað sem hlýst af upplýsingavæðingu og þau þurfi því að fá styrk til þess að kaupa nauðsynlegan búnað og tengingar. Nefndin leggur til að almenningsbókasöfn sem hafa opið a.m.k. 10 klst. í viku fái styrk af ríkisfé vegna stofnkostnaðar við slíkan búnað, en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður hans verði á ábyrgð sveitarfélaganna. Einnig er lagt til að veitt verði fé til að halda námskeið

fyrir bókaverði og gefa út fræðsluefni fyrir almenning um hvernig færa megi sér í nyt nýja upplýsingatækni.

Kostnaður af framangreindum þáttum er áætlaður sem hér segir (í þús. kr.):

1. 30 tölvur og búnaður (30 x 220.000)	6.600
30 prentarar (30 x 50.000)	1.500
2. Námskeið fyrir bókaverði (30 manns)	270
Fræðslubæklingur fyrir almenning (30.000 eintök)	650
Samtals	9.020

Þá er í skýrslu nefndarinnar gerð grein fyrir áætluðum kostnaði við að fjölga þeim bókasöfnum sem eiga aðild að samskrá bókasafna í öðru hvoru þeirra tveggja stóru bókasafnakerfa sem nú eru í notkun hér á landi („Gegni“ og „Feng“). Í þeim útreikningum er miðað við að 40 bókasöfn bætist við þau sem fyrir eru (25 almenningsbókasöfn og 15 skólabókasöfn). Í Gegni er kostnaður við slíka viðbót áætlaður 1.750 þús. kr. (43.750 kr. á safn) en árlegur rekstrarkostnaður (án skráningar nýrra aðfanga) 1.180 þús. kr. (29.500 kr. á safn). Í Feng er stofnkostnaður vegna sömu viðbótar áætlaður 1.566 þús. kr. (39.150 kr. á safn) en árlegur rekstrarkostnaður 1.320 þús. kr. (33.000 kr. á safn að meðaltali en mismunandi eftir safntegund). Kostnaðartölurnar eru án virðisaukaskatts.

Bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er að efni til reist á framangreindum tillögum og miðast við að ríkið veiti tímabundinn atbeina til að stuðla að því að bókasöfn verði fær um að veita almenningi kost á að nýta þá möguleika sem upplýsingatæknin býður.

Í þessu samhengi skal og vísað til stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar sem birtist í ritinu „Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið“ (október 1996). Í fylgiritinu „Íslenska upplýsingasamfélagið – Álitsgerðir starfshópa“ er í kafla um þátt bókasafna reifuð svofelld tillaga um „kjarnasöfn“:

„Mikilvægt er að í ákveðnum bókasöfnum, ekki síst smærri söfnum, verði byggð upp sérþekking og reynsla í nýtingu upplýsingatækni í þágu almennings. Í því skyni verði sett á laggirnar kjarnasöfn sem samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga. Kjarnasöfn verði fyrirmynd annarra bókasafna hvað varðar beitingu upplýsingatækni í þjónustu við almenning. Tryggt verði að ekki sé alltaf um sömu bókasöfn að ræða.“

Auk ráðstafana sem lúta beint að nýrri upplýsingatækni er gert ráð fyrir að af fjárveitingu samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu sé heimilt að styrkja önnur þróunarverkefni, einkum rannsóknir og fræðslu, sem miða að því að efla starfsemi almenningsbókasafna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um almenningsbókasöfn.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á hlutverki og fyrirkomulagi almenningsbókasafna í samræmi við breyttar aðstæður frá því að gildandi lög um almenningsbókasöfn voru samþykkt.

Hlutverk bókasafnanna verði aukið þannig að þau verði upplýsinga- og menningarstofnanir fyrir almenning auk þess að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar. Með frumvarpinu er stuðlað að aukinni samvinnu bókasafna og lagður grunnur að skipulagi sem stuðlað getur að myndun öflugra umdæmissafna. Ekki er gert ráð fyrir að framangreindar breytingar hafi áhrif á kostnað ríkisins.

Fellt er niður ákvæði um sérstakan bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu. Ráðuneytið fer eftir sem áður með yfirstjórn málefna almenningsbókasafna en gert er ráð fyrir að heimilt verði að fela Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða annarri stofnun umsjón með hluta af þeim verkefnum sem ráðuneytið hefur nú með höndum á þessu sviði. Þessi tillaga getur leitt til þess að greiða þurfi starfandi bókafulltrúa biðlaun ef breyting verður á stöðu hans og bjóðist honum ekki sambærilegt starf hjá ríkinu.

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi til 4 m.kr. á ári í fimm ár frá og með árinu 1997, samtals 20 m.kr., til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða upp á þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tölvutengingu bókasafna.

357. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús.kr.
Við 4. gr. 06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Nýr liður:	
627 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, endurbætur á húsnæði embættisins að Bjólfsgötu 7	10.000

Greinargerð.

Um árabil hefur verið til athugunar á vegum dómsmálaráðuneytis að bæta húsnæðisaðstöðu sýslumannsembættisins á Seyðisfirði. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á 120. löggjafarþingi (þskj. 141) kom fram að „á næstunni“ ætti að kanna möguleika á að útvega embættinu annað húsnæði eða athuga hvort ráðist verði í endurbætur á núverandi húsnæði. Ekkert raunhæft hefur gerst í málinu, þrátt fyrir yfirlýsingar, og bitnar það öðru fremur á starfsfólki embættisins. Húsið að Bjólfsgötu 7 hefur mikið minjagildi en þarfnast endurbóta til að vinnuaðstaða og aðbúnaður starfsmanna geti talist viðunandi. Með tillögunni er gert ráð fyrir að byrjað verði á endurbótum á húsinu á árinu 1997 og því komið í sómasamlegt horf á næstu 2–3 árum.

358. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr

Í stað 1.–3. málsl. 2. mgr. 86. gr. laganna kemur: Ríkið rekur rannsókna- og ráðgjafarstofnun í veiðimálum er nefnist Veiðimálastofnun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar Veiðimálastofnunar. Framkvæmdastjóri skal hafa viðhlítandi háskólamenntun og þekkingu á starfseminni. Hann hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd mótaðrar stefnu og fjárhagsafkomu. Hann ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til að skilja stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum frá framkvæmda- og rannsóknaverkefnum sem Veiðimálastofnun hefur á hendi. Nauðsyn þess má rekja til þess hve vítt starfssvið veiðimálastjóra er skilgreint í lögunum.

Með breytingum sem gerðar voru á lögunum árið 1994 var Veiðimálastofnun í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök rannsókna- og þjónustustofnun í veiðimálum. Þá var jafnframt kveðið á um skipan stjórnar fyrir stofnunina.

Í seinni tíð hafa komið upp atvik þar sem bornar eru brigður á hæfi veiðimálastjóra til meðferðar máls vegna afskipta hans sem stjórnvalds á fyrri stigum þess. Slík mál kunna að rísa þegar um andstæða hagsmuni er að ræða. Veiðimálastjóri getur, miðað við núverandi starfssvið, átt ýmiss konar aðild að máli. Hann fer með beint framkvæmdarvald sem forstjóri Veiðimálastofnunar en situr einnig í stjórnum og starfsnefndum. Þar getur aðild veiðimálastjóra að máli fólgist í því að:

— hafa á hendi daglega stjórn Veiðimálastofnunar sem m.a. sinnir rannsóknum, annast þróunarstarf og gefur leiðbeiningar;
— eiga sæti í stjórn Fiskræktarsjóðs sem ákvarðar um styrki og lán úr sjóðnum, m.a. til Veiðimálastofnunar;
— veita samþykki fyrir tilhögun framkvæmda sem Fiskræktarsjóður styrkir eða lánar til;
— eiga sæti í fisksjúkdómanefnd (einn af þremur) og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma.

Veiðimálastjóri hefur í vissum tilvikum sjálfstætt vald til að veita samþykki, setja skilyrði eða ákveða og getur þannig:

— sett reglur, ákveðið eða mælt fyrir um eitthvað;
— gert úttekt á mannvirkjum;
— látið fara fram líffræðilegar úttektir;
— sett veiðieftirlitsmönnum erindisbréf og gefið út skírteini handa þeim.

Að lokum má nefna ráðgjafarhlutverk veiðimálastjóra sem er bundið í lögunum en veiðimálastjóri skal gefa ráðherra álit eða veita umsögn í margvíslegum málum. Dæmi um það eru:

— umsagnir og álit í úrskurðarmálum;
— meðmæli eða tillögur um leyfi, takmörkun, bann, friðun eða undanþágur;
— tillögur um setningu reglugerða;
— ráðgjöf eða samráð um framkvæmdir;
— meðmæli með leyfisveitingu eða útgáfu skírteina;
— tillögur um skipun veiðieftirlitsmanna.

Af upptalningunni sést að veiðimálastjóra er ætlað að hafa afskipti á öllum stigum máls. Þannig getur hann komið að rannsókn og ráðgjöf fyrir hagsmunaaðila sem sérfræðingur og forstjóri Veiðimálastofnunar. Hann getur mælt með eða gert tillögu til ráðherra, e.t.v. á grundvelli rannsókna, um að banna, leyfa eða veita undanþágu frá reglum, allt eftir málsatvikum hverju sinni. Það getur síðan komið í hlut veiðimálastjóra að setja nánari reglur, mæla fyrir um framkvæmd og gera úttekt á mannvirkjum. Sem fulltrúi í stjórn Fiskræktarsjóðs getur hann þurft að taka afstöðu til umsókna eða hlutast til um styrki til framkvæmda sem áður hafa komið til umsagnar hjá embættinu. Þá getur Veiðimálastofnun verið meðal umsækjenda.

Oftast reynir ekki á ástæður vanhæfis nema aðilar telji sig hafa orðið fyrir tjóni eða verið misrétti beittir vegna ákvarðana stjórnvalda. Þá getur svo farið að veiðimálastjóri þurfi að fjalla um og jafnvel rannsaka eða úrskurða um mál sem hann hefur mælt með, samþykkt eða ákveðið á fyrri stigum. Augljós er þá hætta á hagsmunaárekstri þar sem gerðir stjórnvalds samrýmast ekki stjórnsýslulögum.

Í 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, kemur fram að lögin gildi þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í 3. gr. laganna er fjallað um vanhæfisástæður. Þannig er starfsmaður eða nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- og eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að. Einnig er kveðið á um vanhæfisástæður ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Í 4. gr. segir um áhrif vanhæfis að sá sem er vanhæfur til meðferðar máls megi ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess.

Veiðimálastofnun, eins og öðrum rannsóknastofnunum, er nauðsynlegt að geta sýnt fram á að hún stundi óvilhallar og hlutlausar rannsóknir. Að rannsóknastofnun taki þátt í að rannsaka hugsanlegar afleiðingar leyfisveitinga sem forstöðumaður hefur átt aðild að getur ekki samrýmst kröfunni um hlutleysi í vinnubrögðum og er frekar til þess fallið að draga úr trúverðugleika stofnunarinnar. Þá getur það ekki talist eðlilegt að forstöðumaður opinberrar stofnunar geti hlutast til um styrkveitingar til stofnunarinnar með beinum hætti með setu sinni í stjórn opinbers sjóðs.

Niðurstaðan er að nauðsynlegt sé að greina á milli aðildar veiðimálastjóra að stjórnsýslu samkvæmt núgildandi lax- og silungsveiðilögum annars vegar og rannsókna, ráðgjafar- og þjónustustarfsemi á vegum Veiðimálastofnunar hins vegar.

Sú breyting sem hér er lögð til er einföld og veldur ekki röskun á starfsemi Veiðimálastofnunar. Stofnkostnaður við sjálfa breytinguna er enginn og ekki er gert ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði. Lögfesting frumvarpsins á ekki að hafa í för með sér breytingu á starfsmannafjölda í stofnuninni. Ef ráðinn verður framkvæmdastjóri sem ekki hefur stöðu við stofnunina í dag verður stofnunin að hagræða í rekstri sem því nemur.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum, um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er kveðið á um aðskilnað stjórnsýslu frá framkvæmda- og rannsóknaverkefnum þeim sem Veiðimálastofnun hefur á hendi.

Frumvarpinu fylgir ekki aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð.

359. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 332 [Fjárlög].

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ágústi Einarssyni.

	Þús. kr.
Við 56. lið (08-381 690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða). Við bætist tveir nýir liðir:	
17. Hafnarfjörður, heilsugæslustöð	10.000
18. Hafnarfjörður, Sólvangur	10.000

360. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Ástu B. Þorsteinsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.	
a. Við 120 Sambýli.	
Fyrir „185.300“ kemur	191.300
b. Nýr liður:	
166 Skammtímavistun, rekstur nýrrar stofnunar	6.000

361. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Arndísi Steinþórsdóttur frá sjávarútvegsráðuneytinu, Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins, Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til þrjár efnislegar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að árið 1996 verði síðasta árið sem fiskvinnslunni verði gert að greiða til Þróunarsjóðsins. Í öðru lagi að útgerðum verði gert að greiða í sjóðinn til ársins 2008, en ekki 2005 eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Er þetta lagt til þar sem lengri gildistími er nauðsynlegur til þess að sjóðurinn geti staðið við þær skuldbindingar sem á hann munu falla vegna úreldingar skipa og fiskvinnsluhúsa, smíði hafrannsóknaskips og yfirtöku skuldbindinga Atvinnutryggingasjóðs og Hlutafjársjóðs. Loks er lagt til að framlengja þann frest um sex mánuði sem eigendur krókabáta á sóknardögum hafa til að láta úrelda báta sína, eða fram til 1. júlí 1997. Þann 1. desember 1996 lágu fyrir 53 óafgreiddar umsóknir um úreldingu krókabáta, þar af 24 vegna sóknardagabáta. Ljóst er að sóknardögum margra krókabáta mun fækka verulega á næsta fiskveiðiári vegna mikillar veiði á árinu 1996. Því þykir rétt að gefa eigendum þeirra báta kost á fresti fram á mitt næsta ár til að óska eftir úreldingu.

Alþingi, 12. des. 1996.

Árni R. Árnason, varaform., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Hjálmar Árnason.	Guðmundur Hallvarðsson.	Vilhjálmur Egilsson.

362. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, StG, EOK, HjÁ, GHall, VE).

1. Við 1. gr. Í stað „4., 5. og 6. gr.“ komi: 4. og 6. gr.
2. Við 5. gr. Í stað „4., 5. og 6. gr.“ komi: 4. og 6. gr.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Kemur 2. gr. til framkvæmda þegar umboði núverandi stjórnar lýkur og 6. gr. kemur til framkvæmda við gerð efnahags- og rekstrarreiknings ársins 1998. 4. gr. laganna (nr. 92/1994) fellur úr gildi 31. desember 2008, 5. gr. þeirra fellur úr gildi frá og með gjaldárinu 1997 og 6. gr. þeirra frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 2008. Að öðru leyti gilda lögin til 31. desember 2009. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Hafrannsóknastofnunarinnar og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.
4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum til 1. júlí 1997. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Skal það styrkhlutfall, sem ákveðið er á grundvelli þessa ákvæðis, einnig gilda um krókabáta á sóknardögum sem úreltir eru á tímabilinu frá 1. október 1996 til gildistöku laga þessara, sbr. lög nr. 109/1996.

363. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemd við þau áform að fjármagna nýtt hafrannsóknaskip með þróunarsjóðsgjaldi. Minni hlutinn styður einnig þá breytingu á frumvarpinu að árið 1996 verði síðasta árið sem fiskvinnslunni verði gert að greiða til Þróunarsjóðsins. Minni hlutinn telur hins vegar gagnrýnivert hvernig ákvæðin um úreldingu fiskvinnsluhúsa hafa verið túlkuð.

Minni hlutinn hefur allan vara á varðandi hringl með önnur ártöl í frumvarpinu og hefur litla trú á að sólarlagsákvæði frumvarpsins haldi þegar þar að kemur. Þá bendir minni hlutinn á að einfalda hefði mátt það gjald sem innheimt er af útgerðinni þannig að einungis væri innheimt skv. 6. gr. Aðeins hefði þurft að hækka upphæðina sem þar er tilgreind, 1 kr. fyrir hvert þorskígildiskíló, í 1 kr. og 27 aura til að fá sömu fjárhæð og nú á að ná með því að innheimta einnig gjald miðað við stærð skipa, sbr. 4. gr. Sú aðferð gerir innheimtuna flóknari en efni standa til auk þess sem hún leiðir til mismununar þar sem hámark er á gjaldinu og stærstu skipin greiða þar með hlutfallslega minna en þau litlu og meðalstóru. Breytingartillögur meiri hlutans gera ráð fyrir framlengingu á ákvæðinu um úreldingu krókabáta. Þar er um að ræða framhaldssögu sem þingheimi er kunn, en þetta er í þriðja skipti á einu og hálfu ári sem lögum um Þróunarsjóðinn er breytt til þess að stuðla að fækkun í smábátaflotanum. Þessi breyting á frumvarpinu er á ábyrgð meiri hlutans, enda ekki ljóst hver staða smábátaflotans verður þótt lögunum sé breytt nú hans vegna eina ferðina enn. Minni hlutinn mun greiða atkvæði um einstakar greinar frumvarpsins eftir efni þeirra.

Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála þessu.

Alþingi, 13. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, form.	Lúðvík Bergvinsson, frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.

364. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1997.

(Eftir 2. umr., 14. des.)

Samhljóða þskj. 1 með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**125.424,0**
Tekjuskattar	20.635,0	
Tryggingagjöld, launaskattar	13.965,0	
Eignarskattar	3.720,0	
Skattar á vörur og þjónustu	78.764,0	
Vaxtatekjur	5.360,0	
Aðrar tekjur	2.980,0	
Gjöld		**125.043,8**
Samneysla	49.818,7	
Rekstrargjöld	45.965,3	
Viðhald	3.853,4	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	52.135,5	
Vaxtagreiðslur	13.550,0	
Fjárfesting	9.539,6	
Stofnkostnaður	6.614,6	
Fjármagnstilfærslur	2.925,0	
Tekjur umfram gjöld		**380,2**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-2.050,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	6.190,0	
- Innheimtar afborganir af veittum lánum	-8.240,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		400,0
Viðskiptareikningar		400,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-1.630,2**
Afborganir af teknum lánum		14.240,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12.609,8**
Lántökur		12.000,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-609,8**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1997 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

		Gjöld: Mkr.	Rekstrar- Mkr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.411,1**
	Embætti forseta Íslands	60,8	
	Alþingi og stofnanir þess	1.127,5	
	Ríkisstjórn	72,8	
	Rekstrarhagræðing	2,0	
	Annað	148,0	
01	**Forsætisráðuneyti**		**562,0**
	Ráðuneyti	129,9	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
	Annað	431,1	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**14.900,9**
	Ráðuneyti	279,4	
	Háskólar og rannsóknir	3.584,9	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	5.256,4	
	Grunnskólar og sérskólar	1.618,1	
	Námsaðstoð	1.736,5	
	Söfn, listastofnanir o.fl.	1.329,2	
	Rekstrarhagræðing	42,0	
	Annað	1.054,4	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**1.989,1**
	Ráðuneyti	400,7	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	188,6	
	Sendiráð og fastanefndir	724,7	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	670,1	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	5,0	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.924,3**
	Ráðuneyti	136,7	
	Landbúnaðarstofnanir	528,1	
	Skógrækt og landgræðsla	412,9	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.240,0	
	Ýmis framlög	602,6	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Flutt		25.787,4

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1997 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**20.635,0**
40110	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	15.800,0	
40210	Tekjuskattur félaga	4.835,0	
410	**Tryggingagjöld, launaskattar**		**13.965,0**
41001	Tryggingagjald	13.305,0	
41011	Gjald í ábyrgðarsjóð launa	180,0	
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	480,0	
405-6	**Eignarskattar**		**3.720,0**
40511	Eignarskattur einstaklinga	1.430,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
40611	Eignarskattur félaga	1.435,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	285,0	
40531	Erfðafjárskattur	420,0	
42-43	**Skattar á vöru og þjónustu**		
425	**Virðisaukaskattur**		**49.000,0**
42511	Virðisaukaskattur	49.000,0	
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.930,0**
4200	Tollar	1.930,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**24,0**
42161	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	24,0	
	Flutt		89.274,0

Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
Flutt		25.787,4
05 Sjávarútvegsráðuneyti		**1.214,1**
Ráðuneyti	211,3	
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	997,8	
Rekstrarhagræðing	5,0	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti		**6.334,7**
Ráðuneyti	167,7	
Dómsmál	637,4	
Löggæslustofnanir og öryggismál	2.272,5	
Sýslumenn	2.263,3	
Fangelsismál	440,9	
Kirkjumál	524,9	
Rekstrarhagræðing	28,0	
07 Félagsmálaráðuneyti		**9.341,6**
Ráðuneyti	107,3	
Húsnæðismál	300,0	
Stjórnsýslustofnanir	173,0	
Málefni barna og ungmenna	249,3	
Málefni fatlaðra	2.313,8	
Sveitarfélög	2.880,0	
Vinnumál	3.136,9	
Rekstrarhagræðing	20,0	
Annað	156,3	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti		**52.252,5**
Ráðuneyti	164,5	
Tryggingamál	30.553,5	
Sjúkrastofnanir	18.903,9	
Heilsugæsla	1.895,9	
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	219,0	
Rekstrarhagræðing	105,0	
Annað	410,7	
09 Fjármálaráðuneyti		**18.940,4**
Ráðuneyti o.fl.	486,0	
Skatta- og tollamál	1.701,3	
Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	1.835,0	
Vextir	13.550,0	
Rekstrarhagræðing	15,0	
Annað	1.353,1	
Flutt		113.870,7

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		89.274,0
423	**Vörugjöld**		**12.095,0**
42301	Vörugjald, almennt	2.530,0	
42320	Vörugjald af ökutækjum	2.750,0	
42331	Vörugjald af bensíni, almennt	1.635,0	
42341	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.780,0	
42391	Framleiðslugjald af áli	400,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**7.053,0**
42601	Hagnaður ÁTVR, áfengisgjald	7.045,0	
42611	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
427	**Sértækir þjónustuskattar**		**95,0**
42701	Skemmtanaskattur	80,0	
42702	Miðagjald	15,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**207,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	120,0	
42781	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	78,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
43	**Aðrir óbeinir skattar**		**8.360,0**
42352	Olíugjald, þungaskattur	2.690,0	
43111	Bifreiðagjald	1.850,0	
43211	Vitagjald	60,0	
43221	Skipagjald	65,0	
43411	Þinglýsingar	125,0	
43421	Stimpilgjald	2.480,0	
43700	Aukatekjur	870,0	
43801	Áhættugjald ríkisábyrgða	220,0	
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**350,0**
4719	Sala eigna	350,0	
	Flutt		117.434,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		113.870,7
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.691,6**
	Ráðuneyti	291,7	
	Vegamál	7.064,0	
	Siglingamál	777,2	
	Flugmál	425,4	
	Ferðamál	126,3	
	Rekstrarhagræðing	7,0	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.142,2**
	Ráðuneyti	64,1	
	Iðnaðarmál	242,4	
	Orkumál	832,7	
	Rekstrarhagræðing	3,0	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**194,5**
	Ráðuneyti	82,5	
	Viðskiptamál	111,0	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
13	**Hagstofa Íslands**		**154,3**
	Hagstofa Íslands	153,3	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
14	**Umhverfisráðuneyti**		**990,5**
	Ráðuneyti	177,5	
	Umhverfisvernd	317,8	
	Skipulagsmál	115,6	
	Rannsóknir	375,6	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Gjöld samtals		125.043,8
	Tekjur umfram gjöld		380,2
	Samtals		125.424,0

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		117.434,0
48	**Fjármunatekjur**		
480-1	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**5.360,0**
48010	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.410,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	3.950,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.280,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	580,0	
48204	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	500,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	340,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**350,0**
49901	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
49999	Óvissar tekjur	100,0	
	Tekjur samtals		125.424,0

Eftirtaldir liðir 4. gr. breytast og hljóða svo:

00–201 Alþingi

Viðfangsefni:		Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:			783 200
1 01	Alþingiskostnaður	313 100	
1 02	Aðalskrifstofa	53 800	
1 03	Þingmálaskrifstofa	125 800	
1 04	Rekstrarskrifstofa	196 300	
1 05	Alþjóðasamstarf þingmanna	25 900	
1 06	Norðurlandaráð	22 800	
1 07	Hús Jóns Sigurðssonar	6 500	
1 08	Hið íslenska þjóðvinafélag	2 300	
1 10	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	36 700	
Viðhaldsverkefni:			28 000
5 20	Fasteignir	28 000	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		831 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	423 100	
52–58	Önnur gjöld	364 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	39 800	
	5918 Til erlendra aðila	4 000	
5	Gjöld samtals	831 200	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**823 900**

00–610 Umboðsmaður Alþingis

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			38 900
1 01	Umboðsmaður Alþingis	38 900	
	Gjöld samtals		38 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	25 000	
52–58	Önnur gjöld	13 900	
5	Gjöld samtals		**38 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
01–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			43 700
1 11	Ritun biskupasögu. Hið íslenska fornritafélag	4 000	
1 12	Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar	6 500	
1 13	Saga Íslands. Hið íslenska bókmenntafélag	6 000	
1 15	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	15 000	
1 23	Hrafnseyri	3 000	
1 40	Gjöf Jóns Sigurðssonar	1 900	
1 90	Ýmis verkefni	7 300	
	Gjöld samtals		43 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 300	
52–58	Önnur gjöld	18 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 800	
5	Gjöld samtals		**43 700**
02–201 Háskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 123 300
1 01	Yfirstjórn	116 800	
1 02	Sameiginleg útgjöld	347 100	
1 03	Rekstur fasteigna	191 000	
1 05	Aðrar stofnanir og verkefni	120 200	
1 06	Kennslu- og vísindadeildir	1 233 300	
1 07	Alþjóðaskrifstofa	13 400	
1 09	Verkfræðistofnun	62 800	
1 11	Ritakaupasjóður	31 500	
1 20	Rannsóknarnám	7 200	
Viðhaldsverkefni:			120 000
5 50	Fasteignir	120 000	
Stofnkostnaður:			187 000
6 50	Byggingarframkvæmdir og tækjakaup	187 000	
	Gjöld samtals		2 430 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 669 800	
52–58	Önnur gjöld	760 500	
5	Gjöld samtals	2 430 300	
4	Sértekjur	558 500	
	Mismunur		**1 871 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 100
1 01	Tilraunastöð Háskólans að Keldum	105 800	
1 10	Rannsóknadeild fisksjúkdóma	17 300	
	Gjöld samtals		123 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 600	
52–58	Önnur gjöld	36 500	
5	Gjöld samtals	123 100	
4	Sértekjur	38 500	
	Mismunur		**84 600**
02–203 Raunvísindastofnun Háskólans			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			208 300
1 01	Yfirstjórn	17 500	
1 02	Rekstur fasteigna	12 700	
1 03	Rannsóknastofur	178 100	
	Gjöld samtals		208 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	133 100	
52–58	Önnur gjöld	75 200	
5	Gjöld samtals	208 300	
4	Sértekjur	65 600	
	Mismunur		**142 700**
02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			53 400
1 01	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	46 400	
1 20	Bókaútgáfa	7 000	
	Gjöld samtals		53 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	36 600	
52–58	Önnur gjöld	16 800	
5	Gjöld samtals	53 400	
4	Sértekjur	4 600	
	Mismunur		**48 800**

02–211 Tækniskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			209 300
1 01	Tækniskóli Íslands	209 300	
Stofnkostnaður:			12 000
6 01	Tæki og búnaður	12 000	
	Gjöld samtals		221 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	153 300	
52–58	Önnur gjöld	68 000	
5	Gjöld samtals	221 300	
4	Sértekjur	11 000	
	Mismunur		**210 300**

02–221 Kennaraháskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			379 600
1 01	Yfirstjórn	37 100	
1 02	Rannsóknastarfsemi	28 500	
1 03	Rekstur fasteigna	48 800	
1 04	Stoðþjónusta	29 500	
1 05	Kennsla	171 600	
1 10	Íslenska menntanetið	21 500	
1 20	Endurmenntun	18 900	
1 30	Æfingakennsla	23 700	
	Gjöld samtals		379 600

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	244 200	
52–58	Önnur gjöld	83 200	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	52 200	
5	Gjöld samtals	379 600	
4	Sértekjur	44 800	
	Mismunur		**334 800**

02–225 Samvinnuháskólinn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			50 700
1 01	Almennur rekstur	28 700	
1 02	Annað en kennsla	22 000	
	Gjöld samtals		50 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 900	
52–58	Önnur gjöld	18 800	
5	Gjöld samtals	50 700	
4	Sértekjur	1 800	
	Mismunur		**48 900**

02–318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			
Viðhaldsverkefni:			184 000
5 80	Viðhald herma	10 000	
5 90	Viðhald	174 000	
Stofnkostnaður:			520 000
6 40	Tæki og búnaður	5 000	
6 50	Tölvubúnaður	7 000	
6 90	Byggingarframkvæmdir	508 000	
	Gjöld samtals		704 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	215 000	
52–58	Önnur gjöld	489 000	
5	Gjöld samtals	704 000	
4	Sértekjur	30 000	
	Mismunur		**674 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–319 Framhaldsskólar, almennt			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			367 200
1 11	Sameiginleg þjónusta	5 100	
1 12	Orlof kennara	34 400	
1 13	Forfallakennsla	28 000	
1 14	Sérkennsla	54 700	
1 15	Prófkostnaður	35 800	
1 16	Nýjungar í skólastarfi	13 300	
1 17	Námsskrárgerð	24 800	
1 18	Námsefnisgerð	13 500	
1 19	Kennslueftirlit	4 100	
1 20	Framhaldsdeildir	10 500	
1 21	Nám tannsmiða og aðstoðarfólks tannlækna	12 400	
1 22	Námskeið skipstjórnarmanna	4 700	
1 23	Ólympíuleikar í eðlisfræði	10 400	
1 30	Endurmenntun	24 900	
1 33	Myndlistarskólinn Akureyri	8 000	
1 34	Myndlistarskólinn í Reykjavík	4 000	
1 35	Myndlistarskólinn í Kópavogi	500	
1 40	Framhaldsskólar, óskipt	78 100	
	Gjöld samtals		367 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	298 600	
52–58	Önnur gjöld	10 400	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	12 500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	12 400	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	33 300	
5	Gjöld samtals		**367 200**
02–506 Vélskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			60 700
1 01	Kennsla í dagskóla	43 300	
1 02	Annað en kennsla	17 400	
	Gjöld samtals		60 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	48 600	
52–58	Önnur gjöld	12 100	
5	Gjöld samtals	60 700	
4	Sértekjur	2 200	
	Mismunur		**58 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			28 400
1 01	Kennsla í dagskóla	18 400	
1 02	Annað en kennsla	10 000	
	Gjöld samtals		28 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 100	
52–58	Önnur gjöld	8 300	
5	Gjöld samtals	28 400	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**27 800**
02–551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 900
1 01	Kennsla	8 000	
1 02	Annað en kennsla	2 900	
	Gjöld samtals		10 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 100	
52–58	Önnur gjöld	1 800	
5	Gjöld samtals	10 900	
4	Sértekjur	200	
	Mismunur		**10 700**
02–561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			121 100
1 01	Kennsla í dagskóla	57 500	
1 02	Annað en kennsla	63 600	
	Gjöld samtals		121 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	77 000	
52–58	Önnur gjöld	44 100	
5	Gjöld samtals	121 100	
4	Sértekjur	49 500	
	Mismunur		**71 600**

02-580 Samvinnuskólinn. Liðurinn felldur brott.

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 600 000
1 01	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 600 000	
	Gjöld samtals		1 600 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	1 493 500	
	5912 Til sveitarfélaga	6 500	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	100 000	
5	Gjöld samtals		**1 600 000**
02–884	**Jöfnun á námskostnaði**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			136 500
1 01	Jöfnun á námskostnaði	106 500	
1 10	Skólaakstur	30 000	
	Gjöld samtals		136 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	136 500	
5	Gjöld samtals		**136 500**
02–902	**Þjóðminjasafn Íslands**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			105 500
1 01	Þjóðminjasafn Íslands	89 100	
1 10	Byggða- og minjasöfn	16 400	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		108 500

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 100	
52–58	Önnur gjöld	29 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 400	
5	Gjöld samtals	108 500	
4	Sértekjur	8 200	
	Mismunur		**100 300**

02–903 Þjóðskjalasafn Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			59 200
1 01	Þjóðskjalasafn Íslands	54 200	
1 11	Héraðsskjalasöfn	5 000	
	Gjöld samtals		59 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 700	
52–58	Önnur gjöld	19 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	5 000	
5	Gjöld samtals	59 200	
4	Sértekjur	5 100	
	Mismunur		**54 100**

02–905 Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			240 900
1 01	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	240 900	
Stofnkostnaður:			23 500
6 05	Bókakaup, Landsbókasafnsþáttur	23 500	
	Gjöld samtals		264 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	154 200	
52–58	Önnur gjöld	110 200	
5	Gjöld samtals	264 400	
4	Sértekjur	19 400	
	Mismunur		**245 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–973 Þjóðleikhús			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			318 000
1 01	Þjóðleikhús	318 000	
	Gjöld samtals		318 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	318 000	
5	Gjöld samtals		**318 000**
02–974 Sinfóníuhljómsveit Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			123 000
1 01	Sinfóníuhljómsveit Íslands	123 000	
	Gjöld samtals		123 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	123 000	
5	Gjöld samtals		**123 000**
02–981 Kvikmyndasjóður			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			127 000
1 01	Kvikmyndasjóður	119 800	
1 02	Kvikmyndasafn Íslands	7 200	
	Gjöld samtals		127 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	7 100	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	110 600	
5	Gjöld samtals		**127 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
02–983	**Ýmis fræðistörf**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 500
1 10	Fræðistörf	2 300	
1 11	Styrkir til útgáfumála	2 300	
1 13	Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	2 500	
1 20	Iðnsaga Íslands	6 400	
1 21	Tónlistarsaga Íslands	3 000	
	Gjöld samtals		16 500
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	16 500	
5	Gjöld samtals		**16 500**
02–988	**Æskulýðsmál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			34 000
1 10	Æskulýðsráð ríkisins	2 000	
1 12	Ungmennafélag Íslands	14 000	
1 13	Bandalag íslenskra skáta	6 000	
1 17	Landssamband KFUM og KFUK	6 000	
1 90	Æskulýðsmál	6 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	34 000	
5	Gjöld samtals		**34 000**
02–989	**Ýmis íþróttamál**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			103 800
1 10	Íþróttasamband Íslands	28 000	
1 11	Ólympíunefnd Íslands	4 500	
1 12	Ólympíunefnd fatlaðra	1 500	
1 14	Íþróttasamband fatlaðra	12 500	
1 15	Skólaíþróttir	3 000	
1 16	Íþróttafélög	14 800	
1 18	Íþróttamiðstöð Íslands	1 000	
1 20	Glímusamband Íslands	1 000	
1 21	Skáksamband Íslands	3 000	
1 22	Launasjóður stórmeistara í skák	9 500	
1 25	Skákskóli Íslands	2 500	
1 26	Borgarbyggð, landsmót UMFÍ, Skallagrímsvöllur	8 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 30	Bridgesamband Íslands	2 000	
1 90	Ýmis íþróttamál	2 500	
1 91	Smáþjóðaleikar	10 000	
	Stofnkostnaður:		3 000
6 12	Bridgesamband Íslands, byggingarstyrkur	3 000	
	Gjöld samtals		106 800
	Tegundasundurliðun:		
52–58	Önnur gjöld	3 000	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	103 800	
5	Gjöld samtals		**106 800**

02–999 Ýmislegt

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		26 500
1 11	Forvarnastarf í skólum	5 000	
1 43	Skriðuklaustur	2 000	
1 44	Snorrastofa	2 000	
1 63	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna	7 500	
1 90	Ýmis framlög	10 000	
	Stofnkostnaður:		5 000
6 93	Snorrastofa	5 000	
	Gjöld samtals		31 500
	Tegundasundurliðun:		
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	31 500	
5	Gjöld samtals		**31 500**

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–101	**Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			395 800
1 01	Yfirstjórn	334 200	
1 02	Varnarmálaskrifstofa	41 300	
1 51	Útflutningsráð Íslands	2 000	
1 53	Þýðingamiðstöð	18 300	
Stofnkostnaður:			4 200
6 01	Tæki og búnaður	4 200	
	Gjöld samtals		400 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	167 900	
52–58	Önnur gjöld	227 300	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	2 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	2 800	
5	Gjöld samtals	400 000	
4	Sértekjur	10 400	
	Mismunur		**389 600**
03–190	**Ýmis verkefni**		
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			6 100
1 11	Samskipti við Vestur-Íslendinga	3 000	
1 13	Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi	2 500	
1 21	Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi	600	
	Gjöld samtals		6 100
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 100	
	5918 Til erlendra aðila	3 000	
5	Gjöld samtals		**6 100**

		Þús. kr.	Þús. kr.
04–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			48 700
1 11	Framkvæmd búvörusamnings	10 800	
1 12	Mat á búvörum	8 700	
1 15	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	7 900	
1 16	Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993	4 100	
1 21	Landþurrkun	500	
1 31	Skógræktarfélag Íslands	3 500	
1 40	Landgræðsluáætlanir	3 200	
1 55	Tilraunastöðin Stóra-Ármóti	1 600	
1 90	Ýmis verkefni	8 400	
	Gjöld samtals		48 700
04–851 Greiðslur vegna riðuveiki			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			72 000
1 90	Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	72 000	
	Gjöld samtals		72 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	72 000	
5	Gjöld samtals		**72 000**
05–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			122 300
1 20	Eldi sjávardýra	19 100	
1 21	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla	4 000	
1 31	Stjórn fiskveiða	10 800	
1 32	Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir	18 800	
1 42	Verktakasamningur um upplýsingaröflun	23 200	
1 46	Könnun leiða til fiskveiðistjórnunar og eftirlits	9 200	
1 49	Úrskurðarnefndir	12 800	
1 51	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	7 000	
1 52	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, NAFO, NEAFC)	17 400	
	Gjöld samtals		122 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 300	
52–58	Önnur gjöld	23 500	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	42 300	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	22 800	
	5918 Til erlendra aðila	24 400	
5	Gjöld samtals		**122 300**

06–290 Dómsmál, ýmis kostnaður

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			29 000
1 10	Ýmis sameiginlegur kostnaður	3 300	
1 11	Meðdómsmenn	15 500	
1 12	Setu- og varadómarar	3 700	
1 14	Óviss útgjöld	2 200	
1 15	Lögfræðiþjónusta neyðarmóttöku vegna nauðgana	4 300	
	Gjöld samtals		29 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	21 400	
52–58	Önnur gjöld	3 300	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	4 300	
5	Gjöld samtals		**29 000**

06–291 Húsnæði og búnaður dómstóla

Viðfangsefni:			
Viðhaldsverkefni:			2 500
5 01	Viðhald húseigna	2 500	
Stofnkostnaður:			84 500
6 01	Húsnæði Hæstaréttar	45 000	
6 17	Húsnæði Héraðsdóms Suðurlands	35 000	
6 60	Upplýsingakerfi dómstóla	4 500	
	Gjöld samtals		87 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	87 000	
5	Gjöld samtals		**87 000**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–321 Almannavarnir ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			31 200
1 01	Almannavarnir ríkisins	31 200	
	Gjöld samtals		31 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 500	
52–58	Önnur gjöld	17 700	
5	Gjöld samtals		**31 200**
06–331 Umferðarráð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			82 000
1 01	Yfirstjórn	50 900	
1 10	Ökunám	28 100	
1 11	Ökuhermar fyrir grunnskólabörn	3 000	
	Gjöld samtals		82 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	33 200	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals	82 000	
4	Sértekjur	73 400	
	Mismunur		**8 600**
06–341 Áfengis- og fíkniefnamál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			37 900
1 10	Matsnefnd vínveitingahúsa	1 400	
1 20	Fíkniefnamál	1 500	
1 25	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála	35 000	
	Gjöld samtals		37 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 200	
52–58	Önnur gjöld	21 100	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	600	
5	Gjöld samtals		**37 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
06–397 Schengen samstarf			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 000
1 01	Schengen samstarf	14 000	
Stofnkostnaður:			20 000
6 01	Tæki og búnaður	20 000	
	Gjöld samtals		34 000
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	20 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 000	
5	Gjöld samtals		**34 000**
06–501 Fangelsismálastofnun ríkisins			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			429 200
1 01	Fangelsismálastofnun ríkisins	429 200	
Viðhaldsverkefni:			5 000
5 01	Viðhald fangelsisbygginga	5 000	
	Gjöld samtals		434 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	253 300	
52–58	Önnur gjöld	171 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	9 300	
5	Gjöld samtals	434 200	
4	Sértekjur	48 300	
	Mismunur		**385 900**
07–400 Málefni barna og ungmenna			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			238 700
1 01	Barnaverndarstofa	36 200	
1 20	Heimili fyrir börn og unglinga	127 800	
1 50	Meðferðarstöð ríkisins	74 700	
	Gjöld samtals		238 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	95 400	
52–58	Önnur gjöld	38 300	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	105 000	
5	Gjöld samtals		**238 700**

07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			377 000
1 01	Svæðisskrifstofa	36 100	
1 10	Svæðisráð	1 100	
1 20	Sambýli	190 300	
1 21	Heimili fyrir börn Akurgerði 20	16 000	
1 26	Sambýli Stigahlíð 71	14 100	
1 29	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	23 900	
1 31	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalags Íslands	6 400	
1 33	Vinnustofa Blindrafélagsins	4 700	
1 60	Dagvistun	17 700	
1 64	Skammtímavistun Álfalandi 6	26 400	
1 65	Skammtímavistun Hólabergi	12 600	
1 77	Vistheimili fyrir börn	23 000	
1 80	Atvinnuleit	2 700	
1 85	Félag heyrnarlausra	2 000	
	Gjöld samtals		377 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	279 500	
52–58	Önnur gjöld	21 500	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	46 100	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	29 900	
5	Gjöld samtals		**377 000**

07–801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 415 000
1 10	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2 415 000	
Stofnkostnaður:			265 000
6 21	Einsetning grunnskóla	265 000	
	Gjöld samtals		2 680 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	2 680 000	
5	Gjöld samtals		**2 680 000**

07-950 Rekstrarhagræðing

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 000
1 90	Rekstrarhagræðing	20 000	
	Gjöld samtals		20 000
Tegundasundurliðun:			
52-58	Önnur gjöld	20 000	
5	Gjöld samtals		**20 000**

07-981 Vinnumál

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			46 900
1 10	Félagsdómur	4 500	
1 30	Starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit	15 000	
1 81	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	5 100	
1 90	Ýmislegt	22 300	
	Gjöld samtals		46 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 000	
52-58	Önnur gjöld	500	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	37 300	
	5918 Til erlendra aðila	5 100	
5	Gjöld samtals		**46 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			156 300
1 10	Kostnaður skv. 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	10 800	
1 11	Meðlög samkvæmt lögum nr. 9/1981	60 600	
1 30	Sjómannastofur	1 100	
1 31	Félagasamtök, styrkir	26 300	
1 40	Kvennaathvarf í Reykjavík	18 600	
1 41	Stígamót	9 000	
1 50	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	1 900	
1 53	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	2 800	
1 60	Verkefni á sviði húsnæðismála	13 200	
1 90	Ýmis framlög	12 000	
	Gjöld samtals		156 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 100	
52–58	Önnur gjöld	4 800	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	138 400	
5	Gjöld samtals		**156 300**
08–203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			3 911 000
1 10	Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	3 911 000	
	Gjöld samtals		3 911 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 911 000	
5	Gjöld samtals		**3 911 000**
08–206 Sjúkratryggingar			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 315 000
1 10	Sjúkratryggingar	10 315 000	
	Gjöld samtals		10 315 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	10 315 000	
5	Gjöld samtals		**10 315 000**

08–207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			970 000
1 10	Verkgreiðslur til sjúkrahúsa	970 000	
	Gjöld samtals		970 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	970 000	
5	Gjöld samtals		**970 000**

08–399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			291 200
1 30	Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	2 000	
1 31	Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit	106 100	
1 35	Hjartavernd, rannsóknarstöð	33 000	
1 40	Kostnaður skv. lögum nr. 25/1975	1 300	
1 42	Kostnaður samkvæmt lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi	45 900	
1 50	Tannverndarsjóður	10 000	
1 53	Tóbaksvarnir	31 000	
1 59	Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	16 400	
1 63	Áfallahjálp	8 000	
1 65	Heilsuefling	4 000	
1 71	Norræni heilsugæsluskólinn	6 500	
1 81	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	8 900	
1 90	Ýmis framlög	8 500	
1 95	Kynsjúkdómar, alnæmi	9 600	
	Gjöld samtals		291 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 900	
52–58	Önnur gjöld	52 600	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	216 300	
	5918 Til erlendra aðila	15 400	
5	Gjöld samtals		**291 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–408 Sunnuhlíð, Kópavogi			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			137 200
1 01	Sunnuhlíð, Kópavogi	137 200	
	Gjöld samtals		137 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	103 200	
52–58	Önnur gjöld	34 000	
5	Gjöld samtals	137 200	
4	Sértekjur	5 500	
	Mismunur		**131 700**
08–420 Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			225 300
1 01	Sjúkrastofnanir SÁÁ	225 300	
	Gjöld samtals		225 300
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	143 100	
52–58	Önnur gjöld	82 200	
5	Gjöld samtals	225 300	
4	Sértekjur	7 300	
	Mismunur		**218 000**
08–510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			364 800
1 01	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	364 800	
	Gjöld samtals		364 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	206 000	
52–58	Önnur gjöld	115 400	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	43 400	
5	Gjöld samtals	364 800	
4	Sértekjur	28 000	
	Mismunur		**336 800**

		Þús. kr.	Þús. kr.
08–515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 100
1 01	Heilsugæslustöðin Lágmúla	49 100	
	Gjöld samtals		49 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	31 100	
52–58	Önnur gjöld	18 000	
5	Gjöld samtals	49 100	
4	Sértekjur	12 700	
	Mismunur		**36 400**
08–524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			26 100
1 01	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	26 100	
	Gjöld samtals		26 100
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	16 900	
52–58	Önnur gjöld	9 200	
5	Gjöld samtals	26 100	
4	Sértekjur	7 900	
	Mismunur		**18 200**
08–526 Heilsugæslustöðin Búðardal			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			20 500
1 01	Heilsugæslustöðin Búðardal	20 500	
	Gjöld samtals		20 500
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 900	
52–58	Önnur gjöld	5 600	
5	Gjöld samtals	20 500	
4	Sértekjur	1 900	
	Mismunur		**18 600**

08–553 Heilsugæslustöðin Akureyri	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		119 300
1 01 Heilsugæslustöðin Akureyri	119 300	
Gjöld samtals		119 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	93 000	
52–58 Önnur gjöld	26 300	
5 Gjöld samtals	119 300	
4 Sértekjur	21 000	
Mismunur		**98 300**

08–573 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		32 300
1 01 Heilsugæslustöðin Vestmannaeyjum	32 300	
Gjöld samtals		32 300
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	21 200	
52–58 Önnur gjöld	11 100	
5 Gjöld samtals	32 300	
4 Sértekjur	10 300	
Mismunur		**22 000**

08–581 Heilsugæslustöð Suðurnesja		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		99 100
1 01 Heilsugæslustöð Suðurnesja	99 100	
Gjöld samtals		99 100
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	78 700	
52–58 Önnur gjöld	20 400	
5 Gjöld samtals	99 100	
4 Sértekjur	18 400	
Mismunur		**80 700**

		Þús. kr.	Þús. kr.
09–103 Ríkisbókhald			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			119 200
1 01	Ríkisbókhald	119 200	
Stofnkostnaður:			3 000
6 01	Tæki og búnaður	3 000	
	Gjöld samtals		122 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	90 700	
52–58	Önnur gjöld	31 500	
5	Gjöld samtals	122 200	
4	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		**121 200**
09–201 Ríkisskattstjóri			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			300 200
1 01	Yfirstjórn	208 400	
1 10	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa	91 800	
Stofnkostnaður:			13 800
6 01	Tæki og búnaður	13 800	
	Gjöld samtals		314 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	165 600	
52–58	Önnur gjöld	148 400	
5	Gjöld samtals		**314 000**
09–202 Skattstofan í Reykjavík			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			207 800
1 01	Skattstofan í Reykjavík	207 800	
Stofnkostnaður:			10 000
6 01	Tæki og búnaður	10 000	
	Gjöld samtals		217 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	169 000	
52–58	Önnur gjöld	48 800	
5	Gjöld samtals		**217 800**

09–203 Skattstofa Vesturlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 000
1 01	Skattstofa Vesturlands	33 000	
	Gjöld samtals		33 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	26 300	
52–58	Önnur gjöld	6 700	
5	Gjöld samtals	33 000	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**32 700**

09–204 Skattstofa Vestfjarða

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 200
1 01	Skattstofa Vestfjarða	23 200	
	Gjöld samtals		23 200
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 300	
52–58	Önnur gjöld	4 900	
5	Gjöld samtals	23 200	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**22 800**

09–205 Skattstofa Norðurlands vestra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			23 300
1 01	Skattstofa Norðurlands vestra	23 300	
	Gjöld samtals		23 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	18 100	
52–58	Önnur gjöld	5 200	
5	Gjöld samtals	23 300	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**23 000**

09–206 Skattstofa Norðurlands eystra

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			56 700
1 01	Skattstofa Norðurlands eystra	56 700	
	Gjöld samtals		56 700
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	47 000	
52–58	Önnur gjöld	9 700	
5	Gjöld samtals	56 700	
4	Sértekjur	600	
	Mismunur		**56 100**

09–207 Skattstofa Austurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			27 800
1 01	Skattstofa Austurlands	27 800	
	Gjöld samtals		27 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 400	
52–58	Önnur gjöld	5 400	
5	Gjöld samtals	27 800	
4	Sértekjur	300	
	Mismunur		**27 500**

09–208 Skattstofa Suðurlands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			33 700
1 01	Skattstofa Suðurlands	33 700	
	Gjöld samtals		33 700

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	27 300	
52–58	Önnur gjöld	6 400	
5	Gjöld samtals	33 700	
4	Sértekjur	400	
	Mismunur		**33 300**

09–209 Skattstofa Vestmannaeyja

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			12 900
1 01	Skattstofa Vestmannaeyja	12 900	
	Gjöld samtals		12 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 900	
52–58	Önnur gjöld	3 000	
5	Gjöld samtals	12 900	
4	Sértekjur	100	
	Mismunur		**12 800**

09–211 Skattstofa Reykjaness

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			101 800
1 01	Skattstofa Reykjaness	101 800	
	Gjöld samtals		101 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	86 400	
52–58	Önnur gjöld	15 400	
5	Gjöld samtals	101 800	
4	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		**99 800**

09–212 Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			70 600
1 02	Verðjöfnunargjöld og útflutningsskýrslur	3 100	
1 15	Átak í tollgæslu gegn fíkniefnasmygli	25 000	
1 30	Þungaskattur	15 000	
1 40	Fjármagnstekjuskattur	27 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			17 000
6 01	Tæki og búnaður	13 000	
6 45	Tölvuvæðing útflutningsskýrslna	4 000	
	Gjöld samtals		87 600
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	62 600	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	25 000	
5	Gjöld samtals		**87 600**

09–999 Ýmislegt

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			468 900
1 10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	35 900	
1 13	Kjarasamningar	16 600	
1 14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	19 900	
1 15	Kjararannsóknir	5 500	
1 17	Ýmis sameiginlegur kostnaður	14 400	
1 18	Styrkur til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar og skriflegri umsókn þingf	123 200	
1 19	Ýmsar endurgreiðslur	40 000	
1 21	Breytingar á framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings	12 000	
1 31	Lífeyrissjóður bænda	139 000	
1 45	Ýmsar nefndir	3 100	
1 50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1 700	
1 60	Dómkröfur	30 600	
1 65	Kjaradómur og kjaranefnd	4 700	
1 81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings	5 000	
1 90	Óviss útgjöld	17 300	
Stofnkostnaður:			15 000
6 30	Tölvumál Stjórnarráðs o.fl.	15 000	
	Gjöld samtals		483 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	35 400	
52–58	Önnur gjöld	124 600	
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	5 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	302 200	
	5918 Til erlendra aðila	1 700	
5	Gjöld samtals		**483 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
10–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			177 400
1 12	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar	28 100	
1 13	Siglingamálastofnun Namibíu	6 200	
1 20	Rannsóknanefnd sjóslysa	7 200	
1 21	Lög- og réttindaskráning sjómanna	900	
1 22	Fræðsluefni um öryggismál sjómanna	3 000	
1 23	Slysavarnaskóli sjómanna	33 600	
1 24	Tilkynningarskylda íslenskra skipa	19 800	
1 25	GPS-staðsetningarkerfi	7 200	
1 26	Alþjóðasiglingamálastofnunin,IMO	1 000	
1 27	Slysavarnafélag Íslands	18 200	
1 28	Sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa	9 300	
1 29	Snæfellsbær, almannavarna- og björgunarskóli á Gufuskálum	5 000	
1 31	Landsbjörg	13 500	
1 33	Flugeftirlitsnefnd	2 500	
1 34	Flugskóli Íslands	9 700	
1 41	Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1 000	
1 42	Ferðamál og markaðsstarf	10 000	
1 91	Athugun á öryggi fiskiskipa	1 200	
	Gjöld samtals		177 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	10 100	
52–58	Önnur gjöld	15 100	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	28 100	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	19 700	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	103 400	
	5918 Til erlendra aðila	1 000	
5	Gjöld samtals		**177 400**
10–211 Vegagerðin			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			286 000
1 01	Yfirstjórn	286 000	
Viðhaldsverkefni:			3 130 000
5 05	Þjónusta	1 525 000	
5 10	Viðhald	1 275 000	
5 52	Þéttbýlisvegir	330 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			3 648 000
6 10	Nýframkvæmdir	2 206 000	
6 11	Framkvæmdaátak vegna atvinnumála	650 000	
6 21	Landsvegir	60 000	
6 40	Tilraunir	66 000	
6 43	Safnvegir	170 000	
6 45	Styrkvegir	25 000	
6 47	Reiðvegir	11 000	
6 55	Ferjur og flóabátar	460 000	
	Gjöld samtals		7 064 000
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	160 600	
52–58	Önnur gjöld	6 443 400	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	460 000	
5	Gjöld samtals		**7 064 000**

10–651 Ferðamálaráð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			128 900
1 01	Ferðamálaráð	31 100	
1 11	Ferðamálasamtök landshluta	6 000	
1 15	Samstarfssamningar við Grænland og Færeyjar	9 700	
1 21	Fjölsóttir ferðamannastaðir	14 100	
1 81	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994	68 000	
	Gjöld samtals		128 900
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 600	
52–58	Önnur gjöld	24 600	
59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	6 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	68 000	
	5918 Til erlendra aðila	9 700	
5	Gjöld samtals	128 900	
4	Sértekjur	2 600	
	Mismunur		**126 300**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–299 Iðja og iðnaður, framlög			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			79 800
1 19	Staðlaráð	18 800	
1 21	Kostnaður vegna samnings við ÍSAL	5 400	
1 30	Alþjóðlegt samstarf	18 100	
1 45	Sjóður til eflingar atvinnulífs í Mývatnssveit	5 000	
1 50	Nýsköpun og markaðsmál	32 500	
	Gjöld samtals		79 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 500	
52–58	Önnur gjöld	17 000	
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	51 300	
5	Gjöld samtals		**79 800**
11–301 Orkustofnun			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			340 000
1 01	Yfirstjórn	8 800	
1 02	Orkumálasvið	66 500	
1 03	Orkurannsóknir	95 500	
1 04	Sala rannsókna	169 200	
Stofnkostnaður:			13 400
6 01	Tæki og búnaður	13 400	
	Gjöld samtals		353 400
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	201 000	
52–58	Önnur gjöld	152 400	
5	Gjöld samtals	353 400	
4	Sértekjur	169 200	
	Mismunur		**184 200**

		Þús. kr.	Þús. kr.
11–399 Ýmis orkumál			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			559 000
1 13	Hafsbotnsrannsóknir	2 000	
1 15	Niðurgreiðsla á rafhitun	437 000	
1 16	Styrking dreifikerfis í sveitum	110 000	
1 17	Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar	10 000	
	Gjöld samtals		559 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	110 000	
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	12 000	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	437 000	
5	Gjöld samtals		**559 000**
14–190 Ýmis verkefni			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			74 900
1 23	Ýmis umhverfisverkefni	18 000	
1 29	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	6 500	
1 35	Umhverfisvöktun	28 600	
1 39	Mengunarslys	500	
1 40	Alþjóðastofnanir	10 200	
1 53	Undirbúningur náttúrustofa	500	
1 55	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	3 100	
1 56	Vernd Breiðafjarðar	1 000	
1 57	Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur	2 000	
1 58	Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	2 000	
1 59	Náttúruverndarráð	2 500	
	Gjöld samtals		74 900
Tegundasundurliðun:			
52–58	Önnur gjöld	53 200	
59	Tilfærslur:		
	5910 Til stofnana í A-hluta	6 500	
	5912 Til sveitarfélaga	500	
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	4 500	
	5918 Til erlendra aðila	10 200	
5	Gjöld samtals		**74 900**

		Þús. kr.	Þús. kr.
14–410 Veðurstofa Íslands			
Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			373 400
1 01	Almenn starfsemi	288 800	
1 70	Veðurþjónusta fyrir millilandaflug	84 600	
Stofnkostnaður:			10 400
6 01	Tæki og búnaður	10 400	
	Gjöld samtals		383 800
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	253 400	
52–58	Önnur gjöld	130 400	
5	Gjöld samtals	383 800	
4	Sértekjur	111 500	
	Mismunur		**272 300**

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 521 og 621).		
1. Háskólinn á Akureyri,		
tæki og búnaður	10.000	
endurbætur	20.000	
2. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur	8.000	
fisksjúkdómahús	7.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald	12.000	
Varmaland	8.000	
kaup á tækjum	10.000	
4. Stofnun Árna Magnússonar	1.000	
5. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	2.000	
6. Tækniskóli Íslands	2.000	
7. Norræna eldfjallastöðin	43.000	
		123.000
2. Almennir framhaldsskólar, viðhald (02-318 590).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	5.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3.000	
3. Menntaskólinn við Sund	3.000	
4. Kvennaskólinn í Reykjavík	2.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	15.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík	18.000	
8. Fósturskóli Íslands	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands	2.000	
11. Sjómannaskólahúsið	13.000	
		64.000
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði	2.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.000	
		20.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2.000	
2. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Reykholti	2.000	
		4.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða	2.000	
		2.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.000	
		1.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.000	
3. Sjávarútvegsbraut, Dalvík	1.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum	10.000	
5. Framhaldsskólinn á Húsavík	1.000	
		16.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, Eiðar	15.000	
2. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		16.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	10.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000	
		11.000
Héraðsskólar og framhaldsskólar, óskipt		10.000
Viðhaldskostnaður af leigutekjum, óskipt		30.000
		174.000

3. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 690).

Reykjavík:		
1. Skóli í Borgarholti	119.600	
2. Fjölbrautaskólinn Ármúla	10.000	
		129.600

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
nýbygging	55.700	
búnaður	31.800	
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.100	
3. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	60.400	
		149.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	800	
hönnun viðbyggingar	1.000	
		1.800
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	2.200	
heimavist og verknámshús	22.800	
		25.000
Norðurland eystra:		
1. Framhaldsskólar Akureyri	50.000	
2. Framhaldsskólinn á Húsavík	2.500	
		52.500
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, íþróttahús	11.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
verknámshús	25.600	
		36.600
Suðurland:		
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
viðbygging	7.800	
2. Fjölbrautaskóli Suðurlands, nýbygging	55.700	
3. Skólar á Laugarvatni	50.000	
		113.500
		508.000

4. Söfn, ýmis framlög (02-919 190).

1. Vesturfarasetrið Hofsósi	1.200
2. Botndýrasafn í Sandgerði	500
3. Safnið „Líf í fersku vatni“ á Hólum	500

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Áhugamannahópur um varðveislu		
Tryggvaskála	500	
Óskipt	3.600	
		6.300

5. Menningarstofnanir (02-969 621).

1. Þjóðarbókhlaða	5.000	
2. Þjóðminjasafn Íslands	100.000	
3. Þjóðskjalasafn Íslands	35.000	
4. Þjóðleikhús	25.000	
5. Listasafn Íslands	15.000	
6. Verndun gamalla húsa	35.000	
7. Byggðasöfn	15.000	
8. Stýrimannaskólinn við Öldugötu	8.500	
9. Langabúð	3.500	
10. Listasafn Einars Jónssonar	21.000	
11. Safnahúsið við Hverfisgötu	22.000	
12. Ríkisútvarpið	50.000	
		335.000

6. Listir (02-982 190).

1. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
2. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
3. Flugfélagið Loftur	2.000	
4. Samband íslenskra lúðrasveita	400	
5. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
6. Möguleikhúsið	1.000	
7. Kaffileikhúsið	500	
8. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
9. Leikbrúðuland	500	
10. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
11. Sumartónleikar Norðurlandi	500	
12. Útileikhúsið	400	
13. Djassklúbbur Egilsstaða	400	
14. Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	400	
15. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
16. Efling, tónleikahald	300	
17. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
Óskipt	14.200	
		31.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400	
2. Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500	
3. Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
4. Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum	300	
5. Landssamband hestamannafélaga	700	
Óskipt	1.600	
		6.000
8. Íþróttafélög (02-989 116).		
Reykjavík:		
1. Ungmennafélagið Fjölnir	300	
2. Skíðadeild Víkings	375	
3. Skotfélag Reykjavíkur	375	
4. Knattspyrnufélagið Fram	400	
5. Siglingafélag Reykjavíkur	300	
6. Íþróttafélagið Leiknir	200	
7. KR	400	
8. Skylminganefnd ÍSÍ	200	
		2.550
Reykjanes:		
1. Fimleikadeild Keflavíkur	300	
2. Golfklúbbur Suðurnesja	375	
3. Frjálsíþróttadeild FH	200	
4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps	300	
5. Lyftinga- og líkamsræktardeild Ungmennafélags Njarðvíkur	150	
6. Skotdeild Keflavíkur	500	
7. Knattspyrnufélagið Víðir	300	
8. Knattspyrnufélagið Haukar	200	
		2.325
Vesturland:		
1. Knattspyrnufélag ÍA	200	
2. Skotfélag Akraness	250	
3. Ungmennafélagið Íslendingur	200	
4. Golfklúbburinn í Búðardal	300	
5. Ungmennafélagið Reynir, Hellissandi	300	
6. Golfklúbburinn Vestarr, Grundarfirði	500	
		1.750

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vestfirðir:		
1. Skotfélag Ísafjarðar	350	
2. Ungmennafélag Barðastrandar	200	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Golfklúbbur Patreksfjarðar	300	
5. Golfklúbburinn Gláma	200	
		1.250
Norðurland vestra:		
1. Golfklúbbur Hólmavíkur	375	
2. Skíðafélag Fljótamanna	300	
3. Golfklúbbur Sauðárkróks	250	
4. Ungmennafélagið Hvöt, Blönduósi	300	
5. Ungmennafélagið Grettir	300	
		1.525
Norðurland eystra:		
1. Skíðadeild Leifturs	300	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	300	
3. Golfklúbbur Akureyrar	500	
4. Ungmennafélagið Æskan	250	
5. Golfklúbbur Húsavíkur	300	
6. Ungmennafélagið Snörtur	100	
7. Skíðafélag Dalvíkur	375	
		2.125
Austurland:		
1. Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu	200	
2. Golfklúbbur Norðfjarðar	375	
3. Ungmennafélagið Súlan	200	
4. Ungmennafélagið Neisti	300	
5. Íþróttafélagið Huginn	200	
		1.275
Suðurland:		
1. Ungmennafélag Hrunamanna	300	
2. Golfklúbburinn Flúðir	300	
3. Golfklúbburinn Dalbúi	200	
4. Golfklúbburinn Selfoss	300	
5. Ungmennafélagið Vaka	200	
6. Ungmennafélagið Drangur	300	
7. Golfklúbburinn Hellu	200	
		1.800

	Þús. kr.	Þús. kr.
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga		200
		14.800

9. Ýmis framlög (02-999 190).

1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
2. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
5. Landssamtökin heimili og skóli	400	
6. ÍSARK	500	
7. Kvenréttindafélag Íslands	500	
8. Surtseyjarfélagið	400	
9. Mannréttindastofnun	300	
10. Saga Film	1.000	
11. Sjómannadagsráð	200	
12. Edinborgarhúsið	500	
13. Skaftfell, listamiðstöð Seyðisfirði	500	
14. Hreppar í Rangárvallasýslu, „Á Njáluslóð“	500	
Óskipt	1.200	
		10.000

10. Ýmis verkefni (04-190 190).

1. Landvernd	300	
2. Æðarræktarfélag Íslands	200	
3. Flóaáveitufélagið	500	
4. Sérstök verkefni í gróðurvernd og uppgræðslu á Reykjanesi	1.000	
Óskipt	6.400	
		8.400

11. Fyrirhleðslur (04-311 190).

a. Fyrirhleðslur:

1. Jökulsá á Dal	2.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	500	
3. Jökulsá í Lóni	500	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	9.500	
7. Þjórsá	1.000	
		14.500

	Þús. kr.	Þús. kr.
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	700	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	500	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.500	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		4.900
		19.400

12. Félagasamtök, styrkir (07-999 131).

1. Samtökin 78	500	
2. Barnaheill	300	
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.700	
4. Umsjónarfélag einhverfra	500	
5. Félag einstæðra foreldra	700	
6. Landssamband aldraðra	300	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	3.500	
9. Blindrafélagið	5.000	
10. Félagasamtökin Vernd	500	
11. Málbjörg	300	
12. Kvennaráðgjöfin	500	
13. Daufblindrafélag Íslands	700	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	
15. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
16. Geðverndarfélag Akureyrar	400	
Óskipt	6.900	
		26.300

13. Ýmis framlög (07-999 190).

1. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000	
2. Íslensk ættleiðing	2.300	
3. Geðhjálp	3.500	
Óskipt	2.200	
		12.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
14. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).		
1. Akranes, sjúkrahús	10.100	
2. Stykkishólmur, St. Fransiskusspítali og heilsugæslustöð	14.000	
3. Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	7.200	
4. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	10.000	
5. Hvammstangi, sjúkrahús	3.500	
6. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
7. Eskifjörður, H2	1.100	
8. Eskifjörður, Hulduhlíð	7.000	
9. Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	5.300	
10. Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili	5.000	
11. Laugarás, heilsugæslustöð	15.000	
12. Selfoss, bílageymslur sjúkrabíla	6.000	
13. Reykjanesbær, Sjúkrahús Suðurnesja, D-álma	26.000	
14. Kópavogur, heilsugæslustöð	11.800	
15. Mosfellsbær, heilsugæslustöð	1.500	
16. Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	20.500	
		156.000
15. Ýmis framlög (08-399 190).		
1. Félag heilablóðfallsskaðaðra	200	
2. Landssamtök hjartasjúklinga	200	
3. Umhyggja	300	
4. LAUF	500	
5. Styrktarfélag Perthessjúkra	200	
6. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
7. Alnæmissamtökin	500	
8. Húsnæðisfélag SEM	1.500	
9. MS-félagið	200	
10. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
Óskipt	3.600	
		8.500
16. Annað (08-621 190).		
1. Áfangaheimilið Dyngjan	1.000	
2. Líknarfélagið Skjöldur	1.000	
3. Íslenskir ungtemplarar	2.000	
4. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	2.000	
5. Krossgötur	4.000	
6. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
7. Áfangi, líknarfélag	1.000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
8. Stórstúka Íslands	2.000	
Óskipt	31.900	
		45.900

17. Hafnamannvirki (10-335 670).

Vesturland:

1. Akranes	15.000	
2. Snæfellsbær	12.300	
3. Grundarfjörður	4.600	
4. Stykkishólmur	1.500	
		33.400

Vestfirðir:

1. Vesturbyggð	8.300	
2. Tálknafjörður	1.300	
3. Ísafjarðarbær	33.100	
4. Bolungarvík	1.300	
5. Súðavík	13.400	
6. Drangsnes	3.800	
7. Hólmavík	1.500	
		62.700

Norðurland vestra:

1. Hvammstangi	10.000	
2. Blönduós	5.000	
3. Skagaströnd	16.300	
4. Sauðárkrókur	14.600	
5. Hofsós	1.600	
6. Siglufjörður	6.800	
		54.300

Norðurland eystra:

1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	15.200	
2. Hrísey	5.000	
3. Hjalteyri	200	
4. Akureyri	32.500	
5. Svalbarðseyri	1.200	
6. Grenivík	6.900	
7. Grímsey	2.400	
8. Húsavík	33.800	
9. Kópasker	1.700	
10. Raufarhöfn	2.500	
11. Þórshöfn	30.700	
		132.100

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Bakkafjörður	200	
2. Vopnafjörður	16.500	
3. Borgarfjörður eystri	16.700	
4. Seyðisfjörður	21.200	
5. Neskaupstaður	9.300	
6. Eskifjörður	500	
7. Fáskrúðsfjörður	6.300	
8. Stöðvarfjörður	200	
9. Djúpivogur	4.800	
10. Höfn í Hornafirði	13.400	
		89.100
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	38.900	
2. Þorlákshöfn	41.700	
		80.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	26.000	
2. Sandgerði	45.500	
3. Reykjanesbær	26.500	
4. Vogar	14.700	
		112.700
Óskipt		2.100
		567.000
18. Lendingarbætur (10-335 674).		
1. Hellnar og Búðir, Snæfellsbæ	500	
2. Grunnavík, Ísafjarðarbæ	600	
3. Kjörvogur, Árneshreppi	100	
4. Broddanes, Broddaneshreppi	300	
5. Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	500	
		2.000
19. Sjóvarnargarðar (10-335 680).		
1. Akranes	5.900	
2. Snæfellsbær	4.500	
3. Ísafjarðarbær	6.400	
4. Blönduósbær	2.300	
5. Höfðahreppur	1.500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Svalbarðsstrandarhreppur	1.000	
7. Húsavík	4.200	
8. Þórshafnarhreppur	3.300	
9. Árskógshreppur	500	
10. Ölfushreppur	2.500	
11. Vestmannaeyjar	3.000	
12. Bessastaðahreppur	6.500	
13. Seltjarnarnes	4.800	
Óskipt	4.600	
		51.000
20. Nýsköpun og markaðsmál (11-299 150).		
Landssamband hugvitsmanna	500	
Óskipt	32.000	
		32.500

365. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir þær umsóknir um ríkisborgararétt sem nefndinni bárust í því skyni að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 á 118. löggjafarþingi. Síðan fjallaði nefndin um umsóknirnar.

Við afgreiðslu á frumvarpinu hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisborgararéttar. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frumvarpið um ríkisborgararétt verður afgreitt á vorþingi, en þá koma óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 53 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Alþingi, 13. des. 1996.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.
Vigdís Hauksdóttir.	Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

366. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Valeri Abokhaevich, verkfræðingur í Kópavogi, f. 6. júní 1958 í Sovétríkjunum.
2. Alvarez, Alba Lucia, húsmóðir í Reykjanesbæ, f. 1. desember 1952 í Kólumbíu.
3. Anton Carrasco, nemi á Akureyri, f. 10. janúar 1980 á Akureyri.
4. Ásdís Bjarnadóttir, nemi í Hveragerði, f. 23. maí 1977 í Suður-Kóreu.
5. Biglio Berardo, Robert Walter, bílstjóri í Reykjavík, f. 12. mars 1956 í Úrúgvæ.
6. Buckley, Sarah Catherine Ruth, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 12. október 1964 í Englandi.
7. Burana, Ratree, fiskverkakona í Reykjavík, f. 25. apríl 1963 í Tælandi.
8. Burza, Józefa Janina, starfsstúlka í Reykjavík, f. 12. júlí 1959 í Póllandi.
9. Cuizon, Gina Barriga, saumakona í Reykjavík, f. 31. júlí 1965 á Filippseyjum.
10. Damasin, Lucivic Bernaldez, fiskverkakona á Akureyri, f. 13. febrúar 1972 á Filippseyjum.
11. David, Adam Iapheth, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 4. febrúar 1960 í Englandi.
12. Djeddou, Khaled, fiskverkamaður í Reykjavík, f. 16. janúar 1969 í Alsír.
13. Dobrowolska, Renata Agnieszka, þjálfari í Grundarfirði, f. 10. mars 1971 í Póllandi.
14. Dugay, Adela P., húsmóðir í Garðabæ, f. 17. ágúst 1969 á Filippseyjum.
15. Elsa Herjólfsdóttir Skogland, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1971 á Ísafirði.
16. Fletcher, James Matthew, verkamaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1968 í Englandi.
17. Fuentes, Enrique Humberto Canales, verkamaður í Kópavogi, f. 2. september 1956 í Chile.
18. Gaviola, Imelda Moreno, grunnskólakennari á Laugarvatni, f. 7. október 1967 á Filippseyjum.
19. Giannattasio, Pantaleone, starfsmaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1965 á Ítalíu.
20. Gray, Gunnar George, stýrimaður á Ísafirði, f. 21. júní 1967 í Skotlandi.
21. Guan, Dong Qing, íþróttakennari í Reykjavík, f. 23. desember 1965 í Kína.
22. Harrison, Kathryn Mary, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 20. janúar 1964 í Englandi.
23. Hiller, Mari Susan, nemi í Reykjavík, f. 10. apríl 1979 í Svíþjóð.
24. Jaidee, Sudarat, verkakona í Sandgerði, f. 4. apríl 1963 í Tælandi.
25. Jón Einar Pétursson, nemi á Ísafirði, f. 1. desember 1980 í Gvatemala.
26. Jónína Wilkins, nemi í Reykjavík, f. 27. febrúar 1977 í Reykjavík.
27. Juan, Ofelia Buenaventura, saumakona í Reykjavík, f. 12. júlí 1962 á Filippseyjum.
28. Karim Khani Nejad, Poneh, verkakona í Mosfellsbæ, f. 31. janúar 1975 í Íran.
29. Klarstam, Wieslawa Janina, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 23. júní 1967 í Póllandi.
30. Leplar, Chloe Gyða, nemi í Reykjavík, f. 9. desember 1975 í Englandi.
31. Otto Fernando Geirmundsson Tulinius, barn í Svíþjóð, f. 21. október 1995 í Kólumbíu.

32. Palfreeman, Susan Elizabeth, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. febrúar 1963 í Kanada.
33. Pardillo, Anita Paraiso, fiskverkakona á Höfn, f. 23. desember 1954 á Filippseyjum.
34. Passaro, Kolbrún Marvia Catherine, nemi á Siglufirði, f. 4. febrúar 1980 í Englandi.
35. Pintor, Nonita Inoc, þerna í Hafnarfirði, f. 27. mars 1954 á Filippseyjum.
36. Plesec, Barbara, fiskverkakona í Reykjavík, f. 20. maí 1967 í Júgóslavíu.
37. Ramirez, Debbie, þjónn í Hafnarfirði, f. 9. janúar 1970 á Filippseyjum.
38. Roloff, Kerstin Hiltrud, hjúkrunarfræðingur á Hvammstanga, f. 24. desember 1966 í Þýskalandi.
39. Ruck, Annette Maria, húsmóðir á Ólafsfirði, f. 6. maí 1968 í Þýskalandi.
40. Saithong, Wannika, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Tælandi.
41. Dos Santos Alves, Alice, ræstingakona í Reykjavík, 5. september 1963 á Grænhöfðaeyjum.
42. Sigurbjörg Lilja Michelsen, matráðskona í Reykjavík, f. 12. nóvember 1963 í Reykjavík.
43. Sikora, Halina, heimilishjálp í Garðabæ, f. 25. apríl 1958 í Póllandi.
44. Da Silva, Jaqueline Cardoso, húsmóðir í Garðabæ, f. 5. janúar 1967 í Brasilíu.
45. Somphakdee, Pornsawan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. desember 1962 í Tælandi.
46. Tangolamus, Josephine C., húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júní 1970 á Filippseyjum.
47. Tong, Lu Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 16. febrúar 1961 í Kína.
48. Vosicky, Peter Radovan Jan, leiðbeinandi í Reykjavík, f. 8. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
49. Wang, Huasheng, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 30. júní 1951 í Kína.
50. Wongsunant, Lamiad, þerna í Reykjavík, f. 10 ágúst 1953 í Tælandi.
51. Wood, Patricia Ann, húsmóðir á Akureyri, f. 7. janúar 1933 í Skotlandi.
52. Yu, Kim Feng, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 23. apríl 1965 í Kína.
53. Ywrée, Cheg Wushueng, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. mars 1930 í Kína.

367. Frumvarp til laga [240. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964.

Frá umhverfisnefnd.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn eiga sæti fimm menn: vegamálastjóri, forstjóri Siglingastofnunar og þrír menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, einn eftir tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu forsætisráðherra og einn án tilnefningar. Varamenn hinna þriggja síðasttöldu skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. gildandi skipulagslaga eiga húsameistari ríkisins og vita- og hafnamálastjóri lögbundinn seturétt í skipulagsstjórn ríkisins. Embætti húsameistara ríkisins verður lagt niður frá og með 1. janúar 1997. Embætti vita- og hafnamálastjóra og siglingamálastjóra sameinuðust í embætti forstjóra Siglingastofnunar fyrr á þessu ári í samræmi við breytt lög. Því er nauðsynlegt að breyta þessu lagaákvæði þannig að í stað vita- og hafnamálastjóra komi forstjóri Siglingastofnunar og í stað húsameistara ríkisins skipi ráðherra einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu forsætisráðherra, en málefni húsameistara ríkisins heyra undir hann. Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða.

Þess má geta að í frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er m.a. lagt til að skipulagsstjórn verði lögð niður. Er hér um að ræða bráðabirgðaráðstöfun sem gripið er til vegna þeirra aðstæðna sem skapast hafa við breytingar á embætti húsameistara ríkisins og vita- og hafnamálastjóra.

368. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin fjallaði um málið og fékk fjölmarga aðila til fundar við sig. Umsagnir bárust frá ýmsum aðilum, þar á meðal fagnefndum Alþingis. Þessara aðila er getið í áliti meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpið markar stefnu stjórnvalda í fjölmörgum málaflokkum sem endurspeglast jafnframt í fjárlagafrumvarpinu. Vinnuheiti frumvarpsins er „bandormurinn“ þar sem breytt er ákvæðum fjölmargra laga. Minni hluti nefndarinnar leggst gegn frumvarpinu, svo og flestum breytingartillögum meiri hlutans. Sú stefna, sem þar birtist, er röng í grundvallaratriðum.

Skerðing á framlögum til menningarbygginga.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögbundinn tekjustofn Þjóðarbókhlöðu og menningarbygginga skertur. Árið 1989 voru sett lög um að fjármagna byggingu Þjóðarbókhlöðu og standa straum af kostnaði við endurbætur menningarbygginga. Lagður var á sérstakur eignarskattur og myndaður sjóður sem undanfarin ár hefur sífellt verið skertur.

Þannig er gert ráð fyrir að á næsta ári verði teknar af þessum tekjustofni 150 millj. kr. sem renna í ríkissjóð. Minni hlutinn telur eðlilegra að þessum tekjum verði varið til uppbyggingar í menningarmálum, en þar er af mörgu að taka. Þau mál hafa verið afskipt af hálfu núverandi ríkisstjórnar og endurspeglast það í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár og í fjárlögum þessa árs.

Fallskattur Björns Bjarnasonar.

Önnur grein frumvarpsins er mjög alvarleg atlaga að grundvallaratriðum í menntakerfi okkar. Í þeirri lagagrein er kveðið á um sérstakt innritunargjald fyrir nemendur sem endurinnritast í bekk eða áfanga í framhaldsskólum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárhæð gjaldsins verði 1.500 kr. Í breytingartillögum meiri hlutans er lagt til að gjaldið verði 500 kr. á hverja einingu sem ólokið er frá síðustu önn, en að mati ráðuneytisins er gert ráð fyrir sömu tekjum og áður.

Minni hlutinn lýsir sig algerlega andvígan slíkum skatti á nemendur sem einhverra hluta vegna verða að endurtaka áfanga eða bekk í framhaldsskólum. Í þessari löggjöf er ekki tekið tillit til sérstakra aðstæðna sem geta komið upp hjá einstaklingum sem stunda nám í framhaldsskólum. Þetta getur hrakið nemendur frá námi og virkar einnig sem fjandsamlegt viðhorf skóla og ríkisvalds gagnvart nemendum framhaldsskóla.

Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar minni hlutans um hvernig fallskatturinn yrði útfærður, t.d. í bekkjakerfi, fengust engin viðhlítandi svör. Þetta sýnir vel hversu illa málið er undirbúið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í áliti minni hluta menntamálanefndar segir m.a.: „Ef um skipulagsvanda í einstaka skólum er að ræða telja undirritaðar að taka eigi á honum með viðeigandi hætti en ekki að láta nemendur greiða viðbótargjöld. Aukin ráðgjöf og eftirlit væri mun virkari leið til skilvirkara skólastarfs. Þá er líklegt að þetta gjald auki enn frekar á brottfall nemenda, ekki síst þeirra sem erfiðast eiga uppdráttar í skólunum og koma frá efnalitlum heimilum. Þessum hópi er hvorki boðið nám við hæfi, atvinna né atvinnuleysisbætur."

Í breytingartillögum meiri hlutans er bætt við heimild til álagningar innritunargjalda, þ.e. að heimilt verði að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Hér er enn og aftur verið að þrengja að nemendum í framhaldsskólum.

Minni hlutinn er andvígur menntastefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist á skýran hátt í þessu ákvæði frumvarpsins, þ.e. að skólanemendur skuli greiða meira fyrir nám sitt jafnframt því sem framlög hins opinbera til skólamála eru skert. Minni hlutinn telur að eitt alvarlegasta vandamálið í íslensku þjóðfélagi sé skortur á stefnu og auknum fjármunum til menntamála. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur framar öðru einkennst af því að sýna menntamálum lítilsvirðingu. Með því hafa ekki einungis kosningaloforð þeirra flokka sem mynda ríkisstjórnina verið svikin heldur er einnig stuðlað að rýrnun lífskjara þegar fram líða stundir.

Skerðingar á framlögum til málefna fatlaðra.

Í frumvarpinu eru framlög til málefna fatlaðra skert, þ.e. til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að ná af þessum sjóði 268 millj. kr. og er reitt hátt til höggs gagnvart þeim einstaklingum sem hvað erfiðast eiga með að bera hönd fyrir höfuð sér.

Hér er enn og aftur verið að skerða markaðan tekjustofn og má benda á að framlag er lækkað um tæpar 100 millj. kr. frá síðasta ári. Þótt framlag komi þar á móti í fjárlögum er ljóst að ríkisstjórnin heldur áfram uppteknum hætti, að skerða markaða tekjustofna í þessum mikilvæga málaflokki.

Í minnihlutaáliti félagsmálanefndar segir m.a.: „Þegar lögfest var heimild Framkvæmdasjóðs til að veita framlag til nýrra viðfangsefna á rekstrarsviði, svo sem til liðveislu og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra, var það gert með þeim formerkjum að erfðafjárskattur rynni óskiptur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þarna var um mjög mikilvæg stuðningsúrræði að ræða, til þess fallin að minnka þörf fyrir stofnanir eins og verndaða vinnustaði og skammtímavistanir."

Einnig segir í álitinu: „Minni hlutinn bendir jafnframt á að skv. 39. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er fimm ára átak í gangi varðandi byggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Engar upplýsingar er að finna um fimmtu og síðustu greiðslu til þessarar uppbyggingar fyrir geðfatlaða sem Alþingi ákvað fyrir fimm árum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 var sérstaklega tilgreind 20 millj. kr. fjárveiting úr ríkissjóði og að hún væri sú fjórða af fimm."

Óskynsamlegar breytingar í starfsmenntun.

Í frumvarpinu eru gerðar mjög varhugaverðar breytingar á starfsmenntun í atvinnulífinu. Þannig er ákveðið að starfsmenntun fari fram með framlögum úr Atvinnuleysistryggingasjóði í stað þess að veitt sé fé til þessa málaflokks sérstaklega á fjárlögum. Aðilar vinnumarkaðarins hafa mótmælt þessari útfærslu ríkisstjórnarinnar en þrátt fyrir það hefur meiri hlutinn ekki fallist á neinar efnisbreytingar á þessum lið.

Í áliti minni hluta félagsmálanefndar segir m.a.: „Starfsmenntun í atvinnulífinu byggist ekki á skólaskyldu heldur því að fyrirtæki, stofnanir, starfsfólk og stéttarfélög telji að um raunhæft og gagnlegt nám sé að ræða. Starfsmenntun á að vera tiltæk og aðgengileg hvenær sem er, hvar sem er og fyrir hvern sem er. Í samræmi við markmið laganna hefur starfsmenntaráð lagt áherslu á að verkefni sem hljóta styrk feli í sér nýjungar og framþróun í starfmenntun og treysti stöðu þeirra hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði sökum lítillar eða engrar starfsmenntunar. Minni hlutinn hvetur til þess að fallið verði frá þessum áformum og bendir á að bæði Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið leggjast gegn því að setja Starfsmenntasjóð undir Atvinnuleysistryggingasjóð."

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er mjög alvarlegs eðlis þar sem með því er einnig lokað leið til að styrkja atvinnuþátttöku kvenna sem var gert úr sérstökum sjóði í félagsmálaráðuneytinu. Sú útfærsla hefur reynst vel að mati þeirra sem að því máli hafa komið. Með frumvarpinu er óvíst um framkvæmd þessa mikilvæga málaflokks.

Minni hlutinn bendir á að margvísleg sóknarfæri eru fólgin í því að auka atvinnuþátttöku kvenna og víða í nágrannalöndunum er mest sókn í litlum fyrirtækjum sem er stýrt af konum. Slík fyrirtæki standa mjög víða undir hagvexti. Í stað þess að þrengja að þessum málaflokki hefði átt að efla starfsemina enn frekar enda skilar hún því margfalt til baka til þjóðarbúsins.

„Blankótékki" handa heilbrigðisráðherra.

Sérstakur kafli er í frumvarpinu um heilbrigðisþjónustu. Þær greinar varða fjárlögin ekki nema að litlu leyti en eru settar inn í bandorminn til að fá auknar heimildir fyrir heilbrigðisráðherra til að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna að eigin geðþótta. Þannig er í frumvarpinu heimilað að sameina stofnanir og breyta skiptingu heilsugæsluumdæma og starfssvæða heilsugæslustöðva og ráðherra verður heimilt að setja með reglugerð ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, svo og ákveða sameiningu sjúkrastofnana. Það er ljóst af þessu að hér er um mjög víðtækar heimildir að ræða.

Ef ríkisstjórnin vill endurskipulagningu í heilbrigðisþjónustu hefði hún átt að flytja um það sérstakt frumvarp og láta stefnumörkun sína koma þar skýrt fram í stað þess að smygla ákvæðum þess efnis inn í bandormsfrumvarp við afgreiðslu fjárlaga.

Í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar segir m.a.: „Vinnuaðferð ríkisstjórnarinnar endurspeglar því augljóslega að hún óttast umræðu um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það segir sína sögu um eðli þeirra. Sérstök athygli er vakin á því að heilbrigðisþjónustukaflinn sker sig úr að því leyti að ekki er að finna annars staðar viðlíka efnisbreytingar á gildandi lögum í frumvarpinu. Þá er hér er um víðtækt framsal að ræða til ráðherra."

Ekki hafa verið lagðar fram í nefndinni upplýsingar um skiptingu á þeim sparnaði sem fyrirhugað er að ná fram með þessum breytingum, en í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að með þessum greinum sé ráðgert að spara 160 millj. kr. á næsta ári. Vitaskuld er mjög mikilvægt að sjá hvar niðurskurðarhnífnum er beitt og munu þær upplýsingar væntanlega liggja fyrir við 3. umræðu málsins.

Ýmis ákvæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leggja á sérstakt áfrýjunargjald hjá Samkeppnisstofnun. Minni hlutinn og stjórnarandstaðan gagnrýndu harðlega þennan þátt og töldu hann brjóta í bága við almennar réttarreglur og hindra eðlilega málsmeðferð. Meiri hlutinn hefur fallist á þessi sjónarmið og fellt greinina niður og ber að fagna því.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þ.e. svokallað refaákvæði, en lagt er til að felldar verði niður greiðslur ríkisins fyrir refaveiðar. Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um þetta mál og bendir á að kanna þarf málið mun betur áður en kveðið er á um á afgerandi hátt hvernig þátttaka ríkisins verður í kostnaði af eyðingu refs. Þessi sjónarmið koma einnig fram í minnihlutaálitum umhverfisnefndar. Meiri hlutinn ætlar að fjalla betur um þetta mál milli 2. og 3. umræðu þannig að búast má við að breytingartillaga komi fram við þennan lið við 3. umræðu. Þetta sýnir enn og aftur hversu illa málið er undirbúið fyrir 2. umræðu.

Minni hlutinn hefur óskað eftir að fá að vita nánar um áform ríkisstjórnarinnar að mæta hugsanlegri þenslu í þjóðarbúskapnum í kjölfar álvers- og virkjunarframkvæmda, en slíkar upplýsingar hafa ekki enn verið lagðar fyrir nefndina. Í frumvarpinu er t.d. gert ráð fyrir að skerða markaðar tekjur til vegagerðar um 856 millj. kr. á næsta ári. Að mati minni hlutans er ámælisvert að afgreiða frumvarpið til 2. umræðu meðan svo margir þættir málsins er óljósir. Augljóst er af efni málsins að það hefði þurft að vinna betur og skýrari stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar hefði þurft að liggja fyrir miklu fyrr.

Upplýst var í nefndinni að af hálfu meiri hlutans væri í undirbúningi frumvarp um breytingar á nokkrum lögum til viðbótar sem tengjast afgreiðslu fjárlaga. Þetta frumvarp, sem enn er í smíðum, gengur undir vinnuheitinu skröltormur. Þessi ríkisstjórn hefur lagt fram bæði bandorm og skröltorm á sínum tveimur fyrstu þingum og er það dæmi um léleg vinnubrögð gagnvart löggjafarvaldinu.

Hækkun greiðslna úr almannatryggingakerfinu miðist við launabreytingar.

Minni hlutinn mun við afgreiðslu „skröltormsins" leggja fram breytingartillögu um að hækkun atvinnuleysisbóta, ellilífeyris og bóta úr almannatryggingakerfinu miðist við launabreytingar eins og áður.

Ríkisstjórnin breytti því ákvæði í fyrra og þá sóru talsmenn ríkisstjórnarinnar og sárt við lögðu að alls ekki stæði til að skerða bæturnar. Um tæknilega breytingu væri að ræða. Nú er gert ráð fyrir að ellilífeyrir, atvinnuleysisbætur og aðrar bætur almannatryggingakerfisins hækki um 2% á næsta ári. Ekki er vitað hvernig laun munu hækka þá, en líklegt er að sú hækkun verði meiri en 2% og þá standa m.a. örorku- og ellilífeyrisþegar eftir með sárt ennið og hafa minna úr að spila en áður.

Minni hlutinn telur þetta vera óhæfu gagnvart því fólki sem lagt hefur hvað mest til okkar þjóðfélags á undanförnum áratugum og mun því flytja sérstaka tillögu um að hækkun greiðslna úr almannatryggingakerfinu miðist við launabreytingar innan ársins. Minni hlutinn telur að sú atlaga að örorku- og ellilífeyrisþegum, sem gerð var af hálfu ríkisstjórnarinnar í fyrra, sé til skammar og mun reyna af alefli að knýja þar á um breytingar.

Lokaorð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að náð verði sparnaði í útgjöldum ríkisins á ýmsum mörkuðum tekjustofnum að fjárhæð 1,6 milljarðar kr. Margir af þessum sparnaðarþáttum orka tvímælis, en fyrir utan sérstakan niðurskurð í samgöngumálum eru það einkum málaflokkar á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála sem verða fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Minni hlutinn er andvígur þessari stefnumörkun ríkisstjórnarinnar.

Með nefndarálitinu fylgja álit minni hluta einstakra þingnefnda en efnahags- og viðskiptanefnd vísaði einstökum málaflokkum til annarra nefnda. Í þessum minnihlutaálitum kemur stefna minni hlutans og stjórnarandstöðunnar skýrt fram varðandi einstaka þætti. Fjölmargar ábendingar eru í þessum álitum sem reynt var að fá meiri hlutann til að fallast á, en án árangurs.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 14. des. 1996.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Ásta B. Þorsteinsdóttir.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala með nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar í þskj. 328:

I. Umsögn minni hluta menntamálanefndar.
II. Umsögn minni hluta félagsmálanefndar.
III. Umsögn minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.
IV. Umsögn 1. minni hluta umhverfisnefndar.
V. Umsögn 2. minni hluta umhverfisnefndar.

369. Breytingartillögur [57. mál]

við frv. til l. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar (ÁRÁ, EOK, StG, GHall, HjÁ).

1. Við 5. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

370. Frumvarp til laga [241. mál]

um breyting á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990 (starfsþjálfun guðfræðikandídata).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. málsl. 3. tölul. 16. gr. laganna orðast svo: Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en tvo mánuði undir eftirliti prófasts.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpinu árið 1989 sagði um 3. tölul. 16. gr. að starfsþjálfun guðfræðikandídata væri nýmæli. Oft hefðu kirkjunnar menn bent á nauðsyn slíkrar starfsþjálfunar og þessu máli hefði m.a. verið hreyft á kirkjuþingi. Eftir sem áður væri ráð fyrir því gert að guðfræðinemar hlytu fræðslu í kennimannlegri guðfræði við guð-

fræðideild Háskóla Íslands. Talið var að lágmarkstími starfsþjálfunar þyrfti að vera fjórir mánuðir. Nánari ákvæði skyldi setja í reglugerð.

Á grundvelli framangreinds 3. tölul. 16. gr. setti kirkjumálaráðherra reglugerð nr. 89/1991 12. febrúar 1991. Þar er tekið fram að þjálfunartími skuli vera fjórir mánuðir og að öðru leyti kveðið á um í hverju starfsþjálfunin skuli vera fólgin, hvernig hún skuli skipulögð o.fl.

Í ljós hefur komið að kostnaður við starfsþjálfun eins guðfræðikandídats í fjóra mánuði nemur nærri 500 þús. kr., og er þar um að ræða greiðslur til kandídatsins og þeirra presta sem hann er í starfsþjálfun hjá.

Í október 1995 var skipuð nefnd til að endurskoða starfsþjálfunina og gera tillögur um nýja skipan. Nefndin hefur ekki lokið störfum. Hún telur starfsþjálfunina hafa verið mikið framfaraspor á sínum tíma, en í ljós hafi komið ýmsir vankantar. Vegna verulegrar fjölgunar kandídata og þröngs peningaramma hefur nefndin lagt til að þjálfunartíminn verði styttur um helming uns framtíðarskipan hefur verið ákvörðuð.

Á nýafstöðnu kirkjuþingi flutti kirkjuráð tillögu þess efnis að starfsþjálfun guðfræðikandídata skuli vera tveir mánuðir í stað fjögurra þar til endurskoðun verði lokið og nýrri skipan komið á. Var tillagan samþykkt á kirkjuþingi og erindi sent kirkjumálaráðherra um að hann beiti sér fyrir nauðsynlegri lagabreytingu til þess að svo geti orðið.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að til að hljóta vígslu skuli kandídat hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en fjóra mánuði undir eftirliti prófasts. Í frumvarpinu er lagt til að stytta þann tíma um tvo mánuði. Gera má ráð fyrir að útgjöld minnki um helming en kostnaður fyrir hvern kandídat er nú 400–500 þús. kr. og fara heildarútgjöld eftir fjölda kandídata hverju sinni. Kostnaður vegna þessa er greiddur úr kirkjumálasjóði og hefur væntanlegur sparnaður því ekki áhrif á ríkissjóð.

371. Frumvarp til laga [242. mál]

um Póstminjasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Póstminjasafn Íslands er sjálfstæð vörslustofnun frímerkja og annarra póstminja í eigu íslenska ríkisins. Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn safnsins.

Heimilisfang þess er í Reykjavík.

Samgönguráðherra setur eða skipar forstöðumann safnsins að fenginni tillögu safnráðs. Forstöðumaður, sem skal vera sérfróður á sviði frímerkjafræða og póstsögu, annast daglegan rekstur safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.

2. gr.

Safnráð Póstminjasafns Íslands hefur yfirumsjón með rekstri safnsins. Safnráð markar safninu stefnu, hefur umsjón með gerð rekstraráætlunar þess og framkvæmd hennar og annast önnur verkefni sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum. Leita skal tillagna ráðsins um allar meiri háttar ákvarðanir sem safnið varðar.

Samgönguráðherra skipar sex menn í safnráð til þriggja ára í senn sem hér segir: Tveir ráðsmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar þeirrar stofnunar eða lögaðila, sem veitt hefur verið umboð eða heimild til þess að fara með einkarétt ríkisins til frímerkjaútgáfu samkvæmt ákvæðum 12. gr., sbr. 8. gr. laga um póstþjónustu, einn ráðsmaður samkvæmt tilnefningu Landssamband íslenskra frímerkjasafnara, einn samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Póst- og fjarskiptastofnunar og einn ráðsmann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Safnráð heldur fundi þegar þurfa þykir. Halda skal gerðabók um störf safnráðs. Ráðsmenn eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um sérstöðu við afgreiðslu mála. Afl atkvæða ræður úrslitum við ákvarðanir ráðsins, en verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Forstöðumaður hefur rétt til setu á safnráðsfundum með málfrelsi og tillögurétt.

3. gr.

Hlutverk Póstminjasafns Íslands er að annast skipulega söfnun, skráningu og varðveislu íslenskra frímerkja svo og hvers konar gagna er veita upplýsingar um hönnun þeirra og gerð, tilefni útgáfu þeirra og notkun, enn fremur annars búnaðar og tækja sem notuð hafa verið við póstþjónustu hér á landi, hafa sögulegt gildi og varpa ljósi á þróun póstmála.

Hlutverki sínu skal safnið meðal annars gegna á eftirfarandi hátt:

1. Að heimta inn, skrásetja, búa um á skipulegan hátt og færa í örugga og varanlega vörslu a.m.k. 400 eintök af hverju íslensku frímerki sem út verður gefið eftir gildistöku laganna. Sama eintakafjölda ber safninu að heimta inn við hverja endurprentun frímerkis, þegar um það er að ræða.
2. Að heimta inn og halda til haga hæfilegu magni nýrra útgefinna frímerkja sem safnráð telur nauðsynlegt að safnið hafi til sérstakra nota, svo sem vegna sýninga eða annarar ráðstöfunar sem safnið telur eðlilega og í samræmi við hutverk og tilgang safnins.
3. Að sjá um varðveislu og eflingu Hans Hals safnsins sem nú er í vörslu Póst- og símamálastofnunar í Landssímahúsi.
4. Að hafa umsjón með því að samningar við erlend póstmálayfirvöld um gagnkvæm skipti útgefinna frímerkja séu efndir, og að sjá um skipulega skráningu, umbúnað og vörslu þeirra frímerkja sem safnið eignast vegna þessara skipta.
5. Með skipulegri söfnun og varðveislu annarra sögulegra verðmæta, tengdra póstþjónustu og -starfsemi.

Við þá breytingu, sem verður á póst- og fjarskiptastarfsemi og -þjónustu við gildistöku laga nr. 103/1996, tekur Póstminjasafn Íslands við rekstri og vörslu þeirra póstminja og frímerkjasafna sem nú eru í vörslu Póst- og símamálastofnunar í Landssímahúsinu í Reykjavík og að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Póstminjar þessar og frímerkjasaöfn eru stofnverðmæti safnsins.

4. gr.

Póstminjasafn Íslands skal vera upplýsinga- og fræðslustofnun á sviði frímerkjafræða og póstsögu. Því markmiði skal m.a. náð með föstum sýningum í húsakynnum safnsins svo og með hvers konar kynningu á eigum safnsins og starfsemi þess.

Safnið skal opið almenningi á auglýstum tíma.

Safnið og starfsemi þess skal sérstaklega kynnt nemendum skóla í samráði við skólayfirvöld, ýmist í húsakynnum safnsins eða í skólunum.

5. gr.

Frímerki þau, sem Póstminjasafn Íslands eignast skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna, og sambærileg merki, sem safnið tekur við skv. 3. mgr. sömu greinar, skulu ævinlega vera eign safnsins. Þeim ber að koma í örugga geymslu í fjárhirslum Seðlabanka Íslands jafnskjótt og safnið hefur fengið formlega vörslu þeirra.

Hans Hals safnið má ekki selja frá safninu án breytingar laga þessara.

6. gr.

Safnráð tekur ákvarðanir um kaup frímerkja og annarra póstminja til safnsins eftir því sem fjárhagur þess leyfir hverju sinni.

Ekki er safninu skylt að þiggja minjagripi að gjöf ef kvaðir fylgja.

7. gr.

Kostnaður af rekstri Póstminjasafns Íslands greiðist af þeim póstrekanda sem fer með einkarétt ríkisins til frímerkjaútgáfu skv. 12. gr., sbr. 8. gr. laga um póstþjónustu.

8. gr.

Samgönguráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Í þeim reglum má m.a. kveða nánar á um starfshætti safnsins, vörslu muna og önnur atriði varðandi starfsemi þess.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Póst- og símamálastofnun opnaði í janúarmánuði 1987 póst- og símaminjasafn í gömlu símstöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Safnið geymir mikið úrval fjölbreytilegra muna og tækja og hvers konar búnaðar úr langri sögu póst- og símaþjónustunnar á Íslandi. Safninu stýrir þriggja manna stjórn, en safnvörður hefur daglega umsjón og vörslu þess. Safnið er opið almenningi til sýnis og er aðgangur ókeypis. Póst- og símamálastofnunin hefur kostað stofnun og rekstur safnsins til þessa.

Í annan stað er í vörslu Póst- og símamálastofnunarinnar í Landssímahúsinu í Reykjavík safn frímerkja og annarra póstminja, svo sem póststimpla og annarra muna, prentmóta gamalla frímerkja, skissna og teikninga og annarra minja um hönnun og gerð frímerkja. Frímerkjum þeim eða söfnum frímerkja, sem þar eru varðveitt, má skipta í fjóra flokka:

1. Eintök eða sýnishorn allra íslenskra frímerkja sem út hafa verið gefin af póstmálayfirvöldum. Í þennan flokk frímerkjasafnsins bætast 400 eintök, þ.e. fjórar eða eftir atvikum átta heilar arkir, af hverju nýju frímerki sem gefið verður út. Frímerkjum þessum er veittur sá umbúnaður að arkirnar eru lagðar í rauðleitar bréfamöppur, en möppurnar varðveittar í sérstökum skjalaskápum í eldtraustu herbergi. Að ráði Ríkisendurskoðunar verður ekki í hirslur þessar komist nema fyrir sameiginlegan atbeina þriggja starfsmanna stofnunarinnar í trúnaðarstöðum, hvers með sinn lykil að hirslunum. Frímerkin í þessum flokki má ekki láta af hendi og þau verður að varðveita í vatnsheldum og eldtraustum hirslum þar sem aðgengi verður að vera jafntryggt og um seðla, mynt og gullforða seðlabanka væri að ræða.

   Í þessu sambandi þykir rétt að vekja athygli á þeirri staðreynd að Alþingishátíðarmerkin 1930 voru ekki gefin út af íslensku póstmálastjórninni heldur þvert á vilja og gegn mótmælum þáverandi póstmeistara. Sem slík eru frímerkin því ekki í þessum flokki frímerkjasafnsins. Þessi útgáfa var í sjálfu sér hreint slys, víti sem verður að vera til varnaðar við frímerkjaútgáfu um alla framtíð. Því má vera að nauðsyn sé að gera sérstaklega grein fyrir aðdragandanum að þessari frímerkjaútgáfu, hvernig hún var framkvæmd og andvaraleysi ráðamanna um þær afleiðingar sem frávikin óhjákvæmilega hlutu að hafa og höfðu.
2. Í öðrum flokki eru sams konar frímerki og í fyrsta flokki. Póstmálayfirvöld hafa auk merkjanna 400 haldið til haga nokkru magni frímerkja til þess að ráðstafa til frímerkjaskipta eða af öðru sérstöku tilefni.

   Frímerki þessi eru varðveitt í gráum möppum og með sama hætti og merkin í fyrsta flokki. Úr þessu safni hafa verið lánuð frímerki, m.a. til sýninga. Enda þótt gera verði mjög stranga kröfu um varðveislu þessa hluta póstminjanna að því er umbúnað og aðgengi varðar, verður í sjálfu sér ekki talin jafnbrýn þörf tryggari geymslu eða persónulegri vörslu en þeirri sem nú er. Núverandi hirsla er, eins og áður segir, í eldtraustri geymslu á efstu hæð Landssímahússins. Hún er í beinni fluglínu að og frá Reykjavíkurflugvelli.
3. Í þriðja flokki frímerkja, sem varðveitt eru í póstminjageymslunni í Landssímahúsinu, er eitt hið merkilegasta safn íslenskra frímerkja úr einkaeigu og kennt við safnanda og fyrri eiganda, sænska auðmanninn Hans Hals, en safn þetta var keypt eftir lát hans og var á þeim tíma talið jafnvirði eins Svíþjóðarbátanna sem þá var í óða önn verið að flytja til landsins. Þetta safn er allt hið merkilegasta og við það er unnt að auka með frímerkjum jafnóðum og út eru gefin og í eintakafjölda og uppsetningu á þann hátt er safnarar helst telja eftirsóknarverðan. Varsla þess ætti að vera með sama hætti og lagt er til um vörslu á merkjum í fyrsta flokki hér að framan. Þó mætti gera þau frávik frá því sem gildir um merkin í fyrsta flokki að lána mætti úr safninu til sýninga, enda væri varsla þeirra tryggð meðan á sýningu stendur og flutningi safnsins eða hluta þess vegna hennar og nægilega há fjártrygging sett fyrir skaða og skilum.

4. Í fjórða flokknum eru erlend frímerki sem fengist hafa í skiptum fyrir íslensk við útgáfu þeirra. Póstmálastjórnir hátt á annað hundrað landa eða ríkja hafa bundist samningum um gagnkvæm skipti allra frímerkja sem út eru gefin í þessum löndum þannig að í hvert sinn, er frímerki er gefið út í einhverju þátttökuríkjanna, eru þrjú eintök þess send til allra hinna. Þessum merkjum hefur verið haldið til haga á skipulegan hátt. Hér er auðvitað matsatriði hvort nauðsynlegt sé um aldur og ævi að varðveita söfn slíkra merkja í þremur eintökum. Ekki eru sömu rök fyrir nauðsyn jafntryggrar hirslu og vörslu þessara merkja eða safna og þeirra sem í fyrsta flokki voru talin.

Auk framangreindra póst- og símaminja hefur Póst- og símamálastofnun í tilefni 90 ára afmælisins keypt aftur gömlu loftskeytastöðvarbygginguna á Melunum af Háskóla Íslands og hafa þessar tvær stofananir ákveðið að stofna til samstarfsverkefnis um rekstur minjasafns fjarskipta á Íslandi með aðaláherslu á sögu loftskeyta og ritsíma, og rekstur þjálfunar- og rannsóknarstöðvar í nútímafjarskiptatækni sem notuð verður við kennslu í fjarskiptum fyrir nemendur Háskólans og tæknimenn Póst- og símamálastofnunar. Póst- og símamálastofnuninni er það metnaðarmál að til sé gott símasafn. Núverandi safn póst- og símaminja í gömlu símstöðinni í Hafnarfirði er of lítið fyrir bæði söfnin. Markmiðið er að gera safnið á Melunum að fullkomnasta símasögusafni landsins. Skipulagsskrá fyrir samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Póst- og símamálastofnunar var undirrituð á 90 ára afmælinu.

Um næstu áramót tekur Póstur og sími hf. við rekstri póst- og símaþjónustu af Póst- og símamálastofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 103/1996. Jafnframt tekur hlutafélagið við skuldbindingum og eignum sem rekstrinum eru nauðsynlegar, en hins vegar ekki stjórnsýslustarfsemi stofnunarinnar.

Framangreind póst- og símaminjasöfn eru ekki nauðsynleg rekstri hlutafélagsins en hafa, auk gífurlegs verðmætis frímerkjasafnanna, ómetanlegt minjagildi og skylt er að varðveita þau sem þjóðareign.

Jafnvel þótt hlutafélaginu væri um sinn falin umsjá og varsla minjasafna þessara, alfarið eða að hluta, er eðlilegt nú þegar að kveða á um það með sérstakri löggjöf að minjasöfnin séu og verði eign íslenska ríkisins eða sérstakrar stofnunar í eigu ríkisins og þeim verði ekki ráðstafað af hlutafélaginu, hvorki með sölu, veðsetningu ellegar með gjöf, né heldur geti skuldheimtumenn hlutafélagsins nokkurn tíma gengið að eignum þessum vegna skuldbindinga félagsins.

Því þarf að lögfesta skipulag safnanna svo og rekstrar- og eignarform, þar á meðal hvort skipta eigi söfnunum upp í tvö eða fleiri eða reka sem eina einingu. Samstarfssamningurinn við Háskólann gefur til kynna að við gerð hans hafi verið gengið út frá því að minjasafn það og rannsóknarstofnun, sem fyrirhuguð eru, verði sjálfstæð stofnun og ekki í tengslum við safnið í Hafnarfirði sem þá verði eingöngu póstminjasafn.

Þá er til þess að líta að saga póstmála og minja tengdra henni er eldri og hefur verið haldið til haga um lengri tíma, og jafnframt þess að Póst- og símamálastofnun og Háskóli Íslands hafa gert með sér sérstaka skipulagsskrá um samstarfsverkefni næstu tíu ár þar sem tilgangur samstarfsverkefnisins og hlutverk með skipulagsskránni er að koma upp og styðja rekstur minjasafns um sögu fjarskiptamála.

Í því skyni hefur Póst- og símamálastofnun skuldbundið sig til þess að leggja verkefninu til tækjabúnað sem tengist sögu símamála á Íslandi frá upphafi, allt til nýjustu símatækni, auk stofnkostnaðar til þess að gera safnbúnað aðgengilegan almenningi.

Þá hefur Póst- og símamálastofnun skuldbundið sig til að tryggja samstarfsverkefninu tekjur með árlegum fjárframlögum næstu tíu ár.

Gamla símstöðvarhúsið í Hafnarfirði hefur ekki slíkar geymslur að forsvaranlegt væri að geyma þar frímerkjasafn það, sem nú er geymt í Landssímahúsinu, auk þess sem nauðsyn væri stöðugrar gæslu öryggisvarða allan sólarhringinn, þótt forsvaranlegar hirslur væru í húsinu til að forða vá af völdum vatns eða elds. Í raun þyrfti því hluti frímerkjasafnsins að varðveitast í hirslum Seðlabankans með aðgengi fyrir stjórnendur safnsins fyrir meðalgöngu sömu starfsmanna Seðlabankans og varðveita peninga- og gullforða bankans.

Þrátt fyrir kröfu um sérstaka og jafnvel lögboðna vörslu frímerkjanna kemur auðvitað vel til greina að frímerkjasöfnin og aðrar póstminjar lúti einni stjórn. Nú mæla ýmis rök með því að önnur stjórn fari með málefni minjasafna og rannsóknargagna fjarskipta, sbr. það sem að framan var greint um samstarfsverkefni Póst- og símamálastofnunar og Háskóla Íslands. Einnig má geta þess að æðsti stjórnandi Póst- og símamálastofnunar hefur að jafnaði verið valinn með hliðsjón af tæknilegri menntun og kunnáttu á tækni- og fjarskiptasviði. Meiri áhersla hefur því eðlilega verið lögð á þróun, framfarir og vöxt á sviði fjarskipta en á sviði póstmála, auk þess sem framfarirnar og vöxturinn á fjarskiptasviðinu hafa dregið úr umsvifum póstsins og þörf.

Engu síður er full þörf aukinna umsvifa póstsins með aukinni samkeppni. Minjasöfn og sérstakar sýningar póstminja, upplýsingar á interneti, bæklingar um frímerkjaútgáfu og sýningar á frímerkjum væru mjög til þess fallnar að vekja áhuga innlendra og erlendra frímerkjasafnara á íslenskum frímerkjum (og gæti orðið til verulegs tekjuauka fyrir þann aðila sem veitt verður umboð til þess að fara með einkarétt ríkisins (koncession) til frímerkjaútgáfu). Raunhæft er að leggja þá kvöð á þann sem fer með útgáfuréttinn að hann kosti rekstur póstminjasafnsins eða a.m.k. vörslu frímerkjasafnsins auk afhendingarskyldu, innheimtu, móttöku og skipulags nýrra frímerkjasafna samkvæmt því sem um var rætt í sambandi við frímerkjasafnið í liðum 1–4 hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um tilurð sjálfstæðrar vörslustofnunar póstminja í eigu ríkisins er lúti samgönguráðuneytinu í stjórnsýslunni, en að sérfróður forstöðumaður annist daglegan rekstur og fyrirsvar.

Um 2. gr.

1. mgr. kveður á um valdsvið og hlutverk safnráðs, en 2. mgr. um skipan þess, en að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um hlutverk safnsins og hvernig því skuli gegnt. 1. mgr. þarfnast ekki sérstakra skýringa, en um 2. mgr. er vísað til almennra athugasemda hér að framan um varðveislu, skrásetningu og umbúnað frímerkjasafna og annarra póstminja sem til varðveislu eru nú á efstu hæð Landssímahússins í Reykjavík, en það safn myndar m.a. stofnverðmæti safnsins skv. 3. mgr.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það að ákveðinn hluti safnsins, þ.e. 400 eintök hvers merkis sem út hefur verið gefið og endurútgefið hingað til, skuli ævinlega verða eign safnsins og varðveitt sem gersemar í fjárhirslum Seðlabanka Íslands, en samráð hefur verið haft við stjórnendur bankans um þá vörslu. Þarna er jafnframt kveðið á um að Hans Hals safnið (sbr. almennar athugasemdir) megi ekki selja frá safninu án lagaheimildar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Kostnaður við safnið, skráningu og varðveislu þeirra frímerkja og annars safnbúnaðar sem tengist íslenskri póstsögu hefur verið greiddur af Póst- og símamálastofnun af tekjum sem fyrst og fremst hafa tengst frímerkjaútgáfunni. Því þykir rétt að kveða á um það í sambandi við samninga þá eða umboð, sem Pósti og síma hf. eða eftir atvikum öðrum óháðum póstrekanda verður veitt til þess að fara með einkarétt ríkisins til útgáfu frímerkja, að sá aðili greiði allan kostnað við rekstur safnsins, svo og nauðsynlegan kostnað við að gera safnbúnað aðgengilegan almenningi.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Póstminjasafn Íslands.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar laga nr. 103/1996 þar sem kveðið er á um að Póst- og símamálastofnun verði gerð að hlutafélagi frá og með 1. janúar 1997 og til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um póstþjónustu. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta skipulag póstminjasafns í eigu ríkisins sem hefur verið í vörslu Póst- og símamálastofnunar og eru í frumvarpinu settar skorður við sölu einstakra hluta safnsins. Lagt er til að stofnað verði Póstminjasafn Íslands sem mun verða upplýsinga- og fræðslustofnun í frímerkjafræðum og póstsögu. Gert er ráð fyrir því að safnið verði opið almenningi á auglýstum tímum og til þess verði ráðinn forstöðumaður. Skv. 7. gr. frumvarpsins mun kostnaður af rekstri safnsins verða greiddur af þeim póstrekanda sem fer með einkarétt ríkisins til frímerkjaútgáfu.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér beinan kostnað fyrir ríkissjóð.

372. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti. Þá komu til fundar frá Samkeppnisstofnun Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs, og Ásgeir Einarsson lögfræðingur, Guðmundur Björnsson aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Pétur Reimarsson, formaður undirbúningsnefndar um stofnun Pósts og síma hf., Jónas Fr. Jónsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Birgir Ármannsson lögfræðingur frá Verslunarráði, Jón Jarl Þormóðsson, Eggert Þormóðsson og Hjörtur Bragi Sverrisson frá Póstdreifingu ehf. og Helgi Jónsson og Maríus Ólafsson frá Interneti á Íslandi hf. Nefndinni bárust umsagnir frá Verslunarráði og Interneti á Íslandi hf.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 6. og 11. gr. sem miða að því að skilgreina nánar skilyrði þau sem Póst- og fjarskiptastofnun setur fyrir veitingu rekstrarleyfis og afskipti stofnunarinnar. Miðað er við að skilyrði fyrir leyfisveitingu skuli ekki einungis vera skýr og að gæta verði jafnræðis meðal umsækjanda og leyfishafa heldur þykir rétt að taka fram að skilyrðin skuli einnig vera hlutlæg, sbr. 1. mgr. 6. gr. Þá er lagt til að í stað þess að miða við að eitt af skilyrðum fyrir rekstrarleyfi geti verið að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í almennri fjarskiptaþjónustu séu háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar verði miðað við að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í alþjónustu verði háðir slíku samþykki, sbr. g-lið 2. mgr. 6. gr. Þá eru lagðar til breytingar á 11. gr. sem miða að því að takmarka afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar við tiltekna þætti sem varða tengingar neytenda við fjarskiptanet og lágmarksbilanaþjónustu. Hér er fyrst og fremst um tæknilegar kröfur að ræða fyrir tengingar og þess háttar.
2. Lagt er til að í 15. gr. verði kveðið sérstaklega á um að jöfnunargjaldið, sem innheimta skal af rekstrarleyfishöfum innan viðkomandi þjónustusviðs skv. VIII. kafla frumvarpsins, verði ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998, og felld verði niður heimild ráðherra í 6. mgr. til að setja nánari fyrirmæli um álagningu gjaldsins.
3. Loks er lagt til að sett verði inn ákvæði svipað 24. gr. gildandi fjarskiptalaga, sbr. 13. gr. laga nr. 99/1996. Hér er hins vegar kveðið á um að notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skuli vera hið sama alls staðar á landinu eigi síðar en 1. júlí 1998 og skuli þá innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

Alþingi, 16. des. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.

373. Breytingartillögur [150. mál]

við frv. til l. um fjarskipti.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

1. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðunum „skilyrði vera“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: hlutlæg.
   b. Í stað orðanna „almennri fjarskiptaþjónustu“ í g-lið 2. mgr. komi: alþjónustu.
2. Við 11. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Rekstrarleyfishafi í alþjónustu eða sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skal semja og birta opinberlega þá skilmála sem gilda um fjarskiptaþjónustu hans. Þar skal mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet, eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu rekstrarleyfishafa að öðru leyti.
   b. Á eftir orðunum „skilmálum sínum“ í 2. mgr. komi: skv. 1. mgr.
   c. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
      1. Fyrri málsliður falli brott.
      2. Í stað orðanna „viðskiptaskilmálum, t.d.“ komi: skilmálum.
3. Við 15. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.
   b. Í stað orðanna „um útreikning rekstrartaps og um álagningu jöfnunargjalds á rekstrarleyfishafa“ í 6. mgr. komi: og um útreikning rekstrartaps.
4. Fyrirsögn XVIII. kafla orðist svo: **Viðurlög o.fl.**
5. Á eftir 38. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skal vera hið sama alls staðar á landinu eigi síðar en 1. júlí 1998 og skal þá innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

374. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti. Þá komu til fundar frá Samkeppnisstofnun Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs, og Ásgeir Einarsson lögfræðingur, Guðmundur Björnsson aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Pétur Reimarsson, formaður undirbúningsnefndar um stofnun Pósts og síma hf., Jónas Fr. Jónsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Birgir Ármannsson lögfræðingur frá Verslunarráði, Jón Jarl Þormóðsson, Eggert Þormóðsson og Hjörtur Bragi Sverrisson frá Póstdreifingu ehf. og Helgi Jónsson og Marius Ólafsson frá Interneti á Íslandi hf. Nefndinni bárust umsagnir frá Samkeppnisstofnun, Verslunarráði og hagdeild Póst- og símamálastofnunar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæði 7. gr., sem kveður á um að notandi fjarskipta- eða póstþjónustu geti beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna reikninga sem gefnir eru út vegna almennrar fjarskiptaþjónustu, verði fellt brott. Þetta er gert með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á frumvarpi til laga um fjarskipti og miða að því að takmarka afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar af þeim hluta fjarskiptaþjónustu sem ekki varðar sérstaklega tæknileg atriði eða skilyrði rekstrarleyfa.
2. Þá er lagt til að þau hæfisskilyrði 8. gr. að aðrir nefndarmenn en formaður og varaformaður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála skuli hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála verði felld brott. Ástæða þessa er að erfitt gæti reynst að finna nægilega marga aðila sem uppfylltu þessi skilyrði án þess að þeir tengdust Pósti og síma með beinum eða óbeinum hætti.

Alþingi, 16. des. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.

375. Breytingartillögur [149. mál]

við frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

1. Við 7. gr. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
2. Við 8. gr. Orðin „en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála“ í 6. málsl. 1. mgr. falli brott.

376. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti. Þá komu til fundar frá Samkeppnisstofnun Guðmundur Sigurðsson, forstöðumaður samkeppnissviðs, og Ásgeir Einarsson lögfræðingur, Guðmundur Björnsson aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Pétur Reimarsson, formaður undirbúningsnefndar um stofnun Pósts og síma hf., Jónas Fr. Jónsson aðstoðarframkvæmdastjóri og Birgir Ármannsson lögfræðingur frá Verslunarráði, Jón Jarl Þormóðsson, Eggert Þormóðsson og Hjörtur Bragi Sverrisson frá Póstdreifingu ehf. og Helgi Jónsson og Maríus Ólafsson frá Interneti á Íslandi hf. Nefndinni bárust umsagnir frá Póstdreifingu ehf. og Verslunarráði.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 6. gr. að miðað verði við að einkaréttur ríkisins til póstmeðferðar verði skilgreindur áfram með sama hætti og gert er í gildandi lögum. Breytingin er lögð til vegna framkominna athugasemda og í ljósi þess að skilgreining frumvarpsins getur falið í sér aukinn rétt ríkisins í þessum efnum. Þá er rétt að taka fram að miðað er við að skilgreining á einkarétti taki síðar mið af skilgreiningu EES-löggjafar á einkarétti á sviði póstþjónustu. Slíkar reglur hafa hins vegar ekki enn verið settar formlega.
2. Þá er lögð til breyting á 13. gr. til samræmis við ákvæði frumvarps til laga um fjarskipti og við það miðað að skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis geti verið önnur en þau sem talin eru upp í ákvæðinu. Með þessu er t.d. leitast við koma í veg fyrir að það skilyrði að bera verði út póst á ákveðnum svæðum með ákveðnu millibili, t.d. fimm sinnum í viku, verði ófrávíkjanleg skylda.

Alþingi, 16. des. 1996.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.	Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.

377. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til l. um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

1. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:
   1. Lokaðra bréfapóstsendinga hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
   2. Annarra lokaðra sendinga sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í pósti, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum.
2. Við 13. gr. Inngangsmálsliður 3. mgr. orðist svo: Skilyrði fyrir leyfisveitingu geta verið eitt eða fleiri þar með talið.

378. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um úttekt á hávaða- og hljóðmengun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta.

Greinargerð.

Hávaði og hljóðmengun af margvíslegu tagi fer vaxandi ár frá ári. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri heldur einnig tónlist og talað orð úr hátölurum á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitinga- og samkomuhúsum, líkamsræktarstöðvum og á útivistarsvæðum ætluðum almenningi. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi, valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan. Því er brýnt að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Hávaði frá tólum og tækjum er röskun sem halda ber í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafn ríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri.

Undanfarið ár hafa orðið miklar umræður um hávaðamengun frá umferð. Talið er að allt að 1.700 íbúðir í Reykjavík séu þannig staðsettar að hávaði við húsvegg sé óleyfilegur og dæmi eru um svo mikinn hávaða í íbúðarhúsnæði að heilu fjölskyldurnar sofa ekki á nóttunni nema með því að taka sterkar svefntöflur.

Yfirvöld eru nú orðin mun meðvitaðri en áður um skaðsemi hljóðmengunar og má í því sambandi nefna að 16. júlí sl. samþykkti borgarráð að veita aukið fé til embættis borgarverkfræðings til að flýta gerð tillagna um hvernig megi bregðast við umferðarhávaða í ýmsum hverfum Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi, en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Telja verður mjög brýnt að gerð verði úttekt á hávaða þannig að unnt sé að leggja grunn að úrbótum. Þar við bætist þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk fyrir hávaða á almannafæri, en í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Um hávaðamengun hefur áður verið fjallað og ályktað á Alþingi. Á 110. löggjafarþingi var samþykkt svohljóðandi þingsályktunartillaga sem flutt var af Ragnari Arnalds og fleiri þingmönnum: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun.“ Í greinargerð með tillögunni var vitnað til blaðagreinar sem Steingrímur G. Kristjánsson ritaði í Morgunblaðið 24. september 1987.

Þann 30. apríl 1992 svaraði forsætisráðherra fyrirspurn á Alþingi um hvað liði samningu frumvarps um þetta efni. Í svarinu kom fram að ekki væri talin þörf á nýrri löggjöf á þessu sviði. Í því sambandi vísaði ráðherra til laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mengunarvarnareglugerðar, nr. 386/1989, með síðari breytingum, sem og heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, með síðari breytingum.

Samkvæmt þessu hefur það verið mat framkvæmdarvaldsins að ekki skorti lagaheimildir til að bregðast við hávaða- og hljóðmengun. Það breytir ekki þeirri staðreynd að í íslenskum rétti er ekki að finna um þetta efni heildarlöggjöf sem kann að vera æskileg til að tryggja betur en nú er réttarstöðu manna gagnvart hávaða- og hljóðmengun og auðvelda um leið framkvæmdarvaldinu aðhald og eftirlit.

Flutningsmenn hafa látið kanna hvar er að finna helstu laga- og reglugerðarákvæði um hávaðamengun (sjá fylgiskjal).

Á þessu stigi er brýnast að aflað verði glöggra upplýsinga um ástand þessara mála hér á landi til að undirbúa aðgerðir og réttarbætur til að verjast óæskilegri og sívaxandi hávaða- og hljóðmengun á almannafæri.

Fylgiskjal.

Helstu reglur sem gilda um hávaðamengun samkvæmt íslenskum rétti.

Í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er að finna skilgreiningu á mengun. Þar kemur fram að til mengunar teljast m.a. óþægindi vegna hvers konar hávaða. Þá kemur einnig fram í lögunum að í heilbrigðisreglugerð skuli vera almenn ákvæði um hávaða, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum. Í lögunum eru einnig fyrirmæli um að setja skuli í mengunarvarnareglugerð ákvæði um hávaða og titring þar sem fram komi viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða með hliðsjón af umhverfinu.

Í 7. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 378/1994, er að finna ákvæði um varnir gegn hávaðamengun. Þar kemur fram að mengun af völdum hávaða skal vera undir ákveðnum viðmiðunarmörkum sem koma fram í 5. viðauka með reglugerðinni og að enn fremur skuli leitast við að uppfylla þau leiðbeiningarmörk sem fram koma í viðaukanum.

Þá kemur fram í reglugerðinni að forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða. Einnig ber eigendum vélknúinna ökutækja að sjá svo um að farartæki þeirra valdi ekki óþarfahávaða. Loks kemur fram að við allar framkvæmdir, svo sem byggingar, gröft og gatnagerð, skuli þess sérstaklega gætt að ekki verði óþægindi af völdum hávaða. Ef sérstakar óviðráðanlegar aðstæður eru fyrir hendi er mögulegt að fá leyfi fyrir því að hávaði sé yfir viðmiðunarmörkum.

Eins og áður segir koma viðmiðunarmörk fyrir hámarkshávaða fram í 5. viðauka mengunarvarnareglugerðarinnar, en þar er að finna reglur um hávaða utan húss. Var viðaukanum breytt með reglugerð nr. 378/1994. Í þessum reglum koma fram viðmiðunargildi og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig í og við íbúðarhúsnæði, kennslu- og sjúkrastofur, hljóðstig frá fyrirtækjum og annarri starfsemi og hljóðstig frá umferð. Við nýskipulag hverfa skal taka mið af þessum viðmiðunargildum, en ef um er að ræða svæði þar sem skipulag eða starfsemi er fyrir má veita undanþágur varðandi umferðarhávaða.

Ef upp koma tilvik sem reglurnar ná ekki yfir skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum á einhverju Norðurlandanna.

Í 22. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 er að finna ákvæði um hávaða og titring. Þar kemur fram að forráðamönnum stofnana og fyrirtækja er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að draga úr eða koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða eða hávaða sem veldur óþægindum. Einnig kemur fram í sömu reglugerð að unnt er að krefjast sérstaks búnaðar á veitinga- og samkomuhúsum til að fyrirbyggja að gestir verði fyrir óþægindum eða heyrnarskaða af völdum hávaða.

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, er að finna ákvæði er stuðla eiga að öruggu og heilsusamlegu starfsumhverfi, m.a. er í lögunum mælt fyrir um setningu frekari reglna um varnir gegn hávaða á vinnustöðum. Frekari fyrirmæli um hávaðavarnir er að finna í ýmsum reglugerðum. Má þar nefna reglur nr. 500/1994, um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna, en þeim reglum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða.

Í 35. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, kemur fram að ökumaður vélknúins ökutækis skuli haga meðferð þess og akstri þannig að frá því stafi ekki hávaði að óþörfu.

Þá er einnig að finna ákvæði í flestum lögreglusamþykktum sem banna hvers konar hávaða á almannafæri, sem líklegur er til að valda ónæði eða truflun.

379. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Berg Jónsson, forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins, Jóhann Ólafsson, deildarstjóra hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, Eirík Bogason, framkvæmdastjóra Samorku, Óskar Jónsson frá Skoðunarstofunni hf., Sigurð Magnússon, löggiltan rafverktaka, Árna Guðmundsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Agnar Árnason frá Rafveitu Akureyrar, Helga Andrésson frá Akranesveitum og Jens Andrésson, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana. Umsagnir bárust frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, BSRB, RARIK, Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða, Staðlaráði Íslands, Löggildingarstofunni, BHM, Hitaveitu Suðurnesja, Landssambandi íslenskra rafverktaka, Meistarafélagi rafeindavirkja, Skoðunarstofunni hf., Skoðun hf., Kára Einarssyni rafmagnsverkfræðingi, Samorku, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafskoðun ehf., Rafmagnseftirliti ríkisins, Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra.

Árið 1993 var framkvæmd rafmagnsöryggismála breytt umtalsvert með reglugerð nr. 543/1993 sem breytti reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki. Á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að fela óháðum skoðunarstofum hluta af þeim verkefnum sem Rafmagnseftirlitinu voru falin með lögum. Var fallið frá þeim eftir að ábending hafði borist um það frá iðnaðarnefnd að til þess skorti lagaheimild. Frumvarp það, sem iðnaðarnefnd hefur nú haft til skoðunar, tengist beint þeim skipulagsbreytingum og er afrakstur endurskoðunar á lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins sem gerð hefur verið m.a. í ljósi reynslu sem fengist hefur af framkvæmd rafmagnsöryggismála frá árinu 1993. Með lögfestingu frumvarpsins er stefnt að tveimur meginmarkmiðum, í fyrsta lagi að stjórnsýsla rafmagnsör-

yggismála verði skilin frá framkvæmd eftirlits og í öðru lagi að eflingu gæðastjórnunar og innri öryggisstjórnunar þeirra sem fást við rafmagnsöryggismál.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á 2. gr. Í greininni er gert ráð fyrir því nýmæli að ákvæði laga og reglugerða um rafmagnsöryggismál nái einnig til skipa. Um eftirlit með skipum gilda lög nr. 35/1993 og þykir að svo stöddu ekki rétt að hreyfa við þeirri skipan sem verið hefur, þ.e. að ákvæði um rafmagnsöryggismál nái eingöngu til raforkuvirkja og neysluveitna í landi. Leiðir breytingu á 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. af þessari breytingu. Meiri hlutinn beinir því hins vegar til iðnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis að fjalla nánar um tilhögun rafmagnsöryggismála í skipum þar sem enginn grundvallarmismunur er á rafkerfum skipa og rafstöðvum. Rafkerfi skipa eru í auknum mæli tengd við dreifikerfi í landi og þurfa að lúta sömu öryggisfyrirmælum og veitur sem þau eru tengd við. Síðari breytingin, sem lögð er til á greininni, lýtur að því að skýrt verði kveðið á um að einungis eigin virki farartækja séu undanþegin lögunum en ekki tengitæki vélknúinna ökutækja sem eru með rafbúnað fyrir 400/230 V spennu og má tengja við dreifikerfi.
2. Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á skilgreiningum í 3. gr.:
   a. Orðið *einkarafstöð* verði skilgreint.
   b. Um eftirlitskerfi og kerfisbundnar ráðstafanir til að tryggja að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir verði notuð hugtökin *innri öryggisstjórnun* og *innri öryggisstjórnunarkerfi* í stað þess að nota orðin „innra eftirlit“ og „innra eftirlitskerfi“. Rafveitur nota hugtakið öryggisstjórnun í þessu sambandi og þykir rétt að leggja til að hugtakanotkun frumvarpsins verði í samræmi við það. Vegna þessarar breytingar þarf einnig að breyta ákvæðum í 2. mgr. 5. gr., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 2. og 6. tölul. 1. mgr. 14. gr.
   c. Orðið *virki* verði einungis notað sem samheiti yfir raforkuvirki og neysluveitur en ekki rafföng. Þess í stað verði orðið *rafmagnsbúnaður* notað sem samheiti yfir raforkuvirki, neysluveitur og rafföng, en ekki er gerð tillaga um sérstaka skilgreiningu heldur stuðst við almenna málhefð. Af þessu leiðir að breyta þarf ákvæðum í 4. og 11. gr.
3. Lagt er til að heimildir ráðherra til að setja reglugerð, sem eru í lokamálslið 2. mgr. 5. gr. og í síðari málslið 7. gr., og heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í 15. gr. verði allar fluttar til í frumvarpinu og teknar óbreyttar upp í 13. gr. sem fjallar um reglugerð um raforkuvirki. Skýrara er að hafa heimildir til að setja reglugerð í afmörkuðum greinum. Ef fallist er á breytinguna verður, auk heimildar 13. gr., heimild í 2. mgr. 14. gr. er lýtur sérstaklega að gjöldum. Vegna þessa er lagt til að umrædd ákvæði 5. og 7. gr. og 15. gr. falli brott en þess í stað verði nýjum málslið bætt við 1. mgr. 13. gr. og tveimur nýjum töluliðum við 2. mgr. 13. gr.
4. Ekki þykir ástæða til að einskorða fræðslu- og upplýsingastarf um hættu á rafmagni við almenning heldur gæti það líka beinst að fagfólki, t.d. í formi endur- eða símenntunar. Breyting á 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. snýr að þessu.
5. Í 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. er að finna heimild til handa ráðherra að kveða nánar á um heimildir Löggildingarstofu til að gefa út verklagsreglur og verklýsingar sem eru nánari leiðbeiningar eða fyrirmæli, tæknilegs eðlis, til þeirra sem starfa að rafmagnsöryggismálum. Lagt er til að liður þessi verði umorðaður til að kveða skýrt á um að eingöngu sé átt við nánari reglur um tæknilega útfærslu. Ekki þykir ástæða til að veita Löggildingarstofunni ómarkvissa heimild til að setja nánari reglur um starfsemi rafskoðunarstofa, rafveitna og rafverktaka, enda eru, eftir því sem við á, skýr

ákvæði í frumvapinu um hana eða ráðherra falið að útfæra nánar slík ákvæði í reglugerð um raforkuvirki.

6. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. sé ráðherra fengin heimild til að setja reglugerðarákvæði um að í fasteignaviðskiptum liggi fyrir vottorð um ástand neysluveitu hins selda. Í greinargerð er tekið fram að ákvæðið miðist við þróun neytendaverndar. Ekki er með þessu frumvarpi verið að kveða á um réttarstöðu aðila í fasteignakaupum heldur snýr það að rafmagnsöryggismálum. Meiri hlutinn lítur svo á að í frumvarpinu séu nægilega tryggðar heimildir stjórnsýsluhafa til að kveða á um öryggismál neysluveitna og eftirlit með þeim, sbr. 7. gr., enda er um mikilvægt mál að ræða. Það hlýtur að vera stöðugt verkefni rafmagnseftirlits- og brunavarnamálayfirvalda að meta hvernig öryggi neysluveitna verði best tryggt, m.a. með tilliti til aldurs bygginga. Í ljósi þess sem að framan greinir telur meiri hlutinn ekki rétt að setja ákvæði í þetta frumvarp um neytendasjónarmið í fasteignakaupum þótt slíkar hugmyndir séu góðra gjalda verðar. Þyrfti það frekari undirbúnings við og eðlilegra er að fjalla um slíkar hugmyndir á heildstæðan hátt í tengslum við setningu löggjafar á sviði neytendaverndar. Rétt er að geta þess að almennt má telja að ekki sé nægjanlegt að kveða á um slík ástandsvottorð í viðskiptum í reglugerð heldur þurfi til þess beint lagaákvæði. Því er lagt til að 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. falli brott og er málsgreinin umorðuð í samræmi við það.
7. Auk áðurgreindra breytinga á 14. gr. leggur meiri hlutinn til að við undanþáguákvæði 1. og 4. tölul. 14. gr. frá greiðslu gjalds vegna yfireftirlits Löggildingarstofu bætist nýtt ákvæði til að taka af allan vafa um að önnur stjóriðjuver en þau sem talin eru upp í þeim liðum kunni að verða undanþegin þessari skyldu með ákvæðum í sérlögum. Þá er rafveitum í 4. tölul. 14. gr. falið að greiða gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana neysluveitna. Meiri hlutinn leggur til að þetta gjald verði innheimt þrátt fyrir ýmis ákvæði í lögum um rafveitur er kveða á um undanþágur frá opinberum gjöldum. Hér er um sérlög að ræða sem ganga framar almennum ákvæðum í þessu efni.
8. Að lokum er lagt til að breyting verði gerð á 17. gr. er varðar dómsupptöku þannig að greinin verði ítarlegri.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þessum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. des. 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.

380. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, ÁRÁ, SAÞ, HjÁ, PHB).

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ákvæði laga þessara ná til virkja og raffanga í landi, en ekki til eigin virkja farartækja, svo sem skipa, flugvéla og bifreiða.
2. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:
      Einkarafstöð: Rafstöð í einkaeign sem er staðbundin og framleiðir rafmagn fyrir neysluveitu og fær ekki rafmagn frá rafveitu.
   b. Í stað orðanna „*Innra eftirlit*“ í 3. mgr. komi: *Innri öryggisstjórnun.*
   c. Í stað orðanna „*Innra eftirlitskerfi*“ og „kröfum“ í 4. mgr. komi: *Innri öryggisstjórnunarkerfi*, og: öryggiskröfum.
   d. Í stað orðanna „neysluveitur og rafföng“ í 12. mgr. (*Virki*) komi: og neysluveitur.
3. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu rafmagnsbúnaðar sem fyrir er. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum skulu þær gerðar á kostnað eiganda hins nýja búnaðar. Þó má skylda eiganda eldri búnaðarins til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu búnaðarins framvegis. Svo má og ákveða að eigandi eldri búnaðarins skuli kosta að nokkru eða öllu leyti öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af búnaði hans og hans eign ef þær eru nauðsynlegar sökum þess að eldri búnaðurinn hefur verið ófullkomnari eða miður tryggur en venja er til eða krafist er um nýjan búnað á þeim tíma þegar ráðstafanir koma til framkvæmda.
4. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „innra eftirlitskerfi“ í 1. málsl. og „innra eftirliti“ í 2. málsl. komi: innra öryggisstjórnunarkerfi og: innri öryggisstjórnun.
   b. Lokamálsliður málsgreinarinnar falli brott.
5. Síðari málsliður 7. gr. falli brott.
6. Við 8. gr. Í stað orðsins „skoðunarstofa“ í síðari málslið 1. mgr. komi: rafskoðunarstofa.
7. Við 9. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. Í stað orðanna „innra eftirlitskerfi“ í 2. og 4. tölul. komi: innra öryggisstjórnunarkerfi.
   b. 5. tölul. orðist svo: að skoða rafföng og raforkuvirki á markaði.
8. Við 10. gr. Í stað orðanna „og innflytjendur“ í síðari málslið komi: innflytjendur og seljendur.
9. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „tilteknum virkjum“ í 2. mgr. og „tiltekin virki“ í 3. og 4. mgr. komi: rafmagnsbúnaði, og: rafmagnsbúnaður.
   b. Í stað orðanna „sölu þeirra“ í 4. mgr. komi: sölu hans.

10. Við 13. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laganna.
    b. Á eftir 6. tölul. 2. mgr. komi tveir nýir töluliðir er orðist svo:
        7. innra öryggisstjórnunarkerfi og viðurkenningu Löggildingarstofu á því, svo og um skyldur ábyrgðarmanna, sbr. 5. gr.;
        8. tíðni, umfang og framkvæmd skoðana sem skulu vera í samræmi við þá hættu sem stafar af gerð raforkuvirkis, neysluveitu eða raffangs, sbr. 7. gr.
    c. Orðin „til almennings“ í 9. tölul. 2. mgr. falli brott.
    d. 11. tölul. 2. mgr. orðist svo: heimildir Löggildingarstofu til að setja nánari reglur um tæknilega útfærslu á gerð, tilhögun, eftirliti og starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og á skoðunaraðferðum rafskoðunarstofa og rafverktaka.
    e. 3. mgr. orðist svo:
        Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja ákvæði um raforkuvirki eða rafföng sem falla ekki undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar með taldar bókanir hans og viðauka.
11. Við 14. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
    a. Við lokamálslið 1. tölul. og síðari málsgrein 4. tölul. bætist: svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.
    b. Í stað orðanna „innra eftirliti“ í 2. og 6. tölul. komi: innri öryggisstjórnun.
    c. Orðin „og virkjum skipa“ í 2. mgr. 3. tölul. falli brott.
    d. Á eftir orðunum „í rekstri“ í 1. mgr. 4. tölul. komi: og þrátt fyrir ákvæði annarra laga um rafveitur.
12. 15. gr. falli brott.
13. Á eftir orðinu „andstætt“ í 17. gr. komi: ákvæðum laga þessara, reglugerða og.

381. Frumvarp til laga [244. mál]

um umboðsmann Alþingis.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ragnar Arnalds, Sturla Böðvarsson, Guðni Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Kosning umboðsmanns Alþingis.

Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Ef umboðsmaður andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal Alþingi kjósa umboðsmann að nýju. Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.

Við tímabundin forföll umboðsmanns setur forseti Alþingis staðgengil til að gegna embættinu meðan forföll vara.

2. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis o.fl.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

3. gr.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Starfssvið umboðsmanns tekur einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga.

Starfssvið umboðsmanns tekur ekki til:

a. starfa Alþingis og stofnana þess, sbr. þó 11. gr.,
b. starfa dómstóla,
c. ákvarðana og annarra athafna stjórnvalda, þegar samkvæmt beinum lagafyrirmælum er ætlast til að menn leiti leiðréttingar með málskoti til dómstóla. Þetta gildir þó ekki um mál skv. 5. gr.

4. gr.

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun.

Hver sá sem telur sig hafa verið beittan rangsleitni af hálfu einhvers þess aðila, sem fellur undir ákvæði 1. eða 2. mgr. 3. gr., getur kvartað af því tilefni til umboðsmanns.

Sá sem er sviptur frelsi sínu á rétt til að bera fram kvörtun við umboðsmann í lokuðu bréfi.

5. gr.

Frumkvæðismál.

Umboðsmaður getur að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Hann getur jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar.

6. gr.

Skilyrði þess að kvörtun verði tekin til meðferðar.

Kvörtun til umboðsmanns skal vera skrifleg og skal þar greint nafn og heimilisfang þess er kvartar. Í kvörtun skal lýst þeirri úrlausn eða annarri háttsemi stjórnvalda sem er tilefni kvörtunar. Öll tiltæk sönnunargögn um málsatvik skulu fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því er stjórnsýslugerningur sá, er um ræðir, var til lykta leiddur.

Ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns fyrr en æðra stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Ársfresturinn skv. 2. mgr. hefst þá frá þeim tíma.

7. gr.

Rannsókn máls.

Umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öllum öðrum gögnum sem mál snerta.

Umboðsmaður getur kvatt starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á sinn fund til viðræðna um málefni sem eru á starfssviði umboðsmanns, svo og til þess að veita munnlega upplýsingar og skýringar er varða einstök mál.

Umboðsmaður á frjálsan aðgang að öllum starfsstöðvum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns og skulu starfsmenn láta honum í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Umboðsmaður getur óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að dómi umboðsmanns. Við þá skýrslugjöf skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Umboðsmanni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga þegar sérstaklega stendur á og afla nauðsynlegra sérfræðilegra gagna.

8. gr.

Þagnarskylda.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Skýringar stjórnvalda.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnvaldi og skal þá strax skýra stjórnvaldinu frá efni kvörtunarinnar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem kvörtun beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð skv. b-lið 2. mgr. 10. gr. Hann getur sett stjórnvaldi ákveðinn frest í þessu skyni.

10. gr.

Lyktir máls.

Telji umboðsmaður þegar í upphafi að kvörtun gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar eða uppfylli ekki skilyrði laganna til frekari meðferðar skal hann tilkynna þeim sem kvartað hefur þá niðurstöðu. Er málinu þá lokið af hálfu umboðsmanns.

Hafi umboðsmaður tekið mál til nánari athugunar er honum heimilt að ljúka því með eftirfarandi hætti:

a. Hann getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds.
b. Hann getur látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn vönduðum stjórnsýsluháttum. Sæti athafnir stjórnvalds aðfinnslum eða gagnrýni umboðsmanns getur hann jafnframt beint tilmælum til stjórnvalds um úrbætur.

c. Varði kvörtun réttarágreining sem á undir dómstóla og eðlilegt er að þeir leysi úr getur umboðsmaður lokið máli með ábendingu um það.
d. Umboðsmaður getur lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla til úrlausnar.
e. Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum getur hann gert viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Meinbugir á lögum o.fl.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.

12. gr.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis o.fl.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvaldið, er hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis o.fl.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður laun umboðsmanns. Að öðru leyti skal umboðsmaður njóta kjara hæstaréttardómara. Hann á rétt til biðlauna er hann lætur af starfi samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsmenn sína eftir því sem fjárveitingar leyfa. Umboðsmanni er með sama skilorði heimilt að ráða menn til að vinna að einstökum verkefnum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf hjá umboðsmanni.

Forseti Alþingis gerir kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns Alþingis, sbr. 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

Hæfisreglur og staðgenglar.

Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja nema með samþykki forseta Alþingis.

Þegar umboðsmaður víkur sæti við meðferð máls setur forseti Alþingis mann til þess að fara með málið. Skal hann uppfylla sömu hæfisskilyrði og umboðsmaður að undanskildum þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. þessarar geinar.

15. gr.

Endurskoðun.

Reikningar umboðsmanns skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forseta Alþingis.

16. gr.

Málssókn gegn umboðsmanni.

Dómari skal vísa frá dómi einkamáli sem höfðað er gegn umboðsmanni vegna ákvarðana sem hann tekur á grundvelli 10. gr., komi fram krafa um það frá umboðsmanni.

17. gr.

Reglur um störf og starfshætti.

Alþingi setur nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns og skulu þær birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 13 20. mars 1987, um umboðsmann Alþingis.

Jafnframt falla brott orðin „umboðsmaður Alþingis“ í 2. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Greinargerð.

I.

Embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, en þau tóku gildi 1. janúar 1988. Gert er ráð fyrir því að það sé hlutverk umboðsmanns að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins og að jafnræðis sé gætt í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Tekur starfssvið umboðsmanns til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sú takmörkun er þó gerð á starfssviði umboðsmanns að því aðeins fjallar umboðsmaður um stjórnsýslu sveitarfélaga að unnt sé að kæra ákvarðanir sveitarstjórna til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Segja má að á þeim tíma sem liðinn er sé komin nokkur reynsla á störf embættisins. Í upphafi var gert ráð fyrir því að jafnhliða lögum um umboðsmann Alþingis yrðu sett almenn stjórnsýslulög. Það varð þó ekki fyrr en með stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, er öðluðust gildi 1. janúar 1994. Ekki er fullt samræmi milli gildissviðs stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og starfssviðs umboðsmanns. Á þeim tíma sem embætti umboðsmanns hefur starfað hefur þess einnig gætt að verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga og að fyrirhugað er að flytja önnur. Í stjórnskipun íslenska ríkisins er gert ráð fyrir því að opinber stjórnsýsla sé í höndum ríkis og sveitarfélaga. Við samningu frumvarps þessa hefur verið lagt til grundvallar að ákvæðum laga um starfssvið umboðsmanns verði breytt á þá lund að starfssviðið nái til allrar opinberrar stjórnsýslu, bæði ríkis og sveitarfélaga. Að auki hafa verið gerðar aðrar breytingar sem heppilegt þótti að gera með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af störfum umboðsmanns Alþingis.

II.

Ef undan er skilin breyting á starfssviði umboðsmanns Alþingis eru flestar breytingar sem frumvarpið felur í sér óverulegar. Þar sem breytingarnar snerta hins vegar flestar greinar gildandi laga varð að ráði að leggja fram nýtt heildarfrumvarp til laga um umboðsmann Alþingis.

Hér á eftir fer stutt yfirlit um helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér frá gildandi lögum:

1. Helsta efnisbreytingin sem frumvarpið hefur í för með sér er sú að starfssvið umboðsmanns er breytt að því er snertir stjórnsýslu sveitarfélaga. Starfssvið umboðsmanns tekur nú á sama hátt til stjórnsýslu sveitarfélaga eins og stjórnsýslu ríkisins. Nánar er um þessa breytingu fjallað í III. kafla hér á eftir.

   Með 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er einnig gerð sú breyting að starfssvið umboðsmanns tekur einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæði þetta tryggir að komið verður á betra samræmi á milli starfssviðs umboðsmanns Alþingis annars vegar og gildissviðs stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hins vegar.
2. Þá eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum í tilefni af stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991. Þannig fer t.d. kosning umboðsmanns Alþingis ekki lengur fram í „sameinuðu þingi".
3. Í frumvarpið eru tekin ýmis ákvæði sem aðeins var að finna í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis í þingsályktun nr. 82/1988, sbr. breytingu á þeirri þingsályktun nr. 106/1994. Með þessu móti verða lögin mun skýrari um málsmeðferð og starfshætti umboðsmanns Alþingis. Í 6., 7., 9. og 10. gr. eru aðallega gerðar breytingar af þessum toga þótt þær sé víðar að finna.
4. Í 2. og 3. gr. frumvarpsins er til skýringarauka greint að hlutverk umboðsmanns annars vegar og hins vegar starfssvið hans.
5. Í 4. og 5. gr. frumvarpsins er greint betur á milli þeirra mála sem byrja að frumkvæði aðila sem telur rétt á sér brotinn og þeirra mála sem byrja að frumkvæði umboðsmanns Alþingis.
6. Loks er í 13. gr. frumvarpsins mælt fyrir um lagabreytingu sem ætlað er að stuðla að því að gera umboðsmann sjálfstæðari en nú er raunin gagnvart handhöfum framkvæmdarvaldins sem hann hefur eftirlit með.

III.

3. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, hljóðar svo:

„Því aðeins fjallar umboðsmaður um stjórnsýslu sveitarfélaga að um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins."

Af ákvæði þessu leiðir að umboðsmaður hefur almennt ekki eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga *nema* um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til æðra stjórnvalds á vegum ríkisins. Aðrar ákvarðanir og athafnir sveitarstjórna og annarra stjórnvalda sveitarfélaga sem ekki eru kæranlegar til æðri stjórnvalda falla því almennt utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis.

Umdeilanlegt má telja hvort þessi takmörkun á starfssviði hafi í upphafi átt rétt á sér. Hvað sem því líður er a.m.k. ljóst að vegna umtalsverðra breytinga á verkefnum og störfum sveitarfélaga er þörf á því að huga að tilhögun eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga, þar á meðal eftirliti umboðsmanns Alþingis með sveitarfélögum.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1994, bls. 11, benti umboðsmaður á að mörg verkefni hefðu þegar verið flutt frá ríki til sveitarfélaga og fyrirhugað væri að flytja önnur. Í ljósi þessarar þróunar taldi umboðsmaður ástæðu til þess að vekja athygli Alþingis á nauðsyn þess að jafnframt væri hugað að tilhögun eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga. Í því sambandi benti umboðsmaður á að skv. 3. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, gæti umboðsmaður því aðeins fjallað um stjórnsýslu sveitarfélaga að um væri að ræða ákvarðanir sem skjóta mætti til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Þær stjórnvaldsákvarðanir, sem teknar væru af sveitarstjórnum eða starfsmönnum þeirra og ekki væru kæranlegar til stjórnvalda ríkisins, væri því ekki hægt að bera undir umboðsmann Alþingis. Þá vék umboðsmaður að því að fyrirhugað væri að gera þá breytingu á lögum um embætti umboðsmanns danska Þjóðþingsins að takmarkanir sambærilegar þeim sem eru í 3. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, yrðu felldar niður. Taldi umboðsmaður eðlilegt að Alþingi tæki afstöðu til þess hvort gera ætti sambærilegar breytingar á lögum um umboðsmann Alþingis, yrði framhald á tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Hinn 24. janúar 1996 gengu þau Helga Jónsdóttir borgarritari, Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, og Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, á fund forseta Alþingis. Tilefni fundarins var samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá 17. október 1995. Þar var borgarritara og skrifstofustjóra borgarstjórnar falið að óska eftir viðræðum við forsætisnefnd Alþingis og umboðsmann Alþingis um rýmkun á starfssviði umboðsmanns Alþingis. Var þetta talið geta stuðlað að auknu réttaröryggi íbúa Reykjavíkur svo og íbúa annarra sveitarfélaga, eins og áformað hefði verið í hugmyndum um umboðsmann Reykjavíkur.

Borgarritari og skrifstofustjóri borgarstjórnar óskuðu eftir því að 3. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, yrði breytt þannig að starfssvið umboðsmanns yrði látið ná á sama hátt til stjórnsýslu sveitarfélaga og til stjórnsýslu ríkisins. Á fundinum með forseta Alþingis var meðal annars bent á þrjú atriði sem þóttu stuðla að auknu réttaröryggi íbúa sveitarfélaga með því að rýmka verksvið umboðsmanns Alþingis í stað þess að setja á fót sérstakt embætti umboðsmanns Reykjavíkur. Í fyrsta lagi nyti umboðsmaður Alþingis þess að vera óháður framkvæmdarvaldinu í störfum sínum. Vandasamt væri aftur á móti að tryggja slíkt sjálfstæði með sama hætti hjá sveitarstjórnum, en þar væri aðgreining valds ekki sú sama og hjá ríki. Í öðru lagi væri ólíklegt að minni sveitarfélög teldu sér kleift að setja á fót embætti umboðsmanns. Með því að rýmka verksvið umboðsmanns Alþingis yrði komið í veg fyrir að aðeins stærri sveitarfélög byggju við slíkt eftirlit íbúum þeirra til hagsbóta. Loks væri mun minni kostnaður af því að rýmka verksvið umboðsmanns Alþingis í stað þess að stofna ný embætti umboðsmanna hjá sveitarfélögum.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði sú breyting á starfssviði umboðsmanns Alþingis að þær takmarkanir, sem felast í 3. gr. gildandi laga, verði felldar brott. Þetta hefur þó ekki í för með sér að breytt verði ákvæði 3. mgr. 6. gr. gildandi laga. Síðastnefnda ákvæðið er byggt á því sjónarmiði að stjórnvöld skuli fá tækifæri til að leiðrétta ákvarðanir sem hugsanlega séu rangar áður en kvartað sé til aðila utan stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Eftir sem áður verður því að kæra ákvarðanir sveitarstjórnar til æðri stjórnvalda, ef kæruheimild er fyrir hendi, áður en borin er fram kvörtun við umboðsmann Alþingis.

Að meginstefnu til er eftirlit umboðsmanns með því að stjórnsýsla sveitarfélaga fari fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti ekki frábrugðin eftirliti með stjórnsýslu ríkisins. Af ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, og þeim viðhorfum um sjálfstjórn sveitarfélaga, sem hún er byggð á, leiðir þó að afbrigða gætir a.m.k. í tveimur tilvikum. Þegar um er að ræða matskenndar ákvarðanir endurskoðar umboðsmaður ekki pólitískt mat sveitarstjórna, enda hafi sveitarstjórn haldið sig innan þess ramma er lög setja og byggt ákvörðun sína á lögmætum sjónarmiðum. Að svo miklu leyti sem lög eftirláta sveitarstjórnum vald til þess að ákveða hvort og hvernig tekjustofnar sveitarfélaga skuli nýttir, endurskoðar umboðsmaður ekki ákvarðanir sem að því lúta, enda hafi sveitarstjórn haldið sig innan þess ramma er lög setja og byggt ákvörðun sína á lögmætum sjónarmiðum.

Ekki er ljóst hversu mikið málum fjölgar hjá umboðsmanni Alþingis vegna fyrirhugaðrar breytingar, en reiknað er með að sambærileg breyting á lögum um umboðsmann danska Þjóðþingsins, sem tekur gildi 1. janúar 1997, hafi í för með sér 15–20% fjölgun mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins felur í sér óverulegar breytingar frá gildandi lögum og eru þær flestar gerðar í tilefni af stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991. Þannig fer t.d. kosning umboðsmanns Alþingis ekki lengur fram í „sameinuðu þingi". Þá er mælt svo fyrir að forseti Alþingis setji staðgengil til að gegna embætti umboðsmanns við tímabundin forföll hans.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er fjallað um hlutverk umboðsmanns Alþingis. Til umboðsmanns má kvarta út af hvers konar ákvörðunum, úrlausnum, málsmeðferð og háttsemi ráðuneyta og ríkisstofnana og annarra aðila sem fást við stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Á 2. gr. gildandi laga eru aðeins gerðar óverulegar orðalagsbreytingar. Lagt er til að 4. gr. núgildandi laga verði að 2. mgr. 2. gr.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er tekið upp nýtt ákvæði um starfssvið umboðsmanns Alþingis.

Starfssvið umboðsmanns tekur að meginstefnu eingöngu til starfa handhafa framkvæmdarvalds, en hvorki til starfa handhafa löggjafarvalds né dómsvalds í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er tekið upp ákvæði sem felur í sér þá meginreglu að starfssvið umboðsmanns Alþingis taki til allrar opinberrar stjórnsýslu, hvort sem hún er hjá ríki eða sveitarfélögum. Í III. kafla greinargerðarinnar hér að framan er fjallað nánar um fyrirhugaðar breytingar á starfssviði umboðsmanns að því er snertir stjórnsýslu sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gengið út frá því, eins og í gildandi lögum, að starfssvið umboðsmanns taki til stjórnsýslu þjóðkirkjunnar. Aftur á móti falla ákvarðanir og athafnir kirkjunnar er snerta kenningar hennar og trúariðkun utan starfssviðs umboðsmanns.

Í 2. mgr. er lagt til að gerð verði sú breyting að starfssvið umboðsmanns verði einnig látið taka til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæði þetta tryggir að komið verður á betra samræmi á milli starfs-

sviðs umboðsmanns Alþingis annars vegar og gildissviðs stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og upplýsingalaga, nr. 50/1996, hins vegar.

Í 3. mgr. er til skýringarauka tekið fram til hvaða aðila starfssvið umboðsmanns taki ekki.

Samkvæmt a-lið 3. mgr. tekur starfssvið umboðsmanns ekki til starfa Alþingis. Utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis falla þannig störf Alþingis og stjórnsýsla í þágu Alþingis sem háð er eftirliti þingforseta samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis. Þá falla störf nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar einnig utan starfssviðs umboðsmanns. Samkvæmt a-lið 3. mgr. falla stofnanir Alþingis jafnframt utan starfssviðs umboðsmanns. Þannig falla störf Ríkisendurskoðunar ekki undir starfssvið umboðsmanns Alþingis.

Þótt störf Alþingis falli að meginstefnu utan starfssviðs umboðsmanns er í 11. gr. frumvarpsins að finna undantekningu frá þessari meginreglu, en þar er umboðsmanni, eins og í gildandi lögum, fengin heimild til þess að tilkynna Alþingi um það verði umboðsmaður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum.

Í b-lið 3. mgr. er tekið fram að starfssvið umboðsmanns taki ekki til starfa dómstóla. Umboðsmaður getur því ekki tekið niðurstöður dóms til endurskoðunar og ekki heldur skipt sér af því hvernig dómstólar haga meðferð mála. Ákvæðið tekur eingöngu til starfa þeirra dómara sem fara með dómsvald í skilningi 2. gr. stjórnarskrárinnar og fjallað er nánar um í V. kafla stjórnarskrárinnar.

Í c-lið 3. mgr. er síðan tekið fram, í samræmi við ákvæði 5. tölul. 3. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu, að starfssvið umboðsmanns nái ekki til ákvarðana og annarra athafna stjórnvalda þegar ætlast er til að leitað sé leiðréttingar með málskoti til dómstóla. Hér er iðulega um að ræða ákvarðanir sem ekki þykir raunhæft að fá endurskoðun á með stjórnsýslukæru. Er þannig gengið út frá því að dómstólar séu betur fallnir til að fjalla um slík deilumál og hafa í mörgum tilvikum verið sett ákvæði um sérstaka meðferð slíkra mála fyrir dómstólum. Sem dæmi má nefna að leiki vafi um lögheimili manns er manni rétt að höfða mál til viðurkenningar á því hvar lögheimili hans skuli talið, sbr. 1. málsl. 11. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili, sbr. 195. gr. laga nr. 19/1991. Þá má minna á að í 14. og 15. kafla laga nr. 90/1989, um aðför, eru reglur um úrlausn mála fyrir héraðsdómi um ágreining sem risið hefur við framkvæmd aðfarargerðar, endurupptöku hennar eða eftir lok hennar. Loks má nefna að samkvæmt 76. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er heimilt að bera upp skriflegar aðfinnslur um störf skiptastjóra við héraðsdómara. Samkvæmt c-lið 3. mgr. verður því óheimilt að bera fram *kvörtun* við umboðsmann yfir slíkum málum. Aftur á móti er þeim möguleika haldið opnum að umboðsmaður geti tekið slík mál til meðferðar *að eigin frumkvæði* og þá ekki síst til almennrar umfjöllunar á grundvelli síðari málsliðar 5. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

Samkvæmt 4. gr. getur hver sá sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum borið fram kvörtun við umboðsmann. Allir einstaklingar, hvort heldur Íslendingar eða útlendingar, geta kvartað til umboðsmanns og sama gildir um félög. Stjórnvöld geta aftur á móti ekki kvartað við umboðsmann yfir ákvörðunum og athöfnum annarra stjórnvalda eða óskað lögfræðilegs álits umboðsmanns á máli.

Ekki geta aðrir borið fram kvörtun en þeir sem halda því fram að þeir hafi sjálfir orðið fyrir rangsleitni af hálfu stjórnvalda. Kvörtun af hálfu aðila sem ekki sýnir fram á að brot geti snert beinlínis hagsmuni hans eða réttindi getur þó vakið athygli umboðsmanns

á vandamáli. Er umboðsmanni þá heimilt að taka það mál upp að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Ef maður ber fram kvörtun fyrir hönd annars aðila skal skriflegt umboð að jafnaði fylgja kvörtun.

Um 5. gr.

Í fyrri málslið 5. gr. er ákvæði sem nú er að finna í 1. mgr. 5. gr. gildandi laga. Samkvæmt henni getur umboðsmaður ákveðið að taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði. Umboðsmaður ákveður sjálfur hvaða mál á starfssviði sínu hann tekur til meðferðar og er hann í því efni, eins og ávallt, óháður fyrirmælum frá öðrum, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Umboðsmaður ákveður jafnframt hvernig hann afmarkar rannsóknarefni þeirra mála sem hann tekur að eigin frumkvæði til meðferðar. Þannig getur hann t.d. ákveðið að taka ákveðið stjórnsýslumál til athugunar. Þá getur hann ákveðið að rannsaka úrlausn mála eða starfsemi stjórnvalda á ákveðnu sviði. Enn fremur getur umboðsmaður tekið starfsemi og málsmeðferð tiltekins stjórnvalds til almennrar athugunar.

Einn þáttur í störfum umboðsmanns Alþingis hefur verið að vitja starfsstöðva stjórnvalda og kanna starfsemi þeirra. Þannig hafa umboðsmaður Alþingis og starfsmenn hans t.d. heimsótt geðdeild sjúkrahúss og fangelsi. Þegar umboðsmaður fer í slíkar eftirlitsferðir ákveður hann, á sama hátt og segir hér að framan, hvaða þætti í starfsemi stjórnvalds hann tekur til athugunar.

Um 6. gr.

Í 2. málsl. 1. mgr. er bætt við ákvæði sem nú er að finna í fyrri málslið 4. mgr. 5. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu. Að öðru leyti er lagagreinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 7. gr.

Á 7. gr. gildandi laga eru gerðar óverulegar orðalagsbreytingar, ásamt því að nokkur ákvæði úr 6. og 7. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu, eru tekin upp í greinina.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Í greinina er bætt við ákvæði sem nú er að finna í 4. mgr. 9. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu. Að öðru leyti er greinin samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Á 10. gr. gildandi laga eru gerðar óverulegar efnisbreytingar, ásamt því að nokkur ákvæði úr 10. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu, eru tekin upp í greinina.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin er samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Með 2. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, var Kjaradómi falið ákvörðunarvald um laun umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður Alþingis hefur fengið til meðferðar nokkrar kvartanir út af störfum kjaranefndar og tengjast sum málin störfum Kjaradóms. Núgildandi lög um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987, eru byggð á þeim viðhorfum að umboðsmaður Alþingis sé algjörlega sjálfstæður og óháður handhöfum framkvæmdarvaldsins í störfum sínum, enda er hlutverk umboðsmanns að hafa eftirlit með þessum aðilum. Samrýmist það ekki þessum sjónarmiðum að umboðsmaður sé háður tilteknum handhöfum framkvæmdarvalds sem honum ber að hafa eftirlit með. Af þessum sökum er lagt til að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að forsætisnefnd ákveði laun umboðsmanns, en að öðru leyti hafi hann sömu lögkjör og önnur kjör sem hæstaréttardómarar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að skv. 5. gr. laga um umboðsmann danska Þjóðþingsins, nr. 473/1996, sem sett voru 12. júní 1996, er það danska Þjóðþingið sem ákveður laun umboðsmanns Þjóðþingsins. Þessi skipan gilti einnig samkvæmt eldri lögum um umboðsmann danska Þjóðþingsins, en hún grundvallast á framangreindum viðhorfum um sjálfstæði umboðsmanns gagnvart stjórnsýslunni.

Þá er gerð sú breyting á síðari málslið 1. mgr. 13. gr. gildandi laga að ákvæði um skilyrðislausan biðlaunarétt umboðsmanns í þrjá mánuði er fellt brott. Er ætlunin að forsætisnefnd ákveði á grundvelli 3. málsl. 1. mgr. hver biðlaunaréttur umboðsmanns skuli vera eftir aðstæðum hverju sinni. Ekki þykir rétt að umboðsmaður eigi skilyrðislausan biðlaunarétt í þrjá mánuði eftir starfslok, taki hann strax við öðru launuðu starfi hjá ríkinu. Í öðrum tilvikum kann þriggja mánaða biðlaunaréttur hins vegar að vera of stuttur ef Alþingi kýs t.d. lögfræðing í embættið úr röðum lögmanna sem þurfa lengri tíma til að byggja aftur upp lögmannsstarf sitt, hverfi þeir á ný til slíkra starfa.

Í 2. mgr. er tekin upp 14. gr. gildandi laga. Þá er jafnframt tekinn þar upp síðari málsliður 1. mgr. 13. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu. Loks er tekið fram að ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi ekki um störf hjá umboðsmanni.

Í 3. mgr. eru tekin upp þau ákvæði 2. mgr. 13. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu, að forseti Alþingis geri kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns Alþingis.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði sem nú er að finna í 2. mgr. 13. gr. gildandi laga. Ákvæðinu hefur verið breytt þar sem ekki þykir rétt að banna umboðsmanni fortakslaust öll aukastörf, þótt slík störf hljóti eðli máls samkvæmt að teljast til undantekninga. Er ákvæðinu breytt til samræmis við það ákvæði er gildir um umboðsmann danska Þjóðþingsins. Verður umboðsmanni þannig ekki bannað að taka að sér einstök störf, en hann verður að afla til þess samþykkis forseta Alþingis.

Í 2. mgr. eru tekin upp ákvæði 14. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, nr. 82/1988, með síðari breytingu.

Um 15. gr.

Embætti umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðun eru hliðsettar stofnanir á vegum Alþingis. Þykir því rétt að þær hafi ekki afskipti eða eftirlit hvor með annarri. Af alið 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins leiðir að umboðsmaður hefur ekki eftirlit með Ríkisendurskoðun. Í samræmi við framangreind viðhorf er lagt til að í 15. gr. verði tekið upp sambærilegt ákvæði og er í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun.

Um 16. gr.

Þetta ákvæði er nýtt. Í 25. gr. frumvarps til laga um umboðsmann danska Þjóðþingsins, sem nú er til meðferðar hjá danska þinginu, er lagt til að lögfest verði sambærilegt ákvæði.

Annars staðar á Norðurlöndum hefur það komið fyrir að mál hafi verið höfðuð gegn umboðsmönnum þjóðþinganna, m.a. til þess að fá þá dæmda til þess að taka mál til meðferðar. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. er það umboðsmaður sem ákveður sjálfur, meðal annars með tilliti til mikilvægis og fjölda mála svo og þeirra fjárveitinga, sem hann hefur til umráða, hvaða mál hann telur rétt að fjalla um og hvaða þætti þess. Borgararnir eiga því ekki lögvarinn rétt til þess að sérhver kvörtun sem þeir bera fram við umboðsmann verði tekin til efnisúrlausnar, enda þótt lagaskilyrði séu uppfyllt til meðferðar máls. Í þessu ljósi þykir rétt að taka upp þetta ákvæði.

Um 17. gr.

Reglan er nánast sama efnis og ákvæði 15. gr. gildandi laga. Það er þó nýmæli að tekið er fram hvar birta eigi reglurnar.

Um 18. gr.

2. mgr. tengist þeim breytingum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins.

382. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Frumvarpið er eitt þriggja sem öll lúta að því sama, tilraun til nálgunar og aðlögunar að þeim miklu breytingum sem senn eiga sér stað í „landslagi“ póst- og símamála, fjarskiptamála hér á landi og annars staðar í Evrópu á næstunni. Minni hluti nefndarinnar lét í ljós miklar efasemdir um stefnu og vinnubrögð ríkisstjórnarinnar þegar ákveðið var af stjórnarflokkunum að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag. Átti sú gagnrýni m.a. við þá miklu óvissu sem skapast hefur um ýmis mikilvæg réttindamál starfsmanna. Lagasetning þessi er þó gerður hlutur og við blasir að 1. janúar nk. mun Póst- og símamálastofnun heyra sögunni til og Póstur og sími hf. yfirtaka að umtalsverðu leyti þá þjónustu sem fyrrgreind ríkisstofnun hefur sinnt. Í öðru lagi er ljóst að 1. janúar 1998 verður ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins t.d. óheimilt að veita einkaleyfi á sviði almennrar talsímaþjónustu, svo sem verið hefur. Óhætt er að fullyrða að frumvörp til laga um fjarskipti og póstþjónustu eru miðuð við umtalsverðar breytingar á íslenskum fjarskipta- og póstmarkaði.

Í þessum frumvörpum er með öðrum orðum reynt að kortleggja framtíðarþróun þessara mála. Ljóst er að fyrir liggur að samkeppni á þessum vettvangi mun aukast á næstu missirum. Minni hlutinn telur því brýnt að færa núgildandi löggjöf að þessum breytta veruleika og tekur undir nauðsyn þess að ný og breytt lög um fjarskipti og póstþjónustu taki gildi. Jafnframt er fyrirliggjandi að eftirlitsþátt þessara málaflokka þarf að stokka upp, auk þess sem mikilvægt er að óháð stofnun fari með útgáfu rekstrarleyfa á grundvelli fyrirmæla löggjafarvaldsins. Ljóst er að forsjá samgönguráðuneytisins og samgönguráðherra í þessum málaflokkum er umtalsverðum takmörkunum háð vegna eignarhalds ríkisins á Pósti og síma hf. og forsjá samgönguráðherra með fyrirtækinu.

Um þessi atriði segir m.a. svo í athugasemdum við frumvarpið „Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað sjálfstætt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála og er gert ráð fyrir að hún verði í daglegum störfum sínum óháð fyrirmælum samgönguráðuneytisins, þó svo að stofnunin heyri undir ráðuneytið. Er í því sambandi gert ráð fyrir að stjórnsýsluákvarðanir stofnunarinnar verði ekki kærðar til samgönguráðherra heldur verði þær kærðar til sérstakrar úrskurðarnefndar á sviði fjarskipta- og póstmála, til endanlegrar úrlausnar á stjórnsýslustigi. Er hér að nokkru höfð hliðsjón af sérstakri áfrýjunarnefnd sem starfar samkvæmt samkeppnislögum."

Og enn fremur segir í athugasemdunum um hina gjörbreyttu stöðu samgönguráðherra: „Með því móti er ætlunin að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar m.a. með tilliti til þess að samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf. sem kann að eiga í samkeppni við aðra aðila á umræddum sviðum, en með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag og tekur sú formbreyting gildi þann 1. janúar 1997. Skv. 2. mgr. 6. gr. laganna fer samgönguráðherra með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf."

Eins og fram kemur í framangreindum athugasemdum höfunda frumvarpsins blasir við gjörbreytt mynd hvað varðar stöðu og hlutverk samgönguráðherra. Í athugasemd við 1. gr. frumvarpsins er enn hnykkt á þessari breyttu stöðu ráðherrans en í athugasemd við greinina segir m.a.:

„Póst- og fjarskiptastofnunin er samkvæmt frumvarpinu sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra. Þannig heyrir stofnunin undir samgönguráðherra í skilningi stjórnsýsluréttar án þess þó að hann hafi boðvald yfir stofnuninni eða starfsmönnum hennar, í þeim skilningi að hann geti haft áhrif á einstakar ákvarðanir þeirra."

Þegar þessar annars skýru forsendur stöðu samgönguráðherra eru bornar saman við ýmis ákvæði frumvarpsins vakna fjölmargar spurningar. Í fyrsta lagi er kveðið á um það í 2. gr. frumvarpsins að samgönguráðherra skuli skipa forstöðumann Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn. Spyrja má hvort ekki sé þar um að ræða klárt boðvald yfir æðsta yfirmanni þessarar óháðu stjórnsýslustofnunar og hvort ekki væri umhugsunarefni að Alþingi veldi sjálft þennan forstöðumann.

Í öðru lagi er það samgönguráðherra sem skipar úrskurðarnefnd þá sem tekur til umfjöllunar kærur vegna ákvarðana og úrskurða Póst- og fjarskiptastofnunar. Að vísu er áskilið að formaður og varaformaður skuli skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar og einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands en þriðji nefndarmaðurinn ásamt varamanni er skipaður af samgönguráðherra sjálfum. Spyrja má um hæfi samgönguráðherra til þessarar skipunar í ljósi þess sem áður var greint frá varðandi hagsmunagæslu samgönguráðherra gagnvart einu tilteknu fyrirtæki á þessum vettvangi.

Í þriðja lagi kveður frumvarpið á um allvíðtækt reglugerðarvald samgönguráðherra hvað varðar starfsemi þessarar óháðu Póst- og fjarskiptastofnunar. Má sem dæmi nefna heimild til handa samgönguráðherra að setja reglugerð um nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá er í 9. gr. frumvarpsins kveðið á um þá skyldu samgönguráðherra að setja gjaldskrá fyrir ýmsa þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar og að auki er að finna almenna reglugerðarheimild í 11. gr. frumvarpsins þar sem segir orðrétt: „Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna."

Allt þetta er á mörkum þess að samrýmast hæfisreglum stjórnsýsluréttar í ljósi þess að samgönguráðherra fer með altæka eignaraðild hjá einum samkeppnisaðila, þ.e. Pósti og síma hf. Í tilskipunum og tilskipunartillögum ESB á sviði fjarskipta- og póstmála er sérstaklega mælt fyrir um sjálfstæði úrskurðar- og eftirlitsaðila (regulator).

Ljóst er á frumvarpinu að verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru viðamikil og munu hafa mikil áhrif á framtíðarþróun þessara mála. Að hluta til er þessi stofnun úthlutunarstofnun takmarkaðra leyfa og réttinda sem meta má til fjár. Er enda gert ráð fyrir því í frumvarpinu að stofnunin hafi allvíðtækar heimildir til gjaldtöku fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda. Þá skulu rekstrarleyfishafar árlega greiða rekstrarleyfisgjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu.

Þess er getið í frumvarpinu að við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstraleyfishafa, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi. Þess er enn fremur getið að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði. Hér er um nýmæli að ræða og ljóst að hér er verið að opna þá leið að réttindi samfélagsins á samkeppnismarkaði skuli talin til verðmæta og metin til fjár. Í þessu tilviki eiga fjármunirnir að renna til þeirrar eftirlitsstofnunar sem hér á hlut að máli. Má að þessu leyti jafna þessum þætti til umræðunnar um veiðileyfagjald í sjávarútvegi.

Þá getur stofnunin gert leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað af sérstökum könnunum sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa. Einnig má benda á 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög. Stofnunin getur krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga innan hæfilegs frests sem hún ákveður af hálfu leyfishafa. Hún getur líka krafist þess að leyfishafar láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar og telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi getur hún krafist þess að bætt verði úr innan tilskilins frests og það sem meira er: Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar að fara í eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa. Þá er stofnuninni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett. Geta dagsektir numið frá 50–500 þús. kr. á dag.

Af framangreindu má ráða að vald þessarar nýju stofnunar er æðimikið og því brýnt að öll umgjörð þessarar stofnunar verði þannig að komið verði í veg fyrir allar ásakanir eða grunsemdir um að hún dragi taum eins fremur en annars. Ljóst er að það eitt að stofnunin heyri undir samgönguráðherra og hann geti með beinum eða óbeinum hætti haft áhrif á framgang þessara mála mun vafalaust kalla á umkvartanir frá samkeppnisaðilum Pósts og síma hf. Eðlilegt væri að girða fyrir allt slíkt strax í upphafi.

Minni hlutinn vill einnig hnykkja á því að nauðsynlegt er að leikreglur hvað varðar útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, þurfa að vera klárar og skýrar. Það eru þær ekki í frumvarpinu. Mikilvægt er að löggjafarvaldið setji slíkar leikreglur eða að minnsta kosti klárar vísbendingar um það hvernig standa skuli að vali rekstrarleyfishafa. Í frumvarpi til laga um fjarskipti er einnig kveðið á um þessa álitamál. Á sama hátt og í þessu frumvarpi eru í því frumvarpi heldur engin skýr fyrirmæli af hálfu löggjafarvaldsins um það hvernig skuli vega og meta stöðu og rétt þeirra sem sækjast eftir slíkum rekstrarleyfum til fjarskiptaþjónustu frá margnefndri Póst- og fjarskiptastofnun.

Undirritaðir eru sammála því að þessi óháða eftirlitsstofnun, sem er umsjónaraðili með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi, fái allt það sjálfstæði sem unnt er að tryggja í löggjöf af þessum toga. Eins og áður hefur verið getið má færa rök að því að sjálfstæði hennar sé ekki jafnskýlaust og örugglega tryggt í frumvarpinu og unnt væri. Minni hlutinn telur því skynsamlegast að afgreiða málið ekki á þeim örfáu dögum sem eftir lifa af þinghaldi fyrir jólafrestun heldur gefi nefndin sér ráðrúm og tíma til þess að fara yfir frumvarpið og gera á því nauðsynlegar endurbætur. Á það er bent að þessi umrædda stofnun á ekki að taka til starfa fyrr en 1. apríl 1997 þannig að ráðrúm er til þess að fara yfir málið á nýjan leik og lagfæra stærstu galla þess.

Í þessu ljósi er það skoðun minni hluta nefndarinnar að frumvarpið skuli ekki afgreitt með hraða og asa þessa síðustu vinnudaga Alþingis fyrir jólaleyfi. Hér er um löggjöf að ræða sem vísar til langrar framtíðar og nauðsynlegt að vanda það sem lengi skal standa.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson. frsm.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

383. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um póstþjónustu.

Frá 1. minni hluta samgöngunefndar.

Á sama tíma og frumvarp til laga um fjarskipti kveður á um aukið frelsi og aukna samkeppni á þeim vettvangi virðist svo sem frumvarp til laga um póstþjónustu gangi að nokkru leyti í öfuga átt, þ.e. minnki möguleika á samkeppni á tilteknum sviðum póstþjónustunnar en auki sérstöðu og einkarétt ríkisins til póstmeðferðar. 1. minni hluti gerir að svo komnu máli ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins, en bendir á að í athugasemdum með því er í allítarlegu máli bent á að þróun póstmála í Evrópu virðist öll á þann veginn að innan tíðar aukist þar mjög samkeppni og dragi úr rétti einkaleyfishafa. Því gætir augljóslega lítils samræmis í stefnumörkun samgönguráðherra, ríkisstjórnar og meiri hluta nefndarinnar í þessum tveimur mikilvægu málaflokkum, fjarskiptum og póstþjónustu. Það er athyglisvert.

Fyrsti minni hluti telur affarasælast að frumvarpið fái sambærilega meðferð og frumvarp til laga um fjarskipti og frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og verði skoðað nánar í nefndinni og stefnt að afgreiðslu málsins á vorþingi.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Með nefndarálitinu var fylgiskjal, umsögn Póstdreifingar efh. frá 27. nóvember 1996, og vísast um það til þingskjalsins (lausaskjalsins).

384. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um fjarskipti.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lögbundinn einkaréttur ríkisins verði afnuminn og þeir sem fullnægja ákveðnum skilyrðum fái leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu. Samhliða afnámi einkaréttarins eru settar reglur um frelsi í fjarskiptum og samkeppni á þessu sviði. Í athugasemdum við frumvarpið er sagt að markmið með slíkum reglum sé annars vegar að tryggja aðgang nýrra aðila að markaðinum, m.a. aðgang að þeim fjarskiptanetum sem komið hefur verið upp, og hins vegar tryggja að fjarskiptaþjónustu verði haldið uppi. Er í síðara tilvikinu talið mikilvægt að öllum landsmönnum sé tryggður aðgangur að tiltekinni þjónustu (e. universal service). Í athugasemdum er einnig sagt að frumvarpinu sé ætlað að færa íslensk fjarskiptalög til samræmis við breytingar sem orðnar eru og sem boðaðar hafa verið í fjarskiptamálum í Evrópu. Rekja má þessar breytingar að hluta til tilskipana ESB í þessum efnum. Upphaflega var gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1998 yrði einkaleyfishafa gert að hleypa samkeppnisaðilum inn á grunnnetið en síðan hefur verið gengið skrefi lengra og mun áformað að öllum sé heimilt að setja upp og reka eigið grunnnet. Þetta þýðir einnig að afnám einkaleyfis og sérréttinda í talsímaþjónustu gerir það að verkum að fjarskiptafyrirtæki innan ríkja Evrópusambandsins getur frá 1. janúar 1998 veitt þjónustu sína óhindrað í öðru ríki sambandsins. Það sama á við um ríki EES.

Þetta segir með öðrum orðum að þessi nýju lög eru þannig úr garði gerð að allt er heimilt nema það sé sérstaklega bannað eða því séu settar takmarkanir í frumvarpinu.

Hins vegar er það á valdi Póst- og fjarskiptastofnunar að veita leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet samkvæmt fyrirskrifuðum og óskrifuðum skilyrðum sem er að finna í frumvarpinu og einnig í frumvarpi til laga um Póst- og símamálastofnun og hins vegar í nánari útfærslu stofnunarinnar og samgönguráðherra þegar tímar líða fram. Eigi færri en fimmtán skilyrði eru tíunduð í frumvarpinu sem grund-

völlur fyrir veitingu rekstrarleyfis. Þau geta verið aðeins eitt af þessum fimmtán eða fleiri allt háð ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar.

Þarna er þó að finna það lykilatriði sem nefnt hefur verið alþjónusta en samkvæmt frumvarpinu er hún skilgreind á eftirfarandi hátt: „Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð sem samgönguráðherra setur hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu.“ Og enn fremur segir í 7. gr. um skylduna til að veita alþjónustu:

„Við útgáfu rekstrarleyfa til þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu á almennum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að auk þess að uppfylla skilyrði skv. 6. gr. [sem eru þau fimmtán skilyrði fyrir rekstrarleyfi sem þar eru tíunduð] skuli rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu af starfssvæði sínu.“

Þó er jafnharðan dregið úr þessu skilyrði með eftirfarandi ákvæði frumvarpsins:

„Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur vegna synjunar borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.“

Þetta segir með öðrum orðum að þessi skylda til að veita alþjónustu er háð undantekningum. Enn fremur er ekki skilgreint nákvæmlega hver alþjónustan skuli verða. Þetta gefur til kynna að frá þessum skyldum um að veita alþjónustu megi víkja vegna fjarlægðar eða kostnaðar sem þýðir að það er skilið eftir algjörlega opið hvaða þjónusta teljist til alþjónustu og þar með hvaða almennar kröfur skuli gerðar til þjónustu þeirra aðila sem rekstrarleyfi fá. Það sem meira er, þessi skilyrði skal samgönguráðherra setja sem samkvæmt frumvarpinu hefur heimild til að setja reglugerð um þá þætti fjarskiptaþjónustu sem á hverjum tíma teljast til alþjónustu. Fyrir liggur að ráðherra hefur hagsmuna að gæta í þessum málaflokki þar sem hann fer með 100% eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf. sem er einn meðal fjölda annarra væntanlegra rekstrarleyfishafa og þar með samkeppnisaðili.

Meðal nýmæla í frumvarpinu eru ákvæði 9. gr. þar sem kveðið er á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti ákveðið að rekstrarleyfi þar sem takmarka á fjölda rekstrarleyfishafa á einstökum þjónustusviðum skuli veitt að undangengnu útboði. Er þess getið að útboð skuli að jafnaði vera opið og Póst- og fjarskiptastofnun semji útboðsskilmála þar sem m.a. skuli mælt fyrir um þá þjónustu sem boðin er út og um lágmarksboð. Á hinn bóginn er þess getið í 9. gr. að ekki sé eingöngu ætlunin að miða við upphæðir í krónum og aurum heldur verði einnig tekið tillit til útbreiðslu kerfa sem boðin yrðu eða eins og það er orðað í athugasemd með frumvarpinu: „fyrirsjáanlegra gæða þjónustunnar“. Bætt er við í athugasemdunum að ekki væri þannig víst að t.d. tilboð í sérstakt rekstrarleyfisgjald yrði látið ráða úrslitum og vísað til útboða á GSM-þjónustu í Þýskalandi þar sem að sögn frumvarpshöfunda var fyrst og fremst lögð áhersla á útbreiðslu kerfanna.

Mikilvægt er í þessu sambandi að allar þessar leikreglur séu fyrirliggjandi áður en af afgreiðslu frumvarpsins verður þannig að löggjafarvaldið geri það alveg skýrt gagnvart hagsmunaaðilum og væntanlegum umsækjendum um rekstrarleyfi hvaða reglur skuli gilda á þessum markaði.

Af þessu leiðir það álit minni hlutans að málið sé ekki tækt til afgreiðslu á þessu stigi og skuli vísað til nánari umfjöllunar nefndarinnar þar sem m.a. sé unnin nákvæm skilgreining á alþjónustu, fyrirkomulag útboða og vals á rekstrarleyfishöfum skuli gert nákvæmara og gleggra og að hlutverk samgönguráðherra í þessu ferli öllu sé endurmetið og skoðað sérstaklega í ljósi almennra hæfisreglna.

Þá ber að geta breytingartillögu sem fram er komin á síðustu stigum málsins frá meiri hlutanum sem kveður á um eina gjaldskrá á landinu öllu. Það þýðir að rekstrarleyfishafi á vettvangi talsímaþjónustu þarf að geta boðið sömu gjaldskrá hvort heldur er í Reykjavík eða Raufarhöfn, Hornafirði eða Hafnarfirði, Seltjarnarnesi eða Suðureyri. Í umsögn Samkeppnisstofnunar um þetta ákvæði koma fram ákveðin varnaðarorð. Umsögnin fylgir nefndarálitinu.

Á hinn bóginn svarar frumvarpið því ekki hvort rekstrarleyfishafi, sem er gert skylt að hafa sama verð á talsímaþjónustu hvar sem er á landinu, þurfi þegar til kastanna kemur að bjóða slíka þjónustu um land allt. Því er haldið opnu og raunar gefið til kynna að ekki sé útilokað að sumir rekstrarleyfishafar geti og ætli sér aðeins að bjóða þjónustu sína á þessu sviði á höfuðborgarsvæðinu þar sem leiða má rök að því að það gefi mest í aðra hönd. Má ætla að slíkir rekstrarleyfishafar gætu veitt þjónustuna á lægra verði ef þeir veittu hana aðeins í þéttbýli. Það þýðir í raun að eftir sem áður er um að ræða tvenns konar gjaldskrá. Annars vegar þeirra sem þjónusta landið allt og hins vegar þeirra sem veita talsímaþjónustu á suðvesturhorni landsins. Að vísu er ekkert hægt að fullyrða um þessa þróun því að frumvarpið svarar ekki álitamálum í þessa veru.

Ekki er eingöngu um það að ræða að rekstrarleyfishafar greiði fyrir möguleika til þess að veita þessa þjónustu heldur er og gert ráð fyrir því að innheimt skuli sérstakt jöfnunargjald sem lagt skal á rekstrarleyfishafa innan viðkomandi þjónustusviðs í hlutfalli við bókfærða veltu á því sviði og þetta gjald megi síðan nýta til þess að greiða einstökum rekstrarleyfishöfum til þess að tryggja tiltekna þjónusta sem er hugsanlega rekin með tapi eða er af einhverjum ástæðum óarðbær. Hér er því um að ræða opinberan stuðning til einstakra rekstrarleyfishafa á tilteknum afmörkuðum þáttum þjónustunnar. Enn er það samgönguráðherra sem setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustunni. Enn og aftur er það sá aðili sem fer með stjórn mála hjá langstærsta aðilanum á þessum markaði, Pósti og síma hf. sem gegnir lykilhlutverki hvað varðar gerð leikreglna á þessum vettvangi. Því þarf löggjafarvaldið auðvitað að kveða skýrar á um fyrirkomulag þessara mála.

Minni hlutinn tekur skýrt fram að jafna þurfi aðstöðu þéttbýlis og dreifbýlis í þessum efnum og minnir í því sambandi á tillögu undirritaðra um samræmingu gjaldskrár á landinu öllu sem lögð var fram síðastliðið vor og var ætlað að taka gildi þá þegar. Hér er því fyrst og síðast verið að vísa til ákveðinna vankanta á þessari málsmeðferð meiri hlutans og frumvarpshöfunda en minni hlutinn mun eftir sem áður styðja þetta ákvæði frumvarpsins í trausti þess að það standist alþjóðaskuldbindingar og samkeppnislög eins og meiri hlutinn fullyrðir. Hér verður ekki vikið að fleiri þáttum þessa viðamikla frumvarps í þessu minnihlutaáliti, en nánar um það fjallað við 2. og 3. umræðu um frumvarpið.

Minni hlutinn leggur eindregið til að nefndinni verði falið að gaumgæfa mun betur ýmis þau álitamál sem ekki finnast svör við í frumvarpinu og bent hefur verið á í þessu nefndaráliti. Til þess gefst ekki tóm eða tími á þeim örfáu dögum sem eftir eru af þinghaldi fyrir jólahlé. Þess vegna er það tillaga minni hlutans að málið verði skoðað miklu mun betur á nýju ári og þess freistað að ljúka umfjöllun og ná fram afgreiðslu þess á vorþingi.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1996.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ragnar Arnalds. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal I.

Álit Samkeppnisstofnunar.
(16. desember 1996.)

Af hálfu samgöngunefndar hefur þess verið farið á leit við Samkeppnisstofnun að gefin verði umsögn um eftirfarandi drög að breytingartillögu við frumvarp til laga um fjarskipti:

„Á eftir 38. gr. komi ný grein er orðist svo:

Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.“

Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er sú að verði ofangreint ákvæði að lögum muni það stríða gegn markmiði samkeppnislaga og torvelda frjálsa samkeppni í viðskiptum. Jafnframt er það niðurstaða stofnunarinnar að ofangreint ákvæði sé óþarft og í ósamræmi við ákvæði frumvarps til laga um fjarskipti. Rök Samkeppnisstofnunar eru eftirfarandi:

I.

Samkvæmt núgildandi lögum hefur íslenska ríkið einkarétt til þess að veita talsímaþjónustu og er Póst- og símamálastofnun falið að annast framkvæmd þessa einkaréttar ríkisins. Verði frumvarp til laga um fjarskipti að lögum mun einkarétturinn falla niður eigi síðar en 1. janúar 1998 og munu lög þá ekki lengur girða fyrir aðgang nýrra aðila að markaðnum fyrir talsímaþjónustu. Er við þetta miðað í umsögn þessari.

Í ofangreindri breytingartillögu við frumvarp til laga um fjarskipti kemur fram að „[e]*igi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu* . . .“ Þetta orðlag er skýrt og afdráttarlaust og felur í sér að mati Samkeppnisstofnunar að eftir 1. júlí 1998 verði þau fyrirtæki sem þá kunna að veita talsímaþjónustu að selja þá þjónustu á sama verði um allt land, þ.e. að keppinautar yrðu að hafa sama verð. Verði þetta ákvæði að lögum yrði þannig með öllu girt fyrir verðsamkeppni á milli fyrirtækja á þessu sviði. Nýjum fyrirtækjum yrði með öllu ókleift að reyna að afla sér markaðshlutdeildar með því bjóða lægri verð en keppinautar eða með því að veita ákveðnum hópum viðskiptavina sérstök kjör.

Samkvæmt 1. gr. samkeppnislaga er markmið þeirra að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Segja má að með setningu samkeppnislaga hafi löggjafinn sett fram þá grunnreglu að í viðskiptum skuli samkeppni vera ríkjandi. Markmiði samkeppnislaga skal skv. 1. gr. ná með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Einn mikilvægasti þáttur virkrar samkeppni er verðsamkeppnin. Í samkeppnisfræðum er litið svo á að virk samkeppni milli fyrirtækja í verði tryggi neytendum lægsta verðið og stuðli að hagkvæmni. Til að efla verðsamkeppni er í 10. gr. samkeppnislaga lagt bann við hvers konar hömlum á milli fyrirtækja sem raskað getað þessari samkeppni. Eftirfarandi ummæli í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga eru til marks um þá áherslu sem lögð er á verðsamkeppni í lögunum:

„Ljóst er að vart er að finna alvarlegri samkeppnistakmarkanir en þegar fyrirtæki koma sér saman um verð, álagningu eða hvaða afslætti skuli veita.“

Með vísan til þess sem að framan greinir er það mat Samkeppnisstofnunar að verði umrædd breytingartillaga að lögum muni ákvæðið fara gegn markmiði samkeppnislaga. Ákvæðið mun girða fyrir verðsamkeppni á mjög mikilvægum markaði. Hætta er á því að sú röskun á samkeppni sem mundi stafa af ákvæðinu hafi þau áhrif að neytendur greiði hærra verð en ella fyrir talsímaþjónustu þegar horft er til lengri tíma. Jafnframt er hætta á því að umrædd lagabreyting mundi stuðla að óhagkvæmari rekstri fyrirtækja á þessum markaði þar sem ákvæðið mundi draga úr því aðhaldi og þeirri hvatningu til hagræðingar sem almennt er talið leiða af virkri verðsamkeppni. Einnig þykir ljóst að nefnt ákvæði mundi takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum fyrir talsímaþjónustu. Þannig yrði nýju fyrirtæki ókleift að ná til sín viðskiptum með lægra verði á þeim svæðum þar sem kostnaður fyrirtækisins er lægstur. Ákvæðið yrði því í andstöðu við anda og tilgang c-liðar 1. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun telur nauðsynlegt að benda á að jafnvel þótt umræddu ákvæði yrði breytt á þá lund að í stað þess að sama verð skuli vera hjá öllum veitendum talsímaþjónustu yrði heimilt að hafa mismunandi verð á milli fyrirtækja svo fremi sem verðið væri hið sama á öllu landinu hjá hverjum og einum, yrði eftir sem áður að telja að ákvæðið færi gegn markmiðum samkeppnislaga. Það mundi draga úr verðsamkeppni og takmarka aðgang nýrra aðila að markaðnum þar sem svigrúm við verðlagningu á talsímaþjónustu væri minnkað. Í þessu sambandi má benda á að í 4. gr. laga nr. 81/1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, sagði:

„Söluverð á ofangreindum olíuvörum skal vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu.“

Með lögum nr. 103/1994 var ofangreint ákvæði fellt úr gildi. Í greinargerð kemur fram að rökin fyrir þessu hafi verið eftirfarandi:

„Lagt er til að afnumið skuli ákvæði í gildandi lögum um að söluverð á olíuvörum skuli vera hið sama til sömu nota hjá hverjum innflytjanda og útsölumönnum hans hvar sem er á landinu. Þetta ákvæði hefur hindrað að sjálfstæðir smásalar með olíuvörur hafi náð fótfestu hér á landi eins og í öðrum nágrannalöndum okkar. Verðlagning dreifingaraðila olíufélaganna hefur verið háð verðlagningu olíufélaganna og þau í raun skammtað þeim álagningu eftir geðþótta, óháð þjónustu og tilkostnaði við smásöluna á hverjum stað. . . .“

Samkeppnisstofnun telur að sömu sjónarmið og lágu til grundvallar ofangreindri lagabreytingu eigi við að breyttu breytanda um samræmda verðlagningu á talsímaþjónustu og ítrekar þá skoðun sína að ákvæði í lögum sem skylda fyrirtæki til að hafa sama verð á þjónustu sinni um land allt eru ekki í samræmi við nútímaviðhorf og ganga gegn markmiði samkeppnislaga. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að unnt er ná fram markmið-

um sem ákvæði um samræmda verðlagningu byggja á með aðferðum sem síður raska virkri samkeppni, sbr. kafla II hér á eftir.

II.

Að mati Samkeppnisstofnunar hlýtur tilgangur umræddrar breytingartillögu að vera sá að tryggja jafna stöðu allra landsmanna hvað talsímaþjónustu áhrærir. Það er hins vegar skoðun stofnunarinnar að frumvarp til laga um fjarskipti stefni að þessu markmiði og því sé breytingartillagan óþörf. Jafnframt verður að líta svo á að breytingartillagan sé í ósamræmi við ákvæði frumvarpsins.

Segja má að einn megintilgangurinn með fjarskiptafrumvarpinu sé að breyta íslenskri fjarskiptalöggjöf til samræmis við þær breytingar sem orðnar eru og boðaðar hafa verið í fjarskiptamálum í Evrópu. Er þetta gert í samræmi við núverandi og væntanlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Ráðherraráð ESB hefur samþykkt að komið skuli á samkeppni í talsímaþjónustu eigi síðar en 1. janúar 1998. Það er hins vegar grundvallaratriði í Evrópuréttinum á þessu sviði að samfara frjálsri samkeppni í fjarskiptum sé tryggt að öllum þegnum viðkomandi ríkis standi til boða ákveðin grunnþjónusta, þ.m.t. talsímaþjónusta, á sanngjörnu verði. Í frumvarpi til laga um fjarskipti er þetta nefnt alþjónusta (Universal service). Kjarni þessa sjónarmiða um alþjónustu kemur fram í eftirfarandi ályktun Evrópska þingsins:

„the central importance of universal service principles, in order to ensure the complementarity between economic and social goals ... and the balance between liberalisation and the need to maintain basic, affordable services for all consumers".[1]

Til þess að tryggja að alþjónusta verði innt af hendi eftir að samkeppni er komið á er á því byggt í Evrópuréttinum að aðildarríki geti lagt þá kvöð á eitt eða fleiri þeirra fyrirtækja sem veita fjarskiptaþjónustu, að þjónustan nái til allra þegna viðkomandi ríkis. Er gert ráð fyrir þessu í b-lið 6. gr. frumvarps til fjarskiptalaga. Ljóst er að veiting alþjónustu er ekki í öllum tilvikum arðbær. Því er við það miðað að kostnaður við tiltekna óarðbæra alþjónustu sé greiddur af öllum fyrirtækjum sem veita sömu þjónustu. Þannig er í 14. gr. fjarskiptafrumvarpsins lagt til að telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita sé rekin með tapi eða sé óarðbær geti hann óskað eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Til þess að standa straum af greiðslu þessara fjárframlaga skal innheimt jöfnunargjald af rekstrarleyfishöfum innan viðkomandi þjónustusviðs, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins segir:

„Til þess að standa undir greiðslu fjárframlaga skv. 14. gr. er heimilað að leggja á rekstrarleyfishafa sérstakt gjald, svokallað jöfnunargjald. ... Þannig yrði meginreglan að þeir sem leyfi hafa til fjarskiptareksturs á þéttbýlissvæðum greiddu jöfnunargjald í samræmi við rekstrartekjur af starfseminni, gjaldið yrði síðan eftir atvikum notað til að tryggja sambærilega þjónustu í tilteknum, afmörkuðum byggðum."

Þegar ofangreint er virt telur Samkeppnisstofnun að frumvarp til laga um fjarskipti í núverandi búningi miði að því að landsmenn allir njóti talsímaþjónustu á sanngjörnu verði eftir 1. janúar 1998. Það er því skoðun stofnunarinnar að ekki sé þörf á ákvæði um samræmda verðlagningu á talsímaþjónustu til þess að tryggja þessa alþjónustu. Jafnframt ber

---

[1] Sjá Communication from the Commission to the Council, the European Parliament, the Economic and Social Committee and the Committee of the Regions; Universal service for Telecommunications in the perspective of a fully liberalised environment. COM(96) 73 final, bls. 3.

að hafa í huga að sú leið sem valin er í frumvarpinu til þess að stuðla að jafnari stöðu landsmanna varðandi talsímaþjónustu virðist ekki vera í ósamræmi við markmið samkeppnislaga. Ákvæði um samræmda verðlagningu á þessari þjónustu fer hins vegar eins og áður sagði gegn markmiði samkeppnislaga.

Í 13. gr. laga nr. 99/1996, um breytingu á lögum um fjarskipti, er sams konar ákvæði um samræmda verðlagningu á talsímaþjónustu og nú er lagt til að bætist inn í frumvarp til laga um fjarskipti. Hafa ber í huga að aðstæður hafa breyst frá því að þessi lög voru sett. Eins og áður sagði er nú gert ráð fyrir því í nefndu frumvarpi að grunnfjarskiptaþjónusta verði tryggð með ákvæðum um skyldu til alþjónustu og innheimtu jöfnunargjalds. Verði frumvarpið samþykkt er því ekki lengur ástæða til þess að hafa ákvæði í lögum um að notkunargjald á talsímaþjónustu skuli vera hið sama.

Samkeppnisstofnun telur að fyrrgreind breytingartillaga sé í ósamræmi við ákvæði frumvarps til fjarskiptalaga. Í því sambandi má benda á að frumvarpið byggir á því að verðlagning á alþjónustu ráðist af samkeppni á markaði en unnt sé að mæla fyrir um hámarksverð á slíkri þjónustu, aðallega ef alþjónusta teldist vera orðin dýrari á Íslandi en í löndum sem sambærileg teljast, sbr. 11. gr. og athugasemdir við hana. Breytingartillagan mundi hins vegar girða fyrir alla verðsamkeppni.

III.

Samkeppnisstofnun tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd breytingartillaga, verði hún að lögum, brjóti í bága við EES-samninginn. Stofnunin telur hins vegar nauðsynlegt að geta þess að þau gögn sem hún hefur undir höndum virðast benda til þess að ætlunin sé sú að fyrirtæki á sviði fjarskiptaþjónustu hafi ákveðið frelsi til þess að verðleggja þjónustu sína og að beitt verði sértækum aðgerðum til þess að tryggja alþjónustu á sanngjörnu verði, sbr. eftirfarandi ummæli í aðfararorðum draga að tilskipun um talsímaþjónustu sem koma mun í stað tilskipunar nr. 95/62/EC:

„Whereas price caps and similar schemes may be used to ensure that the necessary re-balancing does not affect users adversely, and that the differences between prices in high cost areas and prices in low cost areas do not endanger the affordability of telephone services."[2]

IV.

Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er að verði drög að margnefndri breytingartillögu við frumvarp til laga um fjarskipti að lögum mundi það ákvæði fara gegn markmiði samkeppnislaga og torvelda frjálsa samkeppni í viðskiptum. Það er einnig skoðun Samkeppnisstofnunar að tillagan sé óþörf þar sem ákvæði frumvarpsins í núverandi mynd miði að því að tryggja landsmönnum öllum talsímaþjónustu á sanngjörnu verði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar,

Ásgeir Einarsson.

---

[2] Proposal for a European Parliament and Council Directive on the application of open network provisions (ONP) to voice telephony and on universal service for telecommunications in a competitive environment. COM(96) 11. september 1996.

Fylgiskjal II.

Samgönguráðuneyti:

Skilgreining alþjónustu (Universal Service).

1. Skilgreining.

Samkvæmt 7. gr. frumvarps til laga um fjarskipti getur Póst- og fjarskiptastofnun gert rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu á starfssvæði sínu.

Alþjónusta er skilgreind í 2. gr. sem afmarkaðir þættir fjarskipta sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Lagt er til að samgönguráðherra skilgreini í reglugerð hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu. Af 3. mgr. 1. gr. er ljóst að talsímaþjónusta falli hér undir.

2. Afmörkun alþjónustu.

Hugtakið alþjónusta og ákvörðun á því hvaða þjónusta skuli teljast alþjónusta er hápólitísk.

Hingað til hafa ríkisreknar símastjórnir haft einkarétt og yfirburðastöðu á markaðnum og jafnframt verið skylt að annast ýmsa óarðbæra þjónustu, sem var greidd af tekjum sem þær höfðu af annarri þjónustu. Raunverulegur kostnaður við þjónustuna var ekki ljós. Breyttar reglur í fjarskiptum hafa kallað á grundvallarbreytingu á alþjónustu og fjármögnun hennar. Um þetta er mikið rætt innan ESB og gefnar hafa verið út leiðbeiningar um málið. Samkvæmt þeim teljast a.m.k. eftirtaldar þjónustur til alþjónustu (universal):

— talsímaþjónusta, þ.m.t. þjónusta sem veitt er á símanetinu, svo sem fax;
— aðgangur að neyðarþjónustu;
— aðgangur að upplýsingum um símanúmer;
— almenningssímar.

Önnur þjónusta eins og ISDN og leigulínur koma einnig mjög til greina sem alþjónusta og að sjálfsögðu ýmis félagsleg þjónusta, svo sem niðurfelling á fastagjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega.

Það er ljóst að skilgreining á alþjónustu mun taka breytingum eftir því sem tækniframfarir og ný þjónusta kemur fram enda er aðgangur að upplýsingum um fjarskiptanet einn af hornsteinum upplýsingaþjóðfélagsins.

Af þeim orsökum var ekki talið rétt að telja upp í frumvarpinu þær þjónustur sem skuli falla undir alþjónustu. Ráðherra er því heimilað að ákveða hvaða þættir falla undir alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun mun síðan útfæra nánar þessa þjónustu, t.d. hvort fleiri en einn aðili skuli annast alþjónustu, hvort hún eigi að ná til alls landsins eða einstakra landshluta.

385. Frumvarp til laga [145. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað hlutfallstölunnar „1,5%“ í 1. mgr. kemur: 1,3%.

b. Í stað 3., 4. og 5. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar er orðast svo:

Almennt tryggingagjald skal vera 3,95% af gjaldstofni skv. III. kafla, sbr. þó 4. og 5. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal almennt tryggingagjald vera í tveimur gjaldflokkum, almennum gjaldflokki og sérstökum gjaldflokki, við álagningu tryggingagjalds á árunum 1998–2000 og staðgreiðslu þess á árunum 1997–1999.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í sérstökum gjaldflokki, þ.e. fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptalningu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi, skal vera sem hér segir:

a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 2,5%.

b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 3,0%.

c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 3,5%.

Hundraðshluti almenns tryggingagjalds í almennum gjaldflokki, þ.e. fyrir allar aðrar atvinnugreinar en falla undir 5. mgr., skal vera sem hér segir:

a. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997 og álagningu á árinu 1998 skal hundraðshlutinn vera 4,9%.

b. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1998 og álagningu á árinu 1999 skal hundraðshlutinn vera 4,6%.

c. Við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1999 og álagningu á árinu 2000 skal hundraðshlutinn vera 4,25%.

2. gr.

Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna komi tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Staðlaráð fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,007% af gjaldstofni skv. III. kafla.

4. Icepro fái í sinn hlut sem nemi allt að 0,001% af gjaldstofni skv. III. kafla.

3. gr.

Orðin „umfram 6% af launum“ í 1. tölul. 7. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Ákvæði a-liðar 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 1998 og við staðgreiðslu tryggingagjalds á árinu 1997.

386. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 1. málsl. kemur: C–E-liðum.
b. 4. tölul. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 6. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

3. gr.

Í stað orðanna „C–F-liðum í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 65 kr./kg í 60 kr./kg:

1704.1000	1704.9007	1806.2006	1806.3209	1806.9039
1704.9001	1704.9009	1806.2009	1806.9023	2106.9061
1704.9002	1806.1000	1806.3101	1806.9024	3003.9001
1704.9003	1806.2001	1806.3109	1806.9025	3004.5004
1704.9004	1806.2003	1806.3201	1806.9026	3004.9004
1704.9005	1806.2004	1806.3202	1806.9028	3302.1021
1704.9006	1806.2005	1806.3203	1806.9029	3302.1030

b. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 12 kr./kg í 10 kr./kg:

2006.0011	2006.0030	008.2001	2008.5009	2008.9100
2006.0012	2007.1000	2008.2009	2008.6001	2008.9201
2006.0019	2007.9100	2008.3001	2008.6009	2008.9209
2006.0021	2007.9900	2008.3009	2008.7001	2008.9901
2006.0022	2008.1101	2008.4001	2008.7009	2008.9902
2006.0023	2008.1109	2008.4009	2008.8001	2008.9909
2006.0029	2008.1900	2008.5001	2008.8009	2106.9062

c. Af vörum í öllum tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í B-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 9 kr./l í 8 kr./l.

d. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans:

8708.1000	8708.3900	8708.6000	8708.9100	8708.9900
8708.2900	8708.4000	8708.7000	8708.9300	
8708.3100	8708.5000	8708.8000	8708.9400	

e. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðaukans:

3303.0001	3305.3000	3307.9009	3702.4402	3702.9200
3303.0002	3305.9000	3701.2000	3702.5100	3702.9300
3304.1000	3307.1000	3701.9109	3702.5200	3702.9400
3304.2000	3307.2000	3701.9909	3702.5300	3702.9500
3304.3000	3307.3000	3702.2000	3702.5400	
3304.9100	3307.4100	3702.3100	3702.5500	
3304.9900	3307.4900	3702.3200	3702.5600	
3305.2000	3307.9002	3702.3909	3702.9100	

f. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr D-lið viðaukans:

8708.1000	8708.5000	8708.9300	9608.3100	9608.9100
8708.2900	8708.6000	8708.9400	9608.3900	9608.9900
8708.3100	8708.7000	8708.9900	9608.4000	9609.1000
8708.3900	8708.8000	9608.1000	9608.5000	9609.2000
8708.4000	8708.9100	9608.2000	9608.6000	9609.9000

g. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við E-lið viðaukans:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8100	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

h. F-liður viðaukans fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

387. Frumvarp til laga [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr., fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr., innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra til staðfestingar sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli tekna af þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., sem og innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

6. gr.

17. gr. laganna fellur brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Kemur 2. gr. til framkvæmda þegar umboði núverandi stjórnar lýkur og 6. gr. kemur til framkvæmda við gerð efnahags- og rekstrarreiknings ársins 1998. 4. gr. laganna (nr. 92/1994) fellur úr gildi 31. desember 2008, 5. gr. þeirra fellur úr gildi frá og með gjaldárinu 1997 og 6. gr. þeirra frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 2008. Að öðru leyti gilda lögin til 31. desember 2009. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Hafrannsóknastofnunarinnar og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við lögin bætist ný málsgrein við ákvæði til bráðabirgða I er orðast svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árinu 1997 að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 1.000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi laganna. Skal láninu varið til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

II.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögunum orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum til 1. júlí 1997. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Skal það styrkhlutfall, sem ákveðið er á grundvelli þessa ákvæðis, einnig gilda um krókabáta á sóknardögum sem úreltir eru á tímabilinu frá 1. október 1996 til gildistöku laga þessara, sbr. lög nr. 109/1996.

III.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða IV er orðast svo:

Umsóknir um styrki vegna úreldingar fiskiskipa sem borist hafa Þróunarsjóði sjávarútvegsins fyrir gildistöku laga þessara skulu afgreiddar í samræmi við þágildandi ákvæði laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Til að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis er stjórn sjóðsins heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að leggja fram framleiðslutæki, þar með talin skip sem keypt hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, sem hlutafé í sjávarútvegsfyrirtækjum utan Íslands eða hlutafélögum sem stofnuð eru hér á landi til að taka þátt í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Um innheimtu ógoldinna þróunarsjóðsgjalda sem á hafa verið lögð fyrir gildistöku laga þessara skulu gilda ákvæði laga nr. 92/1994, með síðari breytingum, eins og þau voru fyrir gildistöku laga þessara.

388. Lög [57. mál]

um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 354 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkom-

andi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum sem um ræðir í þessari grein utan lögsögunnar, enda uppfylli þau skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar, enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

6. gr. hljóðar svo:

Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

389. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun listamanna skulu veitt úr fjórum sjóðum:

a. Launasjóði rithöfunda,
b. Launasjóði myndlistarmanna,
c. Tónskáldasjóði,
d. Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir eru sérgreindir sjóðir. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla Íslands þegar stofnaður verður, og loks einum án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn listamannalauna skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald, en hún getur falið öðrum aðila að sjá um þessa þætti fyrir sína hönd ef allir stjórnarmenn samþykkja.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þau sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn listamannalauna og fá greidd starfslaun mánaðarlega að viðbættu 6% álagi. Þau skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þau skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn listamannalauna má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð starfslaun miðast við 1.200 mánaðarlaun eða 100 árslaun.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 320 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 100 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

9. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 300 mánaðarlauna og skal allt að þriðjungi þeirra varið til stuðnings leikhópum svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því framlagi Listasjóðs einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Stjórn listamannalauna getur falið framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna.

Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna sem notið höfðu listamannalauna nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri.

Við úthlutun úr Listasjóði skulu þær umsóknir njóta forgangs sem lúta að viðfangsefnum er ekki falla undir verksvið annarra sjóða, sbr. 2. gr.

Ákvörðun stjórnar Listasjóðs um úthlutun er endanleg og verður ekki áfrýjað.

10. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun skulu veitt til hálfs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Stjórn Listamannalauna og úthlutunarnefndum er þó heimilt að úthluta starfslaunum til skemmri tíma en hálfs árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Sú upphæð, sem varið er til þessa, sem og til náms- og ferðastyrkja, skal ekki vera hærri en sem nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs samkvæmt lögum þessum verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um skilgreiningu á því hvað teljist fast starf, sbr. 4. gr., og um tilhögun tilnefninga af hálfu tilnefningaraðila í úthlutunarnefndir, sbr. 6.–8. gr. Þá skal enn fremur setja nánari ákvæði í reglugerð um skilmála fyrir veitingu starfslauna, þar með talið um endurgreiðslu þeirra ef gegn þeim skilmálum er brotið.

Við framkvæmd þessarar greinar skal haft samráð við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna eftir því sem við á hverju sinni.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1996.

390. Frumvarp til laga [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 17. des.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Valeri Abokhaevich, verkfræðingur í Kópavogi, f. 6. júní 1958 í Sovétríkjunum.
2. Alvarez, Alba Lucia, húsmóðir í Reykjanesbæ, f. 1. desember 1952 í Kólumbíu.
3. Anton Carrasco, nemi á Akureyri, f. 10. janúar 1980 á Akureyri.
4. Ásdís Bjarnadóttir, nemi í Hveragerði, f. 23. maí 1977 í Suður-Kóreu.
5. Biglio Berardo, Robert Walter, bílstjóri í Reykjavík, f. 12. mars 1956 í Úrúgvæ.
6. Buckley, Sarah Catherine Ruth, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 12. október 1964 í Englandi.
7. Burana, Ratree, fiskverkakona í Reykjavík, f. 25. apríl 1963 í Tælandi.
8. Burza, Józefa Janina, starfsstúlka í Reykjavík, f. 12. júlí 1959 í Póllandi.
9. Cuizon, Gina Barriga, saumakona í Reykjavík, f. 31. júlí 1965 á Filippseyjum.
10. Damasin, Lucivic Bernaldez, fiskverkakona á Akureyri, f. 13. febrúar 1972 á Filippseyjum.
11. David, Adam Iapheth, tölvunarfræðingur í Reykjavík, f. 4. febrúar 1960 í Englandi.
12. Djeddou, Khaled, fiskverkamaður í Reykjavík, f. 16. janúar 1969 í Alsír.
13. Dobrowolska, Renata Agnieszka, þjálfari í Grundarfirði, f. 10. mars 1971 í Póllandi.
14. Dugay, Adela P., húsmóðir í Garðabæ, f. 17. ágúst 1969 á Filippseyjum.
15. Elsa Herjólfsdóttir Skogland, nemi í Reykjavík, f. 4. júlí 1971 á Ísafirði.
16. Fletcher, James Matthew, verkamaður í Reykjavík, f. 14. janúar 1968 í Englandi.
17. Fuentes, Enrique Humberto Canales, verkamaður í Kópavogi, f. 2. september 1956 í Chile.
18. Gaviola, Imelda Moreno, grunnskólakennari á Laugarvatni, f. 7. október 1967 á Filippseyjum.
19. Giannattasio, Pantaleone, starfsmaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1965 á Ítalíu.
20. Gray, Gunnar George, stýrimaður á Ísafirði, f. 21. júní 1967 í Skotlandi.

21. Guan, Dong Qing, íþróttakennari í Reykjavík, f. 23. desember 1965 í Kína.
22. Harrison, Kathryn Mary, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. 20. janúar 1964 í Englandi.
23. Hiller, Mari Susan, nemi í Reykjavík, f. 10. apríl 1979 í Svíþjóð.
24. Jaidee, Sudarat, verkakona í Sandgerði, f. 4. apríl 1963 í Tælandi.
25. Jón Einar Pétursson, nemi á Ísafirði, f. 1. desember 1980 í Gvatemala.
26. Jónína Wilkins, nemi í Reykjavík, f. 27. febrúar 1977 í Reykjavík.
27. Juan, Ofelia Buenaventura, saumakona í Reykjavík, f. 12. júlí 1962 á Filippseyjum.
28. Karim Khani Nejad, Poneh, verkakona í Mosfellsbæ, f. 31. janúar 1975 í Íran.
29. Klarstam, Wieslawa Janina, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 23. júní 1967 í Póllandi.
30. Leplar, Chloe Gyða, nemi í Reykjavík, f. 9. desember 1975 í Englandi.
31. Otto Fernando Geirmundsson Tulinius, barn í Svíþjóð, f. 21. október 1995 í Kólumbíu.
32. Palfreeman, Susan Elizabeth, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. febrúar 1963 í Kanada.
33. Pardillo, Anita Paraiso, fiskverkakona á Höfn, f. 23. desember 1954 á Filippseyjum.
34. Passaro, Kolbrún Marvia Catherine, nemi á Siglufirði, f. 4. febrúar 1980 í Englandi.
35. Pintor, Nonita Inoc, þerna í Hafnarfirði, f. 27. mars 1954 á Filippseyjum.
36. Plesec, Barbara, fiskverkakona í Reykjavík, f. 20. maí 1967 í Júgóslavíu.
37. Ramirez, Debbie, þjónn í Hafnarfirði, f. 9. janúar 1970 á Filippseyjum.
38. Roloff, Kerstin Hiltrud, hjúkrunarfræðingur á Hvammstanga, f. 24. desember 1966 í Þýskalandi.
39. Ruck, Annette Maria, húsmóðir á Ólafsfirði, f. 6. maí 1968 í Þýskalandi.
40. Saithong, Wannika, húsmóðir í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Tælandi.
41. Dos Santos Alves, Alice, ræstingakona í Reykjavík, 5. september 1963 á Grænhöfðaeyjum.
42. Sigurbjörg Lilja Michelsen, matráðskona í Reykjavík, f. 12. nóvember 1963 í Reykjavík.
43. Sikora, Halina, heimilishjálp í Garðabæ, f. 25. apríl 1958 í Póllandi.
44. Da Silva, Jaqueline Cardoso, húsmóðir í Garðabæ, f. 5. janúar 1967 í Brasilíu.
45. Somphakdee, Pornsawan, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. desember 1962 í Tælandi.
46. Tangolamus, Josephine C., húsmóðir í Reykjavík, f. 22. júní 1970 á Filippseyjum.
47. Tong, Lu Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 16. febrúar 1961 í Kína.
48. Vosicky, Peter Radovan Jan, leiðbeinandi í Reykjavík, f. 8. janúar 1949 í Tékkóslóvakíu.
49. Wang, Huasheng, rannsóknarmaður í Reykjavík, f. 30. júní 1951 í Kína.
50. Wongsunant, Lamiad, þerna í Reykjavík, f. 10. ágúst 1953 í Tælandi.
51. Wood, Patricia Ann, húsmóðir á Akureyri, f. 7. janúar 1933 í Skotlandi.
52. Yu, Kim Feng, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 23. apríl 1965 í Kína.
53. Ywrée, Cheg Wushueng, húsmóðir í Reykjavík, f. 1. mars 1930 í Kína.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

391. Breytingartillaga [142. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Frá Einari Oddi Kristjánssyni.

Við 4. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans: 1806.9027 og 3302.1029.

Greinargerð.

Breytingartillaga þessi er lögð fram til að taka af allan vafa um að tollskrárnúmer 1806.9027 og 3302.1029 beri ekki vörugjald, sbr. nefndarálit á þskj. 236.

392. Lög [203. mál]

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 229.

393. Lög [135. mál]

um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 389.

394. Lög [62. mál]

um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972, sbr. lög nr. 78 30. maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 62.

395. Lög [121. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 390.

396. Lög [142. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 386 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við lögin:

a. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 65 kr./kg í 60 kr./kg:

1704.1000	1704.9007	1806.2006	1806.3209	1806.9039
1704.9001	1704.9009	1806.2009	1806.9023	2106.9061
1704.9002	1806.1000	1806.3101	1806.9024	3003.9001
1704.9003	1806.2001	1806.3109	1806.9025	3004.5004
1704.9004	1806.2003	1806.3201	1806.9026	3004.9004
1704.9005	1806.2004	1806.3202	1806.9028	3302.1021
1704.9006	1806.2005	1806.3203	1806.9029	3302.1030

b. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 12 kr./kg í 10 kr./kg:

2006.0011	2006.0030	2008.2001	2008.5009	2008.9100
2006.0012	2007.1000	2008.2009	2008.6001	2008.9201
2006.0019	2007.9100	2008.3001	2008.6009	2008.9209
2006.0021	2007.9900	2008.3009	2008.7001	2008.9901
2006.0022	2008.1101	2008.4001	2008.7009	2008.9902
2006.0023	2008.1109	2008.4009	2008.8001	2008.9909
2006.0029	2008.1900	2008.5001	2008.8009	2106.9062

c. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans: 1806.9027 og 3302.1029.

d. Af vörum í öllum tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í B-lið viðaukans breytist fjárhæð magngjalds úr 9 kr./l í 8 kr./l.

e. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans:

8708.1000	8708.3900	8708.6000	8708.9100	8708.9900
8708.2900	8708.4000	8708.7000	8708.9300	
8708.3100	8708.5000	8708.8000	8708.9400	

f. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðaukans:

3303.0001	3305.3000	3307.9009	3702.4402	3702.9200
3303.0002	3305.9000	3701.2000	3702.5100	3702.9300
3304.1000	3307.1000	3701.9109	3702.5200	3702.9400
3304.2000	3307.2000	3701.9909	3702.5300	3702.9500
3304.3000	3307.3000	3702.2000	3702.5400	
3304.9100	3307.4100	3702.3100	3702.5500	
3304.9900	3307.4900	3702.3200	3702.5600	
3305.2000	3307.9002	3702.3909	3702.9100	

g. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr D-lið viðaukans:

8708.1000	8708.5000	8708.9300	9608.3100	9608.9100
8708.2900	8708.6000	8708.9400	9608.3900	9608.9900
8708.3100	8708.7000	8708.9900	9608.4000	9609.1000
8708.3900	8708.8000	9608.1000	9608.5000	9609.2000
8708.4000	8708.9100	9608.2000	9608.6000	9609.9000

h. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við E-lið viðaukans:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8100	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

i. F-liður viðaukans fellur brott.

397. Lög [181. mál]

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. des.)

Samhljóða þskj. 387.

398. Fyrirspurn [245. mál]

til dómsmálaráðherra um aðgang fólks undir lögaldri að vínveitingahúsum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hve mörg vínveitingahús hafa sl. fimm ár fengið áminningu fyrir að veita fólki undir lögaldri aðgang?
2. Hvaða viðurlögum hefur verið beitt í þeim tilvikum?

Skriflegt svar óskast.

399. Fyrirspurn [246. mál]

til viðskiptaráðherra um tryggingar fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvernig er háttað tryggingum banka og sparisjóða fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum?
2. Er ráðuneytinu kunnugt um að krafist sé opinna og ótakmarkaðra trygginga?

Skriflegt svar óskast.

400. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þótt efnahagsþróunin á yfirstandandi ári og horfur fyrir komandi ár séu vissulega um margt jákvæðar er þar einnig ýmis alvarleg áhyggjuefni að finna. Þar stendur upp úr áframhaldandi hrikaleg skuldasöfnun heimilanna en heimilin hafa haldið áfram að stórauka skuldir sínar á þessu ári. Frá miðju ári 1995 til jafnlengdar á yfirstandandi ári hafa lántökur heimilanna aukist um 11,5%. Talið er að skuldaauking heimilanna á árinu 1996 verði nálægt 30 milljarðar kr. Ríkissjóður heldur sömuleiðis áfram að auka við skuldir sínar þótt nokkuð hafi dregið úr skuldaaukningunni. Ánægjulegt er á hinn bóginn að sveitarfélögin virðast nú loksins vera að komast fyrir hallareksturinn og skuldir þeirra eru hættar að aukast.

Ýmislegt fleira mætti nefna sem vekur áhyggjur eins og raunvaxtahækkun undanfarna mánuði, en ljóst er að eitt helsta og nánast eina úrræðið sem Seðlabankinn hefur valið að beita til að sporna gegn þennslu og viðskiptahalla er að hækka vexti. Raunvextir hafa því farið hækkandi á Íslandi á sama tíma og þeir hafa yfirleitt verið að lækka í nágrannalöndunum.

Í heildina tekið fer lítið fyrir samræmdri hagstjórn og efnahagsstjórn þar sem seðlabanki og ríkisvald vinna saman eins og vera ætti. Ekkert er gert varðandi afmörkuð en stóralvarleg vandamál eins og slæma afkomu fiskvinnslunnar.

Horfur á stórauknum viðskiptahalla á næsta ári kalla á að á þeim málum sé tekið. Ríkisstjórnin virðist fyrst og fremst hugsa sér að fleyta sér inn í nýtt ár á grundvelli tekjuaukningar ríkissjóðs vegna aukinnar eyðslu í þjóðfélaginu. Ekki er fyrir að fara neinni markvissri eða samræmdri heildarstefnu sem birtist með skýrum hætti við afgreiðslu fjárlaga, lánsfjárlaga og tengdra frumvarpa.

Minni hluti nefndarinnar sér ekki ástæðu til að endurtaka eða rekja í löngu máli gagnrýni sína á efnahags- og skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið gert í umræðum og í ítarlegu nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997 koma áherslur stjórnarandstöðunnar í ríkisfjármálum fram.

Hvað varðar efni þessa frumvarps verður eingöngu staldrað við fáeina þætti.

Í fyrsta lagi skýtur skökku við að ein af breytingartillögum meiri hlutans við frumvarp til lánsfjárlaga er að lækka lánsheimild til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 170 millj. kr. Þetta er að sögn gert á grundvelli endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar sjóðsins en er mjög á skjön við það að stjórnarflokkarnir telja sig hafa náð lendingu í málefnum Lánasjóðsins og ætla heilar 100 millj. kr. til að efna þá niðurstöðu. Ljóst er að 100 millj. kr. duga engan veginn til þess að koma á fullnægjandi hátt til móts við réttmætar kröfur námsmanna um lagfæringar á málefnum Lánasjóðsins, einkum og sér í lagi að taka upp samtímagreiðslur námsmanna og draga úr hinni óhóflega þungu endurgreiðslubyrði.

Í öðru lagi er rétt að nefna málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en þar er flutt tillaga um að lækka lántökuheimild um 530 millj. kr. þar sem ákveðið hafði verið að fresta fyrirhugaðri stækkun í Keflavík. Minni hlutinn bendir á að eftir sem áður eru málefni Flugstöðvarinnar í hinu megnasta uppnámi og árleg heimild til lánalenginga án þess að tekið sé í heild á vanda stöðvarinnar er til vansa.

Í þriðja lagi má nefna málefni Landsvirkjunar og tengd mál, þ.e. það sem lýtur að fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum og virkjunum í sambandi við þær. Þar er í fyrsta lagi lagt til að lánsheimild Landsvirkjunar skv. 4. gr. hækki um 4.200 millj. kr. eða í litla 9 milljarða kr. Í öðru lagi er lagt til að við 3. gr. bætist nýr liður upp á 500 millj. kr. sem tengist heimild ráðherra til að endurlána allt að þeirri fjárhæð til lóðaframkvæmda við iðnaðarsvæðið á Grundatanga vegna fyrirhugaðs álvers Columbia Ventures Coorporation.

Í fjórða og síðasta lagi er svo flutt tillaga um að heimilt verði að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur hafnarsjóðs Grundartangahafnar allt að 200 millj. kr. til hafnarframkvæmda vegna hins fyrirhugaða álvers. Samtals eru því lánveitngar með ábyrgð ríkisins í þessu sambandi upp á 4.900 millj. kr.

Nefndin taldi að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að kynna sér bakgrunn þessa máls þar sem um svo háar tölur var að ræða sem raun ber vitni og reyndi m.a. að afla upplýsinga um fyrirhugaðan eiganda og rekstraraðila álversins, fyrirtækið Columbia Ventures Coorporation. Greip nefndin m.a. til þess ráðs að leita til amerísks fyrirtækis sem sérhæfir sig í að veita upplýsingar úr viðskiptalífinu eftir frekari upplýsingum um stöðu og styrk hins væntanlega samstarfsaðila Íslendinga.

Nefndin var sammála um að ónógar upplýsingar lægju fyrir á þessu stigi málsins hvað varðaði fjárhagsstöðu fyrirtækisins og óhjákvæmilegt væri að þau mál skýrðust, sem og að fullnægjandi og endanlegar ábyrgðir lægju fyrir, áður en framkvæmdir hæfust á grundvelli þeirra lánsheimilda til Landsvirkjunar og lánsheimildaábyrgðar til fleiri aðila sem nefndin hafði til umfjöllunar.

Minni hlutinn tekur undir þau varnaðarorð sem að þessu leyti til eru í nefndaráliti meiri hlutans. Minni hlutinn telur hins vegar að eðlilegast væri við þessar aðstæður að fresta afgreiðslu á hækkuðum lánsheimildum til Landsvirkjunar og vegna lóðaframkvæmda og hafnargerðar og taka þau mál fyrir á nýjan leik í nefndinni og á Alþingi eftir áramót þegar málin lægju endanlega og ljóst fyrir. Eftir stendur að í nefndinni er algjör samstaða um að hún hljóti að taka málið til umfjöllunar á nýjan leik þegar fjármögnunarvinnu Columbia Ventures Coorporation er lokið og leggja mat á stöðu málsins áður en Landsvirkjun hefur framkvæmdir og tekur lán til þeirra. Í raun er því eingöngu verið að ganga frá heimildunum í lögum án þess að Alþingi sé í reynd að leggja blessun sína yfir að þær verði nýttar fyrr en nefndin hefur tekið málið fyrir á nýjan leik í kjölfar endanlegra samninga og niðurstöðu um fjármögnun.

Að lokum er rétt að minna á að ýmis mikilsverð mál, sem varða afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir komandi ár, eru enn óafgreidd af hálfu ríkisstjórnarinnar og ber þar hæst málefni sjúkrahúsanna og ýmis útgjöld til heilbrigðismála og reyndar fleiri veigamikil atriði. Ósamkomulag milli stjórnarflokkanna og togstreita af ýmsu tagi, m.a. um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hafa tafið alla vinnu Alþingis við fjárlagagerð og lánsfjárlög og skattafrumvörp og valda því að mikil óvissa ríkir um afgreiðslu þessara mikilsverðu mála fram á síðustu starfsdaga þingsins fyrir jólaleyfi. Hlýtur það að teljast ámælisvert, ekki síst í ljósi þess að Alþingi hefur gert sérstakar ráðstafanir og breytt starfsháttum sínum, m.a. með því að auka svigrúm fyrir nefndastörf þegar mesta annríkið er hjá fjárlaganefnd, efnahags- og viðskiptanefnd og öðrum þingnefndum sem samkvæmt venju eru sérstaklega uppteknar á þessum árstíma. Slík viðleitni af hálfu Alþingis til að betrumbæta vinnubrögð er að sjálfsögðu til lítils ef ósamkomuleg innan ríkisstjórnarinnar og sleifarlag af hennar hálfu veldur því að mál berast seint og illa til þingsins.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi fyrir Samtök um kvennalista og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

401. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um póstþjónustu.

Frá 2. minni hluta samgöngunefndar.

Annar minni hluti telur affarasælast að frumvarpið fái sambærilega meðferð og frumvarp til laga um fjarskipti og frumvarp til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og verði skoðað nánar í nefndinni og stefnt að afgreiðslu málsins á vorþingi.

Alþingi, 17. des. 1996.

Ragnar Arnalds.

402. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefur tekið þátt í umfjöllun um frumvarp til laga um raforkuvirki o.fl. sem hefur verið til meðferðar í nefndinni alllengi. Mikill fjöldi manna hefur komið á fund nefndarinnar og hafa athugasemdir margra verið mjög gagnrýnar; aðrir, og ekki síst skoðunarstofurnar, hafa hins vegar lýst ánægju með frumvarpið í meginatriðum. Opinberir aðilar hafa hins vegar aðallega gagnrýnt gjaldtöku þá sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Frumvarpið á sér nokkurn aðdraganda. Árið 1993 var sett reglugerð um breytingar á raforkueftirliti í landinu og sú reglugerð var aftur byggð á niðurstöðu Hagsýslu ríkisins sem frá september 1991 hafði unnið að því að gera úttekt á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits í landinu og hlutverki og rekstri Rafmagnseftirlits ríkisins og mótað tillögur um framtíðarskipan þess. Á grundvelli þessara tillagna, sem komu fram 1992, var síðan, sem fyrr segir, gefin út reglugerð um breytingar á rafmagnseftirliti. Þessi reglugerð kom hvað eftir annað til meðferðar í iðnaðarnefnd Alþingis. Þrátt fyrir það má segja að meginefni reglugerðarinnar hafi smátt og smátt verið að taka gildi og það lagafrumvarp sem hér liggur fyrir er að nokkru leyti staðfesting á reglugerðinni sem sett var á árinu 1993. Þær deilur, sem urðu um málið á síðasta kjörtímabili, komu m.a. fram í því að fulltrúar Framsóknarflokksins í iðnaðarnefnd töldu að hér væri um mjög gallaða reglugerðarsmíð að ræða og létu rafmagnseftirlitsmenn vita að Framsóknarflokkurinn mundi beita sér gegn þessu kerfi þegar hann fengi aðstöðu til. Nú hefur Framsóknarflokkurinn eins og kunnugt er tekið sér bólfestu í iðnaðarráðuneytinu og bundu ýmsir vonir við að þá yrði fylgt þeirri stefnu sem fulltrúar hans í iðnaðarnefnd kynntu á síðasta kjörtímabili. Núverandi iðnaðarráðherra skipaði átta manna nefnd til þess að fjalla um málið. Hún skilaði áliti og þegar til kom reyndist það vera efnislega eins og það sem unnið hafði verið eftir á síðasta kjörtímabili. Verður ekki annað sagt en að þessi niðurstaða ráðherranefndarinnar hafi valdið rafmagnseftirlitsmönnum vonbrigðum en þeir höfðu fest trúnað á þá afstöðu sem Framsóknarmenn kynntu á síðasta kjörtímabili.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur því m.a. verið haldið fram að kostnaður aukist verulega samkvæmt þeim breytingum sem hér er gert ráð fyrir. Í sjálfu sér er því ekki mótmælt af aðilum málsins. Birst hefur dæmi um kostnað miðað við að hver eftirlitsmaður Rafmagnseftirlits ríkisins hafi „kostað“ 3 millj. kr. á ári meðan það kerfi var við lýði. Á árunum 1988, 1989 og 1990 mun hafa verið starfandi 41 maður við rafmagnseftirlit á landinu öllu. Fimm starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins störfuðu eingöngu við eftirlit, fimm til sjö eftirlitsmenn hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja störfuðu að mestu við eftirlit. Eftirlitsmenn annarra rafveitna munu hafa að meðaltali unnið um 30% af sínum vinnutíma við eftirlit sem þýðir eftirfarandi: 14 menn unnu að mestu við rafmagnseftirlit, 27 menn unnu 30% af sínum vinnutíma við rafmagnseftirlit sem þýðir samtals átta menn í fullu starfi. Samanlagt var því hér um að ræða 22 ársverk. Miðað við þessar staðreyndir er niðurstaðan sú að fjöldi skoðaðra veitna á árinu 1988 var 8.166. Kostnaður á hverja veitu reynist hafa verið 8.082 kr. því að heildarkostnaðurinn var 66 millj. kr. Á árinu 1989 voru skoðaðar 10.107 veitur. Kostnaður á veitu reynist vera 7.618 kr. þar sem heildarkostnaðurinn var 66 millj. kr. Árið 1990 var heildarkostnaður-

inn 66 millj. kr. Fjöldi skoðaðra veitna var 8.584 og var kostnaður á veitu því 7.688. Árið 1996 var hins vegar tekið upp nýtt kerfi og þá er talið að skoðaðar veitur í úrtaksskoðun hafi verið 228 og kostnaður á veitu 22.877 kr. Heildarkostnaðurinn við úrtaksskoðanir hafi því verið 5.215.934 kr. Ef gert er ráð fyrir að alls hafi 8.500 veitur verið skoðaðar á þessu ári og kostnaðurinn við hverja veitu hafi verið 22.877 kr. þá nemur heildarkostnaðurinn á þessu ári 195 millj. kr. eða um það bil þrisvar sinnum hærri upphæð en í gamla kerfinu. Þessar upplýsingar og þessar tölur komu fram á fundum nefndarinnar. Þar komu einnig fram margþættar aðrar upplýsingar sem verða ekki raktar hér í einstökum atriðum en tæpt á fáeinum atriðum.

Þingmenn Austurlands og iðnaðarnefnd Alþingis fengu áskorun frá rafverktökum á Austurlandi þar sem óskað var eftir að frumvarpið yrði ekki að lögum og þar sagði svo:

„Að okkar dómi leysir samruni RER og Löggildingarstofunnar ekki vanda rafmagnseftirlitsmála í landinu. Trúlega mundi þessi sameining verða til þess að festa enn frekar í sessi rándýrt og illa virkt kerfi, öllum til tjóns.“ Undir þetta álit skrifar fjöldi rafmagnseftirlitsmanna á Austurlandi.

Þá barst iðnaðarnefndinni ljósrit af áskorun frá rafverktökum á Norðurlandi, dagsett 25. október 1996, og er þar um að ræða efnislega sömu atriði og fram komu í áliti þeirra austanmanna sem var vitnað til hér á undan. Í álitinu segir: „Sú breyting, sem gerð var á þessum öryggisþætti fyrir þremur árum, að því er virðist með einkahagsmuni skoðunarstofa að markmiði, ætlar ekki að heppnast að því er reynslan sýnir og hefur þegar valdið skaða. Sú reglugerð, sem tók gildi 1993 og gildir enn, var samin af nefnd hagsmunaaðila, m.a. eigendum einkarekinna skoðunarstofa. Nefnd þessi sniðgekk öll sjónarmið er vörðuðu hagsmuni almennings og neytenda. ... Komin er upp ýmiss konar sjálfsbjargarviðleitni manna til að leggja sínar eigin raflagnir og er svo að sjá að alls konar fúsk geti nú viðgengist í rafiðnaði notendum til stórhættu. Fjölda annarra dæma mætti nefna sem ekki verður gert að sinni.“

Rafverktakar á Vesturlandi sendu einnig ítarlega áskorun til iðnaðarráðherra, undirritaða af fjölda rafverktaka á Vesturlandi, má segja allra þeirra sem best þekkja til þessara mála þar og kvað þar við sama tón.

Þar segir m.a. svo: „Faggilding er hugtak sem gengur illa upp í því rekstrarumhverfi einyrkja og smáfyrirtækja sem við búum við. Þess vegna verður að tryggja það að rafverktakar lendi ekki í því að verða innheimtuaðilar skoðunargjalda eins og hugmyndir eru uppi um. Við undirritaðir rafverktakar á Vesturlandi förum fram á það við þig, ráðherra iðnaðarmála, að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar endurskoðunar áður en það verður lögfest á Alþingi.“

Samband sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra segir svo í lok álits sem er samþykkt á Hvammstanga 10. desember 1996: „Varað er við útþenslu eftirlits iðnaðarins og bent í því sambandi á þá þróun sem orðið hefur á eftirliti sem tengt er sjávarútvegi með stórauknum kostnaði.“

Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sendi frá sér ítarlegt bréf þar sem segir svo m.a.:

„Framkvæmdaráðið hefur ákveðnar efasemdir um ágæti framangreindrar lagabreytingar og biður þingmenn að huga að eftirtöldum atriðum og ígrunda náið áður en þeir ljá frumvarpinu brautargengi:

a. Öryggi neytenda verði tryggt með virku rafmagnseftirliti en ekki úrtaksskoðunum sem hljóta að skapa hættu á aukinni bruna- og slysatíðni verði dregið úr eftirliti því sem þar var best.

b. Tryggja ber að gjaldtaka vegna þjónustu raforkuskoðunarstofa verði hin sama hvar sem er á landinu óháð staðsetningu hennar.
c. Verður hægt að tryggja samræmda og sambærilega þjónustu allra hinna einkareknu skoðunarstofa sem væntanlega verður komið á laggirnar?
d. Hefur verið kannað til hlítar hvort breyting sem gerð var á rafmagnseftirliti 1993 hafði í för með sér hækkun skoðunargjalda?
e. Ef svo er, hvernig á að tryggja að ekki komi til frekari hækkana með fyrirhuguðum breytingum?
f. Hefur þjónustan batnað eftir breytinguna 1993?
g. Hvatt er til þess að menn flýti sér hægt í afgreiðslu frumvarpsins í stað þess að eiga á hættu að yfirvofandi lagasetningu verði hraðað í tímaskorti fyrir jólahlé þingmanna og lögin e.t.v. síðar meir minnismerki um óvandvirkni hins háa Alþingis en ekki lýsandi dæmi um ígrundaða meðferð mála stofnunarinnar.

Beinskeyttur texti kom frá Kára Einarssyni rafmagnsverkfræðingi sem þekkir afar vel til þeirra mála sem hér um ræðir. Rafmagnseftirlit ríkisins sendi frá sér álit sem var veikburða af skiljanlegum ástæðum. Félag ráðgjafarverkfræðinga sendi einnig frá sér álit sem fagnaði frumvarpinu. Rafmagnsveita Reykjavíkur taldi að kerfið sem gerð er tillaga um gæti verið til bóta. Skoðunarstofur voru að sjálfsögðu hlynntar málinu. Varðandi það var hins vegar bent á að krafan um faggildingu hefði það í för með sér að faggiltar skoðunarstofur yrðu eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og þess vegna væri hætt við því að menn væru að flytja störf utan af landi í stórum stíl; sumir töluðu um tuttugu störf eða svo. Meistarafélag rafeindavirkja var í meginatriðum hlynnt málinu. Landssamband íslenskra rafverktaka gerði ýmsar athugasemdir, einkum varðandi gjaldtöku. Hið sama er að segja um Hitaveitu Suðurnesja. Orkubú Vestfjarða gagnrýndi skattlagningu á rafveitur. Landsvirkjun gagnrýndi fjöldamörg atriði í frumvarpinu og auk alls þessa sem hér hefur verið talið komu fram athugasemdir frá einstökum mönnum sem komu á fund nefndarinnar. Að sjálfsögðu mun minni hlutinn gæta trúnaðar við þann fjölmenna hóp og því ekki vitna til orða hans beint en ljóst er að veruleg óánægja er með málið víða.

Meiri hlutinn hefur komið til móts við þessa gagnrýni með því að flytja marga tugi breytingartillagna við frumvarpið og er það vissulega þakkarvert hvað hann hefur lagt sig fram við að koma til móts við sjónarmið gagnrýni sem heyrst hafa. Engu að síður stendur meginhluti gagnrýninnar óhaggaður.

Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Fyrir því eru eftirfarandi rök:

— kostnaður af eftirliti virðist aukast með því kerfi sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt frumvarpinu sem gæti leitt til hærra rafmagnsverðs fyrir neytendur;
— kostnaður við skoðun húsveitna getur aukist verulega;
— kostnaður eykst mest á landsbyggðinni nái breytingarnar fram að ganga;
— kerfisbreytingin byggist á því að flytja tugi starfa frá dreifbýli til þéttbýlis;
— ekki er ljóst að rafmagnseftirlit aukist og því er haldið fram að úr því geti dregið;
— ekki hefur verið gengið frá því hvernig breytingin kemur við starfsmenn Rafmagnseftirlitsins;
— frumvarpið felur í sér víðtækt valdframsal til ráðherra og það virðist almennt illa undirbúið.

Nánar verður fjallað um málið í framsögu.

Guðný Guðbjörndóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 17. des. 1996.

Svavar Gestsson, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir.

403. Beiðni um skýrslu [247. mál]

frá samgönguráðherra um starfsemi Póst- og símamálastofnunar og formbreytingar sem verða á stofnuninni um áramótin 1996–97 þegar hún verður gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Ágústi Einarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Svanfríði Jónasdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að samgönguráðherra flytji Alþingi skýrslu um starfsemi Póst- og símamálastofnunar og formbreytingar sem verða á stofnuninni um áramótin 1996–97.

Í skýrslunni verði m.a. gerð ítarleg grein fyrir eftirtöldum atriðum:

1. Hefur öllum starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar verið boðið starf hjá Pósti og síma hf.? Ef ekki, hvers vegna og hversu margir fengu ekki slíkt tilboð? Hafa verið gerðir starfslokasamningar við marga starfsmenn Póst- og símamálastofnunar? Ef svo er, hafa þá einhverjir þessara starfslokasamninga falið í sér ákvæði þess efnis að viðkomandi væri óheimilt að starfa hjá hugsanlegum samkeppnisaðila í ákveðinn tíma? Hversu margir slíkir starfslokasamningar hafa verið gerðir, við hverja, hvers vegna og hvert var innihald þessara samninga? Hversu margir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar hafa undirritað ráðningarsamninga við Póst og síma hf.? Hafa orðið einhverjar breytingar á högum þeirra og kjörum við undirritun nýrra ráðningarsamninga eða verða þær breytingar um næstu áramót? Ef svo er, hverjar helstar? Hefur ráðning nýrra yfirmanna í stað annarra sem hætt hafa á síðustu vikum og mánuðum leitt til breytinga á launakjörum hjá yfirmönnum fyrirtækisins? Ef svo er, hvaða breytingar er um að ræða?
2. Hvaða upplýsingar um tillögur og/eða ákvarðanir um breytingar á stjórnskipan fyrirtækisins liggja fyrir? Opinbert er að leggja skal af svokallaðar umdæmisskrifstofur. Óskað er eftir ítarlegum skýringum á hugmyndafræði þeirra breytinga. Er fyrirhugað að loka strandstöðvum? Er ætlunin að loka póststöðvum nú eða á næsta ári? Ef svo er, þá hverjum? Hvað verður um starsfólk þessara stofnana og annarra þar sem breytingar eru fyrirhugaðar?
3. Stendur til að skipta fyrirtækinu Pósti og síma hf. upp í aðskilin fyrirtæki, tvö eða fleiri, þegar á næsta ári?

4. Lýst hefur verið yfir þeirri ákvörðun ráðherra að bjóða út aðra rás fyrir GSM-kerfið. Hvaða meginmarkmið eru höfð að leiðarljósi í því útboði? Óskað er eftir útboðsskilmálum vegna þessa.
5. Pósti og síma hf. er heimilt lögum samkvæmt að kaupa hluti í öðrum fyrirtækjum og selja aftur eftir efnum og ástæðum. Eru slík viðskipti fyrirhuguð?
6. Hverjir eru að mati ráðherra framtíðarmöguleikar Pósts og síma hf. í síharðnandi samkeppnisumhverfi, sbr. frumvarp til laga um fjarskipti? Hvert er hlutverk ráðherra sjálfs í ljósi hæfisreglna sem getið er um í frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu þegar henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

404. Tillaga til þingsályktunar [248. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 sem gerðir voru í Ósló 14. desember 1996:

1. Sameiginlega bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða á stofninum.
2. Samning milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.
3. Samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997.
4. Samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 sem gerðir voru í Osló 14. desember 1996:

1. Sameiginlegri bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða á stofninum; 2. Samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997; 3. Samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997; og 4. Samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997. Sameiginlega bókunin er prentuð sem fylgiskjal I.a. með þingsályktunartillögu þessari og bókunin um sérstakar verndunarráðstafanir sem fylgiskjal I.b. Samningurinn við Færeyjar er prentaður sem fylgiskjal II, samkomulagið við Noreg sem fylgiskjal III og samkomulagið við Rússland sem fylgiskjal IV.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Osló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtíma markmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. í bókuninni skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni.

Hins vegar var ekki kveðið á um skiptingu heildarafla samningsaðila nema fyrir árið 1996. Samkvæmt lið 2.1. í bókuninni var heildarafli landanna fjögurra á árinu 1996 ákveðinn 1.107 þúsund lestir og skiptist hann þannig að í hlut Íslands komu 190 þúsund lestir, í hlut Færeyja komu 86 þúsund lestir, í hlut Noregs 695 þúsund lestir og 156 þúsund lestir í hlut Rússlands. Veiðum Íslendinga lauk í júní á þessu ári og numu þær u.þ.b. 166 þúsund lestum.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða 150 þúsund lesta kvóta. Evrópubandalagið telur hins vegar að skip frá aðildarríkjum þess hafi veitt um 188 þúsund lestir.

Vegna veiða á árinu 1997 var talið brýnt að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Viðræður strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins fóru fyrst fram í Lundúnum 18. og 19. nóvember 1996 og var þeim fram haldið í Osló 12. til 14. desember 1996. Á síðarnefnda fundinum náðist samkomulag um þá samninga sem hér um ræðir.

Niðurstaða viðræðnanna kemur fram í sameiginlegri bókun, sbr. fylgiskjal I.a. Samkvæmt bókuninni verður heildarafli aðilanna á árinu 1997 1.498 þúsund lestir en samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 12 þúsund lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur, sbr. fylgiskjal I.b. Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands og Færeyja koma 315 þúsund lestir, í hlut Evrópubandalagsins 125 þúsund lestir, í hlut Noregs 854 þúsund lestir og í hlut Rússlands 192 þúsund lestir.

Í bókuninni er gert ráð fyrir að aðilar komi sér saman í sérstökum tvíhliða samningum um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja er framangreindum kvóta þeirra skipt þannig að í hlut Íslands koma 233 þúsund lestir en 82 þúsund lestir í hlut Færeyja. Samningurinn kveður á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða í lögsögu hins á árinu með sama hætti og var á árinu 1996. Sjá fylgiskjal II.

Einnig var gengið frá samningi milli Íslands og Noregs. Samkvæmt honum fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 10 þúsund lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögu við meginland Noregs. Samkvæmt samningnum fá norsk skip heimild til að veiða allt að 166 þúsund lestir í íslenskri lögsögu á árinu 1997, sbr. fylgiskjal III. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem rússneskum skipum er veitt heimild til að veiða allt að 6.500 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands, sbr. fylgiskjal IV.

Bókuninni og öðrum samningum skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1997. Bókunin og samningarnir öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Á ársfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) 20. til 22. nóvember 1996 var samþykkt að þau ríki sem stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum skuli tilkynna vikulega um afla skipa sinna auk þess sem þau skuli tilkynna skrifstofu NEAFC hvaða skip hafi leyfi til veiða úr stofninum. Ennfremur var stofnuð vinnunefnd aðildarríkja til þess að semja nánari reglur um eftirlit með veiðum á Norðaustur-Atlantshafi. Tillögur að framtíðarskipan eftirlitsmála munu liggja fyrir á árinu 1997.

Með því samkomulagi sem í fyrrgreindum samningum felst hefur í fyrsta sinn tekist að ná heildarstjórnun á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum, þ.e.a.s. samkomulagi allra þeirra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Augljóst er að Ísland á mjög mikið undir því að síldarstofninn taki upp fyrra göngumynstur þegar síldin gekk í ríkum mæli á Íslandsmið. Ólíklegt er að það gerist fyrr en stórir árgangar síldar fá að vaxa upp enda er talið að uppistaða síldargangna til Íslands hafi verið eldri árgangar stofnsins. Hagsmunir Íslands af því að koma í veg fyrir ofveiði stofnsins eru því miklir. Samkomulagið, sem hér um ræðir, hlýtur að teljast forsenda þess að markmiðinu um uppbyggingu stofnsins verði náð.

Fylgiskjal I.a.

SAMEIGINLEG BÓKUN um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Ole Tougaard, sendinefnd Færeyja undir forystu Kaj P. Mortensen, sendinefnd Íslands undir forystu Jóhanns Sigurjónssonar, sendinefnd Noregs undir forystu Dag Erling Stai og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu dr. Vjacheslav K. Zilanov hittust í Osló dagana 12. til 14. desember 1996 til að eiga viðræður um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997. Fundurinn var framhald fundar sem var haldinn í London 18. til 19. nóvember 1996.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997, sem greinir í viðauka við bókun þessa, verði komið á.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 1997 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

AGREED RECORD of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1997

1. A Delegation of the European Community headed by Mr. Ole Tougaard, a Delegation of the Faroe Islands headed by Mr. Kaj P. Mortensen, a Delegation of Iceland headed by Mr. Jóhann Sigurjónsson, a Delegation of Norway headed by Mr. Dag Erling Stai and a Delegation of the Russian Federation, headed by Dr. Vjacheslav K. Zilanov met in Oslo from 12 - 14 December 1996 to consult on management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock for 1997. The meeting was a continuation of a previous meeting held in London 18 - 19 November 1996.

2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangements for the regulation of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock in 1997 set out in the Annex to this Agreed Record.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 1997 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Gjört í Osló 14. desember 1996 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Ole Tougaard
Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Jóhann Sigurjónsson
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vjacheslav K. Zilanov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

Done at Oslo on 14 December 1996 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

Ole Tougaard
For the Community Delegation

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Jóhann Sigurjónsson
For the Delegation of Iceland

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vjacheslav K. Zilanov
For the Delegation of the Russian Federation

VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum sé 1.500.000 lestir á árinu 1997.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum við 1.498.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	125.000 lestir*
Færeyjar og Ísland	315.000 lestir*
Noregur	854.000 lestir
Rússneska sambandsríkið	204.000 lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða í fiskveiðilögsögu hvers annars og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 5.000 lestum.

ANNEX

1. Tha Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) stock, hereinafter referred to as herring, of 1.500.000 tonnes in 1997.

2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 1997 to a maximum limit of 1.498.000 tonnes on the basis of the following quotas:

The European Community	125.000 tonnes*
The Faroe Islands and Iceland	315.000 tonnes*
Norway	854.000 tonnes
The Russian Federation	204.000 tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Paraties, are regulated by bilateral arrangements.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 5.000 tonnes.

Fylgiskjal I.b.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997

Með vísan til liðar 2.1. í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 12.000 lestir af kvóta sínum á árinu 1997 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í Osló 14. desember 1996 í fjórum frumeintökum á ensku.

Kaj P. Mortensen
Fyrir sendinefnd Færeyja

Jóhann Sigurjónsson
Fyrir sendinefnd Íslands

Dag Erling Stai
Fyrir sendinefnd Noregs

Vjacheslav K. Zilanov
Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in 1997

With reference to Article 2.1. of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) in the Northeast Atlantic and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1997 signed today.

The Russian Federation shall reserve for conservation purposes 12,000 tons of its quota for 1997 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at Oslo on 14 December 1996 in four originals in English.

Kaj P. Mortensen
For the Delegation of the Faroe Islands

Jóhann Sigurjónsson
For the Icelandic Delegation

Dag Erling Stai
For the Delegation of Norway

Vjacheslav K. Zilanov
For the Delegation of the Russian Federation

Fylgiskjal II.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

Ísland og Færeyjar
vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í Osló 14. desember 1996,
hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aflahlutdeild Íslands í norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 skal vera 233.000 lestir og aflahlutdeild Færeyja 82.000 lestir.

2. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.
Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

3. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.
Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.
Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.

4. gr.

Til að tryggja skipulegar veiðar getur landsstjórn Færeyja takmarkað fjölda íslenskra skipa sem stunda samtímis veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja við 25 skip og íslensk stjórnvöld takmarkað fjölda færeyskra skipa sem stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Íslands við 8 skip.

5. gr.

Samningur þessi hefur ekki fordæmisgildi gagnvart samningum milli aðila í framtíðinni.

Gjört í Osló 14. desember 1996 í tveimur eintökum, öðru á íslensku og hinu á færeysku.

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd færeysku sendinefndarinnar:
Kaj P. Mortensen

Fylgiskjal III.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1997

Í samræmi við 3. tl. viðauka við sameiginlega bókun frá 14. desember 1996 um niðurstöðu fiskveiðiviðræðna milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 hafa verið gerðir sérstakir tvíhliða samningar um veiðar aðila í fiskveiðilögsögu hvers annars.

Að því er varðar Ísland og Noreg verður fyrirkomulagið sem hér segir:

Íslenskum fiskiskipum er á árinu 1997 heimilt að veiða allt að 233 þúsund lestir af síld í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N, þar af að hámarki 10 þúsund lestir í efnahagslögsögu Noregs norðan 62°N.

Norskum fiskiskipum er heimilt að veiða allt að 166 þúsund lestir af síld í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.

Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

Gjört í Ósló 14. desember 1996

Fyrir hönd íslensku sendinefndarinnar:
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd norsku sendinefndarinnar:
Dag Erling Stai

ARRANGEMENT
between Iceland and Norway on access to the Icelandic Economic Zone and the Norwegian Economic Zone and the Fishery Zone around Jan Mayen in 1997

In accordance with paragraph 3 of the Annex to the Agreed Record dated 14 December 1996 of conclusions of fisheries consultations between the European Community, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation on the management of the Norwegian Spring Spawning Herring (Atlanto-Scandian Herring) Stock in the Northeast Atlantic for 1997, separate bilateral arrangements on access to the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties have been concluded.

The following arrangement between Iceland and Norway shall apply:

Icelandic fishing vessels are granted access in 1997 to fish 233,000 tonnes of herring in the Fishery Zone around Jan Mayen or in the Norwegian Economic Zone north of 62° N of which a maximum of 10,000 tonnes of herring may be fished in the Norwegian Economic Zone north of 62° N.

Norwegian fishing vessels are granted access in 1997 to fish 166,000 tonnes of herring in the Icelandic Economic Zone.

The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

Done at Oslo, 14 December 1996

For the Icelandic delegation:
Jóhann Sigurjónsson

For the Norwegian delegation:
Dag Erling Stai

Fylgiskjal IV.

SAMKOMULAG milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997, sem undirrituð var í dag af Íslandi, Færeyjum, Noregi, Rússneska sambandsríkinu og Evrópubandalaginu , hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 1997 allt að 6.500 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

A. 64°00'N-09°00'V
B. 67°00'N-09°00'V
C. 69°25'N-13°00'V

2. Rússnesk yfirvöld skulu tilkynna íslenska sjávarútvegsráðuneytinu fyrirfram um hvaða fiskiskip hyggjast stunda fiskveiðar innan efnahagslögsögu Íslands og hvaða gerð veiðarfæra verði notuð. Þeim er ekki heimilað að hefja fiskveiðar fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur veitt samþykki sitt fyrir veiðum þeirra.

3. Eftirfarandi reglur gilda um tilkynningar til Landhelgisgæslu Íslands um veru rússneskra skipa innan efnahagslögsögu Íslands og veiðar þeirra þar:

A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.

B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.

ARRANGEMENT between Iceland and the Russian Federation on Access to the Icelandic Economic Zone in 1997

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between Iceland, the Faroe Islands, Norway, the Russian Federation and the European Community on the Management of the Norwegian Spring Spawning herring (Atlanto-Scandian herring) stock in the Northeast Atlantic for 1997 the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels be granted access in 1997 to take up to 6.500 tonnes of herring within the Icelandic Economic Zone outside a line drawn between the following points:

A. 64°00'N-09°00'W
B. 67°00'N-09°00'W
C. 69°25'N-13°00'W

2. Russian authorities shall notify the Icelandic Ministry of Fisheries in advance as to which fishing vessels intend to engage in fisheries within the Icelandic Economic Zone and the type of fishing gear to be used. They are not authorised to commence fishing until the Ministry of Fisheries has agreed to their fishing.

3. Regarding notification to the Icelandic Coast Guard on the presence and fishing of Russian vessels within the Icelandic Economic Zone, the following rules shall apply:

A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.

B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.

C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.

4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.

Osló, 14. desember 1996

Fyrir hönd sendinefndar Íslands
Jóhann Sigurjónsson

Fyrir hönd sendinefndar
Rússneska sambandsríkisins
V. Zilanov

C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.

4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

Oslo, December 14, 1996

For the delegation of Iceland
Jóhann Sigurjónsson

For the delegation of the
Russian Federation
V. Zilanov

405. Framhaldsnefndarálit [48. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umræðu að taka ákvörðun um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim fimm breytingum við 3. gr. frumvarpsins sem gerðar eru tillögur um á þingskjali 406, en þær nema alls 133,3 m.kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Einnig skal þess getið að í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjur ríkissjóðs aukist um 1,2 milljarða króna frá fyrri áætlun og verði alls 127,2 milljarðar króna, sbr. breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit um fjárheimildir ráðuneyta árið 1996 og þær breytingar sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert tillögur um við 2. og 3. umræðu frumvarpsins. Bent skal á að ekki er gert ráð fyrir að allar heimildir ársins samkvæmt síðasta dálkinum í töflunni verði nýttar heldur færist álíka miklar heimildir til næsta árs og færðar eru á yfirstandandi ár í frumvarpinu, sbr. næstsíðasta dálkinn í töflunni.

Fjárheimildir ráðuneyta 1996.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 m.kr.	Frv. til fjáraukalaga m.kr.	Breytingar-tillögur m.kr.	Alls nýjar heimildir m.kr.	Yfirfærðar heimildir m.kr.	Heimildir ársins m.kr.
00 Æðsta stjórn	1.324,1	129,0	42,7	1.495,8	20,2	1.516,0
01 Forsætisráðuneyti	516,8	174,0	-	690,8	75,2	766,0
02 Menntamálaráðuneyti	19.281,9	277,8	10,6	19.570,3	293,1	19.863,4
03 Utanríkisráðuneyti	1.874,6	94,0	-	1.968,6	200,2	2.168,8
04 Landbúnaðarráðuneyti	6.980,7	98,5	6,5	7.085,7	75,5	7.161,2
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1.199,9	44,5	2,3	1.246,7	71,6	1.318,3
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.024,3	95,7	13,6	6.133,6	94,3	6.227,9
07 Félagsmálaráðuneyti	8.990,6	160,2	21,0	9.171,8	257,7	9.429,5
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	50.014,3	1.347,2	177,0	51.538,5	189,0	51.727,5
09 Fjármálaráðuneyti	17.895,4	1.327,0	15,2	19.237,6	238,8	19.476,4
Innlausn spariskírteina	-	*10.100,0*	-	*10.100,0*	-	*10.100,0*
10 Samgönguráðuneyti	8.256,2	364,0	189,8	8.810,0	70,5	8.880,5
11 Iðnaðarráðuneyti	1.154,8	19,2	-	1.174,0	19,7	1.193,7
12 Viðskiptaráðuneyti	198,1	-	-	198,1	-1,3	196,8
13 Hagstofa Íslands	158,9	-	-	158,9	2,2	161,1
14 Umhverfisráðuneyti	945,5	15,3	5,9	966,7	17,5	984,2
Samtals	**124.816,1**	14.246,4	484,6	139.547,1	1.624,2	141.171,3
Samtals án innlausnar	***124.816,1***	*4.146,4*	*484,6*	*129.447,1*	*1.624,2*	*131.071,3*

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

04 Landbúnaðarráðuneyti

851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Lagt er til að heiti liðarins *04-851* verði *Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar* í stað *Greiðslur vegna riðuveiki* áður. Fjárveiting verður óbreytt en eins og nafnið gefur til kynna er gert ráð fyrir rýmri heimild til að ráðstafa henni.

07 Félagsmálaráðuneyti

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 18 m.kr. viðbótarheimild í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bjóða 25 flóttamönnum frá Bosníu hæli á Íslandi. Fjárheimildin er ætluð til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarbæjar og Rauða kross Íslands vegna komu flóttamannanna.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Leitað er eftir 35 m.kr. viðbótarframlagi til þess að mæta rekstrarvanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni, þar á meðal í Neskaupstað. Unnið er að lausn á fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna en þeirri skoðun er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til þeirra verði ákvarðaðar endanlega þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við stjórnir sjúkrahúsanna um fjárframlög og starfsumfang og að þær verði greiddar út eftir því sem aðhaldsaðgerðir koma til framkvæmda.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir. Gerð er tillaga um 40,5 m.kr. aukafjárveitingu til uppgjörs á skuldum vegna framkvæmda við heilbrigðisstofnanir. Þar af eru 23 m.kr. vegna hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar, Eskifirði, 7,8 m.kr. vegna hjúkrunarheimilisins Kirkjubæjarklaustri, 5,8 m.kr. vegna hjúkrunarheimilisins Lundar, Hellu, og 3,9 m.kr. vegna heilsugæslustöðvar á Stokkseyri.

10 Samgönguráðuneyti

330 *Vita- og hafnamálastofnun.* Gerð er tillaga um 39,8 m.kr. viðbótarframlag á þessum lið. Framlagið er ætlað til að endurgreiða Hafnarsjóði Vestmannaeyja hlut ríkisins í bótum sem Hæstiréttur dæmdi sjóðinn til að greiða fyrirtækinu Hafverki í kjölfar málaferla varðandi dýpkunarframkvæmdir í Vestmannaeyjahöfn á árinu 1992.

Alþingi, 17. des. 1996.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Árni Johnsen.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
	Ísólfur Gylfi Pálmason.	

406. Breytingartillögur [48. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ArnbS, ÁJ, ÁMM, HjálmJ, ÍGP).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**6 325 000**
Tekjuskattar	3 570 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	652 000	
Eignarskattar	101 000	
Skattar á vörur og þjónustu	1 562 000	
Vaxtatekjur	405 000	
Aðrar tekjur	35 000	
Gjöld		**16 355 000**
Samneysla	1 384 500	
Rekstrargjöld	1 280 000	
Viðhald	104 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 048 500	
Vaxtagjöld	10 850 000	
Fjárfesting	2 072 000	
Gjöld umfram tekjur		**10 030 000**

	Þús. kr.
Lánahreyfingar	
Veitt lán, nettó	2 270 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**12 300 000**
Afborganir af teknum lánum	7 590 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs	**19 890 000**
Lántökur	19 900 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting	**10 000**

2. Við 3. gr. 04–851 Greiðslur vegna riðuveiki. Liðurinn orðist svo:

04–851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	–7.000

3. Við 3. gr. 07–999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:

190 Ýmis framlög	18.000

4. Við 3. gr. 08–370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Nýr liður:

190 Sjúkrahús utan Reykjavíkur	35.000

5. Við 3. gr. Nýr liður:

08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
690 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	40.500

6. Við 3. gr. Nýr liður:

10–330 Siglingastofnun Íslands.	
670 Hafnamannvirki	39.800

407. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, PHB, VS, ÁRÁ).

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Er sett hafa verið lög um tryggingasjóð einyrkja skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi einyrkja af reiknuðu endurgjaldi þeirra sem falla munu undir gildissvið þeirra laga renna í þann sjóð.

408. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1996.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni R. Árnason.

409. Fyrirspurn [249. mál]

til menntamálaráðherra um málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvenær má vænta þess að íslenska táknmálið, sem er eina mál margra Íslendinga, verði viðurkennt sem móðurmál þeirra?
2. Hafa verið gerðar, eða eru í undirbúningi, ráðstafanir af hálfu Ríkisútvarpsins til að mæta þörfum þeirra rúmlega 20.000 heyrnarskertu og heyrnarlausu Íslendinga sem talið er að þurfi texta með öllu sjónvarpsefni?
3. Hefur verið tekin afstaða til þess að áríðandi fréttir í sjónvarpi séu bæði textaðar og túlkaðar?
4. Hver er áætluð þörf fyrir táknmálstúlka á næstu árum, hvaða menntunarkostir bjóðast þeim sem vilja læra táknmálstúlkun og hversu margir eru við slíkt nám nú?
5. Hefur verið skoðað sérstaklega við endurskoðun á lögunum um LÍN að sjóðurinn geti lánað heyrnarlausum þegar þeir eru komnir á tiltekinn aldur og hafa ekki getað lokið framhaldsskóla á tilsettum tíma vegna skorts á táknmálstúlkun?

Skriflegt svar óskast.

410. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Sturlaug Tómasson og Þorgerði Benediktsdóttur deildarstjóra. Þá komu til fundar Hjördís Árnadóttir félagsmálastjóri frá Reykjanesbæ, Þór Þórarinsson framkvæmdastjóri og Sig-

ríður Daníelsdóttir frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi og Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður. Þá bárust nefndinni athugasemdir frá Akureyrarbæ.

Í frumvarpinu er annars vegar að finna ákvæði er lúta að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra og hins vegar ákvæði vegna breytinga á öðrum lögum.

Nefndin ræddi sérstaklega skipan verkefnisstjórna til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að í slíkum verkefnisstjórnum sitji, auk fulltrúa af hálfu ríkisins, m.a. fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hagsmunasamtökum fatlaðra og stéttarfélögum.

Þá ræddi nefndin, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu hjá gestum á fundum nefndarinnar, hvernig réttindagæsla í málefnum fatlaðra á landsvísu yrði best tryggð. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að kveða sérstaklega á um það í ákvæði til bráðabirgða að við undirbúning framangreindrar yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga skuli huga að þeirri réttindagæslu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við undirbúninginn skal huga að réttindagæslu fatlaðra.

Kristín Ástgeirsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1996.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

411. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins, og Arnór Halldórsson, deildarstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, auk þess sem þeir hafa sent nefndinni nánari skýringar á nokkrum atriðum samningsins. Þá óskaði nefndin eftir áliti sjávarútvegsnefndar og umhverfisnefndar og eru álit nefndanna birt sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Markmiðið með gerð úthafsveiðisamningsins, eins og samningurinn er jafnan nefndur, er að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Telur nefndin að samningurinn geti haft mikla þýðingu og að hagsmunum Íslendinga sé best

borgið með því að samningurinn njóti alþjóðlegrar viðurkenningar. Í ljósi þess er skynsamlegt að Ísland sé í hópi þeirra ríkja sem fyrst eru til að fullgilda úthafsveiðisamninginn þótt ákvæði hans öðlist ekki gildi fyrr en 30 ríki hafa fullgilt hann.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Siv Friðleifsdóttir.	Svavar Gestsson.	Hjálmar Árnason.
Lára Margrét Ragnarsdóttir.		Kristín Ástgeirsdóttir.

Fylgiskjal I.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(25. nóvember 1996.)

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar frá 1. nóvember sl. þar sem óskað er eftir áliti sjávarútvegsnefndar á 54. máli, tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Sjávarútvegsnefnd hefur haldið tvo fundi um málið, þar af annan sameiginlegan með umhverfisnefnd þar sem Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti og Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti mættu og fóru yfir efni tillögunnar.

Samningur sá sem um ræðir var samþykktur samhljóða af þeim ríkjum er tóku þátt í úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á síðasta ári og hefur Ísland þegar undirritað hann. Meginviðfangsefni samningsins er stjórnun veiða á úthafinu og hefur Ísland þar eins og mörg önnur ríki mikilla hagsmuna að gæta.

Sjávarútvegsnefnd styður fullgildingu samningsins en leggur áherslu á að ötullega verði unnið að því af hálfu íslenskra stjórnvalda fram að gildistöku samningsins að tryggja hagsmuni Íslands sem best innan þess ramma sem samningurinn kemur til með að setja. Þá leggur nefndin einnig áherslu á að íslenskum útgerðarmönnum verði auðveldað að nýta sér sóknarfæri á úthafinu.

Guðný Guðbjörnsdótttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Virðingarfyllst,
Steingrímur J. Sigfússon,
formaður sjávarútvegsnefndar.

Fylgiskjal II.

Umsögn umhverfisnefndar.
(16. desember 1996.)

Umhverfisnefnd hefur, sbr. bréf utanríkismálanefndar frá 1. nóvember sl., fjallað um 54. mál, tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Fékk nefndin á sinn fund Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu málsins.

f.h. umhverfisnefndar,
Ólafur Örn Haraldsson
formaður.

412. Frumvarp til laga [250. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, GMS, PHB, ÁRÁ).

I. KAFLI
Um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI
Um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málsliður er verður 5. málsl. og orðast svo: Þegar fjallað er um athugasemdir Tryggingastofnunar ríkisins um lyfjaverð tekur fulltrúi Tryggingastofnunarinnar sæti í nefndinni.

III. KAFLI
Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Í 1. gr. er lagt til að inn í lög um almannatryggingar komi ákvæði þar sem skýrt komi fram að Tryggingastofnun beri alltaf að leita eftir bestu kjörum á vörum og þjónustu sem stofnunin greiðir eða tekur þátt í að greiða, að teknu tilliti til gæða. Nokkuð hefur verið um að dregnar hafa verið í efa aðgerðir Tryggingastofnunar í þá átt að lækka eða halda aftur af kostnaði, sérstaklega hvað varðar lyfjaverð. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til eru tekin af öll tvímæli um þetta og stofnuninni beinlínis gert skylt að sýna aðhald í hvívetna.

Breyting á lyfjalögum í 2. gr. tengist framangreindri breytingu á almannatryggingalögum. Þar er lagt til að fulltrúi Tryggingastofnunar taki sæti í lyfjaverðsnefnd þegar fjallað er um athugasemdir stofnunarinnar.

413. Svar [107. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða umræður hafa farið fram milli aðila frá samþykkt þingsályktunar 14. mars 1983 um að ríkisstjórnin vinni að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð Hatton-Rockall hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna?*
2. *Hver er staða málsins nú og árangur viðræðna?*
3. *Hvert verður framhald málsins?*
4. *Hver eru landgrunnsréttindi Íslendinga samkvæmt hafréttarsáttmálanum?*

Inngangur.

Allt frá árinu 1976 hafa staðið yfir athuganir á hafsbotnsréttindum Íslands í suðri, m.a. á Hatton-Rockall svæðinu.

Athuganir þessar hafa verið á vegum utanríkisráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og hafa sérfræðingar Orkustofnunar komið að vísindalegum þáttum málsins. Íslensk stjórnvöld hafa notið aðstoðar dr. Manik Talwani við stefnumörkun í málinu.

Málið hefur verið til umræðu á Alþingi, einkum í utanríkismálanefnd.[1]

Í þingsályktun Alþingis um hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, frá 14. mars 1983, segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að samkomulagi við Færeyinga, Breta og Íra um yfirráð Hatton-Rockall hafsbotnssvæðisins í samræmi við ákvæði hafréttarsáttmálans.

Alþingi felur utanríkismálanefnd að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins.“

[1] Í nóvember 1989 var haldinn fundur í utanríkismálanefnd þar sem dr. Talwani og aðrir sérfræðingar kynntu ítarlega allar hliðar málsins.

Í tilefni af tillögu til þingsályktunar um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda á 117. löggjafarþingi[2] fór fram ítarleg umfjöllun um málið og var þar m.a. gerð grein fyrir sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda.

Núgildandi ytri mörk landgrunns Íslands eru ákvörðuð í reglugerð nr. 196/1985, varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs. (Sjá fylgiskjal 1.) Reglugerðin er sett samkvæmt lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.[3] Skilgreining landgrunns Íslands í 5. gr. laganna er í samræmi við ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982.[4]

Í 5. gr. reglugerðar nr. 196/1985 segir:

„Leita ber samkomulags milli Íslands og annarra hlutaðeigandi landa um endanlega afmörkun landgrunnsins í samræmi við almennar reglur þjóðaréttar."

Hér verður gerð stuttlega grein fyrir þeim tvíhliða viðræðum[5] sem átt hafa sér stað milli stjórnvalda Íslands og stjórnvalda Danmerkur/Færeyja, Bretlands og Írlands.

Viðræður við írsk og bresk stjórnvöld.

Árið 1988 gerðu Bretland og Írland samning um skiptingu landgrunnsins sín á milli. Á korti á fylgiskjali 2 eru dregin mörk milli bresks og írsks landgrunns samkvæmt samningnum.[6] Ísland og Danmörk/Færeyjar mótmæltu þessari samningagerð og gerir löggjöf Íslands annars vegar og Danmerkur/Færeyja hins vegar ráð fyrir lögsögu á svæðinu sem Bretland og Írland gera tilkall til. Á korti á fylgiskjali 3, sem utanríkismálanefnd Alþingis lét gera vegna fundar fulltrúa hennar með breskum stjórnvöldum í mars 1988, kemur fram hvernig landgrunnskröfur strandríkjanna geta hugsanlega skarast.[7]

Bretland og Írland hafa vefengt lögsögu Íslands og Danmerkur/Færeyja. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað rætt málið við írsk stjórnvöld á fundum embættismanna og ráðherra landanna. Írsk stjórnvöld hafa ekki talið rétt að stofna til formlegra viðræðna og hafa vitnað til þess að með hliðsjón af fyrrgreindum samningi sé nærtækast fyrir íslensk stjórnvöld að skiptast á skoðunum við bresk stjórnvöld.

Bresk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að ræða deiluatriði annars vegar við íslensk stjórnvöld og hins vegar við dönsk/færeysk stjórnvöld. Íslensk stjórnvöld hafa fallist á tvíhliða viðræður við bresk stjórnvöld en hafa jafnframt lýst því yfir að æskilegast væri að fram færu viðræður milli landanna fjögurra.

Árið 1990 var ákveðið að fela Guðmundi Eiríkssyni, þáverandi þjóðréttarfræðingi utanríkisráðuneytisins, og David Anderson, þáverandi þjóðréttarfræðingi í breska utanríkisráðuneytinu, að gera sameiginlega skýrslu um málið til undirbúnings framhaldsviðræð-

---

[2] 117. löggjafarþing, 3. mál. Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

[3] Fyrst um sinn voru ytri mörk landgrunnsins í samræmi við 2. mgr. 7. gr. laganna miðuð við 200 sjómílur. Þess skal getið að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar afmarkast landgrunn Íslands af miðlínu.

[4] Auglýsing í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 7/1985.

[5] Íslensk stjórnvöld hafa ekki útilokað lausn sem fæli í sér sameiginlega nýtingu hlutaðeigandi strandríkja. Slík lausn hefur hingað til ekki hlotið hljómgrunn annarra strandríkja og hefur því aðeins verið um tvíhliða viðræður að ræða.

[6] Kortið birtist hér til fróðleiks og felur ekki í sér lýsingu á afstöðu íslenskra stjórnvalda.

[7] Kortið birtist hér til fróðleiks og felur ekki í sér lýsingu á afstöðu íslenskra stjórnvalda.

um.[8] Á fyrsta fundi þeirra í október 1990 var gengið frá efnisyfirliti skýrslunnar. Gerð skýrslunnar er enn ekki lokið, en á tímabilinu 1990–94 var haldinn fjöldi funda, oftast með þátttöku breskra og íslenskra vísindamanna. Aðilar hafa skipt með sér verkum og unnið hvor að sínum hluta skýrslunnar. Hins vegar hafa engar formlegar tilraunir verið gerðar síðastliðin tvö ár til að ljúka skýrslunni, m.a. í ljósi þess að vænst er breytingar á afstöðu Bretlands til hafréttarsamningsins.[9] Vísast til umfjöllunar um gildistöku hafréttarsamningsins hér á eftir.

Viðræður danskra/færeyskra og breskra stjórnvalda.

Vegna hugsanlegra olíulinda á svæðinu milli Færeyja og Hjaltlandseyja hafa dönsk/færeysk og bresk stjórnvöld talið brýnt að ná samkomulagi um skiptingu landgrunnsins á því svæði. Ekki er við því að búast að ráðist verði í fjárfestingar vegna hugsanlegrar olíuvinnslu þar fyrr en samkomulag næst. Viðræður aðila hafa enn ekki borið árangur.

Viðræður íslenskra og danskra/færeyskra stjórnvalda.

Þótt efnisleg sjónarmið íslenskra og danskra/færeyskra stjórnvalda stangist á eru þau sammála um að vinna saman að athugun málsins. Samkomulag varð um samvinnuverkefni um að kanna jarðlög sjávarbotnsins á svæðinu. Árið 1987 fóru fram endurkastsmælingar á svæðinu, en úrvinnslu þeirra lauk í maí 1989. Helstu niðurstöður voru kynntar á ráðstefnu í Kaupmannahöfn í apríl 1990. Dönsk og íslensk stjórnvöld hafa verið í nánu sambandi um þróun mála, síðast á fundum íslenskra og danskra/færeyskra embættismanna í haust. Viðræður fara næst fram síðar í þessum mánuði.

Gildistaka hafréttarsamningsins og framhald málsins.

Gildistaka hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna 16. nóvember 1994 markaði þáttaskil í þessu máli, en eins og fram kemur hér á eftir byggist kröfugerð íslenskra stjórnvalda á ákvæðum samningsins. Samningurinn tók gildi að því er Ísland varðar þann dag þar sem Ísland hafði þegar fullgilt samninginn, árið 1985. Samningurinn var fullgiltur af Írlands hálfu 21. júní 1996 og tók gildi að því er Írland varðar mánuði síðar. Samningurinn hefur ekki verið fullgiltur af hálfu Danmerkur/Færeyja og Bretlands. Bæði þessi ríki eru aðilar að samningi frá 29. apríl 1958 um landgrunnið. Danmörk/Færeyjar virðast munu halda að sér höndum með fullgildingu hafréttarsamningsins þar til lausn finnst í deilu um skiptingu landgrunnsins milli Færeyja og Hjaltlandseyja og kann dönskum/færeyskum stjórnvöldum að finnast samningsstaða sín betri samkvæmt samningnum frá 1958. Bresk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau hyggist fullgilda hafréttarsamninginn en ef marka má nýlegar umræður í breska þinginu hafa áhyggjur af áhrifum samningsins á fisk-

---

[8] Ákvörðun þessi var tekin í framhaldi af bréfaskriftum Margaret Thatcher, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, og Steingríms Hermannssonar, þáverandi forsætisráðherra, í desember 1989 og mars 1990 og fundi Jóns Baldvins Hannibalssonar, þáverandi utanríkisráðherra, og William Waldegrave, þáverandi vara-utanríkisráðherra Bretlands, sumarið 1990.

[9] Fram til ársins 1994 var talið ólíklegt að Bretland myndi fullgilda hafréttarsamninginn. Iðnþróuð ríki, þar á meðal Bretland, höfðu lýst sig andvíg ákvæðum hafréttarsamningsins um nýtingu málma á hafsbotni. Með samningi 28. júlí 1994, um framkvæmd XI. hluta hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, var komið til móts við þessi ríki. Síðan hafa mörg þessara ríkja fullgilt hafréttarsamninginn.

veiðilögsögu og landgrunn Rockall tafið þá ráðagerð.

Gildistaka hafréttarsamningsins skiptir sköpum vegna efnislegra ákvæða samningsins en ekki síður vegna ákvæða í samningnum um að sett verði á laggirnar sérstök nefnd, svokölluð nefnd um mörk landgrunnsins, skv. II. viðauka samningsins. Skv. 8. tölul. 76. gr. samningsins og þeim viðauka ber að leggja upplýsingar um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna fyrir nefndina. Henni ber að gera tillögur til strandríkja um ytri mörkin og skulu mörk sem strandríki ákveður á grundvelli þessara tillagna vera endanleg og bindandi.[10]

Nefndin mun taka formlega til starfa að vori. Íslensk stjórnvöld hafa þegar komið upplýsingum um ytri mörk landgrunns Íslands á framfæri við aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Búast má við að meðal fyrstu verka nefndarinnar verði að fjalla um landgrunn Íslands.

Forsendur.

Kröfur Íslands grundvallast á ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Ákvæði hans gilda að sjálfsögðu aðeins gagnvart þeim ríkjum sem aðilar eru að honum en gagnvart öðrum ríkjum ákvarðast réttarstaðan af venjurétti. Sem fyrr segir eru Ísland og Írland aðilar að samningnum en ekki Bretland og Danmörk.

Skilgreiningu ytri marka landgrunnsins[11] er að finna í 76. gr. hafréttarsamningsins. Íslensk þýðing ákvæðisins er birt í fylgiskjali 4.

Aðalskilgreininguna er að finna í 1. tölul. 76. gr. Þar eru ytri mörk ákveðin við ytri brún „landgrunnssvæðisins“[12] sem er síðan skilgreint í 3. tölul. sem 1. landgrunnið („landfræðilega landgrunnið“), 2. hlíðin[13] og 3. hlíðardrögin.[14] Landgrunnið nær alltaf til 200 sjómílna jafnvel þótt landgrunnssvæðið nái ekki svo langt.

Í 1. tölul. 76. gr. eru einnig sett skilyrði um svokallað „natural prolongation“, þ.e. að um sé að ræða eðlilega framlengingu hafsbotnsins frá landi að ytri mörkum.

Á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var deilt um það að hve miklu leyti viðurkenna ætti rétt strandríkja til landgrunns utan 200 sjómílna. Í umræðum var því annars vegar haldið fram að samkvæmt þjóðarétti væri viðurkenndur mjög víðtækur réttur strandríkja til landgrunns utan 200 sjómílna en hins vegar að með tilkomu efnahagslögsögunnar og réttar allra þjóða til alþjóðahafsbotnssvæðisins bæri að takmarka þennan rétt strandríkja.[15]

---

[10] 8. gr. II. viðauka fjallar um þau tilvik þegar strandríki sættir sig ekki við tillögur nefndarinnar.

[11] Þess ber að gæta að í umfjöllun um þessi mál verður að gera greinarmun á „landfræðilegu“ landgrunni og „lögfræðilegu“ landgrunni samkvæmt skilgreiningum hafréttarsamningsins eða gildandi rétti.

[12] Á ensku „continental margin“.

[13] Á ensku „continental slope“.

[14] Á ensku „continental rise“.

[15] Vitnað var í hið svokallaða „exploitability criterion“ samkvæmt Genfarsamningi frá 1958 um landgrunnið. Við núverandi aðstæður er nánast hægt að nýta landgrunnið á hvaða dýpi sem er. Einnig var bent á hið svokallaða „adjacency criterion“ samkvæmt samningnum frá 1958 sem túlka mætti sem takmörkun á víðáttu landgrunnsins. Önnur lagaheimild eru dómar Alþjóðadómstólsins í *Norðursjávarlandgrunnsmálunum 1969* þar sem vísað er til „eðlilegrar framlengingar landsvæðisins“. Sjá hér á eftir.

Sem einn liður í lausn deilunnar voru samþykktar takmarkanir á víðáttu landgrunnsins í 4.–6. tölul. 76 gr. Ytri mörk ber að skilgreina annaðhvort 1. með hliðsjón af þykkt setlaga (samkvæmt „írsku formúlunni“ svokölluðu), i-liður a-liðar 4. tölul.; eða 2. við línu 60 sjómílur frá rótum landgrunnshlíðarinnar, ii-liður a-liðar 4. tölul.[16]

Samkvæmt hafréttarsamningnum tengjast ýmsir „alþjóðlegir“ hagsmunir því hvernig strandríki ákveður ytri mörk landgrunnsins:

1. Skv. 8. tölul. 76. gr. og II. viðauka samningsins ber að leggja upplýsingar um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna fyrir nefnd um mörk landgrunnsins. Þar til nefndin fellst á skilgreiningu viðkomandi strandríkis ríkir óvissa um gildi þessara marka.[17]

2. Skv. 82. gr. ber strandríki að greiða framlag til aðildarríkja samningsins vegna hagnýtingar ólífrænna auðlinda á landgrunninu utan 200 sjómílna.

3. Skv. 6. tölul. 246. gr. er réttur strandríkis til að banna rannsóknir annarra ríkja á landgrunninu utan 200 sjómílna takmarkaður við svæði þar sem hagnýting eða ítarleg rannsóknastörf fara fram eða munu fara fram innan hæfilegs tíma.

4. Svæðið utan lögsögu strandríkja verður í umsjá Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar sem starfar skv. XI. hluta samningsins.

Hagsmunir þessir eru bundnir við hafréttarsamninginn og eiga sér ekki stoð í gildandi venjurétti.

Í 77. gr. samningsins er fjallað um lögsögu strandríkis á landgrunninu. Réttur strandríkis er ekki eins víðtækur og í landhelgi. Í landhelgi nýtur það nánast sama réttar og á landi, sbr. 2. gr. Lögsaga á landgrunni er skilgreind sem fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir á landgrunninu og hagnýtingu náttúruauðlinda þess. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins yfir því eða loftrýmisins yfir hafinu (1. tölul. 78. gr.). Beiting réttinda strandríkisins má ekki valda óréttlætanlegum siglingatálma (2. tölul. 78. gr.).

Fyrrgreind skilgreining og takmörkun á réttindum strandríkis er í samræmi við gildandi venjurétt.

Strandríkið hefur samkvæmt hafréttarsamningnum lögsögu að því er varðar losun á landgrunnið; öðrum ríkjum er óheimilt að losa efni á landgrunnið án skýlauss samþykkis strandríkisins (5. tölul. 210. gr.).

Gildi ákvæða hafréttarsamningsins að venjurétti.

Ljóst er að sum ákvæði hafréttarsamningsins verða að teljast gildandi venjuréttur. Þar má nefna ákvæði um 200 sjómílna efnahagslögsögu strandríkja og um landgrunn sem nær út fyrir 200 sjómílur. Erfiðara er að slá því föstu að nánari ákvæði í samningnum um ytri mörk landgrunnsins séu gildandi venjuréttur. Eins og að framan greinir eru ákvæði um ytri mörk að ýmsu leyti takmarkandi. Sums staðar munu ákvæðin þannig skerða rétt sem ríki telja sig eiga, sérstaklega þegar um „sígilt“ landgrunn er að ræða. Svæðið sem hér um ræðir er afar flókið í jarðfræðilegum skilningi, þar sem skiptast á landgrunnsskorpa og úthafsskorpa.

---

[16] Notast má við þessi skilyrði á víxl. Aðrar takmarkanir í 5. og 6. tölul. eiga ekki við á umræddu svæði.

[17] Sjá 7. og 8. gr. II. viðauka.

Réttarstaðan að því er varðar ríki sem ekki eru aðilar að hafréttarsamningnum.

Skilgreining landgrunnsins var eitt af meginverkefnum fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1958. Áður hafði alþjóðalaganefnd Sameinuðu þjóðanna kannað ítarlega eðli landgrunnsins, en landgrunnslögsaga var tiltölulega nýtt og ómótað hugtak.[18] Nefndin gerði drög að skilgreiningu sem lögð voru fyrir ráðstefnuna. Á ráðstefnunni var samþykktur samningur um landgrunnið, frá 29. apríl 1958. Samningurinn öðlaðist gildi 10. júní 1964 og eru Danmörk og Bretland sem fyrr segir aðilar að honum. Í samskiptum Danmerkur og Bretlands eru ákvæði samningsins því bindandi.[19] Ísland og Írland undirrituðu samninginn en fullgiltu hann ekki.

Skilgreiningu landgrunnsins í samningnum er að finna í 1. gr.:

„Í samningi þessum er hugtakið „landgrunn" notað um (a) hafsbotn og botnlög neðansjávarsvæðanna sem liggja að ströndinni en utan við landhelgina, allt niður á 200 metra dýpi, eða, þar fyrir utan, niður á eins mikið dýpi og hægt er að koma við hagnýtingu náttúruauðlinda svæðanna; (b) hafsbotn og botnlög sams konar neðansjávarsvæða sem liggja að ströndum eyja."[20]

Samkvæmt skilgreiningunni er réttur til landgrunns viðurkenndur að 200 metra dýptarlínu eða, þar fyrir utan, á öllu því svæði þar sem hægt er að nýta náttúruauðlindir. Tækni við olíuleit og nýtingu hefur gjörbreyst síðan samningurinn var gerður. Má nánast fullyrða að hægt sé að nýta olíuauðlindir á hvaða dýpi sem er og er ekki í ákvæðinu sett það skilyrði að um hagkvæma nýtingu sé að ræða. Sumir hafa haldið því fram að samningurinn takmarki í reynd ekki víðáttu landgrunnsins. Aðrir hafa talið að orðin „sem liggja að ströndinni" fælu í sér verulega takmörkun í þessu sambandi.

Dómar Alþjóðadómstólsins í Haag í *Norðursjávarlandgrunnsmálunum 1969* urðu upphaf nýrra kenninga um ytri mörk landgrunnsins með tilkomu hugtaksins „natural prolongation". Strandríki notuðu þetta hugtak gjarnan til að réttlæta víðtækar kröfur til landgrunnslögsögu.[21]

Sem fyrr segir er í 1. tölul. 76. gr. hafréttarsamningsins vísað til hugtaksins „eðlilegrar framlengingar" og má telja að þar sé áréttuð aðalreglan um skilgreiningu landgrunnsins.

---

[18] Yfirlýsing Trumans, forseta Bandaríkjanna, árið 1948 hafði afgerandi áhrif á þróun mála.

[19] Bæði Danmörk og Bretland eru aðilar að bókun um skyldubundna lausn deilumála. Samkvæmt henni ber að leita til Alþjóðadómstólsins í Haag vegna deilna um túlkun eða beitingu samningsins. Bæði ríkin eru einnig aðilar að almennri skuldbindingu skv. 2. tölul. 36. gr. samþykkta dómstólsins, um lögsögu hans, vegna ágreinings um þjóðréttarleg málefni.

[20] Enskur frumtexti ákvæðisins er svohljóðandi: „For the purpose of these articles, the term "continental shelf" is used as referring (a) to the seabed and subsoil of the submarine areas adjacent to the coast but outside the area of the territorial sea, to a depth of 200 metres or, beyond that limit, to where the depth of the superjacent waters admits of the exploitation of the natural resources of the said areas; (b) to the seabed and subsoil of similar submarine areas adjacent to the coasts of islands."

[21] *Norðursjávarlandgrunnsmálin* vörðuðu þó ekki ytri mörk landgrunnsins heldur skiptingu þess milli viðkomandi strandríkja.

Kröfugerð Íslands.

Kröfugerð Íslands byggist á því að fundnar séu rætur landgrunnshlíðarinnar og dregin lína 60 sjómílur þar fyrir utan.[22] Beiting viðkomandi ákvæða tekur mið af því að á íslenska hafsvæðinu eru ekki skýr mörk landgrunns á Íslands-Færeyjahrygg fyrr en komið er að Hatton-Rockall banka. Ytri mörk þessi eru sett fram í reglugerð nr. 196/1985.

Rockall-trog og réttarstaða Bretlands og Írlands.

Á milli Hatton-Rockall svæðisins og Írlands/Skotlands liggur svokallað Rockall-trog sem er 3.000 metra djúpt þar sem það er dýpst. Tilvist þess veikir mjög kenningar um að Hatton-Rockall svæðið sé „eðlileg framlenging" meginlands Írlands og Bretlands.

Írsk og bresk stjórnvöld hafa haldið því fram að þar sem trogið liggi innan ytri marka efnahagslögsögunnar hafi það ekki áhrif á framhald landgrunnsins utan 200 sjómílna.[23]

Bresk stjórnvöld hafa bent á tengsl milli Skotlands og Hatton-Rockall svæðisins eftir Wyville-Thompson hryggnum.

Kröfugerð Danmerkur; kenningar um „meginlandsflís".

Danir halda því fram að Hatton-Rockall svæðið tengist Færeyjum sem „meginlandsflís". Rannsóknir hafa farið fram til þess að sýna fram á að jarðskorpan á Hatton-Rockall svæðinu sé sama eðlis og skorpan undir Færeyjum.

Áhrif Rockall-eyjarinnar sem slíkrar.

Samkvæmt 121. gr. hafréttarsamningsins hafa eyjar á borð við Rockall hvorki landgrunn né efnahagslögsögu.

Reglur um skiptingu svæða milli nágrannaríkja.

Á hafréttarráðstefnunni börðust hart tveir hópar sem studdu annars vegar skiptingu svæða eftir miðlínu og hins vegar skiptingu í samræmi við sanngirnissjónarmið. Í 83. gr. samningsins er að finna eins konar málamiðlun þar sem vitnað er til réttarheimilda þjóðaréttar og markmiðsins að ná sanngjarnri lausn.

Í nýlegum dómum Alþjóðadómstólsins í Haag hefur ríkt tilhneiging til þess að taka ekki tillit til jarðfræðilegra þátta, enda oft talið óvinnandi verk að ráða úr mismunandi túlkunum vísindamanna.

---

[22] Sbr. ii-lið a-liðar 4. tölul. í 76. gr. hafréttarsamningsins.

[23] Sjá um þetta dóm Alþjóðadómstólsins í Haag í *Landgrunnsmálinu (Túnis/Líbía) 1982.*

Fylgiskjal I.

Reglugerð nr. 196/1985, varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs.

1. gr.

Landgrunnið er afmarkað svo sem sýnt er á mynd 1.

2. gr.

Hnit markalínunnar utan 200 sjómílna eru sýnd í töflu 1.

Ákvæði 76. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna eru lögð til grundvallar, þar sem við á til að ákveða þessi mörk.

3. gr.

Einstakir liðir markanna skv. 2. gr. eru þannig:

Liður ABC er miðlína milli Íslands og Færeyja.

Liður CD er 200 sjómílna fjarlægð frá Færeyjum, Stóra-Bretlandi og Írlandi.

Liður DEF er um 60 sjómílna fjarlægð frá brekkufæti.

Liður FGH er 350 sjómílna fjarlægð frá Íslandi. Ef mörk landgrunnsins eru hér miðuð við brekkufót mundu þau ná lengra en 350 sjómílur. En þar sem brekkufótur á þessu svæði er á neðansjávarhrygg Reykjaness eru mörkin miðuð við 350 sjómílur frá Íslandi samkvæmt 76. gr.

Liður HIJ er 200 sjómílna mörk Grænlands.

Liður JK er miðlína Íslands og Grænlands.

4. gr.

Mörk þau sem sýnd eru á mynd 1 og hnit í töflu 1 eru háð ±5 sjómílna skekkju.

5. gr.

Leita ber samkomulags milli Íslands og annarra hlutaðeigandi landa um endanlega afmörkun landgrunnsins í samræmi við almennar reglur þjóðaréttar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og tekur þegar gildi.

Utanríkisráðuneytið, 9. maí 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.


30°
20°
10°
MYND 1
K
A
ÍSLAND
65°
J
FÆREYJAR
I
H
B
C
60°
G
F
ROCKALL
SKOTLAND
55°
ÍRLAND
D
ENGLAND
50°
E
45°
Landgrunn Íslands
Miðlína milli landa
200 sjómílna mörk
350 sjómílna mörk

Afmörkun landgrunnsins utan 200 sjómílna.

J	63°19'N	30°52'W
	62°40'N	32°30'W
I	62°12'N	34°08'W
H	61°34'N	34°55'W
	60°56'N	34°00'W
	60°17'N	33°00'W
	59°41'N	31°00'W
	59°10'N	31°00'W
G	58°52'N	30°08'W
	58°40'N	29°00'W
	58°24'N	28°00'W
	58°13'N	27°00'W
	58°08'N	26°00'W
	57°57'N	25°00'W
F	57°48'N	24°00'W
	57°12'N	25°00'W
	56°34'N	26°00'W
	56°00'N	26°42'W
	55°00'N	27°34'W
	54°00'N	27°50'W
	53°04'N	27°00'W
	52°52'N	26°00'W
	53°06'N	25°00'W
	53°28'N	23°30'W
	52°36'N	23°12'W
	52°00'N	22°40'W
	51°00'N	21°32'W
	50°00'N	20°32'W
	49°48'N	20°00'W
E	49°48'N	19°00'W
	50°00'N	18°25'W
	51°00'N	17°50'W
	52°00'N	17°45'W
	53°00'N	17°30'W
	53°21'N	17°00'W
D	53°56'N	15°58'W

Fylgiskjal II.

Mörk milli bresks og írsks landgrunns samkvæmt samningi þjóðanna frá 1988.



Fylgiskjal III.

Hugsanleg skörun landgrunnskrafna strandríkjanna.



Fylgiskjal IV.

76. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

76. gr.
Skilgreining á landgrunninu

1. Landgrunn strandríkis tekur yfir hafsbotn og botnlög neðansjávarsvæðanna sem ná utan landhelgi þess til allrar eðlilegrar framlengingar á landsvæði þess allt að ytri brún landgrunnssvæðisins eða allt að 200 sjómílum frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá þar sem ytri brún landgrunnssvæðisins nær ekki svo langt út.

2. Landgrunn strandríkis skal ekki ná út fyrir mörkin sem kveðið er á um í 4.-6. tl.

3. Landgrunnssvæðið tekur yfir neðansjávarframlengingu landmassa strandríkisins og er samsett af hafsbotni og botnlögum grunnsins, hlíðinni og hlíðardrögunum. Til þess teljast ekki djúpsævisbotninn með úthafshryggjum sínum né botnlög hans.

4. a) Samkvæmt samningi þessum skal strandríkið ákveða ytri brún landgrunnssvæðisins hvar sem svæðið nær lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá, annaðhvort með:

i) línu, dreginni samkvæmt 7. tl. með tilliti til ákveðnu staðanna þar sem þykkt setlaga á hverjum stað er a.m.k. 1 hundraðshluti minnstu fjarlægðar frá þessum stað til róta landgrunnshlíðarinnar; eða

ii) línu, dreginni samkvæmt 7. tl. með tilliti til ákveðinna staða sem eru ekki lengra en 60 sjómílur frá rótum landgrunnshlíðarinnar.

b) Ef annað sannast ekki skulu rætur landgrunnshlíðarinnar ákveðnar sem mesti hallabreytingarstaðurinn á lægsta hluta hennar.

5. Ákveðnu staðirnir, sem mynda línu ytri marka landgrunnsins á hafsbotninum, dregna samkvæmt 4. tl. a) og ii), skulu annaðhvort ekki vera lengra en 350 sjómílur frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, eða lengra en 100 sjómílur frá 2.500 metra jafndýptarlínunni sem er lína milli staða þar sem dýpi er 2.500 metrar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 5. tl. skulu ytri mörk landgrunnsins á neðansjávarhryggjum ekki vera lengra en 350 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá. Þessi töluliður gildir ekki um neðansjávarhæðir sem eru náttúrulegir hlutar landgrunnssvæðisins, svo sem hásléttur, bungur, kolla, grunn og rana þess.

7. Strandríkið skal draga ytri mörk landgrunns síns, þar sem það grunn nær lengra en 200 sjómílur frá grunnlínunum sem víðátta landhelginnar er mæld frá, með beinum línum, ekki lengri en 60 sjómílur milli ákveðinna staða sem tilgreindir eru með hnitum breiddar og lengdar.

8. Strandríkið skal leggja upplýsingar um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna frá grunnlínunum, sem víðátta landhelginnar er mæld frá, fyrir nefnd um mörk landgrunnsins sem skipuð er samkvæmt II. viðauka á grundvelli sanngjarnrar hnattsvæðisdreifingar fulltrúa. Nefndin skal gera tillögur til strandríkja um mál sem snerta ákvörðun ytri marka landgrunnsins. Mörk grunnsins, sem strandríki hefur ákveðið á grundvelli þessara tillagna, skulu vera endanleg og bindandi.

9. Strandríkið skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna kortum og viðeigandi upplýsingum, m.a. um landmælingaatriði, þar sem ytri mörk landgrunnsins eru endanlega skýrð. Skal aðalframkvæmdastjórinn birta þetta á tilhlýðilegan hátt.

10. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á afmörkun landgrunnsins milli ríkja með mótlægum eða aðlægum ströndum.

414. Svar [185. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Ingibjargar Sigmundsdóttur um fasteignir sem ríkisbankar hafa leyst til sín vegna gjaldþrota einstaklinga og lögaðila.

1. *Hvað áttu ríkisbankarnir, Landsbanki og Búnaðarbanki, margar íbúðir hvor um sig sem þeir höfðu leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna í upphafi árs 1991?*

Í upphafi árs 1991 átti Landsbankinn 28 íbúðir og Búnaðarbankinn 19 íbúðir sem þeir höfðu leyst til sín á uppboðum eða við frjálsa samninga við viðskiptamenn sína. Ekki liggur ætíð gjaldþrotaskiptameðferð að baki eignayfirtökunni. Í sumum tilfellum hefur eignayfirtakan verið liður í skuldauppgjöri viðskiptamanna við bankann, sem ekki hefur leitt til gjaldþrotaskipta. Í svörum þeim sem á eftir koma er ekki gerður greinarmunur á því hvort viðkomandi eign er innleyst vegna gjaldþrota eða af öðrum orsökum.

2. *Hvað hafa sömu bankar leyst til sín margar íbúðir frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?*

Ár	Landsbanki	Búnaðarbanki
1991	37	21
1992	50	37
1993	53	31
1994	55	33
1995	63	39
1996	51	28

3. *Hvað eiga þessir bankar hvor um sig margar íbúðir nú sem þeir hafa leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna? Hvað eru þessar íbúðir stór hluti af framboði íbúðarhúsnæðis á söluskrá fasteignasala?*

Landbankinn á nú 76 íbúðir óseldar og Búnaðarbankinn 39 íbúðir. Ekki er vitað um framboð íbúðarhúsnæðis á söluskrá fasteignasala.

4. *Hvað telja forráðamenn ríkisbankanna líklegt að margar íbúðir lendi á nauðungaruppboði vegna viðkvæmrar fjárhagsstöðu viðskiptamanna þeirra miðað við efnahagshorfur nú?*

Ekki er nokkur leið fyrir bankana að meta hversu margar íbúðir lenda á nauðungaruppboði vegna viðkvæmrar fjárhagsstöðu viðskiptamanna þeirra.

5. *Hvað hafa ríkisbankarnir hvor um sig leyst til sín margar fasteignir sem skilgreindar eru sem atvinnuhúsnæði frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?*

Ár	Landsbanki	Búnaðarbanki
1992	20	10
1993	48	13
1994	19	14
1995	32	10
1996	20	2

6. *Hvað hafa sömu bankar leyst til sín af fasteignum sem skilgreindar eru sem atvinnuhúsnæði í fermetrum talið frá árinu 1991, sundurliðað eftir árum og það sem af er árinu 1996?*

Ár	Landsbanki	Búnaðarbanki
1992	14.515	10.128
1993	66.897	14.141
1994	9.243	4.800
1995	31.915	4.892
1996	10.340	319

7. *Hvað eiga þessir bankar hvor um sig mikið af atvinnuhúsnæði sem þeir hafa leyst til sín vegna gjaldþrota viðskiptamanna sinna alls og í samanburði við framboð af atvinnuhúsnæði á leigu- og sölumarkaði?*

Landsbankinn á nú 38 eignir sem flokkast sem atvinnuhúsnæði og Búnaðarbankinn tólf. Ekki liggja fyrir upplýsingar um framboð af atvinnuhúsnæði á leigu- og sölumarkaði.

415. Svar [126. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um tekjur ríkissjóðs af slökkvi- og björgunarbúnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs síðustu þrjú ár af gjöldum á slökkvi- og björgunarbúnað, sundurliðað eftir árum?

Fyrirspurnin er skilin þannig að átt sé við tekjur af bæði ökutækjum og öðrum búnaði sem nýttur er til slökkvi- og björgunarstarfa.

I. Tekjur af aðflutningsgjöldum á björgunar- og slökkvibúnað, öðrum en ökutækjum.

Það er nokkrum erfiðleikum bundið að afmarka tekjur af þessum þætti, þar sem það er háð mati hvort einstakar vörur falla undir hugtökin slökkvi- eða björgunarbúnaður. Far-

in var sú leið að reikna út gjöld af þeim vörum sem eingöngu eru ætlaðar til notkunar við björgunar- eða slökkvistörf, en ekki til annarra nota. Nánast er eingöngu um að ræða virðisaukaskatt. Tekið hefur verið tillit til niðurfellingar á virðisaukaskatti af gjöfum til björgunarsveita, en í 6. gr. fjárlaga hvers árs hefur fjármálaráðherra verið heimilað að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af slíkum gjöfum.

Tekjur af aðflutningsgjöldum á slökkvi- og björgunarbúnað samkvæmt framansögðu voru sem hér segir:

Ár	Kr.
1993	14.724.802
1994	23.351.738
1995	19.309.296

II. Tekjur af aðflutningsgjöldum á slökkvibifreiðar.

Tekjur af aðflutningsgjöldum á slökkvibifreiðar á árunum 1993–95 voru sem hér segir (fjárhæðir í kr.):

Ár	Vörugjald	Virðisaukaskattur	Alls
1993	2.432.626	4.062.608	6.495.234
1994	224.065	237.883	461.948
1995	0	8.298.021	8.298.021

III. Tekjur af aðflutningsgjöldum á björgunarbifreiðar.

Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið sérstakur fjárlagaliður, nr. 09-999 119 Ýmsar endurgreiðslur. Fjárveitingar á þessum fjárlagalið hafa runnið til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum á björgunarbifreiðar, snjóbíla, vélsleða og björgunarbáta í eigu björgunarsveita. Ríkissjóður hefur því endurgreitt öll aðflutningsgjöld á björgunarbifreiðar, snjóbíla, vélsleða og björgunarbáta í eigu björgunarsveita á árunum 1993–95. Fjárhæð endurgreiðslunnar nam 33.033.000 kr. á árinu 1993, 19.675.000 kr. á árinu 1994 og 39.503.000 kr. á árinu 1995.

IV. Tekjur af bifreiðagjaldi á slökkvibifreiðar.

Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá ríkisbókhaldi um hverjar tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjaldi á slökkvibifreiðar voru á árunum 1993–95. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds nam bifreiðagjald á slökkvibifreiðar 1.372.533 kr. á síðari hluta ársins 1996, sem svarar til þess að heildartekjur ársins hafi numið u.þ.b. 2.750.000 kr. Gera má ráð fyrir að fjöldi slökkvibifreiða hafi verið svipaður á árunum 1993–95 og hann er nú. Því má ætla að tekjur ríkissjóðs af bifreiðagjaldi á slökkvibifreiðar á árunum 1993–95 hafi verið svipaðar og á þessu ári, að teknu tilliti til breytinga á fjárhæð gjaldsins á milli ára.

V. Tekjur af bifreiðagjaldi á björgunarbifreiðar.

Skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður bifreiðagjald af bifreiðum í eigu björgunarsveita. Þessi heimild hefur verið nýtt með þeim hætti að bifreiðagjald hefur verið fellt niður af bifreiðum sem skráðar eru björgunarbifreiðar í bifreiðaskrá og hefur ríkissjóður því ekki haft

tekjur af bifreiðagjaldi á þær bifreiðar. Samkvæmt upplýsingum ríkisbókhalds liggur ekki fyrir hversu mikið var fellt niður með þessum hætti á árunum 1993 og 1994. Á árinu 1995 var fellt niður bifreiðagjald á björgunarbifreiðar að fjárhæð 3.986.728 kr. og á árinu 1996 nam fjárhæð niðurfellds gjalds 4.396.579 kr.

416. Framhaldsnefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Eins og boðað var í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 328 hefur nefndin tekið málið til frekari umfjöllunar. Leggur meiri hlutinn til nokkrar viðbótarbreytingar á frumvarpinu á sérstöku þingskjali. Í fyrsta lagi er lagt til að starfsmenntaráð fari alfarið með stjórn framlaga til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Jafnframt mun meiri hlutinn kalla aftur 2. lið breytingartillagna sinna á þskj. 329 þar sem gert var ráð fyrir að stjórn starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar færi með fjárframlög til starfsmenntunar í fiskvinnslu. Í öðru lagi er lagt til að framkvæmd áætlunar um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, sem mælt er fyrir um í bráðabrigðaákvæði 1 með lögunum, verði frestað um fjóra mánuði þar sem undirbúningi er ekki að fullu lokið. Í þriðja lagi er lögð til lagfæring á ákvæði 23. gr. frumvarpsins. Loks er lögð til breyting á ákvæði laga um vernd, veiðar og friðun á villtum fuglum og villtum spendýrum um að við ákvörðun um endurgreiðslu ríkissjóðs skuli m.a. taka tillit til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Alþingi, 18. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Pétur H. Blöndal.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.

417. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, EOK, PHB, VS, ÁRÁ).

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   8. gr. laganna orðast svo:
   Félagsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunar. Árlega skal verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. 4. gr., og skulu fjárhæðir ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Starfsmenntaráð fer með stjórn framlaga til starfsmenntunar.

2. Á eftir 20. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:
   a. Í stað orðanna „ársloka 1996“ í 1. málsl. kemur: 30. apríl 1997.
   b. Í stað orðanna „1. janúar 1997“ í 4. málsl. kemur: 1. maí 1997.
3. Við 23. gr. (er verði 24. gr.). Á eftir orðunum „verja tekjum af flugvallagjaldi“ komi: á árinu 1997.
4. Við 26. gr. (er verði 27. gr.). Greinin orðist svo:
   2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

418. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Halldór Kristjánsson og Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Júlíus Jónsson og Albert Albertsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Jakob Björnsson, bæjarstjóra á Akureyri, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Alfreð Þorsteinsson, formann stjórnar veitustofnana Reykjavíkur, Kristján Jónsson, forstjóra RARIK, Gunnar Sigurðsson og Magnús Oddsson frá Akranesveitum, Arngrím Blöndahl, bæjarstjóra á Eskifirði og fulltrúa Sambands sveitarfélaga á köldum svæðum, Runólf Maack og Magnús Baldursson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Ingva Stefánsson frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun og Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar og formann orkunefndar. Umsagnir bárust frá Bæjarveitum Vestmannaeyja, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða, Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Hafnarfjarðar, Ríkisendurskoðun, Sambandi sveitarfélaga á köldum svæðum og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Að baki frumvarpi þessu liggur samningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um breytingu á sameignarsamningi sömu aðila um Landsvirkjun og vinna nefndar eignaraðila um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar. Iðnaðarnefnd hefur kynnt sér ítarlega niðurstöður viðræðunefndarinnar og þau gögn sem hún studdist við.

Á fundum nefndarinnar hefur sérstaklega verið fjallað um arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar. Stefnt skal að því að arðgjöf af því eigin fé sem í Landsvirkjun er bundið verði 5–6% á ári en arðgreiðslur reiknist af lægri fjárhæð, þ.e. 14 milljörðum kr. Útborgaður arður verður aðeins lítill hluti af arðgreiðslustofni en getur stighækkað eftir því sem afkoma fyrirtækisins og skuldastaða batnar. Jafnframt er að því stefnt að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári frá 2001–2010. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 42/1983, um

Landsvirkjun, hefur frá upphafi verið ákvæði um arðgreiðslur til eigenda af sérstökum eiginfjárframlögum og Landsvirkjun hefur í nokkur skipti greitt arð til sinna eigenda. Samkomulagið felur í sér málamiðlun milli eðlilegra sjónarmiða um hæfilegar arðgreiðslur til eigenda og þess meginmarkmiðs að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum.

Í núgildandi lögum er stjórn Landsvirkjunar gert að leita eftir tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en gjaldskrá er sett, en frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi skylda falli niður. Á fundum nefndarinnar hafa vaknað spurningar um verðlagseftirlit með verðákvörðunum stjórnar Landsvirkjunar. Umsögn Þjóðhagsstofnunar hefur í sjálfu sér ekki verið verðlagseftirlit. Síður er þörf á henni þegar fyrir liggur samningur eigenda Landsvirkjunar um gjaldskrármarkmið og framangreind yfirlýsing iðnaðarráðherra um forgang þeirra umfram arðgreiðslumarkmið. Þá getur í þessu sambandi reynt á samkeppnislög.

Í apríl 1996 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra ráðgjafarnefnd til að endurskoða löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku, svonefnda orkulaganefnd. Skilaði nefndin tillögum að framtíðarskipan orkumála í október sl. Snemma næsta ár hyggst iðnaðarráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipan orkumála þar sem tekið verður á þeim hugmyndum sem orkunefnd hefur sett fram. Meginatriði breytinga á sviði raforkumála felst í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þætti þar sem samkeppni verður við komið. Meðal áfanga til lengri tíma litið í að koma á markaðsbúskap í raforkumálum er stofnun raforkuflutningsfyrirtækis (Landsnets) til að skilja að raforkuvinnslu annars vegar og hins vegar raforkuflutning og dreifingu. Í tengslum við þá breytingu að samkeppni verði í auknum mæli innleidd í raforkumálum er eðlilegt að almenn samkeppnislög nái yfir raforkumarkaðinn og hlutverk Samkeppnisstofunar varðandi eftirlit með raforkufyrirtækjum verði skilgreint.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins. Er það gert til að taka af allan vafa um að Landsvirkjun er ekki ætlað að fara í samkeppni á innanlandsmarkaði með því að taka að sér verkefni þar eða eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf og aðra þjónustu innan lands á sviði orkumála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Efnismgr. 1. gr. orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum.

Alþingi, 18. des. 1996.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Árni R. Árnason.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.

419. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

B-HLUTI
Ríkisfyrirtæki og sjóðir í ríkiseign

5. gr.

Árið 1997 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað samkvæmt áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-201	**Happdrætti Háskóla Íslands**		
51	Laun	61 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	555 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	963 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 700	
5,8	Gjöld samtals	1 583 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 960 700	
48	Fjármunatekjur	13 000	
4,7	Tekjur samtals	1 973 700	
	Mismunur		390 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	5 000	
59	Greitt í ríkissjóð	78 000	
59	Greitt Háskóla Íslands og stofnunum hans	307 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	390 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-202	**Lyfjabúð Háskóla Íslands**		
51	Laun	35 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	10 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	100 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	158 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	148 000	
49	Aðrar tekjur	10 000	
4,7	Tekjur samtals	158 000	
Fjármunahreyfingar út:			
59	Fært á höfuðstól	3 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
22-236	**Vísindasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 000	
59	Tilfærslur	165 000	
5,8	Gjöld samtals	169 000	
48	Fjármunatekjur	4 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	25 000	
49	Aðrar tekjur	140 000	
4,7	Tekjur samtals	169 000	
22-237	**Tæknisjóður**		
59	Tilfærslur	200 000	
5,8	Gjöld samtals	200 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	200 000	
4,7	Tekjur samtals	200 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22-238	**Bygginga- og tækjasjóður**		
571	Fjármagnskostnaður	2 000	
59	Tilfærslur	71 000	
5,8	Gjöld samtals	73 000	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	78 000	
4,7	Tekjur samtals	79 000	
	Mismunur		6 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	6 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	6 000	
22-239	**Rannsóknarnámssjóður**		
59	Tilfærslur	20 000	
5,8	Gjöld samtals	20 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	20 000	
4,7	Tekjur samtals	20 000	
9	Afskriftir	600	
22-872	**Lánasjóður íslenskra námsmanna**		
51	Laun	60 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	45 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 190 000	
5,8	Gjöld samtals	1 295 000	
48	Fjármunatekjur	90 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	1 600 000	
4,7	Tekjur samtals	1 690 000	
	Mismunur		395 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 883 000	
18	Fjárfesting	12 000	
26	Afborgun lána	2 660 000	
59	Fært á höfuðstól	100 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 460 000	
26	Tekin lán	3 800 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	395 000	
22-970	**Ríkisútvarpið, framkvæmdasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	15 000	
593	Afskriftir	170 000	
5,8	Gjöld samtals	185 000	
49	Aðrar tekjur	223 000	
4,7	Tekjur samtals	223 000	
	Mismunur		38 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	208 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	170 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	38 000	
22-971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Laun	414 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	362 000	
571	Fjármagnskostnaður	12 000	
593	Afskriftir	7 000	
59	Tilfærslur	84 000	
5,8	Gjöld samtals	879 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	848 000	
48	Fjármunatekjur	31 000	
4,7	Tekjur samtals	879 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	7 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
22-972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Laun	505 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	783 000	
571	Fjármagnskostnaður	29 000	
593	Afskriftir	15 000	
59	Tilfærslur	139 000	
5,8	Gjöld samtals	1 471 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 395 000	
48	Fjármunatekjur	57 000	
49	Aðrar tekjur	19 000	
4,7	Tekjur samtals	1 471 000	
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
22-973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Laun	310 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	140 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	5 000	
593	Afskriftir	13 000	
5,8	Gjöld samtals	471 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	146 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	318 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	471 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
39	Fært á höfuðstól	13 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	13 000	
22-974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Laun	174 900	
54-58	Önnur rekstrargjöld	68 500	
5,8	Gjöld samtals	243 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	30 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	123 000	
49	Aðrar tekjur	92 000	
4,7	Tekjur samtals	245 000	
	Mismunur		1 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 600	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23-101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	243 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	163 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 760 000	
593	Afskriftir	12 000	
5,8	Gjöld samtals	2 178 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 810 000	
48	Fjármunatekjur	4 500	
49	Aðrar tekjur	11 500	
4,7	Tekjur samtals	2 826 000	
	Mismunur		648 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	20 000	
59	Greitt í ríkissjóð	640 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	12 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	648 000	
23-111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Laun	178 700	
54-58	Önnur rekstrargjöld	47 100	
571	Fjármagnskostnaður	200	
51-57	Viðhald	4 700	
593	Afskriftir	4 500	
59	Tilfærslur	27 500	
5,8	Gjöld samtals	262 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	280 000	
48	Fjármunatekjur	1 500	
49	Aðrar tekjur	19 600	
4,7	Tekjur samtals	301 100	
	Mismunur		38 400

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	27 000	
26	Afborgun lána	11 000	
39	Fært á höfuðstól	4 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	38 400	
23-114	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	131 000	
571	Fjármagnskostnaður	187 000	
51-57	Viðhald	38 000	
593	Afskriftir	132 500	
5,8	Gjöld samtals	488 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	329 000	
48	Fjármunatekjur	500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	120 000	
49	Aðrar tekjur	100 500	
4,7	Tekjur samtals	550 000	
	Mismunur		61 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	147 000	
26	Afborgun lána	1 467 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	132 500	
26	Tekin lán	1 420 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	61 500	
23-118	**Ratsjárstöðvar, rekstur**		
51	Laun	295 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	299 800	
593	Afskriftir	4 100	
5,8	Gjöld samtals	599 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	599 400	
4,7	Tekjur samtals	599 400	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 100	
23-121	**Umsýslustofnun varnarmála**		
51	Laun	27 400	
54-58	Önnur rekstrargjöld	15 100	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	92 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	3 400	
5,8	Gjöld samtals	139 400	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	152 000	
48	Fjármunatekjur	4 000	
49	Aðrar tekjur	4 000	
4,7	Tekjur samtals	160 000	
	Mismunur		20 600
Fjármunahreyfingar út:			
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	24 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 600	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24-831	**Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður**		
51	Laun	5 500	
54-58	Önnur rekstrargjöld	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 800	
5,8	Gjöld samtals	13 300	
4910	Framlag úr ríkissjóði	30 500	
49	Aðrar tekjur	25 000	
4,7	Tekjur samtals	55 500	
	Mismunur		42 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	48 000	
26	Afborgun lána	19 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	25 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	42 200	

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25-272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Laun	1 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	6 200	
51-57	Viðhald	8 000	
5,8	Gjöld samtals	15 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 700	
48	Fjármunatekjur	17 500	
4,7	Tekjur samtals	43 200	
	Mismunur		27 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	27 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	27 400	
25-911	**Þróunarsjóður sjávarútvegsins**		
51	Laun	2 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	43 000	
571	Fjármagnskostnaður	660 000	
593	Afskriftir	30 000	
59	Tilfærslur	100 000	
5,8	Gjöld samtals	835 000	
48	Fjármunatekjur	525 000	
49	Aðrar tekjur	680 000	
4,7	Tekjur samtals	1 205 000	
	Mismunur		370 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	500 000	
26	Endurgreidd hlutdeildarskírteini	550 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	520 000	
19	Afskriftir	30 000	
26	Tekin lán	130 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	370 000	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26-101	**Lögbirtingablað**		
51	Laun	4 800	
54-58	Önnur rekstrargjöld	20 700	
5,8	Gjöld samtals	25 500	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 500	
4,7	Tekjur samtals		25 500
26-701	**Kristnisjóður**		
51	Laun	3 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	7 700	
571	Fjármagnskostnaður	3 300	
51-57	Viðhald	1 000	
593	Afskriftir	2 300	
59	Tilfærslur	26 500	
5,8	Gjöld samtals	43 800	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 900	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	27 300	
49	Aðrar tekjur	5 600	
4,7	Tekjur samtals		43 800
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	1 900	
26	Afborgun lána	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir		4 600
19	Afskriftir		2 300

		Þús. kr.	Þús. kr.
26-732	**Kirkjubyggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	800	
5,8	Gjöld samtals	800	
48	Fjármunatekjur	6 200	
4,7	Tekjur samtals	6 200	
	Mismunur		5 400
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	8 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 400	
26-733	**Kirkjugarðasjóður**		
51	Laun	3 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	4 100	
571	Fjármagnskostnaður	1 900	
593	Afskriftir	400	
59	Tilfærslur	28 000	
5,8	Gjöld samtals	37 400	
48	Fjármunatekjur	7 500	
49	Aðrar tekjur	30 600	
4,7	Tekjur samtals	38 100	
	Mismunur		700
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	9 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	8 100	
19	Afskriftir	400	
39	Ráðstöfun eigin fjár	700	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-270	**Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild**		
51	Laun	67 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	110 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 400 000	
5,8	Gjöld samtals	1 577 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	40 000	
48	Fjármunatekjur	5 345 000	
4,7	Tekjur samtals	5 385 000	
	Mismunur		3 808 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	14 140 000	
26	Afborgun lána	5 700 000	
39	Fært á höfuðstól	238 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 270 000	
26	Tekin lán	14 000 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 808 000	
27-271	**Byggingarsjóður ríkisins**		
51	Laun	24 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	80 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 710 000	
5,8	Gjöld samtals	2 814 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	214 000	
48	Fjármunatekjur	3 000 000	
4,7	Tekjur samtals	3 214 000	
	Mismunur		400 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	600 000	
18	Fjárfesting	10 000	
26	Afborgun lána	4 180 000	
26	Skyldusparnaður	450 000	
18	Uppboðsíbúðir	200 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	2 400 000	
26	Tekin lán	2 640 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	400 000	
27-272	**Byggingarsjóður verkamanna**		
51	Laun	45 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	67 000	
571	Fjármagnskostnaður	2 290 000	
5,8	Gjöld samtals	2 402 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	15 000	
48	Fjármunatekjur	800 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	300 000	
49	Aðrar tekjur	376 000	
4,7	Tekjur samtals	1 491 000	
	Mismunur		-911 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 320 000	
26	Afborgun lána	2 415 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	650 000	
26	Tekin lán	4 996 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-911 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
27-982	**Ábyrgðasjóður launa**		
51	Laun	9 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 800	
59	Tilfærslur	165 000	
5,8	Gjöld samtals	180 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	180 000	
4,7	Tekjur samtals	180 000	
27-984	**Atvinnuleysistryggingasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	103 000	
59	Tilfærslur	2 940 000	
5,8	Gjöld samtals	3 043 000	
48	Fjármunatekjur	40 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 860 000	
49	Aðrar tekjur	23 000	
4,7	Tekjur samtals	2 923 000	
	Mismunur		– 120 000
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	120 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	– 120 000	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28-311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Laun	64 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	21 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	32 000	
571	Fjármagnskostnaður	1 700	
51-57	Viðhald	7 700	
5,8	Gjöld samtals	127 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	127 000	
4,7	Tekjur samtals		127 000
28-312	**Ríkisspítalar, dauðhreinsun**		
51	Laun	17 300	
54-58	Önnur rekstrargjöld	5 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	104 300	
5,8	Gjöld samtals	127 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	126 700	
48	Fjármunatekjur	300	
4,7	Tekjur samtals		127 000
28-378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Tilfærslur	2 500	
5,8	Gjöld samtals	2 500	
4910	Framlag úr ríkissjóði	2 500	
4,7	Tekjur samtals		2 500

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-101	**Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**		
51	Laun	350 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	167 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 220 000	
571	Fjármagnskostnaður	4 000	
51-57	Viðhald	45 000	
593	Afskriftir	62 000	
59	Tilfærslur	13 000	
5,8	Gjöld samtals	6 861 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 117 000	
48	Fjármunatekjur	15 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	9 134 000	
	Mismunur		2 273 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	30 000	
59	Greitt í ríkissjóð	2 305 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	62 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 273 000	
29-103	**Ríkiskaup**		
51	Laun	62 600	
54-58	Önnur rekstrargjöld	22 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 024 000	
51-57	Viðhald	2 500	
593	Afskriftir	3 200	
5,8	Gjöld samtals	1 115 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 108 000	
48	Fjármunatekjur	6 000	
49	Aðrar tekjur	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 115 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	3 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 200	
29-402	**Fasteignamat ríkisins**		
51	Laun	116 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	37 900	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	6 600	
593	Afskriftir	8 700	
5,8	Gjöld samtals	169 200	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	134 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	43 500	
4,7	Tekjur samtals	177 500	
	Mismunur		8 300
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	17 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	8 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	8 300	
29-931	**Arnarhvoll**		
51	Laun	43 200	
54-58	Önnur rekstrargjöld	29 200	
51-57	Viðhald	27 300	
5,8	Gjöld samtals	99 700	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	96 200	
4910	Framlag úr ríkissjóði	15 000	
4,7	Tekjur samtals	111 200	
	Mismunur		11 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29-971	**Lánasýsla ríkisins**		
51	Laun	40 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	22 000	
571	Fjármagnskostnaður	7 000	
593	Afskriftir	5 000	
5,8	Gjöld samtals	74 000	
48	Fjármunatekjur	23 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	220 000	
49	Aðrar tekjur	46 000	
4,7	Tekjur samtals	289 000	
	Mismunur		215 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	290 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	70 000	
19	Afskriftir	5 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	215 000	
29-972	**Lánasýsla ríkisins– Framkvæmdasjóður Íslands**		
51	Laun	17 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	12 000	
571	Fjármagnskostnaður	380 000	
5,8	Gjöld samtals	409 000	
48	Fjármunatekjur	377 000	
4,7	Tekjur samtals	377 000	
	Mismunur		–32 000
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	800 000	
39	Fært á höfuðstól	658 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	1 490 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	–32 000	

29-981	**Fasteignir ríkissjóðs**	Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	10 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	79 000	
51-57	Viðhald	188 000	
5,8	Gjöld samtals	277 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	277 000	
4,7	Tekjur samtals	277 000	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30-211	**Vegagerðin**		
51	Laun	698 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	969 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	460 000	
593	Afskriftir	15 000	
5,8	Gjöld samtals	2 142 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 910 000	
49	Aðrar tekjur	250 000	
4,7	Tekjur samtals	2 160 000	
	Mismunur		18 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	15 000	
39	Fært á höfuðstól	18 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	15 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 000	
30-212	**Vegagerðin, vélamiðstöð**		
51	Laun	31 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	61 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	200 000	
51-57	Viðhald	150 000	
593	Afskriftir	108 000	
5,8	Gjöld samtals	550 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	570 000	
49	Aðrar tekjur	2 000	
4,7	Tekjur samtals	572 000	
	Mismunur		22 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	130 000	
39	Fært á höfuðstól	15 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
18	Sala eigna	15 000	
19	Afskriftir	108 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	22 000	
30-213	**Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir**		
51	Laun	31 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	41 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	480 000	
51-57	Viðhald	70 000	
593	Afskriftir	7 000	
5,8	Gjöld samtals	629 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	620 000	
49	Aðrar tekjur	14 000	
4,7	Tekjur samtals	634 000	
	Mismunur		5 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	500	
39	Fært á höfuðstól	11 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 000	
30-335	**Hafnabótasjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	11 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
59	Tilfærslur	50 000	
5,8	Gjöld samtals	71 000	
48	Fjármunatekjur	53 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	18 000	
4,7	Tekjur samtals	71 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	60 000	
26	Afborgun lána	39 000	
39	Fært á höfuðstól	41 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	140 000	
30-336	**Siglingastofnun Íslands, þjónustumiðstöð**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	17 300	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 000	
51-57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	29 300	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	30 500	
4,7	Tekjur samtals	30 500	
	Mismunur		1 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	4 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 200	
30-471	**Alþjóðaflugþjónustan**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	736 000	
571	Fjármagnskostnaður	47 000	
593	Afskriftir	60 000	
5,8	Gjöld samtals	843 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	737 000	
48	Fjármunatekjur	45 000	
49	Aðrar tekjur	100 000	
4,7	Tekjur samtals	882 000	
	Mismunur		39 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfesting	100 000	
26	Afborgun lána	79 000	
39	Fært á höfuðstól	20 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	60 000	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	39 000	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-321	**Rafmagnsveitur ríkisins**		
51	Laun	460 000	
54-58	Önnur rekstrargjöld	535 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	2 375 000	
571	Fjármagnskostnaður	65 000	
593	Afskriftir	852 000	
5,8	Gjöld samtals	4 287 000	
43-46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 920 000	
48	Fjármunatekjur	35 000	
4910	Framlag úr ríkissjóði	110 000	
49	Aðrar tekjur	220 000	
4,7	Tekjur samtals	4 285 000	
	Mismunur		-2 000
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfesting	628 000	
26	Afborgun lána	85 000	
59	Arðgreiðsla í ríkissjóð	137 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	852 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	-2 000	
31-371	**Orkusjóður**		
54-58	Önnur rekstrargjöld	2 500	
571	Fjármagnskostnaður	6 100	
5,8	Gjöld samtals	8 600	
48	Fjármunatekjur	1 400	
4910	Framlag úr ríkissjóði	28 000	
4,7	Tekjur samtals	29 400	
	Mismunur		20 800

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	6 000	
26	Afborgun lána	27 900	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	20 800	

420. Svar [196. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um beingreiðslur til bænda, sundurliðað eftir kjördæmum.

1. *Hve margir bændur í hverju kjördæmi og samtals fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári, hve há var fjárhæðin í hverju kjördæmi og samtals? Hvernig skiptast beingreiðslurnar milli sauðfjárbænda og mjólkurframleiðenda í hverju kjördæmi og samtals?*

Fjöldi bænda sem fengu beingreiðslur á verðlagsárinu 1995/96 eftir kjördæmum og samtals var eftirfarandi:

Kjördæmi	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa
Reykjanes	50	54
Vesturland	528	594
Vestfirðir	280	302
Norðurland vestra	572	661
Norðurland eystra	596	641
Austfirðir	399	437
Suðurland	821	947
Landið allt	3.246	3.636

Fjárhæðir sem greiddar voru í hverju kjördæmi skiptust á þann hátt sem hér greinir eftir búgreinum í þúsundum króna og samtals. Í öðrum dálki eru taldar greiðslur til sauðfjárræktar, í þriðja dálki til mjólkurframleiðslu og í fjórða dálki eru taldar greiðslur samtals.

Kjördæmi	Kindakjöt	Mjólk	Alls
Reykjanes	10.644	35.315	45.959
Vesturland	232.459	349.296	581.755
Vestfirðir	166.645	73.286	239.931
Norðurland vestra	284.719	369.002	653.721
Norðurland eystra	243.003	651.131	894.134
Austfirðir	240.733	143.074	383.807
Suðurland	274.722	905.690	1.180.412
Allt landið	1.452.925	2.526.794	3.979.719

2. *Hve margir bændur, sundurliðað eftir kjördæmum, fengu beingreiðslur á síðasta verðlagsári:*
   a. undir 50 þús. kr. á mánuði,
   b. 50–100 þús. kr. á mánuði,
   c. 100–150 þús. kr. á mánuði,
   d. 150–200 þús. kr. á mánuði,
   e. yfir 200 þús. kr. á mánuði?
   Hver er samtala beingreiðslunnar í hverjum tekjuflokki?

	Reykjanes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra	
	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa
a.	30	31	185	192	104	109	190	205
b.	2	21	46	169	114	123	172	198
c.	6	8	85	100	38	44	76	91
d.	4	5	63	73	16	17	57	72
e.	8	8	49	60	8	9	77	95
Samtals	**50**	**54**	**528**	**594**	**280**	**302**	**572**	**661**

	Norðurland eystra		Austfirðir		Suðurland	
	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa	Fjöldi lögbýla	Fjöldi handhafa
a.	192	200	129	134	276	304
b.	107	113	153	173	122	148
c.	92	98	72	80	120	134
d.	69	76	22	25	128	149
e.	136	154	23	25	175	212
Samtals	**596**	**641**	**399**	**437**	**821**	**947**

Skipting á samtölu beingreiðslna eftir tekjuflokkum miðað við greiðslu til lögbýlis (í þús. kr.):

<50	298.444
50–100	720.781
100–150	718.704
150–200	747.791
>200	1.493.999
Samtals	**3.979.719**

Í úrvinnslunni eru beingreiðslurnar flokkaðar niður á lögbýli sem er skilgreint hugtak í 1. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, enda er stofn þeirra, greiðslumarkið, bundið við lögbýli. Innan lögbýlis geta verið einn eða fleiri beingreiðsluhafar sem uppfylla það skilyrði skattyfirvalda fyrir sjálfstæðum rekstri að hafa virðisaukaskattsnúmer. Að baki hverju virðisaukaskattsnúmeri eru oftast tveir einstaklingar, sjaldnar einn eða fleiri en tveir. Í úrvinnslunni er valinn sá kostur að raða lögbýlum í fjárhæðarflokka og geta síðan um fjölda beingreiðsluhafa sem skipt hafa með sér greiðslunum innan hvers flokks.

421. Frumvarp til laga [149. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

1. gr.

Yfirstjórn o.fl.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Starfsmenn.

Samgönguráðherra skipar forstöðumann Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru m.a.:

1. Að gefa út og veita leyfi til fjarskipta- og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu.
2. Að hafa eftirlit með því að leyfishafar uppfylli og virði þau skilyrði og aðrar kvaðir sem rekstrarleyfunum fylgja.
3. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
4. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála.
5. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra leyfishafa og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.
6. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
7. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við.
8. Að hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög vegna alþjónustu og óarðbærrar þjónustu.
9. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
10. Að setja reglur um úthlutun notendanúmera.
11. Að hafa eftirlit með samtengingu fjarskiptaneta.
12. Að veita leyfi til að annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
13. Að framkvæma gerðarprófanir, gefa út gerðarsamþykki og hafa umsjón með innflutningi fjarskiptabúnaðar.
14. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
15. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
16. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur.
17. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

4. gr.

Eftirlit með leyfishöfum.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá aðila sem hafa rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu leyfishafa.

5. gr.

Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem leyfið eða skráningin tekur til. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt við eftirlit með fjárhagsstöðu að krefjast þess að leyfishafar láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Geta dagsektir numið frá 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

Vanræki leyfishafi skyldur sínar samkvæmt rekstrarleyfi eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um úrbætur getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða póstþjónustu, að undangenginni skriflegri aðvörun.

Ef grunur vaknar um að aðili reki leyfis- eða skráningarskylda póst- eða fjarskiptastarfsemi án þess að hafa til þess rekstrarleyfi skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að viðkomandi upplýsi um starfsemi sína. Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Þagnarskylda.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum, skal að jafnaði fara sem trúnaðarmál.

7. gr.

Kvartanir.

Telji notandi fjarskipta- eða póstþjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að leyfishafi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi leyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Ella skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

Úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar má skjóta til úrskurðarnefndar skv. 8. gr. innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um úrskurð stofnunarinnar.

8. gr.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Samgönguráðherra skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því kæra barst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð, málskotsgjald o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

9. gr.

Gjaldtaka o.fl.

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi, auk gjalda samkvæmt 1. og 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

10. gr.

Skýrsla.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir leyfishafa og skráða póstrekendur.

11. gr.

Reglugerðir.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

12. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka til starfa þann 1. apríl 1997. Frá gildistöku laga þessara og til þess tíma er Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa skal samgönguráðuneytið annast þau verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið í lögum þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun yfirtekur eignir og skuldir Fjarskiptaeftirlits ríkisins frá og með gildistöku laga þessara.

422. Frumvarp til laga [151. mál]

um póstþjónustu.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Samhljóða þskj. 166 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Einkaréttur ríkisins til póstmeðferðar.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Lokaðra bréfapóstsendinga hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
2. Annarra lokaðra sendinga sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum.

Ríkið hefur einnig einkarétt til póstmeðferðar á póstsendingum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr., öðrum en hraðsendingum, sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi. Hefur ríkið enn fremur einkarétt til póstmeðferðar á slíkum póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

Einkarétturinn nær ekki til póstmeðferðar með verðlista, bæklinga, blöð og tímarit með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búið í gagnsæjum umbúðum.

Sérhverjum er heimilt að sinna póstþjónustu innan eigin starfsemi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun eða afnám einkaréttar vegna póstmeðferðar póstsendinga sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi, svo og á póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

13. gr. hljóðar svo:

Skilyrði.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 11. og 12. gr. Skulu skilyrðin vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa.

Rekstrarleyfi skulu að jafnaði vera tímabundin.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
b. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur,
c. að tryggt sé að almenningur njóti aðgengis að grunnpóstþjónustu,
d. að skylt sé að annast sérstök verkefni, þótt þau séu ekki arðbær, sbr. 4. gr. laganna,
e. að gjaldskrá einkaréttarhafa sé háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir einkaréttarþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
f. að virtar séu uppgjörs- og bókhaldsreglur, sem settar kunna að vera,
g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
h. að rekstrarleyfishafi sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagslega stöðu á hverjum tíma, með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
i. að alþjóðasamningar á sviði póstmála séu virtir,
j. að rekstrarleyfishafi taki þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði póstmála.

Heimilt er að breyta skilyrðum fyrir rekstrarleyfi, enda hafi forsendur fyrir því breyst eða þær brostið. Skilyrðum má einnig breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur, auk skilyrða skv. 3. mgr., sett einkaréttarhafa almenn skilyrði sem varða skyldur ríkisins skv. 4. gr. Þá getur stofnunin gert einkaréttarhafa að gefa út frímerki og nota sérstakt auðkenni fyrir starfsemi sína, t.d. póstlúður, með eða án stjörnu og örvum, eða öðrum táknum. Einkaréttarhafi getur heimilað þriðja aðila að nota auðkennið, enda starfi hann í hans þágu.

423. Frumvarp til laga [150. mál]

um fjarskipti.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna og markmið.

1. gr.

Lög þessi taka til fjarskipta og fjarskiptaþjónustu.

Markmið fjarskiptalaga er að tryggja örugg fjarskipti og sem hagkvæmasta fjarskiptaþjónustu hér á landi.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að talsímaþjónustu og öðrum fjarskiptum, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

II. KAFLI
Orðskýringar.

2. gr.

Merking nokkurra orða sem notuð eru í lögum þessum er sem hér segir:

Fjarskipti: Það sem nefnt er „Telecommunication" í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Telecommunications, Nice 1989) og merkir hvers konar sendingu og móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með raföldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum.

Fjarskiptavirki: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

Almennt fjarskiptanet: Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilegum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðgerðum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.

Almenn fjarskiptaþjónusta: Fjarskiptaþjónusta, sbr. hér að framan, sem ætluð er til almenningsnota eða önnur starfsemi sem miðar að því að flytja fjarskiptaboð milli óskyldra og ótengdra aðila í atvinnuskyni.

Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu.

Talsímaþjónusta: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um sjálfvirkt fjarskiptanet þannig að notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda sem tengdur er við annan tengipunkt.

Virðisaukandi þjónusta: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.

Rekstrarleyfishafi: Aðili, einstaklingur, félag eða stofnun, sem fengið hefur leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða til reksturs fjarskiptanets.

Nettengipunktur: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

Kapalkerfi: Þráðbundið kerfi sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings.

Lokaðir notendahópar: Hópar einstaklinga, félaga eða stofnana sem þurfa ekki að vera tengd fjárhagslega, en líta má á sem aðila með viðvarandi viðskiptatengsl vegna sameiginlegrar viðskiptastarfsemi þar sem innri fjarskiptaþarfir verða til vegna þeirra hagsmuna sem liggja að baki viðskiptatengsla þeirra.

Símatorgsþjónusta: Upplýsingaþjónusta með sjálfvirkri svörun sem veitt er gegn gjaldi í gegnum sérstök upphringinúmer sem upplýsingaveitanda er úthlutað.

III. KAFLI
Um yfirstjórn fjarskiptamála.

3. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskiptamála.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptamálum hér á landi og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

IV. KAFLI
Réttur til að veita rekstrarleyfi.

4. gr.

Íslenska ríkið hefur eitt rétt til þess að veita leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu hér á landi, í íslenskri landhelgi og lofthelgi og til þess að veita leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets.

Fjarskiptaleyfi skulu eingöngu veitt íslenskum aðilum eða aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að rekstrarleyfi megi veita öðrum aðilum en þeim sem tilteknir eru í 2. mgr.

V. KAFLI
Rekstrarleyfi, undanþágur.

5. gr.
Útgáfa rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet, þar með talið kapalkerfi, samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal skilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu eða til sölu á almennum notendabúnaði.

6. gr.
Skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 5. gr. Skulu skilyrði vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa. Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin.

Skilyrði fyrir rekstrarleyfi geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
b. að rekstrarleyfishafi veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu eða á tilteknum landsvæðum, og að hún nái til tiltekins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður,
c. að aðgangur að fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa sé að jafnaði opinn öllum á viðkomandi landsvæði, samkvæmt skilmálum sem tryggja að jafnræðis sé gætt,
d. að rekstrarleyfishafi bjóði fjarskiptaþjónustu til útlanda þar sem það á við,
e. að búnaður rekstrarleyfishafa sé ætíð í samræmi við tæknistaðla sem Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um og uppfylli á hverjum tíma tilskildar tæknikröfur til að veita alhliða fjarskiptaþjónustu á viðkomandi sviði,
f. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma kröfum um tæknilega þekkingu, samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur,
g. að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í alþjónustu séu háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir alþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
h. að rekstrarleyfishafi sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skuldbindi sig til að annast uppsetningu og viðhald slíks nets á starfssvæði sínu, tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptanetum annarra rekstrarleyfishafa og veita öðrum rekstrarleyfishöfum heimild til samtengingar við fjarskiptanet sitt, sbr. VII. kafla laganna,
i. að notendum verði úthlutuð númer úr þeim númeraröðum, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfishafa heimild til að nota, í samræmi við reglur sem stofnunin setur,
j. að rekstrarleyfishafi haldi skrá yfir notendur fjarskiptaþjónustunnar og gefi út eða taki þátt í útgáfu slíkrar skrár, en veiti ella öðrum heimild til útgáfu notendaskrár samkvæmt fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá má gera rekstrarleyfishafa skylt að veita eða láta í té sambærilegar upplýsingar gegnum sérstakt upplýsinganúmer,
k. að erlendur rekstrarleyfishafi setji upp starfsstöð hér á landi eða hafi hér á landi fulltrúa sem umboð hefur til að koma fram fyrir hönd rekstrarleyfishafa gagnvart notendum hér á landi,
l. að rekstrarleyfishafi geti sætt eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar á fjárhagsstöðu sinni með tilliti til hugsanlegrar hættu á rekstrarstöðvun,
m. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma, eftir gildistöku leyfisins, þeim tilskipunum og reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og þeim skuldbindingum sem Ísland undirgengst samkvæmt gildandi alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála,
n. að lokaðir notendahópar afhendi Póst- og fjarskiptastofnun fyrir fram lista yfir meðlimi með símanúmerum þeirra eða öðru kennimerki, enda geta þeir uppfært hann eftir þörfum. Lokaðir notendahópar skulu einnig, ef þess er óskað, halda skrá yfir upphafs- og endastað hvers uppkalls í því skyni að auðvelda eftirlit,
o. að rekstrarleyfishafi taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjarskiptamála.

Nánar skal mælt fyrir um skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum í reglugerð.

7. gr.

Skylda til að veita alþjónustu.

Við útgáfu rekstrarleyfa til þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu á almennum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að auk þess að uppfylla skilyrði skv. 6. gr. skuli rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu á starfssvæði sínu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur vegna synjunar borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

8. gr.

Fjöldi rekstrarleyfishafa.

Þegar takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa á einstökum þjónustusviðum skal taka mið af því hve mörgum er hægt að heimila af tæknilegum ástæðum að veita þjónustuna, en að jafnaði skal þess gætt að samkeppni sé nægileg með tilliti til hagsmuna notenda fjarskiptaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða hversu mörgum aðilum verði veitt rekstrarleyfi í þeim tilvikum þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfa.

9. gr.

Útboð.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi, sbr. 8. gr., skuli veitt að undangengnu útboði.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem meðal annars skal mælt fyrir um þá þjónustu sem boðin er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

10. gr.

Undanþágur.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota, án þess að uppfyllt séu skilyrði skv. 6. gr., enda verði þau ekki nýtt fyrir aðra.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað lokuðum notendahópum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota og skulu þá ekki sett önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu en um getur í a-, j-, k-, m- og o-liðum 6. gr.

Fjarskipti, sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um hvort fjarskipti falli undir ákvæði laga þessara eða ekki og hvort undanþáguheimildir 1.–3. mgr. eigi við.

VI. KAFLI

Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár, uppgjörs- og bókhaldsreglur.

11. gr.

Rekstrarleyfishafi í alþjónustu eða sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skal semja og birta opinberlega þá skilmála sem gilda um fjarskiptaþjónustu hans. Þar skal mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet, eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu rekstrarleyfishafa að öðru leyti.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að breyta skilmálum sínum skv. 1. mgr., enda sé slík breyting tilkynnt viðskiptamönnum rekstrarleyfishafa með hæfilegum fyrirvara.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á skilmálum ef þeir teljast ekki í samræmi við rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa almennt eftirlit með gjaldskrám í alþjónustu. Gjaldtaka í alþjónustu skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu þegar sérstaklega stendur á.

Samgönguráðherra er heimilt, vegna eftirlits með verðlagningu alþjónustu, að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar.

VII. KAFLI
Um samtengingu neta.

12. gr.
Samtenging fjarskiptaneta.

Nú vill rekstrarleyfishafi tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptaneti annars rekstrarleyfishafa, og skulu þá viðkomandi aðilar leita samkomulags um tenginguna og skilmála hennar.

Náist ekki innan hæfilegs tíma, sem lengstur skal vera þrír mánuðir, samkomulag milli rekstrarleyfishafa um að net skuli samtengd getur hvor aðili um sig leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum, sbr. 13. gr.

Telji stofnunin að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum á viðkomandi fjarskiptaneti eða samtengdum fjarskiptanetum getur stofnunin mælt svo fyrir að fjarskiptanet skuli ekki samtengd.

13. gr.
Eftirlit með verðlagningu við samtengingu fjarskiptaneta o.fl.

Verðlagning rekstrarleyfishafa á þjónustu fyrir afnot annars rekstrarleyfishafa af fjarskiptaneti skal taka mið af raunkostnaði þess sem viðkomandi fjarskiptanet rekur að teknu tilliti til hæfilegs hagnaðar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að samningar sem gerðir eru milli rekstrarleyfishafa um samtengingu fjarskiptaneta séu lagðir fyrir stofnunina.

Náist ekki samkomulag milli rekstrarleyfishafa um gjald og aðra samningsskilmála vegna samtengingar fjarskiptaneta, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa milligöngu um ákvörðun samningsskilmála milli aðila. Getur stofnunin í því sambandi lagt fram miðlunartillögu eða á annan hátt gert tillögur um sættir. Náist ekki samkomulag, þrátt fyrir sáttatilraunir sem lengst skulu taka sex mánuði, skal Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Við ákvörðun skilmála vegna samtengingar skal taka mið af fyrirmælum 1. mgr.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við sáttameðferð eða ákvarðanatöku skv. 3. mgr. krafist upplýsinga úr bókhaldi rekstrarleyfishafa og falið löggiltum endurskoðendum að yfirfara slík gögn.

Þegar sérstaklega stendur á getur Póst- og fjarskiptastofnun að kröfu annars hvors aðila mælt fyrir um breytingu á samningum um samtengingu neta eða á ákvörðunum sínum þar að lútandi.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð bókhaldslegan aðskilnað eða aðgreiningu einstakra rekstrarþátta þannig að unnt sé að fylgjast með stofnkostnaði og kostnaði af rekstri samtengdra fjarskiptaneta.

VIII. KAFLI
Samningar og greiðslur fyrir alþjónustu.

14. gr.
Rekstur til almannaheilla. Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta, sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 7. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjarskiptastofnun.

Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti, en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartap af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda, eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með þeim.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um fjárframlög, þar á meðal um greiðslur samkvæmt þessari grein.

15. gr.
Jöfnunargjald.

Til að stranda straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á rekstrarleyfishafa innan viðkomandi þjónustusviðs, í hlutfalli við bókfærða veltu á viðkomandi þjónustusviði. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur að leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

Í þeim tilfellum þar sem ekki verður beitt jöfnunargjaldi skal kostnaður vegna óarðbærrar alþjónustu skv. 7. gr. greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

IX. KAFLI
Samningar og greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu, aðra en alþjónustu.

16. gr.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, eða vegna byggðasjónarmiða, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við rekstrarleyfishafa á viðkomandi sviði.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

X. KAFLI
Leynd og vernd fjarskipta.

17. gr.
Þagnarskylda.

Allir þeir sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn rekstrarleyfishafa eða aðra, skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti eða önnur skjöl sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Rekstrarleyfishöfum skal heimilt að skrá upplýsingar um fjarskipti sem um fjarskiptavirki þeirra fara, enda sé um að ræða lið í reikningsfærslu gagnvart viðkomandi notanda.

Samgönguráðherra setur reglur um skráningu og meðferð upplýsinga um fjarskipti, að fengnum tillögum Póst- og fjarskiptastofnunar.

18. gr.
Vernd skeyta- og merkjasendinga.

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki má aflaga, ónýta eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Berist manni með slíkum hætti skeyti eða skjal skal viðkomandi tilkynna sendanda að slíkt hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

XI. KAFLI
Eftirlit með búnaði, leyfisbréf o.fl.

19. gr.
Gerðarsamþykki búnaðar.

Ekki má flytja inn, smíða eða setja á markað fjarskiptavirki eða annan búnað, er tengja á við almennt fjarskiptanet, nema að viðkomandi búnaður eða einstakir hlutar hans hafi eða fái gerðarsamþykki, sbr. 2.–5. mgr.

Öll fjarskiptavirki skulu fá gerðarsamþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, nema fyrir liggi að þau hafi þegar fengið gerðarsamþykki, sbr. 6. mgr.

Fjarskiptavirki sem þurfa gerðarsamþykki eru:

a. öll fjarskiptavirki fyrir þráðlaus fjarskipti, enda hafi undanþága ekki verið veitt,
b. allur notendabúnaður, þ.e. fjarskiptavirki sem tengjast eða geta tengst almennum fjarskiptanetum.

Nú liggja fyrir vottorð og mælingarskýrslur um fjarskiptavirki frá faggiltri prófunarstöð, innlendri eða erlendri, um að það sé í samræmi við viðurkennda staðla og reglur, og skal þá leggja slík gögn til grundvallar við útgáfu gerðarsamþykkis. Að öðrum kosti skal leggja mælingar og prófanir Póst- og fjarskiptastofnunar til grundvallar.

Öll fjarskiptavirki sömu gerðar og hinn samþykkti búnaður skal merkja á þann hátt sem stofnunin ákveður. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til gerðarsamþykkis fjarskiptavirkja, enda sé búnaðurinn merktur á þann hátt sem stofnunin ákveður.

Hafi fjarskiptavirki CE-merkingu til staðfestingar á því að það uppfylli viðeigandi kröfur um fjarskiptavirki innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf Póst- og fjarskiptastofnun ekki að gefa út gerðarsamþykki. Á sama hátt má fella niður kröfu um gerðarsamþykki Póst- og fjarskiptastofnunar ef fjarskiptavirki hefur sérstaka merkingu í samræmi við samevrópskar reglur sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að hlíta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafna viðurkenningu á fjarskiptavirki eða öðrum búnaði ef hann er ekki í samræmi við staðla sem gilda um fjarskiptabúnað á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla fyrri yfirlýsingu ef breyting verður á staðlakröfum eða ef forsendur fyrir leyfisveitingu hafa breyst eða brostið.

20. gr.
Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki skulu hafa til þess réttindi samkvæmt reglugerð sem samgönguráðherra setur.

21. gr.

Sérstök leyfisbréf og skírteini.

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf og skírteini til handa þeim aðilum sem samkvæmt sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða skuldbundið sig til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

XII. KAFLI

Um fjarskiptavirki í farartækjum.

22. gr.

Fjarskiptavirki í farartækjum.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum.

23. gr.

Fjarskiptavirki í erlendum farartækjum.

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi, má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptavirkja í erlendum förum innan íslenskrar lögsögu ef talið er að notkun þeirra sé andstæð íslenskum reglum.

XIII. KAFLI

Sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.

24. gr.

Notkun tíðnirófs.

Póst- og fjarskiptastofnun skal stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins, skipuleggja notkun þess og úthluta tíðnum. Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna.

25. gr.

Leyfi fyrir búnaði og kerfum til þráðlausra fjarskipta.

Búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, bæði sendi- og viðtæki, má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. XI. kafla laganna. Skulu leyfin vera tímabundin. Slík leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar sendiafl, staðsetningu búnaðar, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingar við almennt fjarskiptanet.

Leyfi skv. 1. mgr. geta ýmist verið einstaklingsbundin eða almenn fyrir notkun tiltekinna gerða fjarskiptatækja, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Kerfi með tækjum fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Slíkt leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar öryggisráðstafanir gegn óheimilli notkun kerfisins.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um uppsetningu og notkun búnaðar og kerfa fyrir þráðlaus fjarskipti.

26. gr.

Synjun um leyfi. Afturköllun.

Póst- og fjarskiptastofnun getur synjað um tíðniúthlutun ef ekki hefur verið aflað nauðsynlegs leyfis til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

Tíðniúthlutun má afturkalla ef nauðsynlegt leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi eða ef aðrar mikilvægar forsendur fyrir úthlutun eða leyfi breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegs samkomulags sem Ísland er aðili að.

XIV. KAFLI

Eftirlit með símatorgsþjónustu.

27. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um símatorgsþjónustu sem staðfestar skulu af samgönguráðherra.

Nú telur Póst- og fjarskiptastofnun að símatorgsþjónusta sé andstæð almennu siðferði, svo sem vegna kláms eða því um líks, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá mælt fyrir um fyrirvaralausa stöðvun slíkrar starfsemi.

XV. KAFLI

Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

28. gr.

Heimild til að leggja fjarskiptaleiðslur, um eignarnám o.fl.

Nú er rekstrarleyfishafa nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eiganda viðkomandi eignar. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skulu bæturnar metnar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra, enda hafi eignarnámsþoli staðið tilhlýðilega að innheimtu þeirra hjá eignarnema.

29. gr.

Vernd fjarskiptavirkja.

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis, og er rekstrarleyfishafa þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er rekstrarleyfishafa heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú er truflun að þessu leyti að rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

30. gr.

Vernd sæstrengja.

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst, nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

31. gr.

Viðgerð sæstrengja.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna, skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

32. gr.

Aðgerðir til verndar sæstrengjum, bætur o.fl.

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

33. gr.

Takmörkun fjarskipta vegna truflana.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli, ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

XVI. KAFLI

Fjarskipti á hættutímum.

34. gr.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati.

XVII. KAFLI

Ábyrgðartakmarkanir, útilokun sambanda, aðfararheimild.

35. gr.

Ábyrgðartakmarkanir.

Þeim sem hefur leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets samkvæmt lögum þessum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

36. gr.

Útilokun sambanda.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að mæla svo fyrir í viðskiptaskilmálum sínum að notanda, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, megi útiloka frá almennum fjarskiptum um óákveðinn tíma eða þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.

37. gr.

Aðfararheimild.

Gjaldfallnar kröfur rekstrarleyfishafa vegna afnotagjalda og tengdrar þjónustu, á hendur skráðum rétthöfum í talsímaþjónustu, má taka fjárnámi samkvæmt aðfararlögum án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar.

XVIII. KAFLI
Viðurlög o.fl.

38. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Upptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

39. gr.

Notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skal vera hið sama alls staðar á landinu eigi síðar en 1. júlí 1998 og skal þá innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

XIX. KAFLI
Reglugerðir.

40. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

XX. KAFLI
Gildistaka.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um fjarskipti, nr. 73/1984, með síðari breytingum. Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 3. og 4. mgr. 6. gr., 7. gr. og 17. gr. laganna er fjalla um Fjarskiptaeftirlit ríkisins skulu þó halda gildi sínu þar til Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa 1. apríl 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samgönguráðherra skal veita Pósti og síma hf. einkaleyfi til þess að reka almenna talsímaþjónustu hér á landi og til þess að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Skal það rekstrarleyfi Pósts og síma hf. gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður eða eigi síðar en 1. janúar 1998. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga og reka almennt fjarskiptanet og veita almenna talsímaþjónustu.

Um skilyrði fyrir einkaleyfi og um gjaldtöku á gildistíma einkaleyfis fer skv. 9. og 10. gr. laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996.

424. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til l. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

Við 9. gr. Í stað orðsins „þess“ í 7. mgr. komi: þeirra.

425. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til l. um póstþjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, MS, EgJ, StG, ÁJ, KPál).

Við 30. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:

a. 3. mgr. orðist svo:
   Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.
b. Í stað orðanna „um útreikning rekstrartaps og um álagningu jöfnunargjalds á rekstrarleyfishafa“ í 6. mgr. komi: og um útreikning rekstrartaps.

426. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Sigríði A. Þórðardóttur, Hjálmari Árnasyni, Svanfríði Jónasdóttur, Tómasi Inga Olrich, Sigríði Jóhannesdóttur, Ólafi Erni Haraldssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Árna Johnsen.

Þús. kr.

Við 4. gr. 02-982 170 Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

a. Fyrir „14.400“ kemur 15.000
b. Sundurliðun kemur á sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

	Þús. kr.
1. Atli Heimir Sveinsson	1.000
2. Árni Kristjánsson	1.000
3. Ásgerður Búadóttir	1.000
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Halldór Laxness	1.000	
6. Hannes Pétursson	1.000	
7. Indriði G. Þorsteinsson	1.000	
8. Jón Nordal	1.000	
9. Jón úr Vör	1.000	
10. Jórunn Viðar	1.000	
11. Kristján Davíðsson	1.000	
12. Matthías Johannessen	1.000	
13. Sigfús Halldórsson	1.000	
14. Stefán Hörður Grímsson	1.000	
15. Thor Vilhjálmsson	1.000	
		15.000

427. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-310 Landmælingar Íslands. Nýr liður:	
102 Grunnkortagerð á Fljótsdalshéraði samkvæmt samningi	5.000

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum gerðu Landmælingar Íslands, Skipulag ríkisins og ýmsar stofnanir og félög á Fljótsdalshéraði með sér samning um gerð grunnkorta í mælikvarðanum 1:25 000, hliðstæð kortum sem unnin höfðu verið fyrir Suð-Vesturland og eru þar nú undirstöðugögn fyrir skipulag og framkvæmdir. Af tíu kortum sem gera á af Héraði var vinna nokkuð á veg komin við sex þeirra en stöðvaðist þar eð fjármagn til Landmælinga var skorið niður. Til að standa við samninginn og að ljúka verkefninu þyrftu Landmælingar 7,4 millj. kr. til að greiða aðkeypta vinnu og tækjaþjónustu. Landmælingar sóttu um fjárveitingu til þessa við undirbúning fjárlagagerðar 1997. Hér er gert gert ráð fyrir að verkinu yrði lokið á tveimur árum og framlag ríkisins á næsta ári verði 5 millj. kr. gegn samningsbundnu framlagi heimaaðila.

428. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-221 Hollustuvernd ríkisins. Nýr liður:	
102 Verkefni vegna EES-samnings, reglugerðir og eftirlit	12.000

Greinargerð.

Fyrir liggur í svari umhverfisráðherra á þskj. 106 (46. mál) frá í haust og í skriflegri greinargerð Hermanns Sveinbjörnssonar framkvæmdastjóra Hollustuverndar til umhverfisnefndar frá 13. nóvember sl. að ýmsir mikilvægir þættir sem Hollustuvernd er lögum samkvæmt gert að sinna verða áfram út undan og vanræktir sökum fjárskorts. Þetta á m.a. við um fjölmörg verkefni sem eru til komin vegna aðildar Íslands að EES-samningi og hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ítrekað gert athugasemdir við framkvæmd mála er varða hollustuvernd hér á landi. Þannig hafa t.d. verið gerðar athugasemdir við 18 gerðir á eiturefnasviði.

429. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
160 Náttúruhús í Reykjavík, undirbúningur	3.000

Greinargerð.

Á árinu 1990 skilaði stjórnskipuð nefnd ítarlegum tillögum um Náttúruhús í Reykjavík sem hýsa skyldi nútímalegt náttúrufræðisafn. Með sýningum í húsinu yrði almenningi veitt fræðsla um íslenska náttúru og umhverfi, atvinnuvegi og rannsóknir. Samkvæmt tillögum nefndarinnar yrðu burðarstólpar safnsins Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrir hönd ríkisins, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands, en kanna átti hvort nágrannasveitarfélög, svo og stofnanir, félög og fyrirtæki vildu taka þátt í rekstrinum með hlutareign eða styrkjum. Frekari undirbúningsvinna fór fram á vegum samvinnunefndar ráðuneyta, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands á árunum 1991–92 en stöðvaðist þá þar eð ríkið lagði ekki fram fé. Málið er jafnbrýnt og áður og á umhverfisþingi í nóvember sl. kom fram eindreginn stuðningur við að hefjast handa á ný við undirbúning.

430. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

	Þús.kr.
Við 4. gr. 06-491 Húsnæði og búnaður sýslumanna. Nýr liður:	
627 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, endurbætur á húsnæði embættisins að Bjólfsgötu 7	10.000

Greinargerð.

Um árabil hefur verið til athugunar á vegum dómsmálaráðuneytis að bæta húsnæðisaðstöðu sýslumannsembættisins á Seyðisfirði. Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á 120. löggjafarþingi (þskj. 141) kom fram að „á næstunni“ ætti að kanna möguleika á að útvega embættinu annað húsnæði eða athuga hvort ráðist verði í endurbætur á núverandi húsnæði. Ekkert raunhæft hefur gerst í málinu, þrátt fyrir yfirlýsingar, og bitnar það öðru fremur á starfsfólki embættisins. Húsið að Bjólfsgötu 7 hefur mikið minjagildi en þarfnast endurbóta til að vinnuaðstaða og aðbúnaður starfsmanna geti talist viðunandi. Með tillögunni er gert ráð fyrir að byrjað verði á endurbótum á húsinu á árinu 1997 og því komið í sómasamlegt horf á næstu 2–3 árum.

431. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til l. um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím Ara Arason og Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneyti, Hauk Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Mörthu H. Hjálmarsdóttur og Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamanna, Ástu Möller og Vigdísi Jónsdóttur frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands, Grétar Þorsteinsson, Gylfa Arnbjörnsson og Ástráð Haraldsson frá Alþýðusambandi Íslands og Þórarin V. Þórarinsson, Hannes G. Sigurðsson, Magnús Ólafsson, Víglund Þorsteinsson og Ólaf B. Ólafsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Einnig mættu á fund Benedikt Jóhannesson og Vigfús Ásgeirsson frá Talnakönnun hf. sem nefndin hafði fengið til að reikna út svör við ýmsum spurningum sem vöknuðu við skoðun málsins. Nefndin fékk einnig sendar umsagnir um málið frá ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, VSÍ, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Félagi starfsmanna Stjórnarráðsins, Læknafélagi Íslands, Tollvarðafélagi Íslands, Röntgentæknafélagi Íslands, Ljósmæðrafélagi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Starfsmannafélagi Garðabæjar, Félagi íslenskra flugumferðarstjóra, Félagi íslenskra leikskólakennara, Félagi íslenskra fræða, Félagi flugmálastarfsmanna ríkisins, Starfsmannafélagi Vestmannaeyjakaupstaðar, Útgarði – félagi háskólamanna, Vinnumálasambandinu, Dýralæknafélagi Íslands, Kennarafélagi KHÍ, Stéttarfélagi lögfræðinga, Meinatæknafélagi Íslands, Seðlabanka Íslands, Starfsmannafélagi Seltjarnarness, Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi, Starfsmannafélagi Neskaupstaðar, Starfsmannafélagi Húsavíkur, Starfsmannafélagi Sauðárkróks, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Starfsmannafélagi Ríkisútvarps, Kennarasambandi Íslands, Hinu íslenska kennarafélagi, Félagi eldri borgara, Lögmannafélagi Íslands, Félagi opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Verslunarráði Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi, Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Starfsmannafélagi Sjónvarpsins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Starfsmannafélagi Siglufjarðarbæjar, Félagi háskólakennara við HÍ, Reykjavíkurborg, Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar, Félagi íslenskra trygg-

ingastærðfræðinga, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Sambandi almennra lífeyrissjóða.

Við samningu frumvarpsins er gengið út frá þeirri meginforsendu að kostnaður ríkissjóðs við hið nýja lífeyriskerfi verði jafnmikill og kostnaður við núverandi kerfi. Kostnaður af myndun lífeyrisskuldbindinga er nú færður sérstaklega til gjalda í ríkisreikningi, sbr. lög nr. 52/1966. Þessar skuldbindingar koma því ekki fram í fjárlögum hvers árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að gjöld ríkisins verði sýnd á rekstrargrunni á fjárlögum. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkisins munu því, ef fjárreiðufrumvarpið verður lögfest, koma fram á fjárlögum og hækka gjöld ríkissjóðs. Raunverulegur kostnaður ríkissjóðs af núverandi lífeyriskerfi mun því verða sýnilegur og iðgjaldaþörf liggja fyrir á hverjum tíma. Það munu verða næstu verkefni í endurskipulagningu lífeyrismála ríkisins að ganga frá formlegum skilum ríkissjóðs til LSR vegna árlegrar myndunar skuldbindinga og áfallinna eldri skuldbindinga.

Nefndin fjallaði ítarlega um 3. gr. frumvarpsins með tilliti til þeirra athugasemda sem fram höfðu komið þess efnis að 4. mgr. hennar kynni að opna fyrir víðtækari aðild að sjóðnum fyrir starfsmenn sem ekki eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna en nú. Samkvæmt því sem fram hefur komið og upplýst hefur verið er megintilgangur 4. mgr. fyrst og fremst sá að tryggja ýmsum þeim áframhaldandi aðild að sjóðnum sem nú greiða til hans en eru ekki í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Er þar m.a. um að ræða ýmsa starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana sem hafa ákveðið að vera utan stéttarfélaga og hafa á grundvelli ákvæða í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna selt það í hendur fjármálaráðherra að ákveða launakjör sín. Falla þeir því hvorki undir 1. né 3. mgr. 3. gr. Enn fremur er þessu ákvæði ætlað að taka til starfsmanna ýmissa aðila, hálfopinberra stofnana og samtaka, sem skv. 4. gr. núgildandi laga hafa fengið heimild til að vera í LSR. Núverandi starfsmönnum þessara aðila er tryggð áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins með 5. mgr. 4. gr. og þeir sem eru innan opinberu stéttarfélaganna eiga kost á aðild að A-deildinni skv. 3. mgr. 3. gr. Hluti starfsmanna þessara aðila er hins vegar utan opinberu stéttarfélaganna og ætti því ekki kost á að færa sig í A-deild sjóðsins.

Tilgangur ákvæðis 4. mgr. 3. gr. er þannig fyrst og fremst að tryggja sömu aðild að sjóðnum og áður var og koma í veg fyrir misræmi innan stofnana sem verið hafa aðilar að sjóðnum. Þær takmarkanir sem málsgreinin setur gera það að verkum að ekki á að vera hætta á að skörun verði á aðildarrétti gagnvart lífeyrissjóðum almennu stéttarfélaganna. Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er félögum í þeim skylt að vera í lífeyrissjóði innan sinnar starfsstéttar. Útilokar málsgreinin þannig aðild að LSR fyrir einstaklinga úr stéttarfélögum með lögbundna lífeyrissjóðsaðild. Þá áskilur greinin samþykki viðkomandi launagreiðanda. Má því telja ljóst að málsgrein þessi breytir ekki núverandi aðildarrétti að neinu marki.

Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. gr. frumvarpsins.
   a. Á 1. mgr. verði gerðar tvær orðalagsbreytingar. Sú fyrri er áréttíng á því að greinin eigi ekki við um þá sem eiga aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. og 5. gr. Með seinni breytingunni er orðið „launaákvarðanir“ fært til í þeim tilgangi að taka af öll tvímæli um að það eigi samkvæmt efni greinarinnar einungis við um ákvarðanir Kjaradóms eða kjaranefndar. Samkvæmt þessari breytingu eiga þeir einir rétt

á aðild að A-deild sjóðsins á grundvelli 1. mgr. 3. gr. sem fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

b. Þá er lagt til að sú breyting verði á 2. mgr. að orðið „jafnan“ falli út. Eftir að val sjóðfélaga um færslu úr B-deild sjóðsins í A-deild hans hefur verið takmarkað við ákveðinn tíma, sbr. breytingartillögur við 4. gr., er orðinu ofaukið.

c. Við 3. mgr. er lagt til í nýjum málslið að nánari ákvæði um aðild þeirra sem heyra undir ákvæði málsgreinarinnar skuli vera í samþykktum sjóðsins. Í þessu sambandi er m.a. haft í huga að í samþykktum sjóðsins verði nánari ákvæði um skilyrði til aðildar að sjóðnum fyrir félagsmenn í aðildarfélögum þeirra bandalaga, sem tilgreind eru í málsgreininni, og með hvaða fyrirvara einstakir launagreiðendur geti sagt upp aðild sinni að sjóðnum.

d. Breyting á 5. mgr. lýtur einungis að orðalagi greinarinnar og er ætlað að gera hana skýrari.

2. Með breytingum á 4. og 5. mgr. 4. gr. er lagt til að vilji sjóðfélagar í B-deild sjóðsins flytja sig yfir í A-deild hans þurfi þeir að hafa tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Sjóðfélagar í B-deild sjóðsins, sem ekki hafa tilkynnt sjóðnum þá ákvörðun sína að skipta um deild fyrir 1. desember 1997, geta einungis hafið greiðslu til A-deildarinnar ef þeir skipta um starf og nýja starfið uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

3. Með þeirri breytingu sem lögð er til við 7. gr. er nýjum málslið bætt inn í 1. mgr. sem fjallar um verksvið og skyldur stjórnar lífeyrissjóðsins. Samkvæmt þessari breytingu verður skýrt kveðið á um það í lögum sjóðsins að stjórn lífeyrissjóðsins skuli móta fjárfestingarstefnu hans og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

4. Með breytingartillögu við 12. gr. er tveimur greinum bætt við upptalningu á greinum sem fella á brott, en láðst hafði að tilgreina í 12. gr. Þessar greinar eru 26. gr. laga sjóðsins, nr. 29/1963, en hún fjallar um gildistöku þeirra laga, og lög nr. 156/1995 sem aðeins eru ein grein sem hefur að geyma bráðabirgðaákvæði um aðild að sjóðnum fyrir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur sem áður störfuðu hjá St. Jósefsspítala í Reykjavík. Fyrrgreinda greinin er eðli málsins samkvæmt úrelt. Efni seinni greinarinnar hefur hins vegar verið fellt inn í ákvæði 3. og 4. gr. frumvarpsins.

5. Sú breyting, sem lögð er til á 25. gr., felur ekki í sér efnisbreytingar á frumvarpinu en er gerð til að taka af öll tvímæli um að launagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum A-deildar sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum. Skv. 4. og 5. mgr. 25. gr. frumvarpsins skal iðgjald launagreiðenda vera breytilegt og við það miðað að A-deild sjóðsins eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum. Ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu lífeyris samkvæmt lögunum, eins og hún er nú skv. 20. gr. gildandi laga sjóðsins, nær hins vegar ekki til A-deildar sjóðsins. Komi þannig til þess að deildinni verði lokað einhvern tíma í framtíðinni og frekari iðgjaldagreiðslum til hennar hætt bera launagreiðendur enga ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ef eignir deildarinnar dygðu ekki fyrir skuldbindingum hennar eftir slíka lokun yrði að aðlaga réttindi sjóðfélaga að eignunum. Á sama hátt gætu launagreiðendur ekki eftir slíka lokun gert tilkall til eigna deildarinnar þó svo að þær reyndust, vegna breyttra forsenda, meiri en

nauðsynlegt væri til þess að standa undir skuldbindingum.

6. Með breytingu á 27. gr. er lagt til að hækkunarprósenta sú, sem tilgreind er í 4. mgr. 27. gr., verði lækkuð úr 0,8% í 0,5%. Til nánari útskýringa á þessari breytingu vísast til bráðabirgðaákvæðis III í b-lið 8. tölul. breytingartillagnanna og til skýringa með því ákvæði í 9. lið hér að aftan.
7. Með breytingartillögum við 28. gr. eru leiðréttar tvær villur. Annars vegar er orðinu „ekki“ ofaukið í 2. mgr. og hins vegar vantaði tilvísun í 10. mgr. í 12. mgr. greinarinnar.
8. Með breytingartillögu við ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að 11,5% iðgjald launagreiðenda verði fast fyrstu þrjú árin eftir gildistöku þessara laga í stað þess að það gildi einungis fyrir árið 1997. Iðgjald launagreiðenda skv. 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna (sbr. 25. gr. frumvarpsins) gæti tekið allnokkrum breytingum fyrstu árin sem A-deildin starfaði. Þær breytingar mundu ekki hvað síst ráðast af samsetningu þess hóps sem færir sig úr B-deild sjóðsins í A-deildina. Því þykir heppilegra að festa iðgjaldið fyrstu þrjú árin meðan meiri stöðugleiki fæst í samsetningu sjóðfélaga hjá deildinni og betri reynsla fæst þannig á það hvert nauðsynlegt iðgjald er.
9. Lagt er til að við bætist nýtt bráðabirgðaákvæði (III). Við samningu frumvarps til laga um breytingu á lífeyrisréttindum starfsmanna ríkisins var gengið út frá þeirri meginforsendu að verðmæti í nýju lífeyriskerfi væru jafnverðmæt og lífeyrisréttindi samkvæmt gildandi lögum. Í þessu mati er nokkur óvissa fólgin varðandi það hversu margir munu flytja sig úr eldra kerfi í nýtt. Til að mæta þessari óvissu er lagt til að hækkunarprósenta skv. 4. mgr. 15. gr. laganna (sbr. 27. gr. frumvarpsins) verði endurskoðuð eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessara laga.
10. Lagt er til að samhljóða breyting verði gerð á 41. gr., sem fjallar um verksvið og ábyrgð stjórnar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, og lögð er til á 7. gr. um stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sbr. 3. lið hér að framan.
11. Með breytingartillögu við 55. gr. frumvarpsins er lögð til sams konar breyting á frumvarpinu að því er Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna varðar og lagt er til að gerð verði á 3. gr. og varðar Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Vísast því til skýringa við 2. lið hér að framan.

Ágúst Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson skrifa undir þetta álit með fyrirvara sem lýtur að því að þeir telja lögfestingu frumvarpsins í þessu formi fela í sér skyldu stjórnvalda að sjá svo um að starfsmenn ríkisins sem eru í stéttarfélögum ASÍ fái sömu lífeyrisréttindi og öðrum ríkisstarfsmönnum eru tryggð með frumvarpinu. Einar Oddur Kristjánsson ritar einnig undir álitið með fyrirvara og mun styðja efnislega boðaðar breytingartillögur minni hlutans við málið.

Alþingi, 19. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.
Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Steingrímur J. Sigfússon.
Valgerður Sverrisdóttir.
Jón Baldvin Hannibalsson, með fyrirvara.
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.
Árni R. Árnason.

432. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar
(VE, ÁE, GMS, SJS, VS, JBH, EOK, ÁRÁ).

1. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 1. efnismgr. orðist svo:
      Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða á grundvelli launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.
   b. Orðið „jafnan“ í 1. málsl. 2. efnismgr. falli brott.
   c. Við 3. efnismgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.
   d. 5. efnismgr. orðist svo:
      Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.
2. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. 4. efnismgr. orðist svo:
      Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.
   b. Við 5. efnismgr. bætist þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.
3. Við 7. gr. Á eftir 3. málsl. 1. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
4. Við 12. gr. Í stað „18., 21., 23. og 24. gr. laganna falla brott“ komi: 18., 21., 23., 24. og 26. gr. laganna falla brott ásamt lögum nr. 156/1995, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

5. Við 25. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
   Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.
6. Við 27. gr. Í stað „0,8%“ í 4. efnismgr. komi: 0,5%.
7. Við 28. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Orðið „ekki“ í fyrri málslið 2. efnismgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „skv. 9. mgr.“ í 12. efnismgr. komi: skv. 9. eða 10. mgr.
8. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:
      Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.
   b. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
      Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.
9. Við 41. gr. Á eftir 3. málsl. 1. efnismgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
10. Við á 55. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Síðari málsliður 1. efnismgr. falli brott.
    b. Á eftir 3. efnismgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
       Kjósi sjóðfélagi, sem 1.–3. mgr. taka til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Eigi sjóðfélagi rétt til aðildar að sjóðnum skv. 2. eða 3. mgr. þarf samþykki launagreiðanda fyrir því að hefja iðgjaldagreiðslur til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að þeim sjóði, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

433. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, GMS EOK, ÁRÁ).

I. KAFLI
FORSÆTISRÁÐUNEYTI
Breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:
Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra. Hann ræður annað starfslið.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI
Breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, með síðari breytingum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

III. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI
Breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingu.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996:

a. 1. tölul. orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
b. Í stað orðanna „3.–5. tölul.“ í 5. tölul. kemur: 6.–8. tölul.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna, eins og honum var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. laganna:

a. 4. tölul. fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.
b. Í stað orðanna „3.–6. tölul.“ í 5. tölul., sem verður 4. tölul., kemur: 5.–8. tölul.

Breyting á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingu.

6. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. tölul. 2. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora enda verði talið að þeir gegni þeim störfum að aðalstarfi.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og héraðsdómarar“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: héraðsdómarar og fulltrúar þeirra.
b. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og lögreglumenn.
c. 8. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.
d. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.
e. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. koma fjórir nýir töluliðir, sem orðast svo:
   10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórar.
   11. Héraðslæknar og héraðshjúkrunarfræðingar.
   12. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.
   13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
f. Í stað orðsins „9. tölul. þessarar greinar“ í 2. mgr. kemur: 13. tölul. 1. mgr.

8. gr.

Á eftir 1. málsl. 24. gr. laganna kemur nýr málsliður, er verður 2. málsl., og orðast svo: Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár.

9. gr.

Við 7. mgr. ákvæðis til bráðabrigða í lögunum bætist nýr töluliður, er verður 4. tölul., og orðast svo:

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. skulu rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri teljast til embættismanna.

IV. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum.

10. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að tillögu skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

11. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prófessorsstarf.
c. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Rektor ræður annað starfslið skólans en getið er um í 32. gr.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veitingu slíkrar kennarastöðu“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu í slíkt kennarastarf.
b. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðning í slíkt starf má vera tímabundin til allt að tveggja ára í senn.
c. Í stað orðsins „stöðuveitingu“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu.
d. Í stað orðsins „stöðuveitinga“ í 6. málsl. 3. mgr. kemur: ráðninga.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætta“ í 7. málsl. 3. mgr. kemur: prófessorsstarfs.
f. 4. mgr. orðast svo:

   Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að ráða dósent eða lektor tímabundinni ráðningu til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.
g. Í stað orðanna „til tveggja ára hið skemmsta“ í 6. mgr. kemur: tímabundið til allt að tveggja ára í senn.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 2. mgr. kemur: prófessorsstörf.
c. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: prófessorsstarf.
f. Orðin „embættið eða“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
g. Orðin „embættið eða“ í 6. málsl. 4. mgr. falla brott.
h. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 6. mgr. kemur: prófessorsstarf.
i. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 7. mgr. kemur: prófessorsstarf.

15. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á, getur rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Rektor skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennarastarf laust til umsóknar, svo að starfið verði veitt ári áður en hinn nýráðni kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýráðna kennara hefjist.

Breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingu.

16. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 70/1994:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta, lektora og stundakennara.
b. Í stað orðsins „skipa“ í 3. mgr. kemur: ráða.
c. Í stað orðsins „embættinu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: starfinu.
d. Í stað orðsins „embættið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starfið.
e. Í stað orðsins „embætti“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starf.
f. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: prófessorsstarf.

V. KAFLI
GILDISTAKA

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur haft frumvarp til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. mál á þskj. 210, til meðferðar. Þar sem ekki vinnst tími til að ljúka afgreiðslu málsins í heild fyrir áramót er nauðsynlegt að taka út þær greinar frumvarpsins sem brýnast er að öðlist gildi nú þegar og flytur nefndin því um þær sérstakt frumvarp. Um almennar athugasemdir vísast til þskj. 210.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gildandi ákvæði heimilar Þingvallanefnd að ráða umsjónarmann á Þingvöllum til fimm ára í senn, en tímabundin ráðning til svo langs tíma er almennt óheimil skv. 2. mgr. 41. gr. stml. Þá hafa lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkjunnar til skamms tíma falið sóknarpresti Þingvallaprestakalls, sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar, að gegna jafnframt þeim starfa sínum starfi þjóðgarðsvarðar. Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að hin lögbundna tenging þessara starfa verði rofin enda má færa að því gild rök að hún stríði gegn grundvallarreglum stjórnskipunarinnar um skipting starfa og valdmörk ráðherra. Þess í stað er í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml., nr. 70/1996, lagt til

að Þingvallanefnd verði falið að ráða sér framkvæmdastjóra ótímabundið, svo sem raunin hefur orðið, og honum falið að ráða annað starfslið, sbr. 2. mgr. 5. gr. stml.

Um 2. gr.

Breyting á gildandi ákvæði felst í að tímabinda skipun prestsins á Þingvöllum í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. Jafnframt er lagt til að fellt verði úr þessum lögum ákvæði um stöðu hans sem þjóðgarðsvarðar, enda þykir eðlilegra og í samræmi við þá stefnu stml. að völd og ábyrgð fari saman að það stjórnvald, sem fer með málefni þjóðgarðsins og er að mestu leyti í höndum þingkjörinnar stjórnar, Þingvallanefndar, ráði ferðinni um hvaða starfslið er nauðsynlegt að halda í þjóðgarðinum á hverjum tíma. Þingvallanefnd getur eftir sem áður falið sama manni að gegna ákveðnum störfum á staðnum eins og um semst hverju sinni.

Um 3. gr.

Við 1. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er í a-lið því einu við bætt að lögin taki ekki til þeirra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd eins og gildir um embættismenn. Er það nauðsynlegt í ljósi þeirrar breytingar sem lagt er til að þau lög taki í 6. gr. frumvarps þessa.

Í b-lið er lagfærð augljós villa um tilvísun í þá töluliði er taka til starfsmanna sveitarfélaga.

Um 4. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er því einu bætt að heimild til verkfalls nái, auk embættismanna, ekki til annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd, en það fer saman við þá breytingu sem lagt er til að þau lög taki í 6. gr. frumvarps þessa.

Um 5. gr.

Breytingar sem lagt er til að gerðar verði á 1. mgr. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna færa ákvæðið til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á þeim lögum í 1. tölul. 56. gr. stml. Í a-lið er lagt til að fellt verði brott það ákvæði er felur Félagsdómi að ákvarða hverjir falli undir 29. gr. eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, en þar var tilgreint hvaða störf væru undanþegin verkfallsheimild samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í stml. er ekki að finna sambærilega tilgreiningu á störfum sem undanþegin eru verkfallsheimild laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þess í stað eru þeir embættismenn ríkisins sem standa utan stéttarfélaga og ekki hafa verkfallsheimild skv. 40. gr. stml. taldir tæmandi talningu í 1. mgr. 22. gr. sömu laga. Rísi ágreiningur um hverjir talist geti embættismenn í skilningi þess ákvæðis þykir Félagsdómur geta dæmt um það á grundvelli 1. tölul. 26. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en samkvæmt því ákvæði dæmir Félagsdómur í málum sem rísa á milli samningsaðila um samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.

Um 6. gr.

Í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 10. september 1996, sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands f.h. fastráðinna lækna, er lagt til að kjör heilsugæslu-

lækna verði ákveðin af kjaranefnd.

Í frumvarpi til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem lagt var fyrir 120. löggjafarþing, var upphaflega gert ráð fyrir að háskólaprófessorar teldust embættismenn í skilningi frumvarpsins. Við meðferð Alþingis var horfið frá því að svo stöddu og málinu vísað til frekari umfjöllunar innan Háskóla Íslands. Varð það niðurstaða funda menntamálaráðherra með fulltrúum Háskóla Íslands að vegna sérstöðu starfa háskólaprófessora þætti rétt að leggja til að laun þeirra sem gegna prófessorsstöðu að aðalstarfi í skilningi stml. verði framvegis ákveðin af kjaranefnd.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt er að bæta eftirtöldum störfum við 1. mgr. 22. gr. stml.:

Samkvæmt a-lið: Dómarafulltrúum.

Samkvæmt b-lið: Ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, varalögreglustjóranum í Reykjavík og skólastjóra Lögregluskóla ríkisins, sbr. 28. og 37. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Önnur embætti talin í þessum staflið eru fyrir í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml.

Samkvæmt c-lið: Engin viðbót en embættismenn tollyfirvalda eru færðir úr 7. tölul. í sérstakan tölulið, 8. tölul.

Samkvæmt d-lið: Forstöðumenn fangelsa. Önnur embætti í þessum staflið voru áður talin í 8. tölul.

Samkvæmt e-lið: Við 10. tölul. bætast yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi, sbr. 9. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, en önnur embætti sem þar eru talin samræmis vegna hefðu áður fallið undir 9. tölul. gildandi stml. Aðrir liðir þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 24. gr. stml. var í fyrsta skipti mælt fyrir um skilyrði fyrir setningu í embætti. Þau miðast hins vegar öll við atvik er varða þann sem skipaður er til að gegna embættinu, svo sem fráfall hans eða fjarveru um lengri tíma vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Rétt þykir að stjórnvöldum verði jafnframt gert kleift að setja í embætti til reynslu, t.d. áður en nýr maður er í það skipaður fyrsta sinni.

Um 9. gr.

Við gildistöku nýrra lögreglulaga nr. 90/1996 hinn 1. júlí 1997 verður Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður og saksókn í opinberum málum að hluta lögð til lögreglustjóraembættanna. Af þessum sökum er lagt til að embætti rannsóknarlögreglustjóra og vararannsóknarlögreglustjóra verði færð úr 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. stml. og í þá málsgrein ákvæðis til bráðabirgða við stml. sem fellur brott sama dag.

Um 10. gr.

Gildandi ákvæði veitir heimild til að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með breytingu í 11. gr. þessa frumvarps á 32. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands er lagt til að dósentar og lektorar komi að stöðum sínum með ótímabundinni ráðningu í stað skipunar. Af þeim sökum er hér lagt til að heimild þessari verði breytt í tímabundna ráðningu og hún bundin við tveggja ára hámark í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í samræmi við þá meginreglu stml. að skipun eigi fyrst og fremst við um forstöðumenn stofnana er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar komi að þeim stöðum sínum með ráðningu í stað skipunar. Hins vegar er í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingar í b- og c-liðum leiðir af framangreindri breytingu.

Um 12. gr.

1. mgr. 33. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands, sem lagt er til að falli brott samkvæmt a-lið, mælir fyrir um tímabundna ráðningu kennslustjóra, fjármálastjóra og endurmenntunarstjóra og ótímabundna skipun aðalbókavarðar. Í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. stml. er í b-lið lagt til að rektor ráði ótímabundið í önnur störf við skólann. Jafnframt felst í breytingu samkvæmt b-lið að ekki þarf að leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir ráðningu í stöður enda þykja ákvæði stml., sér í lagi 38. gr. þeirra og heimildir fjárlaga fyrir hvert ár, veita fullnægjandi aðhald hvað það varðar.

Um 13. gr.

10. gr. laga um Háskóla Íslands fjallar um kennara við skólann.

Samkvæmt 3. mgr. 10. gr. má tengja kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskóla Íslands þegar skólinn hefur ekki tök á koma upp rannsóknaaðstöðu í viðkomandi kennslugrein. Í 3. málsl. er heimilað að veita slíka stöðu tímabundið til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér sé um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml. lagt til í b-lið að hámark hennar verði bundið við tvö ár. Í a-, c- og d-liðum er orðalag fært til samræmis við ráðningu í stað skipunar. Breytingu í e-lið leiðir af þeirri breytingu sem lögð er til í 14. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. má skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Með því að telja verður að hér sé um tímabundna ráðningu að ræða er í samræmi við 2. mgr. 41. gr. stml. lagt til í f-lið að hámark hennar verði bundið við tvö ár.

Í g-lið er ákvæði um ráðningartíma aðjúnkta fært til samræmis við 2. mgr. 41. gr. stml. sem setur tímabundinni ráðningu tveggja ára hámark, en ekki lágmark eins og óbreytt ákvæði laganna gerir ráð fyrir.

Um 14. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðherra dósenta og lektora. Í ljósi þess að einungis embættismenn geta komið að stöðum sínum með skipun og hún er samkvæmt stml. einkum ætluð forstöðumönnum stofnana er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar verði ráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar og lektorar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingar í stafliðum b-i leiðir af framangreindu.

Um 15. gr.

Breyting á gildandi ákvæði miðar að því að fela rektor þær heimildir sem ráðherra hefur haft til að ráða vísindamenn til kennarastarfa við háskólann og leiðir af þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði á 11. gr. laga um Háskóla Íslands og þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Um 16. gr.

Gildandi ákvæði mælir fyrir um að menntamálaráðuneyti skipi rektor Háskólans á Akureyri til fimm ára í senn. Í raun réttri er embættið veitt af ráðherra og þykir rétt að færa hér orðalag ákvæðisins til betri vegar.

Um 17. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæði skipar forseti prófessora og menntamálaráðuneytið dósenta, en lektorar eru ráðnir af háskólanefnd og stundakennarar af rektor. Í samræmi við breytingu á prófessorsstöðum við Háskóla Íslands er í a-lið annars vegar lagt til að prófessorar verði ráðnir af ráðherra. Í samræmi við markmið 2. mgr. 5. gr. stml. um aukið sjálfstæði og ábyrgð forstöðumanna á starfsmannahaldi er hins vegar lagt til að dósentar, lektorar og stundakennarar verði ráðnir af rektor. Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. stml. verður ráðning þeirra ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti.

Breytingarnar í stafliðum b-f leiðir allar af framangreindu.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

434. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til l. um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (PHB).

1. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

   9. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðast svo:

   Stjórn sjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. maí ár hvert.

   Tryggingafræðingurinn skal meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þarf að vera fyrir A-deild, sbr. 13. gr., og fyrir B-deild, sbr. 23. og 25. gr. Fyrir hvora deild skal gilda: Iðgjaldaprósentan er að lágmarki 6% af iðgjaldastofni deildarinnar. Þó skal hún hækkuð ef þörf krefur þannig að hrein eign deildarinnar til greiðslu lífeyris ásamt núvirði væntanlegra iðgjalda til deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Við mat á væntanlegum iðgjöldum og lífeyri skal miða við sjóðfélaga í hvorri deild á þeim tíma sem athugunin nær til.

   Stjórn sjóðsins skal ákveða nýja iðgjaldaprósentu launagreiðenda fyrir A-deild og fyrir B-deild fyrir 1. júní ár hvert í samræmi við niðurstöður skv. 2. mgr. og skulu þær gilda frá 1. júlí. Iðgjald launagreiðenda skal námundað að næsta ½% af launum.

   Nánari reglur um tryggingafræðilega athugun skal setja í samþykktir sjóðsins.

2. Við 12. gr.
   a. Á eftir „18“ í 2. mgr. komi: 20.
   b. Orðin „og 20. gr. verður 32. gr.“ í 4. mgr. falli brott.
3. Við 13. gr.
   a. Við bætist nýr liður, a-liður, svohljóðandi: 3. mgr. orðast svo:
      Launagreiðandi greiðir iðgjald til B-deildar sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu, sbr. 10. gr.
   b. Í stað orðanna „hans 10% af launum þeim, sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar, í iðgjald“ í b-lið komi: 4% iðgjaldahlut hans.
4. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. a laganna (sem verður 25. gr.):
   a. Í stað „6%“ í 3. mgr. kemur: iðgjald skv. 10. gr.
   b. 8.–11. mgr. falla brott.
5. Við 22. gr.
   a. A-liður orðist svo: 1. mgr. fellur brott.
   b. C-liður falli brott.
6. Við 23. gr. Greinin falli brott.
7. Við 25. gr.
   a. 4. efnismgr. orðist svo:
      Launagreiðandi greiðir iðgjald til A-deildar sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu, sbr. 10. gr.
   b. 5. efnismgr. falli brott.
8. Við bætist ákvæði til bráðabirgða III sem orðist svo:
   Tryggingafræðingur sjóðsins skal meta áfallna skuldbindingu sjóðsins umfram uppreiknaða eign hans vegna sjóðfélaga sem höfðu áunnið sér rétt við gildistöku laga þessara. Skal hann gera tillögur til stjórnar um skiptingu skuldbindingarinnar á launagreiðendur eftir reglum sem hér segir: Skuldbindingunni skal skipt á launagreiðendur í hlutfalli við áunna réttindaprósentu hvers sjóðfélaga hjá hverjum launagreiðanda. Til frádráttar komi núvirt eign sjóðsins við gildistöku laga þessara skipt á launagreiðendur í sömu hlutföllum, sbr. reglur sem tryggingafræðingurinn gerir tillögu um.
   Skuldbindinguna skulu launagreiðendur gera upp með skuldabréfi til 40 ára með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) og með vöxtum sem eru í samræmi við tryggingafræðilega matið. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs.
9. Við 46. gr. Í stað „6%“ í 3. efnismgr. komi: iðgjald skv. 16. gr.
10. Við 51. gr. 3. efnismgr. orðist svo:
    Launagreiðandi greiðir iðgjald til sjóðsins sem prósentu af launum sjóðfélaga skv. 1. mgr. Iðgjaldaprósentan er ákveðin í samræmi við tryggingafræðilega niðurstöðu skv. 16. gr.

11. Við 54. gr. Greinin orðist svo:

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Niðurstöður skulu liggja fyrir 1. maí ár hvert.

Tryggingafræðingurinn skal meta hver iðgjaldaprósenta launagreiðenda þarf að vera. Iðgjaldaprósentan er að lágmarki 6%. Þó skal hún hækkuð ef þörf krefur, þannig að hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði væntanlegra iðgjalda séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris. Við mat á væntanlegum iðgjöldum og lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma, sem athugunin nær til.

Stjórn sjóðsins skal ákveða nýja iðgjaldaprósentu launagreiðenda fyrir 1. júní ár hvert í samræmi við niðurstöður skv. 2. mgr. og skulu þær gilda frá 1. júlí. Iðgjald launagreiðenda skal námundað að næsta ½% af launum.

Nánari reglur um tryggingafræðilega athugun skal setja í samþykktir sjóðsins.

12. Við 57. gr. Greinin orðist svo:

21. gr. laganna fellur brott.

13. Við bætist ný grein, 65. gr., sem orðist svo:

18. gr. fellur brott.

14. Á eftir 65. gr. kemur ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Tryggingafræðingur sjóðsins skal meta áfallna skuldbindingu sjóðsins umfram uppreiknaða eign hans vegna sjóðfélaga sem höfðu áunnið sér rétt við gildistöku laga þessara. Skal hann gera tillögur til stjórnar um skiptingu skuldbindingarinnar á launagreiðendur eftir reglum sem hér segir: Skuldbindingunni skal skipt á launagreiðendur í hlutfalli við áunna réttindaprósentu hvers sjóðfélaga hjá hverjum launagreiðanda. Til frádráttar komi núvirt eign sjóðsins við gildistöku laga þessara skipt á launagreiðendur í sömu hlutföllum, sbr. reglur sem tryggingafræðingurinn gerir tillögu um.

Skuldbindinguna skulu launagreiðendur gera upp með skuldabréfi til 40 ára með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) og með vöxtum sem eru í samræmi við tryggingafræðilega matið. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs.

435. Fjáraukalög [48. mál]

fyrir árið 1996.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 310 (sbr. 48) með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirtaldar breytingar verða á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**6 325 000**
Tekjuskattar	3 570 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	652 000	
Eignarskattar	101 000	
Skattar á vörur og þjónustu	1 562 000	
Vaxtatekjur	405 000	
Aðrar tekjur	35 000	
Gjöld		**16 355 000**
Samneysla	1 384 500	
Rekstrargjöld	1 280 000	
Viðhald	104 500	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	2 048 500	
Vaxtagjöld	10 850 000	
Fjárfesting	2 072 000	
Gjöld umfram tekjur		**10 030 000**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		2 270 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12 300 000**
Afborganir af teknum lánum		7 590 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**19 890 000**
Lántökur		19 900 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**10 000**

2. gr. hljóðar svo:

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996 sem hér segir, sbr. sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	171 700	
01 Forsætisráðuneyti	174 000	
02 Menntamálaráðuneyti	288 400	
03 Utanríkisráðuneyti	94 000	
04 Landbúnaðarráðuneyti	105 000	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	46 800	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	109 300	
07 Félagsmálaráðuneyti	181 200	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1 524 200	
09 Fjármálaráðuneyti	13 066 200	
10 Samgönguráðuneyti	553 800	
11 Iðnaðarráðuneyti	19 200	
14 Umhverfisráðuneyti	21 200	
Samtals		16 355 000

Eftirtaldir liðir 3. gr. bætast við eða breytast og hljóða svo:

	Þús. kr.	Þús. kr.
04-851 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		-7 000
1 90 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	-7 000	
Gjöld samtals		-7 000
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	-7 000	
5 Gjöld samtals		**-7 000**

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			21 000
1 31	Félagasamtök, styrkir	3 000	
1 90	Ýmis framlög	18 000	
	Gjöld samtals		21 000

Tegundasundurliðun:

59	Tilfærslur:		
5912	Til sveitarfélaga	18 000	
5914	Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 000	
5	Gjöld samtals		**21 000**

08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi

Viðfangsefni:

Almennur rekstur:			47 500
1 01	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	12 500	
1 15	Sjúkrahús utan Reykjavíkur	35 000	
	Gjöld samtals		47 500

Tegundasundurliðun:

52-58	Önnur gjöld	47 500	
5	Gjöld samtals		**47 500**

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:			40 500
6 90	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	40 500	
	Gjöld samtals		40 500

Tegundasundurliðun;

52-58	Önnur gjöld	40 500	
5	Gjöld samtals		**40 500**

10-330 Siglingastofnun Íslands

Viðfangsefni:

Stofnkostnaður:			39 800
6 70	Hafnamannvirki	39 800	
	Gjöld samtals		39 800

Tegundasundurliðun:

59	Tilfærslur:		
	5912 Til sveitarfélaga	39 800	
5	Gjöld samtals		39 800

436. Lög [145. mál]

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 385 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða (nýtt) hljóðar svo:

Er sett hafa verið lög um tryggingasjóð einyrkja skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi einyrkja af reiknuðu endurgjaldi þeirra sem falla munu undir gildissvið þeirra laga renna í þann sjóð.

437. Lög [144. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 265.

438. Þingsályktun [54. mál]

um fullgildingu samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 54.

439. Lög [149. mál]

um Póst- og fjarskiptastofnun.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 421 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi, auk gjalda samkvæmt 1. og 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þeirra myndaðist.

Um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

440. Lög [150. mál]

um fjarskipti.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 423.

441. Lög [151. mál]

um póstþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 422 (sbr. 166) með þessari breytingu:

30. gr. hljóðar svo:

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga til að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu þar sem slík þjónusta er óarðbær skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á alla rekstrarleyfishafa í hlutfalli við bókfærða veltu af grunnpóstþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í póstþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita þjónustuna og um útreikning rekstrartaps.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. 14. gr. skal greiddur með framlagi úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

442. Fyrirspurn [252. mál]

til umhverfisráðherra um öryggi barna.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvað líður þeirri endurskoðun á reglugerðum um skipulags- og byggingarmál sem hafin var á síðasta kjörtímabili í því skyni að draga úr slysahættu barna og unglinga?

443. Frumvarp til laga [253. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir,
Bryndís Hlöðversdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir.

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur ný málsgrein er orðast svo:

Nú heldur maður heimili með og framfærir barn sitt á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, og á ekki rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr., og skal honum þá heimil nýting 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins og skulu ákvæði 2. mgr. gilda um ráðstöfun persónuafsláttarins hjá framfæranda. Sækja ber um slíka meðferð til ríkisskattstjóra.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um meðferð og millifærslu á persónuafslætti barna á aldrinum 16–19 ára, að báðum árum meðtöldum, sem eru á framfæri foreldra sinna.
b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Skattkort maka og barna.*

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 118. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Með því er lögð til breyting á reglum skattalaga um persónuafslátt. Lagt er til að einstæðum foreldrum sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins.

Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði sem heimila hjónum eða sambýlisfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri tekjur hefur. Engar slíkar heimildir eru fyrir hendi um nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar barna. Verður að telja að í því felist mikið óréttlæti þegar í hlut eiga einstæðir foreldrar.

Breyttar þjóðfélagsaðstæður, sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum, leiða til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Reyndar er það svo að framfærsla foreldranna er oftast forsenda þess að ungmennið fái tækifæri til að mennta sig. Núna búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum. Aukið atvinnuleysi hin síðari ár hefur og haft áhrif á möguleika ungmenna til að létta framfærslubyrðina og hefur fjöldi þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá á aldrinum 15–19 ára rúmlega tífaldast á árunum 1987–94.

Framfærslukostnaður vegna barna 16 ára og eldri er mjög mikill. Samkvæmt könnun sem Félag einstæðra foreldra gerði árið 1991 á framfærslukostnaði barna á aldrinum 13–15 ára var hann áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Hér er um mjög mikil útgjöld að ræða, ekki síst í ljósi þess að ætla má að mikill hluti einstæðra foreldra þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum og þeir þurfi að verulegu leyti einnig að sjá um kostnað af menntun og uppeldi barna. Í sömu könnun kom fram að hlutfall meðlags í þeim kostnaði er aðeins u.þ.b. ⅛. Búast má við að hjá mörgum foreldrum sé framfærslukostnaður barna á aldrinum 16–19 ára jafnvel meiri en þetta.

Í skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1995, um rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi, kemur fram að konur fara með forsjá barna sinna í yfir 90% skilnaðartilvika og eru einar um umönnun og framfærslu þeirra. Fastar meðlagsgreiðslur miðast við leikskólakostnað og vega því lágt í heildarframfærslunni. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að börn einstæðra foreldra standi félagslega og efnalega verr að vígi en börn í fjölskyldum þar sem báðir foreldrar sjá um framfærsluna. Konurnar vinni mikið eftir skilnað, bæði heima og heiman, og veik fjárhagsstaða kvenna bitni á lífsskilyrðum barnanna.

Lök fjárhagsstaða einstæðra foreldra kemur fram í lágum ráðstöfunartekjum. Samkvæmt niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar eru meðaltekjur einstæðra foreldra þrefalt lægri en meðaltekjur hjóna. Samanlagðar meðaltekjur hjóna fyrir árin 1994 og 1995 voru 2.899 þús. kr. en meðaltekjur einstæðra foreldra voru á sama tímabili 999 þús. kr. Í sömu niðurstöðu kom fram að breyting tekna milli áranna voru 6,2% hækkun tekna hjónafólks en 3,3% hækkun tekna einstæðra foreldra.

Í úttekt Félagsvísindastofnunar, sem gerð var í mars 1995 undir heitinu „Skuldastaða heimilanna“, kemur fram að einstæðir foreldrar skulda einna mest allra eða um 4,5 millj. kr. og þeir greiða einna mest í afborganir, eða um 35% tekna. Hjón með tvö eða fleiri börn koma næst á eftir einstæðum foreldrum, skulda um 3,8 millj. kr. og greiða 18–24% af tekjum sínum í afborganir vegna húsnæðisskulda. Þar kemur einnig fram að einstæðir foreldrar og fólk með heimilistekjur undir 70 þús. kr. á mánuði greiða hlutfallslega hæstu mánaðargreiðslur vegna húnæðiskaupa. Einstæðir foreldrar greiða liðlega 31% af heimilistekjum sínum, hjón eða sambúðarfólk með tekjur undir 70 þús. kr. á mánuði greiða tæp 22%. Á sama tíma nema hámarksvaxtabætur til hjóna og sambúðarfólks 233 þús. kr. en 181 þús. kr. til einstæðra foreldra.

Húsnæðisstaða einstæðra foreldra er mun bágbornari en hjóna eða sambúðarfólks. Möguleikar einstæðra foreldra til að eignast eigið húsnæði eru minni en þeirra sem sjá tveir um framfærsluna. Um 84% Íslendinga á aldrinum 25–75 ára búa í eigin húsnæði en um 60% einstæðra foreldra og samkvæmt upplýsingum Félagsmálastofnun Reykjavíkur eru einstæðir foreldrar stærsti hluti þeirra húsaleigubótaþega sem eiga börn undir 18 ára aldri, eða 58%.

1. janúar sl. voru mæðralaun með fyrsta barni felld niður og mæðralaun með öðru og þriðja barni lækkuð. Fyrirheit um hækkun barnabóta gekk ekki eftir og hækkun barnabótaauka nam ekki mæðralaunum með einu barni hjá þeim lægstlaunuðu. Barnabætur og barnabótaauki greiðast aðeins með börnum til 16 ára aldurs þannig að endurdreifing gegnum skatta- og bótakerfið til jöfnunar lífskjara hefur minnkað og hættir alveg við 16 ára aldur.

Öll sanngirni mælir með því að einstæðum foreldrum sé heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks.

Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1996 vegna tekna á árinu 1995 er ónýttur skattafsláttur þeira sem eru fæddir á árunum 1976–1979, að báðum árum meðtöldum, um 2,3 milljarðar kr. og þeir eru 13.994 talsins. Aðeins um 30% barna 16–19 ára hafa verið á vinnumarkaði undanfarin ár. Mikill meiri hluti barna á þessum aldri, eða um 70%, hefur hins vegar farið í framhaldsskóla. Ljóst er að þau börn sem eru í skóla afla sér svo lítilla tekna að skattafslátturinn er langt frá því að nýtast að fullu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið gerir ráð fyrir að einstæðir foreldrar, sem ekki eiga rétt á millifæranlegum persónuafslætti skv. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, geti sótt um að fá að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti barna sinna á aldrinum 16–19 ára. Það er þó skilyrði að barnið búi á heimili foreldis og sé á framfæri þess.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að laga ákvæði staðgreiðslulaganna um skattkort til samræmis við I. kafla frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

444. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-902 Þjóðminjasafn Íslands. Nýr liður:	
121 Fornminjarannsóknir að Neðra Ási og Svignaskarði	6.000

445. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-725 101 Námsgagnastofnun.	
Fyrir „291.200“ kemur	307.200
2. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
132 Félag einstæðra foreldra, styrkur til endurbóta á húsnæði	6.000

446. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1997 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein:

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**21.325,0**
40110	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	16.775,0	
40210	Tekjuskattur félaga	4.550,0	
410	**Tryggingagjöld, launaskattar**		**14.185,0**
41001	Tryggingagjald	13.520,0	
41011	Gjald í Ábyrgðarsjóð launa	180,0	
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	485,0	
405-6	**Eignarskattar**		**3.755,0**
40511	Eignarskattur einstaklinga	1.475,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
40611	Eignarskattur félaga	1.425,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	285,0	
40531	Erfðafjárskattur	420,0	
42-43	**Skattar á vöru og þjónustu**		
425	**Virðisaukaskattur**		**48.550,0**
42511	Virðisaukaskattur	48.550,0	
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.890,0**
4200	Tollar	1.890,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**24,0**
42161	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	24,0	

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
423	**Vörugjöld**		**17.135,0**
42301	Vörugjald, almennt	2.590,0	
42320	Vörugjald af ökutækjum	2.900,0	
42331	Vörugjald af bensíni, almennt	1.915,0	
42341	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.780,0	
42381	Áfengisgjald	4.795,0	
42391	Framleiðslugjald af áli	155,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**2.313,0**
42601	Hagnaður ÁTVR	2.305,0	
42611	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
427	**Sértækir þjónustuskattar**		**95,0**
42701	Skemmtanaskattur	80,0	
42702	Miðagjald	15,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**207,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	120,0	
42781	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	78,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
43	**Aðrir óbeinir skattar**		**8.420,0**
42352	Þungaskattur	2.715,0	
43111	Bifreiðagjald	1.920,0	
43211	Vitagjald	62,0	
43221	Skipagjald	58,0	
43411	Þinglýsingar	125,0	
43421	Stimpilgjald	2.470,0	
43700	Aukatekjur	850,0	
43801	Áhættugjald ríkisábyrgða	220,0	
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**350,0**
4719	Sala eigna	350,0	

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
48	**Fjármunatekjur**		
480-1	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**5.175,0**
48010	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.375,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	3.800,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.425,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	640,0	
48204	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	500,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	425,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**375,0**
49901	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
49999	Óvissar tekjur	125,0	
	Tekjur samtals		126.224,0

447. Breytingartillaga [250. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Frá Ágústi Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Ástgeirsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða 6 í lögunum, sbr. 34. gr. laga nr. 144/1995, fellur brott.

Greinargerð.

Með þessari breytingartillögu er ætlunin að láta bætur úr almannatryggingakerfinu, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, barnalífeyri, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar, taka mið af breytingum sem verða á launum yfirstandandi árs. Ríkisstjórnin afnam þessa viðmiðun við launabreytingar með bráðabirgðaákvæði í fyrra og ákvað að hækkanir þessara þátta kæmu fram á fjárlögum hverju sinni. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að hækka þessa bótaliði um 2% á næsta ári þótt líklegt sé að launabreytingar verði meiri. Fullyrt var að ekki stæði til að nota þessa kerfisbreytingu til að skerða bætur en nú er annað að koma á daginn. Því er þessi tillaga flutt.

448. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur, Gísla S. Einarssyni, Kristni H. Gunnarssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 07-985 Félagsmálaskóli alþýðu.	
a. Við 110 Almennur rekstur.	
Fyrir „12.300“ kemur	15.000
b. Við 140 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum.	
Fyrir „1.800“ kemur	4.000

449. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Kristni H. Gunnarssyni, Gísla S. Einarssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. 115 Nýsköpunarsjóður.	
Fyrir „15.000“ kemur	20.000

450. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

1. Við 6. gr. Nýr liður:
   1.2 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðja aðila með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.
2. Við 6. gr. 2.1 Liðurinn falli brott.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
   2.9 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.
   2.10 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða, í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.
4. Við 6. gr. 3.26 Liðurinn falli brott.
5. Við 6. gr. 3.72 Liðurinn falli brott.
6. Við 6. gr. 3.74 Liðurinn falli brott.
7. Við 6. gr. Nýir liðir:
   3.86 Að selja fasteignina Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
   3.87 Að selja fasteignina Þrúðvang 20, Hellu, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
   3.88 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
   3.89 Að selja fasteignina Spítalaveg 11 (Brekkudeild), Akureyri, og verja andvirði sölunnar til nauðsynlegra breytinga á húsnæði og aðstöðu fyrir dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins.
   3.90 Að selja jörðina Bakkageröi í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.
   3.91 Að selja hluta af jörðunum Löngumýri, Lauftúni og Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
   3.92 Að selja jörðina Svínhól í Dalabyggð, Dalasýslu.
   3.93 Að selja eða afhenda eignir ríkissjóðs að Gufuskálum á Snæfellsnesi og semja um nýtingu mannvirkja og rekstur staðarins.

3.94 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri.
3.95 Að selja jörðina Ausu í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.96 Að selja jörðina Gauksmýri í Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.
3.97 Að selja íbúðarhúsið Kollafjörð sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til viðhalds á eignum stöðvarinnar.
3.98 Að selja íbúðarhúsið Arnarhól I, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.
3.99 Að selja fasteignina Sævang 22, Hafnarfirði.
3.100 Að selja íbúðarhús á jörðinni Felli, Breiðavíkurhreppi.
3.101 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.102 Að selja fasteignina Auðbrekku 6, Kópavogi, og kaupa hentugra húsnæði fyrir embætti ríkislögreglustjóra.
3.103 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
3.104 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hafnarbraut 27, Höfn, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.105 Að selja jörðina Giljur í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
3.106 Að selja jörðina Torfastaði í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
3.107 Að selja hluta úr landi Vífilsstaðaspítala og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar barnaspítala á Landspítalalóð.
3.108 Að selja hluta úr lóð Kópavogshælis.
3.109 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.

8. Við 6. gr. Nýir liðir:
4.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi ríkisskattstjóra.
4.21 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Náttúrustofu á Neskaupsstað.

9. Við 6. gr. Nýir liðir:
5.13 Að taka þátt í stofnun hlutafélags um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi.
5.14 Að breyta eignarhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum sf. að fullu eða hluta í hlutafé í nýju félagi.
5.15 Að semja við Íþróttasamband Íslands um að ríkissjóður leysi til sín eignarhluta sambandsins í Laugardalshöll, Laugardal, gegn niðurfellingu skuldar sambandsins að fjárhæð um 40 m.kr. við Endurlán ríkissjóðs vegna láns sem veitt var 20. febrúar 1995.
5.16 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landssvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.
5.17 Að taka þátt, í samráði við samgönguráðherra og utanríkisráðherra, í greiðslu kostnaðar allt að 10 m.kr. vegna útsendingar frá Íslandi í sjónvarpsþættinum „Good morning – America“, sem áformað er að gera og sendir verði út frá hverju norrænu landanna.

451. Skýrsla [13. mál]

sjávarútvegsráðherra um stöðu og þróun bolfiskfrystingar í landi, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Með beiðni (á þskj. 13) frá þingmönnunum Hjörleifi Guttormssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannesdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ögmundi Jónassyni var þess óskað að sjávarútvegsráðherra flytti Alþingi skýrslu um stöðu og horfur í úrvinnslu bolfisks í frystihúsum í landi.

Efnahagsleg afkoma bolfiskfrystingar í landi og aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að treysta rekstrarstöðu hennar.

Samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar sem birtist í Þjóðhagsáætlun ársins 1997 hefur stofnunin að mestu lokið uppgjöri á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1995. Niðurstöður þeirra sýna að afkoma sjávarútvegs í heild var góð á árinu 1995 og hafði batnað frá árinu 1994. Á árinu 1994 var hagnaður sjávarútvegsins í heild 3% af tekjum ef miðað er við árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar og hækkaði í 4,5% árið 1995. Afkoma í útgerð, loðnu- og rækjuvinnslu var tiltölulega góð bæði árin, en halli var af botnfiskvinnslunni árið 1995. Afkoma einstakra greina sjávarútvegsins var mjög mismunandi eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

Tafla 1. Afkoma sjávarútvegs. Hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum.

	1994	1995	Rekstrarskilyrði í ágúst 1996
Sjávarútvegur í heild[1) 2)]	3,0	4,5	-0,5
Veiðar og vinnsla botnfisks	1,0	1,5	-2,5
Veiðar	-1,0	4,0	3,5
Bátar	-2,0	4,5	3,0
Togarar	-2,5	3,0	0,0
Frystiskip	2,0	3,5	6,5
Botnfiskvinnsla	3,0	-2,5	-8,5
Frysting	4,5	-4,5	-12,5
Söltun	0,0	1,0	-1,5
Veiðar og vinnsla rækju	13,0	13,0	-3,0
Loðnuveiðar og -bræðsla	8,0	9,5	15,0

[1)] Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og -bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri sjávarafurðaframleiðslunni.
[2)] Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Frá árinu 1995 hefur afkoma sjávarútvegs versnað mikið og er talið miðað við rekstrarskilyrði í ágúst sl. að tap hafi orðið af rekstri sjávarútvegsins í heild sem nemur 0,5% af tekjum. Afkoma eftir greinum er áfram mjög misjöfn.

Á árinu 1995 voru botnfiskveiðar og -vinnsla reknar með 1,5% hagnaði en talið er miðað við rekstrarskilyrði í ágúst sl. að sá hagnaður hafi nú snúist í um 2,5% tap. Áætlað er að botnfiskveiðar séu nú reknar með um 3,5% hagnaði af tekjum. Afkoma báta og

togara versnar en afkoma frystitogara batnar og er áætluð 6,5% af tekjum miðað við rekstrarskilyrði í ágúst sl.

Árið 1995 varð tap af botnfiskvinnslunni sem nemur 2,7% af tekjum og hafði breyst til hins verra frá árunum 1992–94 er hagnaður varð af þessari starfsemi samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar. Afkoma botnfiskvinnslunnar, einkum frystingarinnar, er mjög erfið um þessar mundir og er áætlað að botnfiskvinnslan sé nú rekin með 8,5% tapi. Frá því á árinu 1995 hefur afurðaverð landfrystingar lækkað um 3,6% og afurðaverð söltunar um 1,4%. Hins vegar hafa almenn laun hækkað um 7,5%. Á sama tíma hefur hráefnisverð botnfiskvinnslunnar verið nær óbreytt. Á árinu 1994 var um 57% tekna botnfiskvinnslunnar varið til hráefniskaupa en tæpum 63% ef miðað er við mat Þjóðhagsstofnunar á rekstrarskilyrðum í ágúst 1996. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 2,9% á mælikvarða neysluverðsvísitölunnar (sjá nánar töflur í fylgiskjali).

Meginskýring á versnandi afkomu landvinnslunnar er því hækkun á kostnaði innan lands á sama tíma og afurðaverð fer lækkandi. Hlutfall hráefniskostnaðar af tekjum er orðið svo hátt að það veldur vinnslunni erfiðleikum. Mörg fyrirtækjanna kaupa hráefni einfaldlega á hærra verði en þau ráða við. Fyrstu átta mánuði ársins 1996 var 31% af þorskaflanum ráðstafað til landfrystingar innan lands og 42% af ýsuaflanum, 9% af þorskinum voru fryst úti á sjó á móti 16% af ýsuaflanum og 54% af þorskaflanum var ráðstafað í saltfiskverkun. Viðskipti með hráefni skiptast þannig að 64% af botnfiskaflanum var ráðstafað í beinum viðskiptum til vinnslu innan lands en 36% aflans seld á markaði. Þessar tölur eiga sér nokkra samsvörun í því að í 60% tilvika eru útgerð og fiskvinnsla á sömu hendi en í 40% tilvika er aðeins stunduð útgerð. Segja má að sjálfstæðar útgerðir selji mest á mörkuðum en skilin eru þó ekki eins skýr og tölurnar gefa til kynna. Endurskipulagning sjávarútvegsfyrirtækja virðist í mörgum tilfellum ætla að gefa þeim nægilegan styrk til að standast þá erfiðleika sem nú steðja að fiskvinnslunni. Með sameiningu og samvinnu hefur mörgum tekst að breikka rekstrargrundvöllinn, auka hagræðingu, sérhæfingu og í sumum tilfellum fjölbreytni og uppskera í kjölfarið aukna arðsemi. Jafnframt hefur stóru fyrirtækjunum tekist betur en ýmsum minni að ná niður fjármagnskostnaði. Þá virðast ýmis smærri fyrirtæki í sérhæfðri vinnslu standa sig vel. Mestur er vandinn hjá meðalstórum fyrirtækjum í hefðbundinni botnfiskvinnslu. Almennar efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa stuðlað að miklum stöðugleika í efnahagsmálum og eru þá meðtaldar raungengisbreytingar á árunum 1992 og 1994, sem og tvær umfangsmikilar lánalengingar og skuldbreytingar. Einnig hefur fyrirtækjum í sjávarútvegi tekist að hagnýta sér sveigjanlegt markaðskerfi fiskveiðistjórnunar. Framangreindar aðgerðir hafa leitt til þess að samkeppnisstaða íslensks sjávarútvegs hefur orðið mjög sterk. Vandi botnfiskvinnslunnar verður ekki leystur með almennum aðgerðum á borð við gengisfellingu eða millifærslu, líkt og gripið var til fyrir 5–10 árum. Hann er miklu fremur verkefni fyrirtækjanna sjálfra að takast á við, annars vegar hvað varðar skipulag fyrirtækjanna og hins vegar innri tekjuskiptingu greinarinnar.

Hefðbundin landvinnsla hefur ekki tekið miklum breytingum síðustu áratugi. Á allra síðustu árum hafa fyrirtækin reynt nýjar leiðir við vinnslu aflans. Ljóst er að þau þurfa að leggja stóraukna vinnu og fjármuni í vöruþróun og markaðsstarf. Tækninýjungar og skipulagsbreytingar geta einnig stuðlað að því að skjóta sterkari stoðum undir vinnsluna. Af hálfu ríkisstjórnarinnar er nú verið að skoða hvernig íslensk fyrirtæki geti fengið aðgang að fjármagni, t.d. styrkjum og áhættulánum, vegna rannsókna og vöruþróunar, markaðsmála og annarrar nýsköpunar. Erlend fyrirtæki í nálægum samkeppnislöndum eiga aðgang að slíku áhættufé fyrir tilstuðlan nýsköpunarlánasjóða í viðkomandi ríkj-

um. Af hálfu ríkisstjórnarinnar er stefnt að því að yfirstandandi endurskoðun á fjárfestingalánasjóðum atvinnuveganna leiði til betri stöðu íslensks atvinnulífs hvað þetta varðar. Mest er þó um vert að starfsumhverfi sjávarútvegsins stuðli áfram að því að atvinnugreinin hafi fjárhagslegan styrk til að takast á við kostnaðarsöm verkefni í vélvæðingu, vöruþróun og markaðsstarfi.

Mismunandi afkoma eftir landshlutum (kjördæmum)?

Í úrtaki Þjóðhagsstofnunar eru fyrirtæki í öllum átta kjördæmum landsins sem stunda botnfiskvinnslu. Í öllum kjördæmunum eru fyrirtæki sem eru rekin með hagnaði og önnur sem eru rekin með tapi. Ekkert eitt kjördæmi sker sig úr að þessu leyti.

Ársverk í frystingu, söltun og herslu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda ársverka við hefðbunda frystingu bolfisks. Í töflum 2 og 3 eru upplýsingar um ársverk í frystingu, söltun og herslu á bolfiski, síld, loðnu, rækju, hörpudiski og humri á árunum 1990–94. Landshlutaflokkun miðast við lögheimili launagreiðanda. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda ársverka á árinu 1995.

Tafla 2. Fjöldi ársverka í frystingu, söltun og herslu 1990–94, skipt eftir kjördæmum.

Ár	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
1990	476	1231	766	1195	451	1093	991	883	7085
1991	492	1331	693	1078	449	1163	914	983	7103
1992	456	1051	631	942	485	1119	915	754	6352
1993	458	1168	620	890	503	1180	879	772	6469
1994	558	1154	691	905	489	1199	921	838	6754
Meðalfjöldi	488	1187	680	1002	475	1151	924	846	6753

Eins og sést í töflu 2 voru unnin um 7.085 ársverk í frystingu, söltun og herslu á árinu 1990. Árið 1992 fækkaði ársverkunum mjög mikið en þeim fór aftur að fjölga á árinu 1993 og voru orðin 6.754 árið 1994. Árið 1990 voru flest ársverk um 1.231 unnin á Reykjanesi en á árinu 1994 hafði Norðurland eystra tekið forustuna og voru þar unnin um 1.199 ársverk það ár.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting ársverka í frystingu, söltun og herslu 1990–94, eftir kjördæmum.

Ár	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland
1990	6,7%	17,4%	10,8%	16,9%	6,4%	15,4%	14,0%	12,5%
1991	6,9%	18,7%	9,8%	15,2%	6,3%	16,4%	12,9%	13,8%
1992	7,2%	16,5%	9,9%	14,8%	7,6%	17,6%	14,4%	11,9%
1993	7,1%	18,1%	9,6%	13,8%	7,8%	18,2%	13,6%	11,9%
1994	8,3%	17,1%	10,2%	13,4%	7,2%	17,8%	13,6%	12,4%
Meðaltal	7,2%	17,6%	10,1%	14,8%	7,0%	17,0%	13,7%	12,5%

Tafla 3 sýnir hlutfallslega skiptingu ársverka í frystingu, söltun og herslu eftir kjördæmum. Þar sést að hlutfallslega flest ársverk eru unnin á Reykjanesi og Norðurlandi eystra og fast á hæla þeirra koma Austfirðir og Vestfirðir þar sem ársverkum hefur fækkað mest.

Breyting á fjölda starfa við hefðbundna frystingu á bolfiski það sem af er árinu 1996 og horfur á komandi vetri.

Upplýsingar um hvaða breyting hafi orðið á fjölda starfa við hefðbundna frystingu bolfisks það sem af er árinu 1996 og hverjar horfurnar séu á komandi vetri liggja ekki fyrir. Þjóðhagsstofnun hefur gert könnun á atvinnuástandi í september 1996. Samkvæmt henni vildu atvinnurekendur í fiskiðnaði fjölga um 60 starfsmenn eða um 1% af áætluðu vinnuafli í greininni og kemur fjölgunin öll fram á landsbyggðinni. Á sama tíma í fyrra vildu atvinnurekendur fjölga um 120 starfsmenn, eingöngu á landsbyggðinni. Hitt er annað mál að landfrysting er sú grein sjávarútvegs sem krefst hlutfallslega flests starfsfólks. Því hagar víða þannig til að lokun eins frystihúss í sjávarþorpi getur orðið til þess að hátt hlutfall íbúanna missir vinnuna og þeir eru atvinnulausir á meðan rekstrarstöðvun varir jafnvel þótt starfsmenn vanti til fiskvinnslustarfa í öðrum sjávarplássum.

Þróun frystingar bolfisks um borð í frystiskipum sl. tíu ár og breyting á starfsskilyrðum frystingar í landi samanborið við frystingu um borð í skipum.

Í töflum 4 og 5 má sjá að á árinu 1986 bárust um 584 þús. tonn af bolfiski á land. Var aflanum ráðstafað þannig það árið að um 78% voru unnin í landi, tæp 17% voru flutt út óunnin og 4,2% voru unnin um borð í vinnsluskipum. Frysting um borð í vinnsluskipum jókst hratt á árunum 1986–94, bæði í magni og sem hlutfall af heildarbolfiskafla á heimamiðum. Á árinu 1995 og það sem af er ársins 1996 hefur heldur minni afli hlutfallslega verið unninn um borð í vinnsluskipum en var árið 1994. Athyglisvert er að hlutur landvinnslunnar hefur frá árinu 1988 verið á bilinu 64–70% af heildarbolfiskafla og að aukinn hlut sjóvinnslu eftir 1990 virðist að mestu mega rekja til minnkandi útflutnings

Tafla 4. Ráðstöfun bolfiskafla á heimamiðum – afli í tonnum.

Ár	Landvinnsla					Útfl. ísaður, heill		Sjóvinnsla	Annað	Alls
	Frysting	*Söltun*	*Hersla*	*Ísaður* flattur fiskur m/skipum	hausaður eða flök m/flugv.	skip	gámar			
1986	298.932	150.133	4.728	1.590	0	35.195	61.979	24.574	6.893	584.025
1987	281.354	180.883	8.362	2.891	0	39.479	61.833	37.295	7.195	619.291
1988	256.269	171.488	8.642	4.930	0	44.482	65.778	65.613	7.041	624.243
1989	242.148	151.051	13.593	13.445	0	44.867	70.897	72.618	5.774	614.393
1990	258.145	129.476	2.899	12.025	6.389	36.005	77.350	89.656	6.494	618.439
1991	270.258	126.691	1.265	6.724	8.361	29.452	53.290	96.502	6.032	598.575
1992	233.771	102.875	998	7.967	8.781	22.272	47.897	100.537	6.380	531.478
1993	235.259	98.102	1.316	320	11.844	18.248	41.275	103.750	6.233	516.346
1994	181.597	104.108	271	118	15.002	14.103	30.755	115.165	6.581	467.700
1995	157.485	108.507	1.258	0	16.204	11.523	22.825	95.081	7.792	420.674
1996*	108.914	87.437	657	0	14.655	3.555	20.672	69.991	4.876	310.759

* janúar–september

á óunnum ísuðum afla. Á árinu 1995 voru um 67% heildarbolfiskafla á heimamiðum unnin í landi, um 8% flutt út óunnin og um 27% unnin um borð í vinnsluskipum. Tafla 4 sýnir einnig hinn mikla samdrátt í bolfiskveiðunum. Á árinu 1986 nam aflinn eins og fyrr segir um 584 þús. tonnum, hann jókst í um 624 þús. tonn á árinu 1988 en var kominn niður í um 420 þús. tonn árið 1995.

Tafla 5. Hlutfallsleg skipting bolfiskafla á heimamiðum eftir ráðstöfun.

Ár	Landvinnsla	Útfl. ísaður, ferskur	Sjóvinnsla, frysting	Annað
1986	78,0%	16,6%	4,2%	1,2%
1987	76,5%	16,4%	6,0%	1,2%
1988	70,7%	17,7%	10,5%	1,1%
1989	68,4%	18,8%	11,8%	0,9%
1990	66,1%	18,3%	14,5%	1,1%
1991	69,0%	13,8%	16,1%	1,0%
1992	66,7%	13,2%	18,9%	1,2%
1993	67,2%	11,5%	20,1%	1,2%
1994	64,4%	9,6%	24,6%	1,4%
1995	67,4%	8,2%	22,6%	1,9%
1996*	68,1%	7,8%	22,5%	1,6%

* janúar–september

Í töflum 6 og 7 má sjá ráðstöfun flatfiskafla sem veiddur var á heimamiðum á árunum 1986–96 (janúar–september), sem og hlutfallslega skiptingu hans. Þar sést að á árinu 1986 nam aflinn tæpum 48 þús. tonnum. Aflinn jókst á árunum 1987–89 er hann varð um 77 þús. tonn en minnkaði síðan aftur og hefur verið 50–55 þús. tonn á ári síðan. Á árinu 1986 voru tæplega 12% af heildarflatfiskaflanum unnin um borð í vinnsluskipum. Hluturinn fór vaxandi allt til ársins 1993 er hann nam tæpum helmingi aflans, en varð um 43% á árinu 1995.

Tafla 6. Ráðstöfun flatfiskafla af heimamiðum – afli í tonnum.

Ár	Landvinnsla, frysting	Útfl. ísaður – ferskur flatfiskur			Sjóvinnsla, frysting	Annað	Alls
		fiskiskip	gámar	flugfélar			
1986	27.818	2.421	11.260	0	5.553	579	47.631
1987	35.320	2.040	12.817	0	13.340	733	64.250
1988	34.314	2.078	16.461	0	19.353	684	72.889
1989	34.735	1.588	13.843	0	25.989	1.167	77.322
1990	18.432	1.804	14.174	235	19.381	403	54.428
1991	17.440	915	12.904	428	22.884	418	54.989
1992	18.930	1.288	9.770	270	21.381	312	51.951
1993	16.280	730	10.542	369	27.768	378	56.069
1994	19.791	351	9.596	408	20.744	478	51.368
1995	22.056	167	6.519	783	22.914	359	52.798
1996*	18.686	54	5.761	1.382	13.993	268	40.144

* janúar–september

Tafla 7. Ráðstöfun flatfiskafla af heimamiðum – hlutfallsleg skipting.

Ár	Landvinnsla	Útfl. ísaður, ferskur	Sjóvinnsla, frysting	Annað
1986	58,4%	28,7%	11,7%	1,2%
1987	55,0%	23,1%	20,8%	1,1%
1988	47,1%	25,4%	26,6%	0,9%
1989	44,9%	20,0%	33,6%	1,5%
1990	33,9%	29,8%	35,6%	0,7%
1991	31,7%	25,9%	41,6%	0,8%
1992	36,4%	21,8%	41,2%	0,6%
1993	29,0%	20,8%	49,5%	0,7%
1994	38,5%	20,2%	40,4%	0,9%
1995	41,8%	14,1%	43,4%	0,7%
1996*	46,5%	17,9%	34,9%	0,7%

* janúar–september

Í töflum 8 og 9 má sjá að allt frá því að frystitogarar hófu rekstur hafa þeir sýnt mikinn hagnað samfara hækkandi afurðaverði. Það er helst nú síðustu tvö árin sem hagnaður hefur minnkað og hægt hefur á hækkun afurðaverðs. Annað er upp á teningnum í landfrystingunni. Afkoma frystingarinnar var reyndar viðunandi árin 1989–94 en hefur farið hríðversnandi síðustu tvö árin. Afurðaverð í frystingu hefur aðeins hækkað um tæp 9% síðan árið 1986 á meðan afurðaverð í sjófrystingu hefur hækkað um tæplega 71%. Á þessu munu m.a. vera þær skýringar að samdráttur í þorskafla hefur leitt til þess að hlutfall ódýrari tegunda eins og ufsa og ýsu hefur vaxið í landvinnslunni sem aftur endurspeglast í minni hækkunum á meðaltalsverði landfrystra afurða. Einnig hefur vinnslustig þeirra afurða sem unnar eru um borð í vinnsluskipum farið hækkandi frá því sem í upphafi var, er fiskur var fyrst og fremst heilfrystur um borð í þeim, yfir í að þar eru unnar verðmætari afurðir.

Tafla 8. Afkoma sjávarútvegs í hlutfalli af rekstrartekjum alls á árunum 1986–95, árgreiðsluaðferð.

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Frysting: Hagnaður af reglulegri starfsemi, %	-0,9	-0,8	-7,2	2,8	2,8	0,2	2,9	2,7	4,5	-4,7
Sjófrysting: Hagnaður af reglulegri starfsemi, %	13,3	10,5	7,2	4,5	10,2	11,6	9,8	11,6	9,4	3,1
Sjávarútvegur alls: Hagnaður af reglulegri starfsemi, %	1,3	0,0	-5,0	-2,1	1,4	-0,3	3,2	4,0	5,1	4,5

Tafla 9. Verð á afurðum í frystingu og sjófrystingu skráð í SDR árin 1986–96.

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Ágúst 1996
Verð á landfrystum afurðum	100,0	114,9	108,8	108,2	125,2	142,2	134,4	118,4	113,2	112,7	108,7
Verð á sjófrystum afurðum	100,0	132,5	134,0	133,4	155,5	179,2	178,6	159,5	150,8	158,5	170,9

Fyrirhugaðar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að ýta undir aukna verðmætasköpun í úrvinnslu bolfisks í landi og búa fiskvinnslufólki viðunandi atvinnuöryggi.

Af hálfu stjórnvalda hefur mjög verið hvatt til þess að fyrirtækin skoði vandlega möguleika á aukinni fullvinnslu sjávarafurða. Er næsta víst að fyrirtækin verða að verja meira fé til rannsókna, vöruþróunar og markaðssetningar á nýjum vörum. Hér er um dýrt og viðamikið verkefni að ræða og eru fyrirtækin hæfust til að meta tækifærin og hugsanlega arðsemi. Hlutverk stjórnvalda er að skapa þeim sem starfa í sjávarútvegi hagstætt starfsumhverfi og tryggja sterka samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum. Það hafa stjórnvöld gert með almennum aðgerðum sem lýst er í fyrsta kafla skýrslunnar og með viðskiptasamningum sem tryggja betri aðgang afurða að helstu mörkuðum. Má í þessu sambandi minna á að tollalækkanir samkvæmt EES-samningi koma að fullu til framkvæmda um næstu áramót. Þá var nýlega gerður samningur við Evrópusambandið og Noreg sem felur í sér að ytri landamæri ESB hvað varðar heilnæmi sjávarfangs eru flutt út fyrir Ísland og Noreg þannig að EES-svæðið verður ytri landamæri allra EES-ríkja. Þessi samningur, sem kemur til framkvæmda á næsta ári, mun spara útflytjendum til Evrópusambandsins háar fjárhæðir vegna gjalds sem ella hefði verið innheimt við innflutning fyrir skoðanir á heilnæmi sjávarfangsins, auk þess að stytta þann tíma sem tekur að koma vörum á markaðinn. Enn fremur er unnið að því að endurskipuleggja fjárfestingalánasjóði atvinnulífsins sem mun hjálpa til við að tryggja fyrirtækjunum aðgang að fé til nýsköpunarverkefna. Atvinnuöryggi fiskvinnslufólks verður best tryggt með fiskveiðistjórnunarkerfi er tryggir áframhaldandi uppbyggingu fiskstofnanna og arðbæra nýtingu þeirra þannig að til langs tíma náist hámarksafrakstur til handa íslensku þjóðinni af ábyrgri nýtingu allra auðlinda hafsins.

Fylgiskjal.

Þjóðhagsstofnun:

Rekstraryfirlit botnfiskvinnslu 1995.
(Kaupgengi USD, 64,6803 kr.)

	Milljónir króna			Hundraðshlutar af tekjum alls		
	Frysting	**Söltun**	**Samtals**	**Frysting**	**Söltun**	**Samtals**
1.0 Tekjur alls:	26622	14498	41120	100,0	100,0	100,0
1.1 Útflutningstekjur	25253	13538	38791	94,9	93,4	94,3
1.2 Aðrar tekjur	1369	959	2329	5,1	6,6	5,7
1.3 Verðjöfnunarsjóður	0	0	0	0,0	0,0	0,0
2.0 Gjöld alls:	25623	13729	39352	96,2	94,7	95,7
2.1 Laun o.t.gj. v/framl.	6348	1793	8140	23,8	12,4	19,8
2.2 Hráefni	14734	10180	24914	55,3	70,2	60,6
2.3 Umbúðir	1057	298	1355	4,0	2,1	3,3
2.4 Flutningskostnaður	450	197	647	1,7	1,4	1,6
2.5 Orka	457	97	553	1,7	0,7	1,3
2.6 Viðhald	874	288	1162	3,3	2,0	2,8
2.7 Annar kostnaður	1704	875	2579	6,4	6,0	6,3
3.0 Verg hlutdeild fjármagns (=1.0-2.0)	999	769	1768	3,8	5,3	4,3
4.0 Reiknaðir vextir vegna afurðalána	342	147	489	1,3	1,0	1,2
5.0 Reiknuð árgreiðsla í stað afskrifta og stofnlánavaxta:						
5.1 M.v. 6% ávöxtun st.fj.	1918	453	2371	7,2	3,1	5,8
6.0 Hreinn hagnaður:						
6.1 M.v. 6% ávöxtun st.fj.	-1261	169	-1091	-4,7	1,2	-2,7

Rekstraráætlun fyrir botnfiskvinnslu miðað við skilyrði í ágúst 1996.
(Kaupgengi USD, 66,11 kr.)

	Milljónir króna			Hundraðshlutar af tekjum alls		
	Frysting	**Söltun**	**Samtals**	**Frysting**	**Söltun**	**Samtals**
1.0 Tekjur alls:	25147	14670	39817	100,0	100,0	100,0
1.1 Útflutningstekjur	23756	13697	37454	94,5	93,4	94,1
1.2 Aðrar tekjur	1390	973	2363	5,5	6,6	5,9
1.3 Verðjöfnunarsjóður	0	0	0	0,0	0,0	0,0
2.0 Gjöld alls:	25893	14264	40157	103,0	97,2	100,9
2.1 Laun o.t.gj. v/framl.	6638	1953	8590	26,4	13,3	21,6
2.2 Hráefni	14504	10438	24942	57,7	71,2	62,6
2.3 Umbúðir	1108	326	1434	4,4	2,2	3,6
2.4 Flutningskostnaður	471	216	687	1,9	1,5	1,7
2.5 Orka	459	100	559	1,8	0,7	1,4
2.6 Viðhald	923	311	1234	3,7	2,1	3,1
2.7 Annar kostnaður	1789	921	2710	7,1	6,3	6,8
3.0 Verg hlutdeild fjármagns (=1.0-2.0)	-746	406	-340	-3,0	2,8	-0,9
4.0 Reiknaðir vextir vegna afurðalána	346	160	506	1,4	1,1	1,3
5.0 Reiknuð árgreiðsla í stað afskrifta og stofnlánavaxta:						
5.1 M.v. 6% ávöxtun st.fj.	2042	482	2525	8,1	3,3	6,3
6.0 Hreinn hagnaður:						
6.1 M.v. 6% ávöxtun st.fj.	-3135	-236	-3371	-12,5	-1,6	-8,5

Dreifing vergrar hlutdeildar í frystingu 1995

Verg hlutdeild	Fj. eininga í úrtaki	Hlutd. af veltu í úrtaki	Meðalvelta fyrirtækja (m.kr.)
<-5%	7	9,5	345
-5-0%	9	14,9	235
0-5%	6	29,3	710
5-10%	9	25,2	481
>10%	6	21,1	581
Alls	37	100	439

Dreifing vergrar hlutdeildar í söltun 1995

Verg hlutdeild	Fj. eininga í úrtaki	Hlutd. af veltu í úrtaki	Meðalvelta fyrirtækja (m.kr.)
<-5%	12	31,7	50
-5-0%	7	34,3	134
0-5%	10	15,0	283
5-10%	1	3,3	55
>10%	9	15,7	200
Alls	39		159

Dreifing afkomu 277 fyrirtækja í úrtaki Þjóðhagsstofnunar 1995

Hreinn hagnaður í hlutf. af tekjum	Fjöldi fyrirtækja	Meðalvelta (m. kr.)	Hlutf. tekna af útgerð	Hlutf. tekna af útgerð frystitog.	Verg hlutd. í hlutf. af tekjum	Eigintjár-hlutf.	Hlutf. fjárfest. af eignum
< -10%	30	129	35,0%	0,0%	0,5%	8,7%	-3,0%
-10 - -5%	18	177	36,0%	0,0%	6,9%	7,9%	-9,0%
-5 - 0%	38	505	42,0%	13,0%	10,4%	21,0%	9,0%
0 - 5%	63	355	33,0%	12,0%	12,3%	33,5%	7,0%
5 - 10%	37	504	58,0%	30,0%	18,2%	25,8%	8,0%
10 - 15%	35	186	89,0%	52,0%	27,2%	31,8%	3,0%
>15%	56	87	79,0%	0,0%	32,3%	21,0%	-1,0%
Alls	277	284	49,0%	18,0%	14,9%	25,2%	6,0%

452. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-201 Alþingi. 105 Alþjóðasamstarf þingmanna.	
Fyrir „25.900“ kemur	28.400
2. Við 4. gr. 00-999 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
621 Minningarkapella við Ljósavatn	7.000
3. Við 4. gr. 01-221 601 Byggðastofnun.	
Fyrir „190.000“ kemur	204.000
4. Við 4. gr. 01-901 101 Húsameistari ríkisins.	
Fyrir „17.600“ kemur	15.600
5. Við 4. gr. 02-210 101 Háskólinn á Akureyri.	
Fyrir „219.700“ kemur	222.700
6. Við 4. gr. 02-225 Samvinnuháskólinn.	
a. 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „28.700“ kemur	50.700
b. 102 Annað en kennsla. Liðurinn fellur brott.	
7. Við 4. gr. 02-303 Menntaskólinn á Laugarvatni. 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „20.500“ kemur	3.800
8. Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:	
02-317 Sameignir skólanna á Laugarvatni.	
101 Almennur rekstur	31.200
9. Við 4. gr. 02-318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. 650 Tölvubúnaður.	
Fyrir „7.000“ kemur	15.000
10. Við 4. gr. 02-531 Íþróttakennaraskóli Íslands. 102 Annað en kennsla.	
Fyrir „20.300“ kemur	5.800
11. Við 4. gr. 02-903 101 Þjóðskjalasafn Íslands.	
Fyrir „54.200“ kemur	60.100
12. Við 4. gr. 02-919 Söfn, ýmis framlög. Nýr liður:	
131 Kvennasögusafn	1.000
13. Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál. Nýir liðir:	
a. 119 Handknattleikssamband Íslands	14.000
b. 651 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum	4.000
14. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt.	
a. Við 144 Snorrastofa.	
Fyrir „2.000“ kemur	6.000

Þús. kr.

b. Við 190 Ýmis framlög. Liðurinn Óskipt í Sérstöku yfirliti.
Fyrir „1.200“ kemur 2.200

15. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.
a. 101 Yfirstjórn.
Fyrir „334.200“ kemur 332.200
b. Nýr liður:
155 Viðskiptaþjónusta 25.000

16. Við 4. gr. 03-190 Ýmis verkefni. 113 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi.
Fyrir „2.500“ kemur 4.500

17. Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:
03-511 Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
110 Almennur rekstur 60.000

18. Við 4. gr. Við bætist nýr fjárlagaliður:
04-341 Átak í landgræðslu og skógrækt.
110 Almennur rekstur 75.000

19. Við 4. gr. 05-190 Ýmis verkefni. 132 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir.
Fyrir „18.800“ kemur 28.800

20. Við 4. gr. 06-325 110 Neyðarsímsvörun.
Fyrir „25.000“ kemur 50.000

21. Við 4. gr. 06-390 Ýmis löggæslukostnaður.
a. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „35.000“ kemur 5.000
b. Nýr liður:
120 Störf rannsóknarlögreglumanna 11.200
c. Við 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „15.000“ kemur 10.000

22. Við 4. gr. 06-397 Schengen samstarf. 601 Tæki og búnaður.
Fyrir „20.000“ kemur 10.000

23. Við 4. gr. 06-418 Sýslumaðurinn á Ísafirði. 120 Löggæsla.
Fyrir „52.000“ kemur 50.600

24. Við 4. gr. 06-421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki. 120 Löggæsla.
Fyrir „32.300“ kemur 30.900

25. Við 4. gr. 06-424 Sýslumaðurinn á Akureyri. 120 Löggæsla.
Fyrir „108.900“ kemur 107.500

26. Við 4. gr. 06-426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði. 120 Löggæsla.
Fyrir „38.000“ kemur 36.600

27. Við 4. gr. 06-434 Sýslumaðurinn í Keflavík. 120 Löggæsla.
Fyrir „141.400“ kemur 140.000

28. Við 4. gr. 06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði.
a. Við 101 Yfirstjórn.
Fyrir „93.500“ kemur 95.500
b. Við 120 Löggæsla.
Fyrir „133.400“ kemur 129.200

Þús. kr.

29. Við 4. gr. 06-491 626 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði.
Fyrir „7.000“ kemur 13.000
30. Við 4. gr. 06-701 121 Prestar og prófastar.
Fyrir „429.100“ kemur 432.900
31. Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. 101 Sæðisskrifstofa.
Fyrir „12.700“ kemur 14.700
32. Við 4. gr. 07-801 110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.
Fyrir „2.415.000“ kemur 2.390.000
33. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.
a. Við 131 Félagasamtök, styrkir. Sundurliðun breytist og verður á þessa leið:

	Þús. kr.	
Félagasamtök, styrkir (07-999 131).		
1. Samtökin 78	500	
2. Barnaheill	300	
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.700	
4. Umsjónarfélag einhverfra	500	
5. Félag einstæðra foreldra	700	
6. Landssamband aldraðra	300	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	3.500	
9. Blindrafélagið	5.000	
10. Félagasamtökin Vernd	500	
11. Málbjörg	300	
12. Kvennaráðgjöfin	500	
13. Daufblindrafélag Íslands	700	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	
15. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð ..	500	
16. Geðverndarfélag Akureyrar	400	
17. Félag heyrnarlausra	3.000	
Óskipt	3.900	
		26.300

b. Við 190 Ýmis framlög.
1. Fyrir „12.000“ kemur 22.000
2. Sundurliðun breytist og verður á þessa leið:

	Þús. kr.	
Ýmis framlög (07-999 190).		
1. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla ...	4.000	
2. Íslensk ættleiðing	2.300	
3. Geðhjálp	3.500	
4. Ísafjarðarbær, flóttamenn frá Júgóslavíu	10.000	
Óskipt	2.200	
		22.000

	Þús. kr.
34. Við 4. gr. 08-201 101 Tryggingastofnun ríkisins.	
Fyrir „578.700“ kemur	584.900
35. Við 4. gr. 08-350 101 Sjúkrahúsið Akranesi.	
Fyrir „512.700“ kemur	518.700
36. Við 4. gr. 08-358 101 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
Fyrir „1.445.000“ kemur	1.452.000
37. Við 4. gr. 08-368 101 Sólvangur, Hafnarfirði.	
Fyrir „248.400“ kemur	252.400
38. Við 4. gr. 08-370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.	
a. Við 101 Almennur rekstur.	
Fyrir „12.800“ kemur	112.800
b. Við 4 Sértekjur. Liðurinn fellur brott.	
39. Við 4. gr. 08-371 101 Ríkisspítalar.	
Fyrir „7.800.000“ kemur	7.884.000
40. Við 4. gr. 08-375 101 Sjúkrahús Reykjavíkur.	
Fyrir „4.727.500“ kemur	4.847.500
41. Við 4. gr. 08-621 Áfengisvarnir og bindindismál. Liðurinn orðast svo:	
08-621 Forvarnasjóður.	
110 Áfengisvarnaráð	9.100
190 Forvarnasjóður	45.900
42. Við 4. gr. 08-950 190 Rekstrarhagræðing.	
Fyrir „105.000“ kemur	45.000
43. Við 4. gr. 09-201 Ríkisskattstjóri.	
a. Við 110 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa.	
Fyrir „91.800“ kemur	81.800
b. Nýr liður:	
120 Skatteftirlit	33.000
44. Við 4. gr. 09-202 101 Skattstofan í Reykjavík.	
Fyrir „207.800“ kemur	204.800
45. Við 4. gr. 09-203 101 Skattstofa Vesturlands.	
Fyrir „33.000“ kemur	31.100
46. Við 4. gr. 09-204 101 Skattstofa Vestfjarða.	
Fyrir „23.200“ kemur	21.300
47. Við 4. gr. 09-205 101 Skattstofa Norðurlands vestra.	
Fyrir „23.300“ kemur	22.600
48. Við 4. gr. 09-206 101 Skattstofa Norðurlands eystra.	
Fyrir „56.700“ kemur	49.200
49. Við 4. gr. 09-207 101 Skattstofa Austurlands.	
Fyrir „27.800“ kemur	25.900
50. Við 4. gr. 09-208 101 Skattstofa Suðurlands.	
Fyrir „33.700“ kemur	32.700
51. Við 4. gr. 09-209 101 Skattstofa Vestmannaeyja.	
Fyrir „12.900“ kemur	12.600
52. Við 4. gr. 09-211 101 Skattstofa Reykjaness.	
Fyrir „101.800“ kemur	104.100

Þús. kr.

53. Við 4. gr. 09-250 110 Ýmis innheimtukostnaður.
Fyrir „147.900“ kemur 145.900
54. Við 4. gr. 09-381 101 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „1.105.000“ kemur 725.000
55. Við 4. gr. 09-481 601 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum.
Fyrir „200.000“ kemur 265.000
56. Við 4. gr. 09-989 190 Launa- og verðlagsmál.
Fyrir „460.000“ kemur 1.060.000
57. Við 4. gr. 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir. 190 Markaðsátak erlendis. Liðurinn fellur brott.
58. Við 4. gr. 09-999 Ýmislegt. Nýr liður:
120 Endurgreiðslur til sveitarfélaga 35.000
59. Við 4. gr. 10-190 Ýmis verkefni. 112 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar.
a. Fyrir „28.100“ kemur 29.500
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

	Þús. kr.
Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).	
a. Almennir styrkir:	
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	140
3. Dalahérað	180
4. Reykhólahreppur	280
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90
6. Vesturbyggð, Rauðasandur og Barðaströnd	560
7. Ísafjarðarbær	640
8. Súðavíkurhreppur	90
9. Hólmavík–Nauteyrarhreppur	140
10. Árneshreppur	1.150
11. Djúpavík og Gjögur	140
12. Kaldrananeshreppur	140
13. Skagahreppur	120
14. Skefilsstaðahreppur	120
15. Snjóbifreið í Skagafirði	90
16. Fljótahreppur	180
17. Björgunarsveitin Strákar	90
18. Ólafsfjarðarsveit	90
19. Svarfaðardalur	140
20. Grýtubakkahreppur	70
21. Hálshreppur	70
22. Húsavík–Vopnafjörður	550
23. Mývatnssveit	90
24. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	90

	Þús. kr.	Þús. kr.
25. Vetrarflutningar á Hólsfjöllum	370	
26. Öxarfjörður–Kópasker	50	
27. Þórshöfn	50	
28. Bakkafjörður	50	
29. Vopnafjörður	50	
30. Borgarfjörður eystri	280	
31. Hjaltastaðarhreppur	70	
32. Jökuldalur, vetrarflutningar	180	
33. Möðrudalur	90	
34. Eiðahreppur	90	
35. Snjóbifreið á Egilsstöðum	90	
36. Fjarðarheiði	640	
37. Oddsskarð	640	
38. Breiðdalsvík	180	
39. Djúpivogur–Hornafjörður	280	
40. Svínafell í Nesjum	90	
41. Mýrdalshreppur	230	
		8.780
b. Stofnstyrkir:		
Snjóbíll í Fljótum		500
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Sjúkraflug á Vestfjörðum	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands hf. (sjúkraflug)	1.900	
3. Flugfélag Austurlands hf. (sjúkraflug)	4.200	
4. Flugfélag Vestmannaeyja hf. (sjúkraflug)	4.200	
5. Flugsamgöngur við Gjögur	1.500	
6. Flugsamgöngur við Siglufjörð	500	
7. Flugsamgöngur við Grímsey	1.500	
8. Flugsamgöngur N-Þingeyjarsýslu	700	
		19.000
d. Óskipt		1.220
		29.500
60. Við 4. gr. 10-211 Vegagerðin.		
a. Við 610 Nýframkvæmdir.		
Fyrir „2.206.000“ kemur		2.176.000
b. Við 611 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála.		
Fyrir „650.000“ kemur		507.000

	Þús. kr.
c. Við 621 Landsvegir.	
Fyrir „60.000“ kemur	52.000
d. Við 643 Safnvegir.	
Fyrir „170.000“ kemur	164.000
e. Við 655 Ferjur og flóabátar.	
Fyrir „460.000“ kemur	672.000
61. Við 4. gr. 10-472 Flugvellir.	
a. Við 680 Flugvellir, framkvæmdir.	
Fyrir „310.000“ kemur	386.000
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „576.100“ kemur	652.100
62. Við 4. gr. 12-190 Ýmis verkefni. Nýr liður:	
120 Icepro-nefnd	2.200
63. Við 4. gr. 14-190 Ýmis verkefni.	
a. Við 129 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum.	
Fyrir „6.500“ kemur	10.300
b. Við 135 Umhverfisvöktun.	
Fyrir „28.600“ kemur	28.000
c. Við 153 Undirbúningur náttúrustofa.	
Fyrir „500“ kemur	200
d. Nýr liður:	
154 Rannsóknastöð Kvískerjum	3.000
e. Við 155 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar.	
Fyrir „3.100“ kemur	3.000
f. Við 156 Vernd Breiðafjarðar.	
Fyrir „1.000“ kemur	1.500
g. Við 157 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur.	
Fyrir „2.000“ kemur	2.500
64. Við 4. gr. 14-210 101 Veiðistjóri.	
Fyrir „37.400“ kemur	44.400
65. Við 4. gr. 14-310 101 Landmælingar Íslands.	
Fyrir „123.900“ kemur	136.100
66. Við 4. gr. 14-410 Veðurstofa Íslands.	
a. Við 170 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug.	
Fyrir „84.600“ kemur	80.900
b. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „111.500“ kemur	107.900
c. Við 601 Tæki og búnaður.	
Fyrir „10.400“ kemur	10.500

453. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 13. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hlutastofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í máli forstjóra Þjóðhagsstofnunar kom fram að horfur í efnahagsmálum fyrir árið 1997 hefðu ekki breyst að marki frá því að þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi í byrjun október, að því undanskildu að líkur á byggingu nýs álvers og stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hefðu aukist verulega. Fyrir vikið hafði Þjóðhagsstofnun metið áhrif slíkra framkvæmda á helstu þjóðhagsstærðir.

Áætlað er að fjárfesting vegna umræddra framkvæmda verði samtals tæplega 38 milljarðar kr. Þar af eru 23 milljarðar kr. vegna orkumannvirkja o.fl., 12 milljarðar kr. vegna nýs álvers og tæplega 3 milljarðar kr. vegna Íslenska járnblendifélagsins. Samkvæmt áætlun verður framkvæmt fyrir tæplega 15 milljarða kr. af þessari fjárhæð á árinu 1997.

Lauslegt mat á áhrifum þessara framkvæmda á helstu þjóðhagsstærðir sýnir meðal annars að landsframleiðslan ykist um 4,3% á næsta ári og þjóðarútgjöld um 7,1%. Til samanburðar má nefna að þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að landsframleiðslan aukist um 2,5% og þjóðarútgjöld um 3,5%. Jafnframt yrði hallinn á viðskiptajöfnuði sem hlutfall af landsframleiðslu 4,5% í stað 2,9% í þjóðhagsáætlun. Við bætist að verðbólga færðist í aukana þótt erfitt sé að sjá fyrir hversu mikil áhrifin á hana yrðu við svona aðstæður.

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar lagði áherslu á að ef þessum fjárfestingaráformum yrði hrint í framkvæmd væri brýnt að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum til þess að stöðugleikanum yrði ekki stefnt í tvísýnu.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku áliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 1.053,1 m.kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 125,4 milljarðar kr., en nú er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 126,2 milljarðar kr. eða 800 m.kr. meiri en í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram í haust.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

201 Alþingi: Viðfangsefnið 1.05 Alþjóðasamstarf þingmanna hækkar um 2,5 m.kr. vegna aukins kostnaðar við þátttöku í Vestnorræna þingmannasambandinu.

999 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 6.21 Minningarkapella við Ljósavatn. Framlag er 7 m.kr. og er veitt í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku. Um er að ræða fyrstu greiðslu af þremur.

01 Forsætisráðuneyti

221 Byggðastofnun: Framlag hækkar um 14 m.kr. og verður 204 m.kr. vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni.

901 Húsameistari ríkisins: Framlag til embættisins lækkar um 2 m.kr. vegna tilfærslu á tveimur störfum til Þjóðskjalasafns Íslands.

02 Menntamálaráðuneyti

210 Háskólinn á Akureyri: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 3 m.kr. vegna tveggja starfa við leikskólakennarabraut og matvælaframleiðslubraut.

225 Samvinnuháskólinn: Viðfangsefnið 1.02 Annað en kennsla er fellt niður og fjárveitingin, 22 m.kr., flutt yfir á 1.01 Almennur rekstur til samræmis við framsetningu annarra háskóla.

303 Menntaskólinn á Laugarvatni: Viðfangefnið 1.02 Annað en kennsla lækkar um 16,7 m.kr. og verður 3,8 m.kr. Fjárhæðin er færð yfir á nýjan fjárlagalið 317 Sameignir skólanna á Laugarvatni.

317 Sameignir skólanna á Laugarvatni: Þetta er nýr fjárlagaliður og framlag er 31,2 m.kr. Á móti lækkar framlag til Menntaskólans á Laugarvatni um 16,7 m.kr. og framlag til Íþróttakennaraskóli Íslands um 14,5 m.kr. Einnig fellur niður liðurinn 22-679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni í B-hluta.

318 Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður: Viðfangsefnið 6.50 Tölvubúnaður hækkar um 8 m.kr. og verður 15 m.kr.

531 Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðfangefnið 1.02 Annað en kennsla lækkar um 14,5 m.kr. og verður 5,8 m.kr. Fjárhæðin er færð yfir á nýjan fjárlagalið 317 Sameignir skólanna á Laugarvatni.

903 Þjóðskjalasafn Íslands: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 5,9 m.kr. vegna tveggja starfa sem flytjast frá embætti Húsameistara ríkisins. Á móti fellur niður 2 m.kr. framlag á fjárlagalið 01-901 Húsameistari ríkisins.

919 Söfn, ýmis framlög: Tekinn er inn nýr liður 1.31 Kvennasögusafn og er framlag 1,0 m.kr.

989 Ýmis íþróttamál: Tekinn er inn nýr liður 1.19 Handknattleikssamband Íslands og er framlag 14 m.kr. Gert er ráð fyrir að veita styrk í þrjú ár. Tekinn er inn nýr liður, 6.51 Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum. Framlag er 4 m.kr. og er ætlað til greiðslu á skuld skólans við Framkvæmdasjóð.

999 Ýmislegt: Framlag til viðfangsefnisins 1.44 Snorrastofa hækkar um 4 m.kr. og er ætlað til greiðslu á skuld við embætti Húsameistara ríkisins. Viðfangsefnið 1.90 Ýmis framlög hækkar um 1 m.kr. og hækkar óráðstöfuð fjárveiting liðarins sem því nemur.

03 Utanríkisráðuneyti

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn lækkar um 2 m.kr. og er fjárveitingin flutt á nýtt viðfangsefnið 03-190-1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi. Tekinn er inn nýr liður, 1.55 Viðskiptaþjónusta, og er framlag 25 m.kr. sem ætlað er til að efla þjónustu við fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum. Á móti lækkar framlag til 09-990-1.90 Markaðsátak erlendis um sömu fjárhæð.

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.13 Þátttaka fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi hækkar um 2 m.kr. og er um að ræða millifærslu af fjárlagalið 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

511 Flugstöð Leifs Eiríkssonar: Þetta er nýr fjárlagaliður og er framlag að fjárhæð 60 m.kr. til að kosta hluta fyrirhugaðra framkvæmda við breytingar á innritunarsal og tengdum verkum.

04 Landbúnaðarráðuneyti

341 Átak í landgræðslu og skógrækt: Þetta er nýr liður og er framlag 75 m.kr. sem er fyrsta greiðsla af fjórum. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja 450 m.kr. viðbótarframlagi til landgræðslu og skógræktarverkefna á árunum 1997–2000.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.32 Starfsmenntun markaðsöflun, kynning og tilraunir hækkar um 10 m.kr. til að standa undir starfsmenntun fiskvinnslufólks sem rekin er á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

325 Neyðarsímsvörun: Framlag hækkar um 25 m.kr. og verður 50 m.kr. þar sem ríkissjóður tekur að sér að fjármagna hlut sveitarfélaga í rekstri Neyðarsímsvörunar.

390 Ýmis löggæslukostnaður: Heildarframlag til fjárlagaliðarins hækkar alls um 36,2 m.kr. og verður 91,5 m.kr. Breytingin er þríþætt: Í fyrsta lagi eru felldar niður 30 m.kr. sértekjur þar sem sparnaði sem ætlað var að ná með hagræðingu í löggæslu er frestað til ársins 1998. Í öðru lagi er tekinn inn nýr liður, 1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna. Framlag sem er 11,2 m.kr. er millifært af nokkrum sýslumannsembættum. Að lokum lækkar viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður um 5 m.kr. og verður 10 m.kr.

397 Schengen samstarf: Framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður lækkar um 10 m.kr. og verður 10 m.kr. Fjárveitingin er ætluð til kaupa á vél- og hugbúnaði.

418 Sýslumaðurinn á Ísafirði: Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 1,4 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefni 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

421 Sýslumaðurinn á Sauðárkróki: Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 1,4 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefni 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

424 Sýslumaðurinn á Akureyri: Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 1,4 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefnið 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði: Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 1,4 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefnið 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

434 Sýslumaðurinn í Keflavík: Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 1,4 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefnið 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði: Framlag til fjárlagaliðarins lækkar um 2,2 m.kr. Viðfangsefnið 1.01 Yfirstjórn hækkar um 2 m.kr. en frá og með næstu áramótum mun embættið annast verkefni sem Gjaldheimtan í Garðabæ hefur annast fyrir ríkissjóð til þessa. Á móti lækkar viðfangsefnið 09-250-1.10 Ýmis innheimtukostnaður um sömu fjárhæð. Launaliður á viðfangsefninu 1.20 Löggæsla lækkar um 4,2 m.kr. og er fjárhæðin flutt á viðfangsefnið 06-390-1.20 Störf rannsóknarlögreglumanna.

491 Húsnæði og búnaður sýslumanna: Viðfangsefnið 6.26 Húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði hækkar um 6 m.kr. og verður 13 m.kr. vegna endurbóta á húsnæði sýslumannsins að Bjólfsgötu 7.

701 Biskup Íslands: Viðfangsefnið 1.21 Prestar og prófastar hækkar um 3,8 m.kr. vegna tveggja aðstoðarpresta. Önnur staðan er ný og verður í Garðasókn frá miðju ári en hin er tímabundin staða til heils árs á Ísafirði.

07 Félagsmálaráðuneyti

703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi: Viðfangsefnið 1.01 Svæðisskrifstofa hækkar um 2 m.kr. og verður 14,7 m.kr. vegna ráðgjafarþjónustu við fatlaða.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga: Viðfangsefnið 1.10 Almennur rekstur lækkar um 25 m.kr. og verður 2.390 m.kr. vegna endurskoðunar á útreikningi á framlagi til sjóðsins.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Framlag til viðfangsefnisins 1.31 Félagasamtök, styrkir er óbreytt en sundurliðun breytist. Inn kemur 3 m.kr. framlag til Félags heyrnarlausra en á móti lækkar óráðstöfuð fjárveiting um sömu fjárhæð. Viðfangsefnið 1.90 Ýmis framlög hækkar um 10 m.kr. og verður 22 m.kr. Hækkunin er vegna þjónustu við flóttamenn frá Júgóslavíu sem komu til Ísafjarðar sl. sumar.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

201 Tryggingastofnun ríkisins: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 6,2 m.kr. vegna leigugjalda til Fasteigna ríkisins.

350 Sjúkrahúsið Akranesi: Rekstrarframlag til sjúkrahússins hækkar um 6 m.kr. og er ætlað til liðskiptaaðgerða við sjúkrahúsið.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 7 m.kr. vegna tveggja starfa, hjartalæknis og bæklunarlæknis.

368 Sólvangur, Hafnarfirði: Rekstrarframlag hækkar um 4 m.kr. vegna halla á rekstri og verður 252,4 m.kr.

370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi: Heildarframlag til fjárlagaliðarins hækkar um 260 m.kr. Rekstrarframlag hækkar um 100 m.kr. en fjárveitinguna á að nota til að greiða fyrir enn frekari hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Einnig falla sértekjur að fjárhæð 160 m.kr. niður. Fjárhagslegur ávinningur af 160 m.kr. sparnaði hjá litlum sjúkrahúsum utan Reykjavíkur dreifist á þrjú ár. Á árinu 1997 verður sparnaðurinn 60 m.kr. og kemur til lækkunar á lið 08-950 Rekstrarhagræðing þar sem endanleg útfærsla á stofnanir liggur ekki fyrir.

371 Ríkisspítalar: Rekstrarframlag hækkar um 84 m.kr. vegna endurmats á fjárþörf.
375 Sjúkrahús Reykjavíkur: Viðfangsefnið 1.01 Almennur rekstur hækkar um 120 m.kr. vegna endurmats á fjárþörf.
621 Áfengisvarnir og bindindismál: Fjárlagaliðurinn breytir um nafn og fær heitið 621 Forvarnasjóður. Viðfangsefnið 1.90 Annað breytir einnig um nafn og fær heitið 1.90 Forvarnasjóður. Ekki er um breytingar á fjárhæðum að ræða.
950 Rekstrarhagræðing: Framlag lækkar um 60 m.kr. og verður 45 m.kr. Lækkunin er vegna áformaðs sparnaðar í rekstri lítilla sjúkrahúsa utan Reykjavíkur sem ekki hefur verið útfærður á stofnanir.

09 Fjármálaráðuneyti

201 Ríkisskattstjóri: Heildarframlag hækkar um 23 m.kr. og verður 337 m.kr. Viðfangsefnið 1.10 Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa lækkar um 10 m.kr. en á móti er tekinn inn nýr liður, 1.20 Skatteftirlit. Framlag er 33 m.kr. en breytingarnar eru liður í endurskoðun á fyrirkomulagi skatteftirlits.
202 Skattstofan í Reykjavík: Rekstrarframlag lækkar um 3 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
203 Skattstofa Vesturlands: Almennur rekstur lækkar alls um 1,9 m.kr. og er fjárhæðin tvískipt. Annars vegar lækkar framlag um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og hins vegar lækkar framlag um 0,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
204 Skattstofa Vestfjarða: Rekstrarfjárveiting lækkar um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og um 0,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum. Alls lækkar því framlag um 1,9 m.kr.
205 Skattstofa Norðurlands vestra: Rekstrarframlag lækkar um 0,7 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
206 Skattstofa Norðurlands eystra: Almennur rekstur lækkar alls um 7,5 m.kr. og er fjárhæðin tvískipt. Annars vegar lækkar framlag um 6 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og hins vegar lækkar framlag um 1,5 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
207 Skattstofa Austurlands: Rekstrarfjárveiting lækkar um 1,5 m.kr. vegna breytinga á fyrirkomulagi skatteftirlits og um 0,4 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum. Alls lækkar því framlag um 1,9 m.kr.
208 Skattstofa Suðurlands: Framlag lækkar um 1 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
209 Skattstofa Vestmannaeyja: Rekstrarframlag lækkar um 0,3 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum.
211 Skattstofa Reykjaness: Rekstrarframlag til skattstofunnar á Reykjanesi hækkar um 4,3 m.kr. þannig að fjárveiting verði sambærileg við aðrar skattstofur miðað við íbúafjölda. Á móti lækkar framlag um 2 m.kr. vegna áforma um hagræðingu, m.a. með skönnun á skattframtölum og hækkar því framlag alls um 2,3 m.kr.
250 Innheimtukostnaður: Framlag til viðfangsefnisins 1.10 Ýmis innheimtukostnaður lækkar um 2 m.kr. Fjárhæðin er flutt á fjárlagalið 06-436 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði þar sem embættið mun frá og með næstu áramótum annast verkefni sem Gjaldheimtan í Garðabæ hafði með höndum áður.

381 Uppbætur á lífeyri: Framlag lækkar um 380 m.kr. Frá og með næstu áramótum munu sveitarfélög fullnusta skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda kennara með samtímagreiðslu iðgjalda til LSR. Í frumvarpi til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir að þessi greiðsla sveitarfélaganna komi til frádráttar á uppbótum á lífeyri til LSR.

481 Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum: Framlag hækkar um 65 m.kr. og verður 265 m.kr. Gert er ráð fyrir að 80 m.kr. af liðnum vegna tillögu um nýtt ákvæði í 6. gr. fjárlaga um heimild til að ráðstafa allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Hins vegar er almennt framlag til útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum lækkað um 15 m.kr.

989 Launa- og verðlagsmál: Viðfangsefnið 1.90 Almennur rekstur hækkar um 600 m.kr. Útgjöld ríkissjóðs munu aukast vegna samtímagreiðslna til fyrirhugaðrar A-deildar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

990 Ríkisstjórnarákvarðanir: Viðfangsefnið 1.90 Markaðsátak erlendis fellur brott. Framlagið að fjárhæð 25 m.kr. er flutt á viðfangsefnið 03-101-1.55 Viðskiptaþjónusta.

999 Ýmislegt: Tekinn er inn nýr liður, 1.20 Endurgreiðslur til sveitarfélaga, og er framlag 35 m.kr. Annars vegar er framlag að fjárhæð 15 m.kr. vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti á kostnaði sveitarfélaga vegna flutnings og förgunar brotamálma. Hins vegar er 20 m.kr. styrkur til sveitarfélaga til kaupa á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða. Báðar breytingarnar eru samkvæmt samkomulagi við sveitarfélög.

10 Samgönguráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.12 Vetrarsamgöngur og vöruflutningar hækkar um 1,4 m.kr. og verður 29,5 m.kr. Í breytingartillögum nefndarinnar er fjárhæðum skipt á einstök verkefni í sérstöku yfirliti.

211 Vegagerðin: Framlag hækkar alls um 25 m.kr. en gerðar eru eftirfarandi breytingar á viðfangsefnum til samræmis við skiptingu vegaáætlunar 1997: Viðfangsefnið 6.10 Nýframkvæmdir lækkar um 30 m.kr. og verður 2.176 m.kr. Viðfangsefnið 6.11 Framkvæmdaátak vegna atvinnumála lækkar um 143 m.kr. og verður 507 m.kr. Viðfangsefnið 6.21 Landsvegir lækkar um 8 m.kr. og verður 52 m.kr. Framlag til viðfangsefnisins 6.43 Safnvegir lækkar um 6 m.kr. og verður 164 m.kr. Að lokum hækkar framlag til viðfangsefnisins 6.55 Ferjur og flóabátar um 212 m.kr. og verður 672 m.kr. Önnur viðfangsefni eru óbreytt.

472 Flugvellir: Heildarframlag til fjárlagaliðarins breytist ekki en gerðar eru innbyrðis breytingar á fjárlagaliðnum til samræmis við endurskoðaða flugmálaáætlun. Viðfangsefnið 6.80 Flugvellir, framkvæmdir hækkar um 76 m.kr. Á móti hækka sértekjur um sömu fjárhæð. Af hækkuninni renna 60 m.kr. til að kosta breytingar á innritunaraðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

12 Viðskiptaráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Tekinn er inn nýr liður, 1.20 Icepro-nefnd, og er framlag 2,2 m.kr. sem nemur 0,001% af gjaldstofni tryggingagjalds.

14 Umhverfisráðuneyti

190 Ýmis verkefni: Viðfangsefnið 1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum hækkar um 3,8 m.kr. Tekinn er inn nýr liður, 1.54 Rannsóknastöð Kvískerjum, og er framlag 3 m.kr. Gerðar eru eftirfarandi millifærslur milli viðfangsefna, en þær leiða ekki til breytinga á heildarframlagi til liðarins: Viðfangsefni 1.35 Umhverfisvöktun lækkar um 0,6 m.kr. Viðfangsefnið 1.53 Undirbúningur náttúrustofa lækkar um 0,3 m.kr. Viðfangsefnið 1.55 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar lækkar um 0,1 m.kr. Viðfangsefnið 1.56 Vernd Breiðafjarðar hækkar um 0,5 m.kr. Að lokum hækkar viðfangsefnið 1.57 Þjóðgarður á Snæfellsnesi, undirbúningur um 0,5 m.kr.

210 Veiðistjóri: Framlag til stofnunarinnar hækkar um 7 m.kr. og er vegna nýs fyrirkomulags á greiðslu ríkissjóðs á hluta kostnaðar við refaveiðar.

310 Landmælingar Íslands: Rekstrarframlag hækkar um 12,2 m.kr. vegna fjölþjóðlegs mæliátaks næsta vor og er um eingreiðslu að ræða.

410 Veðurstofa Íslands: Viðfangsefnið 1.70 Veðurþjónusta fyrir millilandaflug lækkar um 3,7 m.kr. Á móti lækka sértekjur um 3,6 m.kr. og viðfangsefnið 6.01 Tæki og búnaður hækkar um 0,1 m.kr. Heildaráhrif breytinganna eru engin.

Nefndinni hafa borist óskir fjármálaráðuneytis og annarra ráðuneyta um leiðréttingar á heitum fjárlagaliða og viðfangsefna í 4. gr. auk tæknilegra breytinga. Hér er ekki um efnislegar breytingar að ræða en þær eru sem hér segir:

1. Viðfangsefnið 03-391-1.10 Háskóli Sameinuðu þjóðanna fær heitið 03-391-1.10 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna.
2. Viðfangefnið 03-391-1.15 Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna fær heitið 03-391-1.15 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna.
3. Tilfærslur viðfangsefnisins 04-841-1.01 Fiskeldisrannsóknir millifærast af tegund 5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða á tegund 5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega.
4. Fjárlagaliðurinn 08-207 og viðfangsefnið 08-207-1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa fær heitið 08-207-1.10 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.
5. Fjárlagaliðurinn 08-412 og viðfangsefnið 08-412-1.01 Hjúkrunarheimilið Árskógar fær heitið 08-412-1.01 Hjúkrunarheimilið Skógarbær.

Nefndin hefur fallist á þessar breytingar og verða þær teknar upp í fjárlögum þegar þau verða prentuð eftir 3. umræðu, en ekki fluttar sérstakar breytingartillögur um þær.

SKÝRINGAR VIÐ BREYTINGARTILLÖGU VIÐ 5. GR. (B-HLUTA)

B-hlutaáætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frumvarp til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða á næsta ári. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á átta áætlunum í B-hluta.

22 Menntamálaráðuneyti

679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni: Lagt er til að liðurinn falli brott og stofnaður verði nýr fjárlagaliður 02-317 í A-hluta fjárlaga vegna sameiginlegs reksturs skóla ríkisins á Laugarvatni.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna: Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að útlán verði óbreytt. Talið er að umsækjendum um námslán fækki en á móti komi meiri útlán vegna breyttra reglna. Innheimta námslána er talin aukast um 94 m.kr. vegna fjölgunar greiðenda um 1.600 á næsta ári en þeir eru um 21.900 á yfirstandandi ári. Innheimta námslána hefur verið vanáætluð að undanförnu og er tekið tillit til þess í endurskoðaðri áætlun. Þá er áætlað að afborganir lána verði 100 m.kr. minni en áætlað er í fjárlagafrumvarpi og að fjármagnskostnaður hækki umfram fjármunatekjur um 16 m.kr. Áætlaður launakostnaður sjóðsins hækkar um 8 m.kr. og verður 60 m.kr. í samræmi við raunveruleg umsvif á síðustu árum. Þessar breytingar leiða til lækkunar á lánsfjárþörf sjóðsins um 170 m.kr. og er hún áætluð 3.800 m.kr. eftir 2. umræðu lánsfjárlaga. Við 2. umræðu fjárlagafrumvarps var framlag ríkissjóðs til sjóðsins hækkað um 100 m.kr. og verður það 1.600 m.kr. Hækkunin er færð á höfuðstól sjóðsins og verður henni ráðstafað í samræmi við breytingar á lögum um lánasjóðinn sem unnið er að.

973 Þjóðleikhúsið: Við 2. umræðu fjárlaga var samþykkt að hækka framlag til leikhússins um 7 m.kr. til að mæta hækkuðum launakostnaði í samræmi við áætlun um gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna. Áætlun í B-hluta er breytt til samræmis.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands: Við 2. umræðu fjárlaga var samþykkt að hækka framlag til hljómsveitarinnar um 7 m.kr. Fjárhæðin skiptist þannig að 1,5 m.kr. er vegna leiðréttingar á 10% hlutdeild hljómsveitarinnar í skemmtanaskatti og 5,8 m.kr. eru vegna lífeyrisskuldbindinga, leiðréttingar á verðlagshækkunum o.fl. Framlög annarra rekstraraðila eru hækkuð til samræmis. Þá er áætlað að styrkir frá fyrirtækjum verði 1,6 m.kr. sem verði varið til eignakaupa. Áætlun í B-hluta er breytt til samræmis við framangreint.

23 Utanríkisráðuneyti

101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli: Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að söluaukning milli áranna 1995 og 1996 verði 17% og milli áranna 1996 og 1997 um 7% en í frumvarpinu er miðað annars vegar við 11% og hins vegar við 6%. Þetta leiðir til 100 m.kr. hækkunar á vörum til endursölu og 160 m.kr. hækkunar á sölu. Mismunurinn, 60 m.kr., rennur í ríkissjóð.

114 Flugstöð Leifs Eiríkssonar: Að ráði hefur orðið að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kynntar voru í fjárlagafrumvarpi 1997. Þess í stað verða framkvæmdir við breytingar á innritunarsal og tengd verk. Áætlaður kostnaður við þær breytingar er allt að 120 m.kr. Þar af verða 60 m.kr. fjármagnaðar með tekjum flugmálaáætlunar í A-hluta fjárlaga og 60 m.kr. með framlagi í A-hluta fjárlaga sem er sama fjárhæð og áætlaður tekjuauki af rekstri Fríhafnar. Að auki er áætlað að verja 27 m.kr. af eigin fé flugstöðvarinnar til að endurnýja tölvukerfi.

29 Fjármálaráðuneyti

101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins: Nýlega var ákveðið að hækka tóbaksverð um 2% til að fjármagna sérstakt átak í fíkniefnavörnum á næsta ári. Áætlað er að sölutekjur verslunarinnar hækki af þessum sökum um 65 m.kr. og að fjárhæðinni verði skilað í ríkissjóð.

971 Lánasýsla ríkisins: Í fjárlagafrumvarpi var kynnt að breyta þyrfti áætlun stofnunarinnar vegna áforma um að hætta rekstri Þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa á næsta ári. Gert er ráð fyrir að við þessa breytingu lækki launaliður um 9 m.kr. og fjármunatekjur lækki um sömu fjárhæð. Afkoma Lánasýslunnar verður því óbreytt.

Fylgiskjal I.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp, hefur nefndin fjallað um tekjugrein fjárlagafrumvarpsins og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs. Til að skýra málið frekar fékk nefndin á fund sinn Bolla Þór Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Þórð Friðjónsson þjóðhagsstofustjóra, Ingva Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands, Gylfa Arnbjörnsson og Guðmund Gylfa Guðmundsson frá ASÍ og Guðna Níels Aðalsteinsson frá VSÍ.

Þær skattbreytingar, sem varða tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1997, koma einkum fram í nýsamþykktum lögum um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Má þar sérstaklega nefna þær breytingar sem snúa að tekjuskatti fyrirtækja, þ.e. breytt fyrningarhlutföll, og að ákveðið var að halda fjárhæðarmörkum persónuafsláttar og bótaliða óbreyttum. Sú ráðstöfun er reyndar ætluð til að skapa svigrúm til að mæta tillögum nefndar sem er að skoða leiðir til að draga úr jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 125,4 milljarðar kr. á næsta ári. Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 800 millj. kr. meiri en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir eða um 126,2 milljarðar kr.

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki um 800 millj. kr. frá því sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Þar af munar mest um áætlaða hækkun af tekjuskatti einstaklinga um tæpan milljarð kr., en á móti er m.a. gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts fyrirtækja um rúmar 280 millj. kr. og 450 millj. kr. lægri tekjum af virðisaukaskatti. Samkvæmt þessu verður hlutfall skatttekna af landsframleiðslu um 22,6% sem er svipað og á þessu ári ef tekið er tillit til flutnings grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaga.

Meiri hlutinn tekur fram að vegna óvissu um stórframkvæmdir á næsta ári liggur ekki enn fyrir endurskoðuð þjóðhagsáætlun.

Alþingi, 18. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form.
Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Pétur H. Blöndal.
Árni R. Árnason.

Fylgiskjal II.

Álit

um 3. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir hversu lítill tími vannst til að skoða tekjuforsendur fjárlagafrumvarpsins eftir að endurskoðun lá fyrir, nú fyrst eftir miðjan desembermánuð. Minni hlutinn vill þó benda á eftirtalin atriði:

1. Tekjuskattur einstaklinga er að aukast um yfir 4 milljarða kr. á sama tíma og tekjuskattur fyrirtækja er að lækka um tæpan hálfan milljarð miðað við forsendur fjárlaga. Þetta sýnir glöggt hvert skattbyrðin er að færast þessi missirin, frá gróðafyrirtækjunum yfir á herðar launamanna.
2. Einnig er ástæða til að skoða vandlega þá þróun sem er að verða í skilum virðisaukaskatts. Það stingur í augu að á tímum vaxandi veltu í þjóðarbúskapnum skuli tekjur af virðisaukaskatti dragast saman, jafnvel þó fjárfestingar séu að aukast.
3. Loks vill minni hlutinn mótmæla harðlega þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að frysta persónufrádrátt og bótaliði eins og barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur í stað þess að láta þessa liði taka eðlilegri verðlagsuppfærslu nú um áramót. Með því er verið að þyngja skattbyrði á almenningi og skerða bætur út á óljós fyrirheit um að gera eitthvað gagnvart jaðarskattavítahringnum.

Alþingi, 19. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon.
Ágúst Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.

454. Frumvarp til laga [119. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laganna skulu tekjur af sérstökum eignarskatti á árinu 1996 umfram 330 m.kr. renna í ríkissjóð og á árinu 1997 skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 285 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er skólanefnd heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði. Efnisgjald skal þó aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innritunar- og efnisgjöld.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og skal upphæð gjaldsins miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtökuna, m.a. um viðmiðun gjaldtökunnar, um mat á bekkjardeildum til eininga, tilhögun innheimtu og undanþágur frá greiðslu gjaldsins.

Um breytingu á lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, með síðari breytingum.

3. gr.

Á undan hlutfallstölunni „65%“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: allt að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á undan hlutfallstölunni „65%“ í b- og c-liðum 1. mgr. kemur: allt að.
b. Við bætist ný málsgrein og orðast svo:

Framlag ríkissjóðs skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 56/1987, jarðræktarlögum, með síðari breytingum.

5. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum allt að 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein skulu vera innan þeirra marka sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

6. gr.

Lokamálsgrein 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta skal vera 0,55 kr./kg kjöts sem innvegið er í afurðastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

7. gr.

Lokamálsgrein 7. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Um gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1997 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1997 umfram 165 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

10. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Árlega skal verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. 4. gr., og skulu fjárhæðir ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Starfsmenntaráð fer með stjórn framlaga til starfsmenntunar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.433 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 26. gr. laga nr. 144/1995, kemur: 2.482 kr.

12. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk framlaga skv. 1. mgr. skal árlega verja ákveðnum fjárhæðum úr sjóðnum til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum orðast svo:

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1997, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.985 kr.“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.065 kr.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

15. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr.

16. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

18. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavíkurhéraði skal skipuð fimm mönnum.
c. Síðari málsliður 5. mgr. fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

20. gr.

Við 3. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Skipunartími formanns skal þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipaði hann.

21. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað orðanna „ársloka 1996“ í 1. málsl. kemur: 30. apríl 1997.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1997“ í 4. málsl. kemur: 1. maí 1997.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

22. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 856 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1997.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sbr. 11. gr. laga nr. 148/1994, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1997 til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 58/1967, orkulögum, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 74. gr. laganna:

a. 1., 2. og 3. tölul. orðast svo:
   1. Að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar.
   2. Að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

3. Að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerða tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.

b. 5. tölul. fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

26. gr.

2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Þó skal ákvæði 1. gr. öðlast þegar gildi.

455. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

1. Við 18. gr. A-liður falli brott.
2. Við 20. gr. Greinin falli brott.

456. Frumvarp til lánsfjárlaga [24. mál]

fyrir árið 1997.

(Eftir 2. umr., 19. des.)

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 11.800 m.kr. á árinu 1997.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1997 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurlána allt að 5.983 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinna aðila:

1. Lánasjóðs íslenskra námsmanna, allt að 3.800 m.kr.
2. Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, allt að 130 m.kr.
3. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, allt að 1.420 m.kr.
4. Alþjóðaflugþjónustunnar, allt að 100 m.kr.
5. Bæjarveitna Vestmannaeyja, allt að 33 m.kr.
6. Iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, allt að 500 m.kr.

II. KAFLI
Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlögum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1997 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–8. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þeir eru:

1. Landsvirkjun, allt að 9.000 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 2.640 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 4.500 m.kr., sbr. 48. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 14.000 m.kr., sbr. 19. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 1.100 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 1.000 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 3.400 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Ferðamálasjóður, allt að 150 m.kr., sbr. 22. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku eftirtalinna aðila:

1. Hafnarsjóðs Grundartangahafnar, allt að 200 m.kr. vegna framkvæmda við Grundartanga.
2. Hita- og vatnsveitu Akureyrar, allt að 2.100 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
3. Lyfjabúðar Háskóla Íslands, allt að 35 m.kr. til endurbóta á fasteigninni Austurstræti 16.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

6. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum:

a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin eru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

8. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir skv. II. kafla eða 7. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

9. gr.

Yfirtekin lán og ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila, eða milliganga um töku lána þeirra, skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

10. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

11. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka skuldir Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti.

12. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast mögulega skaðabótakröfu vegna notkunar lyfsins Thalidomide.

IV. KAFLI
Gildistökuákvæði.

13. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1997. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1998 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

457. Framhaldsnefndarálit [24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur tekið málið aftur til umfjöllunar að lokinni 2. umræðu og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „11.800“ í 1. gr. komi: 12.500.
2. Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

Í 1. tölul. er lagt til að heildarlántökuheimild fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hækki um 700 millj. kr. Tillagan er í samræmi við afgreiðslu á A-hluta fjárlaga. Í 2. tölul. er lagt til að fjármálaráðherra verði veitt heimild til að gefa viðbætur við eldri flokka spariskírteina. Er það sams konar ákvæði og er í lánsfjárlögum ársins 1996.

Alþingi, 19. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.
Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.	Árni R. Árnason.

458. Nefndarálit [248. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur í umfjöllun sinni um samninginn fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra, Jóhann Sigurjónsson, formann íslensku samninganefndarinnar, Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, Albert Jónsson, deildarstjóra í forsætisráðuneytinu, og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing utanríkisráðuneytisins. Þá óskaði nefndin eftir umsögn sjávarútvegsnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með álitinu, ásamt eldri umsögn nefndarinnar um 527. mál á 120. löggjafarþingi.

Með samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrr á þessu ári náðist mikilvæg samstaða með hinum svonefndum strandríkjum, Íslandi, Færeyjum, Noregi og Rússlandi. Jafnframt náðist það markmið Íslendinga að ekki er miðað við núverandi dreifingu síldarinnar innan lögsögu heldur byggt á sögulegum rétti þótt ekki hafi verið fallist á ýtrustu kröfur Íslendinga.

Mikilvægri samstöðu strandríkjanna fjögurra hefði verið stefnt í hættu ef ekki hefðu náðst samningar þeirra og ESB um veiðar úr síldarstofninum. Sú staða hefði getað komið upp að Íslendingar stæðu einir utan við samninginn, án veiðimöguleika annars staðar en á alþjóðlegu hafsvæði (Síldarsmugunni) og í eigin lögsögu. Sá möguleiki var lítt eftirsóknarverður.

Samningar hafa nú náðst um heildarstjórnun veiða og verður hlutur ESB minni á næsta ári en hann var í raun á þessu ári. Heildarstjórn á veiði úr síldarstofninum stuðlar að því meginmarkmiði Íslendinga að hann taki aftur upp fyrra göngumynstur og komi í ríkari mæli inn í lögsögu okkar.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 19. des. 1996.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Árni R. Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Hjálmar Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(19. desember 1996.)

Sjávarútvegsnefnd tók á fundi sínum í dag fyrir bréf utanríkismálanefndar, dags. 18. desember sl., þar sem óskað var eftir áliti á 248. máli, tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997. Fékk nefndin á sinn fund Jóhann Sigurjónsson, sendiherra og formann samninganefndar Íslands, og Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneyti, til að fara yfir efni málsins. Þá mætti einnig á fund nefndarinnar Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu þess. Minni hlutinn, skipaður Steingrími J. Sigfússyni, Lúðvík Bergvinssyni og Sighvati Björgvinssyni, leggst ekki gegn afgreiðslu málsins. Hann vísar hins vegar til umsagnar sinnar til utanríkismálanefndar frá 29. maí 1996 um 527. og 470. þingmál (á 120. löggjafarþingi). Eina breytingin sem verður með þessum samningi er að strandríkjunum tekst á grundvelli hans að koma að einhverju leyti böndum á veiði Evrópusambandsins með því að það gerist aðili að samningnum. Það sem í þess hlut kemur er samt alltof mikið og á fundi nefndarinnar kom fram gagnrýni á það frá fulltrúa LÍÚ. Það veldur svo því að hin lága upphafsprósenta sem samið var um í maí sl., 17,2%, lækkar nú í

15,6% eða 15,7% eftir því hvort óveidd 12 þús. tonn Rússa teljast með eða ekki. Að öðru leyti stendur óhögguð sú gagnrýni sem minni hlutinn setti fram sl. vor og hefur reyndar styrkst í ljósi reynslunnar, sbr. það fordæmisgildi sem sá samningur er þegar farinn að hafa. Guðný Guðbjörnsdóttir, sem sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi, tekur undir álit minni hluta nefndarinnar.

F.h. sjávarútvegsnefndar,

Steingrímur J. Sigfússon, formaður.

Fylgiskjal II.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.
(29. maí 1996.)

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar frá 24. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn sjávarútvegsnefndar um tvær tillögur til þingsályktunar, 527. mál, um staðfestingu þriggja samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, og 470. mál, um staðfestingu tveggja samninga við Færeyjar um fiskveiðimál.

Sjávarútvegsnefnd fékk Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, og Jakob Jakobsson, forstöðumann Hafrannsóknastofnunar, til að fara yfir málin með sér á fundi sínum í morgun.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til þessa máls en kýs að birta hér álit meiri og minni hlutans saman. Varðandi málsmeðferð vill nefndin í heild taka fram að hún hefði kosið að meira samráð hefði verið haft við hana á lokastigum málsins.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu málsins.

Minni hluti nefndarinnar, þau Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir og Sighvatur Björgvinsson, fagnar því samstarfi sem verið hefur milli Íslendinga og Færeyinga á sviði sjávarútvegsmála og mælir með samþykkt fyrrgreindrar þingsályktunartillögu um staðfestingu fiskveiðisaminga við Færeyjar. Um hina tillöguna, er varðar staðfestingu samninga um nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum, vill minni hlutinn taka eftirfarandi fram:

1. Minni hlutinn gagnrýnir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í aðdraganda samningsgerðarinnar. Ekkert samráð var haft við Alþingi og hagsmunaaðila fyrr en gengið hafði verið frá efnisatriðum samkomulags við Norðmenn í öllum aðalatriðum á leynifundi í London. Alls ekkert samráð var haft við sjávarútvegsnefnd.
2. Samkomulagið byggist fyrst og fremst á mikilli tilslökun af hálfu Íslands og Færeyja frá því sem þjóðirnar höfðu einhliða ákveðið. Eftirgjöf Norðmanna er óveruleg og Rússar auka sinn hlut með samkomulaginu.
3. Gagnrýnisvert er að Íslendingar opna landhelgi sína fyrir Norðmönnum og Rússum, án þess að fá rétt til veiða í lögsögum þeirra ríkja á móti. Er þá undanskilinn rétturinn til veiða við Jan Mayen, enda hafa Íslendingar sjálfstæðan rétt til veiða þar samkvæmt Jan Mayen samningnum.

4. Samkomulagið felur í sér að hlutdeild Íslendinga til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum nemur aðeins 17,2%. Þetta lága hlutfall er háskalegt í ljósi þess að eðlileg hlutdeild Íslendinga til veiða á fullorðinni síld, studd sögulegum og líffræðilegum rökum, er á bilinu 30–40%.
5. Ástæða er til að hafa áhyggjur af orðalagi greinar 6.2. í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Orðalag ákvæðisins þar sem talað er um „hugsanlegar breytingar" á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila er óljóst. Ekki verður séð að það tryggi rétt Íslendinga til aukinnar hlutdeildar ef göngumynstur síldarinnar breytist, eins og haldið hefur verið fram.
6. Ljóst er að ekki hefur, þrátt fyrir þetta samkomulag, komist á heildarstjórnun veiða úr stofninum þar sem Evrópusambandið er ekki aðili að samkomulaginu.

Virðingarfyllst,

Steingrímur J. Sigfússon,
formaður sjávarútvegsnefndar.

459. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðmundi Lárussyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Nýr liður:	
130 Til kennslu í iðjuþjálfun samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis	3.000

460. Lög [119. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr., laganna skulu tekjur af sérstökum eignarskatti á árinu 1996 umfram 330 m.kr. renna í ríkissjóð og á árinu 1997 skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 285 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skólanefnd ákveður upphæð innritunargjalds og efnisgjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf námsannar eða skólaárs. Upphæð innritunargjalds skal taka mið af kostnaði vegna ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skóli lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans. Innritunargjald skal þó aldrei vera hærra en 6.000 kr. á skólaári. Heimilt er að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma og er skólanefnd heimilt að láta gjaldið renna í skólasjóð, enda sé tekjum hans samkvæmt skipulagsskrá ráðstafað í þágu nemenda. Efnisgjald er innheimt af nemendum sem njóta verklegrar kennslu vegna efnis sem skóli lætur nemendum í té og þeir þurfa að nota í námi sínu. Skal það taka mið af raunverulegum efniskostnaði. Efnisgjald skal þó aldrei vera hærra en 25.000 kr. á skólaári eða 12.500 kr. á önn. Halda skal bókhald um fjárreiður þessar. Um endurskoðun gilda sömu reglur og um annan rekstur. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um innritunar- og efnisgjöld.

Heimilt er framhaldsskólum að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og skal upphæð gjaldsins miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtökuna, m.a. um viðmiðun gjaldtökunnar, um mat á bekkjardeildum til eininga, tilhögun innheimtu og undanþágur frá greiðslu gjaldsins.

Um breytingu á lögum nr. 84/1989, um búfjárrækt, með síðari breytingum.

3. gr.

Á undan hlutfallstölunni „65%“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: allt að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Á undan hlutfallstölunni „65%“ í b- og c-liðum 1. mgr. kemur: allt að.
b. Við bætist ný málsgrein og orðast svo:

Framlag ríkissjóðs skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal ákveðið í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 56/1987, jarðræktarlögum, með síðari breytingum.

5. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum allt að 65% af launum héraðsráðunauta og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiðir allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta og trúnaðarmanna samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Greiðslur úr ríkissjóði samkvæmt þessari grein skulu vera innan þeirra marka sem ákveðin eru í fjárlögum ár hvert.

Um breytingu á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

6. gr.

Lokamálsgrein 9. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta skal vera 0,55 kr./kg kjöts sem innvegið er í afurðastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

Um breytingu á lögum nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með síðari breytingum.

7. gr.

Lokamálsgrein 7. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 144/1995, orðast svo:

Um gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, greiðist á árinu 1997 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, skulu tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1997 umfram 165 m.kr. renna í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 19/1992, um starfsmenntun í atvinnulífinu.

10. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Árlega skal verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. 4. gr., og skulu fjárhæðir ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Starfsmenntaráð fer með stjórn framlaga til starfsmenntunar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „2.433 kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 23. gr. laganna, sbr. 26. gr. laga nr. 144/1995, kemur: 2.482 kr.

12. gr.

Við 37. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Auk framlaga skv. 1. mgr. skal árlega verja ákveðnum fjárhæðum úr sjóðnum til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

13. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V í lögunum orðast svo:

Í samræmi við 5. mgr. 22. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1997, þrátt fyrir ákvæði 37. gr., að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 82/1989, um málefni aldraða, með síðari breytingum.

14. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.985 kr.“ í 2. málsl. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: 4.065 kr.

Um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

15. gr.

2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn, sbr. 2. mgr. 21. gr.

16. gr.

10. mgr. 14. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

18. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavíkurhéraði skal skipuð fimm mönnum.
b. Síðari málsliður 5. mgr. fellur brott.

19. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga.

20. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:

a. Í stað orðanna „ársloka 1996“ í 1. málsl. kemur: 30. apríl 1997.
b. Í stað orðanna „1. janúar 1997“ í 4. málsl. kemur: 1. maí 1997.

Um breytingu á lögum nr. 113/1994, um eftirlaun til aldraðra, með síðari breytingum.

21. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, skulu 856 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð á árinu 1997.

Um breytingu á lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sbr. 11. gr. laga nr. 148/1994, skal heimilt að verja tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1997 til greiðslu stofnkostnaðar við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Um breytingu á lögum nr. 58/1967, orkulögum, með síðari breytingum.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 74. gr. laganna:

a. 1., 2. og 3. tölul. orðast svo:
   1. Að styrkja gerð yfirlitsathugana á möguleikum til að auka hlutdeild innlendra orkulinda í orkubúskap þjóðarinnar.
   2. Að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu- og upplýsingastarfsemi.
   3. Að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerða tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis.
b. 5. tölul. fellur brott.

Um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

25. gr.

2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Þó skal ákvæði 1. gr. öðlast þegar gildi.

461. Lánsfjárlög [24. mál]

fyrir árið 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 456 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 12.500 m.kr. á árinu 1997.

13. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að gefa út að nýju viðbót inn í eldri flokka spariskírteina ríkissjóðs sem ekki eru komnir á gjalddaga í þeim tilgangi að stækka slíka flokka og gera þá markaðshæfari. Skilmálar og kjör hlutdeildarskírteina (spariskírteina) slíkra viðbóta við eldri flokka skulu vera hin sömu og að breyttu breytanda, þ.e. útgáfudagur, fyrsti vaxtadagur, vextir, verðtryggingarákvæði, gjalddagi og þess háttar.

14. gr. hljóðar svo:

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1997. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1998 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra kemur til.

15. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

462. Lög [240. mál]

um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964.

(Afgreidd frá Alþingi 19. des.)

Samhljóða þskj. 367.

463. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
680 Til byggingar barnaspítala	20.000

464. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Frá því að 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið lauk hefur fjárlaganefnd farið yfir tekjuhlið þess, fjallað um B-hlutastofnanir og 6. gr. frumvarpsins og afgreitt mál sem meiri hluti nefndarinnar og ríkisstjórn ákváðu að fresta til 3. umræðu. Þá hefur nefndin endurskoðað afgreiðslu nokkurra mála á milli 2. og 3. umræðu.

Tekjur ríkissjóðs.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 120,9 milljarðar kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fjármálaráðuneytis gerir nú ráð fyrir að tekjurnar verði 127,2 milljarðar kr. Tekjur umfram áætlun fjárlaga nema því rúmum 6,3 milljörðum kr. Frá árinu 1995 hafa tekjurnar aukist um tæpa 12,8 milljarða kr. Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlaga ársins 1996 hafa reynst fjarri lagi. Fjárfesting hefur aukist um 7,7% umfram þjóðhagsforsendur fjárlaganna og einkaneysla um 2,8%. Þá hafa ráðstöfunartekjur einstaklinga aukist talsvert meira en áætlað var.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir talsvert minni umsvifum á því ári miðað við yfirstandandi ár. Þannig er gert ráð fyrir að fjárfesting aukist einungis um 5,5% í stað 24% á yfirstandandi ári ef forsendur ganga eftir og aukning einkaneyslunnar verði 3,5% samanborið við 7,0% í ár. Miðað við áætlaða aukningu þjóðarútgjalda og flutning á hluta staðgreiðslunnar til sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um 1,1 milljarð kr.

Miðað við þau umsvif og væntingar sem hafa verið í efnahagslífinu að undanförnu, svo og með hliðsjón af því vanmati sem iðulega hefur verið í þjóðhagsforsendum fjárlaga, sbr. yfirstandandi ár, telur minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs þróist ekki með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og endurskoðaðri tekjuspá. Eins og fram kom við 2. umræðu taldi minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu væru vantaldar um 1,5–2,0 milljarða kr. Þrátt fyrir að endurskoðuð tekjuáætlun hafi hækkað tekjurnar um 600 millj. kr. telur minni hlutinn að enn vanti um 1,0–1,2 milljarða kr. á tekjuhlið frumvarpsins. Eru það fyrst og fremst veltuskattarnir, m.a. innflutnings- og vörugjöld, og virðisaukaskattur sem telja verður að skili meiri tekjum en hér kemur fram miðað við þær þjóðhagsforsendur sem frumvarpið byggist á.

Fátt bendir nú til þess að umsvifin minnki á næsta ári. Að undanförnu hafa líkur aukist verulega á að ráðist verði í byggingu nýs álvers á Grundartanga ásamt stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að mati Þjóðhagsstofnunar munu þessar framkvæmdir, ásamt nauðsynlegum stækkunum á orkumannvirkjum, valda því að fjárfesting og almenn umsvif í þjóðarbúskapnum stóraukast á næsta ári miðað við það sem áður hefur verið áætlað. Þó að eingöngu yrði ráðist í byggingu nýs álvers stefnir í 25% aukningu fjárfestingar sem er tæplega fimmfalt meiri aukning en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lauslegt mat Þjóðhagsstofnunar bendir einnig til þess að áhrif þessara framkvæmda verði um 4,3% aukning landsframleiðslu í stað 2,5% og aukning þjóðarútgjalda um 7,1% í stað áætlaðra 3,5%. Ef þetta gengur eftir mundu helstu hagstærðir breytast á svipaðan hátt og fyrirsjáanlegt er að reyndin verði í ár. Rétt er að minna á að efnahagsþróun á þessu ári hefur leitt til þess að tekjur ríkissjóðs á árinu aukast að öllum líkindum um tæpa 12,8 milljarða kr. eða ríflega 11% frá árinu 1995.

Eins og áður hefur komið fram taka forsendur fjárlagafrumvarpsins ekkert mið af líklegum framkvæmdum við nýtt álver á árinu 1997. Minni hlutinn óskaði eftir því að reiknuð yrðu út áhrif þessa á tekjuhlið ríkissjóðs. Ekki var orðið við þeirri beiðni. Af þessum sökum liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um áhrif þessara framkvæmda á ríkissjóðstekjur. Ekki er þó óvarlegt að áætla, miðað við þá aukningu þjóðarútgjalda sem framkvæmdirnar hefðu í för með sér, að tekjuauki af þessu verði ekki undir 5 milljörðum kr.

Heilbrigðismál.

Ekki tókst að afgreiða tillögur um rekstur sjúkrastofnana við 2. umræðu fjárlaga og ýmsir aðrir þættir biðu nánari skýringa. Þótt enn sé margt óljóst í þeim efnum fer þó ekki á milli mála að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið áformar að lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um rúmar 1.300 millj. kr. og er þá undanskilinn rekstrarhalli sjúkrahúsanna í Reykjavík sem er á bilinu 400–500 millj. kr. auk 300 millj. kr. sem þau eru talin geta velt á undan sér. Þá er ótalinn vandi sjúkrahúsanna úti á landi sem er í raun óskilgreindur. Ár eftir ár hafa verið áform um stórfelldan sparnað í rekstri þeirra og á næsta ári var fyrirhugað að ná fram hagræðingu sem næmi 160 millj. kr. Nú hefur þeirri áætlun verið breytt á þann veg að á næsta ári náist 60 millj. kr. sparnaður, aðrar 60 millj. kr. eiga að sparast árið 1998 og 40 millj. kr. árið 1999. Þessar fyrirætlanir hafa ekki verið útfærðar á nokkurn hátt.

Áformað er að lækka sjúkratryggingar um 910 millj. kr. á næsta ári, þar af eru 260 millj. kr. millifærðar frá Framkvæmdasjóði aldraðra til greiðslu hjúkrunardaggjalda. Þá er enn eitt árið ætlunin að lækka útgjöld vegna lyfjakostnaðar, m.a. með breytingu á greiðsluhluta sjúklinga. Útfærsla þeirra áforma er svo óljós að engin leið er að sjá fyrir hver áhrif það hefur til hækkunar á hlut sjúklinga. Ætlunin er að lækka kostnað ríkissjóðs af rannsóknum, röntgenþjónustu og læknisþjónustu um 170 millj. kr. Því markmiði hyggst ráðuneytið ná með endurskoðun samninga og fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu, m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða. Ef að líkum lætur koma þessi áform að lokum niður á þeim sem á þjónustunni þurfa að halda. Þá er fyrirhugað að spara 80 millj. kr. í þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar sem helst virðist eiga að ná með því að takmarka þjónustu við börn, en það hlýtur að teljast varhugaverð ráðstöfun svo að ekki sé meira sagt. Sparnaður lífeyristrygginga vegna fjármagnstekjutengingar er talinn nema 140 millj. kr. á næsta ári, en ef það sýnist ekki munu ganga eftir hyggst ráðuneytið leggja fram frekari tillögur til sparnað-

ar, svo að lífeyrisþegum er vissara að vera við öllu búnir. Þar virðist ráðuneytið telja að breiðu bökin sé að finna. Til viðbótar má svo geta þess að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru lækkaðar í samræmi við þau áform ríkisstjórnarinnar að herða eftirlit með útgreiðslu heimildarbóta og ná þannig fram 100 millj. kr. sparnaði til viðbótar við 140 millj. kr. niðurskurðinn á þessu ári.

Minni hlutinn styður ráðdeild og sparnað í heilbrigðismálum, ekki síður en öðrum málaflokkum, en staðreyndin er sú að niðurskurðurinn hefur farið fram úr öllu velsæmi, valdið ómældum þjáningum og síauknu álagi á hjúkrunarfólk og aðstandendur sjúkra.

Samgöngumál.

Langmestur hluti fjár til samgöngumála rennur til vegamála. Annað árið í röð er niðurskurði ríkissjóðs beint sérstaklega að þessum þætti ríkisfjármála og að teknu tilliti til breytinga á fjárlögum með fjáraukalögum hefur stjórnarflokkunum orðið hvað mest ágengt þar. Miðað við framkomnar tillögur verður um 20% niðurskurður á fé til nýframkvæmda á næsta ári sé miðað við gildandi vegáætlun og er það heldur hraustlegri niðurskurður en gripið var til á þessu ári.

Framlög til vegamála eru sérstök að því leyti að þau eru borin uppi af mörkuðum tekjustofnum og hafa aðeins að litlu leyti notið framlaga úr ríkissjóði. Á þessu ári eru horfur á að markaðir tekjustofnar skili um 280 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Allur þessi búhnykkur er tekinn í ríkissjóð, auk þess var framlag ríkissjóðs til vegamála fellt niður við gerð fjárlaga 1996 og þar til viðbótar voru ríflega 600 millj. kr. af mörkuðum tekjum færðar í ríkissjóð.

Á næsta ári á að endurtaka leikinn, fellt er niður framlag úr ríkissjóði til vegamála og hluti af mörkuðum tekjum til vegagerðar tekinn í ríkissjóð. Í stað þess að leggja fram 217 millj. kr. úr ríkissjóði til viðbótar mörkuðum tekjustofnum eru færðar 856 millj. kr. í ríkissjóð, teknar af mörkuðum tekjum til vegagerðar. Til viðbótar þessu er rétt að hafa í huga að nokkrar líkur eru til þess að markaðar tekjur skili hærri fjárhæð á næsta ári en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu, eins og gerðist á þessu ári, og verði af fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum má nánast slá því föstu að svo verði. Að óbreyttu mun það gerast á nýjan leik að allar umframtekjur renna í ríkissjóð.

Á sama tíma og umferð vex stórum um þjóðvegi landsins, einkum þungaflutningar, eru markaðar tekjur til vegagerðar gerðar að hluta til að almennum skatti í ríkissjóð og hægt er á nauðsynlegum framkvæmdum og úrbótum á vegakerfinu. Full ástæða er til þess fyrir stjórnvöld að huga alvarlega að því að auka öryggi vegfarenda og þar með áhrifum af upptöku hluta vegafjár í ríkissjóð.

Gildandi vegáætlun er fyrir árin 1995–1998 og var hún samþykkt í febrúarmánuði 1995. Mikill stórhugur einkenndi málflutning flutningsmanna og má vitna þar til framsöguræðu samgönguráðherra og nefndarálits þáverandi meiri hluta samgöngunefndar. Í nefndarálitinu stendur: „Ljóst er að tillaga þessi um vegáætlun 1995–1998 boðar framhald mikils framkvæmdaskeiðs í vegamálum sem hófst að marki 1993.“ Varla voru kosningarnar afstaðnar þegar farið var að hafa orð á að nú þyrfti að skera niður. Á þessu ári og því næsta, sem eru aðalframkvæmdaár vegáætlunar, er heiftarlegur niðurskurður hvort ár og stjórnarflokkarnir slá fyrri met í niðurskurði. Er svo komið að vegáætlun er í henglum og bráðnauðsynlegar framkvæmdir í uppnámi og gildir einu hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Framkvæmdaskeiðið mikla í vegamálum, sem bar við himin á vordögum 1995, hefur snúist upp í framkvæmdaskeiðið mikla í niðurskurði sem hnígur til viðar. Á aðeins tveimur árum vantar 1,5–2 milljarða kr. til nýframkvæmda af

mörkuðum tekjum til vegagerðar. Þetta afrek núverandi stjórnarflokka verður vonandi ekki slegið í bráð.

Í hafnarframkvæmdum eru miklar skuldbindingar umfram framlög. Lætur nærri að þær nemi um 700 millj. kr. um þessar mundir eða ríflega eins árs framlagi ríkissjóðs. Þá ber að hafa í huga að óskir um miklar hafnarbætur liggja fyrir og verður ekki lengur dregið að afla meira fjár til þeirra framkvæmda.

Staða flugmálaáætlunar hefur þegar verið rakin og henni gerð skil og hefur hún fengið heldur hraklega útreið. Örlög áætlana í samgöngumálum eru heldur dapurleg. Að öðru leyti vísast til álits samgöngunefndar sem fylgir með áliti meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 2. umræðu.

Heimildagrein fjárlaga, 6. gr.

Minni hlutinn vekur athygli á því að stjórnarflokkarnir hyggjast nota 6. gr. fjárlaga til þess að afla sér heimilda Alþingis til að ráðskast með stór mál sem minni hlutinn telur eðlilegra að hefðu fengið þinglega meðferð í formi frumvarpa. Um er að ræða viðamikil mál og kostnaðarsöm sem nauðsynlegt er að ræða á hinu háa Alþingi. Hér verður Alþingi að gæta að sjálfstæði sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu. M.a. er ekki gert ráð fyrir að haft verði samráð við fjárlaganefnd eða samþykkis hennar aflað. Vafasamt er að taka slíkar ákvarðanir með 6. gr. fjárlaga þar sem m.a. er verið að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en sem nemur fjárlagaárinu.

Lokaorð.

Minni hlutinn flutti nokkrar breytingartillögur við 2. umræðu fjárlaga. Nokkrar þeirra voru dregnar til baka og eru nú endurfluttar. Meiri hluti Alþingis felldi hins vegar tillögu minni hlutans um að staðið yrði við lögboðið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, og hann felldi einnig tillögu um að skila framhaldsskólunum aftur því sem skorið var niður af framlögum til þeirra eins og fram kemur í frumvarpinu. Það vakti hins vegar athygli að tveir stjórnarþingmenn sátu hjá við þá atkvæðagreiðslu og sýndu með því andúð sína á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Þess er vænst að þær tillögur sem dregnar voru til baka við 2. umræðu og eru endurfluttar við 3. umræðu hljóti brautargengi.

Alþingi, 20. des. 1996.

Kristinn H. Gunnarsson, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir. Gísli S. Einarsson.

Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar frá heilbrigðisráðuneyti.
(28. nóvember 1996.)

Ráðuneytið vísar til eftirfarandi fyrirspurna, sem fram komu á fundi ráðuneytis með Fjárlaganefnd Alþingis hinn 25. nóvember sl.

1) Fyrirspurn um eignaskiptasamning vegna Heilsugæslustöðvar Akureyrar.

Með kaupsamningi í árslok 1993 keyptu ríkissjóður og Akureyrarbær o.fl. Húseignina Hafnarstræti 99, Akureyri. Í kaupsamningnum var m.a. áréttað af hálfu kaupanda að seljandi léti gera nýjan skiptasamning um eignina, sem og var gert. Sá eignaskiptasamningur er nú hins vegar ófullnægjandi m.t.t. nýju fjöleignarhúsalaganna. Í samvinnu við fjármálaráðuneytið er nú unnið að gerð nýs eignarskiptasamnings.

2) Heilsugæslustöðin Akureyri vegna þróunarverkefnisins „Nýja barnið".

Ráðuneytið veitti Heilsugæslustöð Akureyrar 100 þús.kr. styrk á árinu 1994, 150 þús.kr. á árinu 1995 og 400 þús.kr. á árinu 1996. Greiðslur voru teknar af almennum safnliðum ráðuneytisins.

3) Framlög til hjúkrunarheimila.

Óskað var upplýsinga um framlög til hjúkrunarheimila. Í hjálagðri töflu koma fram framlög til hjúkrunarheimila á föstum fjárlögum.

4) Upplýsingar um þróun fjárveitinga til Sjúkrahúss Akraness.

Ráðuneytið hefur ekki haft tök á að bera saman þróun fjárveitinga til Sjúkrahúss Akraness í við fjárveitingar til annarra sjúkrahúsa. Ráðuneytið mun við fyrstu hentugleika senda umbeðnar upplýsingar hvap þetta varðar.

5) Fyrirspurn um vanda heilsugæslustöðva vegna ofáætlaðra sértekna.

Vísað var til þess að nokkrar af heilsugæslustöðvum landsins hefðu komið á fund Fjárlaganefndar og gert grein fyrir ofáætluðum sértekjum.

Í fjárlögum þessa árs voru sértekjur heilsugæslustöðvanna hækkaðar um 50 m.kr. vegna hækkunar þjónustugjalda. Þeirri hækkun var dreift hlutfallslega út á stöðvarnar.

Þar sem árið er enn ekki liðið er nokkuð erfitt að sjá fyrir um endanlega útkomu sértekna í heilsugæslunni. Að mati ráðuneytis eru eftirtaldar heilsugæslustöðvar í mestum vanda hvað áætlun um sértekjur varðar.

Ólafsvík.
Sértekjur Heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík voru á árunum 1994 og 1995 10,4-10,7 m.kr. Nokkur hluti sérteknanna er vegna sjúkraflutninga, sem hafa dregist verulega saman, sem aftur leiðir til þess að sértekjur þessa árs verða u.þ.b. 2,3 m.kr. undir áætlun. Gildir það sama um næsta ár.

Búðardalur.
Í fjárlögum ársins 1996 voru sértekjur Heilsugæslustöðvarinnar Búðardal hækkaðar í 3,2 m.kr. Í fjárlögum 1997 er áætlað að þær verði 3,6 m.kr. Var sértekjuætlun þessa árs og ársins 1997 byggð á mikilli hækkun sértekna á árinu 1994, en þær reyndust þá 3,2 m.kr. Hluti þessara tekna var hins vegar uppgjör vegna ársins á undan (sjúkraflutningar), en á þeim tíma lágu ekki fyrir þær skýringar. Síðar hefur komið í ljós að raunverulegar sértekjur á síðasta ári og á yfirstandandi ári eru á bilinu 2,0-2,5 m.kr. sem er 1,3 m.kr. lægra en fjárlög og frumvarp 1997. Tekjur vegna sjúkraflutninga skýra þessar sveiflur.

Vestmannaeyjar.
Sértekjur heilsugæslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum voru á árunum 1993 til 1995 á bilinu 9,2-9,4 m.kr. Fjárlög þessa árs og frumvarp 1997 gera ráð fyrir 11,8 m.kr. Ef horft er fram hjá áhrifum af útgöngu lækna á sértekjur stofnunarinnar eru sértekjur ofáætlaðar um 1,5 m.kr.

Suðurnes.
Sértekjur heilsugæslustöðvar Suðurnesja á árunum 1993 og 1994 voru á bilinu 18,3-18,6 m.kr. Sértekjur ársins 1995 reyndust hins vegar ekki nema 17 m.kr. Fjárlög þessa árs og frumvarp 1997 gera ráð fyrir 22,4 m.kr. Ef horft er fram hjá áhrifum af útgöngu lækna á sértekjur stofnunarinnar eru sértekjur stofnunarinnar ofáætlaðar um 4 m.kr.

7) *Fyrirspurn um starfsemi á 3. hæð Grensásdeildar.*

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru full starfsemi á 3. hæð Grensásdeildar, en þar eru 30 rúm.

Upplýsingar um rekstur.													
Hjúkrunarheimili.						**Framlag á rúm á ári reiknað í þús.kr.**						**Kostnaður**	
	1.	2.	3.					Beiðni stofnunar um				Nettó kostnaður	
	Fjárlög	Beiðni	Frumvarp	Fjöldi	Nýting	Fjárlög 1996		framlag 1997		Frumvarp 1997		á rúm 1995	
Stofnun	1996	1997	1997	rúma	1995	M.v.rúm	M.v. nýting	M.v. rúm	M.v.nýting	M.v. rúm	M.v. nýtin	M.v.rúm	M.v. nýt.
Sunnuhlíð	126.800	133.208	131.700	52	92%	2.438	2.651	2.562	2.784	2.533	2.753	2.503	2.721
Skjól	275.700	311.167	301.300	106	97%	2.601	2.681	2.936	3.026	2.842	2.930	2.626	2.707
Eir	310.700	350.675	322.100	120	95%	2.589	2.725	2.922	3.076	2.684	2.825	2.510	2.642
Garðvangur	101.100	101.100	104.800	41	90%	2.466	2.740	2.466	2.740	2.556	2.840	2.465	2.738
Sólvangur *	230.200	248.723	238.800	95	93%	2.423	2.606	2.618	2.815	2.514	2.703	2.457	2.642
Droplaugarstaðir		170.100	170.100	68	97%			2.501	2.579	2.501	2.579	2.412	2.486
Hvammstangi	90.800	90.800	94.100	30	90%	3.027	3.363	3.027	3.363	3.137	3.485	3.078	3.420
Bolungarvík	45.100	45.100	46.700	18	73%	2.506	3.432	2.506	3.432	2.594	3.554	2.842	3.893
Hólmavík	29.100	29.254	30.300	13	86%	2.238	2.603	2.250	2.617	2.331	2.710	2.407	2.799
Þingeyri	12.800	12.800	13.400	4	75%	3.200	4.267	3.200	4.267	3.350	4.467	3.101	4.134
Flateyri	12.800	12.800	13.400	7	75%	1.829	2.438	1.829	2.438	1.914	2.552	1.829	2.438
Vopnafjörður	27.400	27.400	28.800	12	81%	2.283	2.819	2.283	2.819	2.400	2.963	2.398	2.961
Hjúkrunarheimili.						**Framlag á legudag reiknað í kr.**						**Kostnaður**	
	1.	2.	3.					Beiðni stofnunar um				Nettó kostnaður	
	Fjárlög	Beiðni	Frumvarp	Fjöldi	Nýting	Fjárlög 1996		framlag 1997		Frumvarp 1997		á legudag 1995	
Stofnun	1996	1997	1997	rúma	1995	M.v.rúm	M.v. nýting	M.v. rúm	M.v.nýting	M.v. rúm	M.v. nýtin	M.v. rúm	M.v. nýt.
Sunnuhlíð	126.800	133.208	131.700	52	92%	6.681	7.262	7.018	7.629	6.939	7.542	6.859	7.455
Skjól	275.700	311.167	301.300	106	97%	7.126	7.346	7.544	7.778	7.305	7.531	7.194	7.417
Eir	310.700	350.675	322.100	120	95%	7.094	7.467	8.006	8.428	7.354	7.741	6.876	7.238
Garðvangur	101.100	101.100	104.800	41	90%	6.756	7.506	6.756	7.506	7.003	7.781	6.752	7.503
Sólvangur *	230.200	248.723	238.800	95	93%	6.639	7.138	7.173	7.713	6.887	7.405	6.731	7.237
Droplaugarstaðir		170.100	170.100	68	97%			6.853	7.065	6.853	7.065	6.608	6.812
Hvammstangi	90.800	90.800	94.100	30	90%	8.292	9.214	8.292	9.214	8.594	9.548	8.432	9.369
Bolungarvík	45.100	45.100	46.700	18	73%	6.865	9.403	6.865	9.403	7.108	9.737	7.786	10.666
Hólmavík	29.100	29.254	30.300	13	86%	6.133	7.131	6.165	7.169	6.386	7.425	6.594	7.668
Þingeyri	12.800	12.800	13.400	4	75%	8.767	11.689	8.767	11.689	9.178	12.237	8.495	11.326
Flateyri	12.800	12.800	13.400	7	75%	5.010	6.680	5.010	6.680	5.245	6.993	5.010	6.680
Vopnafjörður	27.400	27.400	28.800	12	81%	6.256	7.723	6.256	7.723	6.575	8.118	6.571	8.112
Þær tölur sem eru reiknaðar út frá nýtingu sýna kostnað þeirra rúma sem eru raunverulega notuð.													

Fylgiskjal II.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

MINNISBLAÐ

Aðgerðir til sparnaðar 1997 — staða mála.

(12. desember 1996.)

Efni: Aðgerðir til sparnaðar 1997 - staða mála.

Á árinu 1997 er áformað af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um rúmar 1.300 m.kr. og er þá undanskilinn rekstrarhalli sjúkrahúsanna í Reykjavík, sem er á bilinu 400-500 m.kr. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir því hver staða sparnaðaráformanna er.

Sjúkratryggingar.

Áformað er að lækka sjúkratryggingar um 910 m.kr. á næsta ári, þar af eru 260 m.kr. millifærsla frá Framkvæmdasjóði aldraðra til greiðslu hjúkrunardaggjalda.

Lyf.

Í frumvarpi til fjárlaga er áformað að lækka lyfjaútgjöld um 400 m.kr. á næsta ári frá því sem annars hefði orðið. Útgjöld vegna lyfja stefna nú nokkuð fram úr þeirri áætlun sem fyrir lá við framlagningu fjárlagafrumvarps, eða um 300 m.kr. umfram áætlun fjárlaga þessa árs. Til eftirfarandi aðgerða verður gripið til að ná áformum fjárlaga:

* Lyfjaverðsnefnd hefur ákveðið lækkun álagningar lyfja bæði í heildsölu og smásölu og tekur hún gildi um næstu áramót. Búist er við að sú lækkun spari um 250-300 m.kr. í lyfjaútgjöldum almannatrygginga; sem skilar sér einnig að hluta til sjúklinga.

* Í samræmi við tillögu lyfjahóps Tryggingastofnunar ríkisins hefur verið verið ákveðið að breyta greiðsluhluta sjúklinga í lyfjakostnaði. Greiðsluhluta sjúklinga verður breytt þannig að hækkun á meðaltalsgreiðslu sjúklinga geti orðið um 5 prósentustig en þar sem verð lyfja lækkar bæði í heildsölu og smásölu, hámarksgreiðsluþak sjúklinga verður óbreytt og samkeppni í lyfsölu hefur aukist mjög, má ætla að litlar breytingar verði á fjárhæðum greiðsluhluta sjúklinga. Á undanförnum mánuðum hefur afsláttur apóteka numið svipuðum eða hærri upphæðum og koma til hækkunar. Þessi breyting kemur til framkvæmda um næstu áramót og er áætlað að hún lækki lyfjakostnað almannatrygginga um 200 m.kr.

* Gripið verður til ýmissa annarra aðgerða á árinu 1997 til að halda lyfjaútgjöldum ársins innan áætlunar fjárlaga, s.s. gæða- og kostnaðarstýringu lyfjaávísana, gerð lyfjalista, þjónustusamninga við heilsugæslustöðvar svo eitthvað sé nefnt.

Rannsóknir og röntgen.
Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997 eru áform um að lækka rannsóknar-, röntgen og lækniskostnað um 170 m.kr. m.a. með því að endurskoða gjaldskrár fyrir blóðmeina- og meinefnarannsóknir með tilliti til raunverulegs kostnaðar og þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa á því sviði og með endurskoðun samninga og fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatrygginga taka þátt í að greiða.

Til að gera Tryggingastofnuninni kleyft að ná fram þessu markmiði er lagt til að stofnunin hætti að greiða fyrir rannsóknir, röntgen og slysastofuaðgerðir stofnana á föstum fjárlögum og framlög til þeirra verði leiðrétt til samræmis, en hlutverk samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins verði eftirleiðis að semja við einkareknar rannsóknarstofur. Ráðuneytið og samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins eru sammála um að með þessu móti náist hvort tveggja að ná böndum á útgjöld sjúkratrygginga vegna rannsókna og skapa samninganefndinni betri samningsstöðu gangvart einkareknum rannsóknastofum s.s. eins og að semja um að Tryggingastofnunin kaupi ákveðinn fjölda rannsókna, afsláttur komi til þegar ákveðinn fjöldi rannsókna hefur verið keyptur, kanni möguleika á útboðum o.s.frv.

Gagnvart framsetningu fjárlaga þýðir þetta að millifært verður af sjúkratryggingum 970 m.kr. vegna rannsókna, röntgen og slysastofuaðgerða, sem er sú fjárhæð sem nú er greidd til heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á föstum fjárlögum, yfir á nýjan fjárlagalið *08-207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva*. Mun þessi millifærsla eiga sér stað við aðra umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997. Inni í þessari tölur eru 60 m.kr. sem koma sem tilfærsla frá sérfræðingakostnaði vegna Rannsóknarstofu Landakotsspítala, en útgjöld Tryggingastofnunarinnar vegna hennar hefðu með réttu átt að færast með greiðslum til stofnana. Ráðuneytið mun síðan í byrjun næsta árs útdeilda þessu framlagi til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á grundvelli reynslutalna fyrir árið 1996, jafnhliða því sem samkomulag (þjónustusamningur) verður gert við hlutaðeigandi stofnanir um að þær skuldbindi sig til að fækka ekki rannsóknum frá því sem er á yfirstandandi ári. Þessi tilfærsla innifelur 70 m.kr. af fyrrgreindri hagræðingarkröfu, en lang stærstur hluti hagræðingarkröfunnar (55 m.kr.) mun nást með því að ekki verður viðurkennd innbyggð aukning og verðbætur milli áranna 1996 og 1997.

Tryggingastofnun ríkisins eða öllu heldur samninganefnd Tryggingastofnunarinnar hefur verið falið að útfæra tillögur sem eiga að skila 100 m.kr. sparnaði í sérfræðingakostnaði vegna rannsókna og röntgen á næsta ári. Nefndin leitar nú allra leiða til lækka taxta Tryggingastofnunar ríkisins fyrir rannsóknir og röntgen. M.a. er áformað að leita eftir tilboðum í rannsóknir frá einkareknum rannsóknarstofum hér á landi, sem og frá erlendum rannsóknarstofum. Með tilboðum erlendis frá er átt við lönd sem daglegar beinar flugsamgöngur eru við. Jafnframt mun samninganefndin leita leiða til lækka taxta fyrir röntgenþjónustu með því að endurskoða þá samninga sem nú eru í gildi. Ennfremur verður skoðað hvort ástæða er til að breyta fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða.

Tannlækningar.
Af hálfu tryggingayfirtannlæknis er unnið að tillögum um breyttar reglugerðir um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar á grundvelli 33. gr. og 37. gr. almannatrygginga. Reglugerðirnar munu taka gildi frá og með 1. janúar 1997. Tilgangurinn er að fá betri heimildir til að ná fram þeim sparnaði sem krafist er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1997, en einnig að spara skriffinnsku og aukna þannig svigrúm til meira eftirlits með þeim þáttum sem vega þyngra í framkvæmdinni. Þá er gert ráð fyrir einfaldara fyrirkomulagi varðandi styrki til tannréttinga, sem um leið ætti að ná til meiri fjölda sjúklinga, en sem jafnframt leiðir til útgjaldalækkunar sem nemur u.þ.b. 30 m.kr.

Stærstum hluta sparnaðarins, eða um 30 m.kr., er ætlað að ná með því að takmarka þjónusturammann í almennum tannlækningum barna með lága og miðlungsháa tannskemmdatíðni við ákveðna og viðurkennda meðferð. Þannig verður ljóst hver kostnaður verður við hvert barn. Lág skemmdatíðni miðast við eina fyllingu á ári eða minna, en miðlungs skemmdatíðni miðast við 2-3 fyllingar á ári. Þjónusturamminn einskorðast við skoðun, fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð og fyllingu. Um 60% allra barna undir 16 ára aldri í dag telst vera með lága skemmdatíðni.

Komið hefur í ljós við samanburð reikninga að tannlæknar beita taxtanum mjög mismunandi, þannig að munað gæti tugum eða jafnvel hundruðum milljónum króna í útgjöldum sjúkratrygginga, ef allir tannlæknar beittu taxtanum eins og þeir sem verst láta. Með hertu eftirliti og aðgerðum, sem ætlaðar eru til meiri samræmingar á beitingu taxtans meðal tannlækna, er fyrst í stað ætlunin að ná fram um 20 m. kr. sparnaði í útgjöldum sjúkratrygginga.

Framkvæmdasjóður aldraðra.
Framkvæmdasjóði aldraðra er að hluta til ætlað að standa undir útgjöldum hjúkrunardaggjalda aldraðra eða sem nemur 260 m.kr. Framkvæmdin verður sú að 260 m.kr. verða teknar úr sjóðnum og greiddar sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Ekki er þörf á neinni laga- eða reglugerðarbreytingu.

Bætur samkvæmt lögum um félagalega aðstoð.

Áformað er að hert eftirlit með útgreiðslu heimildarbóta skili 100 m.kr. á næsta ári til viðbótar áformum um 140 m.kr. sparnað í heimildarbótum á yfirstandandi ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er heildarsparnaður vegna reglugerðarbreytinga á greiðslu heimildarbóta áætlaður á bilinu 162-180 m.kr. á ári. Ef horft er til samanlagðra áforma þessa árs og þess næsta vantar u.þ.b. 60-88 m.kr. upp á að áform þessa árs og þess næsta gangi eftir. Áætlun ráðuneytis er byggð á útkomu fyrstu sex mánaða þessa árs, en á því tímabili gætti ekki að fullu í framreikningi sparnaðaráforma í heimildarbótum, þar sem reglugerðarbreytingar tóku ekki gildi strax í upphafi árs. Sparnaður í útgreiðslum heimildarbóta hefur m.ö.o verið að skila sér á

seinni hluta þessa árs, þar sem það tók Tryggingastofnunina nokkurn tíma að fara í gegnum fyrirliggjandi heimildir. Með vísun til þessa er það mat ráðuneytis að áætlun næsta árs eigi að standa þrátt fyrir að samanlögð áform þessa og næsta árs gangi ekki eftir að fullu.

Lífeyristryggingar.

Áformað er að fjármagnstekjutenging skili 140 m.kr. á næsta ári til viðbótar áformum um 80 m.kr. sparnað á yfirstandandi ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er heildarsparnaður vegna tekjutengingarinnar um 11 m.kr. á mánuði, eða samtals 132 m.kr. á ári. Ef horft er til samanlagðra áforma þessa árs og þess næsta vantar u.þ.b. 88 m.kr. upp á að áform þessa árs og þess næsta gangi eftir. Þrátt fyrir að áform um sparnað með tekjutengingu gangi ekki eftir að fullu er það mat ráðuneytisins að áætlun næsta árs, borin saman við útkomu fyrstu 10 mánaða þessa árs, standi. Ráðuneytið mun fylgjast náið með þróun útgjaldanna á fyrstu mánuðum næsta árs og ef þurfa þykir leggja fram aðrar sparnaðartillögur ef útgjöld sýnast stefna umfram áætlun fjárlaga.

Rekstur sjúkrastofnana.

Endanlegar tillögur um útfærslu 160 m.kr. sparnaðar í rekstri sjúkrastofnana liggja ekki fyrir.

465. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Vilhjálmi Egilssyni, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Magnúsi Stefánssyni, Guðna Ágústssyni, Einari K. Guðfinnssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 14-210 101 Veiðistjóri.	
Fyrir „37.400“ kemur	48.400

Greinargerð.

Lagt er til að sú fjárhæð sem veiðistjóra er ætluð í frumvarpinu verði hækkuð um 11 millj. kr. til að mæta hlut ríkisins í endurgreiðslu á kostnaði við refaveiðar.

466. Svar [134. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar.

1. *Er fylgst með því að allir launamenn og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eigi aðild að lífeyrissjóði eins og skylt er samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?*

Samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Er atvinnurekendum skylt að halda eftir af launum starfsfólks og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á iðgjaldahluta þess ásamt mótframlagi. Sömuleiðis ber sjálfstætt starfandi mönnum að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs. Ekki er fylgst með því af opinberri hálfu hvort farið er að tilvitnuðum ákvæðum og gera lögin ekki ráð fyrir slíku eftirliti.

2. *Er misbrestur á því að lagaskyldan sé virt? Hve margir greiða ekki í lífeyrissjóði?*

Eins og svar við síðustu spurningu ber með sér er ekki haft eftirlit með því hvort lagaskyldan til að greiða til lífeyrissjóðs er virt eða ekki. Upplýsingar um það eru því ekki fyrir hendi né heldur upplýsingar um hversu margir greiða ekki í lífeyrissjóði.

Leggja má gróft mat á skil á iðgjöldum til lífeyrissjóða á grundvelli upplýsinga um tekjur sjóðanna samkvæmt skýrslu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og upplýsingum um laun og reiknað endurgjald samkvæmt skattframtali. Iðgjöld sjóðfélaga og framlög launagreiðenda til sjóðanna voru samtals tæplega 17 milljarðar kr. á árinu 1995. Sé gert ráð fyrir að iðgjöld og framlög séu að jafnaði um 10% af iðgjaldsstofni ætti hann að vera um 170 milljarðar kr. Samkvæmt skattframtali fyrir árið 1995 eru laun og aðrar starfstengdar greiðslur að viðbættu reiknuðu endurgjaldi samtals um 197 milljarðar kr. Munurinn er 27 milljarðar kr. Nokkur hluti launagreiðslnanna á ekki að mynda iðgjaldsstofn, svo sem ýmsar aukagreiðslur sem ekki eru greiddar samkvæmt kjarasamningum

svo og hluti launa þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris úr sjóðum sínum. Þær fjárhæðir sýna þennan mismun ekki að fullu og má því ætla að all nokkuð sé um að iðgjaldaskyldu sé ekki fullnægt.

3. *Getur það ekki valdið miklum árlegum útgjöldum fyrir almannatryggingar á komandi árum og áratugum ef menn sinna ekki tryggingarskyldu sinni? Hve mikill gæti sá útgjaldaauki orðið að mati ráðuneytisins?*

Eins og ákvæðum um lífeyristryggingar almannatrygginga er nú háttað ræðst ellilífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins af tekjum manna, bæði hinn almenni ellilífeyrir og tekjutrygging og heimilisuppbót. Við ákvörðun þessara greiðslna er höfð hliðsjón af tekjum viðkomandi, þar á meðal þeim tekjum sem þeir kunna að hafa úr lífeyrissjóðum. Samkvæmt núgildandi reglum skerðir lífeyrir úr lífeyrissjóðum tekjutryggingu og heimilisuppbót um 45% af lífeyristekjum umfram tæp 27 þús. kr. á mánuði. Séu engar aðrar tekjur til staðar getur skerðingin orðið 43.658 kr. á mánuði. Er því ljóst að vanræksla á því að greiða til lífeyrissjóðs, sem leiðir síðar til þess að tekjur manna verða lægri en viðmiðunarmörk almannatrygginga, veldur því að útgjöld almannatrygginga verða hærri en ella. Vegna skorts á upplýsingum um hugsanleg vanhöld á greiðslum til lífeyrissjóða er ekki unnt að meta þennan útgjaldaauka.

4. *Falla stjórnar- og nefndalaun undir framangreind lög?*

Iðgjöld til lífeyrissjóða fara eftir ákvæðum í reglugerð viðkomandi sjóðs. Í þeim er jafnan miðað við laun samkvæmt kjarasamningum viðkomandi verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Má því reikna með að fátítt sé að greitt sé af stjórnar- og nefndarlaunum til lífeyrissjóða.

5. *Getur það reynst hagkvæmara fyrir einstakling, skattalega séð og með tilliti til ráðstöfunarfjár á eftirlaunaaldri, að kaupa sér fremur t.d. spariskírteini eða tryggja sig með söfnunartryggingu hjá einkatryggingafélagi en að greiða lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð?*

Með tilliti til skatta má segja að almennt muni hagkvæmara að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs og tryggja þannig lífeyrisgreiðslur en að leggja sömu fjárhæð í kaup á spariskírteinum eða verja henni til kaupa á söfnunartryggingu hjá tryggingarfélagi. Hjá einstaklingi sem hefur laun sem liggja fyrir ofan skattleysismörkin eru iðgjöld til lífeyrissjóða, bæði hluti launamanns og launagreiðanda, frádráttarbær frá tekjuskatti. Fé sem slíkur aðili ver til kaupa á spariskírteini eða til kaupa á söfnunartryggingu hefur borið skatt. Miðað við sömu fjárhæð sem annars vegar er greidd sem iðgjald og framlag til lífeyrissjóðs og hins vegar sem skattskyld laun verður sá höfuðstóll sem lagður er inn í lífeyrissjóð nálægt 60% hærri en sá höfuðstóll sem lagður er í söfnunartryggingu eða varið til kaupa á spariskírteinum. Ávöxtun söfnunartrygginga er skattfrjáls sé hún tekin út í einu lagi. Ávöxtun og verðbætur af spariskírteinum bera 10% skatt og lífeyrir úr lífeyrissjóði ber fullan skatt, hvort tveggja að því gefnu að tekjurnar séu umfram skattleysismörkin. Ljóst er að í flestum tilvikum, þ.e. hjá venjulegu launafólki og öðru með sambærilegar tekjur, er þessi munur á skattlagningu við útborgun ekki nægilegur til þess að vega upp það skattalega hagræði sem stafar af því að iðgjöld og framlög til lífeyrissjóða eru undanþegin skatti.

467. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

Frá 1. minni hluta iðnaðarnefndar.

Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um Landsvirkjun eru um margt jákvæðar, ekki síst fyrir eigendurna, ríkissjóð, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Í umfjöllun nefndarinnar um málið hafa þó komið fram verulegar athugasemdir og gagnrýni, einkum varðandi þrjá meginþætti, þ.e. arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmiðin, jöfnun orkuverðs og hvernig eigendaframlögin hafa myndast.

Efasemdir eru uppi um hvernig hægt sé að ná fram gjaldskrármarkmiðum samningsins sem gerður var milli eigenda. Þar eru óvissuþættirnir margir og ýmsir telja að þar vanti traustari og skýrari markmið varðandi lækkun orkuverðs. Meginákerslan virðist lögð á arðgreiðslurnar, en í niðurstöðu viðræðunefndar eigenda Landsvirkjunar um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar kemur fram að fyrir liggi áætlanir um rekstur Landsvirkjunar, byggðar á ákveðnum forsendum, þar á meðal að gjaldskrárverð Landsvirkjunar verði óbreytt að raungildi til ársins 2000 og lækki síðan árlega um 2–3% á árunum 2001–2010. Þar kemur einnig fram að þær kunni þó að breytast sem gæti haft í för með sér röskun á fyrrgreindum forsendum um þróun gjaldskrár. Hér er því verið að festa í sessi að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 og óvissa ríkir um framhaldið. Ekki liggur fyrir í samningum, ef forsendur um arðgreiðslu- og gjaldskrármarkmið ganga ekki upp, hvort þeirra eigi að vera víkjandi. Fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans að það er skilningur hans og iðnaðarráðherra að arðgreiðslumarkmiðin eigi að vera víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðunum. Eðlilegra hefði þó verið að um slíkt yrði kveðið á í samningnum eða 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um eigendaframlögin og arðgreiðslurnar.

Framlög eigenda Landsvirkjunar til fyrirtækisins eru endurmetin og mynda endurmetin eigendaframlög nýjan stofn til arðgreiðslu. Gagnrýni kom fram frá ýmsum sem komu á fund nefndarinnar um hvernig stofnframlög eigenda til útreiknings arðsgreiðslna væru tilkomin, þ.e. að hve miklu leyti eigendaframlögin byggðust á framlögum eigenda, lánum eða ábyrgðum frá ríkissjóði eða háu raforkuverði. Eðlilegt hefði verið að ítarleg úttekt hefði legið fyrir á því hvernig eigendaframlög, sem mynda stofn til útreiknings arðs, eru tilkomin, en til þess gafst ekki tími í umfjöllun nefndarinnar um málið. Eftir að nefndarstarfinu lauk barst þó ítarleg greinargerð frá borgarstjóranum í Reykjavík um eignarmyndun Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun sem skýrir málið af hálfu borgarinnar og fylgir með álitinu sem fylgiskjal.

Frumvarpið kveður einnig á um að lögfesta heimild Landsvirkjunar til að hagnýta þá sérþekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála, auk þess sem ýmis ákvæði er lúta að rekstri fyrirtækisins eru löguð að ákvæðum hlutafélagalaga.

1. minni hluti gerir þó athugasemdir við tvö mikilvæg atriði og flytur um þau breytingartillögur.

1. Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun, en áður gerði Þjóðhagsstofnun tillögu áður en gjaldskrá var sett. Mjög óeðlilegt er að einokunarfyrirtæki eins og Landsvirkjun skuli ekki búa við neitt eftirlit með verðlagningu. Telur 1. minni hluti að það eftirlitshlutverk eigi að vera í höndum Samkeppnisstofnunar og að starfsemi Landsvirkjunar falli undir samkeppnislög og mun flytja um það breytingartillögu.

2. Í áliti Ríkisendurskoðunar um málið er bent á að ákvæði 7. gr. frumvarpsins skerði beina eftirlitsmöguleika eignaraðila með fyrirtækinu. Fram kemur í álitinu að eftir þessa breytingu blasi við að endurskoðunar- og eftirlitsheimildir Ríkisendurskoðunar gagnvart fyrirtækinu verði mun þrengri en t.d. gagnvart öðrum stofnunum, sjóðum eða fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira þótt fjárhagslegir hagsmunir sem í húfi eru sé að jafnaði margfalt minni í þessum fyrirtækjum en Landsvirkjun. Orðrétt segir í áliti Ríkisendurskoðunar: „Litið hefur verið svo á að þar sem sérákvæðum Landsvirkjunarlaga um að stjórn Landsvirkjunar skuli ráða endurskoðendur voru ekki sérstaklega felld úr gildi við gildistöku laganna um Ríkisendurskoðun á sínum tíma, líkt og gert var vegna annarra fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins sem féllu undir endurskoðunarumboð stofnunarinnar, ber Ríkisendurskoðun ekki að endurskoða fyrirtækið. Ekki hefur fengist skýring á því hvers vegna sameignarfélög voru undanskilin þessari ákvörðun. Hitt er að þessi skipan er andstæð þeirri meginreglu 6. gr. laganna um Ríkisendurskoðun að stofnunin skuli annast endurskoðun ársreikninga allra fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins að hálfu eða meira. Í ljósi hinna gífurlegu hagsmuna sem ríkið á í húfi í fyrirtækinu verður ekki í fljótu bragði komið auga á þau sjónarmið sem réttlæta að Ríkisendurskoðun skuli hafa minni endurskoðunar- og eftirlitsmöguleika gagnvart fyrirtækinu en öðrum fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira."

Ríkisendurskoðun bendir á að enn séu heimildir til eftirlits með Landsvirkjun þrengdar verulega með því að felld er niður heimild eigenda til þess að tilnefna sérstakan endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins ásamt hinum ráðna endurskoðanda.

Í lok álitsins segir Ríkisendurskoðun orðrétt: „Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að ákvæði laga um stofnunina eigi að gilda um Landsvirkjun eins og önnur fyritæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Í tilviki Landsvirkjunar kæmi til álita að stofnunin hefði samráð við Borgarendurskoðun um skipan fjárhagsendurskoðunar á hverjum tíma þar sem Borgarsjóður á rúmlega 40% eignaraðild að Landsvirkjun."

Í ljósi framangreinds mun 1. minni hluti flytja breytingartillögu þess efnis að um endurskoðun ársreikninga Landsvirkjunar skuli fara að lögum um Ríkisendurskoðun. Slíkt ákvæði tryggir að ákvæði laga um Ríkisendurskoðun gildi um Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs. Eðlilegt er að endurskoðunin verði unnin í samráði við Borgarendurskoðun og endurskoðendur Akureyrarbæjar.

Varðandi framtíðarskipan orkumála leggur 1. minni hluti áherslu á að brýnt sé að mótuð verði stefna um nýtingu auðlinda, sem og aðskilnað vinnslu flutnings, dreifingar og sölu á raforku sem er forsenda fyrir samkepppni, sbr. niðurstöðu orkulaganefndar sem iðnaðarráðherra skipaði. Jafnframt verði tryggt að arður af nýtingu náttúruauðlinda renni til almennings í landinu. Þegar þarf að hefja undirbúning að stofnun raforkuflutningsfyrirtækis, Landsnets, í samráði við sveitarfélögin og orkuveitur í landinu. Stefnt verði að því að Landsnetið yfirtaki flutningskerfi Landsvirkjunar og þann hluta af flutningskerfi Rariks sem þarf til að allar rafveitur eigi beinan aðgang að landsnetinu.

1. minni hluti leggur áherslu á að þegar í stað verði hafinn sá undirbúningur á skipan raforkumála sem að framan greinir.

Að lokum skal tekið fram að 1. minni hluti lagði sig mjög fram um það að samstaða næðist í nefndinni um frumvarpið. Lagði 1. minni hluti áherslu á að meiri hlutinn kæmi til móts við fyrrgreind sjónarmið:

— að skerða ekki eftirlitsmöguleika Ríkisendurskoðunar,
— að eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar vegna einokunaraðstöðu þess yrði tryggt hjá Samkeppnisstofnun,
— að skýrt yrði kveðið á í nefndaráliti um jöfnun orkuverðs,
— að arðgreiðslumarkmið yrðu víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðum,
— að þegar í stað yrði hafinn undirbúningur að stofnun raforkuflutningsfyrirtækis, Landsnets, í samráði við sveitarfélögin og orkuveitur í landinu.

Meiri hlutinn hafði góð orð um að koma til móts við þessi sjónarmið 1. minni hluta þannig að nefndin stæði öll að einu nefndaráliti. Á lokafundi nefndarinnar kom þó í ljós að ekki var vilji af hálfu meiri hlutans til að hafa samráð um sameiginlega niðurstöðu nefndarinnar í málinu. Því er 1. minni hluta gert ókleift að standa að áliti meiri hlutans.

1. minni hluti styður í megindráttum það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar en skilar séráliti í ljósi framangreinds og flytur þær breytingartillögur sem að framan er lýst.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Alþingi, 20. des. 1996.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal.

Bréf borgarstjórans í Reykjavík til iðnaðarnefndar.
(18. desember 1996.)

Efni: **Frumvarp til breytingar á lögum um Landsvirkjun**

Í framhaldi af umræðum og spurningum frá fulltrúum háttvirtrar iðnaðarnefndar þegar ég sótti fund hennar hinn 2. desember s.l. sendi ég hér með upplýsingar um (1) eigandaframlag Reykjavíkur í Landsvirkjun, (2) aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs og (3) arðgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur til borgarsjóðs.

1. Eignarmyndun Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun

Við stofnun Landsvirkjunar var fyrirtækið Sogsvirkjun meginframlag eigenda, Reykjavíkurborgar og ríkisins að jöfnu - þá samtals 620 mkr. af 854 mkr. Reykjavíkurborg átti allt frumkvæði að stofnun Sogsvirkjunar og Rafmagnsveita Reykjavíkur stóð ein að byggingu fyrstu virkjunarinnar, Ljósafossvirkjunar. Framlag ríkisins til síðari virkjananna við Sogið var í formi vatnsréttinda tveggja jarða, ríkisábyrgðar á lán og skuldbindinga í samræmi við eignarhlutdeild. Í hjálagðri grein Aðalsteins Guðjohnsen rafmagnsstjóra í afmælisriti Verkfræðingafélags Íslands er að finna upplýsingar um fjármögnun virkjananna við Sogið.

Kemur m.a. fram að borgarstjóranum í Reykjavík tókst að tryggja lán til framkvæmda við Ljósafossvirkjunina. Voru það tveir bankar á Norðurlöndum, Einkabankinn í Stokkhólmi og Verslunarbankinn í Kaupmannahöfn sem gáfu út skuldabréfalán fyrir meginhluta kostnaðarins, en það sem á vantaði var fengið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við fjármögnun Írafossstöðvar voru fengið lán í Bandaríkjunum, svonefnd ECA lán, einnig lán frá Alþjóðabankanum fyrir erlendum kostnaði en lán úr Mótvirðissjóði fyrir innlendum kostnaði. Til greiðslu á tollum og öðrum opinberum gjöldum var tekið innlent skuldabréfalán. Vegna virkjunar við Efra-Sog, Steingrímsstöðvar, var útvegað lán í Bandaríkjunum fyrir milligöngu Framkvæmdabankans og ríkisstjórnar. Tollar og önnur opinber gjöld voru fjármögnuð með láni sem Landsbanki Íslands bauð út innanlands. Öll lán sem tekin voru til þessara framkvæmda voru að fullu endurgreidd.

Peningaframlög Reykjavíkurborgar til Landsvirkjunar hafa öll verið greidd af Rafmagnsveitu Reykjavíkur og eru sýnd á hjálögðu yfirliti. Peningaframlögin frá 1965 nema 1.253 mkr. auk nettó-stofnframlags upp á 1.914 mkr.

2. Aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs

Fella má eftirtaldar aðgerðir á árabilinu frá 1965 til 1994 undir þennan tölulið.

- **Verðjöfnunargjald** var lagt á með lögum árið 1965. Fyrst var gjaldið föst upphæð á heildsöluverð, tvöfölduð nokkrum árum síðar og loks stórhækkuð og lögð á smásölustig. Gjaldið var afnumið 1986. Rafmagnsnotendur um allt land greiddu gjaldið og að mati Rafmagnsveitu Reykjavíkur er áætlað að af 13,8 milljörðum kr. hafi 6 milljarðar kr. komið frá íbúum á orkuveitusvæði RR. Gjaldið var ekki lagt á verð á raforku til hitunar, sem er verulegur hluti orkusölu RARIK og Orkubús Vestfjarða. Þannig er talið að rúmlega 70% af verðjöfnunargjaldinu hafi komið frá sveitarfélögunum utan RARIK og Vestfjarðasvæðisins.

- **Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna RARIK, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar**, samtals 12,6 milljarðar kr. fóru að mestu fram á árunum 1978, 1986, 1987 og 1989.

- **Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna byggðalína og Kröflu** samtals 8,5 milljarðar kr. fóru fram á árunum 1982 og 1985. Þótt færa megi nokkur rök fyrir því að bæði línunarnar og virkjunin kunni að hafa þýðingu fyrir höfuðborgarsvæðið er ótvírætt að í þessu fólst tilflutningur fjár frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

- **Niðurgreiðslur ríkissjóðs til rafhitunar og styrkir vegna rafvæðingar í sveitum** eru aðgerðir, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins kosta jafnt og aðrir landsmenn.

- **Afsláttur Landsvirkjunar vegna rafhitunar** greiðist að verulegum hluta af íbúum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Auk alls ofangreinds er rétt að benda á að jöfnunargjaldskrá Landsvirkjunar hefur haft í för með sér gífurlegan tilflutning fjár. Raforka er seld samkvæmt sömu gjaldskrá frá 23 sölustöðum í mjög mismikilli fjarlægð frá virkjunum og í nálægð við mjög misstóran markað. Flutningskostnaður Landsvirkjunar er afar mismunandi eftir landshlutum eins og glögglega hefur komið fram m.a. á ársfundum Landsvirkjunar og orkuþingum. Íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur njóta því ekki stærðar og hagkvæmni markaðarins á þessu svæði. Auk þess taka þeir þátt í verðjöfnuninni bæði sem helmingur þeirra landsmanna sem eiga hlut ríkisins í Landsvirkjun og sem eigendur 45 hundraðshluta í Landsvirkjun gegnum Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

3. **Arðgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur til borgarsjóðs**

Hjálögð fylgir samantekt Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna arðgreiðslna í borgarsjóð á árunum 1990 til 1997. Fram til ársins 1994 var arðgreiðsla ákveðin af hreinni heildareign, þ.e. samanlagðri eigin eign RR og eign í Landsvirkjun. Eftir það hefur arðgreiðsla verið tvískipt.[1]

Jafnframt því sem ég þakka tækifæri til þess að koma upplýsingum á framfæri við háttvirta iðnaðarnefnd Alþingis legg ég áherslu á, að borgaryfirvöld eru því fylgjandi að sem mestur jöfnuður ríki í landinu og milli landshluta. Sem eigendur að Landsvirkjun hafa þau stutt þá verðjöfnun sem felst í samræmdri gjaldskrá til allra afhendingarstaða. Það er hins vegar bæði eðlilegt og sanngjarnt að hægt sé að glöggva sig á því hve mikil verðjöfnun er í einstökum tilvikum og að verðlagning á raforku sé sæmilega „gegnsæ", þ.m.t. flutningskostnaður. Þá hlýtur það að teljast óeðlilegt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sé starfrækt án þess að hæfilegur arður sé greiddur af bundnu fé eigenda. Raunar stangast það beinlínis á við ákvæði gildandi laga um fyrirtækið þar sem segir að raforkuverð skuli við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Sú niðurstaða sem nefnd eigenda komst að um hóflegar arðgreiðslur rúmast svo sannarlega innan þess ramma.

Með bestu kveðju,

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Hjál.
1. **Sogsvirkjunin,** grein Aðalsteins Guðjohnsen rafmagnsstjóra í VFÍ 80 ára
2. Framlög Rafmagnsveitunnar til Landsvirkjunar
3. Samantekt vegna arðgreiðslna RR á árunum 1990-1997
4. Yfirlit um aðgerðir vegna jöfnunar raforkuverðs 1965-1994
5. Arður Rafmagnsveitu Reykjavíkur til borgarsjóðs í hlutfalli af hreinni eign

[1] Heildartalan 1.253 mkr. er hærri en fram kemur í skýrslu eigendanefndarinnar af tveimur ástæðum (1) Talan 0.90 er 1,80 hjá eigendanefndinni og líklega tvítalin þar. (2) Í töflu Rafmagnsveitu Reykjavíkur er alls staðar miðað við meðalvísitölu ára en hjá eigendanefndinni við árslok. Af þessu leiðir töluverðan mun vegna mikillar verðbólgu á fyrri hluta tímabilsins.

Fskj.

Rafmagnsveita Reykjavíkur,
Hagdeild:

Framlög Rafmagnsveitunnar til Landsvirkjunar

í milljónum króna

Ár	Framlag	Hluti RR	Vísitala	Núvirði	Samtals
1965	7,405	Framlagðar eignir			
	5,491	Yfirtekin lán			
	1,914	Nettó-stofnframlag	0,266	1.567,2	
Framlög greidd í peningum:					
1965	0,20	50%	0,266	163,8	
1966	0,15	50%	0,309	105,7	
1967	0,15	50%	0,317	103,1	372,5 [1]
1970	0,41	50%	0,511	174,8	
1972	1,25	50%	0,700	390,3	
1974	0,58	50%	1,326	95,3	
1975	0,62	50%	1,973	68,4	
1976	0,55	50%	2,431	49,3	
1979	0,90	50%	6,580	29,8	
1980	3,27	50%	9,820	72,6	880,4 [2]
Samtals peningaframlög á verðlagi í desember 1996				**1.253,0**	**1.253,0**

Byggingarvísitala í desember 1996 217,8

[1] Samningsbundin stofnframlög

[2] Önnur peningaframlög

Heimild: ársreikningar Landsvirkjunar og Reykjavíkurborgar 1966-1980

Samantekt vegna arðsgreiðslna RR á árunum 1990-1997

Upphæðir eru í Mkr á verðlagi hvers árs

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	U96	F97
Arður til borgar	226,2	300,2	329,7	355,0	414,6	595,9	483,4	521,3 *
Heildartekjur RR	2.721,2	3.119,2	3.303,0	3.489,6	3.746,7	3.741,0	3.931,6	3.986,3
Hlutfall arðs af heildartekjum	8,3%	9,6%	10,0%	10,2%	11,1%	15,9%	12,3%	13,1%
Orkusala	2.589,8	2.905,5	3.081,8	3.273,8	3.415,7	3.455,4	3.639,8	3.651,5
Hlutfall arðs af orkusölu	8,7%	10,3%	10,7%	10,8%	12,1%	17,2%	13,3%	14,3%

Reiknireglur vegna arðs:	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997
Samkv. eign í árslok:	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*	*1995*
Eignarhluti í LV	7.509,8	10.269,8	11.204,7	12.000,2	12.099,1	12.092,8	11.651,8	11.425,9
Önnur eign	3.815,0	4.741,6	5.280,2	5.750,4	5.752,4	4.974,7	5.007,3	4.851,0
Samtals	11.324,8	15.011,4	16.485,0	17.750,6	17.851,4	17.067,5	16.659,1	16.276,8
Grundvöllur til afgjalds:								
Eignarhluti í LV	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	3,20%	2,00%	2,44%
Önnur eign	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	3,00%	4,20%	5,00%	5,00%
Samtals	2,00%	2,00%	2,00%	2,00%	2,32%	3,50%	2,90%	3,21%
Arðgreiðsla:								
af eignarhlut í LV	150,2	205,4	224,1	240,0	242,0	387,0	233,0	278,8
af öðrum eignum	76,3	94,8	105,6	115,0	172,6	208,9	250,4	242,5
Samtals	226,5	300,2	329,7	355,0	414,6	597,6	483,4	521,3

* Fjárhæðin fyrir 1997 er skv. fjárhagsáætlun pr.28.11.1996

Yfirlit um ýmsar aðgerðir vegna jöfnunar raforkuverðs á Íslandi 1965 - 1994

Á verðlagi í desember 1996

AÐGERÐ:	Mkr	%	Tímabil
Verðjöfnunargjald	13.824,7	31,6%	1965-1987
Styrkir ríkissjóðs vegna rafvæðingar í strjálbýli	2.926,4	6,7%	1965-1994
Niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar	5.064,2	11,6%	1982-1994
Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna RARIK, OV og RS	12.567,3	28,7%	1978-1989
Lánayfirtökur ríkissjóðs vegna Byggðalína og Kröflu	8.531,3	19,5%	1982 og 1985
Afsláttur frá Landsvirkjun vegna rafhitunar og fiskeldis	827,1	1,9%	1987-1994
SAMTALS	**43.741,0**	**100%**	



ARÐUR TIL BORGARSJÓÐS Í HLUTFALLI AF HREINNI EIGN 1971-1997



Arður var 1% af N-eign í lok næst liðins árs fram til 1988, þá 2% til 1994, og þá 3% af öðrum eignum en í LV. 1995 var arður 3,2 af eign í LV og 4,2% af öðrum eignum. Skv. F96 og F97 er arður 2% af LV og 5% af öðrum eignum.

468. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá 1. og 2. minni hluta iðnaðarnefndar (JóhS, SvG, SighB).

1. Við 7. gr. Í stað 3. og 4. efnismgr. komi ný málsgrein er orðist svo:
   Um endurskoðun reikninga Landsvirkjunar fer eftir ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun.
2. Á eftir 8. gr. komi ný grein (er verði 9. gr.), svohljóðandi:
   Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Starfsemi Landsvirkjunar fellur undir samkeppnislög.

469. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. Nýr liður:	
106 Til að hefja fjögurra ára kennaramenntun haustið 1997	20.000

470. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 105 Kennsla.	
Fyrir „168.600“ kemur	171.600

Greinargerð.

Lagt er til að Kennaraháskóla Íslands verði gert kleift að lengja kennaranám til BEd-prófs við skólann frá og með næsta hausti úr þremur árum í fjögur ár. Gert er ráð fyrir að aðalkostnaðurinn verði eftir þrjú ár við kennslu eins viðbótarárgangs með 130 nemendum. Kennslukostnaður er áætlaður 55 millj. kr. og kostnaður við kennsluhúsnæði 130 millj. kr. Þær 3 millj. kr. sem hér er gerð tillaga um er til skipulagningar námsins á fyrsta ári en hún þarf að fara fram fyrir næsta haust. Gert er ráð fyrir að fjórða námsárið verði 15 einingar í valgrein og 15 einingar í kjarnagreinum grunnskólans, eins og ætlunin var þegar þessu fjórða ári var frestað með lögum. Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði hafa bæði Kennarasamtökin og nemar í KHÍ hvatt til lengingar BEd-námsins í fjögur ár.

471. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar almennt. 116 Nýjungar í skólastarfi.	
Fyrir „13.300“ kemur	25.000

Greinargerð.

Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að átak verði gert í framhaldsskólum á sviði raungreina. Hér er lögð til aukning á fjárframlagi til liðarins Nýjungar í skólastarfi, m.a. til Þróunarsjóðs framhaldsskólans, sbr. 45. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Æskilegt er að þessi viðbót, 11,7 millj. kr., verði notuð til átaks á sviði raungreina, m.a. með styrkveitingum úr Þróunarsjóði framhaldsskólans.

472. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-319 Framhaldsskólar almennt. 118 Námsefnisgerð.	
Fyrir „13.500“ kemur	25.000

Greinargerð.

Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að sérstakt átak verði gert til að bæta námsefni á sviði stærðfræði og raungreina í grunn- og framhaldsskólum. Lagt er til að Námsgagnastofnun fái framlag til átaksins í grunnskólum en hér er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái sérstakt framlag til átaksins í framhaldsskólum. Til greina kemur að veita styrki til þýðinga eða frumsamningar námsefnis eftir því sem menntamálaráðuneyti og fagfólki á þessu sviði þykir þurfa.

473. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02-221 Kennaraháskóli Íslands. 120 Endurmenntun.	
Fyrir „18.900“ kemur	25.000

Greinargerð.

Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að átak verði gert í endurmenntun starfandi grunnskólakennara á þessum sviðum. Átakið hefjist þegar á næsta ári en standi í nokkur ár.

474. Frumvarp til laga [254. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo: Sveitarstjórnir skulu greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skv. 25. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, greiða sveitarfélög framlag í sérstakan sjóð til þess að standa straum af launum kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári.

Í lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, og í samningum milli ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna var gert ráð fyrir að halda óbreyttum möguleikum kennara og skólastjórnenda til námsleyfa vegna viðbótarnáms og endurmenntunar. Að jafnaði hefur verið unnt að veita um 30 námsleyfi á ári, en umsóknir hafa yfirleitt verið þrefalt til fjórfalt fleiri. Í sama mund og sveitarfélög tóku við grunnskólum, 1. ágúst 1996, hófu 30 kennarar og skólastjórar námsleyfi sem veitt voru í lok árs 1995.

Við setningu grunnskólalaganna var miðað við að 1% af dagvinnulaunum dygði til að halda fjölda námsleyfa óbreyttum eftir flutning grunnskólans eða um 30 námsleyfi á ári. Komið hefur í ljós að þessi viðmiðun er of lág. Til að halda óbreyttum fjölda námsleyfa á ári eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna þarf viðmiðunartalan að vera 1,3%. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er viðurkennt að við ákvörðun um tekju-

stofna vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið reiknað með 30 námsleyfum. Breytingin sem hér er lögð til á 25. gr. grunnskólalaganna leiðir því ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð heldur er um að ræða leiðréttingu til að tryggja lagagrundvöll fyrir námsleyfasjóð á vegum sveitarfélaga.

Í 1. gr. er lagt til að viðmiðunartala fyrir framlag sveitarfélaga í námsleyfasjóð verði hækkuð úr 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í 1,3%.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

Í frumvarpinu, sem flutt er að ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, er lagt til að sveitarstjórnir greiði 1,3% af dagvinnulaunum í námslaunasjóð kennara í stað 1% samkvæmt gildandi lögum.

Við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga var samið um kostnað og breytingu á tekjustofnum, m.a. vegna námslauna kennara. Frumvarpið mun því ekki hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs.

475. Frumvarp til laga [255. mál]

um lögmenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður eða héraðsdómslögmaður.

Lögmenn eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

2. gr.

Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

Ákvæði 1. mgr. gilda um opinber mál með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða ákærða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi, enda njóti hann í þinghöldum aðstoðar lögmanns sem starfar hér á landi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra lögmanna hér á landi.

II. KAFLI
Lögmannaráð og samtök lögmanna.

3. gr.

Til að gegna þeim störfum, sem mælt er fyrir um í öðrum ákvæðum þessara laga, skipar dómsmálaráðherra þrjá menn í Lögmannaráð til fjögurra ára í senn og jafn marga til vara.

Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, en hina skipar ráðherra án tilnefningar. Eins skal farið að um skipun varamanna. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Formaður Lögmannaráðs skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara.

Kostnaður af störfum Lögmannaráðs, þ.m.t. þóknun til nefndarmanna sem dómsmálaráðherra ákveður, skal greiddur úr ríkissjóði af gjaldi skv. 30. gr.

4. gr.

Meðferð mála fyrir Lögmannaráði fer eftir stjórnsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Lögmannaráð setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir Lögmannaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmenn. Að fenginni staðfestingu dómsmálaráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla lögmenn án tillits til þess hvort þeir eru þar félagsmenn.

Lögmannafélag Íslands skal leitast við að stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

III. KAFLI
Lögmannsréttindi.

6. gr.

Réttindi til að vera héraðsdómslögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,
2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,
3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands,

5. hefur starfað sem fulltrúi lögmanns í eitt ár eða gegnt um jafn langan tíma starfi hjá ríkinu sem lögfræðimenntun þarf til,
6. stenst prófraun skv. 7. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannaráðs ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi nægja þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 5. og 6. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.

7. gr.

Umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Dómsmálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, en þann þriðja án tilnefningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.

Prófraunin skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmanna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófraun. Henni er heimilt að láta Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.

Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár. Umsækjandi má þreyta prófraunina þótt hann fullnægi ekki skilyrðum um starfsreynslu til að öðlast réttindi héraðsdómslögmanns.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

8. gr.

Umsókn um leyfi til að vera héraðsdómslögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa héraðsdómslögmanni.

Héraðsdómslögmaður má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

9. gr.

Réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár,
2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–3. tölul. 1. mgr. 6. gr.,
3. hefur flutt ekki færri en þrjátíu mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli,
4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í flutningi tveggja mála fyrir Hæstarétti, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.

Hæstiréttur tekur afstöðu til umsóknar um heimild til að flytja mál sem hluta prófraunar skv. 4. tölul. 1. mgr. og metur síðan hvort umsækjandi standist hana. Áður en leitað er heimildar til að þreyta prófraun skal umsækjandi afla staðfestingar dómsmálaráðherra á að hann fullnægi öðrum skilyrðum skv. 1. mgr.

Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur ráðherra vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur ráðherra vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja opinber mál fyrir dómi.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–5. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

10. gr.

Umsókn um leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður skal beint til dómsmálaráðherra. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

Dómsmálaráðherra gefur út leyfisbréf handa hæstaréttarlögmanni.

Hæstaréttarlögmaður má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.

11. gr.

Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir hann gögn því til stuðnings.

Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og ráðherra ef fulltrúi hans lætur af störfum.

Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

12. gr.

Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartryggingar, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

Lögmaður getur sótt um undanþágu til dómsmálaráðherra frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður, eða

2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 1. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni ekki hagnýta sér réttindi sín í ríkara mæli en þar greinir. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Er vinnuveitanda jafnt sem lögmanni skylt að tilkynna dómsmálaráðherra ef vinnusambandi þeirra er slitið.

Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að skila leyfisbréfi sínu og skulu réttindi hans felld niður.

13. gr.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

Lögmanni er skylt að veita dómsmálaráðherra eða löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber dómsmálaráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ef atvik eru háð mati getur ráðherra leitað álits Lögmannaráðs áður en hann tekur ákvörðun sína.

Ef réttindi lögmanns eru felld niður með þeim hætti sem í 3. mgr. segir er honum heimilt að höfða einkamál eftir almennum reglum gegn ríkinu til ógildingar á ákvörðun ráðherra.

14. gr.

Nú berst Lögmannaráði kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá Lögmannaráð í rökstuddu áliti lagt til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu Lögmannaráðs skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því hún berst honum.

Felli ráðherra niður réttindi lögmanns samkvæmt framansögðu getur lögmaðurinn höfðað mál um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 4. mgr. 13. gr.

15. gr.

Taki lögmaður við opinberu starfi sem dómsmálaráðherra telur ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda skulu réttindin felld úr gildi. Lögmanninum er heimilt að höfða mál um þá ákvörðun, svo sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr.

Lögmanni er alltaf frjálst að afsala sér réttindum sínum.

16. gr.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir eða hann hefur afsalað sér þeim skulu þau veitt honum á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar ef hann fullnægir orðið öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi lögmanns verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir dómsmálaráðherra að fenginni umsögn Lögmannaráðs.

17. gr.

Dómsmálaráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Í dómsmálaráðuneytinu skal halda skrá um þá sem hafa lögmannsréttindi. Skal þar gerð um það sérstök athugasemd ef lögmaður hefur hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 1. tölul. 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.

IV. KAFLI
Störf lögmanna.

18. gr.

Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

19. gr.

Telji lögmaður sér ekki fært vegna heilsufars síns að hafa opna skrifstofu um lengri tíma má hann leita tímabundinnar undanþágu dómsmálaráðherra frá skyldu til þess.

Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

20. gr.

Lögmanni er skylt að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður í opinberu máli, enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

21. gr.

Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

22. gr.

Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

23. gr.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi.

Dómsmálaráðherra skal setja nánari reglur um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.

24. gr.

Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

Lögmannafélag Íslands getur gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald, sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.

25. gr.

Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands getur dómsmálaráðherra ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Dómsmálaráðherra skal að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn vátryggingaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta vátryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

V. KAFLI
Ágreiningur um störf lögmanna.

26. gr.

Ef lögmann greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir Lögmannaráð til úrskurðar.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir Lögmannaráð verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

Ef lagt er fyrir Lögmannaráð ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur það að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitsgerð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar ráðið því frá sér.

27. gr.

Nú telur umbjóðandi að lögmaður, sem sinnir verki fyrir hann, hafi gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 5. gr., og getur hann þá lagt fyrir Lögmannaráð kvörtun á hendur lögmanninum. Lögmannaráð vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því umbjóðandi átti kost á að koma henni á framfæri.

Í máli skv. 1. mgr. getur Lögmannaráð gert lögmanni áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur ráðið brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.

28. gr.

Mál skal lagt fyrir Lögmannaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar Lögmannaráði berst erindi um hana.

Lögmannaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir Lögmannaráði er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði þess eða sátt sem gerð er fyrir því eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

Úrskurði Lögmannaráðs eða sátt sem kemst á fyrir því má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

29. gr.

Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmannsfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

30. gr.

Til að greiða kostnað ríkisins af framkvæmd laga þessara skulu héraðsdómstólar innheimta málagjald við þingfestingu hvers einkamáls, að fjárhæð 300 krónur.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Falla þá úr gildi lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942, með áorðnum breytingum.

32. gr.

Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslögmanna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri laga.

Hafi maður fyrir gildistöku laga þessara byrjað að þreyta prófraun til að afla sér réttinda sem héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður en ekki lokið henni skal hann eiga kost á að ljúka henni eftir eldri reglum fyrir 1. janúar 1998. Fer þá um skilyrði til að veita réttindin eftir ákvæðum 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 14. gr. eldri laga.

Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. janúar 1997 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný.

Lögmenn, sem telja sig við gildistöku laga þessara fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. til að njóta þargreindrar undanþágu, hafa frest til 1. október 1997 til að leita eftir henni.

33. gr.

Að öðru leyti en um getur 31. gr. breytir gildistaka laga þessara í engu ákvæðum annarra laga um Lögmannafélag Íslands eða réttindum þess og skyldum í öðru tilliti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Með bréfi dags. 9. nóvember 1994 fól dómsmálaráðherra nefndinni nokkur tiltekin verkefni, en meðal þeirra var að gera heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur og semja frumvarp þar að lútandi. Við þessa endurskoðun skyldi haft nauðsynlegt samráð við Lögmannafélag Íslands. Hefur nefndin leitast við að eiga slíkt samráð við stjórn félagsins og einstaka stjórnarmenn, eftir því sem kostur hefur verið, auk þess sem helstu álitaefnin varðandi breytingu á löggjöfinni hafa verið rædd á fundum nefndarinnar með allstórum hópi lögmanna í ágúst og desember 1995. Réttarfarsnefnd hefur ekki komist að einróma niðurstöðu um öll atriði frumvarpsins. Hefur einn nefndarmaður skilað séráliti um nokkur efnisatriði, en þeirra verður nánar getið hér á eftir.

Frumvarp þetta er liður í þeirri heildarendurskoðun löggjafar er varðar réttarfarsleg málefni og hófst með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Í kjölfar þeirra fylgdi setning nýrra laga er fólu í sér miklar breytingar á flestum sviðum réttarfars og tóku að mestu leyti gildi 1. júlí 1992. Sum hinna eldri laga voru mjög komin til ára sinna og heildarendurskoðun þeirra löngu tímabær.

Lög, er varða störf lögmanna, teljast hluti af réttarfarslöggjöf landsins. Um þau efni gilda nú lög nr. 61/1942, um málflytjendur. Með þeim voru sameinuð í einum lögum ákvæði sem áður voru hver í sínum lögunum að því er varðaði annars vegar flutning mála fyrir héraðsdómi og hins vegar Hæstarétti, auk þess sem ýmsar breytingar voru þá gerðar frá eldri skipan. Þrátt fyrir nokkurn aldur gildandi laga hefur lítt verið við þeim hróflað, og standa þau óbreytt eða lítt breytt frá upphaflegri gerð að því er varðar mörg mikilvæg atriði. Nokkrar breytingar á lögunum hafa engu að síður verið gerðar í rúmlega fimmtíu ára gildistíð þeirra. Er þar helst að nefna að með lögum nr. 24/1995 var nýjum greinum bætt inn í lögin er lögðu skyldu á lögmenn til kaupa á starfsábyrgðartryggingum og að geyma fé viðskiptamanna sinna á sérstökum vörslufjárreikningum. Að auki var þá breytt nokkrum ákvæðum laganna, en meðal þeirra var niðurfelling ákvæðis er veitti stjórn Lögmannafélags Íslands dómsvald í tilteknum málefnum er varða störf lögmanna. Aðrar helstu breytingar á lögum um málflytjendur urðu með lögum nr. 32/1962, en þá var meðal annars að nokkru leyti breytt skilyrðum til að öðlast réttindi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna. Með nokkrum öðrum lögum hefur verið hreyft við fáeinum ákvæðum laganna, en þær breytingar hafa flestar verið minni háttar. Þau lög, sem um ræðir, eru lög nr. 119/1943 (breyting á 14. gr.), lög nr. 25/1953 (breyting á 9. gr. um málflutningsleyfi fyrir Hæstarétti), lög nr. 40/1954 (breyting á 11. og 16. gr. um gjald fyrir málflutningsleyfi), lög nr. 10/1983 (breyting á 8. gr. varðandi sektarmörk), lög nr. 20/1991 (breyting á 5. gr. um einkarétt til málflutningsstarfa, tengd aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds), lög nr. 91/1991 (breyting á 6. og 22. gr. um réttarfarssektir og 13. og 16. gr. um gjafsókn) og loks lög nr. 133/1993 (breyting á 3., 5., 9. og 14. gr.), en hin síðasttöldu varða atvinnuréttindi og leiddi af aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Heildarendurskoðun laganna hefur hins vegar ekki farið fram fyrr en nú, þótt hún hafi verið orðin tímabær og það án tillits til þeirrar endurskoðunar réttarfarslöggjafar að öðru leyti sem áður er nefnd. Árið 1972 lagði dómsmálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um málflytjendur er hann hafði falið Benedikt Sigurjónssyni, þáverandi hæstaréttardómara, að semja. Það frumvarp varð ekki útrætt á því þingi. Það var lagt fram aftur á næsta þingi en dagaði uppi. Frumvarp að nýjum heildarlögum var samið allmörgum árum síðar að frumkvæði Lögmannafélags Íslands, en það frumvarp var ekki lagt fram á Alþingi. Dómsmálaráðherra lagði fram á Alþingi 1983–1984 frumvarp til breytinga á nokkrum ákvæðum laganna sem náði ekki heldur fram að ganga. Þá hefur stjórn Lögmannafélags Íslands farið þess á leit við ráðherra að lögin verði endurskoðuð í heild.

Enn eitt atriði skal nefnt sem ýtir undir að ráðist verði í heildarendurskoðun laganna, en það er sú breyting á stjórnarskránni sem gerð var með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995. Skv. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún hljóðar nú, má engan skylda til aðildar að félagi, en með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Í gildandi lögum um málflytjendur er lögð skylda á lögmenn að vera félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands. Stjórnarskárbreytingin felur því í sér enn eina ástæðuna fyrir þeim tillögum sem hér fara á eftir til nýrra laga á þessu sviði er leysi hin eldri af hólmi.

Helstu efnisatriði frumvarpsins.

I.

Eitt þeirra álitaefna sem staðið hefur verið frammi fyrir við samningu frumvarpsins er það sem snýr að skyldu lögmanna til aðildar að Lögmannafélagi Íslands og áður er nefnt. Hefur sérstaklega verið haft til skoðunar hvort leggja skuli af skylduaðild lögmanna að félaginu eða takmarka hana við tiltekin viðfangsefni þess. Hafa ýmsir kostir verið athugaðir hér að lútandi, en um þetta hafa verið mjög skiptar skoðanir meðal lögmanna sjálfra. Ákvörðun um þetta atriði mótar tillögurnar óhjákvæmilega að mörgu öðru leyti, meðal annars um það hverjum skuli falið eftirlit með störfum lögmanna. Var þetta atriði lagt til dómsmálaráðherra til ákvörðunar á meðan frumvarpið var enn á undirbúningsstigi. Hefur hann mótað þá stefnu að í frumvarpinu yrði miðað við að skylduaðild að félaginu skyldi aflögð. Hefur frumvarpið verið gert úr garði í samræmi við það. Einn nefndarmaður í réttarfarsnefnd hefur lýst sig andvígan þessari stefnu og talið rétt að skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands verði áfram við lýði.

Lög nr. 61/1942 bera heitið lög um málflytjendur. Í þessu frumvarpi er hins vegar lagt til heitið lög um lögmenn. Þykir það heiti eiga betur við, meðal annars í ljósi þess að í frumvarpinu er bæði fjallað um samskipti lögmanna við viðskiptamenn sína, dómstóla og stjórnvöld, en ekki aðeins þann þátt starfa þeirra sem snýr að málflutningi. Þá hefur orðið lögmaður stöðugt fest sig í sessi, en notkun orðsins málflytjandi heldur látið undan síga.

Helstu nýmæli í frumvarpinu og tillögur til breytinga frá gildandi lögum eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Í 6.–8. gr. er að finna reglur um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður og í 9.–10. gr. eru ákvæði um málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti. Þessar greinar frumvarpsins hafa að geyma tillögur sem fela í sér miklar breytingar frá gildandi rétti ef samþykktar verða.

Meginbreytingin skv. 6. gr. er sú að lagt er til að felld verði niður sú tillhögun gildandi laga að sá sem leitar eftir málflutningsréttindum fyrir héraðsdómi þurfi að sýna það með flutningi fjögurra munnlega fluttra mála að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Þessi skipan er að flestra áliti gengin sér til húðar og þörf á markvissari undirbúningi við veitingu lögmannsréttinda en flutningur prófmála hefur upp á að bjóða. Gagnrýnin hefur jafnframt beinst að því að aðstaða manna til að fá leyfi lögmanna og umbjóðenda þeirra til að flytja mál sem prófmál sé misjöfn. Feli gildandi fyrirkomulag því í sér mismunun og úr því þurfi að bæta með því að gera aðgang manna að þessum réttindum almennan.

Í stað þessa prófmálaflutnings fyrir dómi er hér lagt til að komi sérstök prófraun sem þriggja manna nefnd skv. 7. gr. frumvarpsins annist. Sambærilega skipan er að finna í lögum um tilteknar aðrar starfsstéttir, svo sem fasteignasala og verðbréfamiðlara. Í 2. mgr. 7. gr. segir að prófraunin skuli vera bæði bókleg og verkleg í þeim greinum er helst varða rekstur lögmannsstarfa, þar á meðal í siðareglum lögmanna. Að öðru leyti skal ákvarða nánar með reglugerð hvert námsefnið skuli vera, svo og önnur atriði sem að framkvæmd námskeiðsins lúta.

Aðrar breytingartillögur varðandi réttindi til að vera héraðsdómslögmaður fela meðal annars í sér kröfu um lágmarks starfsreynslu við tilgreind lögfræðistörf áður en heimilt er að sækja um réttindin. Þá eru skilyrði einnig hert að því leyti að umsækjandi um réttindin má aldrei hafa þurft að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Varnagli af þessu tagi þykir sjálfsagður í ljósi þeirrar mikilvægu umsýslu með fjármuni manna sem lögmenn hafa einatt með höndum. Krafa í gildandi lögum um tiltekinn lág-

marksaldur héraðsdómslögmanna þykir hins vegar óþörf og er lagt til að hún verði afnumin.

Í 9. gr. er að finna tillögur um réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Það setur mark sitt á þær að auknar kröfur eru þar gerðar frá gildandi lögum um starfsreynslu áður en tímabært þykir að veita mönnum rétt til málflutningsstarfa fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því skal umsækjandi hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár í stað þriggja ára nú áður en honum er heimilt að sækja um réttindin, og enn fremur með kröfu um að hafa flutt munnlega að minnsta kosti þrjátíu mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli. Prófmálum er hins vegar fækkað úr þremur í tvö, en ekki þótti rétt að leggja til algert afnám prófmálaflutnings fyrir Hæstarétti, sbr. síðar. Lagt er til að ákvæði um lágmarksaldur til að hljóta réttindin verði afnuminn.

Í tillögum samkvæmt frumvarpinu felst loks að felld verði niður sérstök heimild fyrir héraðsdómslögmenn, sem flutt hafa a.m.k. 40 mál munnlega fyrir dómi, til að flytja fyrir Hæstarétti mál sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra hafa flutt í héraði. Þessi regla þykir úrelt og ekki rök fyrir að hún standi áfram í lögum. Gert er þó ráð fyrir að þeir sem hafa öðlast slík réttindi eftir núgildandi lögum fái að halda réttindunum, sbr. 1. mgr. 32. gr. frumvarpsins.

2. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um rétt lögmanns til að gæta hagsmuna málsaðila fyrir dómi. Samkvæmt gildandi lögum hafa lögmenn að mestu einkarétt til að flytja mál fyrir héraðsdómstólum landsins, auk þess að hafa einkarétt til málflutnings fyrir Hæstarétti. Einkarétturinn á héraðsdómsstigi takmarkast þó við tiltekin umdæmi sem eru Reykjavík og Akureyri. Ráðherra getur ákveðið að einkaréttur lögmanna skuli taka til annarra kaupstaða þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmanna. Hefur ráðherra nýtt þessa heimild, sbr. auglýsingu nr. 242 um einkarétt lögmanna frá 22. júní 1976. Nær þannig einkaréttur lögmanna nú einnig til Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Kópavogs, Njarðvíkur, Seltjarnarness og Vestmannaeyja.

Skiptar skoðanir hafa verið í hópi lögmanna um það hvort afnema beri einkarétt lögmanna til málflutningsstarfa eða viðhalda honum. Rökin, sem teflt er fram fyrir afnámi einkaréttar, eru þau helst að ekki eigi að þvinga neinn til að leggja mál sitt í hendur lögmanns ef hann vill sjálfur fela það öðrum sem hann treystir betur. Á móti er bent á að hagsmunum manna sé best borgið í höndum lögmanna vegna þeirrar reynslu sem þeir búi yfir og þekkingar á réttarfarslögum. Slíkt sé í raun óhjákvæmilegt skilyrði þess að geta gætt hagsmuna fólks fyrir dómi og haldið málsástæðum og lagarökum skilmerkilega til haga. Leiðbeiningarskylda dómara gagnvart ólöglærðum, sem mælt er fyrir í lögum, nái ekki að breyta neinu um þá niðurstöðu. Gagnstæð regla hljóti að leiða til þess að menn verði fyrir skakkaföllum að óþörfu, auk þess sem það auki mjög á skilvirkni dómstóla að lögmenn flytji öll mál fyrir dómi sem málsaðilar flytja ekki sjálfir. Sjónarmið um réttaröryggi og neytendavernd styðji þannig að haldið sé ríkjandi fyrirkomulagi sem hafi reynst vel.

Einkaréttur lögmanna hefur á undanförnum árum í reynd verið takmarkaður með því að ákveðin störf, sem áður töldust til starfa fyrir dómi, gera það ekki lengur. Eftir aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði fara sýslumenn ekki lengur með dómsvald, þannig að rekstur mála við embætti þeirra er ekki lengur háður einkarétti lögmanna.

Tillögur um þetta atriði koma fram í 3. gr. frumvarpsins og gera ráð fyrir að haldið sé gildandi fyrirkomulagi um einkarétt lögmanna. Taki hann bæði til Hæstaréttar, héraðsdómstóla og sérdómstóla sem í reynd er einungis Félagsdómur. Einkarétturinn taki framvegis til landsins alls, enda eru ekki lengur fyrir hendi þær ástæður sem upphaflega bundu hann við stærstu kaupstaðina eina, auk þess sem umdæmi héraðsdómstóla eru nú mörkuð með allt öðrum hætti en gert var við setningu laga nr. 61/1942. Til athugunar kom hvort leggja ætti til að víkka út einkarétt lögmanna, þannig að hann næði ekki einungis til dómstóla heldur einnig til að reka mál fyrir tilteknum stjórnvöldum, svo sem matsnefnd eignarnámsbóta og fleirum. Frá þeim hugmyndum var hins vegar horfið þótt vissulega standi nokkur rök til þessa. Í frumvarpinu eru undantekningar frá einkarétti íslenskra lögmanna vegna aðildar Íslands að EES með svipuðu móti og nú gildir.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði í gildandi lögum um heimild málsaðila til að fela tilteknum skyldmennum, tengdamönnum og öðrum nákomnum að reka mál sitt fyrir dómi. Í reynd er hér um dauðan bókstaf að ræða. Sama tillaga er gerð varðandi reglu í 19. gr. núgildandi laga um svonefnda málflutningsmenn án lögmannsréttinda, en fáeinir slíkir höfðu atvinnu sína af málarekstri við setningu laganna 1942. Þessi heimild mótaðist af aðstæðum á þeim tíma og hefur runnið sitt skeið á enda. Lagt er til að heimildin verði aflögð. Sama tillaga felst í frumvarpinu að því er varðar heimild í 21. gr. laga nr. 61/1942 um að embættisgengir lögfræðingar án lögmannsréttinda í þjónustu félaga og stofnana flytji mál þeirra fyrir héraðsdómi. Reglan gildir ekki fyrir einstaklinga sem hafa slíka menn í þjónustu sinni, heldur einungis félög og stofnanir. Hún hefur lítt verið notuð í framkvæmd um aðra en starfsmenn ríkisstofnana.

3. Svo sem áður greinir er lagt til í frumvarpinu að skylda til aðildar að Lögmannafélagi Íslands, sem nú hvílir á lögmönnum, verði felld niður. Í þessu felst ein helsta breytingin sem ráðgerð er í frumvarpinu frá gildandi skipan.

Í athugasemdum, er fylgdu frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/1942, kom fram sú skýring að skylduaðildin væri sett með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í dönskum rétti, en þar eins og hér helgast skylduaðild allra lögmanna af því stjórnsýsluhlutverki sem á félag þeirra er lagt. Með lögum nr. 61/1942 var hlutverk þess félags, sem lögmenn skyldu vera í, markað á þann veg að stjórnin skyldi hafa eftirlit með að félagsmenn færu að lögum í starfa sínum og ræktu skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Enn fremur var stjórninni veitt úrskurðarvald ef ágreiningur um endurgjald fyrir málflutningsstarf yrði undir hana borinn. Þá var stjórninni heimilað að veita einstökum félagsmönnum áminningar og gera þeim sektir fyrir framferði í starfa þeirra sem telja megi stétt lögmanna ósamboðið. Loks var sú skylda lögð á stjórn Lögmannafélags Íslands með lögum nr. 24/1995 að hafa eftirlit með félagsmönnum varðandi lögboðin kaup á starfsábyrgðartryggingum og um vörslufjárreikninga.

Hin síðari ár hefur þeim sjónarmiðum verið haldið fram með vaxandi þunga að óhjákvæmilegt sé að gera breytingu á þessu. Vísað er til breyttra viðhorfa hér og erlendis varðandi það að skylda menn til aðildar að félagi. Þau viðhorf lýsi sér meðal annars í dómi er kveðinn var upp í mannréttindadómstóli Evrópu 30. júní 1993 í máli á hendur íslenska ríkinu. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum skv. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu með því að hafa gert leigubifreiðarstjórum skylt með lögum að vera félagsmenn í stéttarfélögum í sínum starfsgreinum. Þótti þetta ekki samrýmast grundvallarréttindum til að mega standa utan félaga sem talin voru felast í ákvæðum sáttmálans.

Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 var fest í stjórnarskrána ákvæði um svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. réttinn til að standa utan félaga. Í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar er því nú svofellt ákvæði: „Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.“ Meginreglan er því ótvírætt sú að engan megi skylda til aðildar að félagi. Í kjölfar hennar er þó kveðið á um undantekningar, ef almenn skilyrði um lagafyrirmæli og nauðsyn eru uppfyllt, og að auki verða almannahagsmunir að krefjast slíkrar félagsskyldu eða tillit til annarra. Aðstaðan er því sú að til að réttlæta félagsskyldu þarf að sýna fram á að skilyrði fyrir henni séu uppfyllt.

Svo sem áður getur hefur stjórn Lögmannafélags Íslands samkvæmt gildandi lögum eftirlitshlutverk gagnvart starfandi lögmönnum og getur beitt þá tilteknum agaviðurlögum, ef út af bregður í störfum þeirra. Þetta viðfangsefni félagsins er þess eðlis að skilyrði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar til að mega skylda menn til aðildar að félagi ættu þó ekki að vera því til fyrirstöðu að um slíka skyldu yrði áfram mælt í lögum varðandi lögmenn með einhverjum hætti. Slíkt mundi sennilega ekki heldur brjóta gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. einnig lög nr. 62/1994, um lögfestingu hans. Gagnstæð niðurstaða er þó ekki alveg útilokuð þegar það er virt að unnt er að koma við eftirliti með lögmönnum án þess að félag þeirra þurfi nálægt því að koma.

Aðstaðan að þessu leyti er hins vegar sú að Lögmannafélag Íslands einskorðar starfsemi sína alls ekki við þau lögmæltu verkefni sem að framan getur. Sem dæmi má nefna að sem félag lögmanna hefur það með höndum margháttaða starfsemi sem felst til dæmis í fræðslu og skemmtun, auk hagsmunagæslu í þágu lögmannsstéttarinnar. Þá tekur félagið með ýmsum hætti afstöðu til margs kyns þjóðmála og er þátttakandi í opinberri umræðu, svo sem með því að gefa umsagnir um lagafrumvörp. Slík opinber afstaða félagsins til einstakra mála getur augljóslega farið þvert gegn viðhorfum einstakra félagsmanna til þeirra. Ljóst er að slík umsvif félagsins tengjast ekki áðurnefndu eftirlitshlutverki með lögmönnum sem á það er lagt í þágu almennings. Því verður augljóslega ekki haldið fram með gildum rökum að skilyrði stjórnarskrár séu eftir setningu laga nr. 97/1995 uppfyllt í hvívetna til að skylda megi lögmenn til að vera í Lögmannafélagi Íslands í óbreyttri mynd.

Að því gefnu að skynsamlegt sé og nauðsynlegt vegna almannahagsmuna að viðhalda með einhverjum hætti eftirliti með störfum lögmanna hafa tveir meginkostir komið til athugunar. Annars vegar sá að Lögmannafélag Íslands gegni áfram opinberu hlutverki að þessu leyti og fari með valdheimildir gagnvart félagsmönnum sínum sem geri því kleift að rækja þessi viðfangsefni. Skylduaðild allra lögmanna verði þá áfram að félaginu um þessa tilteknu þætti. Að öðru leyti yrði aðild að því frjáls ef félagið kysi að sinna jafnframt öðrum verkefnum. Það mætti þá til dæmis hafa í deildum sem aðskildar væru frá hinni lögmæltu starfsemi félagsins. Hinn kosturinn er sá að afnema með öllu skylduaðild að Lögmannafélaginu. Það yrði þá félag sem byggðist á frjálsri þátttöku lögmanna, en eftirlit með störfum þeirra yrði framkvæmt á vegum stjórnvalda. Opinbert vald yrði þannig að öllu leyti fært frá Lögmannafélagi Íslands, sem um leið hætti að taka ákvörðun um rétt og skyldu manna á grundvelli lögmælts stjórnsýsluhlutverks. Forsenda samkvæmt fyrrnefndu stjórnarskrárákvæði fyrir skylduaðild að félaginu væri þar með ekki lengur fyrir hendi.

Eins og áður greinir eru skoðanir um þetta skiptar og hvora leiðina sem er má styðja gildum rökum. Tillögur í frumvarpinu byggja á síðarnefnda kostinum, þ.e. afnámi félagsskyldunnar og að eftirlit með störfum lögmanna færist að öllu leyti frá félagi þeirra til stjórnvalda. Er þá meðal annars til þess litið að eðlilegt sé í ljósi mannréttindasáttmála Evrópu og breytinga á stjórnarskránni að stíga skrefið til fulls sem sé jafnframt einfaldasta leiðin eins og hér hagar til. Það sé að auki tæpast í samræmi við almenn viðhorf til nútímastjórnsýsluhátta að einni stétt manna, þ.e. lögmönnum, sé falið með lagasetningu að hafa eftirlit með sjálfri séı. Til að gera slíkt eftirlit fyllilega trúverðugt þurfi það að vera í höndum opinberra aðila.

Til upplýsingar skal þess getið að í þessum efnum er annars staðar á Norðurlöndum ekki fylgt neinni einni, samræmdri leið í settum lögum. Á það bæði við um einkarétt lögmanna, skylduaðild að lögmannafélögum og þá um leið hvernig eftirlits- og agavaldi gagnvart lögmönnum er fyrir komið. Í Noregi njóta lögmenn einkaréttar til málflutnings, en þar er félagsskylda ekki fyrir hendi. Í reynd eru samt um 90% allra lögmanna í félaginu, og í því felst ákveðið gæðamerki að lögmaður geti kynnt sig til dæmis í bréfsefni sínu þannig að hann sé í norska lögmannafélaginu. Meginreglan er sú að félagið hefur farið með agavald gagnvart félagsmönnum sínum, en dómsmálaráðuneytið gagnvart utanfélagsmönnum. Ákvörðunum félagsins mun þó að einhverju marki vera unnt að skjóta til sérstakrar nefndar. Í Danmörku er að mestu leyti einkaréttur lögmanna til málflutnings, og þar er jafnframt skylduaðild að lögmannafélaginu. Stjórn þess hefur eftirlitsskyldu með félagsmönnum, en agavald er í höndum 18 manna nefndar, svokallaðrar lögmannanefndar. Í henni eiga sæti þrír dómarar, sex nefndarmenn eru tilnefndir af dómsmálaráðherra og skulu þeir ekki vera lögmenn, en níu eru tilnefndir af lögmannafélaginu. Í einstökum málum er unnið í smærri deildum. Hefur danska lögmannafélagið stofnað hlutafélag sem sér um ýmiss konar þjónustu við lögmenn, svo sem fræðslumál, markaðsmál, lífeyris- og tryggingamál og tölvumál. Í Svíþjóð er enn eitt tilbrigðið að finna í þessum efnum. Einkaréttur lögmanna er ekki fyrir hendi. Hins vegar eru einungis lögmenn skipaðir verjendur í opinberum málum, og ef um er að ræða aðstoð í málum, sem greidd eru af ríkinu samkvæmt lögum um opinbera réttaraðstoð, er einungis lögmönnum heimilað að veita slíka aðstoð. Samkvæmt sænskum réttarfarslögum skal vera til lögmannafélag, en ekki er þó um beina félagsskyldu að ræða, heldur fá menn ekki að kalla sig lögmenn nema þeir séu í sænska lögmannafélaginu. Fyrirkomulag þessara mála í Finnlandi líkist mjög hinu sænska. Í báðum þessum ríkjum er agavald með lögmönnum í höndum nefnda, sem að meiri hluta eru skipaður lögmönnum. Félög lögmanna fara þar með eftirlitshlutverk gagnvart lögmönnum.

4. Í II., III. og V. kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um eftirlit með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga gagnvart þeim. Í þeim tillögum, sem þar eru, felast miklar breytingar frá gildandi rétti, ef samþykktar verða. Þær leiðir að miklu leyti beinlínis af afnámi félagsskyldu í Lögmannafélaginu, sem áður er gerð grein fyrir.

Sú stjórnsýsla, sem í þessu felst, yrði annars vegar falin dómsmálaráðuneytinu og hins vegar sérstakri þriggja manna nefnd sem komið yrði á fót, svokölluðu Lögmannaráði. Þessi stjórnvöld tækju samkvæmt því yfir það opinbera hlutverk sem Lögmannafélag Íslands hefur að mestu leyti gegnt hingað til.

Sá þáttur, sem að ráðuneytinu snýr, kemur einkum fram í 12. og 13. gr. frumvarpsins. Skal það fylgjast með því að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn uppfylli jafnan þau skilyrði sem krafist er til að öðlast slík réttindi skv. 6. og 9. gr. Að auki fylgist ráðuneytið með að skyldur skv. 1. mgr. 12. gr. séu uppfylltar, en þær lúta að því að hafa

skrifstofu opna almenningi, varðveita fjármuni annarra á vörslufjárreikningum og afla sér starfsábyrgðartrygginga. Bregðist það að lögmaður uppfylli öll framangreind skilyrði skal ráðherra fella réttindi hans úr gildi.

Skv. 3. gr. frumvarpsins skal komið á fót sérstakri nefnd, Lögmannaráði. Það skal skipað þrem mönnum, þar af einum samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, en tvo nefndarmenn skipar ráðherra án tilnefningar. Skipunartími er fjögur ár. Við málsmeðferð sína skal ráðið fylgja stjórnsýslulögum, nema annað leiði af reglum frumvarpsins sjálfs.

Þau viðfangsefni, sem Lögmannráð skal sýsla með, eru tilgreind í V. kafla frumvarpsins, svo og að nokkru í 14. gr. þess. Skv. 26. gr. falla ágreiningsmál milli lögmanns og umbjóðanda hans um endurgjald fyrir störf hins fyrrnefnda undir Lögmannaráð kjósi annar eða báðir deiluaðilar að leggja mál undir úrlausn þess. Skv. 27. gr. falla enn fremur undir Lögmannaráð mál sem byggjast á kvörtun umbjóðanda á hendur lögmanni fyrir háttsemi sem stríðir gegn lögum eða siðareglum lögmanna. Getur ráðið gert lögmanni að sæta áminningu af því tilefni. Hafi hann áður sætt áminningu eða sakir eru miklar getur ráðið lagt til við ráðherra að réttindi lögmanns verði felld niður. Skal ráðherra taka afstöðu til þess innan tveggja mánaða. Þá ber einnig að vekja athygli á því að í 14. gr. frumvarpsins felst heimild handa Lögmannaráði til að taka til meðferðar kvörtun á hendur lögmanni sem berst frá öðrum en umbjóðanda hans, en slík kvörtun gæti varðað brot lögmanns á lögum eða siðareglum lögmanna.

Þess skal getið að í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi tilvist Lögmannafélags Íslands þótt skylduaðild að því sé afnumin. Kemur það víða fram, svo sem í 3. gr. um tilnefningu af hálfu félagsins í Lögmannaráð. Í 5. gr. segir að félagið setji siðareglur fyrir lögmenn. Að fenginni staðfestingu ráðherra gilda þær fyrir alla lögmenn, óháð því hvort þeir eru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands eða ekki.

5. Af breytingum, sem að framan eru raktar, leiðir einnig breyttar málsmeðferðarreglur. Skv. 4. gr. frumvarpsins skal við meðferð mála fyrir Lögmannaráði farið eftir stjórnsýslulögum, sbr. nú lög nr. 37/1993, nema annað leiði af ákvæðum V. kafla. Hið sama gildir að sjálfsögðu einnig um málsmeðferð fyrir dómsmálaráðuneyti. Með hinum nýju, almennu stjórnsýslulögum voru fest í lögum margvísleg fyrirmæli sem horfa til réttaröryggis í samskiptum borgaranna við stjórnvöld landsins. Meðferð þessara mála fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands er samkvæmt gildandi lögum ekki háð reglum stjórnsýslulaga þótt hins vegar sé ljóst að stjórn félagsins hafi vandað málsmeðferð sína eftir föngum. Í V. kafla frumvarpsins eru sérreglur sem víkja frá stjórnsýslulögum og þrengja meðal annars aðgang manna til að bera ágreining um endurgjald fyrir lögmannsstörf undir úrlausn dómstóla meðan sama ágreiningsefni er rekið fyrir Lögmannaráði, auk þess sem settur er frestur til að beina kvörtun á hendur lögmanni til Lögmannaráðs.

6. Reglur frumvarpsins um sviptingu lögmannsréttinda eru gerðar markvissari en samkvæmt gildandi lögum. Skv. 3. mgr. 13. gr. skal ráðherra fella réttindi lögmanns úr gildi komi í ljós að hann uppfyllir ekki lengur almenn skilyrði til að hljóta lögmannsréttindi skv. 6. og 9. gr. eða starfsskilyrði skv. 1. mgr. 12. gr. sem lúta að skrifstofuhaldi lögmanns, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Að þessu leyti er áfram fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1995, um að festa í lögum með ákveðnari hætti en áður beinar skyldur ráðherra til athafna. Þó er stigið skrefinu lengra þar eð vanræksla á skyldum skv. 1. mgr. 12. gr. skal nú einnig varða sviptingu réttinda.

Kvörtun til Lögmannaráðs á hendur lögmanni getur hvort heldur byggst á ætluðu broti hans á lögum eða siðareglum lögmanna. Slíku máli getur lokið með áminningu, sbr. 27. gr. frumvarpsins. Alvarlegar eða ítrekaðar brotalamir í starfrækslu hans geta hins vegar leitt til þess að Lögmannaráð geri tillögu til ráðherra um sviptingu réttinda, sbr. 14. gr. Mælir greinin jafnframt fyrir um skyldu ráðherra til að afgreiða slík erindi innan tiltekins tíma.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að leitað sé álits hjá Lögmannafélagi Íslands áður en ráðherra taki ákvörðun um sviptingu lögmannsréttinda. Í samræmi við afnám skyldu til að vera í því félagi gerir frumvarpið ekki ráð fyrir skyldu til álitsumleitunar þar í slíku máli. Þá er enn fremur lagt til að lögð verði fyrir róða sú regla í gildandi lögum að réttarfarssektir, sem lögmaður hefur sætt, geti varðað hann missi réttinda. Hefur þeirri reglu í reynd aldrei verið fylgt í framkvæmd.

Í 16. gr. frumvarpsins er að finna reglur um endurveitingu lögmannsréttinda. Þær reglur eru tvenns konar, og byggir sú aðgreining á því hvaða ástæður hafi valdið missi réttindanna. Annars vegar verða þau veitt að nýju án þess að annað þurfi til að koma en umsókn frá viðkomandi. Hafi svipting á réttindum lögmanns hins vegar verið ótímabundin og byggst á lögbrotum hans eða brotum á siðareglum lögmanna þarf meira til að koma svo að réttindi verði veitt honum að nýju. Er við það miðað að hann þurfi að gangast á ný undir prófraun skv. 7. gr. frumvarpsins, og umsókn um það verður fyrst lögð fram fimm árum eftir sviptingu réttindanna.

7. Í IV. kafla frumvarpsins er að finna ýmis nýmæli varðandi störf lögmanna. Meðal þeirra er að í 19. gr. er beinlínis tekið fram að lögmenn geti stofnað félög um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Það breytir þó engu um að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum. Þá eru í 11. gr. frumvarpsins settar skýrari reglur um störf fulltrúa lögmanna en nú eru og um takmörk þess sem þeim verður falið að gera. Í 24. gr. eru ákvæði um heimild fyrir Lögmannafélag Íslands til að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Ákvæði frumvarpsins um vörslufjárreikninga og starfsábyrgðartryggingu eru hins vegar í stórum dráttum með sama sniði og markað var með lögum nr. 24/1995 að frátöldu því sem lýtur að eftirliti með að þessum skyldum sé fylgt.

Eitt þeirra álitaefna sem komu til umfjöllunar við undirbúning frumvarpsins var það hvort setja beri skorður við því í lögum að aðrir en lögmenn megi eiga hlut í rekstri lögmannsstofu. Að mati réttarfarsnefndar að einum nefndarmanni undanskildum voru þau rök talin vega þyngra sem studdu þá niðurstöðu að ekki bæri að festa hömlur af því tagi í lögum. Þótt eignaraðild annarra að slíku fyrirtæki komi til breytir það engu um skyldur lögmanns, svo sem um þá þagnarskyldu sem á hann er lögð, bæði í frumvarpinu og samkvæmt gildandi lögum. Er því ekki að finna neinar takmarkanir í frumvarpinu að þessu leyti.

II.

Ákvæðum frumvarpsins er skipt í sjö kafla, en greinar þess eru alls þrjátíu og þrjár. Áður en fjallað er nánar um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að lýsa hér stuttlega efnisskipan þess.

Fyrsti kafli frumvarpsins geymir skilgreiningu á því, hverjir séu lögmenn. Þar eru enn fremur reglur um hverjum sé heimilt að fara með mál fyrir dómi.

Annar kafli fjallar um Lögmannaráð, skipan þess og málsmeðferðarreglur. Þar eru að auki ýmis ákvæði um Lögmannafélag Íslands.

Í þriðja kafla eru ákvæði um öflun lögmannsréttinda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, skilyrði til að halda þeim og um sviptingu réttindanna. Þar er einnig ákvæði um undanþágu frá skilyrðum til að halda réttindunum, um lögmannsfulltrúa og um eftirlit dómsmálaráðuneytis með lögmönnum. Loks eru þar reglur um endurveitingu réttinda og skyldu ráðuneytisins til að auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu og niðurfellingu réttinda.

Fjórði kafli hefur að geyma ýmis ákvæði um störf lögmanna, svo sem um umboð þeirra til starfs, þagnarskyldu, fjárvörslureikninga, starfsábyrgðartryggingar og fleira.

Fimmti kafli fjallar um aga- og eftirlitshlutverk Lögmannaráðs ef um er að ræða ágreining um endurgjald til lögmanna og kvartana á hendur þeim.

Í sjötta kafla eru fyrirmæli um refsingar fyrir brot á skyldum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu og um málagjald til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna.

Í sjöunda og síðasta kafla frumvarpsins eru ákvæði um gildistöku og tengsl eldri laga og yngri, svo sem um hvernig fari um eldri réttindi sem menn hafa þegar aflað sér eða eru komnir á veg með að öðlast eftir núgildandi reglum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á því hverjir séu lögmenn í þeim skilningi sem stuðst er við í frumvarpinu. Samkvæmt því teljast þeir einir lögmenn sem hafa aflað sér og haldið leyfi sínu til málflutnings fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti og geta með því nefnt sig héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmenn. Skv. 2. mgr. er haldið óbreyttri gildandi reglu um stöðu lögmanna sem opinberra sýslunarmanna.

Um 2. gr.

Skv. 1. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, kemur maður sjálfur fram í máli sínu ef hann er hæfur að lögum til að ráðstafa sakarefni. Í öðrum málsgreinum 17. gr. koma fram nánari reglur um það hver geti verið í fyrirsvari fyrir einstakling eða lögaðila og þar með rekið mál slíks aðila fyrir dómi. Upphafsákvæði 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins felur í sér tilvísun til þessara reglna einkamálalaga. Þar sem ekki er um slíkt fyrirsvar að ræða mælir greinir fyrir um einkarétt lögmanna til að gæta hagsmuna manna fyrir héraðsdómstólum landsins og fyrir Hæstarétti, svo og til reksturs mála fyrir sérdómstólum. Breytingartillögur, sem í greininni felast varðandi umfang einkaréttar lögmanna, eru skýrðar að framan í almennum athugasemdum.

Í 2. mgr. er fjallað sérstaklega um rekstur opinberra mála þar sem lagt er til að sama meginregla um einkarétt lögmanna gildi. Í lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, er að finna sérreglur um heimildir fyrir menn til að gæta síns eigin réttar og til að fela slíkt öðrum en lögmanni, sbr. einkum 34., 37. og 39. gr. þeirra laga. Ekki er gert ráð fyrir að við þeim reglum verði hróflað hér frekar en áðurgreindum ákvæðum einkamálalaga.

Í 3. mgr. er að finna undantekningu frá einkarétti lögmanna skv. 1. mgr. sem byggist á skuldbindingum Íslands samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær reglur eru að mestu leyti hinar sömu og lögfestar voru með lögum nr. 133/1993, um breytingu á lögum nr. 61/1942. Svigrúm erlendra lögmanna er þó rýmkað að því leyti að þeim yrði einungis gert skylt að leita aðstoðar íslenskra lögmanna við framgang mála í þinghöldum, en ekki að öllu leyti eins og nú er.

Um 3. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er mælt fyrir um Lögmannaráð, skipan þess og greiðslu kostnaðar af störfum ráðsins. Eins og rakið er í almennum athugasemdum að framan er hér um að ræða eina helstu breytinguna sem tillaga er gerð um í frumvarpinu. Lögmannafélag Íslands tilnefnir einn af þremur mönnum í ráðinu, en ráðherra skipar tvo án tilnefningar. Er ráðherra ekki bannað að skipa annan þeirra eða jafnvel báða úr hópi lögmanna, en sjónarmið um neytendavernd ráða ferð í tillögum um að lögmenn skuli ekki hafa lögskipaðan meiri hluta í ráðinu. Slíkt hlýtur jafnframt að vera betur til þess fallið að gera þetta nýja fyrirkomulag fyllilega trúverðugt.

Um 4. gr.

Í greininni segir fyrir um málsmeðferðarreglur og að ákvarðanir Lögmannaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru. Þær verða hins vegar bornar undir úrlausn dómstóla eftir almennum reglum.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um Lögmannafélag Íslands. Gert er ráð fyrir áframhaldandi tilvist þess og að starfsemin byggist þá á þátttöku þeirra lögmanna sem sjálfir kjósa að vera þar félagsmenn. Staða félagsins sem málsvari lögmannastéttarinnar helst, sbr. 1. mgr., þótt ekki sé loku fyrir það skotið að önnur félög lögmanna rísi upp við hlið þess.

Skv. 2. mgr. setur félagið lögmönnum siðareglur. Þær gilda fyrir félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands, en að fenginni staðfestingu ráðherra gilda þær fyrir alla lögmenn, óháð því hvort þeir eru í Lögmannafélagi Íslands, öðru félagi lögmanna eða utan slíkra félaga. Þetta ákvæði tengist síðan öðrum greinum frumvarpsins varðandi störf Lögmannaráðs, sbr. 14. og 27. gr.

Loks er í 3. mgr. nýmæli þess efnis, að félagið skuli leitast við að allir sem þurfi fái notið lögmannsaðstoðar, svo sem þar er nánar skýrt.

Um 6. gr.

Þessi grein frumvarpsins hefur að geyma ákvæði um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Í henni felast tillögur um verulegar breytingar frá ríkjandi skipan, en um það vísast að mestu til almennra athugasemda að framan.

Vakin skal athygli á skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. um andlegt heilbrigði umsækjenda og 3. tölul. sömu mgr. um óflekkað mannorð, en ekki eru ákvæði af þessum toga í gildandi lögum. Ákvæði um starfsreynslu umsækjenda í 5. tölul. 1. mgr. er einnig nýmæli. Skv. 3. mgr. er prófnefnd, sem komið skal á fót, heimilað að staðreyna þekkingu umsækjenda með erlend lagapróf á íslenskum lögum í stað þess að ráðherra leggi mat á slíkt eins og nú er. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 7. gr.

Þessi grein frumvarpsins fjallar um sérstaka prófraun er komi í stað munnlegs flutnings prófmála fyrir héraðsdómi til að öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður. Er um það fjallað að framan í almennum athugasemdum. Er þess að vænta að nýtt fyrirkomulag í þessum efnum svari betur kröfum tímans svo sem þar er skýrt. Nauðsynlegt er að veita ráðherra heimild til að ákveða með reglugerð sitthvað um tilhögun slíkrar prófraunar svo sem lagt er til í 2. mgr. 7. gr.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu lögmannsréttinda fyrir héraðsdómi og gögn sem krefja má umsækjanda um til staðfestingar á því að hann uppfylli öll skilyrði sem til þess er krafist. Í 3. mgr. segir að héraðsdómslögmaður megi gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

Um 9. gr.

Hér er að finna ákvæði um réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður. Í greininni felast tillögur um breytingar frá því sem nú gildir í þessum efnum, en þær ganga þó ekki jafnlangt og tillögur, sem áður er lýst varðandi réttindi fyrir héraðsdómi. Áður er gerð grein fyrir helstu nýmælunum í þessum tillögum í almennum athugasemdum að framan.

Tekið skal fram að rétt þótti að leggja til að viðhalda flutningi prófmála fyrir Hæstarétti þótt annað komi í hans stað fyrir héraðsdómi. Prófmálum yrði þó fækkað úr þremur í tvö. Óhjákvæmilegt þykir að hafa eftir sem áður prófraun sem staðfesti að umsækjandi hafi öðlast þá hæfni og þjálfun á starfstíma sínum sem héraðsdómslögmaður sem krefjast megi af þeim sem hyggst gera flutning mála fyrir Hæstarétti að atvinnu sinni. Ekki yrði auðvelt um vik að hafa slíka prófraun með öðrum hætti en verið hefur. Tillaga um fækkun prófmála stendur hins vegar í beinum tengslum við önnur skilyrði fyrir veitingu réttindanna sem eru lágmarksstarfstími sem héraðsdómslögmaður í fimm ár og að hafa flutt að minnsta kosti 30 mál fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli svo sem greinir í 1. og 3. tölul. 1. mgr.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þessi grein varðar útgáfu lögmannsréttinda fyrir Hæstarétti og er um flest hliðstæð reglum í 8. gr. frumvarpsins um réttindi héraðsdómslögmanna.

Um 11. gr.

Í gildandi lögum er fáum ákvæðum til að dreifa um lögmannsfulltrúa. Með þessari grein frumvarpsins er gerð tillaga um að marka stöðu þeirra skýrar en nú er, svo og um skyldu til að tilkynna öllum dómstólum um þá. Vísast að öðru leyti um það efni til þessarar greinar frumvarpsins sem skýrir sig sjálf.

Þá er í greininni fjallað um þá aðstöðu að lögmaður ráði annan lögmann til fastra starfa hjá sér. Eru settar reglur um ábyrgð á störfum lögmanns við þær aðstæður.

Um 12. gr.

Til að mega halda fengnum réttindum er í 1. mgr. 12. gr. mælt fyrir um skyldu lögmanna til að hafa opna skrifstofu, varðveita fé annarra á vörslufjárreikningum og taka sér starfsábyrgðartryggingu. Er þar síðan vísað til síðari greina frumvarpsins um hvert þessara atriða.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um undanþágur frá skyldum skv. 1. mgr. Sú heimild er einskorðuð við tiltekinn hóp launþega, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. Lögð er skylda á menn að sækja um undanþáguna vilji þeir njóta hennar, en til samanburðar má benda á að samkvæmt gildandi lögum njóta menn sjálfkrafa undanþágu frá reglum um vörslufjárreikninga og starfsábyrgðartryggingar ef skilyrði til þess eru uppfyllt. Er þessi tillaga gerð í

þágu eftirlits opinberra aðila með þeim sem lögmannsréttinda njóta. Uppfylli menn hins vegar skilyrði er gert ráð fyrir að þeir eigi jafnframt rétt til undanþágu frá skyldum skv. 1. mgr. svo sem verið hefur.

Í öðrum tilvikum ber þeim sem leyfisbréf hefur öðlast og fullnægir ekki skilyrðum skv. 1. mgr. að skila því hafi hann ekki fengið undanþágu samkvæmt framangreindu. Skulu réttindi hans þar með felld niður.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um eftirlitshlutverk dómsmálaráðuneytis með starfsemi lögmanna. Er í almennum athugasemdum að framan gerð grein fyrir nýmælum skv. 3. mgr. um skyldu ráðherra til að fella niður lögmannsréttindi ef skilyrði skv. 6., 9. eða 12. gr. eru ekki uppfyllt. Gert er ráð fyrir að eftirlit með fjárvörslu lögmanna fyrir aðra og starfsábyrgðartryggingum færist með þessu frá Lögmannafélagi Íslands til ráðherra. Í lokamálsgrein 13. gr. er að finna heimild til að höfða dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðherra um niðurfellingu lögmannsréttinda. Sams konar heimild er einnig í 14. gr. að því er varðar niðurfellingu réttinda samkvæmt þeirri grein.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um hvernig kvörtun á hendur lögmanni vegna brota á lögum eða siðareglum lögmanna getur leitt til þess að réttindi hans verði felld niður, annað hvort um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Um 15. gr.

Telji ráðherra opinbert starf, sem maður með lögmannsréttindi tekur við, vera ósamrýmanlegt handhöfn réttindanna fellir hann þau úr gildi. Mat á umfangi starfs gæti til dæmis legið að baki slíkri ákvörðun ráðherra. Ágreiningur um þá ákvörðun ráðherra verður borin undir dómstóla. Lögmaður getur hins vegar sjálfur, hvenær sem hann svo kýs, afsalað sér réttindum sínum, svo sem fram kemur í 2. mgr. 15. gr.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um endurveitingu lögmannsréttinda sem felld hafa verið niður. Í almennum athugasemdum að framan var lýst mismunandi skilyrðum fyrir endurveitingu réttindanna sem leiðir af því hvaða ástæður lágu til niðurfellingar þeirra. Ef brot á lögum eða siðareglum lögmanna lágu þar að baki þykir rétt að gera ríkar kröfur í þessum efnum.

Vakin skal athygli á að ekki er lengur gert ráð fyrir svokallaðri innlögn lögmannsréttinda eða „deponeringu“ þeirra, sem stundum er svo nefnd, ef eitthvað skortir á að skilyrði séu uppfyllt fyrir að mega nota þau. Tillögur frumvarpsins ganga út á að réttindi séu einfaldlega felld niður og síðan veitt að nýju ef skilyrði skapast síðar til þess, en eins og tekið er fram í 1. mgr. 16. gr. verður þetta gert án greiðslu gjalds og prófraunar. Með sama hætti er ekki lengur gert ráð fyrir almennri auglýsingu ráðherra um það hver opinber störf séu ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda eins og nú er. Um það vísast að öðru leyti til umfjöllunar um 12. og 15. gr. að framan.

Um 17. gr.

Gera skal heyrumkunnugt hverjum lögmannsréttindi eru veitt og hver eru felld niður. Fjallar frumvarpsgreinin um það efni, svo og skrá sem halda skal í dómsmálaráðuneyti um það hverjir njóti réttinda lögmanna.

Um 18. gr.

Þessi grein fjallar um störf lögmanna í þágu umbjóðenda sinna og felur ekki í sér efnislegar breytingar frá því sem nú gildir.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. greinir frá þeirri aðstöðu að lögmaður telji sér ekki fært af heilsufarsástæðum að hafa opna skrifstofu um lengri tíma. Getur hann þá leitað undanþágu frá þessu skilyrði. Örðugt er um vik að setja nákvæmari reglur í þessum efnum en lagt er til í frumvarpsgreinunum, og verður því að meta hvert tilvik eftir aðstæðum hverju sinni.

Í almennum athugasemdum að framan er vikið að efni 2. mgr. 19. gr. sem fjallar um form á rekstri lögmannsstofu og ábyrgð lögmanns. Rekstur lögmannsstofu með takmarkaðri ábyrgð breytir engu um persónulega ábyrgð þess lögmanns sem unnið hefur eða vanrækt það lögmannsstarf sem gefur tilefni til kröfugerðar á hendur honum. Gæti viðskiptamaður krafist fullnustu í eignum hans og eignum viðkomandi félags, en ekki í persónulegum eignum annarra sem eiga félagið eða vinna hjá því.

Um 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er lögmönnum skylt að flytja opinber mál sem þeim eru falin, og gildir það alls staðar á landinu án tillits til einkaréttar lögmanna. Er sú regla áréttuð í 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins, en bætt er við ákvæði er þó getur leyst lögmann undan þessari skyldu, þ.e. ef eitthvað skortir á svo hæfiskröfum sé fullnægt eða ef aðrir hagsmunir standa því í vegi að lögmaður megi inna þessi störf af hendi í því tiltekna máli. Í 2. mgr. er tekið fram að lögmanni sé að öðru leyti aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um. Gildir þessi regla um einkamál og er hún í samræmi við það sem nú gildir.

Um 21. gr.

Í þessari grein er að finna reglur varðandi umboð er lögmenn hafa til rækslu starfa sinna. Eru reglur þessar efnislega áþekkar þeim sem nú eru í 4. gr. gildandi laga, en framsetningu er þó breytt og nokkuð aukið við sem einkum leiðir af dómum um túlkun gildandi laga.

Þá er í 4. mgr. 21. gr. vikið að skyldu lögmanns til að inna sjálfur af hendi lögmannsstörf sín og jafnframt heimild til að fela fulltrúum lögmanna tiltekin störf, sbr. einnig 11. gr. sem um þá fjallar. Loks eru í greininni ákvæði um afturköllun umboðs og heimildir lögmanns til að segja sig frá verki. Þær reglur þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu lögmanns er óbreytt frá því sem nú gildir. Bætt er við ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna lögmanna sem ekki er kveðið á um í gildandi lögum.

2. mgr. greinarinnar hefur að geyma nýmæli um skyldu lögmanns til að gera viðskiptamanni viðvart ef gæsla hagsmuna, sem óskað er eftir að hann taki að sér, kann að mati hans að rekast á aðra, ósamrýmanlega hagsmuni. Reglur af þessum toga eru nú í siðareglum Lögmannafélags Íslands, en rétt þykir að hafa slíka reglu í lögum.

Um 23. gr.

Skylda samkvæmt þessari grein til að halda fé annarra aðgreindu á sérstökum vörslureikningum er hin sama og sú sem felst í gildandi lögum, sbr. lög nr. 24/1995 sem áður hefur verið fjallað um.

Um 24. gr.

Tillögur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar eru að mestu samhljóða ákvæðum 2. gr. núgildandi laga og lúta að endurgjaldi fyrir störf lögmanna.

Í 3. mgr. er að finna nýmæli um leiðbeiningar sem Lögmannafélag Íslands getur gefið út handa félagsmönnum sínum og öðrum lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Tekið skal fram að hér er ekki um að ræða gjaldskrá milli lögmanns og viðskiptamanns hans, heldur leiðbeiningar um hæfilegar bætur úr hendi þriðja manns, þ.e. skuldara, vegna kostnaðar sem viðsemjandi lögmanns hefur af þjónustu hans. Til stuðnings því að taka í lög slíka heimild er á það bent að skuldarinn ræður engu um hvaða lögmaður kemur fram gagnvart honum við innheimtu kröfu, en gjaldskrár lögmanna gagnvart viðskiptamönnum sínum eru misháar. Óhjákvæmilegt sé vegna neytendasjónarmiða að samræma þann kostnað sem á skuldara er felldur, auk þess sem þessi háttur um samræmingu á kostnaðarþátttöku skuldaranna sé ekki samkeppnishamlandi. Óheimilt yrði að nota þessar leiðbeiningar á nokkurn hátt sem ígildi gjaldskrár og þær mættu ekki ná til annars en kostnaðar við innheimtu peningakröfu þar sem framangreind sjónarmið eiga eingöngu við.

Um 25. gr.

Hér ræðir um bótaábyrgð lögmanna á störfum sínum og starfsmanna sinna og um starfsábyrgðartryggingar. Þar sem rætt er um tjón af völdum gáleysis lögmanns er átt við hvort heldur er einfalt eða stórfellt gáleysi. Eru tillögur frumvarpsgreinarinnar um flest með líkum hætti og fest var í lög með lögum nr. 24/1995 og þarfnast ekki frekari skýringar. Þá er gerð tillaga um heimild fyrir ráðherra til að ákveða með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

Um 26.–28. gr.

Í almennum athugasemdum að framan er gerð grein fyrir nýmælum um eftirlit með störfum lögmanna og hlutverk Lögmannaráðs í því sambandi. Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um ágreiningsmál um endurgjald fyrir störf lögmanna og meðferð þeirra fyrir Lögmannaráði og um kvartanir á hendur lögmönnum vegna ætlaðra brota á lögum eða siðareglum lögmanna. Í 28. gr. eru gerðar tillögur um ýmis atriði sem tengjast málsmeðferð fyrir Lögmannaráði, svo sem um fyrningu og aðfararhæfi úrskurða þess. Heimilt verður að bera úrlausnir ráðsins undir dómstóla til ógildingar eða breytinga á þeim eftir almennum reglum.

Um 29. gr.

Í frumvarpsgreininni eru refsiákvæði vegna brota á lögunum. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Sú stefna er mörkuð í þessari grein frumvarpsins að aflað verði tekna, eins og þar er nánar greint, til að standa undir kostnaði sem á ríkið fellur vegna þeirra eftirlitsstarfa sem það yfirtekur frá Lögmannafélagi Íslands.

Um 31. gr.

Greinin fjallar um gildistöku laganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Hér er fjallað um ýmis atriði varðandi réttindi, sem menn hafa aflað sér til lögmannsstarfa í tíð eldri laga. Sú tillaga er gerð í 1. mgr. að ekki verði við þeim hróflað. Tekur hún jafnframt til réttinda til flutnings mála fyrir Hæstarétti samkvæmt svonefndri 40 mála reglu, sem áður er nefnd.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt manna til að ljúka öflun réttinda sem hafist hefur fyrir gildistöku laganna og um frest til þess. Fer þá eftir eldri reglum hvernig lokið verður við að afla umræddra lögmannsréttinda.

3. mgr. segir fyrir um endurveitingu réttinda sem felld hafa verið niður eða lögð inn í tíð eldri laga og í 4. mgr. er fjallað um fresti til að sækja um undanþágu skv. 2. mgr. 12. gr. Þessar málsgreinar þarfnast ekki skýringa.

Um 33. gr.

Áður er fram komið að eftir sem áður er gert ráð fyrir tilvist Lögmannafélags Íslands þótt skylduaðild að því hverfi. Þessi grein frumvarpsins er enn ein áréttingin á því og skýrir sig sjálf.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögmenn.

Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á lögum um málflytjendur, nr. 61/1942, með síðari breytingum. Það er liður í heildarendurskoðun löggjafar er varðar réttarfarsleg málefni sem hófst með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Að mati fjármálaráðuneytis munu eftirfarandi þættir hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

Lagt er til að afnumið verði ákvæði núgildandi laga er felur í sér skylduaðild lögmanna að Lögmannafélagi Íslands. Við það færist eftirlitsstarf af ýmsum toga sem félagið hefur sinnt á herðar ríkisins. Til að sinna því starfi að hluta er í 3. gr. frumvarpsins lagt til að skipað verði þriggja manna lögmannaráð til fjögurra ára í senn. Hlutverk ráðsins

er m.a. að taka við kvörtunum á hendur lögmönnum og getur það í rökstuddu áliti til dómsmálaráðherra lagt til að réttindi lögmanns verði felld niður. Heimilt er lögmanni eða umbjóðanda hans að leggja ágreining um endurgjald fyrir lögmannaráð og umbjóðandi getur lagt fyrir ráðið kvörtun telji hann lögmann sinn hafa gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum. Mál skulu lögð fyrir ráðið með skriflegu erindi og því er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu. Miðað við áætlun dómsmálaráðuneytis um störf lögmannaráðs og samanburð við útgjöld tölvunefndar telur fjármálaráðuneyti að kostnaður við ráðið geti numið 3,5–4 m.kr. á ári. Skiptist kostnaður þannig að þóknanir til ráðsmanna eru metnar á 1,5 m.kr., áætlaður kostnaður vegna starfsmanns ráðsins í hlutastarfi er 1,5 m.kr. og talið er að skrifstofukostnaður geti numið 0,5–1 m.kr.

Í 13. gr. er fjallað um eftirlitshlutverk ráðuneytisins með starfsemi lögmanna en gert er ráð fyrir að eftirlit með fjárvörslu lögmanna fyrir aðra og eftirlit með starfsábyrgðartryggingum færist frá Lögmannafélagi Íslands til dómsmálaráðherra. Ætla má að þetta auki vinnu í dómsmálaráðuneyti sem nemi 1–2 m.kr.

Á móti framangreindum kostnaðarauka er í 30. gr. lagt til að innheimt verði málagjald í ríkissjóð að fjárhæð 300 kr. við þingfestingu hvers einkamáls. Miðað við fjölda mála á síðasta ári gætu tekjur þessar numið tæplega 4 m.kr.

Lagt til að umsækjandi um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður verði að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. Ákvæði 7. gr. frumvarpsins um prófnefnd, prófraun og námskeið til undirbúnings prófraun eru ný miðað við núgildandi lög en þetta kemur í stað munnlegs flutnings prófmála fyrir héraðsdómi. Í frumvarpinu er einnig kveðið á um að dómsmálaráðherra ákveði gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófið og að gjaldið skuli taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófsins. Það er skilningur fjármálaráðuneytisins að gjald þetta eigi að standa að öllu leyti undir kostnaði af ákvæðum 7. gr., hver sem hann verður, og því sé ekki um að ræða útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Til samanburðar má geta þess að kostnaður við próf fasteignasala er í fjárlögum 1996 áætlaður 1,5 m.kr. og koma samsvarandi tekjur á móti. Gjald það, sem einstaklingur greiðir fyrir námskeið og fyrir að þreyta próf fasteignasala, er nú um 250 þús. kr.

Að öllu samanlögðu er það mat fjármálaráðuneytis að verði frumvarpið óbreytt að lögum muni það hafa í för með sér 4,5–6 m.kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð en á móti renna tæplega 4 m.kr. tekjur í ríkissjóð vegna málagjalds af þingfestingu einkamála. Rétt er að benda á að í 30. gr. er kveðið á um að þingfestingargjaldi skuli varið til greiðslu kostnaðar ríkisins af framkvæmd laganna og í greinargerð kemur fram að það eigi að standa alfarið undir kostnaði. Til að þetta markmið frumvarpsins náist þarf að endurskoða ákvæði þess um málagjald í ríkissjóð við þingfestingu hvers einkamáls.

476. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Jóni Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „334.200“ kemur	335.600
2. Við 4. gr. 11-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa. 101 Yfirstjórn. Fyrir „55.000“ kemur	51.600

477. Nefndarálit [248. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hlutinn leggst ekki gegn afgreiðslu málsins frá nefndinni en telur rétt með vísan til forsögu málsins að afgreiðsla þess í þinginu verði á ábyrgð stjórnarflokkanna.

Aðalatriði samningsins er að með honum er staðfest sú lága hlutdeild Íslendinga sem var illu heilli fallist á við samningana fyrir síðustu vertíð. Sá samningur gaf Íslendingum aðeins 17,2% af heildarkvóta þrátt fyrir að auðvelt sé að rökstyðja að hlutur þeirra af fullorðnu síldinni ætti ekki að vera minni en þriðjungur. Við umræður á síðasta þingi vöruðu talsmenn stjórnarandstöðunnar við því fordæmi sem gefið væri með lágri hlutdeild Íslendinga. Sá samningur, sem nú liggur fyrir, tekur af tvímæli um réttmæti þeirra varnaðarorða því að hlutdeild Íslendinga lækkar nú um einn tíunda hluta og verður einungis 15,7%.

Í samningnum er fallist á að Evrópusambandið verði meira en hálfdrættingur á við Íslendinga og fái að veiða 125 þúsund tonn, en hlutur Íslendinga er aðeins 233 þúsund tonn. Þessi niðurstaða, sem Norðmenn knúðu fram, færir Evrópusambandinu hlutdeild úr norsk-íslenska stofninum sem er langt umfram það sem hægt er að réttlæta út frá sögulegri veiðireynslu og líffræðilegri dreifingu síldarinnar innan lögsögu þeirra ríkja sem nú mynda Evrópusambandið. En mat íslenskra sérfræðinga er að ekki sé hægt að færa rök fyrir því að sambandið eigi rétt á meira en 22 þúsund tonna veiði miðað við núverandi stærð norsk-íslenska síldarstofnsins.

Í tengslum við þennan þátt samningsins vill minni hlutinn benda á að rök Norðmanna fyrir allt of hárri hlutdeild Evrópusambandsins voru nauðsyn þess að koma böndum á veiðar sem hætta var á að yrðu ella stjórnlausar. Af þeim sökum beittu Norðmenn sér sterklega fyrir því að sambandið, sem hefur litla sögulega reynslu af veiðum úr stofninum eins og fyrr er rakið, fengi mjög ríflega aflahlutdeild. Með vísan til þessara raka hljóta íslensk stjórnvöld þegar í stað að fara fram á að deilan um þorskveiðar í Smugunni verði leyst á sama grundvelli.

Í deilunum um síldina beita Norðmenn gjarnan þeim rökum að þeir hafi byggt upp norsk-íslenska síldarstofninn eftir að Íslendingar hafi gjöreytt honum með rányrkju á fullorðnu síldinni. Sömu skoðanir hafa ítrekað verið settar fram af rússneskum stjórnvöldum, og því miður hefur einnig örlað á viðhorfum af þessu tagi innan lands þar sem síst skyldi. Því er nauðsynlegt að taka fram eftirfarandi:

Veiðar á hrygningarsíld skiptu ekki máli um eyðingu stofnsins, heldur voru það gegndarlausar veiðar Norðmanna sjálfra á smásíld innan fjarða sem höfðu úrslitaáhrif. Norskir vísindamenn hafa um langt skeið viðurkennt að stofninum hefði mátt bjarga með því einu að koma böndum á veiðar örsmárrar ungsíldar sem ekki hafði náð tveggja ára aldri. Þetta var viðurkennt til dæmis árið 1980 í vísindagrein þriggja norskra sérfræðinga, Olavs Dragesund, Johannesar Hamre og Öyvinds Ulltang. Niðurstaða þeirra var eftirfarandi: „Eina takmörkunin, sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins, var að setja á árunum fyrir 1970 reglur um lágmarksstærð síldar í afla sem vernduðu 0–1 árganginn.“ Í frumtextanum hljóðar þetta svo: „In the 1960´s, a minimum landing size, protecting the 0–1 group fish, was the only regulatory measure needed to prevent depletion of the stock.“ Rányrkja Norðmanna á ungviði síldarinnar var ofboðsleg og líklega eindæmi í sögu fiskveiða í Norður-Atlantshafi. Fjölmargir árgangar voru gjöreyddir á seiðastiginu þannig að nýliðun var nánast engin. Af mörgum árgöngum náðu aðeins örfá prósent að stálpast og verða hluti af hrygningarstofninum. Þannig má til dæmis nefna að árganginum frá 1965 var svo útrýmt að einungis 0,1% stofnsins — eitt prómill — náði fullorðinsaldri.

Þremenningarnir komust jafnframt að þeirri niðurstöðu að hefðu Norðmenn látið af rányrkju sinni á síldarseiðum og gripið til fyrrnefndra ráða hefði það leitt til þess að veiðunum hefði mátt halda stöðugum í 1–2 milljónum tonna árlega, og flest árin nær 2 milljónum tonna. Á árunum fyrir hrun stofnsins skömmu eftir miðbik sjöunda áratugarins kom þriðjungur útflutningstekna Íslendinga úr síldveiðum. Þróun og uppbygging fjölda byggðarlaga við sjávarsíðuna var algerlega háð síldveiðunum. Rányrkja Norðmanna kippti í einni svipan þessum stoðum undan atvinnulífi Íslendinga og afleiðingin varð ein versta efnahagskreppa aldarinnar sem leiddi til atvinnuleysis og landflótta. Siðferðileg skuld Norðmanna við okkur er því talsverð þegar veiðar úr norsk-íslenska stofninum er annars vegar. Þessa forsögu er nauðsynlegt að hafa í huga til að skilja hversu gríðarlegt óréttlæti felst í þeirri skiptingu norsk-íslenska stofnsins sem ríkisstjórnin hefur nú fallist á í annað skipti og verður því ein að bera ábyrgð á.

Um frekari rökstuðning vísar minni hlutinn í álit minni hluta sjávarútvegsnefndar (sbr. fylgiskjöl).

Alþingi, 20. des. 1996.

Össur Skarphéðinsson, frsm.	Svavar Gestsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nefndarálitinu fylgdu tvö fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í nefndaráliti meiri hluta utanríkismálanefndar í þskj. 458:

I. Umsögn sjávarútvegsnefndar (19. desember 1996).

II. Umsögn sjávarútvegsnefndar (29. maí 1996).

478. Svar [109. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um áhrif vísitöluhækkana á skuldir heimilanna.

1. *Hvaða útgjaldaflokkar og undirflokkar þeirra samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar í vísistölu neysluverðs hafa helst haft áhrif til hækkunar á skuldir heimilanna frá því að hún tók gildi 1. mars 1995?*
2. *Hve mikið hefur hver og einn flokkur, sbr. 1. tölul., hækkað skuldir heimilanna (í fjárhæðum) frá 1. mars 1995 til 1. október 1996?*

Vísað er til meðfylgjandi töflu Hagstofu Íslands um breytingar á einstökum útgjaldaflokkum og áhrifum þeirra á neysluverðsvísitölu. Í aftasta dálki, sem sýnir breytinguna frá mars 1995 til desember 1996, koma fram upplýsingar um hvaða flokkar hafa helst haft áhrif til hækkunar á vísitölutengdar skuldir heimilanna. Heildarhækkun vísitölu neysluverðs á tímabilinu nemur 3,4%.

Af einstökum liðum má nefna hækkanir á matvöru um 0,6%, hækkun á bifreiðakostnaði um 0,7%, hækkun á tómstundaiðkun, menntun um 0,5% og hækkun vegna vöru og þjónustu ót.a., o.fl. um 0,6%.

3. *Hvaða útgjaldaflokkar og undirflokkar í eldri lánskjaravísitölu höfðu helst áhrif til hækkunar á skuldir heimilanna?*
4. *Hve mikið hefur hver og einn flokkur í eldri lánskjaravísitölu hækkað skuldir heimilanna (í fjárhæðum) á árunum 1993 og 1994?*

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands má ætla að verðtryggðar skuldir heimilanna í mars 1995 hafi numið 267 milljörðum kr. Á tímabilinu frá mars 1995 til desember 1996 hækkaði vísitala neysluverðs um 3,4% og má því ætla að verðtryggðar skuldir heimilanna hafi hækkað um 9 milljarða kr. í heild. Af einstökum útgjaldaflokkum vegur hækkun matvæla um 0,6% en það svarar til 1,6 milljarða kr., um 1,8 milljarða kr. má rekja til hækkunar á rekstrarkostnaði eigin bifreiðar og um 1,3 milljarða kr. til hækkunar á liðnum tómstundaiðkun, menntun.

Frá febrúarmánuði 1989 til mars 1995 var lánskjaravísitalan samsett að jöfnu úr vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar og launavísitölu. Þessa samsettu vísitölu er ekki unnt að sundurgreina í útgjaldaflokka með líkum hætti og neysluverðsvísitöluna. Þess í stað verður að líta á ósundurgreinda vísitölu, en frá ársbyrjun 1993 til ársbyrjunar 1995 hækkaði lánskjaravísitalan um 4,3%. Verðtryggðar skuldir heimilanna í ársbyrjun 1993 voru um 230 milljarðar kr. og því má ætla að skuldirnar hafi hækkað um 10 milljarða kr. vegna verðtryggingarinnar.

Í framhaldi af svörum við þessum spurningum er rétt að benda á nokkur atriði eða fyrirvara sem hafa þarf í huga. Hæpið er að líta eingöngu á verðtryggð lán í þessu sambandi. Ef lán væru ekki verðtryggð hefði breyting á verðlagi iðulega í för með sér breytingu nafnvaxta þannig að fullt eins væri ástæða til þess að líta á allar skuldir í þessu samhengi. Verðtrygging þarf ekki að vera slæmur kostur fyrir lántakann. Nægir í því sambandi að nefna að í uphafi lánstímans er greiðslubyrði verðtryggðra lána ávallt léttari en óverðtryggðra lána. Það getur skipt lántakann afar miklu máli af því að greiðslugetan er að jafnaði erfiðust þá.

Því má heldur ekki gleyma að á móti skuldum heimilanna standa að meginhluta fasteignir sem tíðast hækka í takt við almennnt verðlag. Aukning skulda vegna verðtryggingarinnar þarf því ekki að þýða rýrnandi efnahag þeirra sem skulda. Auk þess má nefna að verðtryggingin kemur í veg fyrir verðrýrnun á öðrum peningalegum eignum eins og sparnaði í lífeyrissjóðum og frjálsum sparnaði heimilanna.

Loks má nefna að hækkun á skuldum verður vart skoðuð einangruð og án samhengis við almenna launaþróun í landinu. Nefna má sem dæmi að á árinu 1994 er talið að ráðstöfunartekjur á mann hafi hækkað jafn mikið og almennt verðlag eða um 1,5%, á árinu 1995 er talið að ráðstöfunartekjur á mann hafi hækkað um 4% umfram verðlag og í ár benda áætlanir til 4,5% hækkunar ráðstöfunartekna umfram verðlag.

Hagstofa Íslands

Breytingar á vísitölu neysluverðs eftir útgjaldaflokkum og áhrif á neysluverðsvísitölu 1992- 1996

	Nóv. '92 - Nóv. '93		Nóv. '93 - Nóv. '94		Mars '95 - Des. '96	
	hækkun	breyting	hækkun	breyting	hækkun	breyting
Matvörur	4,5%	0,8%	-5,5%	-0,9%	4,0%	0,6%
Mjöl, grjón, bakaðar vörur	10,0%	0,3%	-5,3%	-0,1%	4,8%	0,1%
Kjötvörur	-2,0%	-0,1%	-5,0%	-0,2%	3,3%	0,1%
Fiskur, fiskvörur	2,8%	0,0%	1,5%	0,0%	-3,3%	0,0%
Mjólk, rjómi, ostar, egg	-6,8%	-0,2%	1,0%	0,0%	5,6%	0,2%
Feitmeti, olíur	-0,7%	0,0%	-14,5%	-0,1%	1,0%	0,0%
Grænmeti, ávextir, ber o.fl.	18,5%	0,4%	-11,4%	-0,3%	5,0%	0,1%
Kartöflur, vörur úr þeim	43,2%	0,2%	-48,5%	-0,3%	40,1%	0,2%
Sykur	20,8%	0,0%	17,7%	0,0%	24,9%	0,0%
Kaffi, te, kakó, súkkulaði	13,6%	0,1%	18,5%	0,1%	-9,0%	-0,1%
Aðrar matvörur	7,3%	0,1%	-5,2%	-0,1%	0,5%	0,0%
Drykkjarvörur, tóbak	6,4%	0,3%	0,2%	0,0%	2,6%	0,1%
Gosdrykkir, léttöl	5,0%	0,1%	-3,2%	0,0%	6,7%	0,1%
Bjór	-4,4%	0,0%	-1,4%	0,0%	-5,3%	0,0%
Áfengi	3,4%	0,0%	1,0%	0,0%	0,9%	0,0%
Tóbak	13,0%	0,2%	2,3%	0,0%	3,4%	0,1%
Föt, skófatnaður	-0,6%	0,0%	0,1%	0,0%	-0,5%	0,0%
Rafmagn	3,2%	0,0%	1,1%	0,0%	1,5%	0,0%
Húshitun	13,8%	0,2%	1,0%	0,0%	3,2%	0,1%
Húsgögn, heimilisbúnaður	3,8%	0,3%	-0,8%	-0,1%	5,0%	0,3%
Heilsuvernd	17,6%	0,4%	0,4%	0,0%	7,6%	0,2%
Flutningatæki, ferðir, póstur, sími	12,0%	2,2%	3,1%	0,6%	3,9%	0,8%
Eigin bifreið	13,2%	2,1%	3,2%	0,5%	4,0%	0,7%
Símagjöld	0,2%	0,0%	0,1%	0,0%	-10,9%	-0,1%
Annað	7,8%	0,1%	3,5%	0,1%	10,2%	0,2%
Tómstundaiðkun, menntun	6,8%	0,8%	1,3%	0,2%	4,6%	0,5%
Vörur og þjónusta ót.a., ofl.	4,4%	0,6%	-0,2%	0,0%	4,5%	0,6%
Vísitala neysluverðs án húsnæðis	6,7%	5,6%	-0,2%	-0,2%	3,9%	3,3%
Húsnæði	1,2%	0,2%	1,0%	0,1%	0,5%	0,1%
Vísitala neysluverðs alls	5,8%	5,8%	-0,1%	-0,1%	3,4%	3,4%
Byggingarvísitala hækkkun	3,5%		1,4%		8,9%	
Launavísitala hækkun	0,8%		1,6%		8,5%	

Frá febrúar 1989 til mars 1995 er lánskjaravísitalan samsett að jöfnu úr neysluverðs-, byggingar- og launavísitölu.

479. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar. Nýr liður:	
680 Til byggingar barnaspítala	10.000
2. Við 6. gr. Nýr liður:	
3.85 Að selja land í eigu Vífilstaða og verja andvirði sölunnar til byggingar barnaspítala.	

480. Frumvarp til laga [180. mál]

um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

A. Skipulag sjóðsins, aðild að honum, ávöxtun fjármuna sjóðsins o.fl.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A-deild og B-deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru þeir einstaklingar sem greiða iðgjald til sjóðsins, þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum og þeir einstaklingar sem með iðgjaldagreiðslum hafa áunnið sér rétt í sjóðnum en greiða ekki lengur iðgjald og hafa ekki hafið töku lífeyris úr sjóðnum.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagar í A-deild sjóðsins skulu vera allir þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 16 ára aldri, eiga ekki aðild að B-deild sjóðsins skv. 4. eða 5. gr. og fá greidd laun á grundvelli kjarasamninga samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra

starfsmanna, eða á grundvelli launaákvarðana samkvæmt lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd. Heimilt er þó að semja svo um í kjarasamningi að tilteknir hópar starfsmanna ríkisins, sem uppfylla þessi skilyrði, greiði í aðra lífeyrissjóði.

Starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs, sem rétt eiga á aðild að B-deild sjóðsins skv. 2. og 3. mgr. 4. gr. þessara laga, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild hans, kjósi þeir að nýta sér heimild 4. mgr. 4. gr., og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðjald þeirra vegna til sjóðsins skv. 13. gr. Sama gildir um þá hjúkrunarfræðinga sem hefur verið skylt að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en kjósa fremur aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og hvílir þá sama skylda á launagreiðendum þeirra um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins.

Félagsmönnum aðildarfélaga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, aðildarfélaga Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands, sem ekki eiga aðild að sjóðnum skv. 1. og 2. mgr., er jafnframt heimilt að greiða iðgjald til A-deildar sjóðsins, enda hafi viðkomandi launagreiðandi samþykkt aðildina og þær skuldbindingar sem henni fylgja. Nánar skal kveðið á um aðild þessa í samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum en þeim er að framan greinir aðild að A-deild sjóðsins, enda beri þeim ekki að greiða í annan lífeyrissjóð og fyrir liggi samþykki viðkomandi launagreiðenda fyrir aðildinni og þeim skuldbindingum sem henni fylgja. Nánari ákvæði um aðild að A-deild sjóðsins skulu vera í samþykktum hans.

Þeir launagreiðendur, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árinu 1996 fyrir starfsmenn sína, hafa heimild til að tryggja þá starfsmenn hjá A-deild sjóðsins sem ekki eiga aðild að B-deild hans skv. 4. gr. Sama gildir um þá starfsmenn þessara launagreiðenda sem áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og réttindaávinnsla til ársloka 1996 skulu varðveitt í B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til sjóðsins eða áunnu sér réttindi án iðgjaldagreiðslu við árslok 1996, skulu eiga rétt til aðildar að B-deild lífeyrissjóðsins á meðan þeir gegna störfum hjá ríkinu, enda séu þeir skipaðir, settir eða ráðnir til a.m.k. eins árs eða ráðnir með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti og starf þeirra sé eigi minna en hálft starf. Sama á við um þá kennara og skólastjórnendur við grunnskóla sem voru í starfi við árslok 1996 á meðan þeir starfa við grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum, enda uppfylli ráðning þeirra sömu skilyrði um ráðningartíma og starfshlutfall.

Þeir sem starfa hjá grunnskólum við annað en kennslu eða skólastjórnun, þeir sem starfa hjá skólaskrifstofum og hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 skulu eiga sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins meðan þeir gegna þessum störfum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 2. eða 3. mgr. tekur til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar. Sjóðfélagi, sem þessi málsgrein eða 5. mgr. taka til og greiðir iðgjald til B-deildar sjóðsins eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar hans ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að sjóðnum, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Launagreiðendur, sem fengið höfðu heimild fyrir árslok 1996 til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, hafa áfram sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins fyrir þá starfsmenn sína og aðra sjóðfélaga sem greiddu iðgjald til sjóðsins við árslok 1996. Hafi sjóðfélagi lokið iðgjaldagreiðslu fyrir árslok 1996 en áfram áunnið sér réttindi án iðgjaldagreiðslu vegna starfa hjá launagreiðanda sem um ræðir í þessari málsgrein skal hann halda sama rétti til réttindaávinnslu hjá B-deild sjóðsins. Kjósi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, að greiða frekur iðgjald til A-deildar sjóðsins er honum það þó heimilt að tilskildu samþykki launagreiðanda hans. Sjóðfélaginn þarf að hafa tilkynnt sjóðnum um þessa ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður heimild hans til að greiða iðgjald til B-deildarinnar.

Einstaklingur, sem fengið hefur heimild til áframhaldandi aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir árslok 1996 vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi, hefur sömu heimild til að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til lífeyrissjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hans og launagreiðanda sem tryggir starfsmenn sína hjá sjóðnum hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að B-deild sjóðsins og þeir einstaklingar sem falla undir 2., 3. og 5. mgr. 4. gr.

Falli iðgjaldagreiðslur til B-deildar sjóðsins niður af öðrum ástæðum en segir í 1. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að B-deildinni, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengur, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að B-deild sjóðsins.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó svo að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga rétt til aðildar að B-deild sjóðsins hefji þeir störf sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 4. gr. á árinu 1997, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði 2. mgr. 4. gr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Sömu heimild til iðgjaldagreiðslu fyrir starfsmenn sína hafa þeir launagreiðendur sem falla undir 5. mgr. 4. gr.

6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð átta mönnum. Fjármálaráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn, stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 7. gr. og orðast svo:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 8. gr. og orðast svo:

Fyrir lok júní ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Á ársfundi verði eftir því sem við á gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og breytingum á samþykktum sjóðsins.

9. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

10. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

9. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins. Nánari reglur um framkvæmd athugunarinnar skal setja í samþykktir sjóðsins.

12. gr.

22. gr. laganna verður 11. gr.

18., 21., 23., 24. og 26. gr. laganna falla brott ásamt lögum nr. 156/1995, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, með síðari breytingum.

Röð eftirfarandi greina laganna breytist þannig:

16. gr. verður 29. gr. og 20. gr. verður 32. gr.

B. Iðgjaldagreiðslur, lífeyrisréttindi, ábyrgð launagreiðenda o.fl.

13. gr.

Á 10. gr. laganna, sem verður 23. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. Orðin „svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
b. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfé-

laga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 24. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins.

c. 6. og 7. mgr. falla brott.

d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Taki sjóðfélagi ekki laun samkvæmt samningum eða öðrum launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal stjórn sjóðsins ákveða þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld eru greidd af, og skulu þau ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

14. gr.

11. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðast svo:

B-deild sjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 23.–34. gr. sérstaklega um deildina.

15. gr.

Á 12. gr. laganna, sem verður 24. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

c. Við 2. mgr., sem verður 4. mgr., bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

d. 3. mgr., sem verður 5. mgr., orðast svo:

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

e. 4. og 5. mgr. falla brott.

f. Í stað orðanna „á hverjum tíma“ í 1. málsl. 6. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: við starfslok.

g. 9. mgr., sem verður 8. mgr., orðast svo:

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

16. gr.

8.–11. mgr. 12. gr. a í lögunum, sem verður 25. gr., falla brott.

17. gr.

Á 13. gr. laganna, sem verður 26. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. Orðin: „í samráði við landlækni“ í 1. mgr. falla brott.
b. Í stað „12. gr.“ í 2. og 3. mgr. kemur: 24. gr.

18. gr.

Á 14. gr. laganna, sem verður 27. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

b. 3. mgr. fellur brott.
c. Á eftir 5. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:

Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

d. 6. mgr. orðast svo:

Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

e. Í stað orðanna „Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka“ í 1. málsl. 7. mgr. kemur: Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið.

19. gr.

Við 15. gr. laganna, sem verður 28. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

20. gr.

Á 17. gr. laganna, sem verður 30. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. Tilvísunin „sbr. 12. og 14. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr.
c. Í stað „16. gr.“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: 29. gr.
d. 2. mgr. orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

21. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

22. gr.

Á 25. gr. laganna, sem verður 33. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

b. 2. mgr. fellur brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

23. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 34. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 33. gr. skal ríkissjóður endurgreiða þá hækkun sem þar er kveðið á um vegna kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Til frádráttar endurgreiðslu ríkissjóðs samkvæmt sama ákvæði komi tekjur af viðbótariðgjaldi skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. skulu launagreiðendur greiða 9,5% iðgjald til B-deildar sjóðsins af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót kennara og skólastjórnenda grunnskóla sem eru sjóðfélagar, ávinna sér lífeyrisréttindi hjá B-deild sjóðsins og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla.

C. Stofnun nýrrar deildar við sjóðinn.

24. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 12. gr. og orðast svo:

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.

25. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 13. gr. og orðast svo:

Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

26. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 14. gr. og orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

Stig hvers árs reiknast þannig að í árslaun sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

27. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 15. gr. og orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduðum með 1,90.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Sjóðfélaga A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

28. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 16. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Tryggingayfirlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu áliti tryggingayfirlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
b. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
c. ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati tryggingayfirlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

29. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 17. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagans, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagans.

Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var

veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

30. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélaga, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.

31. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 19. gr. og orðast svo:

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

32. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 20. gr. og orðast svo:

Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga.

33. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

D. Gildistaka og lagaskil.

34. gr.

I. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir um allar iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og lífeyrisgreiðslur úr honum eftir gildistöku þeirra. Ákvæði um niðurfellingu 2. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963 tekur þó gildi 1. janúar 1998.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt. Skal lögunum þá kaflaskipt þannig að I. kafli nái yfir 1.–11. gr. og heiti: **Almenn ákvæði.** II. kafli nái yfir 12.–21. gr. og heiti: **A-deild lífeyrissjóðsins.** III. kafli nái yfir 22.–34. gr. og heiti: **B-deild lífeyrissjóðsins** og IV. kafli nái síðan yfir 35.–38. gr. og heiti: **Gildistaka og lagaskil.**

35. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 35. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna og 1. mgr. 34. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun.

36. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 36. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

37. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 37. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

38. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 38. gr. og orðast svo:

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftar en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins rétthafa makalífeyris eftir eldri lögum. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 27. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefðu átt skylduaðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.

III.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

II. KAFLI
Um breytingu á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

A. Efnisbreytingar á lögunum.

39. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

40. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skipar fjármálaráðherra tvo þeirra og stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

41. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

42. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

43. gr.

Síðari málsliður 6. gr. laganna orðast svo: Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun án sérstakrar þóknunar.

44. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

45. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum síðan ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í a.m.k. tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 17. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi.

46. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 9. gr. og orðast svo:

Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist reglubundið, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22.00 til 9.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

47. gr.

Á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

b. Í stað „60 ára“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: 65 ára.

c. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.

d. Í stað orðsins „hjúkrunarkonur“ í síðari málslið 5. mgr. kemur: hjúkrunarfræðinga.

e. 6. mgr. fellur brott.

48. gr.

10. gr. laganna verður 11. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.
2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

49. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr.

50. gr.

Við 12. gr. laganna, sem verður 13. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar og orðast svo:

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr., eða skv. 6. mgr. 8. gr., skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 8. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu hærra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

51. gr.

13. gr. laganna verður 7. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélaga, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 8. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald til sjóðsins.

52. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 13. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 12. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

53. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein og orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

54. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann.

55. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Allir hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu eiga rétt til aðildar að sjóði þessum.

Heimild til aðildar að sjóðnum hafa einnig aðrir hjúkrunarfræðingar sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 á meðan þeir starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa jafnframt heimild til aðildar að sjóðnum, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjá öðrum sjóðfélögum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 1.–3. mgr. taka til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Eigi sjóðfélagi rétt til aðildar að sjóðnum skv. 2. eða 3. mgr. þarf samþykki launagreiðanda fyrir því að hefja iðgjaldagreiðslur til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að þeim sjóði, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum og þeir einstaklingar sem falla undir 1.–3. mgr.

Falli iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga niður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 5. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að sjóðnum, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til sjóðsaðildar innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga sama rétt til aðildar að þessum sjóði og þeir sem um ræðir í 1.–3. mgr. hefji þeir þar tilgreind störf á árinu 1997.

56. gr.

20. og 22. gr. laganna falla brott.

57. gr

21. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, honum þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs áður en taka lífeyris hefst verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

B. Gildistaka og lagaskil.

58. gr.

II. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Lífeyrisréttur þeirra sem byrjaðir eru töku lífeyris fyrir gildistöku laga þessara, svo og lífeyrisréttur maka þeirra og maka sjóðfélaga sem látist hafa fyrir gildistöku laganna, fer eftir reglum laga nr. 16/1965. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. um að breytingar á lífeyrisgreiðslum skuli ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu gildir þó um allar lífeyrisgreiðslur frá 1. janúar 1997.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16/1965, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa lögin út svo breytt.

59. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og 1. mgr. 58. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun

60. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 22. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Jafnframt eiga sjóðfélagar, sem eru á aldrinum frá 45 ára til 55 ára við gildistöku laga þessara, rétt á að hefja töku lífeyris á aldrinum frá 60 ára til 65 ára, þó svo að þeir uppfylli ekki aldursskilyrði 4. mgr. 8. gr., enda hafi þeir þá látið af þeim störfum sem veitt hafa aðild að sjóðnum. Réttur til töku lífeyris samkvæmt þessari málsgrein ákvarðast þannig að við 60 ára aldursmarkið bætist 0,5 mánuðir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hlutaðeigandi sjóðfélaga vantar til að hafa náð 55 ára aldri við gildistöku laga þessara.

61. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 23. gr. og orðast svo:

Við gildistöku laga þessara skal reikna áunninn lífeyrisrétt allra sjóðfélaga eftir iðgjaldagreiðslutíma og hæsta starfshlutfalli sem viðkomandi sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, en þó aldrei af hærra starfshlutfalli en 100%. Hafi sjóðfélagi þannig greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi samfellt í a.m.k. eitt ár, eða samtals í þrjú ár ef ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða, skal reikna honum 2% réttindaávinning fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, og hlutfallslega fyrir hluta úr ári. Hafi hæsta starfshlutfall, sem

sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, verið lægra en 100% skal hins vegar reikna hlutfallslega lægri réttindi fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Útreiknuð réttindi samkvæmt þessu skulu þó aldrei vera lægri en réttur skv. 2. mgr. 8. gr.

Hafi sjóðfélagi náð hæsta starfshlutfalli sínu samtals í eitt ár eða lengri tíma, án þess að um samfellu í iðgjaldagreiðslum í eitt ár hafi verið að ræða, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja það til grundvallar útreikningi skv. 1. mgr., enda hafi sjúkdómsforföll, atvinnuleysi eða sambærilegar ástæður komið í veg fyrir samfelldar iðgjaldagreiðslur.

62. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 24. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 8. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins a.m.k. þrjú ár.

63. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 25. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu, þurfa þeir hjúkrunarfræðingar, sem lokið hafa iðgjaldagreiðslu í 30 ár skv. 7. gr. laga nr. 16/1965, ekki að greiða iðgjald til sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að taka við iðgjöldum frá viðkomandi hjúkrunarfræðingum samkvæmt beiðni þeirra frá gildistöku laga þessara og þar til þeir hafa lokið iðgjaldagreiðslu skv. 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr.

64. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 26. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna hjúkrunarstörfum sem veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

481. Frumvarp til laga [228. mál]

um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

3. mgr. 6. gr. laganna hljóðar svo:

Í svæðisráði sitja sjö fulltrúar og skulu þeir skipaðir af ráðherra til 1. janúar 1999.

Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið skulu tilnefna sinn fulltrúann hvor og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skal héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar. Svæðisráð skal kveðja á sinn fund fólk með sérþekkingu á skólamálum þegar ástæða er til.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 12. gr. laganna hljóðar svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa til 1. janúar 1999 að fenginni umsögn svæðisráða.

3. gr.

Í stað 3. málsl. 3. mgr. 16. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er hljóða svo: Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

4. gr.

2. málsl. 4. tölul. 40. gr. laganna hljóðar svo: Styrkur þessi má ná til alls framlags framkvæmdaraðila.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. og 3. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal eftir gildistöku þessara laga gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og skipa verkefnisstjórn/stjórnir í því skyni. Við undirbúninginn skal huga að réttindagæslu fatlaðra.

Yfirfærsla málaflokksins komi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hafi Alþingi þá m.a. samþykkt:

a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

482. Frumvarp til laga [73. mál]

um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara ná til virkja og raffanga í landi, en ekki til eigin virkja farartækja, svo sem skipa, flugvéla og bifreiða.

Ef ágreiningur verður um það hvort tiltekin virki falli undir lög þessi sker ráðherra úr.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lögmætu ástandi þeirra.

Einkarafstöð: Rafstöð í einkaeign sem er staðbundin og framleiðir rafmagn fyrir neysluveitu og fær ekki rafmagn frá rafveitu.

Innri öryggisstjórnun: Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt.

Innri öryggisstjórnunarkerfi: Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu.

Löggiltur rafverktaki: Sá sem hlotið hefur löggildingu Löggildingarstofu til rafvirkjunarstarfa.

Neysluveita: Raflögn og raflagnabúnaður innan við stofnkassa (eða búnað sem gegnir hlutverki stofnkassa).

Raffang: Hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns.

Raforkuvirki: Mannvirki til vinnslu og dreifingar rafmagns.

Rafskoðunarstofa: Faggiltur óháður aðili sem hefur starfsleyfi frá Löggildingarstofu til að annast skoðanir á raftæknisviði.

Rafveita: Fyrirtæki sem framleiðir, flytur, dreifir og/eða selur rafmagn.

Skoðun: Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi laga, reglugerða og annarra lögmætra fyrirmæla.

Virki: Samheiti fyrir raforkuvirki og neysluveitur.

Yfireftirlit: Eftirlit með að ákvæðum þessara laga sé fylgt í framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

II. KAFLI
Öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

4. gr.

Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu rafmagnsbúnaðar sem fyrir er. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum skulu þær gerðar á kostnað eiganda hins nýja búnaðar. Þó má skylda eiganda eldri búnaðarins til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu búnaðarins framvegis. Svo má og ákveða að eigandi eldri búnaðarins skuli kosta að nokkru eða öllu leyti öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af búnaði hans og hans eign ef þær eru nauðsynlegar sökum þess að eldri búnaðurinn hefur verið ófullkomnari eða miður

tryggur en venja er til eða krafist er um nýjan búnað á þeim tíma þegar ráðstafanir koma til framkvæmda.

Rafföng, neysluveitur og raforkuvirki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna og dýra, umhverfi eða eignum í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

5. gr.

Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna bera ábyrgð á að þau séu í lögmætu ástandi. Á sama hátt skulu framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga bera ábyrgð á lögmætu ástandi við sölu þeirra.

Í því skyni að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt skulu ábyrgðarmenn raforkuvirkja rafveitna og stóriðjuvera, samkvæmt ákvörðun ráðherra, koma upp innra öryggisstjórnunarkerfi með virkjum sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara. Einnig skulu rafverktakar koma upp innri öryggisstjórnun með eigin starfsemi sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara.

III. KAFLI
Rafmagnseftirlit.

6. gr.

Yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Hlutverk Löggildingarstofu á sviði rafmagnsöryggis skal m.a. vera eftirfarandi:

1. vera ráðherra til ráðuneytis um rafmagnsöryggismál;
2. hafa faglega umsjón með framkvæmd rafmagnsöryggismála;
3. annast löggildingu rafverktaka, veita skoðunarstofum og ábyrgðarmönnum rafveitna starfsleyfi, ákveða viðurlög og beita sviptingum ef skilyrði leyfis eru ekki uppfyllt eða lögboðnar skyldur eru vanræktar;
4. skera úr ágreiningi um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

7. gr.

Með reglubundnum hætti skal fara fram skoðun á því hvort raforkuvirki, neysluveitur og rafföng og starfsemi þeirra er hlotið hafa löggildingu eða starfsleyfi Löggildingarstofu uppfylli ákvæði þessara laga.

8. gr.

Einstaklingar og lögaðilar sem stofna vilja til reksturs rafskoðunarstofu skulu sækja um starfsleyfi til Löggildingarstofu. Til að öðlast slík leyfi skal rafskoðunarstofa vera faggilt í samræmi við lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Starfsleyfi skulu ná til landsins alls og vera veitt til fimm ára í senn. Löggildingarstofa getur að undangenginni áminningu svipt rafskoðunarstofu starfsleyfi ef hún fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfisins eða vanrækir skyldur sínar.

9. gr.

Hlutverk rafskoðunarstofa í eftirliti með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum skal vera sem hér greinir:

1. að skoða ný og eldri raforkuvirki, og neysluveitur;
2. að skoða innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og framkvæmd þess;
3. að skoða aðstöðu og búnað rafverktaka;
4. að skoða innri öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og framkvæmd þess;
5. að skoða rafföng og raforkuvirki á markaði.

Í þeim tilvikum sem ekki er fyrir hendi faggilt rafskoðunarstofa til þess að annast skoðanir á tilteknu sviði skal Löggildingarstofa annast þær og sú starfsemi vera faggilt.

10. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og starfsmenn rafskoðunarstofa sem hafa starfsleyfi á rafmagnsöryggissviði skv. 8. gr. skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að raforkuvirkjum, neysluveitum, starfsstöðum rafverktaka og rafföngum sem til skoðunar eru hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna og rafverktakar, svo og framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga, skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir.

11. gr.

Telji starfsmenn rafveitna, rafskoðunarstofa eða rafverktaki að tiltekin neysluveita, rafföng eða hvers konar hlutar raforkuvirkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði laga þessara skal án tafar senda tilkynningu þess efnis til Löggildingarstofu. Tilkynning skal einnig send til Löggildingarstofu ef skoðunarstofa telur að tiltekinn rafverktaki, starfsmaður rafveitu eða ábyrgðarmaður rafveitu uppfylli ekki ákvæði laga þessara.

Berist Löggildingarstofu tilkynning skv. 1. mgr. þessarar greinar eða verði hún að öðru leyti þess áskynja að hætta kunni að stafa af rafmagnsbúnaði, skal stofnunin tafarlaust grípa til þeirra úrræða sem grein þessi mælir fyrir um.

Leiki rökstuddur grunur á því að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa tímabundið bannað sölu eða notkun á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Leiði rannsókn Löggildingarstofu í ljós að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa bannað sölu hans, stöðvað notkun, bannað uppsetningu og krafist niðurtöku og innköllunar.

Telji Löggildingarstofa að einstaklingur eða lögaðili sem starfar samkvæmt leyfi eða löggildingu hennar hafi brotið ákvæði leyfisins eða löggildingarinnar skal stofnunin, áður en gripið er til leyfissviptingar, senda viðkomandi fyrirmæli þar sem tilgreina skal ávirðingar, benda á leiðir til úrbóta og tilgreina fyrir hvaða tíma framkvæma skuli úrbætur.

Ákvörðunum og fyrirmælum Löggildingarstofu má skjóta til úrskurðar ráðherra en málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

12. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og rafskoðunarstofa eru bundnir þagnarskyldu um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og atvinnuleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að Löggildingarstofa birti opinberlega upplýsingar um hættuleg raforkuvirki, neysluveitur og rafföng ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af hlutum þessum stafar hætta.

13. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru eða síðar kunna að koma. Jafnframt setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

1. gerð, tilhögun, setningu, starfrækslu og eftirlit með raforkuvirkjum og neysluveitum, svo og öðrum mannvirkjum sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum og neysluveitum að tjón, hætta eða tilfinnanleg truflun geti stafað af;
2. framkvæmd og tilhögun yfireftirlits Löggildingarstofu;
3. ábyrgð ábyrgðarmanna á ástandi virkja og meðferð þeirra;
4. takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu, smíði innan lands og notkun raffanga og einstakra hluta raforkuvirkja eða neysluveitna sem fullnægja ekki settum skilyrðum;
5. skyldur ábyrgðarmanna til þess að tilkynna, gefa skýrslu um og halda skrá yfir raforkuvirki og neysluveitur sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu og endurbætur eldri virkja;
6. heimild til handa Löggildingarstofu til að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja eða neysluveitna og rjúfa rafstraum hjá einstökum notendum og fyrirtækjum sem hlíta ekki ákvæðum laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra, svo og svipta þá löggildingu eða starfsleyfi sem gerst hafa brotlegir við lög þessi eða reglugerðir á grundvelli þeirra;
7. innra öryggisstjórnunarkerfi og viðurkenningu Löggildingarstofu á því, svo og um skyldur ábyrgðarmanna, sbr. 5. gr.;
8. tíðni, umfang og framkvæmd skoðana sem skulu vera í samræmi við þá hættu sem stafar af gerð raforkuvirkis, neysluveitu eða raffangs, sbr. 7. gr.;
9. eftirlit með raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum, innfluttum eða smíðuðum innan lands;
10. starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, löggildingu rafverktaka og um skilyrði sem fullnægja þarf;
11. fræðslu og upplýsingar um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast henni;
12. birtingu niðurstaðna skoðana, upplýsinga um slys og tjón og annarra upplýsinga um rafmagnsöryggismál;
13. heimildir Löggildingarstofu til að setja nánari reglur um tæknilega útfærslu á gerð, tilhögun, eftirliti og starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og á skoðunaraðferðum rafskoðunarstofa og rafverktaka.

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja ákvæði um raforkuvirki eða rafföng sem falla ekki undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar með taldar bókanir hans og viðauka.

IV. KAFLI
Gjaldtaka.

14. gr.

Til reksturs rafmagnsöryggismála sem Löggildingarstofu eru falin samkvæmt lögum þessum skal aflað fjár á eftirfarandi hátt:

1. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu með rafveitum skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun. Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.
2. Vegna úrtaksskoðana sem Löggildingarstofa lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innri öryggisstjórnun þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.
3. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjaldtöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

   Undir gjaldtöku samkvæmt tölulið þessum má fella kostnað við yfireftirlit og skoðanir á einkarafstöðvum.
4. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri og þrátt fyrir ákvæði annarra laga um rafveitur skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti.

   Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.
5. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða til stofnunarinnar eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru.

   Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem seld eru úr landi.
6. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innri öryggisstjórnun rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.
7. Löggildingarstofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Löggildingarstofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin gefur út og ráðherra staðfestir.
8. Löggildingarstofu er heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra. Þeir sem slíkar aukaskoðanir beinast að skulu greiða kostnað sem af þeim hlýst samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um gjöld þessi. Í reglugerð getur ráðherra heimilað rafveitum, eigendum neysluveitna og rafverktökum að semja beint við rafskoðunarstofur um skoðanir skv. 2., 3. og 6. tölul. þessarar greinar.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðunum eða fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt lögum þessum getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að þeim. Dagsektir geta numið frá 10 til 500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvarðanir skv. 1. mgr. um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Við aðför samkvæmt ákvörðunum um dagsektir skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð skal fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

Öll gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

16. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk raforkuvirki og rafföng sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt ákvæðum laga þessara, reglugerða og öryggisfyrirmælum Löggildingarstofu.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Rafveitur geta óskað eftir allt að tólf mánaða aðlögunartíma frá gildistöku laga þessara til að hverfa frá eftirliti með rafmagnslögnum og tækjum sem notuð eru í sambandi við veitur þeirra. Rafveitur skulu hafa samráð við Löggildingarstofu um þá aðlögun. Á aðlögunartíma skal skoðun rafveitna fylgja reglum Löggildingarstofu sem eru þær sömu fyrir landið allt. Grein þessi frestar ekki gildistöku ákvæða 14. gr. laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60 31. maí 1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins.

483. Frumvarp til laga [74. mál]

um Löggildingarstofu.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

1. gr.

Löggildingarstofa er ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi og heyrir hún undir viðskiptaráðherra.

2. gr.

Löggildingarstofa hefur með höndum faggildingu, löggildingu og eftirlit því tengt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum.

Löggildingarstofa annast eftirfarandi málaflokka:

1. rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga;
2. lögmælifræði, hagnýta mælifræði og faggildingu, eins og kveðið er á um í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992;
3. öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995;
4. önnur verkefni sem stofnuninni eru falin.

3. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Löggildingarstofu til þriggja ára í senn, þar af einn formann. Stjórnin hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar og samþykkir starfsáætlanir hennar, fjárhagsáætlanir og fjárhagsuppgjör, gerir tillögu til ráðherra um gjaldskrá og sér til þess að starfshættir séu á hverjum tíma gagnsæir. Ráðherra staðfestir skipulag stofnunarinnar og skiptingu hennar í deildir.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi á sviði er tengist starfsemi stofnunarinnar. Forstjóri stýrir faglegu starfi stofnunarinnar, hefur umsjón með rekstri hennar og ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Hin nýja stofnun skal taka til starfa 1. janúar 1997.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott 2. mgr. 14. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, sbr. lög nr. 147/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnanirnar Löggildingarstofan, sbr. lög nr. 100/1992, og Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 60/1979, eru lagðar niður frá og með 1. janúar 1997 og eru öll störf á þessum stofnunum lögð niður þegar Löggildingarstofa tekur til starfa. Löggildingarstofa tekur á sama tíma við eignum og skuldum Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins. Í lögum og reglugerðum þar sem fyrir koma heitin Löggildingarstofan og Rafmagnseftirlit ríkisins ber eftir gildistöku þessara laga að líta svo á að átt sé við Löggildingarstofu.

Strax eftir gildistöku laga þessara skal stjórn Löggildingarstofu skipuð. Staða forstjóra skal auglýst laus til umsóknar með fjögurra vikna fyrirvara svo fljótt sem því verður við komið. Starfsmenn Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Nýr forstjóri skal ráða í þær stöður.

484. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Mál þetta snýr að því að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast hluta Íslands gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum, annars vegar til framlengingar fjárfestingarlána fyrir Eystrasaltsríkin og hins vegar til umhverfislána til grannhéraða Norðurlandanna.

Nefndin tók frumvarpið fyrir á fundi sínum í hádeginu og er einhuga um að styðja **samþykkt** þess.

Alþingi, 20. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Jón Baldvin Hannibalsson, frsm.	Ágúst Einarsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Steingrímur J. Sigfússon.	Einar Oddur Kristjánsson.	Sólveig Pétursdóttir.

485. Framhaldsnefndarálit [180. mál]

við frv. til l. um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin tók málið aftur fyrir að lokinni 2. umræðu og fékk til sín Indriða H. Þorláksson frá fjármálaráðuneytinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið, eins og það stendur nú, verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 22. gr. Við c-lið bætist ný efnismálsgrein sem orðist svo:
   Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en ríkissjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.
2. Við I. kafla bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

Fyrri tillagan er um að heimila Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins að taka við skuldabréfum til lúkningar áföllnum skuldbindingum annarra en ríkisins. Tillagan miðast við að heimildin verði ekki notuð nema með samþykki fjármálaráðuneytis og með þeim skilmálum sem það ákveður. Líklegt er að ýmsir launagreiðendur sem flytja starfsmenn sína í A-deild sjóðsins vilji um leið gera upp fortíðarskuldbindingu sína, enda getur slíkt uppgjör verið forsenda þess að flutningur sé mögulegur. Síðari tillagan skýrir sig sjálf, en þar er farin sambærileg leið og með starfsmenn Landakots þegar þeir fluttust yfir.

Alþingi, 20. des. 1996.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
Steingrímur J. Sigfússon.		Árni R. Árnason.

486. Breytingartillaga [251. mál]

við frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, GMS, PHB, VS, EOK).

Á undan 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (7. gr.)

Í stað orðanna „eða 24. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: eða setja í forföllum skv. 1. málsl. 24. gr.

b. (8. gr.)

Í stað orðanna „öðrum en embættismönnum“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: öðrum en embættismönnum og þeim sem kjaranefnd ákvarðar laun.

Greinargerð.

Í 8. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, að heimilt verði að setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár. Hér er í a-lið lögð til sú breyting á 7. gr. laganna að undanþáguheimild frá skyldu til auglýsingar embætta nái ekki til framangreindrar reynsluskipunar. Þá er í b-lið lögð til breyting á orðalagi 9. gr. laganna til að tryggja að heilsugæslulæknar og prófessorar, sem færðir eru undir kjaranefnd skv. 6. gr. frumvarpsins, eigi ekki rétt til viðbótarlauna skv. 2. mgr. 9. gr. laganna.

487. Frumvarp til laga [256. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, nema þau séu sérstaklega falin öðrum ráðherrum.

3. gr.

Veðurstofa Íslands aflar gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinnur úr þeim. Hún annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefur út viðvörun um hana, sbr. 6. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands aflar gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna.

Veðurstofan skal ráða sérstaka eftirlitsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem þörf er á slíkum athugunum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns. Skal sveitarstjórn leggja honum til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað, svo og sjá um rekstur á tækjum og búnaði, endurgjaldslaust.

Laun eftirlitsmanna skulu greidd úr ríkissjóði.

4. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð.

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða, samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags.

Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði. Við matið skal tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið.

Hættumat öðlast gildi þegar ráðherra hefur staðfest það. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og skal það lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

Reglur um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra skulu settar af ráðherra.

5. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast gerð neyðaráætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

Almannavarnir skulu skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapast hefur vegna ofanflóða eftir því sem fyrir er mælt í lögum um almannavarnir og 6. og 7. gr. laga þessara.

6. gr.

Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd, gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flytja eða það flutt á brott úr öllu húsnæði á svæði eða svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og hlutaðeigandi almannavarnanefndum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

Uppdrættir skv. 1. mgr. skulu endurskoðaðir í ljósi nýrrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða og breyttra aðstæðna, svo sem vegna þess að reist hafa verið varanleg varnarvirki.

7. gr.

Lögreglustjóri getur hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum, þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir skv. 6. gr. Að auki er heimilt að fyrirskipa að húsnæði skuli rýmt á stærra svæði eða svæðum en gert er ráð fyrir á uppdráttum Veðurstofu Íslands, þar á meðal á stöðum sem 6. gr. tekur ekki til. Má beita valdi til þess að rýma þannig húsnæði ef þörf krefur.

Þá er lögreglustjóra heimilt að banna umferð um tilteknar götur og vegi vegna hættu á ofanflóðum utan svæða sem rýmd hafa verið skv. 6. gr. Í sama skyni er heimilt að banna fólki aðgang að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum.

8. gr.

Í hvert sinn, sem manntjón verður í byggð af völdum ofanflóðs, skal skipa sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóðsins og afleiðingar þess. Ennfremur er heimilt að skipa slíka nefnd í öðrum tilvikum ef manntjón eða verulegt eignatjón hefur hlotist af ofanflóði.

Forsætisráðherra skipar hverju sinni þrjá sérfróða menn í nefndina. Formaður nefndarinnar, sem uppfylla skal starfsgengisskilyrði héraðsdómara, skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og umhverfisráðherra.

Rannsókn nefndarinnar skal einvörðungu miða að því að draga úr hættu af völdum ofanflóða. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum. Henni er heimilt að krefjast framlagningar á skjölum og öðrum gögnum er varða ofanflóð og taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að kunni að geta veitt upplýsingar er að gagni mega koma við rannsóknina.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

Um rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, ofanflóðanefnd, til að annast þau verkefni sem greinir í 2. mgr. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni ofanflóðanefndar eru:

1. Að fjalla um og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórnar skv. 10. og 11. gr.
2. Að ráðstafa fé úr ofanflóðasjóði skv. 13. gr.

Ákvarðanir ofanflóðanefndar skv. 2. mgr. öðlast fyrst gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær. Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

10. gr.

Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

11. gr.

Ef hagkvæmara er talið, til að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu til ofanflóðanefndar um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að reisa varnarvirki eða beita öðrum varnaraðgerðum. Auk húseigna getur sveitarstjórn í sama skyni gert tillögu um kaup á lóðum eða öðrum fasteignum.

Sveitarstjórn skal sjá um að kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

Sveitarfélag verður eigandi eigna, sem keyptar eru samkvæmt þessari grein, en nýting þeirra er háð samþykki ráðherra.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um eignarnám fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu umhverfisráðuneytisins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt gjald, sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,3‰ af vátryggingarverðmæti. Gjaldið skal innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands og fer um innheimtu þess samkvæmt lögum um viðlagatryggingu, þar á meðal skal gjaldið njóta lögtaksréttar og lögveðréttar í vátryggðri eign. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til vátryggingafélaga samkvæmt lögum um viðlagatryggingu.
2. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.

3. Vaxtatekjur, sbr. 13. gr.
4. Aðrar tekjur.

Lán til starfsemi sjóðsins, sem eru með ábyrgð ríkissjóðs, skulu háð samþykki fjármálaráðherra.

13. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 12. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins og ofanflóðanefndar, svo og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 4. gr. og uppdrátta skv. 6. gr.
2. Greiða skal allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja.
3. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki skv. 1. og 2. mgr. 10. gr.
4. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja skv. 3. mgr. 10. gr.
5. Greiða má allt að 90% af kostnaði við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteignum, svo og af kostnaði við flutning húseigna, skv. 1., 2. og 4. mgr. 11. gr., eftir því sem nánar er fyrir mælt í 14. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélagi lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þess skv. 3. og 5. tölul. 1. mgr., enda sé því fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Lán skal veitt til 15 ára með sambærilegum kjörum og ofanflóðasjóði standa til boða. Þó skal endurgreiðsla af láninu, þar með taldir vextir og verðbætur, aldrei nema hærri fjárhæð á ári hverju en nemur 1% af höfuðstól lánsins, ásamt vöxtum og verðbótum, að viðbættum 0,15‰ af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélags vegna sölu eða leigu á eignum sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. Það sem eftir kann að standa af láninu að liðnum lánstíma skal falla niður.

14. gr.

Ef ákveðið er að ofanflóðasjóður taki þátt í hluta af kostnaði við kaup eða eignarnám á eignum eða flutning á húseignum skv. 5. tölul. 13. gr. skal greiðsla úr sjóðnum miðast að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar, sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign, sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en viðmiðunarverð skv. 1. og 2. mgr.

15. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru hingað til lands eða framleidd eru hér á landi til varna gegn ofanflóðum.

16. gr.

Umhverfisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, ásamt síðari breytingum.

Ef hættumat hefur verið staðfest fyrir 1. janúar 1996 fellur það sjálfkrafa úr gildi við gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Skipulags ríkisins og Veðurstofu Íslands, að setja reglur um skipulag nýrrar byggðar og nýbyggingar í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Skal styðjast við þær reglur uns hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

II.

Ofanflóðasjóður skal á árinu 1997 greiða laun eftirlitsmanna skv. 3. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Frá því að núgildandi lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, voru sett hefur þeim þrívegis verið breytt, með lögum nr. 50/1995, nr. 151/1995 og nr. 62/1996. Þessar breytingar áttu allar rætur að rekja til snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri á síðasta ári sem kostuðu fjölda mannslífa og eru öllum landsmönnum í fersku minni. Vegna þess að brýn þörf var á að bregðast strax við þessum náttúruhamförum og afleiðingum þeirra með breytingum á lögunum gafst enginn tími til að taka þau til endurskoðunar í heild sinni. Þess í stað var afráðið að endurskoða lögin þegar betra tóm gæfist til með það fyrir augum að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum yrði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996, svo sem fram kemur í 14. gr. núgildandi laga, sbr. 10. gr. laga nr. 151/1995.

Í samræmi við þetta markmið var nefnd, sem forsætisráðherra hafði upphaflega skipað 25. september 1995, falið að semja nýtt frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Nefndin hafði á sínum tíma unnið að samningu frumvarps til laga um breytingu á núgildandi lögum sem síðar varð, nokkuð breytt, að lögum nr. 151/1995. Í nefndinni hafa átt sæti: Eiríkur Tómasson prófessor, formaður, Húnbogi Þorsteinsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu, en hann hefur tekið sæti í nefndinni meðan Berglind Ásgeirsdóttir er í leyfi frá embætti ráðuneytisstjóra, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ritari nefndarinnar hefur verið Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

Við undirbúning að frumvarpinu hefur nefndin m.a. haft samráð við veðurstofustjóra, formann almannavarnaráðs og framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, svo og sýslumenn og sveitarstjórnarmenn á þeim stöðum þar sem einkum er talin hætta á snjóflóðum og skriðuföllum, auk sérfræðinga á sviði snjóflóðavarna. Hefur nefndin eins og kostur er farið eftir ábendingum og athugasemdum þessara aðila við samningu frumvarpsins. Að auki

hefur hún haft hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um eðli og afleiðingar ofanflóða, einkum snjóflóða, svo og áætlaða þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki hér á landi og mat á kostnaði við þau. Á þessu ári var að beiðni umhverfisráðuneytisins gerð úttekt á mögulegum varnarkostum í þeim sveitarfélögum sem talið er að búi við snjóflóðahættu. Skýrsla um þessa úttekt var gefin út af Veðurstofu Íslands í októbermánuði sl. og mun henni verða útbýtt til alþingismanna samhliða frumvarpi þessu.

II.

Þótt bryddað sé upp á nokkrum nýmælum í frumvarpinu er það í meginatriðum byggt á núgildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Vegna þess að efnisskipan laganna hefur nokkuð raskast við þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar, varð það hins vegar að ráði að setja frumvarpið fram sem nýtt, sjálfstætt lagafrumvarp með það fyrir augum að gera lögin í senn aðgengilegri og heilsteyptari en þau eru nú. Þá hefur orðalagi verið breytt á nokkrum stöðum, m.a. til þess að samræmis gæti í orðanotkun milli einstakra ákvæða í lögunum og í samanburði við ákvæði í öðrum lögum.

Aðalmarkmiðið með lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hlýtur að vera að aftra því að manntjón hljótist af ofanflóðum, jafnt snjóflóðum sem skriðuföllum, sér í lagi að forða því svo sem kostur er að fólk láti lífið eða slasist á heimilum sínum. Þess vegna er í frumvarpinu, eins og í núgildandi lögum, gengið út frá því að húsnæði verði skilyrðislaust rýmt á tilteknum hættusvæðum þegar staðbundin hætta er á snjóflóðum, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Því til viðbótar er almannavarnayfirvöldum í 7. gr. veitt heimild til að rýma húsnæði í öðrum tilvikum þegar hætta er á ofanflóðum, snjóflóðum eða skriðuföllum. Ennfremur er í 4. gr. frumvarpsins gengið út frá því, eins og nú er gert, að stuðst verði við vandað hættumat við skipulag og uppbyggingu byggðar í framtíðinni á stöðum þar sem sérstök hætta er á ofanflóðum, auk þess sem áhersla er lögð á það að reist verði varnarvirki til að verja núverandi byggð fyrir slíkum flóðum. Framkvæmdir við uppbyggingu varnarvirkja munu hins vegar taka langan tíma og kosta mikla fjármuni, svo sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.

III.

Helstu breytingar á núgildandi lögum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þessar:

1. Reglum um svonefnt hættumat er breytt í nokkrum atriðum, sbr. einkum 1. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Vegna þess hve vinna við hættumat er tímafrek og kostnaðarsöm er lagt til að slíkt mat nái fyrst og fremst til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þá er skilgreint hvað eigi að felast í hættumati en þá skilgreiningu er ekki að finna í gildandi lögum. Er gengið út frá því að ákveðin verði sú hætta af völdum ofanflóða, sem ásættanlegt getur talist að fólk á byggðum svæðum búi við, með hliðsjón af annarri almannahættu sem fyrir hendi er í nútímaþjóðfélagi. Í 17. gr. frumvarpsins er ráð fyrir því gert að hafi hættumat verið staðfest á árinu 1995 eða fyrr falli það sjálfkrafa út gildi ef frumvarpið verður að lögum. Þær aðferðir, sem notaðar voru á árum áður við gerð hættumats, hafa í ljósi reynslunnar reynst ófullnægjandi. Þess vegna er eðilegt og eyðir um leið réttaróvissu að eldra hættumat sé fellt úr gildi enda þótt ljóst sé að nokkur tími muni líða uns hægt verður að staðfesta fyrsta hættumatið sem byggt er á nýrri þekkingu og reynslu. Þangað til það gerist er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að umhverfisráðherra geti sett bráðabirgðareglur um skipulag nýrrar byggðar og nýbyggingar í þeim sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu, svo að þróun og uppbygging byggðar stöðvist ekki algjörlega á þeim stöðum. Verður þó að gera ráð fyrir að á meðan ekki liggur fyr-

ir vandað hættumat verði mörkin fyrir örugg byggingarsvæði dregin þröngt vegna varfærnissjónarmiða.

2. Eins og fyrr segir er í 6. gr. frumvarpsins byggt áfram á þeirri tilhögun, sem tekin var upp með 3. gr. laga nr. 151/1995, sbr. 4. gr. núgildandi laga, að Veðurstofa Íslands skuli gefa út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi sem lögreglustjóra og almannavarnanefnd er skylt að bregðast við með þeim hætti að rýma húsnæði á tilteknum svæðum. Vegna ábendinga, einkum frá lögreglustjórum, er ráð fyrir því gert í 7. gr. frumvarpsins að lögreglustjóri geti hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofunnar, auk þess sem heimilt er að fyrirskipa rýmingu á öðrum og stærri svæðum en fram koma á rýmingaruppdráttum Veðurstofunnar.

3. Í kjölfar hinna mannskæðu snjóflóða, sem féllu á Vestfjörðum á síðasta ári, hefur verið bent á það að æskilegt sé að fram fari hlutlæg og óháð rannsókn á orsökum og afleiðingum ofanflóðs í hvert sinn sem manntjón hefur orðið. Í samræmi við þetta er í 8. gr. frumvarpsins svo fyrir mælt að í hvert sinn, sem manntjón verður af völdum ofanflóðs í byggð, skuli skipa sérstaka rannsóknarnefnd til að framkvæma slíka rannsókn. Ennfremur verði heimilt að skipa rannsóknarnefnd í öðrum tilvikum ef manntjón eða verulegt eignartjón hefur hlotist af ofanflóði. Rannsókn sem þessari er eingöngu ætlað að hafa það markmið að draga úr hættu af völdum ofanflóða á sama hátt og rannsókn á flug- og sjóslysum. Rétt er hins vegar að vekja athygli á því að hér er ekki um lögregluranns ókn að ræða, svo sem berum orðum er tekið fram í niðurlagi 8. gr.

4. Í 9. gr. frumvarpsins eru settar skýrari reglur um skipun og verkefni svonefndrar ofanflóðanefndar. Jafnframt er lagt til að hlutverk nefndarinnar verði nokkru víðtækara en nú er, þar á meðal verði henni falið að taka ákvarðanir um ráðstöfun á fé úr ofanflóðasjóði í stað umhverfisráðherra. Þær ákvarðanir nefndarinnar verði þó, eins og aðrar ákvarðanir hennar, háðar staðfestingu umhverfisráðherra, sbr. 3. mgr. 9. gr.

5. Niðurstaðan í skýrslu Veðurstofunnar um þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki hér á landi er sú að almennt sé hagkvæmara að reisa varanleg varnarvirki til þess að draga úr hættu og tjóni af völdum ofanflóða, heldur en að kaupa eða flytja húseignir í því sama skyni. Í samræmi við þessa meginniðurstöðu er í 10. og 11. gr. frumvarpsins gengið út frá því sem aðalreglu að varnarvirki verði reist með stuðningi ofanflóðasjóðs á þeim stöðum þar sem hætta er á ofanflóðum, einkum snjóflóðum, en húseignir verði aðeins keyptar eða fluttar á brott í undantekningartilvikum. Ef sá kostur er talinn hagkvæmari er kveðið skýrt á um það í 2. mgr. 11. gr. að það sé hlutverk sveitarstjórnar að kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Taki ofanflóðasjóður þátt í hluta af kostnaði við kaup á eignum eða flutning á þeim leiðir af 14. gr. frumvarpsins að miða skal að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð eða framreiknað kaupverð húseignar ásamt kostnaði eiganda af endurbótum á henni. Með frumvarpinu er með öðrum orðum gerð tillaga um að heimild til að miða greiðslur úr ofanflóðasjóði við brunabótamat eða endurstofnverð, sem er að finna í 5. mgr. 7. gr. og ákvæðum til bráðabirgða í núgildandi lögum, verði felld á brott úr lögum.

6. Í 12. gr. frumvarpsins er að finna breytingar á reglum um svonefndan ofanflóðasjóð. Lagt er til að sjóðurinn verði framvegis í vörslu umhverfisráðuneytisins en helsti tekjustofn hans verði eftir sem áður árlegt gjald sem lagt verði á allar brunatryggðar húseignir í landinu og innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands. Gerð er tillaga um að gjaldið hækki úr 0,2‰ af vátryggingaverðmæti í 0,3‰ en á móti falli niður hlutdeild ofanflóðasjóðs í iðgjaldatekjum viðlagatryggingar og aukaálag á iðgjaldið. Með þessu

móti vinnst tvennt: Í fyrsta lagi eru ofanflóðasjóði tryggðar nægar tekjur til þess að hann geti staðið undir uppbyggingu á nauðsynlegum varnarvirkjum og í öðru lagi eru gerð skýr skil á milli ofanflóðasjóðs annars vegar og viðlagatryggingar hins vegar. Sá háttur að greiða hluta af iðgjöldum viðlagatryggingar til sjóðsins stenst heldur varla þegar til lengri tíma er litið enda hefur hann verið gagnrýndur, m.a. af endurtryggjendum viðlagatryggingar.

7. Fyrirsjáanlegt er að kostnaður við gerð og uppbyggingu varnarvirkja verður mjög mikill í þeim sveitarfélögum þar sem helst er talin hætta á ofanflóðum. Miðað við veika fjárhagsstöðu flestra, ef ekki allra, þessara sveitarfélaga telja fyrirsvarsmenn þeirra sig ekki geta tekið þátt í þeim 10% af þessum kostnaði sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Hafa þeir því sett fram þá kröfu að ríkisvaldið, þ.e. ofanflóðasjóður, beri allan kostnað við uppbyggingu varnarvirkja. Það væri hins vegar mikið óráð að færa forræði á hönnun og framkvæmdum við varnarvirkin að öllu leyti úr höndum heimamanna. Þessi mannvirki munu óhjákvæmilega tengjast skipulagi og uppbyggingu byggðar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, auk þess sem þau eiga eftir að setja mikinn svip á umhverfið. Af þessum sökum er enn sem fyrr gengið út frá því í 13. gr. frumvarpsins að sveitarstjórnir hafi frumkvæði að gerð varnarvirkja og fjármagni þær jafnframt að 1/10 hluta. Hins vegar er komið til móts við sjónarmið sveitarstjórnarmanna með því að heimila ofanflóðasjóði í 2. mgr. 13. gr. að veita þeim sveitarfélögum sem er fjárhagslega ofviða að standa straum af umræddri kostnaðarhlutdeild lán en um greiðslur af slíkum lánum fer eftir sérstökum reglum sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við 13. gr. hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er tekin óbreytt úr núgildandi lögum. Samheitið „ofanflóð" er áfram látið ná til snjóflóða og skriðufalla. Ákvæði frumvarpsins eiga jafnt við snjóflóð og skriðuföll, að 6. gr. undanskilinni sem eingöngu tekur til snjóflóða.

Um 2. gr.

Í þessari grein er áréttuð sú skipan, sem tekin var upp með lögum nr. 151/1995, að umhverfisráðherra fari með yfirstjórn þeirra málefna sem lúta að vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Í 1. mgr. 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins er að finna undantekningar frá þessari reglu þar sem segir að almannavarnir lúti yfirstjórn dómsmálaráðherra, sbr. lög nr. 94/1962, um almannavarnir, og forsætisráðherra skipi sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóða og afleiðingar þeirra.

Um 3. gr.

Greinin er að mestu leyti sama efnis og 5. og 6. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. er hlutverk Veðurstofunnar þó einskorðað við að afla gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinna úr þeim gögnum því að í 2. mgr., sem er nýmæli, segir að Náttúrufræðistofnun afli gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna. Þetta síðastnefnda ákvæði á rót að rekja til þess að á undanförnum árum hefur Náttúrufræðistofnun aflað gagna um skriðuföll og hefur það verið liður í rannsóknum stofnunarinnar á jarðgrunni landsins. Er hér lagt til að stofnunin annist þessa gagnaöflun áfram, í nánu samstarfi við Veðurstofuna sem vinnur úr gögnunum, m.a. í því skyni að meta hættu á skriðuföllum skv. 4. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. 3. gr. er gerð tillaga um að Veðurstofan hafi samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns með ofanflóðum enda er gert ráð fyrir að sveitarstjórn leggi honum til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað og sjái að auki um rekstur á tækjum og búnaði, án þess að ríkið endurgreiði þann kostnað. Þessi kvöð ætti ekki að vera mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélögin vegna þess að með almennum búnaði er átt við búnað sem eftirlitsmaður getur samnýtt með starfsmönnum sveitarfélags, en er ekki sérstaklega ætlaður honum. Slíkan búnað á Veðurstofan að leggja til en hann yrði væntanlega greiddur úr ofanflóðasjóði skv. 2. tölul. 13. gr. frumvarpsins.

Vegna þess að 1. tölul. 11. gr. gildandi laga er ekki tekinn upp í 13. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að mæla svo fyrir í 5. mgr. 3. gr. að laun eftirlitsmanna skuli greidd úr ríkissjóði.

Um 4. gr.

Hér eftir sem hingað til er gert ráð fyrir því að gert verði hættumat í öllum þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku, sbr. 1. mgr. 2. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. 2. gr. segir enn fremur að hættumat skuli ná til „byggðra svæða, svo og annarra svæða sem skipuleggja skal“. Þar eð skipulagsskylda er nú orðin almenn á landinu öllu felst nær engin afmörkun í þessu orðalagi. Er því lögð til sú breyting að hættumat verði fyrst og fremst látið ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Með þessu móti er lögð áhersla á að vinna við hættumat á þéttbýlisstöðum skuli hafa forgang en alls ekki er útilokað að í framtíðinni verði slíkt mat jafnframt látið ná til dreifbýlla svæða.

Í samræmi við 1. mgr. 3. gr. gildandi laga er lagt til að Veðurstofan annist gerð hættumats en það verði unnið samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags. Sem fyrr segir er það nýmæli að skilgreint sé hvað hættumat skuli fela í sér, þ.e. hvert skuli vera markmiðið með gerð þess. Gert er ráð fyrir að í því skuli fólgið mat á þeirri hættu sem lífi fólks, sem býr eða mun fyrirsjáanlega búa á tilteknu svæði, er sérstaklega búin vegna hættu á ofanflóðum á það svæði. Að sjálfsögðu skal við matið tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið til þess að verja svæðið fyrir ofanflóðum. Með því að skilgreina ásættanlega hættu munu aðgerðir til varnar byggð taka mið af því mati.

Í 4. mgr. 4. gr. segir að hættumat öðlist gildi við staðfestingu umhverfisráðherra. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu, hvort sem um er að ræða tillögu um aðal- eða deiliskipulag, sbr. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga hefur loks verið tekið upp í 5. mgr. 4. gr. örlítið breytt.

Um 5. gr.

Upphaf greinarinnar er tekið úr 3. mgr. 3. gr. núgildandi laga.

Í síðari hluta hennar er tekið af skarið um það, til að fyrirbyggja misskilning, að almannavarnir skuli skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna ofanflóða, samkvæmt lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, svo og 6. og 7. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Þessi grein er, eins og fyrr segir, tekin svo til orðrétt úr 4. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að bætt hefur verið við ákvæðinu í 4. mgr. 6. gr. sem skýrir sig sjálft. Þarfnast hún því ekki skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er mælt svo fyrir, til þess að taka af allan vafa, að lögreglustjóri geti, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum í öðrum tilvikum en þeim sem fjallað er um í 6. gr. frumvarpsins, þ. á m. þegar um er að ræða hættu á skriðuföllum. Jafnframt er gert ráð fyrir að lögreglustjóri geti bannað umferð um tiltekna götu og vegi, þ.m.t. vegi á heiðum uppi og í óbyggðum, svo og bannað fólki aðgang að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum vegna hættu á ofanflóðum.

Um 8. gr.

Hér er að finna ákvæði um sérstaka rannsóknarnefnd sem gerð er grein fyrir í almennum athugasemdum hér að framan.

Lagt er til að ekki verði um fasta nefnd að ræða heldur segir í 2. mgr. 8. gr. að forsætisráðherra skipi hverju sinni þrjá menn í nefndina með sérþekkingu á rannsókn mála og/eða eðli og afleiðingum ofanflóða. Eðlilegt er að forsætisráðherra skipi nefndina enda tekur rannsókn hennar til þátta sem heyra undir fleiri en einn ráðherra.

Við samningu þessa ákvæðis hefur annars verið höfð hliðsjón af lögum nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Segir þannig að rannsóknin skuli einvörðungu miða að því, eins og rannsókn á vegum rannsóknarnefndar flugslysa, að draga úr hættu af völdum ofanflóða og koma í veg fyrir að hliðstæðir atburðir endurtaki sig. Mikilvægt er að nefndin starfi sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum og er lagt til að henni verði heimilt að krefjast framlagningar á gögnum og taka skýrslur eftir því sem nánar er fyrir mælt í greininni. Að öðru leyti er ekki mælt fyrir um störf nefndarinnar en gert er ráð fyrir að forsætisráðherra geti sett nánari reglur um störf hennar.

Í 5. mgr. 8. gr. er sérstaklega tekið fram, eins og í lögum um rannsókn flugslysa, að rannsókn lögreglu á áætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð sé óháð rannsókn samkvæmt greininni. Lögregluranns6kn fari fram með venjulegum hætti samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um skipun og störf ofanflóðanefndar og er samsvarandi ákvæði að finna í 8. gr., sbr. 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Að öðru leyti vísast um skýringar á greininni til almennra athugasemda hér að framan.

Um 10. gr.

Greinin er sama efnis og 1. mgr. 7. gr. og 9. gr. núgildandi laga. Þarfnast hún ekki frekari skýringa.

Um 11. gr.

Segja má að greinin eigi sér fyrirmynd í 2., 6. og 7. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Skýrt er kveðið á um það að auk húseigna geti sveitarstjórn, í því skyni að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum, gert tillögu um kaup á lóðum eða öðrum fasteingum en ráðagerð um það er að finna í 4. tölul. 11. gr. gildandi laga.

Þá er tekið af skarið um að það sé hlutverk sveitarstjórnar að sjá um að kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Gert er ráð fyrir því, eins og nú er, að sveitarfélag verði eigandi eigna sem keyptar eru samkvæmt greininni. Á hinn bóginn er lagt til að nýting þeirra verði háð samþykki umhverfisráðherra, svo að t.d. verði komið í veg fyrir fasta búsetu allt árið í húsnæði sem staðsett er á hættusvæðum.

Í 4. mgr. 11. gr. er svo fyrir mælt að ákveði sveitarstjórn að taka húseign eignarnámi fari um eignarnámið samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 12. gr.

Í upphafi greinarinnar er gerð sú tillaga að ofanflóðasjóður verði framvegis í vörslu umhverfisráðuneytisins, en ekki Viðlagatryggingar Íslands, sbr. 1. mgr. 10. gr. núgildandi laga.

Í greininni er annars mælt fyrir um tekjur ofanflóðasjóðs og er ráð fyrir því gert að helsti tekjufstofn hans verði árlegt gjald sem lagt verði á allar brunatryggðar húseignir í landinu og nemi 0,3‰ af vátryggingarverðmæti þeirra. Áætlað er að þetta gjald muni færa sjóðnum varanlega u.þ.b. 500 milljón krónur á ári sem er u.þ.b. 80 milljónum króna lægri upphæð en sjóðnum er tryggð tímabundið í núgildandi lögum, þ.e. í 1.–4. tölul. 10. gr. þeirra. Hið sérstaka gjald skal innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands og fer um innheimtu þess samkvæmt þeim lögum, sem um viðlagatryggingu gilda hverju sinni, nú lögum nr. 55/1992. Í 5. mgr. 11. gr. þeirra laga er tekið fram að iðgjöld af viðlagatryggingu njóti lögtaksréttar og lögveðréttar í vátryggðri eign og hefur efni þess ákvæðis verið tekið upp í 1. tölul. 12. gr., til áréttingar. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992 skulu vátryggingafélög innheimta iðgjöld viðlagatryggingar ásamt brunatryggingariðgjöldum og semur stjórn Viðlagatryggingar Íslands við vátryggingarfélögin, þar á meðal um þóknun fyrir innheimtu iðgjaldanna. Í 1. tölul. 12. gr. er berum orðum tekið fram, eins og í 1. tölul. 10. gr. gildandi laga, að álagning hins sérstaka gjalds skuli ekki hafa áhrif til hækkunar á umrædda innheimtuþóknun til vátryggingafélaga.

Um frekari skýringar á greininni vísast til almennra athugasemda hér að framan.

Um 13. gr.

Greinin er að stórum hluta sama efnis og 11. gr. núgildandi laga. Í 1. mgr. hefur 1. tölul. 11. gr. þó verið felldur brott því að framvegis er ráð fyrir því gert að laun og launatengd gjöld eftirlitsmanna skv. 3. gr. verði greidd af fjárveitingum Veðurstofunnar á fjárlögum. Vegna þess að fjárlög fyrir árið 1997 liggja fyrir þegar frumvarp þetta kemur til afgreiðslu er þó óhjákvæmilegt að laun og launatengd gjöld eftirlitsmanna verði greidd úr ofanflóðasjóði, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Tekið er af skarið um það í 5. tölul. að greiða megi allt að 90% af kostnaði við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteingum, svo og af kostnaði við flutning húseigna, eftir því sem nánar er fyrir mælt í 14. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 13. gr. segir, eins og í 2. mgr. 11. gr. núgildandi laga, að heimilt sé að veita sveitarfélagi lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þess vegna undirbúnings eða framkvæmda við varnarvirki eða kostnaði við kaup, eignarnám eða flutning á eignum, enda sé því fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut, t.d. vegna þess að svigrúm til verklegra framkvæmda sé mjög lítið og/eða greiðslubyrði lána mjög þung. Gengið er út frá því að lánin verði veitt til 15 ára með sambærilegum lánskjörum og ofanflóðasjóði standa til boða á lánamarkaði, hvort sem er hér innanlands eða erlendis, en búast má við að þau kjör verði hagstæðari en almenn lánskjör. Tekið er fram að árleg endurgreiðsla

af láninu, þ.m.t. vextir og verðbætur af því, skuli aldrei nema hærri fjárhæð en 1% af uppfærðum höfuðstól lánsins, þ.e. að meðtöldum vöxtum og verðbótum. Við þá fjárhæð bætist 0,15‰ af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélagsins vegna sölu eða leigu á eignum sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Með þessu móti er tryggt að umtalsverður hluti lánsins verður endurgreiddur en í niðurlagi 2. mgr. 11. gr. er mælt svo fyrir að það sem eftir kunni að standa af því að liðnum lánstímanum skuli niður falla.

Um 14. gr.

Í þessari grein er að finna reglur um tiltekið hámarksverð sem miða skal við ef ofanflóðasjóður tekur þátt í hluta af kostnaði við kaup, eignarnám eða flutning á eignum skv. 5. tölul. 13. gr. frumvarpsins. Er hér um að ræða sömu reglur og er að finna í 3., 4. og 6. mgr. 7. gr. núgildandi laga. Um frekari skýringar á greininni vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 15. gr.

Í 12. gr. núgildandi laga segir að fella skuli niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega hingað til lands til varna gegn ofanflóðum. Gerð er tillaga um að orðið „virðisaukaskatt“ komi í stað orðsins „sölugjald“ og jafnframt gildi sama regla framvegis, eftir því sem við á, um efni og tæki sem framleidd eru hér á landi.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa en fram koma í almennum athugasemdum hér að framan.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Með frumvarpi þessu er sett fram tillaga um heildarlöggjöf um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, en ekki vannst tími til þess á síðasta ári að vinna slíka löggjöf að fullu þar sem gera þurfti ráðstafanir þegar í stað til að fjármagna framkvæmdir til varna gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Frumvarp þetta felur í sér heildarendurskoðun á fyrri lögum.

Frumvarpið er í meginatriðum byggt á núgildandi lögum. Helstu breytingar er varða tekjur og kostnað eru sem hér segir:

1. Í núgildandi lögum (1. gr. laga nr. 62/1996) er gert ráð fyrir að ofanflóðasjóði séu tryggðar sérstakar tekjur sem samkvæmt kostnaðarumsögn er fylgdu frumvarpi til þeirra laga — og samþykkt var óbreytt hvað varðar tekjustofna — er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins nemi um 650 m.kr. á árinu 1996 auk þess sem sjóðnum var heimilað að taka lán að fjárhæð allt að 800 m.kr. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir (12. gr.) að í stað núverandi tekjuákvæða komi sérstakt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemi 0,3‰ af vátryggingarverðmæti. Tekjur af þessu gjaldi eru taldar nema um 500 m.kr. á ári sem er um 150 m.kr. lægra en í núgildandi lögum. Þó eru þær taldar nema 560 m.kr. á greiðslugrunni á árinu 1997.
2. Samkvæmt 3. gr. skal Veðurstofan afla gagna um snjóflóð og snjóflóðhættu og vinna úr þeim. Hún annist mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu. Þá skal Náttúrufræðistofnun afla gagna um skriðuföll. Skal Veðurstofan ráða sérstaka eftirlitsmenn til að fylgjast með hættu af ofanflóðum. Til þessa hafa laun eftirlitsmannanna verið greidd af ofanflóðasjóði, en frá ársbyrjun 1998 er gert ráð fyrir að þau verði greidd af Veðurstofunni með fjárveitingu úr ríkissjóði. Hér er um sjö aðalmenn og átta varamenn að ræða og er launakostnaður við þá vinnu talinn vera um 15–16 m.kr. Aðrar kostnaðarbreytingar verða ekki sökum þessarar lagagreinar.
3. Í 4. gr. er gert ráð fyrir að Veðurstofan geri hættumat samkvæmt beiðni sveitarfélaga. Þessi starfsemi er þegar hluti af starfi Veðurstofu og samþykkt lagagreinarinnar veldur ekki sérstökum kostnaðarauka.
4. Gerð neyðaráætlana skal skv. 5. gr. vera á vegum Almannavarna ríkisins. Er það ákvæði samhljóða gildandi lögum og hefur ekki kostnaðarauka í för með sér.
5. Í 8. gr. er kveðið svo á að í hvert sinn sem manntjón verður í byggð af völdum ofanflóðs skuli skipa sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóðsins. Er það nefnd þriggja manna sem starfar sjálfstætt, óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum. Ekki er unnt að meta kostnað við starf slíkra nefnda, enda fer það eftir því hve oft þær eru skipaðar og hvert umfang verkefna þeirra er hverju sinni.
6. Í 9. gr. er kveðið á um ofanflóðanefnd og er sú nefnd starfandi nú þegar, þannig að starf hennar hefur ekki kostnaðarauka í för með sér.
7. Í 2. mgr. 13. gr. er lagt til að heimilt verði að veita sveitarfélagi lán úr ofanflóðasjóði fyrir kostnaðarhlut þess í varnarvirkjum og við kaup eða flutning á eignum. Gengið er út frá að lánin verði til 15 ára, en endurgreiðsla verði bundin þeirri kvöð að samanlögð endurgreiðslufjárhæð, þ.e. afborgun af höfuðstól, vextir og verðbætur, fari aldrei yfir tiltekna fjárhæð og að það sem eftir kann að standa að liðnum lánstíma skuli falla niður. Þessi takmörkun á endurgreiðslu er slík að erfitt er að meta hversu stór hluti af umræddu láni endurgreiðist. Ljóst er þó að lítil sveitarfélög munu einungis endurgreiða lítinn hluta lánsins.
8. Í 15. gr. er lagt til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega hingað til lands til varna gegn ofanflóðum. Grein þessi er nær samhljóða gildandi lagaákvæðum, nema hvað orðið „virðisaukaskattur“ kemur í stað sölugjalds.

488. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um breytingu á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Alþingi ályktar að á árinu 1997 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
1.1 Markaðar tekjur:	
1. Flugvallagjald	483
2. Eldsneytisgjald*	51
3. Lendingargjöld	52
4. Loftferðareftirlitsgjöld	14
5. Leigugjöld	18
6. Þjónustugjöld	74
7. Aðrar tekjur	52
	744
1.2 Önnur framlög:	
1. ICAO — tekjur	411
2. Framlag úr ríkissjóði	411
3. Umframtekjur frá 1996	42
Samtals	**1.608**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
2.1 Rekstur:	
1. Allar deildir	775
2. Alþjóðaflugþjónustan	447
	1.222
2.2 Áætlunarflugvellir I:	
1. Flugbrautir og stæði	15
2. Bundið slitlag	82
3. Byggingar	40
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	6
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	2
7. Veðurmælibúnaður	10
8. Varaafl	2
9. Til rannsókna- og þróunarverkefna	10
10. Ýmis búnaður	2
	169
2.3 Áætlunarflugvellir II:	
1. Flugbrautir og stæði	0
2. Bundið slitlag	30
3. Byggingar	8
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	8
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
7. Veðurmælibúnaður	0
8. Varaafl	0
9. Ýmis búnaður	1
	47

2.4	**Áætlunarflugvellir III:**	
	1. Flugbrautir og stæði	0
	2. Bundið slitlag	0
	3. Byggingar	0
	4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
	5. Snjóhreinsibúnaður	0
	6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
	7. Veðurmælibúnaður	0
	8. Varaafl	0
	9. Ýmis búnaður	0
		0
2.5	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:**	
	Óskipt	**12**
2.6	**Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:**	
	1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
	2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar	20
	3. Annað	10
		50
2.7	**Til leiðréttingar og brýnna verkefna:**	
	Óskipt	**38**
2.8	**Yfirstjórn:**	
	Stjórnunarkostnaður	**10**
2.9	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**	**60**
	Samtals	**1.608**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri og Þingeyri.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Borgarfjörður eystri og Þórshöfn.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

A. Þjónustuflugvellir: Bakki, Blönduós, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.

C. Sportflugvellir: Borgarnes, Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.

D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Bakkafjörður, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Stórholt, Stóri-Kroppur og Tálknafjörður.

E. Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Múlakot og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1997
4.1 Reykjavík	
1. Endurnýjun slitlags	27
2. Til rannsókna og þróunarverkefna	10
	37
4.2 Akureyri	
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	10
2. Nýtt slitlagsyfirlag	35
3. Bílastæði og lóð	10
4. Stækkun flugvélahlaðs	5
5. Leiðarljós	2
	62
4.3 Vestmannaeyjar	
1. Varaafl	2
2. Veðurmælibúnaður	5
	7
4.4 Egilsstaðir	
1. Flugstöð	5
2. Ýmis búnaður	1
	6

Staður/verkefni	1997
4.5 Ísafjörður	
1. Veðurmælibúnaður	5
2. Flugstöð	15
3. Ýmis búnaður	1
	21
4.6 Hornafjörður	
Breikkun bundins slitlags	20
	20
4.7 Húsavík	
Tækjageymsla	10
	10
4.8 Sauðárkrókur	
Vörubifreið/snjótönn	6
	6
4.9 Patreksfjörður	
Tækjageymsla	6
	6
4.10 Bíldudalur	
Snjósópur	8
	8
4.11 Grímsey	
Ýmis búnaður	1
	1
4.12 Þórshöfn	
Farþegaskýli	2
	2

Staður/verkefni	1997
4.13 Vopnafjörður	
Bundið slitlag	30
	30
4.14 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	
Óskipt	12
	12
4.15 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar	20
3. Upplýsingarkerfi	9
4. Flugprófunartæki	1
	50
4.16 Til leiðréttinga og brýnna verkefna	
Óskipt	38
	38
4.17 Yfirstjórn	
Stjórnunarkostnaður	10
	10
4.18 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	
Flugstöð	60
	60
Samtals	**386**
Til reksturs flugvalla	**190**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Breytingar frá áður samþykktri þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1997 eru þessar:

Áætlaðar tekjur fyrir árið 1997 hækka um 46 millj. kr. sem er byggt á áætluðum rauntekjum fyrir árið 1996 ásamt 3,5% hækkun milli ára.

Umframtekjur ársins 1996 eru 42 millj. kr. og koma þær til ráðstöfunar í þessari áætlun.

Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. verði ráðstafað til reksturs flugvalla í stað 100 millj. kr. í fyrri þingsályktun um flugmálaáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor.

Þá er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Mismunur á milli aukinna tekna og breyttrar ráðstöfunar útgjalda frá fyrri þingsályktun felur í sér lækkun útgjalda til Reykjavíkurflugvallar sem nemur 90 millj. kr. en jafnframt hækkun útgjalda til leiðréttinga og brýnna verkefna um 18 millj. kr.

489. Svar [138. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um greiðsluerfiðleikalán.

1. *Hver var árangurinn af greiðsluerfiðleikalánum Húsnæðisstofnunar ríkisins frá árunum 1985–96, sundurgreint með eftirfarandi hætti:*
   a. *greiðsluerfiðleikalán úr Byggingarsjóði ríkisins 1985–90,*
   b. *greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu á árinu 1991,*
   c. *skuldbreytingarlán Húsnæðisstofnunar í samvinnu við lánastofnanir sem hófst 1993?*

Almennt má fullyrða að greiðsluerfiðleika- og skuldbreytingarlán Húsnæðisstofnunar ríkisins eru og hafa ávallt verið hagstæðustu lán sem íbúðaeigendum í greiðsluerfiðleikum hafa staðið til boða á almennum lánamarkaði. Árangur af þessum lánveitingum er erfitt að meta svo fullnægjandi sé öðruvísi en að fram fari sérstök úttekt á því hvernig lántakendum hefur tekist að vinna sig út úr vandanum í kjölfar fyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar. Ekki hefur farið fram sérstök greining eða könnun á árangri þessara lánveitinga. Tölfræðileg samantekt Húsnæðisstofnunar er ekki nægilega ítarleg til þess að hægt sé að meta árangurinn á fullnægjandi hátt. Aðstoð vegna greiðsluvanda hefur verið viðvarandi þáttur í húsnæðislánakerfinu í um 11 ár. Fyrirkomulag aðstoðar hefur verið með mismunandi hætti á þessu tímabili en Húsnæðisstofnun hefur afgreitt nærri 10.000 greiðsluerfiðleika- og skuldbreytingarlán til um 8.000 íbúðareigenda. Lætur nærri að tæp 10% íbúðareigenda hafi fengið fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun vegna greiðsluvanda. Full ástæða er til að gera sérstaka úttekt á árangri þessara aðgerða og meta gagnsemi þeirra með það fyrir augum að girða fyrir frekari vanda.

Fyrir liggur að 16,9% skuldara greiðsluerfiðleikalána hjá Húsnæðisstofnun ríkisins hafa fengið fyrirgreiðslu tvisvar eða oftar. Þó að lán stofnunarinnar séu þau hagstæðustu sem völ er á er ekki víst að frekari lánveitingar séu ávallt til þess fallnar að leysa vandann. Það getur orðið kostnaðarsamt fyrir íbúðareigendur að grípa ekki til aðgerða í tæka tíð og stöðva skuldaaukningu. Fyrirgreiðsla vegna greiðsluvanda er kostnaðarsöm fyrir ríkisvaldið. Í úttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Húsnæðisstofnunar (október 1996) kem-

ur fram að kostnaður ráðgjafarstöðvarinnar vegna skuldbreytingarlána hafi verið um 30 millj. kr. á árinu 1995.

Ráðgjöf til fólks sem á í erfiðleikum er vandasamt verk og oft getur verið erfitt að neita því um fyrirgreiðslu þótt tvísýnt geti verið um árangur. Ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar hefur unnið mikið og gott verk á undanförnum árum. Í reglum um aðstoð hefur einatt verið sett sem skilyrði að augljóst sé að fyrirgreiðsla ráðgjafarstöðvar stofnunarinnar leysi vandann. Í greinargerð Húsnæðisstofnunar undir heitinu „Greinargerð um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika 1993–95“, sem kom út 13. nóvember 1995, segir eftirfarandi á bls. 19 í kafla sem ber heitið „Ályktanir“:

„Líklegt er að fæstir íbúðareigendur eigi möguleika á að standa undir greiðslubyrði sem er yfir 30% af heildarlaunum og jafnvel að margir geti ekki staðið undir 20–30% greiðslubyrði nema í skamman tíma. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að í greiðslumatinu í húsbréfakerfinu er miðað við að greiðslubyrði fari að jafnaði ekki yfir 18% af heildarlaunum. Þá er reyndar haft til hliðsjónar að taka tillit til hugsanlegra skakkafalla sem upp geta komið eftir íbúðarkaup. Í félagslega húsnæðislánakerfinu er hins vegar miðað við að greiðslubyrði kaupenda verði innan við 28% af heildarlaunum.

Tekist hefur að lækka greiðslubyrði undir 30% af heildarlaunum hjá um 42% umsækjenda. Eftir afgreiðslu eru því um 58% þeirra enn með greiðslubyrði sem er yfir 30% af heildarlaunum þeirra. Hvort þetta er viðunandi árangur eða ekki er umdeilanlegt. Það má líta svo á að það sé árangur út af fyrir sig að tekist hafi að gera um 42% umsækjenda um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika mögulegt að halda íbúðum sínum. Fullyrða má að ef skuldbreytingar og/eða frestun á greiðslum hefðu ekki komið til hefðu allir þeir sem sótt hafa um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika þurft að selja íbúðarhúsnæði sitt eða misst það fyrr eða síðar.

Með hliðsjón af því að um 70% afgreiddra umsókna hafa fengið jákvæða afgreiðslu er eðlilegt að spurt sé hvort rétt hafi verið að samþykkja skuldbreytingar og/eða frystingu á lánum hjá um 28% umsækjenda sem eru eftir afgreiðslu með greiðslubyrði sem er yfir 30% af launum þeirra. Til að svara því er bent á að talið er að um 62% umsækjenda séu í erfiðleikum vegna tekjulækkunar sem stafar af atvinnuleysi eða minnkandi vinnu.

Jákvæð afgreiðsla á umsóknum um 28% umsækjenda sem eru með greiðslubyrði yfir 30% af heildarlaunum þeirra byggist á því að úr rætist í launamálum umsækjenda eða þá að þeir geti notað það svigrúm sem gefst eftir afgreiðslu til að selja húsnæði sitt.“

Ekki hefur farið fram könnun á þeim aðilum sem fengið hafa greiðsluerfiðleikaaðstoð hjá Húsnæðisstofnun. Jafnframt eru ekki til í dag fullnægjandi upplýsingar hjá stofnuninni til að hægt sé að meta árangurinn. Til þess þarf að skoða stöðu þess fólks sem fékk fyrirgreiðslu, athuga skil á greiðsluerfiðleikalánum, nauðungarsölur og útlánatöp Húsnæðisstofnunar o.fl. Félagsmálaráðuneytið hefur óskað eftir því að unnið verði greinarbetra tölfræðilegt yfirlit um stöðu vanskilamála og greiðsluerfiðleikaaðstoðar hjá Húsnæðistofnun.

Full ástæða er til að kanna nánar árangur þeirrar umfangsmiklu fyrirgreiðslu sem fram hefur farið undanfarin ár og skilgreina betur markmiðin. Það hefur enda verið eitt af markmiðum starfrækslu ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að miðla upplýsingum til stjórnavalda og stjórnenda lánastofnana um stöðu skuldavandamála og meta árangur aðgerða. Ráðgjafarstofan, sem er samstarfsverkefni 15 aðila undir forustu félagsmálaráðuneytisins, hefur skilað áfangaskýrslu um starfið fyrstu sex mánuðina. Fyrirhugað er að framkvæma mat á árangri eftir fyrsta starfsárið með því m.a. að leita til lánastofnana og þeirra sem fengið hafa fyrirgreiðslu hjá ráðgjafarstofunni. Ráðgjafarstofan er tilrauna- og þró-

unarverkefni þar sem markmiðið er í senn að aðstoða fólk í verulegum vandræðum og þróa frekari aðferðir til að fyrirbyggja og leysa aðsteðjandi vanda.

Greiðsluerfiðleikalán úr Byggingarsjóði ríkisins 1985–90.

Samtals voru veitt 5.811 greiðsluerfðleikalán á tímabilinu 1985–90. 1. nóvember 1996 voru 3.247 lán útistandandi en 2.564 höfðu verið greidd upp. Þar var um að ræða lán sem veitt voru á árinu 1985, samtals 1.848 lán, og 716 lán sem veitt voru 1986 og síðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá Húsnæðisstofnun um þau lán sem greidd hafa verið upp. Skýring á uppgreiðslu lána sem veitt voru 1985 er sjálfsagt sú að lánstími er útrunninn en lánstími var að hámarki 10 ár. Lánstími greiðsluerfiðleikalána úr Byggingarsjóði ríkisins á tímabilinu 1986–90 var á bilinu 5–40 ár. Húsnæðisstofnun hefur ekki tiltækar upplýsingar um ástæður uppgreiðslu þessara lána. Líklegast er að um sé að ræða annars vegar útrunninn lánstíma eða hins vegar uppgreiðslu vegna nauðungarsölu.

Af þeim 3.247 lánum sem eftir voru 1. nóvember sl. voru 2.819 í skilum eða 86,8%. Vanskil voru því á afborgunum af 428 lánum eða 13,2%. *Vanskil eru skilgreind sem ógreiddar gjaldfallnar greiðslur sem eru þriggja mánaða eða eldri.*

Greiðsluerfiðleikalán í húsbréfakerfinu 1991.

Samtals voru veitt 1.297 greiðsluerfiðleikalán á árinu 1991. 1. nóvember 1996 voru 1.038 lán útistandandi, en 259 lán höfðu verið greidd upp eða um 20% lánanna. Ekki liggja fyrir hjá Húsnæðisstofnun upplýsingar um ástæður þess að þessi lán höfðu verið greidd upp, en lánstími þeirra var ekki liðinn þar sem þau voru til 25 ára. Líklegasta skýringin er að lánin hafi verið gerð upp í tengslum við nauðungarsölu á íbúðunum.

Af þeim lánum sem eftir standa voru 827 í skilum eða 79,7%. Vanskil á afborgunum voru því í 20,3% tilvika. Rétt er að vekja athygli á því að handhafar þessara lána hafa fengið fyrirgreiðslu í formi skuldbreytingar eða með frestun greiðslna á síðastliðnum þremur árum. Húsnæðisstofnun hefur ekki tiltækar upplýsingar um það í hve mörgum tilvikum þessum greiðsluerfiðleikalánum hefur verið skuldbreytt eða heimiluð frestun greiðslna.

Vanskil lána Húsnæðisstofnunar hafa verið hæst meðal þeirra sem tóku þessi lán á árinu 1991 og útlánatöp stofnunarinnar hæst. Lánafyrirgreiðslan var með þeim hætti að lántakandi fékk húsbréf sem selja þurfti til að fjármagna greiðslu skulda. Sama ár voru afföll hvað hæst í sögu húsbréfakerfisins, meðaltal ársins var 18,64% en hæst náðu afföllin í september 1991 þegar meðaltalið náði 22,49%.

Í úttekt, sem gerð var í mars 1994, kom í ljós að 59,21% skuldara þessara var í vanskilum. (Um greiðslumat, vanskil og útlánatöp hjá húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar. Félagsmálaráðuneytið, júlí 1994.) Í athugun, sem verðbréfdeild gerði í október 1994 á uppboðsíbúðum í húsbréfakerfinu frá upphafi eða yfir fimm ára tímabil, kom í ljós að um 46% íbúðanna sem deildin hafði leyst til sín við nauðungarsölu voru með greiðsluerfiðleikalánum. Verðbréfadeildin tók saman 22. maí sl. yfirlit fyrir húsbréfadeild um vanskil og töpuð útlán. Þar vekur sérstaka athygli hátt hlutfall vanskila og glataðra veða vegna greiðsluerfiðleikalána í húsbréfakerfinu. Greiðsluerfiðleikalánin eru 3,7% lána húsbréfakerfisins, en hlutur þessara lána í vanskilum við húsbréfadeild var 13,4% og 64,8% glataðra veða húsbréfakerfisins eru vegna greiðsluerfiðleikalána sem veitt voru 1991.

Skuldbreytingarlán Húsnæðisstofnunar í samvinnu við lánastofnanir frá 1993.

Í október 1993 gerðu félagsmálaráðuneytið, Húsnæðisstofnun, bankar og sparisjóðir, í samráði við samtök lífeyrissjóða, samkomulag um sérstakar aðgerðir til að leysa greiðsluvanda íbúðareigenda. Markmiðið var m.a. að auka ábyrgð og virka þátttöku annarra lánastofnana en Húsnæðisstofnunar við að aðstoða íbúðareigendur í greiðsluerfiðleikum. Aðstoð, sem veitt var 1985–91, var að mestu leyti fólgin í lánveitingum frá Húsnæðisstofnun. Með samkomulaginu var miðað að því að hver lánastofnun tæki á þeim vanda sem að henni sneri. Þetta samstarf hefur tekist vel og var gert nýtt samkomulag í febrúar 1995 um skuldbreytingar og frestun greiðslna. Samtímis var gerður samningur um starfrækslu ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna með þátttöku og fjárframlögum frá lánastofnunum ásamt fleiri aðilum en samtals standa 15 aðilar að því starfi. Starfsemi ráðgjafarstofunnar hefur tekist vel eins og greint er ítarlega frá í áfangaskýrslu um fyrstu sex mánuðina í starfi hennar. (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna. Áfangaskýrsla. Október 1996.) Samstarf félagsmálaráðuneytisins og Húsnæðisstofnunar við lánastofnanir um að leysa greiðsluvanda heimilanna og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum hefur verið árangursríkt á árinu 1996 og mikið framfaraspor.

Skuldbreytingarlán og frestun greiðslna hafa að því að talið er komið að góðum notum og dregið úr vanskilum við Húsnæðisstofnun. Engin úttekt hefur verið gerð til að meta árangur þessara aðgerða. Samtals voru veitt 2.604 skuldbreytingarlán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna frá 1993 til 1. nóvember 1996. Þá voru 2.132 lán útistandandi en 77 höfðu ekki verið stofnuð og 396 höfðu verið greidd upp. Ekki er þekkt ástæða uppgreiðslu þessara lána. Af þeim lánum sem voru virk 1. nóvember sl. voru 1.744 í skilum eða 81.8%. Vanskil voru því á 388 lánum eða 18,2%. Lánstími skuldbreytingarlána er allt að 15 ár og auk þess er greiðslum af þessum lánum frestað í allt að þrjú ár.

2. *Hvað má ætla að hægt hafi verið að forða mörgum frá missi húsnæðis með greiðsluerfiðleikaaðstoð, sundurliðað samkvæmt framansögðu?*

Erfitt er að fullyrða hve mörgum íbúðareigendum var forðað frá missi húsnæðis með greiðsluerfiðleikaaðstoð Húsnæðisstofnunar á tímabilinu 1985–96. Engin tök eru á að finna upplýsingar sem staðfesta slíkt. Líklegt má telja að ákveðinn hluti þeirra sem fengu aðstoð hefði getað leyst úr sínum erfiðleikum með öðrum hætti.

Húsnæðisstofnun afgreiddi samtals 9.712 greiðsluerfiðleika- og skuldbreytingarlán á tímabilinu 1985 til 1. nóvember 1996. Að mati Húsnæðisstofnunar samsvarar það því að um 8.000 íbúðareigendur hafi fengið aðstoð í formi greiðsluerfiðleika- eða skuldbreytingarlána. Húsnæðisstofnun ríkisins áætlar að um 900 þeirra sem fengu slíka aðstoð hjá stofnuninni á þessu tímabili hafi misst íbúðir sínar á uppboðum. Það er mat stofnunarinnar að vandi umsækjenda á tímabilinu 1985–91 hafi síst verið minni en á tímabilinu 1993–96.

Húsnæðisstofnun hefur ekki tiltækar heildarupplýsingar um hlut greiðsluerfiðleika- eða skuldbreytingarlána vegna nauðungaruppboða. Stofnunin gerði úrtakskönnun úr kröfulýsingum hennar á tímabilinu 1991 til 1. nóvember 1996. Samkvæmt því voru greiðsluerfiðleika- eða skuldbreytingarlán áhvílandi á nauðungarsöluíbúðum í 25% tilvika, nema á árinu 1993, en þá voru þau áhvílandi í 50% tilvika. Engar sambærilegar upplýsingar liggja fyrir frá árunum 1985–90 þegar meðferð þessara mála var í höndum lögfræðideildar Landsbanka Íslands. Því treystir Húsnæðisstofnun sér ekki til að gefa nákvæmari upplýsingar. Sömuleiðis liggja upplýsingar um útlánatöp vegna framangreindra lána ekki fyrir nema hjá húsbréfadeild.

3. *Hvað má ætla að margir séu enn í greiðsluerfiðleikum sem fengið hafa greiðsluerfiðleikalán og skuldbreytingu samkvæmt framansögðu?*

Engin könnun hefur verið gerð á stöðu þeirra sem fengið hafa fyrirgreiðslu vegna greiðsluerfiðleika hjá Húsnæðisstofnun á tímabilinu 1985–96. Þar af leiðandi er vandkvæðum bundið að leggja mat á árangur aðgerða og að hve miklu leyti aðstoðin hefur leyst aðsteðjandi vanda til frambúðar.

Húsnæðisstofnun hefur tilgreint nokkrar vísbendingar um stöðu mála. 1. nóvember 1996 voru 5.109 lántakendur með greiðsluerfiðleika- og skuldbreytingarlán hjá Húsnæðisstofnun. Af þeim voru 765 lántakendur (15%) með þriggja mánaða vanskil eða eldri. Þá telur Húsnæðisstofnun líklegt að ákveðinn hluti þeirra 900 einstaklinga og fjölskyldna sem fengu greiðsluerfiðleika- eða skuldbreytingarlán hjá stofnuninni á tímabilinu 1985–96 en misstu húsnæði sitt á nauðungaruppboðum sé enn í greiðsluvanda. Húsnæðisstofnun áætlar á þessum forsendum að allt að 1.665 einstaklingar og fjölskyldur af um 8.000 sem fengið hafa aðstoð hjá stofnuninni á tímabilinu 1985–96 séu enn í greiðsluerfiðleikum en það svarar til allt 21% þeirra sem fengið hafa aðstoð hjá stofnuninni.

4. *Hvað má ætla að biðtími eftir lánum í 86-kerfinu, auknar lántökur í bankastofnunum og kostnaður því samfara samsvari í afföllum? Hvað má ætla að afföll á þeim tíma hafi verið á sölu lánsloforða sem viðgekkst þá í einhverjum mæli?*

Félagsmálaráðuneytið telur ekki mögulegt að gefa viðhlítandi svar við spurningunni, hún sé þess eðlis að hægt sé að fá fram mismunandi niðurstöður allt eftir því hvaða forsendur verða lagðar til grundvallar. Ávallt yrði um stílfærð dæmi að ræða, en aðstæður fólks voru mjög mismunandi á þessum tíma. Allt að einu var lykilatriði þá jafnt og í dag að hefjast ekki handa um byggingu eða kaup fyrr en lánsloforð lá fyrir. Húsnæðisstofnun brýndi fyrir umsækjendum, sem biðu eftir lánum stofnunarinnar, að festa ekki kaup á íbúðarhúsnæði fyrr en skrifleg lánsloforð lægju fyrir. Það sama á við í dag en jafnan eru tilvik þar sem fólk ræðst í kaup áður en fjármögnun og lánamál eru í höfn.

Erfitt er að bera saman aðstæður í húsnæðiskerfinu milli tveggja tímapunkta með tíu ára millibili. Efnahagsumhverfið hverju sinni skiptir miklu máli og aðstæður á lánamarkaði sem geta verið óháðar húsnæðislánakerfinu hverju sinni. Vextir og verðbólga eru afgerandi í þessu sambandi, en húsnæðislánakerfið eitt og sér ræður ekki þróun þeirra þátta. Hins vegar er augljóst að hærra lánshlutfall er til hagsbóta fyrir íbúðarkaupendur. Því var lánshlutfall í húsbréfakerfinu hækkað í júlí 1995 úr 65% í 70% fyrir fyrstu íbúðarkaupendur. Aðstæður á fjármagnsmarkaði hafa einnig gjörbreyst, nú er framboð lána jafnvel meira en eftirspurn. Lánastofnanir bjóða nú fasteignaveðlán til allt að 25 ára.

5. *Hvað má ætla að íbúðarkaupendur hafi þurft að taka í skammtímalán miðað við lánakerfið sem gilti 1986–90 og hins vegar í húsbréfakerfinu og hver er áætlaður kostnaður íbúðarkaupenda af slíkum skammtímalánum?*

Erfitt er að bera saman skuldir á milli tveggja tímabila, sérstaklega með tilliti til þess að á tímabilinu 1986–90 var verðbólga mun meiri en á tímabilinu 1990–96. Þar af leiðandi er erfitt að bera saman kostnað af mismunandi skammtímalánum á þessum tveimur tímabilum. Einnig giltu mismunandi reglur varðandi vaxtaniðurgreiðslu vegna húsnæðislána í skattakerfinu. Það sama á við um tímabilið 1990–96, aðstæður á fasteigna- og fjármagnsmarkaði hafa verið mismunandi milli ára. Þannig hefur ávöxtunarkrafa húsbréfa, svo dæmi sé tekið, verið mjög breytileg á þessu tímabili.

Eftirfarandi tafla sýnir afgreidd húsbréf á hverju ári á reiknuðu verði á verðlagi hvers tíma í milljónum króna, meðaltalsávöxtunarkröfu ársins miðað við skráningu viðskiptavaka, Landsbréfa hf., og vegið meðaltal affalla við sölu húsbréfanna á verðbréfamarkaði á hverju ári.

	Afgreidd húsbréf	Ávöxtunarkrafa	Afföll
1990	5.580	7,03%	10,99%
1991	15.376	8,23%	18,64%
1992	12.521	7,73%	14,25%
1993	11.975	7,04%	9,84%
1994	14.929	5,35%	5,55%
1995	12.466	5,85%	10,98%

Eins og hér kemur fram sveiflast nafnverðið í takt við samþykkt skuldabréfaskipti, en þó eru upphæðirnar ekki þær sömu. Á sama hátt hefur ávöxtunarkrafan og afföllin við sölu húsbréfanna sveiflast nokkuð. Hæst var ávöxtunarkrafa og um leið afföll við sölu húsbréfanna á árinu 1991, en það ár komst ávöxtunarkrafan hæst í september og fór þá hæst í 9%. Meðaltalsafföll við sölu húsbréfanna í þeim mánuði var 22,49%. Á þessu ári jókst útgáfa húsbréfanna og var um 10 milljörðum kr. hærri upphæð en á árinu áður. Lágmarki náði ávöxtunarkrafa húsbréfa í nóvember 1993, en þá voru þess nokkur dæmi að húsbréf voru seld á yfirverði, þ.e. að ávöxtunarkrafan varð lægri en nafnvextir húsbréfanna. Þannig urðu meðaltalsafföll í þeim mánuði ekki nema 1,13%.

490. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 2. mgr. 52. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu.

2. gr.

Við 54. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sekt sem ekki er ákveðin af dómstólum skal afplánuð í varðhaldi.

Sekt allt að 100.000 krónum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra afplánast með varðhaldi eftir meðfylgjandi töflu:

Sekt:	Vararefsing:
0– 9.999 kr.	2 dagar
10.000– 19.999 kr.	4 dagar
20.000– 29.999 kr.	6 dagar
30.000– 39.999 kr.	8 dagar
40.000– 49.999 kr.	10 dagar

50.000– 59.999 kr.	12 dagar
60.000– 69.999 kr.	14 dagar
70.000– 79.999 kr.	16 dagar
80.000– 89.999 kr.	18 dagar
90.000–100.000 kr.	20 dagar

II. KAFLI
Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

3. gr.

Við 100. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sektir allt að 100.000 krónum fyrir brot á lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Dómsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök umferðarlagabrot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

III. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

5. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 115. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr. eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð að fenginni tillögu ríkissaksóknara, og getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

IV. KAFLI
Gildistaka.
6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til fáeinar lagabreytingar sem nauðsynlegar þykja til að gera meðferð sektamála, einkum hjá lögreglu, skilvirkari.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 21. febrúar 1996 nefnd til að gera tillögur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Nefndina skipuðu þeir Sigurður T. Magnússon héraðsdómari og var hann jafnframt formaður nefndarinnar, Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ástráður Karl Guðmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Blönduósi, Stefán Hirst, skrifstofustjóri hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, og Árni Hauksson verkfræðingur. Nefndinni var ætlað að líta til allra þátta meðferðar sektamála, svo sem sektarákvæða í lögum, þvingunarúrræða, innheimtuferilsins alls og upplýsingakerfa sem tengjast innheimtu sekta.

Nefndin skilaði 25. nóvember 1996 ítarlegri skýrslu um endurskoðun á ákvörðun og innheimtu sekta og er hún birt sem fylgiskjal I með frumvarpinu. Þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru byggðar á tillögum nefndarinnar og eru þær liður í heildarendurskipulagningu á meðferð sektamála.

Eins fram kemur í skýrslunni er sektum beitt sem refsingu við brotum sem ekki eru talin meðal þeirra alvarlegustu. Sektum er eins og öðrum tegundum refsinga ætlað að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif. Til þess að sektarrefsingar hafi tilætluð varnaðaráhrif þarf innheimta sekta að vera skilvirk þannig að brotamenn geti gengið að því vísu að refsingunni verði framfylgt samkvæmt meginefni sínu eða með afplánun vararefsingar. Ómarkviss og árangurslítil innheimta sekta sem jafnvel er mismunandi milli umdæma brýtur gegn jafnræði borgaranna og grefur undan réttlætiskennd þeirra og trú á réttarvörslukerfinu.

Í skýrslu nefndarinnar var m.a. fjallað um eftirfarandi úrræði til að ná fram skilvirkari meðferð sektamála og árangursríkari innheimtu:

— Samræmingu á ákvörðun og innheimtu sekta milli embætta.
— Tölvuvæðingu á allri málsmeðferð sektamála.
— Staðlaðar refsingar við umferðarlagabrotum.
— Afslætti af fésektum fyrir umferðarlagabrot ef greitt er innan tiltekins frests.
— Lögbundnar vararefsingar við umferðarlagabrotum.
— Lögveð til tryggingar sektum fyrir umferðarlagabrot.
— Innheimtu fyrir milligöngu launagreiðanda.

Nefndin lagði fram ítarlegar tillögur um heildarendurskipulagningu á framkvæmd álagningar og innheimtu sekta, þar á meðal um samræmingu á meðferð sektamála í öllum umdæmum landsins og þróun tölvukerfis fyrir meðferð sektamála frá því að kæra berst og þar til sekt hefur verið greidd eða vararefsing afplánuð.

Nefndin gerði þar að auki tillögur um nokkur þýðingarmikil nýmæli í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, umferðarlögum, nr. 50/1987, og lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Af niðurstöðum nefndarinnar má draga þá ályktun að sá lagagrundvöllur sem sektarrefsingar eru byggðar á hér á landi þarfnist ekki grundvallarbreytinga

heldur megi áfram byggja á honum með þeim lagfæringum sem lagðar eru til í þessu frumvarpi.

Með lögum nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, var saksókn færð til lögreglustjóra í auknum mæli og eftir gildistöku laganna 1. júlí 1997 munu þeir fara með ákæruvald í málum vegna allra sérrefsilagabrota. Sektanefndin lagði megináherslu á meðferð sektamála hjá lögreglu enda er flestum málum vegna sérrefsilagabrota lokið með sektarákvörðun.

Í umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 1996 var það markmið sett að fækka alvarlegum umferðarslysum hér á landi um 20% fyrir lok ársins 2000. Ljóst er að ýmissa úrræða er þörf til að þetta markmið náist svo sem að fækka umferðarlagabrotum með því að auka þann varnað sem sektum og öðrum viðurlögum er ætlað að veita. Fyrir liggur að stærsti hluti mála sem lokið er með ákvörðun sektar er til kominn vegna umferðarlagabrota. Sektanefndin lagði því í tillögum sínum sérstaka áherslu á umferðarlagabrot.

Sektanefndin taldi ljóst að virkari löggæsla og ný löggæsluúrræði í umferðinni, svo sem notkun ljósmyndavéla á gatnamótum, muni ekki ná þeim tilgangi að draga úr brotum og auka umferðaröryggi ef auknum fjölda upplýstra brota verður ekki mætt með skilvirkri tölvuvæddri innheimtu sekta. Til að mæta þessum sjónarmiðum er í frumvarpinu lagt til að lögfest verði sérákvæði sem ætlað er að einfalda meðferð slíkra mála, hvetja sakborninga til að greiða sektir fyrr og gera innheimtu sekta réttlátari, skilvirkari og jafnframt hagkvæmari.

Svipting ökuréttar eru þau viðurlög við umferðarlagabrotum sem mest varnaðaráhrif hafa og þau koma jafnar niður á sakborningum en sektir. Samkvæmt umferðarlögum kemur svipting ökuréttar þó aðeins til greina ef maður hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Sviptingu ökuréttar verður því vart að óbreyttum lögum beitt ef um er að ræða síendurtekin brot á umferðarlögum sem ekki teljast þó stórfelld.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til það nýmæli í umferðarlögum að heimild verði veitt til setningar reglugerðar um punktakerfi fyrir umferðarlagabrot. Þá er mælt fyrir um það í frumvarpinu að þegar ökumaður hefur fengið tiltekinn fjölda punkta skuli hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði. Gert er ráð fyrir að punktakerfið tengist ökuferilsskrá sem tekin verði upp samkvæmt heimild í 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga og hvert umferðarlagabrot samsvari tilteknum fjölda punkta. Punktakerfinu er ætlað að tryggja að síbrotamenn í umferðinni sem ekki láta sér segjast við sektir verði sviptir ökurétti tímabundið.

Punktakerfi vegna umferðarlagabrota hefur verið tekið upp í ýmsum myndum í Bandaríkjunum, Kanada, Japan, Ástralíu, Bretlandi, Þýskalandi og víðar og hefur hvarvetna verið talið fækka umferðarlagabrotum og draga verulega úr slysatíðni. Í Noregi eru uppi hugmyndir um að taka slíkt punktakerfi upp. Telja verður fullvíst að skilvirk beiting slíks úrræðis muni samhliða skilvirkari innheimtu sekta skapa þann varnað að umferðarlagabrotum og þar með umferðarslysum fækki hér á landi.

Sektanefndin gaf ríkissaksóknara, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Fangelsismálastofnun ríkisins og Lögregluskóla ríkisins kost á að koma á framfæri sjónarmiðum varðandi ákvörðun og innheimtu sekta og bárust greinargerðir frá öllum þessum aðilum. Þá sendi nefndin öllum lögreglustjórum landsins spurningalista í 24 liðum um ákvörðun og innheimtu sekta. Svör bárust frá 23 af 27 lögreglustjórum og nýtti nefndin sér þau við mótun tillagna.

II. Ákvörðun og innheimta sekta að gildandi rétti.

Ákvæði sem leggja sektarrefsingar við brotum er að finna í a.m.k. 230 lögum. Lagaákvæði þessi eru af margvíslegum toga en venjan er að skipta þeim í tvo flokka, annars vegar sektarákvæði almennra hegningarlaga og hins vegar sérrefsilagaákvæði. Meginreglan er sú að sektir eru ákvarðaðar fyrir dómi en undantekningarnar frá þeirri reglu eru svo margar að fullvíst má telja að lögreglustjórar og önnur stjórnvöld taki meiri hluta sektarákvarðana. Flokka má sektargerðir eftir því hver fer með sektarvaldið með eftirfarandi hætti:

1. Sektir ákveðnar í dómi:
   a. Viðurlagaákvarðanir skv. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála.
   b. Dómar skv. 135. gr. laga um meðferð opinberra mála.
2. Sektargerðir lögreglustjóra skv. 2., sbr. 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála:
   a. Samkvæmt sektarboði/sátt. – Brot sem ekki fara á sakaskrá.
   b. Samkvæmt lögreglustjórasátt. – Brot sem fara á sakaskrá.
3. Sektargerðir lögreglumanna skv. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála.
4. Sektargerðir annarra stjórnvalda. – Ýmis sérlög.

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, annast lögreglustjórar innheimtu sekta. Í skýrslu sektanefndarinnar er áætlað að um 35 ársverk séu unnin á lögreglustjóraembættunum við álagningu og innheimtu sekta og kostnaður við meðferð sektamála gróflega áætlaður um 100 m.kr. Þá er áætlað að árlega innheimtist sektir að fjárhæð um 150 m.kr.

Einnig kemur fram í skýrslunni að tölvuvinnsla sektamála geti sparað um 18% af vinnuafli við málsmeðferðina og afsláttur af sektarfjárhæðum og lögbundnar vararefsingar um 12% til viðbótar. Samtals gæti því vinnusparnaður vegna þessara tveggja þátta orðið um 30%. Enda þótt um gróft mat sé að ræða gefa þessar tölur vísbendingu um að endurskoðun á þessum þáttum sektarmeðferðar geti leitt til umtalsverðrar hagræðingar.

Ef frumvarp þetta nær fram að ganga og umrædd hagræðing verður að veruleika gæti skapast möguleiki á að færa allt að 10 starfsmenn lögregluembætta úr innheimtu sekta í almenna löggæslu eða sérstök aðkallandi verkefni.

III. Helstu nýjungar í frumvarpinu.

Sem fyrr segir er frumvarpið til komið vegna væntanlegrar heildarendurskipulagningar á meðferð sektamála, einkum hjá lögreglu. Helstu nýjungar sem frumvarpið felur í sér eru eftirfarandi:

1. Hámarksfrestur til greiðslu sektar sem lögreglustjóri getur samið við sakborning um verði eitt ár.
2. Vararefsing vegna sektarrefsinga allt að 100.000 kr. verði lögbundin og heimilað að sakborningur geti skriflega gengist undir slíka vararefsingu ásamt sekt hjá lögreglustjórum.
3. Lögfest verði heimild til að staðla refsingar og önnur viðurlög við brotum á umferðarlögum.
4. Lögfest verði ákvæði um að við ákvörðun refsinga vegna tveggja eða fleiri umferðarlagabrota skuli beitt fullkominni samlagningu sekta.
5. Lögfest verði heimild til að veita 25% afslátt af sektum vegna umferðarlagabrota ef greitt er innan 30 daga frá því að sektin var lögð á.

6. Tekið verði upp punktakerfi vegna umferðarlagabrota og lögfest að beitt skuli sviptingu ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta samkvæmt punktakerfi.
7. Heimildir lögreglustjóra til að bjóða sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar og öðrum viðurlögum skv. 1. og 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála verði sameinaðar í eitt ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. 52. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um að veita megi sakborningi allt að sex mánaða frest til greiðslu sektar. Í flestum málum er þessi frestur ákveðinn fjórar vikur. Þessi frestur þýðir í raun að ekki kemur til neinna fullnustuúrræða fyrr en að honum liðnum, þ.e. fjárnám verður ekki gert eða vararefsing afplánuð.

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. almennra hegningarlaga er lögreglustjórum heimilt að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um hámarkstíma sem dreifa má afborgunum á. Í reynd hafa afborgunarsamningar verið gerðir til nokkurra ára ef um mjög háar sektir hefur verið að ræða. Lengd slíkra samninga takmarkast þó ávallt af fyrningarreglum 83. gr. a í almennum hegningarlögum en fyrningarfrestur sekta er 5 ár ef sektin er 20.000 kr. eða hærri en 3 ár ef sekt er lægri.

Telja verður afar óæskilegt að lögreglustjórar semji um mjög langa greiðslufresti jafnvel þótt tryggingar séu settar fyrir greiðslum þar sem lögreglustjóraembættum er ekki ætlað að vera lánastofnanir og þau eru illa í stakk búin að innheimta afborganir samkvæmt slíkum samningum.

Í 1. gr. frumvarpsins er því lagt til lögreglustjórum verði ekki heimilað að semja um afborganir á sektum til lengri tíma en eins árs. Upphaf þessa frests miðast við það tímamark þegar sektin kemur til innheimtu. Ef sektin er endanlega ákveðin af lögreglustjóra miðast upphaf frestsins við það tímamark þegar sakborningur gengst skriflega undir greiðslu sektarinnar hvort sem hún er síðan til innheimtu hjá einu eða fleiri lögreglustjóraembættum. Fresturinn lengist ekki þótt málið sé sent á milli umdæma. Ef sektin er endanlega lögð á af öðru stjórnvaldi eða fyrir dómi miðast upphaf frestsins við það tímamark þegar sektin kemur til innheimtu hjá þeim lögreglustjóra sem fyrstur fær hana til innheimtu.

Um 2. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins er ætlunin að lögbinda vararefsingar vegna sekta að fjárhæð allt að 100.000 kr. sem sakborningur gengst skriflega undir hjá lögreglustjóra. Í ákvæðinu felst að þegar sakborningur fellst á boð lögreglustjóra um að ljúka máli með því að gangast skriflega undir greiðslu sektar með formlegri lögreglustjórasátt gangist hann jafnframt undir þá vararefsingu sem að lögum fylgir sektinni. Ef sekt greiðist ekki verður vararefsing því fullnustuð án atbeina dómstóla. Um nýmæli er að ræða og er fyrirmynd ákvæðisins sótt í dönsku hegningarlögin.

Vararefsing er eins og nafnið bendir til einungis ætlað að vera til vara ef refsing í formi sektar nær ekki fram að gagna. Afplánun vararefsinga með varðhaldi eða fangelsisvist er neyðarúrræði sem ekki er rétt að grípa til nema önnur úrræði hafi ekki dugað til að knýja fram greiðslu sektar. Sjaldan kemur til þess í reynd að vararefsing sé fullnustuð en hún er engu síður nauðsynlegt þvingunarúrræði.

Vararefsing verður ekki að gildandi rétti ákvörðuð af lögreglustjórum samhliða ákvörðun um sektarrefsingu skv. 2. og 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála. Því hefur reynst nauðsynlegt að gefa út ákærur í málum þar sem lögreglustjórasátt hefur verið gerð en sekt ekki greiðst. Útgáfa ákæra í slíkum málum hefur haft það eina markmið að fá ákvörðun um vararefsingu með dómi eða viðurlagaákvörðun.

Sá megingalli er á núverandi framkvæmd að fyrri sektarákvörðun og önnur viðurlög, svo sem svipting ökuréttar, falla niður þegar ákæra er gefin út og ber þá að má þessar refsiákvarðanir af sakaskrá. Þessi framkvæmd getur valdið ýmiss konar vandkvæðum við ákvörðun refsinga, svo sem vegna samspils eldri refsiákvarðana og yngri, ítrekunaráhrifa, brotasamsteypu, ákvörðunar hegningarauka o.fl. Þá skapar framkvæmdin óvissu um hvernig fara eigi með innborganir sem búið er að greiða inn á sektir samkvæmt lögreglustjórasáttum. Þessi framkvæmd er sakborningi sem búinn er að játa brot sitt og gangast undir greiðslu sektar lítt skiljanleg og felur í sér óheppilegan tvíverknað við ákvörðun refsingar.

Útgáfa ákæra í þeim tilvikum þegar sakborningur hefur þegar gengist undir tiltekna refsingu hefur mikla vinnu í för með sér fyrir starfsmenn lögreglustjóraembætta, við bætist vinna við birtingu ákæra, þingfestingu mála og saksókn. Jafnframt eykur þetta annir dómstóla.

Í 2. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála er að finna heimild til að ljúka máli með lögreglustjórasátt. Ef lögreglustjóri telur að viðurlög við broti fari ekki fram úr sviptingu ökuréttar allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð getur hann boðið sakborningi að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög. Ef sakborningur játar brot sem er þess eðlis að það fer á sakaskrá er sakborningi boðið að gangast skriflega undir ákvörðun sektar og sakarkostnaðar. Slík lögreglustjórasátt er aðfararhæf. Samkvæmt reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992 er hámarksfjárhæð sektar sem heimilt er að gera sátt um hjá lögreglustjóra 75.000 kr. en ef frumvarpið verður að lögum er gert ráð fyrir að þessi fjárhæð verði hækkuð í 100.000 kr.

Eftirfarandi rök eru fyrir því að heimila að sakborningur gangist undir vararefsingu hjá lögreglustjóra samhliða sekt í máli sem heimilt er að ljúka með lögreglustjórasátt:

— Ekki er um að ræða eiginlega refsiákvörðun heldur sátt um að ljúka máli með tiltekinni sektarrefsingu án ákæru og dóms.
— Sakborningur sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls á rétt á að hafa samband við lögmann eða talsmann sinn þegar eftir handtöku, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er sakborningi á öllum stigum opinbers máls óskylt að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök.
— Sakborningur getur ávallt neitað sök, neitað að gangast undir greiðslu sektar eða neitað að gangast undir tiltekna vararefsingu. Sakborningur á því alltaf kost á venjulegri málsmeðferð fyrir dómi þó að ákvörðun vararefsingar sé það eina sem hann sættir sig ekki við.
— Sakborningur á þess ávallt kost að greiða sekt til að komast hjá frjálsræðisskerðingu.

Ákvæðinu er einungis ætlað að taka til tiltölulega lágra sekta með tiltölulega stutta vararefsingu. Þá er ákvæðinu einungis ætlað að taka til sekta sem sakborningur gengst undir hjá lögreglustjórum í málum sem heimilt er að ljúka með þeim hætti samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Ætla má að réttaröryggi sé vel tryggt við meðferð mála hjá lögreglu enda eru í lögum um meðferð opinberra mála fjölmörg ákvæði sem tryggja eiga réttláta málsmeðferð hjá lögreglu og sakborningur á sem fyrr segir þess ávallt

kost að málið gangi til dómstóla ef hann er ósáttur við þá sekt sem honum er boðið að gangast undir eða við þá vararefsingu sem sektinni fylgir.

Lengd vararefsinga samkvæmt frumvarpinu styðst í stórum dráttum við viðmiðunartöflu yfir vararefsingar sem notuð er í héraðsdómi Reykjavíkur en samkvæmt henni er vararefsing vegna 100.000 kr. sektar 20 daga varðhald eða 5.000 kr. fyrir hvern varðhaldsdag. Enda þótt sakborningur geti ekki valið að afplána vararefsingu verður að miða við að fjárhæð sektar að baki hverjum varðhaldsdegi sé ekki svo há að sakborningur sjái sér hag í að afplána varðhaldsrefsingu fremur en að borga sektina.

Ef sektarákvörðun tekur til fleiri en eins brots sem hvert um sig varðar lægri sekt en 100.000 kr. en sekt vegna allra brotanna er hærri verður vararefsing ekki ákveðin á grundvelli þessa ákvæðis. Ákvæðið útilokar hins vegar ekki að slíkum málum verði lokið með fleiri en einni lögreglustjórasátt þar sem sakborningur gengst undir lægri sekt en 100.000 kr. í hverju máli og jafnframt vararefsingu vegna hvers brots í samræmi við ákvæði frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að skýrt komi fram í lögreglustjórasátt hvaða vararefsingu það varðar ef sekt greiðist ekki innan tiltekins tíma og á hvaða lagaheimild vararefsingin byggir. Einnig þarf þar að koma fram að um endanlegar lyktir málsins sé að ræða. Undir þetta allt þarf sakborningur að rita.

Gengið er út frá að ef sakborningur neitar að gangast undir vararefsingu vegna sektar hjá lögreglustjóra verði málinu ekki lokið með lögreglustjórasátt heldur fari í ákærumeðferð.

Um 3. gr.

Með 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að sektarrefsingar vegna umferðarlagabrota verði staðlaðar í ríkara mæli en nú er með þeim hætti að sektir fyrir tiltekin brot allt að fjárhæð 100.000 kr. verði tilteknar í reglugerð sem verði bindandi fyrir lögreglu og dómstóla. Þó verði heimilt að víkja frá staðlaðri refsingu til hækkunar eða lækkunar ef veigamikil rök mæla með því.

Alkunn staðreynd er að í flestum málum er sekt ákveðin án nokkurs tillits til greiðslugetu og jafnvel eftir taxtabundnum sjónarmiðum, svo sem vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota.

Eins og fyrr greinir eru fyrirmæli í 51. gr. almennra hegningarlaga um að við ákvörðun á fjárhæð sektar skuli höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu hans o.fl. Regla þessi er sjaldnast framkvæmanleg þar sem allt of tímafrekt og kostnaðarsamt yrði að kanna ofangreind atriði í öllum málum auk þess sem áhrif efnahags og greiðslugetu hljóta að fara þverrandi, því veigaminni sem brotin eru.

Þegar um er að ræða brot sem refsað er fyrir með tiltölulega lágum sektarfjárhæðum mæla fleiri rök með því að hafa staðlaðar refsingar en á móti. Rök fyrir stöðluðum refsingum eru m.a. þessi:

— Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt innan hvers umdæmis og milli umdæma þannig að svipuð eða sams konar refsing komi fyrir brot sömu tegundar hvort sem hún er ákvörðuð af lögreglu eða dómstólum.
— Ökumenn geta betur séð fyrir hvaða afleiðingar brot þeirra hafa.
— Sakborningur sættir sig betur við fjárhæð sektar ef hann veit að um staðlaða refsingu er að ræða.
— Erfitt getur reynst og tímafrekt fyrir þann sem ákvarðar sekt að fá réttar upplýsingar um raunverulegar eignir og tekjur brotamanns og önnur þau atriði sem talin eru upp í 51. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þar margt til, svo sem vanframtaldar

tekjur og eignir og aðrar félagslegar aðstæður en fram koma í opinberum gögnum.
— Fjárhæðir slíkra sekta eru ekki svo háar að greiðsla þeirra gangi nærri greiðslugetu sakbornings eða skerði framfærslugetu hans.
— Umferðarlagabrot sömu tegundar eru oftast tiltölulega lík hvert öðru.

Samkvæmt 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála eru sektir allt að 75.000 kr. staðlaðar að nokkru leyti þar sem mælt er fyrir um að ríkissaksóknari láti lögreglustjórum í té skrá yfir brot sem sektarheimild þeirra skv. 1. og 2. mgr. tekur til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ákvæði þetta tekur ekki til sektarákvarðana fyrir dómi en í reynd er þessum leiðbeiningum fylgt í stórum dráttum af dómstólum.

Brot á umferðarlögum eru fyrirferðarmest þeirra brota sem upplýst eru hér á landi og sektarrefsing liggur við. Vegna fjölda slíkra mála er mikilvægt að meðferð þeirra sé einföld og samræmi í niðurstöðum.

Með ákvæðinu er mælt fyrir um útfærslu á almennum refsifyrirmælum 100. gr. umferðarlaga með reglugerð. Í reglugerðinni verða ekki sjálfstæðar efnisreglur eða refsiákvæði heldur tilvísun til einstakra boð- og bannreglna í umferðarlögum og sektir og önnur viðurlög tilteknar innan refsiramma umferðarlaga og almennra hegningarlaga. Í raun er aðeins verið að festa í sessi þær stöðluðu leiðbeiningar sem ríkissaksóknari hefur látið lögreglustjórum í té og gera þær sýnilegri fyrir borgarana. Ákvæðið stuðlar þannig að meira gagnsæi refsinga og miðar að því að efla réttaröryggi borgaranna og tryggja jafnræði þeirra í milli.

Niðurlagsákvæði málsgreinarinnar veita lögreglustjórum og dómstólum nægjanlegt svigrúm til að víkja frá sektarákvæðum reglugerðarinnar ef atvik eru með þeim hætti að ósanngjarnt þykir að ákvarða sekt samkvæmt þeim.

Ákvæði 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála halda gildi sínu hvað varðar önnur brot en umferðarlagabrot.

Með 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að fullkominni samlagningu sekta verði beitt þegar sekt er ákveðin vegna tveggja eða fleiri brota á umferðarlögum og reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í 77. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði sem beitt er af dómstólum og öðrum þeim sem ákvarða refsingu þegar refsað er fyrir tvö eða fleiri brot í sama máli. Í reglunni felst að ekki skuli beitt fullkominni samlagningu refsinga sem leitt gæti til óraunsærrar og óframkvæmanlegar niðurstöðu, svo sem fangelsisrefsingar langt út fyrir eðlilegan lífaldur manna. Ákvæðið á fyrst og fremst við um refsingar sem fela í sér frjálsræðisskerðingu en síður um sektir.

Þegar refsað er fyrir tvö eða fleiri brot með sekt sem er langt innan sektarhámarks 50. gr. almennra hegningarlaga getur vart talist eðlilegt að færa refsingu niður með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Sérstaklega á það við um ákvörðun sektar fyrir tvö eða fleiri brot sem falla undir stöðluð sektarákvæði eins og lagt er til í frumvarpi þessu að verði beitt um umferðarlagabrot. Rök fyrir fullkominni samlagningu sekta vegna umferðarlagabrota eru eftirfarandi:

— Þeim brotamönnum sem fremja brot með stuttu millibili er að jafnaði ákvörðuð vægari refsing fyrir hvert brot en þeim sem fremja sjaldan brot.
— Brotamenn geta vænst þess að fá verulegan afslátt af sektargreiðslu vegna hvers brots ef þeir neita sök eða draga að greiða sektir en slíkt dregur úr skilvirkni innheimtu og brýtur gegn þeim sjónarmiðum að sakborningur eigi að hafa hag af því að játa brot sitt greiðlega og að skilvísi beri að launa.

— Það stríðir gegn jafnræðissjónarmiðum og réttlætiskennd manna að tveimur sakborningum sem fremja hvor um sig tvö brot sömu tegundar með tiltölulega skömmu millibili er ekki ákvörðuð jafnhá sekt. Sá sem greiðir sektirnar strax fær engan afslátt en sá sem dregur greiðslur fær í raun a.m.k. 50% afslátt af sektargreiðslu vegna síðara brotsins.
— Sektir vegna umferðarlagabrota eru svo lágar að um verulegan fjölda brota þarf að vera að ræða til að samanlögð sekt nái sektarhámarki 50. gr. almennra hegningarlaga sem er 4 m.kr.

Ákvæðið byggir fyrst og fremst á sanngirnissjónarmiðum og er jafnframt ætlað að skerpa varnaðaráhrif viðurlaga við umferðarlagabrotum.

Í 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er lagt til það nýmæli að heimilt verði að veita sakborningi sem greiðir sekt vegna umferðarlagabrots innan 30 daga frá sektarákvörðun 25% afslátt af sektarfjárhæðinni. Ákvæðinu er ætlað að hvetja sakborninga til að greiða sektir án dráttar og kostnaðarsamra innheimtuaðgerða.

Fyrirmynd ákvæðisins er sótt í innheimtu gjalda vegna stöðubrota skv. 5. og 6. mgr. 108. gr. umferðarlaga en þau ákvæði hafa reynst mjög greiðsluhvetjandi.

Ein af þeim spurningum sem sektanefndin lagði fyrir lögreglustjóra var hvort rétt væri að veita afslætti af sektum. Af 22 lögreglustjórum sem tóku afstöðu töldu 17 rétt að taka upp slíkt fyrirkomulag en fimm lögðust gegn því.

Sektir vegna umferðarlagabrota eru verulegur hluti þeirra sekta sem lögreglustjórar hafa til innheimtu og greiðari innheimta þeirra skiptir því miklu máli. Sérstaða umferðarlagabrota felst einnig í því að flest þeirra teljast til minni háttar brota og sektir því oftast tiltölulega lágar.

Meðferð sektamála er tímafrek og kostnaðarsöm, sérstaklega á síðari stigum innheimtu hjá lögreglustjórum svo sem boðun sakborninga í yfirheyrslu, birting fyrirkalla vegna saksóknar og sérstaklega afplánun vararefsinga. Með lögfestingu afsláttarheimildar ættu fleiri sektir að greiðast á fyrsta stigi innheimtunnar án kostnaðarsamra innheimtuaðgerða.

Lagt er til að veittur verði allt að 25% afsláttur af sektarfjárhæðum. Sá afsláttur ætti að verða nægjanleg hvatning til greiðslu sekta en þó ekki svo mikill að innbyrðis vægi refsinga fyrir misjafnlega alvarleg brot raskist verulega.

Þar sem þróunin hefur orðið sú hér á landi á undanförnum árum að æ fleiri launþegar fá greidd út laun um mánaðamót og flestir greiða skuldir sínar á sama tíma þykir líklegra að innheimtan geti orðið árangursrík ef ein mánaðamót falla innan þess frests sem sakborningur hefur til að njóta afsláttar af sektargreiðslu. Því er lagt til að fresturinn verði 30 dagar frá dagsetningu sektarboðs, samkvæmt gíróseðli eða undirritun lögreglustjórasáttar.

Gert er ráð fyrir að afsláttur verði veittur ef greitt er með greiðslukorti innan 30 daga frestsins þar sem markmið ákvæðisins er að tryggja örugga greiðslu sekta án kostnaðarsamra innheimtuaðgerða.

Samkvæmt ákvæðinu er ekki gert ráð fyrir að afsláttur verði veittur af sakarkostnaði en það skilyrði sett fyrir veitingu afsláttar að sakarkostnaður sé greiddur að fullu innan frestsins.

Ekki er gert ráð fyrir að slíkir afslættir verði veittir af sektum sem ákveðnar eru samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun heldur aðeins af sektum vegna umferðarlagabrota sem sakborningur gengst undir hjá lögreglustjórum.

Verði ákvæðið að lögum þarf að endurskoða sektarfjárhæðir vegna umferðarlagabrota til þess að tryggja að varnaðaráhrif sekta minnki ekki en leiðbeinandi fjárhæðir sekta sem skrá ríkissaksóknara tekur til hafa ekki hækkað frá árinu 1992. Þá standa vonir til að innheimtuhlutfall sekta hækki og innheimtukostnaður lækki nái frumvarpið fram að ganga.

Um 4. gr.

Með 4. gr. frumvarpsins er lagður lagagrundvöllur að þýðingarmikilli nýbreytni í viðurlagakerfi vegna umferðarlagabrota. Punktakerfi vegna umferðarlagabrota er ætlað að skapa þann varnað að umferðarlagabrotum fækki og umferðaröryggi aukist. Fyrirbyggjandi áhrif punktakerfisins eru grundvölluð á því að uppsöfnun punkta vegna umferðarlagabrota leiði til sviptingar ökuréttar í þrjá mánuði. Gert er ráð fyrir að reglum um punktakerfi á grundvelli frumvarpsins verði hagað þannig að einungis síbrotamenn í umferðinni sem ekki láta segjast missi ökuréttinn. Ákvörðunum um punktafjölda fyrir einstök brot verði hagað þannig að tiltölulega fáir ökumenn á hverjum tíma verði sviptir ökurétti vegna punktakerfisins.

Umferðarlagabrot eru sem fyrr segir algengustu brot sem koma til kasta lögreglu. Svipting ökuréttar vegna slíkra brota er það úrræði sem mest varnaðaráhrif hefur. Samkvæmt umferðarlögum kemur svipting ökuréttar þó aðeins til greina ef maður hefur gerst sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Sviptingu ökuréttar verður því að óbreyttum lögum ekki beitt vegna síendurtekinna umferðarlagabrota nema því aðeins að um stórfelld brot sé að ræða.

Í 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga er að finna ákvæði um að lögreglustjórar haldi skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur. Reglur um ökuferilsskrá hafa ekki verið settar. Í einstökum umdæmum, t.d. í Reykjavík og Vestmannaeyjum, er þó haldið saman upplýsingum um ökuferil manna. Þar sem ökuferilsskrá er ekki landsskrá hefur færsla hennar haft takmarkaða þýðingu og má reyndar segja að notkun upplýsinga úr ökuferilsskrám einstakra embætta geti haft í för með sér að mönnum sé mismunað eftir því hvort þeir hafa haft lögheimili eða brotið af sér í einu eða fleiri umdæmum.

Tölvutæk málaskrá lögreglunnar hefur gert mögulegt að komið verði á sameiginlegri ökuferilsskrá fyrir landið allt. Ökuferilsskrána má nota sem grundvöll undir punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

Með punktakerfi vegna umferðarlagabrota er átt við að tilteknin brot á umferðarlögum samsvari einum eða fleiri punktum. Við hvert brot sem ökumaður gerist sekur um fær hann tiltekinn fjölda punkta sem færast ásamt upplýsingum um brotið í punktakerfið.

Mikilvægt er að punktakerfið verði einfalt, sanngjarnt, án undanþágna og skapi viðbótarvarnað en dragi ekki úr varnaðaráhrifum annarra viðurlaga samkvæmt umferðarlögum. Gert er ráð fyrir að reglur um punktakerfi hafi m.a. að geyma eftirfarandi efnisatriði:

— Þegar sakborningur lýkur máli með greiðslu sektar, gengst undir lögreglustjórasátt um greiðslu sektar og önnur viðurlög eða máli lýkur með sakfellingu samkvæmt dómi eða viðurlagaákvörðun og niðurstaðan er skráð í málaskrá lögreglu færast einn eða fleiri punktar í punktakerfi.
— Hvert brot samsvari einum til fjórum punktum eftir alvarleika brotsins.
— Ölvunarakstursbrot og brot sem felst í því að aka sviptur ökurétti falla utan punktakerfis þar sem viðurlög við slíkum brotum fela í sér ítrekunaráhrif sem þykja skapa nægan varnað.

— Akstur yfir hámarkshraða og önnur brot sem varðað geta sviptingu ökuréttar verði innan punktakerfis.
— Punktar haldi gildi sínu í punktakerfinu næstu þrjú árin eftir að brot er framið án tillits til þess hvenær málsmeðferð lauk hjá lögreglu eða fyrir dómi.
— Verði maður á þriggja ára tímabili uppvís að brotum á umferðarlögum sem jafngilda samtals 12 punktum skal hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði vegna uppsöfnunar brota.
— Þegar þriggja ára fresturinn er reiknaður út skal miða við þær dagsetningar þegar brot eru framin en ekki hvenær gengist er undir sekt eða sakfellt er fyrir dómi. Þannig getur svipting komið til vegna brota sem eldri eru en þriggja ára ef brot sem til meðferðar er var framið innan þriggja ára frá fyrsta broti af þeim sem samtals jafngilda 12 punktum. Punktarnir þurrkast því ekki út ef málsmeðferð er ekki lokið í máli vegna brots sem framið var innan þriggja ára markanna og fyllt gæti 12 punkta.
— Punktarnir þurrkist út þegar sakborningur hefur verið sviptur ökurétti vegna uppsöfnunar punkta.
— Viðvörun verði gefin út til ökumanns þegar hann hefur náð 8 punktum á þriggja ára tímabili. Þó að slík viðvörnun farist fyrir eða berist ekki ökumanni í hendur hefur það ekki áhrif á sviptingu ökuréttar ef ökumaður nær síðar 12 punktum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að punktarnir færist í punktakerfið þegar umferðarlagabrot hefur verið staðreynt. Svipting á grundvelli uppsafnaðra punkta verði ákveðin af lögreglustjóra eða dómara samhliða refsingu og öðrum viðurlögum sem ákveðin eru vegna þess brots sem til meðferðar er hverju sinni.

Samkvæmt leiðbeiningum ríkissaksóknara um upphæðir sekta varðar akstur 52 km/klst. eða meira yfir leyfilegum hámarkshraða sviptingu ökuréttar allt frá 1 mánuði og upp í 12 mánuði. Til þess að koma í veg fyrir að dragi úr varnaðaráhrifum viðurlaga fyrir of hraðan akstur er í frumvarpinu gert ráð fyrir að slík brot varði áfram sömu viðurlögum en til viðbótar reiknist sakborningi punktar vegna þeirra á sama hátt og vegna aksturs yfir leyfilegum hámarkshraða undir sviptingarmörkum. Í framkvæmd mun þetta hafa þau áhrif að svipting ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta verður sjálfstæð viðurlög og um leið viðbótarviðurlög við þá ökuréttarsviptingu sem við hverju broti liggur. Sem dæmi má nefna að ökumaður sem næði 12 punkta markinu með akstri á rauðu ljósi yrði sviptur ökurétti í þrjá mánuði en ökumaður sem næði 12 punkta markinu með akstri bifreiðar 52 km/klst. yfir leyfðum hámarkshraða, sem varðar eins mánaðar sviptingu, yrði sviptur ökurétti í samtals fjóra mánuði.

Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði umferðarlaga sem fjalla um sviptingu ökuréttar taki einnig til sviptingar ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta eftir því sem við á. Um endurveitingu ökuréttar skv. 106. gr. getur ekki orðið að ræða. Þá er gert ráð fyrir að brot sem framin eru erlendis og sakfellt er fyrir hér á landi falli undir punktakerfið.

Ef frumvarpið verður að lögum er gert ráð fyrir að punktakerfið verði kynnt rækilega fyrir ökunemum og ökumönnum með útgáfustarfsemi og í fjölmiðlum.

Um 5. gr.

Með 5. gr. frumvarpsins er lagt til að sektarheimild lögreglumanna skv. 1. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála og sektarheimild lögreglustjóra skv. 2. mgr. 115. gr. verði sameinaðar í eitt ákvæði.

Sektargerðum lögreglumanna hefur verið beitt í sjö lögreglustjóraumdæmum. Sá háttur hefur verið hafður á þessum sektargerðum að hengja á ökutæki eða afhenda sakborningi tilkynningu um brot eða gíróseðil. Hjá meiri hluta þeirra embætta sem nýta heimild til að beita lögreglumannasektum er ekki gerð frekari skýrsla um brotið og afrit af gíróseðli eða tilkynningu um brot er þá eina heimild um brotið, brotamann og brotavettvang. Þannig hefur meðferð slíkra sektamála um margt verið ólík málsmeðferð vegna annarra brota.

Þar sem lögreglumaður er ekki sjálfstætt stjórnvald heldur sækir heimildir sínar til lögreglustjóra þykir óheppilegt að aðgreina sektarheimildir lögreglumanna frá öðrum sektarheimildum lögreglustjóra. Því er lagt til að aðgreiningin verði felld niður og meðferð allra mála sem sektarheimild lögreglustjóra tekur til verði samræmd.

Lögreglustjórar geta þrátt fyrir slíka lagabreytingu falið lögreglumönnum að bjóða sakborningum að ljúka málum með því að gangast undir sektargreiðslu eða önnur viðurlög, jafnvel á vettvangi brotsins. Lögreglustjóri ber allt að einu ábyrgð á málinu og sektarákvarðanir eru teknar í hans nafni.

Ef frumvarpið nær fram að ganga fellur úr gildi reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 187/1993.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi sama dag og lögreglulög, nr. 90/1996, og lög nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, en þau hafa að geyma ákvæði um aukið ákæruvald lögreglustjóra. Þessi lög munu hafa í för með sér umtalsverðar breytingar á starfsemi lögreglu og ákæruvalds og þykir heppilegt að gildistaka allra laganna fylgist að.

Fylgiskjal I.

Sektanefnd:

Skýrsla um ákvörðun og innheimtu sekta.
(Nóvember 1996.)

Helstu tillögur nefndarinnar.

I. Nefndin gerir ítarlegar tillögur um samræmingu á meðferð sektamála í öllum umdæmum landsins. (Sjá nánar kafla 4.3.2.)

II. Nefndin gerir tillögur um að þegar verði hafist handa við að þróa tölvutækt sektakerfi með upplýsingum um ákvörðun og innheimtu sekta frá því að kæra berst og þar til sekt hefur verið greidd eða vararefsing afplánuð. Sektakerfið verði byggt upp sem hliðarkerfi við málaskrá lögreglunnar en með tengingu við tekjubókhaldskerfi ríkisins. (Sjá nánar 7. kafla.)

III. Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (HGL).

1. Hámarksfrestur til greiðslu sektar sem lögreglustjóra verði heimilt að semja við sak-

borning um verði bundinn við eitt ár. Við 2. mgr. 52. gr. HGL bætist svohljóðandi málsliður (sjá nánar kafla 4.4.2.):

Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu.

2. Dráttarvextir reiknist á sektir og sakarkostnað í vanskilum. Við 52. gr. HGL bætist ný málsgrein sem hljóði svo (sjá nánar kafla 4.4.4.):

Nú greiðist sekt ekki innan þess frests sem veittur er skv. 1. mgr. og skulu þá dráttarvextir reiknast á sektina og ógreiddan sakarkostnað í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

3. Vararefsing vegna sektarrefsinga allt að 100.000 kr. verði lögbundin og heimilað að sakborningur geti skriflega gengist undir slíka vararefsingu ásamt sektarrefsingunni hjá lögreglustjórum. Við 54. gr. HGL bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., og hljóða svo (sjá nánar kafla 5.3.2.):

Sekt sem ekki er ákveðin af dómstólum skal afplánuð í varðhaldi.

Sekt allt að 100.000 krónum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra afplánast með varðhaldi eftir meðfylgjandi töflu:

Sekt:	*Vararefsing:*
0– 9.999 kr.	*2 dagar*
10.000– 19.999 kr.	*4 dagar*
20.000– 29.999 kr.	*6 dagar*
30.000– 39.999 kr.	*8 dagar*
40.000– 49.999 kr.	*10 dagar*
50.000– 59.999 kr.	*12 dagar*
60.000– 69.999 kr.	*14 dagar*
70.000– 79.999 kr.	*16 dagar*
80.000– 89.999 kr.	*18 dagar*
90.000–100.000 kr.	*20 dagar*

IV. Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991 (OML). (Sjá nánar kafla 3.1.2.)

1. Heimildir lögreglustjóra til að bjóða sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar og öðrum viðurlögum skv. 1. og 2. mgr. 115. gr. OML verði sameinaðar í eitt ákvæði sem verði 1. mgr. 115. gr. og hljóði svo:

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr. eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð að fenginni tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

V. Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á umferðarlögum, nr. 50/1987 (UMFL).

1. Lögfest verði heimild til að veita 25% afslátt af sektum vegna umferðarlagabrota ef

greitt er innan 30 daga frá því að sektin var lögð á. Við 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, bætist ný málgrein sem hljóði svo (sjá nánar kafla 3.2.2.1.):

Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

2. Lögfest verði ákvæði um að við ákvörðun refsinga vegna umferðarlagabrota skuli beitt fullkominni samlagningu sekta. Við 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bætist ný málsgrein sem hljóði svo (sjá nánar kafla 3.2.2.3.):

Þegar ákvörðun er tekin um sektarrefsingu vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglugerða eða reglna settum samkvæmt þeim skal sektarrefsingin vera samtala þeirra sekta sem hæfileg er talin vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

3. Lögfest verði heimild til að staðla refsingar fyrir brot á umferðarlögum. Við 100. gr. umferðarlaga bætist ný málsgrein sem hljóðar svo (sjá nánar kafla 3.2.2.1.):

Sektarrefsingar allt að 100.000 krónum fyrir brot á lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegundir brota hún tekur til og hvaða refsing skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá slíkri sektarrefsingu ef veigamikil rök mæla með því.

4. Tekið verði upp punktakerfi vegna umferðarlagabrota og í því skyni lögfest ákvæði um að beita skuli sviptingu ökuréttinda vegna uppsafnaðra brota. Við 101. gr. umferðarlaga bætist ný málsgrein, sem verði 2. mgr., og orðist svo (sjá nánar 8. kafla):

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Dómsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök umferðarlagabrot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

VI. Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á ákvæðum reglugerða og fyrirmæla:

1. Á reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992 (sjá nánar kafla 3.2.2.1.):

Að hámarksfjárhæð 2. mgr. 1. gr. verði hækkuð úr 75.000 kr. í 100.000 kr.

2. Í reglugerð um fullnustu refsidóma nr. 29/1993 verði sett skýr ákvæði um innheimtu lögreglustjóra á fésektum samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum (sjá nánar kafla 6.2.).

3. Að eftirfarandi framkvæmd verði höfð um framsendingu sektamála milli umdæma (sjá nánar kafla 4.3.3.):

Að mál sem lokið verður með sektarrefsingu verði að jafnaði framsend í það lögreglustjóraumdæmi þar sem sakborningur á lögheimili eða fastan dvalarstað og rekin þar allt frá upphafi til enda nema sakborningur flytji lögheimili eða dvalarstað.

Ef sakborningur flytur lögheimili eða dvalarstað eftir að málsmeðferð er hafin verði málið framsent strax eftir að kunnugt verður um flutninginn. Málinu skuli þá fram haldið í nýju umdæmi á því stigi sem það var við framsendinguna.

1.0. Inngangur.

Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 21. febrúar 1996 nefnd til að gera tillögur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar. Nefndina skipa þeir Sigurður T. Magnússon, héraðsdómari í héraðsdómi Reykjavíkur og er hann jafnframt formaður nefndarinnar, Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ástráður Karl Guðmundsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneyti, Kjartan Þorkelsson, sýslumaður á Blönduósi, Stefán Hirst, skrifstofustjóri hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, og Árni Hauksson verkfræðingur. Nefndinni var ætlað að líta til allra þátta innheimtunnar, svo sem sektarákvæða í lögum, þvingunarúrræða, innheimtuferilsins alls og upplýsingakerfa sem tengjast innheimtu sekta.

Sektum er beitt sem refsingu við brotum sem ekki eru talin meðal þeirra alvarlegustu. Sérkenni sektarrefsinga er að í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, (HGL) er mælt fyrir um að jafnframt sekt sem ákveðin er fyrir dómi skuli tiltaka vararefsingu við broti. Vararefsingin er varðhald eða fangelsi sem kemur því aðeins til afplánunar að sektin greiðist ekki.

Í þessum stutta inngangi verður ekki reynt að skilgreina tilgang refsinga út í ystu æsar en bent á að refsingum er ætlað að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif. Til þess að sektarrefsingar hafi tilætluð varnaðaráhrif þarf innheimta sekta að vera skilvirk þannig að brotamenn geti gengið að því vísu að refsingunni verði framfylgt samkvæmt meginefni sínu eða með afplánun vararefsingar. Því má einnig halda fram að ómarkviss og árangurslítil innheimta sekta sem jafnvel er mismunandi milli umdæma brjóti gegn jafnræði borgaranna. Ef sú skoðun nær fótfestu í landinu að stór hópur fólks komist upp með að greiða sektir seint eða alls ekki grefur smátt og smátt undan réttlætiskennd fólks og tiltrú á réttarvörslukerfinu.

Markmið nefndarinnar hafa verið eftirfarandi:

— Að samræma ákvörðun og innheimtu sekta á öllu landinu þannig að borgararnir verði jafnt settir gagnvart þessari tegund refsinga.
— Að bæta innheimtu sekta í því skyni að sektarrefsingar nái betur þeim tilgangi sínum að fækka afbrotum.

Í umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á Alþingi í febrúar 1996 var það markmið sett að fækka umferðarslysum hér á landi um 20% fyrir lok ársins 2000. Ljóst er að ýmissa úrræða er þörf til að þetta markmið náist, svo sem að fækka umferðarlagabrotum með því að auka þann varnað sem sektum og öðrum viðurlögum er ætlað að veita. Fyrir liggur að stærsti hluti mála sem lokið er með ákvörðun sektar er vegna umferðarlagabrota og lagði nefndin því sérstaka áherslu á meðferð sektamála vegna slíkra brota.

Nefndin telur ljóst að virkari löggæsla og ný löggæsluúrræði í umferðinni, svo sem notkun ljósmyndavéla á gatnamótum, ná ekki þeim tilgangi sínum að draga úr brotum og auka umferðaröryggi ef auknum fjölda upplýstra brota er ekki mætt með skilvirkri tölvutækri innheimtu sekta.

Nefndin hefur m.a. fjallað um eftirfarandi þætti varðandi ákvörðun sekta og innheimtu þeirra:

— Samræmingu á ákvörðun og innheimtu sekta milli embætta.
— Tölvuvæðingu á allri málsmeðferð sektamála.
— Staðlaðar refsingar vegna umferðarlagabrota.
— Afslætti af fésektum vegna umferðarlagabrota ef greitt er innan tiltekins frests.
— Lögbundnar vararefsingar vegna umferðarlagabrota.
— Lögveð til tryggingar sektum vegna umferðarlagabrota.

— Innheimtu fyrir milligöngu launagreiðanda.

Til þess að treysta grundvöllinn undir störf nefndarinnar sendi hún öllum lögreglustjórum landsins spurningalista í 24 liðum um ákvörðun og innheimtu sekta. Svör bárust frá 23 lögreglustjórum og er gerð grein fyrir svörunum í viðauka nr. 2 með skýrslunni. Einnig er vísað til svara lögreglustjóranna á nokkrum stöðum í skýrslunni.

Nefndin gaf ríkissaksóknara, Rannsóknarlögreglu ríkisins, Fangelsismálastofnun ríkisins og Lögregluskóla ríkisins kost á að koma á framfæri sjónarmiðum varðandi viðfangsefni nefndarinnar. Greinargerðir hafa borist frá þessum embættum og þakkar nefndin þeim greinargóð og gagnleg svör.

Í skýrslunni er að finna eftirfarandi skammstafanir á lögum:

HGL = Almenn hegningarlög, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

OML = Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

UMFL = Umferðarlög, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

2.0. Innheimtuárangur.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir meginflokkum sektarákvarðana, innheimtuárangri í hverjum flokki og því hversu tímafrek innheimtan er.

2.1. Meginflokkar sektarákvarðana.

Sektarákvörðunum má skipta í eftirtalda flokka:

1. Sektir ákveðnar í dómi.
   a. Viðurlagaákvarðanir skv. 124. gr. OML.
   b. Dómar skv. 135. gr. OML.
2. Sektargerðir lögreglustjóra skv. 2., sbr. 3. mgr. 115. gr. OML.
   a. Samkvæmt sektarboði/sátt. – Brot sem ekki fara á sakaskrá.
   b. Samkvæmt lögreglustjórasátt. – Brot sem fara á sakaskrá.
3. Sektargerðir lögreglumanna skv. 1. mgr. 115. gr. OML.
4. Sektargerðir annarra stjórnvalda. – Ýmis sérlög.

2.2. Hversu tímafrek er málsmeðferðin?

Með innheimtu sekta er hér átt við vinnuferlið frá því að sekt er lögð á og þar til hún er greidd, afplánuð með vararefsingu, mál fellt niður eða brotið fyrnist.

Við hina ýmsu þætti innheimtunnar starfa:

— lögreglustjórar,
— löglærðir fulltrúar,
— lögreglumenn,
— annað starfsfólk lögreglustjóra- og sýslumannsembætta.

Í spurningalista sem nefndin lagði fyrir lögreglustjóra var m.a. eftirfarandi spurning: „Hversu löngum tíma áætlar þú að sé varið til meðferðar og innheimtu sekta á embætti yðar á ári í mannmánuðum? Hér er beðið um upplýsingar um alla málsmeðferðina frá því að ákvörðun sektar liggur fyrir og allt til þess að afplánun vararefsingar hefst. Þar með talin vinna við meðferð ákærumála vegna brota sem heimilt er að ljúka með sektarákvörðun eða lögreglustjórasátt.“

Af 23 lögreglustjórum sem sendu inn svör treystu 15 sér til að svara þessari spurningu. Mat þeirra var eftirfarandi:

	Reykjavík	15 umdæmi, þ.m.t. Reykjavík	Landið allt, áætlun
Lögfræðingar	24 mán.	58 mán. = 4,8 ársverk	8 ársverk
Lögreglumenn	48 mán.	112 mán. = 8,3 ársverk	13 ársverk
Aðrir starfsmenn	72 mán.	117 mán. = 9,8 ársverk	14 ársverk
Samtals	144 mán.	287 mán. = 23,9 ársverk	35 ársverk

Lætur því nærri að um 12 ársverk séu unnin við innheimtu sekta í Reykjavík og samtals um 24 við þau 15 embætti sem sendu inn svör, að embætti lögreglustjórans í Reykjavík meðtöldu. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að svör vantar frá 12 embættum, þar á meðal Ísafirði, Sauðárkróki, Selfossi, Vestmannaeyjum og Kópavogi má áætla að allt að 35 ársverk séu unnin við lögreglustjóraembættin við innheimtu sekta og er kostnaður við innheimtuna gróflega áætlaður um 100 millj. kr. Erfitt er að meta árangur verksins vegna brotakenndra upplýsinga um árangur af innheimtu sekta á ýmsum stigum málsmeðferðarinnar. Á grundvelli upplýsinga í kafla 2.3. hér á eftir um innheimtuárangur á árinu 1995 má þó gróflega áætla að innheimtar sektir og sakarkostnaður séu samtals um 150.000 millj. kr. á ári.

Þó að framangreindar tölur séu byggðar á grófri áætlun benda þær til að talsverður mannafli lögreglustjóraembætta sé bundinn við meðferð sektamála. Hér á eftir verður reynt að sýna fram á að draga megi úr vinnu við þennan málaflokk með endurskoðun lagaákvæða um ákvörðun sekta, virkari þvingunarúrræðum, samræmingu innheimtunnar og tölvuvinnslu. Það er mat nefndarinnar að endurskoðun á málsmeðferðinni í heild ætti einnig að skila bættum innheimtuárangri og þar með auknum tekjum af sektum.

Þess má geta að lagt var fyrir lögreglustjóra að áætla hversu stórt hlutfall vinnuafls við innheimtu sekta gæti sparast, annars vegar með nýju öflugu tölvuforriti til aðstoðar við innheimtu sekta og hins vegar ef teknar yrðu upp stighækkandi sektir eða afslættir af sektarfjárhæðum ef greitt er innan 30 daga og/eða lögákveðnar vararefsingar.

Svo sem vonlegt var töldu margir lögreglustjórar erfitt eða útilokað að svara spurningunni. Alls gáfu ellefu lögreglustjórar upp tölulegt álit sitt um vinnusparnað, þar af taldi einn að þessi úrræði mundu ekki leiða til vinnusparnaðar. Fjórir til viðbótar svöruðu því einfaldlega til að innheimtan mundi batna en sjö treystu sér ekki til að svara spurningunni.

Sé til gamans tekið meðaltal af svörum þeirra ellefu lögreglustjóra sem lögðu í að svara spurningunni fæst út sú niðurstaða að tölvuvinnsla á innheimtu sekta gæti sparað um 18% af vinnuafli við innheimtuna og afsláttur af sektarfjárhæðum og lögákveðnar vararefsingar um 12% til viðbótar. Samtals gæti því vinnusparnaður vegna þessara tveggja þátta orðið um 30%. Svör lögreglustjóranna gefa þá vísbendingu að endurskoðun á þessum þáttum í ákvörðun og innheimtu sekta gæti leitt til umtalsverðrar hagræðingar.

2.3. Innheimtuárangur í tölum.

Eitt af því sem fjallað er um í skýrslu þessari er samræmt skráningarkerfi sektamála fyrir landið allt. Eins og fram kemur á öðrum stað í skýrslunni hefur dómsmálaráðuneytið látið gera tölvutæka málaskrá fyrir kærð brot og er langt komið að taka málaskrána í notkun við öllum lögreglustjóraembætti landsins. Í gagnasafni málaskrárinnar verða helstu gögn sem á þarf að halda í væntanlegri hliðarskrá um innheimtu sekta. Eins og sakir standa eru tölulegar upplýsingar um innheimtuárangur brotakenndar en þær er helst að fá úr tekju-

bókhaldskerfi ríkisins. Hér á eftir verður fjallað í grófum dráttum um innheimtuárangur í ýmsum flokkum sekta.

2.3.1. Lögreglumannasektir.

Lögreglustjórar voru spurðir um hvort lögreglumannasektum væri beitt í umdæmi þeirra. Af 22 lögreglustjórum svöruðu sjö spurningunni játandi, þar á meðal lögreglustjórinn í Reykjavík, en 15 neitandi. Þá voru lögreglustjórar sem beittu lögreglumannasektum spurðir um fjölda slíkra sekta og afgreiðslu með eftirfarandi spurningu: „Óskað er upplýsinga um mál sem voru til innheimtu hjá embætti yðar á árinu 1995 vegna sektargerða lögreglumanna skv. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991, (merkt LR í TBI). Aðeins er óskað eftir fjölda nýrra mála sem komu til innheimtu á árinu 1995."

Svör þeirra sjö lögreglustjóra sem beittu lögreglumannasektum benda til að erfitt sé að henda reiður á upplýsingum um afgreiðslu slíkra mála. Einna besta mynd gáfu svör frá Reykjavík og Vestmannaeyjum, en þau voru eftirfarandi:

	Reykjavík	**Vestmanna-eyjar**
a. Fjöldi nýrra sektargerða frá embætti yðar	284	93
b. Fjöldi mála sem komu frá öðrum embættum á árinu 1995	–	–
c. Heildarfjárhæð sekta skv. a- og b-lið á árinu 1995	1.342.850 kr.	366.000 kr.
d. Fjöldi allra uppgreiddra mála á árinu 1995	–	111
e. Heildarfjárhæð allra greiddra sekta á árinu 1995	3.578.648 kr.	335.000 kr.

Þess ber að geta að flæði er milli mála í þessum flokki sekta og hinum flokkunum þar sem málin fara í hefðbundinn innheimtu- og ákærufarveg ef sekt greiðist ekki innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 187/1993.

2.3.2. Lögreglustjórasektir sem ekki fara á sakaskrá.

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá Ríkisbókhaldi um fjölda sektarákvarðana í þessum flokki á árinu 1995. Í viðauka nr. 1 er að finna nánari sundurliðun á innheimtunni, skipt eftir sektum og sakarkostnaði og eins flokkað eftir embættum.

	Reykjavík	**Landið allt**
Fjöldi mála	5.108	9.609

Upplýsingar um heildarfjárhæð ákvarðaðra sekta liggur ekki fyrir og ekki heldur upplýsingar um innheimtuárangur. Sé gengið út frá að sektir í þessum flokki séu að meðaltali 5.000 kr. og innheimtuhlutfall um 60% eru innheimtar sektir í þessum flokki á landinu öllu um 29 millj. kr. Tekið skal fram að um grófa áætlun er að ræða.

2.3.3. Lögreglustjórasáttir sem fara á sakaskrá.

Ákvæði 5. gr. reglugerðar um sakaskrá ríkisins nr. 249/1992 sker úr um hvort sáttir sem menn gangast undir skv. 2., sbr. 3. mgr. 115 gr. OML fari á sakaskrá eða ekki. Sektir yfir 20.000 kr. fara samkvæmt því á sakaskrá en einnig ýmsar sektir að lægri fjárhæð, sbr. upptalningu í kafla 3.1.1. hér á eftir.

Eftirfarandi upplýsingar hafa fengist frá Ríkisbókhaldi um þessa tegund sekta. Tölur þær sem hér fara á eftir eru frá árinu 1995 og taka bæði til sekta og sakarkostnaðar en í viðauka nr. 1 er að finna nánari sundurliðun á innheimtunni skipt eftir sektum og sakarkostnaði og eins flokkað eftir embættum.

	Reykjavík,			Landið allt,		
	fjöldi	þús. kr.	%	fjöldi	þús. kr.	%
Eftirstöðvar í ársbyrjun		16.142			40.909	
Ákvarðaðar sektir 1995	910	22.018		2181	53.440	
Samtals til innheimtu		38.161			94.349	
Innheimt 1995		23.213	60,8		57.748	61,2
Eftirstöðvar í árslok		14.948			36.621	

— Allar fjárhæðir hafa að geyma samtölu sektarfjárhæða og sakarkostnaðar. Sakarkostnaður vegur um 10% af heildarfjárhæðum.
— Fjárhæðin ákvarðaðar sektir 1995 er í raun samtala sekta á árinu að frádregnum fjárhæðum sekta sem breytt hefur verið, fjárhæðum sekta í málum sem ákært hefur verið í eða hafa fyrnst. Upplýsingar um heildarfjárhæð ákvarðaðra sekta liggur hins vegar ekki fyrir. Þar sem ákæra er yfirleitt til komin vegna þess að menn greiða ekki sekt og mál fyrnast af sömu ástæðu er innheimtuárangur í reynd ekki eins góður og fram kemur í töflunni að ofan.

Eftirstöðvar óinnheimtra sekta í þessum flokki ættu að vera tiltölulega lágar á hverjum tíma þar sem ákæra ber í þeim málum sem sektarboði er ekki sinnt. Ef mál væru ekki á þessu stigi sektainnheimtu nema í eitt ár að hámarki eins og æskilegast væri næmu óinnheimtar sektir í þessum flokki í árslok ekki nema 25–50% af ákvörðuðum sektum á árinu. Eftirstöðvarnar benda því til að ferill sektainnheimtunnar sé fremur hægur.

2.3.4. Sektir samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum.

Eftirfarandi upplýsingar hafa fengist frá Ríkisbókhaldi um þessa tegund sekta. Tölur þær sem hér fara á eftir taka bæði til sekta og sakarkostnaðar en í viðauka nr. 1 er að finna nánari sundurliðun á innheimtunni skipt eftir sektum og sakarkostnaði og eins flokkað eftir embættum.

	Reykjavík,			Landið allt,		
	fjöldi	þús. kr.	%	fjöldi	þús. kr.	%
Eftirstöðvar í ársbyrjun		125.025			207.912	
Ákvarðaðar sektir 1995	801	83.036		1505	134.478	
Samtals til innheimtu		208.061			342.391	
Innheimt 1995		29.893	14,4		60.706	17,7
Eftirstöðvar í árslok		178.168			281.684	

— Allar fjárhæðir hafa að geyma samtölu sektarfjárhæða og sakarkostnaðar. Sektir vega um 53% af heildarfjárhæðum en sakarkostnaður um 47%.
— Fjárhæðin, ákvarðaðar sektir 1995, er í raun samtala sektardóma og viðurlagaákvarðana sem bárust til fullnustu á árinu að frádregnum fjárhæðum sekta í málum sem send hafa verið annað (Reykjavík), ákært hefur verið í eða fyrnst hafa. Upplýsingar um heildarfjárhæð álagðra sekta liggur hins vegar ekki fyrir.

2.3.5. Er innheimtuárangurinn viðunandi?

Nefndin telur framangreindar upplýsingar og þær heildarupplýsingar sem fram koma í viðauka nr. 1 um innheimtuárangur sýna svo ekki verði um villst að sektarrefsingar þjóna vart tilgangi sínum að öllu leyti eins og sakir standa. Nefndin lítur svo á að slakur innheimtuárangur hljóti að draga úr varnaðaráhrifum sektarrefsingar og grafa undan tiltrú fólks á réttarvörslukerfinu og því sé endurskoðunar þörf á ýmsum þáttum málsmeðferðarinnar.

3.0. Um ákvörðun sekta.

Í þessum kafla verður fjallað um hverjir hafi heimild til að ákvarða sektir og hvaða reglur gildi um fjárhæð sekta.

3.1. Handhöfn sektarvalds.

Undir þessum lið verður fjallað um hverjir hafi heimild til að annast ákvörðun sekta hér á landi að gildandi rétti. Í kafla 3.1.2. eru lagðar til breytingar á 115. gr. OML sem fela í sér að felldur verði niður greinarmunur á lögreglumannasektum og lögreglustjórasektum.

3.1.1. Hverjir fara með sektarvaldið að gildandi rétti?

Grundvallarreglan er sú í íslenskum rétti að dómstólar ákvarða sektir eins og önnur viðurlög við afbrotum. Ákvarðanir dómstóla eru í formi dóma eða viðurlagaákvarðana samkvæmt OML. Í raun ákvarða dómstólar þó sektir í fæstum tilvikum.

Í OML er þó gert ráð fyrir að lögreglustjórar og jafnvel lögreglumenn geti boðið sakborningi að ljúka máli með greiðslu sektar ef um brot er að ræða sem lögreglustjórar hafa ákæruvald um og talið er að viðurlög við brotinu fari ekki fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð.

Sett hefur verið reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992 á grundvelli heimildar í 2. mgr. 115. gr. OML. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að lögreglustjórum sé heimilt að afgreiða með sáttargerð kærur sem þeim berast um brot sem þeir hafa ákæruvald um skv. 28. gr. OML. Sáttargerðin er þó bundin þeim skilyrðum að lögreglustjóri telji að sekt við brotinu fari ekki fram úr 75.000 kr., svipting ökuleyfis vari ekki lengur en í eitt ár eða verðmæti þess sem gera skal upptækt fari ekki fram úr 25.000 kr. Samkvæmt reglugerðinni er meðferð mála sem lögreglustjóra er heimilt að afgreiða með sátt skipt í tvo flokka og ræðst sú skipting af því hvort niðurstaða máls er færð í sakaskrá eða ekki.

Í 5. gr. reglugerðar um sakaskrá ríkisins nr. 249/1992 er að finna fyrirmæli um hvaða mál sem lokið er skv. 2. mgr. 115 gr. OML skuli skrá í sakaskrá. Niðurstöðu máls skal samkvæmt ákvæðinu skrá þegar eitthvert eftirtalinna atriða er til staðar:

„a. sekt er 20.000 kr. eða hærri,
b. sakborningur er sviptur ökuleyfi,
c. brot varðar við 45 gr. umferðarlaga (ölvunarakstur),
d. sakborningur hefur ekið sviptur ökuleyfi,
e. niðurstaða máls hefur samkvæmt heimild í viðkomandi lögum ítrekunaráhrif á síðara brot,
f. brot varðar við lög um ávana- og fíkniefni,
g. brot varðar við lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
h. brot varðar við almenn hegningarlög.

Í sakaskrá skal einnig skrá lögregluáminningar skv. 232. gr. HGL.“

Lögreglumenn hafa þrönga heimild til ákvörðunar sektar skv. 1. mgr. 115. gr. OML. Heimildin er takmörkuð við að lögreglumaður standi vegfaranda að broti gegn UMFL eða lögreglusamþykkt og hann telur að refsing muni ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Núgildandi reglugerð um sektargerðir lögreglumanna er nr. 187/1993 og tók hún gildi 12. maí 1993. Í reglugerðinni kemur fram að lögreglumenn hafi heimild til að sekta vegfarendur sem gerst hafi sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr sekt að fjárhæð 15.000 kr. Í reglugerðinni er kveðið á um að ríkissaksóknari láti lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau sem sektarheimild þessi tekur til. Í skránni skal tilgreind sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots. Ríkissaksóknari gaf út slíka skrá 1. júlí 1992.

Í ýmsum sérlögum er að finna dæmi um heimild til handa öðrum stjórnvöldum en lögreglustjórum til ákvörðunar sekta og má þar nefna sektarheimildir samkeppnisráðs skv. 52. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, tollstjóra skv. 139. gr. tollalaga, nr. 55/1987, og yfirskattanefndar skv. 107. og 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. lög um yfirskattanefnd, nr. 30/1992. Þá er Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum einnig heimilt að leggja sektir á íslenska aðila skv. 44. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993.

3.1.2. Lögreglumannasektir.

Nefndin hefur talsvert fjallað um ákvæði 1. mgr. 115. gr. OML sem veitir lögreglumanni tiltekna sektarheimild. Ákvæðið er svohljóðandi: „Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og hann telur að refsing muni ekki fara fram úr sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð eftir tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglumaður þá gefið sakborningi kost á að greiða hæfilega sekt sem greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma. Ef sekt er greidd innan tiltekins tíma fellur málsókn niður, en greiðist sekt ekki fellur ákvörðun lögreglumanns úr gildi og fer þá ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum."

Eins og áður hefur verið frá greint var reglugerð um sektargerðir lögreglumanna nr. 248/1992 sett á grundvelli heimildar í 1. mgr. 115. gr. en reglugerð um sama efni nr. 187/1993 hefur nú leyst hana af hólmi. Þá hefur ríkissaksóknari sem fyrr segir gefið út skrá um meginflokka brota sem sektarheimild lögreglumanna tekur til.

Sá háttur hefur verið hafður á þessum sektargerðum að hengja á ökutæki eða afhenda sakborningi tilkynningu um brot eða gíróseðil. Hjá meiri hluta þeirra embætta sem nýta heimild til að beita lögreglumannasektum er ekki gerð frekari skýrsla um brotið og afrit af gíróseðli eða tilkynningu um brot er því eina heimildin um brotið, brotamann og brotavettvang.

Ein þeirra spurninga sem nefndin lagði fyrir lögreglustjóra var hvort lögreglumannasektum væri beitt í umdæmi þeirra. Niðurstaðan var sú að sjö svöruðu spurningunni játandi og 15 neitandi. Þá voru lögreglustjórar spurðir um hvort þeir teldu rétt að fella úr gildi heimild 1. mgr. 115. gr. OML til að lögreglumenn geti boðið sakborningi að greiða sekt. Skoðanir voru mjög skiptar og töldu sjö að fella mætti niður heimildina en 15 að ekki bæri að gera það.

Nefndin telur að ekki beri að fella úr gildi heimild lögreglumanna til að bjóða vegfarendum sem þeir standa að broti að ljúka máli með sektargreiðslu. Aftur á móti telja nefndarmenn þá aðgreiningu sem er í 115. gr. OML á lögreglumannasektum skv. 1. mgr. annars vegar og lögreglustjórasektum skv. 2. mgr. ekki heppilega þar sem ljóst er að lög-

reglumaður er ekki sjálfstætt stjórnvald heldur sækir hann heimild sína til að bjóða sakborningi að ljúka máli með sekt til viðkomandi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur þrátt fyrir slíka lagabreytingu falið lögreglumönnum og jafnvel öðrum starfsmönnum að bjóða sakborningum að ljúka málum með því að gangast undir sektargreiðslu eða önnur viðurlög, jafnvel á vettvangi brotsins. Lögreglustjóri ber allt að einu ábyrgð á málinu og sektarákvarðanir eru teknar í hans nafni.

Nefndin telur að í hvert sinn sem lögreglumenn verða áskynja um brot beri að rita um það formlega lögregluskýrslu. Sú skýrsla geti hins vegar verið á stöðluðu formi og skráningaratriði geti verið tiltölulega fá og einföld, allt eftir eðli brotsins og alvarleika. Þá telur nefndin að öll slík brot beri að færa í tölvutæka málaskrá. Til að ná fram breytingum frá núverandi framkvæmd er þörf á að breyta OML á þann veg að lögreglumannasektir verði aflagðar sem sérstök tegund sektarálagningar fremur en að gefin verði út fyrirmæli til lögreglu um að þeim skuli almennt ekki beitt.

Því er lagt til að heimildir lögreglumanna og lögreglustjóra til að bjóða sakborningum að ljúka máli með greiðslu sektar og öðrum viðurlögum skv. 1. og 2. mgr. beri að sameina í eitt ákvæði, sem verði 1. mgr. 115. gr. og hljóði svo:

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot, sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr., eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð að fenginni tillögu ríkissaksóknara. Getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því að honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

Nefndin telur að eftir sem áður geti lögreglustjóri á grundvelli framangreinds ákvæðis falið lögreglumönnum að bjóða vegfarendum sem þeir standa að broti á umferðarlögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra, svo og brotum á lögreglusamþykktum, að ljúka málum með greiðslu sektar og jafnvel að taka við greiðslu á sektum, t.d. með kreditkortum, á vettvangi, þótt meginreglan verði að málið fari í sama farveg og aðrar kærur, þ.e. sendur er út gíróseðill sem hafi að geyma upplýsingar um kæruefni.

3.2. Ákvörðun fjárhæða sekta.

Undir þessum lið verður fjallað um fjárhæð sekta í einstökum tilvikum og svigrúm þess sem fer með sektarvaldið til að ákveða sektarfjárhæðina.

3.2.1. Gildandi réttur.

Dómarar hafa nokkurt svigrúm til ákvörðunar refsingar innan tiltekinna marka sem löggjafinn ákveður, refsirammans. Ákvörðun sekta sker sig ekki úr öðrum tegundum refsinga að þessu leyti. Um sektarrefsingu er fjallað í 49.–55. gr. HGL. Skv. 50. gr. má ekki beita hærri fésekt en 4 millj. kr. nema heimild sé til þess í öðrum lögum. Þá er eftirfarandi sérregla um ákvörðun sektar í 1. mgr. 51. gr.: „Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum er orka á greiðslugetu hans.“

Í 4. mgr. 115. gr. OML er mælt fyrir um að ríkissaksóknari láti lögreglustjórum í té skrá yfir brot, sem heimild skv. 1. og 2. mgr. nær til, þ.e. lögreglumannasektir og lögreglustjórasektir, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja teg-

und brots. Ríkissaksóknari gaf út slíkar skár 1. júlí 1992, eins og getið er um í kafla 2.1. hér að framan.

Í þessum skrám er að finna leiðbeiningar um sektarfjárhæðir og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Ljóst er að þessar leiðbeiningar takmarka ekki að gildandi rétti heimildir lögreglustjóra til að ákveða misháar sektir fyrir samskonar brot, með hliðsjón af 51. gr. HGL.

Í sérlögum eru ýmsar leiðir farnar varðandi sektarrammann. Í flestum tilvikum er sektarrefsing lögð við brotum án þess að lágmark eða hámark sé tilgreint og fer þá um sektarákvörðunina eftir ákvæðum HGL. Dæmi eru hins vegar um að lægri og/eða hærri mörk sektar séu tilgreind eða að sekt sé tiltekið margfeldi af viðmiðunarfjárhæð sem á rætur að rekja til brotsins.

3.2.2. Tillögur um breytingar á sektarákvæðum umferðarlaga.

Eins og áður hefur komið fram í skýrslunni er stærsti hluti sektarákvarðana vegna brota á umferðarlögum. Í þessum kafla eru lagðar til þrjár breytingar á umferðarlögum sem ætlað er að hvetja brotamenn til greiðslu sekta á fyrstu stigum málsmeðferðarinnar og tryggja að þeir sem draga að greiða sektir hagnist ekki á því.

3.2.2.1. Afsláttur af sektum.

Nefndin hefur tekið til skoðunar hvernig hægt sé að hvetja brotamenn til að greiða álagðar sektir án dráttar og kostnaðarsamra innheimtuaðgerða.

Einkum hefur verið tekið til skoðunar hvort heppilegt sé að láta sektarfjárhæðir hækka ef brotamaður dregur að greiða sektina og því meira sem innheimta þeirra tekur lengri tíma. Önnur útfærsla er að gefa tiltekinn hlutfallslegan afslátt af sekt ef sakborningur greiðir sektina innan tiltekins frests. Fyrirmynd stighækkandi viðurlaga má finna í framkvæmd á innheimtu gjalda vegna stöðubrota skv. 5. og 6. mgr. 108. gr. UMFL, en þau ákvæði eru svohljóðandi:

„Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags getur sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Verði á lagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests hækkar það um 50%.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um hvernig gjaldið skuli lagt á og innheimt, þar á meðal um greiðslu- og kærufrest. Má þar ákveða að á lagt gjald, sem eigi er greitt innan nánar tiltekins frests, hækki um 100%."

Ein af þeim spurningum sem nefndin bar undir sýslumenn var hvort þeir teldu rétt að taka upp kerfi stighækkandi sekta eða veitingu afsláttar af sektarfjárhæð ef sekt væri greidd innan tiltekins frests. Af 23 lögreglustjórum sem svöruðu spurningunni töldu 17 rétt að taka upp slíkt fyrirkomulag, fimm lögðust gegn því en einn var óákveðinn.

Nefndin telur heppilegast að viðmiðunarfjárhæð sekta við tiltekinni tegund brota verði aðeins ein og taki ekki breytingum frá því að sektin er lögð á eða undir hana gengist. Hins vegar telur nefndin að heimilt eigi að vera að veita sérstakan hlutfallslegan afslátt af sektarfjárhæðinni ef sektin greiðist strax eða fljótlega eftir að hún hefur verið ákveðin.

Nefndin telur að hlutfallslegur afsláttur verði að vera það verulegur að hann reynist greiðsluhvetjandi. Afslátturinn má hins vegar ekki vera svo hár að innbyrðis vægi refsinga fyrir misjafnlega alvarleg brot raskist verulega. Að teknu tilliti til framangreindra sjónarmiða telur nefndin hæfilegt að gefinn verði 25% afsláttur af sektarfjárhæðum.

Nefndin telur ýmsa annmarka á að lögfesta slíka almenna afsláttarreglu fyrir sektarrefsingar í almennum hegningarlögum og öllum sérlögum. Koma þar ýmis sjónarmið til álita, svo sem lögbundnar lágmarksrefsingar við tilteknum brotum og sérstök sektarviðmið, eins og t.d. í skattalögum.

Nefndin leggur því til að afsláttur af ákvarðaðri sektarfjárhæð verði einungis lögfestur í umferðarlögum en brot á þeim lögum eru stærsti hlutinn af þeim sektum sem lögreglustjórar leggja á og hafa til innheimtu. Sérstaða umferðarlagabrotanna liggur einnig í því að mikill meiri hluti þeirra telst til minni háttar brota og sektarrefsingar vegna þeirra því í flestum tilvikum tiltölulega lágar. Gefist afsláttur vel þykir vel koma til greina að beita sömu reglu við sektir vegna brota á t.d. áfengislögum og jafnvel lögum um ávana- og fíkniefni.

Nefndarmenn hafa fjallað um hversu langan frest sé heppilegt að gefa áður en afsláttur inn falli úr gildi. Nefndarmenn eru sammála um að fresturinn eigi að vera tiltölulega skammur þar sem ella sé hætta á að sakborningar fresti greiðslu og gleymi að greiða sektina fyrir lok frestsins. Það sem mælir með að fresturinn verði lengri er hins vegar að sektir samkvæmt umferðarlögum geta í ýmsum tilfellum verið tiltölulega háar. Stærstur hluti sektanna er nú innan við 20.000 kr. en sektir vegna ölvunaraksturs og aksturs án ökuréttinda eru þó verulega hærri, sérstaklega ef um ítrekuð brot er að ræða. Þar sem þróunin hefur orðið sú hér á landi á undanförnum árum að æ fleiri launþegar fá greidd út laun um mánaðarmót og flestir greiða skuldir sínar um mánaðarmót þykir líklegra að innheimtan geti orðið árangursrík ef ein mánaðarmót falla innan þess frests sem sakborningur hefur til að njóta afsláttar á sektargreiðslu. Því er lagt til að fresturinn verði 30 dagar frá dagsetningu sektarboðs, samkvæmt gíróseðli eða lögreglustjórasátt sem sakborningur gengst undir með undirritun sinni.

Nefndin leggur því til að við 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Samkvæmt reglugerð um lögreglusáttir nr. 250/1992 er svokölluð sáttaheimild lögreglustjóra m.a. bundin því skilyrði að hann telji að sekt við brotinu fari ekki fram úr 75.000 kr.

Þar sem nefndarmenn telja að sektarrefsingar vegna brota á umferðarlögum séu síst of háar og í mörgum tilvikum of lágar til þess að þær geti skapað varnaðaráhrif leggur nefndin til að sektarrefsingar sem falla innan marka framangreindrar reglugerðar og ríkissaksóknari skal gefa út skrá um verði hækkaðar.

Rök fyrir hækkun sekta eru að mati nefndarmanna tvenns konar. Annars vegar að leiðbeinandi fjárhæðir sekta vegna brota þeirra sem skrá ríkissaksóknara tekur til hafa ekki verið hækkaðar frá árinu 1992 en frá miðju ári 1992 til október 1996 hafa ýmsar vísitölur hækkað:

— Lánskjaravísitala: 3218–3523 eða um 9,5%.
— Vísitala neysluverðs: 161,2–178,4 eða um 10,7%.
— Launavístala: 129,5–147,9 eða um 14,2%.

Hins vegar eru rökin þau að ekki getur talist heppilegt að afslættir af sektarfjárhæðum leiði til þess að sektir lækki í raun. Ef tillögur nefndarinnar um afslætti til handa skilvísum sektargreiðendum ná fram að ganga er af þessum sökum þörf á að hækka sektir um allt að þriðjungi (25% afsláttur af X + 33,3% = X).

Nefndin leggur því til að eftir að 115. gr. OML hefur verið breytt verði sú breyting gerð á 2. mgr. 1. gr. reglugerðar um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992 að hámarksfjárhæð hækki úr 75.000 kr. í 100.000 kr.

Ef tillögur nefndarinnar um setningu reglugerðar um sektir fyrir umferðarlagabrot, sem fjallað er um í kafla 3.2.2.2., ná fram að ganga leggur nefndin til að tekið verði tillit til framangreindra sjónarmiða við samningu reglugerðarinnar og sektir hækkaðar nokkuð frá því sem nú er.

Ef framangreindar tillögur nefndarinnar ná ekki fram að ganga telur nefndin rétt að lagt verði til við ríkissaksóknara að skrá yfir meginflokka brota, sem sektarheimild lögreglustjóra nær til, og leiðbeiningar um upphæðir sekta verði endurskoðuð og leiðbeinandi sektir hækkaðar til að vega upp á móti hækkun verðlags og launa í landinu og þeim afslætti sem nefndin leggur til að verði veittur skilvísum sektargreiðendum.

Til þess að tillögur nefndarinnar um afslátt af sektarfjárhæðum nái tilætluðum árangri þarf að huga að tvennu. Annars vegar að stöðlun sektarfjárhæða, sbr. kafla 3.2.2.2., og hins vegar að takmörkun á beitingu ákvæðis 77. gr. HGL, sbr. kafla 3.2.2.3.

3.2.2.2. Staðlaðar sektir.

Alkunn staðreynd er að í flestum sektamálum er sekt ákveðin án nokkurs tillits til greiðslugetu og jafnvel eftir textabundnum sjónarmiðum, svo sem vegna umferðarlagabrota og fíkniefnabrota.

Eins og fyrr greinir eru í sérreglu 51. gr. HGL fyrirmæli um að við ákvörðun á fjárhæð sektar skuli höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings, afkomu hans o.fl. Eins og fram kemur á bls. 227 í bók Jónatans Þórmundssonar, *Viðurlög við afbrotum,* er regla þessi tæpast framkvæmanleg nema í óvenjulegum og mikilvægum refsimálum, einkum þegar fjársterkir aðilar eiga í hlut. Það yrði að hans mati allt of tímafrekt og kostnaðarsamt að kanna framangreind atriði í öllum þorra mála, auk þess sem áhrif efnahags og greiðslugetu hljóta að fara þverrandi, því veigaminni sem brotin eru.

Löggjafinn hefur séð ástæðu til að staðla sektarrefsingar að nokkru leyti því að í 4. mgr. 115. gr. OML eru sem fyrr segir fyrirmæli um að ríkissaksóknari láti lögreglustjórum í té skrá yfir brot sem sektarheimild þeirra skv. 1. og 2. mgr. tekur til, ásamt leiðbeiningum um sektarfjárhæð og önnur viðurlög fyrir hverja tegund brots. Eins og fyrr segir er hér um að ræða sektir allt að 75.000 kr.

Þegar um er að ræða brot sem refsað er fyrir með tiltölulega lágum sektarfjárhæðum mæla fleiri rök með því að hafa staðlaðar refsingar en á móti. Rök fyrir stöðluðum refsingum eru m.a. þessi:

— Mikilvægt er að jafnræðis sé gætt innan hvers umdæmis og milli umdæma þannig að svipuð eða sams konar refsing komi fyrir brot sömu tegundar.
— Minni hætta er á óánægju og mótmælum sakborninga ef þeir vita að um staðlaða refsingu er að ræða.
— Erfitt getur reynst og tímafrekt fyrir þann sem ákvarðar sekt að fá réttar upplýsingar um raunverulegar eignir og tekjur brotamanns og önnur þau atriði sem talin eru upp í 51. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þar margt til, svo sem vanframtaldar tekjur og eignir og aðrar félagslegar aðstæður en fram koma í opinberum gögnum.

— Fjárhæðir slíkra sekta eru sjaldnast svo háar að greiðsla þeirra gangi nærri greiðslugetu sakbornings eða skerði framfærslugetu hans.
— Brot sömu tegundar eru oft tiltölulega lík hvert öðru.

Nefndin hefur fjallað um möguleika á að staðla refsingar vegna brota sem tiltölulega lítil sektarrefsing liggur við. Staðreyndin er sú brot á umferðarlögum eru fyrirferðarmest þeirra brota sem upplýst eru hér á landi og sektarrefsing liggur við. Nefndin telur rétt að gengið verði lengra í að staðla sektarrefsingar vegna brota á umferðarlögum en nú er gert, með þeim hætti að sektarrefsingar fyrir tiltekin brot allt að fjárhæð 100.000 kr. verði tilteknar í reglugerð og að sú reglugerð verði bindandi jafnt fyrir lögreglu og dómstóla. Þó verði heimilað að hnika frá staðlaðri refsingu til hækkunar eða lækkunar ef veigamikil rök mæla með því.

Nefndin leggur til að við 100. gr. UMFL bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Sektarrefsingar allt að 100.000 krónum fyrir brot á lögum þessum og reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða refsing skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá slíkum sektarfjárhæðum ef veigamikil rök mæla með því.

Samkvæmt þessu tæki heimildin aðeins til minni háttar brota á umferðarlögum sem sektarheimild lögreglu nær til. Stöðlun sektarákvarðana tæki hins vegar jafnt til sektargerða lögreglustjóra og sektarákvarðana dómstóla.

3.2.2.3. Brotasamsteypa.

Í 77. gr. HGL er ákvæði sem beitt er af dómurum og öðrum þeim sem ákvarða refsingu þegar í sama máli er refsað fyrir tvö eða fleiri brot. Tilgangur ákvæðisins er fyrst og fremst sá að tryggja að refsingar séu ekki ákvarðaðar með þeim hætti að leggja saman refsingu sem talin væri hæfileg fyrir hvert einstakt brot þannig að samanlögð refsing fari út fyrir refsimörk þess refsiákvæðis sem þyngsta hegningu setur. Ákvæðið á fyrst og fremst við um refsingar sem fela í sér frjálsræðisskerðingu en síður þegar um er að ræða sektir.

Meginreglan er sú að taka skuli öll brotin að einhverju leyti til greina við refsiákvörðun, sbr. 1. mgr. 77. gr. Í reglunni felst að ekki skuli beitt fullkominni samlagningu refsinga, sem leitt gæti til óraunsærrar og óframkvæmanlegrar niðurstöðu, svo sem fangelsisrefsingar langt út fyrir eðlilegan dánaraldur manna. Að mati íslenskra og danskra fræðimanna kemur hins vegar fullkomin samlagning refsinga til álita við ákvörðun sekta, sbr. *Viðurlög við afbrotum,* bls. 291.

Þegar refsað er fyrir tvö eða fleiri brot með sektarrefsingu sem er langt innan marka sektarhámarks 50. gr. HGL getur vart talist eðlilegt að færa refsingu niður með vísan til 77. gr. HGL. Engu að síður hafa dómstólar og lögreglustjórar að einhverju leyti horft til ákvæðisins við ákvarðanir sektarrefsinga vegna tveggja eða fleiri brota og fært refsingu niður fyrir þær leiðbeinandi sektarfjárhæðir sem skrár ríkissaksóknara hafa að geyma. Beiting ákvæðisins við ákvörðun sektarrefsinga virðist þó á undanhaldi.

Nefndin telur að verulegir annmarkar séu á að beita 77. gr. þegar um er að ræða ákvörðun sektarrefsingar fyrir tvö eða fleiri brot sem falla undir stöðluð sektarviðmið. Sérstaklega þykir nefndarmönnum beiting 77. gr. óheppileg þegar um er að ræða sektir vegna umferðarlagabrota. Helstu annmarkarnir eru þessir að mati nefndarmanna:

— Síbrotamönnum eða þeim sem fremja brot með stuttu millibili er að jafnaði ákvörðuð vægari refsing fyrir hvert brot en þeim sem fremja sjaldan brot.

— Brotamenn geta vænst þess að fá verulegan afslátt af sektargreiðslu vegna hvers brots ef þeir neita sök eða draga að greiða sektir en slíkt dregur úr skilvirkni innheimtu og brýtur gegn því sjónarmiði að skilvísi beri að launa.
— Það stríðir gegn jafnræðissjónarmiðum og réttlætiskennd manna að tveimur brotamönnum sem fremja hvor um sig tvö brot sömu tegundar með tiltölulega skömmu millibili getur verið ákvörðuð misjafnlega há sekt. Sá sem greiðir sektir sínar strax fær engan afslátt en sá sem dregur greiðslur fær í raun a.m.k. 50% afslátt af sektargreiðslu vegna síðara brotsins.
— Sektir vegna umferðarlagabrota eru svo lágar að um verulegan fjölda brota þarf að vera að ræða til að samanlögð sekt nái sektarhámarki 50. gr. HGL sem er 4 millj. kr.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða leggur nefndin til að eftirfarandi breyting verði gerð á UMFL. Við 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Þegar ákvörðun er tekin um sektarrefsingu vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglugerða eða reglna settum samkvæmt þeim skal sektarrefsingin vera samtala þeirra sekta sem hæfileg er talin vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

4.0. Innheimtan.

Í þessum kafla verður fjallað um innheimtumenn sekta, innheimtuferilinn og greiðslu sekta. Loks verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um úrbætur á innheimtuferli og innheimtuaðferðum.

4.1. Almennt um innheimtu sekta.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta hér á landi, sbr. 2. mgr. 55. gr. HGL. Skv. 2. málsl. 1. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, tekur Fangelsismálastofnun við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin viðkomandi lögreglustjóra til fullnustu. Mikill meiri hluti sektarákvarðana er þó sem fyrr segir tekinn af lögreglustjórum.

4.2. Innheimtan að gildandi rétti.

Í þessum undirkafla verður fjallað um innheimtuferilinn, ákvæði laga og reglugerða um hann og framkvæmdina í raun. Jafnframt verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um endurskoðun á ýmsum þáttum innheimtunnar.

Fyrirmæli um innheimtu sekta er einkum að finna í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og reglugerðum um lögreglustjóra- og lögreglumannasektir nr. 250/1992 og 187/1993.

4.2.1. Lögreglumannasektir.

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt um ákvörðun lögreglumannasekta, sbr. kafla 2.3.1. og 3.1.2. Sem fyrr greinir er lögreglumannasektum beitt við sjö þeirra 22 lögreglustjóraembætta sem svör bárust frá, þar á meðal í Reykjavík. Við fjögur þessara sjö embætta er gerð lögregluskýrsla vegna slíkra brota en við þrjú þeirra ekki.

— Upphafsaðgerðir í þessum málum eru þær að lögreglumaður afhendir sakborningi eða festir á ökutæki hans tilkynningu um brot. Í stað tilkynningar er heimilt að nota gíróseðla. Þegar gíróseðill er ekki notaður og greiðsla er ekki innt af hendi þegar í stað er greiðslustaður tilgreindur á sektargerð.

— Næsta skref er það að ef sakborningur greiðir ekki innan viku er heimilt að senda honum ítrekun og framlengja greiðslufrest um tvær vikur. Ef greitt er fellur málsókn niður.
— Greiðist sektin ekki fellur ákvörðun lögreglumannsins úr gildi og lögreglustjóri tekur þá ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út.
— Ríkissaksóknari getur fellt sektargerð lögreglumanns úr gildi innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um hana, enda sé þá ekki ár liðið frá málalokum.

4.2.2. Lögreglustjórasektir sem ekki fara á sakaskrá.

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt um ákvörðun lögreglustjórasekta sem ekki fara á sakaskrá, sbr. kafla 2.3.2. Eftirfarandi reglur um innheimtu slíkra sekta er að finna í reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992:

— Upphafsaðgerðir eru þær að þegar lögreglustjóra berst kæra skal hann ákveða hvort málið sé þess eðlis að unnt sé að bjóða sakborningi að ljúka því með sátt sem ekki færist á sakaskrá og skal hann þá innan mánaðar frá því að honum barst kæran senda sakborningi gíróseðil þar sem fram kemur m.a. í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið og hvaða refsiákvæði brot varði við. Greint skal frá því að sakborningur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar og sakarkostnaðar innan tveggja vikna frá dagsetningu gíróseðils. Í stað gíróseðils getur lögreglustjóri sent sakborningi bréflegt sáttarboð sem greini sömu atriði.
— Í svörum lögreglustjóra kom fram að við 11 embætti af 21 eru sendir út gíróseðlar, þar af úr tölvukerfi TBR á sex embættum, á þremur stöðum úr heimasmíðuðum kerfum en við tvö embætti eru sendir út vélritaðir gíróseðlar. Við tíu embætti eru send út bréfleg sáttarboð í stað gíróseðils. Á flestum embættum er um að ræða stöðluð bréf úr ritvinnslukerfum.
— Ef sakborningur greiðir gíróseðil er litið svo á að hann hafi fallist á málalokin. Ef sakborningur vill ljúka máli með greiðslu sektar, kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu gíróseðils eða bréflegs sáttarboðs og fer fram á greiðslufrest er heimilt að veita honum frest í allt að fjórar vikur. Skv. 6. gr. reglugerðar um lögreglustjórasáttir skal þá gerð við hann sátt en slíkar formlegar sáttir munu þó ekki gerðar í reynd þegar um þessa tegund mála er að ræða.
— Ef sakborningur greiðir ekki og kemur ekki á skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu gíróseðils eða sáttaboðs er heimilt að senda honum ítrekun þar sem gefinn er tíu daga greiðslufrestur, ella taki lögreglustjóri ákvörðun um saksókn.
— Ef sakborningur sinnir ekki ítrekun er málinu víðast hvar fylgt eftir með kvaðningu þar sem sakborningur er boðaður til yfirheyrslu hjá lögreglu á ákveðnum tíma vegna væntanlegrar saksóknar, enda liggur undirritaður framburður sakbornings nánast aldrei fyrir á þessu stigi.
— Ef kvaðning dugar ekki tekur við tímafrek boðun gegnum síma og heimsóknir lögreglumanna í því skyni að fá sakborning til að mæta til yfirheyrslu.
— Ef sakborningur hefur gert formlega sátt en ekki staðið við greiðslur getur lögreglustjóri krafist fullnustu ákvörðunar með aðför eða gefið út ákæru.
— Ríkissaksóknari getur fellt sátt úr gildi innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um hana, enda sé þá ekki ár liðið frá málalokum.

4.2.3. Lögreglustjórasektir sem fara á sakaskrá.

Vísað er til þess sem áður hefur verið sagt um ákvörðun lögreglustjórasekta sem fara

á sakaskrá, sbr. kafla 2.3.3. Eftirfarandi reglur um innheimtu slíkra sekta er að finna í reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992:

— Upphafsaðgerðir eru þær að þegar lögreglustjóra berst kæra skal hann ákveða hvort málið sé þess eðlis að unnt sé að bjóða sakborningi að ljúka því með sátt sem færist á sakaskrá og skal hann þá innan mánaðar frá því að honum barst kæran senda sakborningi kvaðningu um að mæta á lögreglustöð eða skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu kvaðningar. Í kvaðningu skal m.a. koma fram lýsing á broti, hvenær brot var framið, hvaða refsiákvæði brot varðar við, að sakborningi verði gefinn kostur á að ljúka máli með sátt og hverju það varði að sinna ekki sáttarboði. Í kvaðningu skal einnig greina sektarfjárhæð auk sakarkostnaðar, tímalengd ökuleyfissviptingar o.fl.
— Ef sakborningur sinnir ekki kvaðningu er heimilt að senda honum nýja kvaðningu þar sem gefinn er lokafrestur til að ljúka máli með lögreglustjórasátt.
— Ef sakborningur játar brot og fellst á að ljúka máli með þeim hætti sem í kvaðningu greinir gengst hann skriflega undir sektargerð lögreglustjóra en í reglugerðinni er þetta nefnt að hann undirriti sáttargerð. Í lögreglustjórasáttinni má ákveða allt að fjögurra vikna frest til greiðslu sektar.
— Ef sakborningur sinnir ekki ítrekaðri kvaðningu eða synjar sáttaboði lögreglustjóra tekur lögreglustjóri ákvörðun um útgáfu ákæru.
— Ef sakborningur hefur gert formlega sátt en ekki staðið við greiðslur getur lögreglustjóri krafist fullnustu ákvörðunar með aðför eða gefið út ákæru.
— Ríkissaksóknari getur fellt sátt úr gildi innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um hana, enda sé þá ekki ár liðið frá málalokum.

4.2.4. Sektir samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum.

Um innheimtu sekta samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðununum vísast til kafla 2.3.4. og 6. kafla í heild.

Sakarkostnaðarákvörðun fylgir ákvörðun sektar þegar um sakarkostnað er að ræða í máli. Þegar um viðurlagaákvarðanir er að ræða er fjárhæð sakarkostnaðar jafnan tilgreind.

Í dómum er hins vegar látið nægja að dæma sakborning til greiðslu sakarkostnaðar ótilgreint, þar með talið til greiðslu saksóknarlauna og málsvarnarlauna. Þeir sem fara með rannsókn máls skulu skv. 2. mgr. 168. gr. OML taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem þeir hafa haft af málinu og telst til sakarkostnaðar og skal yfirlitið fylgja málinu. Dómari lætur síðan gera heildarreikning sakarkostnaðar samkvæmt þessu yfirliti og að viðbættum kostnaði sem fallið hefur á við málsmeðferð. Reikningurinn fylgir dómsgerðum til ríkissaksóknara sem framsendir hann Fangelsismálastofnun ríkisins til úrskurðar.

Fangelsismálastofnun sendir lögreglustjórum sektardóma og viðurlagaákvarðanir til innheimtu og sjá lögreglustjórar um innheimtu bæði sekta og sakarkostnaðar.

4.3. Úrbætur á innheimtuferlinum.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um endurskoðun og samræmingu á vinnuferli við ákvörðun og innheimtu sekta. Í þessum tillögum er gengið út frá að öðrum tillögum nefndarinnar verði hrint í framkvæmd að meira eða minna leyti. Þó svo verði ekki ættu þessar tillögur að geta komið að nokkru gagni en þarfnast þá einhverra lagfæringa. Sem fyrr segir er tölvuvædd meðferð og samræmd vinnubrögð grundvöllur að skilvirkari meðferð sektamála.

4.3.1. Tölvuvædd sektarmeðferð.

Eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla 7 hér á eftir er lagt til að út úr tölvutæku málaskrárkerfi lögreglunnar verði þróað sérstakt álagningar- og innheimtukerfi sekta sem taki upplýsingar um kærur, þar með talið um sakborninga, lýsingu á broti og verknaðarstað úr málaskrá og miðli síðan og skiptist á upplýsingum við tekjubókhaldskerfi ríkisins. Sektakerfi þetta verði þróað á grundvelli þeirra tillagna sem nefndin hefur lagt til og haldi utan um alla málsmeðferðina frá kæru til greiðslu sektar eða afplánunar á vararefsingu. Út úr kerfinu verði hægt að skrifa gíróseðla, kvaðningarbréf, ítrekanir, lögreglustjórasáttir, fjárnámstilkynningar, tilkynningar um innheimtu dómsekta, tilkynningar um afplánun vararefsinga, afborgunarsamninga og jafnvel ákærur og fyrirköll.

4.3.2. Samræmd málsmeðferð í sektamálum.

Eins og áður hefur komið fram er álagning og innheimta sekta ekki framkvæmd með fullkomlega samræmdum hætti milli embætta hér á landi. Kemur þetta m.a. fram í svörum lögreglustjóra við spurningalista nefndarinnar. Þetta er ekki heppilegt þar sem borgararnir eiga að geta treyst því að farið sé með mál þeirra með sama hætti hvar á landinu sem þeir hafa búsetu eða þeir brjóta af sér. Allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum. Á þetta jafnt við um fjárhæð sekta, innheimtuhraða og beitingu þvingunarúrræða.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um samræmingu á málsmeðferð við ákvörðun og innheimtu sekta. Þessar tillögur tengjast mjög tölvuvæðingu innheimtunnar og fullur árangur mun ekki nást af þeim nema með samræmdu tölvutæku sektakerfi.

Þegar talað er um lögreglustjóra hér á eftir tekur það einnig til löglærðra fulltrúa, lögreglumanna og annarra sem lögreglustjóri hefur falið að annast verkefnið.

4.3.2.1. Sektir sem ekki fara á sakaskrá.

1. Gerð skal lögregluskýrsla um öll brot sem lögregla hefur komist á snoðir um eða kærð hafa verið til lögreglu. Uppbygging og umfang lögregluskýrslu skal þó vera í samræmi við eðli brotsins og alvarleika. Æskilegt er að staðla sem mest lögregluskýrslur vegna einfaldra og algengra brota jafnt á tölvutæku formi og á prentuðum eyðublöðum.
2. Mál er skráð í málaskrá með þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að senda út gíróseðil með sektarákvörðun. Skrá þarf m.a. eftirfarandi atriði:
   - nafn sakbornings,
   - kennitölu sakbornings,
   - heimilisfang sakbornings,
   - stutta lýsingu á broti,
   - hvenær brot var framið, dagsetningu og tíma,
   - brotavettvang,
   - þau refsiákvæði sem brot er talið varða við.
3. Þegar mál hefur verið skráð í málaskrá skal lögreglustjóri ákveða hvort málið sé þess eðlis að unnt sé að bjóða sakborningi að ljúka því með sátt sem ekki færist á sakaskrá. Ef sú er niðurstaðan skal hann innan mánaðar frá því að honum barst kæran senda sakborningi gíróseðil þar sem fram kemur m.a. í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið og hvaða refsiákvæði brot varði við. Greint skal frá því að sakborningur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar og sakarkostnaðar innan 30 daga frá dagsetningu gíróseðils.

4. Ef um umferðarlagabrot er að ræða skal sakborningi skal gefinn allt að 25% afsláttur af ákvarðaðri sekt ef hann greiðir innan 30 daga frá dagsetningu gíróseðils. Afsláttur verði ekki veittur af sakarkostnaði. Greiðsla með kreditkorti, þar með talinn raðgreiðslusamningur til allt að sex mánaða, jafngildi staðgreiðslu.
5. Ef sakborningur greiðir gíróseðil er litið svo á að hann hafi fallist á málalokin.
6. Ef sakborningur vill ljúka máli með greiðslu sektar, kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá dagsetningu gíróseðils og fer fram á greiðslufrest er heimilt að veita honum frest í allt að fjórar vikur. Þá skal hann gangast skriflega undir sektargreiðslu og vararefsingu með formlegri lögreglustjórasátt sem þó fer ekki á sakaskrá.
7. Ef sakborningur greiðir ekki og kemur ekki á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga er honum innan tveggja vikna frá lokum frestsins send ítrekun þar sem gefinn er tíu daga greiðslufrestur, ella taki lögreglustjóri ákvörðun um saksókn.
8. Ef sakborningur sinnir ekki ítrekun fylgi lögreglustjóri málinu eftir með saksókn. Lögreglustjóra er þó heimilt að boða sakborning til yfirheyrslu hjá lögreglu innan tveggja vikna ef hann telur það nauðsynlegt vegna væntanlegrar saksóknar. Kvaðning skal þá send út innan tveggja vikna frá lokum tíu daga frestsins.
9. Ef kvaðning dugar ekki er lögreglu heimilt að ná í sakborning til yfirheyrslu.
10. Ef sakborningur sinnir ekki ítrekun um að ljúka máli með greiðslu sektar, neitar sök eða neitar að gangast skriflega undir greiðslu sektar og/eða vararefsingar tekur lögreglustjóri ákvörðun um útgáfu ákæru.
11. Ef sakborningur hefur gert formlega sátt en ekki staðið við greiðslur getur lögreglustjóri krafist fullnustu ákvörðunar með aðför.
12. Allar sáttir og afborgunarsamningar innihaldi ákvæði um að verði dráttur á greiðslu einstakra afborgana teljist öll sektin í gjalddaga fallin og við taki fullnusta með fjárnámi eða afplánun vararefsingar.
13. Hér er gengið út frá að tillaga nefndarinnar um að heimilað verði að sakborningur gangist skriflega undir lögbundna vararefsingu hjá lögreglustjóra nái fram að ganga, sbr. kafla 5.3.2. Verði svo ekki en í þess í stað lögfest heimild til að dómari riti á lögreglustjórasátt ákvörðun um fullnustu vararefsingar leggur nefndin til að sakborningur undirriti fyrirkall þess efnis að greiðist sektin ekki verði málið tekið fyrir hjá dómara á tilteknum tíma til ákvörðunar um vararefsingu. Dómari tekur málið þá fyrir að loknum frestinum og komi ekki fram varnir ritar hann á lögreglustjórasáttina ákvörðun um fullnustu vararefsingar. Ella tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út.
14. Tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar skal send sakborningi þegar ljóst þykir að innheimtutilraunir samkvæmt framansögðu muni ekki bera árangur og í síðasta lagi tíu mánuðum eftir dagsetningu fyrsta gíróseðils.
15. Sé sekt ekki greidd eða fullnægjandi trygging ekki sett fyrir greiðslu skal lögreglustjóri svo fljótt sem unnt er óska eftir að Fangelsismálastofnun ríkisins ákveði stað og stund fyrir afplánun vararefsingar. Aldrei skal líða lengri tími en eitt ár frá sektarákvörðun og þar til slík beiðni er send stofnuninni.
16. Ríkissaksóknari getur fellt sátt úr gildi innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um hana, enda sé þá ekki ár liðið frá málalokum.
17. Á öllum stigum sektarákvörðunar og innheimtu skulu upplýsingar um stöðu máls jafnharðan skráðar í sektainnheimtukerfi þannig að kerfið endurspegli á hverjum tíma raunverulega stöðu málsins.

18. Þess skal jafnan gætt að bjóða sakborningi ekki greiðslufresti á sektum eða afborgunarsamning ef slíkir frestir eða afborgunarsamningar hafa áður verið gerðir við sama sakborning og hann hefur enn ekki staðið í skilum. Öðru máli gegnir um að bjóða manni að gangast undir sátt um sektargreiðslu og vararefsingu því með vararefsingunni er komið þvingunarúrræði sem ætti í flestum tilvikum að nægja til að sektin greiðist.

4.3.2.2. Sektir sem fara á sakaskrá.

1. Gerð skal lögregluskýrsla um öll brot sem lögregla hefur komist á snoðir um eða kærð hafa verið til lögreglu. Uppbygging og umfang lögregluskýrslu skal þó vera í samræmi við eðli brotsins og alvarleika. Æskilegt er að staðla sem mest lögregluskýrslur vegna einfaldra og algengra brota, jafnt á tölvutæku formi og á prentuðum eyðublöðum.
2. Mál er skráð í málaskrá með þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að senda út gíróseðil með sektarákvörðun. Skrá þarf m.a. eftirfarandi atriði:
   — nafn sakbornings,
   — kennitölu sakbornings,
   — heimilisfang sakbornings,
   — stutta lýsingu á broti,
   — hvenær brot var framið, dagsetningu og tíma,
   — brotavettvang,
   — þau refsiákvæði sem brot er talið varða við.
3. Þegar mál hefur verið skráð í málaskrá skal lögreglustjóri ákveða hvort málið sé þess eðlis að unnt sé að bjóða sakborningi að ljúka því með sátt sem færist á sakaskrá. Ef sú er niðurstaðan skal hann innan mánaðar frá því að honum barst kæran senda sakborningi kvaðningu um að mæta á skrifstofu sína innan tveggja vikna frá dagsetningu kvaðningar. Í kvaðningu skal m.a. koma fram í stuttu máli lýsing á broti, hvenær það var framið og hvaða refsiákvæði brot varði við. Einnig skal greint frá því að sakborningi verði gefinn kostur á að ljúka máli með sátt og hverju það varði að sinna ekki sáttarboði. Í kvaðningu skal einnig greina sektarfjárhæð auk sakarkostnaðar, tímalengd ökuleyfissviptingar o.fl.
4. Ef sakborningur kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna og vill ljúka máli með greiðslu sektar skal hann gangast skriflega undir sektargreiðslu og vararefsingu með formlegri lögreglustjórasátt. Heimilt skal að veita fjögurra vikna frest til greiðslu sektar samkvæmt sáttinni.
5. Ef um umferðarlagabrot er að ræða skal sakborningi skal gefinn 25% afsláttur af ákvarðaðri sekt ef hann greiðir innan 30 daga frá dagsetningu gíróseðils. Greiðsla með kreditkorti, þar með talinn raðgreiðslusamningur til allt að sex mánaða, jafngildi staðgreiðslu.
6. Ef sakborningur greiðir ekki sektina samkvæmt sáttinni en kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan fjögurra vikna frá undirritun sáttar verði heimilt að gera við hann afborgunarsamning til allt að sex mánaða.
7. Hér er gengið út frá að tillaga nefndarinnar um að heimilað verði að sakborningur gangist skriflega undir lögbundna vararefsingu hjá lögreglustjóra nái fram að ganga, sbr. kafla 5.3.2. Verði svo ekki en í þess í stað lögfest heimild til að dómari riti á lögreglustjórasátt ákvörðun um fullnustu vararefsingar leggur nefndin til að sakborningur undirriti fyrirkall þess efnis að greiðist sektin ekki verði málið tekið fyrir hjá

dómara á tilteknum tíma til ákvörðunar um vararefsingu. Dómari tekur málið þá fyrir að loknum frestinum og komi ekki fram varnir ritar hann á lögreglustjórasáttina ákvörðun um fullnustu vararefsingar. Ella tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út.

8. Ef sakborningur sinnir ekki fyrstu kvaðningu verði málinu fylgt eftir með ítrekaðri kvaðningu um að mæta á skrifstofu lögreglustjóra innan tveggja vikna frá dagsetningu ítrekunar. Slík ítrekuð kvaðning skal send innan tveggja vikna frá fyrirhugaðri fyrstu fyrirtöku.
9. Ef sakborningur sinnir ekki ítrekaðri kvaðningu fylgi lögreglustjóri málinu eftir með saksókn. Lögreglustjóri boðar þó sakborning til yfirheyrslu hjá lögreglu innan tveggja vikna ef hann telur það nauðsynlegt vegna væntanlegrar saksóknar. Kvaðning skal þá send út innan tveggja vikna frá lokum tíu daga frestsins.
10. Ef kvaðning dugar ekki skal lögregla ná í sakborning til yfirheyrslu.
11. Ef sakborningur neitar sök eða neitar að gangast skriflega undir greiðslu sektar og/eða vararefsingar tekur lögreglustjóri ákvörðun um útgáfu ákæru.
12. Ef sakborningur hefur gert formlega sátt en ekki staðið við greiðslur getur lögreglustjóri krafist fullnustu ákvörðunar með aðför.
13. Allar sáttir og afborgunarsamningar innihaldi ákvæði um að verði dráttur á greiðslu einstakra afborgana teljist öll sektin í gjalddaga fallin og við taki fullnusta með fjárnámi eða afplánun vararefsingar (eða áritun dómara um vararefsingu ef hún hefur ekki áður verið ákveðin, sbr. 7. tölul.).
14. Tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar skal send sakborningi þegar ljóst þykir að innheimtutilraunir samkvæmt framansögðu muni ekki bera árangur og í síðasta lagi tíu mánuðum eftir dagsetningu fyrsta gíróseðils.
15. Sé sekt ekki greidd eða fullnægjandi trygging ekki sett fyrir greiðslu skal lögreglustjóri svo fljótt sem unnt er óska eftir að Fangelsismálastofnun ríkisins ákveði stað og stund fyrir afplánun vararefsingar. Aldrei skal líða lengri tími en eitt ár frá sektarákvörðun og þar til slík beiðni er send stofnuninni.
16. Ríkissaksóknari getur fellt sátt úr gildi innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um hana, enda sé þá ekki ár liðið frá málalokum.
17. Á öllum stigum sektarákvörðunar og innheimtu skulu upplýsingar um stöðu máls jafnharðan skráðar í sektainnheimtukerfi þannig að kerfið endurspegli á hverjum tíma raunverulega stöðu málsins.
18. Þess skal jafnan gætt að bjóða sakborningi ekki greiðslufresti á sektum eða afborgunarsamninga ef slíkir frestir eða afborgunarsamningar hafa áður verið gerðir við sama sakborning og hann hefur enn ekki staðið í skilum. Öðru máli gegnir um að bjóða manni að gangast undir sátt um sektargreiðslu og vararefsingu því með vararefsingunni er komið þvingunarúrræði sem ætti í flestum tilvikum að nægja til að sektin greiðist.
19. Ef tillögur nefndarinnar um staðlaðar sektir og fullkomna samlagningu refsinga vegna umferðarlagabrota ná fram að ganga ætti ekki að vera nein þörf á að sameina mál heldur er fullt eins æskilegt og einfaldara frá tæknilegu sjónarmiði að afgreiða málin sjálfstætt nema komi til útgáfu ákæru. Heppilegt er hins vegar að láta ólokin mál sama sakbornings fylgjast að í boðun og fyrirtökur hvar sem þau eru stödd í sektarferlinu.

4.3.2.3. Sektir samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum.

Sérstaða slíkra sektarákvarðana er að í sama dómi eða viðurlagaákvörðun er ákveðin sekt vegna margra brota sem eiga e.t.v. uppruna sinn í mörgum lögreglumálum. Þegar svo er verður að skrá úrslit í málskrá lögreglu á öll málin en halda sektainnheimtumálinu áfram á lægsta málanúmerinu eða á máli vegna stærsta brotsins. Til greina kemur einnig að búa til sérstök mál í sektainnheimtukerfi vegna dóma og viðurlagaákvarðana og flytja upplýsingar úr upphaflegum málum inn í það mál. Niðurstaðan ræðst af því hvað er tæknilega einfaldast í útfærslu.

Samkvæmt 2. málsl. 1. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma nr. 29/1993 tekur Fangelsismálastofnun við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin viðkomandi lögreglustjóra til fullnustu. Eðlilegt verður að telja að Fangelsismálastofnun ríkisins fái aðgang að sektakerfi og skrái þar dagsetningu refsiákvörðunar, móttökudag, sektarfjárhæðina, vararefsinguna, framsendingardag og til hvaða lögreglustjóra málið er sent til innheimtu. Heppilegt er að sá lögreglustjóri sem fær málið til innheimtu sjái um áframhaldandi skráningu í sektakerfið.

Um framhald innheimtunnar vísast til kafla 6.2. hér á eftir.

— Ljóst er að senda þarf sakborningi tilkynningu þegar sektarákvörðun dómstóla er komin til innheimtu.
— Senda þarf sakborningi aðra tilkynningu þegar nær dregur því tímamarki að óskað verði eftir ákvörðun um stað og stund fyrir afplánun vararefsingar.
— Loks þarf að senda sakborningi tilkynningu þegar ákvörðun Fangelsismálastofnunar um stað og stund afplánunar liggur fyrir.

4.3.3. Samræmdar vinnureglur um framsendingu mála milli umdæma.

Algengt er að brot séu framin utan þess umdæmis sem brotamaður á lögheimili eða dvalarstað í, sérstaklega á suðvesturhorni landsins þar sem sama atvinnusvæðið nær yfir a.m.k. fjögur umdæmi. Einkum á þetta við um umferðarlagabrot. Af þessum sökum er mikið um að mál séu send á milli umdæma. Með samræmdri málaskrá fyrir lögreglumál veldur slík framsending æ minni vandkvæðum.

Fyrir lögreglustjóra voru lagðar tvær spurningar varðandi það hvernig farið væri með kærur á hendur sakborningum sem ættu heimilisvarnarþing í öðrum umdæmum. Hér á eftir fara spurningarnar og svör við þeim. Sú fyrri var svohljóðandi: „Eru kærur sem verða til í umdæmi yðar framsendar á heimilisvarnarþing kærða ef hann á heimilisvarnarþing í öðru umdæmi eða teknar til meðferðar á brotavarnarþingi?“

Gefnir voru eftirfarandi fimm svarmöguleikar og má hér sjá fjölda þeirra lögreglustjóra sem völdu hvern svarmöguleika fyrir sig en alls svöruðu 23 spurningunni.

a. [0] Alltaf afgreiddar á brotavarnarþingi.
b. [4] Að jafnaði afgreiddar á brotavarnarþingi.
c. [1] Jöfnum höndum framsendar á heimildisvarnarþing eða afgreiddar á brotavarnarþingi.
d. [10] Að jafnaði framsendar á heimilisvarnarþing kærða.
e. [9] Alltaf framsendar á heimilisvarnarþing kærða.

Eins og sjá má af svörunum eru kærur við mikinn meiri hluta embætta alltaf eða að jafnaði framsendar á heimilisvarnarþing kærða. Við einungis fjögur embætti eru kærur að jafnaði afgreiddar á brotavarnarþingi en þar á meðal eru þó embætti lögreglustjóranna í Reykjavík og á Akureyri.

Síðari spurningin var svohljóðandi: „Hver verður framvinda máls ef það er í upphafi tekið til meðferðar á brotavarnarþingi en sekt sem boðin er greiðist ekki?“

Gefnir voru eftirfarandi fimm svarmöguleikar og má hér sjá fjölda þeirra lögreglustjóra sem völdu hvern svarmöguleika fyrir sig en alls svöruðu 14 spurningunni.

a. [1] Málið rekið til enda á brotavarnarþingi.
b. [4] Málið framsent á heimilisvarnarþing ef fyrsta sektarboði ekki sinnt.
c. [6] Málið sent á heimilisvarnarþing ef fullreynt er að sektin greiðist ekki án ákærumeðferðar.
d. [3] Annað.

Í flestum tilfellum eru málin þannig send á heimilisvarnarþing sakbornings ef ekki tekst að innheimta sektina án ákærumeðferðar.

Nefndin telur að setja þurfi fyrirmæli sem tryggi samræmingu á framsendingu mála milli umdæma. Nefndin telur heppilegast að farið sé með kærur frá upphafi í því umdæmi sem sakborningur á lögheimili eða fastan dvalarstað í þar sem það tryggi besta mögulega árangur sektainnheimtunnar.

Nefndin leggur því til að mál sem lokið verður með sektarrefsingu séu að jafnaði framsend í það lögregluumdæmi sem sakborningur á lögheimili eða fastan dvalarstað í og rekin þar allt frá upphafi til enda nema sakborningur flytji lögheimili eða dvalarstað.

Tryggja þarf að sakborningur geti ekki komist undan að greiða sekt með því að flytja á milli umdæma eða unnið tíma vegna þess að langan tíma taki að framsenda málið og málsmeðferðin fari á byrjunarreit í nýju umdæmi. Með tilkomu miðlægrar málaskrár fyrir landið allt þarf ekki að skrá málið að nýju heldur nægir að skrá upplýsingar um flutning máls milli umdæma og þá fær það embætti sem málið er framsent til rétt til aðgangs að og áframhaldandi skráningar í viðkomandi máli.

Nefndin leggur því til að ef sakborningur flytur lögheimili eða dvalarstað eftir að málsmeðferð er hafin sé málið framsent strax eftir að kunnugt verður um flutninginn. Málinu skal þá fram haldið í nýju umdæmi á því stigi sem það var við framsendinguna.

Tryggja þarf að þegar komið er að útgáfu ákæru á hendur sakborningi sé óloknum sektamálum á hendur honum sem til meðferðar eru við viðkomandi embætti eða önnur embætti safnað saman í því umdæmi þar sem sakborningur á lögheimili eða dvalarstað eða einhverju hinna samkvæmt samkomulagi lögreglustjóra eða eftir atvikum ákvörðun ríkissaksóknara. Þannig verði freistað að gefa út eina ákæru vegna allra brotanna og skilja ekki eftir ólokin sektamál við önnur embætti. Með tilkomu miðlægrar málaskrár fyrir landið allt ætti söfnun upplýsinga um ólokin mál að verða auðveld og hægt er að senda nægjanlegar upplýsingar til útgáfu ákæru á milli embætta á rafrænan hátt þótt skjölin séu send síðar.

4.4. Greiðsla sekta.

Í 52. gr. HGL eru svohljóðandi ákvæði um greiðslu sekta.

„Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.“

Nefndin fjallaði talsvert um greiðslu sekta og hugsanlega endurskoðun á framangreindum ákvæðum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem nefndin tók sérstaklega til skoðunar.

4.4.1. Notkun greiðslukorta.

Á flestum lögreglustjóraembættum er nú tekið á móti greiðslum á opinberum gjöldum með debetkortum. Nefndin fjallaði um hvort rétt væri að auka notkun greiðslukorta við innheimtu sekta og þá hvort takmarka ætti notkun þeirra við lögreglustöðvar og sýsluskrifstofur eða heimila lögreglumönnum að taka við greiðslu sekta í lögreglubifreiðum á vettvangi.

4.4.1.1. Kreditkort.

Einn algengasti greiðslumátinn í þjóðfélaginu er greiðsla með kreditkortum. Nefndin telur nauðsynlegt að taka til alvarlegrar athugunar hvort rétt sé að heimila að sektir verði greiddar með kreditkortum.

Eftirfarandi spurningar um notkun kreditkorta voru lagðar fyrir lögreglustjóra: „Hafa kreditkort verið notuð við innheimtu sekta hjá embætti yðar?“

Gefnir voru eftirfarandi fjórir svarmöguleikar og má hér sjá fjölda þeirra lögreglustjóra sem völdu hvern svarmöguleika fyrir sig en alls svöruðu 22 spurningunni.

a. [1] Já, aðeins í lögreglubifreiðum.
b. [3] Já, aðeins við móttöku sektargreiðslna á skrifstofu embættisins.
c. [0] Já, bæði í lögreglubifreiðum og á skrifstofu embættisins.
d. [18] Nei.

„Telur þú eðlilegt að hægt sé að nota kreditkort til innheimtu sekta?“

Gefnir voru eftirfarandi fjórir svarmöguleikar og má hér sjá fjölda þeirra lögreglustjóra sem völdu hvern svarmöguleika fyrir sig en alls svöruðu 22 spurningunni.

a. [0] Já, aðeins í lögreglubifreiðum.
b. [6] Já, aðeins við móttöku sektargreiðslna á skrifstofu embættisins.
c. [13] Já, bæði í lögreglubifreiðum og á skrifstofu embættisins.
d. [3] Nei.

Svörin sýna að meiri hluti lögreglustjóra vill að hægt verði að taka við greiðslu sekta með kreditkortum jafnt á skrifstofum embættanna sem í lögreglubifreiðum. Flestir lögreglustjórar eru hlynntir því að taka við greiðslum með kreditkortum á lögreglustöðvum.

Við embætti sýslumannsins á Blönduósi hafa kreditkort verið notuð í nokkur ár til greiðslu sekta. Brotamenn hafa þá greitt sekt í lögreglubifreið á brotastað en þetta hefur nær eingöngu tíðkast í hraðakstursbrotum. Notkun kortanna hefur þó að mestu takmarkast við þau tilvik þegar útlendingar eru staðnir að brotum. Í þeim tilvikum sýnir reynslan að annaðhvort er að afgreiða málin strax eða þau falla niður. Útlendingunum er gefinn kostur á að greiða sektina á staðnum ella er þeim gert að koma á lögreglustöð en til þess hefur aldrei komið. Íslendingum hefur gefist kostur á að greiða með kreditkorti ef þeir hafa sérstaklega óskað eftir því.

Af hálfu nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á að hraða og bæta innheimtu sekta. Þar sem greiðsla með kreditkorti er í flestum tilvikum jafnörugg og greiðsla með peningum verður að teljast eðlilegt að hægt verði að greiða sektir með kreditkortum á öllum lögreglustöðvum og sýsluskrifstofum.

Nefndin telur rétt að hægt verði að semja um greiðslu á hærri sektum með raðgreiðslum. Nái tillögur nefndarinnar um aflætti af sektargreiðslum fram að ganga telur nefndin rétt að meta greiðslu með kreditkorti sem staðgreiðslu og að kærði njóti þá afsláttarkjara ef hann greiðir innan 30 daga frestsins.

Ekki hefur tíðkast að lögreglumenn taki við sektargreiðslum á vettvangi og almennt hefur verið talið óeðlilegt að lögreglumenn taki við peningum við slíkar aðstæður. Helstu rök gegn því að tekið verði við kreditkortum sem greiðslu eru þau að óeðlilegt er að hafna þurfi greiðslu með peningum en hægt sé að ljúka máli með því að rétta fram kreditkort. Þá má einnig telja óeðlilegt að heimila útlendingum að greiða með þessum hætti en ekki öðrum.

Það sem mælir með slíku greiðsluformi er að heppilegt er að refsing komi sem allra fyrst í kjölfar brots. Þá er greiðsla á staðnum ódýrasta innheimtuaðferðin þar sem ekki þarf að útbúa sektarbréf og gíróseðil og póstsenda.

Nefndin telur ljóst að verulegur kostnaður yrði af því að koma á rafrænum greiðslum (posum) með kreditkortum í lögreglubifreiðum. Þangað til slíkt verður mögulegt og hagkvæmt telur nefndin að lögreglumenn eigi almennt ekki að taka við greiðslum með kreditkortum í lögreglubifreiðum.

Lögreglustjórar voru sérstaklega spurðir að því hvernig háttað væri meðferð kærumála frá embættum þeirra á hendur útlendingum sem búsettir eru erlendis. Af svörum lögreglustjóranna að dæma er lítill árangur af innheimtu slíkra sekta.

Vegna þessa telur nefndin að fleira mæli með því en á móti að gefa útlendingum kost á að greiða sektir í lögreglubifreiðum með kreditkortum þó að ekki sé um rafrænar greiðslur að ræða, líkt og tíðkað hefur verið í umdæmi lögreglustjórans á Blönduósi. Hægt á að vera að tryggja öryggi slíks greiðslumáta. Nefndin leggur því til að móttöku kreditkorta sem greiðslu í slíkum tilvikum beri því að heimila á landsvísu.

Þegar mögulegt verður orðið og hagkvæmt að taka á móti greiðslu með kreditkortum með rafrænum hætti telur nefndin sjálfsagt og eðlilegt að slíkum búnaði verði komið fyrir í lögreglubifreiðum við umferðareftirlit.

4.4.1.2. Debetkort.

Nefndin telur eðlilegt að hægt sé að greiða sektir með debetkortum á skrifstofum embættanna og annars staðar þar sem því verður við komið. Hins vegar er enn ekki sá búnaður fyrir hendi í lögreglubifreiðum að hægt sé að greiða með debetkortum en ekkert er því til fyrirstöðu að tekið verði við greiðslu með þessum hætti, eins og með kreditkortum, þegar það telst hagkvæmt.

4.4.2. Frestir til uppgjörs á sektum.

Í 2. mgr. 52. gr. HGL er kveðið á um að veita megi sakborningi allt að sex mánaða frest til greiðslu sektar. Rík venja er fyrir því að ákveða þennan frest fjórar vikur nema um sé að ræða mjög háar sektir. Þessi frestur þýðir í raun að ekki kemur til neinna þvingunarúrræða fyrr en fresturinn er útrunninn, þ.e. fjárnám verður ekki gert eða vararefsing afplánuð.

Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. HGL er lögreglustjórum heimilt að leyfa að sekt sé greidd með afborgunum. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um hámarkstíma sem dreifa má afborgunum á. Ef túlka ætti ákvæðið þröngt bæri að greiða síðustu afborgun innan þess tíma sem kveðið hefur verið á um í sektarákvörðun eða a.m.k. innan sex mánaða frests 1. mgr. 52. gr.

Í reynd hafa afborgunarsamningar verið gerðir til mun lengri tíma ef um mjög háar sektir hefur verið að ræða. Hámarkslengd slíkra afborgunarsamninga hlýtur þó ávallt að takmarkast af fyrningarreglum 83. gr. a. í HGL, en fyrningarfrestur sekta er fimm ár ef sektin er 20.000 kr. eða hærri en þrjú ár ef sekt er lægri.

Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um að leggja til breytingar á ákvæðum 1. eða 2. mgr. 52. gr. HGL. Nefndin leggur hins vegar til að dómsmálaráðuneytið gefi út fyrirmæli um þá greiðslufresti sem veita má. Nefndin telur rétt að ef sekt er 100.000 kr. eða lægri verði ekki veittur lengri greiðslufrestur en sex mánuðir frá því að sektin var ákveðin en allt að tólf mánaða greiðslufrestur ef sektin er hærri. Nefndin leggst gegn því að lengri greiðslufrestir verði heimilaðir.

Telja verður afar óæskilegt að lögreglustjórar semji um mjög langa greiðslufresti jafnvel þótt tryggingar séu settar fyrir greiðslum. Lögreglustjóraembættum er ekki ætlað að vera lánastofnanir og eru illa í stakk búin að sjá um innheimtu slíkra samninga.

Nefndin leggur til að við 2. mgr. 52. gr. HGL bætist svohljóðandi málsliður:

Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu.

4.4.3. Tryggingar fyrir greiðslu sekta.

Samkvæmt 3. mgr. 52. gr. er heimilt að tryggja greiðslu sekta með fjárnámi. Af því leiðir að heimilt er að tryggja greiðslu með samningsveðsetningu í eigum sakbornings. Þar sem óheimilt er án sérstakrar lagaheimildar að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum skv. 4. mgr. 52. gr. HGL verður ekki heimilað að greiðsla sektar sé tryggð með veði í eignum annarra en sakbornings eða með ábyrgðum.

Nefndarmenn sáu sér ekki fært að leggja til breytingar á þessum ákvæðum HGL þar sem refsingu er ætlað að bitna á sakborningi en ekki öðrum, svo sem ættingjum eða vinum sakbornings.

Fjárnámi er fyrst og fremst ætlað að tryggja greiðslu sekta með veðtryggingu gagnvart öðrum skuldbindingum sem á sakborningi hvíla og einnig til að tryggja að ekki komi til undanskots eigna. Sömu rök eru til að heimila tryggingu í formi samningsveðs þar sem það tryggir stöðu í veðröð á sama hátt og fjárnám og minni kostnaður fylgir slíkri veðstofnun.

Sem fyrr segir er hins vegar mjög óæskilegt að gerðir séu samningar um afborganir sekta á löngum tíma jafnvel þó að tryggingar séu settar, svo sem veðtryggingar í eignum sakborning og þykir nefndinni rétt að binda slíka samninga við eitt ár frá því að sekt kom til innheimtu eins og lagt er til í kafla 4.3.2. Ef sakborningur á eignir er mun eðlilegra að hann útvegi sér lánsfé á frjálsum markaði til greiðslu sektanna. Lögreglustjóraembætti eru illa í stakk búin til að sjá um innheimtu slíkra afborgunarsamninga.

Nefndin varar sérstaklega við að sektir séu tryggðar með veði í yfirveðsettum eignum eða með veði á tæpum veðrétti. Hætt er við sektir sem „tryggðar“ eru með slíkum veðrétti greiðist aldrei og veðsetningin dragist einungis á langinn eða komi í veg fyrir að vararefsing sé afplánuð og leiði jafnvel til þess að sektin fyrnist.

4.4.4. Vextir og dráttarvextir af sektum.

Nefndin fjallaði um hvort lögleiða ætti heimild til að reikna vexti og/eða dráttarvexti af sektum. Fjallað var um hvort rétt væri að lögfesta heimild til að t.d. sparisjóðsvextir reiknist á sekt frá því að hún er ákvörðuð og dráttarvextir frá lokum þess frests sem veittur er til greiðslu sektar samkvæmt sektarákvörðun. Dráttarvextir mundu reiknast áfram á sekt þótt lögreglustjóri gæfi greiðslufrest skv. 2. mgr. 52. gr. HGL. Nefndin gengur út frá því að dráttarvextir hafi ekki áhrif á lengd vararefsingar.

Rök fyrir því að sektir beri vexti og/eða dráttarvexti eru einkum þessi:

— **Sektir lækka að raunvirði.** Sektarfjárhæðir rýrna að raunvirði ef vextir reiknast ekki af þeim, sérstaklega á miklum verðbólgutímum.
— **Brot á jafnræðissjónarmiðum.** Það að reikna ekki vexti af sektum leiðir til þess að sá maður sem greiðir sekt sína strax greiðir í raun hærri sekt en sá sem dregur greiðslu.
— **Sekir beri vexti eins og gildir um aðrar fjárskuldbindingar sem dregið er að greiða.** Erfitt er að rökstyðja hvaða sérstöðu sektir hafa sem réttlæti að dráttarvextir reiknist ekki ef greiðsludráttur verður.
— **Vaxtalausar sektir virka greiðsluletjandi.** Ef gengið er út frá því að fólk í vanskilum velji úr þær kröfur sem þungbærast er að greiða ekki en dragi að greiða vaxtalausar kröfur má gera ráð fyrir að sektir séu síðastar í forgangsröðinni þegar sakborningur gerir upp við sig hvaða skuldir sé mikilvægast að greiða.

Rök gegn því að sektir beri vexti og eða dráttarvexti eru einkum þessi:

— **Upphafstími vaxta og dráttarvaxta.** Við ákvörðun sektar þyrfti að ákveða vaxtareikning og upphafstíma dráttarvaxta. Gerir sektarákvörðun lengri og flóknari. Gæti þó verið staðlað ákvæði sem auðvelt er að láta fylgja sjálfkrafa með í sektarákvörðun.
— **Greiðsla sekta getur verið þungbær fyrir efnalitla.** Dráttarvextir draga úr greiðslugetu tekjulágra og efnalítilla sakborninga og lama þar með e.t.v. greiðsluvilja þeirra. Dráttarvextir gætu því leitt til að beita þyrfti vararefsingu í frekari mæli. Frjálsræðissvipting í stað sektargreiðslu er dýrt neyðarúrræði.
— **Dráttarvextir eru í raun skaðabætur eða refsing** sem sá þarf að greiða sem ekki greiðir skuld. Ýmis þvingunarúrræði eru hins vegar heimil til innheimtu sekta, þar á meðal vararefsing í formi frjálsræðissviptingar.
— **Flóknari innheimta.** Vaxtareikningur á sektir þýðir það að fjárhæð sú sem sakborningi ber að greiða hækkar dag frá degi en það þýðir að kanna verður stöðu skuldarinnar áður en tekið er við greiðslu. Flækir innheimtuaðgerðir. Með tilkomu tölvutæks sektainnheimtukerfis ættu þessi vandamál þó að vera tiltölulega auðleyst.

Nefndin telur að ekki sé heppilegt að reikna vexti af sektum á þeim fresti sem veittur er til að greiða þær samkvæmt vaxtaákvörðun. Um tiltölulega skamman frest er að ræða og telur nefndin að sektarfjárhæðin eigi að standa óbreytt á þeim fresti.

Nefndin telur hins vegar að veigameiri rök séu með en á móti því að ákveða að dráttarvextir séu reiknaðir af sektum sem ekki greiðast innan þess frests sem veittur er í sektarákvörðun. **Nefndin telur því æskilegt að lögbinda dráttarvexti af sektarfjárhæð frá þeim tíma þegar frestur til greiðslu sektar er útrunninn.**

Nefndin leggur því til að við 52. gr. HGL bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Nú greiðist sekt ekki innan þess frests sem veittur er skv. 1. mgr. og skulu þá dráttarvextir reiknast á sektina og ógreiddan sakarkostnað í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

5.0. Virkari þvingunarúrræði.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum þvingunarúrræðum sem nefndin telur að geti leitt til virkari innheimtu sekta. Fjallað verður um kosti og galla einstakra þvingunarúrræða.

5.1. Almennt.

Ákvörðun sektar er ætlað að vera fjárhagslega íþyngjandi fyrir þann sem fundinn hefur verið sekur um brot. Tekjur manna eru sem kunnugt er mismunandi og fjárhagsleg geta þeirra til að greiða sektirnar þar af leiðandi ákaflega mismunandi. Frá þessum sjónarhóli getur jafnhá sektarrefsing, sem tveimur mönnum er ákvörðuð, verið misjafnlega þungbær. Til viðbótar við mismunandi greiðslugetu kemur að greiðsluvilji manna er mismikill án tillits til efnahags. Í meginþorra sektarákvarðana er þó um tiltölulega lágar fjárhæðir að ræða og ætti greiðsla þeirra því ekki að ganga nærri greiðslugetu sakborninga.

Til þess að sektarrefsing geti náð tilgangi sínum þurfa því að vera til þvingunar- eða fullnustuúrræði sem beita má til að hvetja brotamenn til greiðslu sekta. Þau þvingunar- og fullnustuúrræði sem til staðar eru í núgildandi lögum eru einkum fjárnám og vararefsing, varðhald eða fangelsi. Hér á eftir verður fyrst fjallað um þvingunarúrræði í gildandi lögum í köflum 5.2. og 5.3. og þar á eftir þau úrræði sem nefndin telur koma til greina að taka upp í lög í köflum 5.4., 5.5. og 5.6.

5.2. Fjárnám.

Í gildandi lögum eru heimildir til að fullnusta sektir með fjárnámi eftirfarandi:

5.2.1. Almenn hegningarlög.

Í 3. mgr. 52. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, segir: „Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms.“

5.2.2. Lög um meðferð opinberra mála.

Í 3. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, er að finna svipaða heimild til innheimtu sekta sem ákvarðaðar hafa verið af lögreglustjóra og sakborningur hefur gengist undir skriflega: „Nú hefur sakborningur gengist skriflega undir ákvörðun sektar og sakarkostnaðar skv. 2. mgr. en ekki greitt og getur þá lögreglustjóri, ef hann svo kýs, krafist fullnustu ákvörðunar með aðför fremur en að ákveða saksókn vegna brotsins. Um aðförina fer þá eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.“

5.2.3. Beiting fjárnámsheimilda.

Heimild til að gera fjárnám hjá sakborningum á grundvelli sektarákvörðunar eða sektardóms hefur lítið verið beitt af lögreglustjórum og kemur þar helst til mikill fjöldi sektamála, tiltölulega lágar fjárhæðir í flestum tilvikum, talsverður kostnaður og mikil fyrirhöfn, auk þess sem slík fullnustuleið er nokkuð tímafrek. Sérstaklega hefur tímaþátturinn þótt skipta máli þegar um lögreglustjórasáttir skv. 3. mgr. 115. gr. OML er að ræða þar sem vararefsing fylgir ekki slíkum ákvörðunum að gildandi lögum. Ef fjárnám reynist ár-

angurslaust í slíkum tilvikum þarf að ákæra til að fá ákvörðun dóms um vararefsinguna og mikill tími hefur tapast.

Nefndin telur þó að um mikilvæga heimild sé að ræða sem sjálfsagt sé að hafa áfram í lögum. Nefndinni þykir nauðsynlegt að lögreglustjórar meti í hverju tilviki hvort fjárnámsleiðin sé vænleg til árangurs við innheimtu sektar og ef svo er verði hún valin. Nefndin telur að heppilegt geti verið að fara fjárnámsleiðina í fleiri tilvikum en nú mun vera raunin.

5.3. Vararefsingar.

Eitt af sérkennum sektar er, sem fyrr segir, að ef hún greiðist ekki kemur í stað hennar frjálsræðissvipting nema háttsemi sé manni ósaknæm.

5.3.1. Vararefsingar að gildandi rétti.

Vararefsing er, eins og nafnið bendir til, einungis ætlað að vera til vara ef refsing í formi sektar nær ekki fram að gagna. Afplánun vararefsinga er neyðarúrræði sem ekki er rétt að grípa til nema önnur úrræði hafi ekki dugað til að knýja fram greiðslu sektar.

Eins og Jónatan Þórmundsson bendir á í bók sinni *Viðurlög við afbrotum* tryggir víðtæk notkun vararefsinga betur jafnræði en nauðungarinnheimta að því leyti að frjálsræðisskerðing kemur tiltölulega jafnt við alla sakborninga. Hins vegar er að hans mati óeðlilegt að viðurlög sem beint er að fjármunum sökunauts komi niður á frelsi hans auk þeirrar hættu að efnahagur manna ráði því að einhverju leyti hverjir þurfa að afplána sektir. Niðurstaða hans er sú að varnaður og réttlæti verði illa samrýmd að þessu leyti.

Ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um vararefsingar eru svohljóðandi:

„53. gr.

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósaknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

54. gr.

Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi, og um hversu langan tíma. Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár.

Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin.

Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður lögreglustjóri sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

55. gr.

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið um refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir dómara.

Dagsektir skal afplána í varðhaldi og ákveður sýslumaður varðhaldstímann. Um heimild til að bera þá ákvörðun undir dómstóla fer eftir reglum aðfararlaga um heimildir til að bera ákvarðanir þær, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarar, undir héraðsdóm.

Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks og hámarks afplánunartíma samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.“

Vararefsing verður ekki að gildandi rétti ákvörðuð af lögreglustjórum samhliða ákvörðun um sektarrefsingu skv. 2. og 3. mgr. 115. gr. OML. Því hefur verið gefin út ákæra í þeim málum sem sakborningar hafa gengist undir að greiða sektir skv. 3. mgr. en ekki staðið við sáttina. Sektarrefsing í þessum málum hefur verið færð á sakaskrá. Útgáfa ákæru í slíkum málum hefur haft það eina markmið að ná fram dómi eða viðurlagaákvörðun þar sem vararefsing er tiltekin.

Þá er sá megingalli á núverandi framkvæmd að fyrri sektarákvörðun og önnur viðurlög, svo sem svipting ökuréttar, fellur niður þegar ákæra er gefin út og ber þá að má þessar refsiákvarðanir af sakaskrá. Framkvæmdin veldur ýmiss konar vandkvæðum við ákvörðun refsinga, svo sem vegna samspils eldri refsiákvarðana og yngri, brotasamsteypu, ákvörðunar hegningarauka o.fl. Þá skapar framkvæmdin ósvissu um hvernig fara eigi með innborganir sem búið er að greiða inn á sektir samkvæmt lögreglustjórasáttum. Þá skilur sakborningur oft ekki hvað réttarkerfið er að brölta í hans málum löngu efir að hann hefur játað brot og gengist undir greiðslu sektar.

Útgáfa ákæru í þeim tilvikum þegar sakborningur hefur þegar gengist undir tiltekna refsingu hefur mikla vinnu í för með sér fyrir starfsmenn lögreglustjóraembætta, við bætist vinna við birtingu ákæru, þingfestingu málanna og saksókn. Jafnframt eykur þetta annir dómstóla. Þó að e.t.v. megi segja að útgáfa ákæru geti verið hvati fyrir þá sem eiga sektir í vanskilum að greiða tefur ákærumeðferðin innheimtu sekta þegar á heildina er litið.

Með tilliti til framangreindra sjónarmiða telur nefndin nauðsynlegt að finna leiðir til þess að komast hjá ákærumeðferð vegna minni brota sem játuð hafa verið og sökunautar hafa skriflega gengist undir ákvörðun sektar.

5.3.2. Lögbundnar vararefsingar.

Nefndin hefur fjallað um að þá leið að lögbinda vararefsingar með þeim hætti að til tiltekinnar sektar svari vararefsing að tiltekinni dagatölu, samkvæmt töflu sem bundin verði í lög. Fyrirmyndin er sótt í dönsku hegningarlögin.

Eftirfarandi spurning var lögð fyrir lögreglustjóra: „Telur þú rétt að gera þær breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, að vararefsingar verði bundnar í lög þannig að tiltekinni sektarfjárhæð (aðeins sektir lægri en 100.000 kr.) fylgi tiltekin varðhaldsvist. Með þeim hætti yrði komist hjá að ákæra vegna brota sem lokið hefur verið með lögreglustjórasátt en vararefsingin tilgreind í sáttinni. Væntanlega yrði að tryggja brotamanni rétt til að skjóta málinu til dómstóla innan tiltekins frests."

Gefnir voru eftirfarandi fjórir svarmöguleikar og má hér sjá fjölda þeirra lögreglustjóra sem völdu hvern svarmöguleika fyrir sig en alls svöruðu 22 spurningunni.

a. [6] Tvímælalaust.
b. [13] Já, ef viðhlítandi lagagrundvöllur verður tryggður.
c. [3] Nei.
d. [0] Ekki viss.

Alls telja 19 lögreglustjórar að rétt sé að lögbinda vararefsingu en 3 leggjast gegn því.

Samkvæmt dönsku hegningarlögunum er vararefsing vegna sekta ákvörðuð með þrenns konar hætti:

1. Sektir sem lagðar eru á fyrir dómi eru ákvarðaðar sem „dagbod" þar sem fjöldi daga ræðst af eðli brotsins en sekt fyrir hvern dag ræðst af meðaltekjum sakbornings að teknu tilliti til lífskjara hans, svo sem eigna, framfærsluskyldna og annarra þátta sem hafa áhrif

á greiðslugetu hans, sbr. 51. gr. dönsku hegningarlaganna. Meginreglan um vararefsingu vegna slíkra sektarákvarðana er að fjöldi varðhalds- eða fangelsisdaga er sá sami og fjöldi sektardaga.

2. Í 1. mgr. 55. gr. dönsku hegningarlaganna er mælt fyrir um að sektir sem ekki eru lagðar á fyrir dómi afplánist með varðhaldsvist. Greinarmunur er gerður á ákvörðun sekta hjá lögreglu allt að 10.000 d.kr. og stjórnvaldssektum. Í þeim tilvikum sem sektir allt að 10.000 d.kr. eru lagðar á hjá lögreglu er vararefsingin lögákveðin.

2. mgr. 55. gr. dönsku hegningarlaganna er svohljóðandi: „Bøde på 10.000 kr. eller derunder, som er vedtaget efter tilkendegivelser fra politiet, afsoneres efter følgende skala:

Bøden:	Forvandlingsstraffen:
0 – 499 kr.	2 dage
500 – 999 kr.	4 dage
1.000 – 3.999 kr.	6 dage
4.000 – 5.999 kr.	8 dage
6.000 – 10.000 kr.	10 dage“

Í athugasemdum með þessu ákvæði í *Karnovs lovsamling* kemur skýrt fram að þessar vararefsingar eru lagðar á hjá lögreglu án þess að málin séu borin undir dómstóla.

3. Um aðrar stjórnvaldssektir, þ.e. sektir sem lögregla ákveður og eru yfir 10.000 d.kr. og sektarrefsingar sem önnur stjórnvöld ákvarða lögum samkvæmt, gildir sú regla skv. 2. mgr. 55. gr. að vararrefsing er ákveðin af „byretten“. Ákvæðið er svohljóðandi: „For andre bøder fastsættes forvandlingsstraffen af byretten i den retskreds, hvor den pågældende bor eller opholder sig.“

Í athugasemdum við ákvæðið í *Karnovs lovsamling* kemur fram að lögreglan beri slík mál undir dómstóla sem leggja vararefsinguna á með ákvörðun. Ekkert er tekið fram um réttarfar í slíkum málum en ljóst er þó að sakborningi er gefinn kostur á að tjá sig áður en ákvörðun er tekin. Forsetar landsréttanna dönsku hafa sent frá sér leiðbeiningar um ákvörðun vararefsinga og lengd þeirra.

Í refsilögum annarra norrænna ríkja er ekki að finna samsvarandi heimild til að ákvarða vararefsingu án atbeina dómstóla.

Nefndin telur að vel komi til greina að taka upp í almenn hegningarlög samsvarandi heimild til að vararefsing fylgi sektarákvörðunum lögreglustjóra og er í dönsku hegningarlögunum.

Samkvæmt reglugerð um lögreglustjórasáttir nr. 250/1992 nær heimild lögreglustjóra til þess að leggja á allt að 75.000 króna sekt. Nefndin telur rétt að þetta hámark verði hækkað í 100.000 krónur.

Nefndin telur að rétt sé að lögfesta einfaldari leið til að ákvarða vararefsingu í þeim tilvikum þegar sakborningur játar brot sitt og gengst undir ákvörðun lögreglu um greiðslu sektar allt að 100.000 kr.

Nefndin telur að kanna þurfi betur hvaða leið sé heppilegast að fara varðandi ákvörðun vararefsinga og koma þar helst þrjár leiðir til greina:

1. Sakborningur gengst undir greiðslu sektar hjá lögreglu og jafnframt undir tiltekna vararefsingu sem fylgir sektinni lögum samkvæmt, án atbeina dómstóla.
2. Sakborningur gengst undir greiðslu sektar hjá lögreglu og jafnframt undir tiltekna vararefsingu sem fylgir sektinni lögum samkvæmt. Ákærði geti borið ákvörðun vararefsingar undir dómstóla innan 30 daga.
3. Sakborningur gengst undir greiðslu sektar hjá lögreglu en dómari ákvarðar vararefsingu án ákæru. Ákærða gefinn kostur á að tala máli sínu.

Leið 1 er sú sama og farin er í dönsku hegningarlögunum varðandi sektir sem gengist er undir hjá lögreglu allt að 10.000 d.kr. Leið 2 er sambærileg við ákvæði 1. og. 2. mgr. 55. gr. almennra hegningarlaga. Leið 3 er hins vegar sú sama og lögfest er í dönsku hegningarlögunum varðandi sektir sem lagðar eru á af öðrum stjórnvöldum en lögreglu.

Nefndin telur eftirfarandi rök fyrir því að heimila að sakborningur gangist undir vararefsingu hjá lögreglustjóra samhliða sekt í máli sem heimilt er að ljúka með lögreglustjórasátt:

— Ekki er um að ræða eiginlega refsiákvörðun heldur sátt um að ljúka máli með tiltekinni sektarrefsingu án ákæru og dóms.
— Sakborningur sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar opinbers máls á rétt á að hafa samband við lögmann eða talsmann sinn þegar eftir handtöku, sbr. 1. mgr. 32. gr. OML. Þá er sakborningi á öllum stigum opinbers máls óskylt að svara spurningum sem varða refsiverða hegðun sem honum er gefin að sök.
— Sakborningur getur ávallt neitað sök, neitað að gangast undir greiðslu sektar eða neitað að gangast undir tiltekna vararefsingu. **Sakborningur á því alltaf kost á réttlátri málsmeðferð fyrir dómi** þó að ákvörðun vararefsingar sé það eina sem hann sættir sig ekki við.
— Sakborningur á þess ávallt kost að greiða sekt til að komast hjá frjálsræðisskerðingu.
— Heimildin tæki einungis til tiltölulega lágra sekta eða allt að 100.000 kr.
— Um skammvinna frjálsræðisskerðingu yrði að ræða en samkvæmt dönsku hegningarlögunum er hámarksvararefsing samkvæmt sektarákvörðun lögreglu 10 dagar. Samkvæmt viðmiðunartöflu yfir vararefsingar sem notuð er í héraðsdómi Reykjavíkur yrði vararefsing vegna 100.000 króna sektar 20 daga varðhald.

Að öllu framangreindu virtu leggur nefndin til svofelldar breytingar á ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Við 54. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 4. og 5. mgr., og hljóða svo:

Sekt sem ekki er ákveðin af dómstólum skal afplánuð í varðhaldi.

Sekt allt að 100.000 krónum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra afplánast með varðhaldi eftir meðfylgjandi töflu:

Sekt:	*Vararefsing:*
0– 9.999 kr.	*2 dagar*
10.000– 19.999 kr.	*4 dagar*
20.000– 29.999 kr.	*6 dagar*
30.000– 39.999 kr.	*8 dagar*
40.000– 49.999 kr.	*10 dagar*
50.000– 59.999 kr.	*12 dagar*
60.000– 69.999 kr.	*14 dagar*
70.000– 79.999 kr.	*16 dagar*
80.000– 89.999 kr.	*18 dagar*
90.000–100.000 kr.	*20 dagar*

Það sem helst mælir á móti slíkri lagasetningu er að ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, setja tiltekin skilyrði fyrir frjálsræðissviptingu. Má þar sérstaklega benda á að í 1. mgr. 5. gr. sáttmálans segir að allir eigi rétt til frelsis og mannhelgi og engan mann skuli svipta frelsi nema þegar um er að ræða eftirfarandi tilvik, enda skuli þá gæta þeirrar aðferðar sem mælt er í lögum. Þessi tilvik eru m.a.:

a. Löglegt varðhald manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli.
b. Löglega handtöku eða varðhald manns fyrir að óhlýðnast löglegum úrskurði dómstóls eða til að tryggja efndir lögmætrar skyldu.

Nefndin telur að líta verði svo á að ákvörðun um vararefsingu sem sakborningur gengst undir og fullnusta hennar sé ekki óheimil frjálsræðisskerðing ef sakborningur gengst undir að greiða sektina með lögmætum hætti og samþykkir skriflega að verða beittur frjálsræðisskerðingunni ef hann stendur ekki við greiðslu sektarinnar enda á hann ávallt kost á réttlátri málsmeðferð fyrir dómi í stað þess að gangast undir slíka lögreglustjórasátt.

Ef ekki verður fallist á ofangreinda tillögu nefndarinnar kemur til greina að bæta eins konar varnagla við 54. gr. til að tryggja réttaröryggi sakbornings enn frekar. Um yrði að ræða nýja málsgrein, 6. mgr., sem hljóðaði þannig:

Bera má ákvörðun um vararefsingu vegna sektar sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra undir dómara innan 30 daga frá því að sakborningur gekkst undir sektina.

Ef framangreindum tillögum verður hafnað telur nefndin nauðsynlegt að einfalda núverandi málsmeðferð fyrir dómi í slíkum minniháttar málum og jafnframt að létta á álagi við boðun hjá lögreglu.

Þetta yrði að mati nefndarinnar best gert með því að ekki þyrfti að gefa út formlegar ákærur í málum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir sátt í. Vararefsing yrði eftir sem áður ákvörðuð af dómstólum en ekki með dómi eða viðurlagaákvörðun heldur með áritun á lögreglustjórasátt.

Til að einfalda boðun í slíkum málum mætti koma á föstum vikulegum fyrirtökudögum dómara á hverjum dómstóli. Á lögreglustjórasátt væri ritað að ef sakborningur stæði ekki í skilum með greiðslu sektar samkvæmt sáttinni yrði málið tekið fyrir hjá dómara á tilteknum tíma og áritað um vararefsingu ef sakborningur mætti ekki eða ekki væru hafðar uppi varnir. Þetta fyrirkall yrði undirritað af sakborningi og þyrfti þá ekki að koma til frekari boðunar. Lögreglustjóri þyrfti ekki að hafa samráð við dómara um fyrirtökutíma þar sem um fasta fyrirtökudaga væri að ræða.

Þetta fyrirkomulag myndi vafalaust spara tíma hjá lögreglu og dómstólum og ekki þyrfti að koma til útgáfu ákæru nema í þeim fáu tilvikum sem sakborningur mætti hjá dómara og bæri játningu til baka. Þá yrði það augljósa hagræði af þessu fyrirkomulagi að ákvörðun um sekt og t.d. sviptingu ökuréttar félli ekki úr gildi vegna útgáfu ákæru eins og nú er raunin.

Til þess að koma ofangreindum breytingum í kring þyrfti að bæta nýrri málsgrein, 4. mgr., við 54. gr. HGL. Ákvæðið gæti hljóðað svo:

Dómstólar ákveða vararefsingu vegna sektar allt að 100.000 krónum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra.

5.4. Lögveð.

Nefndin fjallaði um möguleika á að setja í lög heimild til að sektarrefsingu fylgi lögveð í hlut eða verðmætum sem tengjast brotinu eða brotið var framið með. Nefndin telur að ef lögveðsheimild er veitt til tryggingar sektum vegna tiltekinna brota verði þau brot ekki færð á sakaskrá og vararefsing ekki jafnframt ákvörðuð. Nefndin telur að um eiginlega refsingu vegna brotsins verði þá ekki að ræða heldur eins konar gjaldtöku. Helst gæti komið til greina að lögfesta slíkt ákvæði varðandi sektir vegna umferðarlagabrota.

5.4.1. Hugtök: réttarvernd, rétthæð.

Lögveð nefnast veðréttindi sem stofnast vegna fyrirmæla réttarreglna og þá fyrst og fremst með ákvæðum í settum lögum. Einnig hefur verið talið að regla, sem skapast hefði fyrir réttarvenju, mundi geta heimilað lögveð, svo fremi að grundvöllurinn væri alveg ótvíræður. Ekki er talið að gera þurfi sérstakar tryggingarráðstafanir til þess að lögveð njóti réttarverndar gagnvart þriðja manni, og á birtingarreglan samkvæmt því ekki við lögveð. Frá þessu geta þó verið undantekningar samkvæmt einstökum heimildarlögum. Í heimildarákvæðum lögveðs eru oft ákvæði um rétthæð lögveðsins gagnvart öðrum takmörkuðum eignarréttindum yfir þeim eignum sem lögveðið nær til. Talið er og öruggt að lögveðið gangi fyrir eldri sem yngri samningsveðum, enda þótt þess sé eigi sérstaklega getið í heimildarlögum. Um rétthæð fleiri lögveða, sem stofnast hafa í sömu eign, gildir sennilega sú meginregla að eldra lögveð gengur fyrir yngra.

5.4.2. Reglur um lögveð skv. 108. og 109. gr. UMFL.

Í 108. gr. UMFL eru lögfest sérákvæði um ýmis stöðvunarbrot. Það sem einkum einkennir þessi ákvæði er að þar er kveðið á um gjaldtöku en ekki sektir vegna brota á ákvæðunum. Gjöldin skulu lögð á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni. Lögreglan annast ákvörðun og innheimtu gjaldsins. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að sveitarstjórn sjái um ákvörðun og innheimtu gjaldsins. Ákvörðun um ákvörðun gjaldsins verður ekki borin undir æðra stjórnvald og er því einungis hægt að bera ágreining undir dómstóla. Gjaldið hvílir á þeim sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu en fellur niður við eigendaskipti hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um að krafist verði aðfarar eða nauðungarsölu að tilteknum tíma liðnum, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma. Sé gjaldið ekki greitt innan frests og engar mótbárur eða varnir hafðar uppi má krefjast nauðungarsölu á lögveðinu til lúkningar gjaldinu án undangengis fjárnáms. Einnig má krefjast fjárnáms hjá þeim sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins án undangengins dóms eða sáttar.

5.4.3. Lögveð til tryggingar greiðslu sekta vegna umferðarlagabrota.

Lögfesting lögveðsheimildar virðist sem fyrr segir eingöngu koma til greina þegar um umferðarlagabrot er að ræða þar sem bifreið gæti verið andlag. Ein þeirra spurninga sem var lögð fyrir sýslumenn var hvort þeir teldu rétt að setja í lög heimild til að tryggja greiðslu sekta vegna umferðarlagabrota með lögveði. Alls töldu 16 lögreglustjórar að rétt sé að setja slíka heimild í lög í einhverri mynd en 5 lögðust gegn því.

Nefndin telur að eftirfarandi rök mæli gegn því að taka upp lögveðsheimild til tryggingar sektum:

— Það samrýmist vart að sekt sé bæði tryggð með lögveði, t.d. í ökutæki, og jafnframt megi fullnusta sektina með afplánun vararefsingar.

— Sækja má mál sem lengra eru komin með fjárnámi og séu eignir fyrir hendi er yfirleitt lítil ástæða til að óttast undanskot eigna. Innheimta sektar er yfirleitt erfiðust hjá gjaldþrota aðilum og eignalausum.

— Úr veðhæfni bifreiða dregur, en lögveð gengur framar samningsveðum.
— Jafnræðisregla. Mismunun yrði við innheimtu sekta eftir eignastöðu manna og á hvers bifreið þeir væru, þ.e. sinni eigin eða annars aðila.
— Innheimtuferlið gert flóknara. Nefndin hefur lagt áherslu á að hafa innheimtuferlið sem einfaldast til að tryggja betra samræmi milli embætta við innheimtuna.
— Farið yrði að flokka brot strax eftir innheimtuúrræðum en ekki eftir eðli brota.

Nefndin mælir ekki með því að frekari lögveðsheimildir verði settar fyrir sektum vegna brota á umferðarlögum.

5.5. Krafa í laun sakbornings.

Í nágrannalöndunum, m.a. í Danmörku og Noregi, hefur verið tekin upp í lög heimild til að innheimta sektir með frádrætti af launum sakbornings fyrir milligöngu launagreiðanda. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hvort rétt sé að taka upp slíkt innheimtuúrræði hér á landi.

5.5.1. Heimild til innheimtu krafna fyrir milligöngu launagreiðanda samkvæmt íslenskum rétti.

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og skv. 1. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, ber launagreiðanda að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar á gjöldum sem þar eru tilgreind. Aldrei má þó halda eftir meira en 75% af heildarlaunagreiðslum hverju sinni. Vanræki launagreiðandi að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þessa fjár. Sams konar heimild er að finna í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga varðandi meðlag, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971. Slíkar kröfur ganga framar öðrum kröfum, þar á meðal kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs.

5.5.2. Heimild til innheimtu sekta fyrir milligöngu launagreiðanda, samkvæmt dönskum rétti.

Samkvæmt 52. gr. danskra hegningarlaga er heimilt að gera kröfu í laun við innheimtu sekta. Heimilt er að taka allt að 20% af nettólaunum eftir að teknir hafa verið skattar og meðlög en sektir víkja fyrir skattkröfum og meðlagi. Heimildin nær einnig til sakarkostnaðar en greiðslur skal fyrst taka upp í sekt.

5.5.3. Á að heimila innheimtu sekta fyrir milligöngu launagreiðanda?

Nefndin skoðaði þetta nokkuð ítarlega og taldi þetta geta auðveldað innheimtu sekta í mörgum tilfellum. Heimildin gæti þó sennilega einungis náð til sátta, dóma o.þ.h. og senda yrði sektarþola viðvörun með góðum fyrirvara um að gerð yrði krafa í laun. Nefndin telur það mæla á móti slíkri innheimtu að nú þegar eru bæði meðlög og þinggjöld innheimt með þessum hætti og spurning hvort heppilegt sé að höggva oftar í þann knérunn.

Nefndin leggur því til að þessu innheimtuúrræði verði ekki beitt að sinni. Þá niðurstöðu mætti hins vegar endurskoða ef reynslan sýnir að innheimta sekta verður ekki bætt með öðrum þeim úrræðum sem lögð eru til í skýrslunni.

6.0. Fullnusta vararefsinga.

Rétt þykir að fjalla um fullnustu vararefsinga í sérstökum kafla. Fjallað verður um fullnustuna eins og henni er nú háttað og einnig settar fram tillögur um endurskoðun á henni.

6.1. Fullnusta vararefsinga að gildandi rétti.

Í kafla 3.1. hér að framan var fjallað almennt um innheimtu sekta en eins og þar kom fram er innheimta sekta í höndum lögreglustjóra skv. 2. mgr. 55. gr. HGL. Í 2. tölul. 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, er kveðið á um að Fangelsismálastofnun ríkisins skuli m.a. sjá um fullnustu refsidóma. Í 3. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um að fangelsi skuli skiptast í afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi og að í afplánunarfangelsi skuli m.a. vista þá sem afplána vararefsingu sekta. Í 5. mgr. 3. gr. er þó gerð sú undantekning að í sérstökum tilfellum megi um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu eða gæsluvarðhaldsfangelsi.

Samkvæmt 2. málsl. 1. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma, nr. 29/1993, tekur Fangelsismálastofnun við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti og öðrum dómum þar sem refsing er ákveðin. Sektardóma sendir stofnunin viðkomandi lögreglustjóra til fullnustu.

Mikill meiri hluti sektarákvarðana er hins vegar tekinn af lögreglustjórum en þar sem þeir hafa ekki að gildandi rétti heimild til að ákvarða vararefsingu hefur Fangelsismálastofnun milligöngu um fullnustu allra sekta sem vararefsing fylgir.

Fangelsismálastofnun ríkisins sendi nefndinni greinargóðar athugasemdir um fullnustu vararefsinga vegna sekta og tveir starfsmenn stofnunarinnar komu á fund nefndarinnar. Þá voru lögreglustjórar spurðir sérstaklega að því hversu margir sektardómar hefðu verið fullnustaðir með vararefsingu á þeirra vegum á árinu 1995 og hvernig staðið hefði verið að fullnustu. Loks koma fram í tölulegu yfirliti Ríkisbókhalds upplýsingar um sektir sem afplánaðar voru með vararefsingu á árinu 1995.

Upplýsingar þessar eru nokkuð misvísandi. Upplýsingaflæði milli Fangelsismálastofnunar og lögreglustjóra virðist mjög lítið eftir að sektir hafa verið framsendar lögreglustjórum til innheimtu. Í mörgum tilvikum virðast lögreglustjórar láta farast fyrir að tilkynna Fangelsismálastofnun ríkisins um innheimtu sekta, afplánun vararefsinga eða önnur málalok. Skrár stofnunarinnar segja því lítið um raunverulega stöðu óinnheimtra sekta á hverjum tíma. Þá virðast afskipti Fangelsisstofnunar og eftirlit með afplánun vararefsinga vera lítið. Upplýsingar Ríkisbókhalds og lögreglustjóra um fjölda sekta sem afplánaðar voru með vararefsingu stangast á í verulegum atriðum og bendir það til að lögreglustjórar hirði ekki um að skrá slíka afplánun sem málalok í tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Af framangreindum upplýsingum má hins vegar draga eftirfarandi ályktanir:

Af þeim 26 lögreglustjóraembættum sem heyra undir dómsmálaráðuneytið virðast sektarrefsingar hafa verið afplánaðar með vararefsingu í sex umdæmum í a.m.k. 73 tilvikum á árinu 1995. Fimm embættanna virðast hafa séð um fullnustuna sjálf að öllu leyti í eigin fangaklefum en eitt þeirra virðist hafa fullnustað vararefsinguna fyrir milligöngu Fangelsismálastofnunar ríkisins en þó í eigin fangaklefum.

Fullnusta vararefsinga hefur nánar tiltekið verið með eftirfarandi hætti:

Umdæmi	Upplýsingar frá lögreglu	Upplýsingar frá Ríkisbókhaldi	Fullnustað af embættinu sjálfu	Fullnustað af Fangelsismálast.
Reykjavík	-	51	x	
Akureyri	-	5	x	
Selfoss	-	1	x	
Vestmannaeyjar	3	0	x	
Keflavík	-	3	x	
Hafnarfjörður	10	1	x	x
Samtals	13	51+12=73	6	1

Þess ber að geta að heildarfjöldi afplánaðara vararefsinga er samtala þeirra talna sem lögregla og ríkisbókhald gefa upp að teknu tilliti til skörunar upplýsinganna.

Eins og sjá má heyrir til undantekninga að Fangelsismálastofnun ríkisins hafi milligöngu um fullnustu vararefsinga. Í samtali sem nefndin átti við starfsmenn stofnunarinnar kom fram að nokkur undanfarin ár hefði hún ekki haft undan við að fullnusta fangelsisdóma. Með stækkun fangelsisins á Litla-Hrauni hefði fangelsisplássum fjölgað um 50% eða í um 150. Þrátt fyrir þessa stækkun og ný afplánunarúrræði svo sem samfélagsþjónustu og afplánun í áfengismeðferð væri boðunarlistinn enn langur en hefði þó styst úr 300 í 50 í byrjun hausts. Nokkrar sveiflur væru í fjölda dómþola á boðunarlista.

Í fyrrgreindu samtali var einnig upplýst að fullnusta vararefsinga vegna sekta hefði ekki verið framarlega í forgangsröð stofnunarinnar á síðustu árum en með væntanlegu fangelsi að Tunguhálsi í Reykjavík stæðu vonir til að úr þessu myndi rætast og stofnuninni yrði kleift að annast fullnustu vararefsinga eins og annarra refsinga.

Samkvæmt upplýsingum nefndarinnar uppfylla þeir fangaklefar sem lögregluembættin hafa yfir að ráða ekki alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum gegnist undir varðandi aðbúnað afplánunarfanga. Engu að síður hefur vararefsing samkvæmt framansögðu verið afplánuð í fangaklefum lögreglunnar í Reykjavík, í Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Keflavík og e.t.v. víðar, enda veita lögin um fangelsi og fangavist undanþágu til slíks. Þetta fyrirkomulag virðist ekki geta viðgengist til framtíðar.

6.2. Tillögur nefndarinnar um framkvæmd á afplánun vararefsingar.

Nefndin leggur til að í reglugerð um fullnustu refsidóma nr. 29/1993 verði sett skýr ákvæði um innheimtu lögreglustjóra á fésektum samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum.

Ný ákvæði hafi að geyma eftirfarandi efnisatriði:

— Að Fangelsismálastofnun hafi aðgang að þeim hluta málaskrár lögreglu sem sektir eru skráðar í og geti skráð upplýsingar í skrána um framsendingu sektar til innheimtu hjá lögreglustjóra.
— Að lögreglustjórar skuli freista þess að innheimta sektirnar og fullnusta dómana með fjárnámi ef það telst líklegt til árangurs.
— Þegar lögreglustjóra þykir ljóst að ekki verði árangur af innheimtu, fjárnám reynist t.d. ólíklegt til árangurs eða árangurslaust, skuli hann þegar í stað senda beiðni til Fangelsismálastofununar ríkisins um að stofnunin ákveði stað og stund afplánunar vararefsingar. Slík beiðni skal ekki send síðar en einu ári eftir að sektin var ákvörð-

uð af lögreglustjóra, eða sektardómur eða viðurlagaákvörðun barst lögreglustjóra til innheimtu.
— Að vararefsingar vegna sekta verði afplánaðar án óhóflegs dráttar.
— Að Fangelsismálastofnun ríkisins hafi aðgang að upplýsingum í sektahluta málaskrár lögreglu og geti fylgst með afplánun vararefsinga.

7.0. Tölvuvinnsla við ákvörðun og innheimtu sekta.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hvernig tölvuvinnslu við ákvörðun og innheimtu sekta verður best fyrir komið. Fram til þessa hafa lögreglustjóraembætti aðeins að litlu leyti notast við tölvur við innheimtu sekta. Einstök embætti hafa þó komið sér upp mismunandi lausnum við tölvutæka meðferð sektamála.

Nefndin telur ljóst að brýn þörf sé á miðlægu landskerfi fyrir ákvörðun og innheimtu sekta. Slíkt tölvutækt sektakerfi er í raun forsenda fyrir þeirri samræmingu á sektarmeðferð sem fjallað er um í kafla 4.3.2. hér að framan. Um endurskoðun og samræmingu á innheimtuferlinu vísast til þess kafla.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu hugmyndum sem fram hafa komið í nefndinni um samræmda tölvuvinnslu sem haldi utan um ákvörðun sekta og innheimtu allt þar til sekt hefur verið greidd, vararefsing afplánuð eða innheimtan felld niður.

7.1. Sektakerfi sem hliðarkerfi við málaskrá lögreglu.

Svo sem fyrr hefur verið greint frá hefur verið tekið í notkun tölvutækt málaskráningarkerfi fyrir lögreglu. Um er að ræða miðlægan gagnagrunn sem einstök lögreglustjóraembætti tengjast við um háhraðanet. Verið er að vinna að uppsetningu málaskrárinnar eftir því sem vélbúnaður á lögreglustöðvum leyfir. Nefndin telur brýnt að því verki verði lokið sem allra fyrst. Í málaskrána eru færðar upplýsingar um öll kærð brot, þar á meðal um sakborninga, lýsing á broti, stað og stund brots og refsiákvæði sem brotið er talið varða.

Málaskráin hefur þannig að geyma megnið af þeim upplýsingum sem á þarf að halda við málsmeðferð í sektamálum, þ.m.t. ákvörðun og innheimtu sekta.

Nefndin leggur því til að það tölvukerfi sem þróað verður til að halda utan um málsmeðferð í sektamálum verði hliðarkerfi við málaskrána og byggt upp sem miðlægt landskerfi á sama hátt og málaskráin. Sektakerfið sæki sjálfkrafa upplýsingar í málaskrána og miðli upplýsingum til baka í málaskrána.

Nefndin telur nauðsynlegt að hægt verði að prenta út úr sektakerfinu gíróseðla, ítrekanir, allar kvaðningar, boðunarbréf, tilkynningar, lögreglustjórasáttir, ákærur og önnur þau skriflegu erindi sem daglega þarf á að halda vegna málsmeðferðarinnar og byggja að meira eða minna leyti á þeim upplýsingum sem til staðar eru í málaskrá eða sektakerfi.

Nauðsynlegt er að úr sektakerfinu megi prenta hvers kyns lista yfir mál þar sem frestur rennur út á tilteknum degi eða þar sem frestur er þegar liðinn. Þá verði hægt að taka saman með merkingum lista yfir mál þar sem hefja skal tilteknar aðgerðir eða prenta út tiltekna tegund erinda vegna þeirra, svo sem ítrekun eða hótun um afplánun vararefsingar.

Eins og grein verður gerð fyrir hér á eftir, í kafla 7.3., þarf þetta kerfi að hafa ýmis samskipti við tekjubókhaldskerfi ríkisins með skeytasendingum.

Þær hugmyndir sem hér eru settar fram um sektakerfið taka mið af tillögum nefndarinnar í heild sinni, sbr. sérstaklega kafla 4.3.2. hér að framan. Þó að tillögur nefndarinnar nái aðeins að litlu leyti fram að ganga er þörfin fyrir slíkt sektakerfi jafnbrýn. Fari svo þarf að taka ýmsa þætti í þessum kafla til endurskoðunar ef efni hans á að geta orðið grundvöllur að þarfagreiningu fyrir nýtt sektakerfi.

7.2. Tekjubókhaldskerfi ríkisins.

Þetta kerfi heldur utan um ákvörðun og innheimtu hinna fjölmörgu tegunda opinberra gjalda. Kerfið er þjónustað af SKÝRR hf. og gögnin geymd þar. Unnið er í kerfinu frá öllum lögreglustjóraembættum landsins um háhraðanet Pósts og síma. Kerfið býr yfir fjölmörgum möguleikum til útprentunar á hvers kyns listum um innheimtu og innheimtuárangur í hinum ýmsu gjaldaflokkum og hægt er að fá upplýsingarnar sundurliðaðar eftir embættum.

Allar innborganir færast beint inn í kerfið svo hægt er að sjá stöðu innheimtunnar samstundis og kvittanir eru prentaðar beint út úr kerfinu. Þá er hægt að prenta út úr því gíróseðla, fjárnámsbeiðnir og nauðungarsölubeiðnir svo eitthvað sé nefnt.

Innheimta ýmissa tegunda sekta hefur farið í gegnum þetta kerfi, svo sem lögreglustjórasektir sem ekki fara á sakaskrá, lögreglustjórasáttir sem fara á sakaskrá og sektir samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum. Hjá sumum embættum hafa gíróseðlar vegna lögreglustjórasekta sem ekki fara á sakaskrá verið prentaðir út úr þessu kerfi.

Nefndin telur að nota eigi þetta kerfi áfram til að halda utan um innheimtu sekta, sérstaklega innborganir og stöðu sektamála. Upplýsingar verða því að berast úr þessu kerfi yfir í sektakerfi og öfugt eins og gerð verður grein fyrir í kafla 7.4.

7.3. Samskipti sektakerfis og tekjubókhaldskerfis ríkisins (TBR).

Hér á eftir fylgir lýsing á fyrirhuguðu upplýsingaflæði milli málaskrár lögreglu eða sektakerfis og tekjubókhaldskerfis ríkisins. Lýsingin var unnin sameiginlega af dómsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Ríkisbókhaldi.

Grunnreglan verður sú að innheimtuferlinu verður stýrt úr sektakerfi og úr því verða gíróseðlar prentaðir. Tekjubókhaldskerfið fær upplýsingar frá sektakerfi um sektina þegar gíróseðill er sendur sakborningi, ef greiðslufresti er breytt, sektin fer í aðför eða málið er fellt niður. Undantekning frá þessu er ef aðfararhæf sekt er afskrifuð, t.d. vegna fyrningar sektar. Þá eru upplýsingar um afskrift færðar í tekjubókhaldskerfið sem sendir upplýsingar um afskriftina í sektakerfi. Þegar krafa er greidd að hluta eða að öllu leyti sendir tekjubókhaldskerfið upplýsingar um það til sektakerfis.

7.3.1. Lögreglustjórasektir sem ekki fara á sakaskrá.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri sendi sakborningi, innan mánaðar frá því að honum barst kæran, gíróseðil sem felur í sér tilboð um að ljúka máli með greiðslu þeirrar sektar sem kemur fram á seðlinum innan 30 daga frá dagsetningu hans. Gíróseðillinn verði skrifaður út úr sektakerfinu. Sektakerfið sendir upplýsingar um sáttaboðið til tekjubókhaldskerfis.

Greiði sakborningur gíróseðilinn í banka eru upplýsingar um greiðsluna sendar til tekjubókhaldskerfisins sem býr til kröfu á móti greiðslunni og merkir um leið að sáttaboðið hafi verið samþykkt með greiðslu sektarinnar. Sama gerist ef sakborningur greiðir á skrifstofu lögreglustjóra.

Um leið og sakborningur lýkur máli sínu með greiðslu sektar samkvæmt útsendum gíróseðli sendir tekjubókhaldskerfið sektakerfi skeyti um að málinu sé lokið með greiðslu sektar. Ef sakborningur greiðir hluta af kröfu sendir tekjubókhaldskerfið upplýsingar um það til sektakerfis.

Ef sakborningur vill ljúka máli sínu með sátt og kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá dagsetningu gíróseðils er gerð við hann formleg lögreglustjórasátt og heimilt er að veita honum greiðslufrest í allt að fjórar vikur. Um leið og sakborningur hefur undirritað sáttina er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfisins um að sáttaboð hafi verið undirritað. Við undirritun er sektin orðin aðfararhæf.

Komi sakborningur til lögreglustjóra innan fjögurra vikna og óski eftir greiðslufresti er heimilt að gera við hann afborgunarsamning til allt að sex mánaða. Um leið og sakborningur hefur gengið frá afborgunarsamningi er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfisins um að greiðslufrestur hafi verið veittur.

Greiði sakborningur ekki heimsendan gíróseðil innan 30 daga frá dagsetningu hans er heimilt að senda honum ítrekun innan tveggja vikna og veita honum tíu daga viðbótarfrest til að ganga að sáttaboðinu. Á ítrekuninni komi fram að sakborningi sé gefinn kostur á að greiða gíróseðilinn innan tíu daga frá dagsetningu ítrekunarinnar ella taki lögreglustjóri ákvörðun um útgáfu ákæru.

Sett verði inn í daglega vinnslu í tekjubókhaldskerfinu listun sekta sem komnar eru fram yfir eindaga. Innheimtufulltrúi embættis kemur þessum lista til lögreglustjóra eða löglærðs fulltrúa sem tekur ákvörðun um útgáfu ákæru eða annað framhald málsins.

Greiði sakborningur ekki gíróseðilinn þrátt fyrir ítrekun gefur lögreglustjóri út ákæru. Lögreglustjóri getur þó ef hann telur það nauðsynlegt vegna rannsóknar málsins sent sakborningi kvaðningu um að mæta til yfirheyrslu. Mæti sakborningur ekki til yfirheyrslu á tilteknum degi er hann sóttur af lögreglu. Neiti sakborningur sakargiftum eða neiti að greiða sekt tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út. Þegar ákæra er gefin út þarf að senda skeyti frá sektakerfi til tekjubókhaldskerfis um að sáttaboð hafi verið fellt úr gildi, þ.e. innheimtumálið fellt út og þá er ekki lengur hægt að greiða gíróseðil.

Ef í tekjubókhaldskerfinu kemur fram á lista yfir sektir sem komnar eru fram yfir eindaga að sakborningur hafi undirritað sáttaboð og fengið greiðslufrest en ekki greitt sekt og sakarkostnað innan frestsins sem tiltekinn var í sáttinni, getur lögreglustjóri annaðhvort ákveðið að gefa út ákæru eða krafist fullnustu sektar með aðför. Ef tillaga um að ákærði geti gengist undir lögbundna vararefsingu með lögreglustjórasátt nær fram að ganga kemur ekki til ákæru vegna sáttar sem ekki greiðist og stendur valið þá á milli aðfarar og afplánunar vararefsingar.

Ef lögreglustjóri eða löglærður fulltrúi fellir niður sáttaboð vegna nýrra upplýsinga er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfis um að sáttaboðið hafi verið fellt niður.

Ef lögreglustjóri ákveður að fara með sektina í aðför er niðurstaðan skráð í sektakerfi sem sendir skeyti um það til tekjubókhaldskerfisins. Aðfararbeiðni er síðan skrifuð út úr tekjubókhaldskerfinu og sektin vanskilamerkt.

Ef ríkisendurskoðun og dómsmálaráðuneyti heimila afskrift aðfararhæfs sáttaboðs er sáttin afskrifuð í tekjubókhaldskerfinu og upplýsingar um afskrift sendar til sektakerfis. Sama gerist þegar málskostnaðarhluti sektarákvörðunar er felldur niður.

Þegar mál er fellt niður skal ávallt skrá af hverju mál er fellt niður, hver tók ákvörðun um það og hver skráði ákvörðunina.

7.3.2. Lögreglustjórasektir sem fara á sakaskrá.

Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri sendi sakborningi innan mánaðar frá því að honum barst kæran kvaðningu um að mæta á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá dagsetningu kvaðningar. Kvaðningarbréf verði skrifaður út úr sektakerfinu.

Ef sakborningur sinnir ekki kvaðningu um að mæta hjá lögreglustjóra birtist það á ábendingalista sem unnin er úr sektakerfi.

Ef sakborningur vill ljúka máli sínu með með greiðslu sektar ásamt sakarkostnaði og kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá dagsetningu kvaðningar er gerð við hann formleg lögreglustjórasátt og heimilt er að veita honum greiðslufrest í allt að fjórar vikur. Um leið og sakborningur hefur undirritað sáttina er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfisins um að sáttaboð hafi verið undirritað. Við undirritun er sektin orðin aðfararhæf.

Ef sakborningur greiðir sektina strax eða innan tilskilins frests frá undirritun lögreglustjórasáttar sendir tekjubókhaldskerfið upplýsingar um það til sektakerfis og málið er skráð sem lokið.

Ef sakborningur greiðir hluta af sektinni sendir tekjubókhaldskerfið upplýsingar um það til sektakerfis.

Komi sakborningur til lögreglustjóra innan fjögurra vikna og óski eftir greiðslufresti er heimilt að gera við hann afborgunarsamning til allt að sex mánaða. Um leið og sakborningur hefur gengið frá afborgunarsamningi er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfisins um að greiðslufrestur hafi verið veittur.

Sett verði inn í daglega vinnslu í tekjubókhaldskerfinu listun sekta sem komnar eru fram yfir eindaga. Innheimtufulltrúi embættis kemur þessum lista til lögreglustjóra eða löglærðs fulltrúa sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

Mæti sakborningur ekki á tilsettum tíma þrátt fyrir kvaðningu er heimilt að ítreka kvaðninguna og skal það gert innan tveggja vikna frá því að fyrri fyrirtaka átti að fara fram. Mæti sakborningur ekki til yfirheyrslu á tilteknum degi samkvæmt kvaðningu er hann sóttur af lögreglu. Neiti sakborningur sakargiftum eða neiti að greiða sekt tekur lögreglustjóri ákvörðun um hvort ákæra skuli gefin út. Þegar ákæra er gefin út þarf að senda skeyti frá sektakerfi til tekjubókhaldskerfis um að sáttaboð hafi verið fellt úr gildi, þ.e. innheimtumálið fellt út.

Ef í tekjubókhaldskerfinu kemur fram á lista yfir sektir sem komnar eru fram yfir eindaga að sakborningur hafi undirritað sáttaboð og fengið greiðslufrest en ekki greitt sekt og sakarkostnað innan frestsins, sem tiltekinn var í sáttinni, getur lögreglustjóri annaðhvort ákveðið að gefa út ákæru eða krafist fullnustu sektar með aðför. Ef tillaga um að ákærði geti gengist undir lögbundna vararefsingu með lögreglustjórasátt nær fram að ganga kemur ekki til ákæru vegna sáttar sem ekki greiðist og stendur valið þá á milli aðfarar og afplánunar vararefsingar.

Ef lögreglustjóri ákveður að fara með sektina í aðför er niðurstaðan skráð í sektakerfi sem sendir skeyti um það til tekjubókhaldskerfisins. Aðfararbeiðni er síðan skrifuð út úr tekjubókhaldskerfinu og sektin vanskilamerkt.

Ef lögreglustjóri ákveður að gefa út ákæru er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfis um útgáfu ákæru. Í framhaldi af því er fyrri sektarákvörðun, ef hún er til, felld út úr tekjubókhaldskerfinu, þ.e. fyrri álagning er bakfærð.

Ef ríkissaksóknari fellir lögreglustjórasátt úr gildi er það skráð í sektakerfi sem sendir upplýsingar til tekjubókhaldskerfis um að sátt hafi verið felld úr gildi samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara.

Ef Ríkisendurskoðun og dómsmálaráðuneyti heimila afskrift aðfararhæfs sáttaboðs er sáttin afskrifuð í tekjubókhaldskerfinu og upplýsingar um afskrift sendar til sektakerfis. Sama gerist þegar málskostnaðarhluti sektarákvörðunar er felldur niður.

Þegar mál er fellt niður skal ávallt skrá af hverju mál er fellt niður, hver tók ákvörðun um það og hver skráði ákvörðunina.

7.3.3. Sektir og sakarkostnaður samkvæmt dómum og viðurlagaákvörðunum.

Sama ferli og samskipti milli tölvukerfa og lýst er í kafla 7.3.2., um lögreglustjórasektir sem fara á sakaskrá.

8.0. Ökuferilsskrá og punktakerfi.

Sektir vegna umferðarlagabrota eru sem fyrr segir fyrirferðarmesta tegund sektarrefsinga. Nátengd slíkum sektum eru önnur viðurlög sem ef til vill hafa meiri varnaðaráhrif og koma jafnar niður á sakborningum, þ.e. ökuréttindasvipting. Samkvæmt umferðarlögum kemur svipting ökuréttinda þó aðeins til greina ef maður hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Ökuréttindasviptingu veður því vart að óbreyttum lögum beitt ef um er að ræða síendurtekin en þó ekki stórfelld brot á umferðarlögum. Nefndin leggur til að slík lagaheimild verði veitt, sbr. kafla 8.2.

8.1. Samræmd ökuferilsskrá.

Í 2. mgr. 52. gr. UMFL er að finna ákvæði um að lögreglustjórar haldi skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Reglur um ökuferilsskrá hafa ekki verið settar. Í einstökum umdæmum, t.d. í Reykjavík, er þó haldið saman upplýsingum um ökuferil manna. Þar sem ökuferilsskrá er ekki landsskrá hefur færsla hennar haft takmarkaða þýðingu og má reyndar segja að notkun upplýsingar úr ökuferilsskrám einstakra embætta geti haft í för með sér að mönnum sé mismunað eftir því hvar þeir hafa haft lögheimili eða hvort þeir hafa brotið af sér í einu eða fleiri umdæmum.

Þegar málaskrá lögreglunnar verður komin í notkun á öllum lögregluembættum skapast kjörið tækifæri til að koma á sameiginlegri ökuferilsskrá fyrir landið allt.

8.2. Punktakerfi til ökuréttindasviptingar.

Nefndin telur að nota megi slíka ökuferilsskrá sem rætt er um í kafla 8.1. sem grundvöll punktakerfis fyrir umferðarlagabrot til grundvallar ökuréttindasviptingar að erlendri fyrirmynd. Slík punktakerfi vegna umferðarlagabrota hafa verið tekin upp í ýmsum myndum m.a. í Bandaríkjunum, Kanada, Japan, Ástralíu, Bretlandi, Þýskalandi og fleiri Evrópulöndum og hafa hvarvetna verið talin fækka umferðarlagabrotum og draga verulega úr slysatíðni. Í Noregi eru uppi hugmyndir um að taka slíkt punktakerfi upp.

Með punktakerfi er átt við að hverju einstöku broti á umferðarlögum, eða a.m.k. brotum sem hafa í för með sér hættu, samsvari einn eða fleiri punktar. Við hvert einstakt brot á umferðarlögum fái ökumaður sem brotið fremur tiltekinn fjölda punkta sem færast ásamt brotinu í ökuferilsskrá. Safnist upp tiltekinn fjöldi punkta vegna umferðarlagabrota í ökuferilsskrá á þriggja ára tímabili hafi það sjálfkrafa í för með sér sviptingu ökuréttinda í tiltekinn tíma þó að hvert einstakt brot sé ekki svo alvarlegt að það hafi sviptingu ökurétt-

inda í för með sér. Ákvörðun um ökuréttindasviptingu yrði þá tekin samhliða ákvörðun refsingar vegna þess brots sem fyllir punktakvótann.

Nefndin telur að slíkt punktakerfi muni þegar til lengdar lætur hafa mikil varnaðaráhrif og ásamt virkari innheimtu sekta draga úr brotatíðni í umferðinni og þar með auka umferðaröryggi. Mikilvægt er að punktakerfið verði einfalt, sanngjarnt, án undanþágna og skapi viðbótarvarnað en dragi ekki úr varnaðaráhrifum þeirra viðurlaga sem fyrir eru samkvæmt umferðarlögum.

Til þess að hrinda slíku punktakerfi í framkvæmd er nauðsynlegt að lögfesta heimild til að beita ökuréttarsviptingu vegna uppsafnaðra brota hvort sem þau brot hafa í för með sér sviptingu ökuréttar eða ekki. Nefndin telur heppilegast að setja í umferðarlög almenna heimild fyrir því að slíkt punktakerfi verði tekið upp, ásamt tilgreiningu á þeim viðurlögum sem skylt verður að beita, og að nánari útfærsla á punktakerfinu verði í reglugerð. Nefndin leggur því til að við 101. gr. umferðarlaga bætist ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Dómsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök umferðarlagabrot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála sem miða að því að gera meðferð sektamála skilvirkari. Breytingarnar eru hluti af heildarskipulagningu á meðferð sektamála, einkum hjá lögreglu, í kjölfar álitsgerðar nefndar á vegum dóms- og kirkjumálaráðherra en í henni voru gerðar tillögur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar.

Talið er að þessar breytingar muni draga úr kostnaði við innheimtu og í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að sá sparnaður verði nýttur til annarra löggæslustarfa. Telja verður líklegt að með skilvirkari innheimtu aukist tekjur nokkuð þótt erfitt sé að áætla fjárhæðir. Einnig er kveðið á um að sett verði reglugerð um sektir allt að 100 þús. kr. vegna brota sem tilgreind eru í þeim lögum sem frumvarpið tekur til og reglugerða þeim tengdum. Ekki er hægt að meta tekjuáhrif þar sem drög að þessari reglugerð liggja ekki fyrir.

Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að tekið verði upp punktakerfi vegna umferðarlagabrota en forsenda slíks kerfis er ökuferilsskrá. Samkvæmt núgildandi lögum er heimild til að halda slíka skrá en samræmdri landsskrá hefur ekki verið komið á fót enn sem komið er. Í greinargerð með frumvarpinu er greint frá því að tölvutæk málaskrá lögreglunnar hefur gert mögulegt að koma á sameiginlegri ökuferilsskrá fyrir landið allt og áætlað er að viðbótarkostnaður vegna þessa geti numið 0,3–0,5 m.kr. Einnig þarf að að tengja saman málaskrá lögreglunnar og tekjubókhaldskerfi ríkisins til að innheimta sekta verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun en samkvæmt lauslegu mati dómsmálaráðuneytisins er talið að kostnaður verði að hámarki 4 m.kr. að meðtöldum kostnaði af ökuferilsskránni. Fjármálaráðuneyti telur að ekki verði önnur kostnaðaráhrif af þessu frumvarpi.

491. Frumvarp til laga [259. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE eða 92/51/EBE, sem og viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að greiða fyrir framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum og byggist á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra til þessa.

Alþingi hefur lögfest tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE um viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar. Í efnisákvæðum tilskipananna er vísað til viðauka sem varða útfærslu á tilteknum ákvæðum þeirra. Samkvæmt gildandi lögum þarf að leita samþykkis Alþingis í hvert sinn sem þessum viðaukum er breytt.

Reynslan af lögfestingu tilskipananna er á þann veg að menntamálaráðuneytið telur eðlilegt að fara fram á almenna heimild frá Alþingi til að hrinda viðaukum við þær í framkvæmd. Er ljóst að þannig verða aðeins gerðar breytingar á flokkun starfsheita samkvæmt umræddum tilskipunum.

Með lögum nr. 83/1993 var kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og taka þau til starfa sem falla undir tilskipun 89/48/EBE. Einnig taka lögin til samninga um sama efni sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samkvæmt

upphaflegu frumvarpi áttu lögin að gilda almennt um gagnkvæma viðurkenningu á störfum sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þyrfti til og féllu undir þær tilskipanir Evrópubandalagsins (nú Evrópusambandsins) sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið næði til. Lögin voru hins vegar aðeins látin taka til tilskipunar 89/48/EBE sem fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Með lögum nr. 76/1994 var kveðið á um að lögin skyldu einnig taka til tilskipunar 92/51/EBE sem fjallar um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE. Þessi tilskipun tekur til starfa sem krefjast þjálfunar og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og falla ekki undir tilskipun 89/48/EBE. Einnig eru undanskilin nokkur störf sem talin eru upp í viðauka A. Í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE eru talin upp störf sem sett eru í flokk með störfum sem að jafnaði krefjast menntunar og starfsþjálfunar á háskólastigi eða krefjast sérstakrar ábyrgðar enda þótt menntunin fullnægi ekki þeim skilyrðum formlega séð.

Með nýrri tilskipun ESB, 94/38/EBE, var viðauka C við tilskipun 92/51/EBE breytt á þann veg að bætt var inn nýjum starfsheitum fyrir Þýskaland og starfsheiti fyrir Ítalíu felld niður. Í viðauka D er fjallað um starfsmenntun sem sérstaklega á við í Bretlandi. Með tilskipun 94/38/EBE er einnig bætt við lýsingu á sérstöku námi í Þýskalandi sem er svipaðrar gerðar.

Breytingar á viðaukum þeirra tilskipana, sem þegar hafa verið lögleiddar hér á landi, verða fyrirsjáanlega nokkuð tíðar og því er lagt til með frumvarpi þessu að skýrt verði kveðið á um að lögin taki til allra breytinga sem kunna að verða gerðar á upptalningu starfa sem falla undir viðauka við tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE. Frumvarpið nær ekki til breytinga sem hugsanlega verða gerðar á þeim meginreglum sem gilda um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum heldur einvörðungu til breytinga á viðaukum við tilskipanirnar varðandi flokkun á starfsheitum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að skýrt verði kveðið á um að lögin taki til allra breytinga sem kunna að verða gerðar á upptalningu starfa sem falla undir viðauka við tilskipanir Evrópusambandsins nr. 89/48/EBE og 92/51/EBE.

Að því er séð verður hefur frumvarpið ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs.

492. Frumvarp til laga [260. mál]

um réttindi sjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

I. KAFLI
Inngangur.

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Skilgreiningar.

2. gr.

Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Gæði heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu.

Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita.

Sjúklingur á rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á. Heilbrigðisstarfsmaður skal leitast við að koma á traustu sambandi milli sín og sjúklings.

Sjúklingur á rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferðinni.

Aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum.

II. KAFLI
Upplýsingar og samþykki.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð.

5. gr.

Sjúklingur á rétt á upplýsingum um heilsufar sitt og meðferð.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu, eftir því sem við á, gefa sjúklingi upplýsingar um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar um heilsufar og meðferð.

6. gr.

Upplýsingar skv. 5. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert. Sjúklingur getur tilnefnt annan einstakling til að taka við upplýsingunum í sinn stað.

Þess skal getið í sjúkraskrá ef sjúklingur neitar að fá upplýsingar um heilsufar og batahorfur eða tilnefnir annan í sinn stað. Jafnframt skal skrá þar hverjum voru gefnar upplýsingarnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar og 7. og 25. gr.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánasta vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.

7. gr.

Virða skal rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggur meðferð.

Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Í þessum tilvikum skal þó hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er.

Enga meðferð má framkvæma án samþykkis sjúklings, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. þó 9. gr. Samþykkið skal eftir því sem kostur er vera skriflegt, þar sem fram kemur hvaða upplýsingar voru gefnar sjúklingi og að hann hafi skilið upplýsingarnar.

Meðferð hafnað.

8. gr.

Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal heilbrigðisstarfsmaður þá upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Sjúklingur getur stöðvað meðferð hvenær sem er. Í því tilviki skal heilbrigðisstarfsmaður útskýra nákvæmlega fyrir honum hvaða afleiðingar það getur haft að stöðva meðferðina. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gildir 26. gr.

Í sjúkraskrá skal skrá ákvörðun sjúklings um að hafna meðferð eða stöðva og staðfest að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar ákvörðunarinnar.

Undanþága frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

9. gr.

Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni.

Samþykki fyrir vísindarannsóknum.

10. gr.

Sjúklingur skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin.

Óheimilt er að framkvæma á sjúklingi vísindarannsókn sem uppfyllir ekki skilyrði 4. mgr. 2. gr.

Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda.

11. gr.

Skýra ber sjúklingi frá því ef fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði verði viðstaddir meðferð á honum vegna þjálfunar og kennslu þeirra. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun og kennslu.

III. KAFLI

Trúnaðar- og þagnarskylda.

Þagnarskylda starfsmanns í heilbrigðisþjónustu.

12. gr.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskyldan helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 12. gr. nær ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Í þeim tilvikum ber starfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns leysir starfsmann undan þagnarskyldu.

Um vitnaskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði læknalaga.

IV. KAFLI
Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.

Aðgangur að sjúkraskrá.

14. gr.

Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hana færa á eigin starfsstofum.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni hans, í heild eða að hluta, og afhenda þessum aðilum afrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt fjalla um athugasemdir eða kvartanir sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Heimilt er að taka gjald fyrir afrit af sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum 12. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996.

Upplýsingar í sjúkraskrá sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf.

Um aðgang að sjúkraskrám gilda að öðru leyti ákvæði læknalaga eftir því sem við á.

15. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál.

Nú krefst framkvæmd vísindarannsóknar aðgangs að sjúkraskrám og er þá þeim sem að rannsókn standa heimill aðgangur að skránum, enda uppfylli rannsóknin skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. mgr. gætt.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.

16. gr.

Nú telur sjúklingur eða umboðsmaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans lagðar í skrána.

V. KAFLI
Meðferð.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.

17. gr.

Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu.

Að meðferð sjúklings skulu ekki koma aðrir en þeir sem nauðsynlega þurfa. Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til og að upplýsingar um meðferð einstaklinga séu ekki aðgengilegar öðrum en viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Bið eftir meðferð.

18. gr.

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal heilbrigðisstarfsmaður, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Ef unnt er að fá meðferð sem sjúklingur þarfnast fyrr hjá annarri heilbrigðisstofnun eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni er skylt að gera honum grein fyrir því.

Forgangsröðun.
19. gr.

Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.

Val á heilbrigðisstarfsmanni.
20. gr.

Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu getur sjúklingur leitað til þess heilsugæslu- eða heimilislæknis sem honum hentar best. Sjúklingur getur enn fremur valið sérfræðing þegar slíkrar þjónustu er þörf. Sjúklingur getur leitað álits annars heilbrigðisstarfsmanns á meðferð, ástandi og batahorfum.

Ábyrgð sjúklings á eigin heilsu.
21. gr.

Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt.

Sjúklingur skal reyna eftir megni að fylgja fyrirmælum læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði er snerta meðferðina, t.d. um lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu.

Reglur um innlögn og útskrift.
22. gr.

Við komu sjúklings á heilbrigðisstofnun skulu heilbrigðisstarfsmenn sem annast hann kynna sig og starfssvið sitt. Jafnframt skal kynna fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnuninni og máli skipta.

Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun.

Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem unnt er.

Við útskrift af heilbrigðisstofnun skal sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega.

Læknabréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.

Linun þjáninga og nærvera fjölskyldu og vina.
23. gr.

Lina skal þjáningar sjúklings eins og þekking á hverjum tíma frekast leyfir.

Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Hann á enn fremur rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings.

Meðferð dauðvona sjúklings.

24. gr.

Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn. Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal virða þá ákvörðun.

VI. KAFLI

Sérreglur um sjúk börn.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð sjúkra barna.

25. gr.

Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldri eða forráðamanni.

Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Þau eiga þó sama rétt og aðrir á að hafna því að fá upplýsingar, sbr. 6. gr.

Samþykki vegna meðferðar sjúkra barna.

26. gr.

Foreldri eða forráðamaður skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð á sjúklingi yngri en 16 ára.

Nú neitar foreldri eða forráðamaður að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr., og skal heilbrigðisstarfsmaður þá snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Ef ekki vinnst tími til að leita liðsinnis barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr., vegna lífsnauðsynlegrar bráðameðferðar á sjúku barni er heilbrigðisstarfsmanni skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega.

Ýmsar reglur um sjúk börn.

27. gr.

Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.

Sjúk börn eiga rétt á því að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér þó að þau dveljist á heilbrigðisstofnun.

Systkini og vinir mega eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun.

Sjúk börn á skólaskyldualdri, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum, skulu hafa aðgang að kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi.

Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

VII. KAFLI

Réttur til að kvarta.

Athugasemdir og kvartanir vegna meðferðar.

28. gr.

Sjúklingur getur gert athugasemdir við meðferð sem hann hefur fengið á heilbrigðisstofnun eða hjá heilbrigðisstarfsmanni. Athugasemdum skal beina að yfirstjórn viðkomandi stofnunar.

Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis eða nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að leiðbeina sjúklingi eða vandamanni sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn.

Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

Heimild ráðherra til að setja reglugerð.

29. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um réttindi sjúklinga samkvæmt lögum þessum.

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um réttindi sjúklinga er samið af nefnd sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði 21. apríl 1995.

Í nefndina voru skipaðar Dögg Pálsdóttir skrifstofustjóri, formaður, Ragnheiður Haraldsdóttir deildarstjóri og Ragnhildur Arnljótsdóttir deildarstjóri, ritari nefndarinnar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, tilnefnd af embætti landlæknis, Lovísa Baldursdóttur hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ástríður Stefánsdóttir læknir, tilnefnd af Læknafélagi Íslands, Rannveig Gunnarsdóttir félagsráðgjafi, tilnefnd af Samtökum heilbrigðisstétta, og Ingveldur Fjeldsted, tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni falið að gera tillögur til ráðherra um það með hvaða hætti best væri að kynna heilbrigðisstéttum og sjúklingum rétt sjúklinga. Nefndin skyldi ræða ítarlega við fulltrúa sjúklingahópa til að kynnast viðhorfum þeirra til réttinda sjúklinga og hvernig þau yrðu best tryggð. Nefndin fékk því á sinn fund fulltrúa 45 sjúklingahópa og vandamanna- og stuðningshópa sjúklinga. Loks var nefndinni falið að meta hvort æskilegt væri að sett yrðu sérstök lög um réttindi sjúklinga hér á landi. Yrði það niðurstaðan skyldi hún vinna drög að frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga.

Fljótlega eftir að nýr heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tók til starfa vorið 1995 óskaði hann eftir því að nefndin semdi frumvarp til laga um réttindi sjúklinga. Það frumvarp var lagt fram á 120. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Heilbrigðis- og tryggninganefnd leitaði eftir umsögnum um frumvarpið hjá fjölda félaga og samtaka. Hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu á grundvelli þeirra umsagna sem bárust.

Helstu breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu eru á 3. gr. en í eldra frumvarpi var ákvæði um rétt sjúklings til fullkomnustu meðferðar sem völ er á að veita innan þess fjárhagsramma sem heilbrigðisþjónustunni er sniðinn á hverjum tíma. Tilvísun ákvæðisins til fjárhagsrammans er felld niður í þessu frumvarpi. Í frumvarpinu er kveðið á um rétt sjúklings til meðferðar og aðbúnaðar sem miðist við ástand hans og horfur á hverjum tíma og

bestu þekkingu sem völ er á að veita, en felld niður tilvitnun þess efnis að einnig skuli miða meðferð og aðbúnað við aldur sjúklings. Þá er í frumvarpinu fellt út ákvæði eldra frumvarps um að sýni, sem tekin eru úr sjúklingi vegna greiningar, sé óheimilt að varðveita til annarra nota, nema til komi sérstakt samþykki hans. Fyrirhugað er að tekið verði á því atriði í sérstökum lögum.

Markmið frumvarps til laga um réttindi sjúklinga er að tryggja sjúklingum ákveðin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi, eins og fram kemur í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Þá er í frumvarpinu ítrekaður samfélagslegur réttur sjúklinga, þ.e. réttur til heilbrigðisþjónustu sem skuli vera sem sambærilegust og eins fullkomin og unnt er að veita á hverjum tíma. Í frumvarpinu er að finna ýmis ákvæði um réttindi sem sjúklingar njóta nú þegar samkvæmt dreifðum laga- og reglugerðarákvæðum, svo og réttindi sem sjúklingar hafa verið taldir njóta samkvæmt óskráðum reglum. Einnig eru í frumvarpinu nokkur nýmæli.

Við samningu frumvarpsins voru ýmsar erlendar reglur á þessu sviði hafðar til hliðsjónar, ekki síst yfirlýsing Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um réttindi sjúklinga sem samþykkt var vorið 1994. Einnig var horft til yfirlýsingar Alþjóðafélags lækna um þetta efni, finnskra laga frá árinu 1992 og nýlegs dansks lagafrumvarps. Þá var höfð hliðsjón af þeim umsögnum sem bárust um frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er skilgreint markmiðið með setningu laga um réttindi sjúklinga.

Réttindi sjúklinga eru meðal almennra mannréttinda. Í 1. mgr. er því stuðst við hefðbundið orðalag í ýmsum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda. Í samskiptum sínum við heilbrigðisþjónustuna eru sjúklingar oft í hlutverki hins veikburða og því hætt við að réttur þeirra sé brotinn. Tilgangur lagasetningar um réttindi sjúklinga er að tryggja þeim tiltekin mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja það trúnaðarsamband sem ríkja ber milli sjúklinga og starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar.

Í 2. mgr. er ítrekuð jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og því lýst að ekki megi mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Sambærilegt ákvæði er í 65. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með lögum nr. 97/1995. Þar segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án mismununar á grundvelli þeirra atriða sem hér eru talin upp. Til greina kom að tilgreina sérstaklega aldur og fötlun í þessari málsgrein. Sama álitamál var uppi við umfjöllun jafnræðisákvæðis stjórnarskrárinnar vorið 1995. Löggjafinn taldi óþarft að lengja upptalninguna í ákvæðinu enda væri hún ekki tæmandi og endaði á orðunum „og stöðu að öðru leyti". Í því var talið felast að jafnræðisreglan næði til allra þjóðfélagshópa án tillits til aldurs eða fötlunar.

Um 2. gr.

Rétt þykir að skilgreina þau hugtök sem mest eru notuð í frumvarpinu. Hugtökin sjúklingur, heilbrigðisstarfsmaður, meðferð og vísindarannsókn eru skilgreind í 2. gr.

Með sjúklingi er átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Þegar sjúklingur hefur samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar verða virk réttindin sem frumvarpið fjallar um. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu

að sjúklingur sé sjálfráða, en í einstökum ákvæðum frumvarpsins er vísað til þess hvað gildi þegar um er að ræða sjúklinga sem ekki eru sjálfráða.

Að því er varðar skilgreininguna á hugtakinu vísindarannsókn skal tekið fram að rannsókn getur falist í íhlutun, viðtölum, prófun, upplýsingaöflun eða tilraunum. Gert er að skilyrði að vísindarannsókn hafi hlotið fullnægjandi vísindalegt og siðfræðilegt mat og hún verður að vera þess eðlis að engin slík sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar. Mat á vísindarannsóknum fer nú fram hjá siðanefndum sjúkrahúsa eða siðaráði landlæknis og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd verði með sama hætti þar til sett hafa verið sérstök lög um vísindasiðaráð. Vísindarannsókn verður að styðjast við viðteknar og hefðbundnar rannsóknaraðferðir raun- eða félagsvísinda. Skilgreiningin byggist einkum á skilgreiningu á vísindarannsókn í tillögum Evrópuráðsins að reglum um siðfræðilegt mat á áætlunum um læknisfræðilegar, líffræðilegar og aðrar skyldar vísindarannsóknir á mönnum frá árinu 1993. Samkvæmt þeim tillögum skal fylgja ráðleggingum ráðherranefndar Evrópuráðsins og Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna við framkvæmd læknisfræðilegra vísindarannsókna.

Um 3. gr.

Í greininni eru ákvæði um þau réttindi sjúklinga sem stundum eru kölluð samfélagsleg réttindi.

Í 2. mgr. eru ítrekuð ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er kostur á að veita. Tilvísun eldra frumvarps til fjárhagsramma er felld brott enda talið óþarft að taka fram að heilbrigðisþjónusta, eins og önnur þjónusta sem veitt er af hinu opinbera, skuli ávallt miðast við þann fjárhagsramma sem þjónustunni er sniðinn í fjárlögum.

Í 3. mgr. er um það fjallað að sjúklingur eigi rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðist við ástand hans og horfur á hverjum tíma. Tilvísun eldra frumvarps til aldurs er felld brott, enda var talið að slík tilvísun væri óþörf og gæti valdið misskilningi.

4. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. gr. er mælt fyrir um að sjúklingur skuli fá upplýsingar um heilsufar sitt og meðferð. Skyldan til að gefa upplýsingar er aðallega lögð á heröar læknum en einnig öðrum heilbrigðisstarfsmönnum eftir því sem við á.

Meti heilbrigðisstarfsmaður sjúkling ófæran á þeirri stundu um að taka við upplýsingum um ástand sitt skal hann bíða með upplýsingagjöf uns ástand sjúklings breytist til batnaðar. Ákvörðun um frestun upplýsingagjafar af þessari ástæðu er nauðsynlegt að skrá í sjúkraskrá. Verði ástand sjúklings viðvarandi þannig að hann sé ófær um að taka við upplýsingum gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Þar sem upplýsingagjöfin er ein meginstoð réttinda sjúklinga er nauðsynlegt að tryggja að eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða sjúklingur sem notar táknmál sé honum tryggð túlkun á upplýsingum um heilsufar og meðferð. Vitaskuld getur oft reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum. Með sama hætti er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsyn-

legt að undirstrika þennan rétt og ábyrgð á að hann sé tryggður hvílir á heilbrigðisstofnunum.

Frá meginreglunni um upplýsingagjöf til sjúklings um heilsufar og meðferð eru nokkrar undantekningar. Er fjallað um þær í 6. gr.

Um 7. gr.

Samþykki fyrir meðferð er ein meginreglna um réttindi sjúklinga. Í lögræðislögum hefur lengi verið ákvæði um að engan megi leggja á sjúkrahús til meðferðar gegn vilja sínum. Hér er mælt fyrir um að virða skuli rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggi meðferð.

Meginreglan er sú að meðferð megi ekki framkvæma nema með samþykki sjúklings. Frá því eru þó undanþágur sem fjallað er um í 9. gr. Samþykki getur verið bundið því skilyrði að tiltekinn heilbrigðisstarfsmaður framkvæmi meðferð og verður þá að virða það.

Hér er sett það skilyrði að samþykkið skuli vera skriflegt ef kostur er. Um nokkurt skeið hafa reglur um skriflegt samþykki verið í gildi á nokkrum deildum Landspítala og gefist vel. Skriflegt samþykki er ekki gert að fortakslausu skilyrði hér enda atvik oft með þeim hætti að augljóst er að framferði sjúklings sýnir og sannar að hann hefur samþykkt meðferðina. Æskilegt væri að skriflegt samþykki yrði meginregla þegar um er að ræða skurðaðgerðir eða aðra meiri háttar meðferð. Nánari reglur um skriflegt samþykki er eðlilegt að setja með stoð í 29. gr. frumvarpsins.

Til álita kom að bæta við 7. gr. ákvæði um samþykki sjúklings fyrir því að sýni, sem fjarlægð hafa verið úr honum í greiningartilgangi, verði varðveitt til annarra nota. Þar sem verið er að leggja grunn að lögum um vísindasiðaráð og reglum um meðferð erfðaefnis úr mönnum var hins vegar talið rétt að lög um réttindi sjúklinga hefðu ekki að geyma ákvæði um þessi atriði.

Um 8. gr.

Sjúklingur getur hafnað því að gangast undir meðferð enda þótt hún sé talin nauðsynleg. Á sama hátt getur sjúklingur hvenær sem er stöðvað meðferð. Í þeim tilvikum er heilbrigðisstarfsmanni skylt að upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Um 9. gr.

Þótt samþykki fyrir meðferð sé meginreglan getur háttað svo til að sjúklingur sé vegna meðvitundarleysis eða ástands að öðru leyti ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki sjúklings sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni. Það verður að meta hverju sinni hvað teljist örugg vitneskja í þessu sambandi, en ekki þykir rétt að setja fram nákvæmar leiðbeiningarreglur um það mat.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hluti af starfi heilbrigðisstofnana er þjálfun og kennsla nemenda á heilbrigðissviði. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun eða kennslu og er skylt að virða slíka ákvörðun. Sjúklingi skal skýrt frá því þegar fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði

verði viðstaddir meðferð. Geri hann engar athugasemdir er eðlilegt að líta svo á að hann samþykki nærveru nemendanna. Ekki er gert ráð fyrir að reynt sé að telja sjúklingi hughvarf sem ótvírætt hefur gert grein fyrir að hann óski ekki eftir nærveru nemenda á heilbrigðissviði við meðferð.

Um 12. og 13. gr.

Hér er kveðið á um þagnarskyldu sem taki til allra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, en ekki einungis þeirra sem hlotið hafa löggildingu, sbr. orðskýringu í 2. gr. Ekki er síður talin rík ástæða til að leggja áherslu á þagnarskyldu annarra starfsmanna. Að öðru leyti er byggt á meginreglum um þagnarskyldu sem fram koma í ákvæðum læknalaga og eru undanþágurnar hinar sömu. Sérstaklega er undirstrikað að þagnarskyldan geti vikið fyrir lögbundinni tilkynningarskyldu. Sem dæmi má nefna ákvæði barnaverndarlaga, nr. 58/1992. Í 12. gr. þeirra laga er almenn tilkynningarskylda lögð á þá sem verða þess varir að barni sé misboðið, uppeldi þess vanrækt eða aðbúnaði þess svo áfátt að barninu geti stafað hætta af. Í 13. gr. barnaverndarlaga er lögð tilkynningaskylda á þá sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Þar er í 2. mgr. sérstaklega fjallað um lækna, ljósmæður, hjúkrunarfræðinga og félagsráðgjafa og þeim gert að tilkynna barnaverndarnefnd ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að nefndin ætti að hafa afskipti af því. Í lagaákvæðinu er sérstaklega tekið fram að þagnarskylda viðkomandi starfsstétta víki fyrir tilkynningaskyldunni.

Um 14.–16. gr.

Hér eru ítrekuð ákvæði læknalaga um aðgang að sjúkraskrám. Ekki eru þó tekin upp öll ákvæði læknalaga um sjúkraskrár, en skv. 4. mgr. 14. gr. gilda þau eftir því sem við á. Felldur er niður 3. málsl. 2. mgr. eldra frumvarps um að ákvæðið taki til allra sjúkraskráa án tillits til þess hvenær þær voru færðar. Ákvæði læknalaga um að heimild til aðgangs að sjúkraskrám nái aðeins til þeirra sjúkraskráa, sem færðar voru fyrir gildistöku þeirra laga, var fellt brott með upplýsingalögum, nr. 50/1996, sem taka gildi 1. janúar 1997. Þykir því óþarft að tiltaka þetta atriði sérstaklega í frumvarpinu. Þá þótti rétt að bæta við ákvæði um heimild til gjaldtöku fyrir afrit af sjúkraskrá. Er það í samræmi við 12. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996. Nýmæli er heimild sjúklings til að gera athugasemdir við færslu í sjúkraskrá sem hann telur ranga. Einnig er um að ræða nýmæli varðandi aðgang að sjúkraskrám vegna vísindarannsókna.

Um 17. gr.

Fyrir kemur að sjúklingar kvarta yfir framkomu heilbrigðisstarfsmanna í sinn garð. Þykir sjúklingum hún oft einkennast af því að litið sé á þá sem tilfelli fremur en einstaklinga eins og stundum er komist að orði. Einnig er bent á að það skorti að heilbrigðisstarfsmenn hlusti á kvartanir sjúklinga eða vandamanna þeirra um líðan sjúklinganna.

Rétt þykir að taka það fram í frumvarpinu að sjúklingur á rétt á því að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling komi fram við hann af virðingu í öllum samskiptum innan heilbrigðisþjónustunnar.

Þá þykir þörf á að taka fram að heilbrigðisstarfsmenn skuli gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til og að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að heilbrigðisstofnunum. Virða skal þannig trúnað við sjúkling og ræða við hann um mál hans í einrúmi eða framkvæma skoðun þannig að utanaðkomandi eigi ekki aðgang að. Jafnframt þykir þörf á að taka fram að upplýsingar um

meðferð liggi ekki frammi þar sem margir fara um. Má þar nefna sem dæmi svonefnda aðgerðarlista.

Um 18. gr.

Í 18. gr. eru nýmæli varðandi skyldu heilbrigðisstarfsmanna til að veita sjúklingi upplýsingar um áætlaðan biðtíma eftir meðferð og möguleika til að fá meðferð, sem sjúklingur þarfnast, fyrr annars staðar.

Um 19. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um forgangsröðun, komi til slíkrar röðunar vegna þjónustu. Í þeim tilvikum verður röðunin að byggjast fyrst og fremst á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum. Með faglegum forsendum er t.d. átt við félagslegar aðstæður, en m.a. er höfð hliðsjón af félagslegum aðstæðum við vistunarmat sem framkvæmt er vegna innlagnar á hjúkrunarheimili.

Um 20. gr.

Rétt þykir að ítreka reglu laga um heilbrigðisþjónustu um rétt sjúklings til að velja sér lækni. Jafnframt er ítrekuð sú almenna regla að sjúklingur getur valið sér sérfræðing sé slíkrar aðstoðar þörf. Loks er undirstrikuð heimild sjúklinga til að leita álits annars heilbrigðisstarfsmanns á meðferð, ástandi og batahorfum.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Hér eru sett ákvæði um upplýsingar sem gefa skal sjúklingi við komu á heilbrigðisstofnun. Kynna skal fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnuninni og máli skipta.

Í 2. mgr. er nýmæli þess efnis að gera skuli sjúklingi grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður skuli bera meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun og í 3. mgr. er það nýmæli að kanna skuli aðstæður sjúklings áður en að útskrift hans kemur og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem kostur er.

Þá er í 5. mgr. lögð áhersla á að læknabréf og vottorð vegna veikinda, slyss, sjúkrahúslegu o.þ.h. berist greiðlega og því er sú skylda lögð á viðkomandi heilbrigðisstarfsmenn að senda þau án ástæðulauss dráttar.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um rétt sjúklings til að þjáningar hans séu linaðar í samræmi við þekkingu hvers tíma. Nærvera fjölskyldu og vina sem og andlegur og trúarlegur stuðningur skipta hann miklu máli í meðferð og geta haft áhrif á árangur hennar. Þess vegna er sérstaklega um það fjallað í greininni að sjúklingur eigi rétt á því að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar og vina og andlegs og trúarlegs stuðnings meðan á meðferð og dvöl stendur. Í því felst m.a. að gefa skuli sjúklingi kost á fundi með presti sé þess kostur.

Um 24. gr.

Hluti af réttindum sjúklinga er að deyja með reisn. Hér er fjallað um þennan rétt og rétt til mannúðlegrar umönnunar á dánarbeði. Það leiðir af meginreglunni um samþykki sjúklings fyrir meðferð að ef dauðvona sjúklingur gefur ótvírætt til kynna að hann óski

hvorki eftir meðferð sem lengir líf hans né tilraunum til endurlífgunar beri að virða þá ákvörðun. Ef sjúklingur er ófær um að taka ákvörðun um takmörkun meðferðar skulu heilbrigðisstarfsmenn leita samráðs við nánustu aðstandendur um ákvörðunina. Ber við þá ákvörðun að hafa í heiðri þau viðhorf er hinn sjúki kann að hafa látið í ljós fyrr í lífinu er hann var andlega heill heilsu. Ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklings við lok lífs. Einnig hefur landlæknir nýlega gefið út reglur um sama efni.

Um 25.–27. gr.

Rétt þykir að setja sérstök ákvæði um sjúklinga undir 16 ára aldri og er reglur sem um þennan aldurshóp skulu gilda að finna í 25.–27. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. 26. gr. kemur fram að ef foreldri eða forráðamaður neitar að samþykkja nauðsynlega meðferð skuli heilbrigðisstarfsmaður gera barnaverndaryfirvöldum viðvart. Barnaverndaryfirvöld mundu í þessum tilvikum taka málin í sínar hendur og gæti það jafnvel leitt til þess að foreldri eða forráðamaður yrði sviptur forsjá yfir barni svo unnt sé að samþykkja meðferðina. Ef um er að ræða lífsnauðsynlega bráðameðferð getur þannig háttað að enginn tími sé til að leita til barnaverndaryfirvalda. Í þeim tilvikum er heilbrigðisstarfsmanni gert skylt að taka ákvörðun með heilbrigði barnsins að leiðarljósi. Skal hann grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega.

Í 27. gr. er að finna ýmis ákvæði er varða sjúk börn og er þar stuðst við norrænar leiðbeiningarreglur um þetta efni.

Um 28. gr.

Rétturinn til að kvarta yfir meðferð er ítrekaður í þessari grein. Gerður er greinarmunur á athugasemdum og kvörtunum. Ef um er að ræða athugasemdir við meðferð sem sjúklingur hefur fengið á heilbrigðisstofnun eða hjá heilbrigðisstarfsmanni skal beina þeim til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

Um kvartanir vegna meðferðar gilda ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þeim lögum skal beina kvörtunum til embættis landlæknis eða nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990. Sú skylda er lögð á starfsmenn heilbrigðisstofnana að þeir leiðbeini sjúklingi eða vandamanni sem vill koma með athugasemd eða bera fram kvörtun.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga.

Í frumvarpinu eru lögfest á einum stað þau réttindi sem sjúklingar eru þegar taldir njóta samkvæmt ýmsum laga- og reglugerðarákvæðum. Þau atriði í frumvarpinu sem geta haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru einkum þrjú:

1. Ákvæði síðustu málsgreinar 5. gr. um að sjúklingi skuli tryggð túlkun á erlent tungumál eða táknmál. Framkvæmdin á túlkun á táknmál hefur í meginatriðum verið þannig að sjúkrastofnanir hafa séð um túlkun fyrir skjólstæðinga sína. Túlkun vegna þjónustu utan sjúkrahúsa var árið 1995 greidd af félagsmálaráðuneytinu og hefur réttur til túlkunar verið byggður á mati Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og viðkomandi sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Staða þessara mála hefur verið óljós og er nú að störfum nefnd sem ætlað er að gera tillögur um framtíðarskipan táknmálstúlkunar. Túlkun á erlend tungumál er fyrir þá sem eru sjúkratryggðir á Íslandi og er þar ekki um að ræða breytingu á þeirri framkvæmd sem verið hefur að öðru leyti en því að nú er réttur sjúklings fortakslaus.

   Ef tryggja á öllum fortakslausa túlkun á erlend tungumál og táknmál getur orðið um nokkurn kostnaðarauka að ræða. Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Með sama hætti er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og ábyrgð á að hann sé tryggður hvílir á heilbrigðisstofnunum.“ Ekki verður því annað séð en að með frumvarpinu sé ætlan heilbrigðisyfirvalda að taka yfir þann kostnað sem var á síðasta ári greiddur af félagsmálayfirvöldum og veita sjúklingum aukna þjónustu. Kostnaðarauki er vandmetin þar sem táknmálstúlka hefur skort, en fjölgun þeirra er í sjónmáli. Einnig hefur áhrif að tryggður réttur til túlkunar á táknmál og erlend mál mun eflaust auka eftirspurn eftir þjónustunni. Er hér gert ráð fyrir að kostnaðarauki gæti numið um 4–8 m.kr. árlega. Er þá miðað við að skipulag verði á fyrirkomulagi túlkunar og að sjúkrahúsin beri áfram kostnað af túlkun fyrir skjólstæðinga sína.
2. Í 22. gr. er kveðið á um að áður en að útskrift sjúklings kemur skuli aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem við á. Í raun hefur framkvæmdin verið eins og kveðið er á um í frumvarpinu þótt ekki hafi í öllum tilvikum verið hægt að tryggja sjúklingi nægilega þjónustu utan stofnunar og útskrift því dregist. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að byggja upp þjónustu við sjúklinga í heimahúsum og einnig hefur rýmum á hjúkrunarheimilum verið fjölgað. Ekki verður séð að með frumvarpinu felist breyting á núverandi fyrirkomulagi og á því greinin ekki á hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.
3. 4. mgr. 27. gr. kveður á um að börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnunum og eru á skólaskyldualdri, skuli fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og þroska. Samkvæmt grunnskólalögum er börnum á skólaskyldualdri tryggð menntun og í drögum að reglugerð í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga er gert ráð fyrir að grunnskólinn standi áfram undir slíkri þjónustu fyrir sjúk börn. Ekki virðist að með frumvarpinu sé ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi. Að mati fjárlagaskrifstofu þarf því

að kveða skýrt á um að ákvæðið sé í samræmi við gildandi grunnskólalög. Með því móti á að vera tryggt að greinin feli ekki í sér kostnaðarauka.

Ekki verður séð að önnur atriði frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er og er þá gengið út frá því að lögin hafi ekki áhrif á reglur um sjúkratryggða á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt öðrum lögum. Samtals verður því kostnaðarauki ríkissjóðs sem af frumvarpinu leiðir um 4–8 m.kr., verði það að lögum.

493. Svar [204. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um tekjur og gjöld vatnsveitna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig vinnur félagsmálaráðuneytið að því að framfylgt sé þeim ákvæðum 7. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, að vatnsgjald standi einungis straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu? Mun ráðuneytið beita sér fyrir lækkun vatnsgjaldsins á næsta ári þar sem tekjur af því hafa verið umfram tilgreindan kostnað árin 1992–95?*
2. *Hverjar voru tekjur vatnsveitna samtals í hverjum kaupstað landsins árin 1992–95 samkvæmt ársreikningum og hverjar voru þær samtals hjá öllum kaupstöðum?*
3. *Hver voru útgjöld vatnsveitna samtals (samanlögð rekstrargjöld og fjárfestingar) í hverjum kaupstað árin 1992–95 samkvæmt ársreikningum og hver voru útgjöldin samtals í öllum kaupstöðum?*
4. *Hver er mismunur tekna skv. 2. lið fyrirspurnarinnar og útgjalda skv. 3. lið og hversu hátt hlutfall af tekjum ársins 1995 er hann, hvort tveggja reiknað fyrir hverja vatnsveitu fyrir sig?*
5. *Hverjar voru arðgreiðslur hverrar vatnsveitu árin 1992–95, sundurliðað eftir árum og samtals?*

Samkvæmt 1. mgr. 118. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, skal félagsmálaráðuneytið hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum samkvæmt þeim lögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ákvæði þetta er í samræmi við 78. gr. stjórnarskrárinnar þar sem gert er ráð fyrir að sveitarfélög ráði sjálf málefnum sínum eftir því sem lög ákveða.

Í eftirlitshlutverki getur falist annars vegar frumkvæðiseftirlit og hins vegar eftirlit með stjórnsýslukærum. Félagsmálaráðuneytið hefur almennt ekki frumkvæðiseftirlit í þeim skilningi að ráðuneytið kalli stöðugt eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um framkvæmd þeirra málaflokka sem undir þau heyra samkvæmt lögum, þar með talið lögum um vatnsveitur sveitarfélaga. Frumkvæðiseftirlit getur þó komið til ef einhver sérstök atvik leiða til þess, en slíkt metur ráðuneytið hverju sinni. Fyrir fram er reiknað með að sveitarstjórnir fari eftir lögum í starfsemi sinni, en ráðuneytið skoðar mál sem því berast, með almennum erindum eða kærum.

Félagsmálaráðuneytinu berast ársreikningar frá sveitarfélögum. Ráðuneytið yfirfer þá og gerir athugasemdir ef ástæða þykir til.

Ársreikningar sveitarfélaga eru endurskoðaðir af tveimur kjörnum skoðunarmönnum og í sveitarfélögum með 500 íbúa eða fleiri er löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu jafnframt falin endurskoðun. Með endurskoðun sinni skulu skoðunarmenn og eftir atvikum endurskoðendur komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreikningsins og skulu þeir ganga úr skugga um að hann sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna sveitarfélagsins, þar með töldum ákvæðum laga um vatnsveitur sveitarfélaga eftir því sem við á.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að grunntónn sveitarstjórnarlaganna er sjálfstæði sveitarfélaganna og sjálfsforræði þeirra í eigin málum. Afskiptum ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaganna verður að haga í samræmi við það.

Ekki verður talið óeðlilegt þótt tekjur séu umfram gjöld á einhverju árabili því að sveitarfélög geta í slíkum tilvikum verið að leggja fé til hliðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda næstu ára.

Ef það er mat ráðuneytisins að gjaldtaka vegna vatnsveitna sé óeðlileg mun það gera könnun á ástæðum þess og gera athugasemdir ef tilefni virðist til. Tekið skal fram að slíkt mat er ekki einfalt og háð ýmsum óvissuþáttum.

Yfirlit með upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tekjur og gjöld vatnsveitna kaupstaða og bæja o.fl. 1992–95 eru birt sem fylgiskjal.

Rekstur vatnsveitna kaupstaða og bæja 1992 (í þús.kr. á verðlagi 1992)

	Kaupstaður/bær	Vatnsgjald	Aðrar tekjur	Tekjur samt.	Rekstrar.gj.	Fjárfest.	Gjöld samt.	Tekj.- gjöld mismunur	Mism. sem hlutfall af tekjum	Arðgreiðslur	Mism. a.t.t. til arðs. Tek.-gjöld	Mism. a.t.t. til arðs, hlutf. af tek.
*	Reykjavíkurborg	554.083	45.180	599.263	448.080	289.472	737.552	-138.289	-23,1%	43.742	-182.031	-30,4%
	Kópavogskaupstaður	87.083	9.958	97.041	30.168	23.442	53.610	43.431	44,8%		43.431	44,8%
	Seltjarnarneskaupstaður	20.510		20.510	13.061	842	13.903	6.607	32,2%		6.607	32,2%
	Garðabær	37.354		37.354	12.479	938	13.417	23.937	64,1%		23.937	64,1%
	Hafnarfjarðarkaupstaður	4.305		4.305	14.609	17.152	31.761	-27.456	-637,8%		-27.456	-637,8%
*	Mosfellsbær	28.051		28.051	20.920	2.409	23.329	4.722	16,8%		4.722	16,8%
	Reykjanesbær	33.122		33.122	33.513	0	33.513	-391	-1,2%		-391	-1,2%
	Grindavíkurkaupstaður	9.901		9.901	5.719	673	6.392	3.509	35,4%		3.509	35,4%
	Sandgerðisbær	2.802		2.802	3.138	2.815	5.953	-3.151	-112,5%		-3.151	-112,5%
	Akraneskaupstaður	20.189	12.614	32.803	9.580	11.288	20.868	11.935	36,4%		11.935	36,4%
	Snæfellsbær	5.304		5.304	1.355	26	1.381	3.923	74,0%		3.923	74,0%
	Borgarbyggð	12.364		12.364	7.276	113	7.389	4.975	40,2%		4.975	40,2%
	Stykkishólmsbær	5.831	7.400	13.231	2.279	57	2.336	10.895	82,3%		10.895	82,3%
	Ísafjarðarbær	29.260	1.000	30.260	6.076	7.684	13.760	16.500	54,5%		16.500	54,5%
	Bolungarvíkurkaupstaður	8.603	420	9.023	5.859	2.229	8.088	935	10,4%		935	10,4%
	Siglufjarðarkaupstaður	7.239	3.382	10.621	6.704	0	6.704	3.917	36,9%		3.917	36,9%
*	Sauðárkrókskaupstaður	12.125	5.366	17.491	10.970	6.087	17.057	434	2,5%	4.788	-4.354	-24,9%
*	Blönduóssbær	9.210	617	9.827	4.537	404	4.941	4.886	49,7%		4.886	49,7%
*	Akureyrarkaupstaður	95.207	11.182	106.389	83.961	35.133	119.094	-12.705	-11,9%		-12.705	-11,9%
*	Húsavíkurkaupstaður	14.259	7.622	21.881	5.733	3.853	9.586	12.295	56,2%	11.393	902	4,1%
*	Ólafsfjarðarkaupstaður	8.121		8.121	3.517	0	3.517	4.604	56,7%	2.745	1.859	22,9%
*	Dalvíkurkaupstaður	16.330	447	16.777	8.993	944	9.937	6.840	40,8%		6.840	40,8%
*	Seyðisfjarðarkaupstaður	8.856		8.856	6.780	1.245	8.025	831	9,4%		831	9,4%
	Neskaupstaður	13.035		13.035	6.256	2.814	9.070	3.965	30,4%		3.965	30,4%
	Eskifjarðarkaupstaður	5.619	7.074	12.693	1.371	0	1.371	11.322	89,2%		11.322	89,2%
	Egilsstaðabær	5.842		5.842	1.501	2.059	3.560	2.282	39,1%		2.282	39,1%
	Hornafjarðarbær	16.489		16.489	5.307	-5.687	-380	16.869	102,3%		16.869	102,3%
*	Vestmannaeyjabær	3.868	65	3.933	27.683	1.775	29.458	-25.525	-649,0%		-25.525	-649,0%
	Selfossbær	22.536		22.536	3.164	2.054	5.218	17.318	76,8%		17.318	76,8%
	Hveragerðisbær	9.924	39	9.963	9.200	1.417	10.617	-654	-6,6%		-654	-6,6%
	Samtals	**1.107.422**	**112.366**	**1.219.788**	**799.789**	**411.238**	**1.211.027**	**8.761**	**0,7%**	**62.668**	**-53.907**	**-4,4%**
*	Vatnsveita með sjálfstæðan fjárhag											

Rekstur vatnsveitna kaupstaða og bæja 1993 (í þús.kr. á verðlagi 1993)

	Kaupstaður/bær	Vatnsskattur	Aðrar tekjur	Tekjur samt.	Rekst.gj.	Fjárfest.	Gjöld samt.	Tekj.- gjöld mismunur	Mism. sem hlutfall af tekjum	Arðgreiðslur	Mism. a.t.t. til arðs. Tek.-gjöld	Mism. a.t.t. til arðs, hlutf. af tek.
*	Reykjavíkurborg	576.622	45.049	621.671	476.507	262.518	739.025	-117.354	-18,9%	50.395	-167.749	-27,0%
	Kópavogskaupstaður	96.045	13.119	109.164	29.873	20.323	50.196	58.968	54,0%		58.968	54,0%
	Seltjarnarneskaupstaður	21.983	90	22.073	14.613	797	15.410	6.663	30,2%		6.663	30,2%
	Garðabær	39.923		39.923	11.161	185	11.346	28.577	71,6%		28.577	71,6%
	Hafnarfjarðarkaupstaður	3.335		3.335	16.160	38.705	54.865	-51.530	-1545,1%		-51.530	-1545,1%
*	Mosfellsbær	30.539		30.539	23.613	3.812	27.425	3.115	10,2%		3.115	10,2%
	Reykjanesbær	34.561		34.561	35.410		35.410	-849	-2,5%		-849	-2,5%
	Grindavíkurkaupstaður	10.515		10.515	6.004	138	6.142	4.373	41,6%		4.373	41,6%
	Sandgerðisbær	2.906		2.906	2.691	1.030	3.721	-815	-28,1%		-815	-28,1%
	Akraneskaupstaður	21.822	10.513	32.335	9.975	3.347	13.322	19.013	58,8%		19.013	58,8%
	Snæfellsbær	5.804		5.804	2.393	0	2.393	3.411	58,8%		3.411	58,8%
	Borgarbyggð	12.558		12.558	9.901	98	9.999	2.560	20,4%		2.560	20,4%
	Stykkishólmsbær	7.743	5.985	13.728	2.269	6.547	8.816	4.912	35,8%		4.912	35,8%
	Ísafjarðarbær	31.594		31.594	14.077	16.095	30.171	1.423	4,5%		1.423	4,5%
	Bolungarvíkurkaupstaður	6.440		6.440	1.845	0	1.845	4.596	71,4%		4.596	71,4%
	Siglufjarðarkaupstaður	10.629		10.629	4.778	1.866	6.644	3.985	37,5%		3.985	37,5%
*	Sauðárkrókskaupstaður	12.938	4.417	17.355	11.147	4.936	16.083	1.272	7,3%	4.322	-3.050	-17,6%
*	Blönduóssbær	11.134		11.134	6.206	555	6.761	4.373	39,3%		4.373	39,3%
*	Akureyrarkaupstaður	105.850		105.850	135.383	15.182	150.565	-44.715	-42,2%		-44.715	-42,2%
*	Húsavíkurkaupstaður	14.693	6.727	21.420	8.243	5.114	13.357	8.063	37,6%	13.147	-5.084	-23,7%
*	Ólafsfjarðarkaupstaður	8.177		8.177	3.414	0	3.414	4.762	58,2%	2.502	2.260	27,6%
*	Dalvíkurkaupstaður	18.290		18.290	8.115	0	8.115	10.175	55,6%	5.972	4.203	23,0%
*	Seyðisfjarðarkaupstaður	6.939		6.939	5.742	1.115	6.857	82	1,2%		82	1,2%
	Neskaupstaður	13.388	48	13.436	5.758	622	6.380	7.056	52,5%		7.056	52,5%
	Eskifjarðarkaupstaður	11.613	1.188	12.801	2.904	249	3.153	9.648	75,4%		9.648	75,4%
	Egilsstaðabær	6.067		6.067	1.607	1.237	2.844	3.223	53,1%		3.223	53,1%
	Hornafjarðarbær	16.082		16.082	4.819	871	5.689	10.393	64,6%		10.393	64,6%
*	Vestmannaeyjabær	35.618	2.891	38.509	30.281	5.900	36.181	2.328	6,0%		2.328	6,0%
	Selfossbær	23.647		23.647	4.328	9.992	14.320	9.327	39,4%		9.327	39,4%
	Hveragerðisbær	9.051	372	9.423	5.698	3.091	8.789	634	6,7%		634	6,7%
	Samtals	**1.206.505**	**90.399**	**1.296.904**	**894.914**	**404.324**	**1.299.237**	**-2.333**	**-0,2%**	**76.338**	**-78.671**	**-6,1%**

* Vatnsveita með sjálfstæðan fjárhag

Rekstur vatnsveitna kaupstaða og bæja 1994 (í þús.kr. á verðlagi 1994)

	Kaupstaður/bær	Vatnsskattur	Aðrar tekjur	Tekjur samt.	Rekst.gj.	Fjárfest.	Gjöld samt.	Tekj.- gjöld mismunur	Mism. sem hlutfall af tekjum	Arðgreiðslur	Mism. a.t.t. til arðs. Tek.-gjöld	Mism. a.t.t. til arðs, hlutf. af tek.
*	Reykjavíkurborg	540.112	103.600	643.712	620.421	162.075	782.496	-138.784	-21,6%	79.698	-218.482	-33,9%
	Kópavogskaupstaður	112.943		112.943	30.385	34.814	65.199	47.744	42,3%		47.744	42,3%
	Seltjarnarneskaupstaður	22.885	15	22.900	20.748	530	21.278	1.622	7,1%		1.622	7,1%
	Garðabær	38.446	2.238	40.684	15.243	25.785	41.028	-344	-0,8%		-344	-0,8%
	Hafnarfjarðarkaupstaður	3.665		3.665	22.919	15.318	38.237	-34.572	-943,3%		-34.572	-943,3%
*	Mosfellsbær	23.561		23.561	13.451	4.143	17.594	5.967	25,3%		5.967	25,3%
	Reykjanesbær	37.257		37.257	33.462	0	33.462	3.795	10,2%		3.795	10,2%
	Grindavíkurkaupstaður	12.799		12.799	5.664	-434	5.230	7.569	59,1%		7.569	59,1%
	Sandgerðisbær	3.035		3.035	3.466	2.193	5.659	-2.624	-86,5%		-2.624	-86,5%
	Akraneskaupstaður	22.097	11.080	33.177	12.905	652	13.557	19.620	59,1%		19.620	59,1%
	Snæfellsbær	8.219		8.219	2.482	0	2.482	5.737	69,8%		5.737	69,8%
	Borgarbyggð	11.745		11.745	10.067	21	10.088	1.657	14,1%		1.657	14,1%
	Stykkishólmsbær	7.704	5.382	13.086	2.397	276	2.673	10.413	79,6%		10.413	79,6%
	Ísafjarðarbær	29.531		29.531	12.105	20.038	32.143	-2.612	-8,8%		-2.612	-8,8%
	Bolungarvíkurkaupstaður	4.942	3.420	8.362	3.467	0	3.467	4.895	58,5%		4.895	58,5%
	Siglufjarðarkaupstaður	6.156		6.156	3.571	196	3.767	2.389	38,8%		2.389	38,8%
	Sauðárkrókskaupstaður	9.043		9.043	7.228	4.297	11.525	-2.482	-27,4%		-2.482	-27,4%
*	Blönduósbær	18.726		18.726	11.750	12.800	24.550	-5.824	-31,1%		-5.824	-31,1%
*	Akureyrarkaupstaður	10.506		10.506	9.905	3.107	13.012	-2.506	-23,9%		-2.506	-23,9%
*	Húsavíkurkaupstaður	105.746		105.746	149.977	29.582	179.559	-73.813	-69,8%		-73.813	-69,8%
*	Ólafsfjarðarkaupstaður	15.235	7.481	22.716	9.560	3.955	13.515	9.201	40,5%	11.902	-2.701	-11,9%
*	Dalvíkurkaupstaður	9.319		9.319	6.728	0	6.728	2.591	27,8%	8.203	-5.612	-60,2%
*	Seyðisfjarðarkaupstaður	16.333	868	17.201	9.019	0	9.019	8.182	47,6%	7.193	989	5,7%
*	Neskaupstaður	7.000	169	7.169	4.854	1.058	5.912	1.257	17,5%		1.257	17,5%
	Eskifjarðarkaupstaður	13.308		13.308	4.827	1.034	5.861	7.447	56,0%		7.447	56,0%
	Egilsstaðabær	5.041	4.458	9.499	2.944	150	3.094	6.405	67,4%		6.405	67,4%
	Hornafjarðarbær	6.386		6.386	1.925	471	2.396	3.990	62,5%		3.990	62,5%
	Vestmannaeyjabær	16.440		16.440	5.372	1.026	6.398	10.042	61,1%		10.042	61,1%
*	Selfossbær	38.970		38.970	27.261	27.258	54.519	-15.549	-39,9%		-15.549	-39,9%
	Hveragerðisbær	23.470		23.470	5.084	1.833	6.917	16.553	70,5%		16.553	70,5%
	Hveragerði	10.970		10.970	5.202	7.214	12.416	-1.446	-13,2%		-1.446	-13,2%
	Samtals	1.191.590	138.711	1.330.301	1.074.389	359.392	1.433.781	-103.480	-7,8%	106.996	-210.476	-15,8%

* Vatnsveita með sjálfstæðan fjárhag

Rekstur vatnsveitna kaupstaða og bæja 1995 (í þús.kr. á verðlagi 1995)

	Kaupstaður/bær	Vatnsskattur	Aðrar tekjur	Tekjur samt.	Rekst.gj.	Fjárfest.	Gjöld samt.	Tekj.- gjöld mismunur	Mism. sem hlutfall af tekjum	Arðgreiðslur	Mism. a.t.t. til arðs. Tek.-gjöld	Mism. a.t.t. til arðs, hlutf. af tek.
*	Reykjavíkurborg	563.852	101.143	664.995	615.827	134.075	749.902	-84.907	-12,8%	113.456	-198.363	-29,8%
	Kópavogskaupstaður	116.605		116.605	29.167	36.115	65.282	51.323	44,0%		51.323	44,0%
	Seltjarnarneskaupstaður	23.067	67	23.134	21.956	3.384	25.340	-2.206	-9,5%		-2.206	-9,5%
	Garðabær	42.157		42.157	18.509	6.717	25.226	16.931	40,2%		16.931	40,2%
	Hafnarfjarðarkaupstaður	2.947		2.947	16.778	13.088	31.866	-28.919	-981,3%		-28.919	-981,3%
*	Mosfellsbær	25.962		25.962	14.770	1.336	16.106	9.856	38,0%		9.856	38,0%
	Reykjanesbær	38.641	8.488	47.129	37.759	8.737	46.496	633	1,3%		633	1,3%
	Grindavíkurkaupstaður	12.658		12.658	8.355	642	8.997	3.661	28,9%		3.661	28,9%
	Sandgerðisbær	3.089		3.089	3.299	219	3.518	-429	-13,9%		-429	-13,9%
	Akraneskaupstaður	33.919	878	34.797	10.329	2.875	13.204	21.593	62,1%		21.593	62,1%
	Snæfellsbær	10.710		10.710	2.713	69	2.782	7.928	74,0%		7.928	74,0%
	Borgarbyggð	11.163		11.163	10.527	2.033	12.560	-1.397	-12,5%		-1.397	-12,5%
	Stykkishólmsbær	9.041		9.041	5.208	157	5.365	3.676	40,7%		3.676	40,7%
	Ísafjarðarbær	28.880		28.880	8.839	33.369	42.208	-13.328	-46,1%		-13.328	-46,1%
	Bolungarvíkurkaupstaður	7.701		7.701	3.727	0	3.727	3.974	51,6%		3.974	51,6%
	Siglufjarðarkaupstaður	7.397		7.397	1.931	0	1.931	5.466	73,9%		5.466	73,9%
	Sauðárkrókskaupstaður	14.873		14.873	8.132	0	8.132	6.741	45,3%		6.741	45,3%
*	Blönduósbær	14.410	3.648	18.058	13.099	10.789	23.888	-5.830	-32,3%	400	-6.230	-34,5%
	Akureyrarkaupstaður	10.718		10.718	3.857	0	3.857	6.861	64,0%		6.861	64,0%
*	Húsavíkurkaupstaður	112.025		112.025	115.215	9.745	124.960	-12.935	-11,5%		-12.935	-11,5%
*	Ólafsfjarðarkaupstaður	15.380	10.202	25.582	14.219	10.375	24.594	988	3,9%	7.708	-6.720	-26,3%
*	Dalvíkurkaupstaður	9.258		9.258	2.283	0	2.283	6.975	75,3%	5.382	1.593	17,2%
*	Seyðisfjarðarkaupstaður	16.935	209	17.144	9.257	0	9.257	7.887	46,0%	10.040	-2.153	-12,6%
*	Neskaupstaður	8.178	436	8.614	7.846	0	7.846	768	8,9%		768	8,9%
	Eskifjarðarkaupstaður	13.481		13.481	6.074	348	6.422	7.059	52,4%		7.059	52,4%
	Egilsstaðabær	13.047	5.385	18.432	5.948	0	5.948	12.484	67,7%		12.484	67,7%
	Hornafjarðarbær	6.725		6.725	3.399	412	3.811	2.914	43,3%		2.914	43,3%
	Vestmannaeyjabær	10.103	7.018	17.121	6.631	3.762	10.393	6.728	39,3%		6.728	39,3%
*	Selfossbær	36.784		36.784	16.318	4.099	20.417	16.367	44,5%		16.367	44,5%
	Hveragerðisbær	22.694		22.694	7.965	4.507	12.472	10.222	45,0%		10.222	45,0%
	Hveragerði	9.814		9.814	5.198	0	5.198	4.616	47,0%		4.616	47,0%
	Samtals	**1.252.214**	**137.474**	**1.389.688**	**1.037.135**	**286.853**	**1.323.988**	**65.700**	**4,7%**	**136.986**	**-71.286**	**-5,1%**

* Vatnsveita með sjálfstæðan fjárhag

494. Framhaldsnefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um Löggildingarstofu.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í ljósri nýrra upplýsinga sem komið hafa fram að undanförnu hverfur minni hlutinn frá stuðningi við málið. Ófugt við það sem nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd höfðu ástæðu til að ætla hefur komið í ljós mikill ágreiningur um málið. Það er illa undirbúið, óvissa ríkir um málefni starfsmanna og lítið virðist hafa verið við þá rætt um fyrirhugaðar breytingar. Hafa verður og í huga tengsl þess máls við 73. mál, frumvarp til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, en hörð andstaða hefur komið fram gegn því máli.

Minni hlutinn telur því affarasælast að skoða þetta mál betur og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 20. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon.

495. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1996 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 1997.

496. Þingsályktun [248. mál]

um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 404.

497. Frumvarp til laga [262. mál]

um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Ragnar Arnalds, Sturla Böðvarsson,
Guðni Ágústsson, Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Hún skal endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 43. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 33/1944. Þá getur hún framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun skv. 9. gr. þessara laga. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum.

2. gr.

Forsætisnefnd Alþingis ræður forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Launakjör hans skulu ákveðin af forsætisnefnd Alþingis. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsætisnefnd Alþingis getur, að fengnu samþykki Alþingis, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

3. gr.

Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsætisnefnd getur þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðandi stjórnar Ríkisendurskoðun. Hann ræður starfsmenn sem skulu hafa staðgóða menntun og þekkingu og séu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.

4. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela löggiltum endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum á viðkomandi sviði að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

5. gr.

Reikningar Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsætisnefnd Alþingis.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt í ríkisreikningi.

6. gr.

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum.

Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja, félaga og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög, sameignarfélög, viðskiptabankar og sjóðir. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstur sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

7. gr.

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og ber þeim þá skylda til að afhenda Ríkisendurskoðun umbeðin gögn. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga að því leyti sem þau varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur þá ríkisendurskoðandi leitað úrskurðar héraðsdóms um hann.

8. gr.

Fjárhagsendurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góðar reikningsskilavenjur.
2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og þjónustusamninga þar sem það á við.
4. Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

9. gr.

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem um ræðir í 6. gr. Einnig getur Ríkisendurskoðun framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en sveitarfélög eða einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningum við ríkið. Stjórnsýsluendurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þá getur hún kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum í könnunum samkvæmt þessari grein, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskeiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á þau atriði sem hún telur að athuga þurfi með tilliti til úrbóta.

10. gr.

Í störfum sínum skv. 6. og 9. gr. hefur Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist upplýsinga og gagna sem geta haft þýðingu við störf hennar skv. 7. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla nauðsynlega aðstöðu til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um hæfilegan frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald, fjárvörslu og rekstur.

11. gr.

Nú ákveður ríkisendurskoðandi að beita skoðunarheimildum skv. 7. og 9. gr. og skal hann þá gera fjárlaganefnd og þeim þingnefndum, sem viðkomandi málaflokkur fellur undir, grein fyrir niðurstöðum sínum. Fjárlaganefnd getur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

12. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 og um leið falla úr gildi lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað gildandi laga um Ríkisendurskoðun, nr. 12/1986, með breytingum samkvæmt lögum nr. 35/1988. Breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér eru að efni til ekki mjög veigamiklar. Segja má að annars vegar feli tillögurnar í sér fyllri lýsingu á almennu hlutverki Ríkisendurskoðunar auk þess að fela í sér nokkru víðtækari og nákvæmari lýsingu á heimildum hennar til þess að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs. Hins vegar eru lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar í ljósi breytinga er orðið hafa á ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins á liðnum árum. Hér er um að ræða breytingar er varða bæði skipulag og stjórn Alþingis, og hvernig standa skuli að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja. Í ljósi þess hve breytingarnar sem nú eru lagðar til

snerta margar greinar laganna þykir eðlilegt að leggja fram heildstætt frumvarp um stofnunina. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga er að finna almenna lýsingu á hlutverki og verksviði stofnunarinnar. Þar er ekki vikið að hlutverki því sem henni er falið í 9. gr. og lýtur að hinni svokölluðu stjórnsýsluendurskoðun. Í ljósi þess hve mikilvægur og veigamikill þessi þáttur er í starfi stofnunarinnar þykir eðlilegt að geta þessa hlutverks sérstaklega í 1. gr. jafnframt því sem gerð er tillaga um að heimildir í þessu efni verði skýrari en þær eru í gildandi lögum, sbr. nánar 9. gr. frumvarpsins. Jafnframt felur breytingin í sér að felld eru niður ákvæði sem eru í 1. gr. laga nr. 12/1986 um að stofnunin skuli vera yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við störf sín, enda heyra þeir nú sögunni til, sbr. breytingar sem gerðar voru sl. vor á ákvæðum 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að forsætisnefnd ráði ríkisendurskoðanda en ekki forseti Alþingis eins og gildandi lög mæla fyrir um. Þá er lagt til að forsætisnefnd Alþingis en ekki Kjaradómur ákveði launakjör ríkisendurskoðanda. Í þessu sambandi er þess að geta að forsætisnefndin semur við aðra starfsmenn Alþingis um launakjör og þykir því eðlilegt að hún ákveði launakjör ríkisendurskoðanda.

Um 3. gr.

Í þessari grein er ekki að finna neinar efnisbreytingar frá gildandi lögum heldur er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða í ljósi breytinga er orðið hafa á skipulagi og stjórn Alþingis, þ.e. í stað „forsetar Alþingis“ í 2. málsl. 3. gr. gildandi laga kemur „forsætisnefnd Alþingis“. Þá er til skýringar og til þess að eyða vafa, sem upp kann að koma, mælt sérstaklega fyrir um að forseti geti einungis krafið ríkisendurskoðanda um skýrslu um einstök mál er falla undir lögbundna starfsemi stofnunarinnar. Í gildandi lögum er mælt fyrir um að hann megi krefja um skýrslur um einstök mál. Þá er lagfært orðalag sem lýtur að starfsmönnum stofnunarinnar.

Um 4. gr.

Grein þessi er óbreytt frá ákvæðum 4. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að í stað þess að mæla fyrir um „óháða“ löggilta endurskoðendur er látið nægja að mæla fyrir um löggilta endurskoðendur. Óþarft er að mæla sérstaklega fyrir um að löggiltir endurskoðendur skuli vera óháðir þeim er þeir endurskoða í ljósi ákvæða 11. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur, en þar er fjallað sérstaklega um hvenær þeir teljast vanhæfir til meðferðar máls. Jafnframt er mælt fyrir um að stofnuninni sé heimilt að fela öðrum sérfræðingum að vinna að verkefnum á viðkomandi sviði sé þörf talin á slíkri aðstoð.

Um 5. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í stað „forsetar“ í 1. mgr. 5. gr. gildandi laga er lagt til að komi „forsætisnefnd“. Þá er á sama hátt og í 4. gr. lagt til að í stað orðanna „óháður löggiltur endurskoðandi“ verði aðeins mælt fyrir um löggiltan endurskoðanda. Að sjálfsögðu er með vísan til 11. gr. laga 67/1976, um löggilta endurskoðendur, gengið út frá því að sá löggilti endurskoðandi, sem tilnefndur er til end-

urskoðunar á reikningum stofnunarinnar, sinni ekki jafnframt verkefnum fyrir hana skv. 4. gr.

Um 6. gr.

Í þessari grein er reynt að mæla með skýrari hætti fyrir um til hverra endurskoðunarskylda stofnunarinnar nær. 1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum en í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að endurskoðunarskylda stofnunarinnar nái til allra félaga sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins. Í gildandi lögum er aðeins minnst á hlutafélög. Þá þykir eðlilegra að nota hugtakið viðskiptabanki í þessari málsgrein í stað ríkisbanka. Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða frá því sem nú gildir en rétt þykir að kveða skýrt á um þetta atriði.

Loks er mælt fyrir um að stofnunin skuli endurskoða reikninga vegna samninga um rekstur, sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila, er fela í sér að þessir aðilar annist lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Hér er m.a. um að ræða svokallaða þjónustusamninga sem hafa verið að ryðja sér til rúms á undanförnum missirum. Ekki hefur legið fullljóst fyrir hvernig endurskoðunar- og eftirlitshlutverki með aðilum sem ríkið semur við með þessum hætti sé háttað. Til þess að eyða öllum vafa í þessu efni er lagt til að Ríkisendurskoðun gegni sama hlutverki gagnvart þessum aðilum að því er varðar starfsemi samkvæmt þjónustusamningum og hún gerir gagnvart ríkisaðilum. Með vísan til þessa, sbr. og. 9. gr. frumvarpsins, gæti Ríkisendurskoðun gert hefðbundna fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun hjá samningsaðilum í því skyni að kanna hvernig fjármunum ríkissjóðs er eða hefur verið varið, hvernig samningsaðilinn rækir skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningi og hver hefur orðið árangur af starfi hans. Þá hefur stofnunin sama aðgang að upplýsingum og gögnum aðila er tekur að sér að veita þjónustu á grundvelli þjónustusamnings og stofnunin hefur gagnvart ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá því sem hún er í gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til í ljósi þeirra breytinga sem tillaga er gerð um í 9. gr. frumvarpsins að flytja ákvæði um heimild stofnunarinnar um að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé yfir í þá grein. Þykir það leiða til meira samræmis en að öðru leyti er vísað um þetta efni til athugasemda við 9. gr.

Um 8. gr.

Í grein þessari er kveðið á um að hverju fjárhagsendurskoðun stofnunarinnar skuli miða. Lagt er til að tveimur nýjum töluliðum, 2. og 4. tölul., verði bætt við gildandi lagaákvæði í þeim tilgangi að gera það fyllra og skýrara. Af þessum sökum er lagt til að við greinina bætist nýr töluliður, er verði 2. tölul., þar sem sérstaklega er tekið fram að í endurskoðun á hverjum tíma felist að kanna innra eftirlit og hvort það tryggi viðunandi árangur. Tillaga þessi er í samræmi við ákvæði alþjóðlegra staðla er lúta að endurskoðun hjá hinu opinbera.

Í 4. tölul. er lagt til að Ríkisendurskoðun skuli kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana að svo miklu leyti sem þær birtast með ársreikningum þeirra. Nánar er hér um að ræða hina svokölluðu verkefnavísa sem nú eru að ryðja sér rúm í reikningsskilum og miða að því að kanna hvort tilteknar upplýsingar eru réttar án þess að mat sé lagt á hvort þær eru eðlilegar. Fjármálaráðuneytið hefur á síðastliðnum árum kynnt og í auknum mæli gert kröfur um að úr reikningum ríkisins megi,

auk upplýsinga um fjárreiður, lesa upplýsingar um þá þjónustu sem stofnanir veita og árangur af rekstri þeirra. Búast má við því að upplýsingagjöf af þessu tagi muni aukast verulega nái fyrirliggjandi frumvarp um fjárreiður ríkisins fram að ganga en þar er gerð tillaga um lögfestingu hennar. Verkefnavísum er, eftir því sem við á í hverju tilviki, ætlað að geyma hnitmiðaðar upplýsingar um verkefni viðkomandi stofnunar, skiptingu heildarkostnaðar á einstök verkefni og tölulegar upplýsingar um bæði magn og gæði þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir. Upplýsingarnar koma einkum að notum við samanburð á milli ára og eru vel til þessar fallnar að auðvelda mönnum að greina mikilvægi verkefna og forgangsraða þeim. Tekið skal fram að gerð verkefnavísanna er enn á tilraunastigi og ljóst að allnokkur ár tekur að þróa þá. Hins vegar þykir eðlilegt að mæla fyrir um skyldur Ríkisendurskoðunar í þessum efnum þar sem þessar upplýsingar verða væntanlega óaðskiljanlegur hluti af ársreikningum viðkomandi stofnana.

Um 9. gr.

Ákvæði 9. gr. gildandi laga um heimild Ríkisendurskoðunar til stjórnsýsluendurskoðunar á ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum voru nýmæli á sínum tíma. Með því að veita stofnun sem heyrir undir Alþingi heimild af þessu tagi var verið að styrkja mjög fjárhagslegt eftirlit þingsins með ríkisrekstri. Tilgangur þess var sá „að efla frumkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins með framkvæmd svonefndrar stjórnsýsluendurskoðunar“ eins og orðrétt sagði í athugsemdum með greininni í frumvarpi að lögum nr. 12/1986. Ákvæðið átti sér m.a. fyrirmynd úr löggjöf um systurstofnanir Ríkisendurskoðunar á Norðurlöndum.

Í nágrannalöndum okkar er talið að hugmyndin að baki stjórnsýsluendurskoðun sé að auka hagkvæmni, bæta vinnuframlag og stjórnun með ákveðnum rannsóknaraðferðum og mati á þeim niðurstöðum sem rannsóknin leiðir í ljós. Einn grundvallarþáttur stjórnsýsluendurskoðunar í þessum ríkjum hefur hin síðari ár m.a. verið talinn felast í því að kanna hvort lögum, reglugerðum og öðrum reglum sem gilda á viðkomandi sviði er framfylgt með tilliti til þeirra fjármuna sem ríkið leggur af mörkum í viðkomandi starfsemi. Einnig hefur það verið talið hlutverk ríkisendurskoðana í nágrannalöndum okkar að leggja til breytingar á lögum, reglugerðum eða verklagi ef fjárhagslegum hagsmunum ríkisins telst þannig betur borgið. Með tilliti til þróunar á þessu sviði er hér lagt til að Ríkisendurskoðun hafi heimildir til að benda hlutaðeigandi stjórnvöldum eða öðrum sem hlut eiga að máli á það ef gildandi lögum og reglum er ekki framfylgt og einnig að benda Alþingi og stjórnvöldum á þau tilvik þar sem efni er til að íhuga laga- og reglugerðabreytingar. Lögð er áhersla á að þær kröfur sem gerðar eru á þessu sviði eru síbreytilegar og vaxandi og er því nauðsynlegt að Ríkisendurskoðun hafi þær heimildir sem hér eru lagðar til þannig að stofnunin geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til hennar á hverjum tíma.

Í ljósi þess sem að framan greinir svo og þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þessarar heimildar hér á landi sl. tíu ár er lagt til að skýrar verði kveðið á um en áður við hvað sé átt með hugtakinu „stjórnsýsluendurskoðun“. Tilgangur þessa er að eyða þeim vafa sem upp hefur komið um hver mörk skoðunarheimilda Ríkisendurskoðunar í þessu efni eru. Í framkvæmd hefur heimildin verið túlkuð rúmt, þ.e. að í henni hefur verið talin felast heimild til að kanna meðferð og nýtingu á ríkisfé sem og að meta hvort hagkvæmni gæti í rekstri viðkomandi stofnana og fyrirtækja ríkisins. Með hagkvæmni í þessu sambandi er átt við hvort hagsýni (economy), skilvirkni (efficiency) og markvirkni (effectiveness) hafi verið gætt í rekstrinum. Lagt er til að þessi skilgreining verði áréttuð í lagagreininni sjálfri. Til nánari skýringar er rétt að taka fram að með hagsýni í þessu

sambandi er fyrst og fremst átt við að sparnaðar og ráðdeildar sé gætt í rekstri. Þá er með hugtakinu skilvirkni átt við að framleiðni og afköst á tilteknu tímabili í viðkomandi rekstri séu nægjanleg eða viðunandi. Loks er með hugtakinu markvirkni í þessu sambandi átt við þau markmið og þann árangur sem að er stefnt með rekstrinum. Stjórnsýsluendurskoðun nær ekki aðeins til einstakra þátta stjórnunar heldur einnig til stjórnunar í heild sinni, þar á meðal skipulags og stjórnkerfis. Rétt er að leggja áherslu á að heimildir til stjórnsýsluendurskoðunar ná einungis til rekstrarlegra þátta en ekki á neinn hátt til ákvarðana, árangurs eða markmiða stjórnmálalegs eðlis.

Í 1. mgr. er á skýrari og einfaldari hátt en gert er í gildandi lögum mælt fyrir um til hverra stjórnsýsluendurskoðunarheimild stofnunarinnar nær en lagt er til að hún taki til sömu aðila og stofnunin skal endurskoða, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Þá er jafnframt mælt fyrir um að framkvæma megi stjórnsýsluendurskoðun á þeirri starfsemi eða þjónustu sem sveitarfélög eða einkaaðilar inna af hendi á kostnað ríkisins samkvæmt svokölluðum þjónustusamningum sem mjög eru að ryðja sér til rúms. Rétt er að minna á í þessu sambandi að hér er um að ræða þjónustu sem ríkinu er lögskylt að veita og greiða fyrir. Í þeim tilvikum sem ríkið innir þessa þjónustu sjálft af hendi ber Ríkisendurskoðun að endurskoða reikninga þeirrar starfsemi. Umfang eða eðli endurskoðunarinnar breytist ekki þó að þjónustusamningur sé gerður við einkaaðila eða sveitarfélög um að sinna þjónustunni. Með frumvarpinu er því í raun ekki verið að leggja Ríkisendurskoðun nýjar skyldur á herðar. Því til viðbótar má geta þess að þar sem engin löggjöf er til um þjónustusamninga eru réttindi og skyldur þeirra sem taka að sér þessi verkefni afar óljós, og réttarstaðan að öðru leyti óviss. Til að tryggja hagsmuni skattborgaranna og ríkissjóðs, sem inna af hendi greiðslur til þessara aðila og til að veita þeim lágmarksaðhald, er mikilvægt að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga þessara aðila og geri Alþingi grein fyrir niðurstöðunum.

Í 2. mgr. er lagt til að stofnunin geti kallað eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og metið hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. gildandi laga er að finna heimild fyrir stofnunina til þess að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Eðlilegra þykir að mæla fyrir um þessa heimild í 9. gr. jafnframt því sem gerð er tillaga um að stofnuninni verði til viðbótar heimilt að meta árangur af umræddum fjárframlögum. Í 9. gr. er einnig heimild til þess að kalla eftir greinargerðum og meta árangur af hvers konar styrkjum og framlögum úr ríkissjóði, þar á meðal á sviði umhverfismála. Að baki þessari heimild býr sama hugsun og að baki heimildum stofnunarinnar til þess að meta árangur af starfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Hér er verið að bregðast við örri þróun nýrrar greinar á sviði endurskoðunar, hinnar svokölluðu umhverfisendurskoðunar. Segja má að umhverfisendurskoðun felist í því að endurskoða og kanna áhrifin af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið, reyna að meta fjárhagsleg áhrif þessara aðila á umhverfið og að fylgjast með því hvort einkaréttarlegir aðilar og opinberir aðilar framfylgja lögum og reglugerðum, svo og reglum og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Brýnt er talið að Ísland dragist ekki aftur úr í hraðri þróun umhverfismála, þar með talinni umhverfisendurskoðun, og þess vegna lagt til að Ríkisendurskoðun hafi þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að starfa að þessum mikilvæga málaflokki.

Í lok greinarinnar er kveðið skýrar á um það en samkvæmt núgildandi lögum að Ríkisendurskoðun skuli gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum stjórnsýsluendurskoðana og jafnframt benda þeim á þau atriði sem hún telur þurfa að athuga og bæta úr.

Um 10. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að í 1. málsl. 1. mgr. er á skýran hátt mælt fyrir um að stofnunin hafi aðgang að öllum gögnum sem máli skipta er hún sinnir verkefnum skv. 9. gr. Þá er í 3. mgr. lagt til að ríkisendurskoðandi geti kveðið á um hæfilegan frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið. Hér er í raun ekki um neina efnisbreytingu að ræða því að andmælaréttur þeirra sem skoðaðir hafa verið skv. 9. gr. hefur undantekningarlaust verið virtur. Rétt þykir engu að síður að mæla sérstaklega fyrir um þennan mikilvæga rétt í lagatextanum sjálfum.

Um 11. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber ríkisendurskoðanda að gera fjárveitinganefnd grein fyrir ákvörðunum um athuganir sem hún hyggst gera á grundvelli 7. og 9. gr. laganna. Hér er lagt til að breyta greininni á þá lund að í stað „fjárveitinganefnd“ komi „fjárlaganefnd“ til samræmis við ákvæði þingskapalaga og að í stað þess að gera eigi nefndinni grein fyrir ákvörðunum um að láta slíkar athuganir fara fram skuli gera henni grein fyrir niðurstöðum þeirra. Þá er lagt til að ríkisendurskoðanda beri einnig að gera viðkomandi þingnefndum grein fyrir þeim. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

498. Frumvarp til laga [263. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Gísli S. Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

6. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna bætast við tvær nýjar greinar er orðast svo og breytist númeraröð annarra greina í samræmi við það:

1. (11. gr.)

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki til aflamarks, enda fari afli tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir

10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum, sbr. 1. málsl., sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni sem annast endanlega vigtun aflans innan lands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk sé að ræða.

2. (12. gr.)
Landaðan afla skv. 11. gr. skal selja á viðurkenndum fiskmarkaði hérlendis og skal söluandvirði aflans að frátöldum kostnaði við sölu ráðstafað þannig að fjórðungur þess bætist við skiptaverðmæti viðkomandi veiðiferðar, fjórðungur renni til slysavarna sjómanna, fjórðungur til hafrannsókna og fjórðungur til stéttarfélaga sjómanna sem ráðstafi honum til orlofsaðstöðu sjómanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin missiri hefur verið mikil umræða um brottkast fisks, þ.e. að fiski sé hent útbyrðis af fiskiskipum. Erfitt er að henda reiður á því að hve miklu leyti slíkar sögur eiga við rök að styðjast, en það er afdráttarlaust bannað með lögum að henda fiski. Íslensk lög gera ráð fyrir að allur fiskur skuli koma að landi eða vera unninn um borð, ef um vinnsluskip er að ræða.

Ástæður brottkasts og fiskveiðistjórnunarkerfi.

Ástæður þess að fiski er hent geta verið ýmsar:

— Í fyrsta lagi að fiskur sé mjög smár og sjómönnum finnist ekki borga sig að ganga frá slíku smælki og koma með það að landi.
— Í öðru lagi að ekki sé til kvóti fyrir þeim tegundum sem koma með öðrum í veiðarfæri og til þess að komast hjá upptöku afla og sektum sé aflanum einfaldlega hent.
— Í þriðja lagi að fiskurinn sé tiltölulega smár og þar með verðminni en stærri fiskur. Sjómenn og útgerðarmenn vilja nýta kvóta sinn sem best og henda þá frekar smáa fiskinum til að veiða stærri fisk upp í kvótann.
— Í fjórða lagi að smærri fiski sé hent þegar gerðir eru samningar um veiði, t.d. að aðili lætur skip hafa kvóta en áskilur að fiskurinn sé yfir t.d. 6 kg og kaupir einungis þann fisk.

Ástæða er til að velta því fyrir sér að hve miklu leyti fiskveiðistjórnunarkerfi hafa áhrif á brottkast. Aflamarkskerfi sem miðar við úthlutun í tonnum stuðlar að því að útgerðarmenn og sjómenn nýti kvóta sinn sem best og þar sem yfirleitt fæst hærra verð fyrir stærri fisk er betra að koma með einn 6 kg fisk að landi en þrjá 2 kg. Þetta getur leitt til brottkasts í einhverjum mæli, enda tilgreint sem ein af ástæðum þess hér að framan.

Ef úthlutun kvóta fer ekki eftir tonnum eða þyngd heldur eftir fjölda, þ.e. nokkurs konar sporðakvóti, leiðir það til þess að reynt verður að veiða sem stærsta fiska. Þá er ekki úthlutað 10 tonnum af þorski heldur t.d. 2,5 milljónum fiska! Þetta væri vafalítið góð aðferð til að minnka sókn í smáfisk og auka sókn í stærri fisk en hætt er við að smærri fiski yrði hent í auknum mæli.

Sóknarmark sem byggist á því að úthlutað er sóknardögum, oft með aflahámarki, leiðir einnig til viðleitni til að láta smærri fisk fyrir borð vegna verðmunar á stórum fiski og smáum, en þar sem miðað er við sóknardaga geta áhrifin verið önnur en í aflamarkskerfi.

Notkun smáfiskaskilju og eftirlit með veiðum.

Þar sem þegar er bannað að henda fiski hafa stjórnvöld ekki mörg úrræði til að hindra slík lögbrot. Almennt eru aðferðir við að stemma stigu við lögbrotum þrjár, þ.e. að herða refsingar, herða eftirlit og breyta lögum þannig að minna verður um þau brot sem um ræðir. Refsingar mættu vafalítið vera strangari við brottkasti afla þótt það sé ekki lagt til í frumvarpinu.

Verndun smáfisks er eitt mikilvægasta verkefnið í íslenskum sjávarútvegi. Ýmsar leiðir eru mögulegar í þeim efnum. Hér ber hæst smáfiskaskilju, en unnið hefur verið að því undanfarið að innleiða notkun hennar. Smáfiskaskilja skilur smáfisk frá öðrum fiski við veiðar þannig að honum er sleppt aftur lifandi í sjóinn. Þessi aðferð er notuð t.d. við rækjuveiðar og hægt er að beita henni við aðrar veiðar. Flutningsmenn binda miklar vonir við slíkt tæki, en brýnt er að allra leiða sé leitað til að vernda smáfisk.

Eftirlit með veiðum mætti hins vegar vera mun betra. Nú er algengast að fylgst sé með löndun og öðru hvoru eru eftirlitsmenn um borð í fiskiskipum. Vitanlega er ekki hægt að hafa opinberan eftirlitsmann um borð í hverju veiðiskipi en það er þó hugsanlegt.

Hins vegar er mögulegt að beita nýrri tækni við eftirlit. Þannig má gera myndbandsupptöku af því þegar veiðarfæri er innbyrt og hægt er að reikna mjög nákvæmlega út frá slíkum myndum hve mikill aflinn er og bera saman við landaðan afla.

Einnig er hugsanlegt að mæla álag á vírum og reikna þannig út aflamagn, t.d. í trolli, eða að mæla þyngd skipa mjög nákvæmlega, fylgjast með henni reglubundið og finna út hvort afla sé hent um borð. Nýjustu vísindi og tækni bjóða upp á fjölmarga möguleika til stöðugs og sjálfvirks eftirlits um borð í fiskiskipum.

Nokkuð af þessu hefur verið reynt erlendis en hér skortir umræðu um þennan þátt. Hafa ber í huga að með nýjustu aðferðum er hægt að reikna út brottkast svo aðeins skakki örfáum kílóum. Að öllum líkindum verður innan örfárra áratuga komið sjálfvirkt eftirlitskerfi til að hindra brottkast í öll fiskiskip í heiminum.

Meginþættir frumvarpsins.

Frumvarpið tekur á einum þætti brottkasts, þ.e. þegar smáfiski eða undirmáli er hent. Vissulega eru önnur vandamál tengd brottkasti, einkum þegar fullvaxta fiski er hent, t.d. vegna þess að hann er of lítill miðað við samninga sem oft eru gerðir um ráðstöfun kvóta. Brýnt er að tekið verði á þeim þáttum og vinnur þingflokkur jafnaðarmanna að útfærslu hugmynda um þá. Hins vegar er skynsamlegt að taka þegar á brottkasti undirmáls, eins og gert er í frumvarpinu, og hefja þannig skipulega umfjöllun um málið út frá raunhæfum hugmyndum.

Í lögum um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er kveðið á um að komið skuli með undirmálsfisk að landi, hann aðgreindur sérstaklega og teljist að hálfu leyti til kvóta. Á árum áður var undirmálsfiskur undanskilinn kvóta en það leiddi til misnotkunar þannig að fiskur sem ekki var undirmálsfiskur var skráður sem slíkur og eftirlit við löndun og vinnslu var lítið.

Vitaskuld er ekki gott að undirmálsfiskur teljist til kvóta. Hann er yfirleitt nokkuð verðlítill miðað við stærri fisk og því óhagkvæmt fyrir útgerðarmenn og sjómenn að nýta takmarkaðan kvóta sinn fyrir undirmálsfisk. Líklega er stærsta vandamálið við brottkast

að undirmálsfiski er hent. Frumvarpinu er ætlað að taka á því og eftirfarandi atriði eru lögð til grundvallar:

1. Undirmál verður allt utan kvóta. Þar að auki, sem er mjög mikilvægt, verður undirmál í hverri tegund að vera innan við 10% af afla þeirrar tegundar í hverri veiðiferð.
2. Smábátum verður heimilt að koma með undirmál utan kvóta að landi eins og öðrum skipum.
3. Undirmáli verður haldið sér um borð í veiðiskipi og það selt á fiskmarkaði sem m.a. tryggir eftirlit.
4. Söluandvirði undirmáls kemur aðeins að fjórðungi til skipta en rennur að öðru leyti til verðugra málefna, þ.e. fjórðungur til slysavarna sjómanna, fjórðungur til hafrannsókna og fjórðungur til orlofsmála sjómanna.

Núgildandi lög og reglugerðir mæla fyrir um að undirmál teljist að hálfu leyti til kvóta en þó telst allur afli smábáta til kvóta. Frumvarpið gerir ráð fyrir að undirmál sé allt utan kvóta. Með því hafa útgerðarmenn og sjómenn nær engan hag af því að henda smáfiski.

Undirmál kemur sérstaklega aðgreint að landi, en í stað þess að útgerðarmenn geti ráðstafað því að vild, t.d. í beinum viðskiptum eða til eigin vinnslu, verður skylt að selja það á viðurkenndum fiskmarkaði sem tryggir gott eftirlit. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að fullvaxta fiskur sé kallaður undirmál. Slík misnotkun var algeng áður fyrr og ekki mögulegt að fylgjast með því þegar bein viðskipti með fisk áttu sér stað.

Fiskmarkaðir starfa mjög víða um land en ekki alls staðar. Flutningsmenn telja þó að ekki skapist vandræði við þá skyldu að undirmál seljist á viðurkenndum fiskmarkaði. Í langflestum aðalhöfnum eru fiskmarkaðir. Þjónusta, umfang og útbreiðsla markaðanna, sem starfa allir með opinberu leyfi og undir eftirliti, hefur aukist verulega undanfarin ár.

Jafnframt verður kveðið á um að undirmál megi ekki vera meira en 10% afla af hverri tegund í hverri veiðiferð, en það er mjög mikilvægt ákvæði.

Ráðstöfun andvirðis undirmáls.

Þar sem undirmál mun ekki teljast til kvóta eiga tekjur af því ekki að koma útgerð og sjómönnum jafnt til góða og söluverðmæti annars afla. Það á alls ekki að hvetja til veiða á undirmálsfiski. Hins vegar er eðlilegt að menn verði ekki fyrir útgjöldum við að koma með undirmál að landi. Þess vegna er lagt til í frumvarpinu að einungis fjórðungur söluverðmætis undirmáls á fiskmarkaði, að frádregnum kostnaði við sölu, komi til skipta. Hinir þrír fjórðu hlutarnir renni hins vegar til verðugra málefna sem tengjast sjávarútvegi, þ.e. til að efla slysavarnir sjómanna, hafrannsóknir og orlofsmál sjómanna.

Með þessu helst andvirði undirmálsaflans innan sjávarútvegsins og styrkir mikilvæga þætti. Flutningsmenn telja að slysavörnum sjómanna sé aldrei of vel sinnt og þar eru ýmis verkefni brýn. Jafnframt er við hæfi að láta hluta þessa renna til hafrannsókna, en frekari rannsóknir á lífríki sjávar koma sjómönnum, útgerðarmönnum og öllum landsmönnum til góða.

Þá má telja sanngjarnt að hluti andvirðisins renni sérstaklega til sjómanna á óbeinan hátt, þ.e. til stéttarfélaga þeirra sem ráðstafi honum til orlofsmála sjómanna. Sjómenn eru oft lengi fjarri heimilum sínum og orlof þeirra eru mikilvægari en hjá flestum öðrum starfsstéttum þessa lands.

Með þessu frumvarpi er tekið á brottkasti smáfisks. Stuðlað er að því að undirmálsfiski verði ekki hent heldur komið með hann að landi og þannig hvatt til þess að meiri virðing sé borin fyrir auðlindum sjávar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eftirfarandi ákvæði laganna fellur brott: „Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.“ Með frumvarpinu eru ákvæði um meðferð undirmáls felld inn í lög um stjórn fiskveiða en það var áður reglugerðarákvæði.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er bætt við tveimur nýjum greinum. Í fyrri greininni, 1. málsl., er undirmál skilgreint á sama hátt og í núverandi reglugerð og kveðið á um að það megi ekki vera yfir 10% af afla í hverri veiðiferð. Í núgildandi reglugerð er miðað við 10% fyrir allar tegundir nema fyrir þorsk sem má ekki vera yfir 7%. 2. og 3. málsl. greinarinnar eru samhljóða ákvæðum núgildandi reglugerðar.

Síðari greinin er algert nýmæli. Þar er kveðið á um að allan undirmálsafla skuli selja á fiskmarkaði og skipta andvirðinu að frátöldum kostnaði í fjóra jafna hluti og er þeim ráðstafað til skipta, slysavarna sjómanna, hafrannsókna og orlofsaðstöðu sjómanna.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

499. Þingsályktun [261. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 495.

500. Lög [180. mál]

um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 480 með þessum breytingum:

22. gr. hljóðar svo:

Á 25. gr. laganna, sem verður 33. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. mgr. orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launa-

greiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en ríkissjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjörið tekur til.

Ákvæði til bráðabirgða IV (nýtt) í I. kafla hljóðar svo:

Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

501. Frumvarp til laga [251. mál]

um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 20. des.)

I. KAFLI
FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra. Hann ræður annað starfslið.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, með síðari breytingum.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

III. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingu.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996:

a. 1. tölul. orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
b. Í stað orðanna „3.–5. tölul.“ í 5. tölul. kemur: 6.–8. tölul.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna, eins og honum var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. laganna:

a. 4. tölul. fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.
b. Í stað orðanna „3.–6. tölul.“ í 5. tölul., sem verður 4. tölul., kemur: 5.–8. tölul.

Breyting á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingu.

6. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. tölul. 2. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, bætist nýr málsliður er orðast svo: Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora, enda verði talið að þeir gegni þeim störfum að aðalstarfi.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Í stað orðanna „eða 24. gr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: eða setja í forföllum skv. 1. málsl. 24. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „öðrum en embættismönnum“ í 1. málsl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: öðrum en embættismönnum og þeim sem kjaranefnd ákvarðar laun.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og héraðsdómarar“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: héraðsdómarar og fulltrúar þeirra.
b. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og lögreglumenn.

c. 8. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.
d. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.
e. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. koma fjórir nýir töluliðir, sem orðast svo:
   10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirskattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórar.
   11. Héraðslæknar og héraðshjúkrunarfræðingar.
   12. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.
   13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
f. Í stað orðsins „9. tölul. þessarar greinar“ í 2. mgr. kemur: 13. tölul. 1. mgr.

10. gr.

Á eftir 1. málsl. 24. gr. laganna kemur nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár.

11. gr.

Við 7. mgr. ákvæðis til bráðabrigða í lögunum bætist nýr töluliður er verður 4. tölul. og orðast svo:

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. skulu rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri teljast til embættismanna.

IV. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum.

12. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að tillögu skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 32. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prófessorsstarf.
c. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 33. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Rektor ræður annað starfslið skólans en getið er um í 32. gr.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „veitingu slíkrar kennarastöðu“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu í slíkt kennarastarf.
b. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðning í slíkt starf má vera tímabundin til allt að tveggja ára í senn.
c. Í stað orðsins „stöðuveitingu“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu.
d. Í stað orðsins „stöðuveitinga“ í 6. málsl. 3. mgr. kemur: ráðninga.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætta“ í 7. málsl. 3. mgr. kemur: prófessorsstarfs.
f. 4. mgr. orðast svo:

   Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að ráða dósent eða lektor tímabundinni ráðningu til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.
g. Í stað orðanna „til tveggja ára hið skemmsta“ í 6. mgr. kemur: tímabundið til allt að tveggja ára í senn.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta og lektora.
b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 2. mgr. kemur: prófessorsstörf.
c. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
d. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
e. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: prófessorsstarf.
f. Orðin „embættið eða“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
g. Orðin „embættið eða“ í 6. málsl. 4. mgr. falla brott.
h. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 6. mgr. kemur: prófessorsstarf.
i. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 7. mgr. kemur: prófessorsstarf.

17. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Rektor skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennarastarf laust til umsóknar, svo að starfið verði veitt ári áður en hinn nýráðni kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýráðna kennara hefjist.

Breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingu.

18. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

19. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 70/1994:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósenta, lektora og stundakennara.
b. Í stað orðsins „skipa“ í 3. mgr. kemur: ráða.
c. Í stað orðsins „embættinu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: starfinu.
d. Í stað orðsins „embættið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starfið.
e. Í stað orðsins „embætti“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starf.
f. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: prófessorsstarf.

V. KAFLI
GILDISTAKA
20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

502. Lánsfjáraukalög. [226. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 306.

503. Lög [228. mál]

um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 481.

504. Lög [73. mál]

um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 482.

505. Lög [74. mál]

um Löggildingarstofu.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 483.

506. Lög [251. mál]

um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 501.

507. Lög [250. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 412.

508. Lög [182. mál]

um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

(Afgreidd frá Alþingi 20. des.)

Samhljóða þskj. 203.

509. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 21. des.)

Samhljóða þskj. 364 (sbr. 1) með þessum breytingum:

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr. hljóðar svo:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	M.kr.	M.kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**126.224,0**
Tekjuskattar	21.325,0	
Tryggingagjöld, launaskattar	14.185,0	
Eignarskattar	3.755,0	
Skattar á vörur og þjónustu	78.984,0	
Vaxtatekjur	5.175,0	
Aðrar tekjur	2.800,0	
Gjöld		**126.099,7**
Samneysla	50.890,4	
Rekstrargjöld	47.037,0	
Viðhald	3.853,4	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	51.929,6	
Vaxtagreiðslur	13.550,0	
Fjárfesting	9.729,7	
Stofnkostnaður	6.514,7	
Fjármagnstilfærslur	3.215,0	
Tekjur umfram gjöld		**124,3**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-2.470,0
Veitt lán til B-hluta ríkissjóðs	5.990,0	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–8.460,0	
Hluta- og stofnfjárframlög		400,0
Viðskiptareikningar		400,0
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-1.794,3**
Afborganir af teknum lánum		14.240,0
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**12.445,7**
Lántökur		12.500,0
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**54,3**

2. gr. hljóðar svo:

Árið 1997 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar–

Gjöld:

		M.kr.	M.kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		**1.420,6**
	Embætti forseta Íslands	60,8	
	Alþingi og stofnanir þess	1.130,0	
	Ríkisstjórn	72,8	
	Rekstrarhagræðing	2,0	
	Annað	155,0	
01	**Forsætisráðuneyti**		**574,0**
	Ráðuneyti	129,9	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
	Annað	443,1	
02	**Menntamálaráðuneyti**		**14.942,4**
	Ráðuneyti	279,4	
	Háskólar og rannsóknir	3.587,9	
	Framhaldsskólar og héraðsskólar	5.264,4	
	Grunnskólar og sérskólar	1.618,1	
	Námsaðstoð	1.736,5	
	Söfn, listastofnanir o.fl	1.336,1	
	Rekstrarhagræðing	42,0	
	Annað	1.078,0	
03	**Utanríkisráðuneyti**		**2.077,5**
	Ráðuneyti	429,1	
	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	188,6	
	Sendiráð og fastanefndir	724,7	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	730,1	
	Þróunarmál og alþjóðastofnanir	5,0	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**		**6.999,3**
	Ráðuneyti	136,7	
	Landbúnaðarstofnanir	528,1	
	Skógrækt og landgræðsla	487,9	
	Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	5.240,0	
	Ýmis framlög	602,6	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Flutt		26.013,8

3. gr. hljóðar svo:

Árið 1997 er áætlað að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
401-2	**Tekjuskattur, nettó**		**21.325,0**
40110	Tekjuskattur einstaklinga, nettó	16.775,0	
40210	Tekjuskattur félaga	4.550,0	
410	**Tryggingagjöld, launaskattar**		**14.185,0**
41001	Tryggingagjald	13.520,0	
41011	Gjald í ábyrgðarsjóð launa	180,0	
41021	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	485,0	
405-6	**Eignarskattar**		**3.755,0**
40511	Eignarskattur einstaklinga	1.475,0	
40516	Sérstakur eignarskattur einstaklinga	150,0	
40611	Eignarskattur félaga	1.425,0	
40616	Sérstakur eignarskattur félaga	285,0	
40531	Erfðafjárskattur	420,0	
42-43	**Skattar á vöru og þjónustu**		
425	**Virðisaukaskattur**		**48.550,0**
42511	Virðisaukaskattur	48.550,0	
420	**Aðflutningsgjöld**		**1.890,0**
4200	Tollar	1.890,0	
421	**Ýmis gjöld af innflutningi**		**24,0**
42161	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	24,0	
	Flutt		89.729,0

	Gjöld:	M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		26.013,8
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**		**1.224,1**
	Ráðuneyti	221,3	
	Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	997,8	
	Rekstrarhagræðing	5,0	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**		**6.386,5**
	Ráðuneyti	167,7	
	Dómsmál	637,4	
	Löggæslustofnanir og öryggismál	2.323,7	
	Sýslumenn	2.260,1	
	Fangelsismál	440,9	
	Kirkjumál	528,7	
	Rekstrarhagræðing	28,0	
07	**Félagsmálaráðuneyti**		**9.330,8**
	Ráðuneyti	107,3	
	Húsnæðismál	300,0	
	Stjórnsýslustofnanir	173,0	
	Málefni barna og ungmenna	249,3	
	Málefni fatlaðra	2.320,8	
	Sveitarfélög	2.855,0	
	Vinnumál	3.139,1	
	Rekstrarhagræðing	20,0	
	Annað	166,3	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**		**52.679,7**
	Ráðuneyti	164,5	
	Tryggingamál	30.559,5	
	Sjúkrastofnanir	19.384,9	
	Heilsugæsla	1.895,9	
	Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	219,0	
	Rekstrarhagræðing	45,0	
	Annað	410,7	
09	**Fjármálaráðuneyti**		**19.240,5**
	Ráðuneyti o.fl.	486,0	
	Skatta- og tollamál	1.706,4	
	Verðlagsmál og ríkisábyrgðir	2.055,0	
	Vextir	13.550,0	
	Rekstrarhagræðing	15,0	
	Annað	1.428,1	
	Flutt		114.875,4

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		89.729,0
423	**Vörugjöld**		**17.135,0**
42301	Vörugjald, almennt	2.590,0	
42320	Vörugjald af ökutækjum	2.900,0	
42331	Vörugjald af bensíni, almennt	1.915,0	
42341	Sérstakt vörugjald af bensíni	4.780,0	
42381	Áfengisgjald	4.795,0	
42391	Framleiðslugjald af áli	155,0	
426	**Skattar af einkasöluvörum**		**2.313,0**
42601	Hagnaður ÁTVR, áfengisgjald	2.305,0	
42611	Gjald af einkasöluvörum	8,0	
427	**Sértækir þjónustuskattar**		**95,0**
42701	Skemmtanaskattur	80,0	
42702	Miðagjald	15,0	
429	**Aðrir skattar af þjónustu**		**207,0**
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	120,0	
42781	Einkaleyfisgjald H.H.Í.	78,0	
42796	Samúðarskeyti Landssímans	9,0	
43	**Aðrir óbeinir skattar**		**8.420,0**
42352	Olíugjald, þungaskattur	2.715,0	
43111	Bifreiðagjald	1.920,0	
43211	Vitagjald	62,0	
43221	Skipagjald	58,0	
43411	Þinglýsingar	125,0	
43421	Stimpilgjald	2.470,0	
43700	Aukatekjur	850,0	
43801	Áhættugjald ríkisábyrgða	220,0	
47	**Sala eigna**		
471	**Sala eigna**		**350,0**
4719	Sala eigna	350,0	
	Flutt		118.249,0

Gjöld:

		M.kr.	Rekstrar- M.kr.
	Flutt		114.875,4
10	**Samgönguráðuneyti**		**8.718,0**
	Ráðuneyti	293,1	
	Vegamál	7.089,0	
	Siglingamál	777,2	
	Flugmál	425,4	
	Ferðamál	126,3	
	Rekstrarhagræðing	7,0	
11	**Iðnaðarráðuneyti**		**1.138,8**
	Ráðuneyti	60,7	
	Iðnaðarmál	242,4	
	Orkumál	832,7	
	Rekstrarhagræðing	3,0	
12	**Viðskiptaráðuneyti**		**196,7**
	Ráðuneyti	84,7	
	Viðskiptamál	111,0	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
13	**Hagstofa Íslands**		**154,3**
	Hagstofa Íslands	153,3	
	Rekstrarhagræðing	1,0	
14	**Umhverfisráðuneyti**		**1.016,5**
	Ráðuneyti	184,3	
	Umhverfisvernd	324,8	
	Skipulagsmál	127,8	
	Rannsóknir	375,6	
	Rekstrarhagræðing	4,0	
	Gjöld samtals		126.099,7
	Tekjur umfram gjöld		124,3
	Samtals		126.224

reikningur

Tekjur:

		M.kr.	M.kr.
	Flutt		118.249,0
48	**Fjármunatekjur**		
480-1	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**5.175,0**
48010	Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	1.375,0	
4812	Vaxtatekjur af langtímalánum	3.800,0	
482	**Arðgreiðslur**		**2.425,0**
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	640,0	
48204	Póstur og sími	860,0	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	500,0	
4829	Aðrar arðgreiðslur	425,0	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**375,0**
49901	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	250,0	
49999	Óvissar tekjur	125,0	
	Tekjur samtals		126.224,0

4. gr.

Samhljóða þskj. 364 (sbr. 1) með þeim breytingum sem samþykktar voru á þskj. 426, 452 (1.–14. tölul., b-liður 15. tölul. og 16.–66. tölul.), þskj. 448 (b-liður) og þskj. 476. Einnig breyttust heiti einstakra fjárlagaliða og viðfangsefna, sbr. framhaldsnefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar, þskj. 453.

5. gr.

Samhljóða þskj. 419.

6. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldahliðar ef lög verða staðfest frá Alþingi 1997 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnaðarráðuneytis á móti eignarhlut þriðja aðila með það að markmiði að öflugri eignarhaldsfélög geti átt frumkvæði að stofnun nýrra iðnfyrirtækja m.a. með hlutafjárútboði. Meðferð eignarhluta ríkissjóðs í slíkum eignarhaldsfélögum skal háð sömu takmörkunum og gilda um eignarhlutinn nú.

Fjármálaráðherra er heimilt:

Eftirgjöf gjalda

2.1 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, gjöfum til mannúðar- og líknarstarfsemi og af rannsóknartækjum sem vísindastofnunum eru gefin eða keypt fyrir styrki.

2.2 Að fella niður eða endurgreiða toll og vörugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, radíótækjum, jarðsímum og sæstreng og búnaði vegna Cantat 3 sem flutt eru til landsins á vegum Pósts og síma hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2.3 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðir gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti, enda hafi Fiskveiðasjóður gefið út formlegt lánsloforð fyrir gildistöku laga nr. 48/1992, um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

2.4 Að endurgreiða Listahátíð í Reykjavík skatta og önnur opinber gjöld, sem lögð eru á Listahátíð og renna í ríkissjóð eða til stofnana á vegum ríkisins, í samræmi við ákvæði yfirlýsingar fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík, dagsettrar 7. júní 1996, um Listahátíð í Reykjavík 1996.

2.5 Að fella niður stimpilgjöld af skuldaskjölum Spalar hf. vegna fjármögnunar jarðganga.

2.6 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu Íslandsflugs hf. á flugvél sem ber einkennisstafina TF-ELJ.
2.7 Að fella niður stimpilgjöld vegna leigu flugfélagsins Atlanta hf. á Boeing 747-246 flugvél sem ber einkennisstafina TF-ABI.
2.8 Að fella niður eða endurgreiða tolla, vörugjald og virðisaukaskatt af byggingarefni, vélum, tækjum og búnaði sem keypt er í tengslum við stækkun og breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo og að endurgreiða virðisaukaskatt af vinnu manna í tengslum við framkvæmdirnar. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og virðisaukaskatt af vinnuvélum sem notaðar verða við framkvæmdirnar og skal við ákvörðun um endurgreiðslu gjalda af vinnuvélunum höfð hliðsjón af fyrningu vélanna vegna notkunar þeirra við framkvæmdirnar.
2.9 Að endurgreiða sveitarfélögum allt að 20 m.kr. vegna kaupa þeirra á slökkvibifreiðum og tækjabúnaði slökkviliða, í samræmi við yfirlýsingu fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. desember 1996.

Ráðstöfun eigna

3.1 Að selja húsnæði Sölu varnarliðseigna að Grensásvegi 9, Reykjavík.
3.2 Að selja fasteignina Svarfaðarbraut 20, Dalvík.
3.3 Að selja fasteignina Lambeyrarbraut 4, Eskifirði.
3.4 Að selja fasteignina Árholt 11, Ísafirði, og ráðstafa andvirði hennar til Vestfjarðaganga.
3.5 Að selja fasteignina Greniteig 6, Keflavík.
3.6 Að selja fasteignina Stekkjarhvamm 19, Hafnarfirði.
3.7 Að selja fasteignina Hjalla 4, Patreksfirði.
3.8 Að selja fasteignina Aðalbraut 32, Drangsnesi.
3.9 Að selja fasteignina Fjarðargötu 42, Þingeyri.
3.10 Að selja fasteignina Aðalgötu 7, Stykkishólmi.
3.11 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins að Úthaga 6, Selfossi.
3.12 Að selja húseign Rafmagnsveitna ríkisins, Dverghamra, við Suðurlandsveg á Kirkjubæjarklaustri.
3.13 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins að Kúludalsá, Innri-Akraneshreppi.
3.14 Að selja aðveitustöðvarhús Rafmagnsveitna ríkisins við Hjalteyri, Arnarneshreppi.
3.15 Að selja farþegaskýli á Suðureyrarflugvelli.
3.16 Að selja farþegaskýli á flugvellinum á Breiðdalsvík.
3.17 Að selja farþegaskýli á flugvellinum á Bakkafirði.
3.18 Að selja fasteignir í eigu Skógræktar ríkisins og kaupa aðrar vegna flutnings aðalstöðva Skógræktarinnar á Fljótsdalshérað og endurskipulagningar á starfsemi stofnunarinnar.
3.19 Að selja fasteign Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti og verja hluta af andvirðinu í þágu Landgræðslu ríkisins.
3.20 Að selja fasteignina Laugaveg 114, Reykjavík, og kaupa eða leigja húsnæði fyrir starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.
3.21 Að selja húseignina Lyngás 11, Garðabæ, og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.

3.22 Að selja fasteignina Víðigrund 5, Sauðárkróki, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.23 Að selja fasteignina Silfurbraut 5, Höfn, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.24 Að selja fasteignina Síðumúla 28, Reykjavík, og ráðstafa andvirði hennar til uppbyggingar á nýju gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi að Tunguhálsi 6, Reykjavík.
3.25 Að selja dýralæknisbústaði og verja hluta af andvirði þeirra til kaupa á húsnæði fyrir dýralæknamiðstöðvar í héruðum þar sem það er talið hagkvæmt.
3.26 Að selja fasteignina Þrúðvang 22, Hellu, og verja andvirði hennar til kaupa á hentugra húsnæði.
3.27 Að selja fasteignina Engihlíð 9, Reykjavík, og verja andvirði hennar til húsnæðiskaupa fyrir Ríkisspítala.
3.28 Að selja fasteignina Tryggvagötu 1 (Hafnarbúðir), Reykjavík, og verja hluta af andvirði hennar til uppbyggingar sjúkrahúsanna í Reykjavík samkvæmt samkomulagi þar um.
3.29 Að selja læknisbústað og heilsugæslustöð að Kleppjárnsreykjum í Reykholtsdal, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja húsnæði fyrir læknamóttöku.
3.30 Að selja starfsmannaíbúð að Þverbraut 1, Blönduósi.
3.31 Að selja fasteignina Blesugróf 27, Reykjavík, og nota andvirði hennar til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra.
3.32 Að selja fasteignir Héraðsskólans að Núpi, Dýrafirði, Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Héraðsskólans á Reykjum, Hrútafirði, og Héraðsskólans að Reykholti, Borgarfirði, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.33 Að selja húseignirnar Sundstræti 28 og Árholt 5, Ísafirði, og eignarhluta ríkissjóðs í fjölbýlishúsinu Miðgarði 4, Egilsstöðum, og verja andvirði þeirra til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.34 Að selja fasteignina Tjarnargötu 11, Sandgerði, og verja andvirði hennar til endurbóta á húsnæði heilsugæslunnar í Keflavík.
3.35 Að selja fasteignirnar Hlíðarbraut 10 og 12, Hafnarfirði, og verja andvirði þeirra til að greiða niður uppsafnaðan rekstrarhalla St. Jósefsspítala, Hafnarfirði.
3.36 Að selja prestssetrið Bólstað í Bólstaðarhlíðarprestakalli, Húnavatnssýslu.
3.37 Að selja prestssetrið Túngötu 6, Suðureyri, í Staðarprestakalli, Ísafjarðarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.38 Að selja prestssetrið Bakkatún, Bíldudal, í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.39 Að selja prestssetrið Túngötu 28, Tálknafirði, Tálknafjarðarprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi, og kaupa annað í staðinn.
3.40 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í skólabyggingum að Laugalandi, Eyjafirði.
3.41 Að selja sendiherrabústað og skrifstofuhúsnæði sendiráðsins í Bonn og kaupa sendiherrabústað í Berlín.
3.42 Að selja sendiherrabústað í París og kaupa eða leigja annan í staðinn.
3.43 Að selja sendiherrabústað í Washington og kaupa annan í staðinn.
3.44 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í véla- og verkfærageymslu á jörðinni Grímstungu í Öxarfjarðarhreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
3.45 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík.
3.46 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Tryggvagötu 28, Reykjavík.

3.47 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gamla sjúkrahúsinu á Seyðisfirði eða semja um hugsanlega yfirtöku eignarinnar.
3.48 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Garðabraut 26, Akranesi, og verja andvirðinu til kaupa á tækjum eða búnaði fyrir Sjúkrahús Akraness.
3.49 Að selja húsnæði sjúkrahúsa sem nú er nýtt fyrir barnaheimili.
3.50 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Fossheiði 54, Selfossi.
3.51 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Hvammstangabraut 31, Hvammstanga.
3.52 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gömlu skólahúsi á Grenjaðarstað, Aðaldælahreppi.
3.53 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í gömlu skólahúsi að Staðarborg, Breiðdalshreppi.
3.54 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laufási 4, Egilsstöðum.
3.55 Að selja eignarhluta Rafmagnsveitna ríkisins í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.56 Að selja eignarhluta Siglingastofnunar Íslands í sprengiefnageymslu við Suðurlandsveg, Reykjavík.
3.57 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húsi Hússtjórnarskólans á Blönduósi og verja andvirðinu til viðhalds og stofnkostnaðar.
3.58 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteignum grunnskóla sem ekki eru lengur nýttar til skólahalds.
3.59 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í félagsheimilum sem ekki eru lengur nýtt sem slík.
3.60 Að selja húsnæði lögreglunnar á Þórshöfn og kaupa annað hentugra.
3.61 Að selja íbúðar- og útihús á jörðinni Gufudal í Ölfushreppi, Árnessýslu.
3.62 Að selja hesthús ásamt um 700 fermetra lóð við Mosfell, Mosfellsbæ.
3.63 Að selja jörðina Tjaldanes í Þingeyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
3.64 Að selja jörðina Smiðjuhólsveggi í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
3.65 Að selja jörðina Kvígsstaði í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.66 Að selja jörðina Austmannsdal, Vesturbyggð.
3.67 Að selja jörðina Brekkugerði í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.68 Að selja jörðina Hól í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
3.69 Að selja jörðina Fögruhlíð í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
3.70 Að selja jörðina Gvendarnes (Hafnarnes) í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
3.71 Að selja jörðina Hól í Tjörneshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.72 Að selja allt að 13,8 ha landspildu austan þjóðvegar og að Suðurá úr prestssetursjörðinni Mosfelli, Mosfellsbæ.
3.73 Að selja allt að 36 ha landspildu úr jörðinni Geitafelli í Aðaldælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
3.74 Að selja spildu úr lóð ríkissjóðs á Grundartanga, Skilmannahreppi.
3.75 Að semja við eigendur Reykjavalla í Biskupstungnahreppi um makaskipti á allt að 0,03 ha landspildu úr landi Reykjavalla norðan Biskupstungnabrautar og allt að 0,03 ha landspildu úr jörðinni Vegatungu sunnan Biskupstungnabrautar.
3.76 Að afhenda Sambandi austur-húnvetnskra kvenna eignarhluta ríkissjóðs í húsum þeim sem Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur haft til afnota undir starfsemi sína.
3.77 Að afhenda Ísafjarðarbæ skrúðgarðinn Skrúð á Núpi, Dýrafirði.
3.78 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Barra hf. og verja hluta af andvirðinu í þágu Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.
3.79 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og verja allt að 50 m.kr. af andvirði þeirra til stofnframkvæmda og fasteignakaupa.

3.80 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf.
3.81 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Endurvinnslunni hf.
3.82 Að selja hlutabréf ríkissjóðs í Stofnfiski hf.
3.83 Að selja fasteignina Vesturgötu 17, Ólafsfirði, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.84 Að selja fasteignina Þrúðvang 20, Hellu, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.85 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í fasteigninni Laugavegi 24, Reykjavík.
3.86 Að selja fasteignina Spítalaveg 11 (Brekkudeild), Akureyri, og verja andvirði sölunnar til nauðsynlegra breytinga á húsnæði og aðstöðu fyrir dagdeild geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins.
3.87 Að selja jörðina Bakkageröi í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.
3.88 Að selja hluta af jörðunum Löngumýri, Lauftúni og Krossanesi í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
3.89 Að selja jörðina Svínhól í Dalabyggð, Dalasýslu.
3.90 Að selja eða afhenda eignir ríkissjóðs að Gufuskálum á Snæfellsnesi og semja um nýtingu mannvirkja og rekstur staðarins.
3.91 Að selja íbúðarhús sem tilheyra Bændaskólanum á Hvanneyri.
3.92 Að selja jörðina Ausu í Andakílshreppi og verja andvirðinu til endurbóta á skólahúsnæði á Hvanneyri.
3.93 Að selja jörðina Gauksmýri í Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.
3.94 Að selja íbúðarhúsið Kollafjörð sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til viðhalds á eignum stöðvarinnar.
3.95 Að selja íbúðarhúsið Arnarhól I, sem tilheyrir Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði, og verja söluandvirði þess til greiðslu á skuldum stöðvarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands.
3.96 Að selja fasteignina Sævang 22, Hafnarfirði.
3.97 Að selja íbúðarhús á jörðinni Felli, Breiðavíkurhreppi.
3.98 Að selja fasteignir tilraunastöðva Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna breytinga á rekstri stofnunarinnar og verja andvirði þeirra til uppbyggingar á starfseminni annars staðar.
3.99 Að selja fasteignina Auðbrekku 6, Kópavogi, og kaupa hentugra húsnæði fyrir embætti ríkislögreglustjóra.
3.100 Að afhenda safnaðarstjórn Eiðasóknar Eiðakirkju.
3.101 Að selja eignarhlut ríkisins í fasteigninni Hafnarbraut 27, Höfn, og kaupa annað hentugra húsnæði í staðinn.
3.102 Að selja jörðina Giljur í Hvolhreppi, Rangárvallasýslu.
3.103 Að selja jörðina Torfastaði í Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.
3.104 Að selja hluta úr landi Vífilsstaðaspítala og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar barnaspítala á Landspítalalóð.
3.105 Að selja hluta úr lóð Kópavogshælis.
3.106 Að selja allt að 25% af hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

4.1 Að kaupa hverasvæði Geysis í Haukadal og taka til þess nauðsynleg lán.
4.2 Að kaupa húsnæði fyrir varamann sendiherra í Washington og taka til þess nauðsynleg lán.

4.3 Að endurnýja lóðarleigusamning um sendiherrabústað í London eða festa kaup á nýju húsnæði og taka til þess nauðsynleg lán.
4.4 Að kaupa fasteignir í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.5 Að kaupa Hótel Valhöll á Þingvöllum og taka til þess nauðsynleg lán.
4.6 Að kaupa fasteignir í nágrenni Arnarhvols í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán.
4.7 Að kaupa eða leigja húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og taka til þess nauðsynleg lán.
4.8 Að kaupa húsnæði vegna uppbyggingar heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og taka til þess nauðsynleg lán.
4.9 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir Heilsugæslustöðina Sólvang, Hafnarfirði, og taka til þess nauðsynleg lán.
4.10 Að kaupa íbúðarhúsnæði við Eiríksgötu, Reykjavík, til nota fyrir Ríkisspítala og taka til þess nauðsynleg lán.
4.11 Að kaupa húseignir og byggingarreit á háskólalóðinni við Hringbraut í þágu Þjóðminjasafns Íslands og taka til þess nauðsynleg lán.
4.12 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir héraðsdóm Vestfjarða og taka til þess nauðsynleg lán.
4.13 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Blönduósi og taka til þess nauðsynleg lán.
4.14 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir lögregluna á Höfn og taka til þess nauðsynleg lán.
4.15 Að kaupa húsnæði í Ólafsvík fyrir embætti sýslumannsins í Stykkishólmi og taka til þess nauðsynleg lán.
4.16 Að kaupa húsnæði fyrir lögregluna á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
4.17 Að kaupa húsnæði fyrir Lyfjanefnd ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
4.18 Að kaupa Fæðingarheimili Reykjavíkur og taka til þess nauðsynleg lán.
4.19 Að kaupa eignarhlut Íþróttasambands Íslands í húseign Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni og taka til þess nauðsynleg lán.
4.20 Að kaupa viðbótarhúsnæði fyrir starfsemi ríkisskattstjóra.
4.21 Að kaupa húsnæði fyrir útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Náttúrustofu á Neskaupsstað.

Ýmsar heimildir

5.1 Að kaupa dagblöð eða aðalmálgagn þingflokks fyrir stofnanir ríkisins, allt að 100 eintökum af hverju blaði.
5.2 Að semja við einstaklinga um bætur, í samræmi við tillögur nefndar um ágreiningsmál skv. 3. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og að höfðu samráði við ríkislögmann, vegna tjóns sem þeir hafa orðið fyrir við læknismeðferð.
5.3 Að greiða bætur þeim sem sýkst hafa af alnæmi við blóðgjafir hér á landi fyrir 1986. Bætur séu ákveðnar af fjármálaráðherra í samráði við heilbrigðisráðherra.
5.4 Að ábyrgjast mögulegar skaðabótaskyldar afleiðingar af töku lyfsins Thalidomide.
5.5 Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1997, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis.

5.6 Að ráðstafa, í samráði við einstaka ráðherra og fjárlaganefnd Alþingis, fjárlagalið *950 Rekstrarhagræðing* til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna á árinu 1997, enda lækki fjárheimildin um a.m.k. helming þeirrar fjárhæðar árið 1998.

5.7 Að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1997 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 15 m.kr. samtals, að fengnum tillögum samgönguráðherra. Upphæðinni er varið til markaðsátaks erlendis o.fl. til þess að lengja ferðamannatímabilið á Íslandi.

5.8 Að ráðstafa allt að 20% arðs af tekjum ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf. til sjóðs sem ætlað er að kosta eflingu atvinnulífs í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

5.9 Að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á unnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni, í samráði við landbúnaðarráðherra.

5.10 Að lána til fiskeldisfyrirtækja, að fenginni tillögu landbúnaðarráðherra, greiddar afborganir, vexti og verðbætur af sérstökum rekstrarlánum sem veitt voru til fiskeldisfyrirtækja á árunum 1991 og 1992.

5.11 Að ábyrgjast lán sem Súðavíkurhreppur tók til að fjármagna kaup á bráðabirgðahúsnæði á árinu 1995.

5.12 Að heimila, með samþykki samgönguráðherra, þátttöku ríkissjóðs í hlutafélagi sem verið er að stofna ásamt Háskóla Íslands og fleirum, til að efla þróunarstarf og stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á sviði flugleiðsögu- og flugstjórnartækni.

5.13 Að taka þátt í stofnun hlutafélags um rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi.

5.14 Að breyta eignarhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum sf. að fullu eða hluta í hlutafé í nýju félagi.

5.15 Að semja við Íþróttasamband Íslands um að ríkissjóður leysi til sín eignarhluta sambandsins í Laugardalshöll, Laugardal, gegn niðurfellingu skuldar sambandsins að fjárhæð um 40 m.kr. við Endurlán ríkissjóðs vegna láns sem veitt var 20. febrúar 1995.

5.16 Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

5.17 Að taka þátt, í samráði við samgönguráðherra og utanríkisráðherra, í greiðslu kostnaðar allt að 10 m.kr. vegna útsendingar frá Íslandi í sjónvarpsþættinum „Good morning – America", sem áformað er að gera og sendur verður út frá hverju norrænu landanna.

SÉRSTÖK YFIRLIT

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður (02-269 521 og 621).		
1. Háskólinn á Akureyri,		
tæki og búnaður	10.000	
endurbætur	20.000	
2. Tilraunastöðin Keldum,		
endurbætur	8.000	
fisksjúkdómahús	7.000	
3. Kennaraháskóli Íslands,		
viðhald	12.000	
Varmaland	8.000	
kaup á tækjum	10.000	
4. Stofnun Árna Magnússonar	1.000	
5. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	2.000	
6. Tækniskóli Íslands	2.000	
7. Norræna eldfjallastöðin	43.000	
		123.000
2. Almennir framhaldsskólar, viðhald (02-318 590).		
Reykjavík:		
1. Menntaskólinn í Reykjavík	5.000	
2. Menntaskólinn við Hamrahlíð	3.000	
3. Menntaskólinn við Sund	3.000	
4. Kvennaskólinn í Reykjavík	2.000	
5. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	15.000	
6. Fjölbrautaskólinn Ármúla	1.000	
7. Iðnskólinn í Reykjavík	18.000	
8. Fósturskóli Íslands	1.000	
9. Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1.000	
10. Myndlista- og handíðaskóli Íslands	2.000	
11. Sjómannaskólahúsið	13.000	
		64.000
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi	15.000	
2. Flensborg, Hafnarfirði	2.000	
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.000	
4. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1.000	
5. Iðnskólinn í Hafnarfirði	1.000	
		20.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
Vesturland:		
1. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi	2.000	
2. Fjölbrautaskóli Vesturlands, Reykholti	2.000	
		4.000
Vestfirðir:		
Framhaldsskóli Vestfjarða	2.000	
		2.000
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.000	
		1.000
Norðurland eystra:		
1. Menntaskólinn á Akureyri	2.000	
2. Verkmenntaskólinn á Akureyri	2.000	
3. Sjávarútvegsbraut, Dalvík	1.000	
4. Framhaldsskólinn á Laugum	10.000	
5. Framhaldsskólinn á Húsavík	1.000	
		16.000
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, Eiðar	15.000	
2. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	1.000	
		16.000
Suðurland:		
1. Fjölbrautaskóli Suðurlands	10.000	
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1.000	
		11.000
Héraðsskólar og framhaldsskólar, óskipt		10.000
Viðhaldskostnaður af leigutekjum, óskipt		30.000
		174.000

3. Almennir framhaldsskólar, stofnkostnaður (02-318 690).

Reykjavík:		
1. Skóli í Borgarholti	119.600	
2. Fjölbrautaskólinn Ármúla	10.000	
		129.600

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Menntaskólinn í Kópavogi,		
nýbygging	55.700	
búnaður	31.800	
2. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.100	
3. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	60.400	
		149.000
Vesturland:		
Fjölbrautaskóli Vesturlands	800	
hönnun viðbyggingar	1.000	
		1.800
Norðurland vestra:		
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra,		
bóknámshús	2.200	
heimavist og verknámshús	22.800	
		25.000
Norðurland eystra:		
1. Framhaldsskólar Akureyri	50.000	
2. Framhaldsskólinn á Húsavík	2.500	
		52.500
Austurland:		
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum, íþróttahús	11.000	
2. Verkmenntaskóli Austurlands,		
verknámshús	25.600	
		36.600
Suðurland:		
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum,		
viðbygging	7.800	
2. Fjölbrautaskóli Suðurlands, nýbygging	55.700	
3. Skólar á Laugarvatni	50.000	
		113.500
		508.000
4. Söfn, ýmis framlög (02-919 190).		
1. Vesturfarasetrið Hofsósi	1.200	
2. Botndýrasafn í Sandgerði	500	
3. Safnið „Líf í fersku vatni“ á Hólum	500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
4. Áhugamannahópur um varðveislu		
Tryggvaskála	500	
Óskipt	3.600	
		6.300

5. Menningarstofnanir (02-969 621).

1. Þjóðarbókhlaða	5.000	
2. Þjóðminjasafn Íslands	100.000	
3. Þjóðskjalasafn Íslands	35.000	
4. Þjóðleikhús	25.000	
5. Listasafn Íslands	15.000	
6. Verndun gamalla húsa	35.000	
7. Byggðasöfn	15.000	
8. Stýrimannaskólinn við Öldugötu	8.500	
9. Langabúð	3.500	
10. Listasafn Einars Jónssonar	21.000	
11. Safnahúsið við Hverfisgötu	22.000	
12. Ríkisútvarpið	50.000	
		335.000

6. Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis (02-982 170).

1. Atli Heimir Sveinsson	1.000	
2. Árni Kristjánsson	1.000	
3. Ásgerður Búadóttir	1.000	
4. Guðbjörg Þorbjarnardóttir	1.000	
5. Halldór Laxness	1.000	
6. Hannes Pétursson	1.000	
7. Indriði G. Þorsteinsson	1.000	
8. Jón Nordal	1.000	
9. Jón úr Vör	1.000	
10. Jórunn Viðar	1.000	
11. Kristján Davíðsson	1.000	
12. Matthías Johannessen	1.000	
13. Sigfús Halldórsson	1.000	
14. Stefán Hörður Grímsson	1.000	
15. Thor Vilhjálmsson	1.000	
		15.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. Listir (02-982 190).		
1. Samband íslenskra myndlistarmanna	1.000	
2. Íslenska brúðuleikhúsið	400	
3. Flugfélagið Loftur	2.000	
4. Samband íslenskra lúðrasveita	400	
5. Félag íslenskra tónlistarmanna	1.000	
6. Möguleikhúsið	1.000	
7. Kaffileikhúsið	500	
8. Íslensk tónverkamiðstöð	5.600	
9. Leikbrúðuland	500	
10. Kammersveit Reykjavíkur	1.300	
11. Sumartónleikar Norðurlandi	500	
12. Útileikhúsið	400	
13. Djassklúbbur Egilsstaða	400	
14. Skaftárhreppur, tónleikahald á Kirkjubæjarklaustri	400	
15. Sumartónleikar Skálholtskirkju	1.300	
16. Efling, tónleikahald	300	
17. Listvinafélag Vestmannaeyja	300	
Óskipt	14.200	
		31.500
8. Æskulýðsmál (02-988 190).		
1. Alþjóðlegar sumarbúðir barna á Íslandi	400	
2. Skátaskólinn að Úlfljótsvatni	1.500	
3. Fræðsluskóli KFUM, Vatnaskógi	1.500	
4. Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkurprófastsdæmum	300	
5. Landssamband hestamannafélaga	700	
Óskipt	1.600	
		6.000
9. Íþróttafélög (02-989 116).		
Reykjavík:		
1. Ungmennafélagið Fjölnir	300	
2. Skíðadeild Víkings	375	
3. Skotfélag Reykjavíkur	375	
4. Knattspyrnufélagið Fram	400	
5. Siglingafélag Reykjavíkur	300	
6. Íþróttafélagið Leiknir	200	
7. KR	400	
8. Skylminganefnd ÍSÍ	200	
		2.550

	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjanes:		
1. Fimleikadeild Keflavíkur	300	
2. Golfklúbbur Suðurnesja	375	
3. Frjálsíþróttadeild FH	200	
4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps	300	
5. Lyftinga- og líkamsræktardeild Ungmennafélags Njarðvíkur	150	
6. Skotdeild Keflavíkur	500	
7. Knattspyrnufélagið Víðir	300	
8. Knattspyrnufélagið Haukar	200	
		2.325
Vesturland:		
1. Knattspyrnufélag ÍA	200	
2. Skotfélag Akraness	250	
3. Ungmennafélagið Íslendingur	200	
4. Golfklúbburinn í Búðardal	300	
5. Ungmennafélagið Reynir, Hellissandi	300	
6. Golfklúbburinn Vestarr, Grundarfirði	500	
		1.750
Vestfirðir:		
1. Skotfélag Ísafjarðar	350	
2. Ungmennafélag Barðastrandar	200	
3. Golfklúbbur Bíldudals	200	
4. Golfklúbbur Patreksfjarðar	300	
5. Golfklúbburinn Gláma	200	
		1.250
Norðurland vestra:		
1. Golfklúbbur Hólmavíkur	375	
2. Skíðafélag Fljótamanna	300	
3. Golfklúbbur Sauðárkróks	250	
4. Ungmennafélagið Hvöt, Blönduósi	300	
5. Ungmennafélagið Grettir	300	
		1.525
Norðurland eystra:		
1. Skíðadeild Leifturs	300	
2. Ungmennafélagið Mývetningur	300	
3. Golfklúbbur Akureyrar	500	
4. Ungmennafélagið Æskan	250	
5. Golfklúbbur Húsavíkur	300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
6. Ungmennafélagið Snörtur	100	
7. Skíðafélag Dalvíkur	375	
		2.125
Austurland:		
1. Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu	200	
2. Golfklúbbur Norðfjarðar	375	
3. Ungmennafélagið Súlan	200	
4. Ungmennafélagið Neisti	300	
5. Íþróttafélagið Huginn	200	
		1.275
Suðurland:		
1. Ungmennafélag Hrunamanna	300	
2. Golfklúbburinn Flúðir	300	
3. Golfklúbburinn Dalbúi	200	
4. Golfklúbburinn Selfoss	300	
5. Ungmennafélagið Vaka	200	
6. Ungmennafélagið Drangur	300	
7. Golfklúbburinn Hellu	200	
		1.800
Aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmdir íþróttafélaga		200
		14.800
10. Ýmis framlög (02-999 190).		
1. Landssamband Gídeonfélaga á Íslandi	500	
2. Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir	700	
3. Heimilisiðnaðarskólinn	1.300	
4. Kvenfélagasamband Íslands	1.500	
5. Landssamtökin heimili og skóli	400	
6. ÍSARK	500	
7. Kvenréttindafélag Íslands	500	
8. Surtseyjarfélagið	400	
9. Mannréttindastofnun	300	
10. Saga Film	1.000	
11. Sjómannadagsráð	200	
12. Edinborgarhúsið	500	
13. Skaftfell, listamiðstöð Seyðisfirði	500	
14. Hreppar í Rangárvallasýslu, „Á Njáluslóð“	500	
Óskipt	2.200	
		11.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Ýmis verkefni (04-190 190).		
1. Landvernd	300	
2. Æðarræktarfélag Íslands	200	
3. Flóaáveitufélagið	500	
4. Sérstök verkefni í gróðurvernd og uppgræðslu á Reykjanesi	1.000	
Óskipt	6.400	
		8.400
12. Fyrirhleðslur (04-311 190).		
a. Fyrirhleðslur:		
1. Jökulsá á Dal	2.000	
2. Hoffellsá, Hornafjarðarfljót	500	
3. Jökulsá í Lóni	500	
4. Skaftá	500	
5. Kúðafljót	500	
6. Markarfljót	9.500	
7. Þjórsá	1.000	
		14.500
b. Fyrirhleðslur og viðhald:		
1. Reykjaneskjördæmi	100	
2. Vesturlandskjördæmi	700	
3. Vestfjarðakjördæmi	100	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	500	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1.500	
6. Austurlandskjördæmi	1.000	
7. Suðurlandskjördæmi	1.000	
		4.900
		19.400
13. Félagasamtök, styrkir (07-999 131).		
1. Samtökin 78	500	
2. Barnaheill	300	
3. Landssamtökin Þroskahjálp	3.700	
4. Umsjónarfélag einhverfra	500	
5. Félag einstæðra foreldra	700	
6. Landssamband aldraðra	300	
7. Fræðsla fyrir aðstandendur fatlaðra	500	
8. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra	3.500	
9. Blindrafélagið	5.000	
10. Félagasamtökin Vernd	500	

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Málbjörg	300	
12. Kvennaráðgjöfin	500	
13. Daufblindrafélag Íslands	700	
14. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	
15. Ný dögun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	
16. Geðverndarfélag Akureyrar	400	
17. Félag heyrnarlausra	3.000	
Óskipt	3.900	
		26.300

14. Ýmis framlög (07-999 190).

1. Foreldra- og kennarafélag Öskjuhlíðarskóla	4.000	
2. Íslensk ættleiðing	2.300	
3. Geðhjálp	3.500	
4. Ísafjarðarbær, flóttamenn frá Júgóslavíu	10.000	
Óskipt	2.200	
		22.000

15. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 690).

1. Akranes, sjúkrahús	10.100	
2. Stykkishólmur, St. Fransiskusspítali og heilsugæslustöð	14.000	
3. Þingeyri, heilsugæslustöð og hjúkrunardeild	7.200	
4. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	10.000	
5. Hvammstangi, sjúkrahús	3.500	
6. Blönduós, sjúkrahús og H2	12.000	
7. Eskifjörður, H2	1.100	
8. Eskifjörður, Hulduhlíð	7.000	
9. Fáskrúðsfjörður, hjúkrunarheimili	5.300	
10. Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili	5.000	
11. Laugarás, heilsugæslustöð	15.000	
12. Selfoss, bílageymslur sjúkrabíla	6.000	
13. Reykjanesbær, Sjúkrahús Suðurnesja, D-álma	26.000	
14. Kópavogur, heilsugæslustöð	11.800	
15. Mosfellsbær, heilsugæslustöð	1.500	
16. Heilsugæslustöðvar í Reykjavík	20.500	
		156.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
16. Ýmis framlög (08-399 190).		
1. Félag heilablóðfallsskaðaðra	200	
2. Landssamtök hjartasjúklinga	200	
3. Umhyggja	300	
4. LAUF	500	
5. Styrktarfélag Perthessjúkra	200	
6. Samtök psoriasis- og exemsjúklinga	1.000	
7. Alnæmissamtökin	500	
8. Húsnæðisfélag SEM	1.500	
9. MS-félagið	200	
10. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	300	
Óskipt	3.600	
		8.500
17. Annað (08-621 190).		
1. Áfangaheimilið Dyngjan	1.000	
2. Líknarfélagið Skjöldur	1.000	
3. Íslenskir ungtemplarar	2.000	
4. Fræðslumiðstöð í fíknivörnum	2.000	
5. Krossgötur	4.000	
6. Líknarfélagið Þrepið	1.000	
7. Áfangi, líknarfélag	1.000	
8. Stórstúka Íslands	2.000	
Óskipt	31.900	
		45.900
18. Vetrarsamgöngur og vöruflutningar (10-190 112).		
a. Almennir styrkir:		
1. Knarrarnes, Mýrabátur	100	
2. Snæfellsbær, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur	140	
3. Dalahérað	180	
4. Reykhólahreppur	280	
5. Mjólkurflutningar í Vestur-Barðastrandarsýslu	90	
6. Vesturbyggð, Rauðasandur og Barðaströnd	560	
7. Ísafjarðarbær	640	
8. Súðavíkurhreppur	90	
9. Hólmavík–Nauteyrarhreppur	140	
10. Árneshreppur	1.150	
11. Djúpavík og Gjögur	140	
12. Kaldrananeshreppur	140	
13. Skagahreppur	120	

	Þús. kr.	Þús. kr.
14. Skefilsstaðahreppur	120	
15. Snjóbifreið í Skagafirði	90	
16. Fljótahreppur	180	
17. Björgunarsveitin Strákar	90	
18. Ólafsfjarðarsveit	90	
19. Svarfaðardalur	140	
20. Grýtubakkahreppur	70	
21. Hálshreppur	70	
22. Húsavík–Vopnafjörður	550	
23. Mývatnssveit	90	
24. Mývatn–Húsavíkurflugvöllur	90	
25. Vetrarflutningar á Hólsfjöllum	370	
26. Öxarfjörður–Kópasker	50	
27. Þórshöfn	50	
28. Bakkafjörður	50	
29. Vopnafjörður	50	
30. Borgarfjörður eystri	280	
31. Hjaltastaðarhreppur	70	
32. Jökuldalur, vetrarflutningar	180	
33. Möðrudalur	90	
34. Eiðahreppur	90	
35. Snjóbifreið á Egilsstöðum	90	
36. Fjarðarheiði	640	
37. Oddsskarð	640	
38. Breiðdalsvík	180	
39. Djúpivogur–Hornafjörður	280	
40. Svínafell í Nesjum	90	
41. Mýrdalshreppur	230	
		8.780
b. Stofnstyrkir:		
Snjóbíll í Fljótum		500
c. Styrkir til flugfélaga:		
1. Sjúkraflug á Vestfjörðum	4.500	
2. Flugfélag Norðurlands hf. (sjúkraflug)	1.900	
3. Flugfélag Austurlands hf. (sjúkraflug)	4.200	
4. Flugfélag Vestmannaeyja hf. (sjúkraflug)	4.200	
5. Flugsamgöngur við Gjögur	1.500	
6. Flugsamgöngur við Siglufjörð	500	
7. Flugsamgöngur við Grímsey	1.500	
8. Flugsamgöngur N-Þingeyjarsýslu	700	
		19.000

	Þús. kr.	Þús. kr.
d. Óskipt		1.220
		29.500

19. Hafnamannvirki (10-335 670).

Vesturland:		
1. Akranes	15.000	
2. Snæfellsbær	12.300	
3. Grundarfjörður	4.600	
4. Stykkishólmur	1.500	
		33.400
Vestfirðir:		
1. Vesturbyggð	8.300	
2. Tálknafjörður	1.300	
3. Ísafjarðarbær	33.100	
4. Bolungarvík	1.300	
5. Súðavík	13.400	
6. Drangsnes	3.800	
7. Hólmavík	1.500	
		62.700
Norðurland vestra:		
1. Hvammstangi	10.000	
2. Blönduós	5.000	
3. Skagaströnd	16.300	
4. Sauðárkrókur	14.600	
5. Hofsós	1.600	
6. Siglufjörður	6.800	
		54.300
Norðurland eystra:		
1. Hafnasamlag Eyjafjarðar	15.200	
2. Hrísey	5.000	
3. Hjalteyri	200	
4. Akureyri	32.500	
5. Svalbarðseyri	1.200	
6. Grenivík	6.900	
7. Grímsey	2.400	
8. Húsavík	33.800	
9. Kópasker	1.700	
10. Raufarhöfn	2.500	
11. Þórshöfn	30.700	
		132.100

	Þús. kr.	Þús. kr.
Austurland:		
1. Bakkafjörður	200	
2. Vopnafjörður	16.500	
3. Borgarfjörður eystri	16.700	
4. Seyðisfjörður	21.200	
5. Neskaupstaður	9.300	
6. Eskifjörður	500	
7. Fáskrúðsfjörður	6.300	
8. Stöðvarfjörður	200	
9. Djúpivogur	4.800	
10. Höfn í Hornafirði	13.400	
		89.100
Suðurland:		
1. Vestmannaeyjar	38.900	
2. Þorlákshöfn	41.700	
		80.600
Reykjanes:		
1. Grindavík	26.000	
2. Sandgerði	45.500	
3. Reykjanesbær	26.500	
4. Vogar	14.700	
		112.700
Óskipt	2.100	
		567.000
20. Lendingarbætur (10-335 674).		
1. Hellnar og Búðir, Snæfellsbæ	500	
2. Grunnavík, Ísafjarðarbæ	600	
3. Kjörvogur, Árneshreppi	100	
4. Broddanes, Broddaneshreppi	300	
5. Reykir á Reykjaströnd, Skarðshreppi	500	
		2.000
21. Sjóvarnargarðar (10-335 680).		
1. Akranes	5.900	
2. Snæfellsbær	4.500	
3. Ísafjarðarbær	6.400	
4. Blönduósbær	2.300	

	Þús. kr.	Þús. kr.
5. Höfðahreppur	1.500	
6. Svalbarðsstrandarhreppur	1.000	
7. Húsavík	4.200	
8. Þórshafnarhreppur	3.300	
9. Árskógshreppur	500	
10. Ölfushreppur	2.500	
11. Vestmannaeyjar	3.000	
12. Bessastaðahreppur	6.500	
13. Seltjarnarnes	4.800	
Óskipt	4.600	
		51.000

22. Nýsköpun og markaðsmál (11-299 150).

Landssamband hugvitsmanna	500	
Óskipt	32.000	
		32.500

510. Svar [205. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um fasteignir í eigu banka og sparisjóða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve margar fasteignir eru í eigu banka og sparisjóða sem yfirteknar hafa verið til að tryggja fullnustukröfur og hvert er verðmæti þeirra? Óskað er sundurliðunar á fjölda fasteigna eftir iðnaðar-, verslunar-, skrifstofu- og íbúðarhúsnæði, svo og húsnæði tengdu landbúnaði og sjávarútvegi.

Ráðuneytið aflaði upplýsinga um þau atriði sem fram koma í fyrirspurninni frá viðskiptabönkunum þremur og sex stærstu sparisjóðunum. Til samans eiga þessar lánastofnanir um 95% af eignum bankakerfisins.

Fasteignir í eigu banka og sparisjóða eru 374 og er áætlað verðmæti þeirra 5,2 milljarðar kr. Þær skiptast þannig að um 70% eru íbúðarhúsnæði og 30% atvinnuhúsnæði. Um 70% af verðmæti fasteignanna eru hins vegar fólgin í atvinnuhúsnæði en um 30% í íbúðarhúsnæði.

Landsbankinn og Búnaðarbankinn gáfu upp skiptingu atvinnuhúsnæðis eftir einstökum atvinnugreinum:

	Fjöldi	Verðmæti (m.kr.)
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	25	1.923
Iðnaðarhúsnæði	17	726
Húsnæði tengt sjávarútvegi	8	101
Húsnæði tengt landbúnaði	7	10
Samtals	**57**	**2.760**

511. Svar [206. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um innstæður í ríkisbönkunum.

1. *Hverjar eru innstæður (fjárupphæðir) á gömlum sparisjóðsbókum sem bera vexti undir almennum lægstu vöxtum?*
2. *Á hve mörg nöfn eru þessar innstæður skráðar?*
3. *Hvaða vaxtaprósentur er um að ræða?*

Engar innstæður á gömlum sparisjóðsbókum í Landsbankanum og Búnaðarbankanum bera vexti undir almennum lægstu vöxtum.

4. *Hve margir reikningar hafa ekki verið hreyfðir sl. 15 ár og um hve háa fjárhæð er að ræða?*

Almennar sparisjóðsbækur sem ekki hafa hreyfst sl. 15 ár eru 3.608 og innstæður samtals 30.163.954 kr. Að auki eru sparisjóðsbækur sem ekki hafa verið hreyfðar í 20 ár fluttar á svonefndan biðreikning. Á biðreikning eru einnig fluttar sparisjóðsbækur með

mjög lágar innstæður sem ekki hafa verið hreyfðar um margra ára skeið. Fjöldi bóka á biðreikningi er um 216.000 og heildarupphæð hans nemur 66.035.868 kr.

5. *Hverjar eru reglur bankanna um óhreyfðar innstæður? Hvað verður um þær innstæður?*

Almennt flytjast innstæður á biðreikning ef sparisjóðsbókin hefur ekki hreyfst í 20 ár en gerð er undantekning frá þeirri reglu ef um mjög lágar fjárhæðir er að ræða. Tilgangurinn með því að flytja bækur á biðreikning er að spara í rekstri því kostnaður fylgir hverjum reikningi. Innstæður bíða á biðreikningi þar til þeirra er vitjað og eru reiknaðir vextir með almennum sparisjóðsbókarvöxtum. Haldin er nafnaskrá yfir allar bækur sem fluttar hafa verið á biðreikning og jafnframt er eigendum gert viðvart ef unnt er að ná til þeirra.

512. Svar [236. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um framkvæmd búvörusamnings.

1. *Hve margir bændur höfðu samið um sölu á rétti sínum til beingreiðslna fyrir 15. nóvember 1995 og fyrir hve háa upphæð samtals, sbr. samning um framleiðslu búfjárafurða frá 1. október 1995?*

Lögbýli sem áttu viðskipti með greiðslumark við hið opinbera, samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995, voru 109. Alls námu viðskiptin 7.667,9 ærgildum eða 139.556,1 kg. Þessir aðilar fá bætur sem svara til þriggja ára beingreiðslna, 3.734 kr. á ærgildi miðað við vísitölu neysluverðs 1. október 1995. Alls munu þeir fá greiddar 85.895.816 kr. á þremur árum.

2. *Hve margir bændur höfðu samið um sölu á rétti sínum til beingreiðslna fyrir 1. júlí 1996 og fyrir hve háa upphæð?*

Þrettán lögbýli áttu viðskipti með greiðslumark við hið opinbera fyrir 1. júlí 1996 og námu þau alls um 1.118 ærgildum eða 20.348 kg. Þessir aðilar fá bætur sem svara til tveggja ára beingreiðslna, 3.734 kr. á ærgildi miðað við vísitölu neysluverðs 1. október 1995. Alls munu þeir fá greiddar 8.349.224 kr. á tveimur árum.

3. *Hve miklu af þessum rétti hefur verið endurúthlutað og til hve margra bænda?*

Úthlutað hefur verið alls 141.641 kg eða 7.782,5 ærgildum til 933 lögbýla en úthlutunin er skráð á lögbýli.

4. *Hve margir bændur hafa nýtt sér tilboð Jarðakaupasjóðs um að sjóðurinn kaupi jarðir þeirra ef þær seljast ekki á frjálsum markaði?*

Kaup Jarðasjóðs ríkisins, sem stofnaður var með lögum nr. 34/1992, hafa aukist á síðustu tveimur árum, eða frá því að búvörusamningurinn var gerður:

Ár	Keyptar jarðir
1991	1
1992	0
1993	1
1994	0
1995	4
1996	4

513. Svar [220. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um losun gróðurhúsalofttegunda.

1. *Hver var losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis árið 1990 og hvað er áætlað að hún verði mikil árið 2000, að teknu tilliti til stækkunar álbræðslu Ísals?*

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda árin 1990 og 1995 og áætlað útstreymi árið 2000 er sem hér segir:

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í ígildi koltvíoxíðs	1990 þús. tonn	1995 þús. tonn	2000 þús. tonn
Koltvíoxíð (CO_2)	2.147	2.282	2.457
Metan (CH_4)	254	233	233
Tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O)	148	143	152
Vetnisflúorkolefni (HFC)	–	28	107
Flúorkolefni (CF_4 og C_2F_6)	311	58	88
Sexflúorbrennisteinn (SF_6)			
Samtals	**2.860**	**2.744**	**3.036**

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	1990 þús. tonn	1995 þús. tonn	2000 þús. tonn
Koltvíoxíð (CO_2)	2.147	2.282	2.457
Metan (CH_4)	23,1	21,2	21,2
Tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O)	0,55	0,53	0,56
Vetnisflúorkolefni (HFC-134a)	–	0,0031	0,0120
Vetnisflúorkolefni (HFC-125)	–	0,0039	0,0147
Vetnisflúorkolefni (HFC-152a)	–	0,0009	0,0032
Vetnisflúorkolefni (HFC-143a)	–	0,0026	0,0100
Flúorkolefni (CF_4 og C_2F_6)	0,04	0,008	0,013
Sexflúorbrennisteinn (SF_6)	–	–	–
Nituroxíð (NOx)	20,6	22,8	23,3
Rokgjörn lífræn efni (NMVOC)	6,0	6,3	6,1
Kolmónoxíð (CO)	25,9	23,3	19,3

2. *Hvaða mótvægisaðgerðir eru þegar ákveðnar og fjárhagslega tryggðar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis til ársins 2000, sbr. 1. lið, hver er áætlaður kostnaður við þær og hverju eiga þær að skila í minna heildarmagni gróðurhúsalofttegunda?*

Ríkisstjórnin samþykkti á haustmánuðum 1995 framkvæmdaáætlun vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Með henni var ætlunin að sporna

við auknu útstreymi gróðurhúsalofttegunda þannig að það yrði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990. Í áætluninni er einkum lögð áhersla á fjórar leiðir, hvetjandi aðgerðir, fræðslu, hagstjórnaraðgerðir og þvingunaraðgerðir. Annars vegar er um að ræða almennar og hagrænar aðgerðir og hins vegar sértækar sem eiga við einstakar atvinnugreinar eða þjónustusvið samfélagsins.

Almennar aðgerðir felast einkum í fræðslu og er fyrirhugað að efla hana enn frekar á næstu missirum og auka þekkingu almennings á gróðurhúsaáhrifum. Þá er fyrirhugað að endurskoða skattlagningu eldsneytis og leggja sérstakan CO_2-skatt á þá notkun jarðefnaeldsneytis sem ekki tengist starfsemi í alþjóðlegri samkeppni, svo og gjaldtöku af bifreiðum til að auka hlutfall sparneytinna bifreiða. Stefnt er að því að vörugjöld á mengunarlausa bíla, s.s. rafbíla, verði felld niður. Loks má nefna að umhverfisráðherra mun innan skamms setja reglugerð um ákveðin efni sem valda gróðurhúsaáhrifum og er henni ætlað að takmarka frekari notkun flúorkolefna, vetnisflúorkolefna og sexflúorbrennisteins.

Sértækar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda snúa að fiskveiðum, samgöngum, iðnaði og sorphirðu- og úrgangsmálum.

Sjávarútvegsráðherra skipaði sl. haust starfshóp sem vinnur nú að áætlun um hvernig draga megi úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá fiskiskipaflotanum. Enn fremur hefur ríkisstjórnin falið sjávarútvegsráðuneytinu að beita sér fyrir aðgerðum sem stuðla að orkusparnaði hjá fiskiskipaflotanum og kanna möguleika á að skip geti í öllum höfnum fengið rafmagn úr landi á samkeppnisfæru verði við rafmagn frá ljósavélum.

Þá hefur ríkisstjórnin falið samgönguráðuneytinu að vinna heildstætt skipulag samgangna með tilliti til umhverfis- og orkumála, koma á samstarfi við sveitarfélög um eflda almenningssamgöngur og bætta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þá er enn fremur fyrirhugað að draga úr notkun leysiefna við vegagerð. Einnig er stefnt að því að settar verði reglur sem skylda seljendur nýrra bifreiða til að veita væntanlegum kaupendum með samræmdum hætti upplýsingar um eldsneytisnotkun bifreiðanna.

Á sviði iðnaðar er unnið að eldsneytis- og orkusparnaði og aukinni notkun jarðvarma og raforku úr vatnsafli í stað jarðefnaeldsneytis, m.a. með rafvæðingu katla, t.d. í fiskimjölsverksmiðjum.

Í sorphirðumálum hafa orðið verulegar umbætur á liðnum missirum í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. Förgun úrgangs hefur minnkað mjög með aukinni endurnýtingu og jarðgerð. Þá hefur stórlega dregið úr opinni brennslu úrgangs og er stefnt að því að hætta henni alveg. Loks má geta þess að nokkru fyrir áramót var byrjað að brenna metangas á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. Verið er að kanna leiðir til nýtingar þess.

Kostnaður við aðrar aðgerðir hefur ekki verið reiknaður út enda oft illmögulegt eða ógerlegt. Samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar verður leitast við að halda í lágmarki kostnaði þjóðfélagsins við að ná settu markmiði.

Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir að aðgerðir í samgöngumálum dragi úr árlegu útstreymi koltvíoxíðs um 15 þús. tonn, breytingar á eldsneytisverði leiði til 35 þús. tonna minnkunar, aðgerðir í iðnaði til 50 þús. tonna minnkunar og að loks náist 10 þús. tonna minnkun hjá fiskiskipum. Útstreymi metans frá urðunarstöðum mun að öllum líkindum dragast nokkuð saman til aldamóta en útstreymi tvíköfnunarefnisoxíðs lítið breytast.

3. *Hvaða mótvægisaðgerðir eru fyrirhugaðar fram til ársins 2000 til viðbótar því sem fram kemur í 2. lið, hvað er talið að þær kosti og hverju eiga þær að skila í minna heildarmagni?*

Í lok síðasta árs samþykkti ríkisstjórnin að veita til aldamóta 450 millj. kr. í viðbótarframlag til landgræðslu- og skógræktarverkefna. Er þetta gert til að fylgja eftir því ákvæði framkvæmdaáætlunarinnar að árið 2000 verði binding koltvíoxíðs í gróðri 100.000 tonnum meiri en hún var árið 1990. Munu 260 millj. kr. fara til landgræðslu og 190 millj. kr. til átaks í skógrækt. Gerð hafa verið drög að landgræðsluáætlun með nýrri forgangsröðun verkefna, byggð á nýjum upplýsingum um jarðvegsrof og gróðureyðingu. Landbúnaðarráðherra mun innan skamms leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um Suðurlandsskóga. Í frumvarpinu er m.a. gert ráð fyrir að hafin verði ræktun nytjaskóga á Suðurlandi. Enn fremur verður lögð aukin áhersla á nytjaskógrækt á bújörðum og skjólbeltarækt og á starf einstaklinga og félagasamtaka í landgræðslu og skógrækt.

4. *Hversu mikil losun gróðurhúsalofttegunda má ætla að verði frá orkufrekum iðnaði sem stjórnvöld eða aðrir vinna að og áforma að geti hafist hérlendis í náinni framtíð eða innan tíu ára:*
   a. *álbræðslu á Grundartanga með allt að 180 þús. tonna ársframleiðslu,*
   b. *stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga um allt að 50 þús. tonna ársframleiðslu,*
   c. *álbræðslu á Keilisnesi með allt að 300 þús. tonna ársframleiðslu,*
   d. *magnesíumverksmiðju á Reykjanesi,*
   e. *öðrum orkufrekum iðnaði sem unnið er að á vegum MIL eða annarra?*

Á meðfylgjandi töflu má sjá hversu mikil losun kann að verða frá hugsanlegum orkufrekum iðnaði, sem tilgreindur er í fyrirspurninni, en rétt er að taka fram að ekki liggja fyrir ákvarðanir um frekari stóriðju en stækkun álversins í Straumsvík. Sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir álbræðslu á Grundartanga en það hefur ekki verið gefið út. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um aðrar hugmyndir um stjóriðju hér á landi, hvorki á vegum MIL né annarra.

Orkufrekur iðnaður	Árs-framleiðsla	CO_2 þús. tonn	FC tonn	SF_6 tonn	Samtals þús. tonn CO_2-ígildi
a. Álver á Grundartanga	180.000	270	15		373 [1]
b. Stækkun ÍJ á Grundartanga	50.000	167			167
c. Álver á Keilisnesi	300.000	449	25		622 [1]
d. Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi	50.000	369		91	2.544 [2]
Samtals		**1.255**	**40**	**91**	**3.706**

[1] Flúorkolefni CF_4 hefur ígildisstuðulinn 6300 (CO_2-ígildi) og C_2F_6 12500 (CO_2-ígildi).
[2] Sexflúorbrennisteinn hefur ígildisstuðulinn 23900 (CO_2-ígildi).

5. *Hver gæti orðið heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, að úthafsveiðum meðtöldum, að teknu tilliti til framangreindra áforma samkvæmt 4. lið?*

Sé miðað við áætlaða losun árið 2000 fyrir útstreymi vegna annarrar starfsemi og að hugsanleg aukin stóriðja samkvæmt 4. lið kæmi þar til viðbótar má áætla að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í byrjun næstu aldar yrði eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Rétt er þó að ítreka að ekki liggja fyrir aðrar ákvarðanir um nýjar framkvæmdir en stækk-

un álversins í Straumsvík. Ekki er búist við að fiskiskipaflotinn auki losunina umtalsvert meira en gert er ráð fyrir í spá fyrir árið 2000. Þó gæti orðið mikil aukning á áætlaðri losun vetnisflúorkolefna (HFC) skipti frysti- og kæliskip út kælimiðlum sínum fyrir HFC-efni.

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda í ígildi koltvíoxíðs með aukningu í orkufrekum iðnaði	þús. tonn
Koltvíoxíð (CO_2)	3.712
Metan (CH_4)	233
Tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O)	152
Vetnisflúorkolefni (HFC)	107
Flúorkolefni (CF_4 og C_2F_6)	364
Sexflúorbrennisteinn (SF_6)	2.175
Samtals	**6.743**

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda	þús. tonn
Koltvíoxíð (CO_2)	3.711
Metan (CH_4)	21,2
Tvíköfnunarefnisoxíð (N_2O)	0,56
Vetnisflúorkolefni (HFC-134a)	0,0120
Vetnisflúorkolefni (HFC-125)	0,0147
Vetnisflúorkolefni (HFC-152a)	0,0032
Vetnisflúorkolefni (HFC-143a)	0,0100
Flúorkolefni (CF_4 og C_2F_6)	0,053
Sexflúorbrennisteinn (SF_6)	91
Nituroxíð (NOx)	23,3
Rokgjörn lífræn efni (NMVOC)	6,1
Kolmónoxíð (CO)	19,3

6. *Hvernig samrýmast þessi áform:*
   a. *framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings um loftlagsbreytingar,*
   b. *þjóðréttarlegum skuldbindingum af Íslands hálfu,*
   c. *þeim stefnumiðum sem nú er rætt um á alþjóðavettvangi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?*

Í 4. gr. rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er fjallað um þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld tóku á sig þegar samningurinn var staðfestur. Í grein 4.1 er fjallað um almennar skuldbindingar og í grein 4.2 er fjallað um skuldbindingar sem sérstaklega eiga við vestræn iðnríki, hin svokölluðu Annex I ríki, en Ísland er að sjálfsögðu í þeim hópi. Grein 4.2 (b) fjallar sérstaklega um útstreymi gróðurhúsalofttegunda en þar segir: „Til þess að stuðla að framförum í þessu skyni skal hver aðili senda, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart honum og reglulega eftir það og í samræmi við 12. gr., nákvæmar upplýsingar um stefnumið hans og aðgerðir sem getið er um í staflið (a) hér að framan sem og um áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki er undir eftirliti Montreal-bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, á því tímabili sem getið er um í staflið (a), í þeim tilgangi að hverfa aftur, hver fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990 á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal-bókunarinnar. Þessar upplýsingar mun þing aðila skoða á fyrsta fundi sínum og reglulega eftir það, í samræmi við 7. gr.“

Túlkun íslenskra stjórnvalda á þessari grein var kynnt í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu rammasamningsins sem lögð var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992–93. Þar segir m.a.: „Þess ber þó að geta að ofangreint markmið, sem vísað er til í samningnum, felur ekki í sér lagalega skuldbindingu.“ Þessi túlkun íslenskra stjórnvalda er í samræmi við túlkun flestra annarra Annex I ríkja á þessum ákvæðum samningsins og hefur skrifstofa samningsins ekki gert athugasemdir við hana, en nýlokið er úttekt á framkvæmdaáætlun íslenskra stjórnvalda vegna samningsins á vegum skrifstofunnar. Þannig hafa íslensk stjórnvöld litið svo á að rammasamningurinn sé fyrst og fremst sameiginleg skuldbinding allra Annex I ríkjanna um að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði ekki meiri árið 2000 en hún var frá þessum ríkjum sameiginlega árið 1990 og að ríkin beri sameiginlega ábyrgð á að þessu marki verði náð. Við nánari útfærslu aðgerða að þessu marki, sem samið yrði um sérstaklega milli ríkjanna, þyrfti að taka tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sbr. grein 4.2 (a) í samningnum.

Í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar 4. gr. samþykkti ríkisstjórnin framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, eins og áður hefur komið fram. Í áætluninni segir m.a. að skuldbindingar um takmörkun útstreymis gróðurhúsalofttegunda eigi ekki að koma í veg fyrir að reist verði ný stóriðjufyrirtæki í landinu, sem nýta sér hreinar orkulindir landsins, jafnvel þó að það kunni í einhverjum tilvikum að auka losun gróðurhúsalofttegunda.

Á fyrsta þingi aðildarríkja samningsins árið 1995 var samþykkt að hefja samningaviðræður til að styrkja ákvæði samningsins. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar um þátttöku í samningaviðræðunum segir m.a. að vinna skuli að því „að nýjar skuldbindingar takmarki ekki möguleika aðildarríkjanna til að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa vegna iðnaðarframleiðslu jafnvel þó framleiðsluferlin ykju losun gróðurhúsalofttegunda staðbundið, enda komi hún í stað framleiðslu sem hefði í för með sér meiri losun í alþjóðlegu samhengi. Á sama hátt verði það metið jákvætt ef ríki stuðlar að útflutningi á orku sem framleidd er með hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum.“

Samingaviðræðurnar eru nú komnar á nokkurn rekspöl og er ætlunin að ljúka þeim á þingi aðildarríkjanna sem haldið verður í Kyoto í Japan í desember nk. Verulegur hljómgrunnur virðist vera fyrir því að ganga þannig frá málum að losunarmörkin verði lagalega bindandi. Enn eru skiptar skoðanir um hver losunarmörkin skuli vera og við hvaða tímasetningar eigi að miða. Ýmislegt bendir þó til þess að árið 2010 gæti orðið viðmiðunarár fyrir fyrsta áfanga af mörgum þar sem einstök ríki eða fleiri í sameiningu skuldbinda sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ekki er enn ljóst við hvaða grunn verður miðað, en flest bendir til þess að erfitt verði að ná samkomulagi um annað ár en 1990.

Ekki er ljóst hvort og þá hvaða áhrif þær aðgerðir sem verið er að útfæra í samningaviðræðunum kunna að hafa á framtíðarstefnu íslenskra stjórnvalda varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir til að binda kolefni úr andrúmslofti. Þó er rétt að hafa í huga að talið er að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum um 50% frá því sem nú er til að hægt verði að ná markmiðum samningsins. Það er því ljóst að allar framkvæmdir sem leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda kunna að torvelda að slíku marki verði náð og hugsanlega leiða til þess að draga þurfi úr annarri starfsemi. Þetta á ekki einungis við um Ísland heldur öll önnur ríki því að hér er verið að leita lausna á hnattrænu vandamáli sem því aðeins er hægt að leysa að um það náist mjög víðtæk samstaða. Því er hugsanlegt að þau sjónarmið sem íslensk stjórnvöld hafa haldið fram á grundvelli gildandi samnings verði ekki samþykkt í nýjum eða breyttum samn-

ingi þar sem líklega verða settar lagalega bindandi skuldbindingar fyrir einstök samningsríki.

514. Svar [211. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Gunnlaugs M. Sigmundssonar um íslenska refastofninn.

1. *Hver er áætluð stofnstærð íslenska refastofnsins? Hvaða aðferðum er beitt við mat á henni?*

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða stærð refastofnsins á árunum 1978–1994. Miðað er við fjölda að hausti eftir að veiðum er að mestu lokið.

Ár	Stofn	Óvissumörk (%)
1978	1.292	21,05
1979	1.372	20,14
1980	1.515	21,60
1981	1.599	19,07
1982	1.752	19,06
1983	1.785	17,36
1984	1.897	16,27
1985	1.992	19,17
1986	2.104	20,38
1987	2.341	22,15
1988	2.422	23,95
1989	2.635	25,96
1990	2.695	28,53
1991	2.820	30,40
1992	3.050	32,71
1993	3.299	35,20
1994	3.746	37,42

Við mat á stærð refastofnsins er notuð svokölluð aldursaflaaðferð sem byggist á tölfræðilegri úrvinnslu á aldri dýra í veiði. Stærð hvers árgangs er miðuð við nýliðun að hausti og reiknuð út frá veiðum úr árganginum á næstu árum. Stofnstærð á hverjum tíma er þá nýliðun viðkomandi árs auk þeirra refa úr eldri árgöngum sem enn eru á lífi. Endanlegt mat á stærð refastofnsins árið 1994 fæst ekki fyrr en eftir u.þ.b. tíu ár, þ.e. þegar allur stofninn hefur endurnýjast og fara óvissumörk lækkandi þar til endanleg tala er fengin.

Rannsóknir, sem byggjast á veiðitölum allt frá árinu 1855, benda til að stærð refastofnsins hafi verið sveiflukennd. Samkvæmt rannsóknum var mest um refi á árunum 1865–1875, 1930–1949 og 1950–1960. Minnst var um refi á árunum 1900–1915 og 1970–1980 og fer stofninn nú vaxandi.

2. *Hver er áætluð dreifing refastofnsins á einstök landsvæði/kjördæmi?*

Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á dreifingu stofnsins eftir landsvæðum eða kjördæmum. Eftirfarandi tölur eru unnar út frá veiðiskýrslum sveitarfélaga fyrir árið 1994 og gefa þær vísbendingu um dreifingu stofnsins.

Kjördæmi	Fjöldi unninna grenja	Fjöldi veiddra dýra að yrðlingum meðtöldum
Reykjavík	0	0
Reykjanes	14	112
Vesturland	77	660
Vestfirðir	93	793
Norðurland vestra	81	570
Norðurland eystra	43	255
Austurland	68	416
Suðurland	43	376

3. *Hvað hafa verið felldir margir refir á hverju ári á tímabilinu 1990–95?*
Fjöldi veiddra refa á tímabilinu (að yrðlingum meðtöldum) var eftirfarandi:

Ár	Fjöldi
1990	2.839
1991	2.866
1992	2.969
1993	3.079
1994	3.182
1995	3.005

4. *Hvaða breytingar má ætla að verði á stofnstærð íslenska refastofnsins ef allar veiðar á ref leggjast af?*

Heimildir frá fyrri öldum benda til að yfirleitt hafi verið mikið um ref í landinu. Vitað er um sveiflur í stærð stofnsins en ekki er þekkt hvort þær eru reglubundnar eða tilviljanakenndar. Kostnaður við veiðarnar færðist að hluta yfir á ríkissjóð árið 1949 og að ⅔ hlutum árið 1958 og það ár var embætti veiðistjóra stofnað. Þessum breytingum fylgdi aukið veiðiálag á stofninn og virðist það hafa valdið því að refum fækkaði jafnt og þétt fram til 1970. Síðan hefur refum fjölgað stöðugt og er skýringin einkum talin liggja í tvennu:

a. Náttúrulegum viðbrögðum stofnsins við auknu veiðiálagi en þau komu fram í aukinni frjósemi dýranna þannig að yrðlingar urðu fleiri á hverju greni auk þess að gelddýrum fækkaði.
b. Auknu framboði á fæðu, m.a. vegna mikillar aukningar á útbreiðslu fýls sem hefur orðið æ mikilvægari þáttur í fæðu refsins.

Frjósemi refa er enn há en geldtíðni fer vaxandi. Því er líklegt að refastofninn haldi áfram að vaxa enn um sinn. Ef allar refaveiðar leggjast af má fastlega reikna með að stofninn vaxi hraðar en ella en hámarksfjöldi refa í landinu ræðst af fæðuskilyrðum á hverjum tíma.

515. Svar [246. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um tryggingar fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum.

1. Hvernig er háttað tryggingum banka og sparisjóða fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum?

Það er háð mati viðkomandi banka eða sparisjóðs hvernig tryggingum á yfirdráttarlánum á tékkareikningum er háttað. Í vissum tilvikum er ekki krafist tryggingа. Það getur t.d. átt við ef heimild til yfirdráttar er undir 50–100 þús. kr. eða ef viðskiptavinur er í föstum og traustum viðskiptum. Sé viðskiptasamband viðskiptavinar og banka eða sparisjóðs mjög traust er oft ekki krafist tryggingar þó að heimild til yfirdráttar sé hærri. Í öðrum tilvikum er yfirleitt krafist tryggingа. Þær geta verið ábyrgð þriðja aðila eða veð.

Algengt er að bankar og sparisjóðir óski eftir ábyrgð þriðja aðila ef viðskiptavinir geta ekki veitt fullnægjandi tryggingu að mati bankans. Það er gert með ábyrgðaryfirlýsingu eða tryggingarvíxli, með eða án umboðs. Þegar um er að ræða tryggingarvíxil með umboði er engin fjárhæð tilgreind á víxlinum heldur er í umboðinu tilgreind sú hámarksfjárhæð sem bankinn má setja á víxilinn ef til vanskila kemur. Þegar notaður er tryggingarvíxill án umboðs er tryggingarfjárhæðin rituð á víxilinn strax í upphafi. Svipað gildir þegar notuð er ábyrgðaryfirlýsing, þá er fjárhæðin tilgreind í yfirlýsingunni.

Algengast er að tveir ábyrgðarmenn ábyrgist yfirdráttarlán, sé ábyrgðarmanna á annað borð krafist. Flestir bankar og sparisjóðir gera kröfu til þess að ábyrgðarmaður sé fasteignareigandi. Jafnframt er þess yfirleitt krafist að ábyrgðarmaður sé hvorki á vanskila- og lokanaskrá bankakerfisins né í vanskilum við viðkomandi stofnun.

Í vaxandi mæli eru tryggingar viðskiptamannanna sjálfra að baki yfirdráttarheimildum. Þar kennir ýmissa grasa, svo sem að tekið sé allsherjarveð, oftast í fasteign. Einnig þekkist að slíkt veð sé tekið í öðrum eignum, svo sem verðbréfum og innlánsreikningum.

Yfirdráttarlán til fyrirtækja eru yfirleitt mun hærri en til einstaklinga og tryggingar á þeim með ýmsu móti.

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um hvernig tryggingum á yfirdráttarlánum er háttað.

2. Er ráðuneytinu kunnugt um að krafist sé opinna og ótakmarkaðra tryggingа?

Samkvæmt upplýsingum frá bönkum og sparisjóðum er ekki krafist opinna tryggingа án fjárhæðar á yfirdráttarlánum í dag. Hins vegar var lengi vel venja í bankakerfinu að krefjast opinna tryggingarvíxla á yfirdráttarlánum. Með bréfi, dags. 3. nóvember 1993, beindi bankaeftirlit Seðlabanka Íslands þeim tilmælum til viðskiptabanka og sparisjóða að gengið yrði formlega og endanlega frá tryggingarskjölum jafnhliða því að fyrirgreiðsla væri veitt, en ef slíkt væri ekki unnt væri fengið formlegt umboð til endanlegs frágangs síðar og þess þá gætt að endanlegur frágangur færi fram án ástæðulauss dráttar.

Víða hefur verið farið skipulega yfir eldri tryggingarvíxla og skipt um þá. Ekki er þó loku fyrir það skotið að enn finnist slíkir tryggingarvíxlar í bankakerfinu til tryggingar yfirdráttarlánum.

516. Beiðni um skýrslu [264. mál]

frá forsætisráðherra um þróun og umfang fátæktar á Íslandi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Ágústi Einarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur, Sighvati Björgvinssyni, Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fátækt á Íslandi. Í skýrslunni verði lagt mat á umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar og hvernig hún hefur þróast sl. tíu ár.

Í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver má ætla mánaðarleg útgjöld til brýnustu nauðþurfta hjá fjölskyldugerðum sem miðað er við í neyslukönnun Hagstofunnar? Með nauðþurftum er átt við fæði, klæði, húsnæði, barnagæslu, skólagöngu barna, heilsuvernd og lágmarksferðakostnað.
2. Hve stór hluti þjóðarinnar, skipt eftir þjóðfélagshópum og fjölskyldugerðum, hefur tekjur undir nauðþurftarmörkum, sbr. 1. tölul., annars vegar miðað við atvinnutekjur og hins vegar miðað við ráðstöfunartekjur?
3. Hvernig hefur hlutfall annarra tekna en atvinnutekna, svo sem framfærsluaðstoðar og bótagreiðslna frá hinu opinbera, þróast árlega á þessu tímabili hjá þeim sem skilgreindir eru undir fátæktarmörkum? Miðað verði annars vegar við skilgreind fátæktarmörk, þ.e. tekjur undir helmingi af meðaltekjum, og hins vegar við nauðþurftir skv. 1. tölul.
4. Hver hefur verið árleg þróun skattgreiðslna, þjónustugjalda, eigna- og skuldastöðu hjá þessum hópi sl. tíu ár?
5. Hver hefur almenn þróun tekju- og eignaskiptingar verið sl. tíu ár, sem og þróun tekjumunar milli þjóðfélagshópa?
6. Hvert er hlutfall eftirtalinna þátta í afkomu heimilanna:
   a. atvinnutekna,
   b. bótagreiðslna og framfærsluaðstoðar,
   c. fjármagnstekna?
7. Hverjar eru helstu orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi, félagslegar og fjárhagslegar?
8. Hafa stjórnvöld uppi áform um að bæta stöðu fátækra og jafna tekjuskiptinguna?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið dreift meðal þingmanna.

Greinargerð.

Um langt skeið og ekki síst á umliðnum vikum hefur því verið haldið fram að fátækt og misskipting tekna hafi farið vaxandi á Íslandi. Skiptar skoðanir eru um hvað sé fátækt, hvernig eigi að skilgreina hana og hvort hún hafi farið vaxandi. Einnig eru deildar meiningar um hvaða leiðir eigi að fara til að bæta stöðu þeirra tekjulægstu og jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Þótt ýmislegt liggi fyrir um fátækt á Íslandi og hvernig tekjuskiptingin hefur þróast vantar alla heildaryfirsýn yfir stöðuna og hvernig þróunin hefur orðið á umliðnum árum. Skýrsla um umfang, þróun, orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi ætti að veita nauðsynlega yfirsýn í þessu máli og auðvelda aðgerðir og úrlausnir sem hægt væri að ná sátt um til að sporna við fátækt, draga úr misskiptingu tekna og bæta stöðu tekjulægstu hópanna.

517. Tillaga til þingsályktunar [265. mál]

um háskólaþing.

Flm.: Ágúst Einarsson, Össur Skarphéðinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að kalla saman háskólaþing haustið 1997. Á háskólaþingi verði m.a. rædd málefni kennslu, rannsókna og náms á háskólastigi hérlendis með þátttöku kennara, nemenda og starfsmanna háskólastigsins og annarra sérfróðra aðila. Kostnaður við þingið greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur þeirri hugmynd oft verið varpað fram að skynsamlegt gæti verið að efna til sérstaks þings um málefni háskóla. Fyrirmyndir að slíku þingi eru að hluta sóttar til útlanda en hérlendis hafa verið haldin fiskiþing um málefni sjávarútvegs og búnaðarþing þar sem málefni landbúnaðar eru rædd.

Þing atvinnuveganna hafa verið haldin í áratugi og hafa að ýmsu leyti lögverndaða stöðu innan stjórnkerfisins. Á þessi þing eru kosnir sérfróðir aðilar úr atvinnugreinunum og funda þeir í tvo til fimm daga og afgreiða ályktanir og umsagnir og vinna að stefnumótun. Fiskiþing og búnaðarþing eru haldin árlega.

Mjög brýnt er að skapaður sé vettvangur fyrir umræðu um háskólamálefni. Mál sem ræða þarf á slíkum þingum eru m.a.: samstarf skóla á háskólastigi hérlendis, áhrif alþjóðlegra upplýsinga á háskólastarf, sjálfstæði háskóla, nýjungar í háskólakennslu, samskipti við stjórnvöld, alþjóðleg samvinna, tengsl háskóla og atvinnulífs, löggjöf um háskólastigið, rannsóknar- og þróunarvinna í fyrirtækjum og stofnunum, rannsóknartengt framhaldsnám, málefni bókasafna, skipulag háskólastarfs, fjárhagsleg staða háskóla, áhrif háskólastarfs á menningu, kröfur um undirbúningsnám, gerð kennsluefnis, staða og fyrirkomulag rannsókna innan og utan háskóla, samstarf við erlenda rannsóknaraðila, skipulag námslána, styrkjakerfi til náms og rannsókna, fjárhagsleg staða nemenda, útgáfumál, endurmenntun, atvinnuhorfur háskólafólks og háskólasjónvarp.

Nú eru sex skólar hérlendis sem bjóða upp á nám til háskólagráðu en þeir eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Samvinnuháskólinn, Tækniskóli Íslands og Bændaskólinn á Hvanneyri. Auk þessara skóla eru sjö aðrir skólar sem bjóða upp á mjög sérhæft nám á háskólastigi, þ.e. krefjast stúdentsprófs til inngöngu. Þessir skólar eru Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands, Þroskaþjálfaskóli Íslands, sérdeildir Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóli Íslands, Tölvuháskóli Verslunarskóla Íslands og sérdeildir Tónlistarskólans í Reykjavík. Samkvæmt tölfræðihandbók menntamálaráðuneytis frá árinu 1996 eru nemendur á háskólastigi hérlendis um 7.400 og fastráðnir kennarar um 600. Á 15 ára tímabili frá árinu 1976 hefur

nemendum fjölgað um tæp 70%. Jafnframt stunda yfir 7.000 manns nám við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Að áliti flutningsmanna er háskólaþing ekki ráðstefna um háskólamálefni heldur reglubundinn fundur í nokkra daga einu sinni á ári eða jafnvel á tveggja ára fresti þar sem kjörnir fulltrúar mæta til stefnumótunar í víðum skilningi í málefnum sem tengjast háskólum. Í þingsályktuninni er menntamálaráðherra falið frumkvæði við boðun háskólaþings. Færsælast yrði að hann hefði samráð við skóla á háskólastigi og aðra um hvernig kosið yrði til þingsins. Fulltrúar á háskólaþingi væru m.a. úr hópi kennara, starfsmanna og nemenda skóla á háskólastigi. Hægt er að leita fyrirmynda í fyrirkomulagi háskólaþinga erlendis, t.d. í Bandaríkjunum, en þing þar geta orðið nokkuð fjölmenn.

Mikilvægt er að fulltrúar á háskólaþingi sæki umboð sitt til breiðs hóps og sérhæfðra sjónarmiða. Háskólaþing setur sér sjálft starfsreglur, en eðlilegt er að sérhver þingfulltrúi hafi eitt atkvæði, afl atkvæða ráði niðurstöðum og að kosinn sé forseti þingsins, t.d. til tveggja þinga.

Menntamálaráðherra á vitaskuld að fá tækifæri til að ræða málefni háskólastigsins ítarlega á háskólaþingi ásamt helstu samstarfsmönnum sínum. Til greina kemur að ráðherra tilnefni aðila úr ráðuneytinu á þingið og hafi forgöngu um að samtök úr atvinnulífinu kjósi fulltrúa á þingið.

Gera má ráð fyrir að þingið fjalli um afmörkuð mál og kalli til fyrirlesara, t.d. þingfulltrúa, en ekki síður aðra, til að skerpa áherslur í einstökum málaflokkum. Sérhvert háskólaþing gæti hafist á því að gerð sé grein fyrir þróun frá síðasta þingi og afdrifum ályktana og stefnumörkunar þess. Líklegt er að samþykktir, fyrirlestrar og jafnvel umræður verði gefnar út á vegum háskólaþings. Mikilvægt er að gefa öðrum aðilum möguleika á að sækja þingið, t.d. menntamálanefnd Alþingis og fleiri sérfróðum aðilum um menntamál.

Í tillögunni er lagt til að ríkissjóður beri kostnað við þingið og felst í samþykkt tillögunnar afstaða fjárveitingavaldsins. Kostnaður við þingið er nokkur, þ.e. leiga á fundarsal í u.þ.b. fjóra daga, kostnaður vegna ferðalaga og gistingar þingfulltrúa og ýmis prent- og undirbúningskostnaður. Þar sem hér er um nýlundu að ræða er eðlilegt að ríkisvaldið kosti upphaf málsins, en síðar mundu einstakir skólar bera hluta af kostnaðinum.

Það er von flutningsmanna að um þessa tillögu skapist breið samstaða vegna þess að vettvang vantar fyrir markvissa umræðu um kennslu, nám, rannsóknir og önnur málefni háskóla hérlendis. Háskólaþing getur orðið slíkur vettvangur.

518. Frumvarp til laga [266. mál]

um breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. laganna bætast þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar er jarðeiganda heimilt að stunda veiðar á villtum dýrum samkvæmt lög-

um þessum á eigin jarðnæði án þess að veiðikort þurfi til. Honum ber þó að skila veiðistjóra skýrslu um veiðar hvers árs. Sama gildir um ábúendur jarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að jarðeigendum og ábúendum sé heimilt að stunda veiðar villtra dýra á jörðum sínum án þess að þurfa til þess veiðikort. Með lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, var jarðeigendum gert skylt að greiða gjald í ríkissjóð fyrir leyfi til að stunda veiðar á jörðum sínum. Gjaldtaka þessi er í formi greiðslu fyrir útgáfu veiðikorts en veiðikort eru samkvæmt áður nefndum lögum forsenda þess að veiðimanni sé heimilt að stunda veiðar. Það er mat margra að með slíkri gjaldtöku sé höggvið nálægt friðhelgi eignarréttarins, enda hefð frá því að land byggðist að landeigandi eða ábúandi geti haft þau hlunnindi af jörðum sínum sem þar er að finna án þess að gjald komi fyrir í ríkissjóð. Jarðeiganda sem ekki getur fellt sig við að þurfa að greiða gjald fyrir að stunda veiðar sem hann hefur áður gert óhindrað er nú meinað með lögum að nytja eigið land. Eignarréttur er friðhelgur skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar en með skyldu landeiganda til að greiða ríkissjóði gjald fyrir veiðileyfi er hið opinbera að seilast í eignarréttinn þótt ekki sé unnt að fullyrða að um brot á eignarrétti sé að ræða. Skiptar skoðanir kunna að vera á því hvort sú gjaldtaka sem hér um ræðir gangi í berhögg við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar en afnám gjaldtöku af landeigendum fyrir veiðar á eigin landi hlýtur engu síður að teljast sanngirnismál.

Verði frumvarpið að lögum er þeim aðilum sem undanþegnir verða greiðslu fyrir veiðikort samt sem áður gert að skila veiðistjóra skýrslu um veiðar hvers árs. Samkvæmt gildandi lögum er það forsenda þess að veiðikort séu endurnýjuð að veiðimaður hafi skilað skýrslu til veiðistjóra um veiðar liðins árs. Af samþykkt frumvarpsins leiðir að veiðistjóri missir þann rétt að geta neitað landeiganda eða ábúanda um að stunda veiðar skili viðkomandi ekki veiðiskýrslu. Engu síður er tryggt að sú lagaskylda hvílir áfram á þessum aðilum að skila árlega veiðiskýrslu þótt framkvæmdin verði önnur en verið hefur. Samþykkt frumvarpsins kemur í veg fyrir að höggvið sé nærri hefðbundnum nýtingarrétti landeigenda og rétthafa og að höft séu lögð á eðlileg samskipti bænda og búaliðs við náttúru landsins.

519. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir alþjóðlegri samþykkt um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum og öðrum þeim sprengjum sem framleiddar eru til þess eins að limlesta eða granda fólki.

Greinargerð.

Fyrir frumkvæði alþjóðaráðs Rauða krossins (The International Committee of the Red Cross, ICRC) og fleiri alþjóðlegra samtaka ótengdra ríkisstjórnum hefur athygli heimsins verið vakin á þeim óhugnaði sem felst í framleiðslu og dreifingu á jarðsprengjum sem hafa þann eina tilgang að limlesta eða drepa fólk. Fyrir frumkvæði þessara aðila hefur málið verið tekið upp hjá mörgum fjölþjóðlegum stofnunum, svo sem Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu og Norður-Atlantshafsráðinu. Fjölmörg þjóðþing hafa fjallað um málið og sum hver hvatt til alþjóðlegs banns við útflutningi á slíkum tólum en meðal þeirra eru þjóðþing Svíþjóðar, Írlands, Eistlands, Kambódíu, Kólumbíu og Mexíkó. Þessi lönd hafa hins vegar ekki sett einhliða bann við framleiðslu eða útflutningi á jarðsprengjum. Bretland og Frakkland hafa samþykkt útflutningsbann á slík vopn og Bandaríkjastjórn hefur innan Sameinuðu þjóðanna beitt sér fyrir samþykkt þar sem skorað er á aðildarríkin að samþykkja útflutningsbann á jarðsprengjur. Belgía er eina landið sem flutningsmanni er kunnugt um að hafi lögleitt bann við framleiðslu, notkun og útflutningi á jarðsprengjum.

Það er trú flutningsmanns að einungis algjört alþjóðlegt bann við framleiðslu og sölu á jarðsprengjum geti stemmt stigu við frekari útbreiðslu á notkun þeirra og að þær tillögur sem samþykktar hafa verið á alþjóðavettvangi og studdar af íslenskum stjórnvöldum gangi of skammt til að vænta megi árangurs. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Framleiðsla á jarðsprengjum og notkun á Norðurlöndum.

Jarðsprengjur eru bæði framleiddar og notaðar á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum, sem dreift var á þingi Norður-Atlantshafsráðsins í október 1995 og stuðst er við í þessari greinargerð, eru Svíar meðal þeirra þjóða sem framleiða hvað flestar tegundir af jarðsprengjum (sjá fylgiskjal). Þeir skipa sér hvað þetta varðar í hóp með Ítölum, Bandaríkjamönnum, Rússum og Kínverjum. Samkvæmt sömu heimildum framleiða þrjú fyrirtæki í Svíþjóð slík vopn: Celsius AB, Bofors og Lindesbergs Industrier AB. Sá tvískinnungur sem fram kemur annars vegar í samþykkt þjóðþings Svía og hins vegar því að fyrirtæki í Svíþjóð eru stórvirkir framleiðendur slíkra hernaðartóla vekur furðu. Í sömu heimild kemur einnig fram að fyrirtæki í Noregi og Danmörku hafa framleitt jarðsprengjur en þeirri framleiðslu er nú hætt. Jafnframt kemur fram að jarðsprengjur eru enn framleiddar í Finnlandi og þó að ekki sé vitað til þess að Finnar stundi útflutning á jarðsprengjum er vitað að þeir hafa komið fyrir slíkum sprengjum á landamærum Finnlands og Sovétríkjanna fyrrverandi.

Samþykki Alþingi þingsályktunartillögu þessa gætu Íslendingar byrjað á að beita sér fyrir því hjá Norðurlandaráði að ráðið skori á ríkisstjórnir Norðurlanda að banna framleiðslu og notkun á jarðsprengjum sem hafa þann tilgang einan að limlesta fólk.

Umfang vandans.

Þótt jarðsprengjur séu hugsaðar sem vopn til nota í hernaði er það eigi að síður staðreynd að þær valda tjóni löngu eftir að stríði eða átökum lýkur. Í greinargerð sem utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna flutti þinginu þar í landi árið 1994 segir: „Mikill meiri hluti af þeim jarðsprengjum sem eru í geymslu eða notkun núna eru ekki með aftengibúnaði eða sjálfseyðingu. Þessar sprengjur eru virkar og banvænar löngu eftir að átökum lýkur og drepa og limlesta allt að 26.000 einstaklinga á hverju ári, flest óbreytta borgara.“

Með slíkan vitnisburð er í raun ótrúlegt að nú, þremur árum eftir að Sameinuðu þjóðirnar að frumkvæði Bandaríkjanna beindu því til aðildarþjóða sinna að hver þjóð um sig beitti sér fyrir útflutningsbanni á jarðsprengjur, skuli enn settar í jörðu fleiri jarðsprengjur en teknar eru úr umferð. Áætlað er að 100 milljónir jarðsprengna séu í jörðu í 65 löndum víðs vegar um heiminn. Sameinuðu þjóðirnar hafa upplýst að árið 1993 hafi samtals 80.000–100.000 jarðsprengjur verið hreinsaðar úr jarðvegi í heiminum. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna var hins vegar 2,5 milljónum nýrra jarðsprengna komið fyrir í jörðu vítt og breitt um heiminn á sama tíma. Með sama áframhaldi verður heimsbyggðin því enn að hreinsa upp jarðsprengjur eftir 1.000 ár.

Tækni sú sem notuð er til að finna jarðsprengjur er að uppistöðu sú sama og notuð var í seinni heimsstyrjöldinni. Vinna við að finna og eyðileggja slíkar sprengjur í jörðu er því bæði seinleg, dýr og afar hættuleg. Sé jarðsprengjum ekki eytt er sú mannfórn sem heimsbyggðin færir margföld á við kostnaðinn sem fylgir eyðingu þeirra. Fimm hundruð manns limlestast eða deyja í hverri viku af völdum jarðsprengna, að langstærstum hluta óbreyttir borgarar, einkum konur, börn og bændur. Það kostar um 1.000 dollara að hreinsa úr jörðu jarðsprengju sem hægt er að kaupa fyrir þrjá dollara á alþjóðlegum markaði. Umönnun og læknisaðgerð í fátækustu ríkjunum vegna slysa af völdum jarðsprengna er áætlað að kosti að meðaltali 3.000 dollara, miðað við aðgerð í heimalandi. Þótt það sé ekki há fjárhæð miðað við það sem gerist í þróuðum ríkjum má samt áætla að sá kostnaður sem þróunarríki þurfa að bera vegna þeirra sem þegar hafa limlests sé um 750 millj. dollara eða sem svarar til um 50 milljarða ísl. kr.

Afganistan er landa verst leikið af völdum jarðsprengna en þar er áætlað að um 10 milljónir jarðsprengna séu í jörðu, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þau lönd sem næst koma eru Angóla og Kambódía en samtals eru um 28 milljónir sprengna í jörðu í þessum þremur löndum. Í Afganistan er vandamálið að stærstum hluta frá þeim tíma er herir Sovétríkjanna dreifðu sprengjum úr flugvélum á svæði þar sem óbreyttir borgarar höfðust við. Meðal sprengna sem þannig var dreift eru sprengjur af gerðinni PFM-1, oft nefndar „fiðrildi“ vegna lögunar sinnar og þess að sprengjurnar líkjast meira leikfangi en sprengju. Sameinuðu þjóðirnar telja að „fiðrildi“ þessi hafi orðið þess valdandi að börn eru yfirgnæfandi meiri hluti þeirra 800.000 Afgana sem orðið hafa fórnarlömb jarðsprengna.

Í Angóla hafa um 70.000 manns misst limi eftir að hafa stigið á jarðsprengjur og bætast 25 manns að meðaltali í þann hóp á hverjum degi. Í Kambódíu verða að meðaltali yfir 200 manns á dag fyrir því að stíga á jarðsprengjur, mest af því óbreyttir borgarar að sinna daglegum störfum. Alþjóðaráð Rauða krossins hefur áætlað að af 8 milljónum íbúa Kambódíu séu um 34.000 manns sem misst hafa lim af völdum jarðsprengna eða einn af hverjum 236 íbúum landsins. Til samanburðar má nefna að í Bandaríkjunum eru það færri en 1 á móti 22.000 sem þurfa að sæta aflimun af völdum slysa.

Það landsvæði þar sem flestum jarðsprengjum hefur verið komið fyrir sl. tvö til þrjú ár, er fyrrverandi Júgóslavía, en þar er talið að settar hafi verið niður um 50.000 sprengjur á viku mánuðum saman. Um 3 milljónum jarðsprengna hefur verið komið fyrir í Króatíu og Bosníu án þess að staðsetning þeirra væri færð inn á kort eða getið um staðsetningu í skráðum heimildum. Jarðsprengjur eru næstalgengasta dánarorsök gæsluliða Sameinuðu þjóðanna í Júgóslavíu fyrrverandi.

Jarðsprengjur og herfræði.

Í hernaði eru jarðsprengjur yfirleitt flokkaðar í tvennt, þ.e. sprengjur til að granda skriðdrekum og flutningatækjum (anti-tank/anti-vehicle) og svo sprengjur ætlaðar til að granda fólki eða limlesta (anti-personnel). Þær síðarnefndu eru minni og erfiðara er að finna þær í jörðu og gera óvirkar en stærri sprengjur. Vitað er um 200 tegundir af slíkum jarðsprengjum sem framleiddar eru í 36 löndum. Sprengjunum er ýmist komið fyrir með handafli, dreift úr flugvélum eða þar til gerðum sprengjuvörpum sem dreift geta sprengjum í allt að 36 m fjarlægð. Jarðsprengjur sem ætlaðar eru til að skaða fólk byggjast ýmist á því að valda skaða með höggi, eins og „Claymore"-sprengjan sem er banvæn í 50 m radíus, eða með því að dreifa aðskotahlutum í líkama fórnarlambsins. Sprengja af þeirri gerð er t.d. „Valsella Valmara" sem framleidd er á Ítalíu og dreifir allt að 1.000 smáum málmhlutum yfir svæði með 25 m radíus.

Í skýrslu Norður-Atlantshafsráðsins, NAA, sem vitnað er til hér að framan segir um hernaðarlega þýðingu jarðsprengna: „Herfræðin er tiltölulega einföld: hermaður sem misst hefur fætur er mun meiri byrði sjálfum sér og félögum sínum en lík. Það þarf tvo til að grafa fallinn félaga en fjóra menn til að flytja mann af vígvelli til læknismeðferðar. Því að drepa þegar unnt er að limlesta og gera með því meiri óleik?" Sá óhugnaður sem felst í slíkum orðum hlýtur að vekja viðbjóð meðal siðmenntaðra manna.

Hefðbundin herfræðileg skilgreining á notagildi jarðsprengna er hins vegar að séu þær „notaðar á réttan hátt" komi þær að notum við að verja svæði þar sem herir hafi komið sér upp bækistöðvum og óvinurinn eigi erfitt með að stýra hersveitum sínum inn á svæði sem varin hafa verið með jarðsprengjum. Hvað sem allri herfræði viðkemur er engu síður ljóst að það heyrir til undantekninga að herir hreinsi upp eftir sig jarðsprengjur þegar átökum lýkur og því eru það almennir borgarar sem oftast verða fyrir þeirri ógæfu að stíga á sprengjur sem komið hefur verið fyrir í hernaðarlegum tilgangi.

Að hreinsa upp jarðsprengjur.

Þegar rætt er um að hreinsa svæði þar sem jarðsprengjum hefur verið komið fyrir verður að gera greinarmun á hreinsun í þeim skilningi sem almenningur leggur í orðið og hreinsun í hernaðarlegum tilgangi til þess að opna herjum leið yfir jarðsprengjusvæði. Hreinsun í hernaðarlegri merkingu byggist á því að hreinsa rás eða stíg til yfirferðar og oft er talið nægjanlegt að hreinsa 10% af sprengjum á svæðinu til þess að „reiknanleg" eða áætluð afföll eða óhöpp (casualties) séu ásættanleg.

Eiginlegri hreinsun á tilteknu svæði eftir að átökum lýkur má hins vegar skipta í fjögur stig. Í fyrsta lagi þarf að greina hvar sprengjum hefur verið komið fyrir, í öðru lagi þarf að gera leit að einstökum sprengjum, þriðja stigið byggist á að gera sprengjuna óvirka og í fjórða lagi þarf að eyða henni.

Boutros Boutros Ghali, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, flutti á fertugasta og níunda þingi samtakanna greinargerð um aðstoð við að hreinsa upp jarðsprengjur. Þar kemur fram að lágmarkskostnaður við slíka hreinsun í heiminum öllum sé áætlaður um 33 milljarðar dollara eða um 2.211 milljarðar ísl. kr. Á árinu 1993 var varið 70 millj. dollara í heiminum til að hreinsa upp 100.000 jarðsprengjur sem svarar til þess að meðalkostnaður við að hreinsa upp hverja sprengju sé um 47.000 ísl. kr. Talið er að sá mannafli sem tiltækur er með þekkingu á að hreinsa upp jarðsprengjur réði við að gera helmingi fleiri sprengjur óvirkar árlega en nú er, ef fjármagn væri fyrir hendi.

Engu síður virðist langt í að slíku marki verði náð þar sem mjög takmörkuðum fjármunum er varið til slíkra starfa á vegum alþjóðasamtaka og ríkisstjórna. Taka verður verulega á til að afla fjármuna til slíkra verka ef merkjanlegur árangur á að nást. Emma Bonino sem fer með mannúðarmál (ásamt sjávarútvegsmálum) hjá Evrópusambandinu hefur sett fram þá hugmynd að útflytjendum og framleiðendum jarðsprengna verði gert að greiða skatt til að standa undir hreinsun á svæðum þar sem sprengjum hefur verið dreift.

Þessi hugmynd er allrar athygli verð og yrði án efa til að fækka þeim framleiðendum sem gefa sig að framleiðslu jarðsprengna í ágóðaskyni, hvort heldur er á Norðurlöndum eða annars staðar í hinum vestræna heimi. Hin leiðin og sú sem hér er lagt til að farin verði er einfaldari í framkvæmd því hún byggist á alþjóðlegu banni við notkun og framleiðslu slíks varnings.

Jarðsprengjur og alþjóðalög.

Rétt er að vekja athygli á því að jarðsprengjur eru ekki bannaðar samkvæmt alþjóðalögum þótt slík lög banni notkun á tilteknum ómannúðlegum vopnum og baráttuaðferðum sem talin eru valda ómældum þjáningum. Undir þá skilgreiningu falla efnavopn, eitrun vatns og notkun svonefndra „dum-dum" byssukúlna. Þótt óskiljanlegt sé að jarðsprengjur séu ekki flokkaðar sem ómannúðleg vopn er engu síður rétt að taka fram að þótt jarðsprengjur séu ekki ólöglegar sem slíkar geta þær verið notaðar á ólöglegan hátt í hernaði. Þannig er herjum sem eiga í átökum ætíð skylt að gera skýran greinarmun á aðgerðum sem beint er gegn herliði gagnaðila og aðgerðum sem beinast að almennum borgurum. Ekki má ráðast beint gegn óbreyttum borgurum og óheimilt er að beita vopnum þannig að þeir verði fyrir beinum árásum. Þá er og bannað samkvæmt alþjóðalögum að nota vopn sem valda „óþarfa" þjáningum. Lagagreinar þessa efnis eru nú hluti af alþjóðalögum um hernað og gilda um öll ríki burtséð frá því hvort viðkomandi ríki hefur gerst aðili að samkomulagi þar að lútandi eða ekki.

Annar flokkur alþjóðalöggjafar sem tekur til jarðsprengna byggist á gagnkvæmum samningum margra ríkja og gildir einungis fyrir þau ríki sem aðild eiga að samningunum. Þær greinar sem helst varða notkun jarðsprengna er að finna í samþykktum sem gerðar voru innan Sameinuðu þjóðanna árið 1980, í daglegu tali nefndar „Ráðstefnan um ómannúðleg vopn" (Inhumane Weapons Conventions). Aðalatriði í samþykktum ráðstefnunnar um jarðsprengjur eru eftirfarandi:

„Jarðsprengjum má einungis beina gegn hernaðarlegu marki, almenn dreifing (indiscriminate use) er óheimil og gera verður viðeigandi ráðstafanir til að vernda hinn almenna borgara.

Jarðsprengjur sem dreift er úr fjarlægð má ekki nota nema svæðið sem dreift er yfir sé jafnframt kortlagt og sprengjurnar séu útbúnar þannig að unnt sé að gera þær óvirkar.

Varðveita verður gögn um hvar sprengjum er komið fyrir.

Að afloknum átökum ber stríðandi aðilum að reyna að ná samkomulagi (to try to agree) sín á milli eða fyrir milligöngu annarra ríkja eða stofnana um að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að hreinsa svæði þar sem jarðsprengjur hafa verið lagðar."

Í apríl 1995 höfðu einungis 43 ríki skrifað undir samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 1980 (Inhumane Weapons Conventions) en þar á meðal eru öll 16 aðildarríki Norður-Atlantshafsráðsins. Sá veikleiki er á samþykkt Sameinuðu þjóðanna að hún tekur einungis til þjóðríkja en flest hernaðarátök þar sem jarðsprengjur koma við sögu eru átök

milli stríðandi fylkinga innan sama lands og það eru slík átök sem skapað hafa stærstan hluta vandans sem við er að fást í þessum efnum. Sameinuðu þjóðirnar skortir framkvæmdarvald til að fylgja eftir slíkum samþykktum.

Þótt hér sé um að ræða mál sem ekki snertir Íslendinga með beinum hætti má engu síður væta þess að Alþingi vilji leggja lóð sín á vogarskálarnar til að knýja á um að vandamálið sé tekið fyrir og rætt á sem flestum stöðum alþjóðlegrar samvinnu með því að fela ríkisstjórn Íslands að beita sér í málinu á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal.

Lönd sem framleiða og flytja út jarðsprengjur.
(Úr tímaritinu Jane's Intelligence Review í september 1994.)

Land	Fjöldi tegunda	Land	Fjöldi tegunda
Argentína	3	Kýpur	1
Austurríki	16	Mexíkó	1
Bandaríkin	37	Níkaragva	1
Belgía	8	Norður-Kórea	4
Bosnía-Hersegóvína, Serbía*	16	Noregur	1
Brasilía	2	Pakistan	4
Bretland	9	Perú	1
Burma	1	Portúgal	8
Búlgaría	3	Pólland	1
Chile	5	Rúmenía	3
Danmörk	4	Rússland, Hvíta-Rússland, Úkraína*	31
Egyptaland	5	Simbabve	3
Filippseyjar	1	Singapúr	3
Finnland	1	Spánn	8
Frakkland	14	Suður-Afríka	5
Grikkland	2	Suður-Kórea	3
Holland	3	Sviss	5
Indland	2	Svíþjóð	21
Írak	5	Tékkland	6
Íran	1	Tyrkland	1
Ísrael	3	Tæland	1
Ítalía	36	Tævan	4
Japan	2	Ungverjaland	7
Kanada	1	Venesúela	1
Kína	21	Víetnam	18
Kúba	1	Þýskaland	18
		Alls	**362**

*Langflestar tegundir jarðsprengna sem framleiddar voru í Júgóslavíu og Sovétríkjunum eru nú framleiddar í Bosníu-Hersegóvínu og Rússlandi.

520. Svar [157. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar og Guðna Ágústssonar um olíuleit innan íslenskrar lögsögu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvað hefur verið gert til að kanna hvort olía finnst innan íslenskrar lögsögu?*
2. *Hvað hyggst ráðherra gera til að fá svar við þeirri spurningu?*

Í örstuttu máli má segja að olía og jarðgas myndist á löngu ferli í setlagadældum við samspil margra samverkandi þátta. Í olíuberglagi eru mikil lífræn setlög. Smám saman hlaðast yngri setlög ofan á og vegna aukins þrýstings og hita gefur lagið frá sér kolvatnsefnissambönd („hydrocarbon") í formi olíu eða gass. Kolvatnsefnissamböndin leita upp á við í gegnum gropin jarðlög uns þau mæta þéttum jarðlögum þar sem þau hafna í gildru. Kolvatnsefnisgildra er oftast nær kúpa í setlögunum, botnlagið verður að vera gropið en þakbergið þétt. Mynd 1 sýnir dæmi um olíugildrur frá náttúrunnar hendi. Olía hefur safnast saman í gegndræpum jarðlögum undir loki úr þéttu bergi. Á efri myndinni hefur olía og gas safnast saman í fellingu í jarðlögum, og þar sem efnin eru léttari í eðli sínu en vatn leggjast þau efst. Neðri myndin sýnir gildru myndaða við misgengi jarðlaga.



Mynd 1. Dæmi um olíugildrur.

Eins og þessi lýsing ber með sér eru mikil lífræn setlög frumforsenda þess að olía geti myndast, sem og jarðfræðilegar aðstæður. En það eitt er ekki nægilegt því réttar aðstæður þurfa að hafa verið til staðar á réttum tíma í hinu langa myndunarferli. Ísland situr á Mið-Atlantshafshryggnum miðjum þar sem jarðskorpan er ung og mynduð við eldvirkni.

Á slíkum svæðum eru að jafnaði óveruleg setlög og þar sem stór og djúp setlagatrog eru talin forsenda fyrir olíumyndun eru þessi svæði einatt útilokuð sem olíusvæði. Ísland er aftur á móti óvenjulegur eldhryggur þar sem landið stendur vel úr sjó, roföflin hafa verið mjög virk og því hafa nokkur setlög sest til á hafsbotni við landið. Þannig er ekki útilokað að olía gæti myndast í þessum setlautum ofan á basaltjarðskorpunni, en á heimsvísu eru þessi setlög ekki mjög álitleg. Til samanburðar mætti nefna að olíuáhugi í Færeyjum snýst um það hvort finna megi miklu eldri setlög af meginlandsuppruna undir basalthellunni sem myndar eyjarnar.

Á fjárlögum á undanförnum árum hefur nokkurt fé verið veitt beint til hafbotnsrannsókna. Þannig var veitt til þeirra 4 millj. kr. á hverju ári á árunum 1992–94, 3 millj. kr. árið 1995 og 2 millj. kr. bæði á síðastliðnu og yfirstandandi ári.

Orkustofnun hefur á undanförnum árum unnið að margvíslegum frumkönnunum á hafsbotninum umhverfis Ísland. Kannanirnar hafa meðal annars verið stundaðar í samvinnu við erlenda aðila eins og síðar verður vikið að. Slíkar frumkannanir eru mun umfangsminni en olíuleit og eru til þess ætlaðar að gefa almennt yfirlit um jarðmyndanir. Jafnframt hefur stofnunin safnað saman ýmsum gögnum frá erlendum aðilum sem hafa fengið leyfi stjórnvalda til rannsókna á landgrunninu. Þessar rannsóknir hafa að verulegu leyti beinst að því að kanna hvort nauðsynlegar jarðfræðilegar aðstæður séu til að forsendur séu til að olía eða jarðgas kunni að hafa myndast. Olíuleit í þeim skilningi sem olíuiðnaðurinn leggur í hugtakið hefur hins vegar ekki farið fram. Kostnaður við slíkar rannsóknir er mjög mikill og þess ekki að vænta að olíuiðnaðurinn sé reiðubúinn til að kosta þær nema mjög sterkar ábendingar séu fyrir hendi um að olíu kunni að vera að finna.

Með framangreindum rannsóknum hefur verið aflað þekkingar til að draga fram stóru drættina í jarðfræði landgrunnsins, einkum þykkt setlaga, en eins og þegar er komið fram er tilvist þykkra setlaga ein af fleiri forsendum þess að olía geti myndast. Á þeim forsendum má velja svæði til olíuleitar og stjórna henni.

Orkustofnun hefur einkum kannað þrjú svæði. Í fyrsta lagi landgrunnið, í öðru lagi Jan Mayen svæðið og í þriðja lagi Hatton-Rockall svæðið. Hér verður gerð örstutt grein fyrir þessum rannsóknum.

Landgrunn Íslands. Orkustofnun stóð fyrir endurkastsmælingum til að kanna setlög undan Norðurlandi árið 1985, og minna verkefni var unnið árið 1989 undan Suðausturlandi. Mynd 2 sýnir siglingalínur með endurkastsmælingum Orkustofnunar fyrir Norðurlandi og grófar niðurstöður um setþykkt. Á myndinni er setþykkt gefin sem endurkaststími (setþykkt í kílómetrum fæst með því að margfalda endurkaststímann með u.þ.b. 1,5). Brotakerfi eru einnig gefin til kynna. Síðan hafa ekki farið fram mælingar af þessu tagi, en hins vegar hefur verið safnað saman frumgögnum frá ýmsum erlendum aðilum sem mælt hafa á landgrunninu eða umhverfis það. Þyngdar- og segulmælingum, ásamt dýptarmælingum, hefur einnig verið safnað saman af stóru hafsvæði umhverfis landið og hafa verið gerð ný kort með þessum og eldri mælingum.



Mynd 2. Setlög undan Norðurlandi.

Þó að því fari fjarri að nægjanlegar mælingar séu fyrir hendi til að gera skýra grein fyrir jarðfræði landgrunnsins má þó segja að stóru drættirnir í þykkt setlaga á landgrunni Íslands séu ljósir. Nær hvergi er að finna setlög sem skipt gætu máli í sambandi við olíuleit, nema helst fyrir Norðurlandi á afmörkuðum svæðum.

Könnun á setlögum í Öxarfirði og Tjörnesi, sem Orkustofnun hefur unnið að á undanförnum árum, er að eðli náskyld landgrunnsrannsóknum. Jarðsveiflumælingar, boranir og efnafræðimælingar hafa sýnt að þar eru nokkur setlög til staðar og vottur af olíugasi hefur fundist. Þótt segja megi að enn sé ekki fullreynt, hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að um vinnanlegar auðlindir sé að ræða. Árið 1993 var svæði þetta kynnt fyrir um 27 aðilum, einkum erlendum olíufélögum, með því að senda þeim erindisbréf og skýrsluna „On the origin of organic gas in Öxarfjörður, NE-Iceland". Um 20% viðtakenda svaraði erindi þessu, en fyrir utan það að fjalla um rannsóknirnar á jákvæðan hátt og gefa ráð um aðferðafræði hefur enginn lýst áhuga á að taka að sér frekari rannsóknir á svæðinu eða talið það mjög vænlegt á grundvelli þessara takmörkuðu upplýsinga.

Jan Mayen svæðið. Rannsóknir voru gerðar á Jan Mayen hrygg í samvinnu Íslendinga og Norðmanna eftir samkomulag þjóðanna um skiptingu hafsbotnsins sem gekk í gildi árið 1982. Þær fólust í endurkastsmælingum árin 1985 og 1988, og síðan úrvinnslu þeirra og túlkun (sjá mynd 3).



Mynd 3. Mælilínur á Jan Mayen svæðinu.

Á mynd 4 er sýnt jarðlagasnið fyrir Jan Mayen hrygg með hugsanlegum olíugildrum. Hraunlögin eru um 55 milljóna ára gömul og undir þeim er eldra berg sem gæti mögulega innihaldið olíusetlög. Örvar sýna hugsanlegar tilfærsluleiðir olíu í jarðlögum, og punktar sýna staði þar sem hugsanlega mætti vænta samsöfnunar í geyma, þ.e. ef slík efni væru fyrir hendi og önnur skilyrði hagstæð.



Mynd 4. Jarðlagasnið fyrir Jan Mayen hrygg með hugsanlegum olíugildrum.

Framangreind gögn voru boðin olíufyrirtækjum og öðrum aðilum til sölu á vegum olíustofnunarinnar norsku á sama hátt og hliðstæð gögn á landgrunni Noregs. Lítill áhugi reyndist fyrir þessum gögnum og einungis norska ríkisolíufélagið keypti þau. Þegar ljóst varð að áhugi olíufélaganna á gögnunum var lítill voru að frumkvæði íslenskra stjórnvalda haldnir fundir með norskum stjórnvöldum til að leita leiða til að auka áhuga á svæðinu og auðvelda aðgang að gögnunum. Í því skyni var sérstaklega fjallað um Jan Mayen svæðið á kynningarfundi norsku olíustofnunarinnar með olíufyrirtækjum sem stunda rannsóknir eða olíuvinnslu á landgrunni Noregs. Svæðið var sérstaklega kynnt í ársskýrslu stofnunarinnar og í kynningarriti hennar og loks kynnti sérfræðingur frá Orkustofnun svæðið á alþjóðlegri olíuráðstefnu í Stavanger árið 1993. Jafnframt þessu var ákveðið að norska olíustofnunin léti rannsaka hvort bæta mætti gæði gagna frá endurkastsmælingunum 1985 með nýrri tölvuvinnslu. Í ljós kom að bæta mætti gögnin að nokkru leyti, en segja má að á þessu sé frekar stigsmunur en eðlismunur. Ekki er talið að þetta geti eitt sér breytt stöðu svæðisins, og þykir eðlilegt að bíða með þessa aðgerð þar til eftirspurn fyrir gögnin myndast. Undirtektir hafa verið dræmar, og er ástæða þess að öllum líkindum sú að miklu vænlegri og auðveldari svæði standa til boða. Nú stendur t.d. yfir rannsókn olíufélaga á Möre-setlagadældinni sem er á ysta hluta landgrunns Noregs andspænis Jan Mayen hrygg. Ef jákvæðar niðurstöður fást af því svæði mun það eflaust leiða til aukins áhuga á hryggnum því að svæðin voru samliggjandi áður en landrek færði þau sundur snemma á tertíertíma. Nú má fullyrða að nokkur tími mun líða áður en leit og nýting olíu á hryggnum komi á dagskrá, og veldur því bæði jarðlagagerð svæðisins, hafsdýpi og fleiri tæknileg og hagfræðileg atriði varðandi nýtingu.

Ekki hafa verið gerðar fleiri leiðangrar á svæðið til setlagakönnunar í samstarfi þessu, en ýmislegt hefur verið gert til að stuðla að vísindalegum rannsóknum. Af nýlegum rannsóknum á svæðinu má nefna könnun jarðskorpu með bylgjubrotsmælingum sem Orkustofnun hefur tekið þátt í með Hokkaido-háskóla og Háskólanum í Bergen. Niðurstöður benda til möguleika á þykkum setlögum vestan undir Jan Mayen hrygg þar sem sjávardýpi er 2.000 metrar. Jarðsveiflumælingar voru gerðar sumarið 1995.

Hatton-Rockall svæðið. Þetta svæði er ekki innan núverandi lögsögu Íslendinga. Deilur standa um yfirráð á þessu svæði, og hafa Íslendingar gert tilkall til þess auk Dana/Færeyinga, Breta og Íra. Samvinna tókst milli Dana og Íslendinga um sameiginlegar endurkastsmælingar á Hatton-Rockall svæðinu á árinu 1987, sem og um úrvinnslu þeirra. Hugsanlega eru þar áhugaverð setlög undir miklum hraunabunkum, en þeir valda erfiðleikum við rannsóknir.

Fáar boranir hafa farið fram á hafsvæðum sem eru áhugaverð fyrir Íslendinga frá auðlindasjónarmiði. Engin borhola er á landgrunni Íslands, og slíkar aðgerðir eru of dýrar, eins og mál standa. Íslenskir vísindamenn hafa lagt fram tillögu um boranir undan Norðurlandi til hins alþjóðlega samvinnuhóps um boranir í úthafsbotninn, ODP (Ocean Drilling Programme). Hlaut tillagan dræmar undirtektir. Sameiginleg tillaga danskra og íslenskra vísindamanna til sama aðila um að bora á Hatton-Rockall svæðinu fékk ekki heldur góðar undirtektir né norskíslenskar tillögur um borun á Jan Mayen hrygg. Gamlar borholur úr þessu alþjóðaverkefni eru á Jan Mayen hrygg, en þær eru bæði of grunnar og ekki rétt staðsettar til að veita upplýsingar um olíu.

Safnað hefur verið allmiklu af frumgögnum (segulböndum) með endurkastsmælingum í nágrenni landsins sem hafa bæði verið gerðar af Orkustofnun og öðrum aðilum. Tölvutæk heimildaskrá með tilvísunum í greinar og rit sem varða jarðfræði hafsbotnsins hefur verið unnin í Háskóla Íslands. Um þessar mundir er aukin áhersla lögð á söfnun innlendra og alþjóðlegra tölvutækra mæligagna og gagnagrunna fyrir svæðið umhverfis Ísland og frekari úrvinnslu þeirra.

Varðandi líkur á því að olíu sé að finna á landgrunninu eða innan efnahagslögsögunnar er rétt að fram komi að hvergi hefur sannast að olía sé til staðar á íslensku hafsvæði og engin eða hverfandi von er til þess að svo geti verið víðast hvar. Ekkert á sjálfu landgrunninu gefur von um olíu nema helst setlögin undan Norðurlandi þar sem þau eru þykkust. Þar vantar þó ábendingar um fjölda annarra þátta sem verða einnig að vera fyrir hendi svo að olía finnist. Ekki má heldur gleyma hagrænum þætti málsins, en búast má við að það yrði dýrt að vinna olíu undan norðurströnd landsins vegna veðra og hafísa ef hún fyndist á því svæði. Þá er einnig töluvert sjávardýpi víða á setlagasvæðunum.

Á Jan Mayen svæðinu er að líkindum meginlandsskorpa með gömlum setlögum, en það er alls óvíst hvort þau séu af heppilegri gerð og auk þess eru aðstæður þar erfiðar til rannsókna, leitar og vinnslu. Eins og áður er komið fram hafa olíuleitarfyrirtæki ekki sýnt svæðinu áhuga, en það gæti hugsanlega breyst í framtíðinni.

Hið umdeilda Hatton-Rockall svæði virðist áhugaverðast þessara svæða eftir að olía fannst yst á skoska landgrunninu vestur af Hjaltlandi og áhugi jókst á landgrunni Færeyja. Á undanförnum árum hafa Bretar einnig stundað nokkrar rannsóknir á svæðinu bæði vegna auðlindaleitar og hafréttarmála.

Íslensk stjórnvöld hafa, eins og þegar hefur komið fram, reynt að stuðla að rannsóknum á því hvort jarðfræðilegar forsendur eru fyrir því að olíu eða jarðgas kunni að vera að finna á landgrunni Íslands, Jan Mayen svæðinu og Hatton-Rockall svæðinu. Áfram verður stuðlað að slíkum rannsóknum, annars vegar með beinum fjárveitingum á fjárlögum og hins vegar með því að reyna að efla áhuga fyrirtækja, stofnana og háskóla á því að rannsaka þessi svæði. Eins og áður hefur komið fram hafa olíufélög hvorki sýnt áhuga á að rannsaka setlögin í Öxarfirði og Tjörnesi né kaupa gögn frá Jan Mayen svæðinu þrátt fyrir að þessi svæði hafi verið kynnt sérstaklega. Ráðuneytið mun á næstunni kanna hvort sú afstaða hefur breyst.

521. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [268. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Á eftir 72. gr. kemur ný grein er verður 73. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá árinu 1988 verið ákveðið að þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis.

Með ákvæði fyrra málsliðar greinarinnar er verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn samkvæmt lögum hverju sinni. Ástæða þykir til að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að það sé þegar lögbundið vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd og vegna fyrirhugaðra lagabreytinga sem varða veðheimildir á aflahlutdeild.

Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi skal minnt á hið mikla brottkast sem getur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindanna eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst lífsviðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Um skilgreiningu á hugtakinu nytjastofnar vísast til 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Samkvæmt þeirri grein teljast til nytjastofna sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð. Það hafsvæði, sem fullveldisréttur nær nú til, er skilgreint í lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Er fullveldisréttur Íslands yfir landhelgi og efnahagslögsögu skilgreindur í 2. og 4. gr. laganna. Athygli skal vakin á því að ákvæði fyrri málsliðar 1. gr. frumvarpsins nær einnig til botnlægra fiskstofna á landgrunninu utan efnahagslögsögu sem fullvirðisréttur Íslands nær til skv. 6. gr. laga nr. 41/1979.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi því sem forsætisráðherra flutti á síðasta kjörtímabili, 118. löggjafarþingi 1994–1995, sem stjórnarfrumvarp Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Af þessu má ráða að um efni þessa frumvarps sé víðtæk sátt í þinginu.

522. Fyrirspurn [269. mál]

til forsætisráðherra um vísitölubindingu langtímalána.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Telur ráðherra að tenging langtímalána við vísitölu hafi efnahagslega þýðingu?
2. Eru hugmyndir uppi um að fella niður heimildir til að tengja lán við breytingar á vísitölu?
3. Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fjölskyldu um síðustu áramót?
4. Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fyrirtæki um síðustu áramót?
5. Hve langan tíma tæki að afnema vísitölubindingu lána eftir að ákvörðun um það væri tekin?

523. Fyrirspurn [270. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur og Sigríði Jóhannesdóttur.

1. Hefur ráðherra formlega slitið starfi nefndar sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna? Ef svo er, hvers vegna var það gert?
2. Hafði nefndin skilað áliti?
3. Hver var efnisleg niðurstaða nefndarinnar og hvaða breytingar lagði hún til að yrðu gerðar á lögum um LÍN?
4. Hvenær er að vænta lagafrumvarps um breytingar á lögum um LÍN?

524. Fyrirspurn [271. mál]

til fjármálaráðherra um álagningarstuðla vörugjalda á sportvörur.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hver er ástæða þess að vörugjöld á sportvörur eins og byssur, skot og skyldar vörur eru 25% á meðan vörugjöld á aðrar sportvörur eins og veiðistangir, skíði og golfsett eru engin?
2. Er ráðherra reiðubúinn að lækka álagningarstuðla á sportvörum eins og búnaði til skotveiða til samræmis við annan sportbúnað?

525. Fyrirspurn [272. mál]

til fjármálaráðherra um árangur af skatteftirliti og skattrannsóknum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hverjar voru heildarhækkanir á opinberum gjöldum árlega sl. fjögur ár í kjölfar skattrannsókna og eftirlits, sundurliðað eftir lögaðilum, einstaklingum og tegundum skattsvika? Hve hátt hlutfall er það af áætluðum skattsvikum?
2. Hversu mörgum málum er ólokið hjá skattrannsóknarstjóra og um hvaða fjárhæðir er þar að ræða?
3. Að hverju hafa skatteftirlit og rannsóknir helst beinst á þessum árum? Sérstaklega er átt við í hve miklum mæli þær hafi beinst að svartri atvinnustarfsemi, meintum virðisaukaskattssvikum, ólöglegum frádráttarliðum og að eigin neysla forsvarsmanna fyrirtækja sé færð á rekstur fyrirtækisins.
4. Hvað hafa verið kveðnir upp margir dómar í skattsvikamálum sl. fjögur ár og hve mörgum hefur lokið með sektarúrskurðum hjá yfirskattanefnd? Óskað er sundurgreiningar á tegundum skattsvika, annars vegar í málum sem dæmt hefur verið í og hins vegar þar sem málum hefur lokið með sektarúrskurði.
5. Hvað hefur skattrannsóknarstjóri rannsakað mörg mál þar sem um hefur verið að ræða bein vanskil á opinberum gjöldum, og þá hvaða gjöldum og í hvers konar rekstri? Hve háar fjárhæðir voru í vanskilum í þeim tilvikum, hve mikið innheimtist af þeim og hve oft var um gjaldþrota fyrirtæki að ræða?
6. Hver er ábyrgð löggiltra endurskoðenda vegna rangra skila og upplýsinga, af ásetningi eða af gáleysi, á skattframtölum sem þeir gera fyrir aðra? Eru dæmi um að löggiltir endurskoðendur hafi sætt refsingu vegna brota á skattalögum?
7. Eru uppi áform um að bæta skattskil, t.d. með auknum mannafla við skatteftirlit og skattrannsóknir?

Skriflegt svar óskast.

526. Fyrirspurn [273. mál]

til sjávarútvegsráðherra um heildarafla á Íslandsmiðum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildarafla eftirtalinna fisktegunda frá fiskveiðiárinu 1992–93 til og með fiskveiðiárinu 1995–96:
   a. þorsks,
   b. ýsu,
   c. ufsa,
   d. karfa,
   e. grálúðu,
   f. skarkola,

g. rækju,
h. síldar,
i. loðnu,
j. steinbíts,
k. langlúru,
l. humars,
m. hörpudisks?

2. Hver var heildarveiðin á framangreindum fisktegundum á sama tímabili?
3. Hver er áætluð heildarveiði á framangreindum fisktegundum á þessu fiskveiðiári?

Skriflegt svar óskast.

527. Fyrirspurn [274. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning á ferskum fiski.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hversu mikið var flutt út af ferskum fiskflökum á árunum 1994–96? — Svar óskast sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi.
2. Hvernig skiptist þessi útflutningur eftir fisktegundum og markaðslöndum, sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi?
3. Hve miklar voru heildartollgreiðslur af þessum útflutningi?
4. Hvaða áhrif hafa GATT-samkomlagið og EES-samningurinn haft á tollgreiðslur af þessum útflutningi?

Skriflegt svar óskast.

528. Fyrirspurn [275. mál]

til forsætisráðherra um óendurkræfa styrki á vegum ráðuneyta.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvaða óendurkræfir styrkir eru veittir á vegum ráðuneyta Stjórnarráðsins hvers um sig til einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka?
2. Eru einhverjar reglur um úthlutun styrkjanna, eftirfylgni af hálfu ráðuneytanna og mat á árangri af styrkveitingunum?

3. Hversu háar fjárhæðir veitir hvert ráðuneyti árlega í styrki sem þessa?

Skriflegt svar óskast.

529. Frumvarp til laga [276. mál]

um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, **Landslagsvernd**, og sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Eftirtaldar landslagsgerðir skulu njóta almennrar verndar og má ekki raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins:

a. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar, eldhraun og hraunhellar;
b. aðrar athyglisverðar jarðmyndanir, samkvæmt reglugerð er umhverfisráðherra setur;
c. stöðuvötn og tjarnir yfir 250 fermetrar að flatarmáli;
d. náttúrulegir vatnsfarvegir, ár og lækir;
e. votlendi, mýrar og flóar, yfir 2,5 hektarar að flatarmáli;
f. fjörur, strendur og leirusvæði.

Þá skal þess gætt við ræktunarframkvæmdir, svo sem túnrækt, skógrækt, landgræðslu og skjólbeltagerð, að þær raski ekki sérstæðum náttúruminjum og falli sem best að heildarsvipmóti lands.

b. (22. gr.)

Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski svipmóti lands, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun.

c. (23. gr.)

Á landi í einkaeign er eiganda að teknu tilliti til ákvæða 22. gr. heimil efnistaka hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, sbr. 2. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til umhverfisráðherra er úrskurðar um málið að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Óheimilt er að hefja efnistöku áður en endanlegur úrskurður liggur fyrir. Áður en efnistaka hefst samkvæmt málsgrein þessari skal framkvæmdaraðili senda sveitar-

stjórn áætlun um hana með ósk um leyfi til efnistöku. Þar skal tilgreint magn og gerð efnis, fyrirhugaður tími efnistöku og frágangur að henni lokinni.

Sá er óskar leyfis til efnistöku skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs, sbr. 26. gr., og sem nemur áætluðum úrbótakostnaði verði eigi staðið við sett skilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 22. gr., svo og 26. gr. um frágang.

d. (24. gr.)

Jarðefnanám í afréttum og almenningum er bannað hafi ekki verið ráð fyrir því gert á staðfestu skipulagi, nema fyrir liggi leyfi umhverfisráðherra og jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins um áætlun um efnistöku, sbr. 1. mgr. 23. gr.

Eigi má hefja jarðefnanám í landi sem er í eigu sveitarfélags, nema fyrir liggi jákvæð umsögn Náttúruverndar ríkisins og skipulagsstjóra ríkisins. Unnt er að skjóta ágreiningi sem rísa kann vegna þessa til umhverfisráðherra.

e. (25. gr.)

Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð hættu á að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar er skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins á frumstigi framkvæmdaundirbúnings.

Ef það er vanrækt getur Náttúruvernd ríkisins krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið.

Við hönnun stórra mannvirkja, svo sem virkjana og verksmiðja, skal hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins. Sama gildir um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

f. (26. gr.)

Hafi jarðrask orðið við efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt af manna völdum skal þeim er valdið hefur skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Náttúruvernd ríkisins getur sett fyrirmæli um hvernig við skuli skilið og m.a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi. Skal þessi frestur aldrei vera lengri en eitt ár. Sveitarstjórn skal ganga frá efnistökustað, þar með talið loka efnisnámum og græða upp jarðvegssár á kostnað viðkomandi, ef sýnt þykir að ekki verði sinnt fyrirmælum um frágang. Heimilt er að innheimta slíkan kostnað með aðför. Óheimilt er að láta efnistökustað standa ófrágenginn lengur en tvö ár enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar.

Bannað er að fleygja eða farga rusli eða öðru óskyldu efni í efnisnámur, nema það sé liður í samþykktum frágangi þeirra enda sé þá gætt ákvæða í lögum og reglugerðum um mengunarvarnir.

g. (27. gr.)

Umhverfisráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd landslagsverndar og efnistöku skv. 21.–27. gr.

2. gr.

21., 22. og 23. gr. laganna falla brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi.

Greinargerð.

Umhverfis- og náttúruverndarmál hafa á undanförnum áratugum hlotið aukið vægi. Augu margra beinast að þeim verðmætum sem fólgin eru í ósnortinni náttúru og þeirri staðreynd að víða er verið að vinna óbætanlegt tjón á náttúruverðmætum.

Mikið starf er óunnið hér á landi við heimildasöfnun og rannsóknir á náttúru landsins til að skapa traustan grunn að löggjöf á ýmsum sviðum umhverfismála og til að byggja á eftirlit og eðlilega varúð. Þetta á m.a. við um löggjöf varðandi hvers konar landnotkun og skipulag þar sem brýnna úrbóta er þörf vegna vaxandi umsvifa, breyttrar búsetu og tækniþróunar.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum með mun ákveðnari og skýrari hætti en verið hefur. Þar er um að ræða víðtæk almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Valin er sú leið með frumvarpinu að fella nýjan kafla inn í lög nr. 93/1996 undir heitinu Landslagsvernd, setja þar inn nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku, en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu „Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl.“

Frumvarp um sama efni var lagt fram til kynningar af fyrsta flutningsmanni á 119. löggjafarþingi. Flutningsmaður sendi frumvarpið nokkrum aðilum til umsagnar með ósk um að þeir gæfu ábendingar sem hafa mætti hliðsjón af við endurflutning. Viðbrögð við þessari beiðni komu frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Náttúruverndarráði. Þessir aðilar taka jákvætt undir meginefni frumvarpsins og gefa jafnframt ábendingar um nokkur atriði til breytinga. Er frumvarpið var endurflutt á 120. löggjafarþingi voru flutningsmenn þess þeir sömu og nú endurflytja frumvarpið. Höfðu þeir hliðsjón af framkomnum ábendingum og voru umræddar umsagnir lagðar fram í þingnefnd. Umhverfisnefnd sendi málið síðan til umsagnar á 120. löggjafarþingi og bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landgræðslu ríkisins, Skipulagi ríkisins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Skógrækt ríkisins, Náttúruverndarráði, Vegagerðinni, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Samorku, Náttúrufræðistofnun Íslands, Sjálfboðaliðasamtökum um náttúruvernd og Samtökum iðnaðarins. Við endurflutning málsins nú á 121. löggjafarþingi eru aðeins gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpinu.

Í gildandi löggjöf um náttúruvernd vantar tilfinnanlega tengsl við lög um skipulag að því er varðar ákvarðanir um ráðstöfun lands til mismunandi nota. Sú aðferð að friðlýsa þurfi með formlegum hætti landsvæði og einstakar náttúrumyndanir til að koma í veg fyrir óeðlilega röskun er allsendis ófullnægjandi, ekki síst þegar almenn ákvæði um efnistöku og annað jarðrask eru jafnopin og lítils megandi út frá náttúruverndarsjónarmiði og raun ber vitni.

Við setningu laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, gerðist það að ákvæði um efnistöku urðu mun veigaminni en þau sem var að finna í því frumvarpi sem lá til grundvallar lagasetningunni. Má segja að lögin hafi í reynd orðið haldlaus þar eð ekki hafi tekist að fylgja annars veikum ákvæðum þeirra eftir. Afleiðingin blasir við sjónum manna í öllum byggðum landsins og víða í óbyggðum þar sem eru ófrágengnar efnisnámur og annað jarðrask. Þrátt fyrir óbrúkleg lagaákvæði hefur í sumum tilvikum tekist allgott samstarf milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdaraðila eða sveitarstjórna um efnistökustaði og frágang að lokinni efnistöku. Dæmi um þetta er samvinna milli eftirlitsaðila Náttúruverndarráðs og Vegagerðar ríkisins sem lagður var grunnur að á árunum 1972–73.

Efnisnám verður æ stórtækara, einkum nærri þéttbýli, og hafinn er útflutningur í allríkum mæli á lausum gosefnum án þess að fyrir liggi heildstætt mat á hvar slík efnistaka sé réttlætanleg. Oft er ráðist í framkvæmdir af bráðræði án þess að fram hafi farið nauðsynlegar rannsóknir og aflað hafi verið þekkingar á gerð og gæðum jarðefnanna. Efnistaka er hins vegar nauðsynleg og sjálfsögð til brýnna verkefna en þarf að byggjast á þekkingu, athugun og mati á eðlilegri landnotkun. Góður frágangur lands að efnisnámi loknu verður að vera óaðskiljanlegur hluti framkvæmda.

Ólífræn náttúra landsins er ein af auðlindum þess, enda Ísland alþekkt vegna fjölbreyttra landslagsgerða og gosmyndana sem óvíða í veröldinni eru jafnsýnilegar og aðgengilegar og hérlendis. Sérstætt landslag og jarðmyndanir fá yfirleitt ekki notið sín nema í víðu samhengi og þarf að hafa það í huga þegar settar eru reglur um vernd. Fyrir allan almenning hefur náttúra landsins ómetanlegt gildi og hver kynslóð ber ábyrgð á að hún sé varðveitt fyrir ókomnar kynslóðir. Íslendingar bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart heimsbyggðinni að þessar jarðmyndanir séu varðveittar, m.a. vegna vísindarannsókna.

Þá ber einnig að hafa í huga að náttúra landsins, landslag og jarðfræði hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda. Sé þessum gæðum spillt af gáleysi og skammsýni mun það fyrr en varir draga úr áhuga náttúruskoðara á að ferðast um Ísland. Skipulagsleysi í mannvirkjagerð og hömlulítil umferð vélknúinna tækja um landið ásamt gapandi sárum eftir efnistöku er vísasti vegurinn til að gera að engu viðleitni til að byggja upp ferðaþjónustu sem atvinnuveg. Fari sem horfir í þessum efnum verða Íslendingar fljótlega og því miður með réttu frægir að endemum fyrir ómenningu í samskiptum við eigið land.

Mótuð er með frumvarpinu stefna um almenna verndun tiltekinna landslagsgerða og farin svipuð leið og mörkuð er í danskri náttúruverndarlöggjöf. Þannig eru allar gosmyndanir frá jarðsögulegum nútíma felldar undir slíka vernd og aðrar sérstæðar jarðmyndanir frá síðasta jökulskeiði eða eldri samkvæmt nánari reglum er ráðherra umhverfismála setur. Stöðuvötn og tjarnir eru felld undir sömu ákvæði, svo og náttúrulegir vatnsfarvegir og votlendi miðað við ákveðið flatarmál. Ekki er seinna vænna að setja inn slík almenn ákvæði um votlendisvernd svo mjög sem hefur verið gengið á mýrar og annað votlendi með framræslu undangengin 50 ár. Stærðarmörk fyrir tjarnir og votlendi, sem njóti landslagsverndar, voru rýmkuð frá fyrstu gerð frumvarpsins að fenginni umsögn frá

Bændasamtökum Íslands. Í umsögn frá landgræðslustjóra er talið æskilegt að undanskilja fyrirhleðslur unnar af Landgræðslu ríkisins til varnar landbroti frá ákvæðum frumvarpsins. Þar er um sértækt mál að ræða sem þó þarf að vanda til áður en ráðist er í framkvæmdir. Með stefnu af því tagi sem hér er lögð til á að tryggja að náttúrufari og landslagi verði ekki breytt hugsunarlítið heldur verði ákvarðanir um breytta landnotkun teknar að athuguðu máli og af þar til bærum aðilum. Slíkar almennar takmarkanir ganga ekki að mati flutningsmanna gegn eignarréttarákvæðum þótt þröngt væru túlkuð og eru þau sjónarmið sem að baki liggja stöðugt að vinna á í alþjóðarétti.

Með frumvarpinu er lögð áhersla á það sem meginreglu að landið sér verndað fyrir breytingum og raski, nema ákvarðanir séu teknar um annað í staðfestu skipulagi eða á þær fallist af skipulags- og náttúruverndaryfirvöldum. Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eiga að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag liggi fyrir slíkt mat og verði það fastur liður í gerð skipulagsáætlana. Í 5. gr. laganna eru taldar upp framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, þar á meðal vatnsorku- og jarðvarmavirkjanir, lagning háspennulína, ýmsar verksmiðjur, förgunarstöðvar fyrir úrgang og efnistökustaðir, allt innan tiltekinna stærðarmarka. Umhverfisráðherra hefur hins vegar heimild til að víkja frá þeim mörkum og bæta við hliðstæðum skilyrðum um mat vegna annarra framkvæmda. Almenna reglan að því er varðar efnistökustaði (malarnám) á landi er 50.000 fermetrar eða stærra eða yfir 150 þúsund rúmmetrar að umfangi. Þessi stærðarmörk þarfnast endurskoðunar við þar eð þau virðast of há miðað við íslenskar aðstæður. Þá þyrfti og að tryggja að ákvæði laganna taki einnig til efnisnáms á sjávarbotni.

Um efnistöku eru í frumvarpinu auk framangreindra meginreglna sett fram nánari ákvæði með hliðsjón af því hver telst hafa eignar- eða umráðarétt yfir landinu. Í þeim felast almennar takmarkanir eða skilyrði sem uppfylla verður áður en ráðist er í efnistöku þannig að ekki hljótist af spjöll á landi og náttúruminjum eða varanlegar breytingar á landslagi sem ekki hefur verið ráð fyrir gert samkvæmt staðfestu skipulagi. Ákvæði þessi varða fyrst og fremst sölu eða ígildi sölu á jarðefnum en undanþegin er lítils háttar efnistaka landeiganda til eigin nota, enda valdi hún ekki landskemmdum og vel sé gengið frá efnistökustað.

Sett eru inn fyllri ákvæði en nú eru í gildi um viðhlítandi frágang eftir efnistöku og annað jarðrask og fjárhagslega tryggingu fyrir því að við sett skilyrði verði staðið af hálfu framkvæmdaraðila. Einnig er mælt svo fyrir að ekki megi nota efnisnámur til að fleygja eða farga þar rusli eða öðru óskyldu efni, en að því eru mikil brögð til enn frekari lýta en fylgja ófrágengnum efnisnámum auk þess sem slíkur úrgangur getur torveldað frágang.

Ófrágengnar efnisnámur skipta hundruðum ef ekki þúsundum í heild á landinu. Athugun á fjölda efnisnáma á Austurlandi, sem gerð var af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á árinu 1987, leiddi í ljós að efnisnámur í Múlasýslum væru um 400 talsins fyrir utan smærri efnistökustaði bænda og einstaklinga. Stærsti hlutinn var í umsýslu Vegagerðarinnar sem eðlilega hefur mikla þörf fyrir efnistöku.

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, segir m.a. í skýrslu um efnisnám á Austurlandi sem dagsett er 8. febrúar 1995: „Ljóst er að drjúgur hluti þessara náma er ófrágenginn og sumar valda verulegu lýti í umhverfinu. Taka ber fram að Vegagerðin hefur í seinni tíð lagt metnað sinn í að ganga sómasamlega frá öllum stærri námum að notkun lokinni og sama gildir um Landsvirkjun. Ég tel mikla þörf á að gera samræmda úttekt á stöðu þessara mála í fjórðungnum og leggja mat á hvað gera

þurfi til að ástandið komist í viðunandi horf. Sem eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs tel ég nauðsynlegt að endurskoða þau lög sem taka til efnisnáms og samræma þau ákvæði sem stangast á svo sem í náttúruverndarlögum og námalögum. Tel ég það algjöra forsendu fyrir að hægt verði í framtíðinni að vinna skipulega og skynsamlega að efnistökumálum í landinu."

Með ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er reynt að taka á því hvernig staðið verði að frágangi eftir efnistöku og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir lögfestingu þessa frumvarps. Þar er verk að vinna og ekki seinna vænna að leggja á ráðin um úrbætur.

Brýnt er að auka eftirlit með að ákvæði náttúruverndarlaga séu virt, þar á meðal um efnistöku. Á þessu sviði blasa við verkefni um allt land og þarf að gera eftirlit í senn einfalt og skilvirkt. Til álita ætti að koma að sameina vissa eftirlitsþætti á sviði umhverfismála og skipta landinu í svæði eða umdæmi í þessu skyni. Það eftirlit, sem Náttúruverndarráð hefur haldið uppi allt frá árinu 1973 að telja, er góðra gjalda vert, en það hefur verið takmarkað af þröngum fjárhag og yfirleitt verið unnið sem hlutastarf. Náttúrustofur, sem nú eru að rísa í kjördæmum í krafti nýrra lagaákvæða, gætu verið eðlilegur aðili til að taka að sér svæðisbundið eftirlit af þeim toga sem hér um ræðir.

Nauðsynlegt er að horfa til annarra laga er varða skyld efni, svo sem námulaga, nr. 24/1973, og laga nr. 123/1940, um bann við jarðraski, og fella ákvæði þeirra að þessu frumvarpi þannig að réttarstaðan verði sem ljósust. Iðnaðarráðherra setti þann 15. september 1995 reglugerð um vinnslu og nýtingu vikurs á grundvelli námulaga og er það jákvætt skref. Þá er æskilegt að taka tillit til ákvæða frumvarpsins við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga þannig að fyllsta samræmis sé gætt. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til breytinga á námulögum til að tryggja að við framkvæmd þeirra laga verði tekið tillit til ákvæða laga um náttúruvernd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að skipta ákvæðum sem falla undir kaflann „Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni" í tvo kafla og beri hinn síðari heitið Landslagsvernd. Það heiti lýsir nokkuð vel inntaki þeirra ákvæða sem færð eru undir hann samkvæmt frumvarpinu.

Um a-lið (21. gr.).

Í ákvæðinu eru taldar upp ákveðnar landslagsgerðir og kveðið á um að þær njóti almennrar verndar. Í henni felst að ekki má raska náttúrufyrirbærum af þessum gerðum nema þá samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Með skipulagsyfirvöldum er átt við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og skipulagsstjóra ríkisins. Sveitarstjórnir þurfa að gæta þess að farið sé að staðfestu aðalskipulagi en breytingar á því þurfa að fara fyrir skipulagsstjóra. Sama máli gegnir ef ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag.

Um landslagsgerðir var höfð hliðsjón af danskri löggjöf (Lov 1992-01-03 nr. 9 om naturbeskyttelse) um umhverfisvernd, en stærðarmörk skv. c- og e-lið voru þó höfð rýmri en þar er kveðið á um. Þegar talað er um gosmyndanir „frá nútíma" er átt við tímann frá lokum síðasta jökulskeiðs fyrir 10–12 þúsund árum. Þessar gosmyndanir eru flestar auðgreindar frá öðrum og eldri jarðmyndunum, svo sem jökulurðum og blágrýtishraunlögum frá fyrri jarðsöguskeiðum. Varðandi athyglisverðar jarðmyndanir, sbr. b-lið, sem æskilegt er að njóti landslagsverndar samkvæmt reglugerð sem umhverfisráðherra setur, má

nefna auk þess sem talið er upp í a-lið móbergs- og bólstrabergsfjöll sem flest eru frá síðasta jökulskeiði og stórar sandauðnir sem teljast mega einkennandi fyrir Ísland.

Um b-lið (22. gr.).

Í greininni eru dregnar fram helstu almennar takmarkanir við jarðraski og efnistöku. Meginreglan er að í staðfestu skipulagi sé gert ráð fyrir framkvæmdum sem jarðrask fylgir sem og efnistöku. Þá er vísað til laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, en falli framkvæmd utan ramma þeirra ber engu að síður að fylgja skipulagsákvörðun þegar framkvæmd getur haft varanlegar breytingar á landslagi í för með sér.

Í 2. mgr. eru taldar upp frekari takmarkanir við efnistöku þegar hún snertir sérkennilegt landslag, merkar náttúruminjar eða vistkerfi. Efnistaka má ekki ganga gegn ákvæðum um friðlýsingu að náttúruverndarlögum né heldur gegn staðfestum skipulagsáætlunum. Er þá m.a. haft í huga svæðaskipulag eða aðrar skipulagsáætlanir er varða landnotkun.

Um c-lið (23. gr.).

Í greininni eru settar fram vinnureglur um leyfi fyrir efnistöku á landi í einkaeign. Gert er ráð fyrir að sá er hyggst nema efni leggi fyrir sveitarstjórn áætlun um efnisnámið og leiti hún umsagnar viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins um hvort leyfa skuli. Jákvæð umsögn þessara aðila er skilyrði fyrir því að sveitarstjórn megi veita umbeðið leyfi en eðlilegt er að rökstuðningur fylgi synjun. Sá er sækir um leyfi skal áður en það er veitt leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu vegna frágangs og úrbóta á landi að lokinni efnistöku.

Þá er landeigendum samkvæmt síðustu málsgrein heimiluð lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota, enda raski hún ekki náttúruverðmætum eða gangi í berhögg við friðlýsingar og virt séu ákvæði um góðan frágang.

Um d-lið (24. gr.).

Efni greinarinnar varðar jarðefnanám í afréttum og almenningum og á landi í eigu sveitarfélaga. Í fyrra tilvikinu ber að fara eftir staðfestu skipulagi, en ella sé farið að ákvæðum 19. gr. um að framkvæmdaraðili sæki um leyfi til umhverfisráðherra um efnistöku samkvæmt áætlun um verk og frágang. Tilskilið er að Náttúruvernd ríkisins fallist fyrir sitt leyti á áætlun um efnistöku.

Sé land í eigu sveitarfélags er eðlilegt að Náttúruvernd ríkisins og skipulagsstjóri fjalli um umsókn um efnistöku í stað sveitarstjórnar, en umhverfisráðherra úrskurði um hugsanlegan ágreining.

Um e-lið (25. gr.).

Greinin er að stofni til byggð á gildandi 23. gr. náttúruverndarlaga. Gerð er sú breyting að fellt er niður hugtakið jarðrask í 1. mgr. sem þannig breytt vísar almennt til mannvirkjagerðar. Er sem áður skylt að leita álits Náttúruverndar ríkisins en nú á frumstigi framkvæmdaundirbúnings sem er ekki aðeins „áður en framkvæmdir hefjast“. Þá er talið fullnægjandi að heimild um að setja „nánari fyrirmæli“ um ákvæði samkvæmt greininni falli undir almenna heimild laganna til ráðherra um að hann setji reglugerð um framkvæmd þeirra.

Um f-lið (26. gr.).

Greinin kveður á um frágang eftir jarðrask sem hlotist hefur við efnistöku eða mannvirkjagerð og gerir framkvæmdaraðila skylt að ganga frá því á viðhlítandi hátt og þannig að sem best falli að umhverfi. Er miðað við að þessi regla gildi einnig þó að halda eigi efnisnámi áfram á sama stað síðar. Náttúruvernd ríkisins getur gefið fyrirmæli um frágang og sett mönnum frest til að ljúka honum innan árs. Sinni viðkomandi ekki fyrirmælum um frágang skal sveitarstjórn sjá um að verkið sé unnið á hans kostnað. Til hægðarauka fyrir sveitarstjórnir er gert ráð fyrir að kröfur þeirra á hendur framkvæmdaraðlila vegna slíks kostnaðar séu aðfararhæfar og kemur slík heimild í veg fyrir að sveitarstjórnir þurfi að afla sér dómsúrskurðar áður en hægt er að krefjast aðfarar.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um g-lið (27. gr.).

Með ákvæðum greinarinnar er umhverfisráðherra gert að setja nánari fyrirmæli um landslagsvernd og efnistöku.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að 21. og 22. gr. laganna falli brott, en kafli sá sem lagt er til að bætist við inniheldur reglur um það sama og greinar þessar. Einnig er lagt til að 23. gr. laganna falli brott en hún er í aðalatriðum samhljóða hinni nýju 25. gr. í frumvarpinu.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til samhljóða fylgiskjala í þskj. 107 (46. mál 119. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995, bls. 675–679.

I. Vinnsla lausra gosefna. Bréf til þeirra sem málið varðar. Arnþór Garðarsson, formaður Náttúruverndarráðs (9. janúar 1995).
II. Svar Hins íslenska náttúrufræðifélags (17. janúar 1995).
III. Svar Raunvísindastofnunar Háskólans (7. febrúar 1995).

530. Frumvarp til laga [277. mál]

um breytingu á námulögum, nr. 24/1973, með síðari breytingum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Gísli S. Einarsson.

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Við framkvæmd laga þessara skal gæta ákvæða laga um náttúruvernd, nr. 93/1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, en þar er lagt til að nýjum kafla verði bætt við lögin þar sem gerðar eru tillögur um breytingar á ákvæðum náttúruverndarlaga um efnistöku og bætt við nokkrum nýjum ákvæðum. Með frumvarpinu á að tryggja að við framkvæmd námulaga verði tekið fullt tillit til ákvæða laga um náttúruvernd.

531. Svar [245. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um aðgang fólks undir lögaldri að vínveitingahúsum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mörg vínveitingahús hafa sl. fimm ár fengið áminningu fyrir að veita fólki undir lögaldri aðgang?*
2. *Hvaða viðurlögum hefur verið beitt í þeim tilvikum?*

Dómsmálaráðuneytið óskaði með bréfi dags. 20. desember sl. eftir upplýsingum lögreglustjóra um þau atriði sem fyrirspurnin lýtur að. Óskað var eftir yfirliti viðkomandi embættis um þau tilvik þar sem veitingamanni (áfengisveitingahúsi) voru gerð viðurlög vegna vanrækslu á 4. mgr. 20. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, sbr. 8. gr. laga nr. 25/1989, sbr. einnig að sínu leyti 2. mgr. 58. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna. Óskað var eftir því að viðurlög væru greind sundur eftir því hvort um væri að ræða áminningu eða önnur viðurlög, auk þess sem óskað var eftir fjölda þeirra veitingamanna sem sætt hefðu þessum viðurlögum.

Svör bárust frá öllum embættunum nema einu, sem ekki hefur svarað þrátt fyrir ítrekun. Geymir meðfylgjandi tafla yfirlit um svörin. Öll embættin miðuðu svör sín við árin 1992–96, að báðum árunum meðtöldum.

Geta verður þess sem greinilega kom fram í svörunum að mjög misjafnt er milli umdæma hvenær löggæslu- og áfengiseftirlitsmenn telja að gefin hafi verið áminning með formlegum hætti. Skoða verður því fjölda áminninga með ákveðnum fyrirvara. Enn fremur verður að hafa þann fyrirvara á að einstökum leyfishöfum kann að hafa verið gert að hlíta strangari skilyrðum en áður við endurnýjun leyfa vegna mögulegrar vanrækslu á því að fylgjast með aldri gesta. Slíkar ákvarðanir eru hins vegar ekki teknar með í þetta yfirlit.

Með þessum fyrirvörum má ráða af töflunni að áminningar hafi a.m.k. verið veittar í um eitt hundrað tilvikum á fyrrgreindu tímabili. Ákvörðun annarra viðurlaga hefur hins vegar verið miklum mun fátíðari þar eð aðeins er upplýst um ellefu tilvik á þessu fimm ára tímabili, þar af var í átta tilvikum um að ræða tímabundna sviptingu leyfis til áfengisveitinga en í þremur tilvikum var veitingamanni gerð sekt með svokallaðri lögreglustjórasátt.

Leyfishafar sem sætt hafa viðurlögum eru nokkru færri en ákvarðanirnar.

Í svörum sínum létu mörg embætti í ljós þá skoðun að eftirlit með áfengisveitingahúsum væri í þokkalegu góðu horfi í viðkomandi umdæmi. Þó töldu sumir að fleiri löggæslumanna væri þörf til þess að eftirlitið yrði fullnægjandi.

Fjöldi ákvarðana um viðurlög vegna aðgangs ungmenna að áfengisveitingahúsum árin 1992–96 og fjöldi leyfishafa sem þær hafa beinst að.

Sýslumannsembætti	Áminningar	Önnur viðurlög leyfissvipting	sekt	Ákvarðanir samtals	Leyfishafar samtals
Akranes		1	1	2	2
Borgarnes	15–20	0	0	15–20	4
Stykkishólmur		0	2		2
Búðardalur	4	0	0	4	2
Patreksfjörður					
Bolungarvík	0	0	0	0	0
Ísafjörður	3			3	3
Hólmavík	0	0	0	0	0
Blönduós	0	0	0	0	0
Sauðárkrókur	1	0	0	1	1
Siglufjörður	1	0	0	1	1
Ólafsfjörður	0	0	0	0	0
Akureyri	9	0	0	9	
Húsavík	[6]	0	0	[6]	
Seyðisfjörður	0	0	0	0	0
Neskaupstaður	0	0	0	0	0
Eskifjörður	5	0	0	5	4
Höfn	1	0	0	1	1
Vík	0	0	0	0	0
Hvolsvöllur	0	0	0	0	0
Vestmannaeyjar	1	2	0	3	2
Selfoss	0	0	0	0	0
Keflavík		2	0		3
Keflavíkurflugvöllur	0	0	0	0	0
Hafnarfjörður	5	1	0	6	
Kópavogur	0	0	0	0	0
Reykjavík	46	2	0	48	28

532. Skýrsla [278. mál]

samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1996.

1. Inngangur.

Starfsárið 1996 einkenndist af framkvæmdum þeirra umbóta og endurskipulagningar sem ákveðnar voru 1995 í kjölfar skýrslunnar „Nýir tímar í norrænni samvinnu“.

Starfsemi allra norrænu stofnananna var metin á árinu 1995, og sú hagræðing sem ákveðin var af því tilefni framkvæmd að mestu á árinu 1996, þannig að frá ársbyrjun 1997 er starfsemi flestra stofnananna komin í það horf, sem ákveðið var og í betra samræmi við þau pólitísku markmið sem sett voru um að samnorræn starfsemi skyldi hafa í för með sér gagn fyrir norræna borgara.

Verið er að meta norræna verkefnastarfið með sama hætti í því skyni að auka norrænt notagildi starfsins, hagræða og koma í veg fyrir tvíverknað.

Til umfjöllunar eru nú drög að samnorrænni áætlun um markmið og stefnu í rannsóknum og vísindum sem áætlað er að taki gildi á árinu 1997 eftir umfjöllun í Norðurlandaráði. Nýmæli í þessari áætlun er að hún tekur til allra rannsókna- og vísindastarfa á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og gefur því betri heildarsýn og auðveldar forgangsröðun.

Aðalskrifstofa Norðurlandaráðs var flutt á árinu til Kaupmannahafnar og er nú staðsett í sama húsnæði og aðalskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar. Ljóst er að af þessum flutningi leiðir margs konar hagræðing, ekki síst til lengri tíma litið, auk þess sem upplýsingaflæði milli samstarfsins á vegum ríkisstjórnanna og þjóðþinganna batnar.

Heildarmarkmið skipulagsbreytinganna er að nýta samnorræna fjármuni betur og auka hæfni skrifstofanna og stofnananna til að framkvæma þær pólitísku ákvarðanir sem teknar eru.

Samstarfinu er nú beint að þremur meginsviðum, innra samstarfi Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda um Evrópumál og samvinnu Norðurlanda við grannsvæði þeirra. Þessi þrískipting endurspeglast nú í starfsáætlun ráðherranefndarinnar (C2). Við uppsetningu Norrænu fjárlaganna er hins vegar ennþá stuðst við þá skiptingu verkefna milli fagráðherranefnda, sem í gildi hefur verið. Það er m.a. stutt þeim rökum að bæði Evrópumál og málefni grannsvæðanna fléttast inn í mál sem heyra undir allar fagráðherranefndirnar og því erfitt að sundurgreina þau, hvað varðar fjárveitingar.

Norræn fjárlög ársins 1996 voru 707,4 millj. danskra króna, 11 millj. danskra króna lægri en árið áður og norræn fjárlög ársins 1997 eru 687,4 millj. danskra króna. Þannig hafa fjárveitingar til norræns samstarfs nú lækkað tvö ár í röð vegna eindreginna krafna frá Svíþjóð um aukinn sparnað og hagræðingu. Bæði Davíð Oddsson forsætisráðherra og Halldór Ásgrímsson utanríkis- og samstarfsráðherra hafa ásamt fleirum beitt sér gegn þessum niðurskurði.

Hvað varðar innra samstarf Norðurlanda njóta, sem undanfarin ár, samstarfssviðin menning, menntun og vísindi forgangs, en tæpur helmingur norrænu fjárlaganna rennur til þessara sviða. Á sviði rannsókna hófst á árinu 1996 þverfagleg rannsóknaáætlun nefnd „Norðurlönd og Evrópa", sem á að standa til ársins 2000. Hún tekur til margra sviða og þar er m.a. fjallað um norræna samsemd í ljósi samrunaþróunarinnar í Evrópu. Áætlað heildarfjármagn er 35 millj. danskra króna.

Áhersla er lögð á norrænt tungumálasamstarf og hreyfanleika og tengsl til að efla áhuga ungs fólks á norrænu grannþjóðunum. NORDMÅL-áætlunin er víðtæk áætlun um norrænt tungumálasamstarf sem gildir til ársins 2000. Á vegum samstarfsráðherra Norðurlanda var lögð fram um mitt ár 1996 skýrslan „Det umistelige" þar sem norræn málakunnátta var metin og kom þar margt fram sem betur mætti fara á því sviði. Skýrslunni sem inniheldur ýmsar tillögur um úrbætur hefur verið vísað til menntamálaráðherra landanna.

Sumarið 1996 hélt Norræna ráðherranefndin ráðstefnu í Reykjavík undir yfirskriftinni „Velferðarþjóðfélag morgundagsins". Ráðstefnan var þverfagleg og hana sóttu norrænir ráðherrar og aðrir forustumenn á sviði félagsmála, heilbrigðismála og atvinnumála. Pádraig Flynn sat sem fulltrúi Evrópusambandsins, en hann á sæti í framkvæmdastjórn þess, og fjallaði hann um Evrópusambandið og velferðina. Þeim fjölmörgu hugmyndum sem fram komu á ráðstefnunni verður fylgt eftir og hafa samstarfsráðherrar Norðurlanda skipað vinnuhóp sem tekur upp þráðinn þar sem ráðstefnunni lauk. Evrópusambandið á einnig fulltrúa í hópnum.

Á sviði sjávarútvegsmála var á árinu samþykkt samstarfsáætlun fyrir árin 1996–2000, þar sem lögð er höfuðáhersla á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra og á árinu 1995 hafði verið efnt til samstarfs milli umhverfis- og sjávarútvegsgeirans um að leita leiða til að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun og nýtingu sjávarauðlinda. Síðarnefnda áætlunin gildir til 1998.

Vestnorrænt samstarf var í brennidepli á árinu. Unnið hefur verið að gagngerum breytingum á samstarfi hinna vestlægu Norðurlanda í byggðamálum. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda sem um 15 ára skeið var vettvangur samstarfs Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga var lögð niður 1995 og við tók ný nefnd, Norræna Atlantsnefndin sem Norðmenn eiga aðild að auk framangreindra landa. Með aðild Noregs eru væntanlegar nokkrar áherslubreytingar og vonast er til að fyrir íslenska aðila gefist ný tækifæri til samstarfs milli mennta- og rannsóknastofnana og fyrirtækja á sviði auðlinda- og sjávarumhverfismála, ferðaþjónustu og samgangna, viðskipta og landbúnaðar.

Starfsemi Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda var endurskoðuð og tillaga um nýtt skipulag sjóðsins lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 1996. Endanleg ákvörðun um framtíðarskipulag sjóðsins hefur ekki verið tekin.

Eftir snjóflóðið í Súðavík veitti Norræna ráðherranefndin styrk til norsk-íslensks samvinnuverkefnis um snjóflóðavarnir. Af hálfu Íslands eiga Háskóli Íslands og Veðurstofa aðild að verkefninu. Verkefnið er til þriggja ára.

Á árinu var grannsvæðasamstarfið yfirfarið í því skyni að kanna möguleika þess að marka samstarfi Norðurlanda við grannsvæðin heildarstefnu og hagnýta þannig sem best þá fjármuni sem til samstarfs og aðstoðar við þessi svæði er varið. Forsætisráðherrum og samstarfsráðherrum var kynnt sú skýrsla sem gerð var á vegum utanríkisráðuneytanna um málið og féllust þeir á meginniðurstöður skýrslunnar. Þær voru síðan lagðar til grundvallar starfsáætlun um grannsvæðasamstarfið fyrir 1997. Á grundvelli skýrslunnar er nú lögð ríkari áhersla en fyrr á stærri og sýnilegri verkefni og verkefnaheildir. Áherslusviðin verða m.a. velferðarmál, mál sem varða grundvallarreglur réttarríkisins og aðila vinnumarkaðarins, réttindi minnihlutahópa og jafnréttismál. Jafnframt var ákveðið að þeir aðilar í utanríkisráðuneytum landanna sem eru í forsvari samstarfs á vegum þeirra við Austur-Evrópu styrktu samstarf sitt og miðluðu upplýsingum milli landanna um aðstoð við þau ríki. Jafnframt munu viðkomandi aðilar hjá ráðherranefndinni fá aukna innsýn í mál þessi.

Norðurskautsráðið var stofnað formlega í september 1996 með aðild Norðurlanda, Kanada, Bandaríkjanna og Rússlands. Íslendingar fagna stofnun ráðsins og leggja áherslu á að það verði heildarrammi fyrir samstarf um þau mál sem snerta sérstaklega hagsmuni þjóða á norðurslóðum. Samþykkt var norræn samstarfsáætlun um málefni Norðurskautssvæðisins 1995, en sú óvissa sem ríkt hefur um stofnun Norðurskautsráðsins hefur hamlað starf samkvæmt áætluninni. Nú er þeirri óvissu rutt úr vegi og verið er að leggja síðustu hönd á verkefnaáætlun næsta árs fyrir Norðurskautssamstarfið.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda reglulega samráðsfundi þar sem Evrópumál, í víðum skilningi, eru meginefni fundanna. Að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar utanríkis- og samstarfsráðherra hefur það verið tekið til umfjöllunar á fundum samstarfsráðherranna og víðar, hvernig styrkja megi tengsl norrænu utanríkis-, varnarmála- og þróunarmálaráðherranna við Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina en hvorki utanríkis-, varnarmála- né þróunarmálaráðherrarnir starfa sem kunnugt er formlega innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar þó umræða um þau mál hafi aukist í norrænu samstarfi og utanríkismál sitji í fyrirrúmi á þingum Norðurlandaráðs. Öryggis- og varnarmál eru vaxandi umræðuefni á vettvangi Norðurlandasamstarfsins og tengist það ekki síst fyrirhugaðri stækkun Atlantshafsbandalagsins.

Ríkt áhersla hefur undanfarin ár verið lögð á að umfjöllun um Evrópumál verði aukin á norrænum vettvangi og hún verði markviss og vel undirbúin. Til þess að svo geti orðið þarf góðan farveg fyrir upplýsingar frá aðilum sem fylgjast með gangi mála inn-

an Evrópusambandsins frá degi til dags um þau Evrópumál sem skipta Norðurlönd sérstöku máli. Miklu skiptir að nýta hinn norræna vettvang fyrir Evrópumálin, bæði vegna þess að hann er eini sameiginlegi vettvangur norrænu þjóðþinganna og ríkisstjórnanna, en einnig vegna þess að Evrópumál eru orðin svo snar þáttur í allri pólitískri umræðu að þau verða tæplega skilin frá henni.

Á árinu 1996 náðist ákveðinn árangur í því að dýpka Evrópuumræðuna í Norrænu ráðherranefndinni bæði á fundum ráðherranna og annars staðar. Einnig voru Evrópumál til umræðu á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs vorið 1996. Samt er ljóst að eitt allra mikilvægasta mál næsta starfsárs er að styrkja þá skipulögðu upplýsingaöflun sem til þarf til að Evrópumálin fái þá umfjöllun sem æskileg er á norrænum vettvangi.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda.

Forsætisráðherrar Norðurlanda hafa með höndum pólitíska stefnumörkun í samstarfi ríkisstjórna Norðurlanda samkvæmt Helsingforssamningnum. Þeir héldu tvo fundi á árinu og áttu auk þess fund með forsætisnefnd Norðurlandaráðs og með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna.

Umræður um málefni Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins eru fastir liðir á fundunum og þýðing og umfang þessara óformlegu viðræðna hefur aukist undanfarin ár. Málefni ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og Evrópska myntsambandið sátu í fyrirrúmi þetta ár.

Norrænt samstarf á alþjóðavettvangi var rætt, ekki síst hvað varðar Sameinuðu þjóðirnar. Það kom fram að þrátt fyrir ýmsar óhjákvæmilegar breytingar vegna aðildar fleiri Norðurlanda að ESB ætti sér áfram stað náið norrænt samstarf og samráð í Sameinuðu þjóðunum, þótt dregið hafi úr sameiginlegum málflutningi landanna þar.

Forsætisráðherrarnir ræddu á fundum sínum tillögur um heildarstefnu fyrir samstarf Norðurlanda við grannsvæðin og töldu skýrslu þá sem gerð hafði verið um málið góðan grundvöll fyrir samnorrænar aðgerðir. Þó var bent á að ekki væri rétt að draga úr samnorrænum aðgerðum á sviði umhverfismála á grannsvæðunum. Forsætisráðherrarnir lýstu jafnframt stuðningi við þá nýju fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda sem nú hefur verið ákveðið að koma á hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Ákveðið var að halda að jafnaði fund með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna á árlegum þingum Norðurlandaráðs.

Forsætisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna lýstu á sameiginlegum fundi sínum því áliti að öll lönd sem sæktu um aðild að Evrópusambandinu ættu að njóta jafnræðis þannig að viðræður við þau um aðild hefðust samtímis.

Af hálfu Eystrasaltsríkjanna var skýrt frá samstarfi þeirra innbyrðis, áformum um tollabandalag þeirra 1998 og fríverslunarsamningi sem nú tæki til landbúnaðarvara auk annarra vara. Einnig var skýrt frá óskum þeirra um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Af hálfu Norðurlanda kynnti utanríkisráðherra Finnlands stefnumótun um samstarf Norðurlanda við grannsvæðin.

Forsætisráðherrarnir ræddu störf Eystrasaltsráðsins og leiðtogafund þess í Visby á Gotlandi í maí mánuði sl. og lögðu áherslu á mikilvægi ráðsins fyrir samstarf ríkja á þessu svæði.

Forsætisráðherrarnir ræddu við oddvita heimastjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja um málefni Norðurskautsins. Einnig var stofnun Norðurskautsráðsins rædd og þau jákvæðu áhrif sem ráðið gæti haft fyrir þjóðir sem byggja ríki á norðlægum slóðum.

Forsætisráðherrunum var gefin skýrsla um framkvæmd endurskipulagningarinnar í kjölfar skýrslunnar „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ frá 1995. Þeim var og kynnt staða mála hvað varðaði þá hagræðingu í rekstri norrænu stofnananna sem framkvæmd var á árinu 1996 og skýrsla um norræna málakunnáttu og aðgerðir til að bæta hana.

Forsætisráðherrarnir ræddu hugmynd þá sem Göran Persson forsætisráðherra Svía hafði kynnt Davíð Oddsyni forsætisráðherra í opinberri heimsókn sinni til Íslands um norrænt samstarf um það hvernig varðveita mætti norræna velferðarkerfið án þess að það ylli verðbólgu nú þegar ríkin væru að komast upp úr þeirri efnahagslægð sem þau hefðu öll að Noregi undanskildu verið í undanfarin ár. Á vegum fjármálaráðherra er nú unnið að þessu verkefni.

3. Samstarf samstarfsráðherra Norðurlanda.

Samstarfsráðherrarnir hafa það hlutverk samkvæmt Helsingforssamningnum að stuðla að aukningu samstarfsins og samræmingu þess milli hinna ýmsu samstarfssviða og taka ákvarðanir um skipulag sem nær til margra samstarfssviða, bera ábyrgð á upplýsingamiðlun ráðherranefndarinnar og ákveða norrænu fjárlögin. Þeir hafa samráð við fagráðherranefndirnar eftir því sem við á.

Helstu mál sem samstarfsráðherrarnir fjölluðu um á starfsárinu eru: fjárlög ársins 1997, sem afgreitt voru til Norðurlandaráðs í byrjun júlí; framkvæmd aðgerða í kjölfar úttektarinnar „Norrænt notagildi“ á norrænu stofnununum; skýrsla sú um norræna málakunnáttu „Det umistelige“ sem samstarfsráðherrarnir höfðu látið gera; stefnumótun um samnorrænar rannsóknir; norræna samstarfsáætlunin um málefni Norðurskautsins; norræna átakið gegn útlendingaandúð; Lánasjóður Vestur-Norðurlanda; Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef); Norræni þróunarsjóðurinn (NDF); grannsvæðasamstarfið, stefnumótun þess og samráð við samstarfsráðherra Eystrasaltsríkjanna; Evrópumál; styrkumsókn til norrænnar menningarmiðstöðvar í New York; upplýsingamál og ýmis mál tengd rekstri og stjórnun ráðherranefndarskrifstofunnar, en við áramót hætti framkvæmdastjóri skrifstofunnar, Finninn Pär Stenbäck, og Daninn Søren Christensen tók við.

Samstarfsráðherrarnir héldu átta fundi á starfsárinu auk fundar með samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Formaður samstarfsráðherranna, Ole Norrback átti auk þess fund með forseta Norðurlandaráðs Knud Enggaard.

Á starfsárinu fólu samstarfsráðherrarnir nefnd á vegum utanríkisráðherranna að gera yfirlit yfir samnorrænt og tvíhliða samstarf og stuðning Norðurlanda við grannsvæðin við Eystrasalt og í Norðvestur-Rússlandi og kanna möguleika þess að löndin sameinuðust um stefnumótun í því samstarfi. Á grundvelli skýrslunnar ákváðu samstarfsráðherrarnir hver yrðu forgangsverkefni í samstarfi á vegum ráðherranefndarinnar við grannsvæðin. Vegna upplýsinga sem fram komu í skýrslunni var unnt að draga úr áherslu á þeim sviðum þar sem víðtækt tvíhliða eða annað alþjóðlegt samstarf var fyrir hendi, en aukið hana að sama skapi þar sem þörfin var talin brýnni.

Norrænar upplýsingarskrifstofur eru reknar í Tallinn, Ríga, Vilníus og Pétursborg. Samningar náðust í lok ársins 1996 um formlegan grundvöll fyrir rekstur skrifstofunnar í Pétursborg og var þá hafist handa um tengsl á vegum skrifstofunnar við Petrozavodsk, Arkhangelsk og Murmansk.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna áttu einn fund á árinu þar sem m.a. var rætt um áherslur í samstarfi Norrænu og Baltnesku ráðherranefndanna.

Á árinu 1996 var hafin útgáfa norræns upplýsingablaðs „Norðurlönd í vikunni", sem kemur út á íslensku auk skandinavísku og finnsku. Kemur það út vikulega og er dreift á faxi til lykilaðila í norrænu samstarfi auk fjölmiðla.

Í tengslum við flutning aðalskrifstofu Norðurlandaráðs til Kaupmannahafnar var gerður samningur milli skrifstofa Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um upplýsingamál. Á grundvelli hans er nú hafin útgáfa veglegs sameiginlegs blaðs í dagblaðsformi, „Politik i Norden" sem áætlað er að komi út 6–7 sinnum á ári. Eitt tölublað kom út til reynslu árið 1996 og innihélt það úrdrátt á íslensku. Blaði þessu er að nokkru ætlað að koma í stað tímaritsins „Nordisk Kontakt", en útgáfu þess hefur verið hætt.

Samstarfið um málefni Norðurskautsins heyrir á vettangi Norrænu ráðherranefndarinnar undir samstarfsráðherrana, þar eð það tekur til fjölmargra samstarfssviða. Vegna þeirrar óvissu sem lengst af ríkti varðandi stofnun Norðurskautsráðsins, dróst ákvörðun um verkefnaval innan norrænu samstarfsáætlunarinnar fyrir Norðurskautssvæðið fram eftir ári, en ákvörðun um verkefnaáætlun ársins 1997 verður væntanlega tekin á fundi samstarfsráðherranna í mars nk.

Evrópumál voru til umræðu á öllum fundum samstarfsráðherranna á grundvelli munnlegrar skýrslu sem formaður gaf. Starfssvið samstarfsráðherra er að því leyti annars eðlis en fagráðherranefndanna að samstarfsráðherrar hafa ekki afmarkað fagsvið sem á sér hliðstæðu innan Evrópusambandsins. Skýrsla formanns er því yfirleitt byggð á eigin reynslu af öðrum sviðum, en núverandi formaður Ole Norrback er Evrópuráðherra og utanríkisviðskiptaráðherra, svo reynsla hans er víðtæk.

Að frumkvæði Halldórs Ásgrímssonar ræddu samstarfsráðherrarnir erindi forráðamanna samtakanna „American Scandinavian Foundation" í Bandaríkjunum þess efnis að norrænu ríkin hvert um sig og Norræna ráðherranefndin styddu með fjárframlögum kaup og endurbætur á tilteknu húsnæði fyrir norræna menningarmiðstöð í New York. Samtökin „American Scandinavian Foundation" mundu síðan standa sjálf undir kostnaði við reksturinn. Samstarfsráðherrarnir tóku vel í hugmyndirnar, sem einnig höfðu verið ræddar í hópi utanríkisráðherranna, en ákvörðun um fjárframlög hefur ekki verið tekin.

Starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir árið 1997 (C2) hefur verið þýdd á íslensku og er fáanleg á Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins. Sama máli gegnir um ráðherranefndartillögu að nýrri samstarfsáætlun um norrænt löggjafarsamstarf og ráðherranefndartillögu um framtíð Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda.

4. Samstarf utanríkisráðherra Norðurlanda og norrænt samstarf á alþjóðavettvangi.

1. Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda halda nú þrjá reglulega samráðsfundi á hverju ári. Auk þess hittust utanríkisráðherrarnir nokkrum sinnum óformlega á árinu vegna annarra utanríkisráðherrafunda, til dæmis í Eystrasaltsráðinu, Evrópuráðinu, OECD, Barentsráðinu, Norðurlandaráði og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

a. Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Helsinki 22.–23. janúar 1996.

Meginefni fundarins voru Evrópumálefni, ástand mála í fyrrum Júgóslavíu og svæðisbundið samstarf í Norður-Evrópu.

Ráðherrarnir áréttuðu mikilvægi fyrirhugaðrar ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og minntu á ákvörðun leiðtogafundar ESB í Madrid um að EFTA-ríkin yrðu upplýst um gang mála á ríkjaráðstefnunni. Ráðherrarnir staðfestu einnig áherslur um mikilvægi samnorrænna hagsmuna gagnvart Evrópusambandinu og innbyrðis upplýsingamiðlun á milli Norðurlanda um málefni Evrópusambandsins.

Ráðherrarnir minntu einnig á mikilvægi þess fyrir Evrópuríki að efla tengslin yfir Norður-Atlantshaf, og sérstaka þýðingu þess fyrir Noreg og Ísland.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á þátt Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu við kosningaeftirlit í fyrrum Júgóslavíu og að leitað yrði allra leiða til að styrkja friðarferlið. Einnig var ítrekaður stuðningur við starf Carls Bildts, aðalsamningamanns ESB.

Ráðherrarnir voru sammála um að svæðisbundið samstarf efldi hefðbundið samstarf Norðurlanda og því væri eðlilegt að styrkja það til muna. Þeir fjölluðu um fyrirhugaðan leiðtogafund Eystrasaltsráðsins í Visby á Gotlandi og sameiginleg markmið og áherslur Norðurlanda í málefnum grannsvæða.

Voru ráðherrarnir sammála um mikilvægi þess að efla til muna samstarf á norðurslóðum, bæði gagnvart Norðvestur-Rússlandi og á heimskautasvæðum. Einnig var minnt á frumkvæði Norðurlandaráðs í þessu sambandi og fyrirhugaða stofnun Norðurskautsráðsins síðar á árinu.

Jafnframt voru umræður um öryggismál í Evrópu, Sameinuðu þjóðirnar í ljósi 50. allsherjarþingsins og mannréttindamál í Mjanmar, Búrúndí, Nígeríu, Írak, Íran, Tyrklandi og Kína.

b. Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Maríuhöfn á Álandseyjum 28.–29. maí 1996.

Á fundinum voru málefni Evrópu í öndvegi, einkum stækkun Evrópusambandsins, ríkjaráðstefna sambandsins, auk málefna Atlantshafsbandalagsins og ástand mála í gömlu Júgóslavíu. Einnig ræddu ráðherrarnir samstarf Norðurlanda á grannsvæðum, mannréttindi í Írak og Tyrklandi, stöðu mála í Mið-Austurlöndum og málefni Sameinuðu þjóðanna, þar með talið sameiginleg norræn framboð.

Utanríkisráðherrarnir voru sammála um að framtíðarþróun Evrópusambandsins væri mikilvæg fyrir öll Norðurlöndin, ekki síður Ísland og Noreg, en fyrir ESB aðildarríkin Finnland, Svíþjóð og Danmörku. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að stækkun ESB í austurátt, ekki síst með aðild Eystrasaltsríkjanna, hefði í för með sér aukinn stöðugleika í álfunni, bæði í efnahagslegu tilliti og út frá öryggissjónarmiðum. Enn fremur vísuðu ráðherrarnir til yfirlýsingar leiðtogafundar Eystrasaltsráðsins í Visby er haldinn var skömmu áður og fögnuðu ásetningi aðildarríkja Eystrasaltsráðsins um að efla til muna svæðisbundið samstarf. Jafnframt áréttuðu ráðherrarnir mikilvægi svæðisbundis samstarfs á grannsvæðum fyrir norræna samvinnu í framtíðinni og minntu á fyrirhugaða stofnun Norðurskautsráðsins í því sambandi.

Ráðherrarnir lögðu áherslu á að staðið yrði við skuldbindingar Dayton-samkomulagsins um frjálsar kosningar í Bosníu-Hersegóvínu og að meintir stríðsglæpamenn yrðu færðir fyrir alþjóðlegan stríðsglæpadómstól. Ráðherrarnir fögnuðu enn fremur vopnahléssamkomulagi í Téténíu og minntu á mikilvægi fyrirhugaðra forsetakosninga í Rússlandi fyrir áframhaldandi lýðræðisþróun í landinu.

c. Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda í Borgå í Finnlandi, 20.–21. ágúst 1996.

Á fundinum ræddu ráðherrarnir meðal annars um Evrópumálefni, svæðisbundið samstarf í Norður-Evrópu, öryggismál, stöðu mála í gömlu Júgóslavíu, ástandið í Mið-Austurlöndum og komandi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Utanríkisráðherrarnir voru sammála um mikilvægi pólitísks samráðs er fram fer innan ramma EES-samningsins, og ítrekuðu áherslur um enn frekari þátttöku EES-ríkja í sameiginlegum málflutningi og yfirlýsingum ESB. Einnig ræddu ráðherrarnir viðfangsefni ríkjaráðstefnunnar og áherslur Norðurlanda í því sambandi. Ráðherrarnir fjölluðu um þróun utanríkis- og öryggismála í ljósi ríkjaráðstefnunnar og framtíðarhlutverk Vestur-Evrópusambandsins í nýju öryggiskerfi Evrópu. Í því sambandi lagði utanríkisráðherra Íslands áherslu á að Vestur-Evrópusambandið héldi sjálfstæði sínu og yrði ekki innlimað í Evrópusambandið.

Utanríkisráðherrarnir ræddu einnig mikilvægi grannsvæðasamstarfs Norðurlanda, einkanlega í Eystrasaltsráðinu, Barentsráðinu og Norðurskautsráðinu, sem stofnað var í Kanada 19. september 1996. Í því sambandi var fagnað skýrum markmiðum á grundvelli ályktana leiðtogafundar Eystrasaltsráðsins í Visby 3.–4. maí 1996 og utanríkisráðherrafundar Eystrasaltsráðsins í Kalmar, 2.–3. júlí 1996. Utanríkisráðherrarnir áréttuðu að samstarf Norðurlanda í málefnum grannsvæða stuðlaði að eflingu öryggis og stöðugleika í Evrópu.

Utanríkisráðherrarnir fjölluðu jafnframt um fyrirhugaða stækkun Atlantshafsbandalagsins og áherslur Eystrasaltsríkjanna um aðild. Einnig var minnt á mikilvægi forsetakosninganna í Rússlandi fyrir áframhaldandi lýðræðisþróun í landinu.

d. Fundur utanríkisráðherra Norðurlanda með utanríkisráðherrum Eystrasaltsríkjanna í Ríga 20. ágúst 1996.

Hefð er nú orðin fyrir því að í tengslum við reglubundinn haustfund utanríkisráðherra Norðurlanda hitti utanríkisráðherrarnir starfsbræður sína frá Eystrasaltsríkjunum á sérstökum fundi. Var slíkur fundur nú haldinn í fjórða sinn. Ráðherrarnir ræddu einkum svæðisbundið samstarf við Eystrasalt, öryggismál í Evrópu og samrunaþróunina í Evrópu. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi svæðisbundins samstarfs, annars vegar á milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja og hins vegar innan Eystrasaltsráðsins. Voru ráðherrarnir sammála um að aukið samstarf á sviði efnahagsmála, viðskipta, umhverfismála og löggæslu stuðlaði að öryggi og auknum stöðugleika í Evrópu. Á fundinum ítrekaði utanríkisráðherra Íslands stuðning við umsókn Eystrasaltsríkjanna um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Einnig ítrekuðu ráðherrarnir stuðning Norðurlanda við umsóknir Eistlands, Lettlands og Litáens að Evrópusambandinu.

Á fundinum undirritaði Halldór Ásgrímsson, sem samstarfsráðherra Norðurlanda, samning milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Lettlands um rekstur upplýsingaskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Ríga.

Samskipti Íslands og Lettlands voru í öndvegi á síðastliðnu hausti í ljósi opinberra heimsókna Andris Skéle, forsætisráðherra Lettlands til Íslands í september og Valdis Birkavs, utanríkisráðherra Lettlands, mánuði síðar.

2. Samstarf Norðurlanda um Evrópumál.

a. Samstarf tengt Evrópusambandinu og EES.

Í samræmi við breyttar áherslur í hefðbundnu samstarfi Norðurlanda er staðfestar voru með breytingum á Helsingforssamningnum á aukaþingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í september 1995 og tóku gildi í byrjun árs 1996, er samstarf Norðurlanda um Evrópumál nú ein af þremur grundvallarstoðum norræns samstarfs. Hinar stoðirnar eru sem kunnugt er samstarf innan Norðurlanda og samstarf Norðurlanda við grannsvæði.

Á þessum grunni skuldbinda Norðurlönd sig til samstarfs í málaflokkum sem eru mikilvægir á grundvelli EES-samningsins og Evrópusambandsins, þar sem hagsmunir og gildismat Norðurlanda fara saman. Einnig er lögð áhersla á að norræn samvinna geti orðið grundvöllur frumkvæðis Norðurlanda í málaflokkum sem þau leggja áherslu á í evrópsku samhengi. Málefni Evrópusambandsins og EES eru nánast orðin fastur liður á norrænum samráðsfundum um utanríkismál, hvort heldur er um að ræða ráðherrafundi eða fundi embættismanna.

Á árinu fór Ísland með formennsku í EES-samstarfinu. Á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar um pólitísk skoðanaskipti, er samþykkt var í EES-ráðinu 30. maí 1995, voru haldnir tveir fundir utanríkisráðherra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópusambandsins í Brussel, þann 11. júní og 6. desember sl. Jafnframt áttu forsætisráðherrar Íslands og Noregs og utanríkisráðherra Liechtenstein fundi með forsætisráðherra Ítalíu og forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Visby í maí 1996 og fund með forsætisráðherra Írlands og utanríkismálastjóra Evrópusambandsins í Lissabon 2. desember sl. Áhersla hefur verið lögð á að þróa nánar norrænt samráð með tilliti til samstarfs innan EES og tengsla við Evrópusambandið.

Fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda var haldinn í Kaupmannahöfn 11. nóvember sl. Þar var einkum rætt samstarf á grundvelli EES-samningsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, OECD, Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og um norrænt samstarf almennt. Í tengslum við ráðherrafund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Singapore héldu norrænu ráðherrarnir samráðsfund um málefni stofnunarinnar. Utanríkisviðskiptaráðherrarnir voru sammála um að EFTA/EES-ríkin þyrftu að fá aukin tækifæri til að taka þátt í mótun reglugerða Evrópusambandsins.

Mikilvægt samráð á sér stað á meðal embættismanna Norðurlanda í fastanefndum þeirra hjá Evrópusambandinu um pólitísk stefnumál Evrópusambandsins sem mikilvægt er að ræða á norrænum vettvangi. Á vegum Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar og fastanefnda Norðurlanda hjá Evrópusambandinu er nú unnið að því að efla frekar innbyrðis samráð Norðurlanda um málefni sambandsins og að koma á skilvirkri upplýsingamiðlun á milli Evrópusambandsins og stofnana norrænnar samvinnu.

b. Schengen-vegabréfasamkomulagið.

Norðurlöndin urðu áheyrnaraðilar að Schengen-vegabréfasamkomulaginu frá og með 1. maí 1996. Evrópusambandsríkin Danmörk, Svíþjóð og Finnland verða fullgild aðildarríki Schengen-samkomulagsins, en ekki verður um fulla aðild Íslands og Noregs að ræða. Samstarfssamningur Íslands og Noregs við aðildarríki samkomulagsins var undirritaður 19. desember 1996, með fyrirvara um samþykki Alþingis. Nú er stefnt að gildistöku samningsins á fyrrihluta árs 1999.

Norðurlönd hafa lagt ríka áherslu á að tengjast vegabréfasamkomulagi Schengenríkjanna og að viðhalda þannig um leið grundvallarþáttum norræna vegabréfasamkomulagsins.

c. Evrópuráðið.

Samráð Norðurlanda á vettvangi Evrópuráðsins er allumfangsmikið. Fastafulltrúar Norðurlanda hittast mánaðarlega í Strassborg, ásamt varafastafulltrúum. Á þeim fundum er sérstök dagskrá og tekur hvert ríki að sér að hafa framsögu um einstaka dagskrárliði. Norðurlönd koma sjaldan sameiginlega með tillögur á fundum ráðherranefndarinnar, en hins vegar kemur oft fyrir að samráð hefur verið haft um afstöðu til einstakra mála, þannig að hvert Norðurlanda fyrir sig lýsir sömu afstöðu til mikilvægra málefna.

Tvisvar á ári eru haldnir sérstakir samráðsfundir í höfuðborgum Norðurlanda þar sem mæta fastafulltrúar og sérfræðingar í utanríkisráðuneytum er fara með málefni Evrópuráðsins. Þessir fundir eru haldnir þremur til fjórum vikum fyrir ráðherrafund, þannig að sem best yfirsýn fáist yfir einstök málefni. Slíkur samráðsfundur var haldinn á Íslandi í október sl.

3. Samstarf Norðurlanda á grannsvæðum.

Utanríkisráðherrar Norðurlanda skipuðu nefnd þann 13. febrúar 1996, í samræmi við breyttar áherslur í norrænu samstarfi og breytingar á Helsingforssamningnum, er falið var að vinna að stefnumótun varðandi grannsvæði Norðurlanda. Nefndin skilaði skýrslu fyrir fund samstarfsráðherra Norðurlanda 26. júní 1996.

Í tillögum nefndarinnar er meðal annars lagt til að reynt verði að samræma margvíslegan stuðning Norðurlanda gagnvart Eystrasaltsríkjunum, til dæmis með því að auka upplýsingaflæði um stuðningsaðgerðir einstakra ríkja. Einnig er lögð áhersla á að gera stuðninginn markvissari, með áherslu á Eystrasaltsríkin þrjú, Norðvestur-Rússland og heimskautasvæðin. Einnig er lögð áhersla á að efla stuðning á þeim sviðum þar sem framlag Norðurlanda getur orðið að mestu liði, til dæmis á sviði félags- og atvinnumála, á sviði frjálsra félagasamtaka og varðandi réttindi minnihlutahópa. Enn fremur er lögð áhersla á gott samstarf við norrænar fjárfestingarstofnanir og Evrópusambandið og að efla eins og kostur er samstarf á vettvangi Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins.

a. Eystrasaltsráðið.

Á utanríkisráðherrafundi Eystrasaltsráðsins í Kalmar í Svíþjóð 2.–3. júlí 1996 var fagnað skýrri stefnumörkun Eystrasaltsráðsins er kom fram í nýrri framkvæmdaáætlun ráðsins er samþykkt var á leiðtogafundi Eystrasaltsráðsins í Visby 3.–4. maí 1996. Ráðherrarnir vöktu einnig athygli á margvíslegum nýjum samstarfsmöguleikum á vettvangi ráðsins er meðal annars fælust í auknum tengslum við ESB á grundvelli aðildarumsókna Eistlands, Lettlands, Litáens og Póllands og nýjum samstarfssamningi Rússlands og ESB og í auknu samstarfi þingmanna, sérfræðinga og fulltrúa hagsmunaaðila. Norðurlönd hafa veigamiklu hlutverki að gegna á vettvangi Eystrasaltsráðsins við þróun og uppbyggingu lýðræðislegra stofnana, við eflingu efnahags- og viðskiptalífs með því að bæta viðskiptaumhverfi og á sviði umhverfismála. Á vettvangi umhverfismála ber hæst eftirlit með kjarnorkuverum og geislavirkum úrgangi. Einnig leggja Norðurlönd áherslu á aukin efnahagsleg og félagsleg tengsl við grannríki, þar á meðal í ferðaþjónustu. Norðurlönd vinna nú markvisst að því að koma á samningum við Eystrasaltsríkin um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana. Í lok október sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands tillögu utanríkisráðherra um að hefja formlegar samningaviðræður við Eistland, Lettland og Litáen um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana.

b. Barentsráðið.

Starfsemi Barentsráðsins er nú að verða fastmótaðri, en meginhlutverk ráðsins er að efla hvers konar samstarf á svæði Barentshafsins, einkum varðandi umhverfismál, viðskipta- og efnahagssamvinnu, samgöngumál og á sviði vísinda- og tæknisamvinnu.

Á fjórða utanríkisráðherrafundi Barentsráðsins er haldinn var 5.–6. nóvember 1996 í Petrozavodsk í Rússlandi, ræddu utanríkisráðherrarnir samstarf aðildarríkja Barentsráðsins og þróun þess. Ráðherrarnir lýstu sérstakri ánægju með þróun samstarfsins og verulegan árangur er þegar hefði náðst á ýmsum sviðum. Af hálfu Norðurlanda hefur verið lögð áhersla á að ná fram úrbótum á sviði umhverfismála og einnig að efla hvers konar efnahags- og viðskiptasamvinnu við Norðvestur-Rússland.

c. Norðurskautsráðið.

Mikilvægt skref var stigið 19. september 1996 þegar Norðurskautsráðið, nýr samstarfsvettvangur um málefni norðurslóða, var formlega stofnsett í Ottawa í Kanada. Stofnríki ráðsins eru Norðurlöndin, ásamt Kanada, Bandaríkjunum og Rússlandi. Mikið er í húfi að vel takist til og Norðurskautsráðið verði heildarrammi samstarfs þjóða á norðurslóðum. Með tíð og tíma er æskilegt að ráðið hljóti varanlegt aðsetur og eru íslensk stjórnvöld reiðubúin að hýsa skrifstofur þess.

4. Norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annað samstarf á alþjóðavettvangi.

a. Sameinuðu þjóðirnar.

Norrænt samráð um málefni Sameinuðu þjóðanna fer víða fram. Forsætis- og utanríkisráðherrar landanna ræða málefni samtakanna reglulega á fundum sínum, auk margvíslegra umræðna, sem fram fara á vettvangi Norðurlandaráðs, beinna samskipta ráðuneyta og stjórnarstofnana. Embættismenn í utanríkisráðuneytum Norðurlandanna ræða málefni Sameinuðu þjóðanna reglulega á fundum sínum.

Sem kunnugt er hefur norrænt samstarf innan Sameinuðu þjóðanna tekið nokkrum breytingum á undanförnum tveimur árum og dregið hefur úr sameiginlegum málflutningi Norðurlanda vegna aðildar þriggja þeirra að Evrópusambandinu. Ólíklegt er hins vegar að norrænt samstarf innan Sameinuðu þjóðanna dragist saman frekar en orðið er. Þvert á móti gæti aðild þriggja Norðurlandanna að Evrópusambandinu orðið til að efla ákveðna þætti í samstarfinu þegar tímar líða, einkum um samnorrænar áherslur innan sambandsins. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eiga Norðurlönd sífellt oftar samleið með Evrópusambandinu á sviði yfirlýsinga um utanríkismál og í ræðuflutningi.

Norðurlöndin hafa unnið sameiginlega að tillögum um endurbætur á efnahags- og félagsmálastarfi samtakanna. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir um þróunaraðstoð, m.a. í tengslum við starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna

Reglulegt samráð var á milli Norðurlandanna um þátttöku og málflutning á II. Byggðaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Istanbúl í júní 1996.

Á reglulegum samráðsfundum Norðurlandanna í New York gefst áfram kostur á gagnlegri upplýsingamiðlun og skoðanaskiptum. Á vikulegum fundum hafa fastafulltrúar m.a. sammælst um sameiginlegan málflutning í starfshópi allsherjarþingsins um breytingar á öryggisráðinu.

Á yfirstandandi allsherjarþingi hefur vikulegt norrænt samráð enn fremur verið með ágætum í tveimur undirnefnda allsherjarþingsins, fyrstu nefnd, sem fjallar um afvopn-

unar- og öryggismál, og fimmtu nefnd, sem fjallar um fjármögnun og stjórnunarmál. Enginn sameiginlegur málflutningur hefur þó átt sér stað í nefndum þessum. Í annarri nefnd, sem fjallar um félags- og mannréttindamál, hafa Norðurlöndin átt gott samstarf og ráðið ráðum sínum á hálfsmánaðar fresti. Í sjöttu nefnd, sem fjallar um þjóðréttarmál, hafa Norðurlöndin nokkrum sinnum komið sér saman um sameiginlegan málflutning. Ekkert norrænt samráð hefur farið fram í sérstöku stjórnmála- og nýlendunefndinni.

Norrænt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í Genf heldur áfram, en dregur æ meira að taka mið af þátttöku þriggja þeirra í ESB.

Náið samstarf er á milli Norðurlanda innan UNESCO og mótuð sameiginleg norræn afstaða til helstu mála. Einnig er staðið sameiginlega að framboðum í framkvæmdaráð, en Norðurlönd hafa ýmist haft einn eða tvo fulltrúa þar. Jafnframt hafa fastafulltrúar og/eða varafastafulltrúar hist með reglulegu millibili til að bera saman bækur sínar um einstök málefni.

Árlega eru haldnir sameiginlegir fundir UNESCO-nefnda Norðurlandanna, fastafulltrúa og fulltrúa úr ráðuneytum. Ísland bauð til slíks fundar á Kirkjubæjarklaustri haustið 1996.

b. Alþjóðabankinn.

Utanríkisráðuneytið tók við fyrirsvari gagnvart Alþjóðabankanum af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu 12. ágúst 1996. Víðtækt norrænt samstarf á sér stað innan vébanda bankans, sem samræmt er af sameiginlegri skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Utanríkisráðherra tók í október sl. við formennsku til tveggja ára, fyrir hönd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, í þróunarmálanefnd Alþjóðabankans, er mótar stefnu bankans í þeim málaflokki.

c. Aðrar alþjóðastofnanir.

Reglubundið norrænt samráð á sér einnig stað innan annarra alþjóðastofnana sem Norðurlönd eiga aðild að. Þar má nefna Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD) og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Haldnir eru reglubundnir samráðsfundir í höfuðborgum Norðurlanda um málefni Öryggis- og samvinnustofnunarinnar.

d. Sendiráð Norðurlanda í Berlín.

Samstarfssamningur Norðurlanda, er undirritaður var 4. ágúst 1995, um sendiráðsverkefni á sameiginlegri sendiráðslóð Norðurlanda í Berlín gengur samkvæmt áætlun. Efnt var til alþjóðlegrar samkeppni meðal arkitekta um skipulag svæðisins, heildarskipulag bygginganna og byggingu fyrir sameiginlega starfsemi sendiráðanna. Alls bárust 222 tillögur og var lausn austurrískra og finnskra arkitekta valin til útfærslu. Í kjölfar alþjóðlegu samkeppninnar var efnt til samkeppni á einstökum Norðurlöndum um sendiráðsbyggingar viðkomandi ríkja. Byggingarnefnd sendiráðs Íslands í Berlín efndi til opinnar arkitektasamkeppni um hönnun byggingar fyrir sendiráð Íslands í Berlín. Leitað var að hugmynd að sjálfstæðri og hagkvæmri byggingu er drægi fram íslensk einkenni og hæfði þeirri starfsemi er þar ætti að fara fram.

Alls bárust 43 tillögur, og var tillaga Pálmars Kristmundssonar, arkitekts, valin besta tillagan. Gert er ráð fyrir því að byggingar fyrir norrænu sendiráðin verði fullgerðar árið 1999.

e. Norræn menningarmiðstöð í New York.

Samstarfsráðherrum Norðurlanda voru í haust kynntar hugmyndir forráðamanna samtakanna American Scandinavian Foundation í Bandaríkjunum um kaup á húsnæði í New York þar sem komið yrði á laggirnar norrænni menningarmiðstöð í borginni. Tillögurnar gera ráð fyrir fjárframlagi frá hverju Norðurlanda fyrir sig er varið yrði til kaupa á húsnæði miðsvæðis í New York, en American Scandinavian Foundation myndi alfarið sjá um rekstur menningarmiðstöðvarinnar. Samstarfsráðherrar Norðurlanda tóku vel í framkomnar hugmyndir og er málið nú til nánari skoðunar í höfuðborgum Norðurlanda.

5. Norrænu fjárlögin 1997.

Fjárlög ráðherranefndarinnar fyrir árið 1997 eru lögð fram á verðlagi ársins 1997. Upphæð þeirra er 702,6 millj. danskra króna.

Endurskoðun á starfsemi norrænu stofnananna — Norrænt notagildi.

Fjárlög ársins 1997 einkennast af niðurstöðum þeirrar endurskoðunar sem gerð var á árinu 1995 á starfsemi norrænu stofnananna. En sú endurskoðun var gerð á grundvelli þeirrar sameiginlegu endurskoðunar sem Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin gerðu og sem nefnd var „Nýir tímar í norrænni samvinnu". Sérfræðinganefnd sú sem skipuð var til þess starfs lagði tillögur sínar fram fyrir Norrænu ráðherranefndina — samstarfsráðherrana. Á grundvelli þeirra tillagna og umsagna frá Norðurlandaráði og fagráðherranefndunum ákváðu samstarfsráðherrarnir hinn 10. apríl 1996 að leggja niður 13 stofnanir að þrem stofnunum verði fengið nýtt verksvið og þrem nýjum stofnunum verði komið á fót. Markmið þessarar nýju uppbyggingar stofnananna hefur í för með sér að samstarfi á þeim sviðum sem gagnast Norðurlandabúum best og þar sem þróunin er skilvirkust verði gefinn aukinn forgangur.

Á árinu var Norræna rannsóknaráðinu (NFR) falið að leggja grunn að stefnumörkun fyrir öll rannsókna- og vísindastörf á vegum ráðherranefndarinnar og er þetta gert til þess að stuðla að sameiginlegri forgangsröðun og hagkvæmri verkaskiptingu í samnorrænum rannsóknum.

Á árinu var mörkuð ný stefna um þau verkefni sem fjármögnuð eru með norrænum fjárlögum. Sú stefna hefur í för með sér að lögð verður ríkari áhersla á það en áður að þau verkefni sem þannig eru fjármögnuð fullnægi skilyrðunum um norrænt notagildi.

Sérstök áherslusvið í fjárlögunum.

Á árinu 1997 verða menningarmál, menntun og rannsóknir, umhverfismál, grannsvæðasamstarf og samvinna um málefni Norðurskautssvæðisins forgangsverkefni í norrænu samstarfi.

Hlutur menningar-, mennta- og rannsóknamála er 47,9% af fjárlögunum. Hlutur þessara sviða hefur minnkað nokkuð en það stafar fyrst og fremst af áðurnefndri endurskoðun á starfseminni. Á ýmsum sviðum verða gerðar tilteknar áherslubreytingar í þeim tilgangi m.a. að auka fjárveitingar til rannsóknarverkefnisins Norðurlönd og Evrópa en til þess verkefnis á að verja 35 millj. danskra króna á árunum 1996–2000.

Framlög til umhverfismála verða aukin og stofnaður hefur verið sérstakur styrktarsjóður vegna framkvæmda í umhverfismálum á grannsvæðunum („mjukgöringsfacilitéten") á vegum Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Í fjárlögunum er gert ráð fyrir 6 millj. danskra króna framlagi til viðbótar þeim 25 millj. danskra króna sem Norðurlönd hyggjast leggja fram utan norrænu fjárlaganna.

Hvað varðar framlög til samstarfs um málefni Norðurskautssvæðisins er gert ráð fyrir 2 millj. danskra króna framlagi. Markmið starfsins er fyrst og fremst að samræma aðgerðir Norðurlanda á Norðurskautssvæðinu.

Samnorrænt samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin tekur bæði til þeirra verkefna sem samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun um innan grannsvæðafjárveitingarinnar, sem er 51 millj. danskra króna, og verkefna sem fjármögnuð eru af verkefnafé hinna sviðanna.

Í febrúar 1996 ákvað Norræna ráðherranefndin, í samræmi við tillögur skýrslunnar „Nýir tímar í norrænni samvinnu" að stofna starfshóp til að leggja fram tillögur um það hvernig samræma mætti tvíhliða samstarf landanna, norrænt og alþjóðlegt samstarf við grannsvæði Norðurlanda. Að ráði skýrsluhöfunda er í fjárveitingunum til grannsvæðasamstarfsins 1997 lögð áhersla á þau svið sem talin eru hafa í för með sér norrænt notagildi.

Þróun fjárlaganna á árunum 1993–1997.



■	Millj. d.kr.	1993	1994	1995	1996*	1997
❑	Raunverð	650,7	655,9	718,9	707,5	687,5
	Á verðlagi ársins 1997	709,2	697,4	747,9	721,7	702,6

* Ath.: Engin uppfærsla vegna verðlagsbreytinga á árinu í fjárlögum 1996.

Rekstrarafgangur.

Meginreglan er sú að rekstrarafgangi fyrra árs sé skilað til landanna (skv. 21. gr. þeirra reglna sem settar hafa verið um fjármál ráðherranefndarskrifstofunnar). Ráðherranefndinni er þó heimilt að ráðstafa afgangnum. Í töflunni hér á eftir er sýnt hvernig rekstrarafgangi áranna 1991–1995 var ráðstafað.

	1993 Þús. d. kr.	1994 Þús. d. kr.	1995 Þús. d. kr.	1996 Þús. d. kr.	1997 Þús. d. kr.
Afgangur frá 1992	27.444	frá 1993	31.331	frá 1994	17.689 frá 1995
Þar af:					
Endurgreitt til landanna	0	0	0	2.000	0
Ráðherranefnd til ráðst.	27.444	31.331	17.689	3.900	2.500
Fjárlög	650.670	655.886	718.925	707.474	702.636
Samtals ráðstöfunarfé	**678.114**	**687.217**	**736.614**	**711.374**	**705.136**

Skipting fjárlaganna 1997 miðað við hina ýmsu verkefnaflokka.



1. Menningarsamstarfið
2. Menntun og rannsóknir
3. Umhverfismál
4. Efnahags- og atvinnumál
5. Réttindi þegnanna
6. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda
7. Önnur starfsemi

Hluti menningar-, mennta- og rannsóknamála nemur 47,9% af fjárlögunum. Fjárlögin deilast sem hér segir:

— verkefnafé og almennir styrkir: 58%.

— stofnanir: 42% (þar af 8% til skrifstofu ráðherranefndarinnar).

Árið 1991 var tekið í notkun kerfi byggt á rammasamningum fyrir þrjár norrænar stofnanir. Alls er um að ræða 47 stofnanir og langtímaverkefni í norrænu samstarfi sam-

kvæmt samningum gerðum til nokkurra ára. Ætlunin er að á árinu 1997 nái kerfið til allra norrænu stofnananna og nokkurra verkefna.

Tvö atriði einkenna rammasamningskerfið öðrum fremur. Þau eru samningur um inntak verkefna stofnunarinnar og fjárveitingu og kerfisbundin greinargerð þar sem árangur er metinn í samræmi við skuldbindingar og fjárveitingar að verki loknu. Slík greinargerð er gefin á hverju ári og gefur ráðherranefndin Norðurlandaráði skýrslu um hugsanleg frávik.

Í öllum samningunum eru ákvæði sem heimila endurskoðun ef breytingar verða á pólitískri forgangsröðun eða ákveðið verður að grípa til sparnaðar. Vegna sparnaðar á árunum 1996 og 1997 verða nokkrir samningar endurskoðaðir og starfsemin aðlöguð fjárveitingunum eins og þær eru orðnar.

Tekjuhlið fjárlaganna.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er að mestu fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum en skipting þeirra er ákveðin samkvæmt sérstakri skiptireglu. Skiptireglan miðast við hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum á Norðurlöndum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, sem nú eru 1993 og 1994.

Norrænir ráðherrar mennta-, rannsókna- og vísindamála (MR-U) hafa samið um aðgengi að æðri menntun. Lagt er til að greiðslufyrirkomulagið og sjálfar greiðslurnar fari í gegnum fjárlög ráðherranefndarinnar. Hvað varðar greiðslur gildir kerfið fyrir Svíþjóð, Finnland, Noreg og Danmörku, en Ísland, Grænland, Færeyjar og Álandseyjar taka ekki þátt í því. Tekið er tillit til gagnkvæmra framlaga landanna hvað varðar endanleg framlög en þau hafa aðeins áhrif á innri skiptingu milli landanna (Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar).

Fast verð í þús. d.kr.	Fjárlög 1996	Fjárlög 1997	Skipti-regla	Greiðslu-áætlunin d.kr.
Launatengd gjöld	5.900	5.900		
Vaxtatekjur	17.500	14.000		
Aðrar tekjur (eða tap)	800	800		
Framlög landanna	683.274	681.936		
Framlög landanna samkvæmt skiptireglunni				
Danmörk	163.986	170.484	25%	-8.481
Finnland	113.423	110.474	16.2%	+8.646
Ísland	7.516	7.501	1,1%	------
Noregur	133.238	150.708	22,1%	+13.200
Svíþjóð	265.110	242.769	35.6%	-13.365
				0
Greiðsluskylda að meðtöldum greiðslum fyrir æðri menntun	Danmörk	162.003		
	Finnland	119.120		
	Ísland	7.501		
	Noregur	163.908		
	Svíþjóð	229.404		
	Alls	702.636		
Samtals	**707.474**	**702.636**		

Athugasemdir:

Launatengd gjöld eru greidd af gjaldskyldum heildarlaunum starfsmanna á skrifstofu ráðherranefndarinnar.

Vaxtatekjur.

Fjárhæð vaxtatekna ræðst af lausafjárstöðunni á árinu og þróun vaxtamála. Áætlaðar vaxtatekjur 1997 eru minni en 1996 og 1995 vegna þess að nú er komið á jafnvægi í vaxtamálum eftir vaxtalækkunina vorið 1994. Auk þess eru engar vísbendingar um það að vextir hækki að ráði á næstunni.

Aðrar tekjur.

Í þessum tekjulið er gerð grein fyrir endurgreiðslum framlaga til verkefna frá hinum ýmsu stofnunum sem tekið hafa að sér fjárvörslu fyrir þau og ónotuðum framlögum til stofnana frá fyrri árum.

Gjöld.

Fast verðlag í þús. danskra kr.	1997 í þús. d. kr.	1997 %	1996 í þús. d. kr.	1996 %	Mismunur 1996/1997
1 Menningarsamstarf	**138.041**		**145.588**		**-7.547**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	94.895	69	100.154	69	
Stofnanir	43.146	31	45.434	31	
2 Menntun/rannsóknir	**198.270**		**203.689**		**-5.420**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	142.455	72	142.343	70	
Stofnanir	55.815	28	61.346	30	
3 Umhverfismál	**33.660**		**30.500**		**3.160**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	33.669	100	30.500	100	
4 Efnahags- og atvinnumál	**129.546**		**130.454**		**-924**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	42.615	33	44.878	34	
Stofnanir	86.931	67	85.576	66	
5 Réttindi þegnanna	**62.428**		**64.298**		**-1.870**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	29.102	47	28.767	45	
Stofnanir	33.326	53	35.531	55	
6 Samstarf við grannsvæði	**51.000**		**50.000**		**1.000**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	41.922	82	41.580	83	
Stofnanir	9.078	18	8.420	17	
7 Önnur starfsemi	**89.691**		**82.945**		**6.746**
Fé til verkefna og almenn styrkjakerfi	25.307	28	16.925	20	
Stofnanir	64.384	72	66.020	80	
Samtals	**702.636**		**707.474**		**-4.855**
Fé til verkefna	409.956	58	405.147	57	
Stofnanir	292.680	42	302.327	43	

Aths.: Vegna endurskoðunar á starfseminni hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar fyrir árið 1997.

— Á ýmsum sviðum hefur uppbyggingu verið breytt til að veita betri upplýsingar um starfsemi ýmissa efnisflokka.

— Kostnaður við að leggja niður stofnanir er færður undir liðinn önnur starfsemi.

— Nýrri stofnun, NORDREGIO (sem tekur við af NORDPLAN og NORDREFO), hefur verið fundinn staður undir liðnum samstarf um byggðamál.

6. Menningarmál.

Sú stefnumörkun um áherslusvið í norrænu menningarsamstarfi sem ákveðin var 1993 tók í megindráttum til tímabilsins 1994–1996. Á árinu 1996 var á vegum ráðherranefndar menningarmála tekin saman ítarleg skýrsla um framkvæmd þessa „átaks" eins og það var nefnt og jafnframt lögð fram greinargerð um forgangsmál í samvinnunni á menningarsviðinu næstu árin. Að verulegu leyti eru áhersluþættirnir hinir sömu og undanfarin ár en fáeinir nýir bætast við. Tilgreind eru eftirfarandi svið sem samstarfið skal einkum beinast að:

1. Verkefni í þágu barna og ungmenna.
2. Kvikmyndir og fjölmiðlar.
3. Listasviðið.
4. Norræn menningararfleifð.
5. Kynning á norrænni menningu utan Norðurlanda.
6. Norrænar bókmenntir — norrænn málskilningur.
7. Verkefni sem taka til fleiri samstarfssviða en eins.
8. Menning og upplýsingatækni.
9. Norræn fjölmenning.
10. Norræni menningarsjóðurinn.

Þær breytingar á norrænum samstarfsstofnunum sem ákveðnar voru snemma árs 1996 í kjölfar skýrslunnar „Norrænt notagildi" (Nordisk Nytte) tóku á menningarsviðinu einkum til tveggja stofnana: Norrænu listamiðstöðvarinnar í Helsingfors og Norrænu blaðamanna-miðstöðvarinnar í Árósum. Fyrrnefnda stofnunin var lögð niður en ný reist á grunni hennar. Nýja stofnunin nefnist *Norræn stofnun um samtímalist* og er ætlað svipað hlutverk og hinni fyrri, en þó með nokkrum áherslubreytingum. Mikilvægur þáttur í starfi hennar verður að beita sér fyrir og samhæfa samstarf milli myndlistarstofnana á Norðurlöndum og að vera upplýsingamiðstöð um norræna myndlist.

Starfsskipulagi *Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar* er breytt, m.a. í átt til aukins sveigjanleika og fjölþættara námskeiðahalds.

Að norrænu samstarfi á sviði *barna- og æskulýðsmenningar* er nú unnið á grundvelli framkvæmdaáætlunar fyrir tímabilið 1996–2000, en hún var staðfest í árslok 1995. Sett hefur verið á laggirnar stjórnarnefnd sem m.a. fjallar um fjárframlög til samstarfsverkefna er lúta að barnamenningu. Jafnframt er ætlast til þess að allar samstarfsnefndir og stofnanir á vegum ráðherranefndar menningarmála gefi sérstakan gaum að þörfum barna og ungmenna, hver á sínu sviði. Lögð er áhersla á tengsl skóla og menningarlífs í þessu sambandi. Dæmi um samstarfsverkefni af því tagi er norræna lestrarkeppnin „Mímir", sem efnt var til haustið 1996. Íslensk börn og unglingar hafa tekið þátt í mörgum öðrum norrænum samstarfsverkefnum á árinu, m.a. á sviði myndlistar og upplýsingatækni. Nefna má að sérstakt framlag, jafnvirði um 200 þús. íslenskra króna, var veitt til barnamenningarstarfs í Norræna húsinu í Reykjavík, auk þess sem haldið er áfram að styrkja verkefnið „Vestnorrænar fjölmiðlasmiðjur", sem Norræna húsið á hlut að og tekur til unglinga á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi.

Unnið er að því að virkja hina nýju *upplýsingatækni* í þágu norræns menningarsamstarfs. Nefnd er að störfum til að kanna hvernig koma megi á norrænu „menningarneti" með því að tengja slík upplýsinganet sem verið er að þróa í einstökum löndum. Samþykkt hefur verið að verja jafnvirði um 10 millj. íslenskra króna af fjárveitingu 1996 til samstarfs á sviði kvikmynda og fjölmiðla til þess að þróa norræn verkefni sem styðjast

við nýja tækni og beinast einkum að börnum og ungmennum. Af fjárveitingu næsta árs, 1997, er ráðgert að jafnvirði um 20 millj. íslenskra króna renni til verkefna sem lúta að margmiðlun og nettengdum samskiptum, með áherslu á að ná til barna og unglinga.

Norrænt *bókmenntasamstarf* hefur verið til sérstakrar athugunar á árinu á vegum ráðherranefndar menningarmála. Finnskum manni, Stig-Björn Nyberg að nafni, var falið að kanna ýmsa þætti þessa samstarfs og benda á leiðir til þess að stuðla að sameiginlegum bókamarkaði á Norðurlöndum eins og löngum hefur verið rætt um. Hann skilaði skýrslu sinni í nóvember 1996. Skýrslan var kynnt á fundi ráðherranefndarinnar í desember, en ráðgert er að efnisleg umfjöllun um þær tillögur sem þar eru gerðar fari fram af hálfu ráðherranefndarinnar snemma árs 1997 að lokinni umsagnarmeðferð.

Skýrsluhöfundur kemst að þeirri niðurstöðu að orsök þess hversu samnorrænn bókamarkaður hefur átt erfitt uppdráttar sé ekki viðskiptahindranir, nema þá helst bankakostnaður við gjaldeyrisyfirfærslur og póstburðargjöld. Fyrst og fremst sé um að kenna áhugaleysi almennra lesenda á bókmenntum annarra Norðurlandaþjóða. Einkum séu menn mjög lítið hneigðir fyrir að lesa norrænar bækur á frummálinu. Því telur hann vænlegast, ef menn vilja auka dreifingu norrænna bóka, að leggja áherslu á þýðingar og efla norrænan stuðning við þá starfsemi, með sérstöku tilliti til Finnlands og hinna minni málsvæða.

Í ársbyrjun 1996 var skipaður starfshópur með fulltrúum norrænu menningarmálaráðuneytanna til að undirbúa áætlun um *menningarsamstarf við grannsvæði Norðurlanda*, þ.e. einkum Eystrasaltsríkin og norðvesturhéruð Rússlands. Skýrsla starfshópsins liggur nú fyrir og mun ráðherranefnd menningarmála fjalla um tillögurnar snemma á árinu 1997, að lokinni umsagnarmeðferð.

Íslendingar hafa á liðnu ári sem fyrr notið góðs af starfsemi *Norræna menningarsjóðsins* (sjá nánar kafla 15.7). Meðal viðamikilla verkefna hér á landi sem sjóðurinn styrkti á árinu má nefna útgáfu Íslendingasagna í enskri þýðingu á vegum Bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar og sýningu á verkum Edwards Munch, „Á vængjum vinnunnar", í Listasafni Íslands.

Kaupmannahöfn var eins og kunnugt er *„menningarborg Evrópu"* 1996. Ýmis af þeim fjölmörgu dagskráratriðum sem efnt var til í því samhengi voru styrkt af norrænu fé. Íslenskir listamenn komu við sögu í allmörgum menningarviðburðum borgarinnar. Nefna má t.d. að Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tónleika í Tívolí, leikflokkurinn Bandamenn frumsýndi „Amlóða sögu" á Helsingjaeyri og sýndi einnig í Kaupmannahöfn og söngleikurinn „Guðrúnarkviða fjórða" með tónlist Hauks Tómassonar þótti sæta sérstökum tíðindum. Ótalin er m.a. þátttaka í myndlistarsýningum og að stór hópur íslenskra unglinga átti hlut að fjöllistaverkefninu „Ný öld — norræn framtíðarsýn".

7. Menntamál og vísindi.

Á Norðurlandaráðsþingi 1995 var ákveðið að leggja einkum áherslu á eftirfarandi:

— *Samstarf milli Norðurlandanna.*

— *Norðurlönd og Evrópu /ESB/EES.*

— *Norðurlönd og grannsvæðin.*

Samstarf á sviði menntamála og vísinda hefur einnig beinst að fyrrgreindum þáttum í því augnamiði að styrkja enn frekar norræna samkennd. Þátttaka Norðurlanda í Evrópusamstarfi mun stuðla að þróun í alþjóðasamvinnu bæði hvað varðar ESB og aðrar stofnanir, jafnframt því að gera þeim kleift að halda norrænu svipmóti sínu.

Stefnt er að því að styrkja og þróa samstarf á sviði menntamála og vísinda. Markmiðið er að jafn auðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og í eigin landi.

Lögð verður áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og gera starfsemina skilvirkari. Í starfsáætlunum verður lögð sérstök áhersla á að styrkja tengslin milli hinna vestlægu Norðurlanda og annarra ríkja Norðurlanda.

NORDMÅL-áætlunin (1996–2000) tekur til *tungumálasamstarfs* Norðurlandaþjóðanna og var hún staðfest af Norrænu ráðherranefndinni í mars 1995. Stefnt er að því að styrkja tungumálasamstarfið enn frekar á komandi árum. NORDMÅL-áætluninni er ætlað að styrkja norrænt tungumálasamfélag og tekur til námskeiðahalds, framleiðslu kennsluefnis, orðabókargerðar, rannsókna, upplýsingastarfsemi og fleiri verkefna.

Margar stofnanir koma að NORDMÅL-áætluninni svo sem norrænar málastofnanir en enn fremur stuðla norræn námskeið og önnur samskipti innan NORDPLUS að því að styrkja norrænt tungumálasamfélag og um leið þau markmið sem lýst er í NORDMÅL áætluninni.

Á vegum NORDMÅL hafa verið haldin fjölmörg námskeið fyrir kennara og túlka, gefnar út námsbækur sem þýddar hafa verið á finnsku, íslensku og færeysku og unnið er að orðabókarsmíði. Fulltrúar frá Félagi dönskukennara og Samtökum móðurmálskennara eru virkir í NORDMÅL.

Áætlun ráðherranefndarinnar um *hreyfanleika og tengsl* snýr sérstaklega að ungu fólki. Nauðsynlegt er að ungt fólk á Norðurlöndum fái tilfinningu bæði fyrir því sem líkt er og ólíkt með þeim þjóðum sem þar búa. Mikilvægt er að ungt fólk kynnist tungumálum grannlandanna frá skólaaldri og fái tækifæri til að kynnast menningu þeirra, lifnaðarháttum og gildismati.

Verkefnið *NORDPLUS-junior* er sniðið fyrir ungt fólk á aldrinum 16–19 ára og á áfram að skipa veglegan sess í norrænu skólasamstarfi. Verkefninu er m.a. ætlað að styrkja sambandið við Vestur-Norðurlönd og skapa jákvætt viðhorf til norræns menntunarumhverfis. Með nemendaskiptum mun vestnorræna starfsáætlunin rækta sérstaklega sambandið milli Íslands, Grænlands og Færeyja og hinna ríkja Norðurlandannna.

Norrænu tölvusamskiptaneti fyrir skóla, *Óðni* (Norræna skólanetinu), var komið á laggirnar í mars 1994. Tölvunet þetta á að auðvelda öll samskipti milli skóla og annarra menntastofnana á Norðurlöndum og er enn fremur ætlað að verða upplýsingabanki. Netið tengist alþjóðlega tölvunetinu INTERNET. Norræna skólanetið á að hafa alla burði til þess að styrkja tengsl skólastofnana á Norðurlöndum og auðvelda samstarf bæði nemenda og kennara á Norðurlöndum. Langflestir grunn- og framhaldsskólar á Íslandi hafa aðgang að netinu.

Ráðherranefndin hleypti af stokkunum nýrri samstarfsáætlun um samvinnu um notkun upplýsingatækni í kennslu, *IDUN*, á árinu 1995. Gera á úttekt á upphafsþætti verkefnisins á árinu 1996 og þá verður tekin ákvörðun um framhald áætlunarinnar.

Á háskóla- og vísindasviðinu hefur tölvusamskiptanetið *NORDUnet* gegnt svipuðu hlutverki og Óðinn. Samkomulag er um að styðja NORDUnet enn frekar svo það geti betur sinnt hlutverki sínu í framtíðinni.

Styrkveitingum á vegum *NORDPLUS* hefur verið haldið áfram bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi.

NORDPLUS-áætlunin á stóran þátt í því að uppfylla þau markmið sem liggja til grundvallar áframhaldandi samvinnu á sviði menntunar á Norðurlöndum en henni er ætlað að stuðla að auknu samstarfi milli háskóla á Norðurlöndum.

Á hverju ári taka alls um 5000 nemendur og kennarar á Norðurlöndum þátt í áætluninni. Í NORDPLUS gefst námsmönnum tækifæri til að stunda hluta af námi sínu, allt að eitt ár, við háskóla annars staðar á Norðurlöndum og fá námið metið að fullu til eininga í heimalandi sínu. Þá er gefinn kostur á kennaraskiptum og fleiru er lýtur að kennslustarfi. Þátttaka háskólanema í NORDPLUS hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum en ein meginforsendan fyrir þátttöku í NORDPLUS er gagnkvæmni í nemendaskiptum. Á ráðherrafundi menntamálaráðherra Norðurlanda í desember 1995 var ákveðið að halda þessu verkefni áfram en upphaflega átti því að ljúka 1996. Íslendingar taka virkan þátt í þessu samstarfi og tekur Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins við umsóknum um styrkina og veitir upplýsingar þar að lútandi.

Norrænn samningur um jafnan aðgang að háskólum var undirritaður í Kaupmannahöfn 3. september 1996. Miðað er við að samningurinn gildi í þrjú ár frá 1. janúar 1997. Samningur þessi kemur í stað fyrri samnings um sama efni sem gerður var til tveggja ára 1994.

Meginatriði samningsins er að allir norrænir stúdentar hafi jafnan aðgang að öllum háskólum á Norðurlöndum. Í samningnum eru ákvæði um greiðslukerfi sem Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð munu taka upp sín á milli. Samkvæmt þessu kerfi skulu þau ríki sem senda frá sér fleiri stúdenta en þau taka á móti greiða ákveðið gjald fyrir mismuninn. Ísland verður undanþegið þessum ákvæðum.

Á gildistíma samningsins næstu þrjú ár verður metið hvort hagsmunum Íslands af samningnum yrði betur borgið með þátttöku okkar í greiðslukerfinu.

Norræna ráðherranefndin hefur í hyggju *að örva samvinnu milli alþýðustofnana,* frjálsra félagasamtaka, lýðháskóla, samtaka í atvinnulífi og annarra samtaka og stofnana sem sinna fræðslu. Stefnt er að því að örva þverfagleg verkefni innan fullorðinsfræðslunnar.

Stefnt er að því að skapa *virkt norrænt vísindasamfélag* sem stuðlað getur að því að styrkja stöðu norrænna vísindarannsókna. Norrænu samstarfi er enn fremur ætlað að vera fyrirmynd að nytsamlegu og skilvirku samstarfi á vettvangi Evrópusamstarfsins. Haldið verður áfram að örva háskóla og aðrar æðri menntastofnanir til þess að leita leiða til verkaskiptingar og sérhæfingar með skipulegum og virkum hætti. NORDPLUS-áætlunin og styrkjakerfi það sem er á vegum NorFA eru mikilvæg í þessu samhengi. Myndun samskiptanets norrænna vísindamanna verður áfram einn af hornsteinum norrænnar samvinnu. Áætlunum um umhverfisrannsóknir og rannsóknir á skilyrðum góðs mannlífs á norðurslóð verður haldið áfram en þessar áætlanir ná yfir árin 1993–1997. Enn fremur verður tekin afstaða til þess hvernig norrænni samvinnu á sviði líftækni verður háttað.

Krafan um norrænt notagildi hinna sameiginlegu fræðslu- og rannsóknarstofnana verður höfð að leiðarljósi með breytingu á samþykktum í krafti þess að nýjar samræmdar samþykktir um norrænar stofnanir verða látnar taka gildi.

Ráðherranefndin hefur í hyggju að styrkja þann hluta rannsóknarstarfseminnar sem beinist að hreinum norrænum verkefnum á sviði menningarmála og þjóðfélagsmála.

Vinna er hafin að nýju samnorrænu rannsóknarverkefni á sviði hugvísinda og félagsvísinda og á það að standa til ársins 2000.

Á fundi menntamálaráðherra Norðurlanda í desember 1996 var samþykkt að senda tillögu *Norræna vísindaráðsins* (FPR) um breytingu á skipan norræns vísindasamstarfs til samstarfsráðherranna. Tillagan felur í sér að litið er á alla samvinnu landanna á þessu sviði sem eina heildaráætlun.

Norræn lífsiðfræðinefnd.

Nefnd á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, er fjalla á um siðfræðileg álitamál sem tengjast líftækni, hefur starfað frá 1988. Nefndin, sem nú heitir Norræn lífsiðfræðinefnd (Nordisk komité for bioetik), var endurskipuð til þriggja ára frá 1. janúar 1996. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru prófessor Erlendur Jónsson, heimspekingur, og dr. Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur. Formenn nefndarinnar á árinu 1996 voru dr. Nils Axelsen, deildarstjóri við Statens Seruminstitut í Kaupmannahöfn, og prófessor Marja Sorsa, skrifstofustjóri í finnska menntamálaráðuneytinu, sem tók við formennsku í maí 1996.

Nefndin hélt fjóra starfsfundi á árinu 1996, í febrúar í Ósló, í apríl í Helsinki, í september í Uppsölum og í desember í Kaupmannahöfn. Dagana 18.–19. apríl sl. var á vegum nefndarinnar haldið málþing um genbreytt dýr í Hanaholmen fyrir utan Helsinki í Finnlandi. Málþingið sóttu vísindamenn, lögfræðingar, rithöfundar, stjórnmálamenn, guðfræðingar og heimspekingar frá öllum Norðurlöndunum, alls 44. Fulltrúar Íslands voru dr. Erlendur Jónsson, heimspekingur, og dr. Skúli Skúlason, líffræðingur.

Með genbreyttu dýri er átt við dýr sem hefur fengið „nýjan" erfðavísi, þ.e. utanaðkomandi erfðavísir hefur verið settur inn í kynfrumur dýrsins með erfðatækni, þannig að hann verður arfgengur. Markmiðin með slíkum dýrum eru margvísleg og var fjallað um genbreytta fiska, mýs, nautgripi og svín. Einnig var rætt um lagalegar, hagfræðilegar og siðfræðilegar hliðar genbreytinga á dýrum.

Meðal fyrirlesara voru Jan Ottesen, dýralæknir, sem fjallaði um notkun músa og annarra nagdýra í rannsóknum. Prófessor Peter Aleström við dýralæknaháskólann í Ósló ræddi um genbreytta fiska, sem geta haft efnahagslega þýðingu í framtíðinni, vegna þess að með genbreytingum má auka vaxtarhraða sumra tegunda allt að þrjátíufalt. Carl Gustav Groth, prófessor við líffæraígræðsludeild Karolínsku stofnunarinnar í Svíþjóð, fjallaði um genbreytingu á svínum sem gerir það mögulegt að nota svínshjörtu til ígræðslu í menn án þess að ofnæmisviðbrögð geri vart við sig. Ýmsir aðrir vísindamenn fluttu fyrirlestra og í lokin voru almennar umræður undir stjórn sænska rithöfundarins Peter Sylwan, sem skrifað hefur margar bækur um lífsiðfræði. Töluverðar umræður urðu um siðfræðilegt réttmæti þess að breyta genum dýra. Einnig var haldinn blaðamannafundur í upphafi málþingsins og í tengslum við málþingið flutti prófessor Juhani Jänne opinberan fyrirlestur í háskólanum í Helsinki um genbreytt dýr í lífefnaiðnaði. Menn voru á einu máli um að málþingið hefði tekist mjög vel.

Greinar birtust í mörgum dagblöðum á Norðurlöndum um málþingið og þau mál sem þar var fjallað um.

Á vegum nefndarinnar kom á árinu 1996 út ritið „Genterapi på människa" með fyrirlestrum, sem fluttir voru á málþingi um genalækningar vorið 1995. Haldið var áfram að vinna að bæklingi er veitir yfirlit yfir hinar ýmsu siðanefndir á sviði lækninga og líffræði svo og lög og reglugerðir þar að lútandi á öllum Norðurlöndunum. Er hér um mjög þarft rit að ræða. Kaflann um íslenskar nefndir sömdu Erlendur Jónsson og Örn Bjarnason, yfirlæknir. Enn fremur er nú unnið að útgáfu rits með fyrirlestrum frá framangreindu málþingi í Hanaholmen.

Næsta málþing á vegum nefndarinnar verður haldið í Reykjavík í maí 1997 og vinnur nefndin nú að skipulagninu þess. Þar verður fjallað um lífsýnabanka (biobanks) frá ýmsum hliðum í því skyni að varpa ljósi á siðfræðilegar spurningar er þessu málefni tengjast. Um 50 fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum munu sækja málþingið. Nefndin hefur nú fengið sitt eigið merki og heimasíðu á alnetinu, Nordbioetik@fil.lu.se.

8. Umhverfismál.

Samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfismála byggir á norrænni umhverfisáætlun sem samþykkt var snemma á síðasta ári. Gildir hún fyrir tímabilið 1996–2000.

Í áætlunni er fjallað um samvinnu innan Norðurlandanna á sviði umhverfismála jafnframt því sem áætlunin tekur einnig til samvinnu Norðurlandanna á öðrum vettvangi, svo sem á grannsvæðunum, Norðurskautinu, innan Evrópska efnahagssvæðisis og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Á síðasta ári voru einnig samþykktar í samvinnu við viðkomandi fagráðherra sérstakar samstarfsáætlanir fyrir landbúnað og skógarnýtingu og enn fremur fyrir fiskveiðar.

Árið 1996 varði Norræna ráðherranefndin 27,9 millj. danskra króna til umhverfisstarfs og fór mestur hluti þeirrar fjárhæðar til starfsemi þeirra fimm fastanefnda sem starfræktar eru innan umhverfisgeirans. Auk þess voru til ráðstöfunar 5 millj. danskra króna til umhverfismála á grannsvæðunum.

Umhverfisráðherrar héldu þrjá ráðherranefndarfundi á árinu. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu að umhverfisráðherrar Norðurlanda halda óformlegan fund um málefni Evrópusamsambansins í tengslum við ráðsfundi umhverfisráðherra ESB.

Nýr sjóður innan Norræna umhverfisfjármögnunarsjóðsins (NEFCO).

Sl. ár var stofnaður nýr sjóður innan NEFCO, styrktarsjóður vegna framkvæmda í umhverfismálum á grannsvæðunum (sjá nánar kafla 15.5.)

Samstarfsáætlun í umhverfis- og sjávarútvegsmálum.

Í febrúar 1995 samþykkti Norræna ráðherranefndin, umhverfisráðherrar og sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda samstarfsáætlun í umhverfis- og sjávarútvegsmálum fyrir tímabilið 1995–1998. Í kjölfarið var skipuð samstarfsnefnd fyrir samstarfsáætlunina og tók hún til starfa sama ár. Fyrstu tvö árin veitti Ísland nefndinni forgöngu, þ.e. til ársloka 1996 en þá tóku Norðmenn við formennsku í nefndinni. Samstarfsnefndin er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandanna, einum frá umhverfisyfirvöldum og einum frá sjávarútvegsyfirvöldum.

Samstarfsáætlunin tekur til hafsins, auðlinda þess og strandsvæða. Tilgangur þessa samstarfs er að stuðla að því að að sjávarútvegurinn taki aukið tillit til umhverfisins og að finna leiðir til þess að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun og nýtingu sjávarauðlinda.

Í samstarfsáætluninni eru afmarkaðir nokkrir meginþættir sem taldir eru skipta mestu máli fyrir verndun hafsins og auðlinda þess á næstu 3–4 árum. Þessir þættir eru sjálfbær þróun og sjálfbær nýting auðlinda hafsins, auðlindavernd, umhverfi hafsins og verndun strand- og sjávarsvæða. Innan þessara fjögurra meginþátta eru síðan skilgreindir nánar 14 undirþættir sem talið er brýnt að vinna að á þessu tímabili.

Fyrst í stað var ákveðið að beina kröftunum aðeins að sjö undirþáttum og hefur samstarfsnefndin unnið að því að koma í gang rannsóknar- og samstarfsverkefnum sem falla innan og uppfylla þessa undirþætti. Þegar hafa 10 verkefni verið styrkt og má þar nefna m.a. verkefni á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, aukaafla, mengunar, betri veiðiaðferða og markvissari veiðarfæra. Rétt er að geta þess að eitt af þessum verkefnum er að hluta til framkvæmt hér á landi þ.e. vöktunarverkefni á strandsvæðum, sem er samstarfsverkefni milli Íslands, Færeyja og Noregs og er Breiðafjörður vöktunarstaður á Íslandi.

8.1. Störf vinnunefnda árið 1996.

Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofts.

Viðfangsefni nefndarinnar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og móta tillögur að aðgerðum á alþjóðavettvangi og heima fyrir. Enn fremur skal nýta það fé sem nefndinni er ætlað til að styrkja hinn vísindalega grundvöll þessa starfs. Haldnir voru tveir fundir á árinu þar sem stefnumótun fór fram og styrkir veittir. Tveir vinnuhópar hafa starfað á vegum nefndarinnar.

Niðurskurður fjárveitinga fyrir árið 1996 hafði veruleg áhrif á starfsemina þannig að styrkir til nýrra verkefna var lítill. Áframhaldandi niðurskurður fyrir 1997 hafði það í för með sér að skipulagsmál voru mikið rædd. Ákveðið var að draga úr kostnaði við nefndarstörf og því ákveðið að leggja niður þá hálfu stöðu ritara sem merkt var hafverkefnum og hefur verið á Hafrannsóknarstofnun. Enn fremur var ákveðið að leggja niður undirnefndirnar og mynda eina sameiginlega undirnefnd með sameiginlegum ritara við aðalnefndina. Formennskan í vinnunefndinni verður í höndum Dana árið 1997.

Nú liggur fyrir alþjóðleg bókun um takmörkun brennisteinsmengunar og því er unnið á vegum nefndarinnar að svipuðu samkomulagi er varðar köfnunarefnissambönd. Enn fremur er unnið af miklum krafti að rannsóknum sem nýta má í samningaviðræðum um alþjóðasamning um þrávirk lífræn efni og þungmálma, en margt er enn óþekkt um hegðun þeirra, sérstaklega á norðurslóðum. Þessar rannsóknir eru mjög dýrar og því nauðsynlegt að vinna skipulega að þeim. Ákveðið var að styrkja norrænt starf til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að ýta undir rannsóknir þar að lútandi.

Árið 1996 veitti nefndin um 2,5 millj. kr. til verkefna í íslenskri umsjón en íslensk þátttaka var í nokkrum verkefnum til viðbótar. Stefnumörkun ráðherranefndarinnar gerir það að verkum að nánast er ógerningur að fá fjármagn til annarra verkefna en þeirra sem ljóslega styrkja reglugerðarvinnu og stefnumörkun.

Vinnunefnd um hreinni tækni.

Verkefni nefndarinnar er að vinna að samræmingu og skilgreina sameiginleg verkefni á sviði hreinni framleiðslutækni og sorphirðu. Við vinnu sína hefur nefndin lagt áherslu á þær meginreglur sem gilda á sviði umhverfismála, þar með talið mengunarbótaregluna, ábyrgð framleiðenda, varúðarregluna, líftímagreiningu (frá vöggu til grafar) og sjálfbæra þróun. Í störfum sínum tekur vinnunefndin um hreinni tækni mið af norrænu umhverfisáætluninni.

Þau verkefnasvið sem nefndin um hreinni tækni fékkst við árið 1996 eru þessi:

— Hreinni framleiðslutækni, þar með talið besta fáanlega tækni (BAT) og líftímagreining (LCA).
— Sorphirðumál, þar með talið meðhöndlun úrgangs og úrvinnsla.
— Stjórntæki innnan sorphirðu og mengunarmála, m.a. ábyrgð framleiðenda.
— Sjálfbær framleiðsla og neysla.

Vinnan í nefndinni um hreinni tækni og undirhópum hans er að miklu leyti tengd starfi vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta á bæði við um undirbúning og framkvæmd á nýjum EES-gerðum. Á árinu hefur m.a. verið fjallað um framkvæmd rammatilskipunar um spilliefnalista, tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang, umhverfisstjórnun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, reglugerð um flutning spilliefna og tilskipanir um urðun úrgangs, sorpbrennslu og brennslu spilliefna.

Nefndin á að stuðla að samvinnu um meðhöndlun spilliefna. Á árinu 1996 lagði nefndin áherslu á vinnu við stefnumörkun í sambandi við meðhöndlun á úrgangi sem inni-

heldur kvikasilfur. Hrint var af stað verkefni til að leita norrænna lausna á þessu sviði. Nefndin hélt námstefnu haustið 1996 um rafmagnsúrgang, þar sem fjallað var um samræmdar kröfur, kerfi og lausnir. Vinna á sviði spilliefna er tengd tilmælum Norðurlandaráðs nr. 2/1994: Meðhöndlun spilliefna (A 1035/m).

Á árinu setti nefndin á laggirnar tengiliðahóp til að fjalla um sorpbrennslu, sérstaklega með tilliti til orkunýtingar, umhverfiskrafna og flokkun úrgangs. Enn fremur var settur á laggirnar hópur til að fjalla um ábyrgð framleiðenda. Nefndin um hreinni tækni hefur haldið áfram með vinnu á sviði „bestu fáanlegrar tækni" — BAT. Lokið var við verkefni um bestu fáanlegu tækni í fiskiðnaði og út komu skýrslur um bestu fáanlegu tækni við bílalökkun og í slippum. Sett voru af stað verkefni um bestu fáanlegu tækni í málmiðnaði og í rafmagnsiðnaði. Verið er að skoða norræna BAT-vinnu með hliðsjón af vinnu á þessu sviði innan ESB.

Á árinu kom út skýrsla sem fjallar um útflutning á umhverfisskaðlegri tækni og unnin var fyrir nefndina. Einnig hefur nefndin haldið áfram að vinna með framkvæmdaáætlanir um sorphirðumál dreifðra byggða. Á því sviði var í apríl lokið við verkefni um heimajarðgerð á Íslandi og í Færeyjum. Útbúnir voru fræðslubæklingar fyrir sveitarfélög og heimili og hefur umhverfisráðuneytið á Íslandi gefið þessa bæklinga út á íslensku. Verið er að ljúka við gerð fræðslubæklings um hreinni framleiðslutækni fyrir lítil fyrirtæki og loks er unnið að verkefni í Færeyjum og á Íslandi um umhverfisáætlanir sveitarfélaga. Varðandi sjálfbæra framleiðslu og neyslu var settur á laggirnar tengiliðahópur um framleiðsluháða umhverfisstefnu. Markmið með þessari vinnu er að fylgja eftir Ríóráðstefnunni 1992.

Vinnunefnd um umhverfisvöktun og meðferð gagna (NMD).

Árið 1996 var lögð töluverð vinna í að aðlaga starfsemi nefndarinnar að nýrri norrænni umhverfisáætlun sem gildir fyrir árin 1996–2000. Þetta hafði þó ekki veruleg áhrif á verkefni sem nefndin styrkti árið 1996 þar sem búið var að ákveða þau í árslok 1995.

Áhrif inngöngu Finna og Svía í Evrópusambandið voru minni en búist var við og má það væntanlega skýra út með að Norðurlöndin standa á nokkuð gömlum og traustum merg hvað vöktun umhverfisins og meðferð umhverfisgagna varðar.

Það verkefni sem hæst ber er útgáfa á skýrslu um ástand í umhverfismálum á þeim svæðum Norðurlandanna sem tengjast norðurheimskautinu. Þessi skýrsla kom út í lok 1996 og er gefin út á 5 tungumálum þar á meðal á íslensku. Hluti af starfsemi vinnunefndarinnar er að hafa umsjón með verkefnum á grannsvæðunum og þá einkum að koma á vöktun og stuðla að góðri meðferð á gögnum í Eystrasaltsríkjunum. Af helstu verkefnum á vegum vinnunefndarinnar árið 1996 sem snertu Ísland má nefna: Framhald á vöktunarverkefni á strandsvæðum sem er samstarfsverkefni milli Íslands, Færeyja og Noregs og er Breiðafjörður vöktunarstaður á Íslandi, lok áðurnefndrar skýrslu um ástand umhverfisins í þeim hluta Norðurlanda sem eru í eða teljast til heimskautasvæðisins, styrkur til að setja upp vöktunarstöð á landi til að mæla gegnumstreymi efna með vatni í gegnum jarðveg, útgáfa á skýrslu um vísa („indikatora") til nota í sambandi við stefnumótun í umhverfismálum og byrjun á nýrri skýrslu um fjölbreytni náttúrunnar. Formennska í þessari vinnunefnd verður í höndum Íslands til ársloka 1997.

Vinnunefnd um náttúruvernd og útivistarmál.

Nefndin hefur það hlutverk að skilgreina samnorræn markmið og leiðir í náttúruvernd, útivist og verndun menningarlandslags. Verksvið nefndarinnar spannar allt svið-

ið frá faglegri stefnumótun til tillagna um framkvæmd og stjórnsýslulegar aðgerðir varðandi náttúruvernd, útivist og skipulagsmál í samræmi við norræna stefnu í umhverfismálum. Á árinu 1996 var lögð áhersla á verkefni er snerta náttúruvernd, einkum verndun líffræðilegrar fjölbreytni, sjálfbæra þróun, útivistarmál og menningarlandslag. Á vegum nefndarinnar var veitt fé til u.þ.b. 18 verkefna á árinu 1996.

Á sviði náttúruverndar og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni voru gefnar út tvær skýrslur á árinu, „Nordisk naturvård — möjligheter och problem" og „Marina reservater í Norden — Del II". Fyrri skýrslan fjallar um markmið og leiðir í náttúruvernd og nýtingu auðlinda með sjálfbæra þróun að leiðarljósi en sú seinni bendir á og lýsir hafsvæðum sem ber að vernda en skýrsluna má nýta sem grundvöll fyrir stefnu yfirvalda í verndun hafsvæða. Lokið verður við nokkur önnur verkefni á árinu svo sem verkefni um þá hættu sem vistkerfum getur stafað af sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera og verkefni um stofnstærðir fugla á Norðurlöndum og framtíðarhorfur á því sviði. Einnig var áfram unnið að úttekt á hvernig tekist hefur að fylgja eftir samningi um líffræðilega fjölbreytni á Norðurlöndunum og þá sérstaklega hjá sveitafélögum. Samantektinni er einnig ætlað að vera einskonar hugmyndabanki um hvernig megi leysa þau vandamál sem koma upp við ólíkar aðstæður.

Á sviði útivistar var lokið við verkefni um almannarétt, sem er samantekt á þeim reglum sem gilda um almannarétt á Norðurlöndum og mismun þar á. Einnig var lokið við skýrslu um útivist og rými. Þar er fjallað um nauðsyn þess að móta stefnu í skipulagsmálum hvað varðar útivist í nánd við þéttbýli sérstaklega með tilliti til þess að taka frá svæði til þeirrar notkunar.

Á sviði landslagsverndar var lokið við endurskoðun á svonefndum „World Heritage" lista á Norðurlöndum (einnig Grænlandi) þar sem markmiðið var að samþætta verndun svæða vegna náttúru og menningarminja. Einnig var lokið við verkefnið „Israndslinier i Norden" sem lýsir jarðsögu Norðurlanda eftir síðasta jökulskeið (ekki á Íslandi).

Á sviði menningar og umhverfismála var lokið við skýrslu um tengsl landslags og menningarverðmæta og hvernig megi best standa að áframhaldandi þróun og verndun menningarverðmæta í tengslum við t.d. landbúnað, ferðamennsku, skipulagsáætlanir (þar með talið mat á umhverfisáhrifum) o.s.frv.

Þar sem verkefnin byggjast á þátttöku allra Norðurlanda hafa Íslendingar verið með í nær öllum verkefnum sem unnin hafa verið á vegum nefndarinnar árið 1996.

Áhersla hefur verið lögð á að auka samvinnu við önnur svið eins og sjávarútveg, landbúnað og skógrækt. Jafnframt mun á næstu árum verða lögð mun meiri áhersla á að verndun heimskautasvæða Norðurlandanna verði með sama móti og annarra svæða innan þeirra. Einnig er samvinna við Eystrasaltsríkin sífellt að aukast.

Efnavörunefndin.

Vinnunefndin um efnavörur (NKG) er í forsvari fyrir norrænu samstarfi á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin er stjórnvöldum til ráðgjafar við stefnumótun og við mótun tillagna að aðgerðum heimafyrir, í Evrópusamstarfi og á alþjóðavettvangi. Hún stuðlar að samvinnu stjórnvalda og að samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best. Nefndin hefur á síðari árum í vaxandi mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegri samvinnu þar sem unnið er að takmörkun á notkun eiturefna og að því að draga úr áhættu við notkun og meðferð eiturefna og hættulegra efna. Einnig hafa verkefni er nýtast Norðurlandaþjóðunum vegna aðildar þeirra að Evrópusambandinu og Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið fengið aukið vægi. Ísland hef-

ur tekið þátt í starfi efnavörunefndarinnar frá því árið 1989. Á árinu voru haldnir 3 fundir í nefndinni.

Verkefni sem unnið hefur verið að á árinu eiga sér stoð í norrænu umhverfisverndaráætluninni fyrir árin 1994–1996 svo og umhverfisverndaráætluninni fyrir árin 1996–2000. Í grófum dráttum skiptast verkefni vinnunefndarinnar í fjóra flokka, þ.e. skilgreiningu á áhættu vegna efnanotkunar, flokkun hættulegra efna, áhættumat og takmörkun áhættu. Meðal þeirra verkefna sem unnið hefur verið að á árinu 1996 má nefna eftirfarandi:

Þróun aðferða til að meta áhættu, söfnun upplýsinga og skipulögð samvinna þeirra rannsóknastofnana á Norðurlöndunum sem geta komið að slíkum verkefnum. Á vegum þessa verkefnis hafa verið gefnar út skýrslurnar: „Nordic Toxicological and Ecotoxicological Laboratories“ og „Proceedings of first Network Meeting — Development of (eco)toxicity tests“. Meðal verkefna sem þessu tengjast má nefna könnun á bindingu varnarefna í ólíkum tegundum af jarðvegi, könnun á aðferðum til að meta hvort efni eru krabbameinsvaldandi og verkefni varðandi efni sem hafa svipuð áhrif og hormónar. Í því sambandi hefur verið gefin út skýrslan „Chemicals with Estrogen-like Effects“. Einnig hefur verið unnið að verkefnum varðandi ofnæmisvaldandi efni og gefin út skýrslan „Potency Evaluation of Contact Allergens II“.

Unnið hefur verið að verkefnum um flokkun hættulegra efna hvað varðar áhrif á umhverfi og/eða heilsu manna. Þessar upplýsingar hafa verið mikilvægt framlag í samstarf við þjóðir Evrópusambandsins. Gefnar hafa verið út skýrslurnar „Classification of Chemical Preparations — consequences of different criteria for environmental danger“, „Neurotoxicity Testing of Organic Solvents in Laboratory Animals — Proceedings of a workshop in Copenhagen June 8–9 1995“ og „Kriterier og Testmetoder til vurdering af neurotoksiske stoffer og produkter med særlig vægt på organiske opløsningsmidler“. Verkefni tengd áhættumati og aðferðafræði í því sambandi. Þetta verkefni tengist tilskipunum ESB um þetta málefni og vinnu innan ESB og mati á þeirri vinnu sem þar fer fram. Könnun á útbreiðslu skaðlegra efna svo sem ósoneyðandi efna og samræmdar áætlanir og aðgerðir til að draga úr magni hættulegra efna í umhverfinu. Öflun upplýsinga um eiturefna- og umhverfiseiturefnafræðilega eiginleika varnarefna svo og samvinna varðandi eftirlit með notkun slíkra efna. Í því sambandi má nefna skýrsluna „Comparison of Predictive Models for Pesticide Operator Exposure“.

Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og á Ísland fulltrúa í sjö þeirra, þ.e. nefnd sem fjallar um takmörkun á notkun þungmálma, nefnd um varnarefni, nefnd sem vinnur að takmörkun á notkun ósoneyðandi efna, nefnd sem fjallar um efni sem geta valdið skaða á taugakerfi, nefnd sem fjallar um efni sem geta verið hættuleg heilsu fólks, nefnd sem vinnur að hættuflokkun umhverfisskaðlegra efna og nefnd sem skoðar aðferðir við mat á áhættu af efnanotkun.

Haldin var ráðstefna um áætlun og aðferðir sem miða að því að draga úr áhættu af notkun hættulegra efna.

Eitt verkefni var unnið á Íslandi á árinu. Það varðar aðferðir til að mæla hugsanleg áhrif af notkun leysiefna á fólk sem hefur unnið með slík efni.

Formennska í þessari nefnd verður í höndum Íslendinga á árunum 1997 og 1998.

Vinnuhópur um mat á umhverfisáhrifum (MKB ad-hoc).

Umhverfisráðuneytið hefur á árunum 1994–1996 tekið þátt í starfi norræns vinnuhóps um mat á umhverfisáhrifum (MKB ad-hoc). Á þessum árum hefur tilskipun Evr-

ópusambandsins (85/337ES) um mat á umhverfisáhrifum stakra framkvæmda verið innleidd í löggjöf Norðurlanda og hefur hópurinn verið vettvangur til samanburðar á fenginni reynslu.

Á vegum ESB hefur ný tilskipun um umhverfismat áætlana verið í smíðum undanfarin ár og hefur vinnuhópurinn ýtt úr vör verkefnum af þeim toga. Þátttakendur af Íslands hálfu í einu slíku verkefni um mat á skipulagsáætlunum sveitarfélaga voru á þessu ári Skipulag ríkisins og Akureyrarbær. Eftirfarandi verkefnaskýrslur hafa verið gefnar út á árinu á vegum ráðherranefndarinnar fyrir tilstuðlan vinnuhópsins:

— Forstudie om strategisk miljövurdering (TemaNord 1996:538)
— Miljökonsekvensvurderinger og fysisk planering på kommunenivå (TemaNord 1996:581, júní 1996)
— Allmänhetens deltagande i MKB-processen i de nordiska länderna (TemaNord 1996: 588)
— Programmatic and Strategic Environmental Impact Assessments (TemaNord 1996:589)
— MKB-kvalitet, — ett nordiskt förslag till kvalitetskriterier (TemaNord 1996:590)
— Miljövurdering af regionplaner (TemaNord 1996:602)

Yfirlitsráðstefna um starf vinnuhópsins, þar sem m.a voru kynntar niðurstöður einstakra verkefna, var haldin í Helsingør í október 1996.

Embættismannanefnd umhverfismála hefur framlengt starfstíma vinnuhópsins til ársloka 1998.

8.2. Samstarfsverkefni Noregs og Íslands um snjóflóð.

Eftir snjóflóðið á Súðavík í mars sl. sótti Jarðtæknistofnun Noregs (Norges Geotekniske Institut, NGI) um styrk frá Norrænu ráðherranefndinni til verkefnis sem mundi fela í sér samvinnu milli Norðmanna og Íslendinga og verða til þess að auka öryggi fólks sem býr við snjóflóðahættu. Veittur var styrkur að upphæð 1 millj. norskra króna 1995 og 1,25 millj. norskra króna 1996. Sótt hefur verið um styrk fyrir 1997 að upphæð 1,25 millj. norskra króna NGI hefur tekið þátt í verkefninu af hálfu Norðmanna, en af hálfu Íslendinga hafa Háskóli Íslands (HÍ) og Veðurstofa Íslands (VÍ) verið þátttakendur. Verkefnisstjóri alls verkefnisins og norska hlutans er Karstein Lied (NGI) og á Íslandi er verkefninu stýrt af Kristjáni Jónassyni (VÍ). Styrkjum áranna 1995 og 1996 var skipt jafnt milli Norðmanna og Íslendinga.

Á árinu 1996 hefur verið unnið að eftirfarandi undirverkefnum. Sum verkefnin eru að hluta greidd með öðru fé en styrkjum frá Norrænu ráðherranefndinni.

1. Hættuboðar ofanflóða.

Skýrsla um snjóflóðaaðvaranir. Magnús M. Magnússon (VÍ) og Krister Kristensen (NGI) rituðu skýrslu um staðbundnar snjóflóðaaðvaranir [1].

Ráðstefna í Kanada. Krister Kristensen og Magnús Már Magnússon fóru til Banff í Kanada í október og tóku þátt í ráðstefnunni ISSW '96. Þeir héldu fyrirlestur um viðvaranir við snjóflóðum í Noregi og á Íslandi og hvernig snjóflóðavarnir hafa verið skipulagðar á Íslandi eftir tvö stór snjóflóð.

Þróun hættuboða. Kannað var hvernig nota mætti upplýsingar um veður og snjóalög á hverjum stað með „nearest neighbour"-aðferð.

2. Líkangerð til að skýra skriðlengd snjóflóða.

Yfirlit um eðlisfræðileg líkön af snjóflóðum. Carl Harbitz á NGI safnaði upplýsingum um flest eðlisfræðilíkön af snjóflóðum sem eru notuð í heiminum og ritaði skýrsluna [4]. Hefur skýrsla hans komið að góðum notum í „háskólaverkefninu" sem sagt er frá hér að neðan.

Aframhaldandi þróun NIS-líkans. Frestað til 1997.

Söfnun upplýsinga um löng snjóflóð. Kristján Jónasson (HÍ) fór ásamt Sven Sigurðssyni (HÍ) til Ósló í júlí. Þeir fóru í gegn um gagnasöfn NGI til þess að afla gagna um löng norsk snjóflóð. Ferðin var hluti af verkefni þeirra við HÍ, sem snýst um að þróa aðferðir til hættumats vegna snjóflóða og er lýst hér að neðan.

Þróun staðfræðilíkans fyrir íslensk snjóflóð. Unnið var að þessu í samvinnu Tómasar Jóhannessonar (VÍ) og Kristjáns Jónassonar og Kristínar Friðgeirsdóttur (HÍ). Líkanið er svokallað alfa-beta líkan og var meðal annars notað við gerð rýmingarkorta [3].

Þróun aðferðar til að meta hættu af snjóflóðum. Unnið hefur verið að þessu verkefni við HÍ af Kristjáni Jónassyni, Sven Sigurðssyni, Gunnari G. Tómassyni og Kristínu Friðgeirsdóttur. Nefna má að einungis Sven starfar enn við HÍ, en Kristján er nú aðstoðarsviðsstjóri úrvinnslu- og rannsóknasviðs VÍ og heyra snjóflóðamál undir hann. Heildarútgjöld vegna verkefnisins hafa verið um 800 þús. norskra króna. Verkefnið hefur að hluta verið fjármagnað af norræna verkefninu með u.þ.b. 150 þús. norskra króna árið 1995 og 50 þús. norskra króna árið 1996. Hluti af háskólaverkefninu var ritun skýrslnanna [2] og [3]. Unnið er að lokaskýrslu vegna verkefnisins.

3. Mat á hættusvæðum.

Heimsókn tveggja Íslendinga til Noregs. Svanbjörg Haraldsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson (VÍ) heimsóttu NGI í apríl og kynntu sér hvernig NGI kortleggur hættusvæði og norskar aðferðir til mats á hættusvæðum. Þau ferðuðust einnig til Vestur-Noregs og heimsóttu rannsóknarstöð NGI í Stryn og skoðuðu snjóflóðasvæði í nágrenni hennar í fylgd Ulrik Domaas og Kristers Kristensen hjá NGI. Skrifuð var skýrsla um ferðina [5].

Kort sem sýnir hættu af ofanflóðum á Ólafsfirði. Magnús M. Magnússon (VÍ) hefur undirbúið úrvinnslu hættukorts af Ólafsfirði og nágrenni hans. Kortið verður gert í Ósló með aðferðum sem NGI hefur notað við gerð norskra hættukorta í mælikvarðanum 1:50000.

4. Varnarvirki.

Áform um byggingu varnarvirkja. NGI hefur gefið ráð og tekið þátt í umræðum um fyrirhuguð varnarvirki í Súðavík, á Flateyri og Ísafirði.

Kynnisferð til að skoða varnarvirki. Kristján Jónasson og Tómas Jóhannesson (VÍ) heimsóttu nokkra bæi í Vestur-Noregi og skoðuðu varnargarða og -veggi. Þeir heimsóttu einnig rannsóknarstöðina í Stryn, héldu fundi með Karstein Lied um norræna verkefnið og tóku þátt í málstofu á NGI þar sem Carl Harbitz hafði framsögu um hversu háir leiðigarðar ættu að vera.

Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi — Yfirlit og mat á kostnaði. Heildarkostnaður við verkefnið var u.þ.b. 500 þús. norskra króna og var stærstur hluti þess unninn af Tómasi Jóhannessyni (VÍ), Frode Sandersen (NGI), Karstein Lied (NGI) og Stefan Margeth (Snóflóðastofnun Sviss). Þeir sóttu heim bæi á Íslandi sem taldir eru í snjóflóðahættu og könnuðu hvað unnt væri að gera til að verjast snjóflóðum og hvað það kæmi til með að kosta. Stærstur hluti kostnaðarins var greiddur af Ofanflóðasjóði, en u.þ.b.

fimmtungur var greiddur af norræna verkefninu. Niðurstöðurnar voru settar fram í skýrslu [6].

Útreikningur á hraða í snjóflóðinu á Flateyri í október 1995. Tilgangur þessa útreiknings var að kanna hversu mikið öryggi varnargarðarnir sem nú er verið að byggja á Flateyri veita. Þessi vinna var í framhaldi af skýrslunni [7].

Skrá yfir greinargerðir:

1. Magnús Már Magnússon og Krister Kristensen, *Proposal of guidelines for implementation and operation of local avalanche forecasting*, NGI skýrsla 581250, janúar 1996.
2. Gunnar Guðni Tómasson, Kristín Friðgeirsdóttir, Kristján Jónasson og Sven Þ. Sigurðsson, *Mat á meðaltíðni snjóflóða* — Áfangaskýrsla, Háskóli Íslands, október 1995.
3. Erlendur Smári Þorsteinsson, Gunnar G. Tómasson, Kristín Friðgeirsdóttir, Kristján Jónasson og Sven Þ. Sigurðsson, *Bráðabirgðarennslisstig — Greinargerð um útreikning rennslisstiga og gerð rennslisstigakorta*, Háskóli Íslands, febrúar 1996.
4. Carl Harbitz, *Comutational models for dense snow avalanche motion*, NGI skýrsla 581250-3, apríl 1996.
5. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir, *Noregsferð 22. apríl – 1. maí 1996*, VÍ greinargerð VÍ-G96022-ÚR21, júní 1996.
6. Tómas Jóhannesson, Karstein Lied, Stefan Margreth og Frode Sandersen, *Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi. Yfirlit og mat á kostnaði. Athugun gerð fyrir umhverfisráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum*, VÍ VÍ-R96004-ÚR03, október 1996.
7. Carl Harbitz, Norge–Island. Flateyri — *Efterberegning av skredet 26. oktober 1996*, NGI skýrsla 581250-1, nóvember 1995.

9. Réttindi þegnanna.

9.1 Heilbrigðis- og félagsmál.

Ráðherrafundur.

Norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir héldu sumarfund sinn á árinu 1996 á Akranesi þann 10. júní. Á fundinum var gerð grein fyrir hvaða afleiðingar ákvörðun norrænu samstarfsráðherranna um breytingar á skipulagi norrænna stofnana kæmi til með að hafa á samvinnuna innan heilbrigðis- og félagsmálageirans. Jafnframt var gerð grein fyrir svonefndri Lindroos-skýrslu sem fjallar nánar um framhald samvinnunar í heilbrigðis- og félagsmálum. Helsta umræðuefni fundarins var hins vegar tengsl Norðurlanda við Evrópusambandið og samstarfið innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hjá danska félagsmálaráðherranum kom fram að ESB er ekki tilbúið til þess að þróa mjög víðtækt samstarf á sviði félagsmála á næstu árum.

Daginn eftir ráðherrafundinn var í Reykjavík haldin norræn ráðstefna um velferðarsamfélag framtíðarinnar þar sem þeir ráðherrar sem sóttu sumarfundinn töluðu, auk sérfræðinga, um ástand og horfur í velferðarmálum á Norðurlöndum. Ástandið í atvinnumálum, atvinnuleysið og afleiðingar þess var það mál sem hæst bar á ráðstefnunni.

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S) hélt þrjá fundi á árinu, þar af einn í tengslum við ráðherrafundinn á Akranesi. Á fundi embættismannanefndarinnar í Ósló í mars var skýrsla Lindroos-nefndarinnar helsta umræðuefnið. Fundurinn á Akranesi snerti einkum undirbúning ráðherrafundarins, en nýjar starfsreglur Norræna heilbrigðisháskólans voru einnig til umfjöllunar. Á haustfundi embættismannanefndarinnar í Helsingfors í lok október bar hæst úttekt á starfsemi Norrænu stofnunarinnar til prófunar efna til tannlækninga (NIOM), tillögur um meðhöndlun umsókna um styrki til rannsóknarverkefna og þau málefni sem eru efst á baugi innan Evrópusambandsins. Í tengslum við fundinn var haldin þemaráðstefna um lífeyrisaldur og lífeyristryggingar á Norðurlöndum. Þar vakti sérstaka athygli hvað Íslendingar eru í reynd mun eldri en aðrir Norðurlandabúar þegar þeir láta af störfum og fara á eftirlaun, enda er atvinnuástandið á Íslandi hagstæðara en í hinum löndunum. Í Finnlandi og Svíþjóð er til að mynda meðalaldur þeirra sem fara á eftirlaun orðinn lægri en 60 ár á meðan meðalaldurinn hér á landi er nálægt 70 ár.

9.1.1. Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV).

Nordiska hälsovårdshögskolan í Gautaborg í Svíþjóð er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir innan heilbrigðisfræðinnar. Skólinn hefur starfað frá árinu 1953.

Þáttur Íslendinga í starfi skólans var mjög mikill á árinu 1996. Davíð Á. Gunnarsson var formaður stjórnar fyrstu þrjá mánuði ársins. Dr. med. Guðjón Magnússon var ráðinn sem rektor skólans frá 1. janúar 1996. Á annan tug Íslendinga stunduðu nám við skólann. Einn Íslendingur varði doktorsritgerð sína við skólann, annar lauk námi til meistaragráðu og sjö stunduðu nám á einstökum námskeiðum.

Stjórnun. Norræna ráðherranefndin setti skólanum nýjar starfsreglur á árinu. Þar er m.a. kveðið nánar á um verksvið rektors, stjórnar skólans og Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nýtt stjórnskipurit sem var sett fyrir innra starf skólans 1995 fól í sér tilflutning á verkefnum og ábyrgð. Meginbreytingin var sú að settir voru þrír millistjórnendur, þ.e. yfirmaður kennslusviðs, yfirmaður rannsóknasviðs og yfirmaður stjórnunarsviðs en sá aðili hefur með fjármál og starfsmannamál að gera. Ekki hafa allir starfsmenn skólans verið á einu máli um ágæti þessa stjórnunarfyrirkomulags og því hefur það verið til endurskoðunar á árinu.

Stjórn skólans ákvað á árinu að láta samnorrænar reglur varðandi tímamörk ráðningar starfsmanna við norrænar stofnanir taka gildi, en þeim ákvæðum hafði ekki áður verið beitt varðandi ráðningu starfsfólks.

Kennsla. Námið við Nordiska hälsovårdshögskolan er byggt upp í formi námskeiða og að loknu átta mánaða námi hlýtur viðkomandi viðurkenningu eða diplom í heilbrigðisfræði. Þeir sem stunda rannsóknir í framhaldi af slíku námi og fá þær metnar sem fullnægjandi öðlast meistaragráðu í heilbrigðisfræði og þeir sem stunda enn víðtækari vísindastörf geta hlotið doktorsgráðu frá skólanum.

Við skólann er einnig mikið framboð af einstökum stuttum námskeiðum fyrir starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar á Norðurlöndum og umfangsmikið fræðslustarf er á vegum skólans fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar í Eystrasaltslöndunum.

Á árinu reyndi í fyrsta sinn á nýbreytni í uppbyggingu náms og námskeiða skólans sem tekin var upp árið 1995. Nýbreytnin hafði það að markmiði að auka hagkvæmni, árangur og gæði kennslunnar. Meginbreytingin fólst í því að tengsl milli námskeiða voru aukin og reynt að koma í veg fyrir skörun námsefnis. Við breytingarnar var tekið mið af uppbyggingu náms í öðrum hliðstæðum skólum og af auknu samstarfi við aðra skóla bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum. Breytingarnar eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Gagnrýnt hefur verið að breytingarnar hafi leitt til þess að nemendur eigi erfiðara með að finna hvaða námskeið hentar þeim best.

Á árinu 1996 lauk einn Íslendingur meistaragráðu frá skólanum og er það fjórði Íslendingurinn sem lýkur slíku námi frá skólanum. Annar Íslendingur varði doktorsritgerð sína við skólann, fyrstur Íslendinga. Það er þrettánda doktorsgráðan sem veitt er frá skólanum. Báðir þessir einstaklingar eru hjúkrunarfræðingar.

Þá hófst á árinu samstarf skólans við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands um þriggja missera nám í stjórnun og rekstri heilbrigðisstofnana og er það nýjung.

Rannsóknir. Þrátt fyrir mikið kennsluálag stunda allir kennarar skólans einhverja rannsóknarvinnu, hver á sínu sérsviði og þeir sem vinna að doktorsritgerð leggja allir að mörkum umfangsmikið vísindastarf. Birtar vísindagreinar kennara voru 70 á árinu.

Af rannsóknarverkefnum sem Ísland tekur þátt í má nefna rannsókn á heilsufari norrænna barna og samanburðarrannsókn á þróun hjartasjúkdómatíðni á Norðurlöndum.

Nordiska hälsovårdshögskolan hefur að mati stjórnar skólans allar forsendur til að gera samnorrænar rannsóknir er varða heilbrigðismál. Hins vegar hefur sá möguleiki, að mati stjórnar skólans, ekki verið nýttur sem skyldi af heilbrigðisyfirvöldum og stofnunum á Norðurlöndum.

Nemendur. Heildarfjöldi nemenda við skólann árið 1996 var á áttunda hundrað. Nemendurnir voru frá öllum norrænu löndunum og hefur hvert land ákveðið fyrirfram hve mörg námskeið það ætlar að greiða fyrir. Ísland ákvað fyrir nokkrum árum að standa straum af kostnaði fyrir sem svarar til 13 námskeiða á ári. Þau námspláss voru öll notuð á árinu 1996. Sjö Íslendingar stunduðu nám við skólann, þ.e. tveir læknar, tveir hjúkrunarfræðingar, einn heilbrigðisfulltrúi, einn félagsráðgjafi og einn manneldisfræðingur.

Heildarfjöldi umsækjenda um nám í skólanum var yfir 3000 manns sem er langt umfram þann fjölda sem skólinn getur annað.

Nokkur fækkun varð á fjölda umsækjenda á árinu 1996 miðað við næstu ár á undan. Ástæðurnar eru nokkrar. Meginástæðan er aukið framboð á námi í heilbrigðisfræði við aðra háskóla á Norðurlöndum, en einnig minni möguleikar heilbrigðisstarfsfólks að fá frí frá störfum til að stunda nám svo og hert inntökuskilyrði til náms við skólann.

Fulltrúar Íslands í stjórn skólans árið 1996: Davíð Á. Gunnarsson, ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Vilborg Ingólfsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur við landlæknisembættið, varamaður og Magnús Guðjónsson, heilbrigðisfulltrúi á Suðurnesjum, fulltrúi nemenda.

Fulltrúar í námsráði skólans árið 1996: Dögg Pálsdóttir lögfræðingur (hluta ársins), Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs Ríkisspítala, Sveinn Magnússon, héraðslæknir í Reykjaneshéraði, og Örn Bjarnason, trúnaðarlæknir Ríkisspítalanna.

Fulltrúi í vísindaráði skólans árið 1996: Tómas Helgason prófessor, Geðdeild Landspítalans.

Fulltrúi í nemendafélagi skólans árið 1996: Magnús Guðjónsson, heilbrigðisfulltrúi á Suðurnesjum, fulltrúi nemenda.

9.1.2. Norræn stofnun til prófunar efna til tannlækninga (NIOM).

Fyrir íslenska tannlækna hafa tengslin við NIOM reynst hagkvæm vegna upplýsinga sem fengist hafa varðandi gæði og aukaverkanir efna til tannlækninga. Ekki síst ný efni sem framleiðendur reyna oft að selja áður en þau eru fullreynd.

Verkefnum NIOM hefur verið skipt upp í fjóra meginþætti:

— „standardiseringu",
— prófun efna,
— rannsóknir og
— fræðslu.

Á alþjóðavettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi efna til tannlækninga með þátttöku í t.d. ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Vegna aukinnar samvinnu Evrópuþjóða er NIOM nú að aðlaga störf stofnunarinnar breyttum aðstæðum og leitast er við að fjármagna starfsemina að hluta til með því að selja þjónustu stofnunarinnar.

Stjórnarfundir eru haldnir minnst þrisvar á ári hverju. Fulltrúar Íslands í stjórn eru Sigfús Þór Elíasson, prófessor og Magnús R. Gíslason, yfirtannlæknir.

9.1.3. Norræna lyfjanefndin (NLN).

Norræna lyfjanefndin er samstarfsvettvangur Norðurlanda í lyfjamálum.

Tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna sitja í nefndinni, þ.e. alls tíu manns og jafnmargir varamenn, skipaðir til fjögurra ára í senn. Nefndin heldur fundi tvisvar á ári.

Fulltrúar Íslands í nefndinni eru nú Einar Magnússon, skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, og dr. Magnús Jóhannsson, prófessor við Háskóla Íslands. Varamenn eru Guðrún S. Eyjólfsdóttir, forstöðumaður Lyfjaeftirlits ríkisins, og Sigurður B. Þorsteinsson, læknir á Landspítalanum og formaður lyfjanefndar ríkisins. Skipunartími þeirra er til 1. janúar árið 2000. Núverandi formaður NLN er Ola Westbye, skrifstofustjóri í norska heilbrigðisráðuneytinu, en Kjeld Strandberg, forstjóri Lyfjamálastofnunar Svíþjóðar, er varaformaður.

Skrifstofa NLN er í Uppsölum í Svíþjóð. Starfsmenn nefndarinnar eru fjórir en Ulf Janzon, sænskur lyfjafræðingur, veitir skrifstofunni forstöðu.

Kostnaður við störf nefndarinnar er um 3 millj. sænskra króna og greiðist að mestu með framlagi frá Norrænu ráðherranefndinni en einnig með sértekjum nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar eru m.a.:

— að stuðla að samræmingu laga, reglugerða og framkvæmd lyfjamála á Norðurlöndum og vinna að norrænni skráningu og norrænni merkingu lyfja,
— að stuðla að norrænni samvinnu um samstarf Evrópu um lyfjamál, innan Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar, EFTA og ESB,
— að stuðla að norrænum rannsóknum og samvinnu um lyfjamál og vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndina,
— að gera reglulega samanburð á lyfjanotkun og kostnaði milli Norðurlanda (þar með talið ATC, DDD og ATCvet).

Innan NLN eru starfandi starfshópar á eftirtöldum sviðum:

Lög og reglugerðir. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Ragnhildur Arnljótsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Norræn lyfjatölfræði. Fulltrúi Íslands er Eggert Sigfússon, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

ATCvet. Fulltrúi Íslands er Rannveig Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri Lyfjanefndar ríkisins.

Innan NLN hafa auk þess starfað til skemri tíma starfshópar um ýmis afmörkuð málefni, svo sem um samnorræna skráningu, flokkun lyfja, klíniskar prófanir, lyfjaeftirlit, o.s.frv.

NLN heldur námskeið, bæði norræn og alþjóðleg, um lyfjafræðileg efni og hefur staðið fyrir ýmsum merkum ráðstefnum, ýmist ein sér eða í samstarfi við aðra.

Norræna lyfjanefndin hefur gefið út fjölda bóka og bæklinga með leiðbeiningastöðlum um framkvæmd lyfjamála og ýmis afmörkuð svið er varða lyf. Nýjasta útgáfan (NLN Publication No 41) nefnist: „NLN Regulatory Seminar 1996" og fjallar um ráðstefnu um prófanir og mat á lyfjum sem norræna lyfjanefndin stóð fyrir í Málmey í Svíþjóð dagana 24.–25. apríl 1996.

NLN tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi og hefur fengið áheyrnarfulltrúa í ýmsum mikilvægum vinnuhópum um lyfjamál innan ESB. Nýjar tilskipanir ESB um lyfjamál eru sendar NLN til umsagnar. Skrifstofa NLN varðveitir öll skjöl ESB um lyfjamál og þangað geta heilbrigðisyfirvöld og lyfjafyrirtæki sótt þjónustu varðandi málefni ESB. NLN tekur virkan þátt í samstarfi Evrópsku lyfjaskrárnefndarinnar. NLN hefur með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni tekið að sér aðstoð við Eystrasaltsríkin, Eistland, Lettland og Litáen, við að skipuleggja lyfjamál í löndunum. Fulltrúar landanna hafa t.d. verið hér á landi á vegum NLN til að kynna sér hvernig skipulagningu lyfjaskráninga og lyfjaeftirlits er háttað hér.

Starfsemi norrænu lyfjanefndarinnar hefur nýlega verið metin út frá „norrænu notagildi" (Nordisk nytte) eins og aðrar stofnanir Norrænu ráðherranefndarinnar og fékk nefndin ágætiseinkun eins og hún hefur reyndar einnig fengið í öðrum athugunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Norræna lyfjanefndin hefur ótvírætt mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Við skipulag lyfjamála á Íslandi hefur einkum verið tekið mið af skipulagi þessara mála annars staða á Norðurlöndunum en það hefur einmitt verið talið vera til fyrirmyndar fyrir önnur lönd. Flokkun lyfja samkvæmt svokölluðu ATC-kerfi og mælikvarði á lyfjanotkun með skilgreindum dagskömmtum (DDD) er árangur af norrænu samstarfi og NLN hefur unnið ötullega að útbreiðslu þessara kerfa á alþjóðavettvangi. Mikill vinnusparnaður er fólginn í því að geta fengið aðgang að upplýsingum og þeirri vinnu sem lögð er í skráningar lyfja, gerð laga og reglugerða á hinum Norðurlöndunum. Einnig hefur samanburður á milli Norðurlanda á lyfjanotkun og kostnaði á vegum starfshóps NLN um lyfjatölfræði nýst heilbrigðisyfirvöldum hér á landi í verulegum mæli á undanförnum árum við ákvarðanatöku um aðgerðir til að draga úr lyfjanotkun og lækka lyfjakostnað.

9.1.4. Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknanefndin á sviði vímuefna, NAD, er norræn stofnun á sviði félags- og heilbrigðismála. Aðalmarkmið nefndarinnar er að efla rannsóknir í áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin skal einnig stuðla að þverfaglegum rannsóknum á notkun vanabindandi lyfja. Auk þess skipuleggur nefndin vísindaráðstefnur og stuðlar að bættri menntun vísindamanna og auknum samskiptum þeirra. Jafnframt sér hún um upplýsingamiðlun og skýrslugerð.

Fjárframlög til nefndarinnar fyrir tímabilið 1995–1997 voru áætluð 6,6 millj. finnskra marka samkvæmt þriggja ára rammaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Fjárframlög fyrir tímabilið 1995–1996 hafa verið 4,2 millj. finnskra marka Í nefndinni eru þrír nefndarmenn og þrír varamenn frá hverju landi. Þrír Íslendingar eru í nefndinni og þrír til vara. Nefndin heldur að jafnaði fundi tvisvar á ári. Skrifstofa nefndarinnar er í Helsingfors og þar starfa framkvæmdastjóri og tveir aðrir starfsmenn.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni nefndarinnar árið 1996.

Á vegum NAD var haldinn vinnufundur í Ósló í mars þar sem lögð voru drög að stuttum samnorrænum spurningalista um áfengisneysluvenjur og vímuefni. Fundinn sótti einn Íslendingur. Áformað var að Ísland yrði með í þessari rannsókn en ekki hefur fengist svar við umsókn sem send var Forvarnarsjóði um fjármögnun rannsóknarinnar.

Í aprílmánuði átti NAD frumkvæði að fundi um formlega samvinnu evrópskra rannsóknarstofnana á sviði vímuefna. Markmiðið er að efla samanburðarrannsóknir á sviði áfengismála í Evrópu. Rætt var um að helstu rannsóknarviðfangsefni framtíðarinnar gætu verið faraldsfræði, forvarnir og meðferð. Fundinn sóttu 16 fulltrúar jafnmargra rannsóknastofnana og var einn Íslendingur þar á meðal. Boðaður hefur verið stofnfundur samtaka um samanburðarrannsóknir á áfengismálum í Evrópu (European Consortium for Comparative Social Research on Alcohol) í janúar á næsta ári.

NAD og Norræna tengiliðanefndin í fíkniefnamálum stóðu sameiginlega að ráðstefnu í maí um metadonmeðferð á Norðurlöndum. Fjallað var um metadonmeðferð í nútíð og framtíð, siðfræði og stefnumörkun.

Annað hvert ár styrkir NAD ráðstefnu þar sem kynntar eru líffræðilegar áfengisrannsóknir. Slík ráðstefna (XXIV. BAR-ráðstefnan) var haldin í Finnlandi í maí þetta ár.

Norræna ráðstefnan um áfengis- og vímuefnarannsóknir, sem NAD skipuleggur annað hvert ár, var haldin í september í Noregi. Efni hennar var fíkn og kenningar um skynsemishyggju. Fjórir Íslendingur voru meðal þátttakenda og héldu tveir þeirra erindi.

Í október hélt NAD rannsóknarfund í Rungsted í Danmörku um staðbundnar forvarnir áfengis og vímuefna.

Tveir vinnufundir í janúar og nóvember voru haldnir í Stokkhómi til þess að ræða verkefni NAD (SNAPS) um hagsmunaaðila og breytingar á fyrirkomulagi áfengismála á Norðurlöndum. Í þessu verkefni er unnið að rannsóknum á þeim breytingum sem eru að verða á norrænum áfengismálum, t.d. á einkasölu áfengis og var fjallað sérstaklega um hagsmuni og valdatilfærslur á sviði áfengismála.

Á árinu var lokið við vinnu sem hófst á síðasta ári vegna úttektar á skráningu á tölfræðilegum upplýsingum á meðferðarstofnunum fyrir áfengis- og vímuefnamisnotendur. Verkinu lauk með skýrslu og vinnufundi. Efni skýrslunnar og skráning á tölfræðilegum upplýsingum á meðferðarstofnunum var til umfjöllunar á sérstökum fundi í október í Helsingfors. Fundinn sótti einn Íslendingur. Frekari samvinna á þessu sviði er áformuð.

Að auki veitti NAD styrki til nokkurra rannsóknaverkefna og nokkra ferðastyrki til einstaklinga.

NAD styrkir fjárhagslega og tilnefnir fulltrúa í ritstjórn norræna tímaritsins Nordisk alkoholtidskrift. Ritstjórn skipa sex manns, þar af er einn Íslendingur. Styrkur NAD til tímaritsins var 40 þús. finnsk mörk. Í öðru og sjötta tölublaði tímaritsins árið 1996 voru birtar NAD-fréttir.

Tvær bækur komu út á árinu í ritröð NAD:

Läkemedelskontroll: EU och Norden. NAD Publikation nr. 29.

Discussing drugs and control policy. Comparative studies of four Nordic countries. NAD Publikation nr. 31.

Innan nefndarinnar hafa þær skipulagsbreytingar sem gerðar verða á NAD eins og öllum norrænum nefndum og stofnunum frá og með árinu 1997 verið ræddar. Nefndin reyndi að hafa áhrif á hið nýja stjórnskipulag en án árangurs.

9.1.5. Norræna hagskýrslunefndin (NOSOSKO).

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála, NOSOSKO, er fastanefnd sem starfað hefur frá árinu 1946. Höfuðverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðahæfri skýrslugerð um félagsmál á Norðurlöndum og gefa út bók um þann málaflokk með reglulegu millibili. Hér er átt við félagsmál í víðri merkingu, þar sem veigamestu útgjaldaliðirnir eru heilbrigðismál og lífeyristryggingar. Af öðrum verkefnum má nefna að nefndinni ber að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að samræmingu upplýsinga sem frá þátttökulöndunum koma.

Allar Norðurlandaþjóðirnar fimm eru aðilar að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að Evrópusambandinu eða EES. Eurostat hefur unnið að bættri hagskýrslugerð á sviði félagsmála og skilgreiningu og sundurliðun félagsmálaútgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun. Í þeirri vinnu hafa Norðurlandaþjóðirnar verið leiðandi, enda byggir ESSPROS-flokkunin meira og minna á norrænum fyrirmyndum. Á sumarfundi NOMESKO var ákveðið að í næsta skýrslu NOSOSKO yrði þess freistað að nota nefnda flokkun svo samræmi væri milli þeirra upplýsinga sem birtast í norrænu skýrslunni og skýrslum Eurostat.

Á árinu var horfið frá því að gefa út skýrslu NOSOSKO á þriggja ára fresti og mun hún frá og með árinu 1996 koma út árlega. Um er að ræða nokkuð styttri útgáfu en verið hefur og mun skýrsla koma út í septembermánuði ár hvert og ensk útgáfa hennar síðar á árinu. Er síðan ætlunin að ítarlegri upplýsingar og fylgitöflur verði að finna á disklingum. Enn fremur er áformað að á heimasíðu NOSOSKO verði ávallt að finna ákveðnar upplýsingar um heilbrigðismál og lífeyristryggingar á Norðurlöndum.

Í tengslum við sumarfund nefndarinnar var haldin sérstök afmælisráðstefna í Ósló þann 21. júní 1996 vegna 50 ára afmælis NOSOSKO. Á ráðstefnunni var lögð fram skýrsla um starfsemi NOSOSKO í 50 ár og þau verkefni sem eru framundan á starfssviði nefndarinnar.

Í lok október stóð NOSOSKO fyrir námskeiði í Vilnius í Litáen fyrir starfsmenn hagstofa og ráðuneyta í Eystrasaltslöndunum. Í þetta sinn var auk almennra vandamála við hagsýslugerð fjallað um ESSPROS-kerfið og hlutverk þess í samvinnu Evrópuþjóða á næstu árum.

Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, sem starfað hefur í NOSOSKO frá 1957 og verið formaður íslensku nefndarinnar hart nær 30 ár, lét af störfum eftir áratuga farsælt starf.

9.1.6. Norræna nefndin um málefni fatlaðra (NNH).

NNH er samstarfs- og fagstofnun um málefni fatlaðra og ber ábyrgð á stefnumótun og samhæfingu í þeim málefnum og að tryggja réttindi fatlaðra í samfélaginu.

Í stjórn NNH eru tveir fulltrúar frá hverju landi Norðurlanda, svo og áheyrnarfulltrúi frá Færeyjum, Grænlandi, Álandseyjum og norrænum samtökum fatlaðra. Fulltrúar Íslands eru Björk Pálsdóttir iðjuþjálfi, Tryggingastofnun ríkisins, og Ásta B. Þorsteinsdóttir, fyrrverandi formaður Landssamtaka Þroskahjálpar. Þrír fundir voru haldnir á árinu.

Fjárveiting til NNH á árinu 1996 var 4,4 millj. sænskra króna, 2,4 millj. finnskra marka til Nordisk utvecklingscenter för handikapphjalpmedel (NUH) sem er stofnun á vegum NNH og 1,6 millj. sænskar krónur til styrkja til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra.

Helstu verkefni NNH á árinu 1996. Starfsemi NNH á árinu 1996 einkenndist af fyrirhugaðri skipulagsbreytingu starfseminnar, sem mun taka gildi frá og með 1997.

Helstu verkefni á árinu eru á sviði aðgengismála í samfélaginu, almenningssamgangna, jafnréttis og réttaröryggis fatlaðra, framhaldsmenntunar fatlaðra, hjálpartækja og styrkveitinga til norrænnar samvinnu félaga fatlaðra. Nefna má sem dæmi um styrkveitingar frá NUH til íslensks fyrirtækis, Hugfangs ehf., sem fékk 270 þús. norskra króna í styrk til þróunar á nýju tjáskiptahjálpartæki. Sex fundir af 55 í norrænni samvinnu félaga fatlaðra voru haldnir á Íslandi á árinu.

Þrjár norrænar ráðstefnur voru á vegum NNH á árinu, um almenningssamgöngur (einn þátttakandi frá Íslandi), um réttaröryggi (tveir þátttakendur frá Íslandi, þar af einn fyrirlesari) og um framhaldsmenntun fatlaðra (tveir þátttakendur frá Íslandi, þar af einn fyrirlesari).

9.1.7. Norræna menntastofnunin fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum (NUD).

NUD er menntastofnun sem sér um námskeið og ráðstefnur fyrir starfsfólk sem vinnur með daufblindum.

Stjórn NUD er sú sama og stjórn NNH og stjórnarfundir eru á sama tíma og stjórnarfundir NNH. Tveir fundir voru á árinu 1996.

Fjárveiting til NUD 1996 var 5.757 þús. sænskar krónur.

Sérstakt skólaráð er skipað til tveggja ára í senn og situr einn fulltrúi frá hverju landi. Fulltrúi Íslands er Anna Soffía Óskarsdóttir sérkennari, Þjálfunarskóla ríkisins. Tveir fundir voru í skólaráðinu 1996.

Sérstök áhersla var lögð á námskeið og ráðstefnur með þátttöku daufblindra og aðstandenda þeirra. Átta námskeið og ráðstefnur voru á vegum NUD á árinu 1996. Tuttugu þátttakendur voru frá Íslandi á námskeiðum og ráðstefnum á árinu og þar af voru þrír daufblindir, en umsækjendur voru tuttugu og níu.

9.1.8. Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Norðurlandasamningur sá er hér um ræðir var undirritaður í Arjeplog í Finnlandi í júní 1993 og var hér um að ræða endurskoðaðan eldri samning, frá 25. ágúst 1981, um heilbrigðisstéttir og dýralækna. Endurskoðun fór fram vegna EES-samnings og miðaðist fyrst og fremst við að taka út úr samningnum ákvæði sem voru í andstöðu við hann.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum.

Aðilar samningsins töldu að þrátt fyrir samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið þá verði áfram þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreina. Í fyrsta lagi að því er varðar sérgreinar sem EES-reglur ná ekki til. Í öðru lagi að því er varðar einstaklinga er hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika á að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi. Samningurinn er því í raun og hefur á árinu 1996 verið í stöðugri endurskoðun og Norðurlöndin ræða á þessum vettvangi þau vandamál sem upp koma vegna

hins sameiginlega vinnumarkaðar. Eftirlitsnefndin er auk þess vettvangur kvartana sem fram koma um meint brot á samningnum og kvartana vegna framkvæmdar hans að öðru leyti. Samningurinn gildir nú á Íslandi um: lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfa, ljósmæður, sjóntækjafræðinga, sálfræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga, röntgentækna, tannfræðinga, aðstoðarmenn tannlækna, sjúkraliða, dýralækna og hnykkja.

Eftirlitsnefndin hefur auk framangreinds unnið að því á árinu 1996 að endurskoða samninginn með tilliti til þess að fjölga þeim heilbrigðisstéttum sem undir samninginn heyra. Nefndin hefur í því skyni borið saman nám ýmissa heilbrigðisstétta sem nú eru ekki í samningnum og liggja nú fyrir drög að breytingu á samningnum sem unnið verður frekar að á árinu 1997.

Eftirlitsnefndin tekur saman tölulegar upplýsingar um flutning heilbrigðisstétta milli Norðurlandanna svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum sem undir samninginn heyra. Nefndin fylgist auk þess með framkvæmd á tilkynningarskyldu vegna sviptinga eða takmarkana starfsleyfa á Norðurlöndum.

9.1.9. Samningur um félagslega þjónustu.

Norðurlandasamningur um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu tók gildi 1. október sl. Verið er að prenta ítarlegar leiðbeiningar með honum á öllum Norðurlandamálum og hefur Ísland tekið þátt í samningu þeirra leiðbeininga.

9.2. Neytendamál.

Í byrjun árs 1996 var í Fredensborg í Danmörku haldinn fundur norrænna ráðherra sem fara með neytendamál. Á fundinum var formlega samþykkt áætlun um neytendafræðslu í skólum og voru ráðherrar sammála um mikilvægi þess að stjórnvöld tryggðu sem best að stuðst verði við áætlunina í skólastarfi á Norðurlöndum. Ráðherrarnir samþykktu einnig stefnuyfirlýsingu um samþættingu umhverfissjónarmiða við neytendamál. Í henni kemur fram að Norðurlönd eigi að taka í ríkari mæli mið af því hversu umhverfisvænar vörur eru þegar innkaup eru ákveðin. Ráðherrar staðfestu einnig mikilvægi þess að samvinna eigi sér stað milli Norðurlandanna og ýmissa ríkja í Austur-Evrópu (einkum Eistlands, Lettlands og Litáen).

Norræna embættismannanefndin hefur einnig unnið að því að hrinda í framkvæmd ákvörðun ráðherra um að efla beri rannsóknir á sviði neytendamála. Ráðinn hefur verið sérfræðingur sem mun veita faglega ráðgjöf við val á styrkumsóknum en ráðgert er að veita þrjá styrki árlega til einstaklinga sem hyggjast stunda rannsóknir í þágu neytendamála að loknu meistaraprófi frá háskóla.

Ráðstefna um velferðarþjóðfélagið var haldin á Íslandi í júní 1996 og á meðal frummælenda voru fulltrúar sem töluðu fyrir sjónarmiðum neytenda á Norðurlöndum.

Á árinu hafa samskipti við ESB verið á dagskrá ráðherranefndarinnar svo og norrænu embættismannanefndarinnar. Tillaga að breytingu á 129. gr. A. í Maastricht-sáttmálanum hefur verið rædd og áhersla hefur verið lögð á að Norðurlöndin sem aðild eiga að ESB standi vörð um hagsmuni neytanda á ríkjaráðstefnu ESB.

Málefni neytenda er einmitt einn þeirra málaflokka í norrænni samvinnu þar sem samvinna ríkjanna hefur verið hvað nánust og samstarfið á árinu 1996 hefur sem fyrr verið einkar árangursríkt.

9.3. Norrænn vinnumarkaður.

Samstarfið á vinnumálasviðinu.

Embættismannanefndin á vinnumálasviðinu ákvað á fundi sínum í Helsinki í nóvember sl. nýtt skipulag fyrir samstarf Norðurlandanna um vinnumál en sérstakur starfshópur hefur unnið að þessari endurskipulagningu síðan í ágúst 1995. Embættismannanefndin ákvað einnig á fundinum að setja á laggirnar vinnuhóp til að skoða samstarfssamninga Norðurlandanna á vinnumarkaðssviðinu.

Samstarfið á vinnumálasviðinu á árinu 1996 hefur þannig mótast mikið af umræðum um endurskipulagningu á störfum norrænu vinnumálanefndanna, þar sem megináhersla er lögð á gagnsemi samstarfsins fyrir Norðurlönd og þríþættingu samstarfsins. Í fyrsta lagi innra samstarf Norðurlanda í vinnumálum, í öðru lagi vinnumálasamstarf við grannsvæði Norðurlanda, þ.e. Eystrasaltsríkin, Norðvestur-Rússland og Austur-Evrópu, og í þriðja lagi Evrópusamstarf um atvinnumál, vinnuréttarmál, vinnuumhverfismál og vinnumarkaðsmál.

Velferðarráðstefnan í Reykjavík 11. júní sl. og niðurstöður hennar hafa haft mikla þýðingu fyrir vinnumálasamstarfið á árinu.

Skipulag norræna vinnumálasamstarfsins.

Nýja skipulagið, sem tekur gildi 1. janúar 1997, leysir af hólmi eldra skipulag sem er frá því í janúar 1992. Líta verður á þessar breytingar sem fyrsta stigið í aðlögun að breyttum áherslum í norrænu samstarfi. Breytingarnar fela fyrst og fremst í sér að fastanefndum og samskiptanefndum um einstök málefnasvið fækkar en verkefnabundnum starfshópum fjölgar. Hlutverk embættismannanefndarinnar (EK-A), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju landi, er að mestu óbreytt en beint stjórnunarhlutverk hennar eykst. Nefndinni er ætlað að vera stefnumarkandi í vinnumálum.

Undir embættismannanefndina heyra nú fimm fastanefndir, tveir verkefnahópar og tveir samskiptahópar. Auk þess heyrir ein stjórnarnefnd stofnunar, þ.e.a.s. NIVA, undir embættismannanefndina. Vinnumarkaðsnefndin og vinnumarkaðsrannsóknarnefndin verða sameinaðar í eina vinnumarkaðsnefnd frá og með 1. janúar 1997 auk þess sem ýmsar samskiptanefndir hafa verið lagðar niður a.m.k. tímabundið. Fastanefndirnar eru skipaðar sérfræðingum til að fjalla um einstaka málaflokka. Þetta eru nefndir um atvinnu- og vinnumarkaðsmál, vinnuverndarmál, vinnuverndarrannsóknir, vinnuréttarmál og atvinnulíf og um fólksflutninga. Í stað sérstaks stýrihóps, sem samræmdi störf nefndanna og undirbjó fundi embættismannanefndarinnar í samráði við Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar, kemur sérstök samskiptanefnd með mun færri verkefni en auk undirbúnings fyrir fundi embættismannanefndarinnar sér hún um vinnumálasamskipti við grannsvæði Norðurlanda. Það land sem hefur formennsku hverju sinni mun hins vegar koma sérstaklega að undirbúningi fundanna.

Nefndirnar hafa allar gert nákvæma grein fyrir hlutverkum sínum og verkefnum í sérstökum stefnu- og verkefnaskjölum.

Ennfremur eru starfandi starfshópar um afmarkaðri verkefni. Einn slíkur er NIAL sem sér um „Informationsprojektet", sem er fjölbreytt upplýsingaútgáfa á mörgum sviðum vinnumála. Á vegum þessa verkefnis er m.a. tímaritið „ARBETSLIV I NORDEN". Þá er einnig starfshópur um evrópsk vinnumál og sérstakur samskiptahópur um vinnumarkaðsþjónustu.

Vinnumiðlunarsamstarf.

Vinnumarkaðsnefndin hefur leitast við að endurskipuleggja starfsemi sína á árinu. Meðal verkefna sem heyra undir þessa nefnd eru vinnumiðlun, atvinnuleysistryggingar og starfsmenntun í atvinnulífinu.

Á árinu var kynnt skýrsla um sérstaka athugun á því hvernig framkvæmd og reglur um norrænan vinnumarkað samræmdust reglum um evrópskan vinnumarkað, EES-samningnum og EURES-vinnumiðlunarkerfinu og hvaða afleiðingar EES-samstarfið hefur haft fyrir norrænt vinnumarkaðssamstarf. Fjallað var um skýrsluna og norrænt vinnumiðlunarsamstarf á ráðstefnu í Helsinki 26.–27. nóvember sl.

Nefndin hélt einnig tvær ráðstefnur á árinu um málefni veikra hópa á vinnumarkaði. Sú fyrri var haldin í Noregi í apríl sl. og fjallaði almennt um stöðu veikra hópa á vinnumarkaði en sú seinni, sem haldin var í Svíþjóð í júní sl., fjallaði um stöðu innflytjenda á vinnumarkaði.

Eitt helsta verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar er NORDJOBB sem byggist á atvinnuskiptum ungs fólks milli Norðurlandanna en Norræna félagið hefur annast þessi samskipti fyrir Ísland og hefur hlutur Íslands jafnan verið stór í þessu verkefni. Á árinu hafa 271 íslensk ungmenni farið í vinnu á Norðurlöndum á vegum NORDJOBB með einhverjum hætti og 105 norræn ungmenni hafa komið til vinnu á Íslandi.

NORDPRACTIC er sambærilegt verkefni fyrir Eystrasaltslöndin á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og hafa fimm einstaklingar komið frá Eystrasaltsríkjunum á þessu ári.

Á árinu hefur verið unnið að því að auka upplýsingaflæði milli Norðurlandanna bæði um norrænan vinnumarkað og EES-vinnumarkaðinn með sérstakri útgáfustarfsemi.

Starfsmenntun.

Annað stórt verkefni á vegum vinnumarkaðsnefndarinnar sem lauk á árinu er samstarfsverkefnið um starfs- og endurmenntun í atvinnulífinu.

Sérstakur starfshópur NAMU hefur haft yfirumsjón með samstarfsverkefni um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hófst árið 1992 og er hlutverk þess að gefa Norrænu ráðherranefndinni skýrslu um starfsmenntun í atvinnulífinu á Norðurlöndum og gera tillögur að nýju skipulagi og áherslum í starfsmenntun. Skýrslan sem kom út í desember byggist á fjórum meginviðfangsefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða breytt verkefni starfsmenntunar í atvinnulífinu og aðlögun hennar að nýjum viðfangsefnum, í öðru lagi starfsmenntun í fyrirtækjum þar sem þörf er á samstarfi atvinnulífs og fræðsluyfirvalda, í þriðja lagi hvernig hægt er að ödlast aukna starfshæfni með starfsmenntun og í fjórða lagi áhrif nýrrar tækni.

Auk starfshópsins hafa tekið þátt í samstarfinu fulltrúar frá stjórnsýsluaðilum sem vinna að starfsmenntun í atvinnulífinu á Norðurlöndunum, á Íslandi eru þetta starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins auk starfsmanna Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Verkefninu lauk með ráðstefnu á Borgundarhólmi 29.–30. ágúst sl. með þátttöku aðila vinnumarkaðarins.

Atvinnuleysistryggingar.

Norrænt samstarf vegna atvinnuleysistrygginga hefur farið fram í tveim nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, norrænum samstarfshóp um atvinnuleysistryggingar og fastanefnd vegna ráðstefna um atvinnuleysistryggingar auk þess sem þessi málefni hafa heyrt undir vinnumarkaðsnefndina.

Atvinnuleysi ungs fólks.

Verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar „Áætlun gegn atvinnuleysi ungs fólks", sem hófst í ársbyrjun 1994, lauk í ársbyrjun 1996 með námsstefnu í Helsingfors um hvað hafi breyst í atvinnumálum ungs fólks og árangur af aðgerðum gegn atvinnuleysi ungs fólks á tímabilinu 1994–1996. Tilgangur verkefnisins var að dreifa þekkingu um árangursríkar hugmyndir og aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks og draga úr og fyrirbyggja afleiðingar af atvinnuleysi ungs fólks.

Gefnar hafa verið út fjölmargar skýrslur tengdar verkefninu. Haldnar hafa verið fjórar ráðstefnur auk fjölmargra rannsóknarverkefna vegna þessa verkefnis á tímabilinu 1994–1996. Starfsmenn Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, vinnumiðlana o.fl. hafa haldið erindi á þessum ráðstefnum og að öðru leyti tekið virkan þátt í þessu verkefni.

Vinnumarkaðsrannsóknir.

Nefndin um vinnumarkaðsrannsóknir hefur haft umsjón með öllum verkefnum sem tengjast atvinnuleysi ungs fólks sem áður voru nefnd. Á vegum nefndarinnar lauk einnig á árinu verkefni, sem hófst árið 1995, um samanburðarrannsókn á launamyndun á Norðurlöndum með áherslu á greiningu sveigjanleika raunlauna í ólíkum löndum. Gert er ráð fyrir að umfjöllun á ráðstefnu um verkefnið verði tekin saman í lokaskýrslu á árinu.

Annað verkefni sem lauk á árinu er verkefnið „Á leið út af vinnumarkaðnum". Verkefnið hófst árið 1993 og tilgangur þess var að skoða breytinguna sem verður þegar fólk fer á eftirlaun. Enn fremur er unnið að lokaskýrslu um samanburð á einkavinnumiðlun og opinberri vinnumiðlun. Þá hafa verið gefnar út nokkrar skýrslur um verkefni sem lauk á fyrra ári eins og um nýjan vinnumarkað, um orlofsfyrirkomulag á Norðurlöndum og um norræna leið í vinnumarkaðsmálum en sú skýrsla var kynnt á velferðarráðstefnunni í Reykjavík 11. júní sl.

Þau verkefni sem einkum eru í gangi á vegum nefndarinnar nú eru fólksflutningar milli landshluta á Norðurlöndum, um virkni vinnumiðlana en á vegum þess verkefnis var haldin ráðstefna í Stokkhólmi með þátttöku vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins og Vinnumiðlunar Reykjavíkur.

Nefndin gefur árlega út árbækur annars vegar um vinnumarkaðsrannsóknir á Norðurlöndum og hins vegar um stöðu og þróun vinnumarkaðar á Norðurlöndum.

Vinnuréttur og atvinnulíf.

Norræna samstarfsnefndin um vinnurétt og atvinnulíf hefur það meginhlutverk að stuðla að samstarfi Norðurlandanna á fyrrgreindum sviðum. Nefndin tekur nú sérstaklega á þeim málum sem eru mest í deiglunni og ekki síst vaxandi þýðingu alþjóðavæðingar fyrir vinnurétt og atvinnulíf á Norðurlöndunum.

Vinnuréttarnefndin hefur þannig lagt áherslu á að fjalla um áhrif nýrra tillagna á sviði vinnuréttarmála sem hafa verið til umfjöllunar hjá Evrópusambandinu og framkvæmd annarra tillagna sem þegar hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu og fyrirhugað

er að nái til Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi hefur verið rík áhersla á samstarf við aðila vinnumarkaðarins ekki síst um vinnuréttartilskipanir Evrópusambandsins. Umfjöllunin hefur einnig náð til annarra þátta vinnumálasamstarfsins á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi, svo sem á vegum Evrópuráðsins, Evrópudómstólsins, ILO, OECD og WTO.

Haldin var lokaráðstefna á vegum NordFram II verkefnisins í Roskilde 22.–24. nóvember sl., þar sem aðilum vinnumarkaðarins og félagsvísindamönnum gafst kostur á að ræða niðurstöður NordFram-verkefnisins en verkefnið lýtur að ýmsum félagslegum þáttum vinnunnar og skipulagi hennar.

Vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það hlutverk að vinna að samræmingu reglna um vinnuvernd og staðla er lúta að vinnuvernd. Nefndin úthlutar einnig fjármunum til sérstakra verkefna á sviði vinnuverndar.

Meðal verkefna eru fundir til að samræma reglur og eftirlit á ýmsum sviðum, þróunarverkefni af ýmsu tagi, samræmd þátttaka í staðlasamstarfi í Evrópu og norrænar ráðstefnur um eftirlitsmálefni, samráðsfundur forstjóra vinnueftirlitanna á Norðurlöndum og fundir samstarfsnefndar um aðstoð við Eystrasaltsríkin. Af einstökum verkefnum má nefna samnorræna rannsókn í umsjón Vinnueftirlitsins á vinnuframlagi barna og ungmenna.

Vinnuverndarrannsóknir.

Hlutverk norrænnar samstarfsnefndar um vinnumarkaðsrannsóknir er að vinna að samræmingu rannsókna og að sameiginlegum rannsóknarverkefnum. Nefndin styrkir einnig rannsóknir á sviði vinnuverndar.

Meðal verkefna sem nefndin styrkir og Vinnueftirlitið tekur þátt í eru ráðstefna sem haldin er einu sinni á ári um niðurstöður rannsókna á sviði vinnuverndar og norræn sérfræðinganefnd um mengunarmörk á vinnustöðum.

NIVA (Nordisk institution for videreutdanning inom arbeidsmiljöområdet).

Stofnunin er í Finnlandi og heldur námskeið fyrir sérfræðinga á þessu sviði. Vinnueftirlitið hefur notið góðs af þessum námskeiðum og stórum hluta af endurmenntun starfsmanna er fullnægt með þessum hætti. Þátttaka Íslendinga er sérstaklega styrkt eða um allt að 2/3 hlutum af kostnaði.

9.4. Starfsmannaskipti á Norðurlöndum.

Starfsmannaskiptin voru með óbreyttu sniði á árinu 1996 frá því sem var á fyrra ári. Hlutdeild Íslendinga í heildarfjárveitingunni nam 82.500 danskra króna (5%) að viðbættri aukafjárveitingu vegna aukins ferðakostnaðar. Styrkþegar voru þrír talsins og hlaut hver styrk til fjögurra mánaða dvalar, auk greiðslu ferðakostnaðar. Styrkþega er getið í greinargerð fjármálaráðuneytisins til Skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda um styrkveitingar hverju sinni.

Skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á skrifstofu ráðherranefndarinnar hafa haft áhrif á starfsemi starfsmannaskiptanna. Þau munu frá 1. nóvember 1996 heyra undir menningarmála-, rannsókna- og menntamáladeild (svonefnd fagafdeling 1) en á þeirri deild hvílir nú meginþungi starfsemi ráðherranefndarinnar.

Um nokkurra ára skeið hefur starfsmannaskiptanefndin fylgst nokkuð með KAROLUS-áætlun Evrópusambandsins sem lýtur að starfsmannaskiptum með líkum hætti. Núverandi áætlun mun ljúka við árslok 1997 en unnið er að endurnýjun og endurbótum á henni.

Fyrir eindregin tilmæli starfsmannaskiptanefndarinnar verður starfseminni haldið óbreyttri árið 1997. Nefndarmenn urðu á fundi í september 1996 sammála um að breyta skiptingu fjárins þannig að hlutur Svía lækki um tæplega 3% (úr 33% í 30,3%) Því fjármagni sem losnar með þessum hætti verður varið til að efla aðstöðu Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga en þeir búa við hlutfallslega hæstan ferðakostnað eins og kunnugt er.

9.5. Norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-JÄM).

Norrænt samstarf á sviði jafnréttis kvenna og karla byggir á norrænni samstarfsáætlun sem tekur til tímabilsins 1995 til 2000. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda héldu einn fund á árinu og embættismannanefndin fjóra.

Norræn samstarfsáætlun á sviði jafnréttismála.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í byrjun ársins 1995 og gildir til ársins 2000. Markmiðið með samstarfi Norðurlanda í jafnréttismálum er:

— að samstarfið leiði til þess að haldið verði áfram að þróa sameiginlega lífssýn Norðurlandaþjóða, svo og sameiginlega stefnu þeirra í víðara samstarfi innan Evrópu og á alþjóðavettvangi,
— að samstarfið stuðli að árangursríkara og öflugra jafnréttisstarfi á innanlandsvettvangi í hverju og einu Norðurlandanna,
— að það verði sjálfsagt að gæta jafnréttissjónarmiða í starfi á mismunandi sviðum stefnumótunar í þjóðfélaginu; einnig skal gæta jafnréttissjónarmiða á þeim sviðum stefnumótunar sem starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar tekur til.

Ráðherranefndin mun á gildistíma áætlunarinnar beina samstarfi sínu að starfsemi sem:

— stuðlar að því að konur og karlar fái jafnan aðgang að ákvarðanatöku í stjórnmálum og efnahagsmálum,
— stuðlar að jafnri stöðu og áhrifum kvenna og karla í efnahagsmálum; aðgerðir sem stuðla að launajafnrétti kynja eru mikilvægar í slíku starfi,
— stuðlar að jafnri stöðu kynjanna í atvinnulífinu,
— gefur konum og körlum bætt tækifæri til að sameina foreldrahlutverk og launavinnu,
— hefur áhrif á þróun jafnréttismála innan Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Í því skyni að ná árangri með starfi sínu á sviði forgangsverkefnanna mun ráðherranefndin vinna að:

— þróun aðferða sem stuðla að virku jafnréttisstarfi.

Aðferð, sem ráðherranefndin leggur einkar ríka áherslu á, er að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum sviðum stefnumótunar, í nánasta umhverfi, í sveitarstjórnum, við stjórn landa og í norrænu samstarfi. Aðrar áhrifaríkar aðferðir eru gerð hagtalna um konur og karla, kvenna- og jafnréttisrannsóknir, menntun í jafnréttismálum ásamt upplýsinga- og fræðslustarfsemi.

Verkefni samkvæmt samstarfsáætlun.

Norræn ráðstefna: „Konur, vinna og efnahagsmál“. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík í apríl 1997 og er undirbúningur hennar í höndum starfshóps sem skipaður er fulltrúum landanna fimm, ásamt fulltrúum frá norrænu vinnumálanefndinni. Efnahagsleg völd og áhrif kvenna og karla er eitt meginviðfangsefni norrænu samstarfsáætlunarinnar. Virk þátttaka á vinnumarkaðnum hefur til þessa verið talin meginforsenda áhrifa og valda. Með ráðstefnunni vill ráðherranefndin leggja sitt af mörkum til umræðunnar um stöðu kvenna á síbreytilegum vinnumarkaði og möguleika þeirra til efnahagslegra áhrifa og valda. Réttur inn til vinnu og réttlátra launa annars vegar og styrkurinn sem felst í margbreytileika kvenna sem eru á vinnuamarkaðinum eru tvö meginþemu ráðstefnunnar. Á ráðstefnunni verður einnig sótt þekking og reynsla til Evrópu.

Bókin „Halva makten — nordiska kvinnor på väg“. Með bókinni er ætlunin að fylgja eftir því verki sem hófst með útgáfu bókarinnar „Den ofärdiga demokratin“ en hún kom út árið 1983. Tilgangur verkefnisins er að lýsa stöðu kvenna á Norðurlöndum hvað varðar völd og áhrif og hvernig norrænar konur og stjórnvöld í hverju landi hafa náð þeim árangri sem raun er. Í ritinu verður m.a. fjallað ítarlega um ábyrgð, skipulag og þátttöku stjórnvalda og opinberra stofnana í jafnréttismálum og hvernig samvinna frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda hefur þróast. Í verkinu taka þátt konur frá öllum Norðurlöndunum og er stefnt að útgáfu hennar í lok ársins 1997.

Karlar og jafnrétti kynja. Eins og rakið hefur verið stóð Norræna ráðherranefndin fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni „Norrænir karlmenn. Ólíkir einstaklingar — áþekk reynsla“ í Stokkhólmi í apríl 1996. Þátttakendur voru um 600 manns, þar af 35 frá Íslandi. Formaður karlanefndar Jafnréttisráðs var fulltrúi Íslands í undirbúningshóp ráðstefnunnar. Í lok hennar samþykkti undirbúningshópurinn áskorun til ráðherranefndarinnar um frekari aðgerðir á þessu sviði. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda tóku undir þá áskorun en í yfirlýsingu þeirra kom fram að nauðsynlegt væri að Norðurlöndin sýndu frumkvæði í rannsóknum á stöðu karla og hlutverki þeirra að auknu jafnrétti kvenna og karla. Tryggja verði að ráðstefnan verð ekki einangrað fyrirbæri og boðskap hennar yrði að flytja á vettvang samvinnu Evrópuríkja og Sameinuðu þjóðanna.

Til að vinna að þessu málefni var ákveðið að fela starfshópi, skipuðum fulltrúum allra Norðurlanda, að vinna drög að norrænni framkvæmdaáætlun til fjögurra ára, tímabilið 1997 til 2001, um aðgerðir sem hefðu það að markmiði að auka þátt karla í vinnunni að jafnrétti kynja. Vinnan er nú á lokastigi og er stefnt að því að jafnréttisráðherrar Norðurlanda afgreiði áætlunina á næsta ári.

Jafnréttissjónarmið á alla þætti samfélagsins. Eitt af forgangsverkefnunum samkvæmt samstarfsáætluninni er að þróa og prófa aðferðir og tæki sem stuðla að því að jafnréttissjónarmiða sé gætt á öllum stjórnsýslustigum landanna við alla málaflokka. Hið sama á við um samstarfsvettvang Norðurlanda. Til þess að stuðla að slíkri þróun aðferða hófst á árinu undirbúningur að norrænu verkefni sem byggist á hugmyndum um „mainstreaming“. Ráðinn var norrænn verkefnisstjóri sem hefur störf í byrjun næsta árs.

Markmiðið með verkefninu er að þróa aðferðafræði og tæki til þess að gera sjónarmið kynjajafnréttis miðlæg í allri almennri stefnumótun. Verkefnið nær til tveggja málaflokka, til starfs og stefnumótunar í málum ungmenna og til starfs og stefnumótunar í vinnumarkaðsmálum. Verkefnið er til þriggja ára og mun ná til allra Norðurlandanna og Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar.

Verkefnið byggist á þeirri forsendu að æðsta stjórn í viðkomandi málaflokki hafi góða vitneskju og innsýn í jafnréttismál. Því er mikilvægt að safnað verði upplýsingum um stöðu kvenna og karla í viðkomandi málaflokki. Þær upplýsingar verði ásamt öðrum markmiðum málaflokksins lagðar til grundvallar allri stefnumótun. Fræðsla til tiltekinna lykilpersóna er grundvallaratriði, svo og að gefa út upplýsingaefni og koma því á framfæri þar sem við á. Undirbúningur verkefnisins hófst haustið 1996. Meginþungi vinnunnar verður á árunum 1997–1998. Síðan verður verkefnið metið og lokaskýrsla skrifuð á árinu 1999.

Norrænt fréttabréf um jafnréttismál. Á árinu hófst útgáfa norræns fréttabréfs um jafnréttismál. Tilgangur þess er að miðla fréttum um jafnréttisstarfið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og á vegum Norðurlandanna. Fréttabréfið er gefið út á finnsku, íslensku, skandinavísku og á ensku í 3000 eintökum, þar af eru 200 einstök á íslensku. Stefnt er að útgáfu þriggja blaða á ári. Jafnframt hefur verið ákveðið að í lok ársins 1997 verði metið gildi þess að gefa út sérstakt norrænt fréttabréf um jafnréttismál.

Önnur verkefni.

Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum, NIKK. Norræn rannsóknarstofnun í kvenna- og jafnréttisfræðum var stofnuð á árinu 1995. Rannsóknarstofnunin, sem er þverfagleg, hefur aðsetur í Ósló. Stjórnin er skipuð fulltrúum frá hverju hinna norrænu landa. Hlutverk norrænu rannsóknarstofnunarinnar er að samhæfa norrænar kvenna- og jafnréttisrannsóknir, byggja upp gagnagrunn um rannsóknir á þessu sviði, samræma gagna- og upplýsingaþjónustu á Norðurlöndum og skipuleggja og standa fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir fræðikonur/menn. Á stofnuninni skal vera aðstaða til að halda námskeið fyrir fræðimenn og nemendur og aðstaða fyrir gestafræðimenn. Einnig skal rannsóknarstofnunin skipuleggja og veita aðstöðu vegna stúdenta- og fræðimannaskipta.

Helstu verkefni NIKK á þessu ári hafa verið að kynna stofnunina, bæði á norrænum og alþjóðlegum vettvangi. Í því skyni hefur verið lögð áhersla á útgáfu fréttabréfa bæði á norrænu máli og á ensku. Einnig hefur verið lögð áhersla á að byggja upp kynningu á alnetinu. Vinna við gerð fyrstu rannsóknaráætlunar stofnunarinnar er á lokastigi en NIKK hefur bæði átt frumkvæði að og tekið þátt í nokkrum rannsóknarverkefnum.

Ráðstefnan „FRØ og FRUKTER“ var haldin í Ósló dagana 21.–23. nóvember 1996. Hún var samvinnuverkefni samtaka um norrænar kvennarannsóknir og NIKK og sú stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndum, með yfir 600 þátttakendur. Íslenskir fræðimenn taka virkan þátt en 27 manns sóttu ráðstefnuna héðan. Á ráðstefnunni var horft yfir sviðið og uppskera rannsókna á sviði kvenna- og jafnréttisfræða metin. Það var einnig spurt um framtíðina — hverju eigi að sá.

Rannsóknarstofnunin hefur þegar haft mikil áhrif á þátttöku Íslendinga í norrænu rannsóknarsamstarfi. Nú þegar taka nokkrar íslenskar fræðikonur þátt í norrænum fræðiverkefnum og fleiri verkefni með þátttöku okkar Íslendinga eru í undirbúningi. Stofnunin er tengiliður við ýmis alþjóðasamtök og stofnanir og hefur sem slík orðið til að auka alþjóðlegt samstarf og styrkja tengsl við erlenda fræðimenn og stofnanir.

Baltnesk/norræn jafnréttisráðstefna árið 1997. Undirbúningur að baltneskri/norrænni jafnréttisráðstefnu hófst á árinu en ráðstefnan er eitt verkefna innan samstarfsáætlunar Norðurlanda við Eystrasaltsríkin sem samþykkt hefur verið. Skipuð hefur verið 15 manna undirbúningsnefnd þar sem öll norrænu löndin, sjálfsstjórnarlöndin þrjú, Eystrasaltsríkin, Norðurlandaráð og fleiri eiga fulltrúa. Hlutverk undirbúningsnefndar er að vinna dag-

skrá og sjá um annan faglegan undirbúning en minni stjórnarnefnd ber ábyrgð á fjármálum og hinni daglegu vinnu. Ákveðið hefur verið að ráðstefnan verði í Valmiera í Lettlandi í ágúst 1997 og gert er ráð fyrir að hún standi í fjóra daga. Áætlaður þátttakendafjöldi er 1000 manns. Norræna ráðherranefndin mun standa fyrir tveimur minni ráðstefnum á fyrri hluta næsta árs, annarri í Eistlandi, hinni í Litáen og er það liður í undirbúningi ráðstefnunnar.

Tilgangur ráðstefnunnar er að kalla saman konur og karla frá Eystrasaltsríkjunum og Norðurlöndum til virkrar umræðu um stöðu kynjanna í samfélagi Eystrasaltsríkjanna, um þörf lagasetningar um jafnrétti kynja, um þörf aðgerða og samstarfs milli félagasamtaka og fræðimanna í Eystrasaltsríkjunum og á Norðurlöndum um jafnrétti kynja. Nauðsynlegt er að réttur kvenna sé órjúfanlegur þáttur almennra borgaralegra réttinda og viðurkenndur sem ein forsenda almennrar lýðræðisþróunar í Eystrasaltsríkjunum.

10. Efnahagsmál.

10.1. Efnahags- og fjármál.

Líkt og á undanförnum árum hefur starfsemi á sviði efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlanda á yfirstandandi starfsári verið bæði fjölbreytt og yfirgripsmikil. Auk hefðbundinna verkefna hafa bæst við sérstök verkefni, m.a. á sviði umhverfismála, atvinnumála og samkeppnismála auk þess sem málefni Eystrasaltsríkjanna hafa hlotið mikla umfjöllun, sérstaklega í tengslum við norrænu fjárfestingaráætlunina. Í ár var rætt sérstaklega um áhrif Evrópska myntsamstarfsins (EMU), innan og utan Evrópusambandsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir fundum og helstu áherslum í starfi efnahags- og fjármálaráðherra Norðurlandanna á starfsárinu 1996–1997. Auk þess verður fjallað um störf ýmissa nefnda á sviði þeirra, helstu verkefni og greinargerðir.

Ráðherrafundir.

Efnahags- og fjármálaráðherrar Norðurlandanna héldu þrjá fundi á árinu 1996. Í maí héldu ráðherrarnir óformlegan fund í París í tengslum við ráðherrafund OECD-ríkjanna þar sem rætt var um undirbúning ráðherrafundar EFTA- og ESB-ríkjanna. Í lok maímánaðar funduðu ráðherrarnir aftur og að þessu sinni í Finnlandi í tengslum við ársfund Norræna fjárfestingarbankans. Á fundinum var fjallað um efnahagshorfur og helstu viðfangsefni hagstjórnar á Norðurlöndunum, áhrif Evrópska myntsamstarfsins (EMU), atvinnumál og ýmsar aðgerðir til að draga úr kostnaði við velferðarkerfið. Í nóvember var haldinn ráðherrafundur í Kaupmannahöfn í tengslum við fund Norðurlandaráðs. Auk umræðu um efnahagsmál og Evrópska myntsamstarfið var rætt um tillögur forsætisráðherranna um að kortleggja þær breytingar sem gerðar hafa verið á sviði velferðarmála á Norðurlöndunum.

Megináherslur í starfi ráðherranefndarinnar á sviði efnahags- og fjármála á yfirstandandi starfsári voru eftirfarandi:

Samstarf á sviði atvinnumála.
Norræna fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin.
Samkeppnisstaða Norðurlandanna.
Stuðningur við rússnesku grannhéruðin.
Umhverfismál.
Starfsemi og verksvið Norræna fjárfestingarbankans.

Auk framangreindra atriða hafa ráðherrafundirnir verið vettvangur almennrar umræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum, bæði á Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi. Í nóvember kom út árleg skýrsla ráðherranna um efnahagsmál á Norðurlöndunum, Økonomiske udsigter i Norden (sjá umfjöllun um starf efnahagsnefndar fjármálaráðherra).

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

a. *Embættismannanefndin (EK-Finans).* Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölþætt. Meginverkefnið er að undirbúa ráðherrafundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig haft yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafundina. Jafnframt hafa oft starfað sérstakir vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu 1996 voru málefni Norræna fjárfestingarbankans mikið til umfjöllunar hjá nefndinni, m.a. vegna áforma um að taka upp sérstakan lánaflokk til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna. Í ársbyrjun var gefin út skýrsla þar sem fjallað er um umhverfisskatta á Norðurlöndunum (sjá umfjöllun um starf vinnuhóps á sviði umhverfismála).

b. *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót sérstökum fjárfestingarbönkum í þessum ríkjum. Hlutverk þessarar nefndar er að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni. Nefndina skipa að mestu sömu fulltrúar og sitja í embættismannanefndinni. Starf nefndarinnar hefur að mestu falist í að greiða fyrir og leitast við að tryggja framgang fjárfestingaráætlunarinnar. Í þessu skyni hefur nefndin haft náin samskipti við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Nefndin hefur sent árlegar skýrslur til Norðurlandaráðs um stöðu og framkvæmd fjárfestingaráætlunarinnar. Á árinu 1996 var samþykkt framlenging á fjárfestingaráætluninni fram til ársins 1999.

c. *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin sérstakri skýrslu (Økonomiske udsigter i Norden) til fjármálaráðherranna sem síðan er lögð fram á þingi Norðurlandaráðs.

d. *Ráðgjafanefnd í gjaldeyris- og peningamálum (Nordiskt finansielt udvalg).* Eins og nafnið ber með sér er nefndin ráðgefandi aðili fyrir fjármálaráðherrana í gjaldeyris- og peningamálum. Enn fremur annast nefndin undirbúning og samræmingu norrænna sjónarmiða á þessu sviði á alþjóðavettvangi, einkum fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndina skipa embættismenn frá fjármálaráðuneytum og Seðlabönkum landanna. Af Íslands hálfu hefur Seðlabankinn að mestu sinnt þessu starfi til þessa. Fyrirhugað er að fjármálaráðuneytið taki í meira mæli þátt í starfinu á næstunni, meðal annars í ljósi aukins vægis peninga- og lánamála í starfi ráðuneytisins.

e. *Norræna hagrannsóknaráðið (Nordiskt økonomiskt forskningsråd).* Norræna hagrannsóknaráðið var stofnað árið 1980 að tillögu fjármálaráðherra Norðurlanda. Ráðið hefur starfað á vegum Norðurlandaráðs og heyrt undir fjármálaráðherrana. Hlut-

verk ráðsins er að stuðla að auknum rannsóknum á þeim þáttum efnahagslífsins sem efst eru á baugi hverju sinni á Norðurlöndunum og treysta samstarf háskólamanna og sérfræðinga sem koma að mótun og framkvæmd efnahagsstefnunnar. Í þessu skyni hefur ráðið veitt styrki til norrænna sérfræðinga, gefið út margvíslegar skýrslur um hagfræðileg efni og haldið árlega ráðstefnur um þau málefni sem talin eru mikilvægust á hverjum tíma. Ráðið hefur árlega veitt styrki til vísindamanna á þessu sviði og gengist fyrir ráðstefnum um ýmis þau málefni á sviði efnahagsmála sem efst eru á baugi hverju sinni. Enn fremur hefur ráðinu gjarnan verið falið að leggja sérstaka áherslu á tiltekin verkefni. Sem dæmi má nefna skattlagningu fyrirtækja, aðlögun Norðurlandanna að Evrópusambandinu auk sérstaks uppbyggingar- og fræðslustarfs í Eystrasaltsríkjunum. Frá árinu 1994 hefur verið lögð sérstök áhersla á athugun á samkeppnisstöðu atvinnulífs á Norðurlöndunum. Í framhaldi af því var í júní haldin ráðstefna í Noregi um samkeppnisstöðu. Nú hefur verið ákveðið að leggja hagrannsóknaráðið niður frá næstu áramótum. Þessi ákvörðun var tekin í framhaldi af tillögu nefndar sem fór yfir starfsemi norrænna stofnana með það fyrir augum að draga úr kostnaði við norræna samstarfið.

f. *Vinnuhópur á sviði umhverfismála (Kontaktgruppe for miljøøkonomi).* Á vegum tveggja embættismannanefnda, þ.e. þeirra sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø), starfar sérstakur vinnuhópur sem einkum fjallar um hagrænar aðgerðir á sviði umhverfismála. Fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið eiga fulltrúa í þessum hópi. Á árinu 1996 hafa komið út þrjár skýrslur á vegum hópsins. Ein er frá ráðstefnu hans í Helsinki síðastliðið vor og ber hún yfirskriftina „Environmentally Related Taxes on Energy". Önnur inniheldur kortlagningu á umhverfisskattlagningu á Norðurlöndunum (The Use of Economic Instruments in Nordic Environmental Policy) og er þetta fjórða skýrsla hópsins um þetta efni. Að lokum er skýrsla sem ber heitið „Environmental Protection and Employment in Nordic Countries", en hún fjallar um ýmsar norrænar rannsóknir á áhrifum umhverfisskattlagningar á vinnumarkaðinn. Meginverkefni hópsins eru þó almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði.

g. *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Á árinu 1996 var m.a. unnið að athugun á áhrifum af notkun mismunandi gjaldmiðla í fjármálaumsýslu Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar og úttekt á fyrirkomulagi samningsstjórnunar í norrænum rekstri. Fundi hópsins sitja einnig starfsmenn frá Skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar.

h. *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personaleutskottet).* Norræna launa- og starfsmannanefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefnd Norðurlanda (samstarfsráðherra) og forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Nefndin veitir ráðgjöf í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra sem starfa við norrænar stofnanir og skrifstofur nefndanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar ýmist frá Norrænu samstarfsnefndinni, ráðherranefndinni, Norðurlandaráði eða skrifstofum þeirra. Nefndin getur að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndarinnar og stjórnarnefndarinnar. Hún ákveður þóknanir til stjórnarmanna við norrænar stofnanir. Nefndin á að ábyrgjast að málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna um réttarstöðu norrænna

stofnana frá 9. desember 1988 og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Nefndin heldur 4–5 fundi á ári. Stundum er málum, eftir kynningu og umræðu, skotið til lokaafgreiðslu hjá starfsmannahaldi ráðherranefndarinnar og viðkomandi nefndarfulltrúa þegar erindið varðar stofnun í landi hans. Greinargerð um niðurstöðu er þá lögð fyrir næsta nefndarfund. Árið 1996 var einkum lögð áhersla á gerð starfsmannahandbókar (personaladministrativ vejledning for institusjonene), auk þess sem stofnanaúttektin (institusjonsutredningen) og flutningur skrifstofuhalds Norðurlandaráðs til Kaupmannahafnar leiddu til fjölmargra athugunar- og úrskurðarmála.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður árið 1976. Afkoma bankans á tuttugasta starfsári hans, árið 1995, var mjög góð og jukust útlán um 60% frá fyrra ári. Skýringin á þessari miklu aukningu er annars vegar aukin fjárfesting norrænna fyrirtækja og hins vegar aukin viðskipti við Asíu, Mið- og Austur-Evrópu. Á árinu 1995 nam hagnaður bankans um 103 millj. ECU, eða sem svarar til 12,1% af eigin fé, samanborið við 98 millj. ECU hagnað árið 1994. Bankinn greiddi eigendunum 30 millj. ECU í arð, eða sem nemur 10% af innborguðu stofnfé bankans. Á árinu 1995 veitti NIB lán til Íslands fyrir um 5,6 milljarða króna sem svarar til 7% útborgaðra lána bankans og er hlutur Íslands í heildarútlánum nú um 9%. Eignarhlutur Íslands í bankanum nemur um 1%. (Sjá nánar kafla 15.1.)

Önnur starfsemi á vegum fjármálaráðherra.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samstarf og samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eins og áður hefur verið minnst á. Enn fremur má nefna hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna starfsemi Evrópubankans í London. Norðurlöndin eiga þrjá fulltrúa í stjórn bankans sem hafa náið en óformlegt samráð þar sem leitast er við að samræma norræn sjónarmið.

10.2. Iðnaðarmál.

Á árinu 1996 áttu iðnaðar- og orkuráðherrar Norðurlanda með sér margvísleg samskipti og samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Eiga þeir með sér fundi að jafnaði tvisvar á ári hverju. Þess á milli starfar nefnd embættismanna að undirbúningi mála á vegum ráðherranefndarinnar.

Norræn samvinna er Íslendingum mikilvæg, bæði sem vettvangur samstarfs um eiginleg norræn málefni svo og vettvangur umræðna og samráðs um þau evrópsku og alþjóðlegu mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Forsenda þess að hið norræna samstarf dafni í framtíðinni er að unnt verði að finna því farveg sem rýmir þetta hvort tveggja. Miklu varðar að nýta bæði það þéttofna net formlegs og óformlegs norræns samstarfs, sem byggst hefur upp undanfarna áratugi, og þá kosti sem fylgja aðild þriggja norrænna ríkja að ESB. En innganga Finnlands og Svíþjóðar í ESB hefur haft í för með sér að hluta til nokkrar nýjar forsendur fyrir samvinnu þjóðþinga og ríkisstjórna Norðurlanda. Nú þegar þrjú Norðurlandanna og eitt sjálfsstjórnarsvæði, Álandseyjar, hafa gengið í ESB og tvö

Norðurlandanna hafa nána samvinnu á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), auk tveggja sjálfsstjórnarsvæða, Grænlands og Færeyja, sem byggja samvinnu sína við ESB á tvíhliða samningum, þá fer ekki hjá því að mikilvægi norræns samstarfs eykst, bæði sem sameinandi afl á Norðurlöndum og grundvöllur upplýsingamiðlunar af evrópskum vettvangi. Þannig eru Evrópusambandsmál og samskipti Norðurlandaþjóðanna á þeim vettvangi fastur dagskrárliður á fundum iðnaðarráðherranna.

Svo sem á undanförnum árum hefur höfuðáhersla starfsemi ráðherranefndarinnar á sviði iðnaðarmála beinst að vettvangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samstarfið við grannsvæði Norðurlanda hefur og verið rækt og margt þar aðhafst á liðnu ári. Á fjórða tug norrænna viðfangsefna hafa verið þar í gangi. En þróunin á grannsvæðum Norðurlanda, á Eystrasaltssvæðinu og Barentssvæðinu, skiptir miklu pólitísku máli fyrir Norðurlönd. Aukin samvinna við Eystrasaltsríkin og norðvesturhéruð Rússlands er mikilvægt framlag þeirra til stöðugleika og þróunar lýðræðis á svæðinu.

Á því tímabili, sem hér um ræðir, hafa ráðherrarnir lagt megináherslu á úttekt og endurmat þeirra stofnana og starfsemi, sem til þeirra friðar heyrir, og þá með tilliti til þess hvort og hvernig þau komi að sem mestu gagni fyrir Norðurlandasamstarfið almennt.

Með nokkrum sanni má segja að árið 1996 hafi verið ár endurskipulagningar norrænna stofnana. Bæði á vettvangi Norræna iðnaðarsjóðsins og Nordforsk var unnið að og lagðar fram nýjar stefnumótunar- og framkvæmdaáætlanir í ljósi nýrra aðstæðna.

Á sumarfundi iðnaðarráðherranna í júní sl. var ákveðið að fram skyldi fara gagnger úttekt og endurmat á starfsgrundvelli og starfsháttum Norræna iðnaðarsjóðsins. Um niðurstöður þess starfs verður svo fjallað á sérstökum fundi ráðherranna í febrúar 1997.

Starfsemina, að öðru leyti en að framan getur, mætti greina í eftirfarandi meginatriði:

— *Nýsköpun í atvinnulífi og þjónustustarfsemi.*

Þjónustustarfsemi hvers konar hefur verið til umfjöllunar í sérstökum starfshóp. Þar var hugað að stuðningi stjórnvalda við stofnun nýrra fyrirtækja og þjónustustarfsemi. Efnt var m.a. til sérstakrar ráðstefnu í Gautaborg í september 1996 um aðgerðir til að gera konum auðveldara að stofna fyrirtæki. Á árinu 1997 er að vænta nokkurrar eftirfylgni við þessi mál.

— *Samstarf milli atvinnugreina.*

Starfshópur á vegum ráðherranefndarinnar kannar og leggur mat á samstarf, m.a. á sviði vinnumála og byggðamála til atvinnusköpunar og eflingar hagvaxtar. Sú nefnd er að störfum. Umhverfismál iðnaðar voru gaumgæfð og samstarf hafið við þá aðila innan vébanda Norðurlandaráðs, sem umhverfismálin varðar sérstaklega.

— *Umsvif í austri og samstarf við grannsvæðin.*

Í þeirri viðleitni ráðherranefndarinnar að stuðla að viðleitni Eystrasaltsríkjanna til að aðlaga sig Evrópusambandinu á sviði iðnaðar- og atvinnumála, var efnt til umfangsmikillar ráðstefnu í apríl mánuði í Ríga. Þátttakendur voru frá Eystrasaltsríkjunum, Norðurlöndum og Evrópusambandinu, auk þess sem ráðherrar viðkomandi ríkja mættu til leiks. Heildaráætlunin í þágu grannsvæðanna, frá 1992, var tekin til endurskoðunar og samræmingar við framkvæmdastefnu ráðherranefndarinnar. Heldur dró þar með úr viðfangsefnum, en þau voru samtals sex á starfssviði iðnaðarráðherranna. Þeirra á meðal mætti

nefna sérstakt útflutningsþróunarverkefni í Lettlandi, sem íslenska útflutningsráðið hefur umsjón með.

— *Ýmis verkefni.*

Framlög og styrkir til ýmissa sérverkefna voru sem hér segir, í dönskum krónum talið:

EMC-provning/Nordtest	100.000
Ad-hoc grupp närområdesaktiviteter	200.000
Idékonferens för kvinligt företagande	300.000
Eurolab/Nordtest	222.500
Nordisk turistaktion	110.500
Ad-hoc sektorsamarbete	300.000
Marknadsplan turist, utv. Östersjöområde	150.000
Utvärdering av Nordiska Industrifonden	500.000
Nordtest: EMC-workshop/kurs	100.000
Nordtest: Eurolabs verksamhet	230.000

— *Áhættufjármögnun.*

Í maí 1996 var boðað til fræðslustefnu um áhættufjármögnun lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum. Þar með lauk umfjöllun á vegum ráðherranefndarinnar og vinnuhóps sem kannaði hvernig hvetja mætti einkaaðila, t.d. með skattaívilnunum, til að leggja meira áhættufjármagn í lítil og meðalstór fyrirtæki. Þátttakendur málþingsins voru frá öllum Norðurlandaríkjunum, ESB og OECD.

Norræni iðnaðarsjóðurinn.

Norrræni iðnaðarsjóðurinn starfar á sviði ráðherra iðnaðarmála, sjá nánar kafla 15.2.

10.3. Samgöngumál.

Eins og fram kemur í skýrslu samstarfsráðherra fyrir árið 1995 fer norrænt samstarf um samgöngumál að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndunum, ásamt aðstoðarfólki. Undanfarin ár hafa ráðherrar samgöngumála hist tvisvar á ári að jafnaði í tengslum við þing Norðurlandaráðs. Á árinu 1996 var þó aðeins haldinn einn fundur samgönguráðherra Norðurlandanna í Ósló í september.

Á árinu 1996 voru eftirtalin mál m.a. til umfjöllunar:

1. Framtíð norræns samstarfs á sviði samgangna og umferðaröryggismála og verkáætlun fyrir árið 1997.

Snemma á árinu 1995 lagði norræna embættismannanefndin (NET) fyrir ráðherrana tillögu um tilhögun þessa samstarfs í næstu framtíð. Gengið var út frá þeim sjónarmiðum að takmarka samstarfið við þá þætti sem nýttust best öllum norrænu þjóðunum, jafnframt því að aðlaga samstarfið breyttum áherslum í Evrópu.

Hvað varðar innihald samstarfsins í framtíðinni var nefndin sammála um að leggja áherslu á:

— að ræða málefni er tengjast ESB, bæði þau sem til umfjöllunar eru frá degi til dags og þau sem höfða til lengri framtíðar,

— að fjalla um samgöngukerfin innan Norðurlandanna og milli þeirra og nærliggjandi landa,
— að ræða tengsl (sambúð) umferðar og umhverfis,
— að fjalla um umferðaröryggismál.

Varðandi skipulag og fyrirkomulag samstarfsins lagði NET til að ráðherrarnir hittust árlega og þá í tengslum við þing Norðurlandaráðs, eins og oftast hefur verið fram á þennan dag. Undirbúningur fundanna yrði sem áður á hendi NET.

Til að fjalla um aðkallandi málefni og ýmis forgangsmál verða settir á fót starfshópar.

Á fundi sínum í Kuopio í nóvember 1995 samþykktu samgönguráðherrarnir framangreinda tillögu embættismannanefndarinnar.

NET samþykkti á fundi sínum í Helsinki 1. október verkáætlun fyrir árið 1997 og staðfesti úthlutun fjárframlaga til einstakra verkefna.

2. Málefni er varða EES/ESB og Norðurlöndin.

Á fundum ráðherranna og NET voru kynnt og rædd þau mál sem á árinu voru efst á baugi í samskiptum EES/ESB og Norðurlandanna. Af einstökum málum má nefna samkeppni á sviði póstmála, fjárfestingar í vegum og járnbrautum á leiðum er tengja Norðurlönd við önnur Evrópuríki, Schengen-samkomulagið, vegatolla í Evrópu og hámarksþyngd og lengd flutningabíla, gjaldfrjálsa fríhafnarsölu og tilskipun um járnbrautarsamgöngur.

3. Samgöngur og umhverfismál.

Á fundi samgönguráðherranna í júlí 1994 var ákveðið að gera úttekt á því til hvaða aðgerða einstök lönd hafa gripið til þess að draga úr loftmengun frá umferðinni. Skipaður var starfshópur til að vinna þetta verk og skilaði hann skýrslu í byrjun síðasta árs.

Starfshópurinn benti á að Norðurlöndin hafa við svipuð vandamál að etja í þessum málaflokki.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að mörg Norðurlandanna hafa lagt út í ýmsar aðgerðir til að draga úr loftmengun frá samgöngutækjum.

Ráðherrarnir voru sammála um að samstarfið innan ESB/EES muni skapa nýja möguleika til lausnar á þessum vanda.

Skýrslan var send umhverfisnefnd Norðurlandaráðs til frekari umfjöllunar.

NET ræddi efni og niðurstöður skýrslunnar á fundum sínum á árinu.

4. Umferðaröryggismál.

Á árinu 1993 var gerð formbreyting á norrænu samstarfi í þessum málaflokki. Norræna umferðaröryggismálaráðið (NTR) var lagt niður og einnig undirnefnd þess, Norræna nefndin um rannsóknir á sviði umferðaröryggismála (NKT) og sett var á laggirnar „Styringsgruppen for Nordisk Trafikksikkerhet" (SNT). SNT heyrir beint undir norrænu embættismannanefndina.

Á fundum NET á árinu voru málefni og starfsemi SNT áfram rædd. Eins og fram kemur í skýrslunni um norrænt samstarf á árinu 1995, samþykkti NET að SNT skuli starfa áfram með óbreyttu formi út árið 1996, en frá og með 1. janúar 1997 skuli SNT lagt niður.

Þessi tillaga NET var samþykkt á fundi ráðherranna í Kuopio í nóvember 1995.

Frá og með 1. janúar 1997 munu embættismenn norrænu ráðuneytanna, sem fjalla um umferðaröryggismál, hittast reglulega á óformlegum fundum.

10.4. Húsnæðis- og byggingarmál.

Á árinu var unnið að fjölmörgum rannsóknarverkefnum varðandi stefnumótandi þætti húsnæðismála, að sameiginlegri framgöngu Norðurlandanna á Habitat II, ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, og undirbúin samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1997–2000. Starfið einkenndist nokkuð af óvissu um framhald og fyrirkomulag samstarfsins. Fjárframlög hafa dregist verulega saman og ein stofnun sem starfað hefur á vegum embættismannanefndarinnar var lögð niður.

Húsnæðisráðherrar landanna hafa lagt áherslu á að beina viðfangsefnum að málum er lúta að stefnumótandi þáttum í húsnæðismálum. Ákveðið var að miða við færri verkefni en áður og lögð áhersla á mikilvægi þess að niðurstöður skili sér fljótt inn í umræðuna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á félagslegum þáttum húsnæðismála, sjálfbæra þróun og vistvæna byggingarstarfsemi og aðgerðir í þágu Eystrasaltsríkja. Einnig var unnið að samræmingu ýmissa þátta með hliðsjón af Evrópusamstarfi.

Stærsta rannsóknarverkefnið fjallar um aðgerðir gegn aðskilnaði félagshópa í íbúðahverfum. Tilgangur þessa verkefnis, sem húsnæðisráðherrarnir telja sérstaklega mikilvægt, er að rannsaka ofan í kjölinn vaxandi félagsleg vandamál stærri borga og bæja og þá ört vaxandi félagslega aðgreiningu (segregation) eftir íbúðahverfum og húsnæðisformum, sem vart hefur orðið við á undanförnum árum. Þetta er viðamikið verkefni sem lýkur í ársbyrjun 1997 og verður í kjölfarið kynnt á sameiginlegri ráðstefnu á vegum ráðherranna. Þá má einnig nefna verkefni sem fjallar um samanburð á þeirri lagaumgjörð (Nordisk boenderätt) sem húsnæðismálin búa við. Fleira mætti nefna svo sem verkefni í Eistlandi og verkefni er snýr að húsnæðismálum Norðurlandanna í ljósi aukins Evrópusamstarfs.

Á vegum embættismannanefndarinnar var unnið að sameiginlegri sýningu og kynningu á húsnæðis- og byggingarmálum Norðurlandanna á Habitat II húsnæðis- og byggingarmálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Istanbúl dagana 3.–14. júní 1996.

Norræna byggingarmálanefndin NKB (Nordiska kommittén för byggbestämmelser) hefur verið ein af stofnunum Norrænu ráðherranefndarinnar undir embættismannanefnd um húsnæðis- og byggingarmál. Stofnun þessi verður lögð niður í árslok 1996. Skipulag ríkisins hefur verið aðili að þessu samstarfi frá upphafi í umboði byggingarmálaráðuneyta, nú síðast umhverfisráðuneytis. Jafnframt hafa aðrar stofnanir svo sem Brunamálastofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Byggingastaðlaráð og fleiri aðilar tekið beinan þátt í starfi fagnefnda og notið til þeirrar þátttöku norrænna fjárframlaga. Síðasti stjórnarfundur NKB var haldinn á Íslandi dagana 28.–29. nóvember 1996, þar sem m.a. voru samþykkt drög að ramma um áframhaldandi samstarf byggingaryfirvalda á Norðurlöndum, nú á þann hátt að allur kostnaður verði borinn uppi af viðkomandi yfirvöldum. Þetta mun líklega verða til þess að þátttaka í norrænu byggingarmálasamstarfi hér á landi verður mun takmarkaðri en verið hefur síðastliðin ár. Samstarfið við Norðurlönd hefur tryggt okkur aðgengi að mjög víðtæku Evrópusamstarfi um byggingarmál með litlum tilkostnaði.

10.5. Byggðamál.

10.5.1. Embættismannanefndin um byggðamál.

Samstarf Norðurlandanna í byggðamálum stendur á traustum grunni. Fyrirferðarmest eru samstarfshéruðin, þá samstarf um byggðastefnu, mótun hennar og samskipti milli embættismanna á því sviði. Síðast er rannsóknasamstarfið.

Á árinu 1996 stóðu yfir miklar breytingar á svæðasamstarfinu milli einstakra landamærahéraða á Norðurlöndunum. Þau svæði sem eru innan Evrópusambandsins eða tengjast því hafa flest tengst landamærasamstarfi ESB, svo kölluðu INTERREG II. Fjármunir frá Norðurlandasamstarfinu ganga að verulegu leyti inn í það samstarf en nú undir formerkjum og á forsendum sambandsins. Samstarf landamærahéraðanna fær verulega aukna fjármuni til ráðstöfunar. Norðmenn hafa veitt sambærilegu fé til þeirra héraða sem taka þátt í Interreg verkefnum.

Ísland tekur þátt í einu slíku samstarfsverkefni, hinu nýstofnaða Norræna Atlantssamstarfi (NORA). Það er jafnframt eina samstarfssvæðið á vegum ráðherranefndarinnar sem er algerlega fyrir utan ESB og eitt af fáum sem eru utan við Interreg-áætlunina. Nánari grein er gerð fyrir starfsemi NORA í sérstökum kafla.

Samskipti byggðamálaráðuneyta Norðurlandanna við framkvæmdastjórnina í Brussel taka töluverðan tíma hjá embættismannanefndinni NERP. Þessi samskipti eru lærdómsrík, einkum ef það er haft í huga að ekki hafa orðið nærri því eins miklar breytingar í raunverulegri byggðastefnu hinna nýju aðildarlanda og ætla mætti. Breytingarnar eru töluverðar í fjármögnun aðgerða en ekki mjög miklar í útfærslu stuðnings við einstök fyrirtæki. Þó verður að segja að öll stefnumótun hefur orðið skilvirkari vegna þess að gerðar eru kröfur um áætlanagerð og það hefur neytt aðildarríkin til að samræma aðgerðir sínar.

Embættismannanefndin hefur látið vinna fyrir sig ýmsar greinargerðir er varða eðli byggðaþróunar og áhrif aðgerða hins opinbera. Sem dæmi má nefna verkefni sem nú er að ljúka og varðar áhrif einkavæðingar og breytts fyrirkomulags í nokkrum þáttum opinbers rekstrar á byggðaþróun. Þá er stöðugt fylgst með byggðaþróun í einstökum héruðum allra Norðurlandanna.

Málefni Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda (sjá nánar kafla 15.6.) heyra undir samstarfið í byggðamálum. Á árinu hefur verið unnið að breytingum á reglugerð um starfsemi sjóðsins í kjölfar úttektar sem gerð var á starfsemi sjóðsins í samræmi við reglur hans. Niðurstaðan er sú að starfsemin hefur ekki staðið undir þeim væntingum sem til hennar voru gerðar í upphafi og voru gerðar tillögur til að breyta henni til samræmis við hlutverkið.

Norðurlöndin hafa saman staðið að samstarfi við Skotland í byggðamálum og er kraftur að komast í það eftir nokkra byrjunarörðugleika. Þá hafa embættismannanefndirnar í byggðamálum og landbúnaðarmálum hafið samstarf sem skiptist í þrjú verkefni. Eitt þeirra, sem snýr að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli er undir forsjá Íslands í samvinnu við Norðmenn og hefur því verkefni verið stýrt af Jónasi Jónssyni hjá Bændasamtökum Íslands. Hin samvinnuverkefnin fjalla um matvælaframleiðslu á bændabýlum og þjónustu í mjög fámennum byggðarlögum.

Í kjölfar skýrslu nefndar á vegum norrænu forsætisráðherranna um stofnanir á vegum Norðurlandasamstarfsins var ákveðið að sameina í eina stofnun tvær stofnanir og eitt verkefni, sem tengjast byggðamálum. NordREFO, norræna rannsóknastofnunin í byggðamálum og NOGRAN, verkefni á vegum NERP þar sem unnið hefur verið að ýmsum athugunum og öflun og miðlun upplýsinga um byggðaþróun verður sameinað Nordplan,

menntastofnun í skipulagsmálum sem starfað hefur á vettvangi samstarfs í menningarmálum. Úr verður ný stofnun, NordREGIO, sem verður á ábyrgð byggðamálaráðherranna. Mun hún taka til starfa í Stokkhólmi þann 1. júlí 1997. Verkefni hennar verða þau sömu og þeirra stofnana sem yfirteknar verða og er vonast til þess að með myndun hennar verði til öflugur þekkingarkjarni á sviði byggðaþróunar og skipulags. Nú þegar eru uppi fyrirætlanir um að þessi stofnun muni nýtast til að miðla þekkingu í málaflokknum til Eystrasaltsríkja en að auki mun alþjóðasamstarf verða enn vaxandi þáttur.

10.5.2. Norræna Atlantsnefndin (áður samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda).

Á síðasta ári var unnið að gagngerum breytingum á samstarfi hinna vestlægu Norðurlanda í byggðamálum og tók Norræna Atlantsnefndin (skammstafað NORA) til starfa í byrjun þessa árs. NORA er samstarfsvettvangur Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna og heyrir nefndin undir Norrænu embættismannanefndina í byggðamálum (NERP). Skrifstofa nefndarinnar er staðsett í Þórshöfn í Færeyjum og er framkvæmdastjóri nefndarinnar Kjartan Hoydal, sjávarlíffræðingur og fyrrverandi fiskimálastjóri í Færeyjum. Stofnað hefur verið framkvæmdaráð þar sem sæti á einn fulltrúi frá hverju aðildarlandi en hlutverk framkvæmdaráðs er að undirbúa ákvarðanir nefndarinnar og veita framkvæmdastjóra leiðsögn í einstökum málum. Meginmarkmið með starfi nefndarinnar er:

— Að hvetja til og efla samvinnu innan svæðisins með áherslu á eftirfarandi atriði: (1) auðlindir og umhverfismál sjávar, (2) landbúnað, (3) verslun og viðskipti, (4) ferðaþjónustu og (5) samgöngur.
— Að koma á samstarfi milli nefndarinnar og annarra aðila sem vinna að hliðstæðum og tengdum verkefnum innan samstarfssvæðisins. Einkum skal þó lögð áhersla á samvinnu við atvinnuþróunar- og rannsóknarstofnanir í löndunum fjórum.
— Að miðla reynslu og þekkingu í byggða- og atvinnumálum milli landanna.
— Að stuðla að rannsóknum og þróun á framangreindum sviðum, þar sem löndin geta notið góðs af reynslu hvers annars með því að koma á samskiptum stofnana, fyrirtækja og fólks í millum.

Þrír fulltrúar frá löndunum fjórum eiga sæti í nefndinni og eru fulltrúar Íslands skipaðir í nefndina af forsætisráðherra.

Á þessu fyrsta starfsári nefndarinnar hafa borist margar umsóknir um styrki frá öllum löndunum en skilyrði fyrir styrkveitingu er að minnst tvö aðildarlönd séu umsækjendur að hverjum styrk. NORA hefur einnig í auknum mæli beint starfi sínu að verkefnum sem nefndin sjálf hefur frumkvæði að. Fjárveiting til nefndarinnar á þessu ári var um fimm millj. danskra króna og hefur stórum hluta þess þegar verið ráðstafað bæði til styrkja og til þess að setja að stað verkefni sem tengjast áður nefndum markmiðum.

10.6. Landbúnaður og skógrækt.

Á árinu var hafist handa að starfa eftir nýrri starfsáætlun Norðurlandanna á sviði landbúnaðar og skógræktar sem gildir fyrir tímabilið 1996–2000. Þessi áætlun var samþykkt á 47. þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Kuopio í Finnlandi í nóvember 1995. Eins og í öðrum starfsáætlunum innan hins norræna samstarfs er gengið út frá meginmarkmiðunum þremur, norrænu notagildi, tengingu við alþjóðamál einkum innan Evrópu og tengslum við grannsvæðin, svo sem Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland.

Áhersla er lögð á að viðhalda þeim trausta samskiptagrundvelli sem áratuga samstarf á sviði landbúnaðar og skógræktar hefur lagt. Þannig má nefna að Nordiska Jordbruksforskares Förening (NJF) hefur starfað frá 1918 og það samstarf hefur lagt grunninn að mörgum samnorrænum verkefnum og haft mikil áhrif á þróun samstarfsáætlana norrænu ráðherranefndarinnar á sviði landbúnaðar. Náttúrulegar forsendur til landbúnaðar og skógræktar skera sig nokkuð úr því sem er í flestum löndum álfunnar og er lögð áherslu á samstarf um þá þætti.

Megináherslan í hinni nýju samstarfsáætlun er á verkefni sem hafa skírskotun og tengsl til eftirfarandi fjögurra sviða:

— Gæði í landbúnaðarframleiðslu með áherslu á umhverfið.
— Varðveisla erfðafræðilegs fjölbreytileika.
— Byggðaþróun á landsvæðum sem eru sérstaklega háð landbúnaði og skógrækt.
— Sjálfbær skógrækt.

Nokkur breyting hefur orðið á skipulagi og starfsháttum innan Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði landbúnaðar og skógræktar (MR-JS). Árlegir fundir eru nú tveir í stað eins áður. Í tengslum við sumarfundinn er haldinn fundur í NKJS (Norrænu samráðsnefndinni um landbúnað og skógrækt), sem var á sl. sumri að hluta til skipt í tvær málstofur þar sem önnur fjallar um landbúnaðarmál en hin um málefni skógræktar. Stefnt er að því að framkvæmd áætlunarinnar verði í ríkari mæli en hingað til rædd á fundum landbúnaðarráðherranna.

Á sl. sumri var fyrsti sumarfundurinn haldinn samkvæmt þessu nýja skipulagi í NKJS undir formennsku Guðmundar Bjarnasonar, landbúnaðarráðherra. Meginviðfangsefni fundarins var að ræða tengsl umhverfismála og landnýtingar, reynslu Norðurlandanna af fyrsta framkvæmdaári landbúnaðarsamnings Alþjóða viðskiptastofnunarinnar og fimmtu rammaáætlun ESB um rannsóknir. Ráðherrarnir samræmdu viðhorf Norðurlandanna varðandi sjálfbæra nýtingu skóga á heimsvísu sem kynnt voru á sérfræðingafundi Sameinuðu þjóðanna um skógarnýtingu. Þar var lögð áhersla á áætlanir í hverju landi fyrir sig um nýtingu skóga og landsvæða svo og vistvæna umhirðu náttúrulegra skóga.

Síðari ráðherrafundurinn á árinu var haldinn í Svíþjóð þann 28. nóvember. Á dagskrá fundarins var ákvörðun um skiptingu framlaga sem landbúnaði og skógrækt eru ætluð af samnorrænu fé, samstarf við grannsvæðin, störf nefndar um sjálfbæra þróun í skógrækt og ráðstefna FAO um fæðuöryggi. Þá voru enn fremur rædd drög að nýrri markmiðsgreiningu um samnorræna rannsóknarstarfsáætlun. Ráðherrar voru sammála um að mæla gegn því að færa þungamiðju í stefnumörkun á sviði rannsókna í landbúnaði, skógrækt og landnýtingu frá fagráðuneytum til menntamálaráðuneyta landanna eins og fyrirliggjandi hugmyndir gera ráð fyrir en í þeim er gert ráð fyrir einni yfirstjórn allrar samnorrænnar rannsóknarstarfsemi.

Við mat á „norrænu notagildi“ hafa stofnanir sem heyra undir ráðherranefnd landbúnaðar og skógræktar (MR-JS) fengið háa einkunn. Til reksturs þeirra fer um helmingur þess fjármagns sem MR-JS hefur til umráða. Nokkur viðamikil langtímaverkefni eru rekin á verkefnagrundvelli en auk þess veitir norræna embættismannanefndin um landbúnað og skógrækt (NEJS) í samstarfi við aðra málaflokka fjármagni til sérstakra áætlana sem auglýstir eru til umsóknar og er samstarfið við norrænu embættismannanefndina um umhverfismál (EK-Miljø) og embættismannanefndina um byggðamál (NERP) dæmi um slíkt. Stofnanir og helstu langtímaverkefni eru:

— Norræni genbankinn fyrir nytjaplöntur (NGB).
— Norræni genbankinn fyrir húsdýr (NGH).

— Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ).
— Norræna bútækniráðið (NTS).
— Samstarf um plöntusjúkdóma og samræming á reglum um innflutning.
— Samstarfsnefndin um norrænar skógræktarrannsóknir (SNS).
— Samstarf landbúnaðarháskólanna (NOVA).

Á árinu var unnið að nýrri markáætlun fyrir NKJ. Áætlunin tekur mið af áherslum í langtímaáætlun ráðherranefndarinnar. Meðal nýmæla er að NKJ mun vinna sérstaka verkáætlun sem snýr að hánorrænum landbúnaði (circumpolar agriculture).

Varðveisla á erfðabreytileika.

Erfðabreytileiki og varðveisla fjölbreytileika er vaxandi áherslusvið í landbúnaðarsamstarfinu og gegna genbankarnir tveir NGB og NGH þar lykilhlutverki og þá sérstaklega NGB vegna samræmingar á stefnu Norðurlandanna varðandi framgang á umhverfissáttmála Sameinuðu þjóðanna um varðveislu fjölbreytileika lífsins. Auk þess sem viðfangsefni á þessu sviði eru fyrirferðarmikil í verkefnaáætlun NEJS er einnig unnið að framgangi þessa málaflokks í samstarfi við EK-Miljø sem er samstarfsvettvangur umhverfisráðherranna innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Sigfús Bjarnason lét af störfum sem forstjóri NGB í upphafi ársins eftir heilladrjúgt starf við stofnunina í sjö ár. Þorsteinn Tómasson var formaður stjórnar NGB á árinu. Stefán Aðalsteinsson gegnir stöðu forstöðumanns við NGH og hefur sinnt því starfi frá upphafi. Auk starfsemi þessara tveggja stofnana skipaði NEJS og NK-Miljø samstarfsnefnd um norræna stefnumörkun á sviði erfðafjölbreytni. Í nefndinni starfa tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna og er annar tilnefndur af umverfisráðuneyti en hinn af landbúnaðarráðuneyti. Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði og leggja fram tillögur um verkefni á sviði varðveislu á erfðaefni. Einkum er ætlast til að nefndin hugi að áhrifum aukinnar tækni í landbúnaði á erfðafjölbreytni í nytjaplöntum og búfjárstofnum en einnig í hinni villtu náttúru. Norðurlöndin hafa komið sameiginlega að þróunaraðstoð á þessu sviði með uppbyggingu svæðisbundins genbanka í sunnanverðri Afríku og einnig með sérstakri aðstoð til Eystrasaltsríkjanna við uppbyggingu og skipulag í þessum málaflokki. Markmið norræns samstarfs á sviði erfðaefnis er að stuðla að varðveitingu erfðaefnis svo og nýtingu þess í kynbótastarfi. Íslendingar hafa leitt tvö stór verkefni sem stefna að þróun nýrra yrkja af grösum og smára fyrir jaðarsvæði Norðurlanda. Vestur-Atlantssjóðurinn hefur einnig komið að þessum málaflokki en hann styrkti stórt verkefni sem snýr að samanburði á íslenska kúakyninu við það kúakyn sem mest er notað í Noregi og geta niðurstöður þess haft veruleg áhrif í íslenskum landbúnaði.

Gæðastjórnun í landbúnaði með hliðsjón af umhverfisþáttum.

Umhverfismál eru vaxandi viðfangsefni innan landbúnaðar og skógræktar á Norðurlöndunum. Stærstu samnorrænu verkefnin sem Íslendingar eiga aðild að lúta að hringrás næringarefnanna, einkum niturs og koltvísýrings. Rannsóknir á kolefnisjöfnuðinum eru mikilvægar með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum gagnvart losun kolefnis í andrúmsloftið. Virk þátttaka í norrænu verkefni á þessu sviði hefur rutt brautina fyrir þátttöku í stóru evrópsku verkefni um þessa ferla. Samanburðarrannsóknir sem lúta að mengun af völdum þungmálma hafa gefið íslenskum landbúnaði mjög góð viðmiðunargildi um hlutfall slíkra efna í íslenskri náttúru og í landbúnaðarafurðum sem renna stoðum undir þá fullyrðingu að hreinleiki afurðanna sé í flestum tilvikum mun meiri en gerist víða í nágrannalöndum okkar.

Byggðaþróun og landbúnaður og skógrækt.

Áfram var unnið í samstarfi við NERP að verkefni á sviði atvinnu- og byggðamála, sem tengjast landbúnaði og skógrækt. Sérstök stjórnarnefnd lagði til að Norðurlönd ynnu sameiginlega að eftirfarandi verkefnum:

1. Þróun fjölþættari viðfangsefna á sveitabæjum eða í tengslum við búskap.
2. Þróun fjölþættari framleiðslu matvæla og vinnslu þeirra á búum bænda eða í tengslum við þau.
3. Þróun þjónustustarfa í fámennum byggðalögum.

Framkvæmd verkefnis um fjölþættari viðfangsefni á sveitabæjum var á vegum Íslands. Bændasamtök Íslands tóku að sér undirbúning þess og var Jónasi Jónssyni búnaðarmálastjóra falin framkvæmd þess. Ákveðið var að binda það fyrst og fremst við þróun ferðaþjónustu í sveitum og, að svo miklu leyti sem fjármunir og tími leyfðu, að taka inn í úrvinnsluna nýtingu á öðrum gæðum lands svo sem hlunnindum jarða í tengslum við nýja atvinnumöguleika. Þessi þrjú verkefni munu halda áfram árið 1997 að hluta eða öllu leyti.

11. Sjávarútvegsmál.

Árið 1996 var sjávarútvegssamstarf Norðurlanda fellt niður sem sjálfstætt samstarfssvið og er nú hluti af efnahags- og atvinnusamstarfinu. Er þetta í samræmi við breytingar sem gerðar voru eftir heildarendurskoðun á norrænu samstarfi. Þrátt fyrir að ekki séu merkjanlegar miklar breytingar á sjávarútvegssamstarfinu á þessu fyrsta ári með nýrri tilhögun er þegar orðið ljóst að sjávarútvegssviðið stendur verr að vígi varðandi fjárveitingar. Heildarfjárveiting til samstarfsins var 7,3 millj. danskra króna og þar af var 1 millj. sett til samstarfsverkefna sjávarútvegs- og umhverfissviðs. Sjávarútvegssamstarfið hafði því 6,3 millj. til ráðstöfunar á árinu.

Í framkvæmdaáætlun formennskulandsins Finnlands fyrir árið 1996 var lögð áhersla á að starfsemin yrði í samræmi við þær almennu áherslur sem lagðar eru í hinu norræna samstarfi. Ekki var lagt til að miklar áherslubreytingar yrðu gerðar, en þó boðað að Finnland myndi í frekari mæli styðja verkefni með menningarlega tilvísun og draga þar með úr áherslu á rannsókna- eða framleiðslutengd verkefni. Enn fremur óskaði Finnland eftir meiri áherslu á fiskeldi.

Á árinu 1996 bárust alls 38 umsóknir um styrki til verkefna á sjávarútvegssviðinu. Umsóknirnar voru metnar af vísindanefnd, sem mælti með að 21 verkefni yrði styrkt. Vegna þröngrar fjárhagsstöðu var einungis unnt að veita fé til 14 verkefna og eru einungis þrjú þessara verkefna ný, hin eru til fleiri ára. Auk þessara verkefna veittu sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda fé til 6 annarra verkefna. Meðal verkefna sem fá fjárveitingu má nefna verkefni um að meta þörf og möguleika á aðgerðum varðandi vistvæna merkingu, ráðstefnu um nýtingu ufsa og vinnufund um nýliðun rækju.

Samstarfi sjávarútvegs- og umhverfissviðanna hefur verið haldið áfram á árinu og hefur hvort svið lagt 1 millj. danskra króna til verkefnisins. Fyrri hluta ársins komu niðurstöður úr forverkefnum sem hófust í lok 1995 eða upphafi 1996. Þessi verkefni hafa sum hver skilað sér í umsóknum um stærri verkefni og hafa nokkur hlotið styrk. Í lok ársins 1996 og upphafi ársins 1997 munu fulltrúar Íslands og Noregs, ásamt starfsfólki skrifstofu ráðherranefndarinnar gera drög að forgangsröðun viðfangsefna sem styrkt verða þar sem ljóst er að fjárveiting til samstarfsins mun ekki nægja til að vinna öll þau verkefni sem æskilegt er að styrkja.

Í ágúst var Norræna fiskimálaráðstefnan haldin í Bergen. Yfirskrift ráðstefnunnar var alþjóðavæðing sjávarútvegsins og var í níu fyrirlestrum auk athugasemda fjallað um ýmsar hliðar á þeirri þróun sem nú á sér stað á alþjóðlegum vettvangi. Meðal fyrirlesara var Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur. Samhliða ráðstefnunni héldu sjávarútvegsráðherrar Norðurlanda fund sem og embættismenn. Að auki voru haldnir tveir embættismannanefndarfundir, í Reykjavík og Kaupmannahöfn. Þá var haldinn sameiginlegur fundur embættismannanefndanna um sjávarútvegs- og umhverfismál.

Sjávarútvegsráðherrar samþykktu samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1997–2000, en hún leysir af hólmi samstarfsáætlun fyrir tímabilið 1993–1996. Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að því að sjávarútvegurinn eflist og dafni sem mikilvægur þáttur þjóðlífs í norrænu löndunum. Þetta markmið hefur í för með sér að áhersla er lögð á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Samstarfið byggir á hinum þremur stoðum norrænnar samvinnu; samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda um Evrópumál og samvinnu Norðurlanda við grannsvæði þeirra. Skipulag starfseminnar verður með sama hætti og verið hefur, þ.e. hið formlega samstarf fer fram innan ráðherranefndar og embættismannanefndar sem getur falið vísindanefnd að meta umsóknir og fjalla um rannsóknaverkefni. Fiskveiðiráðgjafi Norrænu ráðherranefndarinnar er starfsmaður ráðherranna og sér um samræmingu og daglegan rekstur starfsins og er því mjög mikilvægur þáttur starfsins.

12. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Til grannsvæða Norðurlanda teljast Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, þ.e. Murmansk-, Arkhangelsk- og Pétursborgarsvæðin auk Kaliningrad og Karelen.

Norðurskautssvæðið telst einnig til grannsvæða Norðurlanda en samstarfið um málefni Norðurskautssvæðisins fer fram samkvæmt sérstakri starfsáætlun.

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðum Norðurlanda hefur staðið frá árinu 1990. Samkvæmt starfsáætlun fyrir grannsvæðin sem samþykkt var árið 1995 er samstarfið við grannsvæðin ein af þrem meginstoðum norræns samstarfs. Veitt var 50 millj. danskra króna til grannsvæðasamstarfsins af norrænum fjárlögum árið 1996.

Meginmarkmið norræns samstarfs við grannsvæðin er að:

— stuðla að friði, öryggi og stöðugleika í Evrópu,
— stuðla að þróun lýðræðis og markaðsbúskapar, mannréttindum og ábyrgri nýtingu auðlinda.

Samstarf og samskipti við grannsvæðin á sér stað á nánast öllum sviðum norræns samstarfs. Það fer fram á vegum Norðurlandaráðs, Norrænu ráðherranefndarinnar, embættismannanefndanna, sérfræðinga- og starfshópa og norrænu stofnananna. Með þessu móti verða tengsl Norðurlanda við grannsvæðin mjög víðtæk og til þess fallin að stuðla að jákvæðri þróun þar.

Á grundvelli óska frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi er lögð áhersla á starfsemi og verkefni þar sem Norðurlönd geta boðið sérstaka þekkingu og kunnáttu og þar sem framlag Norðurlandanna er mikilvæg viðbót við starfsemi heimamanna.

Áherslusvið starfsáætlunarinnar fyrir grannsvæðin hafa verið:

— Upplýsingastarfsemi og samskipti.
— Styrkjakerfi.
— Menningar- og umhverfissamstarf.
— Réttindi þegnanna.
— Iðnaðar- og efnahagsmál.

— Umhverfissamstarf.
— Landbúnaðarsamstarf.

Verkefni innan starfsáætlunarinnar voru alls 56. Af nýjum verkefnum má nefna jafnréttisverkefni og verkefni á sviði vinnuumhverfis og neytendamála. Stöðugt samráð um framvindu verkefnanna er haft við öll fagsvið. Öllum verkefnum miðar samkvæmt áætlun nema þremur sem mættu fyrirstöðu í upphafi.

Tilraunaverkefni um tengslanet í Murmansk er lokið og hefur það gefið góðan árangur. Einnig voru á árinu kannaðar nýjar leiðir til samskipta á Barentssvæðinu.

Starfshópur um stefnumörkun fyrir samstarf Norðurlanda við grannsvæðin.

Finnland lagði í upphafi formennsku sinnar áherslu á að mótuð yrði heildarstefna fyrir samstarf Norðurlanda við grannsvæðin. Því var starfshópi falið að gera úttekt á samnorrænu starfsáætluninni og á samstarfsverkefnum landanna hvers um sig við grannsvæðin. Hópurinn lagði fram yfirlit yfir svæðisbundin samstarfsverkefni í löndunum við Eystrasalt og á Barentssvæðinu auk alþjóðlegra samstarfsverkefna á vegum erlendra ríkja annarra en Norðurlanda. Fyrir utan stefnumörkun varðandi starfsemi Norðurlanda á grannsvæðunum var hópnum falið að leggja fram tillögur annars vegar um samnorræna stefnumörkun og hins vegar um áherslusvið í norrænu grannsvæðaáætluninni. Fulltrúi Íslands í starfshópnum er Ólafur Egilsson, sendiherra. Tillögur starfshópsins hafa fengið mikla umfjöllun og liggja til grundvallar þeirri pólitísku stefnumótun fyrir starfsemina sem samþykkt var af samstarfsráðherrum Norðurlanda í október 1996.

Norrænu upplýsingaskrifstofurnar.

Upplýsingaskrifstofan í *Tallinn* flutti á árinu í nýtt húsnæði í miðbæ Tallinn. Unnið var að fjölda verkefna og menningarviðburðir voru skipulagðir í samvinnu við innlenda og erlenda aðila. Þar ber hæst menningarátakið Varia–96, Norræna barna- og unglingabókmenntahátíð í október og „Nordiska spår i Baltikum – baltiska spår i Norden" sem var í senn námsferð og námsstefna. Megináhersla hefur þó verið á framkvæmd grannsvæðaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar svo og upplýsingamiðlun og tengslamyndun í tengslum við verkefni ýmissa norrænna samtaka í Eistlandi. Enn fremur má nefna símenntunarverkefni fyrir kennara og sjónvarpsþáttaröð um markaðsbúskap. Haldin voru norræn tungumálanámskeið en í stað þess að reka norrænt bókasafn á vegum skrifstofunnar hefur sú stefna verið tekin að þrjú almenningsbókasöfn hafi samstarf um að útvega bækur og annað efni.

Upplýsingaskrifstofan í *Ríga* hefur sem fyrr unnið að því að miðla norrænni menningu og norrænu gildismati. Hér má nefna mánaðarlegt fréttabréf, norræna útvarpsþáttaröð fyrir börn og unglinga og heimasíðu á alnetinu. Í samstarfi við upplýsingaskrifstofurnar í Tallinn, Vilníus og Pétursborg er unnið að bæklingi um norrænt samstarf og norrænar ráðstefnur og verkefni á grannsvæðunum. Í samstarfi við listamannasamtök Lettlands og menningarráðuneyti landsins og eftir litáískri fyrirmynd verður innan tíðar stofnuð vinnustofa fyrir norræna listamenn. Í samvinnu við Norræna félagið í Ríga og Klubb Norden var haldin jólahátíð með fjölbreyttri dagskrá og í nóvember tók skrifstofan á móti jafnréttisráðherrum Norðurlanda.

Upplýsingaskrifstofan í *Vilníus* hefur fengið 50 fermetra viðbótarhúsnæði í grennd við skrifstofuna. Með því að verkefnastjórar norrænna verkefna eru meðvitaðir um þá möguleika sem upplýsingaskrifstofan býr yfir, hefur hún orðið æ virkari í norrænum samstarfsverkefnum. Hún hefur aðstoðað við að koma á tengslum milli Skrifstofu norrænu

ráðherranefndarinnar og Ráðherranefnd Eystrasaltsríkja. Skrifstofan hefur tekið þátt í verkefnum um menntun blaðamanna og bókasafnsfræðinga, um jafnrétti og vímuefnamál og hún hefur einnig tekið virkan þátt í samstarfi um „menningarborg Evrópu", þ.e.a.s. Kaupmannahöfn 1996 og Stokkhólm 1998. Skrifstofan hefur traust samstarf við dreifingaraðila kvikmynda og fjölmiðla og hefur haft frumkvæði um fjölda smærri verkefna, t.d. sýningar, verkstæði, tónleika og þýðingar á norrænum bókmenntum á lithásku. Skrifstofan hefur tekið þátt í samstarfinu um vinnustofu fyrir norræna listamenn. Tengsl við grasrótarsamtök hafa þróast á mörgum sviðum. Hér er um margvísleg málefni að ræða og má t.d. nefna jafnréttismál, heimilislaus börn og fatlaða svo og baráttuna gegn vímuefnum og vændi.

Upplýsingaskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í *Pétursborg* hefur á árinu unnið að því að móta sér starfsvettvang. Áhersla hefur verið lögð á að auka tungumálakennslu í norrænum málum í Norðvestur-Rússlandi. Nú er kennt í norrænum tungumálum í háskólum í Pétursborg, Pskov, Novgorod, Petrozavodsk og Arkhangelsk og innan skamms hefst kennsla í Murmansk. Skrifstofan hefur einnig haldið tungumálanámskeið á eigin vegum, þar sem 200 nemendum eru kennd fimm norræn tungumál. Stærsta verkefnið á árinu á menningarsviðinu var norræn barnakvikmyndahátíð sem farið var með vítt og breitt um Norðvestur-Rússland. Hátíðin fékk mjög góðar móttökur og mun skrifstofan þess vegna standa fyrir kvikmyndahátíð á landsbyggðinni á hverju ári. Haldnar voru námsstefnur um ákveðin viðfangsefni fyrir lækna og blaðamenn og áhersla var einnig á menntun á umhverfissviðinu.

13. Lagaleg mál.

13.1. Samstarf um löggjafarmál.

Á fundi norrænu dómsmálaráðherranna í Nådendal í Finnlandi í ágúst 1996 var lokið endurskoðun á samstarfsáætlun um norrænt löggjafarsamstarf. Endurskoðunin var gerð með hliðsjón af skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu" og þar sem Finnar og Svíar auk Dana hafa gerst aðilar að ESB. Í þeirri skýrslu kemur fram að vegna framtíðarhlutverks ESB í Evrópu sé áríðandi að norrænt samstarf sé nýtt til að sinna norrænum hagsmunum og til að leggja grunn að því að Norðurlöndin geti haft áhrif á forgangsröðun málefna í Evrópu.

Miðað er við að við samstarfsáætlunina verði samin lýsing á tilteknum tímabærum samstarfssviðum (framkvæmdaáætlun) sem verði endurskoðuð og uppfærð með reglubundnum hætti. Samstarfsáætlunin inniheldur fyrst og fremst leiðbeiningar um vinnuferli og tilhögun samstarfs, m.a. til að tryggja samhæfingu og samræmingu ráðstafana sem grípa þarf til til að framkvæma ESB-tilskipanir.

Samstarf um löggjafarmál fer einkum fram með fundum dómsmálaráðherranna og embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf þar sem unnið er að samræmingu á samstarfinu og sameiginleg áhugamál rædd.

Á sumarfundi dómsmálaráðherranna var auk hinnar nýju samstarfsáætlunar og vinnuáætlunar með henni fjallað um málefni er varða upplýsingaskyldu stjórnvalda, forvarnir og afbrotatölfræði, Evrópumálefni, einkum málefni þriðju stoðar, og málefni Eystrasaltslandanna.

Embættismannanefndin hittist reglulega en auk þess hittast fulltrúar dómsmálaráðuneytanna, eða annarra fagráðuneyta á viðkomandi sviði þar sem það á við, formlega eða óformlega, og er þar skipst á upplýsingum og einstök löggjafarviðfangsefni rædd. Þetta samstarf fer og fram í tengslum við alþjóðlega fundi, hvort heldur er á vettvangi ESB eða

annars staðar, þar sem norrænir fulltrúar hafa náið samstarf og samræma sjónarmið sín eftir því sem unnt er. Meðal viðfangsefna sem rædd hafa verið á fundum embættismannanefndarinnar eða einstakra samráðshópa má nefna alþjóðleg einkaréttarmálefni á sviði sifjaréttar, málefni þriðju stoðar ESB almennt, mannréttindi, viðbrögð gegn bifhjólagengjum, kynferðislega misnotkun barna, samstarf um þróun hlutafélagalöggjafar, tilskipun um neytendakaup og ábyrgðir, Schengen-samstarfið o.fl.

Embættismannanefndin hefur á árinu staðið fyrir nokkrum málþingum. Í janúar var haldið málþing um norræna löggjafarsamvinnu innan ESB/EES og annað um lagatæknilega skoðun lagafrumvarpa og í maímánuði var haldið málþing um upplýsingaskyldu stjórnvalda, um stöðu löggjafar á því sviði og reynslu. Í sama mánuði var og haldin ráðstefna um afbrotavarnir (forvarnir) og er fyrirhugað að undirbúa gerð norrænnar áætlunar á því sviði.

Ráð um rannsóknir á Evrópurétti (NORFEIR) starfar á sviði löggjafarmála. Eins og undanfarin ár stóð ráðið fyrir málþingum fyrir norræna fræðimenn, embættismenn, lögfræðinga og aðra, um viðfangsefni sem varða réttarsvið þar sem reglur ESB og EES tengjast norrænni löggjöf. Málþing var haldið í Hveragerði í maímánuði þar sem viðfangsefnin voru fiskveiðistefna innan ESB/EES séð frá lögfræðilegu sjónarhorni, grundvallarréttindi innan ESB/EES og upptaka ESB/EES reglna í landsrétt. Annað málþing var haldið í nóvember um áhrif Evrópusamrunans á norrænt samstarf á sviði umhverfisréttar. Þá var í október haldin hringborðsráðstefna um fjarskiptaþjónustu og samkeppni. Einnig stóð ráðið fyrir málþingi fyrir þá sem vinna að doktorsritgerðum á þessu réttarsviði og öðru fyrir starfsmenn bókasafna. Á árinu 1997 er fyrirhugað framhald á málþingum um þetta réttarsvið en með breyttu formi. Verður verkefnið í umsjá embættismannanefndarinnar en NORFEIR verður lagt niður með nýju ári.

13.2. Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd æðri embættismanna um málefni flóttamanna fjallar um stefnumótun í málefnum er varðar flóttamenn. Þar fara og fram víðtæk upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar, breytingar á framvkæmd mála er varða málefni flóttamanna, ákvarðanatöku o.fl. Viðfangsefni nefndarinnar hafa að verulegu leyti snúist um málefni er varða ríki fyrrum Júgóslavíu, m.a. endurbyggingarstarf þar og aðstoð við heimflutning flóttamanna þaðan. Aðstoð við Eystrasaltsríkin hefur einnig verið til meðferðar hjá nefndinni. Enn fremur samráð vegna samninga um afnám vegabréfsáritana o.þ.h. við þau ríki, svo og almennt, með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu. Starfshópur hefur unnið yfirlitsskýrslu um starf svokallaðra útlendingafulltrúa sem einstök ríki hafa sent til starfa við sín sendiráð. Miðað er þá við að önnur norræn ríki geti leitað fyrirgreiðslu hjá þeim með sama hætti og sendiríkið. Þá hefur starfshópur unnið skýrslu um sameiningu fjölskyldna, reglur og framkvæmd á því sviði, alþjóðlegar skuldbindingar og meðferð umsókna. Samstarf á þessu sviði nær og til þeirra ráðherra sem fara með málefni er varða flóttamenn og innflytjendur. Af þeirra hálfu er m.a. lögð áhersla á aðgerðir gegn kynþáttahatri og útlendingahatri almennt.

14. Norrænar stofnanir á Íslandi.

14.1. Norræna húsið.

Formlegt hlutverk hússins er að „koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland á öðrum Norðurlöndum". Hefur þetta verið hlutverk stofnunarinnar frá því hún hóf störf árið 1968.

Norræna húsið er norræn menningarmiðstöð á breiðum grunni og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Það er að mestu leyti rekið af ráðherranefndinni og þar með af Norðurlöndunum sameiginlega.

Starfsemin á árinu 1996 var heldur minni en árið áður en þó mun meiri heldur en vænst var samkvæmt þeim samningi um verkefnavísa sem gerður var við Norrænu ráðherranefndina fyrir tímabilið 1995–98. Starfsemin fer aðallega fram í Norræna húsinu en á starfsárinu skipulagði stofnunin starfsemi í sjö íslenskum bæjum utan Reykjavíkur, í átta bæjum á Norðurlöndum svo og í Caen í Frakklandi.

Enn fremur hefur verið lánað efni úr bókasafni Norræna hússins um allt land og lánaðar hafa verið grafíksýningar og sýningar á upplýsingaefni. Fréttablaðið „Islands-Kontakt" kemur út fjórum sinnum á ári, í 1500 eintökum á dönsku og í 500 eintökum á finnsku. Blaðið er ókeypis og því er dreift til Íslandsvina á öllum Norðurlöndum.

Starfsemi Norræna hússins á árinu var fólgin í rekstri bókasafns, kaffistofu og skrifstofu fjögurra norrænna lektora við Háskóla Íslands, í sýningum, fyrirlestra- og tónleikahaldi, vestnorrænu fjölmiðlaverkstæði, svo og í umfangsmilli upplýsingarstarfsemi varðandi norræn málefni.

Á árinu hefur verið boðið upp á 391 opinber dagskráratriði í Norræna húsinu, en þau skiptast þannig: fyrirlestrar/ráðstefnur (80 á vegum hússins og 116 á vegum leigutaka), tónleikar (9/49), kvikmyndasýningar (91/9), leiksýningar (6/1), listsýningar (13/4), kynningarsýningar (6/3) og námskeið (4, öll á eigin vegum).

Húsið er opið alla daga vikunnar; á starfsárinu hefur því aðeins verið lokað í 5 daga. Bókasafn Norræna hússins er eina bókasafnið á landinu sem er opið alla daga.

Talning gesta í sal, anddyri og fundarherbergi sýnir 53% aukningu á tímabilinu 1994–96, en fjöldi gesta á listsýningum er nokkurn veginn stöðugur og sama máli gegnir um veltu kaffistofunnar.

Um 100.000 gestir heimsóttu Norræna húsið á starfsárinu. Þar af voru Íslendingar u.þ.b. 60%, gestir frá öðrum Norðurlöndum 25% og gestir frá öðrum löndum 15%.

Í starfsemi hússins á árinu skal sérstaklega lögð áhersla á eftirfarandi:

Dagana 21.–30. júní fór fram umfangsmikil Íslandskynning í Harstad í Norður-Noregi með þátttöku 35 íslenskra listamanna á sviði danslistar, leiklistar, tónlistar, bókmennta, kvikmynda og myndlistar.

Í tengslum við verkefnið „vestnorræn fjölmiðlaverkstæði" hafa verið haldin tvö námskeið, annars vegar 12 vikna námskeið og hins vegar tíu vikna námskeið. Þetta eru námskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 16–19 ára sem hlotið hefur kennslu í fjölmiðlafræði, blaðamennsku, landafræði, heimspeki, listasögu og útlitsteikningu. Reykjavíkurborg hefur styrkt þessi námskeið. Samstarf hefur verið haft við svipuð „verkstæði" í Færeyjum og á Grænlandi, og hafa samskiptin byggst á notkun tölva. Hópur færeyskra unglinga hefur sótt Ísland heim, og íslenskur hópur hefur farið til Færeyja. Í tengslum við sama verkefni komu 21 grænlenskt og 20 færeysk ungmenni til Íslands. Unglingahóparnir gefa í sameiningu út tímaritið OZON, sem er dreift í 25.000 eintökum til framhaldsskóla í hinum vestnorrænu löndum. Verkefnastjóri er Oddur Albertsson og verkefnið sem lýkur í lok ársins 1998 er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og deildarstjóra byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum var í þriðja sinn haldin sameiginleg fyrirlestraröð um byggingarlist, skipulagsmál og hönnun. Nefndir aðilar gáfu út ritið „Byggingarlist í Reykjavík 1996".

Dagana 9.–13. mars voru haldnir danskir bókmenntadagar í samstarfi við danska sendikennara við Háskóla Íslands.

Dagana 17.–22. september fóru fram tvö námskeið, fyrir 70 norræna blaðamenn á menningarsviðinu og fyrir 20 evrópska listgagnrýnendur. Í einn og hálfan dag var sameiginleg dagskrá í Norræna húsinu fyrir þátttakendur þessara námskeiða.

Fernir tónleikar voru haldnir og móttaka var í Norræna húsinu. Þetta var liður í Norrænum tónlistardögum sem haldnir voru í Reykjavík dagana 24.–30. september.

Haldin voru tvö tveggja vikna sumarnámskeið um íslenska tungu og menningu en í þeim tóku þátt 42 einstaklingar frá öllum Norðurlöndum.

Níu kynningarsýningar og sautján listsýningar hafa verið á tímabilinu og í þeim hafa tekið þátt listamenn frá öllum Norðurlöndum nema Grænlandi og Álandseyjum, svo og frá Japan. Sýnd hafa verið málverk, höggmyndir, ljósmyndir, glerlist, grafíklist, textíllist og byggingarlist.

Á hverju ári á tímabilinu 1995–98 fær Norræna húsið í grunnstyrk 54,467 millj. ísl.kr. frá Norrænu ráðherranefndinni en veltan verður um 85 millj. ísl.kr. á árinu. Mismunurinn felst í svonefndum ytri framlögum en af þeim er mesti hlutinn frá Norrænu ráðherranefndinni. Enn fremur var á árinu veitt umtalsvert fjármagn frá Reykjavíkurborg, ýmsum opinberum og einkareknum stofnunum á landinu og sendiráðum Norðurlanda í Reykjavík.

Starfsmenn hússins eru 17, þar af tveir ráðnir í verkefni, í 11 stöðugildum.

Í stjórninni eiga sæti sjö manns, þrír frá Íslandi og einn frá hverju landanna, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Formaður stjórnar er Lennart Elmevik (S), prófessor í norrænum tungumálum við Uppsalaháskóla en K. Torben Rasmussen (DK) er forstjóri Norræna hússins.

14.2. Norræna eldfjallastöðin.

Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK) er samnorræn stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fulltrúum Norðurlandanna auk þriggja fulltrúa íslenskra stofnana á sviði jarðvísinda. Stjórnarformaður er prófessor Carl Ehlers, Finnlandi, en Dr. Guðmundur E. Sigvaldason veitir stofnuninni forstöðu. Skipunartími núverandi stjórnar rann út um áramót 1996/1997. Ný stjórn var tilnefnd eftir nýrri samræmdri reglugerð fyrir norrænar stofnanir sem tók gildi um áramót. Í nýrri stjórn er einn fulltrúi frá hverju landi.

Í reglugerð fyrir stofnunina frá 11. desember 1972 er hlutverk hennar skilgreint svo:

„Norræna eldfjallastöðin á að stunda rannsóknir í eldfjallafræði með áherslu á veigamestu rannsóknarsvið þeirrar fræðigreinar: bergfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði og eldfjallasögu. Stofnunin á að veita vísindamönnum og námsmönnum frá Norðurlöndum og, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar, einnig frá öðrum löndum, aðstöðu til rannsókna í elfjallafræði og tengdum greinum."

Í reglugerð sem tekur gildi 1. janúar 1997 er hlutverk stofnunarinnar skilgreint svo: „Meginhlutverk Norrænu eldfjallastöðvarinnar er að stunda rannsóknir í jarðvísindum með áherslu á eldvirkni, flekahreyfingar og umhverfisrannsóknir þeim tengdar. NORDVULK á að þróa norrænt samstarf í grundvallarvísindum á sínu sviði. Stofnunin á að

hafa greinilega norræna ásýnd (profil), og skapa með þeim hætti norrænt gildi til viðbótar við faglegar niðurstöður samvinnunnar."

Til að ná þessum markmiðum á NORDVULK að:

a. móta og vinna að rannsóknarverkefnum, viðhalda tengslum við aðrar stofnanir og tryggja á þann hátt að stofnunin fylgist með framþróun á sínu sviði,
b. skapa aðstöðu til rannsókna fyrir norræna vísindamenn, sem heimsækja stofnunina í lengri eða skemmri tíma, og koma á samstarfi og tengslum við vísindamenn á Norðurlöndum og í öðrum heimshlutum,
c. annast framhaldsmenntun ungra norrænna vísindamanna, m. a. með því að bjóða dvalarstyrki (stipendiatprogram),
d. eiga þátt í skipulagi og rekstri sumarskóla, vinnufunda og ráðstefna á Norðurlöndum,
e. birta eða á annan hátt gera afrakstur starfsins aðgengilegan almenningi.

Rannsóknir.

Á starfstíma Norrænu eldfjallstöðvarinnar hefur fræðigreinin, sem stofnunin er kennd við, eldfjallafræðin, tekið miklum breytingum. Þegar stofnunin hóf störf beindist athyglin einkum að virkum eldfjöllum og ferlum, sem tengdust eldgosum. Sívaxandi skilningur á hnattrænu mikilvægi efnisflutnings frá möttli til yfirborðs og aðgreiningu möttulefnis milli efnisgeyma mannlegs umhverfis olli mikilli fjölgun viðfangsefna, sem eldfjallafræðin var betur í stakk búin að fást við en aðrar fræðigreinar. Á umliðnum 20 árum hafa því myndast skil milli tvenns konar viðfangsefna eldfjallafræðinnar. Annars vegar eru viðfangsefni, sem lúta að vöktun eldvirkra svæða í þeim tilgangi að meta og vara við hættu vegna eldgosa, hins vegar viðfangsefni sem leitast við að auka skilning á orsökum eldvirkninnar og hnattrænum áhrifum hennar á umhverfið. Í upphafi tók Norræna eldfjallastöðin virkan þátt í verkefnum sem heyra undir fyrri hóp viðfangsefna en í seinni tíð hafa rannsóknirnar beinst í auknum mæli að þeim síðari.

Helstu rannsóknarverkefni stofnunarinnar árið 1996 í jarðefnafræði og bergfræði fjölluðu um uppruna bergs á gliðnunarbeltunum. Sem dæmi má nefna að líkanreikningar benda til þess að möttullinn í grennd við möttulstrókinn byrji að bráðna á 100 km dýpi og að kvikan skiljist frá möttulefninu á dýpi sem er minna en 30 km. Annað dæmi er verkefni, sem hófst á þessu ári og miðar að því að afla gagna til að meta áhrif eldgosa á efnahvörf í heiðhvolfinu og enn önnur verkefni miða að því að rekja feril mengunarefna í efri hlutum lofthjúpsins með því að tengja forsöguleg gos á Íslandi við mengun á Grænlandi en efnin geta aðeins borist til Grænlands eftir að hafa farið einu sinni eða oftar umhverfis hnöttinn.

Sem dæmi um verkefni í jarðeðilsfræði má nefna notkun radarmynda, sem eru teknar úr gervihnöttum, til að meta hreyfingar jarðskorpunnar. Samanburður tveggja mynda, sem eru teknar með nokkru millibili (mánuðir, ár) gefur samfellda mynd af hreyfingum á mjög stóru svæði, en það er mikil framför frá fyrri aðferðum, sem byggjast á landmælingum á jörðu niðri. Beiting þessarar aðferðar á flekaskilin um Ísland mun leiða til stóraukins skilnings á þeim kröftum sem ráða hreyfingum jaraðskorpuflekanna.

Dæmi um verkefni í rafeindatækni er endursmíði rannsóknartækis, sem stofnunin eignaðist árið 1975, en var úr sér gengið. Nýtt tæki sömu gerðar kostar um 60 millj. kr. en tæknimenn stofnunarinnar hafa nú lokið fullkominni endurnýjun tækisins fyrir brot af þeim kostnaði. Annað verkefni á þessu sviði beinist að þróun sjálfvirks búnaðar til umhverfisvöktunar. Forsenda og markmið verkefnisins er þróun tækni til vöktunar eldvirkra

svæða en flestir þættir verksins eru þess eðlis að niðurstaðan nýtist til alhliða vöktunar á ólíkum umhverfisþáttum við erfiðar aðstæður.

Alþjóðleg tengsl.

Af þeim alþjóðlegu samvinnuverkefnum, sem stofnunin á aðild að, ber mest á verkefnum sem eru fjármögnuð af Evrópusambandinu. Fjögur slík verkefni hófust á árinu bæði á sviði jarðfræði/jarðeðlisfræði og rafeindatækni. Allmikil vinna er stöðugt unnin til undirbúnings nýjum umsóknum í sjóði ESB en næsti umsóknarfrestur til umhverfissjóðsins rennur út í janúar á næsta ári.

Norrænir styrkþegar.

Fimm ungir, norrænir vísindamenn fengu styrk til ársdvalar við stofnunina. Að þessu sinni fengu tveir Danir, tveir Norðmenn og einn Finni styrki. Þar af fengu þrír framhaldsstyrki og tveir nýir styrkþegar komu til stofnunarinnar. Tveir styrkþegar luku dvöl sinni hér, annar finnskur, hinn sænskur.

Styrkþegar vinna að verkefnum sem tengjast rannsóknarstefnu stofnunarinnar hverju sinni, en langflestir styrkþeganna kjósa að starfa að verkefnum í jarðefnafræði og bergfræði. Áherslan í rannsóknum stofnunarinnar til lengri tíma litið ræðst mjög af því á hvaða sviði styrkþegar kjósa að starfa, enda mynda styrkþegar stóran hluta þess mannafla til rannsókna, sem stofnunin hefur yfir að ráða. Eins er á það að líta að norrænu styrkþegarnir eru mikilvægur hornsteinn í starfi stofnunarinnar.

Sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Sumarskóli Norrænu eldfjallastöðvarinnar var nú haldinn öðru sinni með fjárstuðningi frá Nordisk Forskerutdanningsakademi (NorFA) og Training and Mobility styrktarstofnun Evrópusambandsins (TMR). Sumarskólaverkefnið er nokkurs konar arftaki norrænu jarðfræðiferðanna til Íslands, sem voru fastur liður í norrænu samstarfi allt frá miðjum sjöunda áratug þar til þessar ferðir voru lagðar niður árið 1993. Skipulag sumarskólans er þó með alls ólíkum hætti og hefur önnur markmið en jarðfræðiferðirnar. Hver skóli fjallar um þröngt, sérhæft efni á sviði sem höfðar til hnattrænna fyrirbrigða en leitast við að velja efnið þannig að náttúra Íslands gefi möguleika á fræðslu úti í náttúrunni. Þátttakendur eru ungir vísindamenn, sem eru að fást við doktorsverkefni eða hafa nýlokið slíku námi, en fyrirlesarar eru þekktustu sérfræðingar sem völ er á til að fjalla um efni skólans. Skólinn er haldinn síðsumars í grennd við náttúrufyrirbrigði tengd efni skólans.

Sumarskólinn 1996 var haldinn á Kirkjubæjarklaustri og fjallaði um myndun úthafsskorpu og ophiolita en það er forn úthafsskorpa sem hefur skarast upp á jaðar meginlandsfleka. Í ophiolitum er unnt að sjá gerð úthafsskorpunnar allt niður fyrir mótin milli skorpu og möttuls. Sameiginleg fjármögnun NorFA og TMR á sumarskólanum 1996 fól í sér að þátttakendur komu frá bæði Norðurlöndum og Evrópu. Aðeins reyndist unnt að sinna einum þriðja umsókna um þátttöku. Fyrirlesarar voru fengnir frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Bandarísku fyrirlesararnir höfðu ekki áður kynnst þessu formi á samskiptum ungra og eldri vísindamanna og fóru þess á leit við Norrænu eldfjallastöðina að hún skipulegði sumarskóla fyrir unga bandaríska vísindamenn sumarið 1997. Reiknað er með að sumarskólinn 1997 verði haldinn í Mývatnssveit og fjármagnaður af bandarískum vísindasjóði (National Science Foundation) og að NorFA greiði þátttöku nokkurra norrænna þátttakenda. Efni skólans verður um jarðeðlisfræðileg ferli á flekaskilum. Einnig verður fjall-

að um tæknilegar úrlausnir við að aðhæfa mæliaðferðir á yfirborði jarðar að aðstæðum á miklu sjávardýpi. Sumarskólinn 1998 er í undirbúningi og efni þess skóla mun tengjast rannsóknum á grænlensku ískjörnunum og loftslagsbreytingum á Norður-Atlantshafi. Umsókn til NorFA og TMR um styrki til þess skóla er í undirbúningi.

15. Norrænir sjóðir.

15.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB).

Almennt um starfsemina.

Samningur milli ríkisstjórna Norðurlanda um stofnun Norræna fjárfestingarbankans, NIB, var undirritaður í desember 1975. Starfsemi bankans hófst árið 1976. Haldið var upp á 20 ára afmæli bankans í lok maí sl. með ársfundi og ráðstefnu sem sótt var af fulltrúum eigenda bankans auk fulltrúa norræns og alþjóðlegs atvinnulífs.

Hlutverk bankans er að veita lán og ábyrgðir á markaðskjörum til fjármögnunar fjárfestinga, sem uppfylla kröfur um norræna hagsmuni, jafnt innan sem utan Norðurlanda. Lánastarfsemin tekur til fjárfestinga sem eru í norræna þágu innan Norðurlanda og verkefnafjárfestingarlána (projekt-investeringslån, PIL) til lánshæfra landa í Mið- og Austur-Evrópu svo og þróunarlanda, sem uppfylla kröfur um lánshæfi. Bankinn veitir einnig lán til verkefna í Eystrasaltslöndum innan sérstakrar fjárfestingaráætlunar þeirra vegna. Þá hefur nú verið ákveðið að bankinn annist nýja fjárfestingaráætlun á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda. Höfuðstöðvar bankans eru í Helsingfors en auk þess hefur bankinn svæðisskrifstofur í Kaupmannhöfn, Ósló, Reykjavík og Stokkhólmi auk Singapore.

Hagnaður af starfsemi Norræna fjárfestingarbankans (NIB) fyrstu átta mánuði ársins 1996 nam 74 millj. ECU (6,3 milljörðum íslenskra króna), sem er betri rekstrarárangur en fyrir sama tímabil í fyrra. Áætlaður hagnaður fyrir árið 1996 sem heild er um 114 millj. ECU (9,5 milljarðar íslenskra króna), sem er betri rekstrarafkoma en árið 1995 en það ár nam hagnaður af starfseminni 103 millj. ECU (8,7 milljörðum íslenskra króna) sem er besta afkoma bankans fram til þessa. Hreinar vaxtatekjur NIB fyrstu átta mánuði ársins, námu 82 millj. ECU (7,8 milljörðum íslenskra króna) en aðeins 78 millj. ECU á sama tímabil í fyrra. Bankinn hefur ekki í ár fremur en í fyrra orðið fyrir neinum útlánatöpum sem staðfestir sterka heildarmynd útlána bankans og fjárstýringar hans.

Eigið fé bankans jókst um tæp 10 % úr 858 millj. ECU í ágúst 1995 í 940 millj. ECU (79,7 milljarða íslenskra króna) í lok ágúst 1996. Áætlað eigið fé bankans í árslok 1996 er tæplega 980 millj. ECU (83 milljarðar íslenskra króna). Grunnfé bankans nemur nú 2.809 millj. ECU (238 milljörðum íslenskra króna) og á þeim grundvelli getur bankinn lánað jafnvirði 7.021 millj. ECU (595 milljarða íslenskra króna) sem fjárfestingarlán innan Norðurlanda. Útlánaramminn samsvarar 2,5-földu grunnfé bankans. Þessu til viðbótar koma síðan sérstakir lánarammar fyrir verkefnafjárfestingarlán (PIL) að upphæð 2.000 millj. ECU og lán til Eystrasaltslandanna að upphæð 60 millj. ECU. Heildarútlánageta bankans nemur því nú um 9.081 millj. ECU (770 milljörðum íslenskra króna). Útborgaður arður til eigenda bankans á árinu 1996 vegna hagnaðar ársins 1995 er 30 millj. ECU (2,6 milljarðar íslenskra króna), en 20 millj. ECU árið áður.

Samþykkt og útborguð lán bankans hafa aukist verulega á árinu 1996 en það endurspeglar vaxandi fjárfestingu. Á fyrstu átta mánuðum ársins námu útborganir og veittar ábyrgðir alls 840 millj. ECU (72 milljörðum íslenskra króna), en 628 millj. ECU fyrir sama tímabil í fyrra. Útistandandi lán alls hafa aukist um 10% frá áramótum og námu 5.467 millj. ECU (463 milljörðum íslenskra króna) í lok ágúst 1996. Áætlað er að heild-

arútlán bankans í árslok 1996 nemi tæplega 5.800 millj. ECU (490 milljörðum íslenskra króna). Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans nam 8.830 millj. ECU (748 milljörðum íslenskra króna) þann 31. ágúst 1996, en 8.078 millj. ECU í árslok 1995. Áætluð niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans í árslok 1996 er um 8750 millj. ECU (740 milljarðar íslenskra króna).

Á fyrstu átta mánuðum ársins voru greidd út ný lán til Norðurlanda að upphæð 692 millj. ECU eða um 58,5 milljarðar íslenskra króna. Til samanburðar námu útborganir fyrir sama tímabil í fyrra 507 millj. íslenskra króna. Um 41% af nýjum lánveitingum ársins fóru til Svíþjóðar, 37% til Finnlands, um 7% til Danmerkur, um 6% til Noregs og um 5% til Íslands. Heildarútlán bankans til Norðurlanda í lok ágúst 1996 námu u.þ.b. 4.540 millj. ECU (385 milljörðum íslenskra króna) og er hlutdeild Íslands um 9%, Svíþjóðar um 36%, Finnlands um 31%, Noregs um 14% og Danmerkur um 9%.

Á fyrstu átta mánuðum ársins fóru um 65% af útborguðum lánum bankans til Norðurlanda til fjármögnunar fjárfestinga á sviði framleiðsluiðnaðar og er pappírs- og trjávöruiðnaður þar fyrirferðarmestur með um 20% af nýjum lánum en málm- og byggingariðnaður fylgir þar á eftir. Um 20% af útborguðum nýjum lánum til Norðurlanda hafa farið til fjármögnunar fjárfestinga sveitarfélaga, einkum á sviði orkumála, hreinsunar frárennslis auk verkefna á sviði sorphirðingu. Um 25% af útborguðum nýjum norrænum lánum hafa tengst fjárfestingum til umhverfisbóta.

Útborganir lána bankans utan Norðurlanda fram til loka ágúst námu 148 millj. ECU (12,5 milljörðum íslenskra króna) en 121 millj. ECU á sama tímabili í fyrra. Útistandandi alþjóðleg lán bankans námu alls 971 millj. ECU (82,3 milljörðum íslenskra króna) í lok ágúst 1996, sem er um 13% aukning frá síðustu áramótum, er alþjóðlegar lánveitingar bankans námu alls 863 millj. ECU.

Af framangreindum nýjum alþjóðlegum lánveitingum að upphæð 148 millj. ECU voru 114 millj. ECU (9,7 milljarðar íslenskra króna) svokölluð verkefnafjárfestingarlán (PIL), sem ætluð eru til fjármögnunar verkefna á hinum ört vaxandi mörkuðum í Asíu, Miðausturlöndum, Mið- og Austur-Evrópu, Afríku og Suður-Ameríku.

Meginreglan við lánveitingar NIB er að sú fjárfesting sem fjármögnuð er gagnist a.m.k. tveim norrænum löndum. Að frumkvæði norrænna fjármála- og efnahagsráðherra hafa bankanum verið veittar auknar heimildir til að fjármagna innviðafjárfestingar þó svo fjárfestingin tengdist beinlínis einvörðungu einu landi. Skilyrði er að um umfangsmiklar fjárfestingar sé að ræða fyrir viðkomandi aðildarland. Sambærileg skilgreining hefur verið viðhöfð í tengslum við fjárfestingar á sviði orku- og umhverfismála auk fjárfestingar vegna rannsókna- og þróunarverkefna fyrirtækja. Á yfirstandandi ári hafa eigendur bankans falið honum ný verkefni m.a. á grannsvæðum Norðurlanda.

Í ágúst sl. ákváðu forsætisráðherrar Norðurlanda að sett skyldi upp ný umhverfisáætlun á næsta ári og var bankanum falið að annast hana. Þessi nýi lánarammi er að fjárhæð 100 millj. ECU (8,6 milljarðar íslenskra króna) og skal honum varið til lánveitinga til fjárfestinga á sviði umhverfismála á grannsvæðum Norðurlanda. Eigendur bankans eru í bakábyrgð fyrir þessum lánveitingum.

Þá hefur Norræna ráðherranefndin (fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda) samþykkt endurskoðun á túlkun hugtaksins norrænir hagsmunir, en norrænir hagsmunir eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir öllum lánveitingum NIB. Endurskoðunin felur m.a. í sér að nú er mögulegt fyrir bankann að taka þátt í fjármögnun erlendra fjárfestinga á Norðurlöndum, þó aðeins eitt landanna eigi beina aðild að verkefninu, enda efli fjárfestingin atvinnulíf og fjölgi atvinnutækifærum í viðkomandi landi.

Ráðherranefndin hefur jafnframt samþykkt nýjar reglur fyrir alþjóðlegar lánveitingar bankans eða svokölluð verkefnafjárfestingarlán (PIL). Á yfirstandandi ári hafa reglur um þessar lánveitingar verið aðlagaðar örum vexti og aukinni einkavæðingu á mörkuðum í Asíu auk Mið- og Austur-Evrópu. Þessi lán eru veitt til fjármögnunar verkefna í löndum sem uppfylla kröfur um lánshæfni og meginreglan er að þau séu með ríkisábyrgð viðkomandi lántökulands. En breytingin felur jafnframt í sér að bankinn geti t.d. tekið þátt í fjármögnun innviðafjárfestinga, sem viðkomandi ríki hefur veitt fyrirtækjum í einkageiranum heimild til að annast þótt ekki sé um að ræða bakábyrgð viðkomandi ríkis. Það sama á einnig við um lánveitingar til langtímalánastofnana í viðkomandi ríkjum, enda uppfylli þær kröfur bankans um lánhæfni. Eigendur bankans eru í sérstakri bakábyrgð fyrir 90% af andvirði þessara lána en bankinn hefur ekki fram til þessa þurft að nýta þessa bakábyrgð eigandanna.

NIB var af eigendum sínum falið að stjórna hluta af stuðningi Norðurlandanna við Eystrasaltslöndin er miðast að því að þróa fjármagnsmarkaðinn í þessum löndum. Bankinn hefur veitt lán til Litáen og Póllands í tengslum við uppbyggingu og endurbætur á vegakerfi Eystrasaltslandanna (Via Baltica) en það verkefni hefur haft forgang hvað varðar innviðafjárfestingar á grannsvæðum Norðurlanda. Þá hefur bankinn aðstoðað eistnesk stjórnvöld við undirbúning mikilvægrar fjárfestingar í orkuverum í borginni Narva og tengdri námavinnslu á olíusandi, sem er orkugjafinn. Framkvæmdirnar miða í senn að umhverfisbótum og hagkvæmni í rekstri orkukerfisins.

Fjármála- og efnahagsráðherrar Norðurlanda ákváðu sl. haust að fela bankanum að halda áfram stuðningi við eflingu einkageirans í Eystrasaltslöndunum. Útlánarammi bankans var tvöfaldaður og nemur nú 60 millj. ECU (5,1 milljarði íslenskra króna). Jafnframt var bankanum falið að halda áfram tæknilegri aðstoð við uppbyggingu fjárfestingabanka í hverju landanna þriggja og fær til þess verkefnis 3,25 millj. ECU (275 millj. íslenskra króna). Auk þess mun NIB fá til ráðstöfunar sérstakan sjóð sem nemur 7,5 millj. ECU (636 millj. íslenskra króna) til hugsanlegra hlutafjárkaupa í fjárfestingarbönkunum þremur í Eystrasaltslöndunum.

Nýjar lántökur bankans í formi skuldabréfaútgáfu fyrstu 8 mánuði ársins 1996 námu 1.597 millj. ECU (235 milljörðum íslenskra króna) á móti 1.445 millj. ECU fyrir sama tímabil í fyrra. Heildarlántökur NIB námu þann 31. ágúst 1996 6.822 millj. ECU (580 milljörðum íslenskra króna) á móti 6.086 ECU í árslok 1995.

Starfsemi NIB á Íslandi.

Lánveitingar NIB til Íslands hafa verið nokkuð minni í ár en í fyrra, en það ár var það umfangsmesta fram til þessa. Á tímabilinu janúar til nóvember 1996 hafa verið samþykkt sjö ný lán til Íslands að jafnvirði 5,1 milljarður íslenskra króna á móti 7,7 milljörðum fyrir sama tímabil í fyrra. Útborguð lán í ár verða um 4,5 milljarðar íslenskra króna en 5,4 milljarðar á árinu 1995.

Ný samþykkt lán 1996 og útborganir greinast þannig á einstaka flokka lántakenda (í millj. íslenskra króna):

Lántakendur	Samþykkt 1996 Fjöldi	Upphæð	Útborgað 1996 Fjöldi	Upphæð
Ríkissjóður	1	2.460		
Sveitarfélög	1	300	1	160
Fyrirtæki í eigu hins opinbera	1	200	3	945
Bankar	3	1.800	3	1.220
Atvinnuvegasjóðir	1	450	3	1.650
Einkafyrirtæki			2	500
Samtals	**7**	**5.210**	**12**	**4.475**

NIB er enn sem fyrr langstærsti einstaki erlendi lánveitandinn til Íslands með um 12% af erlendum langtímaskuldbindingum þjóðarbúsins í heild en heildarlánveitingar NIB til Íslands námu 395 millj. ECU eða tæplega 33,5 milljörðum íslenskra króna þann 29. nóvember 1996. Hlutur Íslands í lánveitingum NIB hefur undanfarin ár verið milli 9 og 10% af heildarútlánum bankans til Norðurlanda. Eignarhluti Íslands í NIB er u.þ.b. 1%.

Á eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þróun útistandandi lána til Íslands frá 1992 til 1996 (upphæðir í millj. ECU):

	31.12.1992	31.12.1993	31.12.1994	31.12.1995	31.12.1996
Útistandandi lán alls	304,2	350,7	346,7	379,9	394,6
Fjöldi lántakenda	25	25	29	31	35
Fjöldi lána	67	70	74	77	81

Útistandandi lán NIB til Íslands námu í lok ágúst 1996 um 33,4 milljörðum og greinast þannig á einstaka flokka lántakenda:

Lántakendur	Fjöldi lántakenda	Upphæð í millj. kr.
Fjárfestingarlánasjóðir og bankar	7	13.923
Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga	7	7.850
Ríkissjóður	1	7.050
Einkafyrirtæki	16	2.558
Sveitarfélög	4	2.044
Samtals	**35**	**33.425**

Stjórn bankans.

Jón Sigurðsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri og ráðherra, er aðalbankastjóri NIB. Í bankaráðinu eiga nú sæti af Íslands hálfu Guðmundur Magnússon og Þorsteinn Ólafsson. Varamenn þeirra eru Ásgeir Jóhannesson og Árni Magnússon.

15.2. Norræni iðnaðarsjóðurinn (NI).

Norræni iðnaðarsjóðurinn stuðlar að tækniþróun og nýsköpun í atvinnulífi Norðurlanda og stuðlar að því að samkeppnishæfar afurðir, ferli og þjónusta séu í boði. Sjóðurinn nær markmiðum sínum með því að styðja rannsókna- og þróunarverkefni sem eru samstarf innan Norðurlandanna og stuðla að auknum tengslum og þróun nýrra hugmynda meðal norrænna fyrirtækja.

Á árinu 1996 hafði sjóðurinn til ráðstöfunar 71,0 millj. norskra króna, 25 millj. til greiðslu á árinu 1996, 31 millj. árið 1997 og 15 millj. til útborgunar 1998.

Á árinu 1995 var heildarumfang verkefna 215 millj. norskra króna, en til samanburðar var árið það 1994 260 millj. norskra króna. Sjóðurinn studdi umrædd verkefni með 27% framlagi en rannsóknarráðin/tækniþróunarráðin greiddu 23% og tæp 51% kom frá fyrirtækjum.

Áætla má að 1500 einstaklingar frá 800 fyrirtækjum og 70 rannsóknarstofnunum og háskólum séu skráðir þátttakendur í rannsókna- og þróunarverkefnum sem Norræni iðnaðarsjóðurinn styður. Auk þeirra er fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í framkvæmd þróunarverkefnanna í fyrirtækjunum og rannsóknastofnununum.

Starfsemi Norræna iðnaðarsjóðsins hefur breyst mikið á undanförnum tveimur árum. Sjóðurinn er þátttakandi í umfangsmeira samstarfi sem opnaðist með ESB-aðild og EES-samningnum auk þess sem unnið hefur verið að auknum tengslum við Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópu.

Sjóðurinn lagði fram og kynnti nýja stefnu á árinu 1996. Nýja stefnan felur í sér aukinn fjölda þátttakenda í umfangsminni verkefnum, svo sem forverkefnum, tengslaverkefnum (nätverk) og regnhlífarverkefnum sem stuðla að auknum tengslum rannsóknarhópa innan Norðurlandanna. Auk þess er gert ráð fyrir að um helmingur ráðstöfunarfjár fari í meginverkefni (huvudprojekt), hliðstæð stuðningsverkefnum undanfarinna ára.

Í ágúst 1996 var haldin á Íslandi ráðstefna á vegum sjóðsins um matvælatækni (Nordfood) og tóku 240 einstaklingar þátt, þar af 40% frá iðnfyrirtækjum. Ráðstefnan tókst mjög vel og fékk nokkra umfjöllun í fjölmiðlum Norðurlandanna. Í tengslum við ráðstefnuna var haldin svokölluð „Brokerage Event", þar sem rannsóknarfólk fékk tækifæri til að ræða ný verkefni og finna heppilega samstarfsaðila. Í „Brokerage Event" voru 140 þátttakendur frá 18 þjóðlöndum og komu fram rúmlega 40 verkefnishugmyndir. Ráðstefna sem þessi er mikils virði fyrir íslenskt rannsóknasamfélag.

Seinni hluta árs 1996 ákvað Norræna ráðherranefndin að gera úttekt á starfsemi sjóðsins og mun hún liggja fyrir í byrjun árs 1997.

15.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Samstarf um útflutningsverkefni.

Markmið Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef) er að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Þetta gerir sjóðurinn með því að styðja for- og arðsemisathuganir á verkefnum sem talið er að geti leitt til nýrra viðskiptatækifæra á erlendum mörkuðum og nýs verkefnaútflutnings. Í þessu skyni veitir Nopef lán á hagstæðum kjörum. Jafnframt stendur sjóðurinn fyrir almennum athugunum sem geta komið norrænu viðskiptalífi að gagni í þessu samhengi.

Nopef styður við forathuganir vegna útflutningsverkefna eftir tveimur meginleiðum. Annars vegar er um að ræða almennan stuðning við slík verkefni utan aðildarríkja ESB og EFTA. Hins vegar hefur sjóðnum verið falið að annast hluta af stuðningi Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin (svonefnd BIP-áætlun). Að auki hefur Nopef með höndum nokkur smærri verkefni, m.a. stuðning við grannsvæðin í Norðvestur-Rússlandi og samstarfsverkefni við ESB.

Almenn verkefni.

Nopef veitir fyrirtækjum áhættulán til for- og arðsemisathugana á verkefnum sem til þess eru fallin að efla útflutning frá Norðurlöndum og stuðla að alþjóðavæðingu norrænna fyrirtækja. Lánin geta svarað til allt að 50% af kostnaði við gerð slíkra athugana og getur sjóðurinn breytt þeim í styrk reynist ekki grundvöllur fyrir verkefninu en annars ber að endurgreiða þau. Lánin eru vaxtalaus.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

— verkefnið verður að vera vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
— verkefnið verður að tengjast löndum utan ESB og EFTA,
— norrænir hagsmunir þurfa að liggja að baki verkefninu,
— raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins þarf að liggja fyrir.

Verkefnin geta verið af margvíslegu tagi og er lögð meginhersla á að viðunandi líkur séu á að þeim verið hrint í framkvæmd.

Fjárfestingaráætlunin fyrir Eystrasaltsríkin (BIP).

Í tengslum við fjárfestingaráætlunina fyrir Eystrasaltsríkin (BIP) hafa Norðurlöndin falið Nopef að styðja norræn fyrirtæki til að stofna lítil og meðalstór fyrirtæki í Eystrasaltsríkjunum. Í vissum tilvikum kemur einnig til greina að styrkja fyrirtæki frá Eystrasaltslöndum ef það er í samstarfi við norrænan aðila. Stuðningurinn samkvæmt þessari áætlun, sem nær til ársloka 1999, er í formi vaxtalauss láns eins og þegar um almennan stuðning er að ræða. Lánin geta hins vegar numið allt að 60% af áætluðum kostnaði við athuganirnar og ef verkefnið leiðir til árangurs er hægt að sækja um 20% viðbótarlán. Ef verkefni er ekki hrint í framkvæmd getur lántaki sótt um niðurfellingu lánsins. Verkefnin eru jafnframt skilgreind víðar en almennu verkefnin, m.a. ná þau til undirbúnings viðskiptaáætlana og samstarfssamninga, tillögugerðar um endurskipulagningu fyrirtækja í umræddum löndum o.fl. Hámarksstuðningur við hvert verkefni er 600 þúsund finnsk mörk.

Verkefnin 1996.

Nopef studdi 86 verkefni á árinu 1996 og nam stuðningurinn við þau rúmlega 300 millj. íslenskra króna. Þar af voru sex íslensk verkefni sem fengu samtals 21,4 millj. íslenskra króna. Hér á eftir er sýnd skipting verkefnanna á Norðurlöndin.

	Fjöldi		Fjárhæð (ísl. kr.)	
	1995	1996	1995	1996
Danmörk	46	21	112,8	83,3
Finnland	7	14	29,0	42,6
Ísland	2	6	6,7	21,4
Noregur	20	20	61,0	73,9
Svíþjóð	36	25	87,5	86,4
Sameiginlegt	3	0	27,7	0
Samtals	**114**	**86**	**324,7**	**307,6**

Eins og undanfarin ár voru Eystrasaltsríkin og Austur-Evrópa fyrirferðarmest í starfsemi sjóðsins á árinu 1996. Enginn vafi er því á að stuðningur Nopef hefur styrkt stöðu norrænna fyrirtækja í Austur-Evrópu.

Alls hefur sjóðurinn fjallað um 1.418 verkefni á fjórtán ára starfstíma og þar af samþykkt lán og styrki til 735 verkefna.

Nopef, sem sett var á stofn árið 1982, er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar staðsettar í Helsingfors. Stefán Friðfinnsson, forstjóri Íslenskra aðalverktaka, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, eru í stjórn sjóðsins fyrir Íslands hönd. Þorsteinn Ólafsson, viðskiptafræðingur, sem gegnt hefur stöðu forstjóra Nopef frá 1990, sagði starfi sínu lausu frá miðju þessu ári og Per-Olaf Dahlöf, staðgengill Þorsteins undanfarin ár, var ráðinn forstjóri sjóðsins.

15.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) tók formlega til starfa 1. febrúar 1989. Hann hefur aðsetur hjá Norræna fjárfestingarbankanum (NIB) í Helsinki og nýtur samrekstrar með honum að mörgu leyti. Ákvörðun var tekin vorið 1996 um tvöföldun stofnfjár sjóðsins og er það nú 515 millj. SDR (um 51 milljarður íslenskra króna) sem greiðist af Norðurlöndunum í samræmi við „norræna deililykilinn".

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Fyrst og fremst er lánað til fátækustu ríkja heims. Lánskjörin eru með þeim bestu sem þekkjast. Lánin eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en með 0,75% þjónustugjaldi á ári.

Á árinu 1996 veitti stjórn sjóðsins vilyrði fyrir 18 lánum samtals að upphæð 48 millj. SDR (um 5 milljarðar íslenskra króna). Um miðjan desember 1996 höfðu verið undirritaðir lánasamningar um 70 þróunarverkefni í 27 löndum samtals að upphæð 256,5 millj. SDR (um 25 milljarðar ísl. kr.).

Fimm samningar um lán hafa verið undirritaðir þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta:

a. Lán var veitt til fiskveiðiverkefnis í Malawi og er lánsupphæðin 2,8 millj. SDR (um 280 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tekur þátt í verkefninu ásamt Alþjóðabankanum og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Verulegur hluti lánsins var notaður til byggingar tveggja skipa á Íslandi, rannsóknaskips og togveiðiskips.
b. Fiskveiðiverkefni í Namibíu hlaut 1,5 millj. SDR lán (150 millj. ísl. kr.). Sjóðurinn tók þátt í fjármögnun verkefnisins ásamt Norræna fjárfestingarbankanum (NIB). Verkefnið er samstarfsverkefni Íslenskra Sjávarafurða hf. og Ríkisútgerðarfélags Namibíu, sem í sameiningu standa í verulegum fjárfestingum vegna uppbyggingar á veiðum og vinnslu í sameiginlegu fyrirtæki, Seaflower Whitefish Corporation í bænum Luderitz. Lán NDF var notað til kaupa á tækjabúnaði í frystihús og í frystitogara fyrirtækisins. Mestur hluti lánsins fór til kaupa tækjabúnaðar frá Íslandi.
c. Á Grænhöfðaeyjum tekur sjóðurinn þátt í fjármögnun á fiskveiðiverkefni í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Veitt hefur verið lán að upphæð 2,1 millj. SDR (um 210 millj. ísl. kr.) til að kosta fræðslustarfsemi, ráðgjöf og tækjabúnað. Verkefnið var að hluta undirbúið af íslenskum ráðgjöfum fyrir hönd NDF. Tækjabúnaður verður keyptur árin 1997 og 1998.
d. Þá tekur sjóðurinn þátt í hitaveituverkefni í Tanggu í Kína í samvinnu við NIB. Lán NDF til verkefnisins er 700 þús. SDR (um 70 millj. ísl. kr.). Verkefninu er að mestu lokið. Íslenskir ráðgjafar luku sínum störfum við verkefnið á árinu og töluvert af búnaði var keypt á Íslandi.

e. Sjóðurinn hefur veitt rammalán til þróunarbanka Austur-Afríku (East African Development Bank) en hann er í eigu ríkissjóða Kenya, Tanzaníu og Uganda og hefur aðsetur í Kampala. Þessi lánarammi er ætlaður til að styðja smáar og meðalstórar fjárfestingar. Lánsupphæðin er 5,6 millj. SDR (um 560 millj. ísl. kr.). Íslenskum aðilum hefur þegar verið veitt lán að upphæð 500 þús. SDR (um 50 millj. ísl. kr.) til fjárfestinga í fiskveiðum og vinnslu við Viktoríuvatn.
f. Á árinu var undirritað lán vegna fiskveiðiverkefnis í Mozambique í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands og dönsku þróunarstofnunina DANIDA. Lánsupphæðin er 3,6 millj. SDR (um 360 millj. ísl. kr.) og er að hluta notað til að fjármagna rekstur á Feng, rannsóknaskipi Þróunarsamvinnustofnunar, en einnig til fjárfestinga í skipum og búnaði til fiskveiða og fiskvinnslu í landinu. Breytingar á Feng fyrir liðlega 400 þús. Bandaríkjadali voru gerðar á Íslandi.

Heildarlán NDF til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru um það bil 16 millj. SDR (um 1,6 milljarðar ísl. kr.). Íslensk fyrirtæki hafa unnið samninga sem nema um 1,6% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í allnokkrum mæli keypt íslenska sérfræðiþjónustu til verkefnaundirbúnings og eftirlits.

Norræni þróunarsjóðurinn hefur tíu starfsmenn. Meðal þeirra er einn Íslendingur, Engilbert Guðmundsson hagfræðingur en hann gegnir starfi aðstoðarframkvæmdastjóra sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins situr einn fulltrúi frá hverju Norðurlandanna. Fulltrúi Íslands er dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, forstöðumaður Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, en varamaður dr. Björn Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jens Lund Sørensen frá Danmörku.

15.5. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Árið 1996 var sjötta starfsár Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Stofnfé félagsins er nú um 80 millj. ekna (ECU) eða um 6,7 milljarðar ísl. kr.

Megintilgangur félagsins skv. stofnsamningi Norðurlandanna er að stuðla að umhverfisbótum, svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefnis og rekstrarhorfum. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu hinna Norðurlandanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO er að jafnaði ekki meiri en sem nemur 25% af heildarhlutafé og lánsfé þegar um slíkt er að ræða.

Á árinu 1996 var NEFCO falin umsjón og ráðstöfun sérstaks sjóðs sem umhverfisráðherrar Norðurlanda ákváðu að stofna á árinu 1995 til þess að styrkja umhverfisverkefni á starfssvæði NEFCO, sem ekki féllu að þeim skilyrðum sem félagið setti varðandi fjárhagslega arðsemi (Styrktarsjóður vegna framkvæmda í umhverfismálum á grannsvæðunum — Mjukgjøringsfacilitet). Sjóðurinn var stofnaður með sameiginlegu framlagi Norðurlandanna, samkvæmt hefðbundinni kostnaðarskiptingu, að upphæð 30 millj. danskra króna (um 340 millj. ísl. kr.). Fjármögnun þessa sjóðs verður ákveðin frá ári til árs en stefnt er að því að auka árleg framlög nokkuð frá því sem var á árinu 1996.

Í árslok 1996 hafði NEFCO samþykkt þátttöku í alls 32 verkefnum með fjármögnun þ.e. í formi hlutafjár og lána að upphæð 40,6 millj. ekna (3,4 milljarðar ísl. kr.) en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 399 millj. ekna (33,3 milljarðar ísl. kr.).

Þessi verkefni skiptast þannig eftir löndum: Pólland 9, Tékkland 5, Slóvakía 2, Eistland 6, Lettland 6, Litáen 2 og Rússland 2. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Danmörk 7, Finnland 8, Ísland 2, Noregur 6, og Svíþjóð 9.

Þá hafði stjórn NEFCO í lok ársins samþykkt þátttöku Styrktarsjóðsins (Mjukgjøringsfacilitet) í einu verkefni í Lettlandi með framlagi að upphæð 1,1 millj. ekna (um 92 millj. ísl. kr.).

Í stjórn NEFCO fyrir Íslands hönd sátu á árinu 1996 Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri (aðalmaður) og Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri (varamaður). Forstjóri NEFCO er Haaro Pitkänen frá Finnlandi.

Nýr sjóður innan NEFCO.

Á síðastliðnu ári var stofnaður nýr sjóður innan NEFCO, styrktarsjóður vegna framkvæmda í umhverfismálum á grannsvæðunum (Mjukgöringsfaciliteten). Framlög úr sjóðnum eru styrkir sem veittir eru að ákveðnum skilyrðum fullnægðum. Markmiðið með þessum sjóði er að auðvelda fjármögnun mjög áhættusamra verkefna á sviði umhverfismála og flýta fyrir framkvæmd mikilvægra verkefna. Greiðsla úr þessum sjóði skal vera til stuðnings öðrum gagnkvæmum aðgerðum Norðurlandanna á grannsvæðunum. Framlög til sjóðsins voru 30 millj. danskra króna sem greiddust bæði úr sameiginlegum norrænum sjóðum og með beinum framlögum landanna. Framlag Íslands í sjóðinn á árinu 1996 var um 2 millj. ísl.kr.

Daglegur rekstur sjóðsins er í höndum NEFCO en rekstrarkostnaður er greiddur af vaxtatekjum sjóðsins. Ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum eru teknar af stjórn NEFCO að fengnum tillögum framkvæmdastjóra NEFCO. Áður en framkvæmdastjóri gerir slíkar tillögur til stjórnar eru þær sendar sérstakri nefnd til umsagnar en í þeirri nefnd sitja fulltrúar frá NEFCO og Norræna fjárfestingarbankanum (NIB).

Rétt er að geta þess að með stuðningi umhverfisráðherra Norðurlanda var einnig stofnsettur sérstakur umhverfislánasjóður innan Norræna fjárfestingarbankans. Sjóðurinn er 100 millj. ECU og ábyrgjast Norðurlöndin lán úr þessum sjóði að fullu. Lokið verður við starfsreglur þessa sjóðs árið 1997.

15.6. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda.

Útlán.

Umsóknum fækkaði eitthvað árið 1996 miðað við 1995. Í lok ársins hafa 14 lán verið greidd út til íslenskra verkefna og eru það fleiri en í fyrra. Engin lán hafa verið afgreidd til Færeyja eða Grænlands á árinu. Nokur lán til íslenskra verkefna verða væntanlega greidd út rétt eftir áramót enda hefur stjórn sjóðsins þegar samþykkt tvö þeirra.

Eitt nýtt samstarfsverkefni Íslendinga og Færeyinga er í undirbúningi, áætlað er að gera út skip sem á að veiða við Sao Tome.

Útlán sjóðsins eru að miklu leyti í skilum og vanskil eru mun minni nú en í fyrra.

Um þrjú hundruð og fimmtíu umsóknir hafa borist til sjóðsins frá upphafi, en tæplega helmingur þeirra hefur verið með nægilegum upplýsingum, sem nauðsynlega þarf til umfjöllunar og greiningar. Tæplega hundrað þessara umsókna hafa verið lagðar fyrir stjórn sjóðsins og hefur tveimur umsóknum verið hafnað en hinar allar samþykktar.

Reksturinn.

Öll starfsemi sjóðsins hefur aukist verulega á síðustu árum og eru starfsmenn nú fjórir en alls eru stöðugildin þrjú að forstjóranum meðtöldum. Tveir starfsmenn vinna aðeins hálfan daginn í sambandi við bókhald og ritarastörf.

Rekstur sjóðsins og ástand útlána hefur fram að þessu verið þannig að hagnaður hefur verið af starfseminni á hverju starfsári. Hagnaðurinn fyrir árið 1996 verður eðlilegur, eða væntanlega á bilinu 3–5 millj. danskra króna þótt endanlegar tölur séu ekki þekktar, enda sýndi uppgjör á miðju ári hagnað sem nam 1,8 millj. danskra króna þrátt fyrir veruleg framlög í afskriftareikning útlána.

Afskriftareikningi útlána er beitt af varúð og tengist stærð hans framtíðarhorfum útlána en mat á öryggi þeirra er byggt á nýjustu upplýsingum um rekstur fyrirtækja og ástand veða.

Stjórn.

Í stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda sitja sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Fyrir Íslands hönd situr Sturlaugur Þorsteinsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, í stjórn sjóðsins og var hann jafnframt formaður stjórnar til haustsins 1995 en þá tók Sigurd Poulsen, seðlabankastjóri úr Færeyjum, við stjórnarformennsku næstu tvö árin.

15.7. Norræni menningarsjóðurinn.

Norræni menningarsjóðurinn var stofnaður 1966 með sérstökum samningi milli Norðurlandanna fimm. Samningnum hefur tvisvar verið breytt lítillega, 1975 og 1990. Síðasta breytingin var gerð til að tryggja sjálfstjórnarsvæðunum, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum, aðild að stjórn sjóðsins. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn. Í henni sitja alls ellefu fulltrúar, fimm þingmenn, einn frá hverju landi, tilnefndir af Norðurlandaráði, og fimm embættismenn, einn frá hverju landi, tilnefndir af Norrænu ráðherranefndinni. Ellefti stjórnarmeðlimurinn er sameiginlegur fulltrúi sjálfstjórnarsvæðanna og er tilnefndur til skiptis af Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni. Löndin gegna formennsku í stjórn sjóðsins tvö ár í senn og hefur Finnland á hendi formennskuna 1996 og 1997. Fulltrúar Íslands í stjórn sjóðsins eru (1995–96) Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu. Valgerður mun sitja áfram í stjórninni 1997–98 en Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt og leikari, mun taka sæti Guðríðar.

Hlutverk Norræna menningarsjóðsins er að efla menningarsamstarf Norðurlandanna — í víðri merkingu þess orðs. Sjóðurinn veitir styrki til samstarfsverkefna á sviði lista, menntamála og rannsókna, en einnig til margvíslegra verkefna sem falla undir menningarmál almennt, svo sem til samstarfs áhugamannafélaga á ýmsum sviðum.Verkefni eru styrkhæf hjá Norræna menningarsjóðnum ef minnst þrjú lönd/sjálfstjórnarsvæði eru virkir þátttakendur. Veitt hefur verið úr sjóðnum fjórum sinnum á ári en nú hefur verið ákveðið að breyta þessu, þannig að árið 1997 verður veitt þrisvar úr sjóðnum en frá og með 1998 aðeins tvisvar á ári.

Árið 1994 var ráðstöfunarfé sjóðsins aukið verulega og hefur hann nú árlega til ráðstöfunar u.þ.b. 22 millj. danskra króna.

Sjóðurinn hefur undanfarin ár afmarkað verksvið sitt í samræmi við ákvarðanir Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um forgangsverkefni í norrænni menningarsamvinnu og leggur sérstaka áherslu á samstarfsverkefni fyrir börn og ungmenni, á

verkefni sem hafa þann tilgang að draga úr útlendingahatri og kynþáttafordómum og á verkefni sem byggjast á þverfaglegri samvinnu og miða að nýbreytni.

Sjóðnum berst sívaxandi fjöldi umsókna og heildarupphæðin sem sótt er um fer einnig vaxandi. Þrátt fyrir aukið ráðstöfunarfé getur sjóðurinn aðeins styrkt lítinn hluta þeirra verkefna sem sótt er um fé til. Styrkveitingar sjóðsins síðastliðin ár hafa numið sem svarar 12–15% af þeirri heildarupphæð sem sótt er um.

Árið 1996 bárust sjóðnum 926 umsóknir að upphæð samtals um 180 millj. danskra króna. Veittir voru styrkir til 266 verkefna, samtals að upphæð 25,3 millj. danskra króna. Oftast samsvarar framlag sjóðsins aðeins hluta af heildarkostnaði við viðkomandi verkefni, enda er það stefna sjóðsins að vera hvetjandi þátttakandi í fjármögnun margra verkefna fremur en að greiða heildarkostnað af fáum. Þegar um stærri verkefni er að ræða hefur sjóðurinn samráð við aðrar norrænar stofnanir um styrkveitingu og/eða við stofnanir og samtök í hinum einstöku löndum.

Ísland átti aðild að fjölmörgum verkefnum sem sjóðurinn styrkti 1996.

Í byrjun ársins lágu fyrir niðurstöður úttektar á starfsemi sjóðsins sem gerð var 1995. Í framhaldi af því hefur verið unnið að endurskoðun og endurskipulagningu ýmissa þátta starfseminnar svo sem varðandi verkaskiptingu milli sjóðsins og annarra norrænna nefnda og stofnana á sviði menningarsamvinnu. Þessu starfi verður haldið áfram á næsta ári.

533. Fyrirspurn [279. mál]

til forsætisráðherra um öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hefur farið fram úttekt á því hvernig best verði að því staðið að tryggja öryggi þeirra mörgu sem fara munu um Skeiðarársand á þessu ári, m.a. til að skoða minjar um stórhlaupið í nóvember 1996?
2. Til hvaða aðgerða er talið rétt að grípa af stjórnvalda hálfu í þessu sambandi og hverjir munu skipuleggja þær og bera á þeim ábyrgð?

534. Fyrirspurn [280. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hversu margir elli- og örorkulífeyrisþegar misstu undanþágu frá greiðslu afnotagjalda Ríkisútvarpsins árið 1995?
2. Hversu margir úr sama hópi misstu undanþáguna árið 1996?
3. Hvaða breytingum er gert ráð fyrir árið 1997 og hvers vegna?

4. Hverjar verða breytingar á útgjöldum Ríkisútvarpsins eða ríkissjóðs á þessu ári samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum?

Skriflegt svar óskast.

535. Fyrirspurn [281. mál]

til forsætisráðherra um þróun kauptaxta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver hefur verið þróun almennra launataxta, kaupmáttar og verðlags á árunum 1975–96? — Svar óskast sundurliðað eftir árum.
2. Hver var þróun framangreindra hagstærða á fimm ára tímabilum og á tímabilinu í heild?

Skriflegt svar óskast.

536. Fyrirspurn [282. mál]

til dómsmálaráðherra um áfengisauglýsingar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd banns við áfengisauglýsingum, sbr. 16. gr. a áfengislaga?
2. Telur dómsmálaráðuneytið að með breytingum á áfengislögum að þessu leyti, sbr. lög nr. 94/1995, hafi verið náð því markmiði að draga úr beinum eða óbeinum áfengisauglýsingum?

537. Fyrirspurn [283. mál]

til samgönguráðherra um lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Frá Guðna Ágústssyni og Guðmundi Hallvarðssyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. febrúar 1988 um könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði?

Hefur verið leitað leiða til að framkvæma verkið, svo sem boðið er í ályktuninni?

538. Frumvarp til laga [284. mál]

um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Starfsemi stjórnmálasamtaka.

1. gr.

Til stjórnmálasamtaka samkvæmt lögum þessum teljast þau samtök einstaklinga og félaga sem bjóða fram til Alþingis eða sveitarstjórnar, starfa í samræmi við lög þessi og eru skráð hjá dómsmálaráðuneyti.

2. gr.

Við skráningu stjórnmálasamtaka hjá dómsmálaráðuneyti skal leggja fram lög samtakanna og stefnuskrá. Stjórnmálasamtök skulu birta opinberlega lög sín, stefnuskrár og stefnumarkandi samþykktir.

3. gr.

Stjórnmálasamtök skulu opin öllum landsmönnum sem náð hafa 16 ára aldri.

4. gr.

Stjórnmálasamtök skulu gæta jafnræðis milli félagsmanna sinna í starfi sínu og skipulagi.

5. gr.

Engan skal heimilt að skrá í stjórnmálasamtök nema hann undirriti yfirlýsingu þess efnis eða lýsi því yfir á annan sannanlegan hátt að hann óski eftir inngöngu.

6. gr.

Æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skal vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

7. gr.

Stjórnmálasamtök skulu setja reglur um störf kjörinna fulltrúa sinna og birta þær opinberlega.

8. gr.

Stjórnmálasamtökum er óheimilt að skrá niður upplýsingar á kjörstað.

9. gr.

Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld samkvæmt ákvæðum laga um bókhald og þeim ber einnig að skila skattframtali.

Árlega skulu reikningar stjórnmálasamtaka endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fram til samþykktar á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi stjórnmálasamtaka og þeir síðan sendir dómsmálaráðuneyti sem sér um að birta þá í B-deild Stjórnartíðinda eigi síðar en einum mánuði eftir samþykkt þeirra.

10. gr.

Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, þó þannig að fari framlag yfir 300.000 kr. á hverju reikningsári skal birta nafn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga, sbr. 2. mgr. 9. gr.

II. KAFLI
Ríkisframlög til stjórnmálasamtaka.

11. gr.

Stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til Alþingis, skulu fá framlag úr ríkissjóði til starfsemi sinnar, þ.e. almenns reksturs og útgáfumála. Framlagið skal ákvarðað í fjárlögum hvers árs.

Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis. Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt í upphafi hvers árs.

12. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði til þingflokka tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks. Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ.e. 1. febrúar, 1. maí o.s.frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ.e. 1. janúar, 1. apríl o.s.frv.

13. gr.

Forseti Alþingis setur í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

14. gr.

Formenn þingflokka skulu árlega senda forseta Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum er forseti setur. Sama gildir um þingmann utan flokka.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða sviptingu fjárframlaga, svo og þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum þar sem það á við.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og jafnframt falla úr gildi lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að móta samræmdar reglur um óbeina styrki frá opinberum stofnunum og fyrirtækjum til stjórnmálasamtaka í tengslum við kosningar, svo sem afslátt af gjaldskrám og aukinn aðgang að þjónustu, t.d. kjörgögnum frá Hagstofu Íslands. Skal nefndin skila af sér tillögum eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

II.

Dómsmálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga undirbúa löggjöf sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum til starfsemi þeirra. Skal undirbúningi lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á tveimur síðustu þingum en hlaut ekki afgreiðslu. Að lokinni fyrstu umræðu á 119. þingi var frumvarpið til umfjöllunar í allsherjarnefnd sem sendi það til umsagna. Umsagnir bárust frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra (sjá fylgiskjöl) og var tekið tillit til ábendinga þeirra við endurflutning frumvarpsins. Í umsögn ríkisskattsjóra segir m.a.: „Af þessu tilefni tekur ríkisskattstjóri fram að telja verður mjög til bóta að settar séu réttarreglur um fjárreiður á því sviði sem hér er til umfjöllunar."

Oft hefur komið upp umræða á Alþingi og víðar um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka án þess að úr því hafi orðið. Annars staðar á Norðurlöndum eru engin heildarlög um stjórnmálaflokka nema í Finnlandi. Í Noregi fær stjórnmálaflokkur, sem býður fram til Stórþingsins, framlag af fjárlögum hafi hann boðið fram í a.m.k. helmingi kjördæma og hlotið meira en 2,5% heildaratkvæða yfir landið. Flokkar, sem bjóða fram til sveitarstjórna, fá einnig ríkisstyrk. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972. Þar eru þau bundin við þá stjórnmálaflokka sem bjóða fram til þings. Árið 1986 voru samþykkt lög í Danmörku um fjárframlög frá ríkinu til stjórnmálaflokka, bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframboð. Framangreind lög taka ekki til starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti. Í Finnlandi voru lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka árið 1969, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings.

Skortur á vönduðum vinnubrögðum í stjórnmálum og stjórnsýslu leiðir oft til trúnaðarbrests milli stjórnvalda og fólksins í landinu. Margt bendir til að ekki gæti nægilega faglegra vinnubragða í stjórnsýslu og stefnumótun hins opinbera á Íslandi. Með lagafrumvarpi þessu er ætlunin að setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna og gera starfsemi stjórnmálasamtaka sýnilegri en áður hefur verið. Skilgreining á siðgæði getur verið breytileg frá einum tíma til annars og mismunandi mat á því hjá ólíkum þjóðum. Í þróuðum stjórnkerfum er þó hægt að finna meginreglur sem menn eru al-

mennt sammála um að verði að halda í heiðri. Það er þessi sameiginlegi skilningur sem gerir löggjafanum kleift að setja reglur sem byggjast á siðgæðis- og réttarvitund þjóða.

Það er brýn nauðsyn að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi. Það er nauðsynlegt að aðgerðir opinberra aðila séu opinberar og gerðar fyrir opnum tjöldum. Óskráðar siðareglur taka mið af þeirri skyldu kjörinna fulltrúa og embættismanna að vinna í þágu almannahagsmuna. Siðareglur hvort sem eru skráðar eða óskráðar kveða á um hvað sé heimilt og hvað óheimilt. Með siðareglum stjórnmálamanna gera þeir heyrinkunnugt hvernig þeir líta á störf sín. Skráðar siðareglur skýra einnig ábyrgð valdhafa og gera betur kleift en nú er að draga þá til ábyrgðar fyrir embættisfærslu.

Siðareglur gilda nú orðið fyrir fjölmargar starfsstéttir, svo sem lækna, viðskipta- og hagfræðinga, blaðamenn o.fl. Það reynir á siðferði í öllum samskiptum. Í hugum ýmissa heimspekinga er siðaregla ekki lagaregla. Siðaregla verður til í mannlegum samskipum. Þessu er lýst í ágripi af fyrirlestri Páls Skúlasonar prófessors (sjá fylgiskjal).

Við samningu frumvarps þessa hefur víða verið leitað fanga og reynt að nýta það sem hefur þótt vænlegt til eftirbreytni, en það á sér enga beina fyrirmynd, hvorki innlenda né erlenda. Á 97. löggjafarþingi (1975–76) lagði Benedikt Gröndal fram frumvarp til laga um stjórnmálaflokka sem ekki náði fram að ganga. Í frumvarpinu var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög til þeirra. Frumvarpið náði aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er farin sú leið að setja lagaramma um starfsemi allra stjórnmálaflokka, einnig þeirra sem bjóða fram til sveitarstjórna. Engin haldbær rök eru fyrir því að stjórnmálasamtök, sem bjóða fram til sveitarstjórna, þurfi ekki að búa við nauðsynlegt aðhald löggjafans. II. kafli laganna nær hins vegar aðeins til stjórnmálasamtaka sem bjóða fram til Alþingis. Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt fyrir dómsmálaráðherra að undirbúa löggjöf í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tryggi framboðum til sveitarstjórna framlög úr sveitarsjóðum.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Markmið þessa frumvarps er að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg, enda er slík leynd einungis til þess fallin að auka tortryggni almennings í garð stjórnmálasamtaka. Stjórnmálasamtök eru bókhaldsskyld en hér er lagt til að þau verði einnig framtalsskyld og að þau leggi fram endurskoðaða reikninga árlega í dómsmálaráðuneytinu.

Þess ber að geta að skv. 7. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði, í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Gera verður ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til.

Til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikinga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar sé bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslu meginhluta rekstrarkostnaðar. Þótt stjórnmálsamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga þeirra, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda samkvæmt frumvarpinu og jafnframt hefur Ríkisend-

urskoðun heimild til afskipta eins og áður segir. Hér er gerð breyting frá upprunalegu frumvarpi í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Á Íslandi hefur lengi tíðkast að einstaklingar og fyrirtæki styrki fjárhagslega þá stjórnmálaflokka sem þeir styðja. Það getur skapað tortryggni að leynd skuli hvíla yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum, enda er það óeðlilegt. Hætta getur einnig verið á hagsmunaárekstrum.

Nýlega voru gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjárframlög til stjórnmálaflokka voru gerð frádráttarbær hjá rekstraraðilum. Í framhaldi af því var gerð breyting á reglugerð, sbr. 15.–18. gr. reglugerðar nr. 483/1994. Þetta frumvarp fjallar ekki um slík fjárframlög þannig að framkvæmd skattyfirvalda á fyrrnefndu reglugerðarákvæði breytist ekki þótt það verði að lögum.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Þetta er gert til þess öðrum þræði að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Í annan stað sporna ríkisstyrkir við þeirri tegund af fyrirgreiðslupólitík þegar stjórnmálasamtök verða óeðlilega háð styrktaraðilum.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar gerir grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í umræðunum á Alþingi um frumvarpið komu fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allsherjarnefnd skoði við umfjöllun sína. Má þar t.d. nefna hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka, hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu, hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mótaðar verði lögbundnar reglur um ríkisframlög sem allir stjórnmálaflokkar geti gengið að. Rétt þykir að hafa sérstök lagaákvæði um sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka, enda eru greiðslur fyrir sérfræðiaðstoð eingöngu ætlaðar, eins og nafnið bendir til, til aðstoðar þingflokkum. Með því að fella lög nr. 56/1971, um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka, inn í frumvarpið verður sjónarmiðum um lagasamræmi náð og krafan um eftirlit með ráðstöfun styrksins verður virkari.

Forsætisráðherra skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frumvarp til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðingi tengjast. Þessi nefnd er m.a. skipuð fulltrúum stjórnmálaflokka en illa gekk að fá tilnefningar í nefndina. Nefndin hafði ekki komið saman fyrir kosningar vorið 1995. Nokkur umræða varð um þessa nefnd þegar frumvarpið var til umræðu á vorþingi 1995. Óskað var eftir tilnefningu Þjóðvaka í nefndina en þegar beðið var um nánari upplýsingar um starfssvið nefndarinnar var fátt um svör. Þjóðvaki hefur því ekki tilnefnt fulltrúa í þessa nefnd, enda hefur hún aldrei komið saman. Það er því ljóst að þessum málum verður að finna annan farveg og er frumvarpið liður í því. Að lokinni fyrstu umræðu verður gerð tillaga um að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar. Það er von flutningsmanna að alls-

herjarnefnd vinni faglega að málinu og nái nauðsynlegri samstöðu um efnisatriði þess því brýnt er að sett verði löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka hérlendis.

Um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og fylgiskjöl vísast til þskj. 189 (158. mál 120. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1995–96, bls. 1436–1442. Eftirfarandi fylgiskjöl voru með frumvarpinu:

I. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisskattstjóri (1. september 1995).
II. Umsögn um frumvarp til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ríkisendurskoðun (26. septemper 1995).
III. Um siðferði, siðareglur og skráningu þeirra. Ágrip af fyrirlestri fluttum á aðalfundi Félags viðskipta- og hagfræðinga 6. maí 1993. Páll Skúlason prófessor.

539. Fyrirspurn [285. mál]

til menntamálaráðherra um íslenskt sjónvarpsefni.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hver var heildarútsendingartími íslenskra sjónvarpsstöðva árið 1996 í klukkustundum:
   a. alls,
   b. eftir sjónvarpsstöðvum?
2. Hve margar klukkustundir voru sendar út af íslensku efni á sjónvarpsstöðvunum árið 1996:
   a. alls,
   b. eftir sjónvarpsstöðvum?
3. Hvert var hlutfall íslensks efnis af dagskrárefni sjónvarpsstöðvanna:
   a. alls,
   b. á hverri stöð um sig?
4. Hvað voru fréttir og fréttatengt efni, t.d. Dagsljós, stór hluti íslenska efnisins:
   a. á sjónvarpsstöðvunum alls,
   b. á hverri stöð fyrir sig?
5. Hvað voru íþróttir stór hluti íslenska efnisins:
   a. alls,
   b. á hverri stöð fyrir sig?
6. Hve stór hluti íslensks dagskrárefnis var almennir umræðuþættir, t.d. Þingsjá, mælt í klukkustundum?
7. Hve stór hluti íslenska dagskrárefnisins var frumsamið efni, t.d. Spaugstofan og kvikmyndir?
8. Hve stór hluti íslenska efnisins var skemmtiþættir, t.d. þættir Hermanns Gunnarssonar?

9. Hve stór hluti efnis stöðvanna var:
   a. íslenskt barnaefni,
   b. barnaefni talsett á íslensku?
10. Hverju nam heildarkostnaður við gerð íslensks sjónvarpsefnis fyrir utan fréttir og fréttatengt efni, þar með taldar íþróttir, árið 1996?

Skriflegt svar óskast.

540. Fyrirspurn [286. mál]

til dómsmálaráðherra um tekjur af happdrættum.

Frá Guðjóni Guðmundssyni.

Hver var
a. heildarsala,
b. vinningar,
c. rekstrargjöld og
d. hagnaður

þeirra happdrætta, söfnunarkassa og getrauna sem störfuðu samkvæmt lögum árin 1995 og 1996? — Svar óskast sundurliðað eftir aðilum.

Hvernig er háttað eftirliti ríkisins með þessum happdrættum?

Skriflegt svar óskast.

541. Svar [193. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga.

1. *Hvert er umfang geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga hérlendis miðað við það sem tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við?*

Samanburður milli landa á umfangi þjónustu á þessu sviði er í raun mjög erfiður. Þjónusta við börn og fjölskyldur sem þarfnast hjálpar getur verið með margvíslegum hætti og hún er veitt af stofnunum sem heyra m.a. undir menntamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, auk heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Öflug þjónusta á vegum skóla og sveitarfélaga fyrir börn sem eiga við andleg og geðræn vandamál að stríða ætti að hafa í för með sér minni þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu.

Í Noregi, Svíþjóð og Bandaríkjunum er gert ráð fyrir að um 1,0–2,0% barna þurfi á sérhæfðri barnageðheilbrigðisþjónustu að halda á hverjum tíma. Hér á landi er um 0,4–0,5% barna veitt geðheilbrigðisþjónusta á vegum heilbrigðiskerfisins, en auk þess fá börn sálfræðiþjónustu á vegum skóla eða félagsmálakerfis.

Umfang þjónustunnar hefur aukist á undanförnum árum. Frá árinu 1990 hefur stöðuheimildum verið fjölgað um 14,6 á barna- og unglingageðdeild og heildarfjárveitingar árið 1996 voru rúmlega 137 millj. kr. sem er töluverð aukning frá fyrri árum.

Eins og kunnugt er ákvað ríkisstjórnin fyrir tæpu ári að verja 12 millj. kr. á árinu 1996 til þess að efla barna- og unglingageðdeildina og koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda í samvinnu við aðra þá er vinna í málaflokknum, og hefur þessi fjárveiting m.a. gert barna- og unglingageðdeildinni kleift að taka á móti og greina börn með ýmiss konar hegðunarvandamál sem á stundum eru undanfari neyslu áfengis- og annarra vímuefna.

2. *Hvert er hlutfall stofnanaþjónustu annars vegar og þjónustu utan sjúkrahúsa hins vegar á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs, eða þriðjung þjóðarinnar?*

Á árinu 1995 voru 68 börn og unglingar lögð inn á barna- og unglingageðdeild Landspítalans en 348 fengu meðferð á göngudeild. Á þessum áratug hefur vaxandi áhersla verið lögð á meðferð án innlagnar og á styttingu legutímans. Meðallegutími er nú um 45 dagar en var árið 1992 nær tvöfalt lengri. Árið 1995 voru tæplega 60% af innlögnum bráðainnlagnir, og um helmingur sjúklinga deildarinnar kom frá Reykjavík. Áfram er stefnt að því að sem flest börn fái meðferð án innlagna, og því hefur göngudeildarþjónustan verið aukin markvisst á síðustu árum.

Hér á landi starfa sérmenntaðir barna- og unglingageðlæknar nær eingöngu á stofnunum og þá fyrst og fremst á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Á síðasta ári var þjónusta á þessu sviði bætt og aukin með fastráðningu barnageðlæknis til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Aðeins tveir barnageðlæknar starfa að hluta á einkastofum, annar aðeins nokkra tíma á viku.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang þjónustu sálfræðinga eða annars fagfólks við börn og fjölskyldur þeirra á einkastofum. Nú er í athugun hvort ekki sé rétt að sálfræðingar sem sérþekkingu hafa í meðferð barna og unglinga fái samning um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins, a.m.k. í sérstökum tilvikum.

3. *Hvernig er háttað samvinnu félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda um þjónustu við ungmenni með hegðunartruflanir?*

Samvinna yfirvalda á þessu sviði er með ýmsum hætti. Sett hefur verið á laggirnar samstarfsnefnd heilbrigðisráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins sem fjallar um ýmis mál er liggja á mörkum starfssviða ráðuneytanna. Til þeirrar nefndar hefur m.a. verið vísað umfjöllun um misþroska börn, en ákveðið var á síðasta ári að umsjá þeirra flyttist frá heilbrigðisstofnunum til hins félagslega kerfis. Til þess að tryggja að Greiningarstöð ríkisins hefði bolmagn til að taka við auknum verkefnum á þessu sviði veitti félagsmálaráðherra 1,5 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu til stofnunarinnar. Teymi skipað starfsmönnum frá félagsmálakerfinu og heilbriðgiskerfinu ræða mál sem m.a. koma upp hjá barnaverndarstofu.

Þá er í undirbúningi samstarfsverkefni heilbrigðismálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands og Reykjavíkurborgar um vímuefnavarnir barna og unglinga í borginni. Verkefnið er viðamikið og mun m.a. geta komið til góða börnum með hegðunartruflanir.

4. Er vitað hve stór sá hópur ungmenna er sem á í vanda en fær enga aðstoð?

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um áætlaða þörf fyrir sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu hér á landi. Ýmsar kannanir á undanförnum árum gefa þó vísbendingar um að þörfin fari vaxandi.

Samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni barna- og unglingageðdeildar Landspítalans er sá hópur sem ekki fær aðstoð en þyrfti á henni að halda stór. Þrátt fyrir að aldrei hafi verið fleira starfsfólk á deildinni en nú og á síðasta ári hafi verið bætt við sérfræðingum koma upp bráð tilvik öðru hverju sem vísa verður frá að sögn yfirlæknis.

Því ákvað heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í desembermánuði síðastliðnum að veita 3 millj. kr. af ráðstöfunarfé ráðherra til þess að stytta bið eftir þjónustu á barna- og unglingageðdeildinni í samræmi við áætlanir stjórnenda Landspítalans.

5. Hvaða áform eru um að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga til 18 ára aldurs?

Á alþjóðageðheilbrigðisdaginn 10. október sl. kynnti heilbrigðisráðherra stofnun nefndar sem gera skyldi tillögur um mótun stefnu í málefnum geðheilbrigðisþjónustu hér á landi. Nú hafa flestar tilnefningar í nefndina borist og er áætlað að hún hefji störf von bráðar. Að sjálfsögðu munu málefni barna vega þungt í umfjöllun nefndarinnar.

Úttekt var gerð af hálfu Norræna heilsuverndarháskólans á barna- og unglingageðdeildinni fyrir örfáum árum, og þróunaráætlanir hafa verið unnar af stjórnendum deildarinnar. Nú er á lokastigi vinna við heildarstefnumótun á Ríkisspítölum og verður hún kynnt innan skamms. Þar verða lagðar línur um framtíðarþróun deildarinnar innan Ríkisspítala.

Á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum er brýnt að auka áhersluna á forvarnir, en vandamál sem leiða til áfengis- og fíkniefnaneyslu barna og unglinga eru knýjandi auk þeirra vandamála sem neyslan skapar. Þar kemur Forvarnarsjóður að góðum notum en fjárveitingar til hans hafa aukist um 25 millj. kr. á tveimur árum. Jafnframt er minnt á að í frumvarpi til laga um áfengis- og vímuvarnaráð er gert ráð fyrir bættri samræmingu á þeirri þjónustu sem veitt er á sviði forvarna og mun það styrkja þau úrræði sem börnum og unglingum í vanda standa til boða.

Nýleg könnun á neyslu ungs fólk á áfengi og vímuefnum bendir til þess að aldur yngstu neytendanna hafi færst upp um allt að tvö ár. Þetta er mjög mikilsverður árangur og sýnir að hægt er að ná árangri og er hvatning til að láta ekki staðar numið.

Nú á haustmánuðum var héraðslæknum falið að sjá um að efla þekkingu í heilsugæslunni á fyrstu viðbrögðum við geðsjúkdómum og fengu þeir til þess fjárveitingu. Þessi leið var farin vegna ábendinga héraðslækna á fundum með heilbriðgisráðuneytinu og landlækni um að til heilsugæslustöðva leituðu í auknum mæli fjölskyldur í vanda vegna geðrænna truflana eða áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga. Fljótlega verður kannað hvernig þessi fjárveiting hefur nýst, en hún endurspeglar þá stefnu að styrkja frumheilsugæsluna í greiningarhlutverki á þessu sviði.

6. Verður geðdeildarþjónusta veitt á nýjum barnaspítala?

Nú þegar hillir undir nýjan barnaspítala skapast væntanlega nýjar forsendur og nýjar aðstæður fyrir veik börn. Staðreyndin er sú að allstór hluti veikra barna með svokallaða líkamlega sjúkdóma þarf á geðheilbrigðisþjónustu að halda. Í nýja barnaspítalanum er gert ráð fyrir mikilli göngudeildarþjónustu en lágmarkslegu og er af mörgum talið eðlilegt að veik börn, án tillits til eðlis veikindanna, njóti slíkrar þjónustu.

Eins og málum er nú háttað heyrir barna- og unglingageðdeildin undir geðsvið Landspítalans en ekki undir Barnaspítala Hringsins. Þetta fyrirkomulag er talið hafa bæði kosti og galla, og er fagfólk á þessu sviði nú að fjalla um með hvaða hætti starfseminni verði best fyrirkomið í framtíðinni.

Um þetta hafa þó ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir en þær munu væntanlega verða teknar á næstu mánuðum.

542. Skýrsla [287. mál]

Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1996.

I. Almennt.

Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar fóru vaxandi þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið (EES) árið 1989 og mikilvægi nefndarinnar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr henni skipa EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES. EFTA samanstendur nú af Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefnd EFTA.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi nokkrum sinnum á ári. Á milli funda hittist framkvæmdastjórn (áður dagskrárnefnd) þingmannanefndarinnar en hún gerir tillögur að dagskrá og verkefnum þingmannanefndarinnar, auk þess sem hún fjallar um aðkallandi mál. Í framkvæmdastjórn sitja tveir fulltrúar frá hverju EFTA-landi, en í upphafi ársins breytti nefndin reglunum þannig að einungis einn fulltrúi frá hverju ríki hefur nú atkvæðisrétt á fundum. Í Íslandsdeildinni hefur auk formanns einn fulltrúi stjórnarandstöðu sótt fundi framkvæmdastjórnarinnar.

Þingmannanefnd EFTA hefur einnig samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu og hefur það aukist á undanförnum árum vegna aukinna viðskiptatengsla og samninga EFTA við þessi ríki.

Þingmannanefnd EFTA, í samvinnu við Evrópuþingið, vann ötullega að því að í samningnum um EES væri gert ráð fyrir sameiginlegri þingmannanefnd (95. gr. samningsins). Þingmannanefnd EES samanstendur nú af 24 þingmönnum, tólf frá Evrópuþinginu og öðrum tólf frá eftirstandandi EES-aðildarríkjum EFTA. Af þessum tólf fulltrúum á Ísland fjóra, Noregur sex og Liechtenstein tvo, en Liechtenstein gerðist aðili að EES á árinu 1995. Hin sameiginlega þingmannanefnd EES á að fylgjast með framkvæmd og þróun EES-samningsins og gefa álit sitt á EES-málum. Nefndin fundar tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda. Í framkvæmdastjórninni sitja sex fulltrúar, einn frá hverju EES-aðildarríki EFTA og þrír frá Evrópuþinginu. Formaður Íslandsdeildarinnar hefur sótt fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.

EFTA-hluti þingmannanefndar EES og Evrópuþingið skiptast á um formennsku í þingmannanefnd EES milli ára. Evrópuþingið fór með formennsku í nefndinni á árinu 1996.

Þar sem Svisslendingar ákváðu að standa fyrir utan EES varð þingmannanefnd EFTA með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd þeirra EFTA-ríkja sem eru aðilar að EES-samningnum. Nefndirnar funda hins vegar ávallt saman og sitja því Svisslendingar sem áheyrnarfulltrúar þegar verið er að taka fyrir málefni sem ein-

göngu varða EES-hluta nefndarinnar. Sviss á einnig áheyrnaraðild að fundum þingmannanefndar EES. Til einföldunar verður í frásögnum hér á eftir talað um fundi þingmannanefndar EFTA, þótt í raun hafi þá báðar nefndirnar, þ.e. eldri EFTA-nefndin og EES-hluti þingmannanefndar EFTA, setið saman á fundi. Þess skal getið að Vilhjálmur Egilsson var á árinu kjörinn formaður EES-hluta þingmannanefndar EFTA fyrir árið 1997 og mun hann því gegna formennsku í þingmannanefnd EES það ár.

II. Fulltrúar Alþingis í þingmannanefnd EFTA.

Í Íslandsdeildinni áttu sæti á árinu 1996 Vilhjálmur Egilsson, Sjálfstæðisflokki, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sjálfstæðisflokki, Sighvatur Björgvinsson, Alþýðuflokki, og Hjörleifur Guttormsson, Alþýðubandalagi. Þá áttu þau Ágúst Einarsson, Þjóðvaka, og Kristín Ástgeirsdóttir, Kvennalista, áheyrn að nefndinni, en eftir sameiningu þingflokka Þjóðvaka og Alþýðuflokks lagðist staða áheyrnarfulltrúa Þjóðvaka sjálfkrafa niður. Gústaf Aldolf Skúlason var ritari Íslandsdeildarinnar fram á mitt ár er Guðjón Rúnarsson tók við.

Fulltrúar Íslandsdeildarinnar í framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA voru Vilhjálmur Egilsson og Hjörleifur Guttormsson, en Sighvatur tók við stöðu Hjörleifs undir lok ársins þar sem hefð er fyrir því að fulltrúi stærsta stjórnarandstöðuflokksins skipi þetta sæti.

III. Starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á árinu 1996.

Alveg frá því að EES-samningurinn kom til framkvæmda hefur þingmannanefnd EFTA lagt áherslu á að fylgjast sem best með framkvæmd hans. Þannig hefur nefndin bæði á eigin fundum og ekki síður á sameiginlegum vettvangi þingmannanefndar EES leitað eftir upplýsingum frá ráðherraráði EFTA og EES og embættismönnum stofnana EFTA og ESB. Þegar í upphafi hafði þingmannanefnd EES frumkvæði að því að semja skýrslur um málefni sem hún vill skoða sérstaklega og eru þær skýrslur svo ræddar á fundum nefndarinnar. Fyrir hverja skýrslugerð eru tilnefndir tveir framsögumenn, einn úr hópi EFTA-þingmanna og einn úr hópi Evrópuþingmanna. Fimm slíkar skýrslur voru kynntar á fundum nefndarinnar á árinu 1996 og fjölluðu þær um framkvæmd EES-samningsins árið 1995, fjarskiptaþjónustu, samkeppnisstefnu, samræmingu upprunareglna og fjórfrelsið. Ályktanir, sem samþykktar eru á grundvelli þessara skýrslna, eru síðan sendar til ráðherraráðs EES sem tekur þær fyrir á fundum sínum. Með því að taka skipulega fyrir skýrt afmörkuð málefni hefur þingmannanefnd EES þannig möguleika til áhrifa á þróun EES-samningsins.

Nefndirnar fylgdust á árinu grannt með framvindu ríkjaráðstefnu ESB og framvindu mála í viðræðum um fríverslunarsamninga við þriðju ríki. Í því sambandi fór formaður Íslandsdeildarinnar m.a. til Kýpur og Möltu í upphafi árs. Ráðherraráð EFTA lagði ríka áherslu á það á fundum sínum með þingmannanefnd EFTA að nefndin væri virk í slíku samstarfi við þriðju ríki. Schengen-samkomulagið kom líka til umfjöllunar á nokkrum fundum.

Íslandsdeildin hafði í mörg horn að líta þar sem Alþingi var gestgjafi bæði þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES vegna funda sem haldnir voru á Akureyri í júní. Heppnuðust þeir fundir í alla staði mjög vel. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar voru einnig mjög virkir í starfi nefndanna, m.a. átti Íslandsdeildin tvo framsögumenn af fimm sem EFTA-hluti þingmannanefndar EES tilnefndi út af skýrslum ársins. Þá ber síðast en ekki síst að minnast á fundi sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóð-

þinga þeirra ríkja sem næst voru í röðinni að taka við forsæti innan ESB, en ESB-ríkin skiptast á um formennsku þar til hálfs árs í senn. Þannig fundaði nefndin með Evrópu- og utanríkismálanefnd írska þingsins í Dublin í febrúar og með Evrópunefnd hollenska þingsins í Haag í október.

a. 3. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og 7. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.

Fundirnir voru haldnir í Brussel 30. janúar. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson. Rætt var um skipulag starfsins á árinu.

b. Fundur Íslandsdeildarinnar með Evrópu- og utanríkismálanefnd írska þingsins.

Íslandsdeildin byrjaði starfsárið með því að sækja heim írska þingið, en Írar áttu að taka við forsæti í ESB 1. júlí 1996. Allir fimm fulltrúar Íslandsdeildarinnar sátu fundinn. Á fundinum kynnti Íslandsdeildin nokkur helstu sjónarmið og hagsmunamál Íslendinga gagnvart ESB og þá einkum þau sem tengdust ríkjaráðstefnu sambandsins. Lögð var áhersla á að þeir fríverslunarsamningar sem EFTA-ríkin hafa gert við ríki Mið- og Austur-Evrópu tapi ekki gildi sínu við hugsanlega inngöngu þessara ríkja í ESB, sérstaklega væri þetta brýnt fyrir Íslendinga hvað varðar viðskipti með sjávarafurðir. Þá var gerð grein fyrir afstöðu Íslendinga til sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB og áherslu á að Schengen-samkomulagið gerði Norðurlöndunum kleift að viðhalda norræna vegabréfasvæðinu. Rætt var um afstöðu Íslendinga til aðildar að ESB og hugmynda um að fella Vestur-Evrópusambandið (VES) alfarið undir ESB.

c. 41. fundur þingmannanefndar EFTA og 4. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fundur þingmannanefndar EFTA var haldinn í Brussel 20. febrúar. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar sátu fundinn. Til að undirbúa sig undir fund með stofnananefnd Evrópuþingsins fékk nefndin Ingvar Melin, fulltrúa Finnlands í undirbúningsnefnd ríkjaráðstefnu ESB, til að ræða um markmið ríkjaráðstefnunnar. Hann sagði þau þríþætt: 1) að færa ESB nær almenningi, 2) að einfalda stofnanakerfi ESB til að búa í haginn fyrir stækkun sambandsins og 3) að gera ESB hæfara til aðgerða út á við. Í máli hans kom fram að ríkjaráðstefnan væri aðeins einn þáttur í þróun Evrópusamstarfsins en aðrir þættir í þeirri þróun væru t.d. myntkerfið, framtíð VES, stækkun ESB og framtíð sameiginlegrar landbúnaðarstefnu. Melin sagði gert ráð fyrir að ríkjaráðstefnan stæði í rúmt ár og taldi ólíklegt að niðurstöður hennar hefðu áhrif á EES-samninginn.

Þá var á fundinum ákveðið að framvegis gætu áheyrnarfulltrúar tekið fullan þátt í fundum nefndarinnar en án atkvæðisréttar og að einungis einn fulltrúi hvers ríkis hefði atkvæðisrétt í framkvæmdastjórn þingmannanefndarinnar í stað tveggja áður.

Sama dag var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA þar sem m.a. var rætt um fyrirhugaða heimsókn til Kýpur og Möltu vegna undirbúnings fríverslunarsamninga við þau ríki. Vilhjálmur Egilsson og Hjörleifur Guttormsson sátu fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar.

d. Fundur þingmannanefndar EFTA með stofnananefnd Evrópuþingsins.

Fundurinn var haldinn í Brussel 20. febrúar og sátu allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar fundinn. Þar greindu formenn landsdeilda þingmannanefndarinnar frá áherslum sinna ríkja. Vilhjálmur Egilsson kynnti afstöðu Íslendinga á sama hátt og daginn áður í heimsókn til írska þingsins. Í almennum umræðum sem fylgdu í kjölfarið kom fram nokkur skoðanamunur á milli fulltrúa þessara nefnda. José María Gil-Robles frá Spáni, sem varð forseti Evrópuþingsins 14. janúar síðastliðinn, minnti þingmannanefnd EFTA á að ESB væri meira en sameiginlegur markaður, ESB væri samfélag, og að ríki sem hefðu eingöngu viðskiptahagsmuni í huga væru óhæf til aðildar að sambandinu.

e. Heimsókn til Möltu og Kýpur.

Í tengslum við undirbúning fríverslunarsamninga við Möltu og Kýpur ákvað Íslandsdeildin að senda formann sinn til fundar með þarlendum ráðamönnum. Heimsóknin stóð yfir dagana 28. mars til 2. apríl og voru aðallega rædd efnahagsmál og samskipti ríkjanna við EFTA. Þegar leið á árið lentu hins vegar samningaviðræður við þessi ríki í biðstöðu en stjórnarskipti á Möltu og ótryggt ástand á Kýpur áttu þar stærstan þátt.

f. 6. fundur þingmannanefndar EES og 7. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.

Fyrri fundur þingmannanefndar EES á árinu var haldinn á Akureyri 3. júní. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar sátu fundinn auk Ágústs Einarssonar og Kristínar Ástgeirsdóttur áheyrnarfulltrúa. Á fundinum voru starfsreglur nefndarinnar formlega aðlagaðar að þeim veruleika sem við tók eftir fækkun aðildarríkja EFTA í ársbyrjun 1995. Ræddar voru tvær skýrslur, annars vegar um framkvæmd EES-samningsins árið 1995 og hins vegar um fjarskipti og voru samþykktar ályktanir um hvort tveggja. Sighvatur Björgvinsson var framsögumaður EFTA-þingmanna um framkvæmd EES-samningsins. Í máli hans kom fram að samningurinn virkaði ágætlega þrátt fyrir fækkun EFTA-ríkjanna, en jafnframt lagði hann áherslu á að EFTA-ríkin kæmu í auknum mæli að stefnumótun í einstökum málaflokkum er vörðuðu hinn sameiginlega innri markað. Í almennum umræðum um þetta efni sátu fyrir svörum Mario Quagliotti, sendiherra Ítalíu á Íslandi, en Ítalir fóru með forsæti í ESB fyrri hluta árs 1996, Pablo Benavides, formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar og fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, Knud Almestad, framkvæmdastjóri ESA, og Hannes Hafstein, fulltrúi EFTA-hluta sameiginlegu EES-nefndarinnar. Almennt voru þeir sammála um að tveggja stoða kerfi EES-samningsins virkaði vel. Þingmannanefndin gagnrýndi hversu seint svör ráðherraráðsins bærust við ályktunum nefndarinnar. Þá var einnig rætt um Schengen-samkomulagið á fundinum og samþykktar tillögur um skýrslur fyrir næsta fund.

Á fundi framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES, sem haldinn var samdægurs, kynnti Otto Buchel, formaður þingmannanefndar EFTA, námstefnu um EES sem halda ætti fyrir þingmenn EFTA-ríkjanna í Brussel í byrjun september. Formaður og ritari Íslandsdeildarinnar sátu fundinn.

g. 42. fundur þingmannanefndar EFTA og 5. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fundur þingmannanefndar EFTA var haldinn á Akureyri 3. júní. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar, ásamt áheyrnarfulltrúum og ritara, sátu fundinn. Á fundinum var fjallað um samskipti EFTA við þriðju ríki og m.a. kom fram að gerður hefði verið samstarfssamningur við Albaníu og Makedóníu og verið væri að vinna að gerð fríverslunarsamninga við Möltu og Kýpur. Upplýst var að hafnar væru könnunarviðræður við Marokkó, Túnis og Egyptaland um hugsanlega gerð fríverslunarsamninga. Þá var Vilhjálmur Egilsson kjörinn formaður EFTA-hluta þingmannanefndar EES árið 1997 og Svisslendingurinn Peter Vollmer formaður þingmannanefndar EFTA sama ár.

Samdægurs var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sem formaður og ritari Íslandsdeildarinnar sátu.

h. 14. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.

Fundurinn var haldinn á Akureyri 4. júní. Á fundinum var almennt fjallað um framkvæmd EES-samningsins, m.a. í tengslum við ríkjaráðstefnu ESB, og um samskipti EFTA við þriðju ríki. Ráðherrarnir lögðu áherslu á mikilvægi þingmannanefndar EES í að viðhalda góðum samskiptum við ESB og jafnframt á mikilvægi þess að ráðherraráð EES svaraði ályktunum nefndarinnar fyrr og ítarlegar. Þá lagði Halldór Ásgrímsson, formaður ráðherraráðs EFTA, áherslu á mikilvægt starf þingmannanefndar EFTA í að koma á samskiptum við ríki er gera á fríverslunarsamninga við.

i. Námstefna um EES-samninginn.

Dagana 3. og 4. september var í Brussel haldin námstefna um EES-samninginn fyrir þingmenn EES-ríkjanna. Sérfræðingar EFTA fóru yfir þau svið sem samningurinn nær yfir og þær breytingar sem orðið hafa frá því að samningurinn tók gildi. Einnig var þar farið yfir starfsemi stofnana ESB, tengsl þeirra á milli og fjallað almennt um ríkjaráðstefnuna og framtíð ESB. Af hálfu Alþingis sótti Íslandsdeildin námstefnuna, auk Kristínar Ástgeirsdóttur áheyrnarfulltrúa og Guðjóns Rúnarssonar sem hafði þá tekið við starfi ritara nefndarinnar.

j. 6. fundur þingmannanefndar EES og 8. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES.

Síðari fundur þingmannanefndar EES árið 1996 var haldinn í Brussel 7. október. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar auk ritara sóttu fundinn. Rætt var um ályktanir frá Akureyrarfundinum í júní um framkvæmd EES-samningsins og fjarskipti. Fundinn sátu, auk þingmannanefndar EES, Andrea Willi, utanríkisráðherra Liechtenstein, af hálfu ráðherraráðs EES, Nikolaus prins af Liechtenstein, af hálfu sameiginlegu EES-nefndarinnar, og fulltrúi ráðherraráðs og framkvæmdastjórnar ESB sem og Eftirlitsstofnunar EFTA. Í máli Andreu Willi kom fram að ráðherraráð EES væri ánægt með framkvæmd EES-samningsins og þær breytingar sem gerðar hefðu verið á honum á árinu og benti hún á að sérfræðingar EFTA kæmu í auknum mæli að málum á undirbúningsstigi. Í almennum umræðum var m.a. rætt um nauðsyn á auknu gagnsæi í samskiptum milli einstakra stofnana EES, hugsanleg áhrif ríkjaráðstefnunnar á EES-samninginn, efnahags- og myntbandalag Evrópu og stækkun ESB. Þá voru á fundinum ræddar skýrslur um fjórfrelsið, samkeppnisstefnu og samræmingu upprunareglna í Evrópu. Samþykktar voru ályktanir um efni tveggja síðastnefndu skýrslnanna en ekki náðist samkomulag um sameiginlega álykt-

un á grundvelli skýrslunnar um fjórfrelsið, aðallega vegna ágreinings um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen. Vilhjálmur Egilsson var framsögumaður EFTA-hluta skýrslunnar um samkeppnisstefnu. Loks var samþykkt að á næsta fundi, sem verður í Noregi í apríl 1997, yrðu teknar fyrir þrjár skýrslur: 1) skýrsla um framkvæmd EES-samningsins á árinu 1996, 2) skýrsla um áhrif innri markaðar ESB í orkumálum á EES og 3) skýrsla um frjálst flæði fjármagns og um frjálsa fjármagnsþjónustu innan EES. Hjörleifur Guttormsson verður framsögumaður EFTA-hluta skýrslunnar um orkugeirann.

Samdægurs var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EES þar sem rætt var um breytta skipan fulltrúa Evrópuþingsins í nefndinni, en kjósa átti aftur í hana í ársbyrjun 1997, næsta fund nefndarinnar í Noregi í apríl og fleiri mál. Formaður og ritari sóttu fundinn af Íslands hálfu.

k. 43. fundur þingmannanefndar EFTA og 6. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fundurinn var haldinn í Brussel 8. október. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar auk ritara sóttu fundinn. Á fundinn mætti Jean-Pierre Derisbourg, ráðgjafi þeirrar deildar ESB sem fer með utanríkismál, og fór yfir svokallað Miðjarðarhafsfrumkvæði ESB. Það grundvallast á yfirlýsingu sem undirrituð var í Barcelóna í nóvember 1995 og felur í sér samstarf milli ESB og ríkja við Miðjarðarhafið á sviði varnar- og öryggismála, efnahags- og fjármála og félags- og menningarmála. Eitt meginmarkmið þessa samstarfs er að auka stöðugleika á svæðinu og stuðla þannig um leið að friði við Miðjarðarhafið. Hann hvatti EFTA-ríkin til að huga einnig að auknum samskiptum við ríki á þessu svæði. Þá var rætt um námstefnuna sem EFTA stóð fyrir í september og lýstu nefndarmenn yfir almennri ánægju með hana. Einnig var rætt um fund þingmannanefndar EES daginn áður og lýsti Vilhjálmur Egilsson vonbrigðum sínum með að ályktun á grundvelli skýrslunnar um fjórfrelsið hefði ekki verið samþykkt.

Samdægurs var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA og sóttu Vilhjálmur Egilsson og Hjörleifur Guttormsson ásamt Guðjóni Rúnarssyni ritara fundinn af Íslands hálfu.

l. Fundur Íslandsdeildarinnar með Evrópunefnd hollenska þingsins.

Í framhaldi af vel heppnuðum fundi í Dublin í febrúar ákvað Íslandsdeildin að leita eftir fundi með Hollendingum sem áttu að taka við forsæti í ESB í ársbyrjun 1997. Íslandsdeildin ásamt ritara fundaði með Evrópunefnd hollenska þingsins í Haag 9. október. Á fundinum kynnti formaður Íslandsdeildarinnar greinargerð sem lögð var fram í nafni meiri hluta deildarinnar. Þar kom fram afstaða íslenskra stjórnmálaflokka til EES-samningsins, ESB og NATO og jafnframt voru sérstaklega talin upp málefni ríkjaráðstefnunnar og tengsl þeirra við Evrópska efnahagssvæðið og íslenska hagsmuni almennt. Formaður lagði sérstaka áherslu á afstöðu Íslendinga til hinnar sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB og að Norðurlöndunum verði gert kleift að viðhalda norræna vegabréfasvæðinu þrátt fyrir aðild að Schengen. Hollensku þingmennirnir sögðust telja að með EES-samningnum nyti Ísland nú þegar flestra þeirra kosta sem aðild að ESB mundi færa þeim. Þá var einnig rætt um hugsanleg áhrif Efnahags- og myntbandalagsins á íslensku krónuna, tengslin við ríki Norður-Ameríku (trans-Atlantic dialogue), NATO og Vestur-Evrópusambandið.

m. 44. fundur þingmannanefndar EFTA og 8. fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA.

Fundur þingmannanefndar EFTA var haldinn í Genf 16. desember. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar ásamt ritara sóttu fundinn. Á fundinum var fjallað um Efnahags- og myntbandalagið (EMU) og hugsanleg áhrif þess á EFTA-ríkin, samskipti við þriðju ríki, orkumálefni út frá EES-samningnum og fleiri atriði. Fulltrúar efnahagsnefndar EFTA, Peter Saurer og Walter Brodmann, gerðu grein fyrir afstöðu Sviss til myntþróunarinnar. Ljóst er að Svisslendingar hafa fylgst vel með þessari þróun og lagt mat á hugsanlegar afleiðingar. Efnahagsnefnd EFTA mun ekki hafa sérstakt frumkvæði að sameiginlegri úttekt á áhrifum EMU, enda ljóst að hagsmunir EFTA-ríkjanna fara ekki endilega saman í þessu tilliti. Þannig hafa t.d. Svisslendingar mestar áhyggjur af því að svissneski frankinn styrkist um of meðan Íslendingar ættu að hafa meiri áhyggjur af gengislækkun krónunnar. Stjórnvöld hinna EFTA-ríkjanna hafa ekki enn ráðist í sambærilegar úttektir á áhrifum EMU og Svisslendingar. Umfjöllun um samskipti við þriðju ríki snerist að mestu um fríverslunarsamninga sem hafa verið gerðir eða eru í burðarliðnum. Fyrst og fremst er um að ræða samninga við Austur-Evrópuríki og ríki við Miðjarðarhafið, en í umræðunum kom fram að samningar við Asíuríki eru á dagskrá þegar horft er til framtíðar. Vegna þess afturkipps sem kom í samningaviðræður við Möltu og Kýpur voru engir fríverslunarsamningar undirritaðir á árinu. Hins vegar voru hafnar undirbúningsviðræður um slíka samninga við Marókkó, Túnis og Egyptaland og hafa viðræður við tvö fyrstnefndu ríkin gengið vel. Vilhjálmur kom á framfæri ábendingu um hvort ekki væri rétt að huga einnig að sérstökum samningum við Grænland og Færeyjar.

Samdægurs var haldinn fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA sem Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Guðjón Rúnarsson ritari sátu af Íslands hálfu. Á fundinum var farið yfir fjárlög Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Björn Friðfinnsson, sem sat fundinn af hálfu ESA, benti á nauðsyn þess að starfsmenn stofnunarinnar kæmu ekki eingöngu frá Íslandi, Liechtenstein og Noregi svo að hagsmunatengsl yrðu ekki of mikil í einstökum málum. Sérstaklega væri þetta orðið brýnt eftir að Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu út. Vilhjálmur taldi í þessu sambandi einnig rétt að við mannaráðningar yrði meira litið til fólks úr einkageiranum því að embættismenn einstakra aðildarríkja, sem ráðnir væru tímabundið til ESA, hlytu eðli málsins samkvæmt oft að vera mjög háðir stjórnvöldum í heimalandinu.

n. 15. fundur þingmannanefndar EFTA með ráðherraráði EFTA.

Á fundinum var almennt fjallað um framkvæmd EES-samningsins. Allir fulltrúar Íslandsdeildarinnar ásamt ritara sátu fundinn. Fram kom að framkvæmd samningsins hefði gengið vel hingað til en EFTA-ríkin innan EES þyrftu enn að herða sig í að taka upp nýjar Evrópusambandsreglur svo að viðhalda mætti nauðsynlegri einsleitni innan Evrópska efnahagssvæðisins. Á fundinum var lögð áhersla á aukið mikilvægi samstarfs við þriðju ríki og skoraði ráðherraráðið á þingmannanefnd EFTA að vera virk í því samstarfi. Fulltrúar Íslandsdeildarinnar lögðu fram nokkrar spurningar, m.a. spurði Hjörleifur um ríkjaráðstefnuna og hugsanlega frestun Schengen-samkomulagsins og Vilhjálmur vildi vita hvort ekki væru í gangi viðræður við Bandaríkin um gagnkvæma viðurkenningu á vörumerkingarstöðlum. Þá gerðu fulltrúar ráðherraráðsins grein fyrir nýafstaðinni ráðherraráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Singapore, þeirri fyrstu eftir að stofnuninni var komið á fót. Loks var rætt um EMU og afstöðu ráðherraráðsins til þeirrar þróunar. Andrea Willi, utanríkisráðherra Liechtenstein, var eini ráðherrann sem sat fundinn

þar sem Halldór Ásgrímsson, Björn Tore Godal og Jean-Pascal Delamuraz áttu ekki heimangengt.

Alþingi, 31. jan. 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form. Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaform. Árni M. Mathiesen.

Hjörleifur Guttormsson. Sighvatur Björgvinsson.

543. Skýrsla [288. mál]

Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1996.

1. Inngangur.

Á árinu 1996 var öflug starfsemi innan Norður-Atlantshafsþingsins og tekið var á ýmsum erfiðum málum er snerta framtíð NATO og skipan evrópskra öryggismála. Stækkun bandalagsins til austurs, hlutverk þess í Bosníu-Hersegóvínu og aukið sjálfstæði Vestur-Evrópuríkja í varnarmálum voru meðal helstu málefna á dagskrá þingsins á árinu.

Atlantshafsbandalagið hefur á undanförnum árum lagað sig að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Það býr yfir mætti sem aðrar alþjóðastofnanir í Evrópu skortir og hefur því mjög mikilvægu hlutverki að gegna í öryggismálum álfunnar. Búast má við að Atlantshafsbandalagið taki enn frekar þátt í aðgerðum til að koma á friði eða hindra útbreiðslu ófriðar í löndum utan bandalagsins, sbr. hlutverk þess í Bosníu-Hersegóvínu.

Atlantshafsbandalagið hefur brugðist við áskorunum sem það hefur staðið frammi fyrir á undanförnum árum af framsýni. Hefði NATO verið lagt niður við endalok kalda stríðsins hefði skapast tómarúm í öryggismálum í Evrópu sem leitt hefði til frekari óstöðugleika í álfunni. Evrópa þarf jafnmikið á samvinnu við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála að halda nú og við stofnun NATO fyrir 48 árum.

Vissulega er stefna bandalagsins gagnvart nýjum aðstæðum enn til umræðu á vissum sviðum. Spurningar t.d. um hvenær skuli stækka bandalagið og hvaða ríki eigi að hljóta aðild, um hlutverk Rússa í öryggiskerfi Evrópu og um hugsanlegar aðgerðir utan NATO-svæðisins eru enn til umræðu. Það þýðir þó ekki að mikilvægi NATO hafi minnkað heldur sýnir að það er lifandi bandalag sem tekst á við breytt umhverfi af sveigjanleika og hugmyndaauðgi.

Norður-Atlantshafsþingið fékkst á árinu 1996 við þær mikilvægu spurningar sem bandalagið stendur nú frammi fyrir og mun sú umræða vafalaust halda áfram á árinu 1997. Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins hefur í málflutningi sínum lagt ríka áherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á að trúverðugleiki NATO liggur einmitt í samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum sem hafa valdið óstöðugleika í álfunni og vekja miklar umræður um aukið samstarf og sjálfstæði Evrópu í öryggis- og varnarmálum.

2. Almennt um Norður-Atlantshafsþingið.

Norður-Atlantshafsþingið er þingmannasamtök sem hafa allt frá árinu 1955 verið vettvangur þingmanna aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áhyggjuefni. Undanfarin ár hefur þingið þó bæði fjölgað í hópi sínum og víkkað út starfssvið sitt til móts við þær breytingar sem orðið hafa í Sovétríkjunum fyrrverandi og í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Fimmtán nýjum lýðræðisríkjum úr hópi fyrrum kommúnistaríkja hefur verið veitt aukaaðild að þinginu sem þýðir að þau geta nú tekið þátt í störfum og umræðum á þinginu sem beinast í auknum mæli að öryggismálum Evrópu í heild og að efnahagslegum og pólitískum vandamálum ásamt menningar- og umhverfismálum sem tengjast ríkjum Mið- og Austur-Evrópu. Með Rose-Roth áætluninni veitir þingið nú einnig virkan stuðning við þróun þingbundins lýðræðis í þessum ríkjum (sjá bls. 3).

3. Hlutverk og starfssvið þingsins.

Í Atlantshafssáttmálanum 1949 var ekki gert ráð fyrir þinglegri ráðgjafarsamkundu, en með tímanum jókst skilningur manna á því að nauðsyn væri á einhvers konar skipulegu samstarfi þjóðþinga í tengslum við og til stuðnings NATO. Þingið hefur því enga formlega stöðu innan bandalagsins en smám saman hefur komist á náin og virk samvinna stofnananna.

Meginhlutverk þingsins er að upplýsa og efla samstöðu þjóðþinga á milli. Þingið gerir þingmönnum aðildarríkja bandalagsins og nú ríkja Mið- og Austur-Evrópu kleift að koma á framfæri áhuga- og áhyggjuefnum ríkja sinna og skiptast á upplýsingum um þau mismunandi viðhorf sem uppi eru í hinum ýmsu löndum og svæðum til mikilvægra sameiginlegra hagsmunamála. Fulltrúar á þingið eru kjörnir af þjóðþingum samkvæmt aðferðum sem þjóðþingin ákveða. Á þinginu endurspeglast því afar breitt svið pólitískra skoðana.

Þingið kemur saman tvisvar á ári til allsherjarfundar, vorfundar sem stendur í þrjá daga og ársfundar er stendur í fimm daga. Fundir eru haldnir í aðildarríkjunum til skiptis í boði þjóðþinganna.

Starfsemi þingsins fer fram í fimm nefndum, stjórnmálanefnd, varnar- og öryggismálanefnd, efnahagsnefnd, vísinda- og tækninefnd og félagsmálanefnd. Þessar nefndir eru bæði vinnuhópar og meginvettvangur umræðna. Þær rannsaka og fjalla um samtímamál er koma upp á starfssviði þeirra. Óski nefnd þess að gera ítarlega rannsókn á tilteknu máli kýs hún undirnefnd eða kemur á fót vinnuhóp til að afla um það upplýsinga.

Nefndarálit eru oftast sett fram í formi tillagna eða ályktana sem nefndin samþykkir og þingið greiðir síðan atkvæði um á allsherjarfundi. Tillögum er beint til Norður-Atlantshafsráðsins og í þeim er hvatt til tiltekinna aðgerða en ályktunum þingsins er beint til ríkisstjórna aðildarríkja.

Þótt þingið sé óháð NATO hafa samskipti þingsins við bandalagið, sem fyrr segir, smám saman tekið á sig fastara form og meðal formlegra samskipta má nefna: Formlegt svar við tillögum þingsins af hálfu framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd Atlantshafsráðsins, ávarp framkvæmdastjóra NATO á haustfundum þingsins, aukafundi nefnda í Brussel í febrúarmánuði ár hvert til að greiða fyrir samskiptum við starfsmenn og embættismenn NATO og SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers in Europe — æðstu bækistöðvar bandamanna í Evrópu) og loks fundi milli forustumanna í þinginu og fulltrúa Atlantshafsráðsins til gagnkvæmra skoðanaskipta.

4. Samskiptin við Mið- og Austur-Evrópu.

Eins og NATO sjálft hefur þingið endurskoðað hlutverk sitt í ljósi mikilla breytinga á alþjóðavettvangi. Þótt enginn vafi leiki á þörf fyrir bandalagið og hið einstæða samband sem það felur í sér milli þjóða beggja vegna Atlantshafs er þörf breytinga til aðlögunar að nýjum aðstæðum sem skapast hafa. Umfram allt kallar þetta á þróun fyrirkomulags í öryggismálum sem byggist á samvinnu og umræðum fremur en árekstrum.

Norður-Atlantshafsþingið hóf tilraunir til að koma á samskiptum við þjóðir Mið- og Austur-Evrópu árið 1987. Það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990, á ársfundi í Lundúnum, að samskiptum þessum var komið í fastara form er þjóðþing Búlgaríu, Tékkóslóvakíu (nú Tékkland og Slóvakía), Ungverjalands, Póllands og fyrrverandi Sovétríkjanna (nú Rússland) fengu aukaaðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Síðan þá hafa þjóðþing Albaníu, Hvíta-Rússlands, Eistlands, Lettlands, Litáens, Moldavíu, Rúmeníu, Slóveníu og Úkraínu fengið aukaaðild að þinginu. Mikilvægi aukaaðildarinnar felst í því að hún veitir löggjöfum hinna nýju lýðræðisríkja tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þingsins (vor- og haustfundum, nefndafundum o.fl.).

Þingið hefur einnig átt frumkvæði að öðrum áætlunum að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu. Í samræmi við áætlun, sem sett var fram árið 1991 af tveimur bandarískum þingmönnum, Charlie Rose, fyrrum forseta Norður-Atlantshafsþingsins, og Bill Roth, og naut stuðnings beggja þingflokka Bandaríkjaþings, beinir Norður-Atlantshafsþingið nú kröftum sínum í ríkum mæli að því að efla þróun þingræðis í Mið- og Austur-Evrópu.

Meginþátturinn í Rose-Roth áætluninni er röð námsstefna og ráðstefna þar sem fjallað er um sérstök vandamál Mið- og Austur-Evrópulanda þar sem reynsla og þekking þingfulltrúa kemur að gagni og þingið getur lagt verulega af mörkum vegna sérstöðu sinnar sem fjölhliða umræðuvettvangur. Margar þessara námsstefna fjalla beint eða óbeint um samskipti hers og borgaralegra stjórnvalda, einkum um lýðræðisleg yfirráð yfir herafla. Þeim er ætlað að miðla upplýsingum og sérþekkingu sem nauðsynleg er til þess að tryggja virka þátttöku þjóðþinga í gerð varnaráætlana og ákvörðun fjárveitinga til varnarmála og herafla. Frá upphafi áætlunarinnar og fram til ársloka 1996 höfðu verið haldnar 30 námsstefnur.

Norður-Atlantshafsþingið býður einnig starfsmönnum frá löndum Mið- og Austur-Evrópu til stuttra rannsóknardvala (í þrjá til sex mánuði) á alþjóðaskrifstofunni. Einnig hefur verið komið á laggirnar þjálfunaráætlun til þess að starfslið þjóðþinga Mið- og Austur-Evrópulanda geti öðlast beina reynslu af starfsemi alþjóðlegra stofnana.

Af margvíslegri starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins sem að framan er lýst má vera ljóst að þingið hefur bætt nýrri vídd sem beinist að Evrópu allri við hið hefðbundna hlutverk sitt að hlúa að Atlantshafstengslunum.

5. Fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu og embættismenn þess.

Á Norður-Atlantshafsþinginu eiga sæti 188 þingmenn. Fjöldi fulltrúa frá hverju landi ræðst að mestu af fólksfjölda. Stærsta sendinefndin er sú bandaríska með 36 þingmenn frá öldungadeild og fulltrúadeild bandaríska þingsins. Í sendinefndum Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands eru 18 þingmenn í hverri. Kanada, Spánn og Tyrkland senda 12 fulltrúa hvert land. Frá Belgíu, Grikklandi, Hollandi og Portúgal koma sjö frá hverju landi. Danmörk og Noregur senda fimm fulltrúa hvort land og frá Íslandi og Lúxemborg koma þrír frá hvoru landi. Auk fulltrúanna má hvert þjóðþing tilnefna jafnmarga varamenn sem mega taka þátt í öllum störfum þingsins en hafa ekki atkvæðisrétt. Ráðherr-

ar í ríkisstjórnum mega ekki vera fulltrúar á Norður-Atlantshafsþinginu. Aukaaðilar taka þátt í nefndarfundum og allsherjarfundum en hafa ekki atkvæðisrétt.

Embættismenn þingsins eru sex og eru fimm þeirra kjörnir ár hvert af fulltrúum á allsherjarfundi (forseti og fjórir varaforsetar). Sjötti embættismaðurinn er gjaldkerinn en hann er kjörinn annað hvert ár af stjórnarnefndinni. Atlantshafsþinginu er stjórnað af stjórnarnefnd en í henni eiga sæti formenn allra sendinefndanna, forseti, varaforsetar, gjaldkeri og nefndaformenn.

6. Fjármögnun.

Starfsemi þingsins er fjármögnuð með framlögum þjóðþinga eða ríkisstjórna aðildarríkja. Framlög eru reiknuð á grundvelli þeirra viðmiða sem notuð eru við gerð fjárhagsáætlunar NATO um kostnað annan en herkostnað. Til þess að standa straum af hluta kostnaðar við árlegt þinghald greiðir NATO einnig árlegt framlag til þingsins.

7. Fulltrúar Alþingis á Norður-Atlantshafsþinginu.

Fulltrúar Alþingis á fundum Norður-Atlantshafsþingsins hafa frá upphafi verið tilnefndir af þeim þingflokkum sem stóðu að samþykkt Alþingis um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þ.e. Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. Eru tilnefndir í Íslandsdeildina þrír aðalmenn og þrír menn til vara. Í samræmi við starfsreglur Norður-Atlantshafsþingsins og ákvörðun þingflokka voru fulltrúar Alþingis sem hér segir árið 1996:

Aðalmenn: Sólveig Pétursdóttir, Sjálfstæðisflokki, formaður Íslandsdeildarinnar, Jón Kristjánsson, Framsóknarflokki, varaformaður Íslandsdeildarinnar, og Jón Baldvin Hannibalsson, Alþýðuflokki.

Varamenn: Árni R. Árnason og Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, og Gunnlaugur M. Sigmundsson, Framsóknarflokki.

Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Samkvæmt samþykktum þingsins geta fulltrúar aðildarríkja tekið þátt í öllum nefndum þingsins. Vegna smæðar hefur Ísland þó aðeins atkvæðisrétt í þremur nefndum auk stjórnarnefndar.

Sólveig Pétursdóttir á sæti í stjórnarnefnd þingsins en varamaður hennar í nefndinni er Jón Kristjánsson. Annars er skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir þannig:

Stjórnmálanefnd:	Sólveig Pétursdóttir.
Varnar- og öryggismálanefnd:	Jón Kristjánsson.
	Gunnlaugur M. Sigmundsson.
Félagsmálanefnd:	Einar Oddur Kristjánsson.
Efnahagsnefnd:	Árni R. Árnason.
Vísinda- og tækninefnd:	Jón Baldvin Hannibalsson.

Sólveig Pétursdóttir var á ársfundi þingsins endurkjörin varaformaður undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja. Jón Kristjánsson á sæti í vinnuhóp varnar- og öryggismálanefndar um öryggismál á norðurslóðum, Jón Baldvin Hannibalsson á sæti í sérstakri nefnd forseta Norður-Atlantshafsþingsins um málefni Balkanskaga og Árni R. Árnason á sæti í undirnefnd efnahagsnefndar um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

8. Fundir sem Íslandsdeildin tók þátt í á árinu.

Norður-Atlantshafsþingið heldur tvo allsherjarfundi árlega, svokallaðan vorfund og ársfund að hausti. Auk þess er haldinn einn sérfundur stjórnarnefndar. Á svokölluðum febrúarfundum fundar stjórnarnefndin með framkvæmdastjóra NATO og Atlantshafsráðinu, auk þess sem stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefndirnar halda sameiginlegan fund. Þá eru reglulega haldnar námsstefnur og fundir í nefndum og undirnefndum þingsins á milli þinga. Jafnframt er árlega farið í kynnisferð til eins aðildarríkis NATO til að skoða ýmis hernaðarmannvirki og búnað. Þá voru haldnar fjórar Rose-Roth námsstefnur á árinu. Íslandsdeildin tók þátt í febrúarfundunum, sérfundi stjórnarnefndar, námsstefnu vinnuhóps um öryggismál á norðurslóðum, fundi undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja, og vor- og haustfundum þingsins á árinu 1996.

a. Febrúarfundir.

Dagana 18.–19. febrúar voru haldnir svonefndir febrúarfundir Norður-Atlantshafsþingsins í Brussel. Um var að ræða fund með Norður-Atlantshafsráðinu og framkvæmdastjóra NATO og sameiginlegan fund efnahags-, stjórnmála- og varnar- og öryggismálanefndar Norður-Atlantshafsþingsins. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sat Jón Kristjánsson varaformaður fundina, auk ritara (ritarar sátu ekki fundinn með Norður-Atlantshafsráðinu). Helstu umræðuefni sameiginlegs fundar nefndanna þriggja voru hlutverk NATO í Bosníu-Hersegóvínu, stækkun bandalagsins, ákvörðun Frakka um að hefja á ný þátttöku í hernaðarsamstarfi bandalagsins, framtíðarskipan á vörnum Evrópu og fjölþætt samstarf Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Fundinn ávörpuðu Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO, Sir Leon Brittan, varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, Klaus Naumann hershöfðingi, formaður hermálanefndar NATO, Robert Hunter, fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá NATO, og Gérard Errera, fastafulltrúi Frakklands hjá NATO. Aukaaðilar hafa ekki setu rétt á þessum fundum. Mikilvægi þessara funda hefur aukist mjög á undanförnum árum þar sem þeir eru orðnir nánast eina tækifæri fulltrúa NATO-ríkja til að ræða saman einir og sér.

b. Fundur stjórnarnefndar.

Dagana 29.–31. mars var haldinn stjórnarfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Ottawa. Sólveig Pétursdóttir, formaður, sótti fundinn af hálfu Íslandsdeildarinnar, auk ritara. Fjármál þingsins og skrifstofuhald voru helstu umræðuefni fundarins, en á ársfundi þingsins í Torino í október 1995 hafði verið samþykkt að fá utanaðkomandi aðila til þess að endurskoða reikninga þingsins. Skýrsla endurskoðendanna var enn í vinnslu en fulltrúar þeirra mættu á fund nefndarinnar. Fram kom í máli þeirra að ýmislegt mætti betur fara í rekstri þingsins og að skýrum reglum um stjórn sjóða þess væri ábótavant. Þannig heyrði t.d. fjármálastjórinn undir gjaldkera þingsins (sem er þingmaður) en ekki framkvæmdastjórann sem annars á að hafa yfirumsjón með daglegum rekstri skrifstofunnar. Karsten Voigt, forseti þingsins, lofaði fundinum að skrifleg skýrsla yrði unnin um málið fyrir vorfund þingsins í Aþenu og jafnframt mælti fundurinn með að vorfundurinn endurskoðaði starfsreglur þingsins sem tengjast skrifstofuhaldi þess og fjármálastjórn.

Á fundinum voru jafnframt m.a. rædd tengsl þingsins við NATO, staða sérstakra boðsgesta gestgjafa á fundum þingsins og samskiptin við Miðjarðarhafsríki sem mörg hver hafa sýnt áhuga á auka- eða áheyrnaraðild að þinginu. Samþykkt var að ekki bæri að opna fyrir möguleika á auka- eða áheyrnaraðild ríkja sem ekki eiga strönd að Mið-

jarðarhafi, en þar með geta t.d. Máretanía og Jórdanía ekki fengið slíkan aðgang að fundum þingsins.

Loks var kynnt starfið fram undan og gerði Sólveig Pétursdóttir grein fyrir að sérfundur stjórnarnefndar yrði næst haldinn í Reykjavík dagana 4.–6. apríl 1997.

c. Vorfundur.

Dagana 16.–20. maí var haldinn vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins í Vouliagmeni í nágrenni Aþenu. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jón Kristjánsson, varaformaður, og Árni R. Árnason, auk ritara.

Haldnir voru fundir í öllum fimm málefnanefndum þingsins. Nefndastarfið á vorfundinum fólst að venju að mestu leyti í undirbúningsstarfi fyrir haustfund þingsins sem haldinn var í París í nóvember. Drög að skýrslum um margvísleg málefni voru lögð fram í nefndunum og rædd. Fundarmönnum gafst tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við drögin, áður en skýrsluhöfundar fullunnu skýrslurnar fyrir haustfundinn. Nefndirnar fengu jafnframt til sín gesti til að ræða tiltekin málefni.

Helsta málefnið á fundi stjórnarnefndar var skýrsla utanaðkomandi endurskoðenda um fjármál þingsins og umræður um viðbrögð þingsins við niðurstöðum hennar. Samþykktar voru bráðabirgðatillögur um breytingar á starfsreglum þingsins sem ætlað er að skýra ábyrgð og auka skilvirkni í innra starfi þess. Þessar bráðabirgðatillögur voru hafðar til viðmiðunar við gerð formlegra breytingartillagna við starfsreglur þingsins sem lagðar voru fram á haustfundinum í nóvember.

Á fundi stjórnarnefndar var einnig ákveðið að reyna að stuðla að auknum en þó óformlegum tengslum þingsins við NATO, án þess að þingið glataði stjórnmála- eða þinglegu sjálfstæði sínu. Enn fremur var samþykkt að veita Finnlandi og Svíþjóð varanlega áheyrnaraðild að þinginu, en fulltrúum þessara ríkja hefur um nokkurt skeið verið boðið að sækja vor- og haustfundi þess. Loks voru samþykktar skýrar reglur um hvernig beri að haga boðum til ríkja sem ekki hafa slíka varanlega áheyrnaraðild að þinginu um að senda áheyrnarfulltrúa á fundi þess, en héðan af verða það gestgjafar og forseti þingsins sem ákvarða um slík boð í samráði við stjórnarnefndina. Nokkurrar óánægju gætti á vorfundinum með þá ákvörðun gestgjafanna (Grikkja) að bjóða suður- en ekki norðurhluta Kýpur að senda þangað áheyrnarfulltrúa og gagnrýndu Tyrkir það harðlega, m.a. með stuðningi þýsku sendinefndarinnar.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á lokadegi. Eftirtaldir gestir ávörpuðu fundinn: Apostolos Kaklamanis, forseti gríska þingsins, Constantinos Simitis, forsætisráðherra Grikklands, Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO, og Carl Bildt, sérlegur eftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna með uppbyggingunni í Bosníu-Hersegóvínu. Solana og Bildt svöruðu jafnframt spurningum fundargesta.

Ekki er venjan að vorfundur Norður-Atlantshafsþingsins sendi frá sér ályktanir. Að þessu sinni lagði hins vegar Klaus Francke, formaður þýsku sendinefndarinnar, fram drög að ályktun um CFE-samninginn um takmörkun hefðbundins vígbúnaðar, en 15. maí hófst ráðstefna um framkvæmd samningsins í Vín. Ályktunin hafði verið rædd og henni breytt lítillega í varnar- og öryggismálanefnd þingsins, en Rússar höfðu í krafti aukaaðildar sinnar lagt fram fjölda breytingartillagna sem allar voru felldar. Í ályktuninni er ráðstefnan í Vín hvött til þess að reka á eftir framkvæmd samningsins í þeim tilfellum sem henni er ábótavant og sjá til þess að samningurinn verði virtur í sinni upphaflegu mynd. Formaður rússnesku sendinefndarinnar talaði gegn ályktuninni á þingfundinum og fór

fram á aukinn skilning á breyttum aðstæðum eftir endalok Sovétríkjanna og Varsjárbandalagsins, en ályktunin var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða.

d. Námsstefna vinnuhóps um öryggismál á norðurslóðum.

Dagana 19.–22. september var haldin námsstefna vinnuhóps um öryggi á norðurslóðum í Gdansk. Árni R. Árnason sótti fundinn fyrir hönd Íslandsdeildarinnar. Á fundinum var fjallað um samstarf í öryggismálum á Eystrasaltssvæðinu og um stöðu Kaliningrad. Ákveðið var að stefna að því að vinnuhópurinn beindi sjónum sínum í kjölfarið að öryggismálum á Norðurheimskautsslóðum.

e. Fundur undirnefndar stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja.

Dagana 23.–24. september fundaði undirnefnd stjórnmálanefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja í Brussel. Fundinn sótti Sólveig Pétursdóttir, formaður, af hálfu Íslandsdeildarinnar. Undirnefndin heimsótti höfuðstöðvar NATO og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB). Fjallað var um tengsl NATO við Vestur-Evrópusambandið, stækkun NATO, samskipti bandalagsins við Rússland, framkvæmd Dayton-samkomulagsins, ríkjaráðstefnu ESB og sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins.

f. Ársfundur.

Dagana 17.–21. nóvember var haldinn haustfundur Norður-Atlantshafsþingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Sólveig Pétursdóttir, formaður, Jón Kristjánsson, varaformaður, og Árni R. Árnason, auk ritara.

Fjöldi málefna var til umræðu á haustfundinum en hæst bar þó umræður um stækkun NATO annars vegar og um ástandið á Balkanskaga og þá lærdóma sem draga má af atburðarásinni þar hins vegar. Ólíkt því sem verið hefur á undanförnum árum höfðu Rússar sig ekki sérlega mikið í frammi í umræðunum um stækkun bandalagsins, utan að leggja fram fjölda breytingartillagna við ályktanir fundarins í þeim efnum sem nær öllum var hafnað. Í krafti aukaaðildar að þinginu hafa Rússar málfrelsi og tillögurétt á fundum þess en ekki atkvæðisrétt. Þá var almennur vilji fyrir því á fundinum að fjölþjóðaher undir stjórn NATO yrði áfram við friðargæslu í Bosníu-Hersegóvínu á næstu árum og jafnframt var almennt lögð áhersla á mikilvægi þátttöku Bandaríkjanna í slíkum fjölþjóðaher. Fulltrúar Bandaríkjaþings á fundinum voru þó ekki reiðubúnir að styðja jafnákveðið orðalag og meiri hluti fundarmanna um nauðsyn áframhaldandi bandarískrar þátttöku í fjölþjóðahernum.

Haldnir voru fundir í öllum fastanefndum þingsins. Skýrslur voru ræddar og afgreiddar í fastanefndum. Ályktanir, sem samþykktar voru í nefndum, voru sendar til sameiginlega þingfundarins til endanlegrar afgreiðslu. Margir góðir gestir mættu á nefndafundi til að ræða hin ýmsu dagskrárefni þeirra.

Á fundi stjórnmálanefndar var Sólveig Pétursdóttir endurkjörin varaformaður undirnefndar um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja.

Á fundi stjórnarnefndar bar hæst ýmsar breytingar á starfsreglum þingsins, reglum um fjármál þess og reglum um eftirlaunasjóð starfsmanna. Ekki höfðu t.d. verið í gildi neinar reglur um hversu oft mætti endurkjósa sömu aðila í embætti forseta þingsins og gjaldkera (sem er þingmaður), né heldur um hversu lengi sami aðili gæti gegnt starfi skrifstofustjóra þingsins. Samþykkt var að forseta þingsins mætti einungis endurkjósa einu

sinni, en hann er kjörinn til eins árs í senn. Þá var samþykkt að gjaldkeri skyldi kjörinn til tveggja ára í senn og að hann mætti endurkjósa tvisvar. Loks var samþykkt að sami aðili mætti gegna starfi skrifstofustjóra þingsins í mest átta ár, en jafnframt að hann þyrfti að endurráða á tveggja ára fresti.

Enn fremur var samþykkt að auka hlutverk forseta þingsins hvað varðar eftirlit með skipulags-, stjórnmála- og fjármálalegri þróun þingsins á milli þingfunda. Þá voru samþykktar ýmsar breytinar í þá veru að hagræða í starfi skrifstofunnar og skilgreina boðleiðir og ábyrgð einstakra aðila. Loks var samþykkt að endurskoða reglur um ráðningarsamning skrifstofustjóra þingsins, en hann heyrir nú líkt og aðrir starfsmenn undir belgíska vinnulöggjöf. Þær verða ræddar frekar á næsta fundi stjórnarnefndar sem haldinn verður í Reykjavík í apríl nk. Nýr framkvæmdastjóri verður væntanlega ráðinn samkvæmt þeim á fyrri hluta næsta árs í kjölfar afsagnar Peters Corterier úr stöðu skrifstofustjóra á haustfundinum í París.

Þá var ákveðið að fjölga varaforsetum þingsins úr þremur í fjóra. Með þessu er evrópsku flokkahópunum þremur öllum gert kleift að eiga fulltrúa í framkvæmdastjórn þingsins, en hefð er fyrir því að einn varaforsetanna sé fulltrúi Bandaríkjanna eða Kanada. Einnig var samþykkt að veita Túnis áheyrnaraðild að þinginu, en Egyptaland og Marokkó hafa meðal annarra slíka áheyrnaraðild að þinginu.

Hvað varðar starf málefnanefnda var ákveðið að stofna sérstakan vinnuhóp um samskipti NATO við Rússland og önnur ríki sem áhuga hafa á slíkum samskiptum, og mun vinnuhópurinn falla undir stjórnmálanefndina. Einnig var ákveðið að vinnuhópur öryggis- og varnarmálanefndar um öryggi á norðurslóðum yrði gerður að undirnefnd. Loks var forsetanefnd um málefni Bosníu-Hersegóvínu breytt í forsetanefnd um öryggismál á Balkanskaga.

Að lokum var farið yfir starfið fram undan, en stjórnarnefndin fundar sem fyrr segir næst í Reykjavík, dagana 4.–6. apríl nk. Einnig voru samþykkt drög að árlegri kynningarferð á vegum öryggis- og varnarmálanefndarinnar fyrir árið 1998 þar sem gert er ráð fyrir að farið verði til Grænlands, Íslands, Norður-Noregs og hugsanlega til Múrmansk.

Sameiginlegur þingfundur var haldinn á síðasta degi fundarins. Þar var bandaríski öldungadeildarþingmaðurinn William V. Roth Jr. kjörinn forseti þingsins. Auk hans og Karstens Voigts, fráfarandi forseta þingsins, fluttu þar erindi Charles Millon, varnarmálaráðherra Frakklands, Sir Dudley Smith, forseti þings Vestur-Evrópusambandsins (VES), Javier Solana, framkvæmdastjóri NATO, og loks Hans Hækkerup, varnarmálaráðherra Danmerkur.

Staðfestar voru ýmsar breytingar sem stjórnarnefnd þingsins hafði samþykkt á starfsreglum þess, reglum um fjármál og reglum um eftirlaunasjóð starfsmanna þingsins sem áður er getið.

Eftirfarandi ályktanir nefnda þingsins voru lagðar fram, ræddar ásamt breytingartillögum og samþykktar:

Ályktun um útvíkkað bandalag í þágu stöðugleika og frelsis.
Ályktun um leiðtogafund ÖSE í Lissabon.
Ályktun um árangur og framtíð fjölþjóðahersins í Bosníu.
Ályktun um uppbyggingarstarfið í Bosníu.
Ályktun um ástand mála í Hvíta-Rússlandi.
Ályktun um útbreiðslu efnavopna.

Loks var rædd og samþykkt lokaályktun fundarins þar sem m.a. er lögð áhersla á að sem fyrst verði hafnar aðildarviðræður við þau ríki sem sækjast eftir og teljast uppfylla skilyrði aðildar að NATO, að enginn vafi muni leika á því að bandalagið verði áfram opið fyrir hugsanlegum nýjum aðildarríkjum eftir að fyrstu ríkin hafa fengið aðild, að komið verði á sérstöku samstarfi og samráðsfyrirkomulagi við Rússland og Úkraínu og að stuðlað verði að auknu sjálfstæði Evrópuríkja í öryggismálum álfunnar en undir formerkjum NATO.

Alþingi, 31. jan. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Jón Kristjánsson, varaform.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

NORÐUR-ATLANTSHAFSÞINGIÐ
Kemur saman á allsherjarfundi tvisvar á ári, á vorfund og ársfund

Sendinefndir aðildarríkja

16 aðildarríki Atlantshafsbandalagsins
188 þingmenn

Fjöldi þingsæta er í hlutfalli við fólksfjölda

Aukaaðilar

Frá Albaníu, Búlgaríu, Eistlandi, Hvíta-Rússlandi, Lettlandi, Litáen, Moldavíu, Póllandi, Rúmeníu, Rússlandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi, Ungverjalandi og Úkraínu

Hafa ekki atkvæðisrétt

Framkvæmdastjórn

Kosin árlega

Forseti, fjórir varaforsetar, gjaldkeri, framkvæmdastjóri

Stjórnarnefnd

Formenn sendinefnda
Formenn nefnda

Hvert land hefur eitt atkvæði

Kemur saman þrisvar á ári

Nefndarfundir

Fimm nefndir:
Félagsmálanefnd
Varnar- og öryggismálanefnd
Efnahagsnefnd
Stjórnmálanefnd
Vísinda- og tæknineFnd

Taka saman, ræða og greiða atkvæði um skýrslur og ályktanir

Mynda undirnefndir til að rannsaka afmörkuð mál og afla upplýsinga

Allsherjarfundir

Greiða atkvæði um tillögur nefndanna fimm og fjárhagsáætlun

Ræða afmörkuð málefni sem ofarlega eru á baugi

Hlýða á ávörp gesta

Þátttaka auka- og áheyrnaraðila

Önnur starfsemi

Árleg kynnisferð til að skoða hernaðarmannvirki og búnað

Námsstefnur og hringborðsumræður innan Rose-Roth áætlunarinnar

Fylgiskjal II.

UNDIRNEFNDIR — VINNUHÓPAR

Stjórnmálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um stækkun NATO og nýju lýðræðisríkin.
Undirnefnd um samskiptin yfir Atlantshafið og samskipti Evrópuríkja.
Vinnuhópur um sérstök samskipti NATO við Rússland og önnur ríki sem slíkra samskipta óska.

Varnar- og öryggismálanefnd.
(42 fulltrúar.*)

Undirnefnd um varnar- og öryggissamstarf Evrópu og Norður-Ameríku.
Undirnefnd um framtíð herafla.
Undirnefnd um öryggismál á norðurslóðum.

Efnahagsnefnd.
(35 fulltrúar.*)

Undirnefnd um efnahagssamstarf og samhæfingu austurs og vesturs.

Félagsmálanefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um samvinnu og öryggi almennra borgara.
Undirnefnd um Miðjarðarhafssvæðið.

Vísinda- og tækninefnd.
(31 fulltrúi.*)

Undirnefnd um útbreiðslu hernaðartækni.

---

* Fulltrúum fjölgar um einn eða tvo eftir því sem Íslendingar og Lúxemborgarar, með þrjá fulltrúa hvor þjóð, skipa fulltrúum sínum í einhverjar þrjár af þessum fimm nefndum.

Fylgiskjal III.

Skýrslur Norður-Atlantshafsþingsins 1996.

Stjórnmálanefnd:

Defining Moments in 1996. *Almenn skýrsla um þróun bandalagsins á árinu 1996.*

On the Verge of a Wider Alliance. *Skýrsla um stækkun NATO, sjónarmið Rússa o.fl.*

NATO Enlargement and the New Democracies. *Skýrsla um áhrif stækkunar NATO á nýju lýðræðisríkin, með sérstakri hliðsjón af Rúmeníu.*

In Quest of Mutually-Reinforcing Institutions. *Skýrsla um samstarf og samstarfsmöguleika NATO, ÖSE og fleiri stofnana.*

Regional Cooperation in Central Europe. *Skýrsla um svæðisbundið samstarf Mið-Evrópuríkja.*

In Pursuit of Euro-Mediterranean Security. *Skýrsla um öryggismál við Miðjarðarhaf.*

Varnar- og öryggismálanefnd:

The Reformation of NATO. *Skýrsla um endurskipulagningu á innri uppbyggingu NATO.*

Partnership for Peace: a basis for new security structures and an incentive for military reform in Europe. *Skýrsla um Samstarf í þágu friðar og áhrif þess samstarfs í Evrópu.*

The Bosnian Tragedy and IFOR: an example for transatlantic security cooperation. *Skýrsla um átökin í Bosníu-Hersegóvínu, fjölþjóðaherinn undir stjórn NATO og lærdóma sem af þeirri reynslu má draga.*

Baltic and Arctic Security: decisive challenge for a new Europe. *Skýrsla um öryggismál á norðurslóðum, með áherslu á Eystrasaltsríkin.*

Efnahagsmálanefnd:

The State of Transatlantic Relations and an Analysis of the New Transatlantic Agenda. *Skýrsla um samskipti Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.*

Economic Reforms in Poland. *Skýrsla um efnahagslegar umbætur í Póllandi.*

Félagsmálanefnd:

Rebuilding Bosnia: the task of civilians. *Skýrsla um uppbyggingu borgaralegs samfélags í Bosníu-Hersegóvínu.*

Immigration, Integration and the Fight Against Crime: lessons from the USA and Canada. *Skýrsla um málefni innflytjenda, skipulagða glæpastarfsemi og þá lærdóma sem draga má af reynslu Bandaríkjamanna og Kanadamanna.*

Asylum and Humanitarian Protection in Europe: the need for differentiated, just and coordinated policies. *Skýrsla um veitingu pólitísks hælis og vernd mannréttinda í Evrópu.*

Organized Crime and Illegal Immigration: findings from a seven-country inquiry. *Skýrsla um skipulagða glæpastarfsemi og ólöglega innflytjendur, byggð á niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru í sjö ríkjum.*

Cooperation for Security in the Mediterranean: the contributions of NATO, the European Union, and the Middle East Process. *Skýrsla um samstarf í öryggismálum við Miðjarðarhafið, friðarferlið og framlög NATO og ESB.*

Vísinda- og tækninefnd:
The Poor Man's Bomb. *Skýrsla um efnavopn og lífræn vopn.*
Science, Technology and Partnership for Peace: international intellectual property rights. *Skýrsla um vernd hugverka í vopnaframleiðslu.*
Ozone Depletion. *Skýrsla um eyðingu ósonlagsins.*
Blinding Laser Weapons. *Skýrsla um leysigeislavopn.*
Survey of Possible Topics for 1997. *Skýrsla um málefni sem taka má fyrir á árinu 1997.*
Limits on Nuclear Weapons. *Skýrsla um takmörkun kjarnorkuvopna.*

544. Skýrsla [289. mál]

Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1996.

1. Inngangur.

Evrópuráðið hefur allt frá falli Berlínarmúrsins gegnt stóru hlutverki í því að styðja þjóðir Mið- og Austur-Evrópu á leið þeirra til lýðræðis. Fjölmargir sáttmálar, sem Evrópuráðið hefur sett um hin ýmsu svið þjóðlífsins, þar sem hæst ber að sjálfsögðu mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að stofna eða endurreisa lýðræði og réttarríki í sínu landi. Að sama skapi hefur aðildarríkjum Evrópuráðsins fjölgað gífurlega frá árinu 1988 er þau voru 22 til ársins 1996 þegar Rússland og Króatía fengu aðild að ráðinu, en þar með eru aðildarríkin orðin fjörutíu. Jafnframt hafa Bandaríki Norður-Ameríku og Japan óskað eftir áheyrnaraðild að Evrópuráðsþinginu. Áhugi á störfum ráðsins fer því sífellt vaxandi og ólíkt flestum öðrum svokölluðum Evrópustofnunum eiga flest Evrópuríki nú sæti og rödd í sal Evrópuráðsþingsins.

Í upphafi yfirstandandi kjörtímabils voru eftirtaldir þingmenn skipaðir í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins til fjögurra ára, sem aðalmenn: Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Ragnar Grímsson varaformaður, Alþýðubandalagi, og Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki; sem varamenn: Tómas Ingi Olrich, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Örn Haraldsson, Framsóknarflokki, og Hjálmar Jónsson, Sjálfstæðisflokki. Árið 1996 urðu þær breytingar á skipan Íslandsdeildarinnar að Ólafur Ragnar Grímsson lét af þingsetu og í hans stað var Margrét Frímannsdóttir tilnefnd til setu í Íslandsdeildinni sem aðalmaður. Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Þá hefur Sveinn Á. Björnsson verið með fast aðsetur í Strassborg síðan í september 1995 og annast daglegan rekstur skrifstofu utanríkisráðuneytisins hjá Evrópuráðinu. Er þessi tilhögun einnig mikill styrkur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hvað varðar upplýsingaflæði og ýmiss konar aðstoð.

2. Fyrsti hluti þings Evrópuráðsins 1996.

Dagana 22.–26. janúar var I. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1996 haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich og Hjálmar Jónsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum. Aðalumræðuefni þessa þings var aðildarumsókn

Rússlands að Evrópuráðinu en hún var tekin til formlegrar afgreiðslu fimmtudaginn 25. janúar.

Á mánudeginum 22. janúar hófst þingfundur á kjöri forseta Evrópuráðsþingsins og var frú Leni Fischer, kristilegur demókrati frá Þýskalandi, einróma kjörin. Voru Spánverjanum Miguel Angel Martinez, fráfarandi forseta, færðar þakkir fyrir sérstaklega góð störf í þágu Evrópuráðsþingsins. Á fundi í nefnd þingsins um almannatengsl og samskipti við þjóðþing var Lára Margrét Ragnarsdóttir endurkjörin formaður nefndarinnar til eins árs. Auk hefðbundinna þingstarfa var á mánudeginum rætt um skýrslu um sagnfræði og sögukennslu evrópskra barna. Vegna takmörkunar á ræðutíma varð Lára Margrét Ragnarsdóttir að leggja fram ræðu sína skriflega í þessu máli. Í henni lagði Lára Margrét áherslu á mikilvægi þessa málaflokks og vitnaði til Íslendingasagnanna máli sínu til stuðnings. Þá flutti Tomas Savvin, forseti eistneska þingsins, ávarp.

Þriðjudaginn 23. janúar var fjallað um upplýsingasamfélagið og lýðræði (Electronic democracy) og var fastanefnd þingsins um almannatengsl og tengsl við þjóðþing falið að vinna nánar að þeirri skýrslu í samvinnu við fjórar aðrar nefndir þingsins. Þá var eftir umræður ályktað um vísinda- og tæknisamvinnu við ríki Mið- og Austur-Evrópu, um evrópska umhverfisstefnu og um rétt þjóðarbrota í Evrópu. Þennan dag flutti Flavio Cotti, utanríkisráðherra Sviss og formaður ráðherraráðs Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ávarp og svaraði fyrirspurnum þingmanna.

Miðvikudaginn 24. janúar var eftir umræður ályktað um evrópska uppeldisstefnu (European strategy for children) og lagði Hjálmar Jónsson fram skriflega ræðu í málinu vegna takmörkunar á ræðutíma. Í henni lagði hann áherslu á að frumábyrgð á uppeldi barna beri foreldrar þeirra. Þá var rætt um skýrslu um ástand flóttamanna og uppbyggingu í nokkrum ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu og ályktað um hana. Marti Ahtissari, forseti Finnlands, ávarpaði þingið og svaraði fyrirspurnum. Þá gerði Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Dana og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, grein fyrir störfum ráðherranefndarinnar. Á miðvikudeginum átti íslenska sendinefndin hádegisverðarfund með Sverri Hauki Gunnlaugssyni sendiherra og Sveini Á. Björnssyni sendifulltrúa, en Sveinn hefur fast aðsetur í Strassborg eins og getið er að framan.

Fimmtudagurinn 25. janúar var eingöngu helgaður umræðum um aðild Rússlands að Evrópuráðinu. Níutíu þingmenn voru á mælendaskrá en ræðutími var takmarkaður við fimm mínútur. Þrátt fyrir takmörkun ræðutíma gátu einungis rúmlega 50 þingmenn flutt ræður sínar munnlega en aðrir þurftu að leggja þær fram skriflega. Lára Margrét Ragnarsdóttir og Hjálmar Árnason fluttu munnlegar ræður en Tómas Ingi Olrich lagði fram skriflega ræðu. Í ræðu sinni lýsti Lára Margrét yfir vonbrigðum með hve hægt miðaði í lýðræðisátt í Rússlandi og lagði áherslu á að með frestun á afgreiðslu umsóknarinnar væri Evrópuráðsþingið ekki að hafna Rússum heldur hvetja þá til að hraða umbótum. Hjálmar Árnason lagði áherslu á að lýðræðisþróun í Rússlandi hlyti óhjákvæmilega að taka langan tíma en Rússland hefði lýst sig reiðubúið að virða lýðréttindi og hagsmunum lýðræðisaflanna væri best borgið með aðild að Evrópuráðinu. Tómas Ingi Olrich varaði við því að gera of mikið úr afleiðingum ákvörðunar þingsins í þessu máli og taldi það ekki skaða lýðræðisþróun í Rússlandi þótt aðildarumsókn þess yrði frestað. Hann benti á að efnahagsmál skiptu fólkið í landinu mestu og góður eða slæmur efnahagur skipti sköpum um framgang lýðræðis. Eftir mjög ítarlegar umræður samþykkti þingið, að viðhöfðu nafnakalli, að mæla með inngöngu Rússlands í Evrópuráðið. Alls greiddu 214 þingmenn atkvæði, 164 voru fylgjandi inngöngu Rússlands, 35 greiddu atkvæði gegn henni en 15 sátu hjá. Hjálmar Árnason greiddi atkvæði með inngöngu Rússlands, Tómas

Ingi Olrich greiddi atkvæði á móti henni en Lára Margrét Ragnarsdóttir sat hjá. Á fimmtudeginum voru þar að auki flutt þrjú ávörp. Fyrst flutti forseti þings Slóvakíu, Ivan Gasparovic, ávarp, þá forseti tékkneska þingsins, Milan Uhde, og að lokum ávarpaði John Bruton, forsætisráðherra Írlands, þingið og svaraði fyrirspurnum.

Á lokadegi þingsins var rætt og ályktað um skýrslur um ástand efnahagsmála í Hvíta-Rússlandi, Rússlandi og Úkraínu og um dýravernd og gripaflutninga innan Evrópu.

3. Annar hluti þings Evrópuráðsins 1996.

Dagana 22.–26. apríl var II. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1996 haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Hjálmar Árnason og Ólafur Örn Haraldsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum.

Á mánudeginum 22. apríl var, auk hefðbundinna þingstarfa, rætt um mat á hæfi dómara sem eru í kjöri til setu í mannréttindadómstóli Evrópu. Þá flutti Kirsti Kolle Grøndahl, forseti norska Stórþingsins, ávarp.

Þriðjudaginn 23. apríl var eftir umræður ályktað um stefnu Evrópulandanna í samgöngumálum, um sáttmála um málefni dreifbýlis í Evrópu og um þátt stjórnmálamanna í mati á nýjum vísindalegum og tæknilegum úrlausnum. Við umræðuna um samgöngumál flutti ávarp formaður ráðstefnu evrópskra samgönguráðherra, Karoly Lotz frá Ungverjalandi. Þá ávarpaði Leonid Kutchma, forseti Úkraínu, þingið og svaraði fyrirspurnum þingmanna.

Miðvikudaginn 24. apríl var rætt um aðild Króatíu að Evrópuráðinu og flutti Lára Margrét Ragnarsdóttir ræðu og Hjálmar Árnason lagði fram skriflega ræðu í málinu vegna takmörkunar á ræðutíma. Bæði studdu aðild Króatíu og lögðu áherslu á að í ljósi þess að þingið samþykkti aðild Rússlands að ráðinu í janúar væri ekki réttlætanlegt að hafna umsókn Króata. Evrópuráðsþingið samþykkti að mæla með inngöngu Króata í ráðið með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða og flutti Vlatko Paveltic, forseti króatíska þingsins, ávarp af því tilefni. Riita Ousokainen, forseti finnska þingsins, ávarpaði þingið þennan dag og Niels Helveg Petersen, utanríkisráðherra Dana og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, gerði grein fyrir störfum ráðherranefndarinnar og svaraði fyrirspurnum þingmanna. Eftir umræður um störf ráðherranefndarinnar var rætt og ályktað um málefni Alþjóða rauða krossins. Í þeirri umræðu benti Lára Margrét Ragnarsdóttir á að auk hjálparstarfa sinnti Rauði krossinn mikilvægum verkefnum, m.a. á sviði blóðsöfnunar, og einnig hvatti hún þingmenn til að styðja baráttu samtakanna gegn notkun jarðsprengna og leysigeislavopna sem ætlað er að blinda fólk. Þá benti hún á að stríðandi fylkingar í heiminum sýndu hlutlausum mannúðarsamtökum sífellt meiri óvirðingu og virtist sem árás Ísraelsmanna á búðir friðargæsluliða í Líbanon þann 18. apríl sl. væri nýjasta dæmið um þetta. Tók hún fram að íslenski utanríkisráðherrann hefði fordæmt árásina. Síðasta umræða þessa dags var um ályktun um þróun samskipta Rússlands og Tsjetsjeníu og ástandið þar. Auk þess flutti ávarp Babken Ararktsian, forseti armenska þingsins.

Fimmtudaginn 25. apríl var rætt og ályktað um framkvæmd Dayton-samkomulagsins um frið í Bosníu-Hersegóvínu. Var fulltrúum hinna ýmsu stofnana sem tengjast samkomulaginu boðið að taka þátt í umræðunni. Meðal þeirra sem töluðu voru Elizabeth Rehn fyrir mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Gret Haller, umboðsmaður mannréttindanefndar Bosníu-Hersegóvínu, Rolf Ryssdal, forseti mannréttindadómstóls Evrópu, Antonio Cassese, forseti alþjóðalega stríðsglæpadómstólsins í Haag, og Sir

Peter Emery, gjaldkeri ÖSE-þingsins. Lára Margrét Ragnarsdóttir flutti ræðu um þetta mál og lagði megináherslu á að dvöl friðargæsluliða undir stjórn NATO, svokallað IFOR-lið, í Bosníu-Hersegóvínu yrði lengri en eitt ár eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Þá kvað hún mikilvægt að Bandaríkjastjórn framlengdi veru 20.000 bandarískra hermanna á svæðinu og benti á mikilvægi NATO og Bandaríkjanna í varnar- og öryggismálum í Evrópu. Að lokum var rætt um framkvæmd Tyrkja á þeim skuldbindingum sem þeir hafa gengist undir til að bæta stjórnskipun og löggjöf í landinu. Þennan dag ávarpaði Guennady Selesnev, forseti rússnesku Dúmunnar, Evrópuráðsþingið.

Á lokadegi þingsins var þess minnst að nákvæmlega tíu ár voru liðin frá Chernobylslysinu. Var rætt um afleiðingar slyssins og flutti Ólafur Örn Haraldsson ræðu en Hjálmar Árnason lagði fram skriflega ræðu vegna takmörkunar á ræðutíma. Lögðu þeir báðir áherslu á að skoða þyrfti þá hættu sem stafaði af notkun kjarnorku í víðu samhengi og bentu á þá hættu sem lífríki Norður-Atlantshafs væri búin ef kjarnorkuslys yrðu t.d. á Kólaskaganum eða í kjarnorkuendurvinnsluverum Breta í Dounreay og Sellafield. Að lokum var rætt um ástand mála fyrir botni Miðjarðarhafsins og þeirri hættu sem friðarsamningum Ísraela og Palestínumanna gæti stafað af vaxandi átökum í Líbanon.

4. Þriðji hluti þings Evrópuráðsins 1996.

Dagana 24.–28. júní var III. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1996 haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Hjálmar Árnason, Hjálmar Jónsson og Ólafur Örn Haraldsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum þar sem rætt var um einstakar skýrslur sem unnar hafa verið af nefndum þingsins en auk þess voru nefndafundir og fundir þingflokka.

Á þessu þingi var tekin upp í dagskrá sú nýbreytni að gefa þingmönnum kost á að vekja athygli á málefnum sem þeir telja brýnt að beina augum þingsins að hverju sinni, án þess að umræða fari fram um einstök mál. Nýtti Hjálmar Árnason sér þetta tækifæri til að vekja athygli á hinu válega ástandi kjarnorkuflota og kjarnorkustöðva Rússa í Múrmansk og nágrenni og afleiðingum sem kjarnorkuslys á þessum slóðum gæti haft á lífríki Norðaustur-Atlantshafs.

Þingið ræddi og ályktaði um menningarsamstarf í Evrópu, sérstaklega á milli ESB og Evrópuráðsins, um vernd réttinda minnihlutahópa, um þá þætti Dayton- og Erdut-samninganna er snúa að óbreyttum borgurum og lýðréttindum (kosningar í Bosníu-Hersegóvínu), um afnám dauðarefsingar í Evrópu, um störf Evrópska þróunar- og endurreisnarbankans á árinu 1995, um þingkosningar í Albaníu og um hvernig vinna megi gegn óæskilegum áhrifum sem arfleifð stjórnkerfis kommúnista hefur á hin nýju lýðræðisríki í Austur-Evrópu. Þá samþykkti þingið álit um fjárlög þess fyrir árið 1997. Þar að auki var fjallað um ástand mála í Tsjetsjeníu og um stöðu ungs fólks í Evrópu.

Á þinginu flutti Siim Kallas, utanríkisráðherra Eistlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, skýrslu ráðherranefndarinnar. Jafnframt fluttu ávörp Kiro Gligorov, forseti fyrrverandi Júgóslavíulýðveldisins Makedóníu (FYROM), Vladimir Meciar, forsætisráðherra Slóvakíu, Ugo Mifsud Bonnici, forseti Möltu, og Jacques de Larosiére, forseti Evrópska þróunar- og endurreisnarbankans.

Kosnir voru dómarar í mannréttindadómstól Evrópu frá Moldóvu og Hollandi.

5. Fjórði hluti þings Evrópuráðsins 1996.

Dagana 23.–27. september var IV. hluti þings Evrópuráðsins á árinu 1996 haldinn í Strassborg. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu þingið Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Tómas Ingi Olrich og Ólafur Örn Haraldsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Að vanda fóru meginstörf þingsins fram á þingfundum en auk þess voru fundir í fastanefndum þingsins og í þingflokkum.

Á mánudeginum 23. september var dagskrá IV. hluta þingsins lögð fram til samþykktar. Þar var gert ráð fyrir að sérstök umræða færi fram um kynferðislega misnotkun barna í ljósi voveiflegra tíðinda vikurnar á undan, einkum frá Belgíu, og var gert ráð fyrir að umræðan færi fram í lok þingsins föstudaginn 27. september. Lára Margrét Ragnarsdóttir mótmælti þeirri tímasetningu og sagði málefnið allt of mikilvægt til að réttlætanlegt væri að ræða það í hálftómum sal í lok þingsins. Lagði hún til að umræðan færi fram á miðvikudeginum þar sem fimm klukkustundir voru ætlaðar umræðum um starfsemi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), og var tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta þrátt fyrir andmæli Leni Fischer, forseta þingsins. Þá var rædd skýrsla framkvæmdastjórnar þingsins um starfsemi þess og innri málefni. Loks ávarpaði Jorge Sampaio, forseti Portúgals, þingið og svaraði spurningum þingmanna.

Þriðjudaginn 24. september var rædd tillaga þess efnis að mælt yrði með að haldinn yrði leiðtogafundur aðildarríkja Evrópuráðsins, og var samþykkt að mæla með að slíkur fundur yrði haldinn í Strassborg haustið 1997. Þá ávarpaði Guntis Ulmanis, forseti Lettlands, þingið og svaraði spurningum þingmanna. Siim Kallas, utanríkisráðherra Eistlands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, ávarpaði þingið fyrir hönd ráðherranefndarinnar og svaraði spurningum þingmanna. Ræddar voru skýrslur og ályktanir samþykktar um framtíð félagsmálastefnu og um atvinnuleysi í Evrópu. Telgmaa frá Eistlandi lagði fram breytingartillögu við skýrslu um framtíð félagsmálastefnu þar sem lagt var til að þingið mælti með „sérstakri aðstoð“ og fjárhagslegum hvötum til sköpunar atvinnutækifæra á dreifbýlissvæðum, m.a. í sjávarútvegi. Tómas Ingi Olrich mælti gegn tillögunni og sagði hana hvetja til opinberra niðurgreiðslna í málaflokkum þar sem flest Evrópuríki væru að reyna að skera slíkar niðurgreiðslur niður. Hann minnti þingið á að sum Evrópuríki væru nær algerlega háð sjávarútvegi og að slíkar niðurgreiðslur skekktu samkeppnisstöðu þessarar ríkja. Niðurgreiðslur af þessu tagi mundu því ekki draga úr atvinnuleysi líkt og ætlunin væri, heldur yrðu þær einungis til að færa atvinnuleysi frá einu landi til annars. Tillagan var felld. Þá var rædd skýrsla um mannréttindamál flóttamanna í Georgíu og ályktað um þau og loks voru kosnir dómarar frá Rúmeníu og Úkraínu í mannréttindadómstól Evrópu.

Miðvikudagurinn 25. september hófst á umræðunni um kynferðislega misnotkun barna. Þar flutti Lára Margrét Ragnarsdóttir ræðu þar sem hún sagðist óttast að þau mál sem fram hefðu komið nýlega væru einungis toppurinn á stórum ísjaka. Lára Margrét sagði tíma til kominn að ríkisstjórnir og fjölþjóðastofnanir tækju á þessum málaflokki af fullum krafti og sagði að allar þær stofnanir er fjölluðu um mannréttindi, lög og reglur ættu að gera þetta mál að algeru forgangsatriði. Þá hvatti hún jafnframt til samræmingar í löggjöf aðildarríkjanna til þess að auðvelda samstarf í þessum efnum og hvatti jafnframt til þess að einstök ríki áskyldu sér rétt til að sækja hvern þann til saka sem framið hefði slíka glæpi, án tillits til hvar í heiminum afbrotin hefðu verið framin. Þá fór fram umræða um skýrslu um starfsemi Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar og var ályktað um hana, en jafnframt flutti Donald Johnston, framkvæmdastjóri stofnunarinn-

ar, ávarp. Loks var rædd skýrsla og ályktun samþykkt um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og framkvæmd niðurstaðna Úrúgvæ-lotunnar.

Fimmtudaginn 26. september var fjallað um og samþykkt álit um tillögu þess efnis að samþykktur verði viðauki við mannréttindasáttmála Evrópu þar sem fjallað er um verndun mannréttinda í tengslum við líflæknisfræði. Þar flutti Tómas Ingi Olrich ræðu þar sem hann sagði sífellt mikilvægara að slíkur viðauki væri samþykktur. Tómas fjallaði um þann vanda sem í því væri fólginn að skilgreina rétt jafnvægi sem hvorki hindraði framgang vísinda og tækni né gengi á rétt einstaklinganna. Hann lagði hins vegar áherslu á að okkur væri mest hætta búin af því ef enginn slíkur viðauki við sáttmálann yrði samþykktur og þessum málaflokki gert að lifa við skort á samræmdum reglum. Þá ávarpaði Marc Forné, forsætisráðherra Andorra, þingið og svaraði spurningum þingmanna. Loks var rætt um svonefnt friðarferli í Mið-Austurlöndum, en daginn áður brutust að nýju út hörð átök á svæðinu. Ákveðið var að fresta umræðu um skýrslu og ályktun á grundvelli hennar, en þess í stað var samþykkt yfirlýsing þar sem Evrópuráðsþingið lýsti áhyggjum af harðnandi átökum í Mið-Austurlöndum og hvatti Ísraela og Palestínumenn til að setjast aftur að samningaborðinu.

Föstudaginn 27. september var rædd skýrsla og ályktað um fólksflutninga og málefni flóttamanna.

6. Nefndastörf.

a. Skipting Íslandsdeildarinnar í nefndir.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í nefndum skiptist þannig:

1. Sameiginleg nefnd með ráðherranefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
2. Fastanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
3. Stjórnmálanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
til vara:	Margrét Frímannsdóttir
4. Laganefnd:	Margrét Frímannsdóttir
til vara:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
5. Efnahagsnefnd:	Margrét Frímannsdóttir
til vara:	Hjálmar Jónsson
6. Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara:	Hjálmar Árnason
7. Þingskapanefnd:	Lára Margrét Ragnarsdóttir
8. Fjárlaganefnd:	Hjálmar Jónsson
9. Landbúnaðarnefnd:	Ólafur Örn Haraldsson
til vara:	Hjálmar Jónsson
10. Vísinda- og tækninefnd:	Tómas Ingi Olrich
til vara:	Hjálmar Árnason
11. Mennta- og menningarmálanefnd:	Hjálmar Árnason
til vara:	Tómas Ingi Olrich
12. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:	Hjálmar Jónsson
13. Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins:	Tómas Ingi Olrich
14. Flóttamannanefnd:	Hjálmar Árnason
15. Nefnd um almannatengsl þingsins:	Lára Margrét Ragnarsdóttir

b. Þátttaka í nefndafundum utan þinga.

Utan reglulegra þinga halda nefndir Evrópuráðsþingsins nokkra fundi árlega, ýmist í Strassborg, París eða í einhverju aðildarríkja ráðsins. Alls tók Íslandsdeildin þátt í nítján slíkum fundum á árinu 1996, sem er einungis lítið brot þeirra funda sem Íslandsdeildin þyrfti að sækja til að gott væri. Með stækkun Evrópuráðsins hefur það hlotið aukið vægi í samskiptum ríkja álfunnar og skortur á fjármagni til að sækja nefndafundi gerir þingmönnum erfitt um vik að fylgja einstökum málum eftir og hafa þau áhrif sem æskilegt væri. Rík ástæða er því til að taka alþjóðastarf Alþingis til gagngerrar endurskoðunar.

Á fundi vísinda- og tækninefndar þann 19. nóvember í París var Tómas Ingi Olrich tilnefndur til að vinna skýrslu fyrir hönd nefndarinnar um orkusáttmála Evrópu og verður hann framsögumaður þeirrar skýrslu á árinu 1997.

Alþingi, 30. jan. 1997.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Margrét Frímannsdóttir, varaform.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Hjálmar Jónsson.

545. Skýrsla [290. mál]

Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1996.

VES-þingið er þingmannasamkunda Vestur-Evrópusambandsins (VES) sem er varnarbandalag Vestur-Evrópuríkja og stofnað var með Brussel-sáttmálanum árið 1948. Í Maastricht-sáttmála ESB árið 1991 var VES falin útfærsla og framkvæmd varnarmálahluta sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB. VES er einkum ætlað að gegna tveimur hlutverkum, að annast samræmingu á varnarmálahluta ESB, eins og að framan greinir, og jafnframt eru samtökin Evrópustoð NATO, þ.e. Evrópuríki sem aðild eiga að NATO eiga einnig aðild í einhverju formi að VES. Ofarlega á baugi umræðunnar innan VES-þingsins er framtíð sambandsins sjálfs, en fyrir ríkjaráðstefnu ESB sem nú stendur yfir liggur m.a. að taka stöðu og hlutverk VES til endurskoðunar. Aukið sjálfstæði Evrópuríkja í öryggis- og varnarmálum, staða evrópskra aðildarríkja NATO sem ekki eiga aðild að ESB, tengsl VES við NATO og ESB og stækkun VES og NATO til austurs er á meðal þess sem hefur verið til umræðu á vettvangi VES-þingsins árið 1996.

I. Markmið og skipulag VES-þingsins.

VES-þingið var stofnað árið 1954 þegar verulegar breytingar voru gerðar á stofnsáttmála VES, m.a. til þess að veita Ítalíu og Þýskalandi aðild. Aðildarríki þingsins eru tíu talsins og eru þau jafnframt öll aðildarríki ESB og NATO. Þau eru: Belgía, Bretland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland. Samtals eiga þessi ríki 108 fulltrúa á VES-þinginu. Aukaaðild að þinginu eiga þau evrópsku aðildarríki NATO sem ekki eiga aðild að ESB, Ísland, Noregur og Tyrkland. Aukaaðildina fengu þau formlega 6. mars 1995. Áheyrnaraðild að VES-þinginu eiga ESB-ríkin Austurríki, Danmörk, Finnland, Írland og Svíþjóð. Loks hafa tíu ríki Mið- og Austur-Evrópu gert samstarfssamninga við VES og hafa í krafti þess áheyrnaraðild að VES-

þinginu. Þau eru: Búlgaría, Eistland, Lettland, Litáen, Pólland, Rúmenía, Tékkland, Slóvakía, Ungverjaland og Slóvenía.

Þingið hefur aðsetur í París. Tveir þingfundir eru haldnir árlega, í júní og desember, en þingið getur haldið aukafundi að ákvörðun forsætisnefndar, líkt og gert var í febrúar 1996. Hlutverk þingsins er að fjalla um málefni er falla undir starfssvið VES. Þingið fjallar um ársskýrslu VES og fjárhagsáætlun. Það tekur margvísleg málefni til umfjöllunar í nefndum þingsins, ályktar og gerir tillögur til ráðherraráðsins. Skjöl þingsins eru gefin út á ensku og frönsku. Umræður fara fram á tungumálum aðildarríkjanna. Fastanefndir VES-þingsins eru sex: varnarmálanefnd, stjórnmálanefnd, tækni- og geimvísindanefnd, fjármála- og stjórnsýslunefnd, þingskapanefnd og nefnd um almannatengsl. Íslandsdeildin á eitt sæti í hverri nefnd. Varamenn í landsdeildum mega taka aðalsæti í nefndum. Á þinginu starfa auk fastanefnda forsætisnefnd (Presidential Committee) og stjórnarnefnd (Standing Committee). Þessar nefndir taka ákvarðanir á milli þinga, sú fyrrnefnda einkum hvað varðar skipulagningu og stjórn þingsins, sú síðarnefnda á pólitíska sviðinu. Venja er að formenn landsdeilda sitji í þessum nefndum. Í forsætisnefnd sitja enn fremur forseti þingsins, níu varaforsetar þess (einn frá hverju hinna aðildarríkjanna), nefndaformenn og þeir fyrrverandi forsetar þingsins sem enn kunna að eiga þar sæti. Í stjórnarnefnd sitja allt að þremur fulltrúum til viðbótar frá hverju aðildarríki, alls 30 manns til viðbótar við forsætisnefnd. Ísland á einn fulltrúa í hvorri nefnd. Nefndir þingsins halda alla jafna nokkra fundi á ári utan þingfundanna.

Samkvæmt starfsreglum VES-þingsins (gr. 17.1) á Alþingi í krafti aukaaðildar sinnar rétt á að senda þrjá fulltrúa á fundi VES-þingsins. Þá mega varamenn landsdeilda taka aðalsæti í nefndum en geta einungis sótt þingfundina sem áheyrnarfulltrúar. Aukaaðilar geta samkvæmt núverandi reglum þingsins tekið mikinn þátt í störfum þess. Þeir hafa þó ekki full réttindi, t.d. geta þeir ekki tekið þátt í kosningu framkvæmdastjórnar þingsins eða umfjöllun um ársskýrslu VES. Þeir hafa ekki heldur rétt til að tala sitt eigið tungumál á fundunum. Í flestum tilfellum hafa þeir þó atkvæðisrétt í nefndum, rétt á að taka til máls, gera breytingartillögur, taka þátt í nefndastarfi o.s.frv.

II. Stofnun Íslandsdeildar VES-þingsins.

Vegna aðildar Íslands að NATO hefur Alþingi lengi staðið til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boð VES-þingsins árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem þó tók ekki formlega gildi fyrr en í mars 1995. Í umboði forsætisnefndar tilnefndu Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins og síðar Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins áheyrnarfulltrúa á desemberfund VES-þingsins árin 1994 og 1995. Í kjölfar þess að Ísland hlaut formlega aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu í mars 1995 samþykkti forsætisnefnd á fundi í maí 1995 að stofna Íslandsdeild VES-þingsins. Tilnefnd af þingflokkunum til setu í Íslandsdeildinni voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson, Alþýðuflokki, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sem aðalmenn, og Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, og Ásta R. Jóhannesdóttir, Þjóðvaka, sem varamenn. Á fyrsta fundi Íslandsdeildarinnar 8. júní 1995 var Lára Margrét Ragnarsdóttir kjörin formaður og Össur Skarphéðinsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari. Alþingi á sem fyrr segir rétt á að senda þrjá fulltrúa á VES-þingið í krafti aukaaðildarinnar auk áheyrnarfulltrúa sem jafnframt geta tekið sæti aðalmanna í nefndum þingsins. Skipan Íslandsdeildarinnar í nefndir er sem hér segir:

Forsætis-, stjórnar- og stjórnmálanefnd	Lára Margrét Ragnarsdóttir
Varamaður	Össur Skarphéðinsson
Varnarmálanefnd	Össur Skarphéðinsson
Varamaður	Kristján Pálsson
Nefnd um almannatengsl	Össur Skarphéðinsson
Tækni- og geimvísinda-, fjármála- og stjórnsýslu- og þingskapanefnd	Siv Friðleifsdóttir

III. Starfsemi á árinu.

VES-þingið kemur sem fyrr segir saman tvisvar á ári til reglulegra þingfunda, í júní og desember, auk þess sem nefndir þingsins funda nokkrum sinnum á ári utan þingfunda. Þá var sem fyrr segir haldinn aukaþingfundur í febrúar. Á árinu tók Íslandsdeildin þátt í þingfundunum í febrúar, júlí og desember, en hún hefur ekki hlotið fjárveitingu til að sækja nefndafundi utan þingfundanna og setur það starfi hennar afar þröngar skorður. Á vegum VES-þingsins eru til umræðu mikilvæg hagsmunamál jafnt Íslands sem Evrópu allrar í öryggis- og varnarmálum og því æskilegt að geta fylgt málum eftir innan nefndastarfsins á milli þess sem þingið fundar á hálfs árs fresti.

a. Aukafundur VES-þingsins í febrúar.

Dagana 22.–23. febrúar var haldinn sérstakur aukafundur VES-þingsins til að fjalla um ríkjaráðstefnu ESB sem hófst í mars 1996, en þar eru m.a. til umræðu framtíðarhlutverk og staða VES. Fundurinn var haldinn í London en Bretar fóru með formennsku í ráðherraráði VES fyrri árshelming 1996. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Össur Skarphéðinsson varaformaður og Kristján Pálsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Eftirfarandi gestir fluttu ávörp á þinginu og svöruðu fyrirspurnum: Betty Boothroyd, forseti neðri deildar breska þingsins, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Sergio Balanzino, aðstoðarframkvæmdastjóri NATO, og John Major, forsætisráðherra Bretlands.

Eftirfarandi skýrslur voru lagðar fram og ræddar á fundinum og ályktað um efni þeirra:

Skipulag öryggismála í Evrópu — pólitískar hliðar.

Skipulag öryggismála í Evrópu — varnarmál.

Fyrir hönd aukaaðildarríkjanna þriggja (Íslands, Noregs og Tyrklands) skrifaði Össur Skarphéðinsson sérstakan viðauka við síðarnefndu skýrsluna þar sem fjallað er um helstu áhersluatriði þeirra um framtíð VES og tengsl sambandsins við NATO og ESB.

Í setningarávarpi sínu sagði Sir Dudley Smith, forseti VES-þingsins, að VES ætti að sínu mati að mynda einhvers konar brú á milli ESB og NATO, en ekki mætti einblína um of á hlutverk VES sem varnarmálaarms ESB. Þá sagði hann óásættanlegt að ákvarðanir um þátttöku einstakra aðildarríkja VES í hernaðaraðgerðum yrðu teknar af yfirþjóðlegum stofnunum eða með meirihlutaatkvæði — slíkar ákvarðanir gætu einungis viðkomandi ríkisstjórnir og þjóðþing tekið. Loks greindi hann frá því að á þessum þingfundi væru í fyrsta sinn lagðar fram skýrslur með viðaukum frá fulltrúum aukaaðildarríkja og ríkja með áheyrnaraðild.

Franski þingmaðurinn Jacques Baumel, framsögumaður varnarmálaskýrslunnar, lét þess getið að viðaukar skýrslunnar lýstu ólíkum sjónarmiðum. Hann sagði innihaldið í viðauka Össurar Skarphéðinssonar vera á þá leið að „án Bandaríkjanna væri enginn bjargvættur". Í umræðum um skýrsluna mælti Össur Skarphéðinsson gegn hugmyndum

um sameiningu VES og ESB eða að hið fyrrnefnda yrði fellt undir hið síðarnefnda. Slíkt gengi gegn hagsmunum aukaaðildarríkja VES og raunar Evrópu allrar. Össur sagði tengslin yfir Atlantshafið enn vera grundvallaratriði evrópskra öryggis- og varnarmála, líkt og sannast hefði með Bosníudeilunni. Því mætti efling sjálfstæðs evrópsks varnarmáttar ekki verða á kostnað NATO-samstarfsins. Ný kynslóð bandarískra stjórnmálamanna kynni að túlka slíka þróun sem skilaboð um minni áhuga Evrópuríkja á bandarískri þátttöku í vörnum Evrópu en áður. Enn fremur vaknaði spurning um stöðu evrópskra NATO-ríkja sem ekki væru aðilar að ESB. Þessi ríki væru nú með aukaaðild að VES sem nefndi sig sjálft Evrópustoð NATO. Össur sagðist ekki fá séð að þessi ríki gætu tekið fullan þátt í starfi VES sem sameinað hefði verið ESB, sem fyrir vikið gæti varla staðið undir nafni sem „Evrópustoð NATO". Því yrði sameining VES og ESB til þess fallin að skapa nýjar markalínur í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

Irfan Demiralp frá Tyrklandi sagði tíma vera til kominn að aukaaðildarríkjum VES yrði boðið að gerast fullgildir aðilar að sambandinu. Öðru vísi væri marklaust að tala um VES sem Evrópustoð NATO. Matyas Eorsi frá Ungverjalandi (sem hefur áheyrnaraðild að VES-þinginu) sagði stöðu Íslands ekki vera stóra málið í umræðum um öryggis- og varnarmál Evrópu, heldur væru það ýmis fyrrverandi ríki Varsjárbandalagsins sem stæðu frammi fyrir raunverulegri ógn og sótt hefðu um aðild að NATO, VES og ESB sem þyrftu að fá úrlausn sinna mála.

Á fundinum voru samþykkt tilmæli til ráðherraráðs VES þar sem hvatt var til aukins samstarfs VES og ESB, en jafnframt var varað við því að veita nokkru því ríki aðild að VES sem ekki væri reiðubúið til að taka fullan þátt í varnarsamstarfi undir formerkjum NATO, og ítrekuð fyrri tilmæli þingsins þess efnis að evrópskum aðildarríkjum NATO er stæðu utan ESB yrði boðin full aðild að VES.

b. II. hluti 41. fundar VES-þingsins.

Dagana 3.–6. júní var síðari hluti 41. fundar VES-þingsins haldinn í París. Af hálfu Íslandsdeildarinnar sóttu fundinn Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Össur Skarphéðinsson varaformaður og Siv Friðleifsdóttir, auk Þórðar Bogasonar, starfandi ritara Íslandsdeildarinnar. Á þinginu bar hæst umræðu um málefni er tengdust ríkjaráðstefnu ESB-ríkjanna og stöðu VES gagnvart ESB, um niðurstöður ráðherrafundar Norður-Atlantshafsráðsins sem haldinn var í Berlín 3. júní og um framkvæmd friðargæslu í Bosníu-Hersegóvínu.

Eftirfarandi skýrslur voru lagðar fram og ræddar á fundinum og ályktað um efni þeirra:

Fjárlög VES-þingsins fyrir fjárlagaárið 1996.
Stefna í Evrópusamstarfi um upplýsingaöflun.
Aðgerðaskipulag VES — svar við 41. ársskýrslu ráðherraráðsins.
Bandaríkin og öryggismál Evrópu.
Kjör forseta og varaforseta VES-þingsins.
Setning funda VES-þingsins og kjör framkvæmdastjórnar.
Samskipti þjóðþinga aðildarríkja VES og alnetið.
Herir, varnir Evrópu og upplýsingastreymi til almennings í aðildarríkjum VES.
Euclid-verkefnið og Evrópusamstarf í gerð rafrænna varnarkerfa.
VES og Helios 2.
Friðarferlið á Balkanskaga — framkvæmd Dayton-samkomulagsins.
Almenn skýrsla um starfsemi VES — svar við 41. ársskýrslu ráðherraráðsins.

Á fyrri árshelmingi 1996 voru Bretar í formennsku fyrir VES og gerðu bæði Malcolm Rifkind, utanríkisráðherra Bretlands og formaður ráðherraráðs VES, og Michel Portillo varnarmálaráðherra grein fyrir störfum VES. Báðir fögnuðu sérstaklega niðurstöðum ráðherrafundar NATO þar sem samþykkt var hin svonefnda „CJTF"-áætlun (Combined Joint Task Forces), en VES-þingið hefur á undanförnum árum ítrekað ályktað um nauðsyn þess að áætluninni verði hrint í framkvæmd. Áætlunin gerir í grófum dráttum fleiri eða færri aðildarríkjum VES fært að takast á hendur verkefni á sviði öryggis- og varnarmála og nýta til þess búnað og herstjórnarkerfi NATO en pólitísk og hernaðarleg stjórn væri á hendi VES. Samstaða er um það meðal NATO- og VES-ríkjanna að uppbygging sérstaks herstjórnarkerfis fyrir VES væri allt of kostnaðarsöm, en flest ríkjanna hafa skorið niður framlög til hernaðarmála.

Jafnframt ávörpuðu þingið og sátu fyrir svörum Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Leonid Kuchma, forseti Úkraínu, og Jean-Luc Dehane, forsætisráðherra Belgíu, en Belgía gegndi formennsku í ráðherraráði VES síðari árshelming 1996.

Í umræðum um störf VES á liðnu ári gerði Siv Friðleifsdóttir að umtalsefni ríkjaráðstefnu ESB og taldi æskilegt að VES héldi sjálfstæði sínu gagnvart ESB. Benti hún á að líta mætti svo á að með samþykkt „CJTF"-áætlunarinnar hafi NATO verið að styrkja hlutverk VES sem sjálfstæðrar Evrópustoðar samtakanna.

c. I. hluti 42. fundar VES-þingsins.

Dagana 2.–5. desember var haldinn I. hluti 42. fundar VES-þingsins í París. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, Siv Friðleifsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Eftirfarandi gestir ávörpuðu fundinn: Jean-Pol Poncelet, varnarmálaráðherra Belgíu, sem þá fór með formennsku í ráðherraráði VES, Jacques Chirac, forseti Frakklands, Aleksander Kwasniewski, forseti Póllands, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, og Vladimir Meciar, forsætisráðherra Slóvakíu.

Eftirfarandi skýrslur voru lagðar fram og ræddar á fundinum og ályktað um efni þeirra:

Öryggismál austurhluta Evrópu.
Framtíðarhlutverk VES.
Öryggismál við Miðjarðarhaf.
Öryggi og varnir stækkaðrar Evrópu.
Horfur í samstarfi Japans og Evrópu á sviði geimvísinda.
Eftirlit úr lofti.
Samstarf þjóðþinga á svæðinu við Svartahaf.
Fjárlög VES-þingsins fyrir árið 1997.

Þá fóru fram sérstakar umræður þar sem ályktað var um hlutverk Vestur-Evrópu í Bosníu annars vegar og í Saír, Rúanda og nágrannaríkjum hins vegar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir lagði fram tvær breytingartillögur við ályktun skýrslunnar um öryggismál austurhluta Evrópu. Í þeirri fyrri lýsir VES-þingið yfir áhyggjum sínum af stöðu mála í sambandsríkinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) þar sem stjórnvöld höfðu hafnað niðurstöðum nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga og haft að engu fjöldamótmæli almennings í landinu. Í ályktuninni er tekið fram að með þessu sé ríkisstjórn landsins að stofna í hættu friði heima fyrir, sem og friðarferlinu í Bosníu-Hersegóvínu. Í þeirri síðari lýsir VES-þingið því yfir að ríkisstjórn Júgóslavíu geti ekki reikn-

að með að ríkið verði hluti af nýju öryggiskerfi Evrópu, sem nú sé í þróun, haldi stjórnvöld áfram að vanvirða almenn mannréttindi og lýðræðislegar leikreglur. Báðar hlutu tillögurnar einróma samþykki þingsins.

Á fundinum var spænski sósíalistinn Lluís María de Puig kjörinn forseti VES-þingsins í stað breska íhaldsmannsins Sir Dudleys Smith sem verið hefur forseti þingsins frá júní 1993. De Puig tók sæti 1. janúar 1997. Í kveðjuræðu sinni lýsti Sir Dudley ánægju sinni með að á undanförnum árum hafi VES styrkst jafnt og þétt og minnti á að nú ættu alls 28 ríki fulltrúa á fundum ráðherraráðsins og VES-þingsins, en á fundinum hlaut Slóvenía áheyrnaraðild að þinginu. Sir Dudley lagði jafnframt áherslu á þá skoðun sína að VES ætti áfram að halda sjálfstæði sínu gagnvart ESB, sem og að öllum evrópskum aðildarríkjum NATO ætti að standa til boða full aðild að VES. Í þakkarávarpi sínu lýsti De Puig þeirri bjargföstu skoðun sinni að efla þyrfti VES bæði sem varnarmálaarm ESB og Evrópustoð NATO. Hann sagðist ekki telja æskilegt að VES yrði fellt undir ESB en taldi æskilegt að stofnanirnar nálguðust. Meginhersluna lagði hann hins vegar á eflingu VES er starfa myndi í nánu samstarfi við bæði ESB og NATO. Annars komu fram skiptar skoðanir um hvernig haga bæri tengslum VES við ESB og m.a. sagði Jacques Chirac Frakklandsforseti það vera markmið Frakka að í fyllingu tímans yrði VES fellt undir ESB, þó svo að í bili yrði sjónunum einkum beint að eflingu VES. Bretar héldu að vanda uppi ákafri gagnrýni á allar hugmyndir um samruna VES við ESB.

Alþingi, 30. jan. 1997.

Lára Margrét Ragnarsdóttir, form.	Siv Friðleifsdóttir.	Össur Skarphéðinsson, varaform.

546. Skýrsla [291. mál]

Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1996.

Saga ÖSE-þingsins.

Aðild að Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE (áður Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE), eiga 55 ríki Evrópu og Norður-Ameríku. Stofnunin starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975. Henni er ætlað að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna í París 21. nóvember 1990 var hvatt til þess að komið yrði á fót reglulegum fundum þingmanna ríkjanna. Á fundi þjóðarleiðtoganna í Madrid í apríl 1991 var svo ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal ÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. Í ársbyrjun 1995 breytti þingið síðan um nafn og kallast nú ÖSE-þingið.

Starf ÖSE-þingsins 1996.

Kosningaeftirlit bar að venju hæst í starfi ÖSE-þingsins á árinu 1996, en af einstökum málefnum má nefna öryggismódel 21. aldar, stöðugleika í Mið- og Austur-Evrópu og hlutverk ÖSE í Bosníu-Hersegóvínu. Í svonefndu Dayton-friðarsamkomulagi er ÖSE einkum falið að hafa umsjón með þremur málaflokkum við uppbyggingu Bosníu-Hersegóvínu: kosningum, mannréttindamálum og aðstoð við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

Íslandsdeildin var skipuð sem hér segir árið 1996:

Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, formaður, Ragnar Arnalds, Alþýðubandalagi, varaformaður, Hjálmar Árnason, Framsóknarflokki, Guðjón Guðmundsson, Sjálfstæðisflokki, og Guðný Guðbjörnsdóttir, Kvennalista.

Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Starfsemi á árinu 1996.

a. Fundur stjórnarnefndar.

Fundur stjórnarnefndar ÖSE-þingsins var haldinn dagana 11.–12. janúar í Vín. Fundinn sótti af hálfu Íslandsdeildarinnar formaður og ritari. Fundurinn einkenndist af umræðum um það mikilvæga hlutverk sem ÖSE er ætlað í að koma á friði og stöðugleika í Bosníu-Hersegóvínu en einnig um tillögur sem uppi eru innan öldungadeildar Bandaríkjaþings í þá veru að hætta þátttöku í starfi ÖSE-þingsins.

Fundurinn var tvískiptur. Fyrri daginn fluttu ýmsir helstu embættismenn ÖSE erindi og sátu fyrir svörum þingmanna. Erindi fluttu Max van der Stoel, sérlegur erindreki um málefni minnihlutahópa, Audrey Glover, yfirmaður þeirrar stofnunar ÖSE sem fer með mannréttindi og lýðræði, dr. Wilhelm Höynck, framkvæmdastjóri ÖSE, Istvan Gyarmati, sérlegur fulltrúi formanns ráðherraráðsins, og Benedikt von Tscharner, formaður ÖSE-ráðsins, auk Flavios Cottis, utanríkisráðherra Sviss og formanns ráðherraráðs ÖSE.

Seinni daginn fundaði stjórnarnefndin um innri málefni ÖSE-þingsins. Á fundinum var fyrrverandi Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu formlega veitt aðild að ÖSE-þinginu, enda þegar aðildarríki ÖSE.

Rætt var um kosningaeftirlit ÖSE á árinu 1995 í Armeníu, Lettlandi, Króatíu, Georgíu, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússlandi, Kasakstan og Rússlandi, en samtals tóku þar um 200 þingmenn þátt í nafni ÖSE en á kostnað eigin þjóðþinga. Spencer Oliver, framkvæmdastjóri þingsins, lagði áherslu á mikilvægi þátttöku þingmanna í slíku eftirliti, enda hefðu kjörnir fulltrúar annan og meiri trúverðugleika en embættismenn við slíkar kringumstæður og ættu jafnframt mun auðveldara með að ná athygli fjölmiðla. Rúmenski þingmaðurinn Emil Roman greindi frá því að Rúmenía hefði á undanförnum árum sent þingmenn til þátttöku í kosningaeftirliti en mæltist jafnframt til þess að þeir fengju að fylgjast með framkvæmd kosninga í rótgrónari lýðræðisríkjum ÖSE þeim sjálfum til fróðleiks er koma mundi að gagni við framkvæmd kosninga heima fyrir. Tilmælum Romans var almennt vel tekið og sagðist Frank Swaelen, forseti ÖSE-þingsins, mundu koma þessari hugmynd áleiðis.

Undir liðnum önnur mál var greint frá því að í lagafrumvarpi, sem nýlega hafði verið lagt fram í öldungadeild Bandaríkjaþings, væri lagt til að Bandaríkjaþing hætti þátttöku í starfi ÖSE-þingsins. Í umræðum kom m.a. fram að ÖSE-þingið var stofnað árið 1991 að tillögu Bandaríkjamanna. Steny Hoyer, fulltrúi Bandaríkjaþings sagði ekki vera

mikinn stuðning við þessa tillögu og þóttist þess fullviss að ákvæðið yrði fellt úr frumvarpinu áður en það yrði samþykkt. Francis Leblanc, fulltrúi Kanadaþings, lagði fram ályktunartillögu þar sem lýst er mikilvægi áframhaldandi þátttöku Bandaríkjaþings í starfi ÖSE-þingsins, ekki síst eftir undirritun Dayton-friðarsamkomulagsins. Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Loks lögðu fulltrúar þjóðþinga ESB-ríkjanna fram ályktunartillögu um friðarsamkomulagið í Bosníu þar sem lýst var yfir ánægju með mikilvægt hlutverk ÖSE í að tryggja frið og stöðugleika í ríkinu. Fulltrúi Króatíuþings, Ivan Milas, mótmælti hins vegar áskorun ályktunarinnar til ríkisstjórnar Króatíu þess efnis að hún byði ÖSE að koma þar upp fastri sendinefnd er hefði eftirlit með friði og mannréttindum, og var ályktunin því samþykkt með öllum atkvæðum nema einu, atkvæði Króatíu.

b. 5. fundur ÖSE-þingsins.

Dagana 5.–9. júlí var haldin fimmti árlegi fundur ÖSE-þingsins, að þessu sinni í Stokkhólmi. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Pétur H. Blöndal formaður og Guðjón Guðmundsson, auk ritara Íslandsdeildarinnar. Guðjón sat fundinn að þessu sinni í forföllum Hjálmars Árnasonar, en hvorki fulltrúi né varamaður stjórnarandstöðuflokkanna gátu sótt fundinn og var íslenska sendinefndin því ekki fullskipuð að þessu sinni. Samhliða þingfundi funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir ÖSE-þingsins.

Á fundi stjórnarnefndar var Andorra formlega veitt aðild að ÖSE-þinginu og eru aðildarríkin þar með orðin 55 talsins. Þá var fjallað um kosningaeftirlit, en á síðustu tólf mánuðum höfðu tíu sendinefndir ÖSE-þingsins fylgst með framkvæmd kosninga í aðildarríkjum ÖSE, alls á þriðja hundrað þingmanna. Þar af fylgdust rúmlega eitt hundrað þingmenn á vegum ÖSE-þingsins með þingkosningunum í Rússlandi í desember 1995. Á þingfundinum voru í fyrsta sinn veitt blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins, en á fundi stjórnarnefndar var ákveðið að þau yrðu héðan af veitt árlega. Loks var samþykkt að sjöundi árlegi fundur ÖSE-þingsins, árið 1998, yrði haldinn í Kaupmannahöfn, en áður hafði verið ákveðið að sjötti fundur þingsins, árið 1997, yrði haldinn í Varsjá.

Þrjár nefndir starfa á vegum ÖSE-þingsins. Íslandsdeildin tók þátt í nefndastarfi sem hér segir:

Nefnd um stjórn- og öryggismál:	Pétur H. Blöndal.
Nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál:	Guðjón Guðmundsson.
Nefnd um lýðræði og mannréttindamál:	enginn að þessu sinni.

Lagðar voru fram skýrslur í hverri nefnd en á grundvelli þeirra höfðu verið samin drög að ályktunum. Þessi drög voru rædd í viðkomandi nefnd og afgreidd ásamt breytingartillögum. Öllu var síðan steypt saman í eina heildarályktun í þremur köflum, Stokkhólmsyfirlýsinguna, sem lögð var fyrir þingfundinn.

Á fundi nefndar um stjórn- og öryggismál var fjallað um mótun „sameiginlegs heildaröryggismódels fyrir 21. öld“ sem er verkefni sem hafist var handa við í kjölfar leiðtogafundar ÖSE í Búdapest árið 1994 og var til umfjöllunar á leiðtogafundi ÖSE í Lissabon í desember sl. Samstarf og verkaskipting ýmissa fjölþjóðlegra stofnana í málefnum Bosníu-Hersegóvínu var að margra mati fyrirmynd þess sem koma skyldi við að tryggja frið og öryggi í álfunni. Skiptar skoðanir komu hins vegar fram um einstök atriði, og til að mynda var ályktun um að ÖSE gæti tekið bindandi meirihlutaákvarðanir með atkvæðum 90% aðildarríkja samþykkt gegn atkvæðum Úkraínu, Hvíta-Rússlands, Búlgaríu, Albaníu og Aserbaídsjan.

Á fundi nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál var fjallað um fall kommúnismans og efnahagsuppbyggingu í Mið- og Austur-Evrópu með áherslu á þau áhrif sem efnahags- og félagsleg upplausn getur haft á öryggismál álfunnar. Í nefndinni var samþykkt ályktun þar sem viðkomandi ríki eru hvött til að halda áfram á braut lýðræðis og markaðsvæðingar hagkerfa sinna, en Vesturlönd jafnframt hvött til að veita aukinn stuðning, einkum í formi frjálsari markaðsaðgangs fyrir varning frá þessum ríkjum. Þrír þingmenn frá Frakklandi og Kanada lögðu fram breytingartillögu við ályktun nefndarinnar þar sem þess var krafist að Norðmenn stöðvuðu hvalveiðar sínar þegar í stað. Tillagan var felld með sautján atkvæðum gegn fjórtán, en níu sátu hjá.

Á fundi nefndar um lýðræði og mannréttindamál var fjallað um málefni innflytjenda og pólitískra flóttamanna og ályktað um aukin réttindi þeim til handa, aukna samvinnu ÖSE-ríkja um meðferð málefna þeirra og átak gegn kynþáttafordómum í þeirra garð.

Konur á meðal þingmanna héldu sérstakan fund þar sem ákveðið var að leggja til við stjórnarnefnd þingsins að hún mælti með að a.m.k. ein kona yrði í hverri sendinefnd á þinginu, en þegar hafði verið ákveðið að stjórnarnefndin kæmi næst saman í Vín í janúar 1997.

Við setningu þingfundarins fluttu ávörp Frank Swaelen, fráfarandi forseti ÖSE-þingsins, Birgitta Dahl, forseti sænska þingsins, Lena Hjelm-Wallén, utanríkisráðherra Svíþjóðar, og Flavio Cotti, utanríkisráðherra Sviss og formaður ráðherraráðs ÖSE. Síðar fluttu nokkrir helstu embættismenn ÖSE erindi og sátu fyrir svörum, og loks ávörpuðu þingið Ahmed Fathi Sorour, forseti Alþjóðaþingmannasambandsins, Sir Dudley Smith, forseti þings Vestur-Evópusambandsins, Leni Fischer, forseti Evrópuráðsþingsins, og Sir Geoffrey Johnson Smith, gjaldkeri Norður-Atlantshafsþingsins.

Blaðamannaverðlaun ÖSE-þingsins voru veitt í fyrsta sinn, en sem fyrr segir samþykkti stjórnarnefnd þingsins að þau skyldu eftirleiðis veitt árlega. Verðlaunin eru veitt fyrir fréttamennsku í þágu lýðræðis og mannréttinda, og er þeim ætlað að efla grundvallarregluna um frjálsa fjölmiðlun. Verðlaunin námu að þessu sinni 20.000 Bandaríkjadölum (fjármögnuð af þýskum og sænskum útgáfufyrirtækjum), og þau hlaut að þessu sinni pólski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Adam Michnik.

Í almennri stjórnmálaumræðu þingsins gerði Pétur H. Blöndal verkaskiptingu fjölþjóðastofnana og kostnað við starfsemi þeirra að umtalsefni. Pétur vakti athygli á því að ýmsar stofnanir væru að vinna að skyldum og jafnvel sambærilegum verkefnum. Þetta hefði í för með sér tvíverknað og aukinn kostnað. Hann hvatti til aukinnar verkaskiptingar á milli t.d. ÖSE og Evrópuráðsins með það að markmiði að ná fram betri nýtingu þess fjármagns sem varið er í þágu friðar og mannréttinda. Slíkur sparnaður mundi að sjálfsögðu mæta mótspyrnu þeirra sem komið hefðu sér þægilega fyrir og ferðuðust um heiminn á háum skattfrjálsum launum. Þessu yrði að breyta. Það væri ekki trúverðugt að forréttindamaður hjalaði um mannréttindi eða að hátekjumaður þættist hjálpa sveltandi börnum. Pétur gerði einnig að umtalsefni að stofnun svonefndra „griðasvæða“ í Bosníu-Hersegóvínu hefði veitt þúsundum saklausra borgara falska öryggistilfinningu. Þeir hefðu því ekki flúið áfram eða gripið til varna. Þetta fólk hefði í reynd verið leitt í gildru og margir týnt lífi. Lagði hann áherslu á að slíkar öryggistryggingar yrðu ekki gefnar nema tryggt væri að við þær yrði staðið.

Ályktun ÖSE-þingsins, Stokkhólmsyfirlýsingin, var sem fyrr segir unnin úr ályktunum nefndanna þriggja sem greint er frá hér að framan. Jafnframt var samþykkt ályktun um málefni fyrrum Júgóslavíu þar sem fjölþjóðaherliðið í Bosníu-Hersegóvínu er m.a. hvatt til að hafa hendur í hári þeirra sem eftirlýstir eru fyrir stríðsglæpi og framselja þá

stríðsglæpadómstólnum í Haag. Ályktunin var samþykkt gegn einu atkvæði en nokkrir sátu hjá. Þá var samþykkt ályktun um málefni Tyrklands þar sem þingið fordæmir hryðjuverkastarfsemi Kúrda annars vegar og skort á virðingu fyrir mannréttindum, jafnt í tyrkneskri löggjöf sem við framkvæmd hennar, hins vegar. Ályktunin var samþykkt með einu mótatkvæði en nokkrir sátu hjá. Öll tyrkneska sendinefndin hafði hins vegar verið kölluð heim daginn áður vegna atkvæðagreiðslu um stuðningsyfirlýsingu við nýja ríkisstjórn í Tyrklandi. Loks voru samþykktar einhljóða siðareglur um lýðræðisleg vinnubrögð ríkja innan lands sem utan, en skjal þetta var lagt fram af sérstakri nefnd sem skipuð var á fjórða árlega fundi þingsins í Ottawa 1995.

Á þinginu fór fram kjör forseta ÖSE-þingsins og fjögurra varaforseta af níu. Javier Ruperez frá Spáni var kjörinn forseti þingsins með 101 atkvæði gegn 95 atkvæðum sem Helle Degn frá Danmörku hlaut. Frambjóðendur til varaforseta voru átta en eftirfarandi náðu kosningu:

John English	Kanada	til þriggja ára
Kazys Bobelis	Litáen	til þriggja ára
Wojtech Lamentowicz	Póllandi	til þriggja ára
Jacques Genton	Frakklandi	til eins árs

c. Kosningaeftirlit.

ÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í að efla lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur ÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Árið 1996 tók ÖSE-þingið þátt í eftirliti með kosningum í Albaníu, Rússlandi, Bosníu-Hersegóvínu, Rúmeníu og Júgóslavíu. Alls tóku hátt á annað hundrað þingmenn ÖSE-ríkjanna þátt í þessu starfi.

d. Annað.

ÖSE-þingið hefur átt fulltrúa á ýmsum fundum embættismannanefnda ÖSE. Það hefur tekið þátt í fundum efnahagsmálanefndarinnar og námsstefnum lýðræðis- og mannréttindaskrifstofunnar. Þingið tók jafnframt þátt í ferðum formanns ráðherraráðs ÖSE til ýmissa svæða og forseti ÖSE-þingsins sótti leiðtogafund ÖSE í Lissabon í desember.

Alþingi, 30. jan. 1997.

Pétur H. Blöndal, form. — Ragnar Arnalds, varaform. — Hjálmar Árnason.

Guðjón Guðmundsson. — Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal I.

I. Markmið og skipulag ÖSE-þingsins.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins eru því ætluð eftirfarandi hlutverk:

1. að meta árangurinn af ÖSE-samstarfinu,
2. að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra ÖSE-ríkjanna,
3. að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum,
4. að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í ÖSE-ríkjunum,
5. að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana ÖSE.

Samkvæmt starfsreglum ÖSE-þingsins er aðild að því miðuð við þing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-sáttmálann frá 1975 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og að ríkin taki þátt í ÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 55 þing ÖSE-ríkjanna aðild að ÖSE-þinginu. Gert er ráð fyrir 317 fulltrúum á þinginu og þar af á Alþingi þrjá.

Starfsreglurnar gera ráð fyrir að ÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er falla undir svið þeirra. Formaður, varaformaður og framsögumaður hverrar nefndar eru kjörnir af nefndunum í lok allsherjarfundar ár hvert. Framsögumaður nefndar velur umræðuefnið sem tekið er fyrir í nefndinni það ár, í samráði við formann og varaformann nefndarinnar. Hann undirbýr skýrslu sem lögð er fyrir nefndina ásamt drögum að ályktun. Fastanefndirnar þrjár eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd). Heimilt er forseta þingsins að boða til aukaþings ef stjórnarnefnd þingsins ákveður svo.

Stjórnarnefnd þingsins (Standing Committee) er ætlað að undirbúa störf þingsins. Hún er skipuð forseta ÖSE-þingsins, varaforsetum, gjaldkera, formönnum nefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, eða alls 69 fulltrúum. Framkvæmdastjórn þingsins (Bureau) er skipuð forseta þess, níu varaforsetum og gjaldkera. Henni er ætlað að fylgjast með að ákvörðunum þingsins sé framfylgt og ákvarða um málefni sem upp kunna að koma á milli funda stjórnarnefndar.

Þingsköp ÖSE-þingsins gera ráð fyrir að þingið og framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu“ (consensus rule), en henni er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna ÖSE-ríkjanna. Stjórnarnefnd þingsins fylgir svokallaðri „consensus minus one“ reglu sem felur í sér að tvö eða fleiri ríki geta fellt einstök mál í nefndinni.

Fulltrúi ráðherraráðs ÖSE ávarpar þingið á árlegum fundi þess og gefur skýrslu um málefni ÖSE og verkefni sem verið er að vinna að á þeim vettvangi. Þá geta þingfulltrúar beint fyrirspurnum til þess ráðherra er mætir sem fulltrúi ráðherraráðsins.

Opinber tungumál þingsins eru sex: enska, franska, þýska, ítalska, rússneska og spænska, og er þýtt samtímis.

Fylgiskjal II.

Skipan ÖSE-þingsins.

	Fjöldi þingsæta hvers aðildarríkis	Fjöldi þingsæta alls
A. Bandaríkin	17	17
B. Rússland	15	15
C. Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Bretland	13	52
D. Kanada og Spánn	10	20
E. Úkraína, Belgía, Holland, Pólland, Svíþjóð og Tyrkland	8	48
F. Rúmenía	7	7
G. Austurríki, Danmörk, Finnland, Grikkland, Ungverjaland, Írland, Noregur, Portúgal, Tékkland, Sviss, Hvíta-Rússland, Úsbekistan og Kasakstan	6	78
H. Búlgaría og Lúxemborg	5	10
I. Júgóslavía og Slóvakía	4	8
J. Kýpur, Ísland, Malta, Eistland, Lettland, Litáen, Albanía, Slóvenía, Króatía, Moldavía, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Georgía, Kirgisistan, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía-Hersegóvína og fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið Makedónía	3	54
K. Andorra, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó	2	8
Samtals		**317**

Fylgiskjal III.

Starfsreglur fyrir Íslandsdeild ÖSE-þingsins.

1. gr.

Íslandsdeild ÖSE-þingsins (The Icelandic delegation to the OSCE Parliamentary Assembly) er skipuð fimm alþingismönnum. Íslandsdeildin sendir þrjá fulltrúa á ÖSE-þingið hvert ár, sbr. ákvæði Madrid-yfirlýsingarinnar frá apríl 1991 og viðauka við starfsreglur þingsins frá janúar 1993 um fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarþingum.

2. gr.

Þingflokkar skulu tilnefna í Íslandsdeildina eftir hverjar alþingiskosningar og gildir tilnefningin út kjörtímabilið nema þingflokkar ákveði annað.

3. gr.

Þingflokkur skal tilnefna í deildina eftir hlutfallsreglu jafnmarga þingmenn og hann á rétt til samkvæmt stærð flokksins nema samkomulag sé um aðra skiptingu fulltrúa. Þingflokki, sem ekki hefur styrkleika til að hljóta fulltrúa í Íslandsdeildina, skal heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum deildarinnar. Áheyrnarfulltrúi skal hafa rétt til þátttöku í starfi ÖSE-þingsins samkvæmt almennum reglum 7. gr.

4. gr.

Fulltrúi stærsta þingflokksins skal kalla Íslandsdeildina saman til fyrsta fundar og skal þá kjósa formann og varaformann deildarinnar fyrir kjörtímabilið.

Formaður situr í stjórnarnefnd (Standing Committee) ÖSE-þingsins, sbr. 32. gr. starfsreglna þess.

5. gr.

Íslandsdeildin hefur ritara sem er nefndinni til aðstoðar, sbr. 3. mgr. 35. gr. þingskapa Alþingis.

6. gr.

Íslandsdeildin skal árlega leggja fyrir forsætisnefnd Alþingis, innan þess frests sem nefndin ákveður, tillögur um fjárveitingar til starfsemi deildarinnar. Tillagan skal við það miðuð að fjárveiting nægi til að greiða árgjald til aðalskrifstofu þingsins, ferðakostnað fulltrúa og annan kostnað sem af starfsemi deildarinnar leiðir. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti og önnur útgjöld Alþingis.

7. gr.

Í upphafi hvers kjörtímabils skipuleggur Íslandsdeildin þátttöku deildarinnar í starfi ÖSE-þingsins fyrir kjörtímabilið í heild, sbr. 2. mgr.

Formaður deildarinnar skal að jafnaði sækja öll þau þing sem Íslandsdeildin tekur þátt í. Við val á öðrum þátttakendum á þingin skal fylgja hlutfallsreglu eftir stærð þingflokka ef ekki er samkomulag um annað.

8. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

(Samþykktar á fundi forsætisnefndar 28. apríl 1993.)

547. Skýrsla [292. mál]

Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1996.

Þátttaka Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins í starfi sambandsins (Inter-Parliamentary Union) á árinu 1996 var með hefðbundnum hætti og tók Íslandsdeildin þátt í báðum reglulegum þingum sambandsins. Það fyrra var haldið í Istanbúl í apríl (95. þing) og hið síðara í Peking í september (96. þing). Þá fór stjórn sambandsins í heimsókn til Bretlands í janúar í boði forseta breska þingsins og Bretlandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Þeir sem óska eftir nánari upplýsingum um starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins en fram koma í ársskýrslunni geta fengið slík gögn hjá ritara deildarinnar en sambandið gefur m.a. út greinargóða og ítarlega skýrslu, á ensku og frönsku, um hvert þing sambandsins. Þá má fræðast um Alþjóðaþingmannasambandið á heimasíðu þess á vefnum en fljótlegast er að finna hana með því að fara á heimasíðu Alþingis og fara þar í „Aðrir vefir“ á forsíðu heimasíðunnar og þar undir má finna „Fjölþjóðastofnanir“.

Í september varð sú breyting á stjórn Íslandsdeildarinnar að Margrét Frímannsdóttir (Alþýðubandalagi og óháðum) vék úr stjórninni. Sæti hennar tók Bryndís Hlöðversdóttir. Að öðru leyti var stjórnin óbreytt frá fyrra ári en auk Bryndísar eiga sæti í stjórninni Geir H. Haarde (Sjálfstæðisflokki), formaður, Magnús Stefánsson (Framsóknarflokki), Einar K. Guðfinnsson (Sjálfstæðisflokki) og Jóhanna Sigurðardóttir (Þjóðvaka). Áheyrnarfulltrúar voru Gísli S. Einarsson (Alþýðuflokki) og Kristín Halldórsdóttir (Kvennalista). Eins og undanfarin ár var Þorsteinn Magnússon ritari deildarinnar.

A. HEIMSÓKN TIL BRESKA ÞINGSINS

Dagana 29. janúar til 1. febrúar fór sendinefnd Alþingis, sem skipuð var stjórn Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins og ritara hennar, í heimsókn til breska þingsins í boði forseta þingsins og Bretlandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins.

Í heimsókn sendinefndarinnar í breska þinghúsið var henni var gerð grein fyrir starfsháttum þingsins, farin var skoðunarferð um þinghúsið (bæði neðri deildina og lávarðadeildina), fundir voru haldnir með forustu Bretlandsdeildar sambandsins og fulltrúum þingflokka auk þess sem fylgst var með þingfundum.

Þá hitti sendinefndin að máli Jeremy Hanley aðstoðarutanríkisráðherra og átti auk þess sérstakan fund með embættismönnum í ráðuneyti hans, um Evrópumál og samskipti Íslands og Bretlands. Sendinefndin heimsótti einnig aðalstöðvar BBC World Service, höfuðstöðvar Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu og átti sendinefndin fund með fulltrúum þessara stofnana.

B. ÞINGIÐ Í ISTANBÚL

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 95. þing sitt í Istanbúl dagana 15.–20. apríl 1996. Þingið sóttu fulltrúar 117 þinga. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Margrét Frímannsdóttir og Einar K. Guðfinnsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu. Málefnin voru eftirfarandi:
— vernd og nýting fiskstofna,
— vernd minnihlutahópa,
— barátta gegn hryðjuverkum.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins en auk þess voru almennar stjórnmálaumræður í þingsal þá daga sem ekki voru fundir í nefndum. Geir H. Haarde flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum, Einar K. Guðfinnsson sat fundi nefndar sem fjallaði um vernd og nýtingu fiskstofna og Margrét Frímannsdóttir sat fundi nefndar sem fjallaði um vernd minnihlutahópa og baráttu gegn hryðjuverkum. Ályktað var um öll þessi efni.

Meginframlag Íslands á þinginu var flutningur tillögu um vernd og nýtingu fiskstofna. Fyrir þinginu lágu drög að ályktunum frá sendinefndum 19 þinga[1] um þetta efni auk þess sem 12 þeirra lögðu fram sérstakar greinargerðir um málið. Íslenska sendinefndin lagði bæði fram drög að ályktun um málið sem og greinargerð og er þetta í fyrsta skipti sem Ísland hefur lagt fram ályktunartillögu ásamt greinargerð fyrir þing sambandsins. Umfjöllun um málið fór fyrst fram í vísinda- og umhverfisnefnd þingsins sem skipuð er einum fulltrúa frá hverri sendinefnd. Miklar umræður urðu um málið í nefndinni og tóku fulltrúar 65 landa til máls, þar á meðal fulltrúi Íslands, Einar K. Guðfinnsson.

Að lokinni fyrri umræðu um málið í vísinda- og umhverfisnefndinni var kosin 13 manna undirnefnd til að gera tillögu að ályktun um málið. Í undirnefndina voru kjörnir þingmenn frá Íslandi, Spáni, Ítalíu, Kanada, Noregi, Bretlandi, Argentínu, Síle, Kamerún, Marokkó, Indlandi, Indónesíu og Senegal. Formaður undirnefndarinnar var kjörinn Amal Datta frá Indlandi og framsögumaður Peter Adams frá Kanada. Í upphafi fundar undirnefndarinnar voru greidd atkvæði um hvaða tillaga skyldi lögð til grundvallar sem vinnuskjal í nefndarstarfinu. Tillögur Íslands og Danmerkur voru taldar koma helst til greina og voru greidd atkvæði milli þeirra. Fulltrúar Spánar og Kanada lögðu til að íslenska tillagan yrði lögð til grundvallar og samþykkti mikill meiri hluti nefndarmanna það, en sú tillaga var ítarlegust og víðtækust af þeim 19 ályktunartillögum sem lágu fyrir þinginu. Undirnefndin fundaði heilan dag um málið og sat Einar K. Guðfinnsson fundi nefnarinnar sem fulltrúi Íslands. Þótt skiptar skoðanir væru um ýmis efnisatriði í undirnefndinni varð nefndin að lokum einróma sammála um niðurstöðu sína og voru öll efnisatriði íslensku tillögunnar samþykkt í þeirri tillögu sem undirnefndin gekk frá auk þess sem nokkrum öðrum áhersluatriðum var bætt í tillöguna og voru það allt atriði sem íslenska sendinefndin gat fallist á.

---

1 Um var að ræða þingin á Íslandi, Síle, Venesúela, Senegal, Bretlandi, Indlandi, Egyptalandi, Danmörku, Ítalíu, Kanada, Þýskalandi, Filippseyjum, Ástralíu, Úrúgvæ, Frakklandi, Kúvæt, Kamerún, Argentínu og Indónesíu.

Tillaga undirnefndarinnar fór síðan til síðari umræðu í vísinda- og umhverfisnefnd þingsins og var hún samþykkt einróma með smávægilegum breytingum. Tillaga vísinda- og umhverfisnefndarinnar var síðan lögð fyrir þingið og samþykktu þingfulltrúar hana með lófaklappi.

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins telur það mjög mikilvægan árangur að sambandið skuli hafa samþykkt ályktun um fiskveiðimál sem í meginatriðum byggist á tillögu Íslands. Verður að teljast þýðingarmikið að fulltrúar þjóðþinga í 117 löndum skuli hafa tekið undir sjónarmið Íslands í fiskveiðimálum.

Ályktun þingsins um fiskveiðimál var mjög ítarleg og verða hér á eftir nefnd nokkur af helstu atriðum hennar sem voru sérstaklega mikilvæg fyrir Ísland:

1. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að staðfesta hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og í því sambandi var lögð sérstök áhersla á alþjóðasamninginn um úthafsveiðar sem byggist á hafréttarsáttmálanum.
2. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að efla rannsóknir á fiskstofnum og í því sambandi lögð sérstök áhersla á að hraða fjölstofnarannsóknum.
3. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að tryggja sjálfbæra og skynsamlega nýtingu sjávarlífvera, þar með talda sjálfbæra nýtingu sjávarspendýra.
4. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að taka upp ábyrga fiskveiðistjórnun.
5. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að vinna enn frekar að verndun lífríkis sjávar. Sérstök áhersla var lögð á varnir gegn mengun sjávar frá landi og í því sambandi hvatt til þess að notkun þrávirkra lífrænna efna yrði smám saman hætt. Þá var einnig hvatt til þess að hætt yrði losun hættulegs úrgangs í hafið, þar með talin losun geislavirkra úrgangsefna.
6. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að draga úr og að lokum afnema ríkisstyrki í sjávarútvegi og bent á að slíkir styrkir stuðli að því að afkastageta fiskveiðiflota verði langt umfram veiðiþol einstakra fiskstofna.
7. Samþykkt var að hvetja ríki heims til að leysa deilumál um fiskveiðar á friðsamlegan hátt í samræmi við alþjóðlega samninga.

III. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingstörf niðri. Ráðið fjallar um og tekur ákvarðanir um innri málefni sambandsins. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar frá hverri þjóðdeild. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins.

Ráðið samþykkti að víkja Níger úr Alþjóðaþingmannasambandinu þar sem þing landsins hafði verið lagt niður. Aðildarþing sambandsins voru eftir þessa ákvörðun 133.

Að vanda var lögð fram ítarleg skýrsla þeirrar nefndar Alþjóðaþingmannasambandsins sem hefur það verkefni að fylgjast með mannréttindabrotum gagnvart þingmönnum og reyna að fá þingmenn leysta úr haldi hafi þeir verið fangelsaðir án dóms og laga. Í skýrslu nefndarinnar var gerð grein fyrir málum 76 starfandi eða fyrrverandi þingmanna í 13 löndum. Þessi lönd eru Albanía, Búlgaría, Búrúndí, Kambódía, Kólombía, Gambía, Hondúras, Indónesía, Maldíveyjar, Myanmar, Nígería, Tógó og Tyrkland. Einstakar þjóðdeildir voru hvattar til að vekja athygli þinga sinna og stjórnvalda á stöðu þessara þingmanna.

Ráðið samþykkti einróma samstarfssamning milli Alþjóðaþingmannasambandsins og Sameinuðu þjóðanna sem hafði verið í undirbúningi um nokkurt skeið og áður hefur verið skýrt frá í ársskýrslu sambandsins.

Líkt og á fyrri fundum fjallaði ráðið um fjölmörg önnur mál er varða innra starf sambandsins, svo sem fjármál þess og skýrslur forseta sambandsins, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og sérnefnda.

IV. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins, sem skipuð er tólf þingmönnum auk forseta sambandsins, fundaði í tvo daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Í framkvæmdastjórninni situr Geir H. Haarde og er hann jafnframt varaformaður hennar og staðgengill forseta sambandsins. Meginviðfangsefni funda framkvæmdastjórnarinnar voru ýmis innri mál sambandsins.

V. Störf pólitískra svæðahópa.

Á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins er mikið um fundi pólitískra svæðahópa (nokkurs konar þingflokkar) sem þingfulltrúar skiptast í. Íslandsdeildin á aðild að Tólfplús hópnum sem skipaður er þingmönnum frá flestum ríkjum í Evrópu auk Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Þá eiga Ísrael, Evrópuþingið og Evrópuráðsþingið aukaaðild að hópnum.

Peter Bosa frá Kanada, formaður hópsins, stýrði störfum hans bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi.

VI. Mál Sophíu Hansen.

Samhliða því sem íslenska sendinefndin tók þátt í fundum Alþjóðaþingmannasambandsins átti hún fund með Irfan Köksalan, formanni Tyrklandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, um mál Sophíu Hansen og dætra hennar. Þá hitti sendinefndin einnig Sophíu Hansen og lögfræðing hennar, Hasip Kaplan. Sophía Hansen var stödd í Istanbúl, ásamt Sigurði Pétri Harðarsyni, til að vera viðstödd úrskurð undirréttar í Istanbúl í máli hennar og Halims Als 25. apríl.

Irfan Köksalan sagðist hafa heyrt um mál Sophíu Hansen þótt hann þekkti það ekki í smáatriðum. Hann sagðist mundi hafa samband við lögfræðing hennar til að fá nánari upplýsingar um málið og kanna hvað hann gæti gert í málinu.

C. ÞINGIÐ Í PEKING

I. Inngangur.

Alþjóðaþingmannasambandið hélt 96. þing sitt í Peking dagana 16.–21. september. Þingið sóttu fulltrúar 118 þinga, auk áheyrnarfulltrúa frá fjölmörgum alþjóðasamtökum. Af hálfu Íslandsdeildar sambandsins sóttu þingið alþingismennirnir Geir H. Haarde, formaður Íslandsdeildarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir og Magnús Stefánsson, auk Þorsteins Magnússonar, ritara deildarinnar.

II. Störf og ályktanir þingsins.

Að venju var fjallað um þrjú málefni á þinginu. Þau voru eftirfarandi:

— leiðir til að stuðla að meiri virðingu fyrir mannréttindum með sérstöku tilliti til kvenna og barna,
— leiðir til að tryggja öllum jarðarbúum mat,
— bann við notkun jarðsprengna.

Umræður um þessi mál fóru fram í nefndum þingsins en auk þess voru almennar stjórnmálaumræður í þingsal þá daga sem ekki var fundað í nefndum. Geir H. Haarde flutti ræðu í almennu stjórnmálaumræðunum og vék m.a. að pólitísku skipulagi og mannréttindamálum í Kína og stöðu Tíbets. Að öðru leyti skipti sendinefndin með sér setu á nefndafundum. Þingið ályktaði um öll þrjú umræðuefnin og var í meginatriðum samstaða um þau.

III. Störf og ályktanir ráðsins.

Ráð Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði tvívegis meðan þingið stóð yfir en á meðan lágu þingstörf niðri. Öll íslenska sendinefndin sat fundi ráðsins.

Við upphaf þingsins áttu 133 þing aðild að sambandinu en ráðið samþykkti aðildarumsóknir frá Gíneu, Kírgisistan og Máritíus auk þess sem ákveðið var að víkja Búrúndí úr samtökunum eftir að þingið hafði verið lagt niður þar í landi. Aðildarþing Alþjóðaþingmannasambandsins eftir þessar breytingar eru samtals 135.

Ráðið afgreiddi fjárlög sambandsins fyrir árið 1997 og gerði Geir H. Haarde grein fyrir tillögum framkvæmdastjórnarinnar um útgjöld sambandsins og voru þær samþykktar einróma.

Þá var að vanda lögð fram í ráðinu ítarleg skýrsla um mannréttindamál þingmanna en nefndin gerði grein fyrir málum 108 þingmanna í 14 ríkjum þar sem brotin höfðu verið mannréttindi á þingmönnum (í Albaníu, Búrúndí, Kambódíu, Kólombíu, Gambíu, Gvatemala, Hondúras, Indónesíu, Maldíveyjum, Myanmar, Nígeríu, Tógó, Túnis og Tyrklandi).

Á fundi ráðsins var skýrt frá því að 24. júlí 1996 hefði verið undirritaður í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York sérstakur samstarfssamningur Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaþingmannasambandsins en samningurinn mun m.a. auðvelda sambandinu að koma á framfæri sjónarmiðum sínum á þeim ráðstefnum sem Sameinuðu þjóðirnar efna til um ýmis málefni, sbr. umhverfisráðstefnuna, mannfjöldaráðstefnuna og kvennaráðstefnuna. Gert er ráð fyrir að allsherjarþingið staðfesti samninginn á haustþingi sínu.

Þá voru á fundum ráðsins kynntar hugmyndir um breytingar á skipulagi sambandsins sem m.a. fela í sér að þing þess verði einu sinni á ári í stað tvisvar eins og nú.

Á þinginu í Peking rann út kjörtímabil tveggja af tólf framkvæmdastjórnarmönnum og kaus ráðið aðra í þeirra stað. Þeir sem létu af störfum voru Castillo de Lopez frá Venesúela og F. Kéfi frá Túnis. Í þeirra stað gáfu þrír þingmenn kost á sér í framkvæmdastjórnina: Carvajal frá Mexíkó, Faisal frá Jórdaníu (eina konan á þingi Jórdaníu) og Sayed frá Sýrlandi. Sýrlenski fulltrúinn náði ekki kjöri. Þá varð sú breyting að Novelli frá Ítalíu tók sæti samlanda síns Riz í framkvæmdastjórninni þar sem Riz á ekki lengur sæti á ítalska þinginu.

IV. Störf framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn Alþjóðaþingmannasambandsins fundaði í tvo daga fyrir upphaf þingsins auk þess sem hún hélt einn heilsdagsfund samhliða þinginu. Geir H. Haarde, sem á sæti í framkvæmdastjórninni, var endurkjörinn varaformaður hennar og staðgengill forseta sambandsins fyrir næsta ár. Meginviðfangsefni funda framkvæmdastjórnarinnar voru ýmis innri mál sambandsins og tillögugerð fyrir fundi ráðs sambandsins.

V. Störf pólitískra svæðahópa.

Daglegir samráðsfundir voru haldnir í Tólf-plús hópnum innan þingmannasambandsins (Vesturlandahópurinn). Hópurinn fundaði bæði helgina fyrir upphaf þingsins og síðan á hverjum morgni áður en þingfundir hófust. Á þessum samráðsfundum var tekin afstaða til einstakra mála, kosninga í trúnaðarstörf og þátttöku í nefndastarfi og fjallað um innri málefni hópsins.

Við lok þingsins í Peking lét Peter Bosa frá Kanada af störfum sem formaður Tólf-plús hópsins og var Franz Josef van der Heijden frá Hollandi kjörinn formaður.

D. NÆSTU ÞING

Næstu þing sambandsins verða í Seúl (apríl 1997), Kaíró (september 1997), Windhoek (apríl 1998) og Moskvu (haustið 1998).

Alþingi, 30. jan. 1997.

Geir H. Haarde, form. Bryndís Hlöðversdóttir. Magnús Stefánsson.

Einar K. Guðfinnsson. Jóhanna Sigurðardóttir.

548. Skýrsla [293. mál]

um norrænt samstarf frá janúar 1996 til janúar 1997.

1. Inngangur.

1. janúar 1996 gekk í gildi nýtt skipulag Norðurlandaráðs. Undirbúningur þessara breytinga hófst þegar haustið 1994 en byggðist aðallega á skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu“ sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok febrúar 1995 og þar samþykkt. Skýrslan hefur að geyma tillögur um markmið, inntak og form norrænnar samvinnu. Þar var samþykkt að endurnýja bæri samstarfið og aðlaga það að nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Breytingar þóttu nauðsynlegar í kjölfar hinna nýju aðstæðna sem sköpuðust við þjóðaratkvæðagreiðslurnar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að ESB. Með skýrslunni var norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu milli Norðurlanda og Evrópu/ESB/EES og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra.

Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt í samræmi við hinar nýju áherslur. Um áramótin 1995/1996 voru fagnefndir Norðurlandaráðs lagðar niður og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á tilgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og grannsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs var sett á stofn.

Ýmsar aðrar breytingar gengu einnig í gildi á sama tíma. Þingum Norðurlandaráðs var fækkað úr tveimur í eitt á ári og það haldið um miðjan nóvember. Ákveðið var að stærri ráðstefnur yrðu haldnar á vegum Norðurlandaráðs um ýmis pólitísk málefni er tengjast norrænu samstarfi. Hin flokkspólitíska starfsemi í ráðinu var aukin til muna og flokkahóparnir fjórir, sem eru starfandi í Norðurlandaráði, flokkahópur jafnaðarmanna, flokkahópur hægrimanna, flokkahópur miðjumanna og flokkahópur vinstrisósíalista, fengu

aukna fjármuni til styrktar starfsemi sinni. Hóparnir hafa eflt starfsemi sína með ýmsum hætti, m.a. með námskeiða- og ráðstefnuhaldi.

Í upphafi ársins tóku gildi þær breytingar á Helsinki-sáttmálanum sem samþykktar voru á þingi ráðsins í Kuopio í Finnlandi í nóvember 1995 um áherslubreytingarnar í starfi Norðurlandaráðs. Árið 1996 var unnið að breytingum á starfsreglum Norðurlandaráðs. Breytingarnar voru samþykktar á þingi ráðsins í Kaupmannahöfn í nóvember 1996 og gengu í gildi 1. janúar 1997.

Á starfsárinu var unnið að endurskoðun upplýsingastefnu Norðurlandaráðs í samstarfi við norrænu ráðherranefndina. Tímaritið „Nordisk Kontakt" var lagt niður og í þess stað ákveðið að gefa út blað í öðru formi sem nefnist „Politik i Norden". Fyrsta eintakið kom út í nóvember 1996.

Með breytingum á starfsháttum Norðurlandaráðs var stefnt að því að auka umræðu um pólitísk málefni í Norðurlandaráði. Þau mál er helst bar á góma á starfsárinu voru einkum samstarf Norðurlanda og Evrópu, en sérstök þemaráðstefna var haldin um það í Kaupmannahöfn í mars 1996. Öryggis- og varnarmál voru ofarlega á baugi og fjallað um þau á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 1996. Í framhaldi af því var ákveðið að halda sérstaka þemaráðstefnu um öryggismálefni í júní 1997.

Skrifstofa Norðurlandaráðs fluttist á árinu frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar. Nú hefur skrifstofan aðsetur í sömu húsakynnum og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar. Tilgangur flutningsins var að auka samráð og samstarf þessara tveggja skrifstofa og auk þess að auka hagkvæmni og samnýta ákveðin störf. Á árinu var mikil vinna lögð í gerð starfslokasamninga við þá starfsmenn Norðurlandaráðs sem ekki fluttust með til Kaupmannahafnar. Fækkaði starfsmönnum á skrifstofu Norðurlandaráðs um tæpan helming og eru þeir nú 15. Nýr framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, Berglind Ásgeirsdóttir, var ráðinn á miðju ári. Það er í fyrsta sinn sem Íslendingur gegnir þessari stöðu.

Fjárhagsrammi Norðurlandaráðs var á árinu 36 millj. s.kr. Fjárhagsrammi norrænu ráðherranefndarinnar var 707,5 millj. d.kr. Hlutdeild Íslands í þessum framlögum var 1,1% á árinu 1996.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1 Fulltrúar í Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Í byrjun árs 1996 sátu eftirtaldir þingmenn í Norðurlandaráði: Geir H. Haarde, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn í Norðurlandaráði voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Bryndís Hlöðversdóttir. 5. júní kaus Alþingi sömu þingmenn til setu í Norðurlandaráði.

Breytingar á Helsinki-sáttmálanum og samþykktir Norðurlandaráðs, sem gengu í gildi í byrjun ársins, kváðu á um að flokkahóparnir í Norðurlandaráði skyldu framvegis tilnefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember 1995 tilnefndu flokkahóparnir í fyrsta sinn fulltrúa til setu í nefndunum. Fulltrúar Íslandsdeildar skiptust á árinu í eftirfarandi nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Guðmundur Árni Stefánsson sátu í forsætisnefnd. Siv Friðleifsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir sátu í Evrópunefnd og var Siv annar tveggja varaformanna. Steingrímur J. Sigfússon sat í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Sigríður A. Þórðardóttir átti einnig sæti í eftirlitsnefnd ráðsins.

Íslandsdeild skipti með sér verkum á fundi sínum 27. júní. Valgerður Sverrisdóttir var endurkjörin formaður og Guðmundur Árni Stefánsson endurkjörinn varaformaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Geir H. Haarde var kjörinn formaður flokkahóps hægrimanna í nóvember 1995 til eins árs og endurkjörinn í nóvember 1996.

2.2 Störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt níu fundi á starfsárinu. Norræni samstarfsráðherrann, Halldór Ásgrímsson, var gestur á fundi Íslandsdeildarinnar og gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á rekstri nokkurra norrænna stofnana. Hann boðaði einnig Íslandsdeild til fundar fyrir þing Norðurlandaráðs. Forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, var gestur Íslandsdeildar á tveimum fundum á árinu og ræddi um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á skrifstofu Alþingis. Íslandsdeildin tók ákvörðun um að láta túlka af og á íslensku á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 1996. Deildin stóð fyrir ráðstefnu í febrúar 1996 á Flughótelinu í Keflavík um Schengen-samstarfið. Sjá nánar um það í kafla 2.3.

Norrænir fréttamannastyrkir voru á árinu veittir fjórum íslenskum fréttamönnum. Samanlagt var styrkupphæðin 60.000 s.kr. Íslandsdeild ákvað að eftirgreindir fréttamenn hlytu styrki: Eggert Skúlason, Einar Örn Stefánsson, Ólafur Þ. Stephensen og Þorbjörg Eva Erlendsdóttir.

1. október 1996 var alþjóðasvið Alþingis stofnað og skrifstofa Íslandsdeildar Norðurlandaráðs felld inn í það. Alþjóðasviðið sinnir þjónustu við allar alþjóðanefndir Alþingis.

Starfsmenn skrifstofu Íslandsdeildar á starfsárinu voru Elín Flygenring forstöðumaður og Lene Hjaltason deildarsérfræðingur, en Kristín Ólafsdóttir starfaði á skrifstofunni í fimm mánuði í afleysingum.

2.3 Ráðstefna um Ísland og Schengen.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs stóð að ráðstefnu um Ísland og Schengen 23. febrúar 1996 á Flughótelinu í Keflavík. Valgerður Sverrisdóttir, formaður Íslandsdeildar, opnaði ráðstefnuna en aðrir ræðumenn voru Hannes Hafstein sendiherra sem hélt yfirlitserindi um Ísland og Schengen, Christian Oldenburg frá danska utanríkisráðuneytinu sem talaði um afstöðu annarra Norðurlanda til Schengen, sjónarmið löggæslunnar komu fram í erindi Þorsteins A. Jónssonar, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, og Magnús Oddsson ferðamálastjóri ásamt Guðmundi Pálssyni, framkvæmdastjóra flugrekstra- og tæknisviðs Flugleiða fjölluðu um sjónarmið ferðaþjónustunnar. Farið var í skoðunarferð til Keflavíkurflugvallar þar sem Pétur Guðmundsson flugvallarstjóri lýsti þeim breytingum sem gera þyrfti á byggingunni ef Íslendingar tækju þátt í Schengen-samstarfinu. Eftir framsöguerindi voru pallborðsumræður þar sem þátttakendur voru Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og norrænn samstarfsráðherra, Þorsteinn A. Jónsson, Hannes Hafstein, Guðmundur Pálsson og Hjörleifur Guttormsson, alþingismaður. Atli Rúnar Halldórsson stjórnaði umræðunum. Um 70 manns sóttu ráðstefnuna sem vakti mikla athygli fjölmiðla og þótti almennt mjög upplýsandi.

3. Starfsemi nefnda Norðurlandaráðs.

3.1 Forsætisnefnd.

Eftir skipulagsbreytingarnar í Norðurlandaráði fara forsetaskipti og formennska nú fram um áramót. Í byrjun árs 1996 tók Daninn Knud Enggaard við forsetastóli af Geir H. Haarde alþingismanni. Olof Salmén frá Álandseyjum tók við um áramótin 1996/1997.

Á starfsárinu hafa starfshættir forsætisnefndar og ráðsins breyst í samræmi við nýjar reglur. Nefndin hefur stýrt þeirri vinnu og einkum einbeitt sér að flutningi skrifstofu Norðurlandaráðs frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar og endurskoðun starfsreglna ráðsins. Forsætisnefnd hefur einnig fylgst með þróuninni í hinum nýju nefndum ráðsins og borið ábyrgð á samræmingu vinnunnar. Mikil breyting hefur orðið á störfum nefndarinnar með því að hún fjallar nú um fjárlagatillögur norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess hefur forsætisnefnd fjallað um ýmis pólitísk málefni á árinu.

Kjör í trúnaðarstöður fer nú fram á vegum flokkahópa Norðurlandaráðs. Á starfsárinu hafa af Íslands hálfu setið í forsætisnefnd alþingismennirnir Geir H. Haarde frá flokkahópi hægrimanna, Valgerður Sverrisdóttir frá flokkahópi miðjumanna og Guðmundur Árni Stefánsson frá flokkahópi jafnaðarmanna.

Forsætisnefnd hélt tólf fundi á starfsárinu. Fundur með forsætisráðherrum Norðurlanda var haldinn í tengslum við þing ráðsins. Aðalumræðuefni fundarins var grannsvæðastefnan og norræna samstarfið innan ESB. Einnig var haldinn fundur með norrænu samstarfsráðherrunum til að fjalla um komandi þing ráðsins, grannsvæðastefnu ráðherranefndarinnar og ESB-samstarfið.

Eins og áður hefur verið vikið að var töluvert fjallað um öryggis- og varnarmál í forsætisnefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu. Tvær þingmannatillögur voru til umfjöllunar um þetta efni, önnur frá flokkahópi vinstrisósíalista og hin frá flokkahópi hægrimanna. Fyrir þing ráðsins í Kaupmannahöfn í nóvember 1996 var samkomulag um að leggja ekki fram endanlegar álitsgerðir vegna þessara tillagna en ákveðið að forsætisnefnd héldi áfram að fjalla um þessi málefni á starfsárinu 1997. Jafnframt var tekin ákvörðun um að halda þemaráðstefnu um öryggismálin í júní í Helsinki 1997.

Þingmannanefnd um norðurskautsmálefnin hélt áfram störfum sínum á árinu. Formaður þeirrar nefndar er Geir H. Haarde alþingismaður, en Norðurlandaráð á þrjá fulltrúa í nefndinni og auk þess eiga þar sæti fulltrúar frá Kanada, Rússlandi, Bandaríkjunum, Evrópuþinginu og frá fulltrúum frumbyggja. Í mars var haldin önnur þingmannaráðstefna um norðurskautsmálefni í Kanada. Þátttakendur voru um það bil 100 manns, þingmenn og aðrir fulltrúar frá heimskautslöndunum átta. Mikilvægasta málefni ráðstefnunnar var að þrýsta á um stofnun norðurskautsráðs, en það ráð var sett á stofn í september með yfirlýsingu sem undirrituð var af utanríkisráðherrum heimskautslandanna átta. Þingmannanefndin fær stöðu áheyrnarfulltrúa í ráðinu. Þriðja þingmannaráðstefnan um norðurskautsmálefni verður væntanlega haldin í Rússlandi seinni hluta árs 1997 eða á árinu 1998.

Það er hlutverk forsætisnefndar að sjá um tengsl við aðrar alþjóðastofnarnir, svo og svæði og lönd sem liggja að Norðurlöndum. Þingmenn Eystrasaltsríkjanna fengu styrki á árinu til að kynna sér þingræði og starfsemi hins opinbera á Norðurlöndum. Í apríl var haldinn fyrsti sameiginlegi fundurinn milli Norðurlandaráðs og þingmannasamtaka Eystrasaltsríkjanna þriggja: Eistlands, Lettlands og Litáens. Ráðið var þátttakandi í 5. þingmannaráðstefnu Eystrasaltslandanna sem haldin var í Ríga.

Forsætisnefndin stofnaði á árinu vinnunefnd til að endurskoða upplýsingastefnu ráðsins og ráðherranefndarinnar. Formaður hennar er Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður. Sjá nánar um störf þessarar nefndar í 5. kafla.

3.2 Norðurlandanefnd.

Fulltrúi Íslands í Norðurlandanefndinni á starfsárinu var Steingrímur J. Sigfússon. Í vinnuáætlun fyrir starfsárið kom fram að málefni nefndarinnar væru einkum hin sígildu málefni norræns samstarfs, svo sem menntunar- og menningarmál, rannsóknir, félagsleg málefni, svæðasamstarf innan Norðurlandanna, jafnréttismál og málefni er varðar borgarana. Nefndin ákvað að setja nokkur málefni efst í forgangsröð og stofnaði fjóra vinnuhópa sem fjölluðu um eftirtalin málefni: norræn velferðarmál, lista- og menningarsamvinnu, norrænt barna- og ungmennasamstarf auk menntunar- og rannsóknasamstarfs. Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í vinnuhópnum um velferðarmálefni.

Á 48. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn voru samþykkt tvenn tilmæli byggð á ráðherratillögum er lagðar voru fram, annars vegar um norrænt löggjafarsamstarf og hins vegar um framtíð Vestnorræna sjóðsins. Á þinginu voru samþykkt sex tilmæli byggð á þingmannatillögum sem Norðurlandanefndin hafði fjallað um. Tilmælin fjölluðu um norræna samræmingu hagnýtrar upplýsingatækni, auknar rannsóknir og menntun á sviði gigtsjúkdómafræði á Norðurlöndum, grundvallaröryggi norrænna flutningaverkamanna í ferðum yfir landamæri, sameiginlegt kerfi um flutning sjúkraskýrslna milli Norðurlandanna, samvinnu um meðhöndlun fámennra sjúklingahópa og baráttu gegn kynferðislegri misnotkun á börnum. Eftir umfjöllun nefndarinnar um þingmannatillögu um frjáls félagasamtök og hið opinbera norræna samstarf voru teknar ákvarðanir um innri málefni. (Sjá nánar um efni tilmæla og ákvarðana um innri málefni í fylgiskjali.)

Nefndin hélt sex fundi á starfsárinu. Þar fyrir utan funduðu vinnuhóparnir mikið. Norðurlandanefndin átti fund með norrænu dómsmálaráðherrunum 11. nóvember 1996 í Kaupmannahöfn þar sem kynferðisleg misnotkun barna var umræðuefnið. Einnig hitti nefndin menningarmálaráðherrana þar sem meðal annars var fjallað um norrænt sjónvarpssamstarf. Þann dag átti nefndin einnig fund með stjórn Norræna menningarmálasjóðsins. Í júní var haldinn fundur þar sem þeim ráðherrum, er fjalla um málefni flóttafólks, var boðið til samráðs. Í september var haldinn áheyrnarfundur með sérfræðingum um kynferðislega misnotkun á börnum.

3.3 Evrópunefndin.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru á starfsárinu Siv Friðleifsdóttir, sem var annar tveggja varaformanna nefndarinnar, og Sigríður A. Þórðardóttir.

Eins og nafnið gefur til kynna er það hlutverk nefndarinnar að sinna samstarfi Norðurlanda og ESB/EES/EFTA. Nefndin sá að stórum hluta til um skipulagningu Evróparáðstefnunnar, þemaráðstefnu Norðurlandaráðs, sem haldin var 4.–5. mars 1996 í Kaupmannahöfn 1996.

Ein tilmæli voru samþykkt á þingi Norðurlandaráðs byggð á umfjöllun Evrópunefndar um tvær þingmannatillögur, um samræmda norræna atvinnustefnu og um aðgerðir gegn atvinnuleysi. (Sjá nánar um efni tilmælanna í fylgiskjali.)

Í tengslum við þingið skipulagði nefndin áheyrnarfund um Evrópumálefni þar sem norrænu utanríkis- og Evrópuráðherrarnir voru boðnir til að svara fyrirspurnum. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og norrænn samstarfsráðherra var fulltrúi Íslands.

Evrópunefndin hélt sex fundi á árinu og var sumarfundur nefndarinnar haldinn í Reykjavík þann 6.–8. ágúst. Friðrik Sophusson fjármálaráðherra var gestur fundarins og gerði grein fyrir íslenskri efnahagsstefnu. Nefndin heimsótti íslensk fiskvinnslufyrirtæki í Reykjavík og Stykkishólmi.

3.4 Grannsvæðanefndin.

Íslenskur fulltrúi í grannsvæðanefndinni á starfsárinu var Sturla Böðvarsson.

Í vinnuáætlun fyrir árið 1996 ákvað grannsvæðanefndin að hjálpa til við þróun lýðræðis og þingræðis á grannsvæðum Norðurlanda. Samstarfinu við grannsvæðin er m.a. ætlað að hvetja til markaðsbúskapar, virðingu fyrir mannréttindum og ábyrgðarfullrar nýtingar auðlindanna. Umhverfismál eru eitt af meginverkefnum í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs.

Á 48. þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember voru samþykkt ein tilmæli byggð á ráðherranefndartillögu um samstarfsverkefni Norðurlanda á sviði sjávarútvegs 1997–2000. Einnig voru samþykkt tilmæli byggð á þingmannatillögum er fjallað hafði verið um í nefndinni. Þau fjölluðu um átak í almenningsfræðslu á Norðurlöndum og grannsvæðum og um rannsóknir og þróun nýrra og varanlegra orkubrunna, en nefndin tók jafnframt afstöðu til annarra orkumála er voru til umfjöllunar í nefndinni, m.a. skýrslu ráðherranefndarinnar um norrænt samstarf í orkumálum. (Sjá nánar um efni tilmælanna í fylgiskjali.)

Nefndin hélt fimm fundi á starfsárinu. Fyrsti sameiginlegi fundur þingmannasamtaka Eystrasaltsríkjanna, Eistlands, Lettlands og Litáens og Norðurlandaráðs var haldinn í apríl í Vilníus. Grannsvæðanefndin tók þátt í fundinum ásamt forsætisnefnd og fulltrúum frá Evrópu- og Norðurlandanefndunum. Á fundinum var meðal annars fjallað um Evrópusamstarfið og öryggismál grannsvæðanna, efnahagslega þróun á svæðinu, umhverfis- og orkumál ásamt menningarmálefnum. Auk þess tóku formaður og varaformenn nefndarinnar þátt í ýmsum fundum með fulltrúum frá Eystrasaltslöndunum. Í tengslum við þing Norðurlandaráðs var haldinn sameiginlegur fundur nefndarinnar með norrænu samstarfsráðherrunum og einnig umhverfisráðherrum Norðurlanda. Umræðuefnið á fundinum var meðal annars áætlun um að halda ráðstefnu um umhverfisfjárfestingu, en sú ráðstefna verður væntanlega haldin fyrri hluta árs 1997 í Helsinki.

3.5 Eftirlitsnefnd.

Fulltrúi Íslands í eftirlitsnefndinni var Sigríður A. Þórðardóttir.

Nefndin hefur fyrst og fremst unnið við að skilgreina verkefni sín á árinu en auk þess gert úttekt á rekstri nokkurra norrænna stofnana. Aðalhlutverk nefndarinnar er að sjá um þingræðislegt eftirlit með þeirri starfsemi sem er fjármögnuð af norrænum fjárlögum, gera úttekt á norrænum stofnunum, hafa eftirlit með ákveðnum sérverkefnum, hafa eftirlit með og samþykkja norrænar ársskýrslur og endurskoðendaskýrslur og auk þess að gera sérstaka úttekt á ársskýrslum og endurskoðendaskýrslum Norðurlandaráðs.

Nefndin kom saman sjö sinnum á starfsárinu. Voru fundirnir haldnir á öllum Norðurlöndunum og notaði nefndin tækifærið til að heimsækja norrænar stofnanir á hverjum stað fyrir sig. Sumarfundur eftirlitsnefndar var haldinn á Íslandi dagana 10.–13. júní 1996. Á þeim fundi hitti nefndin að máli forstöðumenn Norræna hússins í Reykjavík og Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Á Akureyri var m.a. haldinn sameiginlegur fundur með stjórn Norræna menningarmálasjóðsins.

4. Verðlaun Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs er nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga fyrir bókmenntum á tungumálum nágrannaþjóðanna. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1996 hlaut norski rithöfundurinn Øysteinn Lønn fyrir bók sína „Hva skal vi gjøre i dag? og andre noveller".

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1996 hlaut danska tónskáldið Bent Sørensen fyrir verk sitt „Sterbende Gärten".

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári. Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækja eða stofnana sem hefur í störfum sinum tekist að sýna í verki tillit til náttúrunnar á aðdáunarverðan hátt. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995.

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1996 hlutu umhverfissamtökin ICC — Inuit Circumpolar Conference fyrir vinnu á sviði umhverfismála innan AEPS þar sem samtökin hafa unnið að bættum lífskjörum heimskautsbúa.

Verðlaun Norðurlandaráðs nema 350.000 d.kr.

5. Upplýsingastarfsemi.

Á þingi ráðsins í Reykjavík 1995 var ákveðið að stefna að því að Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin skyldu sameina upplýsingastarfsemi sína svo fljótt sem unnt væri.

Í byrjun ársins ákvað forsætisnefndin að stofna sérstaka vinnunefnd til að fjalla um nýja sameiginlega upplýsingastefnu. Hlutverk vinnunefndarinnar var meðal annars að sjá til þess að þessi sameining skyldi eiga sér stað. Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður er formaður nefndarinnar. Nefndin ákvað að leggja einkum áherslu á þrjú svið: nýtt blað sem kemur í stað „Nordisk Kontakt", vikulegt fréttabréf í formi símbréfs og heimasíðu á alnetinu sem veitir upplýsingar um norrænt samstarf.

Vinnunefndin hélt marga fundi á starfsárinu. Mikil vinna var lögð í að gefa út tilraunaeintak nýs blaðs „Politik i Norden" sem gefið verður út í framtíðinni sameiginlega af Norðurlandaráði og norrænu ráðherranefndinni.

Eintakafjöldi hins nýja blaðs var 5.500 í norrænni útgáfu og 1.500 í finnskri útgáfu.

Vinnunefndin komst að þeirri niðurstöðu að mikill skortur væri á norrænu upplýsingaefni fyrir börn og unglinga. Formaðurinn lagði fram skýrslu með tillögum um hvernig auka skyldi þetta upplýsingaefni. Var ákveðið að þessu verkefni skyldi sérstaklega sinnt á árinu 1997.

6. Evrópuráðstefnan.

4. og 5. mars var Evrópuráðstefna Norðurlandaráðs haldin í Kaupmannahöfn. Þetta var fyrsta stóra ráðstefnan sem Norðurlandaráð hélt eftir að ákvarðanir voru teknir um að endurskipuleggja norrænt samstarf. Tilgangur ráðstefnunnar var að safna saman þeim

norrænu fulltrúum ríkisstjórnanna og þingmönnum sem sérstaklega fjalla um ESB-málefni. Markmiðið var m.a. að hafa samráð um mikilvæg málefni fyrir Norðurlönd sem kæmu upp á ríkjaráðstefnu ESB. Aðalmálefni ráðstefnunnar voru atvinnumál, umhverfismál, neytendamál og málefni varðandi lýðræði og upplýsingaskyldu.

Í ráðstefnunni tóku þátt 33 ráðherrar, þar með taldir forsætisráðherrarnir, 93 meðlimir ráðsins, 25 fulltrúar Evrópuþingsins, 18 fulltrúar frá Evrópu- eða utanríkismálanefndum þjóðþinga Norðurlanda og nokkrir aðrir þingmenn. Alls tóku um 500 manns þátt í ráðstefnunni.

Á ráðstefnunni var það undirstrikað að í grundvallaratriðum er samkomulag innan Norðurlanda um velferðarstefnuna og lýðræðið. Forsætisráðherrarnir bentu sérstaklega á nokkur sameiginleg norræn málefni í Evrópusamstarfinu, einkum umhverfismál, atvinnumál og upplýsingaskyldu. Þeir voru einnig sammála um að æskilegast væri að Evrópusambandið þróaðist sem bandalag sjálfstæðra ríkja. Norðurlöndin þrjú, sem eru meðlimir í ESB, leggja áherslu á að halda núverandi vægi milli lítilla og stórra ríkja í samstarfinu.

7. 48. þing Norðurlandaráðs.

48. þing Norðurlandaráðs var haldið í Kaupmannahöfn 11.–13. nóvember 1996. Um tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykkt voru á þinginu vísast til fylgiskjals og umfjöllunar um hverja nefnd fyrir sig.

Á þinginu voru bæði almennar stjórnmálaumræður og sérstakar umræður um utanríkis- og varnarmál.

Torbjørn Jagland, forsætisráðherra Noregs, flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðunnar. Hann fullyrti að norræna samstarfið væri mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr og undirstrikaði að Norðurlönd eru nágrannar með líkan bakgrunn og reynslu. Jagland lagði áherslu á að Norðurlönd ættu að verða fyrirmynd í Evrópu varðandi ákveðin málefni og skipulag. Þrátt fyrir að Norðurlönd tilheyri mismunandi alþjóðastofnunum og hafa valið mismunandi leiðir í varnarmálum, starfa þessar þjóðir saman á öllum sviðum sem ætti að geta orðið fyrirmynd annars staðar. Hann taldi að leggja ætti aukna áherslu á samvinnu Norðurlandanna við friðargæslu. Mikilvægt væri að þróa og breikka samband og samstarf á öllum sviðum milli stjórnvalda á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Hjálpa ætti frjálsum félagasamtökum að byggja upp samstarf með grannsvæðunum. Jagland taldi að þróa ætti ungmennasamstarf innan Norðurlanda og milli Norðurlanda og grannsvæðanna. Hvað varðar efnahagslegt samstarf taldi hann mikilvægt að áfram yrði lögð sérstök áhersla á að sporna við atvinnuleysi og þeim erfiðleikum sem steðja að velferðarsamfélaginu. Forsætisráðherrann taldi mjög mikilvægt að tryggja samráð um mikilvæg evrópsk málefni sem fjallað er um innan ESB- og EES-samstarfsins. Umhverfismálin eiga að hafa forgang í norrænu samstarfi að hans mati og sérstaka áhersla skal leggja á orkumál. Innan menningarmálanna taldi Jagland mikilvægt að leggja áherslu á menningarviðburði til varnar útlendingahatri.

Sérstök utanríkis- og varnarmálaskýrsla var lögð fram sameiginlega af norrænu utanríkisráðherrunum, en skýrsluna flutti Tarja Halonen frá Finnlandi. Hún sagði að staða Norðurlandanna í Norður-Evrópu og við Eystrasalt væri mjög mikilvæg í þeirri þróun sem nú á sér stað. Norrænt samstarf í ESB-málefnum hefði þróast jákvætt og upplýsingaskipti milli Norðurlandanna gengju vel í Brussel. Schengen-samningurinn sýndi að hið norræna samstarf um sameiginleg vegabréfasvæði hefði borið árangur. Halonen gerði grein fyrir því að á ríkjaráðstefnu ESB hefðu norrænu löndin innan sambandsins eink-

um lagt áherslu á upplýsingaskyldu, jafnrétti kynja, umhverfismál og atvinnumál. Hún undirstrikaði að þessi lönd hefðu lagt sérstaka áherslu á að samningarnir varðandi stækkun ESB við Eystrasaltslöndin yrðu að hefjast samtímis samningum við önnur lönd er sækja um aðild að ESB. Mikilvægt væri að Rússland yrði tekið inn í evrópskt samstarf. Halonen taldi Eystrasaltssamstarfið verða æ mikilvægara og einnig norðurskautssamstarfið sem hefði fest sig í sessi með stofnun norðurskautsráðsins. Tarja Halonen gerði grein fyrir því að Norðurlönd hefðu unnið í nánu samstarfi innan Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir þá breytingu sem varð við inngöngu Svíþjóðar og Finnlands í ESB.

Á þingi ráðsins var tekið upp það nýmæli að norrænu samstarfsráðherrarnir svöruðu óundirbúnum fyrirspurnum frá þingmönnum. Fyrirspurnatíminn þótti vel heppnaður og mun væntanlega verða framhald á þessu fyrirkomulagi.

Í fyrsta skipti var túlkað af og á íslensku á þingi Norðurlandaráðs. Heimild til túlkunar íslensku hefur verið fyrir hendi um nokkurt skeið og ákvað Íslandsdeild Norðurlandaráðs að óska eftir túlkun á þessu þingi í tilraunaskyni. Þrátt fyrir nokkra annmarka er það álit Íslandsdeildarinnar að framhald eigi að vera á túlkun íslensku á þingum Norðurlandaráðs.

Alþingi, 31. febr. 1997.

Valgerður Sverrisdóttir, form.	Guðmundur Árni Stefánsson, varaform.	Geir H. Haarde.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Sturla Böðvarsson.
	Siv Friðleifsdóttir.	

Fylgiskjal.

Tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni, samþykktar á 48. þingi Norðurlandaráðs.
(Kaupmannahöfn 11.–13. nóvember 1996.)

Tilmæli:[1]

Nr. 4/1996.
Samstarfsverkefni Norðurlanda á sviði sjávarútvegs 1997–2000 (tillaga ráðherranefndarinnar B 163/nær).

Samstarfsverkefnið nær til þriggja einstakra sviða:

1. Stjórnunarsamstarfs.
2. Skipulagssamstarfs/samstarfs innan einstakra geira.
3. Rannsókna- og þróunarsamstarfs.

Verkefninu verður lýst reglulega í árlegri verkáætlun fyrir norrænt samstarf í sjávarútvegi og skýrsla um starfið birt í C 1-ársskýrslum Norrænu ráðherranefndarinnar.

[1] Forsætisnefnd Norðurlandaráðs tók við tilmælum eitt til þrjú fyrr á árinu.

Í ljósi aukinna krafna í framtíðinni um sjálfbæra þróun í sjávarútvegi telur nefndin mikilvægt að þjóðirnar starfi saman á árangursríkan hátt, einnig á hefðbundnum sviðum. Þá er enn fremur mikilvægt að sjávarútvegurinn þróist í samræmi við kröfur nútímans. Nefndin mælir með því að leitast verði við að auka skilning innan atvinnugreinarinnar á gildi sameiginlegra aðgerða Norðurlandaþjóða, svo sem varðandi markaðsgreiningu, vissa almenna markaðssetningu, skráningu fiskgæða og annars konar rekstrarsamstarf.

Löndin skulu sameinast um að greina þörfina fyrir bætta samkeppnishætti innan sjávarútvegsins, bæði meðal sjómannanna sjálfra og á viðskiptasviðinu, svo að unnt sé að mæta samkeppni í framtíðinni. Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um þörf á umbótum í samkeppnismálunum, sem og um nauðsyn þess að gera áætlanir í menntamálum og hrinda þeim í framkvæmd.

Nefndin hefur enn fremur bent á að tillögu ráðherranefndarinnar er ábótavant að einu leyti. Í henni er ekki að finna neina útreikninga á árlegri fjárþörf og heildarkostnaði vegna framkvæmdar samstarfsverkefnisins.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hefja framkvæmd verkefnisins um norrænt samstarf á sviði sjávarútvegs 1997–2000 samkvæmt ráðherranefndartillögu B 163/nær og í samræmi við þau sjónarmið sem grannsvæðanefndin hefur sett fram.

Nr. 5/1996.
Upplýsingaherferð á Norðurlöndum um löndin á grannsvæðunum (þingmannstillaga A 1133/nær).

Samskipti einstakra norrænna ríkja við löndin á grannsvæðunum eiga sér margbrotna og aldalanga sögu. Það er saga mikilla viðburða og að ýmsu leyti mikilla átaka.

Þjóðir Norðurlanda þekkja fyrst og fremst elsta hluta þeirrar sögu.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að kanna möguleika á að auka þekkingu manna á grannsvæðunum á ýmsan hátt, fyrir tilstilli samtaka almennings, og möguleika á að styðja gagnkvæm skipti milli þegna.

Nr. 6/1996.
Rannsóknir og þróun nýrra og varanlegra orkulinda (þingmannstillaga A 1135/nær).

Í norrænu samstarfi um orkumál er mest áhersla lögð á málaflokka eins og raforkumarkað, mengunarmál, jarðgas, loftslag, hámarksorkunýtingu og rannsóknir.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda:

— að gerð verði ítarleg könnun á möguleikum og áhrifum þess að samræma skattlagningu á orku hvarvetna á Norðurlöndum, með það að markmiði að markaðsverð á raforku endurspegli þá staðreynd að mismunandi framleiðsluhættir við raforkuframleiðslu valda umhverfinu misjafnlega miklum skaða.

Nr. 7/1996.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að stuðlað verði að aukinni samvinnu um rannsóknir og tækniþróun á sviði varanlegra orkulinda til þess að framlög frá rannsókna- og þróunarsjóðnum (FoU) dreifist og fjölbreytileiki norrænu stofnananna nýtist sem best. Þar sem þörf er á mark-

vissu upplýsinga- og kynningarátaki skal koma á fót norrænu kerfi til að kynna nýjar og varanlegar orkulindir og tækni,
— að komið verði á samvinnu sem stuðlað geti að aukinni tæknivæðingu á sviði nýrra og varanlegra orkulinda, m.a. með því að kanna hugsanlegar aðferðir til að gera Norðurlönd að einu markaðssvæði fyrir varanleg orkumannvirki. Upplýsingar, samræming og samstarf um stuðningsaðgerðir í ríkjum Norðurlanda eru mikilvæg atriði til að gera markaðinn og afurðirnar sýnilegar.

Nr. 8/1996.
Aðgerðir til að auka öryggi kjarnorku.

Grannsvæðanefndin hefur endurskoðað tilmæli á sviði kjarnorkuöryggis og lagði tilmæli fyrir allsherjarfundinn sem skulu koma í stað hinna fyrri.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:
— að allar aðgerðir af hálfu Norðurlanda sem varða öryggi í kjarnorkumálum, bæði eldri og nýrri, verði samræmdar og þeim fylgt eftir innan ramma gildandi alþjóðasamstarfs,
— að haldið verði áfram þeirri viðleitni að auka kjarnorkuöryggi á Norðurlöndum, jafnt á grannsvæðum sem heimskautssvæðum, og unnið að bindandi alþjóðasamkomulagi um strangt eftirlit með almennri og hernaðarlegri starfsemi sem byggist á kjarnorkutækni, þar á meðal geymslu geislavirks úrgangs o.fl.,
— að haldið verði áfram aðgerðum til að draga úr hættu frá kjarnorkuknúnum fartækjum, efnum sem geymd eru um borð í skipum og efnum sem losuð hafa verið í sjóinn á norðurhöfum,
— að hún taki þegar í stað frumkvæðið að því að vinna að umbótum í umhverfismálum á Norðurlöndum, Eystrasalts- og Norðurkollusvæðum, þar sem spjöll verða rakin til orkuframleiðslu,
— að hún leggi sitt af mörkum til að hindra að þekking í kjarnorkuvopnaframleiðslu breiðist út með því að styðja áætlanir sem nú eru á döfinni um að byggja upp rannsóknarmiðstöðvar þar sem vísindamönnum í Rússlandi, sem áður tóku þátt í þróun og framleiðslu kjarnavopna, væri gefinn kostur á nýjum verkefnum með því að styðja aðlögunarverkefni og eiga frumkvæði að því að auðvelda umskiptin frá framleiðslu kjarnavopna yfir í framleiðslu í almannaþágu, og
— að hún styðji þróun öruggra aðferða við eyðingu kjarnavopna.

Nr. 9/1996.
(þingmannstillaga A 1127/euro, A 1136/euro).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum:
— að þær láti vinna árlega greinargerð um atvinnumálastefnu landanna í samræmi við þær óskir sem fram koma í álitsgerð Evrópunefndarinnar. Greinargerðin skal skapa umræðugrundvöll fyrir árlega atvinnumálaumræðu á þingi Norðurlandaráðs og liggja fyrir eigi síðar en einni viku áður en þingið kemur saman í september ár hvert.

Nr. 10/1996.
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir norræna samvinnu árið 1997 (B 161/p, C 2, C 1).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

1. Umbótaferlinu fylgt eftir
— að fylgja umbótaferlinu „samvinna á nýjum tímum“ eftir með þeim hætti sem Norðurlandaráð lagði áherslu á í álitsgerð B 151/b og gefa því sérstakan gaum að forsætisnefndin og nýju nefndirnar skulu hafa möguleika á að ræða forgangsröð og skiptast á skoðunum um þau mál við ráðherranefndina og enn fremur að umræður skulu að hluta grundvallaðar á skýrslunni „Nordisk nytte“,
— að gefa Norðurlandaráði og stofnunum þess möguleika á að ræða áætlanir, forgangsröð og fjárhagslegar afleiðingar á meginstigi og í tæka tíð til að hafa áhrif, svo sem þeim ber,
— að sjá um að Norðurlandaráð fái yfir reikningsárið reglulega og án tafa nýjustu upplýsingar um reikninga síðasta árs, millifærslu fjár til framkvæmda, fjárhagslegar horfur o.s.frv.,
— að sjá um að efni og framsetning pólitískra stjórntækja, svo sem starfs- og fjárhagsáætlana, sé sem skilmerkilegust og greinarbest og stuðli þannig að áframhaldandi umbótum. Hlutverk fjárhagsáætlana sem stjórntækis er að vísa veginn, segja til um þær þarfir sem uppfylla verður og um þjónustustigið.

2.

a. Af þeim sviðum þar sem Norðurlandaráð hyggst láta til sín taka í framtíðinni er lögð sérstök áhersla á eftirtalda málaflokka:
—auknar fjárveitingar til Norræna menningarsjóðsins,
—börn og ungmenni,
—uppfræðslu almennings, fullorðinsfræðslu,
—menningarsamstarf alþýðunnar,
—upplýsingatækni,
—aðgerðir til að auka veg lýðræðis- og alþýðuhreyfinga á grannsvæðum Norðurlanda,
—sjálfbæra þróun á grannsvæðum Norðurlanda, þar með talið á heimskautssvæðum.

b. Tilmæli ráðsins fela í sér eftirfarandi:
—að „bygginga- og húsnæðisgeirinn“ fái engar fjárveitingar á fjárhagsárinu 1997. Þeir fjármunir sem þannig sparast verði færðir yfir á aðra útgjaldaliði sem hér segir: Norræna æskulýðsnefndin 150 þús. d.kr., nemendaskipti milli Vestnorræna svæðisins og annarra hluta Norðurlanda, sem og nemendaskipti innan Vestnorræna svæðisins, 250 þús. d.kr., framlög vegna tilmæla nr. 8/ 1994/nord, um aðgerðir gegn fíkniefnamisnotkun á Norðurlöndum og grannsvæðum, 600 þús. d.kr.,
—að 500 þús. d.kr. verði teknar af fjárveitingu til Norræna vísindastefnuráðsins og færðar til rannsóknaáætlunarinnar „Norðurlönd og Evrópa“,
—að 400 þús. d.kr. úr varasjóði ráðherranefndarinnar verði varið til áætlunar um að efla uppfræðslu almennings og fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum,
—að ráðherranefndin ráðstafi fjármunum skv. VI. kafla fjárhagsáætlunarinnar, sem fjallar um samstarf við grannsvæði Norðurlanda, með þeim hætti að framlög til samstarfs í umhverfismálum verði aukin um 1.200 þús. d.kr. — án þess þó að framlög til starfsþjálfunarkerfisins „Nordpraktik“ skerðist,
—að afgangsfjármunum frá árinu 1995, sem samkvæmt upplýsingum ráðherranefndarinnar nema 2.500 þús. d.kr., verði varið í þágu Norræna menningarsjóðsins.

Nr. 11/1996.
Samstarfsáætlun og verkáætlun varðandi norrænt löggjafarsamstarf (B 162/nord).

Í samstarfsáætluninni er að finna þær starfsaðferðir sem framvegis skulu viðhafðar í samstarfi Norðurlanda. Enn fremur er lögð áhersla á þær meginreglur sem skulu gilda í norrænu löggjafarsamstarfi. Þær eiga einnig við um framkvæmd reglna Evrópusambandsins.

Í tengslum við samstarfsáætlunina er unnið að lýsingu á tilteknum samstarfssviðum (verkáætlun). Árlega skulu gerðar breytingar á verkáætluninni og hún uppfærð eftir því sem samstarfsverkefnum miðar áfram og ný verkefni taka við af þeim sem lokið hefur verið.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að samþykkja samstarfsáætlun og verkáætlun fyrir hið norræna löggjafarsamstarf,
— að árleg verkáætlun fyrir löggjafarsamstarf Norðurlanda verði lögð fyrir Norðurlandaráð í tengslum við árlegt þing þess.

Nr. 12/1996.
Vestnorræni sjóðurinn (B 164/nord).

Norræna embættismannanefndin um byggðamál beitti sér fyrir mati á starfsemi Vestnorræna sjóðsins haustið 1995. Matið leiddi í ljós að Vestnorræna sjóðnum hefur ekki tekist að uppfylla helstu markmið sem skilgreind eru í lögum um sjóðinn. Útlánastarfsemi sjóðsins hefur verið lítil og megnið að fjármagninu runnið til Íslands. Höfuðstóll sjóðsins nemur 14,1 milljón Bandaríkjadala.

Tillagan felur í sér margar einstakar tillögur að endurskipulagningu og bættum starfsaðferðum Vestnorræna sjóðsins.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að framkvæma þær breytingar sem lagðar eru til á samþykktum sjóðsins og varða umbætur í starfsemi hans,
— að ekkert af ávöxtunarfé sjóðsins verði notað til að auka eigið fé Norrænu Atlantsnefndarinnar.

Nr. 13/1996.
Norrænt samstarf á sviði hagnýtrar upplýsingatækni (A 1125/nord).

Vegna þess hve einsleit Norðurlönd eru landfræðilega, hagfélagslega og menningarlega og í ljósi þess hve upplýsingatæknin er orðin alþjóðleg í eðli sínu ættu að vera góðar forsendur fyrir norrænu samstarfi og samræmingu á þessu sviði. Sameiginleg norræn viðhorf geta öðlast aukið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Tillagan felur enn fremur í sér margar einstakar tillögur.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að setja saman þróunarverkefni þar sem upplýsingatækni er beitt til að auka þekkingu þegnanna á sviði upplýsingatækni og tryggja að öll almenningsbókasöfn á Norðurlöndum hafi aðgang að menntanetum.

Nr. 14/1996.
Auknar rannsóknir og menntun á sviði gigtsjúkdómafræði á Norðurlöndum (A 1128/nord).

Á Norðurlöndum er fjöldi fólks með gigt og skylda sjúkdóma. Flestir þessara sjúkdóma eru langvinnir og orsakir þeirra eru enn óþekktar. Ef lækning fyndist við gigtsjúkdómum hefði það í för með sér gífurlegan sparnað fyrir þjóðfélögin og miklu betra líf fyrir þá sem nú þjást.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að hvetja til þess að þörf fyrir sérfræðinga í gigtsjúkdómum verði metin í hverju landi fyrir sig og unnið að því að fjölga hugsanlegum námsstöðum í greininni,
— að þjóðirnar beiti sér sérstaklega fyrir aukinni þekkingu í gigtsjúkdómafræði meðal heilbrigðisstétta,
— að koma á fót vinnuhópi sem í eiga sæti læknar, starfsmenn við rannsóknir, fulltrúar gigtarfélaga og einn til tveir stjórnmálamenn í þeim tilgangi að setja saman norræna rannsóknaráætlun í klínískri gigtsjúkdómafræði, líf- og læknisfræði og lyfjaprófunum, og jafnframt kynna framkvæmdaáætlun svo unnt sé að skilgreina kostnað vegna endurhæfingar, þar á meðal tæknilegra hjálpartækja.

Nr. 15/1996.
Grundvallaröryggi norrænna flutningaverkamanna í ferðum yfir landamæri (A 1129/nord).

Margs konar aðstæður geta komið upp þar sem norrænir bílstjórar í ferðum yfir landamæri lenda í óhöppum og eiga erfitt með að leita hjálpar. Slíkar aðstæður hafa fjárhagslega og persónulega erfiðleika í för með sér og skapa talsverða óvissu í starfi.

Lög, tungumál, siðir og venjur gera bílstjórum oft erfitt fyrir að skýra mál sitt og verja sig á einfaldan og eðlilegan hátt.

Tillagan felur í sér fjölda einstakra tillagna um umbætur í öryggismálum flutningabílstjóra.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að setja reglur til að tryggja grundvallaröryggi norrænna flutningaverkamanna í ferðum yfir landamæri.

Nr. 16/1996.
Sameiginlegt norrænt kerfi um flutning sjúkraskýrslna milli landanna (A 1131/nord).

Þegar bráðir sjúkdómar eiga í hlut er mikilvægt að samskipti milli sjúkrahúsa séu sem greiðust; þar er oft keppt við tímann. Fyrstu viðbrögð geta skipt sköpum og mega því ekki dragast. Enn fremur verður að draga eins og hægt er úr hættu á rangri meðferð.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að kanna forsendur fyrir sameiginlegu norrænu kerfi um flutning sjúkraskýrslna milli landanna.

Nr. 17/1996.
Norrænt samstarf í meðferð fámennra sjúklingahópa (A 1132/nord).

Meðferð erfiðra sjúkdóma er svo kostnaðarsöm að skynsamlegt væri að koma á samstarfi um meðferð þeirra milli Norðurlandanna. Slíkt samstarf gæti aukið gæði meðferðarinnar og tryggt viðhald og framfarir í sérfræðiþekkingu og meðferðarúrræðum, auk þess að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

— að beita sér fyrir frekari kortlagningu þarfarinnar fyrir sérstakt samstarf Norðurlanda um meðferð fámennra sjúklingahópa,
— að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til að efla samstarf um meðferð fámennra sjúklingahópa.

Nr. 18/1996.
Barátta gegn kynferðislegri misnotkun barna (A 1140/nord).

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar:

1. að hún láti baráttuna gegn kynferðislegri misnotkun barna hafa forgang og geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með því að:
   — skoða lög í hverju ríki Norðurlanda með það fyrir augum að koma á breytingum sem að gagni mega koma í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun barna, og þá jafnframt gegn barnaklámi,
   — meta meðferð sem úrræði til viðbótar við refsidóma yfir þeim sem gerst hafa sekir um kynferðisbrot gagnvart börnum,
   — sjá um að miðla fræðslu og upplýsingum um kynferðislega misnotkun barna til fólks sem vinnur með börnum, svo sem heilbrigðisstarfsmanna, kennara og leikskólakennara,
   — sjá um að miðla fræðslu og upplýsingum til barna um hættuna á að verða fyrir barðinu á kynferðisafbrotamönnum,
   — sjá um að þau börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi fái hjálp.
2. að berjast gegn kynlífsferðamennsku með því að:
   — auka samstarf löggæsluyfirvalda, bæði innan og utan Norðurlanda, m.a. með því að ráða fleiri norræna yfirmenn í stöður tengiliða,
   — gera starfsfólki á ferðaskrifstofum grein fyrir ábyrgð þess,
3. að koma á markvissri upplýsingaherferð í samvinnu við samtök sem láta sig slík mál varða, svo sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Barnaheill, til að auka skilning meðal fólks á því hversu alvarlegur glæpur kynferðisleg misnotkun á börnum er.

Umsagnir:

Nr. 1/1996.
Mótun fjárhagsáætlunar og framhald umbótaferlisins (B 161/P, C 2).

Að því er varðar mótun fjárhagsáætlunar og framhald umbótaferlisins vísar Norðurlandaráð til fyrri fyrirmæla og ákvarðana; einkum vísast til ákvörðunar ráðsins á 47. þingi þess í framhaldi af tillögu fjárhagsnefndar til allsherjarfundar ráðsins (C 2, B 151/b), 1. og 3. gr.

Nr. 2/1996.
Verkefnastjórnun Norræna menningarsjóðsins (C 5/k).

Norðurlandaráð felur Norrænu ráðherranefndinni að færa til betri vegar þau atriði sem ríkisendurskoðun telur ábótavant í verkefnastjórn sjóðsins.

Ákvarðanir um innri málefni:

Nr. 1/1996.
Skipulagning ráðstefnu um öryggismál (A 1141/p).

Norðurlandaráð samþykkir tillögu forsætisnefndar um að haldin verði ráðstefna um öryggismál á Norðurlöndum og á grannsvæðum fyrir lok ársins 1997.

Nr. 2/1996.
Ný fundarsköp Norðurlandaráðs (A 1139/p).

Norðurlandaráð samþykkir tillögu forsætisnefndar að nýjum fundarsköpum fyrir ráðið og jafnframt að þau taki gildi 1. janúar 1997, að undanskildum 7. kafla, Kosningar, sem taki gildi þegar í stað.

Nr. 3/1996.
Endurskoðun á starfsemi Norðurlandaráðs fylgt eftir (C 9/k).

Norðurlandaráð óskar að bætt verði úr þeim stjórnunarþáttum í starfsemi ráðsins sem endurskoðun leiddi í ljós að er ábótavant.

Nr. 4/1996.
Norræni þjóðfundurinn (A 1130/nord).

Norðurlandaráð ályktar:

— að Norræni þjóðfundurinn verði áfram helsti vettvangur skoðanaskipta og samstarfs milli Norðurlandaráðs og frjálsra samtaka á Norðurlöndum,
— að eftir fund Norræna þjóðfundarins 1998 verði lagt mat á samkomuna; á grundvelli þess mats verði staða Norræna þjóðfundarins sem vettvangs skoðanaskipta og samstarfs síðan endurmetin. Matið skal taka til umfangs, forms og innihalds,
— að Norðurlandaráð sjái til þess að Norræni þjóðfundurinn — eða sambærileg samkoma — fái fjárveitingu af fjárlögum Norðurlanda sem geri honum kleift að viðhalda hefðinni frá Hvidovre og Vasa.

Nr. 5/1996.
Tengsl Norðurlandaráðs við frjáls samtök (A 1130/nord).

Norðurlandaráð ályktar:

— að gangast fyrir ráðstefnum um sérstök efni eða umræðufundum milli ráðsins og frjálsra samtaka þegar fram kemur þörf fyrir slíkt; frumkvæðið getur komið hvort sem er frá samtökunum eða frá Norðurlandaráði,
— að taka þátt í að skipuleggja undirbúningsfundi milli samtakanna og forsætisnefndar Norðurlandaráðs þau ár sem Norræni þjóðfundurinn kemur ekki saman,
— að hvetja til þess að hinar ýmsu nefndir og vinnuhópar ráðsins komi á tengslum við hópa norrænna samtaka sem starfa á sambærilegu sviði,

— að hvetja sendinefndir þjóðanna til að koma á reglulegum tengslafundum með frjálsum samtökum,
— að hvetja frjáls samtök til að taka þátt í að mynda net með öðrum samtökum á grannsvæðum Norðurlanda.

549. Skýrsla [294. mál]

Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1996.

1. Kjör fulltrúa í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

Í byrjun árs 1996 sátu eftirtaldir fulltrúar í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson, Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. Á fundi sínum 10. janúar 1996 kaus Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins Árna Johnsen formann og Ástu R. Jóhannesdóttur varaformann. Í vinnuhópi um framtíðarsamstarf sátu Árni Johnsen og Svavar Gestsson. Á fundi Alþingis 5. júní 1996 var kosið að nýju og urðu engar breytingar á fulltrúum Vestnorræna þingmannaráðsins.

2. Störf Íslandsdeildar Vestnorrræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt sjö fundi á árinu. Á fundunum var meðal annars fjallað um breytingar á starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins, stöðu Vestnorræna sjóðsins og annarra vestnorrænna stofnana og störf vinnunefndar Vestnorræna þingmannaráðsins og ársfundur ráðsins var undirbúinn. Seinni hluta ársins var einkum fjallað um nýjar hugmyndir og nýjungar í störfum ráðsins.

Miðsvetrarfundur landsdeildanna var að þessu sinni haldinn með vinnuhópi þingmannaráðsins í Kaupmannahöfn 15.–16. febrúar. Þar var meðal annars rætt um framtíðarsamstarfið og ársfund ráðsins á Íslandi.

3. 12. ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins 1996.

12. ársfundur ráðsins var haldinn í Vestmannaeyjum dagana 26.–29. júní 1996. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Svavar Gestsson.

Alls sóttu 17 vestnorrænir þingmenn ársfundinn. Auk þess hafði sérstaklega verið boðið til fundarins fulltrúa Norðurlandaráðs, Guðmundi Árna Stefánssyni, Þorsteini Pálssyni sjávarútvegsráðherra, Steinari B. Jakobssyni, framkvæmdastjóra Vestnorræna sjóðsins, Ole Oxholm, forstöðumanni NAPA, Sigurði Guðmundssyni, deildarstjóra hjá Byggðastofnun og fulltrúa NÄRP, og Kaj Egede forstöðumanni, varaformanni í NORA. Gestirnir gerðu grein fyrir starfsemi á sínu sviði og þeim breytingum sem höfðu orðið á árinu. Formenn landsdeildanna fluttu stuttar skýrslur um störfin á árinu og gerðu grein fyrir stjórnmálalegri stöðu, hver í sínu landi. Í almennum umræðum var fyrst og fremst rætt skipulag framtíðarsamstarfsins á grundvelli tillögu sem lá fyrir um endurskoðun samstarfsins. Ákveðið er að halda 13. ársfund þingmannaráðsins í Færeyjum sumarið 1997.

4. Breytingar á starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins.

Á ársfundinum var kosið um tillögu um breytingar á samstarfinu og var hún samþykkt með tólf atkvæðum gegn fimm, einn sat hjá. Samkvæmt tillögunni skal endurskipuleggja starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins á þá leið að framvegis verði kosið í ráðið eftir styrkleikahlutföllum flokka. Fulltrúar á hverjum ársfundi verða 18, þ.e. sex frá hverju landi. Ákveðið var að löndin skiptist á formennsku, lögð verði fram starfsáætlun og skýrsla og að löndin borgi framvegis árgjöld til starfseminnar, stofnuð verði skrifstofa ráðsins og ráðinn starfsmaður.

Ein ákvörðun um innri málefni var tekin á ársfundinum en samkvæmt henni munu ný markmið fyrir Vestnorræna þingmannaráðið verða samþykkt á næsta ársfundi og á árinu á að fara fram endurskoðun á sáttmála ráðsins og vinnureglum. Tillaga til þingsályktunar verður lögð fram síðar á 121. þingi um breytingar á starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins.

5. Störf vinnuhóps Vestnorræna þingmannaráðsins.

Vinnuhópur, sem endurskoða á starfsemi Vestnorræna þingmannaráðsins, hélt aukafund í lok ágúst og annan í nóvember. Á báðum fundunum var farið yfir ákvarðanir sem teknar voru á ársfundinum og ákvörðun tekin um rekstur skrifstofunnar. Á fundi í nóvember var ákveðið að halda ráðstefnur um ýmis málefni, m.a. ráðstefnu á næsta ári með þátttöku allra stofnana sem annast vestnorrænt samstarf. Einnig var ákveðið að íhuga breytingu á nafni Vestnorræna þingmannaráðsins og útgáfu á fréttabréfi.

6. Annað.

Vestnorræna þingmannaráðið sótti um styrk til norrænu ráðherranefndarinnar til að hefja starfsemi nýrrar skrifstofu ráðsins, u.þ.b. 3 millj. kr. Var ákveðið að til að byrja með yrði skrifstofan á Íslandi og var ráðinn starfsmaður til hennar. Alþingi útvegar húsnæði o.fl. endurgjaldslaust.

Með breytingunum á störfum ráðsins var samþykkt að auka samvinnu og samstarf við Norðurlandaráð. Allir formenn landsdeilda Vestnorræna þingmannaráðsins sóttu þing ráðsins í Kaupmannahöfn í nóvember 1996 og áttu fund með forseta Norðurlandaráðs. Á þeim fundi var ákveðið að auka upplýsingaflæðið milli ráðanna og að Norðurlandanefnd Norðurlandaráðs mundi sérstaklega fjalla um málefni Vestnorræna þingmannaráðsins.

Alþingi, 31. jan. 1997.

Árni Johnsen, form.	Ásta R. Jóhannesdóttir, varaform.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Rannveig Guðmundsdóttir.	Svavar Gestsson.

550. Svar [215. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kynferðislega misnotkun á börnum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu oft á síðustu fimm árum hafa félagsmálayfirvöld, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð fengið til meðferðar mál vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar á börnum?*
2. *Hversu oft á þessu tímabili hafa félagsmálayfirvöld, barnaverndarnefndir og barnaverndarráð úrskurðað og/eða kært meint brot af þessu tagi og hversu oft hefur það leitt til ákæru og sektar samkvæmt ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna og almennra hegningarlaga?*
3. *Hvaða rannsóknaraðferðir eru helst notaðar þegar um er að ræða meinta kynferðislega misnotkun á börnum? Er kannað hvort gerandi hefur haft í fórum sínum barnaklám eða dreift því?*
4. *Er öllum börnum, sem hafa verið misnotuð kynferðislega, tryggður stuðningur og meðferð af hálfu hins opinbera, annars vegar ríkis og hins vegar sveitarfélaga? Þarf að auka þann stuðning og þá hvernig?*

Svarið byggist að mestu á upplýsingum frá Barnaverndarstofu sem gerði sérstaka könnun í tilefni fyrirspurnarinnar. Í fylgiskjali með svarinu er gerð grein fyrir könnuninni og helstu niðurstöðum hennar.

Í svarinu eru notuð hugtökin „kynferðislegt ofbeldi“ og „kynferðisleg áreitni“ í stað orðanna „kynferðisleg misnotkun“.

1. Barnaverndarnefndir hafa á síðustu fimm árum fengið 465 mál til meðferðar vegna meints kynferðislegs ofbeldis og eiga þar hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Í einhverjum tilvikum eru þolendur fleiri en einn af völdum sama ofbeldismanns. Þau mál, sem berast barnaverndarráði, hafa fyrst komið til kasta barnaverndarnefnda og erindi af þessum toga sem berast félagsmálayfirvöldum fara til meðferðar hjá viðkomandi barnaverndarnefnd. Má því álykta að heildarfjöldi barna komi fram í upplýsingum barnaverndarnefndanna.
2. Úrskurðað hefur verið í um tíu málum af hálfu barnaverndarnefnda og mun þeim öllum hafa verið skotið til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs. Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefndum má álykta að þær kæri til lögreglu í um 30–40% þeirra mála sem þær hafa til meðferðar. Að teknu tilliti til gagna frá lögregluembættum og Rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR) má ætla að mál sem sæta lögreglurannsókn séu mun fleiri, eða a.m.k. 50%, þar sem fleiri aðilar en barnaverndarnefndir geta kært, t.d. aðstandendur barna. Barnaverndarnefndir geta ekki, svo vel sé, veitt upplýsingar um ákærur og sektir á grundvelli hegningarlaga eða barnaverndarlaga. Ríkissaksóknari hefur birt ákæru í 45 málum á síðustu fimm árum eða í rúmlega þriðjungi þeirra mála er til hans var vísað af RLR eða einstökum lögregluembættum á tímabilinu. Vitað er að sakfellt hefur verið í a.m.k. 30 þeirra, en nánari upplýsingar liggja ekki fyrir.

3. Barnaverndarnefndunum ber að kanna mál í kjölfar tilkynningar. Hjá mörgum stærri sveitarfélögum landsins er beitt ákveðnum aðferðum við könnun máls. Nær undantekningarlaust hafa þessi mál forgang og eru sérstök teymi sérfræðinga víða kölluð til. Langoftast er um að ræða samstarf við lögreglu og heilbrigðisstofnanir. Á stærri stöðum er sérstök aðstaða til viðtala og myndbandsupptökutæki fyrir hendi. Þessi aðstaða auðveldar barni yfirheyrslu og dregur úr þörf á endurteknum vitnisburði. Til nánari skýringar verður hér greint frá þeim skrefum sem tekin eru þegar barnaverndarnefnd Reykjavíkur berst tilkynning um grun um kynferðislegt ofbeldi gegn barni. Frumkönnun fer fram af hálfu starfsmanna í viðkomandi hverfi þar sem tekið er nákvæmt viðtal við þann sem tilkynnir og e.t.v. fleiri aðila. Þá er haldinn samráðsfundur með sálfræðingi og fulltrúa Rannsóknarlögreglu ríkisins og málið metið. Ef niðurstaða fundar mælir með áframhaldandi vinnslu er samin rannsóknaráætlun og gripið til ráðstafana barninu til verndar. Gerð er ítarleg athugun sem í felast m.a. viðtöl við barnið, ættingja og fjölmarga aðra sem geta veitt upplýsingar um hagi þess, enn fremur er barnið rannsakað á barnadeild Landspítalans og könnuð eru fyrri afskipti RLR af aðilum máls. Málið er síðan metið og því vísað til rannsóknar hjá RLR, því lokað eða beint í annan farveg. Í kjölfar vísunar til rannsóknarlögreglu er gerð meðferðar- og stuðningsáætlun og henni hrint í framkvæmd ásamt eftirliti og öðrum varúðarráðstöfunum. RLR hefur sett sér starfsreglur um hvernig bregðast skuli við þegar grunur leikur á kynferðisofbeldi gagnvart börnum. Sýslumenn vísa til meginreglna um rannsókn opinberra mála, en flestir nefna að leitað sé til sérfræðinga hvað varðar samskipti við barn og fjölskyldu og að samstarf sé haft við viðkomandi barnaverndarnefnd. Rétt er að benda á að afskipti aðilanna hafa ólík markmið. Verkefni barnaverndarnefndar er fyrst og fremst að vernda barn en rannsóknarlögreglan leitast við að upplýsa meint lögbrot.

   Ekki fer alltaf fram leit til að ganga úr skugga um hvort grunaður maður hafi í fórum sínum klámefni eða hafi dreift slíku. Nefnt er í svörum lögregluyfirvalda að það sé gert komi fram tilefni til slíks. Búast má við breytingu á þessu í ljósi nýrra ákvæða í hegningarlögum, um bann við vörslu barnakláms, er tóku gildi um áramótin.
4. Ekki er hægt að fullyrða að öllum börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sé tryggður stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Búast má við að ekki færri en 50 börn þurfi árlega á sérhæfðri meðferð að halda vegna kynferðisofbeldis. Engin hópmeðferð stendur þessum börnum til boða en áfallameðferð og langtímameðferð er sjaldnast skipulögð af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar. Þá eru biðlistar hjá barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

   Hvers konar stuðningur og meðferð eru nauðsynleg börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og því er rétt að varpa ljósi á nokkur atriði. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að greina á milli langtímameðferðar og bráðameðferðar. Bráðameðferð er veitt án tafar, svonefnd „kreppu-“ eða „áfallameðferð“. Hún er oft samofin málsmeðferðinni og þeirri sársaukafullu atburðarás sem henni fylgir. Langtímameðferð spannar oft áraraðir. Hún reynist ætíð nauðsynleg í alvarlegum tilvikum kynferðisofbeldis, enda er þar um að ræða stórfelldan skaða á tilfinningalífi einstaklings og fjölskyldu sem langan tíma tekur að lagfæra. Áfallameðferðina skortir yfirleitt hérlendis og lítið eða ekkert skipulag er á því hvernig langtímameðferð er veitt, sé hún veitt á annað borð.

Meðferðarúrræðin þurfa að vera fjölþætt, t.d. einstaklingsmeðferð, hópmeðferð og fjölskyldumeðferð, en oft þarfnast fórnarlambið alls þessa. Hópmeðferð barna er ekki veitt hérlendis, þ.e. kerfisbundin meðferð undir stjórn fagfólks, en sú meðferð er talin hafa úrslitaþýðingu um bata barna í vissum tilvikum. Fjölskyldumeðferð er veitt hérlendis í nokkrum mæli þótt algengasta form meðferðar vegna kynferðisofbeldis sé einstaklingsmeðferð. Loks er rétt að geta þess að mikilvægt er að margir ólíkir faghópar taki þátt í þeirri meðferð sem stendur til boða.

Erfitt er að leggja mat á hversu mörg börn væru líkleg til að þiggja sérhæfða meðferð væri hún veitt hérlendis. Yfir 30 börn hafa verið fórnarlömb kynferðisofbeldis á ári að meðaltali í þeim málum sem borist hafa ríkissaksóknara. Með hliðsjón af því að barnaverndarnefndir fjalla um mál þar sem 112 börn koma við sögu má ætla að börn sem mundu færa sér í nyt sérstaka meðferð séu ekki færri en 50 á ári og er þá trúlega varlega áætlað. Séu fjölskyldur reiknaðar með má áætla að á annað hundrað manns þurfi á stuðningi og meðferð að halda á ári

Ljóst er að sá stuðningur sem í boði er, af hálfu ríkis og sveitarfélaga, er ekki fullnægjandi og á það ekki síst við um landsbyggðina. Þessi mál eru til sérstakrar skoðunar hjá félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu og hafa átt sér stað viðræður við sérfræðinga frá barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Stígamótum um meðferðarmál barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi.

Fylgiskjal.

Könnun Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa gerði könnun á þeim þáttum sem fyrirspurnin beinist að. Lögð er áhersla á að um könnun er að ræða en ekki ítarlega rannsókn. Með henni var markmiðið að afla upplýsinga um hve mörgum börnum tilteknir opinberir aðilar hefðu haft afskipti af á síðustu fimm árum þegar grunur lék á kynferðislegu ofbeldi eða áreitni í þeirra garð.

Leitað var til allra barnaverndarnefnda og þeirra félagsmálanefnda sem fara með barnaverndarmál. Þá var enn fremur aflað upplýsinga hjá barnaverndarráði, sýslumannsembættum, lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og embætti ríkissaksóknara.

Könnunin var nokkrum takmörkunum háð. Ástæðan er sú að viðfangsefnið er mun flóknara og fjölþættara en í fljótu bragði kann að virðast. Sem dæmi um þetta er sú staðreynd að mál þau sem fjallað er um eru afar ólík innbyrðis, bæði að eðli og alvarleika. Þá ber að hafa í huga að úrlausnir máls geta verið ólíkar eftir því hvaða tengsl eru milli barns og þess sem hefur beitt það ofbeldi. Mikill munur er á því hvort þar er um skyldmenni að ræða, jafnvel foreldri, eða utanaðkomandi. Vinna barnaverndarnefndar er mjög mismunandi með tilliti til þessa. Jafnvel mætti taka svo sterkt til orða að segja málin svo ólík að þau eigi fátt sameiginlegt annað en að teljast kynferðislegt ofbeldi eða áreitni. Í athugasemdunum er gerður greinarmunur á áreitni og ofbeldi til að leggja áherslu á þetta. Jafnframt skal haft í huga að hvers konar kynferðislegar athafnir eða tilburði fullorðinna í garð barna ber undantekningarlaust að líta á sem refsivert athæfi.

Svo fleiri atriði séu nefnd um fjölbreytni umræddra mála má minna á að því fer fjarri að í sérhverju máli sé einn gerandi og eitt barn. Gerendur geta verið fleiri en einn þótt þolandi sé eitt og sama barnið. Dæmið getur einnig snúist algerlega við; þolendur geta verið margir en einn og sami ofbeldismaður á ferð.

Atvik eru einnig mjög ólík, erfitt að skilgreina þau, jafnvel ekki unnt að vita um málsatvik, hverjir mögulegir þolendur eru, hve margir o.s.frv. Sem dæmi má taka mál þegar um strípahneigð (*exhibisionism*) er að ræða eða gláphneigð (*voyeurism*) eða hneykslanlega framkomu, þ.e. svokölluð blygðunarsemisbrot. Við slíkar kringumstæður geta þolendur verið margir og erfitt reynst að komast að því hverjir þeir eru. Í öðrum tilvikum er um alvarlegustu tegund af ofbeldi að ræða sem varðar margra ára refsingu og getur leitt til langvarandi meðferðar þolanda. Búast má við að þau mál sem barnaverndaryfirvöld hafa afskipti af séu af alvarlegum toga.

Því miður liggur ekki fyrir vitneskja sem varpað getur ljósi á alvöru allra þeirra mála sem opinberir aðilar koma nærri, en þó má draga ýmsar ályktanir af afskiptum barnaverndaryfirvalda af málum, lögreglukærum, ákærum af hálfu ríkissaksóknara og dómum sem upp eru kveðnir. Aðeins með samanburði á öllum þessum þáttum fæst heildstæð mynd.

Flest mál koma til umfjöllunar hjá barnaverndaryfirvöldum en færri hjá lögreglu (og rannsóknarlögreglu) og enn færri þegar kemur að ákæruvaldi og dómstólum. Í flestum tilvikum má búast við að mál sem barnaverndarnefndir fjalla um séu hin sömu og berast til lögreglu.

Um útbreiðslu vandans í þjóðfélaginu verða hins vegar ekki dregnar nema óljósar ályktanir. Enn erfiðara er að meta þann skaða sem af þessu hlýst, hvort heldur átt er við tilfinningalegan skaða eða kostnað samfélagsins. Reynsla og frásagnir fullorðinna af ofbeldi á æskuárum gefa innsýn í þennan reynsluheim og hvað um getur verið að tefla.

Mál sem koma til kasta barnaverndaryfirvalda.

Allar barnaverndarnefndir í landinu svöruðu þeim spurningum sem beint var til þeirra í tilefni fyrirspurnarinnar. Svörin leiða í ljós að á fimm ára tímabilinu hafa nefndirnar haft afskipti af 560 börnum í 465 málum þar sem talið er að barn hafi getað orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, langoftast af hendi fullorðinna. Af þessu má ályktа að nefndirnar hafi haft að meðaltali um 93 mál til meðferðar á ári þar sem 112 börn hafa komið við sögu.

Áhugavert er að bera þennan fjölda saman við heildarfjölda mála sem nefndirnar hafa afskipti af á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna. Á árinu 1995 bárust nefndunum tilkynningar vegna 824 barna. Um 14% þeirra mála, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af á ári hverju, eru því tilvik þar sem grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Þessi tala er ekki fyllilega áreiðanleg eða stöðug frá ári til árs, en gefur engu að síður sterkar vísbendingar um hlutfallslega tíðni barnaverndarmála af þeirri tegund sem hér er fjallað um.

Þegar grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi fer ævinlega fram könnun á vegum barnaverndarnefndar. Grunurinn er ekki alltaf staðfestur og er málið þá látið niður falla eða fært í annan farveg. Ekki liggur fyrir í hve mörgum tilvikum barnaverndarnefndir kæra til lögreglu þar sem nefndirnar greindu ýmist frá fjölda mögulegra þolenda eða fjölda mála. Að svo miklu leyti sem Barnaverndarstofa kemst næst eru 30–40% tilvika kærð til lögreglu af barnaverndarnefndum. Oft berst kæra frá öðrum, t.d. foreldrum eða jafnvel barninu (unglingnum) sjálfu, og því ekki kært af nefndinni þrátt

fyrir að málið sé þar til meðferðar. Einnig getur verið um aðrar ástæður að ræða, t.d. þegar gerandi er barn og ekki á sakhæfisaldri og mál því ekki kært til lögreglu.

Í svari barnaverndarráðs er greint frá því að á síðustu fimm árum hafi ráðið fengið tíu mál til meðferðar þar sem um kynferðislegt ofbeldi hafi verið að ræða gagnvart ellefu börnum. Á sama tímabili hefur barnaverndarráð kveðið upp sjö úrskurði þar sem kynferðislegt ofbeldi gegn barni eða grunur um það hefur legið til grundvallar niðurstöðu. Bendir þetta til þess að ekki þurfi nema örsjaldan að beita þvingunum af hálfu barnaverndaryfirvalda til að tryggja öryggi þeirra barna sem í hlut eiga.

Svar Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Í svari rannsóknarlögreglunnar er sá fyrirvari gerður að ekki sé víst að um tæmandi yfirlit sé að ræða þar sem gagnagrunnur sá sem upplýsingar eru sóttar úr sé færður samhliða málaskrá RLR. Gögn hafi því ekki legið fyrir fyrr en með nýtilkomnu landskerfi fyrir lögreglu, en það kerfi er ekki tilbúið til vinnslu upplýsinga. Með þessum fyrirvara kemur fram í svarinu að 139 mál hafi borist RLR á umræddu fimm ára tímabili þar sem kært hafi verið vegna kynferðislegs athæfis gagnvart barni, eða um 28 mál á ári að meðaltali. Athygli vekur að í 68% tilvika (94 málum) voru málin send ríkissaksóknara til ákvörðunar um það hvort höfðað skyldi opinbert mál. Af 47 kærum sem RLR bárust frá barnaverndarnefndum voru 38 mál send ríkissaksóknara eða 80%. Á því sést að langflest mál sem barnaverndarnefndir kæra til rannsóknarlögreglu fara til meðferðar ríkissaksóknara.

Svar lögreglu (sýslumanna).

Lögregluembættin í landinu hafa á undanförnum fimm árum fengið til umfjöllunar 203 mál þar sem grunur leikur á að börn hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi. Um er að ræða 242 börn. Búast má við að mörg þessara mála berist á einhverju stigi til Rannsóknarlögreglu ríkisins svo að ekki er unnt að reikna út fjölda mála frá hinum ýmsu embættum og rannsóknarlögreglu til að öðlast upplýsingar um heildarfjölda ætlaðra kynferðisafbrotamála gegn börnum hjá lögreglu. Með þessi varnaðarorð í huga má áætla að samanlagður fjöldi mála hjá lögregluembættum og RLR sé um 350. Jafnvel þótt gert sé ráð fyrir verulegri tvítalningu mála hjá lögregluyfirvöldum er vart ofætlað að gera ráð fyrir að í meira en helmingi þekktra tilvika sé um einhvers konar lögreglumeðferð að ræða.

Svar ríkissaksóknara.

Í svari ríkissaksóknaraembættisins um fjölda mála og fjölda einstaklinga sem áttu hlut að máli kemur fram að embættinu hafi á umræddu fimm ára tímabili borist 126 mál sem vörðuðu 153 börn. Fjöldi mála er nokkuð mismunandi frá ári til árs.

Ár	Fjöldi mála	Fjöldi barna
1992	28	35
1993	16	19
1994	21	27
1995	32	39
1996	29	33
Samtals	**126**	**153**

Lætur nærri að meðalfjöldi mála, sem berast embætti ríkissaksóknara, sé 25 á ári og varði 30 börn. Þess má geta að í u.þ.b. 75% tilvika bárust mál frá RLR. Í svari embættisins kemur jafnframt fram að það hafi ákveðið málshöfðun í 45 málum á umræddu tímabili, eða níu málum á ári að jafnaði, sem eru um 35%. Ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um fjölda barna sem þar áttu hlut að máli en í ljósi heildarmálafjölda sem til embættisins berast má ætla að um sé að ræða 50 börn eða fleiri á tímabilinu eða um tíu börn á ári að jafnaði.

Ríkissaksóknari benti á að lagafyrirmæli um saksókn sé að finna í 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Segir þar að þegar ákærandi hafi fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugi hann hvort sækja skuli mann til saka eða ekki. Telji hann það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa, en ella leggur hann málið fyrir dóm skv. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Samantekt.

Gera má ráð fyrir að barnaverndaryfirvöld hafi af flestum málum að segja en færri mál hljóti lögreglurannsókn og síðan meðferð ríkissaksóknara og séu lögð fyrir dóm. Miðað við vísbendingar lítur út fyrir að af 465 málum sem barnaverndaryfirvöld þekkja til frá tilteknu fimm ára tímabili fái meira en helmingur lögreglurannsókn, um þriðjungur (126 mál) fari til meðferðar ríkissaksóknara og embættið höfði mál í 35% tilvika (45 mál). Ef það hlutfall er borið saman við málafjöldann sem þekktur er hjá barnaverndaryfirvöldum má draga þá ályktun að ákært sé í 9–10% tilvika. Könnun Barnaverndarstofu bendir einnig til þess að sakfellt hafi verið í miklum meiri hluta tilvika sem leiddu til ákæru.

	Fjöldi mála	Hlutfall
Barnaverndarnefndir	465	100%
Lögregluransókn	?	50–60%
Ríkissaksóknari	126	27%
Dómstólar	45	10%
Sakfelling	32 *	> 7%

* Stuðst við upplýsingar frá RLR. Um nokkur mál er ekki vitað og því líkur á að sakfellt hafi verið í fleiri málum.

Um rannsóknaraðferðir lögreglu.

Í svari RLR er vísað til starfsreglna rannsóknarlögreglunnar um tilvik þegar grunur leikur á meintu kynferðisofbeldi gagnvart börnum (nr. 4101, útgefnar af rannsóknarlögreglustjóra 19. apríl 1994). Staðhæft er í svarinu að ekki sé kannað sérstaklega hvort maður, sem grunaður er um að hafa misboðið barni kynferðislega, hafi í fórum sínum barnaklám eða hafi dreift því. Sé á hinn bóginn tilefni til að gruna hann um slíkt mundi rannsókn að öllum líkindum einnig beinast að því atriði.

Af svörum sýslumannsembættanna má ráða að erfitt sé að gera tæmandi grein fyrir rannsóknaraðferðum á kynferðisbrotum. Að sumu leyti er skiljanlegt að mismunandi starfsreglur hafi mótast; sums staðar hafa kynferðisbrotamál, þar sem barn á í hlut, sjaldan eða jafnvel aldrei verið rannsökuð en annars staðar hafa skapast skýrar starfsreglur um verulegan fjölda mála.

Á nokkrum stöðum er tekið fram að sérstök aðstaða sé fyrir hendi, svo sem viðtalsherbergi með möguleika á mynd- og/eða hljóðupptöku, þátttöku sérfræðinga barnaverndarnefndar o.s.frv. Lögregluyfirvöld og barnaverndaryfirvöld eiga samstarf um vissa þætti máls enda eru hagsmunir þeirra af því að upplýsa mál að verulegu leyti sameiginlegir. Með nánu samstarfi þykir hafa tekist að auðvelda barni yfirheyrslu, endurtekningu á vitnisburði o.s.frv.

Að öðru leyti er í flestum svaranna vísað til meginreglna um rannsóknir opinberra mála. Flest embættin nefna að leitað sé til sérþjálfaðra manna hvað varðar samskipti við barn og fjölskyldu þess og við að yfirheyra eða veita aðstoð við yfirheyrslu á barni. Vísað er til þess sem segir í lögum um vernd barna og ungmenna um hlutverk barnaverndarnefndar eða starfsmanna hennar, að nefndin sé rannsóknarmanni til halds og trausts og barni til verndar og aðstoðar.

Í langflestum tilvikum virðist ekki fara fram leit að klámefni á heimili grunaðra nema þar sem sérstakur grunur hefur vaknað um tilvist slíks efnis og að það geti nýst sem sönnunargagn við uppljóstrun máls. Til undantekninga heyrir að aflað sé heimildar til húsleitar í þessu skyni og ekki eru nefnd bein dæmi um slíkt í svörunum. Hér er vert að hafa hugfast að eignarhald eða varsla klámefnis þar sem börn koma við sögu hefur ekki verið refsivert fyrr en við gildistöku laga nr. 126/1996, um breytingu á almennum hegningarlögum (barnaklám), 1. janúar sl.

Meðferð mála hjá barnaverndarnefnd.

Skyldur barnaverndarnefnda við barn sem beitt hefur verið kynferðislegu ofbeldi eru tilgreindar í lögum um vernd barna og ungmenna. Í 23. gr. er sérstaklega vikið að skyldum nefndar til að aðstoða barn, sem orðið hefur fórnarlamb ofbeldis af einhverju tagi, með ráðgjöf og meðferð. Viðfangsefni barnaverndarnefnda eru mun víðtækari en ef til vill má ráða af lögunum í fljótu bragði. Afskipti hefjast með grun nefndarinnar, starfsmanna hennar eða einhvers utanaðkomandi sem komið er á framfæri. Barnaverndarnefnd ber að kanna allar tilkynningar eða vísbendingar og gera áætlun um könnun á aðstæðum barns. Tíminn sem líður frá því að grunur vaknar þar til gripið er til einhverra aðgerða getur verið mismunandi. Það er eitt af auðkennum kynferðisofbeldismála að fara verður með mikilli gát frá upphafi svo að málið spillist ekki í meðförum.

Rannsókn barnaverndarnefndar miðar að eftirfarandi:

— að kanna hvort uppeldisaðstæðum barns geti verið áfátt,
— að kanna hvort tilefni er til að gera ráðstafanir til að vernda barnið; ýmist getur verið um bráðaráðstafanir að ræða eða aðgerðir sem varað geta í lengri tíma,
— að gera ráðstafanir til að veita barni aðstoð og meðferð; það tekur yfirleitt lengstan tíma og þykir mest krefjandi, með tilliti til fjármuna og mannafla.

Könnun máls hjá barnaverndarnefnd fer fram óháð rannsókn lögreglu á mögulegu saknæmu athæfi, enda miðast könnun á vegum barnaverndarnefndar við allt aðra þætti. Oft reynir þó á samvinnu lögreglu og barnaverndaryfirvalda. Þá ber og að hafa í huga að barnaverndarnefnd eða starfsmenn hennar veita gjarnan margvíslega aðstoð við lögreglurannsókn auk þess að styðja barn á meðan á rannsókn stendur. Í fjölmörgum tilvikum aflar lögregla vitneskju um þætti sem nefndin hefur kannað. Sérstaklega á þetta við um frásögn barns af atburði.

Barnaverndarstofa metur það svo að aðstaða barnaverndarnefnda til að kanna mál, svo og að tryggja barni vernd, sé yfirleitt viðunandi í stórum sveitarfélögum og litlum sveitarfélögum sem hafa sameinast um nefndir. Þó er þeim oft vandi á höndum þar sem hér á landi hafa fáir sérfróðir reynslu og þekkingu á könnun þessara mála, kreppuaðstoð og langtímameðferð á börnum og fjölskyldum. Í litlum sveitarfélögum, sem enn hafa ekki framfylgt ákvæðum barnaverndarlaga um sameiginlegar nefndir, er erfiðara um vik að sinna lagaskyldum á viðunandi hátt. Nú eru rúmlega 80 barnaverndarnefndir í landinu og hefur um helmingur þeirra ekki fastan starfsmann í þjónustu sinni og fleiri barnaverndarnefndir hafa ekki sérhæft starfslið.

Ljóst er að börnum er almennt ekki tryggður fullnægjandi stuðningur. Benda má á að samkvæmt mati Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar er meðferð af þessu tagi yfirleitt of sérhæfð og mannfrek til að unnt sé að annast hana sem skyldi, en telja verði að alvarlegustu málin fái viðunandi afgreiðslu, enda megináhersla lögð á þau.

551. Fyrirspurn [295. mál]

til félagsmálaráðherra um synjun atvinnuleyfa.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Af hvaða ástæðum var 39 útlendingum synjað um atvinnuleyfi árið 1996? Hvaðan var þetta fólk?

552. Fyrirspurn [296. mál]

til félagsmálaráðherra um atvinnuleyfi útlendinga.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig skiptust veitt atvinnuleyfi útlendinga eftir kynjum árið 1996, greint eftir löndum:

a. óbundin leyfi,
b. tímabundin leyfi?

Skriflegt svar óskast.

553. Tillaga til þingsályktunar [297. mál]

um íslenskt sendiráð í Japan.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998.

Greinargerð.

Tillaga um opnun íslensks sendiráðs í Japan var fyrst flutt á 115. löggjafarþingi (þskj. 434) og endurflutt óbreytt á 116. löggjafarþingi (þskj. 66) af Hjörleifi Guttormssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Jóni Helgasyni og Kristínu Einarsdóttur. Veigamikil röksemd með flutningi tillagnanna voru sífellt aukin samskipti Íslendinga og Japana, bæði á sviði menningar og viðskipta. Utanríkismálanefnd fjallaði um tillöguna en ekki reyndist þá meirihlutastuðningur við afgreiðslu hennar.

Þrátt fyrir opnun sendiráðs í Kína í ársbyrjun 1995 telur flutningsmaður þessarar tillögu enn brýna hagsmuni mæla með því að opnað verði íslenskt sendiráð í Japan, bæði vegna mikilvægis tengsla Íslands og Japans og einnig vegna vaxandi samskipta og markaðsmöguleika í öðrum fjölmennum ríkjum Austur-Asíu. Sú skoðun hefur komið fram allvíða að undanförnu að ekki sé nægilegt að reka eitt íslenskt sendiráð í þeim heimshluta heldur sé full þörf á öðru til viðbótar til að sinna íslenskum hagsmunum sem skyldi og þá hlýtur opnun sendiráðs í Japan að vera efst á blaði. Sendiráðið í Peking annast nú samskipti við Japan, sbr. fylgiskjal um íslensk sendiráð og starfsmannafjölda. Einnig ber að hafa í huga gagnkvæma hagsmuni Íslendinga og Japana af opnun íslensks sendiráðs í Japan þar sem það gæti eftir atvikum leitt til þess að Japanir settu á fót eigið sendiráð hérlendis.

Efnahagsveldi Japana hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár þannig að þeir keppa nú við fremstu stórveldi um forustu í heimsviðskiptum. Ísland og Japan tóku upp stjórnmálasamband á árinu 1956. Hafa komist á traust viðskipti milli Íslands og Japans hin síðari ár og var Japan í öðru til þriðja sæti með Bandaríkjunum á eftir EES-löndunum að því er varðar verðmæti útflutnings héðan til einstakra landa árið 1995.

Alls nam verðmæti útflutnings til Japans á árinu 1995 rúmum 13 milljörðum kr. eða 11,3% af heildarútflutningi Íslendinga. Fyrir árið 1993 voru sambærilegar tölur tæpir 9 milljarðar kr. og 9,3% af heildarútflutningi en árið 1994 voru fluttar út vörur til Japans að verðmæti tæplega 16 milljarðar kr. eða 14 % af heildarútflutningi. Langstærstur hluti útflutningsvara til Japans eru fiskafurðir, en árið 1995 var útflutningsverðmætið 11 milljarðar kr. eða 83,7% heildarútflutnings þangað. Mikilvægustu sjávarafurðir okkar á Japansmarkaði á árinu 1995 voru heilfrystur karfi, heilfrystur flatfiskur, fryst loðna, fryst rækja og fryst loðnuhrogn. Árið 1995 voru landbúnaðarafurðir seldar til Japans fyrir 144 millj. kr. sem er 1,1% af heildarútflutningi og iðnaðarvörur voru seldar fyrir 100 millj. kr. sem er 0,8% af heildarútflutningi. Nefna má að sala á kísiljárni til Japans dróst saman um rúman 1,1 milljarð kr. á milli áranna 1994 og 1995. Annar útflutningur til Japans nam um 2 milljörðum kr. á árinu 1995.

Vöruskiptajöfnuður Íslands og Japans hefur verið Íslendingum hagstæður. Innflutningur þaðan hefur numið um 4–6% af heildarinnflutningi síðustu ár. Árið 1993 voru fluttar inn vörur frá Japan fyrir rúma 5 milljarða kr., fyrir um 4,1 milljarð kr. á árinu 1994

og á árinu 1995 fyrir um 5 milljarða kr., að stærstum hluta vélar og samgöngutæki og fatnaður. Vöruskiptajöfnuður landanna var því Íslandi hagstæður um 8 milljarða kr. árið 1995.

Það er flestra álit að viðskipti Íslands og Japans geti vaxið enn frekar frá því sem nú er ef vel er að málum staðið. Í því sambandi getur starfræksla íslensks sendiráðs í Japan skipt verulegu máli til að kynna ímynd Íslands og greiða götu viðskipta og annarra samskipta. Slíkt er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, ekki síst þegar samkeppni fer harðnandi um markaði. Þá er og æskilegt að rækta samskipti sem víðast, m.a. til að geta brugðist við breyttum markaðsaðstæðum. Íslensk fyrirtæki hafa um nokkurra ára skeið starfrækt söluskrifstofur í Tókíó sem sýnir mikilvægi þess markaðar.

Þótt fjarlægð milli landanna sé mikil er sitthvað skylt með Japönum og Íslendingum. Japan er eyríki eins og Ísland. Einnig þar er sjávarútvegur mikilvæg atvinnugrein og fiskneysla hefðbundin og vaxandi. Bæði löndin hafa stundað hvalveiðar og haft samvinnu um þá hagsmuni, m.a. í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eldvirkni er mikil í Japan eins og hér, jarðskjálftar tíðir og jarðvarmi hagnýttur, m.a. til raforkuframleiðslu. Í Tókíó eru aðalstöðvar Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna en útibú frá þeirri stofnun er starfrækt í Reykjavík.

Samskipti í menningarmálum hafa verið nokkur og farið vaxandi síðustu árin. Ísland var kynnt á mörgum stöðum í Japan árið 1987 ásamt öðrum ríkjum á Norðurlöndum á sýningunni „Scandinavia today". Á árunum 1990–1991 var Japan kynnt hér á landi með listviðburðum og sýningum undir fyrirsögninni „Japan today in Iceland". Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, hafði mikinn áhuga á að efla samskipti milli landanna og heimsótti hún Japan nokkrum sinnum um og eftir 1990. Þess má og geta að japönsk þingmannanefnd kom hingað í boði Alþingis haustið 1989. Sú heimsókn var endurgoldin af forsætisnefnd Alþingis haustið 1991 og var tillaga sem þá var flutt um opnun íslensks sendiráðs í Tókíó að nokkru sprottin upp af þeim kynnum.

Með stofnun sendiráðs ætti að mega styrkja frekar og auka gagnkvæm samskipti Íslands og Japans. Nefna má að á sviði ferðamála kann að vera sóknarfæri að kynna Japönum Ísland, en fjöldi ferðamanna frá Japan hefur aukist verulega á síðasta áratug. Árið 1985 komu 716 japanskir ferðamenn til landsins en á árinu 1995 voru þeir 2.410 og höfðu aldrei verið fleiri. Þó var þessi fjöldi aðeins 1,3% af heildarfjölda erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árið 1995.

Talsverður kostnaður er því fylgjandi að koma á fót sendiráði og reka það. Í Tókíó er húsnæðiskostnaður hærri en gerist víða annars staðar. Ekki er í tillögunni tekin afstaða til hvort mæta skuli þessum tilkostnaði vegna sendiráðs í Japan með endurskipulagningu á sendiráðsstarfsemi okkar annars staðar, eða hvort nauðsynlegt reynist að auka það fjármagn sem utanríkisþjónustan hefur til ráðstöfunar til að gæta hagsmuna Íslands á erlendri grundu á tímum sífellt aukinna alþjóðasamskipta.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur að því að opna sendiráð í Japan taki um það bil eitt ár og því er í tillögunni gert ráð fyrir að sendiráðið verði opnað á árinu 1998.

Fylgiskjal.

Listi yfir íslensk sendiráð og starfsmannafjölda þeirra, unninn upp úr handbók utanríkisráðuneytisins.
(Mars 1996.)

1. Íslensk sendiráð eru í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel, Washington og Peking. Fastanefndir eru í Brussel, Genf og New York.
2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, eru:
   a. Kaupmannahöfn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Danmerkur falla Bosnía og Hersegóvína, Litáen og Tyrkland undir umdæmi sendiráðsins.
   b. Ósló. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur og tveir ritarar. Auk Noregs falla Króatía, Kýpur, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland undir umdæmi sendiráðsins.
   c. Stokkhólmur. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Svíþjóðar falla Albanía, Eistland, Finnland, Lettland og Slóvenía undir umdæmi sendiráðsins.
   d. London. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsfulltrúi, sendiráðsprestur og tveir ritarar. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands falla Grikkland, Holland, Indland og lýðveldið Írland undir umdæmi sendiráðsins.
   e. París. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi, sendiráðsritari og þrír ritarar. Auk Frakklands falla Ítalía, Portúgal og Spánn undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
   f. Moskva. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Auk Rússlands falla Búlgaría, Georgía, Moldóva, Mongólía, Rúmenía og Úkraína undir umdæmi sendiráðsins.
   g. Bonn. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi, viðskiptafulltrúi og tveir ritarar. Sendiráðið er með útibú í Berlín og hafa viðskiptafulltrúinn og annar ritarinn aðsetur þar. Auk Þýskalands falla Austurríki, Serbía-Svartfjallaland, Sviss og Ungverjaland undir umdæmi sendiráðsins.
   h. Brussel. Tvær skrifstofur eru í Brussel:
      1. Fyrir sendiráðið í Belgíu. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðunautur, tveir sendiráðsritarar, sendiráðsfulltrúi, fulltrúi fjármálaráðuneytis, fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, fulltrúi landbúnaðar- og samgönguráðuneytis, tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis, fulltrúi umhverfisráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og þrír ritarar. Auk Belgíu falla Liechtenstein og Lúxemborg undir umdæmi sendiráðsins. Forstöðumaður sendiráðsins er sendiherra hjá Evrópusambandinu.
      2. Fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu (NATO) og Vestur-Evrópusambandinu. Í starfsliði eru fastafulltrúi (sendiherra), varafastafulltrúi, sendiráðsritari og ritari.

i. Washington. Í starfsliði eru sendiherra, sendifulltrúi og þrír ritarar. Auk Bandaríkja Norður-Ameríku falla Argentína, Brasilía, Chile, Kanada, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ og Venesúela undir umdæmi sendiráðsins.
j. Peking. Í starfsliði eru sendiherra, sendiráðsritari, sendiráðsfulltrúi og einn ritari. Auk alþýðulýðveldisins Kína falla Indónesía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam undir umdæmi sendiráðsins.
k. Genf. Í starfsliði eru fastafulltrúi, varafastafulltrúi, sendiráðsritari og tveir ritarar. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf er fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf.
l. New York. Í starfsliði eru, að meðtöldu starfsliði aðalræðisskrifstofunnar í New York, fastafulltrúi, aðalræðismaður, varafastafulltrúi, sendiráðunautur, viðskiptafulltrúi, sendiráðsfulltrúi og ritari. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York er fastafulltrúi Íslands í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

554. Tillaga til þingsályktunar [298. mál]

um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miði m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,
b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggja á ofbeldi,
c. ofbeldi á tölvunetum,
d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,
e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,
f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,
g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Greinargerð.

Sú tilhneiging foreldra að vernda börn sín og hlífa fyrir ljótleika tilverunnar hefur án efa fylgt manninum frá ómunatíð. Í daglegu lífi er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar fólks, þau eru ekki látin vera viðstödd ef aflífa þarf skepnur o.s.frv. Fyrir daga nútímafjölmiðlunar voru aðstæður foreldra í þessu sambandi viðráðanlegar í þeim

skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. Nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Um heim allan hafa áhyggjur manna af áhrifum aukins framboðs ofbeldisefnis, einkum í sjónvarpi og kvikmyndum, aukist síðustu ár og áratugi. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allur þessi fjöldi kannana, allt það fé sem lagt hefur verið í rannsóknir á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfestir þessar áhyggjur. Hér er hvorki ætlunin að fullyrða neitt né fjölyrða um áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum eða annars staðar þar sem það er að finna. Vandaðar kannanir sýna svo ekki verður um villst að fylgni er t.d. milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni, þótt heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Vísast í því sambandi m.a. til fylgiskjals I með tillögu þessari.

Á síðustu árum hefur framboð ofbeldisefnis aukist gífurlega en einnig hefur orðið breyting á eðli þess og gerð. Til að tíunda aðeins það helsta má nefna tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast tengd ofbeldi. Sama gildir um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaðan.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem framleitt er er raunverulegra að allri gerð. Tækninni (tölvugerð mynda) sem unnt er að beita til að gera ofbeldisatriðin eðlileg og lifandi ef svo má segja eru orðin lítil takmörk sett.

Síðast en ekki síst er sífellt að verki vítahringur stigmögnunarinnar. Rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að hver mynd eða hver tölvuleikur þurfi helst að taka því næsta á undan fram hvað svæsni snertir. Það þarf með öðrum orðum aðeins stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð.

Þótt ekki sé ætlunin að draga hér upp eina allsherjarhryllingsmynd af ástandinu er fróðlegt að taka dæmi af því ofbeldisefni sem venjulegt skólabarn „gæti“ haft aðgang að á einum degi, t.d. grunnskólanemi í 7. bekk á 12. ári:

„Það er föstudagur 13. september 1996 og Siggi í 7AB Háuhólaskóla kemur heim til sín ásamt Bjössa, einum skólafélaga, um kl. 14.30. Þeir kveikja á sjónvarpinu og á Stöð 2 er verið að sýna kvikmyndina Alive sem er bönnuð innan 16 ára. Næst ákveða þeir að fara í tölvuleiki. Annar tengir leikjatölvu, Super Nintendó, við sjónvarpið og leikur um stund leikinn Mortal Kombat, sem byggir á hrottafengnum bardaga. Hinn fer í heimilistölvuna og þar er að finna í safni leikja, sem eldri bróðir Sigga hefur sett inn, m.a. leikina Doom og Quake.

Á eftir fara þeir um stund niður í herbergi Sigga. Þar hanga á veggjum myndir af ofurhetjum og illmennum og meðal leikfanga eru að sjálfsögðu orrustuþotur, skriðdrekar, herskip, eldflaugar, byssur og rifflar, kylfur, sverð o.s.frv.

Nú er klukkan að verða fjögur og móðir Sigga og yngri systkini koma heim. Bjössi á hins vegar að sjá um sig sjálfur fram undir kvöldmat þar sem faðir hans kemur seint heim og móðir hans sem vinnur vaktavinnu er ekki væntanleg fyrr en um miðnætti. Vinirnir fá leyfi til að leigja spólu og horfa á hana heima hjá Bjössa. Þeir fara á myndbandaleigu og fá leigða án teljandi erfiðleika myndina Broken Arrow sem er bönnuð innan 16

ára. Á leiðinni heim koma þeir við í leiktækjasal þar sem meðal annars er að finna leiki þar sem skotið er úr eftirlíkingum af vélbyssum á skotmörk á tölvuskjá í viðeigandi tækjum. Þarna leika þeir sér um stund óáreittir, þrátt fyrir 14 ára aldurstakmark, fyrir afganginn af vasapeningum vikunnar.

Eftir að hafa horft á myndina og blaðað í hasarmyndablöðum, þar sem menn falla eins og hráviði fyrir kúlum ofurhetjunnar, fer Siggi heim til sín. Á báðum heimilum er horft á kvöldfréttir ríkissjónvarpsins og bæði á undan og eftir fréttunum eru sýndar án nokkurrar viðvörunar auglýsingar um kvikmyndir sem bannaðar eru börnum innan 16 ára. Þrjár myndir (The Quest, Diabolique og White Sguall) eru auglýstar kl. 19.50, rétt fyrir fréttir og tvær myndir (Dead Man Walking og The Quest) kl. 20.35, rétt eftir fréttir."

Síðan skulum við vona að þeir Siggi og Bjössi hafi átt friðsælt kvöld yfir námsbókunum og að þeir búi við góðar fjölskylduaðstæður, ekki mun af veita.

Það fer tæpast hjá því að fjölmargar spurningar vakni með þeim sem velta þessum málum fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað spurningin: Hvað á að gera? Er eitthvað hægt að gera? Jafnvel: Er ástæða til að gera nokkuð?

Það er eindregin skoðun tillögumanna að bregðast verði við. Við getum ekki horft aðgerðalaus upp á sívaxandi ofbeldi gegnsýra allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum atriðum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu. Margt fleira en beint orsakasamband milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar og glæpatíðni kallar líka á að brugðist sé við. Við viljum væntanlega ekki sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi sé fyllt ljótleika og ofbeldi, slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni og ýti öðru til hliðar.

Við Íslendingar ráðum að sjálfsögðu litlu um heimsmarkaðinn og komum ekki til með að hafa úrslitaáhrif á stefnuna hvað varðar framleiðslu á ofbeldisefni. En við getum sett sjálfum okkur reglur, við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og talað fyrir henni á norrænum vettvangi og alþjóðlega.

Í framkvæmdaáætlun um að draga úr framboði ofbeldisefnis er hægt að hugsa sér ýmsar aðgerðir:

1. Setja má strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.
2. Banna ætti auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýningar fyrir alla.
3. Aðgöngumiðar að kvikmyndum og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni gæti borið viðbótargjald sem síðan mætti verja til fræðslu- og forvarnarstarfs á viðkomandi sviði.
4. Stórefla þarf kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 47/1995.
5. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni.
6. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem hafa ofbeldisefni á boðstólum.
7. Beina þarf fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldurstakmörk og takmarka áhorf að ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni o.s.frv.

Flutningsmenn telja brýnt að mál þetta komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðlunar, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst meðal almennings og fjölskyldna í landinu.

Tillögunni fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi. Hilmar Thor Bjarnason (október 1996). Sjá þingskjalið (lausaskjalið).

II. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til menntamálaráðherra um ofbeldisefni í fjölmiðlum og munnlegt svar menntamálaráðherra (Björns Bjarnasonar) (35. mál 120. löggjafarþings). Sjá Alþt. 1995–96, þskj. 235, bls. 1893 í A-deild og svar ráðherra í B-deild, d. 2844.

III. Fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar til viðskiptaráðherra um kvikmyndaauglýsingar í sjónvarpi og munnlegt svar viðskiptaráðherra (Finns Ingólfssonar) (236. mál, 120. löggjafarþings). Sjá Alþt. 1995–96, þskj. 318, bls. 1894 í A-deild og svar ráðherra í B-deild, d. 2842.)

555. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um gerð kynslóðareikninga.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að gerð svonefndra kynslóðareikninga. Slíkir reikningar verði framvegis hafðir til hliðsjónar við gerð rammafjárlaga til lengri tíma, opinberra áætlana og fjárlagagerð eftir því sem við getur átt.

Greinargerð.

Í sem allra stystu máli má segja að kynslóðareikningar snúist um eftirfarandi: Öll opinber útgjöld verður fyrr eða síðar að greiða eins og aðra eyðslu, annaðhvort samtímis af þeirri kynslóð sem nýtur góðs af útgjöldunum eða að einhverju leyti síðar, af komandi kynslóðum, ef útgjöld eru umfram tekjur og mismunurinn er brúaður með lántökum.

Þessi einföldu sannindi hafa auðvitað lengi verið öllum ljós en síður hið flókna samspil núverandi afkomu hins opinbera við ýmsa aðra þætti. Þættir eins og breytt aldurssamsetning (hærra hlutfall aldraðra), atvinnuástand, vextir, fyrirkomulag lífeyrismála o.fl. munu hafa afgerandi áhrif á aðstöðu kynslóðanna til að standa straum af opinberum útgjöldum og/eða njóta góðs af þeim.

Hugtakið sem hér er nefnt kynslóðareikningar, á ensku „generational accounting“ og „generasjonsregnskap“ á norsku, er tiltölulega nýtt af nálinni. Slíkir reikningar fylgdu í fyrsta skipti fjárlagafrumvarpi ársins 1993 í Bandaríkjunum en þar var hugtakið búið til. Slíkir reikningar hafa verið gerðir á Ítalíu, í Þýskalandi, Japan og víðar. Á Norðurlöndum hafa Danir og Norðmenn verið í fararbroddi og var sérstaklega gerð grein fyrir kynslóðareikningum á Norska stórþinginu fyrir tveimur árum í greinargerð fjárlagafrum-

varpsins (sjá St. meld. nr. 1/1994–1995). Þeim sem vilja lesa sér til um gerð, möguleika og takmarkanir slíkra útreikninga má hiklaust benda á þá greinargerð.

Kynslóðareikningar eru reikningsaðferðir til að reikna út og spá fyrir um líklega eða væntanlega nettóskattbyrði núlifandi og komandi kynslóða, óhjákvæmilega að gefnum ýmsum forsendum.

Reikningarnir fela í sér að reynt er að spá fyrir um og reikna út útkomu hverrar kynslóðar allt lífshlaupið hvað varðar greiðslur (skatta) til og tekjur (endurgreiðslur og bætur) frá hinu opinbera.

Reikningarnir eru tilraun til að mæla heildaráhrifin af fyrirkomulagi og samspili helstu þátta sem áhrif hafa á stöðu kynslóðanna í þessu sambandi. Meðal þess helsta má telja:

— afkomu hins opinbera,
— tilhögun tekjuöflunar og ráðstöfun tekna hins opinbera (tilfærslur, útgjöld til velferðarmála o.s.frv.),
— breytingar í aldurssamsetningu,
— raunvexti,
— hagvöxt,
— atvinnuástand,
— fyrirkomulag lífeyrismála, einkum hvort um er að ræða sjóðauppbyggingu eða gegnumstreymiskerfi.

Eins og sjá má af þessu er óhugsandi að gera slíka útreikninga án þess að gefa sér ýmsar forsendur um þróun mála. Þeir eru því að sama skapi háðir óvissu sem af því leiðir.

Ein meginniðurstaða slíkra útreikninga er hvert nettóskattbyrðin stefni að óbreyttu eða hvaða breytingar þurfi að gera í efnahagsmálum vilji menn jafna skattbyrði kynslóðanna.

Engan þarf að undra að á tímum hallareksturs velflestra ríkissjóða á Vesturlöndum hefur útkoman yfirleitt sýnt að skattbyrði komandi kynslóða yrði að óbreyttu óhjákvæmilega þyngri en hún er hjá núlifandi kynslóðum. Sú varð eðlilega útkoman í Bandaríkjunum þar sem alríkissjóðurinn hefur verið rekinn með miklum halla. Hafa kynslóðaútreikningarnir þar komið töluvert við sögu í pólitískri umræðu og valdið deilum um hversu hratt eigi að minnka ríkissjóðshallann. Jafnvel í Noregi þar sem umtalsverður afgangur er orðinn á fjárlögum gæti skattbyrðin samt átt eftir að þyngjast þegar breyttrar aldurssamsetningar verður farið að gæta af fullum þunga.

Fljótt á litið gæti þetta skilist þannig að börn okkar og barnabörn væru dæmd til lakari lífskjara en við. Málið er þó ekki alveg svo einfalt því þróun efnahagsmála að öðru leyti, t.d. hagvöxtur, ræður einnig miklu. Aftur er rétt að minna á alla þá fyrirvara sem nauðsynlegt er að hafa vegna þess að útreikningarnir byggja á fjölmörgum gefnum forsendum. Það er því ástæða til að vara við oftúlkun eða mistúlkun á niðurstöðum. Kynslóðareikningar eru, eða geta a.m.k. líklega orðið, gagnleg tæki til að spá fyrir um tilhneigingu, líklega þróun að gefnum fjölmörgum forsendum og ekkert umfram það.

Loks er rétt að minna á að kynslóðareikningar í einföldustu mynd byggjast á meðaltölum, þ.e. þeir mæla meðaltalsútkomu kynslóðanna, en ekki er þar með sagt að sú verði reyndin, þ.e. að allir deili byrðunum jafnt. Í Bandaríkjunum hafa lífskjör ófaglærðra og lægri millistétta versnað á sama tíma og þeir tekjuhæstu hafa bætt stöðu sína. Það er með öðrum orðum síður en svo gefið að byrðarnar af líklegri aukninni skattbyrði, til að standa undir velferðarkerfi framtíðarinnar, dreifist jafnt eða réttlátlega á alla sem tilheyra viðkomandi kynslóð.

Þeirrar tilhneigingar hefur gætt hjá sumum að hampa niðurstöðum kynslóðareikninga, þar sem þeir hafa verið gerðir, sem rökum fyrir meiri niðurskurði opinberra útgjalda. Tillögumenn vilja taka skýrt fram að það er ekki tilgangur þeirra með flutningi tillögunnar, heldur þvert á móti sá að til þess að verja og varðveita til frambúðar öflugt almennt velferðarkerfi, af því tagi sem Norðurlönd hafa sérstaklega orðið þekkt fyrir, er nauðsynlegt að átta sig á hvert stefnir. Enginn ágreiningur er um að við getum ekki réttlætt að kaupa okkur á kostnað barna okkar tímabundið aukna velferð sem kostar meira en við erum sjálf tilbúin til að greiða. Niðurstaðan þarf hins vegar ekki þar með sagt að verða sú að skerða kjör þeirra sem nú eru aldraðir eða sjúkir. Aukinn uppsafnaður lífeyrissparnaður, aukin atvinna og þar með auknar tekjur og minni bótagreiðslur og síðast en ekki síst aukin tekjuöflun (hallalaus rekstur) geta skilað árangri í sömu átt, til að jafna aðstöðu kynslóðanna.

Rétt er að hafa í huga að aðstæður eru mismunandi eftir löndum og því verður að þróa aðferðir við slíka reikningagerð í samræmi við fyrirkomulag í hverju landi fyrir sig þótt sjálfsagt megi að einhverju leyti yfirfæra aðferðafræði og læra mikið af því sem gert hefur verið erlendis, t.d. í Noregi og Danmörku.

Eftir því sem næst verður komist er málið á því stigi hérlendis að aðilar eins og Þjóðhagsstofnun, fjármálaráðuneyti og Seðlabanki hafa fylgst með umræðum og skrifum erlendis. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1996 var lítillega minnst á kynslóðareikninga. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur hins vegar skoðað þetta mál nokkuð og er afrakstur þeirrar vinnu væntanlegur fljótlega. Tímabært er að taka mál þetta á dagskrá Alþingis og marka því stefnu og því er þessi tillaga flutt.

556. Tillaga til þingsályktunar [300. mál]

um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

Flm.: Ágúst Einarsson, Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Nefndina skipi sérfræðingar á sviði hagstjórnar. Hún skili niðurstöðum fyrir árslok 1997.

Greinargerð.

Inngangur.

Evrópuumræðan hérlendis hefur fyrst og fremst mótast af efnahagslegum þáttum. Það má þó ekki gleyma því að annað og meira en efnhagsleg sjónarmið liggja til grundvallar Evrópusambandinu. Evrópusamruninn er fyrst og fremst friðarhreyfing og var hrundið úr vör af því fólki sem lifði af tvær heimsstyrjaldir í Evrópu, fólki sem vildi frið umfram allt og skynjaði að besta leiðin til þess væri samstarf ríkja, fyrst á efnahagslegum vettvangi sem síðar mundi kalla á pólitískt samstarf. Sífellt nánara samstarf tryggir meiri samheldni og minnkar líkur á ófriði.

Menn sem settu svip sinn á þessa þróun frá seinni heimsstyrjöld eru t.d. Frakkarnir Jean Monnet, Robert Schuman, Charles de Gaulle og Francois Mitterrand og Þjóðverjarnir Konrad Adenauer, Willy Brandt, Helmut Schmidt og Helmut Kohl. Það er ekki tilviljun að einmitt Frakkar, Þjóðverjar og Benelux-löndin hafa verið í fararbroddi í sam-

runaferlinum í Evrópu. Þessar þjóðir hafa tengst flestum hernaðarátökum innan álfunnar í margar aldir.

Þessi friðarstefna hefur gengið eftir. Tíminn frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar 1945 til borgarastyrjaldarinnar í Júgóslavíu 1991 er lengsti friðartími í sögu Evrópu, allt frá tímum Rómverja.

Efnahagsleg samvinna ríkjanna innan Evrópusambandsins hefur orðið sífellt nánari, en þingsályktunin fjallar um einn þátt hennar.

Forsaga Efnahags- og myntbandalags Evrópu.

Efnahags- og myntbandalag Evrópu (Economic Monetary Union, skammstafað EMU) er samstarf ríkja Evrópusambandsins og var ákveðið í Maastricht-samkomulaginu árið 1991. Það felur m.a. í sér eina mynt (evró) innan Evrópusambandsins, sameiginlega peningastefnu, einn sjálfstæðan seðlabanka og margvíslegt samstarf ríkjanna á sviði efnahagsmála.

Evrópusambandið hefur unnið að framgangi þessa máls mjög lengi. Þannig var samþykkt á fundi ráðherraráðsins í Madrid í júní 1989 að stefna að Efnahags- og myntbandalagi á grundvelli hugmynda sem settar voru fram í Delors-skýrslunni sem kom út fyrr á því ári. Á þeim fundi var ákveðið að fyrsti áfangi að myntbandalaginu hæfist 1. júlí 1990. Jafnframt var ákveðið að annar áfanginn hæfist 1. janúar 1994 og að innan þriggja ára þaðan í frá yrði ákveðið hvenær lokaáfanginn, sem mundi ljúka með upptöku sameiginlegrar myntar, hæfist.

Í Maastricht-samkomulaginu var upphaf annars áfangans staðfest og ákveðið hvernig staðið skyldi að því að ákveða upphaf lokaáfangans og hvað mundi gerast í hvorum áfanga. Vegna efnahagserfiðleika í aðildarríkjum Evrópusambandsins varð að ráði að miða upphaf lokaáfangans við frestinn sem veittur er í Maastricht-samkomulaginu, þ.e. 1. janúar 1999. Lokaáfanginn skiptist í nokkur stig sem lýkur með því að evróseðlar og -mynt leysa af hólmi seðla og mynt einstakra aðildarríkja árið 2002.

Efnahagsleg skilyrði Efnahags- og myntbandalags Evrópu.

Myntbandalagið er hluti af víðtækri stefnumörkun Evrópusambandsins um náið efnahagslegt og stjórnmálalegt samstarf innan Evrópu og markar, ásamt öðru, umgjörð fyrir aðild fleiri ríkja að Evrópusambandinu. Myntbandalagið er afdrifaríkt skref því að það krefst samstillingar mjög margra þátta sem áður voru í umsjón einstakra þjóðríkja. Farið hefur fram ítarleg umræða innan Evrópusambandsins um hvort Efnahags- og myntbandalag Evrópu verði raunverulega sett á laggirnar í ársbyrjun 1999, en flest bendir til að staðið verði við þá dagsetningu.

Sett eru ströng efnahagsleg skilyrði fyrir þátttöku einstakra ríkja í myntbandalaginu. Þessi skilyrði eru að halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga verði að vera minni en 3% af vergri landsframleiðslu, skuldir hins opinbera séu innan við 60% af vergri landsframleiðslu, langtímavextir séu ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir vöxtum þeirra þriggja ríkja þar sem verðbólga er lægst, verðbólga sé ekki meira en einu og hálfu prósentustigi yfir verðbólgu þeirra þriggja ríkja þar sem verðbólga er lægst og að landið hafi tekið þátt í gengissamstarfinu (ERM) undanfarin tvö ár.

Það er einungis eitt ríki innan Evrópusambandsins, Lúxemborg, sem uppfyllir öll þessi skilyrði. Ísland hefur um skeið uppfyllt skilyrðin, nema auðvitað skilyrðið um þátttöku í gengissamstarfinu. Ekki er víst að Ísland uppfylli lengur skilyrðið um vextina. Maastricht-skilyrðin eru sveigjanleg að því marki að ríki getur talist uppfylla skilyrðin ef

efnahagsaðstæður eru að þróast í rétta átt. Á fundi ráðherraráðsins í Dublin í desember 1996 náðist samkomulag um að ríki verði beitt ströngum viðurlögum eftir að myntbandalagið hefst ef þau halda sig ekki innan skilyrðanna. Einna erfiðast fyrir ríki Evrópusambandsins hefur reynst að uppfylla skilyrðin um skuldir og halla hins opinbera.

Áhrif á gengismál.

Það liggur ekki ljóst fyrir hver af hinum 15 ríkjum Evrópusambandsins verða með frá fyrsta degi en talið er að þau verði a.m.k. átta talsins, þ.e. Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Lúxemborg og Þýskaland. Spánn og Ítalía reyna einnig mikið til að vera með frá byrjun, en ólíklegt er að Bretland, Danmörk, Grikkland, Portúgal og Svíþjóð taki þátt í myntbandalaginu á næstunni. Þessi ríki þurfa vitaskuld að taka mjög mikið tillit til starfsemi Efnahags- og myntbandalags Evrópu vegna aðildar þeirra að Evrópusambandinu.

Ísland á vitaskuld ekki aðild að þessu myntsamstarfi, en það er einungis fyrir aðildarríki Evrópusambandsins. Áhrif Efnahags- og myntbandalags Evrópu verða hins vegar veruleg í íslensku efnahagslífi. Evrópusambandið er helsti viðskiptaaðili Íslendinga en um 60% af vöruinnflutningi okkar kemur frá ríkjum Evrópusambandsins og um 65% af vöruútflutningi okkar fer til þessara sömu landa. Þótt ekki verði öll ríki Evrópusambandsins í fyrstu innan Efnahags- og myntbandalags Evrópu er ljóst að a.m.k. er um að ræða 30% af inn- og útflutningi okkar við þau ríki Evrópusambandsins sem hefja strax þátttöku í myntsamstarfinu árið 1999.

Íslendingar hafa búið við nokkuð stöðugt gengi undanfarin missiri en gengisskráningu okkar er hagað þannig að gengið ræðst af framboði og eftirspurn á gjaldeyrismarkaði, þó þannig að Seðlabankinn heldur því innan tiltekinna vikmarka með markaðsaðgerðum. Gengisviðmiðunin tekur mið af samsetningu í útflutningstekjum okkar.

Til álita kemur að tengja gengi íslensku krónunnar enn nánar við hina nýju Evrópumynt, en það er eitt af þeim atriðum sem fyrirhuguð nefnd mun kanna. Það væri hægt að gera með einhliða yfirlýsingu ef stjórnvöld kysu svo. Önnur atriði sem koma til skoðunar hjá nefndinni eru m.a. áhrif á inn- og útflutning til og frá ríkjum Evrópusambandsins, samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja, áhrif á önnur viðskiptalönd, svo sem Bandaríkin og Japan, áhrif á vaxtastig hérlendis, vinnumarkað, atvinnuástand og efnahagsleg samskipti á opinberum vettvangi innan Evrópu svo og áhrif á útfærslu og framkvæmd EES-samningsins.

Það er ljóst að eftir að Efnahags- og myntbandalag Evrópu er komið að fullu til framkvæmda verður erfiðara og kostnaðarsamara fyrir önnur ríki, þar með talið Ísland, að halda uppi sjálfstæðum gjaldmiðli, ekki síst í ljósi hinna miklu viðskipta sem Ísland á við ríki Evrópusambandsins. Hér kemur hins vegar á móti sveigjanleiki þess ríkis sem býr við sjálfstæðan gjaldmiðil. Það ber þó að athuga að sveiflur eru minni í hagkerfi okkar nú en áður þar sem við beitum víðar markaðslausnum, t.d. innan sjávarútvegs sem oftast hefur verið uppspretta sveiflna í hagkerfi okkar.

Með hinni sameiginlegu mynt munu möguleikar einstakra ríkja innan Evrópusambandsins til sjálfstæðrar efnahagsstefnu minnka verulega. Það verður helst á sviði ríkisfjármála sem ríkin hafa svigrúm til sjálfstæðis, en þó innan mjög strangra takmarkana.

Meðal þeirra atriða sem Íslendingar verða að mati sérfræðinga að skoða í kjölfar gildistöku Efnahags- og myntbandalags Evrópu er hvaða eignir og skuldir eru á hinu nýja myntsvæði, hvernig flæði er á tekjum og útgjöldum, meta gengisáhættu þegar gjaldmiðlum fækkar og skoða breytingar á tölvu- og upplýsingakerfum.

Náið samstarf hefur um langt árabil verið milli flestra ríkja Evrópusambandsins um gengismál til að minnka gengissveiflur og halda þeim innan tiltekinna marka. Þetta samstarf hefur gengið vel. Flest ríki Evrópu, þar með talið Ísland, freista þess að halda verðbólgu sem lægstri, stuðla að stöðugu gengi og ná þannig fram hagkvæmum skilyrðum fyrir hagvöxt. Þessi efnahagsstefna, sem var tekin upp hérlendis árið 1990 og er kennd við svokallaða þjóðarsáttarsamninga, hefur reynst vel.

Vaxtamál og samvinna á öðrum sviðum.

Vaxtastig tekur sífellt meira mið af alþjóðlegum aðstæðum og Efnahags- og myntbandalag Evrópu mun jafna vaxtakjör enn frekar. Búist er við að myntbandalagið leiði til lægri vaxta innan Evrópusambandsins. Þannig hefur það gerst á undanförnum missirum að vaxtamunurinn milli Þýskalands, þar sem vextir hafa lengst af verið einna lægstir, og annarra ríkja Evrópusambandsins hefur minnkað verulega og er orðinn hverfandi í sumum tilvikum. Fyrir ríki utan þessa samstarfs sem þurfa að búa við hærri vexti getur þetta þýtt umtalsverðar fjárhæðir. Innlendar skuldir Íslendinga eru um 650 milljarðar kr. og vaxtamunur sem nemur einu prósentustigi þýðir aukinn vaxtakostnað upp á 6,5 milljarða kr. Þetta eitt út af fyrir sig getur haft mikil áhrif á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja

Innan Evrópusambandsins munu viðskipti einfaldast og eflast. Evrópusambandið mun ná viðskiptalegu forskoti á önnur lönd, þar á meðal Ísland. Líklegt er að árangursríkt samstarf ríkja innan myntbandalagsins leiði til enn nánara samstarfs á sviði skattamála, velferðar- og menntamála. Ein sameiginleg mynt þýðir betri samanburð á verði milli landa, stækkar innanlandsmarkað, lækkar fjármagnsgjöld, stuðlar að meiri viðskiptum milli landa og eykur samkeppni og fjárfestingar.

Nýja myntin, evró, mun keppa á alþjóðlegum mörkuðum við Bandaríkjadal en jafnframt stuðla að áframhaldandi styrkingu hans. Þannig mun alþjóðlegt efnahagslíf einnig njóta góðs af Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Nýja myntin mun verða stöðug og samstarfið gerir mjög miklar kröfur til stjórnmálamanna um alla Evrópu um að reka agaða efnahagsstefnu í löndum sínum.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á einum hornsteini þessa myntsamstarfs, sem er Seðlabanki Evrópu. Hann verður sjálfstæður gagnvart stjórnmálamönnum og ríkisstjórnum í ákvörðunum sínum hverju sinni. Seðlabanki Evrópu mun einn marka peningastefnuna innan Evrópu og þar með vaxtastigið. Hann mun einungis vinna eftir ströngu faglegu mati á efnahagsþróun hverju sinni og hafa það markmið fyrst og fremst að halda verðbólgu niðri. Evrópski seðlabankinn er sniðinn að þeirri umgjörð sem Þýski seðlabankinn hefur búið við í áratugi og hefur reynst vel við að halda uppi sterku efnahagskerfi, fyrst í Þýskalandi og síðan innan Evrópusambandsins. Þess ber að geta að Frakkar hafa lagt til að sett verði á laggirnar ráð sem nokkurs konar pólitískur yfirfrakki á Evrópska seðlabankann, en ekki er útséð um hvort slík tillaga verður samþykkt.

Skoða verður sérstaklega hvernig aðkoma EFTA-ríkjanna verður að hinu nýja kerfi. Það liggur ekki enn að fullu ljóst fyrir. Evrópski seðlabankinn mun starfrækja öflugt greiðslumiðlunarkerfi, sem er kallað TARGET, í því skyni að hrinda peningamálastefnu sinni í framkvæmd. Einnig verður unnt að nota þetta greiðslumiðlunarkerfi fyrir hefðbundnar greiðslur milli banka og verður það gert í samkeppni við önnur greiðslumiðlunarkefi. Ýmislegt bendir til að EFTA-ríkin muni fá aðgang að þessum hluta TARGET.

Að mati flutningsmanna er ítarleg úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf nauðsynleg fyrir efnahagsumræðu og hagstjórn hérlendis, en einnig mikilvæg fyrir skoðanaskipti um samskipti okkar við Evrópusambandið í framtíðinni. Þótt núverandi reglur Evrópusambandsins miði við að einungis aðildarríki þess geti átt aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu er hugsanlegt að síðar verði heimilaður aðgangur fyrir önnur ríki.

Lokaorð.

Að mati flutningsmanna er mjög brýnt að gerð sé fagleg úttekt eins og tillagan gerir ráð fyrir. Þótt nokkur athugun sé þegar hafin á tilteknum þáttum þessa máls, svo sem skipun starfshóps innan Seðlabanka Íslands og vinna í Lánasýslu ríkisins á afmörkuðu sviði, er heildarrúttekt nauðsynleg þar sem fyrri vinna nýtist vitaskuld. Í þessu sambandi er minnt á skýrslur Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans til viðskiptaráðherra haustið 1991 um gengisstefnuna og tengingu íslensku krónunnar við ECU. Eðlilegt er að ýmsar stofnanir og samtök komi að þeim þáttum úttektarinnar sem snerta þær sérstaklega, svo sem stofnanir á fjármagnsmarkaði og aðilar vinnumarkaðarins.

Lagt er til að forsætisráðherra, sem fer með yfirstjórn efnahagsmála af hálfu framkvæmdavaldsins, hafi forgöngu um skipun nefndarinnar og skýrsla liggi fyrir eigi síðar en í árslok 1997.

557. Frumvarp til laga [301. mál]

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI

Heiti og undirstaða.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

II. KAFLI

Réttarstaða.

2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 61. gr.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um trúfélög, nr. 18/1975, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Stjórn og starfsskipan.
1. Almennt.

5. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu innan lögmæltra marka.

2. Biskup Íslands.

Almennt.

6. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

Biskupskosning.

7. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

8. gr.

Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands.

Skipun biskups Íslands.

9. gr.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

Starfssvið biskups Íslands o.fl.

10. gr.

Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

Biskup vígir kirkjur. Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf.

Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.

Úrskurðarnefnd.

11. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn tilnefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal skipaður án tilnefningar og sé hann löglærður.

Varði mál meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests sérstaklega, getur nefndin lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans er fjallað og skal þá annar settur til að gegna starfi hans á meðan.

Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:

a. lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,
b. mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi,
c. mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða
d. lagt til um endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um úrskurðarnefnd í starfsreglur skv. 60. gr.

Áfrýjunarnefnd.

12. gr.

Niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 11. gr. má skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Hafa málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Um úrræði þau, sem áfrýjunarnefnd getur gripið til með úrskurði, gildir hið sama og frá var greint um úrskurðarnefnd í 11. gr. Um réttaráhrif kærðs úrskurðar gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til viðbótar sem nefndin kveður sjálf til starfans.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar, sem skulu vera rökstuddir og að jafnaði kveðnir upp innan sex vikna frá því að mál barst nefndinni, eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd í starfsreglur skv. 60. gr.

Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skv. 22. gr. skulu framfylgja úrskurðum skv. 11. og 12. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra starfsmanna.

Um hæfi nefndarmanna skv. 11. og 12. gr. gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og almenn ákvæði þeirra laga um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skv. 11. gr. og áfrýjunarnefnd skv. 12. gr. að því marki sem starfsreglur, er settar verða skv. 60. gr., mæla eigi fyrir á annan veg.

Kenningarnefnd.

13. gr.

Biskup Íslands skipar ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

Um staðgengil biskups Íslands.

14. gr.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum.

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

3. Vígslubiskupar.

Almennt.

15. gr.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Kosning vígslubiskupa.

16. gr.

Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt, sbr. 7. og 8. gr. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig.

Vígslubiskupsumdæmi o.fl.

17. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuþing getur ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma. Öðlast hin nýja skipan þá fyrst gildi er tvö kirkjuþing hafa samþykkt slíka tillögu óbreytta.

Biskupafundur.

18. gr.

Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 60. gr. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 49. gr.

4. Kirkjuþing.

Almennt.

19. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka.

Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 18. og 27. gr.

Samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Kirkjuþing kýs stjórn prestssetrasjóðs.

Skipan kirkjuþings.

20. gr.

Á kirkjuþingi á sæti 21 fulltrúi kjörinn til fjögurra ára í senn. Eru níu þeirra prestar og tólf leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks.

Kjördæmi kirkjuþings eru:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.
2. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.
3. Kjalarnessprófastsdæmi.
4. Borgarfjarðar, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
5. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
8. Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.
9. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

Í hverju kjördæmi er kjörinn einn prestur og einn leikmaður, nema í 1., 2. og 3. kjördæmi þar sem kjörnir skulu tveir leikmenn úr hverju kjördæmi.

Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands. Hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna til fjögurra ára.

Kirkjuþing skal halda ár hvert. Óski þriðjungur kirkjuþingsmanna eftir er skylt að kalla kirkjuþing saman innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Fastanefndir kirkjunnar.

21. gr.

Kirkjuþing kýs við upphaf hvers kjörtímabils fastanefndir kirkjunnar samkvæmt nánari reglum skv. 60. gr.

Kirkjuleg stjórnvöld.
22. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnsýslu í öllum efnum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

5. Kirkjuráð.

Almennt.
23. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Biskup Íslands er forseti kirkjuráðs.

Skipan kirkjuráðs.
24. gr.

Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Kirkjuráð kýs sér varaforseta en biskupsritari er ritari kirkjuráðs.

Starfssvið kirkjuráðs.
25. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda skv. 11. og 12. gr., svo og ákvarðanir biskups skv. 11. gr. og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 18., 19. og 27. gr. Varði málskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður tekið víkur hann sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar og tekur þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, sæti hans.

Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 60. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

26. gr.

Kirkjuráð í samráði við forseta kirkjuþings undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess.

Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

6. Prestastefna.

27. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

Á prestastefnu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar skv. 32. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

Á prestastefnu skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing, sbr. 10., 11. og 19. gr.

7. Prófastar.

Almennt.

28. gr.

Biskup Íslands skipar prófasta úr hópi presta til fimm ára í senn. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar.

Biskup getur skipað prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

Héraðsfundir og héraðsnefndir.

29. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

30. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.

31. gr.

Nánari reglur um héraðsfundi og héraðsnefndir skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.

8. Prestar.

Almennt.

32. gr.

Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

33. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

34. gr.

Í fjölmennum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 60. gr.

35. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

Embættisgengi presta o.fl.

36. gr.

Ráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 34., 35., 43. og 44. gr.

37. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stöðunefnd til þriggja ára. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Prestafélagi Íslands, annar tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og einn leikmaður tilnefndur af biskupi Íslands úr röðum sóknarnefndafólks og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal meta hæfni kandídata til prestsþjónustu að lokinni starfsþjálfun þeirra. Getur enginn kandídat hlotið vígslu hafi stöðunefnd samdóma metið hann óhæfan, en þó má hann leita eftir vígslu að fimm árum liðnum frá því að nefndin skilaði áliti sínu og verður hæfi hans þá metið að nýju.

Nefndin skal jafnframt meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendunum í röð þannig að í fyrsta sæti raðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.

Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Val á presti.

38. gr.

Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skal setja í starfsreglur skv. 60. gr.

39. gr.

Ráðherra veitir þeim embætti sóknarprests sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups. Biskup Íslands veitir þeim embætti prests skv. 34. gr. sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu.

Embætti sóknarprests og prest skv. 34. gr. skal veitt með setningu í eitt ár. Að þeim tíma liðnum skal skipa viðkomandi í embættið ótímabundið, nema meiri hluti kjörmanna prestakallsins sé sammála um að óska þess að biskup Íslands auglýsi embættið að nýju.

40. gr.

Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er ráðherra heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár samkvæmt tillögu biskups. Prestakallið eða embættið skal auglýst að nýju að setningartímanum liðnum.

Almennt um skyldur presta.

41. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

Nú er prestssetur í prestakalli, og er þá presti skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

42. gr.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Sérþjónustuprestar.

Almennt.

43. gr.

Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 32. gr.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum skipunarbréf til viðbótar vígslubréfi.

Prestar er starfa erlendis.

44. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

Nánari ákvæði.

45. gr.

Nánari ákvæði um sérþjónustupresta skal setja í almennar starfsreglur, sbr. 60. gr.

9. Djáknar.

46. gr.

Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

Djáknar eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar.

Heimilt er í samráði við viðkomandi sóknarnefnd og sóknarprest og/eða sjúkrahúsprest að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið tilskilda starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Hafi umsækjandi um djáknastarf lokið prófi frá erlendum djáknaskóla skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

10. Sóknir og prestaköll.

Almennt.

47. gr.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

48. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi, sbr. 57. gr., eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna. Um skráningu óskírðra í þjóðkirkjunni fer að öðru leyti eftir ákvörðun laga um trúfélög, nr. 18/1975.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

Skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

49. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur skv. 60. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu.

50. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

Safnaðarfundir.

51. gr.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup Íslands eða kirkjumálaráðhera skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

Skipun, störf og starfshættir sóknarnefnda.

Almennt.

52. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

53. gr.

Sóknarmönnum er skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Sóknarmenn, sem náð hafa sextugsaldri, geta þó skorast undan kosningu. Sá sem átt hefur sæti í sóknarnefnd getur vikist undan endurkosningu um jafnlangan tíma og hann gegndi þar störfum.

Hlutverk og starfshættir.
54. gr.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

55. gr.

Um stöðu, starf og starfshætti sóknarnefnda skal setja nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Safnaðarfulltrúar.
56. gr.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

Samstarfsnefndir.
57. gr.

Í prestaköllum, þar sem í eru fleiri en ein kirkjusókn, skal oddvitum sóknarnefndanna skylt að hafa sameiginlega fundi að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni á ári ásamt sóknarpresti.

Starfsmenn kirkjusókna.
58. gr.

Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna í starfsreglur, sbr. 60. gr.

Organistar.
59. gr.

Í kirkjusókn starfar organisti. Rétt til að kallast organisti hefur hver sá sem uppfyllir tilskildar kröfur um menntun samkvæmt áfangakerfi námskrár Tónskóla þjóðkirkjunnar. Um störf organista fer eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr.

IV. KAFLI
Starfsreglur.

60. gr.

Um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá sem fyrr hafa verið taldir fer eftir almennum reglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um hlutverk starfsmanna þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.

Kirkjuráð gefur út reglur þær og stofnskrár er um ræðir í 1. og 2. mgr. ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim. Skulu reglur og stofnskrár, sem og breytingar á þeim, birtast á prenti í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að kirkjuþing samþykkti þær. Ber kirkjuráði að hafa eftirlit með því að eintök þeirra séu aðgengileg fyrir almenning frá þeim tíma, auk þess sem kirkjuráð annast dreifingu þeirra og kynningu með tilhlýðilegum hætti.

Hafi eigi verið á annan veg mælt í reglum þeim sem hér um ræðir öðlast þær, sem og breytingar, bindandi gildi á þrítugasta degi frá útgáfudegi þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar, sem og öðrum þeim sem reglunum er ætlað að binda, að fara eftir þeim.

V. KAFLI
Launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

61. gr.

Ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 3. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

62. gr.

Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 61. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 70/1996, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 11. og 12. gr.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 60. gr.

VI. KAFLI
Jarðeignir kirkna.

63. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu átta ár, upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests.

VII. KAFLI
Gildistaka og brottfall laga.

64. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

65. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lög og lagaákvæði brott svo sem hér segir:

a. 1. mgr. 3. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 9.–19. gr. og 35.–45. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.
b. 1.–2. gr., 11. gr., 14.–15. gr., 1. mgr. 16. gr., 19. gr., 22. gr., 29. gr. og 36. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
c. 1.–5. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og II. kafli laga nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
d. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1980, um biskupskosningu.
e. 1. gr. laga nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
f. B-liður 19. gr. laga nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl.
g. Í stað orðanna „Kirkjuráð“ og „kirkjuráðs“ í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1993, um prestssetur, kemur: Kirkjuþing, og: kirkjuþings.

Eftirtalin lög falla úr gildi þegar kirkjuþing hefur sett starfsreglur skv. 60. gr. laganna, þó eigi síðar en 31. desember 1998:

a. Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.
b. Lög nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
c. Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
d. Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
e. Lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var lagt fram á 118. löggjafarþingi í febrúar 1995 en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið var samið af nefnd sem kirkjuráð skipaði í janúar 1993 til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á stjórnskipulegu sambandi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Í þeirri nefnd áttu sæti dr. Gunnar Kristjánsson, sem jafnframt var formaður, Ólafur Stephensen blaðamaður, dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, og dr. Páll Sigurðsson prófessor. Hrund Hafsteinsdóttir lögmaður tók síðar sæti Ólafs Stephensen er hann vék úr nefndinni að eigin ósk. Séra Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari starfaði með nefndinni sem og séra Kristján Valur Ingólfsson. Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra sat Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri fundi nefndarinnar í septembermánuði 1994.

Í júlí 1996 skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til að vinna að lokaundirbúningi að framlagningu lagafrumvarpa um kirkjuleg málefni sem verið höfðu til umfjöllunar á síðustu missirum á kirkjulegum vettvangi og fyrir Alþingi. Í fyrsta lagi var um að ræða framangreint frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, í öðru lagi frumvarp til laga um veitingu prestakalla sem lagt var fram á Alþingi á 120. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og í þriðja lagi var það hlutverk nefndarinnar að taka til skoðunar álitaefni þau er tengdust nýsamþykktum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og vörðuðu skipun presta til starfa. Hjalti Zóphóníasson skrifstofustjóri

var skipaður formaður nefndarinnar, en auk hans áttu sæti í nefndinni þingmennirnir Hjálmar Jónsson og Jón Kristjánsson, dr. Gunnar Kristjánsson, tilnefndur af biskupi Íslands, Geir Waage, tilnefndur af Prestafélagi Íslands, og dr. Einar Sigurbjörnsson, tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands. Stefán Eiríksson, lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, var ritari nefndarinnar.

Framangreind nefnd gerði nokkrar breytingar á því frumvarpi sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Meginbreytingarnar frá fyrra frumvarpi lúta að skipan kirkjuþings og skýrari ákvæði voru sett um úrskurðarnefnd. Þá ákvað nefndin að fella frumvarp til laga um veitingu prestakalla inn í þetta frumvarp á þann hátt að fela kirkjuþingi að setja reglur um veitingu prestakalla. Nefndin ákvað einnig að leggja til að ákvörðunarvald um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma yrði alfarið í höndum kirkjuþings. Nefndin telur að með framangreindum hætti sé því markmiði að setja skýra rammalöggjöf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar betur náð en í fyrra frumvarpi.

Samhliða starfi nefndarinnar unnu kirkjueignanefndir ríkis og kirkju að því á liðnum haust- og vetrarmánuðum að ná samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Samkomulag það sem kirkjueignanefndir ríkis og kirkju náðu á fundi 10. janúar 1997 fylgir með sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Meginniðurstöður í viðræðum nefndanna voru þær að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum, væru eign íslenska ríkisins og andvirði seldra jarða rynni í ríkissjóð. Á móti mundi íslenska ríkið skuldbinda sig til að greiða laun tiltekins fjölda presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þar er gert ráð fyrir að ríkið greiði laun biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 presta og 18 starfsmanna biskupsstofu. Í umræddu samkomulagi er fyrirvari um samþykki kirkjuþings og samþykkt Alþingis á þessu frumvarpi. Í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins, svo og V. og VI. kafla þess, er að finna nánari skýringar á þessu samkomulagi.

Á aukakirkjuþingi, sem haldið var 21.–23. janúar 1997, var frumvarp þetta lagt fram ásamt samkomulagi kirkjueignanefnda ríkis og kirkju. Kirkjuþing samþykkti að nokkrar breytingar yrðu gerðar á frumvarpinu, og hefur verið tekið tillit til allra þeirra breytingartillagna sem kirkjuþing samþykkti á aukakirkjuþinginu í frumvarpi þessu.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpinu um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi, kemur fram að það sé meginniðurstaða nefndarinnar að rétt sé og tímabært að gera ýmsar breytingar á stjórnskipun íslensku þjóðkirkjunnar og á sambandi hennar við ríkisvaldið, enda þótt enn verði haldið þeim tengslum milli ríkis og kirkju sem kveðið sé á um í stjórnarskrá íslenska ríkisins. Síðan segir:

„Höfuðforsendur lagafrumvarps þessa eru sem hér segir:

a. Veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kalla á nauðsynlegar breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.
b. Búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kalla á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.
c. Umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þurfi samband ríkis og kirkju kallar á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfrar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Er niðurstaða nefndarinnar sú að rétt sé að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefur um langa hríð, enda muni aukið sjálfstæði efla hana til starfa og átaka til aukins velfarnaðar með þjóðinni. Taldi nefndin óhjákvæmilegt að leggja tillögur sínar þar að lútandi fram í formi allítarlegs frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti íslensku þjóðkirkjunnar þar sem væri að finna ákvæði um alla helstu þætti kirkjustarfsins, þar á meðal um stöðu og starfsemi embættismanna þjóðkirkjunnar, starfseiningar hennar og um ýmsa þætti starfsemi hennar að öðru leyti. Er þar að vonum um margt byggt á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður með gildandi lögum en þó lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar frá því sem er að gildandi rétti er stefni að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í samræmi við það sem fyrr sagði og tryggi það, svo sem framast má verða að lögum, að kirkjan megi valda hlutverki sínu á komandi tímum með því aukna sjálfstæði sem vænst er að hún muni öðlast.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er leitast við að kveða á um meginatriði íslensks kirkjuréttar í nokkuð breyttri mynd frá því sem nú er, svo sem fyrr segir, en jafnframt er byggt á grónum og haldgóðum kirkjuhefðum, eftir því sem framast hefur verið kostur miðað við hina nýju skipan á stjórn kirkjumála sem lýst er í frumvarpinu.

Jafnframt samningu þessa frumvarps hóf nefndin undirbúning að samningu frumvarps til samþykktar kirkjuþings um starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna sem nefndin leggur til að fylgi í kjölfar hinna nýju laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar ef frumvarp þetta hlýtur staðfestingu hins háa Alþingis. Skal lögð sérstök áhersla á að samræmi verði milli efnis lagafrumvarps þessa annars vegar og frumvarpsins að starfsreglum hins vegar og munu frumvörp þessi mynda með nokkrum hætti eina heild þegar litið er yfir allt reglusviðið sem hér er um að ræða. Í frumvarpinu að starfsreglunum verður mælt fyrir um fjölmörg atriði er varða starfshætti íslensku þjóðkirkjunnar á mun ítarlegri hátt en unnt var eða ráðlegt þótti að gera í lagafrumvarpinu.

Tekið skal fram að hér er um að ræða frumvarp að meginlöggjöf (rammalöggjöf) um íslensku þjóðkirkjuna, en gert er ráð fyrir að margvísleg löggjöf um afmörkuð kirkjuleg málefni frá ýmsum tímum standi enn jafnhliða hinni nýju meginlöggjöf ef frumvarp þetta verður að lögum. Er þó vafalaust fullkomið tilefni til endurskoðunar og samræmingar þeirrar löggjafar þótt nefndin telji það ekki í sínum verkahring að annast víðtækari endurskoðun kirkjulöggjafarinnar en hér um ræðir.

II.

Um alllangan aldur hafa hér verið náin tengsl milli ríkis og kirkju. Voru þau m.a. staðfest á formlegan hátt í stjórnarskránni frá 1874 — þótt eldri væru í reynd — en styrktust síðar með ýmsum hætti, m.a. snemma á þessari öld þegar breyttri skipan var komið á vörslu „kirkjueigna“, svokallaðra, og ríkið tók í reynd að sér launagreiðslur til presta þjóðkirkjunnar þótt þær byggðust í fyrstu á arði af eignastofni kirkna landsins.

Fyrr á öldum var sjálfstæði íslensku kirkjunnar mikið. Var kirkjan lengi sér um fjármál og innri stjórn og á fyrstu öldum kristni í landinu kom hún fram sem sjálfstæður aðili gagnvart ríkisvaldinu (t.d. voru gerðir sáttmálar milli ríkisvalds og kirkjuvalds). Fyrrum hafði kirkjan sína eigin tekjustofna sem hún ráðstafaði til eigin þarfa — enda hlutverk hennar í „veraldlegum“ efnum þá víðtækari en síðar varð — en á síðari öldum fór þó konungsvaldið að hlutast til um málefni kirkjunnar, enda fylgdi það kenningu Lúters að kristinn þjóðhöfðingi bæri sérstakar skyldur og ábyrgð gagnvart henni.

Sé litið til grannþjóða okkar í austri og vestri, þar sem alls staðar ríkir trúfrelsi, fer ekki á milli mála að skipan á kirkjumálum er þar með mjög misjöfnum hætti, allt eftir hefðum og ríkjandi skoðunum. Víða eru starfandi þjóðkirkjur, svokallaðar, sem sumar eru tengdar ríkisvaldinu, svo sem er á Norðurlöndum, en aðrar hafa fullt sjálfstæði í innri málum þótt ríkisvaldið veiti þeim stuðning, svo sem er í Þýskalandi. Í Bandaríkjunum er hins vegar ekki um neina þjóðkirkju að ræða, svo sem kunnugt er. Óvíða munu tengsl ríkis og kirkju vera meiri en meðal Dana, en þar er vart um að ræða neina sjálfsstjórn þjóðkirkjunnar gagnvart almannavaldinu. Meðal grannþjóða okkar hafa orðið miklar breytingar á kirkjuskipan hin síðari ár og kynnti nefndin sér þær breytingar ásamt þeim umræðum sem orðið hafa í þeim löndum. Má um þetta efni m.a. vísa til áfangaskýrslu nefndarinnar sem lögð var fyrir kirkjuþing haustið 1993. Engu að síður varð það niðurstaða nefndarinnar að byggja sem mest á ráðandi kirkjuhefð hér á landi að því marki sem hún verður talin samrýmast þörfum nútímans.

Þrátt fyrir þau tengsl sem eru hér á landi milli ríkis og kirkju hefur íslenska þjóðkirkjan sjálfstæði í innri málum sínum, þ.e. hvað varðar guðþjónustuna, helgisiði, skírn, fermingu og veitingu sakramentanna, sbr. 13. gr. laga nr. 48/1982. Ytri málum kirkjunnar, svo sem skipan prestakalla og prófastsdæma, veitingu prestakalla og biskupskosningu, er hins vegar ráðið með lögum frá Alþingi. Kirkjumálaráðherra hefur og í reynd mikil völd á þessu sviði þótt hefð sé fyrir því að hann beiti þeim af hófsemi.

Lengi vel fékk þessi skipan mála að standa án umtalsverðra mótmæla kirkjunnar manna eða annarra, en á síðustu árum hafa hins vegar farið fram allnokkrar umræður um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar, einkum þó um afstöðu hennar til ríkisvaldsins (löggjafarvalds og framkvæmdarvalds). Er þar bæði átt við umræður á kirkjulegum vettvangi, einkum á kirkjuþingi, en aðrir aðilar hafa einnig látið til sín heyra þótt eigi fari sérlega hátt, m.a. í þá veru að slíta beri öll tengsl milli ríkis og kirkju. Eigi verður þó talið að nú um stundir eigi svo róttækar hugmyndir fylgi að fagna meðal alls þorra Íslendinga og miðast efni þessa frumvarps m.a. við þá ætlan nefndarinnar.

Því ber ekki að neita að upp á síðkastið hefur ríkisvaldið í reynd látið þjóðkirkjunni eftir aukið sjálfræði í margvíslegum málum og séð fyrir sérstökum tekjustofnum ýmissa starfseininga kirkjunnar. Hefur sú þróun og aukin ábyrgð kirkjunnar manna, sem henni fylgir, tvímælalaust orðið til þess að efla starfsemi þjóðkirkjunnar í heild og mun almennt hafa mælst vel fyrir.

III.

Í 62. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands frá 1944 segir *að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.* Ákvæði þetta hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874, en upphaflega var þó notað orðalagið „hið opinbera“ í staðinn fyrir „ríkisvaldið“. Í stjórnarskránni, sem er hin æðsta réttarheimild, eru ekki gefin nánari fyrirmæli um þetta efni, t.d. um það hvernig ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda. Með „ríkisvaldinu“ er vafalaust átt við alla þætti þess, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald og þær stofnanir sem með þessi málefni fara — einkum þá að sjálfsögðu tvo fyrri þættina. Nánari framkvæmd þessa stjórnarskrárákvæðis er því í höndum ríkisvaldsins og ber Alþingi fyrst og fremst ábyrgð á því að með almennum lögum sé tryggt að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt.

Það sem mestu máli skiptir varðandi það efni sem hér er til meðferðar er það að af þessari stjórnarskrárgrein verður sú ályktun dregin, svo að tvímælalaust er, *að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt* — þ.e. tiltekinn aðili, ríkið, á að styðja og vernda annan aðila, þjóðkirkjuna. Skilyrði þess að vera íslenskur ríkisborgari annars vegar og þjóðkirkjuþegn hins vegar þurfa heldur ekki að fara saman, svo sem kunnugt er. Það breytir ekki þessari niðurstöðu að mjög náin tengsl eru milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Hún er eftir sem áður *sjálfstæð stofnun , sjálfstæður réttaraðili, sem getur borið, og ber, réttindi og skyldur að lögum.* Þjóðkirkjan og stofnanir hennar geta því m.a. átt eignir sem njóta m.a. fullrar verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar og verða eigi af þeim teknar nema ströngum skilyrðum þeirrar greinar sé fullnægt, enda komi þá ætíð fullt verð fyrir eins og þar er mælt fyrir um.

Þegar talað er um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun er hafi a.m.k. nokkurt sjálfstæði eftir lögum og venju og verði eigi talin sem hver annar angi ríkisvaldsins verður að minnast þess að hugtakið *þjóðkirkja* verður ekki til hér á landi fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874, en fyrirmynd viðkomandi ákvæðis var hliðstætt ákvæði í grundvallarlögunum dönsku.

IV.

Í kjölfar þeirrar nýlegu umræðu og þróunar um áherslubreytingar á sambandi eða samskiptum ríkis og kirkju, sem fyrr var getið, var lögð fram á kirkjuþingi 1992 tillaga til þingsályktunar um skipulag íslensku þjóðkirkjunnar. Flutningsmaður hennar var dr. Gunnar Kristjánsson, sóknarprestur á Reynivöllum. Var tillagan síðan samþykkt í eftirfarandi mynd:

„Kirkjuþing felur kirkjuráði að skipa nefnd til að gera úttekt á skipulagi íslensku þjóðkirkjunnar og sambandi hennar við ríkisvaldið samkvæmt nánari verklýsingu byggðri á greinargerð sem fylgdi upphaflegu tillögunni. Í nefndinni sitji fimm menn tilnefndir af: biskupi og gegni sá formennsku, kirkjumálaráðherra, guðfræðideild Háskóla Íslands, stjórn Prestafélags Íslands og lagadeild Háskóla Íslands. Kirkjuráð ráði starfsmann til verksins í samráði við nefndina. Nefndin skili greinargerð um stöðu mála á kirkjuþingi 1993."

Nefnd sú, er skipuð var af þessu tilefni svo sem þingsályktunin bauð og fyrr hefur verið greint frá, hóf fljótlega störf og skilaði síðan áfangaskýrslu um starf sitt er lögð var fyrir kirkjuþing haustið 1993. Birtust þar frumhugmyndir nefndarinnar í stórum drættum, með ítarlegum rökstuðningi, ásamt frumdrögum nefndarinnar að „rammalöggjöf" um stöðu, starf og stjórnskipan þjóðkirkjunnar. Leiddi skýrsla þessi til frjórra umræðna á kirkjuþingi og var að lokum afgreidd þar, að mestu á jákvæðan hátt, og nefndinni falið að leiða starf sitt til lykta. Nefndin hafði eftirfarandi markmið að leiðarljósi: Byggt verði til frambúðar á núverandi þjóðkirkjufyrirkomulagi og eigi rofið það samband milli ríkis og kirkju sem stjórnarskráin kveður á um. Ríkisvaldið ber því enn sem fyrr ábyrgð (þar á meðal fjárhagslega ábyrgð) gagnvart þjóðkirkjunni. Hins vegar verði gerðar verulegar breytingar á „starfsramma" þjóðkirkjunnar, m.a. með því að sett verði „rammalöggjöf" um stöðu, stjórn og starfshætti hennar þar sem fjallað verði í skýru máli um þessa meginþætti, en að önnur kirkjuleg löggjöf verði um leið einfölduð svo sem verða má. Með þessu mun vægi löggjafarstarfsemi Alþingis um málefni þjóðkirkjunnar minnka mjög frá því sem verið hefur, en þess í stað verður vald kirkjunnar aukið verulega frá því sem nú er og valdsviðið skýrt svo vel sem frekast er kostur.

Mikilvægur þáttur í tillögum nefndarinnar, svo sem þær birtast í þessu lagafrumvarpi, er að vald kirkjuþings verði aukið og því fengið ákvörðunarvald í kirkjulegum málum, þó innan þess ramma sem hin nýja meginlöggjöf (rammalöggjöf) setur ef frumvarp þetta verður að lögum. Er, svo sem fyrr segir, lagt til að á grundvelli laganna samþykki kirkjuþing ítarlegar reglur um allt innra starf og starfshætti kirkjunnar, en nefndin telur að mjög skorti nú á að kirkjunnar menn hafi nægar leiðbeiningar á þessu sviði eða fullkomnar starfsreglur sem þeim ber að fylgja. Lagt er til að skýrar reglur gildi um allt stjórnkerfi kirkjunnar undir yfirstjórn kirkjuþings, svo sem fyrr segir.

Það er ætlun og vissa nefndarinnar að aukin sjálfsstjórn íslensku þjóðkirkjunnar og ábyrgð, sem þar af leiðir, muni auðvelda kirkjunni störf hennar og efla kirkjunnar menn til samræmdra átaka í starfi. Hafi kirkjan og sýnt, með nærfellt eitt þúsund ára starfi sínu í landinu, að henni sé treystandi til sjálfsstjórnar. Þá skal eigi undan dregið að aukinni sjálfsstjórn kunni að fylgja ný vandamál innan kirkjunnar (a.m.k. í augum sumra) þar sem í „návígi" verður tekist á um mál er embættismenn ríkisins önnuðust áður, þar með talið ýmsa ráðstöfun fjármuna. Þessi vandamál á þó kirkjan að geta leyst innan sinna vébanda.

Á prestastefnu í Vestmannaeyjum í júní 1994 voru helstu hugmyndir nefndarinnar kynntar ítarlega og er óhætt að fullyrða að viðtökur hafi verið góðar. Urðu allmiklar umræður um málið. Loks fjallaði kirkjuþing um frumvarpið í endanlegri gerð sinni 25. október til 3. nóvember 1994. Eftir miklar almennar umræður og nefndarvinnu var frumvarp skipulagsnefndar samþykkt með nokkrum breytingum. Var biskupi og kirkjuráði falið að kynna frumvarpið fyrir prestum og sóknarnefndum í nóvember 1994, jafnframt var skipulagsnefnd falið að ganga endanlega frá greinargerð með frumvarpinu, svo og 67. gr. er fjallar um lög sem breytast við gildistöku frumvarpsins.

Verði frumvarp þetta að lögum telur nefndin að merkum áfanga sé náð í þróunarsögu íslensku þjóðkirkjunnar. Staða hennar verði skýrð frá því sem nú er og allt regluverk hana varðandi verði mun fyllra og gleggra en það er við búum við, en vitað er að margt er nú óskýrt eða jafnvel á huldu um réttarstöðu kirkjunnar og þjóna hennar á ýmsum sviðum.

V.

Auk þess sem fyrr er komið skal þetta sagt um meginatriði frumvarpsins, en einstök ákvæði þess verða hins vegar skýrð í síðari hluta þessarar greinargerðar:

Kveðið er á um að íslenska þjóðkirkjan sé sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni. Njóti hún sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka. Þjóðkirkjan og stofnanir hennar njóti sjálfstæðrar eignhelgi og komi fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu. Ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja íslensku þjóðkirkjuna og greiði íslenska ríkið henni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum. Kirkjumálaráðuneytið hafi með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð og hafi jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt. Jafnframt hafi ráðuneytið umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum. Mælt er fyrir um að íslenska þjóðkirkjan ráði starfi sínu innan lögmæltra marka. Er þarnæst fjallað á allítarlegan hátt um stjórnunar- og starfseiningar þjóðkirkjunnar og starfsmenn hennar (þar með talið stöðu þeirra sem opinberra starfsmanna), auk þess sem sérstaklega er fjallað um

reglur þær um almenna kirkjuskipan er kirkjuþingi er ætlað að samþykkja og áður var getið.“

Athugasemdir við einstakar greinar og kafla frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er fjallað um trúfræðilega undirstöðu þjóðkirkjunnar á Íslandi sem sjálfstæðs trúfélags. Er tekið fram að starfsemi hennar byggist á evangelísk-lútersk-um grunni. Í því felst að kenningargrundvöllur þjóðkirkjunnar byggist á eftirtöldum játn-ingarritum:

1. Postullegu trúarjátningunni.
2. Níkeujátningunni.
3. Aþanasíusarjátningunni.
4. Hinni óbreyttu Ágsborgarjátningu frá 1530.
5. Fræðum Lúthers hinum minni.

Í 2. mgr. er byggt á þeirri skipan mála varðandi stuðning við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 62. gr. stjórnarskrárinnar, enda er ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verða, á engan hátt ætlað að breyta fjárhagslegum skyldum ríkisvaldsins við þjóðkirkjuna þótt sjálfstæði hennar um innri málefni verði aukið frá því sem nú er, sbr. þó það sem greinir varðandi samkomulag ríkis og kirkju um kirkjujarð-ir og launagreiðslur.

Í 3. mgr. er lagt til að skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veiti aðild að þjóðkirkjunni. Eigi er skilyrði að skírn hafi farið fram innan vébanda þjóðkirkj-unnar þar eð þjóðkirkjan viðurkennir hverja þá skírn sem framkvæmd er í nafni heilagr-ar þrenningar.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frumvarpsins birtast meginreglur þess um réttarstöðu íslensku þjóð-kirkjunnar, en þær meginreglur styrkjast síðan af ýmsum öðrum ákvæðum frumvarps-ins er staðfesta þær áherslubreytingar á lögvörðu réttarsambandi milli ríkis og þjóðkirkju er lýst var í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar. Lögð er áhersla á að ákvæði þessi séu í stuttu og hnitmiðuðu formi þannig að höfuðatriðin séu hverjum manni ljós.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er mælt fyrir um sjálfstæði eða sjálfræði íslensku þjóðkirkj-unnar gagnvart ríkisvaldinu. Birtist þar sú höfuðstefna sem allt meginefni frumvarps þessa byggist á og fyrr hefur verið lýst. Sérstaklega er þó tekið fram að þessu sjálfræði setji löggjafinn tiltekin mörk sem felast einkum í ýmsum öðrum ákvæðum frumvarpsins er síðar verður fjallað nánar um, sbr. t.d. ákvæði 4. gr. um tilsjónarvald kirkjumálaráðherra.

Sjálfstæði íslensku þjóðkirkjunnar skv. 1. mgr. væri í reynd lítils virði ef eigi væri tryggt að lögum að þjóðkirkjan, söknir hennar og stofnanir, sem hafa nægilegt sjálfstæði gagnvart kirkjustjórninni, njóti m.a. fullkominnar eignhelgi í skilningi 67. gr. stjórnar-skrárinnar. Tekur því ákvæði 2. mgr. af allan vafa í því efni, en eigi þykir ástæða til þess að fjalla nánar um það í ákvæðinu hverjar þær stofnanir þjóðkirkjunnar eru sem sjálf-stæðrar eignhelgi geti notið, en um það efni vísast til viðurkenndra meginreglna eignar-réttar um lögvarða aðild að eignarréttindum.

Um 3. gr.

Í framhaldi af því ákvæði 2. mgr. 1. gr. að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja íslensku þjóðkirkjuna er nauðsynlegt að kveða nánar á um fjárhagslega skuldbindingu ríkisvaldsins gagnvart þjóðkirkjunni svo sem hér er gert. Er við það miðað að ríkisvaldið tryggi, í formi fjárveitingar á fjárlögum ár hvert, fjárframlag sem nægi til reksturs þjóðkirkjunnar eftir að tekið hefur verið tillit til annarra tekjustofna hennar sem bæði geta verið lögbundnir sem ólögbundnir. Í gildandi löggjöf um ýmsa starfsþætti þjóðkirkjunnar er kveðið á um sérstaka tekjustofna hennar eða tiltekinna stofnana hennar eða starfseininga, sbr. t.d. ákvæði í lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld, í lögum nr. 138/1993, um kirkjumálasjóð, og í lögum um prestssetur, nr. 137/1993, og gerir frumvarp þetta ekki ráð fyrir breytingum á þeirri skipan. Hins vegar miðast þetta ákvæði frumvarpsins við það að hin árlega fjárveiting frá Alþingi — hið árlega framlag þess til þjóðkirkjunnar umfram sérstakar fjárveitingar samkvæmt öðrum lögum — verði ákvarðað sem heildarupphæð á grundvelli ítarlegs rökstuðnings af hálfu kirkju og ráðuneytis um fjárþörf kirkjunnar er stjórnvöld þjóðkirkjunnar hafi til afnota með þeim hætti er þau telja nauðsyn til bera hverju sinni án þess að Alþingi gefi kirkjustjórninni nánari fyrirmæli um það hvernig fénu skuli varið. Ber þá þjóðkirkjan sjálf ábyrgð á ráðstöfun þessa fjár.

Í 2. mgr. er lagt til að launagreiðslur til starfandi presta þjóðkirkjunnar, sem verið hafa á launum úr ríkissjóði, skuli hagað með þeim hætti sem greinir í 61. gr. Er hér í raun um óbreytta skipan að ræða.

Um 4. gr.

Svo sem fyrr getur er ekki lagt til í frumvarpi þessu að tengsl verði rofin milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar enda þótt sjálfstæði þjóðkirkjunnar um innri málefni sín verði aukið mjög frá því sem nú er. Er lagt til að kirkjumálaráðuneytið hafi, enn sem fyrr, með höndum nauðsynleg tengsl við þjóðkirkjuna að því er varðar fjárlagagerð af hálfu Stjórnarráðsins. Jafnframt virðist rétt og sjálfsagt að sama ráðuneyti hafi yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni lögmæltan og stjórnarskrárvarinn stuðning, en því hlýtur einnig að fylgja umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um III. kafla.

Í III. kafla, sem er meginkafli frumvarps þessa, er fjallað í allítarlegu máli um stjórn og starfsskipan íslensku þjóðkirkjunnar. Tekur það bæði til embættismanna hennar, stjórnarstofnana og starfseininga.

Haft skal í huga að til þess er ætlast að kirkjuþing samþykki sérstakar starfsreglur (sjá einkum 60. gr.) sem verði til fyllingar og viðbótar mörgu því sem kveðið er á um í kafla þessum.

Rétt er að geta þess að mörg ákvæði þessa kafla frumvarpsins eru tekin að meginstofni úr gildandi lögum og þá með þeim breytingum einum sem leiðir beinlínis af þeirri skipan, sem frumvarpið byggist á, að stjórnunarvald verði fært frá ráðherra til kirkjulegra stjórnvalda. Þykir að jafnaði óþarfi að geta þessa atriðis sérstaklega um hverja grein fyrir sig sem þetta á við um.

Um 5. gr.

Í ákvæði þessu, sem ætlað er að hafa almennt gildi um starfsvettvang íslensku þjóðkirkjunnar, er áréttuð sú meginstefna höfunda frumvarpsins, sem þegar birtist með öðru orðalagi í 1. mgr. 2. gr., að þjóðkirkjan ráði sjálf starfi sínu og starfsháttum innan þess ramma sem löggjafinn hefur markað.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 35. gr. laga nr. 62/1990.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 96/1980.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að kirkjuþing setji reglur um kosningu biskups Íslands og þar með séu lög um biskupskosningu, nr. 96/1980, felld úr gildi, sbr. 65. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir óbreyttri skipan frá því sem nú er.

Um 10. gr.

Greinin er að mestu leyti efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 62/1990.

Um 11. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er að í lögum sé m.a. kveðið á um hvernig skuli fjallað um meint aga- og siðferðisbrot innan íslensku þjóðkirkjunnar, svo og um lausn ágreiningsmála, en um þetta gilda nú eigi skýrar reglur. Lagt er til að sett verði á fót sérstök nefnd, úrskurðarnefnd, sem fjalli um mál af þessu tagi. Greinin skýrir sig að öðru leyti sjálf.

Um 12. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Hér er lagt til að niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 11. gr. megi skjóta til áfrýjunarnefndar með þeim hætti sem nánar er lýst í ákvæðinu. Mikilvægt er að kveðið sé á um nokkur meginatriði íslensks stjórnsýsluréttar í ákvæðinu en jafnframt lagt til að kirkjuþing setji nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 60. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Hér er lagt til að sett verði á fót ráðgjafarnefnd sem fjalli um kenningarleg málefni.

Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 41. gr. laga nr. 62/1990 að öðru leyti en því að ráðherra er bundinn af því að kveðja til í forföllum biskups þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu.

Um 15.–17. gr.

Greinarnar samsvara að mestu ákvæðum VII. kafla laga nr. 62/1990. Í 3. mgr. 17. gr. er gert ráð fyrir að kirkjuþing geti ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma samþykki tvö kirkjuþing slíka tillögu óbreytta. Til að taka af öll tvímæli skal tekið fram að slík tillaga öðlast því aðeins gildi að hún hafi verið samþykkt á óbreytt á tveimur þingum, með kirkjuþingskosningum á milli.

Um 18. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Mikilvægt er að komið sé á samstarfsgrundvelli milli biskups Íslands og vígslubiskupanna, svo sem hér er lagt til.

Um 19. gr.

Um meginhugmyndir þær, sem liggja að baki ákvæði þessarar greinar, vísast til þess sem fram kom í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar. Lögð er áhersla á að marka kirkjuþingi stöðu sem æðsta stjórnvaldi innan íslensku þjóðkirkjunnar og valdsvið þess aukið frá því sem nú er. Kirkjuþingi er þó eigi ætlað alræðisvald, sbr. m.a. það ákvæði greinarinnar að prestastefna skuli fjalla um reglur er varða kirkjulegar athafnir er hafa trúarlegt gildi áður en þær verði samþykktar á kirkjuþingi.

Um 20. gr.

Hér er um nokkrar breytingar að ræða frá því sem nú er. Meginbreytingin felst í því að fulltrúar leikmanna eru fleiri en fulltrúar presta. Leikmenn eru tólf og prestar níu, samtals 21 fulltrúi.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að biskup Íslands, vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kennarar guðfræðideildar og kirkjumálaráðherra eigi seturétt á kirkjuþingi og hafi jafnframt málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafi þeir eigi. Er hér um að ræða breytingu frá fyrri skipan. Þá er gert ráð fyrir að kirkjuþing kjósi þingforseta úr röðum leikmanna.

Í frumvarpi því, sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi, var farin önnur leið en hér er lögð til, einkum varðandi tengslin milli þingsins og biskupsembættisins. Var þar sú hugmynd reifuð að aðskilja bæri valdsvið kirkjuþings annars vegar og biskups hins vegar með því að búa svo um hnútana að kirkjuþing yrði í sem fyllstum mæli sjálfstæð og lýðræðislega kjörin stofnun sem hefði sinn eigin forseta og nefndir sem störfuðu að einhverju leyti allt árið, enn fremur að kirkjuþing hefði sína eigin stjórnsýslu til þess að undirbúa störf þingsins og til þess að koma samþykktum þess í framkvæmd. Biskup Íslands ætti að vísu sæti á kirkjuþingi en tæki þar eigi formlegan þátt í afgreiðslu mála. Honum væri hins vegar heimilt að taka til máls hvenær sem væri og þyrfti ekki að skrá sig á mælendaskrá. Enn fremur hefði hann rétt til að tilnefna ákveðinn fjölda þingfulltrúa. Með þessu yrði komið í veg fyrir að biskup yrði eins konar framkvæmdastjóri kirkjuþings sem lyti ákvörðunum og samþykktum þess og gæti jafnvel orðið í minni hluta við atkvæðagreiðslur. Hann gæti þá fremur en nú er helgað sig andlegu leiðtogahlutverki biskups eins og það hefur víða mótast í lúterskri kirkjuhefð. Nefndin varð hins vegar ásátt um að bera þessa tillögu ekki fram í frumvarpsformi heldur láta nægja að benda á hana og minna á að sú skipan mála væri viðtekin í lúterskum kirkjum í sumum grannlöndum okkar.

Nefnd sú, sem skipuð var af kirkjumálaráðherra í júlí 1996, ákvað að ganga að nokkru til móts við þau sjónarmið sem að framan eru reifuð. Lagt er til að biskup Íslands verði ekki forseti kirkjuþings og hafi einungis málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi. Kirkjuþing kjósi sér hins vegar sérstakan forseta, til fjögurra ára. Nefndin taldi hins vegar ekki rétt að ganga lengra til að byrja með, en leyfa kirkjuþingi, í breyttri mynd, að móta starf sitt á næstu árum og gera því ekki ítarlegar tillögur í frumvarpinu um einstaka starfsþætti þess.

Um 21. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því að kirkjuþing kjósi við upphaf hvers kjörtímabils fastanefndir kirkjunnar.

Um 22. gr.

Af 2. mgr. greinarinnar leiðir að allir þeir kirkjulegu aðilar, sem hafi fjárreiður með höndum, verða að færa bókhald og gera reikningsskil sem hljóti fullnægjandi endurskoðun þar til bærra aðila. Skal kirkjuþing hafa yfirumsjón með því að þessarar skyldu sé gætt, en af eðli máls leiðir að önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar hafa einnig, að sínu leyti, eftirlitsskyldur í þessu efni. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar

Um 23. gr.

Greinin samsvarar að mestu efni 15. gr. laga nr. 48/1982.

Um 24. gr.

Greinin svarar til efnis 15. gr. laga nr. 48/1982.

Um 25. og 26. gr.

Ákvæði þessi samsvara um margt efni 16. gr. laga nr. 48/1982, nema jafnframt er kveðið á um stjórnunarhlutverk kirkjuráðs í kjölfar nýmæla sem leitt hefur af nýlegum lögum. Þá er og lagt til í frumvarpinu að gerður verði aðskilnaður á valdsviðum kirkjuþings annars vegar og kirkjuráðs hins vegar, sbr. og 20. gr. frumvarpsins. Kveðið er á um að ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda megi almennt skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar, en undantekning er þar gerð um ákvarðanir biskups á sviði kirkjuaga og kirkjukenningar, svo og um ágreiningsefni, en jafnframt er kveðið á um að ákvörðunum kirkjuráðs á sviði eiginlegrar stjórnsýslu verði eigi áfrýjað til kirkjuþings, enda hentar kirkjuþing ekki sem áfrýjunaraðili.

Í 26. gr. kemur fram að kirkjuráð í samráði við forseta kirkjuþings undirbúi fundi kirkjuþings og fylgi eftir samþykktum þess. Með þessu er gert ráð fyrir að kirkjuþing, í þessu tilviki forseti þess, beri ásamt kirkjuráði ábyrgð á undirbúningi kirkjuþings og því að fylgja eftir samþykktum þingsins.

Um 27. gr.

Greinin er að nokkru leyti samhljóða 39. gr. laga nr. 62/1990, nema hvað m.a. er bætt við ákvæðum um tillögu- og umsagnarrétt prestastefnu um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði, sbr. núgildandi lög um kirkjuþing.

Um 28.–31. gr.

Greinarnar eru að mestu leyti samhljóða efni V. kafla laga nr. 62/1990, sbr. og ákvæði VII. kafla laga nr. 25/1985. Vakin skal athygli á því að í 28. gr. frumvarpsins er lagt til að biskup Íslands geti skipað prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu án þess að starf prófasts sé bundið við hin hefðbundnu prófastsdæmi, og gæti starfssvið þess háttar prófasts því t.d. verið landið allt.

Um 32. gr.

Grein þessi er nýmæli að því leyti að áður hefur eigi verið í lögum skilgreining á hugtakinu „þjónandi prestur“ í íslensku þjóðkirkjunni, en hér er lögð áhersla á sjálfstæði prests gagnvart aðilum er hann starfar hjá en ekki heyra undir þjóðkirkjuna, svo sem sjúkrahús, fangelsi og þess háttar, þannig að í kirkjulegum efnum lúti hann einvörðungu yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda þótt hann verði að öðru leyti að hlíta margvíslegum starfsreglum sem eðli máls hljóta að eiga við á viðkomandi vinnustað.

Um 33. gr.

1. málsl. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 62/1990.

Í 2. málsl. er skilgreining á sóknarprestsembættinu samkvæmt guðfræðilegri og kirkjuréttarlegri hefð.

Um 34. gr.

Greinin ber að nokkru með sér tímabært nýmæli, miðað við núgildandi lög, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 35. gr.

Greinin samsvarar að mestu leyti 9. gr. laga nr. 62/1990, nema hvað lagt er til að starfsheitið héraðsprestur verði notað í stað heitisins farprestur sem nú er lögmælt.

Um 36. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 37. gr.

Greinin samsvarar að mestu 16. gr. laga nr. 62/1990.

Í 3. og 4. mgr. er nýmæli um svonefnda stöðunefnd, þ.e. fastanefnd, sem sé biskupi Íslands til ráðgjafar um hæfi kandídata til prestsþjónustu, og er hér um nýmæli að ræða. Hennar hlutverk er einnig að meta hverjir umsækjenda um prestsembætti teljist hæfastir og raða þremur hæfustu umsækjendunum í röð þannig að í fyrsta sæti ráðist sá hæfasti og þannig koll af kolli, með hliðsjón af menntun umsækjenda, framhaldsnámi, starfsferli og öðrum atriðum sem nefndin telur máli skipta.

Um 38. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að biskup Íslands auglýsi laus prestsembætti með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta. Um val á presti fer síðan eftir lögum um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, þar til kirkjuþing hefur sett starfsreglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr., sbr. 60. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að lög um veitingu prestakalla, nr. 44/1987, falli úr gildi þegar kirkjuþing hefur sett slíkar starfsreglur, sbr. 65. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Með breytingum á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins voru ákvæði um æviráðningu presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar afnumin. Nefndin, sem skipuð var af kirkjumálaráðherra í júlí 1996, leggur til að þegar sóknarprestur eða aðstoðarprestur hefur verið valinn með lögmætum hætti verði hann settur í eitt ár til að gegna embættinu. Að þeim tíma liðnum verði hann skipaður í embætti ótímabundið, nema áður hafi komið fram ósk um að embættið verði auglýst laust til umsóknar frá meiri hluta kjörmanna prestakallsins. Nefndin telur rétt, m.a. í ljósi þeirrar sérstöðu sem ríkir um val á prestum, en þeir eru eftir atvikum kjörnir af kjörmönnum eða sóknarbörnum í kosningum, að prestar njóti æviráðningar.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Greinin samsvarar efni 19. gr. laga nr. 62/1990 og 1. mgr. 8. gr. sömu laga.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 43. gr.

Greinin styðst að nokkru leyti við ákvæði í lögum nr. 62/1990, en efni þeirra er einfaldað og samræmt. Í 2. mgr. er sett ákvæði til þess að koma í veg fyrir vanda sem oft hefur skapast viðvíkjandi ákvörðun um réttarstöðu presta er hafa verið ráðnir til starfa utan hefðbundins kirkjulegs starfsvettvangs, svo sem á vegum félagasamtaka eða stofnana.

Um 44. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. laga nr. 62/1990.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 46. gr.

Greinin á sér eigi fyrirmynd í núgildandi lögum. Nauðsyn ber til að sett séu lagaákvæði um djákna, en nám fyrir þá hefur nýlega verið tekið upp á vegum guðfræðideildar Háskóla Íslands að frumkvæði kirkjuþings.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar efni 2. gr. laga nr. 25/1985.

Um 49. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að kirkjuþing setji starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í þeim reglum skulu vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu. Í frumvarpi því sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi var farin sú leið að mæla fyrir um tiltekinn lágmarksfjölda prestsembætta miðað við hvort vígslubiskupsumdæmi um sig, svo og Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmi, auk tiltekins lágmarksfjölda sérþjónustupresta og prófasta. Í 61. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ríkið greiði tilteknum fjölda presta laun, en í frumvarpi þessu er ekki að finna ákvæði um að tiltekinn lágmarksfjöldi embætta skuli vera í hvoru vígslubiskupsumdæmi, heldur er kirkjuþingi alfarið falið ákvörðunarvald um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Er þetta í samræmi við niðurstöðu viðræðna kirkjueignanefnda ríkis og kirkju.

Um 50. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. laga nr. 62/1990, sbr. 2. gr. laga nr. 150/1996.

Um 51. gr.

Greinin svarar að mestu til efnis 11. gr. laga nr. 25/1985.

Um 52.–57. gr.

Greinarnar svara að mestu til sambærilegra ákvæða í lögum nr. 25/1985, nema hvað skýrt er kveðið á um að sóknarprestur ráði hvernig afnotum af kirkju skuli háttað og beri ábyrgð í því efni, auk þess sem kveðið er á um samstarfsnefndir kirkjusókna.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 59. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 60. gr.

Hér er um algert nýmæli að ræða. Kveðið er á um nánari starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna sem kirkjuþingi er ætlað að setja, svo og um annars konar samþykktir þess sem ætlað er að hafa bindandi gildi innan kirkjunnar, sbr. einnig það er segir um þessi efni í almennum hluta þessarar greinargerðar. Er til þess ætlast að margs konar reglur af því tagi verði með tímanum settar um kirkjuleg málefni sem e.t.v. geti smám saman tekið að nokkru við hlutverki eiginlegrar löggjafar um starfsemi íslensku þjóðkirkjunnar. Þá er og mælt fyrir um staðfestingu kirkjuþings á stofnskrám ýmissa kirkjulegra stofnana og þess háttar, en jafnframt skal hér minnt á að reikningshald kirkjulegra stofnana skal hljóta fullnægjandi endurskoðun undir yfirumsjón kirkjuþings, sbr. 22. gr. frumvarpsins.

Um 61. gr.

Hér er kveðið á um launagreiðslur þeirra starfsmanna þjóðkirkjunnar sem fara um ríkissjóð. Grein þessi er í samræmi við samkomulag það sem kirkjueignanefndir ríkis og kirkju náðu í janúar 1997 varðandi kirkjujarðir og launagreiðslur og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Samkomulagið felur í sér að ríkið verður formlegur eig-

andi allra kirkjujarða, að frátöldum prestssetrum, og rennur andvirði seldra jarða í ríkissjóð. Í þeim grunni skuldbindur ríkið sig til að greiða prestum og öðrum starfsmönnum laun, eftir því sem greinir í þessari grein. Eins og fram kemur í 4. gr. samkomulagsins líta aðilar svo á að þetta samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sé fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. Samkomulag þetta var gert með fyrirvara um samþykkt kirkjuþings og Alþingis á frumvarpi þessu. Kirkjuþing féllst á samkomulag þetta á aukakirkjuþingi í janúar 1997, með smávægilegum orðalagsbreytingum, og hefur texta greinarinnar verið breytt í samræmi við þá breytingu.

Um 62. gr.

Hér er kveðið á um réttarstöðu starfsmanna íslensku þjóðkirkjunnar sem opinberra starfsmanna eftir því sem við getur átt.

Í ákvæði þessu er einungis gefin höfuðstefna, en nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna íslensku þjóðkirkjunnar verður síðan að setja í starfsreglur skv. 60. gr.

Um 63. gr.

Í ákvæði þessu er að finna staðfestingu á niðurstöðum kirkjueignanefnda ríkis og kirkju, sbr. athugasemd við 61. gr. frumvarpsins, og vísast til hennar og fylgiskjals með frumvarpinu að öðru leyti.

Um 64. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 65. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997.

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi

samkomulag

um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:

a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.

b. 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.

c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.

2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

6. Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja“ er m.a. átt við kirknaítök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.
b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.
c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.
d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárkvöðum eða fátækrakvöðum falla undir samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækrakvaðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis, á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar nk. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar nk. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson.	Halldór Árnason.	Sveinbjörn Dagfinnsson.
Hjalti Zóphóníasson.	Stefán Eiríksson.	Þorbjörn Hlynur Árnason.
Halldór Gunnarsson.		Þórir Stephensen.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem falið var að endurskoða frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frumvarpið felur í sér verulega breytingu á stjórn kirkjunnar. Gert er ráð fyrir að draga úr lagaákvæðum sem lúta að stjórn kirkjunnar en í stað þess setji kirkjuþing starfsreglur fyrir ýmsa þætti í starfsemi hinnar íslensku þjóðkirkju. Frumvarpið er að hluta til byggt á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa gert um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Að mati fjármálaráðuneytis gætu eftirfarandi þættir frumvarpsins haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Ákvæði 3. gr. um að ríkið greiði þjóðkirkjunni árlegt framlag er nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar er fremur óskýrt. Í greinargerð með frumvarpinu segir um þetta ákvæði að fjárveiting verði ákvörðuð á grundvelli ítarlegs rökstuðnings af hálfu kirkju og kirkjumálaráðuneytis um fjárþörf kirkjunnar. Þá er ákvæði 61. gr.einnig óljóst hvað snertir greiðslu annarra rekstrargjalda biskupsstofu en launa. Að mati fjármálaráðuneytis er æskilegt að gert verði samkomulag milli ríkis og kirkju um hvernig skuli áætla og fara með önnur rekstrargjöld. Semja þyrfti um þetta með svipuðum hætti og á við um launagreiðslur, sbr. umfjöllun um 3. tölul. hér á eftir. Vegna aukins sjálfstæðis kirkjunnar í rekstrarmálum er æskilegt að sem skýrust regla gildi um öll framlög ríkisins til starfseminnar, enda þótt þau verði ákveðin í fjárlögum hvers árs.
2. Í frumvarpinu er lagt til að stofnsettar verði fjórar nýjar nefndir. Tvær þeirra verða skipaðar af biskupi, úrskurðarnefnd (11. gr.) og ráðgjafarnefnd (13. gr.), og greiðir kirkjan útgjöld af þeim. Tvær nefndir verða skipaðar af kirkjumálaráðherra, áfrýjunarnefnd (12. gr.) og stöðunefnd (37. gr.), og verða útgjöld vegna þeirra greidd úr ríkissjóði. Ætla má að starf áfrýjunarnefndar verði ekki umfangsmikið en starf stöðunefndar getur aftur á móti orðið allnokkurt. Talið er að útgjöld ríkissjóðs vegna þessara tveggja nefnda geti numið 1–1,5 m.kr. á ári.

3. Í 61. gr. er kveðið á um þau launagjöld sem ríkið skuldbindur sig til að greiða.
   a. Ríkið mun greiða laun biskups Íslands, vígslubiskupa og 18 starfsmanna biskupsstofu. Áætlað er fyrir launum biskups Íslands og vígslubiskupa í fjárlögum yfirstandandi árs og leiðir þetta ákvæði ekki til breytinga á útgjöldum ríkissjóðs. Á biskupsstofu starfa 18 starfsmenn, þar af eru laun 14 starfsmanna nú greidd úr ríkissjóði. Laun annarra starfsmanna, þ.e. söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, umsjónarmanns prestsetra og tveggja aðstoðarmanna, eru greidd úr ýmsum sjóðum kirkjunnar. Framlag ríkissjóðs eykst því um sem nemur fjórum störfum eða um 7–8 m.kr.

      Óljóst er hvernig skuli farið með önnur rekstrargjöld biskupsstofu en laun. Fjármálaráðuneytið telur að framlög ríkisins vegna þessa gjaldaliðar þurfi að skýra og ítrekar ábendingu um að samið verði um hvernig skuli áætla og fara með önnur rekstrargjöld, sbr. umfjöllun um 1. tölul. hér að framan.
   b. Ríkið mun greiða laun 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar. Á fjárlagalið *701 Biskup Íslands* í fjárlögum fyrir árið 1997 er áætlað fyrir launum 137,5 starfandi presta og starfstengdum kostnaði þeirra auk náms- og veikindaleyfa. Þetta framlag mun því hækka sem nemur hálfu starfi prests en það er talið nema um 1,3 m.kr. Að mati dómsmálaráðuneytis felst það í samkomulaginu um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar að starfstengdur kostnaður og náms- og veikindaleyfi verði áfram greidd af ríki enda hluti af kjörum presta samkvæmt lögum og úrskurði kjaranefndar. Fjöldi greiddra mánaða vegna námsleyfa er 35 mánuðir á ári en veikindaleyfi eru breytileg milli ára og greidd samkvæmt læknisvottorðum. Í fjárlögum 1997 er áætlað fyrir 46–47 mánuði vegna veikindaleyfa.
   c. Kveðið er á um að fjölgi skráðum meðlimum í þjóðkirkjunni um 5.000 miðað við árslok 1996 skuli ríkið greiða laun viðbótarprests. Samsvarandi lækkun á greiðslum ríkisins verður ef skráðum meðlimum fækkar. Sé tekið mið af fjölgun skráðra meðlima undanfarin 20 ár má gera ráð fyrir að prestum fjölgi um einn á tæplega þriggja ára fresti en árslaun með starfstengdum kostnaði nemur um 2,5 m.kr. Að lokum er kveðið á um að fjölgi prestum um 10 samkvæmt framangreindum skilyrðum skuli starfsmönnum á biskupsstofu fjölga um einn. Í ljósi framangreindra upplýsinga um fjölgun í þjóðkirkjunni má gera ráð fyrir að það gerist á 27–30 ára fresti. Samsvarandi ákvæði gildir til lækkunar útgjald fækki prestum.
4. Í 63. gr. er kveðið á um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, séu eign íslenska ríkisins. Af því leiðir að andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð en þetta er samkvæmt núgildandi lögum einn af tekjustofnum Kristnisjóðs. Þetta eru hluti af samkomulagi ríkis og kirkju um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Í samkomulaginu er einnig kveðið á um að ríkissjóður greiði árlega næstu átta ár upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests, eða sem nemur 2,5 m.kr. Á árunum 1984 til 1996 voru samkvæmt upplýsingum frá biskupsstofu seldar 20 kirkjujarðir og voru tekjur Kristnisjóðs af sölu jarðanna á þessu tímabili rúmlega 71 m.kr. eða um 5,5 m.kr. á ári að meðaltali. Ekki er hægt að meta framtíðarsöluandvirði jarða en sé tekið mið af þessum tölum leiðir þetta ákvæði til tekjuauka fyrir ríkissjóð þrátt fyrir greiðslu andvirðis einna prestslauna næstu átta ár.

5. Einn af tekjustofnum Kristnisjóðs er samkvæmt lögum árlegt framlag úr ríkissjóði er samsvarar hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum sem lögð eru niður og laun sem sparast á hverjum tíma þegar prestakall er prestlaust svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra. Ekki eru lagðar til breytingar á þessu ákvæði, hvorki í frumvarpinu né í samkomulaginu. Þar sem samkomulag er um fjölda prestslauna, þ.e. 138, virðist annað óeðlilegt en að ákveða jafnframt þann fjölda árslauna vegna niðurlagðra prestakalla sem framlagið til Kristnisjóðs skal miðast við. Ákvæðið, eins og það nú stendur, verður ekki skilið á annan veg en þann að verði prestakall lagt niður skuli auka framlag til Kristnisjóðs án þess að það hafi áhrif á útgjöld ríkisins til prestanna 138 sem samkomulagið tekur til. Líklegt má þykja að prestaköllum í dreifbýli fækki á komandi árum en fjölgi í þéttbýli. Það getur ekki verið tilgangur ákvæðis greinarinnar að niðurlagning prestakalla og stofnun nýrra leiði til aukinna framlaga á fjárlögum umfram það sem segir i c-lið 3. tölul. Núverandi fjárveiting ríkisins til Kristnisjóðs er að fjárhæð 27,3 m.kr.

Að öllu samanlögðu, að gefnum framangreindum forsendum, er talið að útgjöld ríkissjóðs muni hækka um 6–8 m.kr. á fyrsta ári eftir gildistöku laganna verði frumvarpið óbreytt að lögum, sbr. töflu hér á eftir. Eftir átta ár lækkar framlagið sem nemur einum prestslaunum en þá lýkur þeirri greiðslu ríkissjóðs í Kristnisjóð sem er hluti af samkomulagi milli ríkis og kirkju, sbr. 4. tölul. hér að framan. Þá munu útgjöld aukast um 2,5 m.kr. á um það bil þriggja ára fresti fjölgi meðlimum kirkjunnar með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.

	Lágmark	Hámark
Áfrýjunarnefnd og stöðunefnd (2. tölul.)	1,0	1,5
Aukin launagjöld vegna starfsmanna á biskupsstofu (a-liður 3. tölul.)	7,0	8,0
Fjölgun starfa sóknarpresta (b-liður 3. tölul.)	1,3	1,3
Andvirði seldra jarða, miðað við meðaltal undanfarinna 13 ára (4. tölul.)	-5,5	-5,5
Greiðsla andvirði fastra launa sóknarprests í Kristnisjóð (4. tölul.)	2,5	2,5
Samtals	6,3	7,8

Rétt er að geta þess að umsögnin tekur eingöngu til breytingar á útgjöldum ríkissjóðs en ljóst er að verði frumvarpið óbreytt að lögum kemur það til með að hafa breytingar í för með sér í útgjöldum þjóðkirkjunnar. Sem dæmi má nefna fjölgun nefnda kirkjunnar sem er getið í 2. tölul. hér að framan. Einnig má benda á að forseti kirkjuþings verður ekki biskup eins og nú er heldur leikmaður og má gera ráð fyrir kostnaði af störfum hans, t.d. ferðakostnaði og dagpeningum, búi hann utan höfuðborgarsvæðisins. Að lokum má ætla að mikil vinna verði við að móta breyttar starfsreglur kirkjunnar og að sú vinna leiði til tímabundins kostnaðarauka.

Að lokum skal áréttað að þó svo að ýmis atriði fjármálalegra samskipta ríkis og kirkju séu gerð skýrari með þessu frumvarpi eru enn nokkur atriði sem þarf að greina enn frekar til þess að gerlegt sé að meta kostnaðaráhrif frumvarpsins sem skyldi.

558. Frumvarp til laga [302. mál]

um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 1. tölul. orðast svo:

1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandídatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana til prestþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.

b. 3. tölul. orðast svo:

3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um biskupskosningu, nr. 96/1980, er m.a. mælt fyrir um hverjir eigi kosningarrétt við biskupskjör, sem og við vígslubiskupskjör, sbr. 43. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62/1990.

Á undanförnum árum hefur fjölgað prestvígðum mönnum sem ekki eru ráðnir til starfa af kirkjulegum yfirvöldum. Á þetta einkum við sérþjónustupresta á sjúkrastofnunum. Prestar þessir eru í langflestum tilvikum ráðnir til starfa af viðkomandi stofnun og eru laun þeirra greidd af sama aðila. Álitaefni hafa komið upp um hvort þessir prestar eigi að lögum kosningarrétt við biskupskjör og vígslubiskupskjör. Við vígslubiskupskjör 1994 voru þeir ekki teknir á kjörskrá og höfðu því ekki kosningarrétt. Í kjölfarið kvörtuðu tveir sjúkrahúsprestar undan þeirri meðferð til umboðsmanns Alþingis sem lét í ljós það álit að sjúkrahúsprestar ættu samkvæmt gildandi lögum kosningarrétt við biskupskjör og vígslubiskupskjör, sbr. álit umboðsmanns í máli nr. 1105/1994. Rétt þykir að eyða öllum vafa varðandi þetta atriði og tryggja þeim sérþjónustuprestum, sem ráðnir eru til starfa af sjúkrastofnunum, kosningarrétt við biskupskjör og vígslubiskupskjör, enda lúti þeir yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum.

Þær breytingar, sem lagðar eru til með frumvarpi þessu, eru í fyrsta lagi að tryggja framangreindum sérþjónustuprestum kosningarrétt við biskupskjör og þar með jafnframt kosningarrétt við kjör vígslubiskupa. Í öðru lagi er lagt til að aðstoðarprestum, sem ráðnir eru af sóknarnefndum, verði tryggður sami réttur, en hann hafa þeir ekki samkvæmt gildandi lögum. Í þriðja lagi er lagt til að rektor Skálholtsskóla verði skipað við hlið kennara guðfræðideildar Háskólans og guðfræðikandídötum á biskupsstofu við hlið biskupsritara. Er frumvarpið lagt fram til að taka af öll tvímæli um kosningarrétt þessara starfsmanna kirkjunnar. Breytingarnar miða að öðru leyti að því að gera ákvæði laganna skýrari að því er varðar kosningarrétt presta og annarra guðfræðinga.

Þá er lagt til að 3. tölul. 2. gr. laganna um biskupskosningu, þar sem fjallað er um kjör leikmanna, verði breytt í samræmi við skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í tvö prófastsdæmi.

Fyrirhugað er að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að kirkjuþing setji reglur um biskupskosningu. Verði það frumvarp samþykkt er gert ráð fyrir að þegar kirkjuþing hefur sett reglur um biskupskosningu falli lögin um biskupskosningu úr gildi. Í ljósi þess að ekki er víst hver afdrif þess frumvarps verða á yfirstandandi þingi, auk þess sem ekki er miðað við að þær breytingar sem þar eru lagðar til öðlist þegar gildi, er nauðsynlegt að breyta gildandi lögum um biskupskosningu nú til að tryggja sérþjónustuprestum sem ráðnir eru til starfa á sjúkrastofnunum og aðstoðarprestum sem ráðnir eru af sóknarnefndum umræddan kosningarrétt, svo og að taka af önnur tvímæli um kosningarrétt einstakra starfsmanna kirkjunnar, en gert er ráð fyrir að biskupskjör fari fram á árinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til að taka af öll tvímæli um hverjir eru kjörgengir til biskupskjörs. Til dæmis hefur á undanförnum árum fjölgað prestvígðum mönnum sem ekki eru ráðnir til starfa af kirkjulegum yfirvöldum og hefur risið ágreiningur um rétt þeirra í þessum efnum. Ekki verður séð að frumvarpið hafi kostnaðarauka í för með sér verði það óbreytt að lögum.

559. Tillaga til þingsályktunar [303. mál]

um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi. Enn fremur verði sett skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest“ nema í ákveðinni, tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi).

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

Greinargerð.

Með lögum nr. 14/1979 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu. Þeir samningar mæla annars vegar fyrir um íhlutun strandríkis á úthafinu þegar óhöpp verða sem valda eða geta valdið olíumengun og hins vegar um ábyrgð á tjóni af völdum olíumengunar. Þá eru einnig í gildi lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Framangreind lög og samningar veita strandríkjum þó ekki rétt til að gera neinar ráðstafanir er takmarkað geta umferð olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning um efnahagslögsögu þeirra.

Með hliðsjón af undirstöðuatvinnuvegi Íslendinga og megintekjum af erlendum viðskiptum, sem m.a. byggjast á einstökum ómenguðum náttúruauðlindum hafsins umhverfis Ísland, er um brýnt mál að ræða. Fjölmörg strandríki hafa sett reglur um losun á „ballest“ til að koma í veg fyrir mengun sjávar og vernda lífríkið. Mikið er í húfi fyrir Íslendinga í þessum efnum eins og áður segir og rétt að hafa í huga að mistök í þessum efnum geta vissulega valdið miklum skaða. Alvarleg mengunarslys hér á landi hafa sem betur fer ekki orðið. Full ástæða er þó til ýtrustu varkárni í því efni, sbr. fjölmörg mengunarslys af völdum skiptapa olíuskipa.

560. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Fá mál sýna betur en þetta hversu langt framkvæmdarvaldið getur gengið í tillitsleysi við Alþingi. Þegar niðurstaða eigendanefndarinnar lá fyrir ákvað iðnaðaráðherra að halda blaðamannafund fremur en að kynna Alþingi málið. Hann varð að lokum knúinn til þess með umræðum utan dagskrár á Alþingi að skýra lauslega frá málinu. Málið kom svo til meðferðar fyrir áramót og fyrir harðfylgi stjórnarandstöðunnar gafst tími til þess yfir áramótin að skoða málið áfram.

Aðalrök ríkisstjórnarinnar í málinu eru þau að eigendur eigi að fá eitthvað fyrir eigendaframlög sín. En hver eru þau og hvað hafa eigendurnir fengið?

Til ársloka 1995 hafði Landsvirkjun greitt ríkinu 435 millj. kr. í svokallað ábyrgðargjald. Það er gjald fyrir það að ríkið er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum lánum Landsvirkjunar. Til þess að jafna á milli eignaraðilanna hafa aðrir eignaraðilar einnig fengið greitt ábyrgðargjald. Þannig hefur Reykjavík fengið 388 millj. kr. í ábyrgðargjald og Akureyri 48 millj. kr. Samtals hafa aðilarnir því fengið 871 millj. kr. í ábyrgðargjald á verðlagi ársins 1995.

Eignaraðilarnir hafa líka fengið arð, gagnstætt því sem oft er látið í veðri vaka. Ríkið hefur fengið 291 millj. kr. í arð, Reykjavík 261 millj. kr. og Akureyri 29 millj. kr. Samtals hafa eignaraðilarnir fengið 581 millj. kr. í arð til loka ársins 1995 á verðlagi þess árs.

Hvað hafa eignaraðilarnir látið af hendi rakna? Þeir hafa innt af hendi framlög sem hér segir: Ríkið 1.074 millj. kr., Reykjavík 957 millj. kr. og Akureyri 118 millj. kr.

Samtals hafa eigendurnir greitt 2.149 millj. kr. samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar. Fyrir það hafa eigendurnir fengið 581 millj. kr. í arð en 871 millj. kr. hefur auk þess runnið til þeirra í ábyrgðargjald. Arðurinn af eigninni er því 27% af raunverulegu framlagi eigenda, en ef ábyrgðargjaldið er reiknað með kemur í ljós að tekjur eignaraðilanna af fyrirtækinu hafa numið 67% af höfuðstól sem er ekki slæmt.

Nú er hins vegar fundin upp önnur aðferð til að reikna út tekjur handa eignaraðilunum. Það er gert með því að eignir Landsvirkjunar eru metnar eins og þær hafi allar komið af eigendaframlögunum, að þau ein hafi í raun skapað tekjurnar. Þegar það liggur fyrir kemur í ljós að eignin er allt of mikil og þess vegna eru eigendaframlögin áætluð 14 milljarðar kr. Þau mynda síðan útreikning til arðs eins og segir í samkomulagi eignaraðilanna frá 28. október sl.

Arðurinn verður samkvæmt samkomulaginu ekki reiknaður af 2.149 millj. kr. heldur af 14 milljörðum kr., sjö sinnum hærri upphæð en þeirri sem eigendur hafa lagt fram. Þetta er því ekki arður heldur skattur sem lagður eru á rafmagnsnotendur í landinu til framtíðar.

Miðað er við að arðurinn verði 5,5% af endurmetnum eigendaframlögum. Hann á þó ekki allur að koma til útborgunar heldur fer það eftir vissum reglum sem meira að segja takmarkast við afkomu fyrirtækisins! Það sem eftir er af arðinum bætist hins vegar við höfuðstól 14 milljarðanna og verður þannig grunnur fyrir arð framtíðarinnar. Með þessu móti eru eigendur að reikna sér 500–700 millj. kr. í tekjur af fyrirtækinu á ári. Sé gert ráð fyrir að það verði 600 millj. kr. til að byrja með eru þær 600 millj. kr. 28% af raunverulegu en ekki reiknuðu eigendaframlagi. Þannig er fullvíst að þessi framlög færa eigendum sínum hærri arð en nokkur dæmi eru til um annars staðar í heiminum.

Aðalrök iðnaðaráðherra hafa verið þessi: Borgin vildi fá að vita hvað hún gæti haft upp úr eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Hún óskaði því eftir að stofnuð yrði eigendanefnd. Akureyrarbær tók undir með Reykjavík. Þess vegna skipaði ráðherrann nefndina. Í henni voru embættismenn frá ríkinu en stjórnmálamenn frá borginni. Þeir síðarnefndu réðu því ferðinni. Þeir voru Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður stjórnar veitustofnana, og Vilhjálmur Vilhjálmsson, borgarráðsmaður Sjálfstæðisflokksins, sem jafnframt er formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnarmaður í Landsvirkjun. Þá var í nefndinni Jakob Björnsson sem er bæði bæjarstjóri á Akureyri og stjórnarmaður í Landsvirkjun. Hann er auk þess Framsóknarmaður. Það voru því pólitískir fulltrúar stjórnarflokkanna í þessum tveimur bæjarfélögum sem

komu að málinu. Öðrum pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna var haldið utan við málið sem fór leynt til síðustu stundar og að sjálfsögðu var stjórnarandstaðan ekki höfð með í ráðum. Niðurstaðan varð sú að eigendurnir eiga að geta tekið hundruð milljóna króna út úr fyrirtækinu á hverju ári. Þá fjármuni geta þeir notað til að lækka verðið á raforku til viðskiptamanna sinna, til þess að lækka útsvar eða skuldir eða til að fjárfesta í öðrum verkefnum. Einnig er ljóst að arðgreiðslurnar til eigendanna eru settar framar en verðið til almennings.

Auðvitað var samningurinn samþykktur samhljóða í borgarstjórn Reykjavíkur og í bæjarstjórn Akureyrar. Samningurinn er þessum stofnunum ótrúlega hagstæður en þegar á heildina er litið hlýtur að verða að skoða hann mjög gagnrýnið. Það á við um alla alþingismenn. Eins og kom í ljós við 1. umræðu málsins átti iðnaðarráðherra ekki einn einasta stuðningsmann og stjórnarliðar sem tóku til máls gagnrýndu samninginn harðlega.

Niðurstaðan, þ.e. að eignaraðilar fengju fjármuni út úr Landsvirkjun, væri í sjálfu sér ágæt ef svo vildi til að eignaraðilarnir hefðu lagt fram beinharða peninga í fyrirtækið. Sú er þó ekki raunin nema að takmörkuðu leyti eins og sýnt hefur verið fram á. Þeir sem hafa byggt upp Landsvirkjun eru neytendur um allt land að Reykvíkingum meðtöldum. Niðurstaða eigendanefndarinnar er fráleit miðað við allar aðstæður í landinu. Hún skapar ófrið um Landsvirkjun og stofnar í hættu þeirri sátt sem verið hefur um Landsvirkjun sem fylgt hefur verðjöfnunarstefnu samkvæmt lögum.

Afstaða þeirra sem komu til viðtals við iðnaðarnefnd um málið var sú sama. Þeir sögðu sem svo að með frumvarpinu væru eigendur að setjast yfir bráð sem þeir ættu alls ekki.

Af þessum ástæðum og öðrum sem síðar verða raktar leggur 2. minni hluti fram frávísunartillögu um málið á sérstöku þingskjali þar sem einnig er lagt til að ríkisstjórninni verði gert að hefja samninga um málið á nýjan leik á nýjum forsendum.

Verði Landsvirkjunarfrumvarpið knúið áfram óbreytt eins og flest bendir til mun það hafa í för með sér aukna mismunun í lífskjörum á Íslandi. Það mun minnka líkurnar á því að samstaða náist til lengri tíma í orkumálum í landinu. Það mun óhjákvæmilega hafa það í för með sér að einstakir landshlutar knýi á um að fá arðinn af orkuverum í eigin landshluta. Hvar yrðu Reykvíkingar settir ef Sunnlendingar gengju fram og heimtuðu sitt á sama hátt og eigendaskýrslan gerir ráð fyrir? Hvar verða landsmenn staddir ef Austurland heimtar yfirráð yfir virkjununum miklu á Austurlandi ef þær á annað borð verða einhvern tímann að veruleika? Hvað á að segja við þá sem byggja Skagafjörð framanverðan ef Skagfirðingar heimta að reisa Villinganesvirkjun? Það er ljóst að verði þetta frumvarp að lögum mun allt kerfið sem byggt hefur verið upp liðast sundur. Hvað þýðir það? Það þýðir að að lokum verður raforkan dýrari og sóun samkeppninnar mun bitna fyrst á fjarlægustu byggðunum. Þessu munu stjórnarliðar svara með því að verðjöfnun verði stýrt í gegnum ríkissjóð. Það er ekki rétt. Skattgreiðsluvilji almennings er ekki svo mikill að unnt sé að treysa á hann til langframa í þessu efni.

Þá er það ónefnt að íslenska orkukerfið mun á næstu áratugum tengjast umheiminum. Með lagningu rafstrengs, sem ekki er verið að gera tillögu um en spáð er að verði raunin eftir 30 ár eða svo, tengist sundrað raforkukerfi Íslands hinum stóra umheimi sem aftur skapar forsendur fyrir erlend fyrirtæki til þess að hirða íslenskar orkulindir. Þess er svo loks að geta að sundruð greinin mun ekki ganga betur um landið en eitt fyrirtæki, Landsvirkjun, gerir. Landsvirkjun hefur setið undir þungri gagnrýni í umhverfismálum en fari svo að fyrirtækið klofni í mörg smáfyrirtæki sem eiga í innri samkeppni um virkjanir er

landinu enn frekari hætta búin. Ábyrgð þeirra manna sem vilja knýja þetta mál óbreytt í gegnum Alþingi er því mikil.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru flestar óþarfar og rúmast innan gildandi laga. Þó eru nokkrar sem þarf að athuga sérstaklega:

1. Í 1. gr. er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild Landsvirkjunar til að hagnýta þá sérþekkingu sem fyrirtækið ræður yfir með verktöku og sölu innan lands og með eignaraðild að fyrirtækjum erlendis. Þessi tillaga er sprottin af því að fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur óskað samvinnu við Landsvirkjun, einkum erlendis. Það er eðlilegt að verða við þeirri ósk, en það er fráleitt að opna um leið fyrir það að Landsvirkjun geti beitt yfirburðarstyrk sínum í almennri samkeppni við íslensk fyrirtæki. Breytingin er því hæpin eins og fram kemur í umsögnum og óþarfi er að gera hana í tengslum við eigendasamkomulagið frá 28. október. Hún kemur því í rauninni ekkert við. Meiri hlutinn flytur breytingartillögur við þessa frumvarpsgrein. 2. minni hluti telur breytinguna til bóta, en engu að síður verður að undirstrika það aðalatriði að ekki er brýn þörf á að afgreiða þessa lagabreytingu á yfirstandandi þingi.
2. Aðalbreytingin á lögunum samkvæmt frumvarpinu er að lögfesta að miða skuli arð við endurmetin eigendaframlög, þ.e. 14 milljarða kr., eins og fram kemur í eigendaskýrslunni. 2. minni hluti flytur tillögu um að fyrst skuli lækka raforkuverð áður en greiddur er út arður samkvæmt greininni. Verður fróðlegt að sjá hver viðbrögðin verða við þeirri breytingartillögu.
3. Stjórnarmönnum er fækkað. Ráðherra á einn að skipa alla stjórnarmenn ríkisins. Þetta er fráleit tillaga eins og rakið verður í framsöguræðu 2. minni hluta og er því flutt breytingartillaga sem gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi alla stjórnarmennina frá ríkinu svo sem verið hefur. Stjórnarflokkarnir réðu þessu máli einir til lykta við gerð eigendasamkomulagsins. Með lagabreytingartillögunni er gert ráð fyrir að enn verði hert á tökum stjórnarflokkanna á fyrirtækinu. Í þessu sambandi má minna á að í lok ársins er gert ráð fyrir að núverandi forstjóri fyrirtækisins láti af störfum. Stjórnin ræður forstjóra. Ekki er vafi á því að þessi staðreynd er ein meginástæða þess að stjórnarflokkarnir gera umrædda tillögu um breytingu á stjórninni.
4. Þá er gert ráð fyrir að breyta ákvæðum um verkaskiptingu stjórnar og forstjóra til samræmis við hlutfélagalög. Um það mál er enginn ágreiningur og hefði verið unnt að gera þá breytingu með því að breyta reglugerð eða með einfaldri stjórnarsamþykkt án lagabreytingar.
5. Til þess að færa fyrirtækið nær formi hlutafélags er gert ráð fyrir nýjum fundi, ársfundi, en núverandi ársfundir breytast í samráðsfundi. Hér er verið að auka umsvif og yfirstjórn að óþörfu og án nokkurra raka.
6. Ákvæði um ársreikninga eru færð til samræmis við hlutafélagalög og lög um ársreikninga. Þessar tillögur eru báðar þannig að um þær er full samstaða. Að sjálfsögðu væri þó unnt án lagabreytinga að breyta reglum um ársreikninga Landsvirkjunar því að um það mál er og hefur verið full samstaða.
7. Í gildandi lögum eru ákvæði um að leita þurfi tillagna Þjóðhagsstofnunar áður en gjaldskrá fyrirtækisins er afgreidd. Það er fráleitt að fella þetta ákvæði niður um leið og arðgreiðslurnar eru festar í sessi með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Þess vegna krefjast 1. og 2. minni hluti þess að því verði svo hagað að bera þurfi málið undir Samkeppnistofnun áður en gjaldskrá er breytt og gjöld hækkuð, en auk þess leggur 2. minni hluti til að sett verði inn ákvæði um að við ákvörðun gjaldskrár verði fylgt eigendasamkomulaginu um verðlækkun frá aldamótum.

8. Eitt alvarlegasta ákvæði frumvarpsins er um að kippa út úr lögunum eftirlitsmöguleikum Ríkisendurskoðunar og hafna 1. og 2. minni hluti þeirri tillögu. Hún er ekki síst fráleit fyrir að vera í frumvarpi sem einnig fellir brott úr lögunum rétt Alþingis til að kjósa stjórn.

Með vísan til framanritaðs leggur 2. minni hluti til að frávísunartillaga á þskj. 562 verði samþykkt en að öðrum kosti breytingartillögur þær sem 2. minni hluti leggur fram.

Alþingi, 3. febr. 1997.

Svavar Gestsson.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Minnisblað um Marshall-aðstoð til stórframkvæmda árin 1948–1953. Landsvirkjun, fjármála- og markaðssvið (27. nóvember 1996).
II. Upplýsingar um raforkuverð lagðar fram af Landsvirkjun á fundi iðnaðarnefndar 28. nóvember 1996.
III. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga (17. desember 1996).
IV. Bréf borgarstjórans í Reykjavík til iðnaðarnefndar (18. desember 1996). Sjá og nefndarálit 1. minni hluta, þskj. 467.
V. Umsögn Ríkisendurskoðunar (16. desember 1996).
VI. Umsögn Orkubús Vestfjarða (9. desember 1996).
VII. Bréf frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti um samanburð á raforkuverði (9. desember 1996).
VIII. Umsögn Hitaveitu Suðurnesja (5. desember 1996).
IX. Frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.
X. Umsögn Rafveitu Hafnarfjarðar (5. desember 1996).
XI. Frá aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.
XII. Umsögn Bæjarveitna Vestmannaeyja (4. desember 1996).
XIII. Bréf til iðnaðarnefndar frá Landsvirkjun (3. desember 1996).
XIV. Umsögn Rafveitu Sauðárkróks (2. desember 1996).
XV. Eiginfjárframlög, arðgreiðslur og ábyrðargjald (tafla).

561. Breytingartillögur [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar (SvG).

1. Við 2. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Áður en arður er greiddur út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal orkuverð hafa breyst og lækkað í samræmi við samning eignaraðila frá 28. október 1996, um breytingu á sameignarsamningi aðila, sbr. 3. mgr.

2. Við 3. gr. 2. og 3. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar einn. Ráðherra orkumála skipar formann stjórnarinnar úr hópi þeirra stjórnarmanna sem Alþingi kýs, að höfðu samráði við eignaraðila.
3. Við efnismálsgrein 8. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Við verðákvarðanir skal fylgja þeirri stefnu sem kveðið er á um í samningi eignaraðila um breytingu á sameignarsamningi aðila frá 28. október 1996.

562. Frávísunartillaga [175. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar (SvG).

Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin hefji á ný samningaviðræður við sameigendur sína að Landsvirkjun í þeim tilgangi að ná samkomulagi um nýja skipan arðgreiðslna sem byggist á því að arður af fyrirtækinu gangi til allra landsmanna um leið og verðjöfnunarstefna Landsvirkjunar verði tryggð til frambúðar. Þá verði þess freistað að ná nýjum samningum við Reykjavíkurborg og Hitaveitu Suðurnesja um framkvæmd þessarar stefnu. Samningum samkvæmt þessu ákvæði skal lokið fyrir 30. apríl og verði niðurstaða þeirra þá lögð fyrir Alþingi. Því samþykkir Alþingi að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

563. Frumvarp til laga [304. mál]

um eignarhald á auðlindum í jörðu.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í landi, botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku unnin úr jörðu, hvort heldur í fljótandi, föstu eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í jörðu.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem einungis jarðhiti með minna en 200 gráða hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðanjarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagsloftshita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Jarðefni.

3. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgir réttur yfir grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi.

Hafi önnur jarðefni en getið er í 1. mgr. sannanlega verið hagnýtt innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti áður en lög þessi tóku gildi fylgir réttur yfir þeim landareigninni áfram. Gildir þetta jafnt hvort sem þau efni eru á yfirborði jarðar eða í jörðu.

Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol, önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign, sbr. 30. gr.

4. gr.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti tilheyra öll jarðefni ríkinu.

5. gr.

Leit að jarðefnum í eigu ríkisins, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 4. gr., er háð leyfi ráðherra. Slík leyfi nefnast *leitarleyfi*. Ráðherra getur einnig haft frumkvæði að slíkri leit hvar sem er á landinu.

Rannsóknir á legu og magni jarðefna í eigu ríkisins sem fundist hafa eru einnig háðar leyfi ráðherra. Nefnast slík leyfi *rannsóknarleyfi*.

Ráðherra er heimilt að veita leyfi til nýtingar á þekktum jarðefnum í eigu ríkisins og nefnast slík leyfi *nýtingarleyfi*.

6. gr.

Í umsóknum um leitar-, rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir.

Leita skal umsagnar umhverfisráðuneytis og eftir atvikum Orkustofnunar áður en nýtingarleyfi eru veitt.

III. KAFLI
Lághitasvæði.

7. gr.

Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgja ráð yfir lághitasvæðum innan marka hennar og réttur til að hagnýta þau. Það sama á við um hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands þótt landareign sé á háhitasvæði.

Landeiganda er heimilt að hagnýta lághita, svo og hveri og náttúrlegan jarðhita á yfirborði lands, með þeim takmörkunum sem eru greindar í þessum lögum. Honum ber þó að tilkynna iðnaðarráðuneytinu um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þeirrar hagnýtingar.

8. gr.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti ræður ríkið yfir jarðhita sem er fjallað um í 1. mgr. 7. gr. og fer með rétt til að hagnýta hann.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta hann í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 7. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er jarðeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa, nema samkomulag hafi orðið um annað milli jarðeiganda og ábúanda þegar framkvæmdir hófust eða síðar. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

IV. KAFLI
Háhitasvæði.

10. gr.

Orka háhitasvæða hvar sem er á landinu tilheyrir ríkinu, sbr. þó 1. mgr. 7. gr., 11. gr. og 30. gr. Iðnaðarráðherra fer með mál er varða nýtingu hennar og er óheimilt að nýta orku án sérstaks leyfis hans.

Mörk háhitasvæða skulu ákveðin með reglugerð á grundvelli niðurstaðna af rannsóknum Orkustofnunar. Orkustofnun skal gera ráðuneytinu grein fyrir því ef rannsóknir benda til þess að breyta þurfi mörkum háhitasvæða í reglugerðinni.

11. gr.

Sá sem borað hefur eftir háhita og byrjað hagnýtingu hans fyrir gildistöku laga þessara hefur rétt til þeirrar nýtingar áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Hann skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. á því vinnslusvæði og vera undanþeginn greiðslu leyfisgjalda fyrir þau leyfi.

Með hagnýtingu er átt við að aðili hafi við gildistöku laga þessara hafið orkuvinnslu eða aðra nýtingu háhita eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra ráðstafana að nýtingu. Við það er miðað að nýtingu hafi ekki verið endanlega hætt við gildistöku laganna.

V. KAFLI
Rannsókn og nýting jarðhita.

12. gr.

Rannsóknir á jarðhita, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum, hvar sem er á landinu, eru háðar leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitarannsóknarleyfi.*

13. gr.

Nýting jarðhita hvar sem er á landinu er háð leyfi ráðherra, sbr. þó 2. mgr. 7. gr. Slík leyfi nefnast *jarðhitaleyfi.*

Samþykki Alþingis þarf til veitingar jarðhitaleyfis ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Um heimild til nýtingar jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

Jarðhitaleyfi felur í sér heimild til handa leyfishafa að vinna háhita úr viðkomandi háhitasvæði á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega.

14. gr.

Í umsóknum um jarðhitaleyfi skal koma skýrt fram hver sé tilgangur með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda til nýtingar jarðhitans. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytisins og Orkustofnunar.

Áður en leyfi til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita í jörðum í ríkiseign eða í ríkisumsjón og öðru sérgreindu eignarlandi ríkisins er veitt skal leita umsagnar þess ráðuneytis er fer með málefni viðkomandi jarðar eða landareignar.

15. gr.

Með rétti til yfirráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir ekki réttur til uppleystra efna og gastegunda sem fylgja heitu vatni og jarðgufu nema annað leiði af ákvæðum laga þessara eða eðli máls.

16. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til þess að hagnýta sama jarðhitasvæði þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er. Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu jarðhitans sem ekki fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta jarðhitasvæðið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar jarðhitans.

17. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna en selur aftur og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

18. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til leyfa skv. 12. og 13. gr. og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en leyfi er veitt til nýtingar jarðhita á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða og hefur sveitarfélagið að öðru jöfnu forgangsrétt á nýtingu jarðhitans til orkuvinnslu til almenningsþarfa í sveitarfélaginu.

VI. KAFLI
Grunnvatn.

19. gr.

Landareign hverri sem er háð einkaeignarrétti fylgja ráð yfir grunnvatni innan marka hennar og réttur til að hagnýta það.

Utan landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti ræður ríkið yfir grunnvatni og fer með rétt til að hagnýta það.

20. gr.

Ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting grunnvatns í landi þeirra verður ekki aðskilin og komi upp ágreiningur milli þeirra um nýtingu grunnvatnsins sem ekki fæst jafnaður skal afla mats dómkvaddra manna um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta grunnvatnið og hver sé hlutfallslegur réttur hvers rétthafa til nýtingar þess.

21. gr.

Vinnsla grunnvatns sem ekki er háð einkaeignarrétti er háð leyfi ráðherra. Nefnist slíkt leyfi *grunnvatnsleyfi.*

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf í tengslum við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðuneytisins og Orkustofnunar.

22. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til grunnvatnsleyfis innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er af sveitarfélaginu og vera undanþegið greiðslu leyfisgjalds.

Áður en grunnvatnsleyfi er veitt á afrétti eða almenningi skal leita umsagnar þeirrar sveitarstjórnar sem málið er talið varða.

VII. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Kveðið skal á um eftirlit með rannsóknar- og vinnslusvæðum jarðefna í leyfum sem eru gefin út skv. 5. gr.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er rennur frá jarðhitasvæði nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita eða grunnvatns skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

25. gr.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru á grundvelli leyfa samkvæmt lögum þessum, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglugerð. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa að jarðborunum skylt að tilkynna henni þegar í stað ef heitt vatn eða gufa kemur upp og eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til iðnaðarráðuneytisins.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

26. gr.

Aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

Sömuleiðis skulu aðilar sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu færa dagbók með upplýsingum um vinnslu, m.a. um hversu mikið af vatni eða gufu er tekið úr svæðinu, hitastig og þrýsting. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni.

27. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að viðkomandi landareign. Ber landeiganda eða umráðamanni að þola hvers konar afnot af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknarinnar eða nýtingar auðlindarinnar.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki láðs og lagar. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

VIII. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir ráðherra öðrum en landeiganda leyfi skv. 5., 12. og 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Valdi aðgerðir leyfishafa því að landeigandi geti ekki nýtt auðlindir sem fylgja landareign eða þær spillist á landeigandi einnig rétt til bóta vegna tjóns síns af því.

29. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem hefur fengið leyfi skv. 5., 12. eða 13. gr. til að leita að, rannsaka eða hagnýta auðlind í eigu eða undir yfirráðum ríkisins innan landareignar sem er háð einkaeignarrétti að taka eignarnámi land, mannvirki og önnur réttindi landeiganda að því leyti sem nauðyn ber til svo leyfið geti komið að notum.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja landareign sem er háð einkaeignarrétti, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 28. gr.

30. gr.

Telji landeigandi eða annar eignarréttindi sín skerðast vegna ákvæða 3., 4., 8. eða 19. gr. um eignarrétt eða yfirráðarétt ríkisins yfir auðlindum í jörðu skal hann tilkynna það ráðherra fyrir 1. janúar 1998. Í tilkynningu skal greint af nákvæmni frá þeim réttindum sem hlutaðeigandi telur skert og rökstutt á hvaða grunni hann byggir þau.

Nú berst ráðherra tilkynning skv. 1. mgr. og getur hann þá ákveðið að ríkið falli frá eignarrétti sínum að viðkomandi auðlindum og viðurkenni þar með réttindi landeiganda yfir þeim þannig að þær fylgi landareign upp frá því. Eins má fara að ef haldið hefur verið fram eignarrétti yfir auðlindum utan marka landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti. Yfirlýsingu ráðherra um slíka viðurkenningu á eignarrétti skal þinglýst og greiðast ekki gjöld í ríkissjóð af því.

Verði málið ekki ráðið til lykta skv. 2. mgr. skal ráðherra beina því til matsnefndar eignarnámsbóta sem metur eftir atvikum hvort og hversu háar bætur hlutaðeiganda beri vegna skerðingar á eignarrétti sínum. Skal farið með málið annars eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms að öðru leyti en því að um ákvörðun bóta gilda ákvæði 28. gr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.

Í leyfum, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum, skal greina þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir, kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa og um greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds fyrir nýtingarleyfi, sbr. 3. mgr. 5. gr., jarðhitaleyfi, sbr. 13. gr., eða grunnvatnsleyfi, sbr. 21. gr., skal m.a. taka tillit til hugsanlegs verðmætis þess sem unnið kann að verða og vinnslu- og dreifingarkostnað þess.

Ráðherra er heimilt að bjóða út í einu lagi rannsóknar- og nýtingarleyfi skv. 5. gr. þar sem leit hefur leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins. Á sama hátt er heimilt að bjóða út nýtingarleyfi skv. 5. gr. þar sem leit og rannsóknir hafa leitt í ljós tilvist verðmætra jarðefna í eigu ríkisins.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg nema með leyfi ráðherra.

Ráðherra er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í leyfi hans.

33. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um upphæð leyfisgjalda samkvæmt ákvæðum laga þessara.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann hans.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og IV. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt af þingmönnum Alþýðuflokksins á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú flutt án breytinga af þingflokki jafnaðarmanna.

Meginefni frumvarpsins.

Meginmarkmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu. Í frumvarpinu er í fyrsta lagi kveðið skýrt á um eignar- og hagnýtingarrétt ríkisins á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda. Í öðru lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins að jarðefnum sem ekki hafa verið hagnýtt hér á landi þar sem þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni. Í þriðja lagi er kveðið á um eignarrétt ríkisins til orku háhitasvæða hvar sem er á landinu, með þeirri undantekningu að þeir sem hafið hafa nýtingu

háhitasvæða fyrir gildistöku laganna halda þeim rétti sínum áfram. Í fjórða lagi eru settar skýrar reglur um hvenær bætur skulu metnar fyrir tjón sem landeigendur telja sig verða fyrir vegna leyfisveitinga eða eignarnáms. Einnig er í frumvarpinu að finna reglur um leyfisveitingar til leitar, rannsóknar og nýtingar á þeim auðlindum sem frumvarpið tekur til sem og reglur um vernd jarðhitasvæða, grunnvatns og þeirra svæða sem önnur jarðefni verða numin úr. Loks er að finna ákvæði um að ríkið geti afsalað sér eignarrétti í einstökum tilvikum.

Eldri frumvörp um auðlindir.

Almenn löggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu hefur aldrei verið sett hér á landi. Í staðinn hefur verið farin sú leið að setja löggjöf um eignarhald á tilteknum verðmætum eða gögnum, sbr. t.d. námulög, nr. 61/1907 (nú lög nr. 24/1973), og jarðhitalög, nr. 98/1940 (nú III. kafli orkulaga, nr. 58/1967).

Eignarhald á auðlindum í jörðu er gamalkunnugt deilumál á Alþingi. Má segja að það sé nánast jafngamalt öldinni. Í umræðum á þinginu 1905 um þingsályktunartillögu um námur í jörðu komu glöggt í ljós mismunandi skoðanir þingmanna á því hvaða stefnu bæri að fylgja um eignarhald á námum. Sumir þingmenn vildu að ríkið teldist eigandi þessara verðmæta en aðrir töldu að rétturinn væri best kominn hjá landeigendum. Frumvarp til námulaga var lagt fram á Alþingi 1905 og endurflutt 1907. Í því frumvarpi var miðað við þá meginreglu að íslenska ríkið ætti námuréttinn. Meiri hluti þingmanna hafnaði því hins vegar og landeigendastefnan var því lögð til grundvallar þeim námulögum sem samþykkt voru, sbr. 2. gr. laga nr. 61/1907. Þessari stefnu var haldið þegar ný námulög voru sett og aftur með lögum nr. 24/1973 en þó með ýmsum takmörkunum. Landeigendastefnunni var einnig fylgt þegar lög nr. 98/1940, um jarðhita, voru sett og síðan þegar þau voru leyst af hólmi með III. kafla orkulaga, nr. 58/1967, með vissum takmörkunum.

Þessi tvö andstæðu sjónarmið um eignarhald settu einnig mark sitt á deilur sem urðu um eignarhald á fossum eins og glögglega kom fram í mismunandi áliti meiri og minni hluta fossanefndarinnar frá 1917. Meiri hlutinn vildi fylgja þeirri stefnu vatnsafl væri eign þjóðarinnar en minni hlutinn taldi að slíkur réttur skyldi fylgja landareign. Stefna minni hlutans varð ofan á þegar vatnalög, nr. 15/1923, voru sett en þó var réttur landeigenda takmarkaður á ýmsan hátt.

Friður hefur ríkt um námulög enda stórfelldur námurekstur lítt verið stundaður hér á landi. Á hinn bóginn hefur talsverður styrr staðið um lög um jarðhita og þau ákvæði III. kafla núgildandi orkulaga sem leystu þau af hólmi.

Árið 1945 flutti Bjarni Benediktsson frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, þar sem gert var ráð fyrir að leyfi ráðherra þyrfti til jarðborana er næðu dýpra en 10 metra. Synja skyldi leyfis ef hætta væri á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar væri hafin eða til kæmi síðar meir, enda væri sú hagnýting jarðhitans mun verðmætari en sú hagnýting sem stefnt væri að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Árið 1957 var lagt fram stjórnarfrumvarp um jarðhita. Samkvæmt því frumvarpi átti réttur landeiganda að ná til nýtingar niður á 100 metra dýpi en ríkið skyldi eiga rétt til jarðhita að öðru leyti. Þetta frumvarp var heldur ekki útrætt.

Þegar frumvarp til núgildandi orkulaga var lagt fram á Alþingi 1966 var lögð fram breytingartillaga við 9. gr. þess, en sú grein fjallar um að réttur til jarðhita skuli fylgja landareign. Breytingartillagan var svohljóðandi: „Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþingi ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans.“ Tillaga þessi var felld í neðri deild.

Á síðustu tveimur áratugum hafa flest ár verið lögð fram á Alþingi frumvörp um eignarhald á jarðhita. Hefur hér ýmist verið um að ræða stjórnar- eða þingmannafrumvörp. Öll hafa þau miðað að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda ýmist miðað við ákveðið hitastig eða dýpt. Talsverðar umræður og deilur hafa orðið um frumvörpin. Sú spurning hefur risið hæst hvort landeigendur ættu stjórnarskrárvarinn rétt til alls jarðhita undir landi sínu eða hvort heimilt væri að takmarka rétt þeirra án bóta. Alþingi hefur þó aldrei tekið efnislega afstöðu til frumvarpanna þar sem þeim hefur ýmist verið vísað til ríkisstjórnarinnar eða þau ekki útrædd í nefnd.

Eignarréttur á afréttum og almenningum.

Utan landa sem háð eru beinum eignarrétti einstaklinga eða lögaðila eru eins og kunnugt er stór landsvæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiði á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver eru mörk afrétta og jarða sem eru undirorpnar beinum eignarrétti, sem og hver eru réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum. Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða svo sem beitarrétt og/eða veiðirétt.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, gagnstætt héraðsdómi, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 var fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti, sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt á afréttinum í samræmi við afsal frá 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa“.

Í dómi Hæstaréttar árið 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti segir í niðurstöðu að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“. Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessum dómi voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982. Það var ekki lagt fram, en árið 1984 var samþykkt í ríkisstjórn að skipa þriggja manna nefnd til að gera önnur drög með fyrri drögin til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi

til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en aldrei náðist samstaða um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka.

Eins og frumvarpið var í fyrstu gerð frá nefndinni reis ágreiningur um hvort ákvæði þess stæðust eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól því valinkunnum lögmönnum að yfirfara frumvarpið og breyta því og taka við þær breytingar tillit til framkominnar gagnrýni. Frumvarpinu var þá breytt verulega og m.a. saminn nýr kafli, VIII. kafli, um eignarnáms- og bótaákvæði. Að gerðum þeim breytingum töldu þeir lögmenn sem þáverandi ráðherra leitaði til að efni frumvarpsins bryti ekki gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi samstarfsflokka í ríkisstjórn og milli lögmanna sem aðilar studdust við þannig að ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins svo breytts.

Frumvarp það sem nú er flutt er að langmestu leyti eins og sú gerð frumvarpsins sem unnið var fyrir iðnaðarráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar, með lítils háttar breytingum þó. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að látið sé reyna á afstöðu Alþingis jafnvel þó að skiptar skoðanir verði áfram meðal lögfræðinga um hvort frumvarpið, eins og það er nú úr garði gert, sé í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn telja löngu tímabært að í lögum sé skorið úr um hvar mörkin séu milli einkaeignarréttar og almenningseignar á landgæðum, svo sem á auðlindum í jörðu og á virkjunarrétti jarðvarma og fallvatna. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að flestir landsmenn telji að slíkur eignarréttur eigi að vera í höndum þjóðarheildarinnar nema annað hafi ótvírætt verið ákveðið og að slík eignarréttarmörk séu skýrt ákveðin í lögum áður en gera megi ráð fyrir því að viðskipti með land og landgæði milli lögaðila störaukist frá því sem verið hefur. Flutningsmenn vilja að eignarhald á auðlindum eins og námum, jarðhita og orku fallvatna verði í höndum íslensku þjóðarinnar og sjá ekki betri leið til þess að tryggja það en með samþykkt frumvarps þess sem hér er flutt. Hins vegar þykir þeim eðlilegt að þar sem slík réttindi eru nú ótvírætt í höndum landeigenda verði svo áfram og þurfi að nýta slíkar auðlindir í eigu einstaklinga í þágu heildarinnar komi eðlilegar bætur fyrir sem miðist þá við sannanlegt tjón sem landeigandi kann að verða fyrir.

Æ brýnna verður að skýra hvernig eignar- og hagnýtingarréttur á auðlindum í jörðu utan afmarkaðra eignarlanda eigi að vera háttað. Óraunhæft er að leggja út í kostnaðarsamar framkvæmdir við rannsóknir og nýtingu slíkra auðlinda meðan ekki er skýrt hver eigi rétt til auðlindanna. Um er að ræða kostnaðarsamar rannsóknir og framkvæmdir sem ljóst er að einstaklingar geta ekki lagt í einir síns liðs. Eðlilegt er að ríkið komi þar inn til að tryggja hagnýtingu þeirra auðlinda í jörðu sem eru þekktar eða kunna að finnast í framtíðinni. Með þeim rökum er eðlilegt að kveða á um að ríkið eigi umráða- og hagnýtingarrétt á auðlindum í jörðu sem finnast utan afmarkaðra eignarlanda.

Um rétt til jarðefna.

Námulög, nr. 24/1973, kveða á um rétt landeiganda til hagnýtingar jarðefna sem finnast í landi hans með ákveðnum takmörkunum. Þær takmarkanir felast aðallega í skyldu til tilkynninga um ákveðnar framkvæmdir og hömlur á sölu eða leigu námuréttinda án leyfis ráðherra. Jafnframt er landeiganda skylt að leyfa mönnum sem leita jarðefna með leyfi ráðherra óhindraðan aðgang að landi sínu. Lögin hafa líka að geyma eignarnámsákvæði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum um rétt yfir jarðefnum. Í fyrsta lagi er talið upp hvaða jarðefni falla undir eignarrétt landeiganda. Eru það öll efni sem hagnýtt eru að einhverju marki í dag. Í öðru lagi er tekið fram að önnur efni en þau sem tiltekið er að falli undir eignarrétt landeiganda séu háð eignarrétti ríkisins. Er þar eingöngu um að ræða efni sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt, ýmist vegna þess að þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni eða ekki er vitað að slík efni finnist hér. Ástæða þess að kveðið er á um eignarrétt ríkisins að þeim efnum er sú að ef kanna á hvort þau finnast kostar það viðamiklar og kostnaðarsamar rannsóknir sem ekki eru á annarra færi en ríkisins. Það er með öllu óeðlilegt að ríkið kosti mjög dýrar rannsóknir á auðlindum sem aðrir gera síðan tilkall til. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að eftirlit og ábyrgð á slíkum rannsóknum sé á einni hendi. Því er eðlilegt að kveða á um eignarrétt ríkisins á þessum efnum og setja almennar skorður við nýtingu jarðskorpu landsins undir yfirborði. Þessi breyting skerðir ekki innihald eignarréttar landeiganda í dag miðað við þá notkun sem tíðkast hefur frá landnámi. Hins vegar er í frumvarpinu að finna ákvæði til að tryggja að þeir sem telja sig þrátt fyrir allt hafa orðið fyrir bótaskyldri skerðingu á eignarrétti sínum geti haft uppi kröfur um bætur fyrir það tjón sem viðkomandi verður sannanlega fyrir. Sá varnagli er þó sleginn að ríkið getur lýst yfir að réttur til jarðefna fylgi landareign. Ákvæði þetta er sett til að koma í veg fyrir að ríkið þurfi að standa í hugsanlegum málaferlum vegna jarðefna sem það sér engan hag í að halda eignarrétti yfir. Unnt verður að falla frá slíkum rétti með einfaldri yfirlýsingu.

Í frumvarpinu er einnig kveðið skýrt á um að eignarréttur jarðefna á öðrum landsvæðum en jörðum sem háðar eru beinum eignarrétti, sé eign ríkisins.

Um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita.

Með jarðhitasvæði er í frumvarpi þessu átt við uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns. Rannsóknir hafa sýnt að slíkum svæðum má skipta í tvo flokka. Annars vegar eru lághitasvæði sem oft einkennast af vatnsmiklum laugum og sjóðandi hverum og eru yfirleitt á láglendi. Hins vegar eru háhitasvæði sem einkennast af gufuaugum, leirhverum og ummynduðu bergi. Við boranir í sex háhitasvæði hefur fundist yfir 200 gráðu hiti á Celsíus á minna en 1.000 metra dýpi, og efnarannsóknir á öðrum háhitasvæðum benda til þess að þar megi vænta svipaðs ástands. Virðist því eðlilegt að miða skilgreiningu háhitasvæða við það.

Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90 af hundraði alls varmaafls jarðhitasvæða landsins. Telja má líklegt að háhitasvæðin verði á næstu áratugum nýtt fyrst og fremst til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting yrði tæpast á færi einstaklinga heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja.

Dreifing háhita- og lághitasvæða er nátengd jarðfræði landsins. Háhitasvæðin finnast eingöngu í gosbeltum sem liggja yfir landið frá suðvestri til norðausturs og eru hluti af gos- og jarðsprungubelti Mið-Atlantshafshryggsins sem liggur eftir Atlantshafinu endilöngu. Lághitasvæðin eru aftur á móti í eldri bergmyndunum utan gosbeltanna.

Þekkt háhitasvæði eru: Reykjanes, Eldvörp, Svartsengi, Krýsuvík, Brennisteinsfjöll, Hengill, Geysir, Kerlingafjöll, Hveravellir, Mýrdalsjökull, Torfajökull, Vonarskarð, Grímsvötn, Köldukvíslarbotnar, Kverkfjöll, Askja, Fremri-Námar, Námafjall, Krafla og Þeistareykir. Líkleg svæði eru (yfirborðseinkenni í svigum): Prestahnúkur (einungis laugar, allt að 40 gráður á Celsíus), Tindafjallajökull (einungis laugar um 50 gráður á Celsíus), Blautakvísl (kalkhrúður útbreitt, en enginn hiti á yfirborðinu), Nauthagi (einungis

laugar, allt að 68 gráður á Celsíus), Hrúthálsar (skellur og gipsútfellingar, en enginn hiti á yfirborðinu) og Öxarfjörður (lítið viðnám undir söndum).

Auk þess er líklegt að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna þótt ekki hafi enn fundist merki um þau á yfirborði. Jarðfræðilegar aðstæður mæla hins vegar sterklega gegn því að háhitasvæði finnist utan þessara gosbelta.

Háhitasvæðin eru mörg allhátt yfir sjó og heitt djúpvatn þeirra nær yfirleitt ekki til yfirborðs. Upp af heitu djúpvatninu stígur gufa og gas og myndar á yfirborði gufuaugu og leirhveri. Yfirborðsvatn getur hitnað af snertingu við gufuna og bergið og myndað minni háttar hveri og laugar á háhitasvæðum og jöðrum þeirra.

Á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega einnig í Eldvörpum, er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu.

Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, hugsanlega fleiri en eitt, og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita. Vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholuútbúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar.

Af þessum sökum m.a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni. Helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýtingu lághitavatns.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur á vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að kveða skýrar á um en verið hefur um eignarrétt slíks jarðhita.

Með tilliti til framangreinds er í lagafrumvarpi þessu greint á milli eignar- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að jarðhiti á lághitasvæðum og jarðhiti á yfirborði háhitasvæða innan marka lands sem háð er einkaeignarrétti sé eign landeigenda en allur annar háhiti í jörðu hvar sem er á landinu sem og lághiti á afréttum og almenningum verði eign ríkisins. Þó skulu þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra framkvæmda hafa þann rétt óskertan áfram. Óheimilt er að aðrir aðilar en ríkið og þeir sem fá leyfi ríkisvaldsins bori eftir jarðhita á háhitasvæðum.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar mörk háhitasvæða og gefa umsögn um veitingu jarðhitaleyfa. Sömuleiðis skal leita álits umhverfisráðuneytis áður en jarðhitaleyfi er veitt.

Sett eru skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og um hvernig bætur skuli metnar fyrir slíkt. Meginreglan er sú að landeiganda skal bætt allt það tjón sem hann verður sannanlega fyrir af völdum framkvæmdanna.

Með lögum þessum er eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttinum almennar takmarkanir eru fyrir löngu viðurkennd af dómstólum. Telji landeigandi engu að síður að eignarréttindi hans skerðist vegna ákvæða frumvarpsins um eignarrétt ríkisins á orku jarðhitasvæða skal hann bera fram bótakröfur við iðnaðarráðherra fyrir ákveðið tímamark.

Hugsanlegar bætur skulu miðast við sannanlegt tjón. Á sama hátt og varðandi jarðefni getur ríkið fallið frá eignarrétti sínum með einfaldri yfirlýsingu þar um.

Um yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og ákvæði skortir um yfirráða- og hagnýtingarrétt grunnvatns. Útflutningur á vatni er orðinn að veruleika í nokkrum mæli og um það rætt að aukning geti orðið þar á. Í frumvarpi þessu er kveðið skýrt á um hver hafi yfirráða- og hagnýtingarrétt að grunnvatni. Meginreglan samkvæmt frumvarpinu er sú að rétturinn fylgi landareignum sem háðar eru einkaeignarrétti en að ríkið eigi réttinn á öðrum landsvæðum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til handa ráðherra til að kveða á um skilyrði sem uppfylla þarf við nýtingu grunnvatns til útflutnings.

Bótareglur frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði skýrar reglur um bætur til landeigenda, hvort sem um er að ræða bætur vegna eignarnáms eða bætur vegna þess að öðrum en viðkomandi landeiganda hefur verið veitt nýtingarleyfi á auðlind sem liggur í landi viðkomandi. Meginefni bótareglu frumvarpsins er að bætur skuli einvörðungu miðast við sannanlegt tjón sem landeigandinn verður fyrir en ekki missi á hlutdeild í framtíðarhagnaði af nýtingu viðkomandi auðlindar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið tekur til auðlinda í jörðu í íslensku landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Kveðið er á um eignarhald að auðlindum utan netlaga í lögum nr. 73, 18. maí 1990, um eignarrétt ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram annað frumvarp er kveður á um umráða- og hagnýtingarrétt að orku vatnsfalla.

Frumvarpi þessu er ætlað að taka til hvers konar auðlinda, hvort heldur sem er efnis í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, eða orku er finnst í jörðu og er þar ekki gert ráð fyrir neinni undantekningu. Þar undir fellur m.a. grunnvatn, sbr. VI. kafla frumvarpsins. Vatnalögin, nr. 15/1923, taka einungis til yfirborðsvatns og mun því samþykkt þessa frumvarps í engu hagga þeim lögum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hvaða jarðefni fylgi landi sem háð er einkaeignarrétti. Það eru öll þau jarðefni sem eru nýtt í dag. Hér er því ekki nein breyting á innihaldi eignarréttar landeiganda. Til öryggis er þó sett ákvæði í 2. mgr. um önnur efni sem kunna að hafa verið nýtt í einhverjum mæli. Hins vegar er kveðið á um það í 3. mgr. að öll önnur jarðefni en nefnd eru í 1. mgr. falli undir eignarrétt ríkisins. Hér er um að ræða efni sem enn hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Með því að kveða á um eignarrétt ríkisins að slíkum efnum sem finnast kunna er lagður grunnur að því að ríkið geti styrkt leit og rannsóknir á því hvort hugsanlega sé slíkum auðlindum til að dreifa. Með ákvæðinu er að vissu marki verið að fylgja fordæmi Dana frá því fyrr á öldinni er þeir settu lög árið

1932 um að ríkið ætti þær auðlindir í jörðu sem enginn í danska ríkinu hefði nýtt fyrir það tímamark.

Ákvæði 2. mgr. er öryggisákvæði og er fyrirmynd þess áðurnefnd lög sem gilda í Danmörku. Ákvæðið er þó rýmra en þau lög þar sem þessi jarðefni fylgja aðeins jörðinni þar sem þau hafa verið nýtt. Dönsku lögin hafa á hinn bóginn verið skýrð þannig að jarðefni fylgi landareign hafi þau verið nýtt einhvers staðar í danska ríkinu. Með þessu er verið að fyrirbyggja að upp komi vandamál með ýmis efni, eins og brennistein og steintegundir, sem hafa verið hagnýtt í smáum stíl og hafa almennt lítið verðgildi.

Ákvæði 3. mgr. um eignarrétt ríkisins tekur eingöngu til jarðefna sem hingað til hafa ekki fundist í nýtanlegu magni hérlendis. Af því leiðir að enginn hefur nýtt þau jarðefni og því er ekki gert ráð fyrir að bótaskylda stofnist vegna þessa ákvæðis frumvarpsins, sbr. ákvæði 28. gr. þess. Þó er að finna í frumvarpinu ákvæði í 30. gr. sem tryggir að þeir sem telja eignarrétt sinn skertan geti haft uppi bótakröfur fyrir ákveðið tímamark.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að öllum jarðefnum á öðrum landsvæðum en í 3. gr. greinir. Ákvæðið tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um 5.–6. gr.

Í núgildandi námulögum, nr. 24/1973, er að finna ákvæði í 10. gr. um að ráðherra geti veitt sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi. Í 5.–6. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi sem koma eiga í stað sérleyfa samkvæmt núgildandi námulögum. Þess skal getið að felld eru niður ákvæði sem nú er að finna í 4. og 6. gr. námulaga um að landeigandi þurfi sérstakt leyfi iðnaðarráðherra til nýtingar jarðefna á landareign sinni, eða til að leigja öðrum rétt til slíkrar nýtingar.

Í 5. gr. er kveðið á um að ráðherra veiti leitarleyfi, rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Fyrirmynd þessarar þrígreiningar er m.a. að finna í dönskum lögum um „mineralske råstoffer í Grønland“ sem nú eru nr. 335/1991. Leitarleyfi er eingöngu ætlað að veita aðgang til yfirborðsleitar á landsvæðum, hvort heldur þau eru í einkaeign eða ekki, en ekki að veita rétt til jarðrasks af neinum toga. Í 1. mgr. 5. gr. er sérstaklega tekið fram að ráðherra geti haft frumkvæði að leit jarðefna hvar sem er á landinu. Rannsóknarleyfi felur í sér heimild til borana og ítarlegri könnunar á ákveðnu svæði. Nýtingarleyfi felur í sér heimild til nýtingar og þeirra framkvæmda sem þörf er á í hverju tilviki til að nýta viðkomandi jarðefni. Nýtingarleyfi verða ekki veitt fyrr en umsögn umhverfisráðuneytis liggur fyrir, sbr. 2. mgr. 6. gr. Þá skal eftir atvikum einnig leita umsagnar Orkustofnunar, en hlutverki hennar samkvæmt er slíkt eðlilegt þegar um yrði að ræða nýtingarleyfi á til dæmis kolum, jarðolíu og jarðgasi, sem allt eru orkulindir. Stofnunin getur einnig haft faglegar forsendur til að veita umsögn um a.m.k. sum önnur jarðefni. Í öll framangreind leyfi verða sett nánari skilyrði sem leyfishafi verður að hlíta, sbr. 31. gr. frumvarpsins.

Um 7. gr.

Réttur landeiganda yfir lághita og til hagnýtingar hans er í engu skertur frá því sem er samkvæmt gildandi lögum og ekki heldur réttur til hvera og annars náttúrlegs jarðhita á yfirborði háhitasvæða. Mjög lítið er um nýtingu háhitasvæða á þennan hátt, einna helst smávægileg not til hitunar íbúðarhúsnæðis, fjallaskála, baða og ræktunar í heitum

jarðvegi. Gróðurhús eru nær eingöngu hituð með lághitavatni, ef undan eru skilin gróðurhús í Hveragerði en Hitaveita Hveragerðis nýtir afrennsli frá háhitasvæði í eigu ríkisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um að landeigandi hafi heimild til að bora eftir og hagnýta sér lághita með þeim takmörkunum sem lögin tilgreini. Landeigandi þarf að tilkynna um fyrirhugaðar boranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir í tengslum við nýtingu lághitans. Kveðið er á um tilkynningarskyldu hans í þeim tilgangi að yfirvöld geti haft yfirlit yfir hvaða jarðhitaframkvæmdir eru í gangi á hverjum tíma. Þörf er á slíku vegna þess hve samtengd jarðhitasvæði eru. Aðrar takmarkanir en skylda til tilkynningar felast aðallega í ákvæðum VII. kafla um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum o.fl.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að lághitasvæði, sem eru utan fullkominna eignarlanda, skuli vera eign ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf og því er lagt til að hugsanlegri óvissu um nýtingarrétt lághitans á afréttum og almenningum verði eytt.

Um 9. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, en orðalagi hefur verið breytt. Í lok 3. mgr. er tekið fram að matið skuli framkvæmt í samræmi við núgildandi ábúðarlög, nr. 64/1976.

Um 10. gr.

Hér er í 1. mgr. lagt til að orka háhitasvæða eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilheyri ríkinu og eru rök fyrir þeirri skipan rakin í almennum athugasemdum hér að framan. Tilvísun ákvæðisins til 30. gr. er sett til öryggis en þar er mælt fyrir um að ríkið geti eftirlátið landeiganda réttindi yfir háhitasvæði til að koma sér hjá ágreiningi um greiðslu eignarnámsbóta fyrir lítilsverð réttindi.

Í 2. mgr. er kveðið nánar á um hvernig mörk háhitasvæða skuli ákveðin. Leiði rannsóknir í ljós nýja þekkingu um þetta atriði skal Orkustofnun upplýsa ráðuneytið um það ef breyta þarf reglugerð um mörk háhitasvæða. Er það einnig í samræmi við 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sú vinnsla sem þegar er hafin á háhitasvæði megi haldast áfram á sama vinnslusvæði án þess að vinnsluaðili þurfi að sækja um leyfi til þess. Til frekari borana og vinnslu þarf að sækja um leyfi en ekki greiða leyfisgjald.

Um 12. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Á þetta bæði við um lághita- og háhitasvæði og hvort sem land er í einkaeign eða ekki. Landeigendur sem hafa rétt til lághitanýtingar skv. 7. gr. eru þó undanþegnir leyfisskyldu. Ákvæðinu er ekki ætlað að breyta 2. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, þar sem Orkustofnun er falið að annast rannsóknir á orkulindum landsins, og þarf stofnunin því ekki að leita leyfis hverju sinni. Óheppilegt þótti af lagatæknilegum ástæðum að vísa sérstaklega til orkulaga í greininni.

Um 13. gr.

Hér er lagt til að nýting jarðhita hvar sem er á landinu skuli vera háð leyfi ráðherra. Skylda landeiganda sem á land á lághitasvæði til leyfisumsóknar, sbr. 3. mgr. 8. gr., er lögð til í því skyni að auðvelda eftirlit með nýtingu jarðhita hér á landi.

Sérákvæði er að finna í 2. mgr. þessarar greinar um heimild til nýtingar á jarðhita ef vermi tekið úr jörðu á hverri sekúndu nemur meiru en 25 MW. Vermi miðast við þrípunktsástand vatns, en svo nefnist það ástand þegar vatnið er 0,01 °C heitt og undir 611,2 Pa (6,112 mb) þrýstingi. Þá eru ís, vatn og gufa í varmafræðilegu jafnvægi. Á þetta sérákvæði sér hliðstæðu í núgildandi orkulögum.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 15. eða 16. gr. að láta í té upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis. Sömuleiðis er lagt til að umhverfisráðuneytið og Orkustofnun skuli ávallt veita umsögn við leyfisveitingar.

Leyfi skv. 12. og 13. gr. þarf vegna rannsóknar og nýtingar jarðhita sem finnst í jörðum í ríkiseign. Í 2. mgr. þessarar greinar er kveðið á um að áður en slík leyfi eru veitt skuli leita umsagnar þess ráðuneytis sem fer með málefni viðkomandi jarðar, en það er í flestum tilvikum landbúnaðar- eða kirkjumálaráðuneyti.

Um 15. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Gildir þetta bæði um lághita og háhita. Ekki er ætlast til þess að með yfirráða- og hagnýtingarrétti yfir jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Jarðgas og jarðolía, sem nýta má með orkugjafa og sem finnast kunna við boranir í berggrunn landsins, eru þannig í flestum tilvikum eign ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Sama gildir um önnur jarðefni sem lög þessi ná til. Hitt er síðan annað mál að ekki er ætlast til þess að kveða þurfi á um það í leyfi hverju sinni að réttur nái til þeirra efna sem fylgja heitu vatni, en ekki verða nýtt sérstaklega þar sem þau er að finna í mjög litlum mæli. Undantekningunni um eðli máls er ætlað að ná til þessara tilvika.

Um 16. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, með þeirri breytingu að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður.

Um 17. gr.

Grein þessi er að stofni til byggð á 16. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Meginreglan er sú að ekki má undanskilja jarðhitaréttindi við sölu jarðar nema þegar um ríkisjarðir er að ræða, þá verður að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þeirra.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að sveitarfélög, sem eiga land á jarðhitasvæðum við gildistöku laga þessara, fái forgangsrétt til að hagnýta jarðhita sem finnst innan marka sveitarfélagsins. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu leyfisgjalda. Við það er miðað að ef beiðni kemur frá öðrum en

landeiganda, sem á hagnýtingarrétt á lághita skv. 7. gr. frumvarpsins, um rannsókna- eða nýtingarleyfi á jarðhita á svæðum sem eru innan marka sveitarfélagsins, skuli áður en leyfi er veitt leitað álits sveitarstjórnar um það hvort það hyggist nýta viðkomandi jarðhita. Rök þessarar sérreglu eru að nýting sveitarfélags á jarðhita sé í þágu almennings í viðkomandi sveitarfélagi og því sé rétt að tryggja með löggjöf að sveitarfélög hafi forgangsrétt til nýtingar.

Sömu rök eiga við um ákvæði 2. mgr.

Um 19. gr.

Vatnalögin, nr. 15/1923, taka eingöngu til yfirborðsvatns. Því er þörf á að kveða á um yfirráða- og hagnýtingarrétt á grunnvatni. Meginreglan er sú samkvæmt frumvarpinu að landi, sem háð er beinum eignarrétti, fylgir réttur til grunnvatns, sbr. 1. mgr., en að ríkið eigi yfirráða- og hagnýtingarréttinn á öðru landi. Ákvæði 2. mgr. tekur því til afrétta og almenninga að því marki sem enginn getur sannað beinan eignarrétt sinn til þeirra landsvæða.

Um vatnsréttindi að öðru leyti en kveðið er á um í þessum kafla gilda ákvæði vatnalaga nema annað leiði af lögum.

Um 20. gr.

Grein þessi er byggð á 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, um hvernig með skuli fara ef ekki er hægt að aðskilja hagnýtingu jarðhita tveggja eða fleiri jarðeigenda. Sú breyting er gerð að tekið er fram sérstaklega að aðeins skuli leitað til dómkvaddra matsmanna ef upp kemur ágreiningur sem ekki fæst jafnaður, sjá og ákvæði 10. gr. frumvarpsins. Sama vandamál og þar er tekið á getur komið upp varðandi nýtingu grunnvatns og því er lagt til að lögfest verði sams konar ákvæði um lausn ágreinings um það efni.

Um 21. gr.

Skilyrðin sem ráðherra getur sett í grunnvatnsleyfi mundu væntanlega byggð á aðstæðum hverju sinni. Vegna áforma um útflutning á drykkjarvatni þykir nauðsyn bera til að lögfesta heimild ráðherra til að setja honum skilyrði. Þykir því rétt að kveða á um að ráðherra geti sett í reglugerð skilyrði sem uppfylla þarf til að útflutningur vatns sé heimill, t.d. ákvæði um að það skuli eingöngu flutt út í neytendaumbúðum.

Um 22. gr.

Eðlilegt þykir að sveitarfélög hafi svipaðan forgangsrétt til grunnvatns innan marka sinna og þau hafa til jarðhita skv. 19. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með jarðhitasvæðum samkvæmt núgildandi orkulögum, nr. 58/1967. Hér er lagt til að svo verði áfram auk þess sem Orkustofnun er jafnframt falið að hafa eftirlit með vinnslusvæðum grunnvatns í þeim tilfellum sem grunnvatnsleyfi skv. 21. gr. hefur verið veitt.

Taka yrði afstöðu í hvert sinn sem leyfi skv. 5. gr. væri veitt til þess hver eftirlitsaðilinn skyldi vera. Væntanlega yrði það viðkomandi sýslumaður í flestum tilvikum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóma 49. og 50. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að hún tekur bæði til jarðhitasvæða og grunnvatns. Einnig er skýrt kveðið á um skipun matsmanna skv. 1. mgr. greinarinnar.

Um 25. gr.

Greinin er að hluta til byggð á ákvæðum 52. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Í 1. mgr. er kveðið á um þá nýjung að skylt sé að láta iðnaðarráðuneytið vita ef önnur verðmæt efni en heitt vatn eða gufa finnast við jarðboranir.

Í 2. mgr. er kveðið á um að umráðamenn borhola skuli láta loka þeim þegar notkun þeirra er hætt.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli og er því ætlað að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu jarðhita og grunnvatns. Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem á að auðvelda eftirlit með því að markmiði greinarinnar sé framfylgt.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. á sér hliðstæðu í 18. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973. Verði landeigandi eða umráðamaður lands fyrir tjóni ber að bæta honum það, sbr. 28. gr. frumvarpsins.

Um 28. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til rannsóknar og hagnýtingar á jarðefnum og jarðhita á eignarlandi viðkomandi landeiganda. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar af því að nýta viðkomandi auðlind sjálfir ef þeir hefðu til þess getu og ekki heldur til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem auðlindina nýtir.

Bótaréttur skapast ekki fyrr en viðkomandi leyfi hafa verið veitt til annarra aðila.

Á sama hátt og kveðið er á um í þessari grein skal meta tjón sem aðilar verða fyrir við eignarnám skv. 29. gr.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt þykir að ráðherra hafi heimild til að veita leyfishöfum rannsókna- og nýtingarleyfis skv. 5., 12. eða 13. gr. frumvarpsins heimild til eignarnáms á nauðsynlegum landsvæðum, mannvirkjum og öðrum hugsanlegum réttindum svo að markmið leyfanna náist, sbr. 1. mgr.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni, sbr. 17. gr. núgildandi orkulaga. Að öðru leyti eiga ákvæði þessarar greinar sér hliðstæðu í 17. og 19. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

Í 4. mgr. er vísað til almennra reglna um framkvæmd eignarnáms, en núgildandi lög um þá framkvæmd eru nr. 11/1973.

Um 30. gr.

Í frumvarpi þessu er gengið út frá þeirri forsendu að ekki sé verið að skerða eignarrétt landeiganda frá því sem nú er heldur er verið að setja almenn takmörk á nýtingu eignarréttar. Í 3. og 10. gr. frumvarpsins er því annars vegar lýst yfir að ákveðin jarðefni, sem hingað til hafa ekki verið nýtt, séu eign ríkisins og hins vegar að orka allra háhitasvæða sé eign ríkisins. Ef einhver telur að eignarréttur sinn sé skertur með þessum ákvæðum er honum gefið tækifæri til að hafa uppi bótakröfur innan ákveðins tímamarks.

Ákvæði 2. mgr. felur í sér nýjung í íslenskum lögum. Hér er miðað við að ráðherra geti horfið frá eignarrétti ríkisins að auðlindum sem krafa kynni að koma fram út af t.d. ef auðlind skiptir litlu eða engu fyrir almenningshagsmuni og gæti fyrirsjáanlega þurft að greiða bætur fyrir, en undir þeim kringumstæðum mundi auðlind áfram vera í einkaeign.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að kröfum sem ekki verða leystar með því að ríkið falli frá eignarrétti skv. 2. mgr. yrði svarað með eignarnámsmati. Skal þá meta tjónið samkvæmt meginreglum frumvarpsins um sannanlegt tjón landeiganda eða annarra sem kynnu að geta talið til réttinda yfir auðlindum sem væru þá eftir atvikum í jörðu utan eignarlanda.

Um 31. gr.

Það er iðnaðarráðherra að meta í hvert skipti hvaða skilyrði verða sett fyrir veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum. Óhjákvæmilega mun það oft ráðast af landfræðilegum og jarðfræðilegum aðstæðum á hverjum stað. Í greininni eru því ekki talin upp tæmandi þau skilyrði sem leyfishafa verða sett.

Í 2. og 3. mgr. er fjallað um hvernig leyfisgjald verður ákveðið fyrir nýtingarleyfi, jarðhitaleyfi og grunnvatnsleyfi. Önnur leyfi verða væntanlega fastákveðin í reglugerð.

Um 32. gr.

Efni 1. mgr. þarfnast ekki skýringar og sömuleiðis ekki efni 2. mgr. þar sem aðeins er hnykkt á eðlilegum afleiðingum þess að leyfisskilyrðum er ekki fylgt.

Um 33.–35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

564. Frumvarp til laga [305. mál]

um virkjunarrétt vatnsfalla.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI
Umráð og hagnýting.

1. gr.

Íslenska ríkið hefur umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti með þeim takmörkunum sem greinir í lögum þessum.

2. gr.

Þeir sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuvinnslu eða hafið virkjunarframkvæmdir skulu halda þeim réttindum sem þeir hafa öðlast samkvæmt gildandi lögum. Sömuleiðis halda gildi sínu allar heimildir sem Alþingi hefur veitt einstökum aðilum til virkjunarframkvæmda.

Réttur samkvæmt þessari grein er óframseljanlegur nema með samþykki ráðherra.

3. gr.

Landeigendur hafa heimild til að reisa og reka raforkuver með allt að 200 kW afli í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna.

Landeigandi má ekki aðskilja virkjunarrétt skv. 1. mgr. frá landareign sinni. Að öðru leyti skal virkjunarréttur landeiganda lúta ákvæðum V. kafla vatnalaga, nr. 15/1923.

II. KAFLI
Virkjunarleyfi.

4. gr.

Ráðherra veitir virkjunarleyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjanir. Virkjunarleyfi tekur einnig til vatnsmiðlunar og flutnings á vatni milli vatnasviða sem nauðsynlegur er vegna virkjunar þess, lagningar háspennulínu og byggingar aðveitustöðva sem nauðsynlegar eru til að flytja orku virkjunar þangað sem hún er afhent til dreifingar eða seld notanda samkvæmt sérsamningum.

Samþykki Alþingis þarf til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2.000 kW að uppsettu afli.

Virkjunarleyfi felur í sér einkarétt til handa leyfishafa til að vinna raforku úr vatnsfallinu á leyfistímanum innan þeirra marka og með þeim skilmálum sem í leyfisbréfinu felast.

5. gr.

Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar umhverfisráðherra og Orkustofnunar.

6. gr.

Í virkjunarleyfi skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og kaup vátrygginga gegn hugsanlegri bótaábyrgð leyfishafa.

7. gr.

Fyrir virkjunarleyfi skal greiða leyfisgjald. Leyfisgjald skal miðast við orkuvinnslugetu fyrirhugaðs orkuvers og skal það nánar ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

8. gr.

Virkjunarleyfi er ekki framseljanlegt nema til komi samþykki ráðherra.

9. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi ef leyfishafi fylgir ekki skilmálum laga þessara eða skilyrðum sem sett eru í virkjunarleyfi hans.

10. gr.

Landeigendur og ábúendur á því svæði sem mannvirki vegna virkjunarframkvæmda eiga að ná yfir eru skyldir til að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hvers konar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu. Um bótaábyrgð virkjunaraðila vegna þess fer eftir ákvæðum III. kafla.

III. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

11. gr.

Nú rennur vatnsfall um land sem er háð einkaeignarrétti og ráðherra veitir öðrum en landeiganda leyfi til að virkja það. Getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum.

Við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skal aðeins tekið tillit til tjóns vegna verðrýrnunar á landareign og spjalla á henni, afnotamissis af landsgæðum eða hlunnindum og umferðar eða átroðnings á landareign. Verði virkjun til að spilla fyrir kosti landeiganda á að virkja sjálfur vatnsfallið skv. 1. mgr. 3. gr. á hann einnig rétt til bóta af þeim sökum.

Aðrir sem verða sannanlega fyrir tjóni vegna virkjunar eða framkvæmda við hana, sbr. 10. gr., eiga rétt til bóta eftir ákvæðum 2. mgr.

12. gr.

Ráðherra getur heimilað virkjunarleyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir mannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkuflutningslínur. Ráðherra getur einnig heimilað leyfishafa að taka eignarnámi mannvirki sem kunna að standa í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum og annað sem nauðsyn ber til vegna framkvæmda við virkjun og starfrækslu hennar.

Ef eignarnám skv. 1. mgr. á hluta af landareign hefur í för með sér verulega rýrnun hennar að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til hennar í heild sinni.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum að öðru leyti en því að um ákvörðun eignarnámsbóta gilda ákvæði 11. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann hans.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um upphæð leyfisgjalda skv. 7. gr.

V. KAFLI
Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um leið falla úr gildi 49. gr., 54.–55. gr., 58.–59. gr. og 64.–66. gr. laga nr. 15/1923.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt af þingmönnum Alýðuflokksins á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu. Það er nú flutt óbreytt af þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna.

Löggjöf um virkjun vatnsfalla.

Orka vatnsfalla taldist ekki til hlunninda við upphaf byggðar hér á landi og lengst af síðan. Það var fyrst í upphafi þessarar aldar sem mönnum varð ljóst að Ísland byggi yfir mikilli vatnsorku sem nýta mætti til raforkuframleiðslu væri nægilegt fjármagn, tækniþekking og framtak til staðar. Í kjölfar þessa reis alda brasks og spákaupmennsku um land allt. Seldu landeigendur fossa til kaupenda sem ýmist voru innlendir eða erlendir einstaklingar eða félög.

Þetta vakti ugg í brjósti margra landsmanna og Alþingi samþykkti þegar árið 1907 lög um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o.fl., en lögum þessum var ætlað að sporna við þeirri þróun að fossar landsins kæmust í eigu útlendinga.

Fljótlega fóru efasemdir að vakna um rétt landeigenda til vatnsfalla og um það hvort yfirleitt væri hægt að öðlast eignar- eða yfirráðarétt á rennandi vatni. Árið 1917 flutti Gísli Sveinsson, þingmaður Vestur-Skaftfellinga, þingsályktunartillögu um riftun á samningum um nýtingu vatnsfalla er sýslur og hreppar kunni að hafa gert við einstaka menn eða félög og í bága komi við rétt landssjóðs. Benti hann í framsöguræðu á það að dæmi væru um að seld hefðu verið vatnsréttindi við fossa í óbyggðum og almenningum sem enginn einstaklingur gæti átt tilkall til. Tillaga Gísla varð til þess að Alþingi kaus fimm manna milliþinganefnd til að gera úttekt á eignarrétti að vatnsréttindum og var nefndin, sem kölluð var fossanefndin, skipuð með konungsúrskurði 22. október 1917. Nefndin réð Einar Arnórsson, þáverandi prófessor í lögum, sem ráðgjafa sinn og samdi hann ítarlega álitsgerð um vatnsréttindi. Var það niðurstaða hans að vatn væri ekki almennt undirorp-

ið eignarrétti þeirra sem land ættu undir því. Landeigandi ætti rétt til að nýta vatn til heimilisþarfa, jarðræktar eða iðnaðar, en að öðru leyti væri öllum frjálst að nota vatnið endurgjaldslaust.

Fossanefndin lauk störfum vorið 1919, en klofnaði í afstöðu sinni. Vildi meiri hluti nefndarmanna, þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, Jón Þorláksson verkfræðingur og Guðmundur Björnsson landlæknir, fallast á sjónarmið Einars Arnórssonar um að öll vatnsorka væri almenningseign, en minni hluti nefndarmanna, þeir Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson frá Firði, taldi að vatnsorkan væri undirorpin eignarrétti landeigenda. Nefndarmenn voru þó allir sammála því að flutt yrði þingsályktunartillaga um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum og afréttum. Var síðan flutt á Alþingi árið 1919 þingsályktunartillaga þar sem skorað var á landstjórnina „að lýsa alla vatnsorku á almenningum og afréttum eign ríkisins og að gera ef með þarf ráðstafanir til þess að rifting fari fram á gerningum milli einstaklinga eða félaga er í bága kynnu að koma við þennan rétt þjóðfélagsins". Bjarni Jónsson frá Vogi, sem innan nefndarinnar hafði ávallt haldið fram þeirri skoðun að ríkið ætti öll vatnsréttindi, jafnt á löndum einstakra manna sem annars staðar, flutti breytingartillögu við þingsályktunartillöguna þess efnis að í stað orðanna „í afréttum" kæmi „í afréttum þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfélaga". Þegar tillagan var svo samþykkt á Alþingi 27. september 1919 var ekki minnst á afrétti, en hins vegar almenninga.

Nú tóku við nokkurra ára deilur um fossamálin, en frumvarp til vatnalaga var endanlega samþykkt á Alþingi árið 1923. Þar var reynt að bræða saman sjónarmið meiri og minni hluta fossanefndarinnar og var niðurstaðan sú að ákvæðin um eignarrétt vatnsréttinda voru höfð óljós. Segir þannig í 2. gr. vatnalaganna: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila." Síðan eru réttindi landeiganda talin upp í lögunum, en þar er honum m.a. bannað að virkja fallvatn sem er yfir 500 eðlishestöfl[1] nema með leyfi ráðherra. Jafnframt er ráðherra heimilað skv. 54. gr. laganna að taka sérhvert fallvatn, virkjað eða óvirkjað, lögnámi til að vinna úr því orku til almenningsþarfa, en landeigandi skal eiga rétt til endurgjalds vegna tjóns sem hann yrði fyrir af vatnstökunni eða vegna missis orkuvers eða orkuveitu sem hann hefur þegar byggt.

Þessi ákvæði hafa verið ítrekuð í síðari lögum og þarf nú samkvæmt gildandi orkulögum leyfi Alþingis til þess að reisa og reka raforkuver stærra en 2.000 kW og leyfi ráðherra til þess að reisa raforkuver á bilinu 200–2.000 kW. Einstakar virkjanir hafa verið ákveðnar með sérlögum og í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, hefur Alþingi ákveðið stórvirkjanir á vatnsafli.

Þegar þetta er virt er ljóst að einstaklingur eða félag sem á land að vatnsfalli ræður ekki yfir nýtingu þess til raforkuframleiðslu umfram 200 kW. Hins vegar hefur talsverð réttaróvissa verið ríkjandi um bætur til landeigenda fyrir virkjun vatnsfalla og þykir nauðsyn bera til þess að bæta úr því með nýrri löggjöf.

---

[1] 500 eðlishestöfl samsvara 3,22 gWh/ári af vatnsorku (hráorku). Þá tölu þarf að margfalda með heildarnýtni rafstöðvar (sem venjulegast er á bilinu 0,85–9,90) til að fá samsvarandi raforku, svonefnda rennslisraforku sem er sú raforka sem fengist ef allt rennsli árinnar í meðalári væri nýtt. Það fer svo eftir breytileika rennslisins í viðkomandi vatnsfalli og miðlunarmöguleikum hve stóran hluta rennslisorkunnar er unnt að nýta í reynd.

Nýtingarréttur vatnsfalla á afréttum og almenningum.

Eins og fram er komið hefur verið fjallað um nýtingarrétt vatnsfalla á afréttum og almenningum allt frá árinu 1917. Utan þeirra landsvæða sem tilheyra bújörðum eru stór svæði sem aldrei voru numin af landnámsmönnum. Hálendi landsins og ýmis gróðursnauð svæði féllu ekki undir landnám einstakra manna, en hafa verið nýtt í sameiningu, ýmist af íbúum tiltekinna hreppa eða héraða. Smám saman hefur myndast afnotahefð á beit og silungsveiðum á þessum landsvæðum sem nefnd eru afréttir og almenningar. Um nýtingu þeirra er þegar að finna ítarlegar reglur í landbrigðaþætti þjóðveldislaganna eins og þau eru skráð í Grágás.

Það hefur hins vegar víða verið óljóst hver séu mörk afrétta og bújarða og hver séu réttindi eigenda bújarða á almenningum og afréttum.

Talið hefur verið að sum afréttarlönd kunni að vera undirorpin fullum eignarrétti einstaklinga eða sveitarfélaga, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afmarkaðan afnotarétt að ræða, svo sem upprekstrarrétt og/eða veiðirétt.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955 er fjallað um eignarrétt á Landmannaafrétti. Komst rétturinn að þeirri niðurstöðu, sem var andstæð niðurstöðu héraðsdóms, að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerning, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969 er fjallað um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti sem liggur á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna. Þar hafði héraðsdómur dæmt Skagfirðingum eignarrétt að afréttinum í samræmi við afsal frá árinu 1464. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að „yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfa landsvæðis þessa“.

Í dómi Hæstaréttar um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti árið 1981 segir rétturinn í niðurstöðu sinni að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“. Er hér átt við almenn lög um eignarrétt að almenningum og afréttarlöndum. Í framhaldi af þessu voru samin drög að frumvarpi til slíkra laga árið 1982, en síðan var árið 1984 samþykkt í ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum og skyldi nefndin hafa frumvarpsdrögin frá árinu 1982 til hliðsjónar. Á fyrri hluta ársins 1993 skilaði nefnd þessi drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna, en ekki náðist samkomulag um flutning frumvarpsins milli þáverandi stjórnarflokka þar sem ágreiningur var um hvort ákvæði þess væru í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrár. Þáverandi iðnaðarráðherra, sem nú er fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps, fól valinkunnum lögmönnum að endursemja frumvarpið með hliðsjón af framkominni gagnrýni og var það gert m.a. með því að saminn var nýr kafli, III. kafli, um eignarnáms- og bótaákvæði. Að þeim breytingum gerðum var talið að frumvarpið samræmdist umræddum stjórnarskrárákvæðum. Um það var þó áfram ágreiningur milli þáverandi stjórnarflokka og lögfræðilegra ráðunauta þeirra. Með hliðsjón af ívitnuðum dómum Hæstaréttar og til þess að eyða réttaróvissu er nauðsynlegt að Alþingi taki afstöðu og taki af tvímæli sem að áliti flutningsmanna yrði best gert með því að samþykkja frumvarp það sem hér er flutt.

Meginefni frumvarpsins.

Meginefni þessa frumvarps er að ákveða með skýrum hætti að ríkið hafi umráða- og hagnýtingarrétt yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti, þ.e. orku vatnsfalla á afréttum og almenningum sem ekki eru í einkaeign, burtséð frá beitar- og veiðiréttindum annarra aðila á sömu afréttum. Núgildandi takmörkunum á virkjunarrétti vatnsfalla er haldið og í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um bætur til landeiganda sem land á að vatnsfalli sem heimilað hefur verið að virkja. Skulu bæturnar miðast við sannanlegt tjón landeigandans, þar á meðal missi réttar hans til að virkja vatnsfallið til allt að 200 kW raforkuframleiðslu ef um slíkt er að ræða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpið kveður á um það með ótvíræðum hætti að réttur til umráða og hagnýtingar á orku íslenskra fallvatna utan eignarlanda sem háð eru einkaeignarrétti sé í höndum ríkisins. Hér er því slegið föstu að ríkið hafi þann rétt á almenningum og afréttum, þótt aðrir aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, svo sem beitarrétt eða rétt til silungsveiða. Með hliðsjón af því að frumvarpið hefur aðeins að geyma ákvæði um tiltekin vatnsréttindi er réttur ríkisins hér nefndur umráða- og hagnýtingarréttur en ekki eignarréttur, sbr. 2. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Um 2. gr.

Hér er orka fallvatna sem þegar hefur verið tekin til nýtingar undanskilin frá umráða- og hagnýtingarrétti ríkisins skv. 1. gr. Eigendur virkjana sem þegar hafa verið byggðar eða kunna að vera í byggingu við gildistöku laganna geta því rekið þær áfram sem hingað til. Ekki er heldur ætlunin með frumvarpi þessu að fella úr gildi heimildir sem Alþingi hefur þegar veitt til virkjunar fallvatna en ekki hafa verið nýttar þegar lögin taka gildi. Er það áréttað í lok 1. mgr.

Í 2. mgr. er lagt til ákvæði sem skilyrðir framsal virkjunarleyfis samþykki ráðherra og er það eðlilegt í ljósi þess að ráðuneyti og stofnanir þess hafa yfirsýn um orkumarkaðinn.

Um 3. gr.

Hér er því slegið föstu að landeigendur hafi áfram heimild til þess að nýta allt að 200 kW afl í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi. Ákvæði þetta samsvarar 2. mgr. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Landeigendur geta ekki aðskilið þennan rétt frá landareign sinni, t.d. selt hann sérstaklega.

Um 4. gr.

Efni þessarar greinar er í samræmi við ákvæði núgildandi laga, þ.e. 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967. Sú breyting er þó gerð á uppsetningu að ávallt þarf leyfi ráðherra til þess að reisa og reka virkjun yfir tiltekinni aflgetu, en til útgáfu leyfis til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun stærri en 2.000 kW að uppsettu afli þarf samþykki Alþingis.

Um 5. gr.

Við útgáfu leyfis til virkjunar vatnsfalls og tengdra framkvæmda þarf að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Því þykir rétt að leitað sé umsagnar umhverfisráðherra þannig að um það sé fjallað af sérfræðingum umhverfisráðuneytisins og Náttúruverndar ríkisins, sbr. 23. gr. laga um náttúruvernd, nr. 93/1996.

Einnig þykir rétt að tekið sé fram að leitað skuli umsagnar Orkustofnunar, en sérfræðingar hennar búa yfir margvíslegri þekkingu á sviði orkumála.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra hafi nokkurt svigrúm um efni virkjunarleyfis sem markist af aðstæðum í hvert sinn. Í greininni eru talin upp helstu atriði sem fjallað skuli um í virkjunarleyfi en upptalningin er ekki tæmandi.

Um 7. gr.

Eðlilegt þykir að greitt sé leyfisgjald fyrir virkjunarleyfi og að það miðist við aflgetu fyrirhugaðs orkuvers. Lagt er til að ákvörðun um slíkt gjald sé tekin formlega með lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Um 8. gr.

Frumvarpið hefur þá meginstefnu að ráðherra gefi út öll virkjunarleyfi og að framsal þeirra sé skilyrt samþykki hans. Er það byggt á því að það eigi að vera á verksviði ráðherra að framkvæma hverju sinni stefnumörkun Alþingis og ríkisstjórnar í orkumálum og þáttur í þeirri framkvæmd sé að hafa yfirumsjón með því að framboð og eftirspurn á raforku haldist í hendur eftir því sem unnt er.

Um 9. gr.

Mikilvægt er að ráðherra hafi heimild til þess að fylgja því eftir að leyfishafi uppfylli þá skilmála sem honum eru settir. Því er gert ráð fyrir að ráðherra geti afturkallað leyfi og eru þá sérstaklega höfð í huga gróf brot á skilmálum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði 55. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, og hefur því lengi verið gildandi réttur hér á landi.

Um 11. gr.

Hér er að finna meginreglu um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum aðilum leyfi til virkjunar vatnsfalls sem þeir eiga land að. Er meginreglan sú að þeir eiga rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar þeirra af því að byggja sjálfir vatnsaflsvirkjun, ef þeir hefðu til þess getu, eða kröfu til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem virkjun reisir.

Valdi virkjun því að hætta verði rekstri smávirkjunar allt að 200 kW eða eigi verði unnt að byggja hana, myndast bótaréttur og sama er að segja um bætur vegna afnotamissis lands, skemmda á gróðri og átroðnings á landi. Slíkur bótaréttur myndast þó ekki fyrr en virkjunarleyfi hefur verið veitt öðrum en landeiganda.

Á sama hátt skal meta bætur fyrir tjón sem aðilar verða fyrir við þær aðstæður sem lýst er í 10. gr. eða við eignarnám, sbr. 12. gr.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að ráðherra hafi heimild til að veita virkjunarleyfishafa eignarnámsheimild. Á ákvæðið sér margar hliðstæður í íslenskum lögum er varða virkjanamál.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Lagt er til að ákvæði vatnalaga sem ýmist eru efnislega tekin upp í frumvarp þetta eða samrýmast ekki efni þess séu felld brott.

565. Fyrirspurn [306. mál]

til umhverfisráðherra um magnesíumverksmiðju.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvert er álit ráðherra á starfsemi ráðgerðrar magnesíumverksmiðju á Reykjanesi?

566. Fyrirspurn [307. mál]

til félagsmálaráðherra um viðræðuáætlanir.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hversu margar viðræðuáætlanir voru gerðar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda á síðasta ári í samræmi við breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem samþykktar voru á Alþingi sl. vor?
2. Hversu margar viðræðuáætlanir hefur ríkissáttasemjari gefið út til þessa?

567. Tillaga til þingsályktunar [308. mál]

um fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu.

Flm.: Birna Sigurjónsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að tryggja að fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskólum undir þátttöku í samfélaginu verði komið á í brautarkjarna allra framhaldsskóla, sbr. 17. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Áhersla verði lögð á fræðslu um samskipti kynjanna, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldur, fjármálafræðslu, fræðslu um ábyrgð á eigin heilsu, umgengni við umhverfið og fleiri greinar sem

hafa það að markmiði að gera nemendur að sjálfstæðum einstaklingum í nútímaþjóðfélagi.

Greinargerð.

Í 2. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, segir að hlutverk framhaldsskóla sé m.a. að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í 2. mgr. 17. gr. laganna segir að námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu skuli vera í brautarkjarna.

Í athugasemdum við 17. gr. frumvarps til laga um framhaldsskóla segir að námsþættir sem stuðla að því að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu nefnist ratvísikjarni og skulu markmið hans skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla.

Þar sem nú er verið að undirbúa gerð aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla er nauðsynlegt að tryggja að markmið aðalnámskrárinnar um fræðslu á þessu mikilvæga sviði verði skýr og kennslu í þessum greinum verði komið á í öllum framhaldsskólum, enda er hér um að ræða eitt af meginhlutverkum framhaldsskólans eins og það er skilgreint í 2. gr. laganna.

Nú þegar eru námsþættir sem falla undir þetta svið fyrir hendi á einstökum brautum framhaldsskóla, einkum uppeldis- og félagsfræðibrautum. Brýnt er að allir nemendur framhaldsskóla njóti þessarar fræðslu og framhaldsskólinn taki þannig ábyrgð á því að búa nemendur undir „að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi“ eins og segir í 2. gr. laga um framhaldsskóla. Í þessari lagagrein kemur fram skilningur á því að skólinn verður að bera ábyrgð á þessari fræðslu ásamt foreldrum. Í flóknu nútímasamfélagi geta þeir einir ekki sinnt þessari fræðslu svo fullnægjandi sé. Því þarf að efla þætti skólastarfsins sem búa nemendur undir þá ábyrgð sem fylgir því að verða fullorðinn, annast aðra og búa með öðru fólki.

568. Svar [223. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um sölu fullvirðisréttar og greiðslumarks frá veðsettum jörðum.

1. *Hvað hefur fullvirðisréttur og síðar greiðslumark annars vegar í sauðfé og hins vegar í mjólk verið selt frá mörgum jörðum á árabilinu 1986–96, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Ekki eru til tölvutækar upplýsingar um efnið sem spurt er um og engin leið að handvinna upplýsingarnar sem farið er fram á innan tilskilins tíma. Á þeim áratug sem fyrirspurnin nær til hafa orðið verulegar breytingar á fyrirkomulagi framleiðslustjórnar mjólkur og kindakjöts. Með búvörusamningi frá 11. mars 1991 varð sú breyting að fullvirðisrétti var breytt í greiðslumark og gildandi framleiðsluréttur minnkaður verulega. Fullvirðisréttur í kindakjöti var færður úr 12.300 tonnum í 8.600 tonna greiðslumark til að framleiðsla svaraði til þarfa innlends markaðar. Fullvirðisréttur í mjólk var minnkaður úr 106–107 milljónum lítra í 100 milljóna lítra greiðslumark. Við þessa niðurfærslu voru tveir möguleikar. Sá fyrri var að bændur gerðu samninga við ríkið um sölu á framleiðslu-

rétti er næmi heildarniðurfærslunni. Sá síðari var almenn niðurfærsla framleiðsluréttarins sem næmi allt að 3.700 tonnum kindakjöts. Í reynd varð það svo að ríkissjóður keypti fullvirðisrétt mjólkur og kindakjöts á nánast öllum lögbýlum landsins við niðurfærslu framleiðsluréttar. Eftirfarandi tafla gefur mynd af því hvaða breytingar hafa orðið á fjölda lögbýla með fullvirðisrétt í mjólk og/eða kindakjöti á árunum 1986–96. Lögbýlunum er skipt í hrein sauðfjárbú, hrein kúabú og blönduð bú með fullvirðisrétt í kindakjöti og mjólk.

Samanburður á fjölda lögbýla með framleiðsluheimildir í mjólk og kindakjöti (yfir 10 ærgildi í hvorri grein) við upphaf fullvirðisréttar (1986) og á árinu 1996, eftir kjördæmum.

Kjördæmi	Upphaf fullvirðisréttar			1996			Mismunur %		
	Kindak.	Mjólk	Blandað	Kindak.	Mjólk	Blandað	Kindak.	Mjólk	Blandað
Reykjavík	7	1	0	0	0	0	-100,00	-100,00	0
Reykjanes	71	8	18	28	8	8	-60,56	0,00	-55,56
Vesturland	413	56	212	281	99	104	-31,96	76,79	-50,94
Vestfirðir	274	16	72	195	22	34	-28,83	37,50	-52,78
Norðurland vestra	513	43	206	329	85	111	-35,87	97,67	-46,12
Norðurland eystra	416	75	275	276	124	157	-33,65	65,33	-42,91
Austurland	461	24	116	291	43	47	-36,88	79,17	-59,48
Suðurland	488	113	434	312	185	271	-36,07	63,72	-37,56
Samtals	**2.643**	**336**	**1.333**	**1.712**	**566**	**732**	**-35,23**	**68,45**	**-45,09**

Taflan sýnir tölulegan mun á fjölda býla milli þessara ára. Hún sýnir ekki nákvæman fjölda býla sem hafa selt allan rétt í mjólk eða sauðfé en gefur af því mynd. Sérhæfing býla í framleiðslu mjólkur eða kindakjöts lýsir sér í að býlum með mjólkurbúskap eingöngu fjölgar og býlum með blandaðan búskap fækkar verulega. Býlum með sauðfjárbúskap eingöngu fækkar þó mest.

Úr fullvirðisskrám má enn fremur lesa eftirfarandi breytingar á fullvirðisrétti lögbýla:

Lögbýlum með sauðfé fækkaði úr	3.976	í	2.444
Lögbýlum með mjólk fækkaði úr	1.669	í	1.298
Lögbýlum með sauðfé eingöngu fækkaði úr	2.643	í	1.712
Lögbýlum með mjólk eingöngu fjölgaði úr	336	í	566
Lögbýlum með báðar heimildir fækkaði úr	1.333	í	732

Hér kemur fram að lögbýlum fækkar um tæplega 2.000, þ.e. þeim sem hafa mjólkurframleiðslu og þeim sem hafa sauðfé, talið hvort fyrir sig, og er það fækkun um 700 umfram það sem lögbýlum með fullvirðisrétt í kindakjöti og mjólk fækkaði á tímabilinu. Þetta skýrist af því að vegna sérhæfingar hefur réttur til framleiðslu mjólkur eða kindakjöts verið seldur frá um 700 býlum sem voru með blandaðan búskap.

2. *Á hve mörgum af þeim jörðum sem fullvirðisréttur eða greiðslumark hefur verið selt frá hvíla veð fyrir lánum frá:*
   a. Stofnlánadeild landbúnaðarins,
   b. öðrum aðilum?

Engin samantekt er til um hvernig veðsetningu á lögbýlum hefur verið háttað við sölu fullvirðisréttar frá lögbýlum. Við sölu fullvirðisréttar eða búmarks til ríkisins eða milli lögbýla hefur verið krafist eignarheimildar en ekki upplýsinga um áhvílandi veð. Vinna

við samantekt til að gefa svar við fyrirspurninni er meiri en unnt hefur verið að ráðast í.

3. *Hvaða reglur gilda um uppgjör lána þegar heimildir til framleiðslu á jörðum glatast eða eru verulega skertar?*

Viðskipti með framleiðslurétt mjólkur og kindakjöts fara eftir lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993. Þau lög fela ekki í sér reglur um meðferð áhvílandi lána við ráðstöfun fullvirðisréttar eða greiðslumarks. Um uppgjör lána gilda almennar reglur um varðveislu veðhæfis eigna sem verða skýrðar ef frumvarp um samningsveð verður að lögum.

569. Tillaga til þingsályktunar [309. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1997–2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga nr. 45/1994, að árin 1997–2000 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997	1998	1999	2000
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4.525	4.587	4.645	4.488
2. Þungaskattur, km-gjald	1.830	1.859	1.882	1.847
3. Þungaskattur, árgjald	790	802	815	802
1.2. Fært í ríkissjóð	-806	-646	-576	-506
	6.339	6.602	6.766	6.631
1.3. Framkvæmdaátak:				
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350	360	380	700
2. Framlag úr ríkissjóði	350	350	350	0
3. Endurgreiðsla lánsfjár	-50	-210	-280	0
	650	500	450	700
1.4. Lán vegna Skeiðarársands	100		-100	
Samtals	**7.089**	**7.102**	**7.116**	**7.331**

II. SKIPTING ÚTGJALDA.
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997		1998		1999		2000	
2.1. Stjórn og undirbúningur:								
1. Skrifstofukostnaður	141		141		150		154	
2. Tæknilegur undirbúningur	145		145		159		163	
		286		286		309		317
2.2. Viðhald þjóðvega:								
1. Almenn þjónusta								
1. Sameiginlegt	243		244		246		253	
2. Vegir og vegyfirborð	345		350		355		354	
3. Brýr og önnur vegamannv	42		46		49		52	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	245		250		265		276	
		875		890		915		935
2. Vetrarþjónusta		650		660		670		680
3. Viðhald								
1. Endurnýjun bund. slitlags.	516		531		580		610	
2. Endurnýjun malarslitlaga	212		216		210		200	
3. Styrkingar og endurbætur	278		284		300		310	
4. Viðhald brúa og varnargarða	114		114		145		150	
5. Öryggisaðgerðir	62		62		65		70	
6. Vatnaskemmdir	93		93		100		100	
		1.275		1.300		1.400		1.440
4. Þéttbýlisvegir		330		340		350		360
2.3. Til nýrra þjóðvega:								
1. Stofnvegir								
1. Alm. verk. og bundin slitl.	539		694		692		613	
2. Höfuðborgarsvæðið	379		521		537		330	
3. Stórverkefni	512		538		528		540	
4. Framkvæmdaátak	517		500		583		700	
5. Skeiðarársandur	250		100		0		0	
		2.197		2.353		2.340		2.183
2. Tengivegir		315		330		350		370
3. Til brúagerða								
1. Brýr 10 m og lengri	125		135		160		180	
2. Smábrýr	15		15		20		20	
		140		150		180		200
4. Girðingar		31		34		36		38
2.4. Til safnvega		164		164		190		200
2.5. Til landsvega		52		52		60		65
2.6. Til styrkvega		25		25		25		25
2.7. Til reiðvega		11		11		15		15
2.8. Til tilrauna		66		67		68		73
2.9. Til flóabáta.		672		440		208		430
Samtals		**7.089**		**7.102**		**7.116**		**7. 331**

III. FLOKKUN VEGA

3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum. Suðurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Kúðafljót sunnan Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Hringvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Hringvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli að Þjórsárdalsvegi nálægt Sultarfit.

201 Vallavegur: Af Hringvegi við Brúará á Hringveg við Brunná.

202 Prestbakkavegur: Af Hringvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

204 Meðallandsvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðrifljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Hringveg austan Kúðafljóts.

205 Klausturvegur: Af Hringvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

206 Holtsvegur: Af Hringvegi að Húnkubökkum.

208 Skaftártunguvegur: Af Hringvegi vestast í Eldhrauni yfir Eldvatn hjá Ásum, um Skaftártungu að Fjallabaksleið nyrðri.

209 Hrífunesvegur: Af Hringvegi nálægt Laufskálavörðu um Hrífunes á Skaftártunguveg austan Tungufljótsbrúar.

210 Ljótarstaðavegur: Af Skaftártunguvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Hringvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jóvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Hringvegi að Kerlingardal.

215 Reynishverfisvegur: Af Hringvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Hringvegi hjá Litla Hvammi í Mýrdal að heimreið að Vatnsskarðshólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Hringvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Hringveg vestan Péturseyjar.

238 Fellavegur: Af Dalavegi í Vestmannaeyjum, sunnan Smáragötu, milli Fella að flugstöð.

239 Eldfellsvegur: Af Fellavegi við Helgafellsbraut, um Eldfellshraun og Páskahraun, á Fellaveg sunnan Helgafells.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Hringvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Hringveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Hringsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Hringveg austan við Steina.
245 Hverfisvegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Hringveg austan Írár.
246 Skálavegur: Af Hringvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Hringveg austan við Hvamm.
247 Sandhólmavegur: Af Hringvegi við Hvamm, um Efraholt, á Hringveg hjá Fitjamýri.
248 Markarvegur: Af Þórsmerkurvegi austan Markarfljóts að Stórumörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Hringvegi austan Markarfljóts hjá Seljalandi að Markarvegi.
250 Dímonarvegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli fram hjá Stóra-Dímon, á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Hringvegi hjá Dalsseli um Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Hringvegi austan Affalls, um Miðey Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Hringveg austan Þverár.
253 Gunnarshólmavegur: Af Landeyjavegi hjá Votmúlastöðum um Sel á Landeyjaveg hjá Gunnarshólma.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Hringvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Hringvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Fljótsdal.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efrahvol að Markaskarði.
264 Rangárvallavegur: Af Hringvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Hringveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Hringvegi vestan við Strönd að Odda.
267 Selalækjarvegur: Af Hringvegi við Varmadal að Selalæk.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Hringvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Hringvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Hringvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Hrauk.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Hringvegi við Áshól að Ásmundarstöðum.
284 Heiðarvegur: Af Hringvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Kálfholtsvegur: Af Hringvegi hjá Einbúa um Hamra og Kálfholt á Hringveg á Lónsheiði.
2027 Hrunavegur: Af Hringvegi að Sléttu.
2050 Fossvegur: Af Hringvegi að Fossi 2 og 3.
2075 Hörgslandsvegur: Af Hringvegi að Hörgslandi.
2120 Giljavegur: Af Hringvegi að Giljum.
2140 Brekknavegur: Af Hringvegi að Ási.
2160 Hvolavegur: Af Hringvegi að Hvoli.

2180 Sólheimavegur: Af Hringvegi að Sólheimum.
2420 Skógavegur: Af Hringvegi að kennarabústað.
2440 Skógarfossvegur: Af Skógavegi að dýralæknisbústað.
2480 Seljalandsvegur: Af Hringvegi að Seljalandi.
2510 Krossvegur: Af Landeyjavegi að Hallgeirsey.
2520 Skíðbakkavegur: Af Landeyjavegi að Skíðbakka.
2530 Skeggjastaðavegur: Af Landeyjavegi að afleggjara að Vestritungu.
2540 Fíflholtshverfisvegur: Af Akureyjarvegi að Gerðum.
2560 Eyjarvegur: Af Hringvegi að Berjanesi.
2570 Akureyjarkirkjuvegur: Af Akureyjarvegi að Akurey.
2615 Torfastaðavegur: Af Fljótshlíðarvegi að Torfastöðum.
2625 Lambeyjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Bjargarkoti.
2645 Kirkjulækjarvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Kirkjulækjarkoti.
2655 Vatnsdalsvegur: Af Fljótshlíðarvegi að Tumastöðum.
2675 Lynghagavegur: Af Norðurgarði á Hvolsvelli að Akri.
2699 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi að Bakkakoti.
2715 Gunnarsholtsvegur: Af Rangárvallavegi að starfsmannabústöðum.
2725 Akurhólsvegur: Af Gunnarsholtsvegi að Akurhóli.
2735 Helluvaðsvegur: Frá Hellu að Helluvaði.
2755 Hellatúnsvegur: Af Ásvegi að Hellatúni.
2765 Háarimavegur: Af Ásvegi að Háarima III.
2775 Bræðraborgarstígur: Af Ásvegi við Hábæjarkirkju á Ásveg við Tjörn.
2820 Laugalandsvegur: Af Landvegi að Nefsholti.
2840 Þverlækjarvegur: Af Hagabraut að Stúfholtshjáleigu.
2860 Hjallanesvegur: Af Landvegi að Hjallanesi.
2880 Laugavegur: Af Landvegi að Laugum.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Hringvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stórulaxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.

31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.

32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns yfir Þjórsá hjá Sandafelli og á Landveg litlu austar.

33 Gaulverjabæjarvegur: Af Hringvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.

34 Eyrarbakkavegur: Af Hringvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.

35 Biskupstungnabraut: Af Hringvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Reykholt, Vatnsleysu, Múla og Geysi að þjónustumiðstöð við Gullfoss.

36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.

37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.

38 Þorlákshafnarvegur: Af Hringvegi nálægt Hverageröi að Suðurvarargarði í Þorlákshöfn.

39 Þrengslavegur: Af Hringvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Hringvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss á Villingaholtsveg nálægt Villingaholti.
303 Ölvisholtsvegur: Af Hringvegi við Kjartansstaði um Miklaholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Hringvegi hjá Hraungerði um Oddgeirshóla og Langholt á Hringveg nálægt Túni.
305 Villingaholtsvegur: Af Hringvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðrivöll.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Litlu-Sandvík.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti um Vorsabæ og Álfsstaði á Skálholtsveg litlu austar.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Steinsholti.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minnanúpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Laxárdal.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stórulaxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi við hina gömlu Álfsstétt um Eyrarbakka á Eyrarbakkaveg á móts við Einarshöfn.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minniborg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Bræðratunguvegi á Pollengi austan Tungufljótsbrúar, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Hrunamannavegi ofan Flúða, yfir Hvítá hjá Hvítárholti á Biskupstungnabraut nálægt Felli.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Hringvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Hringveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Hringvegi hjá Sandhóli að Auðsholti.
376 Breiðamörk: Af Hringvegi um Hveragerði, framhjá Grýtu að Gufudal.
377 Reykjavegur Hveragerði: Af Breiðumörk nálægt hótel Örk, um Austurmörk og Reykjamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn: Af Þorlákshafnarvegi að ferjuhöfn við Svartaskersbryggju.
3020 Laugardælavegur: Af Hringvegi að Laugardælum.
3040 Stóru-Ármótavegur: Af Oddgeirshólavegi að Litlu-Ármótum.
3060 Forsætisvegur: Af Villingaholtsvegi á Villingaholtsveg.
3080 Hróarsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi að vegamótum að Læk.
3115 Arnarhólsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Hólshúsum.
3130 Holtsbýlavegur: Af Holtsvegi að Holti.
3145 Grundarvegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Vestrigrund.
3160 Baugsstaðavegur: Af Gaulverjabæjarvegi að Baugsstöðum.
3175 Lækjamótavegur: Af Votmúlavegi að Lækjamótum.
3220 Reykjavegur Skeiðum: Af Skálholtsvegi að Reykjum.
3240 Ósabakkavegur: Af Skálholtsvegi að Ósabakka.
3260 Hlemmiskeiðavegur: Af Skeiðavegi að Hlemmiskeiði.
3280 Fjallsvegur: Af Vorsabæjarvegi að Útverkum.
3307 Sandlækjarkotsvegur: Af Skeiðavegi að Sandlækjarkoti.
3315 Þrándarholtsvegur: Af Þjórsárdalsvegi að Þrándarlundi.
3320 Hlíðarvegur: Af Hælsvegi að Hæli.
3335 Háholtsvegur: Af Hælsvegi að V-Geldingaholti.
3346 Melhagavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Haga I.
3357 Heiðarbraut: Af Þjórsárdalsvegi að Gnúpverjavegi.
3367 Ásólfsstaðavegur: Af Þjórsárdalsvegi að Ásólfsstöðum.
3405 Grafarbakkavegur: Af Hrunavegi að Hverabakka.
3415 Varmalandsvegur: Af Hrunamannavegi að Varmalandi.
3425 Hrepphólavegur: Af Hrunamannavegi að Breiðási.
3435 Hvammsvegur: Af Hrunamannavegi að Hvammi.

3445 Hvítárholtsvegur: Af Hrunamannavegi að Borgarási.
3450 Selsvegur: Af Hvítárholtsvegi að Efra-Seli.
3455 Miðfellsvegur: Af Hrunamannavegi að Miðfelli 4a.
3465 Laugarvegur: Af Hrunavegi að Reykjabóli.
3475 Unnarholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Unnarholti.
3485 Birtingaholtsvegur: Af Auðsholtsvegi að Birtingaholti 4.
3495 Hrafnkelsstaðavegur: Af Langholtsvegi að Hrafnkelsstöðum 3.
3510 Iðuvegur: Af Skálholtsvegi að Iðu.
3520 Laugarásvegur: Af Skálholtsvegi að Skálholtsvegi.
3530 Helgastaðavegur: Af Skálholtsvegi að Helgastöðum.
3540 Skálholtsstaðarvegur: Af Skálholtsvegi að prestsetri.
3542 Vesturbyggðarvegur: Af Skálholtsvegi að Lyngbrekku.
3550 Hrosshagavegur: Af Biskupstungnabraut að Hrosshaga.
3560 Dalbrúnarvegur: Af Biskupstungnabraut að Biskupstungnabraut.
3570 Bergholtsvegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholti.
3580 Norðurbrúnavegur: Af Biskupstungnabraut að Bergholtsvegi.
3590 Syðri-Reykjavegur: Af Reykjavegi að gatnamótum að Brún.
3612 Vatnsleysuvegur: Af Tjarnarvegi að Vatnsleysu III.
3630 Hagavegur: Af Biskupstungnabraut að Haga III.
3660 Efribrúarvegur: Af Þingvallavegi að skóla.
3690 Bíldsfellsvegur: Af Grafningsvegi neðri að Bíldsfelli.
3695 Nesjavallavegur: Af Grafningsvegi efri að vegamótum að Nesjavöllum.
3710 Árbæjarvegur: Af Hringvegi að Hlöðutúni.
3720 Hlíðardalsskólavegur: Af Krýsuvíkurvegi að Hlíðardalsskóla.
3730 Hraunsvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Hrauni 3.
3740 Bæjarhverfisvegur: Af Þorlákshafnarvegi að Vötnum.
3741 Efstadalsvegur: Af Laugarvatnsvegi að Efstadal III.
3753 Borgarbraut: Af Biskupstungnabraut að Borgarbraut 6.
3760 Hvolsvegur: Af Hringvegi að Kvíarhóli.
3770 Þórustaðavegur: Af Hringvegi að Kjarri.
3780 Núpavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Núpum.
3790 Bakkavegur: Af Þorlákshafnarvegi að Bakka.
3915 Kirkjuferjuvegur: Af Hringvegi að Kirkjuferjuhjáleigu.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjavík og Reykjaneskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit, Kjalarnes og í jarðgöng undir Hvalfjörð á móts við Tíðaskarð.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Hringveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) á Kirkjusandi í Reykjavík (eftir Kringlumýrarbraut) um Kópavog og Garðabæ á Reykjanesbraut við Kaplakrika.

41 Reykjanesbraut: Af Nesbraut vestan Ánanausta í Reykjavík, um Ánanaust, með fram höfninni (eftir Sæbraut) um Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð, um Vatnsleysustrandarheiði, ofan Keflavíkur, að Leifsstöð.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa, um Ránargötu að Grindavíkurhöfn.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvík að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
46 Víknavegur: Af Reykjanesbraut á Fitjum um Njarðvík að Njarðvíkurhöfn.
47 Hvalfjarðarvegur: Af Hringvegi við Ártúnsá, inn Hvalfjörð að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Hvalfjarðarvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
49 Nesbraut: Af Hringvegi við Jörfa, um Miklubraut, Hringbraut og Eiðsgranda að heilsugæslustöð.
405 Sviðholtsvegur: Af Álftanesvegi gegnt Bessastaðavegi, að Hákotsvör.
409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.
410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, yfir Reykjanesbraut við Hnoðraholt, um Rjúpnadalshlíð og norðvesturhlíð Vatnsendahvarfs, á Breiðholtsbraut.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
413 Breiðholtsbraut: Af Hringvegi við Rauðavatn, um norðurhlíð Vatnsendahvarfs, yfir Reykjanesbraut í Mjódd, vestur Digranesháls (Nýbýlaveg) á Hafnarfjarðarveg við Fossvog.
414 Flugvallarvegur Reykjavík: Af Nesbraut sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, um Njarðargötu og Þorragötu að flugvelli.
415 Álftanesvegur: Af Reykjanesbraut í Molduhrauni, um Engidal, út á Álftanes, að Hvoli.
416 Bessastaðavegur: Af Álftanesvegi nálægt Bessastöðum að Bessastöðum.
417 Bláfjallavegur: Af Hringvegi neðan Sandskeiðs, norðan Stóra-Kóngsfells á Krýsuvíkurveg nálægt Óbrynnishólum.
418 Bústaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Kringlumýrar um norðanverða Öskjuhlíð á Nesbraut á Miklatorgi.
419 Höfðabakki: Af Reykjanesbraut austan Blesugrófar í Reykjavík, yfir Elliðaár nálægt Árbæ, um Ártúnshöfða, yfir Grafarvog á Hallsveg.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að höfn í Vogakauptúni.
423 Miðnesheiðarvegur: Af Garðskagavegi norðan Keflavíkur á Sandgerðisveg á Miðnesheiði.

424 Keflavíkurvegur: Af Reykjanesbraut ofan Keflavíkur, um Flugvallarveg að Keflavíkurhöfn.
425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes á Grindavíkurveg ofan Grindavíkur.
427 Ísólfsskálavegur: Af Grindavíkurvegi í Grindavík, um Ísólfsskála, á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
429 Sandgerðisvegur: Frá hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan Keflavíkur, um Miðnesheiði að Sandgerði.
430 Úlfarsárvegur: Af Hringvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Hringvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Hringveg við Þverholt.
432 Hallsvegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells, á Sundabraut nálægt Gufunesi.
450 Sundabraut: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) nálægt Holtavegi, yfir Elliðavog, um Gunnunes og Álfsnes, á Hringveg í Kollafirði.
452 Faxagata: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að ferjubryggju.
453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Kleppsbakka.
454 Holtagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut) að Holtagörðum.
458 Brautarholtsvegur: Af Hringvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
470 Fjarðarbraut: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal um miðbæ Hafnarfjarðar á Reykjanesbraut hjá Þorlákstúni.
4150 Hliðsnesvegur: Af Álftanesvegi nálægt Selskarði að Hliðsnesi.
4225 Brunnastaðavegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Traðarkoti.
4230 Naustakotsvegur: Af Vatnsleysustrandarvegi að Sætúni.
4250 Útgarðsvegur: Af Garðskagavegi í Garði, um Útskála, á Garðskagaveg hjá Fitjum.
4315 Leirvogstunguvegur: Af Hringvegi að Leirvogstungu.
4319 Blikastaðavegur: Af Hringvegi vestan Úlfarsfells að Blikastöðum
4324 Dalsárvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Dalsá.
4325 Hrísbrúarvegur: Af Þingvallavegi að vegamótum að Víðihóli sunnan Köldukvíslar.
4326 Reykjahlíðarvegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Reykjahlíð.
4335 Mosfellsvegur: Af Þingvallavegi að Minna-Mosfelli.
4336 Æsustaðavegur: Af Þingvallavegi í Mosfellsdal að Röðli.
4345 Helgadalsvegur: Af Þingvallavegi að Hreggsstöðum.
4355 Hraðastaðavegur: Af Helgadalsvegi að Hraðastöðum.
4365 Hrafnhólavegur: Af Þingvallavegi hjá Seljabrekku að Selvangi.
4510 Varmadalsvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Varmadal III.
4520 Leiruvegur: Af Hringvegi að Fitjakoti.
4530 Norðurgrafarvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Gryfju.
4540 Víðinesvegur: Af Hringvegi að Víðinesi.
4550 Kollafjarðarvegur: Af Hringvegi í Kollafirði að vegamótum að Kollafirði.
4560 Esjuvegur: Af Hringvegi við Kirkjuland á Hringveg við Skrauthóla.

4570 Grundarhverfisvegur: Af Brautarholtsvegi um Vallargrund að Grundarhverfi.
4580 Arnarholtsvegur: Af Brautarholtsvegi að Arnarholti.
4619 Víðigrundarvegur: Af Reykjahlíðarvegi að Furuvöllum.
4644 Röðulsvegur: Af Æsustaðavegi að Skuld.
4650 Neðrihálsvegur: Af Hringvegi að Neðrihálsi.

Vesturlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðargöngum, inn fyrir Akrafjall, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.
47 Hvalfjarðarvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni út Hvalfjarðarströnd á Hringveg sunnan Laxár í Leirársveit.
50 Borgarfjarðarbraut: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Hringveg hjá Haugum.
51 Akrafjallsvegur: Af Hringvegi austan við Innrihólm, út fyrir Akrafjall, skammt austan Akraneskaupstaðar, inn með Akrafjalli norðanverðu á Hringveg hjá Urriðaá.
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahryggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 Hvítárvallavegur: Af Hringvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Hringveg norðan Eskiholts.
54 Ólafsvíkurvegur: Af Hringvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði að Norðurtanga í Ólafsvík.
55 Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bíldhóls.
56 Kerlingarskarðsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót yfir Kerlingarskarð á Snæfellsnesveg á Kóngsbakkahæðum.
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
58 Stykkishólmsvegur: Af Snæfellsnesvegi innan Gríshólsár að ferjubryggju í Stykkishólmi.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
501 Innrahólmsvegur: Af Innnesvegi hjá Miðgarði að Kirkjubóli.
502 Svínadalsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.
503 Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni um Ytrahólm og Esjubraut á Akranesi að Akranesvegi.
504 Leirársveitarvegur: Af Hringvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.
505 Melasveitarvegur: Af Hringvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Hringveg hjá Belgsholti.
506 Grundartangavegur: Af Hringvegi hjá Klafastöðum að Grundartangahöfn.
507 Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.
508 Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Hvammi.

509 Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar að ferjubryggju á Akranesi.
510 Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjavegi hjá Hatti.
511 Hvanneyrarvegur: Af Hvítárvallavegi að Hvanneyrarskóla.
512 Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.
513 Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka III.
514 Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.
515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.
517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.
518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóraás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.
519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal, fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.
523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóraási.
524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litluþverár að Helgavatni.
525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litluþverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.
526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Svarfhóli.
527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum í Norðurárdal.
528 Norðurárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Hringveg hjá Króki.
530 Ferjubakkavegur: Af Hringvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.
531 Borgarbraut: Af Hringvegi að Egilsgötu í Borgarnesi.
532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.
533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.
534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.
535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú að vegamótum að Valshamri.
539 Hítardalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.
540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Hundastapa á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.
566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.
567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.
571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Álftavatnsvegi.

573 Rifshafnarvegur: Af Útnesvegi hjá Rifi að höfn.
574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Norðurtanga í Ólafsvík.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall að Skallabúðum.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi vestan Gríshólsár um Kóngsbakka á Snæfellsnesveg í Berserkjahrauni.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi að Blönduhlíð.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðuból að vegamótum að Vífilsdal.
582 Hálsbæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að vegamótum Spágils- og Goddastaða.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi að vegamótum að Sámsstöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd, Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
5150 Rauðsgilsvegur: Af Reykdælavegi hjá Steindórsstöðum að Rauðsgili.
5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti að þorpskjarna hjá kirkju.
5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
5250 Kaðalstaðavegur: Af Borgarfjarðarbraut að Kaðalstöðum.
5350 Valbjarnavallavegur: Af Hringvegi að vegamótum að Stórafjalli.
5630 Kolbeinsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi um Lindartungu á Heydalsveg.
5660 Miðhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Miðhrauni.
5710 Arnarstapavegur: Af Útnesvegi að Arnarstapahöfn.
5714 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi að Lýsuhóli.
5730 Hellnavegur: Af Útnesvegi að bryggju.
5750 Kvíabryggjuvegur: Af Snæfellsnesvegi að Krossnesvegi.
60 Vestfjarðavegur: Af Hringvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.

Vestfjarðakjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Djúpveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfirði, um Þorskafjörð, Skálanes, Klettsháls, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð,

Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.

61 Djúpvegur: Af Hringvegi vestan Hrútafjarðarár út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði, ofan Hólmavíkur, um Staðardal, Steingrímsfjarðarheiði og Lágadal, fyrir Ísafjörð, um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð, um Aðalstræti og Brimbrjótsgötu í Bolungarvík, að höfn.

62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd, yfir Kleifaheiði, um Raknadalshlíð, um Þórsgötu að höfn á Patreksfirði.

63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdan til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.

64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal að höfn á Flateyri.

65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði að ytri höfn á Suðureyri.

67 Hólmavíkurvegur: Af Djúpvegi við Hólmavík um Hólmavík að höfn.

69 Steinadalsvegur: Frá Steinadal á Djúpveg í Kollafirði.

605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, að Bakka. Einnig frá Tröllatungu á Djúpveg hjá Húsavík.

606 Karlseyjarvegur: Af Reykhólasveitarvegi hjá Reykhólum að höfn í Karlsey.

607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Hamarlandi.

608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.

610 Brjánslækjarvegur: Af Barðastrandarvegi að ferjubryggju.

612 Örlygshafnarvegur: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.

614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri yfir Skersfjall, að vegamótum neðan Bjarngötudals.

615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, að Hænuvík.

616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi í Sauðlauksdal að flugvelli á Sandodda.

617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Hrauni

619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi við Bíldudal, út með Arnarfirði, að Feitsdal.

620 Flugvallarvegur Bíldudal: Af Bíldudalsvegi á Hvassnesi að flugvelli.

622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri að Haukadal.

623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.

624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp að Alviðru.

625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, að Hjarðardal.

626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.

627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.

628 Hjarðardalsvegur: Af Vestfjarðavegi að Hjarðardal í Dýrafirði.

629 Syðradalsvegur: Af Djúpvegi í Bolungarvík að Geirastöðum.

631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.

632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.

633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.

634 Reykjanesvegur: Af Vatnsfjarðarvegi utan Svansvíkur að Reykjanesskóla.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauðamýri, út Langadalsströnd um Melgraseyri að Laugalandsvegi.
636 Hafnarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi um Pollgötu að höfn.
639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg á Hauganesi.
640 Borðeyrarvegur: Af Djúpvegi að Borðeyri.
641 Krossárdalsvegur: Af Djúpvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
642 Flugvallarvegur Hólmavík: Af Djúpvegi ofan Hólmavíkur að flugvelli.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.
645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjarfirði að flugvelli.

Norðurlandskjördæmi vestra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Hringvegi hjá Stóraósi að Hvammstangahöfn.
74 Skagastrandarvegur: Af Hringvegi hjá Blönduósi að Skagastrandarhöfn.
75 Sauðárkróksbraut: Af Hringvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg hjá Narfastöðum.
76 Siglufjarðarvegur: Af Hringvegi austan Héraðsvatnabrúar hjá Syðstugrund, um Blönduhlíð, Viðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að höfn á Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Hringvegi í Hrútafirði nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Hringveg utan við Melstað.
703 Hálsabæjavegur: Af Hringvegi á Hrútafjarðarhálsi um Sveðjustaði á Miðfjarðarveg sunnan Melstaðar.
704 Miðfjarðarvegur: Af Hringvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Hringveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá sunnan Brekkulækjar, fram Vesturárdal, að Fosshóli.
711 Vatnsnesvegur: Af Hvammstangavegi við Klapparstíg á Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Hringveg hjá Vatnshorni.
714 Fitjavegur: Af Hringvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur: Af Hringvegi hjá Deildarhóli, um Víðdalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi, út austan Víðidalsár, á Hringveg vestan Lækjamóta.
716 Síðuvegur: Af Hringvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Grund.

717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk, um Stóruborg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
721 Þingeyravegur: Af Hringvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Hringvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár, um Grímstungu og Marðarnúp, út austan ár, á Hringveg nálægt Aralæk.
724 Reykjabraut: Af Hringvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.
727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Snæringsstöðum.
731 Svínvetningabraut: Af Hringvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Hringveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum við Blönduvirkjun.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð
734 Svartárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði að Hvammi.
740 Hafnarvegur Blönduósi: Af Hringvegi um Húnabraut og Hafnarbraut að höfn.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá hjá Skrapatungu og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð um Eyrarveg og Strandveg á Sauðárkróki á Sauðárkróksbraut á Borgarsandi.
747 Hafnarvegur Hofsósi: Af Hofsósbraut um Norðurbraut og Hafnarbraut að höfn.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Hringvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vindheimavegur: Af Hringvegi hjá Völlum, um Stokkhólma, yfir Svartá, á Skagafjarðarveg hjá Saurbæ.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Stapa að Héraðsdal.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breið að Gilhaga.
757 Villinganesvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi II að Tunguhálsi I.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi austan Jökulsár vestri að Byrgisskarði.
759 Kjálkavegur: Af Hringvegi hjá Skeljungshöfða að Flatatungu.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Árgerði.
764 Hegranesvegur: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi, um Helluland, Ketu, á Sauðárkróksbraut hjá Garði.

767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Viðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti, um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt, að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gröf, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Höfðastrandarvegur: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár, yfir Hofsá hjá Enni, um Engihlíð á Siglufjarðarveg hjá Þrastarstöðum.
784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hrolleifsár, um Skálá, austan Sléttuhlíðarvatns, á Siglufjarðarvegi norðan Sléttuhlíðarvatns
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, að Sigríðarstöðum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðsfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
7020 Reykjaskólavegur: Af Hringvegi að Reykjaskóla.
7040 Mýravegur: Af Heggstaðanesvegi að Mýrum III.
7060 Staðarbakkavegur: Af Miðfjarðarvegi að Staðarbakka.
7080 Laugarbakkaskólavegur: Af Miðfjarðarvegi að Laugarbakkaskóla
7125 Króksvegur: Af Fitjavegi að Valdarásvegi.
7175 Hrappsstaðavegur: Af Víðidalsvegi að Litluhlíðarvegi.
7250 Árholtsvegur: Af Hringvegi að Árholti.
7350 Steinárvegur: Af Svartárdalsvegi að Hólsvegi.
7420 Ásholtsvegur: Frá Skagaströnd að Ásholti.
7425 Brekknavegur: Af Skagavegi að Örlygsstaðavegi II.
7450 Neðribyggðarvegur: Af Skagavegi hjá félagsheimilinu Skagaseli að Hvalnesi.
7475 Sjávarborgarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Brennigerði að Sjávarborg III.
7515 Reykjaborgarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Varmalæk að Ljósalandi.
7575 Merkigarðsvegur: Af Héraðsdalsvegi hjá Reykjum að Lambeyri.
7595 Stóruakravegur: Af Hringvegi að Stóruökrum.
7620 Húsabakkavegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Glaumbæ að Jaðri.
7630 Geldingaholtsvegur: Af Sauðárkróksbraut sunnan við Syðra-Skörðugil að vegamótum vestan Geldingaholts I.
7650 Djúpadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miðgrund að Kringlumýri.
7750 Smiðsgerðisvegur: Af Siglufjarðarvegi austan Kolku að Sleitustöðum.
7875 Flókadalsvegur eystri: Af Siglufjarðarvegi hjá Sólgörðum að Barði.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

Norðurlandskjördæmi eystra.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklinghlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit sunnan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, sunnan Grímsstaða á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.

82 Ólafsfjarðarvegur: Af Hringvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, gegnum Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Hringvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi að Túngötu á Grenivík.
85 Norðausturvegur: Af Hringvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Öxarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Kísilvegur: Af Hringvegi hjá Reykjahlíð í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
801 Hafnarvegur Hrísey: Frá ferjuhöfn að Norðurvegi.
802 Garðsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Ólafsfjarðarós, vestan Ólafsfjarðarvatns á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
803 Kleifavegur: Af Garðsvegi vestan Ólafsfjarðaróss með fram flugvelli að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
810 Hafnarvegur Dalvík: Af Ólafsfjarðarvegi að höfn.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Ós, á Hjalteyrarveg hjá Ytribakka.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Myrkárbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Hringvegi hjá Hamri, um brú á Hörgá og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Hringvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.
817 Blómsturvallavegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð að Brávöllum.
818 Hlíðarvegur: Af Hringvegi í Kræklingahlíð um Syðsta-Samtún að Áslaksstöðum.
819 Hafnarvegur Akureyri: Af Hringvegi (Glerárgötu) skammt sunnan Glerár og niður með henni, um Tryggvagötu, Hjalteyrargötu og Laufásgötu að höfn.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Hringvegi á Akureyri um Hrafnagil, Grund og Saurbæ, að vegamótum við Halldórsstaði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
823 Miðbraut: Af Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil á Eyja-fjarðarbraut eystri við Laugaland.

824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Skjóldalsá á Dalsveg hjá Litlagarði.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði að Hvassafelli.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Eyjafjarðarbraut vestri á móts við Vatnsenda.
828 Veigastaðavegur: Af Hringvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Hringvegi á Leirum, um Laugaland, Munkaþverá og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Hringvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Höfða.
833 Illugastaðavegur: Af Hringvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Hringvegi hjá Víðivöllum að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Hringvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Hringvegi hjá Hálsi, um Vaglaskóg og brú á Fnjóská hjá Hróastöðum, á Illugastaðaveg.
837 Hlíðarfjallsvegur: Af Hringvegi (Glerárgötu) á Akureyri skammt sunnan Glerár upp með henni og yfir hana (um Borgarbraut), suður Hlíðarbraut að vegamótum vegar að skíðasvæði í Hlíðarfjalli, (þangað telst landsvegur).
838 Hafnarvegur Grenivík: Af Grenivíkurvegi við íþróttarvöll að höfn.
841 Fremstafellsvegur: Af Hringvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Hringvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Hringvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Hringvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Hringvegi sunnan og neðan við Narfastaði, að heimreið að Fellshlíð.
848 Mývatnsvegur: Af Hringvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku, á Kísilveg hjá Grímsstöðum.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Hringvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytrafjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðrafjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
859 Hafnarvegur Húsavík: Af Norðausturvegi að höfn.

862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Hringvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði að Holti.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.
8010 Hæringsstaðavegur: Af Svarfaðardalsvegi að vegamótum við Hæringsstaði.
8110 Lækjarbakkavegur: Af Möðruvallavegi að Möðruvöllum I.
8120 Dunhagavegur: Af Hörgárdalsvegi að Litla-Dunhaga.
8140 Auðnavegur: Af Hringvegi að vegamótum við Bakka.
8160 Eyrarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Glæsibæ.
8170 Skjaldarvíkurvegur: Af Dagverðareyrarvegi að Skjaldarvík.
8210 Leifsstaðavegur: Af Veigastaðavegi að Leifsstöðum.
8220 Brekkuvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Svertingsstöðum.
8230 Garðsárvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Syðra Hóli.
8240 Ytri Laugalandsvegur: Af Eyjafjarðarbraut eystri að Laugarholti.
8315 Halllandsvegur: Af Veigastaðavegi að Halllanda.
8325 Mógilsvegur: Af Hringvegi að Mógili II.
8335 Geldingsárvegur: Af Hringvegi að vegamótum við Meyjarhól.
8365 Vaglavegur: Af Vaglaskógarvegi að vegamótum að skógarvarðarhúsi.
420 Birkimelsvegur: Af Hringvegi að Birkimel.
8440 Granastaðavegur: Af Útkinnarvegi að Granastöðum.
8460 Lundarbrekkubýli: Af Lundarbrekkuvegi að Lundarbrekku.
8480 Bjarnarstaðavegur: Af Lundarbrekkuvegi að Bjarnarstöðum.
8505 Skriðuvegur: Af Norðausturvegi að vegamótum að Rauðuskriðu.
8510 Hraunkotsvegur: Af Sandsvegi að Hraunkoti.
8515 Árbótarvegur: Af Norðausturvegi að vegamótum að Núpum.
8520 Nesvegur: Af Aðaldalsvegi að vegamótum að Árnesi.
8525 Hafralækjarskólavegur: Af Aðaldalsvegi að Skóla.
8530 Hafralækjarvegur: Af Aðaldalsvegi að vegamótum að Hraungerði.
8535 Grundargilsvegur: Af Aðaldalsvegi að Glaumbæ.
8545 Hjallavegur: Af Austurhlíðarvegi að Breiðanesi.
8560 Hrísateigsvegur: Af Kísilvegi að Hrísateigi.
8565 Hveravallavegur: Af Kísilvegi að Hveravöllum.
8570 Klambraselsvegur: Af Kísilvegi að Brúnahlíð.
8605 Héðinshöfðavegur: Af Norðausturvegi að Héðinshöfða.
8610 Hallbjarnarstaðavegur: Af Norðausturvegi að Hallbjarnarstöðum.
8705 Hraunborgarvegur: Af Hringvegi að Hraunborg.
8710 Gautlandavegur: Af Baldursheimsvegi að Gautlöndum.
8715 Grænavatnsvegur: Af Hringvegi að Grænavatni.

8720 Vogavegur: Af Hringvegi að Vogum.
8730 Grímsstaðavegur: Af Mývatnsvegi að Grímsstöðum IIb.
8735 Neslandavegur: Af Mývatnsvegi að Ytri-Neslöndum
8755 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi að Keldunesi.
8760 Nýhafnarvegur: Af Norðausturvegi að Reistarnesi.
8765 Gunnarsstaðavegur: Af Norðausturvegi að Gunnarsstöðum.
8770 Tunguselsvegur: Af Norðausturvegi að Hallgilsstöðum.
8984 Hvammsvegur: Af Norðausturvegi að Hvammi.

Austurlandskjördæmi.

1 Hringvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Sellandi, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Hringveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að bryggju í Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Hringvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð að Skólavegi á Neskaupstað.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði að ferjubryggju á Seyðisfirði.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Hringveg við Breiðdalsvík.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Hringvegi nálægt flugvelli um Breiðdalsvík á Suðurfjarðaveg hjá Þverhamri.
98 Djúpavogsvegur: Af Hringvegi að höfn á Djúpavogi.
99 Hafnarvegur: Af Hringvegi um Höfn að bryggju í Álaugarey.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Hámundarstöðum I.
914 Skógavegur: Af Hringvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
918 Hafnarvegur Vopnafirði: Af Norðausturvegi í Vopnafjarðarkauptúni að höfn.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
923 Jökuldalsvegur: Af Hringvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Aðalbóli.
924 Jökuldalsvegur eystri: Af Hringvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Hringveg í Dimmadal.

925 Hróarstunguvegur: Af Hringvegi við Jökulsárbrú, um Litlabakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Hringveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litlabakka að Galtastöðum ytri.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Hafrafellsvegur: Af Hringvegi hjá Urriðavatni að Hafrafelli.
931 Upphéraðsvegur: Af Hringvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Hringveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
932 Egilsstaðavegur: Af Hringvegi í kaupstaðnum að býlunum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Klúku.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Hringveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Hringvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Hringveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Hringvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Hjarðarhvoli.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði, að Gilsárvöllum.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
948 Gilsárteigsvegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Eiðum að mótum vegar að Ormsstöðum.
949 Þrándarstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi hjá Mýnesi að Þrándarstöðum.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu um Vestdalseyri að Sunnuholti.
952 Hánefsstaðavegur: Af Seyðisfjarðarvegi á Fjarðaröldu, um Búðareyri að Flísarhúsalæk.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
957 Hafnarvegur Reyðarfirði: Af Norðfjarðarvegi á Búðareyri í Reyðarfirði að höfn.
960 Hafnarvegur Breiðdalsvík: Af Breiðdalsvíkurvegi um Hafnarbraut að höfn.
961 Flugvallarvegur Breiðdal: Af Hringvegi að flugvelli vestan kauptúns.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Hringvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Hringvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Hringveg hjá Ósi.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Hringvegi hjá Laxá að flugvelli.
983 Miðfellsvegur: Af Hoffellsvegi að Miðfelli.

984 Hoffellsvegur: Af Hringvegi vestan Hoffellsárbrúar, að vegamótum við Birkifell.
986 Rauðabergsvegur: Af Hringvegi austan Djúpár, að vegamótum að Rauðabergi II.
9120 Torfastaðavegur: Af Skógavegi nálægt Torfastöðum að Torfastöðum II.
9130 Ytrihlíðarvegur: Af Vesturárdalsvegi að Ytrihlíð I.
9160 Refstaðarvegur: Af Sunnudalsvegi að Refstað I.
9165 Svínabakkavegur: Af Sunnudalsvegi að Akri.
9225 Hnefilsdalsvegur: Af Jökuldalsvegi eystri að Mælivöllum II
9275 Hallfreðarstaðavegur: Af Hróarstunguvegi að Hallfreðarstöðum II
9350 Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi að Þorvaldsstöðum.
9430 Finnsstaðavegur: Af Borgarfjarðarvegi að Finnsstöðum II.
9460 Njarðvíkurvegur: Af Borgarfjarðarvegi að Borg.
9727 Þinganesvegur: Af Hringvegi að Sauðanesvegi.
9739 Dilksnesvegur: Af Hafnarvegi að vegamótum að Framnesi.
9743 Hafnarnesvegur: Af Hafnarvegi að Hafnarnesi.
9746 Ártúnsvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Hólum II.
9775 Bjarnanesvegur: Af Hringvegi að vegamótum að Miðskeri.
9787 Lindarbakkavegur: Af Hringvegi að vegamótum að Stórulág.
9842 Borgarhafnarvegur: Af Hringvegi að Lækjarhúsum I.
9853 Kálfafellsstaðarvegur: Af Hringvegi að vegamótum við Jaðar.
9860 Halavegur: Af Hringvegi að Hala II.
9870 Hnappavallavegur: Af Hringvegi að Hnappavöllum I
9882 Hofsvegur: Af Hringvegi að Hofi I.
9887 Hofskotsvegur: Af Hofsvegi að Hofi II.
9892 Svínafellsvegur: Af Hringvegi að Suðurbæ.

3.2. Flokkun stofn- og tengivega skv. 3.1. í undirflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

1 Hringvegur.
22 Dalavegur.
205 Klausturvegur.
240 Stórhöfðavegur.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur.
31 Skálholtsvegur.
33 Gaulverjabæjarvegur:
Baldurshagi á Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.
34 Eyrarbakkavegur.
35 Biskupstungnabraut:
Hringvegur — Bræðratunguvegur og
Laugarvatnsvegur — Hrunamannavegur.
36 Þingvallavegur.
37 Laugarvatnsvegur.
38 Þorlákshafnarvegur.
39 Þrengslavegur.
343 Álfsstétt.
359 Bræðratunguvegur.
365 Gjábakkavegur.

376 Breiðamörk:
Hringvegur — Skólamörk.
379 Hafnarvegur Þorlákshöfn.
40 Hafnarfjarðarvegur.
41 Reykjanesbraut.
42 Krýsuvíkurvegur.
Reykjanesbraut — Vatnsskarð og
Ísólfsskálavegur — Þorlákshafnarvegur.
43 Grindavíkurvegur.
44 Hafnavegur:
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.
45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut — Sandgerði.
46 Víknavegur.
47 Hvalfjarðarvegur
49 Nesbraut.
409 Fossvogsbraut.
410 Elliðavatnsvegur.
411 Arnarnesvegur.
412 Vífilsstaðavegur.
413 Breiðholtsbraut.
414 Flugvallarvegur Reykjavík.
415 Álftanesvegur:
Reykjanesbraut — Túngata.
418 Bústaðavegur.
419 Höfðabakki.
421 Vogavegur.
423 Miðnesheiðarvegur
424 Keflavíkurvegur.
427 Ísólfsskálavegur.
429 Sandgerðisvegur.
431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur — Hringvegur.
432 Hallsvegur.
450 Sundabraut.
45 Faxagata.
45 Sundagarðar.
45 Holtagarðar.
470 Fjarðarbraut.
50 Borgarfjarðarbraut:
Uxahryggjarvegur — Hringvegur.
51 Akrafjallsvegur
52 Uxahryggjavegur:
Hvítárvallavegur — Borgarfjarðarbraut.
53 Hvítárvallavegur:
Hringvegur — Uxahryggjavegur.
54 Ólafsvíkurvegur.

55 Heydalsvegur.
56 Kerlingarskarðsvegur.
57 Snæfellsnesvegur.
58 Stykkishólmsvegur.
503 Innnesvegur:
Leynir við Akranes — Akranesvegur.
509 Akranesvegur
531 Borgarbraut.
574 Útnesvegur:
Hellissandur — Ólafsvík.
60 Vestfjarðavegur.
61 Djúpvegur.
62 Barðastrandarvegur.
63 Bíldudalsvegur.
64 Flateyrarvegur.
65 Súgandafjarðarvegur.
67 Hólmavíkurvegur.
617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur — Lækjargata á Sveinseyri.
619 Ketildalavegur:
Bíldudalsvegur — Hafnarteigur.
622 Svalvogavegur:
Vestfjarðavegur — Hafnargata á Þingeyri.
636 Hafnarvegur Ísafirði.
72 Hvammstangavegur.
74 Skagastrandarvegur.
75 Sauðárkróksbraut.
76 Siglufjarðarvegur.
77 Hofsósbraut.
744 Þverárfjallsvegur.
745 Skagavegur:
Þverárfjallsvegur — Sauðárkróksbraut.
82 Ólafsfjarðarvegur.
85 Norðausturvegur.
87 Kísilvegur.
808 Árskógssandsvegur.
819 Hafnarvegur Akureyri.
820 Flugvallarvegur Akureyri.
821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Hringvegur — Miðbraut.
823 Miðbraut.
829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Hringvegur — Miðbraut.
837 Hlíðarfjallsvegur.
845 Aðaldalsvegur.
859 Hafnarvegur Húsavík.
867 Öxarfjarðarheiðarvegur:

92 Norðfjarðarvegur.
93 Seyðisfjarðarvegur.
96 Suðurfjarðavegur.
97 Breiðdalsvíkurvegur.
98 Djúpavogsvegur.
99 Hafnarvegur.
917 Hlíðarvegur.
952 Hánefsstaðavegur:
Seyðisfjarðarvegur — ytri vegamót Austurvegar.
954 Helgustaðavegur:
Norðfjarðarvegur — ytri vegamót Lambeyrarbrautar.

3.2.2. Tengivegir.

Aðrir vegir skv. 3.1. eru tengivegir.

3.3. Ferjuleiðir.

1. Vestmannaeyjar–Þorlákshöfn
Á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum.
2. Reykjavík–Akranes.
Á milli Reykjavíkur og Akraness eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum. (Gildir uns Hvalfjarðargöng verða tekin í notkun).
3. Stykkishólmur–Flatey–Brjánslækur.
Á milli Stykkishólms og Brjánslækjar eru fluttir farþegar og bílar í reglulegum áætlunarferðum með viðkomu í Flatey fyrir farþega og frakt.
4. Ísafjörður–Æðey–Vigur.
Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.
5. Árskógsströnd–Hrísey.
Á milli Árskógsstrandar og Hríseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
6. Akureyri–Hrísey–Dalvík–Grímsey.
Á milli Akureyrar, Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.
7. Neskaupstaður–Mjóifjörður.
Á milli Neskaupstaðar og Mjóafjarðar eru fluttir farþegar og frakt í reglubundnum áætlunarferðum.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

INNGANGUR

Sú tillaga að vegáætlun, sem hér er lögð fram, er hefðbundin endurskoðun vegáætlunar samkvæmt vegalögum. Aðstæður eru þó að ýmsu leyti óvenjulegar, og má þar nefna tvennt, sem hefur áhrif á tillöguna. Skemmdir á mannvirkjum á Skeiðarársandi af völdum hins mikla hlaups úr Grímsvötnum í nóvember krefjast mikilla fjárframlaga á næstu árum. Nú er einnig talið líklegt að áform um byggingu nýs álvers á Grundartanga og stækkun járnblendiverksmiðjunnar ásamt nauðsynlegum virkjanaframkvæmdum gangi eft-

ir. Mikil hætta er þá á þenslu, einkum suðvestanlands, og er miðað við, að framkvæmdum þar verði frestað til að draga úr hættunni.

Brýr, sem skemmdust á Skeiðarársandi eru tryggðar hjá Viðlagatryggingu, en ekki önnur mannvirki. Gróft mat á heildarkostnaði Vegasjóðs við viðgerð og endurbyggingu mannvirkja á sandinum hljóðar upp á 500 m.kr. Þar af voru 150 m.kr., teknar í fjáraukalög 1996. Þá eru eftir 350 m.kr. og er gert ráð fyrir að 100 m.kr. lánsfjár verði aflað 1997 og það endurgreitt af vegáætlun 1999. Að auki koma framlög af vegáætlun 150 m.kr. 1997 og 100 m.kr. 1998. Þessum framlögum, svo og endurgreiðslu lánsins 1999, verður mætt með lækkun annarra framlaga til nýrra þjóðvega þessi ár.

Miðað við gildandi vegáætlun, er framkvæmdum á Suðvesturlandi fyrir 222 m.kr., sem óbundnar eru af skuldagreiðslum eða verksamningum, frestað 1997, en gert ráð fyrir í tillögunni, að þær komi inn á árinu 1999. Tímasetning framkvæmda áranna eftir 1997 verður tekin til endurskoðunar síðar í vetur.

Heildarfjármagn.

Samkvæmt vegáætlun þessari er gert ráð fyrir að heildarfjármagn til vegagerðar á árinu 1997 verði 7.089 m.kr. og er það í samræmi við fjárlög ársins.

Vegagerðin hefur sem fyrr tekjur af sínum mörkuðu tekjustofnum, bensíngjaldi og þungaskatti. Reiknað er með að þessir stofnar vaxi að raungildi um 1,5% að meðaltali á ári og er það í samræmi við umferðarspá Vegagerðarinnar. Heildartekjur af mörkuðum stofnum hafa hins vegar aukist mun meira undanfarin 3 ár, einkum tekjur af þungaskatti, en aukið eftirlit, hertar innheimtuaðgerðir og breytingar á álagningar- og innheimtuferli skila nú árlega um og yfir 300 m.kr. í hærri tekjum.

Ýmsar tilfærslur milli ára, sem vikið verður að síðar, valda því að niðurstöðutölur vegáætlunar fyrir árin 1998 og 1999 verða mjög svipaðar og niðurstöðutalan 1997 eða um 7,1 milljarður kr. hvort árið um sig. Á árinu 2000 hækkar niðurstöðutalan hins vegar í rúma 7,3 milljarða kr.

Nýting mörkuðu stofnanna er nokkuð góð og er ekki gert ráð fyrir, að gjaldskrár verði hækkaðar vegna ársins 1997. Gert er ráð fyrir, að verðlag áranna 1998–2000 verði endurmetið við meðferð málsins á Alþingi.

Færsla af mörkuðum tekjum í ríkissjóð hefur aukist verulega. Á árinu 1997 nemur þessi færsla 806 m.kr. en fer síðan lækkandi og er komin niður í 506 m.kr. á árinu 2000. Með þessum tilfærslum verður vegasjóður búinn að greiða til baka þegar á árinu 1998 öll lán vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum á árunum 1993 og 1994 og gott betur.

Gert er ráð fyrir, að framkvæmdaátak 1995–1998, sem ákveðið var af ríkisstjórninni í nóvember 1994, haldi áfram en nokkuð verður dregið úr hraða þess og það framlengt til 1999. Reiknað er með 350 m.kr. sérstöku framlagi úr ríkissjóði á árunum 1997–1999 af þeim sökum og einnig mótframlagi af mörkuðum tekjum. Endurgreiðsla láns, sem tekið var hjá ríkissjóði vegna framkvæmdaátaksins á árinu 1995, hófst 1996 og nam þá 50 m.kr. Endurgreiðsluupphæðin verður óbreytt á árinu 1997 en hækkar síðan í 210 m.kr. 1998 og í 280 m.kr. 1999. Reiknað er með að framkvæmdaátakið haldi síðan áfram á árinu 2000 og nemi 700 m.kr. en að það fjármagn komi allt af mörkuðum tekjum.

Á árinu 1997 er áætlað að tekið verði 100 m.kr. lán hjá ríkissjóði til að mæta hluta af kostnaði við lagfæringar vega á Skeiðarársandi. Lán þetta verður endurgreitt af mörkuðum tekjum á árinu 1999.

Verðgrundvöllur áætlunarinnar.

Allar tölur í áætluninni eru settar fram á áætluðu meðalverðlagi 1997. Forsendur fjárlaga gera ráð fyrir að verðlag hækki um 2% milli áranna 1996 og 1997 og er þá gengið út frá þeirri forsendu að launahækkanir verði svipaðar og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Vísitala vegagerðar hefur að undanförnu hækkað minna en almennt verðlag en hækkar nú heldur meira, eða um 3,5%. Ástæðan er einkum sú, að gjaldskrár vinnuvéla voru hækkaðar nýverið um 8%. Þessar gjaldskrár höfðu verið óbreyttar frá því í mars 1994, en frá þeim tíma hafa ýmsir rekstrarliðir vélanna hækkað verulega, einkum þó olía, sem hefur hækkað í verði um rúm 35%. Meðaltalsvísitala vegagerðar fyrir árið 1997 er því áætluð 5350 stig.

Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1998–2000 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi.

I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1997–2000

1.1. Markaðar tekjur.

Vegagerðin hefur samkvæmt lögum tekjur af mörkuðum tekjustofnum. Gjaldskrár markaðra stofna má hækka í samræmi við byggingavísitölu. Stöðugt verðlag stuðlar að því, að nýting markaðra stofna er nokkuð góð. Ekki er gert ráð fyrir neinum hækkunum á gjaldskrám á tekjuárinu 1997, en gæta verður þess þó í framtíðinni, að gjaldskrárnar dragist ekki aftur úr og fylgi verðþróun í landinu almennt.

Hér á eftir fer tafla yfir áætlaða innheimtu á mörkuðum tekjum á árunum 1997–2000. Allar upphæðir eru í m.kr. á verðlagi núgildandi gjaldskrár. Í þessari töflu er yfirlit yfir allar markaðar tekjur þar með taldar þær mörkuðu tekjur sem eru hluti af fjármögnun framkvæmdaátaksins.

Ár	Bensín-gjald	Þungask. km-gjald	Þungask. árgjald	Alls
1997	4.780	1.900	815	7.495
1998	4.852	1.929	827	7.608
1999	4.925	1.957	840	7.722
2000	4.998	1.987	852	7.837

1.1.0. Bifreiðaeign.

Nokkur samdráttur var í innflutningi bifreiða á árunum 1991–1994 og minnkaði bifreiðaeign landsmanna verulega á þessum árum. Frá og með árinu 1995 jókst innflutningur að nýju og voru það árið nýskráðar 7.892 bifreiðir en voru tæplega 6 þúsund árið áður. Innflutningur bifreiða hefur enn aukist og fyrstu níu mánuði ársins 1996 var búið að flytja inn yfir 8 þúsund bifreiðir. Í ársbyrjun 1996 áttu landsmenn 135.284 bifreiðir.

Ársbyrjun	Fólks-bílar	Fólksb. á 1000 íb.	Alm-bílar	Vöru-bílar	Bifreiðir alls
1960	14.228	89	325	5.703	20.256
1970	37.304	183	555	5.727	43.586
1980	81.025	357	1.117	7.873	90.015
1985	100.477	415	1.165	11.560	113.202
1986	102.954	426	1.422	12.741	117.117
1987	112.760	462	1.222	11.968	125.950
1988	120.153	488	1.238	11.757	133.148
1989	125.226	499	1.298	12.078	138.602
1990	124.273	490	1.328	12.177	137.778
1991	119.731	468	1.328	13.122	134.181
1992	120.862	466	1.389	14.623	136.874
1993	120.146	459	1.157	14.845	136.148
1994	116.195	439	1.193	14.451	131.839
1995	116.243	435	1.249	14.348	131.840
1996	119.232	445	1.295	14.757	135.284

1.1.1. Tekjur af bensíni.

Bensínsala dróst saman um 0,8% milli áranna 1994 og 1995 en fyrstu tíu mánuði tekjuársins 1996 hefur hún aukist að nýju og stefnir í að aukningin milli ára verði um 2% þannig að á tekjuárinu verði seldar um 182,5 milljónir lítra af bensíni.

Árleg umferðaraukning samkvæmt umferðarspá Vegagerðarinnar er talin verða um 1,5% á tímabilinu og er reiknað með að hún skili sér að mestu í aukinni bensínsölu.

Í mars 1996 ákváðu olíufélögin að hætta sölu blýbensíns á Íslandi. Einnig ákváðu þau að hætta sölu á 92 octan blýlausu bensíni. Bensíngjald af blýbensíni er sem kunnugt er hærra en af blýlausu bensíni. Ástæðan er sú að veittur er afsláttur, sem nemur 5,88% af bensíngjaldi af blýlausu bensíni. Sala á blýbensíni nam um 12% af heildarsölunni og kemur þessi ákvörðun olíufélaganna því til með að skerða tekjur Vegagerðarinnar um 35 m.kr. á ári og hefur verið tekið tillit til þessarar breytingar í tekjuáætluninni.

1.1.2.–3. Tekjur af þungaskatti.

Þungaskattur er innheimtur af dísilbifreiðum. Um er að ræða tvenns konar þungaskatt. Annars vegar árgjald, sem innheimt er af flestum smærri dísilbifreiðum og hins vegar km-gjald, en þá er greitt af akstri samkvæmt ökumæli. Allar stærri dísilbifreiðir greiða km-gjaldið, en eigendur smærri dísilbifreiða geta greitt km-gjald í stað árgjalds ef þeir þess óska.

Gert er ráð fyrir svipaðri aukningu á akstri dísilbifreiða og reiknað er með á akstri bensínbifreiða eða um 1,5% á ári.

Frá því í ársbyrjun 1994 hefur Vegagerðin séð um eftirlit með þungaskatti og í kjölfarið hefur eftirlitið stóraukist. Með lagabreytingu snemma á árinu 1996 voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi álagningar og innheimtu þungaskattsins, m.a. var álagningin færð yfir til ríkisskattstjóra. Einnig voru viðurlög við brotum hert. Auk þessa hefur reglulega verið gert átak í innheimtumálum. Árangurinn hefur orðið töluverður.

Innheimtar tekjur af þungaskatti hafa aukist mikið undanfarin ár eða um rúm 40% frá árinu 1993. Á þessu tímabili hafa gjaldskrár hækkað um 13,1% og eðlileg akstursaukning samkvæmt umferðarspá getur skýrt um 8% af aukningunni en óskýrð eru þá um 20% eða um 390 m.kr. Akstursaukning umfram umferðarspá skýrir e.t.v. hluta innheimtuaukningarinnar, en ljóst er að áðurnefndar aðgerðir eiga stóran þátt í henni.

Vorið 1995 voru samþykkt á Alþingi lög um olíugjald og áttu þau að taka gildi 1. janúar 1996. Olíugjaldið á að leysa af hólmi þungaskattinn og renna til Vegagerðarinnar. Ýmsir annmarkar voru á því að koma olíugjaldinu í framkvæmd og varð niðurstaðan sú, að Alþingi frestaði gildistöku laganna þar til búið væri að leysa þá. Ein af grundvallarforsendunum fyrir olíugjaldi var sú, að gjaldið gæfi a.m.k. sömu tekjur til Vegagerðarinnar og þungaskatturinn. Því er í tekjuáætluninni reiknað með þungaskatti öll árin þótt olíugjaldi verði hugsanlega komið á á tímabilinu.

Þess má geta að í Evrópu er nú mikil umræða um að taka upp km-gjald af stórum dísilbifreiðum, m.a. til að fjármagna vegaframkvæmdir. Til lengri tíma litið verður vart komist hjá því að innheimtukerfið hér taki mið af kerfi Evrópu.

1.2. Fært í ríkissjóð.

Undanfarin ár hafa ráðstöfunartekjur Vegagerðarinnar af mörkuðum tekjustofnum verið skertar og sú skerðing látin renna í ríkissjóð. Fjárhæð þessarar skerðingar hefur farið vaxandi og er gert ráð fyrir því að hún nemi 806 m.kr. á árinu 1997. Síðan er gert ráð fyrir að hún fari lækkandi, verði 646 m.kr. árið 1998, 576 m.kr. árið 1999 og 506 m.kr. árið 2000. Skerðing þessi kemur að hluta á móti viðbótarfjármagni því sem Vegagerðin fékk vegna framkvæmdaátaks í atvinnumálum á árunum 1993 og 1994. Útlit er fyrir að búið verði að greiða allt það viðbótarfjármagn til baka á árinu 1998 og gott betur.

1.3. Framkvæmdaátak.

Í nóvember 1994 ákvað ríkisstjórnin að farið skyldi af stað með framkvæmdaátak í vegamálum. Ákvörðunin fól í sér, að á næstu fimm árum, 1995–1999, skyldi aflað 3.500 m.kr. til þessa átaks. Helmingur fjármagnsins skal koma af mörkuðum tekjum en hinn helmingurinn sem sérstakt framlag úr ríkissjóði. Skipting þessa fjár á milli kjördæma skal vera samkvæmt íbúatölu, og á að líta á höfuðborgarsvæðið sem eitt svæði þótt í tveim kjördæmum sé. Þá var ákveðið, m.a. vegna aðstæðna í atvinnulífinu, að fjármagnið skyldi allt notað til framkvæmda á fjórum árum 1995–1998, og meiri hluti þess á fyrri hluta þess tímabils. Til að brúa bilið milli öflunar fjárins og notkunar þess átti að taka lán, einkum tvö fyrstu árin, en lánin átti síðan að endurgreiða á árunum 1998 og 1999.

Á árinu 1996 var ákveðið að draga úr hraða framkvæmdaátaksins vegna batnandi ástands í atvinnulífinu. Enn er dregið úr hraða átaksins á árinu 1997, en það framlengt til 1999 í staðinn.

1.3.1. Frá mörkuðum stofnum.

Bensíngjald var hækkað um 5,67% þann 2. desember 1994 og gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar frá 1. janúar 1995 til fjármögnunar á nefndu framkvæmdaátaki. Á árinu 1997 nema tekjurnar 350 m.kr., 360 m.kr. á árinu 1998 og 380 m.kr. á árinu 1999. Á árinu 2000 er gert ráð fyrir að, framkvæmdaátakið haldi áfram og nemi 700 m.kr. Gert er ráð fyrir að það verði þá alfarið fjármagnað af mörkuðum tekjum.

1.3.2. Framlag úr ríkissjóði.

Vegna framkvæmdaátaks í vegamálum kemur sérstakt framlag úr ríkissjóði til Vegagerðarinnar, sem nemur 350 m.kr. á ári, árin 1997–1999.

1.3.3. Lánsfé og endurgreiðsla lána.

Á fyrsta ári framkvæmdaátaksins voru fengnar 590 m.kr. að láni hjá ríkissjóði til að flýta framkvæmdum. Á árinu 1996 var lánið greitt niður um 50 m.kr. og er gert ráð fyrir sömu upphæð í afborgun á árinu 1997. Á árinu 1998 er hins vegar gert ráð fyrir því að greiða 210 m.kr. af láninu og afganginn 280 m.kr. á árinu 1999.

1.4. Lán vegna Skeiðarársands.

Á árinu 1997 fær Vegagerðin 100 m.kr. lán úr ríkissjóði til að mæta hluta af kostnaði við lagfæringar vega á Skeiðarársandi. Lánið verður endurgreitt af vegafé á árinu 1999.

II. SKIPTING ÚTGJALDA 1997–2000

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Verkefni á þessu sviði hafa orðið æ umfangsmeiri með árunum. Stafar það ekki síst af því að framkvæmdir þær, sem ráðist er í, eru stöðugt stærri og flóknari. Þá þarf að leita umsagnar og samráðs við fleiri aðila en áður var. Má t.d. nefna, að reglur um mat á umhverfisáhrifum hafa reynst mjög vinnufrekar. Undirbúningur verkanna verður því tímafrekari og dýrari en áður var. Þá er stöðugt vaxandi þörf fyrir gerð staðla og annarra grunngagna, svo og gerð áætlana, tæknilegra og fjárhagslegra, og eftirlit með þeim. Loks má nefna, að auknar kröfur um upplýsingagjöf til vegfarenda leiða til vaxandi kostnaðar. Fjárveitingar til þessa liðar hafa verið of lágar undanfarin ár, en reiknað er með því, að þær hækki á síðari árum áætlunartímabilsins.

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, en undir það heyrir fjárreiðudeild sem sér um fjármál stofnunarinnar, bókhald og almennt skrifstofuhald í Reykjavík, hagdeild sem sér m.a. um fjárhags- og rekstraráætlanagerð og kostnaðareftirlit og lögfræði og starfsmannadeild, en undir hana heyrir, auk lögfræði og starfsmannamála, bókasafn og útgáfustarfsemi.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegagerðarstarfsmanna, sem hafa engan eða mjög lítinn aðgang að lífeyrissjóði vegna skamms greiðslutíma iðgjalda, var áður sérstakur liður í vegáætlun, en þar sem þeim aðilum, sem þiggja þessar greiðslur hefur fækkað mikið og kostnaður þar af leiðandi minnkað eru eftirlaunagreiðslur nú felldar undir liðinn skrifstofukostnaður. Lagt er til að fjárveiting verði 141 m.kr. á árunum 1997 og 1998 vaxi í 150 m.kr. árið 1999 og í 154 m.kr. árið 2000.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Tæknideildir Vegagerðarinnar vinna að hönnun verka, stjórnun framkvæmda og eftirliti með þeim auk ýmiss konar rannsóknar- og þróunarstarfa. Einnig kaupa þær mikið af þjónustu frá verkfræðistofum, rannsóknarstofnunum og háskólum. Ef unnið er við verk, sem hefur fjárveitingu samkvæmt vegáætlun færist kostnaðurinn á það. Verkefni, sem kostuð eru af þessum lið eru auk stjórnunarstarfa einkum hönnun verka, sem enn hafa ekki fjárveitingu samkvæmt vegáætlun svo og áætlanagerð og ýmsar rannsóknir.

Vegaeftirlit og umferðartalning voru áður sérstakur liður í vegáætlun, en í kjölfar breytts skipulags er eðlilegra að telja þennan kostnað með tæknilegum undirbúningi. Frá ársbyrjun 1994 hefur vegaeftirlit Vegagerðarinnar annast eftirlit með þungaskatti, sem áður var í höndum fjármálaráðuneytisins. Þetta hefur leitt til aukins kostnaðar hjá vega-

eftirlitinu, en árangur þessa aukna eftirlits er töluverður eins og áður er getið. Auk þess má geta að frá og með árinu 1996 annast vegaeftirlitið einnig eftirlit með ökuritum og að reglum um hvíldartíma ökumanna sé fylgt.

Lagt er til að fjárveiting til tæknilegs undirbúnings árin 1997 og 1998 verði 145 m.kr., vaxi í 159 m.kr. árið 1999 og í 163 m.kr. árið 2000.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður á sama hátt og gert var við gerð vegáætlunarar fyrir árin 1995–1998. Þá var tekinn upp liðurinn þéttbýlisvegir í kjölfar breytinga, sem gerð var á vegalögum.

Þar eð töluverð óvissa var um fjárþörf til viðhalds og þjónustu þeirra þjóðvega, sem töldust samkvæmt eldri vegalögum til vegflokksins þjóðvegir í kaupstöðum og kauptúnum þótti rétt að hafa sérstakan lið fyrir þá.

Nú hefur fengist nokkur reynsla um fjárþörf og innbyrðis skiptingu þessa liðar og kemur til greina að skipta honum að einhverju eða öllu leyti upp og fella inn í aðra liði.

2.2.1. Almenn þjónusta.

Áætlað hefur verið að fjárþörf til þjónustu vegakerfisins sé um 950–1.000 m.kr. á ári. Lagt er til að fjárveiting verði 875 m.kr. á árinu 1997, 890 m. kr. á árinu 1998, 915 m.kr. á árinu 1999 og 935 m. kr á árinu 2000.

Almenn þjónusta tekur til þeirrar viðhalds- og viðgerðarvinnu á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem gera þarf til að viðhalda því ástandi sem fyrir er og vera þarf til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Verkefnum þessum er skipt í fjóra megin flokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til þjónustu brúa og annarra vegamannvirkja og til merkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt.

Lagt er til, að fjárveiting 1997 verði 243 m.kr. og verði varið til þess að greiða kostnað við ýmis sameiginleg og ófyrirséð verkefni svo og kostnað við stjórnun, upplýsingamiðlun og eftirlit með vegum auk margs annars sem hefur að markmiði að umferðin komist leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

Lagt er til, að fjárveiting þessi hækki lítillega með vaxandi umferð og verði 244 m.kr. 1998, 246 m.kr. 1999 og 253 m.kr. 2000.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð.

Lagt er til, að fjárveiting verði 345 m.kr. árið 1997 en helstu kostnaðarliðir eru viðgerðir á bundnum slitlögum og malarvegum, vegheflun, rykbinding, lagfæring á öxlum (hliðarsvæði við akbraut) og aðrir þættir sem tengdir eru þjónustu á vegum.

Reiknað er með að fjárveiting þessi hækki í 350 m.kr. á árinu 1998, 355 m.kr. 1999 og 354 m.kr. árið 2000.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki.

Lagt er til að fjárveiting verði 42 m.kr. árið 1997 og verði varið til þess að greiða kostnað við umhirðu og minni háttar viðgerðir á brúm, ristarhliðum og undirgöngum, stærri vegræsum og jarðgöngum svo og vegskálum og öðrum hrun- og snjóflóðavörnum.

Einnig er lagt til, að fjárveiting þessi hækki með vaxandi umferð og verði 46 m.kr. 1998, 49 m.kr. 1999 og 52 m.kr. á árinu 2000.

2.2.1.4. Merkingar og vegbúnaður.

Lagt er til, að fjárveiting verði 245 m.kr. á árinu 1997 og verði varið til þess að greiða kostnað við lýsingu fram með vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum, yfirborðsmerkingar á vegum og byggingu og viðhald áningarstaða. Fjárþörf til þessara verkefna hefur vaxið verulega á undanförnum árum m.a. vegna aukinnar lýsingar og vaxandi krafna um yfirborðsmerkingar. Lagt er til, að fjárveiting þessi hækki í 250 m.kr. á árinu 1998, 265 m.kr. árið 1999 og 276 m.kr. árið 2000.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Lagt er til, að fjárveiting til vetrarþjónustu verði 650 m.kr. á árinu 1997.

Vetrarþjónusta tekur auk snjómoksturs og hálkuvarnar til eftirlits og upplýsingarþjónustu við vegfarendur, viðgerða á minni háttar snjóvarnarvirkjum svo og viðhalds á snjóstikum, merkinga og öðru því er varðar öryggi vegfarandans að vetrarlagi. Kröfur til þessarrar þjónustu fara ört vaxandi.

Lagt er til, að fjárveiting verði 660 m.kr. á árinu 1998, 670 m.kr. 1999 og 680 m.kr. á árinu 2000.

2.2.3. Viðhald.

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins, og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður.

Viðhald vega tekur til endurnýjunar bundinna slitlaga, endurnýjunar malarslitlaga, styrkinga og endurbóta, viðhalds brúa og varnargarða, öryggisaðgerða og vatnaskemmda. Með hliðsjón af núverandi ástandi er ljóst að ekki er unnt að fresta verulegum endurbótum og styrkingum á malarvegum og vegum með bundnu slitlagi þar til fé fæst til endurbyggingar. Slík verkefni verða því að falla undir viðhald.

Þörf fyrir fé til viðhalds hefur verið áætluð 1.700 til 1.800 m.kr. á ári. Hér er lagt til að fjárveitingar fari hækkandi frá 1.275 m.kr. 1997 í 1.440 m.kr. árið 2000 og nái á tímabilinu um það bil 80% af áætlaðri þörf.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga.

Viðhald bundinna slitlaga er mjög þýðingarmikið vegna varðveislu þeirra miklu verðmæta sem liggja í bundnu slitlögunum. Frestun á yfirlögn getur á mjög skömmum tíma valdið eyðileggingu á öllu slitlaginu og skemmdum á burðarlagi. Þar sem á hverju ári bætist við bundnu slitlögin á vegakerfinu er þörf fyrir fé til viðhalds vaxandi. Hér þarf því að ná mestum hluta af áætlaðri þörf. Lagt er til, að fjárveiting verði 516 m.kr. 1997 og hækki í 610 m.kr. árið 2000 eða um 90% af áætlaðri þörf.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga.

Á rúmum helmingi þeirra 5.000 km af malarvegum sem teljast til stofn- og tengivega er slitlagið eldra en 10 ára sem er talinn hámarksendingartími malarslitlaga. Raunverulegt malarslitlag er því einungis á tæpum helmingi malarvega. Þörf til endurnýjunar malarslitlaga hefur verið metin 360 m.kr. á ári, en þar sem malarvegir styttast í takt við lengingu vega með bundnu slitlagi ætti þessi fjárþörf að fara minnkandi.

Hér er lagt til að fjárveiting verði 212 m.kr. árið 1997, 216 m.kr. 1998, 210 m.kr. 1999 og 200 m.kr. árið 2000. Fjárveiting er því aðeins um 60% af áætlaðri þörf.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur.

Á meðan unnið er að uppbyggingu vegakerfisins, kemur stöðugt fram þörf fyrir styrkingar og lagfæringar sem ekki geta beðið þess, að fjármagn fáist til endurbyggingar viðkomandi vegarkafla. Þörf fyrir styrkingu má oftast rekja til aukinnar umferðar þungra ökutækja, en einnig er um að ræða eðlilegt slit og niðurbrot á burðarlagi vegarins. Uppbygging vega með bundnu slitlagi hófst að verulegu marki fyrir um 20 árum síðan og nú er að koma fram aukin þörf fyrir styrkingu þeirra. Bæði er um að ræða, að endingartími burðarlaga er vart meiri en 20 ár og auk þess hefur leyfilegur ásþungi bifreiða verið aukinn frá þeim tíma. Hér er lagt til, að þessari þörf verði mætt með hækkandi fjárveitingum frá 278 m.kr. 1997 í 310 m.kr. árið 2000. Þörf fyrir fjármagn til styrkinga vega með bundnu slitlagi hefur verið metin 350 m.kr. árið 1997 og að hún aukist um 20 m.kr. á ári. Fjárveitingar eru því um 80% af metinni þörf til styrkinga vega með bundnu slitlagi og er þá ekki tekið tillit til styrkinga malarvega.

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða.

Lagt er til, að fjárveiting til viðhalds brúa og varnargarða verði 114 m.kr. 1997 og 1998, en hækki í 145 m.kr. 1999 og í 150 m.kr. árið 2000.

Þetta er nokkur hækkun frá því sem verið hefur. Rúmlega helmingur brúa á þjóðvegakerfinu er byggður á árunum 1950–1970. Þessar brýr voru ekki byggðar fyrir þann umferðarhraða sem er í dag né heldur þann þunga sem fer eftir vegakerfinu. Endurbygging þeirra miðar hægt og hafa fjárveitingar til viðhalds brúa ekki náð að halda í horfinu. Auk þessa er að koma að eðlilegu viðhaldi á nokkrum stórum mannvirkjum sem byggð voru eftir 1970.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir.

Fjárveitingum samkvæmt þessum lið er varið til að auka öryggi umferðarinnar. Að undanförnu hefur verið unnið að endurbótum á hættulegum stöðum. Unnið er að framkvæmdaáætlun um fækkun slysa um 20% fram til ársins 2000. Með hliðsjón af því er lagt til, að fjárveiting verði 62 m.kr. árin 1997–1998, en aukist í 65 m.kr. 1999 og 70 m.kr. árið 2000.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir.

Fjárþörf þessa liðar er eðlilega breytileg. Lagt er til að fjárveiting verði 93 m.kr. 1997 og 1998, en 100 m.kr. 1999 og 2000.

2.2.4. Þéttbýlisvegir.

Með vegalögunum frá 1994 voru þjóðvegir í þéttbýli lagðir niður sem sérstakur vegflokkur, en þeir vegir sem töldust til flokksins falla nú að mestu undir stofnvegi og tengivegi. Fjárveitingar til þjóðvega í þéttbýli samkvæmt eldri lögum voru undir sérstökum lið og fóru að mestu til viðhalds og þjónustu og eiga því heima undir viðhaldi þjóðvega nú. Í flestum tilfellum hefur Vegagerðin samið um veghald þessarra vega við viðkomandi sveitarfélög. Komið hefur í ljós, að fjárþörf til þessa liðar er nokkru meiri en gert var ráð fyrir við gerð síðustu vegáætlunar.

Lagt er til að fjárveiting verði 330 m.kr. 1997, 340 m.kr. 1998, 350 m.kr. 1999 og 360 m.kr. 2000. Eins og áður sagði kemur til greina að skipta þessum lið upp og fella undir aðra liði viðhalds og þjónustu.

Til nýrra framkvæmda.

Útgjöldum er skipt niður á vegflokka í samræmi við gildandi vegalög.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

Sundurliðun verkefnaflokka er í samræmi við gildandi vegáætlun en undir stofnvegum er bætt við nýjum lið, Skeiðarársandi, þar sem fram koma nauðsynlegar fjárveitingar vegna viðgerða þar. Ekki er fjallað um fjármögnun framkvæmda við tengivegi Hvalfjarðarganga en taka þarf það mál upp við frekari vinnu við tillögu þessa fyrir Alþingi.

2.3.1. Til stofnvega.

Lagt er til, að skipting fjárveitinga til einstakra verkefnaflokka undir þessum lið verði eins og sýnt er á eftirfarandi töflu.

Í því sambandi þarf að hafa í huga, að til að sporna við þenslu er gert ráð fyrir að fresta á árinu 1997 framkvæmdum í almennum verkefnum, höfuðborgarsvæðinu, stórverkefnum og framkvæmdaátaki fyrir samtals 222 m.kr. Gert er ráð fyrir, að fjárveitingar til þessara verkefna komi til baka árið 1999.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999 m.kr.	2000 m.kr.
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	539	694	692	613
2. Höfuðborgarsvæðið	379	521	537	330
3. Stórverkefni	512	538	528	540
4. Framkvæmdaátak	517	500	583	700
5. Skeiðarársandur	250	100	0	0

1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnvegum þar með talið bundið slitlag. Fjárveitingar af þessum lið geta einnig gengið til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum.

2. Höfuðborgarsvæðið.

Hér er miðað við, að höfuðborgarsvæðið nái frá Hafnarfirði (vegamót Krýsuvíkurvegar) í suðri og til Mosfellsbæjar (vegamót Þingvallavegar) í norðri. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á und-

anförnum árum og er orðið aðkallandi að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest.

3. Stórverkefni.

Fjárveitingar af þessum lið fara til fjármögnunar framkvæmda í jarðgöngum, stórbrúa og fjarðaþverana, áfanga á hringvegi milli kjördæma og tengingar þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Við afgreiðslu gildandi vegáætlunar var ákveðið að fjárveitingar til einstakra verkefna innan þessa framkvæmdaflokks yrðu utan þess kvóta sem hvert kjördæmi fær úthlutað, enda stærð þessara verkefna slík að þau yrðu vart leyst með því móti. Þó var talið eðlilegt að af kvótanum komi ákveðin fjárveiting á móti. Var við það miðað, að mótframlag þetta væri 20% fyrir jarðgöng, 37,5% fyrir stórbrýr og fjarðaþveranir og 30% fyrir áfanga á hringvegi og tengingar þéttbýlisstaða.

Lagt er til, að þessum hætti verði framhaldið.

Gert er ráð fyrir, að frekari tilhögun fjárveitinga til stórverkefna, svo sem skipting á verkefnaflokka og verkefni í hverjum flokki verði ákveðin við meðferð málsins á Alþingi.

4. Framkvæmdaátak.

Ríkisstjórnin ákvað við gerð gildandi vegáætlunar að ráðast í sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð.

Ákveðið var, að fé til þessa átaks væri skipt milli kjördæma samkvæmt íbúatölu, en höfuðborgarsvæðið skoðist sem eitt svæði, þó í tveimur kjördæmum sé.

5. Skeiðarársandur.

Grímsvatnahlaupið mikla, sem kom í nóvember síðastliðnum í kjölfar eldsumbrotanna í Vatnajökli, olli miklum skemmdum á vegum og brúm á Skeiðarársandi.

Kostnaður vegna skemmda á brúm verður greiddur af Viðlagatryggingu en greiða þarf kostnað vegna viðgerða á vegum og varnargörðum af vegafé.

Áætlað er að sá kostnaður geti numið um 500 m.kr. þar af voru 150 m.kr. teknar í fjáraukalög 1996. Hér er lagt til að þær 350 m.kr., sem á vantar verði greiddar af þessum lið, 250 m.kr. árið 1997 og 100 m.kr. árið 1998.

2.3.2. Til tengivega.

Lagt er til að fjárveiting til tengivega 1997 verði 315 m.kr. en hækki í 370 m.kr. síðasta ár tímabilsins, en fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem vera þyrfti.

2.3.3. Til brúagerða.

Lagt er til að fjárveiting til brúa verði 140 m.kr. 1997, 150 m.kr. 1998, 180 m.kr. árið 1999 og 200 m.kr. árið 2000. Þessu til viðbótar geta komið fjárveitingar til brúagerða af liðunum almenn verkefni og bundin slitlög, auk þeirra fjárveitinga sem geta komið til stórbrúa. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin skiptist eins og áður á milli brúa 10 m og lengri og til smábrúa. Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja hefur verið endurskoðuð til samræmis við reglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Er þegar ljóst að margar brýr á stofnvegum landsins þola ekki það álag sem þar um ræðir og hindra því

samfellu í flutningakerfinu. Er sennilegt að auka verði af þessum sökum fjárveitingar til brúagerða verulega á næstu árum.

2.3.4. Til girðinga.

Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 31 m.kr. árið 1997 og hækki í 38 m.kr. árið 2000. Mikið er enn af ógreiddum girðingakröfum.

2.4. Til safnvega.

Safnvegir nú svara að mestu til sýsluvega áður og fjárveitingar svipaðar. Lagt er til að fjárveiting verði 164 m.kr. árin 1997–1998, 190 m.kr. árið 1999 og 200 m.kr. árið 2000.

2.5. Til landsvega.

Landsvegir svara til þeirra vega, sem áður töldust aðalfjallvegir, nokkurra þeirra vega sem áður töldust til annarra fjallvega auk vega innan þjóðgarða og vega til nokkurra fjölsóttra ferðamannastaða.

Gert er ráð fyrir að viðhald og almenn þjónusta hluta þessarra vega (þeirra vega sem opnir eru fyrir allri almennri umferð) verði greidd af lið 2.2. Við það minnkar fjárþörf þessa liðar nokkuð.

Lagt er til að fjárveitingar verði 52 m.kr. árin 1997 og 1998, 60 m.kr. árið 1999 og 65 m.kr. árið 2000.

2.6. Til styrkvega.

Hér er um ýmsa vegi að ræða sem sumir gátu áður verið sýsluvegir eða aðrir fjallvegir, sbr. 16. gr. vegalaga.

Lagt er til að fjárveiting verði 25 m.kr. á ári öll ár áætlunarinnar.

2.7. Til reiðavega.

Lagt er til að fjárveiting verði 11 m.kr. 1997 og 1998 en hækki í 15 m.kr. 1999 og 2000.

2.8. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er 1% af mörkuðum tekjum vegasjóðs í samræmi við 24. gr. vegalaga. Er áætlað að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili eins og verið hefur.

2.9. Til flóabáta.

Frá og með vegáætlun 1993 hafa útgjöld ríkisins af ríkisstyrktum ferjum verið greidd af vegafé. Útgjöld þessi eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða beina rekstrarstyrki til viðkomandi rekstraraðila og er áætlað að þeir nemi um 190 m.kr. á ári. Hins vegar eru afborganir og vextir af lánum vegna kaupa á ferjunum. Allar ferjurnar þurfa á rekstrarstyrk að halda mismiklum þó. Allar afborganir og vextir af ferjulánum eru greiddar af Vegagerðinni.

Vegagerðin hefur unnið að ýmsum breytingum í ferjumálum, m.a. hefur ferjurekstur á einni leiðinni verið boðinn út. Við aðra rekstraraðila hafa verið gerðir rekstrarsamningar, og er þá yfirleitt um marksamninga að ræða.

Vegagerðin hefur einnig unnið að því að ríkið taki við eignarhaldi á skipunum og taki þar með við þeim lánum, sem á þeim hvíla. Nú þegar hefur ríkið tekið við eignarhaldi á ferjunum Sæfara og Herjólfi.

Ferjuskuldir nema nú um 1.880 m.kr. ef miðað er við gengi í desember 1996. Ef gengið er út frá upphaflegum forsendum lánanna næmu afborganir og vextir um 360 m.kr. á árinu 1997. Á árunum 1995 og 1996 var afborgunum, hvort árið um sig að fjárhæð 100 m.kr. frestað og var gengið út frá að svo yrði áfram á árunum 1997 til 2000.

Auk þess er í vegáætlun þessari gert ráð fyrir að nýframkvæmdum að fjárhæð 222 m.kr. verði frestað á árinu 1997 og þeirri upphæð varið til afborgana af ferjulánum. Þessari upphæð verði síðan skilað til baka á árinu 1999. Þessi tilhögun leiðir til lægri vaxtakostnaðar til lengri tíma litið.

Miðað við áðurgreindar forsendur er lagt til að fjárveitingar til þessa liðar nemi 672 m.kr. árið 1997, 440 m.kr. árið 1998, 208 m.kr. árið 1999 og 430 m.kr. árið 2000.

III. UM FLOKKUN VEGA

3.1. Stofn- og tengivegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum. Einnig hefur nú þurft að lagfæra nokkur smávægileg atriði, einkum nöfn og númer á nýjum vegum sem þá voru teknir í tölu tengivega.

Þar sem tengivegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar en hún telst safnvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.–01. eru sýndar í töfluformi vegalengdir hinna ýmsu vegflokka.

3.2.1. Stofnvegir.

Lagðar eru til eftirfarandi viðbætur við vegi þá, sem töldust stofnvegir samkvæmt vegáætlun 1995–1998.

423 Miðnesheiðarvegur.

837 Hlíðarfjallsvegur.

867 Öxarfjarðarheiðarvegur.

Tveir fyrrtöldu vegirnir, 423 Miðnesheiðarvegur og 837 Hlíðarfjallsvegur, eru nýir. Þeir eru allmikilvægar tengingar, sem vegna mikillar umferðar verða stofnvegir. Öxarfjarðarheiðarvegur er mikilvægur í þeim tilgangi að tengja betur saman strandbyggðir á Norðausturlandi. Lagt er til að 422 Njarðvíkurvegur og 433 Reykjalundarvegur falli niður.

3.2.2. Tengivegir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á þeim vegum, sem töldust tengivegir samkvæmt vegáætlun 1995–1998.

377 Reykjavegur Hveragerði: Af Breiðumörk nálægt hótel Örk, um Austurmörk og Reykjamörk, um brú á Varmá að garðyrkjuskóla.
Breyting á legu, lá áður um Skólamörk.

5178 Reykholtsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Reykholti að þorpskjarna hjá kirkju.
Nýr.

5240 Bifrastarvegur: Af Hringvegi að gatnamótum íbúðahverfis á bak við skólahús.
Nýr.

617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Hrauni.
Styttist. Náði áður að Stóra-Laugardal.

624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp að Alviðru.
Styttist. Náði áður að Hrauni á Ingjaldssandi.

635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi sunnan brúar á Hvannadalsá hjá Rauða mýri, út Langadalsströnd um Melgraseyri að Laugalandsvegi.
Styttist. Náði áður að Bæjum.

639 Skutulsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Ísafjarðarflugvelli, fyrir Skutulsfjörð á Djúpveg á Hauganesi.
Nýr sem nafn og númer. Var áður hluti af Djúpvegi.

827 Sölvadalsvegur: Af Hólavegi hjá Gnúpufelli að Draflastöðum.
Falli niður, sem tengivegur.

914 Skógavegur: Af Hringvegi hjá Ytri-Nýp, um Skóga og brú á Vesturá á Vesturárdalsveg innan Skógalóns.
Lenging á vegi með sama númer (Torfastaðavegi).

Auk þessa eru lagfærð nokkur smávægileg atriði, einkum nöfn og númer á fábýlisvegum sem teknir voru í tölu tengivega við gerð vegáætlunar 1995–1998.

3.3. Ferjuleiðir

Lagt er til að ferjuleiðin að Bæjum á Snæfjallaströnd verði felld niður vegna breytingar á búsetu. Lýsing ferjuleiðar frá Ísafirði yrði eftirfarandi.

4. Ísafjörður—Æðey—Vigur.

Til Æðeyjar og Vigur eru fluttir farþegar og frakt í reglulegum áætlunarferðum.

Vakin er athygli á, að fjárstuðningur við ferjuleiðina Reykjavík—Akranes fellur niður með tilkomu Hvalfjarðarganga og ferjuleiðin fellur út af vegáætlun.

Að öðru leyti er miðað við þá tilhögun rekstrar, sem í gildi er á yfirstandandi ári.

Fskj. 2.2. — 01

Sumarviðhald þjóðvega[1)]

Kostnaður á áætluðu verðlagi vegáætlunar 1997.

Vísitala vegáætlunar 1997 = 5350

Ár	Viðhalds-kostnaður á verðlagi viðk. árs m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Viðhalds-kostnaður á verðlagi vá. 1997 m.kr.	Lengd þjóðvega km	Viðhalds-kostnaður á hvern km þús. kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun stk.	Eknir km á þjóðvegum árið 1994 millj. km	Viðhalds-kostnaður á hverja 100 ekna km kr.
1980	65	228	1.529	8.409	182	90.015	472	324
1981	96	351	1.460	8.411	174	95.606	485	301
1982	181	570	1.699	8.306	204	100.936	500	340
1983	288	1.064	1.449	8.277	175	100.459	485	299
1984	400	1.198	1.786	8.268	216	108.254	524	341
1985	548	1.595	1.839	8.222	224	113.202	586	314
1986	598	1.825	1.753	8.231	213	117.117	606	289
1987	768	2.285	1.797	8.265	217	125.950	726	248
1988	807	2.890	1.494	8.269	181	133.148	774	193
1989	963	3.538	1.456	8.256	176	138.602	795	183
1990	1.190	4.375	1.455	8.254	176	137.778	807	180
1991	1.494	4.673	1.711	8.249	207	134.181	889	192
1992	1.616	4.758	1.817	8.249	220	136.874	896	203
1993	1.749	4.879	1.918	8.020	239	136.148	892	215
1994	1.812	4.993	1.942	8.023	242	131.839	920	211
1995	2.255[2)]	5.172	2.332[2)]	8.241[2)]	283	131.840	1.349[2)]	173

1) Frá og með árinu 1995 teljast safn- og landsvegir til þjóðvega en þeir eru ekki meðtaldir hér.

2) Frá og með árinu 1995 eru þjóðvegir í þéttbýli meðtaldir.

Fskj. 2.3.01

Þjóðvegir 1. janúar 1997.

Kjördæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	618	993	509	686	2.806
Reykjanes	299	172	61	58	590
Vesturland	588	713	400	153	1.854
Vestfirðir	793	364	269	107	1.533
Norðurland vestra	410	631	365	219	1.625
Norðurland eystra	637	557	365	533	2.092
Austurland	921	482	368	347	2.118
	4.266	**3.912**	**2.337**	**2.103**	**12.618**

Fskj. 2.3.3.-01

Brýr á stofnvegum,
10 m og lengri.
Heimild: brúaskrá Vegagerðarinnar 1996.
Breidd brúa flokkuð eftir umferð.
(Fjöldi brúa.)

Meðalumferð á dag (ÁDU)	6 m breiðar og breiðari	Mjórri en 6 m	Alls
0 - 100	1	75	76
101 - 500	34	175	209
501 - 1000	25	16	41
1001 - 2000	18	4	22
> 2000	20	0	20
Brýr í þéttbýli	14	3	17
Samtals	**112**	**273**	**385**

570. Skýrsla [247. mál]

samgönguráðherra um starfsemi Póst- og símamálastofnunar og formbreytingar sem urðu á stofnuninni um áramótin 1996–97 þegar hún var gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Með beiðni (á þskj. 403) frá Guðmundi Árna Stefánssyni og fleiri þingmönnum er þess óskað að samgönguráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um starfsemi Póst- og símamálastofnunar og formbreytingar sem urðu á stofnuninni um áramótin 1996–97 þegar hún var gerð að hlutafélagi.

Inngangur.

30. júní 1996 skipaði samgönguráðherra nefnd til að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sbr. lög nr. 103/1996. Nefndin hafði heimild til að gera hvers kyns löggerninga sem nauðsynlegir voru til undirbúnings að stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu og er félagið bundið við umrædda löggerninga.

Í nefndina voru skipuð Pétur Reimarsson efnaverkfræðingur og var hann formaður nefndarinnar, Jenný S. Jensdóttir viðskiptafræðingur og Magnús Stefánsson alþingismaður.

Meginverkefni nefndarinar við undirbúninginn voru eftirfarandi:

1. *Starfsmannamál.* Ráðningarsamningar, réttindi, lífeyrissjóðsaðild, samningar við einstaka starfsmenn um breytt starfssvið, starfslokasamningar, samningar um kaup og kjör einstakra starfsmanna, svo sem framkvæmdastjóra, háskólamenntaðra starfsmanna, stöðvarstjóra og annarra yfirmanna, og undirbúningur kjarasamninga við stéttarfélög hjá Pósti og síma hf.

2. *Rekstrarmál.* Skipurit, gerð rekstrar- og fjárfestingaráætlana, breytingar á bókhaldskerfi, farið yfir uppgjör og ýmis hagræðingarverkefni.
3. *Aðskilnaður við ríkið.* Lífeyrissjóðsskuldbindingar (áfallnar og til framtíðar), gjaldskrármál, félagsleg þjónusta, öryggisþjónusta (strandastöðvar) o.fl.

1. Starfsmannamál.

Ráðningar.

16. september sl. var öllum fastráðnum starfsmönnum, að helstu stjórnendum og sérfræðingum undanteknum, sent bréf þar sem þeim voru boðin sambærileg störf og þeir höfðu hjá stofnuninni og höfðu þeir síðan sex vikna frest til að skila inn undirrituðum ráðningarsamningum. Fastráðnir starfsmenn voru 1.889 í desember sl. og skiluðu 1.807 þeirra inn staðfestingu um áframhaldandi starf hjá Pósti og síma hf., eða tæp 96% sem telja verður eðlilegt með hliðsjón af þeirri staðreynd að í hverjum mánuði lætur hluti starfsmanna af störfum vegna aldurs eða tekur til starfa annars staðar og í stað þeirra eru nýir ráðnir í staðinn. Aðrir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar (að frátöldum stjórnendum) voru 284 talsins um áramót, þar af 53 í afleysingastörfum en lausráðnir á tímabundnum reynslusamningi voru 231. Endurnýjaður hefur verið starfssamningur við tæp 80% þeirra og hlýtur það að teljast viðunandi miðað við eðli starfanna, þ.e. að um afleysinga- og reynslustörf var að ræða.

Réttindi.

Starfsmenn sem voru í starfi hjá Póst- og símamálastofnun um síðustu áramót halda áunnum réttindum sínum hjá hlutafélaginu, svo sem veikinda- og orlofsrétti. Hér er um að ræða einstaklingsbundinn rétt sem er tiltekinn í ráðningarsamningi sérhvers starfsmanns. Um áframhaldandi ávinnslurétt er fjallað í kjaraviðræðum milli Pósts og síma hf. og viðsemjenda.

Kjarasamningar.

Viðræður um kjarasamninga standa yfir og eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur stjórn Póst og síma hf. gert samning við Póstmannafélag Íslands og Félag íslenskra símamanna um forgang félagsmanna þeirra til almennra póst- og símastarfa hjá fyrirtækinu. Viðræður við önnur stéttarfélög, sem eru með gildandi samninga við Póst og síma hf., standa einnig yfir og sér Vinnuveitendasamband Íslands um þær viðræður fyrir hönd fyrirtækisins.

Lífeyrissjóðir.

Fyrrverandi starfsmenn Póst- og símamálastofnunar, sem hafa verið í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), eiga rétt á áframhaldandi aðild að sjóðnum og greiða til sjóðsins af þeim launum sem þeir höfðu í desember 1996 en ekki af þeim hækkunum sem kunna að verða vegna starfsaldurs eða stöðuhækkana. Rétturinn fylgir einstaklingum og er óháður því hvort starfsmaður vinnur áfram hjá Pósti og síma hf. eða fer að starfa annars staðar. Iðgjaldið sem starfsmaður greiðir er 4% af dagvinnulaunum og fleiru, en launagreiðandi greiðir 6%. Réttindi sem ávinnast eru mun meiri en þessi iðgjöld standa undir og verður nánar fjallað um það síðar í þessari skýrslu um uppgjör við ríkissjóð. Um áramótin urðu sem kunnugt er breytingar á starfsemi lífeyrissjóðsins með skiptingu hans í A- og B- deild, en í hinni síðarnefndu gilda áfram sömu reglur um iðgjöld og réttindi

og hingað til. Engin breyting verður hjá þeim starfsmönnum sem hafa átt aðild að öðrum lífeyrissjóðum en LSR.

Sérstakir samningar.

Nefndin réð Guðmund Björnsson, aðstoðarpóst- og símamálastjóra, sem fyrsta forstjóra hlutafélagsins og gerði starfslokasamning við Ólaf Tómasson að hans ósk, en hann hefði að óbreyttu farið á eftirlaun á árinu 1998. Nefndin gerði einnig samninga við fjóra fyrrverandi framkvæmdastjóra stofnunarinnar um breytt starfssvið þeirra og réð fimm nýja framkvæmdastjóra til að taka við ýmsum starfssviðum hlutafélagsins. Ekki varð teljanleg breyting á kjörum fyrrverandi framkvæmdastjóra við breytingarnar, en kjör hinna nýráðnu framkvæmdastjóra líkjast hins vegar þeim sem tíðkast á almenna vinnumarkaðinum. Í tengslum við skipulagsbreytingar sem tóku gildi við stofnun hlutafélagsins var ákveðið að leggja niður allar umdæmisskrifstofur og þar með stöður umdæmisstjóra, sex talsins (sjá nánar síðar). Vegna þessara breytinga voru ýmist gerðir samningar um starfslok eða breytt verksvið þeirra og hafa tveir þeirra tekið við nýjum störfum hjá hlutafélaginu, við þrjá voru gerðir starfslokasamningar og einn fór á biðlaun frá og með síðustu áramótum til júníloka er hann verður sjötugur. Að auki hafa verið gerðir starfslokasamningar við sjö starfsmenn sökum aldurs að þeirra eigin ósk og þrír stöðvarstjórar fá greidd biðlaun vegna niðurlagningar stöðu, (sjá nánar umfjöllun um lokanir pósthúsa síðar). Efnislega ganga umræddir samningar út á að umræddir starfsmenn halda óskertum launum í 12 mánuði. Í engum framangreindra starfslokasamninga er ákvæði um að viðkomandi sé óheimilt að starfa hjá hugsanlegum samkeppnisaðila. Gerðir hafa verið einstaklingsbundnir launasamningar við nokkurn hóp starfsmanna. Hér er um að ræða stjórnendur sem koma fram sem fulltrúar fyrirtækisins gagnvart öðrum starfsmönnum og að auki flesta sérfræðinga og háskólamenntaða starfsmenn sem eru um 120 talsins. Stöðvarstjórar, sem eru um 80 talsins, hafa nær allir valið að gera slíka samninga, en þeir sem það kjósa geta látið viðkomandi stéttarfélög fara með samningsrétt sinn og er svo um einn stöðvarstjóra. Samningar þessir byggjast almennt á því að í stað dagvinnu og yfirvinnu verður framvegis greidd ein föst upphæð í mánaðarlaun. Laun sem samið hefur verið um grundvallast að mestu á þeim launum sem viðkomandi hefur haft undanfarin ár að teknu tilliti til almennra launabreytinga auk þess sem horft var til þeirra starfa sem einstaklingarnir gegna ásamt breytingum á störfum þar sem það á við. Launahækkanir af þessum sökum eru mismunandi eftir hópum, en eru á bilinu 0–9%.

2. Rekstur Pósts og síma hf.

Póstþjónustan.

Póstþjónustan er alþjóðleg, og er Ísland aðili að alþjóðapóstsamningnum sem gerður var í Washington 1989. Póstsamningurinn byggist á þeirri skyldu samningsaðila, þ.e. póststjórna, „að beina lokuðum póstflutningi og bréfapósti í opnum flutningi sem önnur póststjórn kann að fá eftir henni eftir fljótustu leiðum sem hún notar til eigin flutninga“, sbr. 1. gr. I. kafla alþjóðapóstsamningsins. Með vísan til þessa samnings, svo og annarra alþjóðasamninga á vegum Alþjóðapóstsambandsins, er ljóst að með aðild sinni að sambandinu skuldbindur Ísland sig til að taka við pósti annarra samningsríkja og dreifa honum sem eigin pósti. Með framangreindri tengingu er myndað póstnet sem tekur nánast til allra landa veraldar.

Annað grundvallaratriði í póstflutningum er að flutningsgjald (burðargjald) innan ríkja er að jafnaði það sama en tekur ekki tillit til mismunandi kostnaðar póststjórna við að dreifa pósti til hinna ýmsu landshluta. Þótt slík sjónarmið séu að vissu leyti andstæð grunnsjónarmiðum í samkeppnis- og verðlagsmálum er ljóst að þessari viðmiðun í póstþjónustu hefur ekki verið hnekkt. Helgast það fyrst og fremst af því að mismunandi verðlagning innan landa yrði illframkvæmanleg og kostnaðarsöm í framkvæmd og slíkt stríðir gegn því jafnræðissjónarmiði sem haft hefur verið í heiðri í póstþjónustu, að ekki skipti meginmáli hvar bréf er sent eða hver sé viðtakandi og að tryggður sé réttur manna til að hafa samskipti við aðra menn á tryggan og hagkvæman hátt.

Hér á landi tók ríkisvaldið á sig þær lagalegu skyldur að halda uppi ákveðinni lágmarkspóstþjónustu við þegna landsins, en jafnframt við önnur ríki samkvæmt alþjóðlegum samningum. Ætla má að allverulegur hluti af rekstrartapi vegna póstþjónustunnar á undanförnum árum sé vegna framangreindra skuldbindinga. Sökum strjálbýlis og að nokkru leyti erfiðra samgangna, sem þó hafa stöðugt orðið auðveldari, hefur þessi þjónusta orðið kostnaðarsamari en vera mundi ella.

Auk þess bar póstsvið Póst- og símamálastofnunar verulegan hluta kostnaðar við svokölluð innrituð blöð og tímarit sem er dreift samkvæmt sérstakri gjaldskrá á mun lægra verði en gildir um aðrar sendingar. Tilgangurinn var á sínum tíma að tryggja öllum landsmönnun aðgang að efni þessara blaða og tímarita gegn hóflegu gjaldi. Sjónarmið undirbúningsnefndarinnar voru þau að ef æskilegt er að mati stjórnvalda að tiltekið efni eigi greiðari aðgang að landsmönnum en annað er að sama skapi eðlilegt að stofnaður verði sérstakur sjóður þar sem hægt sé að sækja um fé þannig að þessir styrkir verði sýnilegir. Niðurstaða málsins varð sú að í nóvember sl. voru ákvæði um innrituð blöð og tímarit felld úr gildi í reglugerð um póstþjónustu og þar með var ekki lengur kvöð á Póst- og símamálastofnun að bjóða upp á slíka gjaldskrá. Engu að síður býður Póstur og sími hf. enn upp á slíka þjónustu á sama verði, en ráðgert er að breytingar verði þar á innan tíðar jafnframt því sem viðskiptavinum verði boðinn aðlögunartími að nýrri gjaldskrá fyrir slíkar póstsendingar.

Þrátt fyrir taprekstur póstþjónustunnar um árabil hefur með styrkri fyrirhyggju- en um leið aðhaldssamri stjórn Póst- og símamálastofnunar verið unnt að halda uppi fjarskipta- og póstþjónustu sambærilegri þeirri sem best þekkist meðal annarra þjóða, en jafnfram hefur verið unnt að byggja stofnunina svo upp fjárhags- og eignalega sem raun ber vitni.

Starfsemi póstþjónustunnar er nú til skoðunar innan Pósts og síma hf. og er stefnt að því að ná jafnvægi í rekstri póstsviðs á næstu 1–2 árum. Staðsetning pósthúsa er í sífelldri endurskoðun og er þá m.a. litið til afkomu þeirra, þarfa notenda og þróunar íbúðarbyggðar á viðkomandi svæðum. Í desember sl. voru pósthúsin í Fljótum (60% staða) og Þykkvabæ (65% staða) lögð niður, auk þess sem afgreiðslu á neðri hæð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar var lokað, en afgreiðsla í „transit-sal" flugstöðvarinnar verður áfram opin. Enn fremur var póstafgreiðslu á Umferðarmiðstöðinni lokað 1. janúar sl. og pósthúsinu að Lóuhólum verður lokað 1. febrúar. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um frekari lokanir pósthúsa á þessu ári eða því næsta.

Strandastöðvaþjónusta.

Þjónusta strandastöðva hér á landi hefur verið rekin með miklu tapi undanfarin ár. Í dag eru hún veitt á fimm stöðum á landinu: á Ísafirði, Siglufirði, Hornafirði, Vestmannaeyjum og í Gufunesi. Frá þeim er sinnt neyðarþjónustu sem felst í hlustun á neyðarbylgjum og öryggishlustun á bílabylgju. Rekstrartekjur af strandastöðvaþjónustunni eru um 50

millj. kr. á ári en rekstrarkostnaður um 250 millj. kr. á ári og er tap af starfseminni því um 200 millj. kr. á ári. Tæknilega má bjóða sömu þjónustu frá einni strandastöð og spara þannig verulegar fjárhæðir. Benda má á að slík þjónsta erlendis hefur breyst mjög mikið að undanförnu samfara aukinni hagnýtingu fjarskiptatækninnar. Það er spá manna að innan fárra ára muni strandastöðvaþjónusta heyra sögunni til í strandríkjum Evrópu þar sem gervitunglafjarskipti sjófarenda verða æ algengari og ódýrari. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð strandastöðvaþjónustunnar, en í ljósi þess taprekstrar sem að framan greinir verður vart hjá því komist að endurskoða starfsemina og hvernig færa megi rekstur hennar til betri vegar. Geta má í þessu sambandi að nýlega skilaði nefnd á vegum samgönguráðuneytis skýrslu um strandastöðvaþjónustuna og framtíðarhorfur hennar, ásamt tillögum að breytingum á rekstri. Í henni er til að mynda gerður greinarmunur á þeim þætti þjónustunnar sem lýtur að öryggi sjófarenda annars vegar og almennri radíóþjónustu hins vegar, en þess má geta að slík þjónusta er mun dýrari í nágrannalöndunum en hér á landi. Endanlegar ákvarðanir um breytingar hafa ekki verið teknar, en innan tíðar munu fara fram viðræður um málið milli stjórnar Pósts og síma hf. og samgönguráðuneytis.

Stofnun dótturfélaga o.fl.

Samkvæmt lögum um stofnun Póst og síma hf. er heimilt að skipta félaginu upp í aðskilin fyrirtæki, sem og að stofna sérstök dótturfélög um einstaka þætti starfseminnar. Athugun á hagkvæmni slíkra breytinga, t.d. að skipta félaginu upp í Póst hf. og Síma hf. hefur ekki farið fram og því ekki unnt að fjölyrða um þau mál að svo stöddu. Reynsla annarra landa af slíkum breytingum hefur að flestra mati verið sú að hvor eining um sig sýnir nú betri árangur en áður, en víðast hvar í Evrópu hafa slíkar breytingar átt sér stað. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um stofnun dótturfélaga Pósts og síma hf. um einstaka þætti starfseminnar, en ljóst er að í ýmsum tilvikum kann það að vera fýsilegur eða jafnvel nauðsynlegur kostur, ekki hvað síst ef litið er til breyttra krafna samkeppnisyfirvalda um stjórnunar- eða fjárhagslegan aðskilnað einstakra þjónustuþátta. Sömu sögu er að segja af heimild í lögum um að Pósti og síma hf. sé heimilt að kaupa og selja hluti í öðrum fyrirtækjum. Undir vissum kringumstæðum kann það vissulega að vera góður kostur í samkeppnisumhverfi, en í þeim efnum hafa heldur engar ákvarðanir verið teknar.

3. Skipulag Pósts og síma hf.

Með stofnun Pósts og síma hf. var ákveðið að gera breytingar á skipulagi fyrirtækisins. Markmið breytinganna eru eftirfarandi:

1. Að aðlaga skipulagið að breyttum aðstæðum og gera fyrirtækið betur í stakk búið til að bæta þjónustu og mæta harðnandi samkeppni, m.a. með því að auka vægi markaðs- og sölumála og skýra boðleiðir.
2. Að aðgreina enn frekar rekstur fjarskiptanetsins frá annarri starfsemi fyrirtækisins og gera þar með rekstrarafkomu sérhverrar þjónustu sýnilegri og rekjanlegri.

Við breytingarnar hefur verið leitast við að einfalda verkferla, stytta boðleiðir og styrkja viðskipti og þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga um land allt. Með nýju skipuriti er ætlunin að rekstur fjarskiptakerfisins verði aðgreindur frá rekstri póstþjónustunnar enn frekar. Þannig verða tæknimenn Pósts og síma hf. um allt land nú starfsmenn þjónustusviðs eða fjarskiptanets, en þeir starfsmenn sem tengjast póstþjónustunni verða hins vegar starfsmenn póstsviðs.

Póstþjónustan verður rekin með þeim hætti að starfsemi póst- og símstöðvanna verður styrkt, lögð verður meiri ábyrgð á herðar stöðvarstjóra og reksturinn þar með færður nær viðskiptavinum fyrirtækisins. Þá er gert ráð fyrir að settar verði upp svæðisstöðvar sem munu hafa ákveðna sérstöðu í þjónustuneti fyrirtækisins. Auk þess að bera aukna ábyrgð á sölu- og þjónustu fyrirtækisins á viðkomandi svæði munu svæðisstöðvarnar hafa umsjón með að manna tímabundið nærliggjandi stöðvar, t.d. vegna veikinda, og veita þeim ýmiss konar leiðbeiningar, aðstoð og fræðslu. Þá er ráðgert að sérstakir sölustjórar póstsins, sem og sérstakir sölu- og þjónustufulltrúar símans sem sinna munu samskiptum við fyrirtæki á ákveðnu svæði, hafi aðsetur á þessum lykilstöðvum.

Tæknimenn, sem annast uppbyggingu og rekstur fjarskiptakerfisins, verða nú formlega sameinaðir undir einni skipulagsheild, þ.e. fjarskiptaneti. Til þessa hefur fjarskiptasvið farið með yfirstjórn tæknimála þó svo að tæknimenn á landsbyggðinni hafi skipulagslega tilheyrt viðkomandi póst- og símstöð eða umdæmisskrifstofu. Þannig munu formlegar boðleiðir nú styttast verulega, en í reynd staðfesta breytingarnar aðeins núverandi vinnubrögð.

Í kjölfar aukinnar áherslu á sölu- og þjónustumál símans er gert ráð fyrir sérstöku sviði, svokölluðu þjónustusviði, sem mun annast markaðs- og sölumál fjarskiptaþjónustunnar. Með þjónustusviði gefst tækifæri til að endurskipuleggja og sameina krafta fyrirtækisins á þessu sviði og til að byggja upp öflugt net sérhæfðra sölu- og þjónustufulltrúa símans í öllum stærri byggðarlögum og bjóða þar með landsmönnum öllum sérhæfða ráðgjöf og þjónustu á sviði fjarskiptamála.

Aðgreindur rekstur póst- og símaþjónustu.

Eins og áður er getið hafa skipulagsbreytingarnar m.a. í för með sér að rekstur fjarskiptakerfisins verður skýrt aðgreindur frá rekstri póstþjónustunnar. Um leið og horft er til rekstrarlegs mikilvægis þess að sundurgreina raunkostnað þjónustunnar hefur verið horft til sívaxandi krafna viðskiptalífsins um takmörkun millifærslna og rekjanleika kostnaðarútreikninga eins og úrskurðir Samkeppnisstofnunar bera með sér. Póstþjónustan hefur um nokkurt skeið verið rekin með þó nokkru tapi en til þessa hefur hallarekstur hennar verið jafnaður út með tekjum af símaþjónustu. Þar sem ljóst þykir að samkeppnisaðilar munu til lengdar ekki una slíkum tilfærslum má líta á skýrari aðgreiningu milli póst- og símaþjónustu sem eðlileg viðbrögð fyrirtækisins við þessum viðhorfum.

Þá kemur skiptingin sér einnig vel með tilliti til væntanlegrar sölu Pósts og síma á aðgangi að grunnkerfi fjarskiptakerfisins til samkeppnisaðila, eins og tilskipun ESB um frjálsa samkeppni á sviði fjarskipta segir til um.

Frá stjórnsýslu til aukinnar þjónustu við landsmenn.

Með hliðsjón af breyttum áherslum og fyrrnefndri aðgreiningu á rekstri póst- og fjarskiptaþjónustunnar er ljóst að ekki verður lengur þörf á rekstri sérstakra umdæmisskrifstofa.

Starfsemi umdæmanna hefur til þessa heyrt faglega undir aðalsvið fyrirtækisins þó svo að umdæmisstjórarnir sjálfir hafi heyrt beint undir Póst- og símamálastjóra. Skrifstofurnar hafa gegnt hlutverki svæðisbundinnar stjórnsýsluskrifstofu, þ.e. verið eins konar milliliðir milli aðalsviða og póst- og símstöðva í viðkomandi landsfjórðungi. Því má segja að yfirstandandi breytingar staðfesti einnig formlega þá stjórnunarhætti sem tíðkast hafa undanfarin ár en auki um leið hraða og skilvirkni starfseminnar.

Þá opnast í kjölfar breytinganna möguleikar á að einfalda verkferla, samræma betur þjónustu og starfsemi fyrirtækisins um allt land og stytta til muna ýmsar boðleiðir, svo sem frá stöðvarstjóra til framkvæmdastjóra.

Þau verkefni sem umdæmisskrifstofurnar hafa sinnt til þessa verða ýmist flutt til viðkomandi stöðvarstjóra og tæknimanna eða færð undir það fagsvið sem til þessa hefur haft umsjón með viðkomandi störfum umdæmisskrifstofanna.

Áhrif breytinganna á starfsmannafjölda.

Umdæmisskrifstofur Pósts og síma voru sex að tölu. Þrjár þeirra voru í Reykjavík, þ.e. umdæmi I (Suðurland, Reykjanes og Vesturland), umdæmi V (símaþjónusta í Reykjavík) og umdæmi VI (póstþjónusta í Reykjavík). Ein umdæmisskrifstofa var á Ísafirði (Vestfirðir), önnur á Akureyri (Norðurland) og sú þriðja á Egilsstöðum (Austurland).

Við skipulagsbreytingarnar hafa stöður umdæmisstjóra verið lagðar niður, þ.e. þrjár í Reykjavík og þrjár á landsbyggðinni. Starfsmenn umdæmisskrifstofanna að frátöldum umdæmisstjórum, svo sem ritarar og fulltrúar, munu flestir ýmist starfa áfram við þau verkefni sem þeir hafa sinnt til þessa undir umsjón viðkomandi fagdeildar eða taka að sér ný verkefni á viðkomandi stöð.

4. Starfsemi svæðisstöðva Pósts og síma.

Nýtt þjónustukerfi.

Í tengslum við breytingar á skipulagi Pósts og síma og niðurlagningu umdæmisskrifstofa, þar sem áhersla hefur m.a. verið lögð á fjármálaeftirlit, starfsmannahald og fleira þess háttar, er verið að taka upp nýtt kerfi sem byggist meira á markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavini.

Póst- og símstöðvunum verður skipt í tvo flokka, svæðisstöðvar, sem skipa munu ákveðna sérstöðu í þjónustukerfinu, og þjónustustöðvar, þ.e. almenna afgreiðslustaði.

Þá er ráðgert að sérstakir sölustjórar póstsins sem og sérstakir sölu- og þjónustustjórar símans muni sinna samskiptum við stærri viðskiptavini. Þeir munu hafa aðsetur á svæðistöðvunum.

Um leið og áhersla er lögð á að efla sölu- og þjónustustarfsemi fyrirtækisins á þessum lykilstöðum er starfsemi umdæmisskrifstofanna að hluta til felld inn í starfsemi svæðisstöðvanna.

Svæðisstöðvar.

Eins og áður hefur komið fram munu nokkrar af stærri póst- og símstöðvunum á landsbyggðinni gegna hlutverki sérstakra svæðisstöðva, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu þeirra. Þær munu annast samræmingu og eftirlit með þjónustu fyrirtækisins á viðkomandi svæði auk þess að sjá um ýmiss konar upplýsingamiðlun, fræðslu og leiðbeiningar til annarra stöðva á svæðinu, taka þátt í skipulagningu póstflutninga og annast samskipti og eftirlit með landpóstþjónustunni á svæðinu. Þá munu svæðisstöðvarnar veita aðstoð við að manna nærliggjandi stöðvar tímabundið, t.d. vegna veikinda.

Sérstakir starfsmenn póstþjónustunnar verða á svæðisstöðvunum. Hlutverk þeirra er að annast kynningar- og sölumál, sem og önnur samskipti við stærri viðskiptavini á viðkomandi svæði. Sölustjórarnir vinna með viðskiptavinum að útfærslu á þjónustuþörf þeirra.

Sölu- og þjónustustjórar símans verða á svæðisstöðvum. Hlutverk þeirra er að annast kynningar- og sölumál, sem og önnur samskipti við stærri viðskiptavini á viðkomandi svæði. Með tilkomu þessara sölu- og þjónustustjóra símans gefst tækifæri til að bjóða landsmönnum sérhæfða ráðgjöf og þjónustu sem tækninýjungar á sviði fjarskipta og margmiðlunar krefjast.

5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, eiga starfsmenn fyrirtæksins áfram rétt á aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, B-deild. Iðgjöld til deildarinnar eru óbreytt frá því sem verið hefur, þ.e. 10% af dagvinnulaunum. Ljóst er að þessi iðgjöld munu engan veginn duga til að standa undir skuldbindingum sjóðsins. Undirbúningsnefndin lagði megináherslu á það í viðræðum við fjármálaráðuneytið að verulega íþyngjandi væri fyrir félagið að hefja starfsemi með óvissu í þessum efnum og voru færð fyrir því ýmis rök. Niðurstaða þessara viðræðna leiddi til samkomulags við fjármálaráðuneytið um að félagið greiði 6% af heildarlaunum starfsmanna sem aðild eiga að B-deild LSR en að ríkissjóður taki á sig þá skuldbindingu sem umfram kann að verða. Fyrirvari er þó um að verði iðgjöld launagreiðenda í sjóðinn hækkuð umfram þetta gildi hið sama um Póst og síma hf.

Áfallin lífeyrissjóðsskuldbinding fram til 31. desember 1995 er færð í ársreikning Póst- og símamálastofnunar að upphæð 9.397 millj. kr. samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðinga. Upphæð þessi er tilkomin vegna þess að 10% iðgjöld til sjóðsins af dagvinnu hafa hvergi nærri dugað til að standa undir þeim skuldbindingum sem sjóðurinn hefur tekið á sig. Nefnd sem lagði mat á eignir og skuldir stofnunarinnar og skilaði skýrslu í lok október sl. lagði til að þessi skuldbinding yrði gerð upp með skuldabréfi að upphæð 7.484 millj. kr. til 25 ára með 6% vöxtum en mismunur á tölunum stafar af því að í mati tryggingastærðfræðinga á skuldbindingunni er gert ráð fyrir 2% ávöxtun sjóðsins umfram launabreytingar. Umrædd nefnd taldi að skuld þessi íþyngdi félaginu verulega og að til greina gæti komið af hálfu eigandans að lækka hana. Niðurstaða málsins varð sú að fjárhæðin yrði 6.000 millj. kr. og var undirritað samkomulag milli fjármálaráðuneytis og undirbúningsnefndar um að gefin verði út skuldabréf með veði í eignum Pósts og síma hf. að upphæð 6.000 millj. kr. til 25 ára með 6% vöxtum frá 1. janúar 1997 og að þar með séu gerðar upp af hálfu Pósts og síma hf. allar áfallnar lífeyrisskuldbindingar við LSR fram að þeim tíma og að ríkissjóður taki á sig það sem umfram kann að vera.

6. Samkeppni í farsímaþjónustu.

Um miðjan desember sl. auglýsti samgönguráðuneytið eftir umsóknum um eitt leyfi til starfræsklu GSM-farsímaþjónustu, en sem kunnugt er hefur Póst- og símamálastofnun haft slíka þjónustu með höndum frá árinu 1994. Unnið hefur verið að undirbúningi málsins í samgönguráðuneytinu síðan í janúar 1996 ásamt innlendum og erlendum ráðgjöfum.

Með útboðinu er stigið mikilvægt skref í átt til aukinnar samkeppni í fjarskiptaþjónustu hér á landi, en samkvæmt EES-samningnum höfðu aðildarlöndin frest til áramóta til að hefja undirbúning að samkeppni í farsímaþjónustu, auk þess sem stefnt er að afnámi einkaréttar Pósts og síma til að veita talsímaþjónustu 1. janúar 1998. Í flestum löndum Evrópu eru nú tvö starfsleyfi vegna GSM-þjónustu en auk þess eru ný farsímakerfi að ryðja sér til rúms um þessar mundir.

Í nágrannalöndunum hefur úthlutun starfsleyfa af þessu tagi undantekningarlaust byggst á útboðum svipuðum því sem hér um ræðir, þ.e. þar sem mat tilboða byggist ekki aðeins á fjárhagslegum þáttum. Leyfin verða gefin út til tíu ára og krafa verður gerð um að þjónusta beggja fyrirtækjanna nái til allra kaupstaða með a.m.k. 1.500 íbúa og 80% landsmanna innan fjögurra ára, en þjónusta Pósts og síma hf. hefur þegar náð slíkri útbreiðslu. Sérstakt gjald verður tekið fyrir starfsleyfin tvö til að standa straum af kostnaði við útboðið og undirbúning verkefna innan stjórnsýslunnar sem af þessari samkeppni mun leiða. Póst- og fjarskiptastofnun mun hafa eftirlit með að fyrirtæki á fjarskiptasviði uppfylli þær kröfur sem til slíks rekstrar eru gerðar samkvæmt fjarskiptalögum.

Eins og fram kemur hér að framan mun mat umsókna byggjast á nokkrum þáttum, svo sem tæknibúnaði, gjaldskrá og hraða uppbyggingar kerfisins, og segja má að litið verði til tilboðanna í heild sinni þegar ákvörðun verður tekin um val á nýjum leyfishafa. Tilboðsfrestur er til 2. apríl og reiknað er með að yfirferð tilboða taki þrjá mánuði og að samkeppni geti hafist á haustdögum 1997. Afhending útboðsgagna er í höndum Ríkiskaupa, en sýniseintök liggja jafnframt frammi í samgönguráðuneytinu og í lestrarsal Alþingis, þingmönnum til til kynningar.

7. Framtíðarmöguleikar Pósts og síma hf.

Ekki er lengur um það deilt að breytingar á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag voru orðnar óumflýjanlegar með hliðsjón af þróun fjarskipta- og póstmála í heiminum. Aukin samkeppni kallar á aukinn þrótt fyrirtækja og sveigjanleika og þó að Póst- og símamálastofnun hafi skilað hlutverki sínu gagnvart landsmönnum með miklum ágætum síðustu áratugina er ógjörningur að segja til um það með fullri vissu hvort slík hefði orðið reyndin í þeirri samkeppni sem nú er hafin á öllum sviðum.

Með því aukna svigrúmi sem Póstur og sími hf. hefur nú fengið til að takast á við komandi samkeppni benda allar líkur til þess að fyrirtækið muni standa sig vel sem endranær, en í gerbreyttu umhverfi með annars konar kröfum markaðarins. Tæknileg staða fyrirtækisins er mjög góð og starfsmenn þess búa yfir mikilli þekkingu og reynslu. Með skynsamlegri stjórnun og fjárfestingum má búast við því að fyrirtækið geti spjarað sig svo að sómi sé að.

8. Hlutverk samgönguráðherra samkvæmt lögum um póst- og fjarskiptastofnun.

Samkvæmt lögum um póst- og fjarskiptastofnun er kveðið á um að samgönguráðherra skipi forstöðumann stofnunarinnar, en að öðru leyti verði afskipti ráðuneytis af daglegum rekstri hennar í lagmárki. Meðal meginverkefna stofnunarinnar verður útgáfa rekstrarleyfa og eftirlit með þeim, gerðarprófun fjarskiptabúnaðar, úthlutun tíðnirása vegna fjarskiptastarfsemi, þátttaka í alþjóðasamstarfi og yfirumsjón með framkvæmd póstlaga og fjarskiptalaga. Af þessu leiðir að öll starfsemi Fjarskiptaeftirlits ríkisins mun færast til Póst- og fjarskiptastofnunar sem og hluti af verkefnum samgönguráðuneytis á þessu sviði. Auk þess tekur stofnunin við þeim stjórnsýsluverkefnum sem Póst- og símamálastofnun hefur annast. Ráðherra hafði mun meiri bein áhrif á daglega starfsemi Póst- og símamálastofnunar og Fjarskiptaeftirlit ríkisins en hann mun hafa á samstarf Pósts og síma hf. og Póst- og fjarskiptastofnunar. Til að tryggja enn frekar að ráðherra hafi ekki afskipti af meðferð mála hjá Póst- og fjarskiptastofnun í framtíðinni verður, lögum samkvæmt, skipuð sérstök úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sem taka mun til umfjöllunar öll ágreiningsatriði sem upp kunna að koma vegna ákvarðana og úrskurða Póst- og fjarskiptastofnunar. Nefndin verður skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Formað-

ur hennar og varaformaður skulu tilnefndir af Hæstarétti, einn aðalmaður, ásamt varamanni, tilnefndur af stjórn Verkfræðingafélags Íslands og þriðji aðalmaður, ásamt varamanni, tilnefndur af samgönguráðherra. Afskipti ráðherra af nefndinni takmarkast við skipun nefndarmanna samkvæmt fyrrgreindum tilnefningum. Að öðru leyti hefur hann ekki frekar með störf nefndarinnar eða úrskurði að gera þar sem úrskurðir hennar verða endanlegir á stjórnsýslustigi.

Skipulag Pósts og síma hf.
frá 1. janúar 1997.



571. Tillaga til þingsályktunar [310. mál]

um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts og viðvaningshlutaskráningu.

Flm.: Kristján Pálsson, Árni M. Mathiesen, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Gísli S. Einarsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum eða leigu á skólabát sem nýttur verði til kennslu í sjómennsku. Nefndinni verði einnig falið að finna leiðir til fjármögnunar á hugsanlegum kaupum og rekstri bátsins. Jafnframt kanni nefndin möguleika á viðvaningshlutaskráningu sjóvinnunemenda um borð í fiskiskipum.

Nefndina skipi fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins, Fiskifélags Íslands, sjómannasamtaka, samtaka útgerðarmanna, Stýrimannaskólans í Reykjavík, Sambands ísl. sveitarfélaga, menntamála-, fjármála- og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili áliti sem fyrst.

Greinargerð.

Skólabáturinn Mímir RE 3.

Rekstur skólabáts er engin nýlunda hér við land. Er skemmst að minnast þess merka starfs sem unnið var af áhöfn Mímis RE 3 og Fiskifélaginu allt þar til Mímir fórst með voveiflegum hætti árið 1991.

Mími var hleypt af stokkunum á Skagaströnd árið 1985 og var hann 15 brl. að stærð. Báturinn var í eigu ríkissjóðs og á rekstrarábyrgð sjávarútvegsráðuneytisins. Fiskifélag Íslands sá um reksturinn samkvæmt sérstökum samningi við ráðuneytið.

Koma bátsins varð mikil lyftistöng fyrir sjóvinnunám í grunnskólum landsins sem og í stýrimannadeildum og víðar. Má sjá í skýrslum Fiskifélagsins um rekstur bátsins að mikill áhugi var fyrir sjóvinnunni og ferðum skólafólks með bátnum. Meðan hans naut við fóru um 5.000 ungmenni í sjóferð með bátnum, flest í sína fyrstu sjóferð.

Frá því að Mímir fórst hefur kennsla í sjómennsku verið mjög stopul í skólum landsins og áhugi á sjóvinnukennslu minnkað verulega. Þetta sést best á því að skólum sem kenna sjóvinnu sem valfag hefur fækkað úr 27 árið 1992 í 18 á sl. ári.

Mat skólastjórnenda á gildi skólabáts.

Eftir að Mímir fórst lagðist hluti skólastarfsins, sjóferðirnar, niður að mestu sem að dómi allra sem að þessum málum hafa komið var mikil afturför og aðalástæða þess að sjóvinnukennslan er á slíku undanhaldi sem raun ber vitni. Á síðasta ári leigði Fiskifélagið 60 tonna bát, Haftind HF 123, svo að bjóða mætti sjóvinnunemendum um landið upp á sjóferð. Í umsögnum skólastjóra, sem fengu Haftind til sín, má glöggt sjá þann mikla áhuga sem er fyrir slíku skipi og þeim möguleikum sem það gefur, bæði við nám og til kynningar á sjómennsku fyrir nemendur. Halldór Valdimarsson, skólastjóri á Húsavík, segir í umsögn sinni: „Ég lýsi yfir ánægju minni með ferðir Haftinds HF 123 með sjóvinnunemendur Borgarholtsskóla Húsavík. Kennslan og aðbúnaður allur var með ágætum. Vonandi verður framhald á þessari frábæru þjónustu.“ Hugo Rasmus, kennari í Kópavogi, skrifaði: „Hvers vegna er ekki til skólaskip á Íslandi 1996? Allir sem undirritað-

ur hefur rætt við um þessi mál eru sammála um að skólaskip sé sjálfsagt að starfrækja. Ég vona að ráðamenn rumski og kippi þessu í liðinn."

Í svipaðan streng taka skólamenn í umsögnum sínum um ferð Haftinds í sl. vor, menn eins og Sveinbjörn M. Njálsson og Júlíus Kristjánsson frá Dalvík, Pétur Björnsson Suðureyri, Rúnar Vífilsson Bolungarvík, Björn E. Hafberg Flateyri, Ólafur Gunnarsson Patreksfirði, Jón Björnsson Ísafirði, Hjálmfríður Sveinsdóttir Vestmannaeyjum, Gunnlaugur Dan Grindavík, Jónatan Ingimarsson Garði, Sigurður E. Þorkelsson Keflavík og Rögnvaldur Einarsson Akranesi.

Þetta eru mikilsverðar ábendingar þegar haft er í huga að þetta fólk tengist æsku landsins á mótunarskeiði hennar og skilur betur en flestir aðrir hvar úrbóta er þörf.

Rekstur skólabáts.

Nauðsyn þessa máls er augljós þegar haft er í huga að hér býr þjóð sem byggir allt sitt á afkomu sjávarútvegs. Þjóð, sem býr við slíkar aðstæður, verður að vekja áhuga á störfum til sjós og gera öllu námi sem getur stuðlað að því hátt undir höfði. Til að það sé hægt verða að vera til góð og örugg tæki eins og fram kemur í þeim umsögnum sem vísað er til hér að framan. Sú virðingarverða viðleitni sem einkaaðilar hafa sýnt til að sinna útgerð skólaskips sl. sumar, eins og með Haftindi, hefur gengið illa, enda ekki á færi einstaklinga að standa undir kostnaðarsömu kennslustarfi án þess að fyrir það komi full greiðsla. Einstaklingar á borð við Karel Karelsson, skipstjóra og eiganda Haftinds HF 123, hafa kynnst því og hugsjónin verið dýru verði keypt. Kemur þar margt til og má nefna kvótaleysi, kostnaðarsama útgerð og flókna sambúð við ríki og sveitarfélög þar sem mikill tími fer í að finna fjármagn og sannfæra yfirvöld ár eftir ár um nauðsyn starfseminnar.

Því hefur verið haldið fram að rekstur skólabáts ætti að vera algerlega í höndum skólanna sjálfra þar sem hér væri um skólamál að ræða. Þetta hljómar vel en gengur þó ekki upp af mörgum ástæðum. Mikil ábyrgð fylgir því að gera út bát og ekki hvað síst þar sem um borð eru grunnskólanemar og ungmenni alls óvön sjómennsku. Um borð í slíkum skipum þarf aðbúnaður og öryggi að hafa sérstakan forgang og þar þarf að vera sérþjálfaður mannskapur. Slíkt er dýrt og ekki á færi útgerða sem einungis ætla að sinna þessu fáein skipti á ári. Einnig hefur sýnt sig að þrátt fyrir að mikið sé til af bátum sem henta og hægt væri að fá til kennslu verður kennslan tilviljanakennd og ómarkviss. Tryggingar verða einnig dýrari og annar kostnaður eykst vegna þeirrar sérhæfingar sem slíkri útgerð fylgir.

Af þessum og fleiri ástæðum eiga kennsla og fiskveiðar í atvinnuskyni ekki saman. Einnig er óraunhæft að gera ráð fyrir að mörg sérútbúin skip sinni kennslu og í ljósi reynslunnar ekki gerlegt þegar varla gengur að halda úti einu skipi fyrir það fé sem fæst. Það er því eðlilegt hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar Íslands að hafa frumkvæði að kaupum eða leigu á skólabát og fá til liðs við sig sveitarfélög og hagsmunasamtök. Reynslan sýnir að það er eina færa leiðin til árangurs.

Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að tryggja þetta og um leið að kennsla í sjómennsku verði í boði í grunnskólum sem þá ali af sér áhugasöm sjómannsefni. Reynslan sýnir að það gerist ekki betur en með skólaskipi og er þá ekki aðalatriði hvort ríkið á skipið eða leigir það. Aðalatriðið er að slíkur möguleiki sé fyrir hendi og öryggi og útbúnaður séu eins og best verður á kosið. Sú trygging fæst ekki nema ríkissjóður beri ábyrgð og tryggi nauðsynlegar rekstrarforsendur, eins og rekstrarfé og heimildir til veiða utan kvóta. Mímir var of lítill sem skólaskip og háði það starfinu um borð.

Skip sem er 50–60 tonn að stærð eins og Haftindur er mun betri kostur sem opnar möguleika á að reyna flest veiðarfæri sem notuð eru á fiskiskipum.

Skráning viðvaninga á fiskiskip.

Norðmenn eiga þrjú stór skólaskip með seglum sem ungu skólafólki úr framhaldsskólum er boðið að munstrast á og er megintilgangur útgerðarinnar að kenna ungmennum aga og vinnusemi. Ekki hefur verið á döfinni að hefja svo kostnaðarsama útgerð hér á landi.

Sá siður að skrá viðvaninga um borð í fiskiskip var algengur áður fyrr en hefur að mestu lagst af. Í viðvaningshlutaskráningu fólst að unglingar voru munstraðir upp á hálfan hlut á móti öðrum yfir síldarvertíð eða túr á togara. Ástæða þess að sá siður lagðist af var ótti sjómannafélaganna við misnotkun útgerðarmanna á slíkri heimild til að ná í ódýrt vinnuafl.

Sá stutti reynslutími sem fengist hefur á skólabát hefur gagnast mörgum ungum manninum til að komast í fyrsta skiprúmið. Enn vantar frekari möguleika fyrir þá sem vilja kynnast sjómennsku og er vonandi hægt að koma í veg fyrir misnotkun á viðvaningshlutaskráningu með því að leyfa aðeins mjög tímabundna ráðningu og að aðeins megi vera tveir viðvaningar á hverju skipi. Slíka skráningu fengju aðeins þeir sem stundað hefðu nám í sjóvinnu sem valgrein í grunnskóla og farið ferð á skólabát. Ungmenni á vegum félagsmálastofnana sem stunda nám í sjómennsku ættu einnig að geta komið til greina í viðvaningshlutaskráningu. Til að þetta megi takast þarf velvilja þeirra sem málið varðar mest, þ.e. samtaka sjómanna og útvegsmanna. Ef þetta tekst er enginn vafi á því að áhugi mun aukast á sjómennsku og námi henni tengdu, en það er einmitt markmiðið með þessari þingsályktunartillögu.

572. Fyrirspurn [311. mál]

til menntamálaráðherra um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

Frá Birnu Sigurjónsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?
2. Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?
3. Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,

d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
e. grunnskólapróf sem lokapróf?

Skriflegt svar óskast.

573. Fyrirspurn [312. mál]

til umhverfisráðherra um ástand flórgoðastofnsins.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þróun stofnstærðar flórgoða?
2. Hvar á landinu er hann nú að finna?
3. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þróun stofnsins á Suðurlandi?
4. Hverjar telja sérfræðingar ráðuneytisins vera helstu skýringar á fækkun tegundarinnar?
5. Er fyrirhugað að rannsaka sérstaklega áhrif minks á viðkomu tegundarinnar?
6. Hvaða aðrar rannsóknir eru fyrirhugaðar á flórgoða?
7. Er fyrirhugað að gera sérstaka verndaráætlun fyrir tegundina, og sé svo, hvenær er áætlað að hún liggi fyrir?

Skriflegt svar óskast.

574. Tillaga til þingsályktunar [313. mál]

um íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra.

Flm.: Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem lagt verði fyrir næsta reglulegt Alþingi um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi.

Greinargerð.

Málefni heyrnarlausra hafa oft komið til meðferðar á Alþingi. Fullyrða má að þar sé samstaða um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Það leiðir reyndar hugann að því að ekki er einfalt að setja slíkt í lög og hætta er á að lögin verði dauður bókstafur ef þeim er ekki fylgt eftir. Reyndar er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og þess gerist reyndar ekki þörf þar sem hún er móðurmálið í raun og enginn dregur það í efa. Vaknar sú spurning hvort engu að síður væri rétt að setja lög um móðurmálið eða ákvæði um það í stjórnarskrá. Má hugsa sér í því sambandi almenn lög og breytingar á einstökum lögum, t.d. breytingu á lögum um

þingsköp Alþingis þar sem tekið yrði fram að töluð skuli íslenska á Alþingi og að skjöl skuli vera á íslensku.

Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið með svo sem nauðsynlegt er. Hins vegar ráða fjármunir og fjárlög úrslitum. Auðvitað er unnt að taka ákvörðun um að táknmálið sé raunverulegt móðurmál heyrnarlausra með því að veita fjármuni til þess. Tryggja þarf að til sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hafi tækifæri til að læra táknmálið og að foreldrar heyrnarlausra barna læri það, að heyrnarlaus börn í Vesturhlíðarskóla fái móðurmálskennslu í táknmáli og að allir kennarar kunni táknmál og geti verið málfyrirmyndir. Það þarf að tryggja að börnin fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Til þess að allt þetta megi gerast þarf að þróa rannsóknir á íslenska táknmálinu. Tryggja þarf að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Loks þarf að sjá til þess að skýrt sé hver á að borga hvað svo að réttindi heyrnarlausra merjist ekki sundur á milli ríkis og sveitarfélaga eins og oft hefur gerst.

Mikilvægar ákvarðanir hafa reyndar þegar verið teknar. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur táknmálið verið kennt heyrandi nemendum en auk þess hafa heyrnarlausir nemendur lært um táknmálið sem móðurmál sitt, þ.e. um málfræðilega uppbyggingu málsins, sögu þess og þróun. Þátttaka í táknmáli fyrir heyrandi sem valgrein hefur verið góð, þar hafa verið 20 nemendur eða svo á ári. Kennslan í táknmáli fyrir heyrnarlausa á að vera fyrir alla heyrnarlausa nemendur á framhaldsskólastigi, einnig þá sem sækja aðra skóla. Þeir eiga að geta stundað námið í MH og fengið það metið. Í Háskóla Íslands er kennd táknmálsfræði sem fullgild aðalgrein til BA-prófs og eins vetrar viðbótarnám í táknmálstúlkun, sem telst hagnýtt nám fyrir utan BA-stig. Háskólakennslan er samkvæmt tímabundnum samningi sem rennur út sumarið 1997. Nú hefur náðst samkomulag um þriðja árið, kennt verður 1997–98 en framhald er óljóst. Fyrir vísindanefnd heimspekideildar Háskólans liggur erindi um að kenna táknmálsfræði áfram við deildina, en ljóst er að ekki verða teknir inn nýnemar næsta haust.

Rannsóknir á íslenska táknmálinu eru samkvæmt lögum hluti af verkefnum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og það sem hæst ber núna er vinna við margmiðlunarefni þar sem unnt verður að bera saman táknmál og íslensku á skjánum. Fékkst styrkur til að vinna þetta þróunarverkefni áfram í samvinnu við Dani. Annars hefur þurft að gera rannsóknir samhliða allri praktískri vinnu hér á landi en ekki er hægt að leita í smiðju erlendra rannsakenda því að hér er sérstakt málsamfélag, gagnstætt því sem margir kynnu að halda.

Gallinn við umræðuna um þessi mál á Alþingi hefur verið sá að hún hefur ekki verið nægilega skýr. Með þessari tillögu er lagt til að menntamálaráðuneytið fái það verkefni að undirbúa frumvarp um þessi efni. Undanfari þess yrði væntanlega skýrsla um stöðu málsins og samantekt um táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra í öðrum ríkjum. Í þingsályktun þessari er því talað um frumvarp en auðvitað gæti menntamálaráðuneytið í upphafi lagt málið fyrir Alþingi í hvaða formi sem er.

Fyrir þinginu liggur nú fyrirspurn frá Svanfríði Jónasdóttur um málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra. Málið hefur oft komið við sögu. Hér er til marks um það birtur listi yfir þau skipti sem málið kemur fyrir í gagnasafni Alþingis. Fyrst er listi yfir þing-

skjölin, síðan yfir ræðurnar og á þeim sést að þar hafa flestir flokkar á einhvern hátt sinnt málinu.

Þingskjöl:

1. Þskj. 901 (ÞÞ), 112. löggjafarþing, 515. mál: táknmál heyrnarlausra, fsp. til menntmrh.
2. Þskj. 666 (nál. meiri hluta menntmn.), 118. löggjafarþing, 126. mál: grunnskóli (heildarlög), frv.
3. Þskj. 96 (menntmrh.), 120. löggjafarþing, 94. mál: framhaldsskólar (heildarlög), frv.
4. Þskj. 918 (stöðuskjal), 120. löggjafarþing, 94. mál: framhaldsskólar (heildarlög), frv.
5. Þskj. 1103 (lög um framhaldsskóla), nr. 80 11. júní 1996, 120. löggjafarþing, 94. mál: framhaldsskólar (heildarlög).
6. Þskj. 409 (SvanJ), 121. löggjafarþing, 249. mál: málefni heyrnarskertra, fsp. til menntmrh.

Ræður:

1. 26. apríl 1990, menntmrh., 112. löggjafarþing, 514. mál: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, fsp.
2. 26. apríl 1990, ÞÞ, 112. löggjafarþing, 515. mál: táknmál heyrnarlausra, fsp.
3. 26. apríl 1990, menntmrh., 112. löggjafarþing, 515. mál: táknmál heyrnarlausra, fsp.
4. 26. apríl 1990, ÞÞ, 112. löggjafarþing, 515. mál: táknmál heyrnarlausra, fsp.
5. 31. október 1990, menntmrh. (flutningsræða), 113. löggjafarþing, 99. mál: Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, frv.
6. 20. febrúar 1992, VS, 115. löggjafarþing, 241. mál: staða táknmálstúlkunar, fsp.
7. 20. febrúar 1992, SvG, 115. löggjafarþing, 241. mál: staða táknmálstúlkunar, fsp.
8. 20. febrúar 1992, menntmrh. (svar), 115. löggjafarþing, 241. mál: staða táknmálstúlkunar, fsp.
9. 19. nóvember 1992, fyrirspyrjandi SvG (flutningsræða), 116. löggjafarþing, 217. mál: kennsla í táknmálstúlkun, fsp.
10. 2. maí 1994, SvG, 117. löggjafarþing, 589. mál: þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa, fsp.
11. 10. desember 1993, SvG, 117. löggjafarþing, 1. mál: fjárlög 1994, frv.
12. 16. febrúar 1995, frsm. meiri hluta SAÞ (flutningsræða), 118. löggjafarþing, 126. mál: grunnskóli (heildarlög), frv.
13. 16. febrúar 1995, frsm. 1. minni hluta KÁ (flutningsræða), 118. löggjafarþing, 126. mál: grunnskóli (heildarlög), frv.
14. 16. febrúar 1995, frsm. 2. minni hluta VS (flutningsræða), 118. löggjafarþing, 126. mál: grunnskóli (heildarlög), frv.
15. 16. febrúar 1995, frsm. 3. minni hluta SvG (flutningsræða), 118. löggjafarþing, 126. mál: grunnskóli (heildarlög), frv.

Með stofnun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra urðu kaflaskil í málefnum heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi. Samskiptamiðstöðin hefur margþætt hlutverk, eða eins og segir í 2. gr. laga nr. 129/1990:

„Hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að annast:

a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
b. kennslu táknmáls,
c. táknmálstúlkun,
d. aðra þjónustu.

Um skipan þjónustunnar skal kveðið á í reglugerð.

Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.“

Lögin um Samskiptamiðstöðina áttu sér nokkurn aðdraganda, eins og rakið var í framsöguræðu menntamálaráðherra er lögin voru sett. Þar segir: „Talsverð umræða hefur verið á undanförnum árum um táknmál heyrnarlausra og notkun þess. Má segja að tvær stefnur hafi verið uppi, önnur sú að heyrnarlausir eigi eingöngu að nota talmál og varaaflestur og hin um notkun táknmáls heyrnarlausra. Hefur þróunin mjög verið í þá átt að táknmálið hefur styrkst og notkun þess. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað í heiminum víða og æ fleiri þjóðir hafa gert heyrnarlausum kleift að nota það mál sem mörgum þeirra er eðlilegast, þ.e. táknmál heyrnarlausra. Þessi þróun hefur einnig verið í gangi hér á landi um nokkurt árabil og umræður hafa verið talsverðar.

Vorið 1989 fól menntamálaráðherra nefnd þriggja embættismanna úr félagsmálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti að semja drög að reglugerð um starfsemi samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá var ætlunin að reglugerðin yrði sett á grundvelli laga um málefni fatlaðra. Nefndin skilaði drögum að reglugerð í september 1989. Þar var gert ráð fyrir því að stöðin heyrði undir félagsmálaráðuneyti og ætti stoð í lögum nr. 43/1983, um málefni fatlaðra. 20. nóvember 1989 voru drögin send til umsagnar fjölmargra aðila, þ.e. Félags heyrnarlausra, Öryrkjabandalags Íslands, Heyrnarhjálpar, Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Þroskaþjálfaskóla Íslands, Heyrnleysingjaskólans, Námsgagnastofnunar, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og auk þess svæðisstjórnanna um málefni fatlaðra í öllum umdæmum, Reykjavík, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi, og loks til stjórnarnefndar um málefni fatlaðra í félagamálaráðuneyti.

Hinn 7. desember 1989 voru reglugerðardrögin tilbúin eftir að farið hafði verið yfir athugasemdir þær sem borist höfðu. En eftir áramótin síðustu tóku að berast óskir frá þeim sem einkum munu nota samskiptamiðstöðina um að hún mundi heyra undir menntamálaráðuneyti því að þarna væri um að ræða menntun, skóla og rannsóknir. Um nokkurt skeið leituðum við leiða til þess að leysa þetta vandamál. M.a. var kannað hvort hugsanlegt væri að stöðin heyrði undir menntamálaráðuneytið þó að hún ætti stoð í lögunum um málefni fatlaðra. En þegar upp var staðið og leið á þetta ár kom í ljós að það var erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt. Þá leitaði ég enn leiða til að koma þessari stofnun á laggirnar án þess að setja um hana sérstök lög, þ.e. að hún yrði í raun og veru starfrækt á grundvelli reglugerðar. Þá hafði ég í huga reglugerð á grundvelli laganna um Heyrnleysingjaskólann. Það tókst ekki að finna þessu stoð í lögunum um Heyrnleysingjaskólann og þess vegna ákvað ríkisstjórnin að leita til Alþingis með því stjórnarfrumvarpi sem hér liggur fyrir.“

Nánar verður fjallað um tillöguna í framsögu. Birt er sem fylgiskjal greinargerð Valgerðar Stefánsdóttur sem er stjórnandi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra en greinargerðina vann hún fyrir vísindanefnd heimspekideildar Háskóla Íslands.

Fylgiskjal.

Nám í táknmálstúlkun og táknmálsfræðum.
(Greinargerð til vísindanefndar heimspekideildar HÍ.)

Greinargerð þessi er samin um nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun að beiðni Höskuldar Þráinssonar. Í henni mun verða gerð grein fyrir upphafi og forsögu námsins, þar næst þeim fjölda sem hefur innritast í greinina og lokið þaðan námi og að lokum lýst uppbyggingu námsins. Í framhaldi af því verður metið að hve miklu leyti gera má ráð fyrir að markmiðum hafi verið náð, bæði þeim sem tengjast bættri stöðu heyrnarlausra í íslensku samfélagi og einnig þeim sem lúta að eflingu rannsókna og þekkingu á stöðu, menningu og máli heyrnarlausra.

Í framhaldi af þessu leggjum við mat á hvort og þá hvers vegna ástæða sé til þess að ætla að þörf sé á áframhaldandi kennslu í þessum greinum og bent er á nokkra kosti varðandi framtíðarsýn námsins.

1. Upphaf og forsaga náms í táknmálstúlkun og táknmálsfræðum.

Árið 1992 leitaði forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar til Háskóla Íslands með tvíþætt erindi. Hið fyrra var að koma á BA-námi í táknmáli og túlkun á Íslandi en hið síðara varðaði rannsóknir.

Samkvæmt upphaflegu erindi um BA-námið var farið fram á að það yrði að hluta til byggt upp á framlagi frá Samskiptamiðstöðinni og að hluta á námskeiðum sem kennd voru við Háskólann og gætu fallið að námsmarkmiðum sem sett yrðu í túlkanáminu. Gert var ráð fyrir að allt er lyti að heyrnarleysi, táknmáli og túlkun yrði framlag frá Samskiptamiðstöðinni og kennt í samvinnu við Háskóla Íslands. Tryggja átti að kennsla sú er fram færi undir umsjón Samskiptamiðstöðvarinnar yrði greidd af henni en ekki Háskóla Íslands. Nemendur mundu síðan útskrifast endanlega með BA-próf frá Háskólanum. Til þess að bæta úr brýnustu þörf var gert ráð fyrir að nægjanlegt væri að þessi samvinna stæði í um það bil fimm ár eða þannig að tækist að mennta tvo hópa af táknmálstúlkum, samtals um 15 túlka.

Erindið er varðaði rannsóknarþáttinn var sprottið af því að í lögum Samskiptamiðstöðvar stendur að hún eigi að sinna rannsóknum á táknmáli. Til þess að rannsóknirnar verði nægjanlega víðtækar og góðar og í samhengi við menningu heyrnarlausra verður einnig að sinna þeim við vísindastofnun sem hefur fjölbreyttari grunngerð en Samskiptamiðstöðin. Því var þess farið á leit við háskólarektor að hann reyndi að vekja áhuga hinna ýmsu deilda háskólans á mörgum óloknum verkefnum til vísindarannsókna á þessu sviði. Bent var á að rannsóknaverkefnið væri mjög áhugavert og gæti varpað nýju ljósi á rannsóknir í til dæmis málvísindum, mannfræði, félagsvísindum, sálarfræði og heimspeki. Við Háskóla Íslands gæti þannig smám saman orðið til vísindaleg þekking sem stutt gæti kennslu er tengdist heyrnarlausum og heyrnarleysi og verið bakhjarl áframhaldandi námstilboða á þessu sviði sem yrðu að öllu leyti í höndum Háskóla Íslands.

Við undirbúning táknmálsfræðináms og túlkunar við Háskólann var víða leitað fanga. Annars vegar var tekið mið af Bandaríkjunum, sérstaklega námi í „deaf studies“ við California State University Northridge og hins vegar túlkamenntun á Norðurlöndum. Auk þessa var leitast við að námið félli að námsuppbyggingu innan heimspekideildar Háskólans.

Nokkrir háskólamenn, Þórður Kristinsson, Þóra Hjartardóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Vésteinn Ólason, Mikael Karlsson, og fulltrúar Samskiptamiðstöðvar, Valgerður Stefánsdóttir og Svandís Svavarsdóttir, áttu viðræður og fundi um skipan námsins sem endaði með samkomulagi um nám í táknmálsfræðum og túlkun sem samþykkt var innan Háskólans. (Sjá meðfylgjandi samning Háskólans og Samskiptamiðstöðvar.)

Skipulagið miðaðist við að fyrstu tvö árin yrðu fullgild aðalgrein til BA-prófs innan heimspekideildar en þriðja árið yrði hagnýtt viðbótarnám (40 einingar) sem félli utan BA-stigsins á svipaðan hátt og hagnýt fjölmiðlun innan félagsvísindadeildar. Fyrstu tvö árin væru þannig ekki með hagnýtu sniði heldur fyrst og fremst málanám og fræðileg námskeið samhliða því. Námið hófst í september 1994 og er við heimspekideild í málvísinda- og bókmenntaskor. Tveir hópar hafa innritast í námið1994 og 1995.

Höfuðmarkmið þessa tilraunanáms í táknmálsfræði og túlkun við Háskóla Íslands er að mennta táknmálstúlka fyrir samfélag heyrnarlausa. Mikill skortur er á táknmálstúlkum þar sem ekkert nám var til fram til 1994 og ekki er hægt að læra íslenskt táknmál nema á Íslandi. Gert er ráð fyrir að í nánustu framtíð sé þörf á fimmtán til tuttugu túlkum en þörfin er reiknuð út frá reynslu nágrannaþjóða okkar af þróun túlkaþjónustu. Í Svíþjóð er gert ráð fyrir að einn túlkur geti þjónað 12 heyrnarlausum eða heyrnarskertum einstaklingum og að daufblindir þurfi túlk að meðaltali átta tíma á viku. Séu þessar tölur yfirfærðar á Ísland þurfum við 20 túlka. Við gerum ráð fyrir að fá fimmtán til sautján túlka út úr þessum tveimur hópum sem hófu nám í táknmálsfræði, þannig að ekki er fyrirsjáanlegt að þörf verði á fleiri túlkum í allra nánustu framtíð.

2. Uppbygging náms og námsþátttaka.

Nám í táknmálsfræðum hófst við Háskóla Íslands í september 1994. Sumarið 1994 voru 27 nemar skráðir í táknmálsfræði. Af þeim luku fjórir engum prófum, fimm luku 10–30 einingum og átján hafa tekið táknmál sem aðalgrein til 60 eininga. Tveir af þessum átján eru nú í málvísindanámi og átta í viðbótarnámi í túlkun. Þrír úr hópnum hafa lokið BA-prófi, einn með bókasafns- og upplýsingafræði sem aukagrein, annar viðskipta- og hagfræði og sá þriðji er með aukagrein í heimspekideild (rússnesku og önnur námskeið). Árið 1995 innrituðust 37 nemendur. Fimm tóku engin próf, átta hafa hætt námi með 10–30 einingar í táknmálsfræði en tuttugu og fjórir eru nú í námi með táknmálsfræði sem aðalgrein. Gert er ráð fyrir að átta til tíu af þessum nemendum fari í viðbótarnám í túlkun veturinn 1997–1998.

1. ár — Táknmálsfræði.

Haustönn:

Táknmál I	104 tímar
Málfræði táknmáls I	78 tímar
Menning og saga heyrnarlausra I	52 tímar

Vorönn:

Táknmál II	104 tímar
Íslensk málfræði	65 tímar
Málfræði táknmáls II	78 tímar

2. ár — Táknmálsfræði.

Haustönn:

Táknmál III	104 tímar
Hugfræði	52 tímar
Málfræði táknmáls III	52 tímar
Daufblinda	26 tímar

Vorönn:

Táknmál IV	104 tímar
Samskiptafræði	26 tímar
Menning og saga heyrnarlausra II	52 tímar
BA-ritgerð	

3. ár — Viðbótarnám í táknmálstúlkun.

Haustönn:

Táknmál V	104 tímar
Túlkunarfræði	52 tímar
Túlkun I	104 tímar
Siðfræði	26 tímar

Vorönn:

Túlkun II	260 tímar
Meðferð talaðs máls	52 tímar

Sumarönn:

Túlkun III	208 tímar
Túlkunarfræði	10 tímar

Samantekt.

Táknmál	520 tímar
Málfræði táknmáls II	208 tímar
Íslensk málfræði	65 tímar
Meðferð talaðs máls	52 tímar
Hugfræði	52 tímar
Daufblinda	26 tímar
Samskiptafræði	26 tímar
Túlkunarfræði	52 tímar
Túlkun	572 tímar
Siðfræði	26 tímar
Menning og saga heyrnarlausra	104 tímar
Samtals	**1.703 tímar**

3. Áhrif kennslu í táknmálsfræðum og táknmálstúlkun á stöðu heyrnarlausra í íslensku samfélagi.

Heyrnarlausir eru mjög einangraðir í íslensku samfélagi og hafa ekki fengið að taka þátt í því sem fullgildir borgarar. Til þess að þeir fái aðild að samfélaginu þarf að viðurkenna rétt þeirra til þjónustu og þátttöku í þjóðfélaginu í gegnum táknmál. Börnin þurfa

menntun þar sem táknmál er kennslumál og fullorðnum heyrnarlausum þarf að tryggja þátttöku í gegnum túlka. Til þess að íslenskt samfélag geti staðið við skyldur sínar gagnvart heyrnarlausu fólki og foreldrar heyrnarlausra barna geti sinnt uppeldisskyldum sínum gagnvart börnunum verður einhvers staðar að viðhalda þekkingu sem nægir til þess að hægt sé til dæmis að halda táknmálsnámskeið, vinna námsefni í táknmáli, standa á bak við kennaramenntun og menntun annarra uppeldisstétta, auk þess að geta boðið upp á nám í túlkun annað slagið eftir þörfum.

Öll þessi kennsla verður að byggjast á fræðilegum rannsóknum á táknmáli og því að við getum menntað kennara til þess að halda henni úti. Bæði þarf að mennta táknmálskennara og kennara á öllum stigum fyrir heyrnarlausa. Það er því grundvallarforsenda fyrir jafnrétti heyrnarlausra til þátttöku í íslensku samfélagi að táknmálinu sé gefinn sess í háskólaumhverfinu við hlið annarra mála.

Enn er ekki búið að brautskrá táknmálstúlka þannig að áhrifa námsins er ekki farið að gæta úti í samfélagi heyrnarlausra. Útlit er fyrir að upphaflegu markmiði, um að mennta 15–20 túlka, út úr þessari tilraun, verði náð. Augljóst er að almenn þekking á táknmáli og stöðu heyrnarlausra hefur aukist verulega á síðustu árum og fleiri stúdentar láta málefni þeirra sig varða. Samfara náminu hafa verið gerðar, bæði af nemendum og kennurum, rannsóknir á táknmálinu og á samfélagi og menningu heyrnarlausra. Aukin þekking hefur því orðið til og ljóst er að til þess að efla rannsóknir og þekkingu á stöðu, menningu og máli heyrnarlausra verður þetta verkefni að halda áfram.

4. Á greinin heima sem háskólafag og getur hún stutt við aðrar greinar Háskólans?

Táknmál er fullgilt tungumál sem miðlað er með höndum og líkama og skynjað með augum. Það er því mál sem flutt er með öðrum miðli en raddmál. Rannsóknir á táknmáli hafa varpað nýju ljósi á aðrar málvísindarannsóknir en einnig á rannsóknir í mannfræði, sálfræði, hugfræði, sögu og öðrum greinum. Það er því mikill fengur fyrir háskólasamfélagið að fá þessa grein inn í Háskólann. Táknmálsfræði er vaxandi grein á háskólastigi víða í heiminum. Sífellt fleiri fræðimenn láta sig greinina varða og fræðigreinar um táknmál sjást æ oftar í viðurkenndum fræðiritum.

Niðurlag.

Varðandi framtíðarsýn námsins eru nokkrir kostir til. Bjóða má upp á:

a. 60 eininga nám til BA-prófs með líku sniði og verið hefur.
b. 30 eininga aukagrein til BA-prófs. Samsetningin yrði eins og fyrra árið er nú en þó með nokkrum breytingum.
c. Boðið yrði upp á námskeið í táknmálsfræði innan almennra málvísinda eða sem hluta af einhvers konar „applied lingustics“.
d. Boðið yrði upp á táknmálsfræði sem viðbótarnám með meiri áherslu á félagslega þætti í ætt við „deaf studies“.

575. Tillaga til þingsályktunar [314. mál]

um verðbólgureikningsskil.

Flm.: Ágúst Einarsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sérfróðra aðila til að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólgureikningsskilum hérlendis. Athugun nefndarinnar nái m.a. til skoðunar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt svo og á fyrirkomulagi á fjárreiðum ríkisins.

Nefndina skipi m.a. endurskoðendur, kennarar í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands og sérfræðingar úr ráðuneytum viðskipta og fjármála svo og aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaði hérlendis og búa yfir víðtækri þekkingu á þessu sviði.

Nefndin ljúki störfum fyrir apríllok 1998 og geri tillögur um lagabreytingar ef hún telur nauðsyn á því. Viðskiptaráðherra leggi í kjölfar þess fram frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um verðbólgureikningsskil til kynningar á vorþingi 1998.

Greinargerð.

Verðbólgureikningsskil hafa tíðkast hérlendis í tæpa tvo áratugi. Verðbólgureikningsskil fyrirtækja eru m.a. fólgin í því að tekið er tillit til verðbólgu í ársreikningum og kemur sú aðferðafræði einnig fram í skattalögum.

Þegar verðbólga var sem mest hérlendis og mun hærri en í nágrannalöndunum var eðlilegt að leitað væri leiða til að endurspegla þá þróun í ársreikningum. Nú er verðbólga svipuð hér og í nágrannalöndunum, en verðbólgureikningsskil þekkjast einungis hér á landi. Að mati margra er kominn tími til að hverfa frá verðbólgureikningsskilum og laga uppgjörs- og skattalög okkar að þeim sem algengust eru í nágrannalöndunum.

Ljóst er að þótt hætt verði við verðbólgureikningsskil þýðir það ekki að horfið verði frá verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það er allt annað mál og umræða um afnám eða minnkun verðtryggingar hefur lítil áhrif á þá vinnu sem samþykkt tillögunnar hefði í för með sér.

Í íslenskum verðbólgureikningsskilum eru m.a. varanlegir rekstrarfjármunir endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra miðað við breytingar á vísitölu og afskrifa til loka reikningsárs. Í skattalögum er nú miðað við vísitölu neysluverðs við verðbreytingar en áður var miðað við byggingarvísitölu.

Eitt mikilvægasta atriðið í verðbólgureikningsskilum er svokölluð verðbreytingafærsla en með henni eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir reiknuð og færð í ársreikning og mynda reiknaðar tekjur eða gjöld vegna verðlagsbreytinga. Reiknaðar tekjur (gjöld) vegna skulda og peningalegra eigna endurspegla þá raunvirðisrýrnun (raunvirðishækkun) sem verður á þessum liðum við verðbólguaðstæður og á færslan sér því mótvægi í vöxtum, verðbótum, gengistapi og gengishagnaði.

Hafa ber í huga að ársreikningar og skattframtöl þurfa ekki að vera samhljóða hjá einstökum fyrirtækjum. Skattframtöl taka mið af lögum um tekjuskatt og eignarskatt og eru í nokkru frábrugðin þeim möguleikum sem fyrirtæki hafa til framsetningar á rekstrar- og efnahagsreikningi sínum. Skattframtöl eru til að leggja á opinber gjöld samkvæmt lögum, en bókhald fyrirtækja og ársreikningar eiga að sýna rekstur þeirra og efnahag á ljósan hátt og endurspegla raunverulega stöðu fyrirtækis þar sem allar fjárhagsstærðir eru

metnar af varkárni. Löggiltir endurskoðendur vinna eftir sérstökum lögum og starf þeirra krefst langs náms og sérstakrar vandvirkni.

Hvað varðar fyrirtæki þarf nefndin m.a. að skoða breytingar á lögum um bókhald, nr. 145/1994, lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, og lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, ef breytt verður um uppgjörsaðferðir. Almenna uppgjörsreglan í nágrannalöndunum, bæði hjá fyrirtækjum og ríki, er að færa alla vexti til gjalda, en þar eru verðtryggð lán mjög sjaldgæf.

Fyrsta skrefið í þessu ferli gæti verið að ríkið lagi uppgjörsaðferðir sínar að þeim sem gilda í fyrirtækjum en þannig að ekki sé gert upp með verðbólgureikningsskilum. Nú færir ríkið fjármagnskostnað þannig að raunvextir verðtryggðra lána og nafnvextir óverðtryggðra og gengistryggðra lána eru færðir til gjalda en verðbótaþáttur verðtryggðra lána og gengisbreyting gengistryggðra lána er færð um endurmatsreikning, þ.e. yfir efnahagsreikning en ekki rekstrarreikning. Hægt væri að taka upp þá aðferð hjá ríkinu að færa alla vexti og verðbætur til gjalda eins og uppgjör fyrirtækja er hérlendis en falla frá verðbreytingafærslu.

Frumvarp um fjárreiður ríkisins er til umfjöllunar á yfirstandandi þingi en þar er ekki gert ráð fyrir að breyta uppgjörsaðferðum stjórnvalda. Fjárfestingar hjá hinu opinbera eru gjaldfærðar á því ári sem þær eru gerðar en ekki færðar til eigna og afskrifaðar eins og almennast er hjá fyrirtækjum.

Sambærilegt frumvarp var lagt fram á síðasta þingi en var ekki útrætt. Þá sagði m.a. í áliti sérnefndar sem fjallaði um frumvarpið að komið hefðu fram „hugmyndir í nefndinni varðandi færslu vaxta og verðbóta í reikningsskilum, þ.e. um að færa alla vexti til gjalda án leiðréttingar vegna verðþátta. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar um málið kemur fram að nefndin hafi velt fyrir sér hvort rétt væri að huga að því að beita sömu reglum í reikningsskilum ríkissjóðs og almennt tíðkast erlendis. Niðurstaðan hafi orðið sú að ríkið ætti ekki að gera tillögur um breytingar á þessu stigi. Ekki eru hér lagðar til breytingar hvað þetta varðar, en þó er full ástæða fyrir ríkisreikningsnefnd að fylgjast náið með þróun mála í þessu efni á næstu missirum."

Einnig er hægt að vísa til umsagnar Stefáns Svavarssonar, dósents í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands, formanns reikningsskilaráðs, til efnahags- og viðskiptanefndar haustið 1996 um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þar segir Stefán m.a. að tímabært sé „að ræða hvort ekki séu efni til að gera þá breytingu á skattalögunum að fella brott verðleiðréttingar, þ.e. framreikning á kostnaðarverði fastafjármuna, en afskriftir eru teknar af því verði og verðbreytingafærslu, enda eru breytingar á almennu verðlagi hér á landi ekki lengur meiri en í nágrannalöndunum og þar eru slíkar verðleiðréttingar ekki gerðar. Fyrir vikið er erfitt að gera raunhæfan samanburð á afkomu og efnahag íslenskra fyrirtækja og erlendra fyrirtækja. Í þessu sambandi má benda á að afleiðing þess að nota verðleiðrétt reikningsskil er m.a. sú að arðsemi íslenskra fyrirtækja sýnist vera miklu verri en fyrirtækja t.d. í OECD-löndunum. Óráðlegt er að hætta verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum þó að verðbólgan sé lítil þar sem ákvæði skattalaga gera enn ráð fyrir verðleiðréttingum. Verðleiðréttingarnar hófust með breytingum á skattalögunum 1979 og þeim verður ekki hætt við gerð reikningsskila að óbreyttum skattalögum. Rétt þykir að taka fram að einnig má færa rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að hætta ekki verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum en því máli verða ekki gerð skil hér."

Flutningsmenn telja því tímabært að gerð sé vönduð úttekt á því hvort rétt sé að breyta lögum hvað varðar verðbólgureikningsskil. Í tillögunni er gert ráð fyrir nefndarskipun af hálfu viðskiptaráðherra á faglegum grunni. Flutningsmenn benda á að reikningsskilaráð geti vel tekið þátt í þessari úttekt. Reikningsskilaráð er ráðherraskipuð nefnd sem skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju, m.a. með kynningu samræmdra reglna við gerð reikningsskila.

Þeirri nefnd, sem yrði skipuð samkvæmt tillögunni, er falið að skoða bæði uppgjörsaðferðir fyrirtækja, skattalög og fjárreiður ríkisins og leggja til breytingar á verðbólgureikningsskilum ef slíkt þykir skynsamlegt. Vitaskuld þarf nefndin að afla sér upplýsinga erlendis frá og meta breyttar aðstæður hérlendis hvað varðar verðbólguþróun.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að nefndin skili tillögum að frumvarpi eða frumvörpum og eðlilegt er að viðskiptaráðherra leggi þau fram til kynningar í kjölfar þess að nefndin skili af sér. Ef tillagan verður samþykkt á vorþingi 1997 er nefndinni ætlað eitt ár til að vinna að tillögum sínum.

Flutningsmenn hafa ekki myndað sér skoðun fyrir fram á því hvort hætta eigi verðbólgureikningsskilum, en benda á að alþjóðlegur samanburður verður mun auðveldari, bæði milli fyrirtækja og opinberra aðila, ef uppgjörsaðferðir eru sambærilegar.

576. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Flm.: Ísólfur Gylfi Pálmason, Gunnlaugur M. Sigmundsson,
Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánssson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs.

Greinargerð.

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19%. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks.

Af þessum sökum hafa víða á Vesturlöndum verið gerðar miklar rannsóknir á þeim breytingum á aldursskiptingu sem eru fyrirsjáanlegar næstu áratugi og stafa af því að sífellt fleiri ná háum aldri, m.a. vegna framfara í læknisfræði og betri aðbúnaðar.

Umræðan um vandamál er fylgja breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar snertir ýmsa viðkvæma þætti í lífi aldraðra. Enginn má skilja þá umræðu svo að verið sé að hnýta í aldraða. Flestir eiga fyrir höndum að ná háum aldri og þurfa að gera sér grein fyrir þeim breytingum á eigin lífi og í þjóðfélaginu sem fram undan eru. Vaxandi kostnaður heilbrigðisþjónustunnar og lífeyriskerfisins er vandi þjóðarinnar allrar. Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita sameiginlegra lausna eins og aðrar þjóðir hafa

reynt. Að vísu virðist vera nokkuð djúpt á lausnum, en þó hafa komið fram ýmsar tillögur sem vert er að gaumgæfa.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Fyrir 100 árum hefðu fæstir náð þeim aldri sem eftirlaun eru nú miðuð við.

Þrátt fyrir stöðugt hærri meðalaldur verður ekki hjá því komist að líkaminn slitni með aldrinum, sama hvað við reynum að lifa skynsamlega og hversu góð heilbrigðisþjónustan er. Kvillarnir herja mismikið á fólk og eftir því sem það nær hærri aldri aukast líkurnar á þörf fyrir samfélagslega aðstoð. Kostnaður þjóðfélagsins við þá aðstoð verður meiri eftir því sem fjölgar í þeim hópi sem nær háum aldri, og eins og horfur eru nú í flestum vestrænum löndum mun háöldruðum fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og stundum talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Eftirlaunakerfið hefur hins vegar reynst nokkuð dýrt og stjórnvöld hafa víða borið sig illa. Flestum er ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast gífurlega. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi víða um heim. Reiknað hefur verið út að árið 2030 geti ástandið orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega, aldurshópar komi til með að takast á um skiptingu fjármagns og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Einnig hefur verið bent á að breyttri aldursskipan fylgja pólitískar breytingar. Aldraðir hafa víða styrkt mjög stöðu sína með hvers konar félagsstarfsemi sem hefur það meginmarkmið að hafa áhrif á ákvarðanir löggjafarvaldsins í málefnum aldraðra.

Ýmsir vilja draga úr alvarlegum afleiðingum breyttrar aldursskiptingar sem verður áberandi fljótlega eftir aldamót, en svartsýnar spár hafa haft þau jákvæðu áhrif að stjórnvöld og einstaklingar eru farin að skoða áhrif breytinganna og leita leiða til að bregðast við þeim.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir. Því er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál.

577. Fyrirspurn [316. mál]

til iðnaðarráðherra um vatnsorku utan miðhálendisins.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hversu mikið er hægt að virkja af vatnsorku utan miðhálendisins svo hagkvæmt sé?

578. Fyrirspurn [317. mál]

til iðnaðarráðherra um jarðgufuvirkjanir utan miðhálendisins.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hversu mikil orka er virkjanleg svo hagkvæmt sé með jarðgufuvirkjunum utan miðhálendisins?

579. Fyrirspurn [318. mál]

til samgönguráðherra um almenningssamgöngur á landsbyggðinni.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hefur samgönguráðuneytið kynnt sér horfur í almenningssamgöngum á landsbyggðinni eftir uppsagnir Pósts og síma hf. og Flugleiða á samningum við sérleyfishafa?
2. Mun ráðuneytið beita sér fyrir aðgerðum til þess að tryggja almenningssamgöngur í sessi við þessar nýju aðstæður?

580. Fyrirspurn [319. mál]

til menntamálaráðherra um úrskurð umhverfisráðuneytisins um friðun gamalla húsa.

Frá Svavari Gestssyni.

Hverjar eru horfur um friðun gamalla húsa að mati ráðherra eftir úrskurð umhverfisráðherra frá 1. október 1996?

581. Fyrirspurn [320. mál]

til umhverfisráðherra um synjun umsókna um niðurrif á húsum.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla að mati ráðherra svo að byggingarnefnd byggðarlags geti synjað umsókn um niðurrif á húsum, sbr. úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 1. október 1996?

582. Fyrirspurn [321. mál]

til fjármálaráðherra um afnám skattframtala.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Sér ráðherra fram á að forsendur muni skapast í náinni framtíð til afnáms sérstakra skattframtala einstaklinga?

Skriflegt svar óskast.

583. Fyrirspurn [322. mál]

til viðskiptaráðherra um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni og Pétri H. Blöndal.

Hvaða innstæður (fjárupphæðir) eru inni á reikningum banka og sparisjóða, öðrum en tékkareikningum, sem bera lægri vexti en sem nemur meðalverðbólgu síðasta árs og hver var raunávöxtun þessara reikninga?

Svar óskast sundurliðað eftir reikningstegundum.

Skriflegt svar óskast.

584. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti Þorstein A. Jónsson, Björgu Thorarensen og Ragnheiði Harðardóttur. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Heimili og skóla, tollstjóranum í Reykjavík, Barnaverndarstofu, landlækni, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, áfengisvarnaráði, lögreglustjóranum í Reykjavík og Landssambandi lögreglumanna.

Frumvarpið felur í sér breytingar á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum. Um er að ræða lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðasamninga á sviði refsiréttar, annars vegar samning Sam-

einuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og hins vegar samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Í umsögn sem nefndinni barst um málið kemur fram að nokkrum vanda hefur valdið að heiti á fíkniefninu „ecstasy“ eða „E-töflur“ kemur hvergi fyrir í lögum eða reglugerðum. Þar eru aðeins talin upp vímuefni sem er að finna í slíkum töflum. Upplýst var á fundi nefndarinnar að eðlilegra væri að kveða á um slíkt í reglugerð.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 4. febr. 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form.	Valgerður Sverrisdóttir, frsm.	Ögmundur Jónasson.
Árni R. Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
	Kristján Pálsson.	

585. Tillaga til þingsályktunar [323. mál]

um notkun rafknúinna farartækja á Íslandi.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd til að athuga með hvaða hætti megi hvetja til almennrar notkunar rafknúinna farartækja á Íslandi. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar fyrir árslok 1997.

Greinargerð.

Ökutæki knúin bensíni eða dísilolíu munu valda um 30% af koldíoxíðmengun hérlendis. Bifreiðaeign Íslendinga er miðað við höfðatölu ein sú mesta í Evrópu. Alþekkt er úr umferðinni að ökumenn sitja oft einir í bifreiðum sínum. Nú þegar við blasir að mengun muni aukast af völdum stóriðju er mikilvægt fyrir þjóðina að gegna alþjóðlegum skyldum sínum í umhverfismálum. Vistvæn orka fallvatna er ríkuleg auðlind Íslendinga. Í stað þess að flytja til landsins dýra og óvistvæna orkugjafa á borð við bensín og olíu gætu Íslendingar hugsanlega nýtt ódýra og vistvæna raforku. Í Bandaríkjunum mun hafa verið brugðist við mengun af völdum bifreiða með því að setja lög, t.d. í Kaliforníu, sem kveða á um að 2% seldra bíla árið 1998 skuli rafknúin. Fyrir vikið eru framleiðendur bifreiða farnir að skoða í alvöru leiðir til að fjöldaframleiða rafknúin ökutæki. Vegna vaxandi mengunar í heiminum má ætla að rafknúnir bílar verði til muna algengari í framtíðinni en þeir eru í dag. Því er rökrétt að Íslendingar bregðist skjótt við þessum möguleikum og taki jafnvel ákveðna forustu í að innleiða rafknúin ökutæki.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir skipan nefndar er hafi það hlutverk að athuga með hvaða hætti megi hvetja til rafvæðingar farartækja hérlendis og koma henni á.

Bent skal á að nú þegar eru framleiddir rafknúnir bílar sem geta ekið 120–170 km á hverri hleðslu. Það felur í sér að slíkir bílar dygðu á flestum þéttbýlissvæðum á Íslandi. Hins vegar þyrfti að athuga með hvaða hætti raforka til slíkra ökutækja yrði framleidd, henni dreift og hver annaðist dreifinguna. Minnt skal á að rafknúnar bifreiðar eru mun

hljóðlátari en vélknúnar, en hávaðamengun af umferð er orðin alvarlegt vandamál í þéttbýli.

Önnur leið sem nefndin gæti kannað eru kostir þess að nota rafknúna sporvagna í stærstu kaupstöðum. Viðhald slíkra vagna er lítið og ending mikil samkvæmt reynslu annarra þjóða og rafmagn getum við framleitt sjálf. Mikilvægt er að einblína ekki á hagkvæmni heldur að hafa einnig í huga umhverfissjónarmið sem og sparnað að minna viðhaldi á götum og hugsanlega einnig lægri slysatíðni.

Þriðja leiðin sem bent skal á hér er að setja mengunarskatt á alla umferð í tiltekinni fjarlægð frá þéttbýli. Sú leið hefur verið farin á nokkrum stöðum erlendis, t.d. í Noregi, í því skyni að draga úr notkun einkabíla og þar af leiðandi mengunar.

Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Íslands, byggðri á rammaáætlun um loftlagsbreytingar, er m.a. kveðið á um endurskoðun á gjaldtöku af bifreiðum og eldsneyti með það fyrir augum að auka hlutfall sparneytinna bifreiða sem og að fella niður vörugjöld á mengunarlausa bíla, svo sem rafbíla. Þingsályktunartillaga þessi fellur að þeim hugmyndum þó að gert sé ráð fyrir að tilteknir þættir verði athugaðir nánar af nefndinni sem lagt er til að verði komið á fót.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar fyrir árslok 1997 þannig að Alþingi geti tekið afstöðu til þeirra kosta er nefndin kann að leggja til.

586. Tillaga til þingsályktunar [324. mál]

um endurskipulagningu á þjónustu innan sjúkrahúsa.

Flm.: Guðrún Sigurjónsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að láta endurskipuleggja þjónustu sjúkrahúsa svo að þjónusta sem veitt er sé í senn sem hagkvæmust og uppfylli þarfir sjúklinga sem best á öllum stigum sjúkdóms. Verkefnið verði unnið í sameiningu af sjúkrahúsum landsins undir forustu heilbrigðisráðuneytisins.

Greinargerð.

Hér er flutt tillaga sem gæti í verki sparað fé og stuðlað að jafngóðri eða betri líðan sjúklinga en nú er. Fyrir því eru þessi rök:

1. Þann 27. janúar sl. voru á bráðadeildum Landspítalans 27 sjúklingar sem höfðu lokið meðferð. 21 þeirra komst ekki heim vegna færniskerðingar sem hægt hefði verið að meðhöndla á endurhæfingardeild. Hinir þurftu umönnun, en höfðu ekki þörf fyrir að vera á bráðadeild. Í þessum hópi voru hvorki aldraðir né hjúkrunarsjúklingar. Endurhæfingardeildir eru mun ódýrari í rekstri en bráðadeildir.
2. Reynsla erlendis sýnir að sjúkradeildir sem taka við sjúklingum af bráðadeildum um leið og ástand þeirra er orðið stöðugt („sub-akut“-deildir) kosta a.m.k. 50% minna í rekstri en bráðadeildir.

   Á íslenskum heilbrigðisstofnunum eru yfirleitt ekki slíkar deildir. „Sub-akut“-deildir taka við sjúklingum þegar þeir eru komnir af bráðastigi sjúkdóms eða aðgerðar. Ástand þeirra er þá orðið stöðugt og minni þörf fyrir eftirlit með sjúkdómi þeirra en meðan hann er á bráðastigi. Dæmi um slíka sjúklinga er fólk sem fengið

hefur gerviliði í mjaðmir eða hné. Það bíður þess að sár þess grói og vinnur jafnframt að því að efla líkamlegt atgervi þar til það er fært um að útskrifast. Slíkir sjúklingar gætu farið á „sub-akut"-deild jafnvel tveimur til þremur dögum eftir aðgerð í stað þess að útskrifast á fimmta til sjöunda degi eins og nú er. Með þessu móti væri hægt að stytta biðlista því að mun betri nýting yrði á bráðarúmum.

Ástæðan fyrir því að „sub-akut"-deild er ódýrari en bráðadeild er sú að ekki er þörf á eins mörgum dýrum sérfræðingum og á bráðadeild vegna þess að virkri læknismeðferð er lokið.

3. Þjónusta við sjúklinga verður markvissari á öllum stigum sjúkdóms. Markmiðið á „sub-akut"-deildum er að gera sjúklinga sem mest sjálfbjarga eða gera viðeigandi ráðstafanir þurfi þeir á aðstoð að halda heima við eftir útskrift. Á bráðadeild er markmiðið fyrst og fremst að grípa inn í bráðaástand og að annast mikið veika sjúklinga. Andrúmsloftið á slíkri deild er ekki hvetjandi fyrir þá sem eru á leið út í lífið eftir að bráðameðferð er lokið.

587. Svar [249. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur um málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra.

1. Hvenær má vænta þess að íslenska táknmálið, sem er eina mál margra Íslendinga, verði viðurkennt sem móðurmál þeirra?

Viðurkenning á íslensku táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra og heyrnarskertra felur ekki einungis í sér aukinn rétt heyrnarlausra til táknmálskennslu og táknmálstúlkunar í skólakerfinu heldur er um að ræða víðtækan rétt til þjónustu og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Hér má t.d. nefna dómskerfi og heilbrigðiskerfi. Viðurkenning á táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra og heyrnarskertra snýr því ekki eingöngu að menntamálaráðuneytinu heldur er hér pólitískt mál sem vinna þarf í samvinnu ráðuneyta og á vettvangi ríkisstjórnar. Í nágrannalöndum okkar hefur víðast verið farin sú leið við viðurkenningu á táknmáli að setja í áföngum lög sem tryggja rétt heyrnarlausra og heyrnarskertra til táknmáls og túlkunar á ýmsum sviðum. Opinber stefna hefur ekki verið mörkuð í þessum málum hér á landi en almennt hefur verið talið farsælla að tryggja smám saman með lagasetningu rétt heyrnarlausra og heyrnarskertra til þjónustu. Í ríkisstjórn er nú unnið að því að samhæfa aðgerðir í málefnum fatlaðra og er að vænta tillagna í þeim efnum. Fyrir dyrum stendur einnig endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þótt þróun í átt til viðurkenningar táknmáls hafi verið hægari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum hafa þó verið stigin mikilvæg skref sem fela í sér opinbera viðurkenningu:

Í árslok 1990 voru sett lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Markmið laganna er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Með stofnun Samskiptamiðstöðvarinnar, en hún heyrir undir menntamálaráðuneytið, var stórt skref stigið í átt til aukinnar þjónustu og réttinda til handa heyrnarlausum og heyrnarskertum.

Hlutverk Samskiptamiðstöðvarinnar er samkvæmt lögum að annast:
a. rannsóknir á íslensku táknmáli,
b. kennslu táknmáls,
c. táknmálstúlkun,
d. aðra þjónustu.

Í Samskiptamiðstöðinni er m.a. veitt túlkaþjónusta og haldin námskeið fyrir táknmálskennara og táknmálsnámskeið fyrir almenning, fjölskyldur heyrnarlausra, fólk sem missir heyrn, þroskahefta, daufblinda og fleiri. Unnið hefur verið námsefni í táknmáli fyrir táknmálsnámskeið, framhaldsskóla og Háskóla Íslands, m.a. margmiðlunarnámsefni og orðabók á táknmáli fyrir PC-tölvur, og þýddar barnabækur á táknmál á myndbönd. Einnig hefur verið veitt ráðgjöf og fræðsla um samskipti við heyrnarlausa og heyrnarskerta og gerðar hagnýtar og fræðilegar rannsóknir á táknmáli.

Árið 1994 gerðu Samskiptamiðstöðin og Háskóli Íslands með sér samning um kennslu í táknmálsfræði og táknmálstúlkun í heimspekideild. Fyrstu túlkarnir verða brautskráðir vorið 1997 og annar hópur lýkur námi ári seinna.

Lög um grunn- og framhaldsskóla fela í sér rétt allra nemenda til kennslu og skal skólinn stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í lögum um framhaldsskóla er enn fremur ákvæði um að í reglugerð skuli kveðið á um rétt heyrnarlausra nemenda til íslenskukennslu. Í menntamálaráðuneytinu er nú unnið að setningu reglugerða vegna nýrra framhaldsskólalaga og að gerð námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla og verður þar sérstaklega tekið til skoðunar hvernig tryggja megi að heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur fái þjónustu við hæfi.

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur um nokkurt skeið verið boðið upp á kennslu í íslensku táknmáli og íslensku og ensku fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta. Jafnframt hafa heyrnarlausir og heyrnarskertir nemendur getað stundað nám í öðrum námsáföngum með aðstoð táknmálstúlks.

Fé til túlkunar í grunn- og framhaldsskólum er greitt af fjárveitingu til sérkennslu.

Alþingi hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um réttindi sjúklinga. Þar er skýrt kveðið á um rétt heyrnarlausra til túlkunar í heilbrigðiskerfinu.

Árið 1995 skipaði félagsmálaráðherra nefnd um túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Hlutverk nefndarinnar var að skoða stöðu túlkaþjónustu og gera tillögur um framtíðarskipan. Í áliti nefndarinnar er lagt til að skýrt verði kveðið á um rétt heyrnarlausra til túlkunar í lögum. Þar til það verður gert er hugmynd nefndarinnar að opinberar stofnanir, sem heyrnarlausir sækja þjónustu til, beri kostnað af túlkun vegna þjónustunnar. Nefndin leggur til að framkvæmdasjóður fatlaðra veiti aftur fé til túlkunar í samræmi við reglur frá 1. mars 1995 og að lokum að sveitarfélög veiti fé til túlkunar vegna þátttöku í menningarlífi og tómstundastarfi.

2. *Hafa verið gerðar, eða eru í undirbúningi, ráðstafanir af hálfu Ríkisútvarpsins til að mæta þörfum þeirra rúmlega 20.000 heyrnarskertu og heyrnarlausu Íslendinga sem talið er að þurfi texta með öllu sjónvarpsefni?*

Í svari Ríkisútvarpsins til menntamálaráðuneytisins við þessari fyrirspurn, dags. 8. janúar 1997, kemur fram að Ríkisútvarpið, sjónvarp hafi engar tímasettar áætlanir um sérstaka textun á innlendu efni fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa. Helstu dagskrárliðir í jóla- og áramótadagskrám hafa verið textaðir í textavarpinu, svo sem jólamessa, áramótaskaup, fréttaannálar og ávörp forseta, forsætisráðherra og útvarpsstjóra auk kvikmynda. Neðanmálstextar eru kallaðir fram á sérstakri síðu í textavarpi þannig að text-

inn truflar ekki þá sem vilja ekki sjá texta á myndfletinum. Upplýsingar um notkun þessarar þjónustu liggja ekki fyrir.

3. *Hefur verið tekin afstaða til þess að áríðandi fréttir í sjónvarpi séu bæði textaðar og túlkaðar?*

Í svari Ríkisútvarpsins til menntamálaráðuneytisins við þessari fyrirspurn, dags. 8. janúar 1997, kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Helstu fréttir útvarps og sjónvarps eru aðgengilegar í styttri útgáfu í textavarpi auk þess sem sjónvarpið kemur til móts við heyrnarlausa með flutningi daglegra táknmálsfrétta.

Það sem átt er við í fyrirspurninni með orðunum „áríðandi fréttir" gæti til að mynda átt við um upplýsingar sem varða almenningsheill, svo sem skilaboð frá Almannavörnum ríkisins sem nauðsynlegt er að nái til allra landsmanna. Í slíkum tilfellum yrði vitaskuld reynt að sjá til þess í samvinnu við Almannavarnir að upplýsingar kæmust til allra landsmanna með tali, í rituðu máli og á táknmáli.

Textun frétta í beinni útsendingu fyrir heyrnarskerta er afar kostnaðarsöm og því ekki á döfinni í nánustu framtíð. Ef til slíkrar sérþjónustu kemur síðar koma tvær leiðir helst til álita. Önnur leiðin er hefðbundin textun sem krefst töluverðrar forvinnu, en slík aðferð er notuð hjá norska sjónvarpinu. Hin leiðin er hraðtextun sem að verulegu leyti fer fram í beinni útsendingu, en sænska sjónvarpið hefur valið þá aðferð."

Enn fremur segir í svari Ríkisútvarpsins:

„Framtíðin í þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta hlýtur fyrst og fremst að felast í textun og fréttaflutningi í textavarpi. Auk almennrar textavarpsþjónustu hefur Félag heyrnarlausra 20 textavarpssíður til eigin nota. Ákveðið hefur verið að textavarpi sjónvarpsins verði dreift á internetinu og er nú unnið að tæknilegri útfærslu þess máls."

4. *Hver er áætluð þörf fyrir táknmálstúlka á næstu árum, hvaða menntunarkostir bjóðast þeim sem vilja læra táknmálstúlkun og hversu margir eru við slíkt nám nú?*

Framboð á túlkaþjónustu hér á landi hefur aldrei verið svo mikið að það hafi fullnægt þörf. Erfitt er því að áætla þörf fyrir túlkun í framtíðinni. Annars staðar á Norðurlöndum, þar sem túlkaþjónusta hefur verið veitt lengur en hér, hefur túlkaþjónusta stóraukist frá því að byrjað var að veita hana. Hér á landi hefur stærstur hluti þess fjár sem veitt hefur verið til túlkunar komið frá menntamálaráðuneytinu og hefur fram til þessa frekar verið skortur á túlkum en að fé hafi hamlað túlkun í skólum.

Í skýrslu um túlkaþjónustu sem gefin var út í Svíþjóð árið 1989 af Handikapputredningen er gert ráð fyrir að einn túlkur geti þjónað 12 heyrnarlausum eða heyrnarskertum einstaklingum. Þar er enn fremur gert ráð fyrir að daufblindir þurfi túlk að meðaltali átta tíma á viku. Samkvæmt upplýsingum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra þyrfti sautján túlka til þess að þjóna um 200 heyrnarlausum einstaklingum og þrjá túlka þyrfti fyrir tíu daufblinda einstaklinga eða samtals 20 túlka, ef sömu viðmiðunartölur eru notaðar.

Samskiptamiðstöðin og Háskóli Íslands gerðu árið 1994 með sér samning um tilraun með kennslu í táknmálsfræði og táknmálstúlkun. Um er að ræða þriggja ára nám í málvísinda- og bókmenntaskor heimspekideildar. Tveir hópar hafa hafið námið, annar haustið 1994 og hinn haustið 1995. Táknmálsfræði er kennd til 60 eininga. Táknmálstúlkun er viðbótarnám til 40 eininga. Unnt er að stunda nám í táknmálsfræði hvort heldur sem aukagrein eða aðalgrein til BA-prófs. Þrír hafa lokið BA-prófi í táknmáli með viðskipta-

fræði, bókasafnsfræði eða málvísindum. Fyrstu túlkarnir verða brautskráðir frá Háskóla Íslands vorið 1997 og annar hópur 1998.

5. *Hefur verið skoðað sérstaklega við endurskoðun á lögunum um LÍN að sjóðurinn geti lánað heyrnarlausum þegar þeir eru komnir á tiltekinn aldur og hafa ekki getað lokið framhaldsskóla á tilsettum tíma vegna skorts á táknmálstúlkun?*

Við endurskoðun á lögum um LÍN hefur ekki verið fjallað sérstaklega um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Eins og að framan greinir í svari við fyrsta lið fyrirspurnarinnar er hér um að ræða málaflokk er snertir mörg svið samfélagsins sem vinna þarf í samvinnu ráðuneyta og í ríkisstjórn er nú unnið að því að samhæfa aðgerðir í málefnum fatlaðra og er tillagna að vænta í þeim efnum.

588. Tillaga til þingsályktunar [325. mál]

um aðgang nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Árni M. Mathiesen, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Pálsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag.

Greinargerð.

Stefna ríkisstjórnar.

Í framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið er sett fram það meginmarkmið að Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bætts mannlífs og aukinnar hagsældar. Skilgreind eru eftirfarandi þrjú forgangsverkefni sem eru sögð mikilvæg til að stefna stjórnvalda í málefnum upplýsingasamfélagsins nái fram að ganga:

a. átak á sviði menntamála,
b. áhersla á flutningsgetu og flutningsöryggi tölvutækra upplýsinga,
c. að útboðsstefnu ríkisins verði framfylgt við kaup hugbúnaðar fyrir ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Menntamálaráðuneytið hefur mótað mjög ítarlega stefnu sem sett er fram í ritinu „Í krafti upplýsinga“. Þar kemur meðal annars fram að kenna verði notkun upplýsingatækni á öllum skólastigum. Við námsgagnagerð verði að nýta kosti margmiðlunar til að efla menntun og auka fjölbreytni í skólastarfi. Lögð er áhersla á að í skólum landsins eigi að vera fullnægjandi tölvubúnaður til að nemendum og starfsmönnum sé gert kleift að nýta sér möguleika upplýsingatækni í námi, kennslu, rannsóknum, stjórnun og samskiptum innan lands og utan. Að þessu er nú unnið og hluti stefnunnar hefur þegar verið framkvæmdur.

Afleiðing niðurskurðar.

Mikill og flatur niðurskurður undangenginna ára hefur bitnað mest á þeim sem síst skyldi, þeim sem reyna að fara að fjárlögum. Slíkur niðurskurður leiðir stefnuna frá raunverulegu markmiði velferðarkerfisins: Hvert viljum við stefna og hver á þáttur ríkisins að vera? Nokkur hluti menntakerfisins er þegar í höndum einkaaðila og má þar nefna listaskóla og tölvuskóla. Hið almenna skólakerfi er þó að mestu í höndum opinberra aðila og það varðar foreldrana, þjóðina og atvinnulífið miklu hvernig til tekst með menntun barnanna okkar. Þess vegna er mikilvægt að tryggja að menntakerfið sé skilvirkt og skili menntuðum, upplýstum og sjálfstæðum einstaklingum sem hafa til að bera frumkvæði.

Framleiðniaukning.

Mikil framleiðniaukning einkennir alla þætti atvinnulífsins hin síðari ár. Stór þáttur í þessari framleiðniaukningu er notkun örgjörva eða tölva í iðnaði, verslun, sjávarútvegi og landbúnaði. Opinbera stjórnsýslan hefur og tekið þetta verkfæri í auknum mæli í þjónustu sína. Í menntamálum hafa margir einstaklingar lagt hönd á plóginn við að tölvuvæða menntakerfið á ýmsan hátt og nægir þar að nefna Íslenska menntanetið. Enn fremur hafa einstök foreldrafélög, kennarar og skólastjórnendur lyft grettistaki í því að tölvuvæða einstaka skóla. Það vekur svo aftur upp spurningar um stöðu þeirra nemenda sem ekki verða þeirrar gæfu aðnjótandi. En þrátt fyrir þetta gleðilega framtak er ljóst að betur má ef duga skal. Nýleg könnun á getu íslenskra nemenda í raungreinum sýnir að þeir hafa hugsanlega ekki þá þekkingu eða færni sem æskileg er og nauðsynleg ef þjóðin ætlar að standa sig í samkeppni þjóðanna í framtíðinni. Því er þörf úrbóta.

Margþætt vandamál.

Í framangreindri könnun stóðu nemendur frá Singapúr áberandi best. Því væri e.t.v. eðlilegt að fólk leitaði þangað að fyrirmyndum og gleymdi öðrum atriðum. Aðrar námsgreinar og önnur atriði eru ekki síður mikilvægar í kennslu en raungreinar. T.d. er nauðsynlegt að hafa mikla færni í tungumálum í ört vaxandi alþjóðasamskiptum. Frumkvæði, sjálfstæði, áhættugleði og hugmyndaauðgi eru ekki síðri eiginleikar en þekking. Einnig hefur verið bent á hugsanlegar skuggahliðar á námsárangrinum. Of mikill metnaður og streita kann að fylgja þessum árangri barnanna í Singapúr. Því er nauðsynlegt að huga að mörgum þáttum þegar leitað er leiða til að auka metnað og færni íslenskra skólabarna.

Möguleikar tölvuhugbúnaðar.

Á undanförnum mánuðum og árum hefur sýnt sig þvílíkt afl býr í tölvum og netkerfum þegar litið er til upplýsingaöflunar og miðlunar. Nú er ekkert mál að senda bréf og flókinn hugbúnað heiminn á enda á nokkrum sekúndum sem áður tók vikur og mánuði. Unnt er að afla upplýsinga um allan heim um ákveðið málefni sem áður fyrr var ekki hægt eða með miklum tilkostnaði og tíma. Þar sem kennsla er aðallega fólgin í miðlun þekkingar og upplýsinga má ljóst vera að tölvan getur verið mjög mikilhæft verkfæri í menntakerfinu. Nægir í því sambandi að benda á sambland texta, tóns, mynda og kvikmynda í margmiðlunartölvu sem hægt er að miðla yfir net eða á ódýrum geisladiskum. Kostir þessa miðils umfram bókina og töfluna eru ótvíræðir.

Tölvuvæðing kemur öllum námgreinum til góða nema e.t.v. leikfimi. Möguleikar tölvunnar sem verkfæris í íslenskukennslu og tungumálakennslu eru ekki síðri en í stærðfræði og eðlisfræði. Hugmyndaauðgi kennara og hugbúnaðarfólks mun skapa nýjar víddir í kennslu með aðstoð þessa nýja verkfæris þar sem blandað er saman texta (bók), hljóði (framburður), myndum (lýsing) og kvikmyndum. Nemandinn stýrir hraðanum og að vissu leyti stefnunni.

Tölvan hefur auk þess þann kost að hún er alltaf til staðar fyrir nemandann. Nemandinn ræður ferðinni. Hann er virkur. Tölvan þreytist aldrei, verður aldrei óþreyjufull, jafnvel ekki þegar nemandinn spyr í þrítugasta skipti hvað ákveðið orð í dönsku þýðir. Ásókn ungmenna í tölvuleiki sýnir og þá möguleika sem gott námsefni á tölvutæku formi gæti haft til örvunar og hvatningar. Þannig munu ekki aðeins færustu nemendurnir njóta slíks námsefnis. Þeir nemendur, sem mestan tíma þurfa, fá þann tíma því að þeir stjórna hraðanum sjálfir. Tölvuvæðingin mun því nýtast þeim nemendum best sem ekki fylgja meðaltalinu, þeim sem fljótastir eru að tileinka sér námsefnið og hinum sem þurfa mikinn tíma.

Breyting á kennsluháttum.

Það er hægt að sjá fyrir miklar breytingar ef notkun tölva verður almenn í menntakerfinu. Hið hefðbundna form kennslu, sem hefur verið við lýði í hundruð ára, kann að riðlast. Í stað hefðbundinnar skólastofu, þar sem kennarinn er virkur og hópur nemenda er meira og minna óvirkur, kemur opin skólastofa þar sem nemendur eða hópar nemenda eru virkir við hverja tölvu en kennari eða kennarar ganga á milli, örva nemendur og leysa vandamál. Gera má ráð fyrir að kennsla staðreynda og æfing verði virkari og því mun aukast tími til að þjálfa nemendur í framkomu og tjáningu sem nokkuð hefur skort á.

Félagsleg einangrun?

Bent hefur verið á að seta við tölvu geti leitt til félagslegrar einangrunar. Þetta á líka við setu í hefðbundnum bekk. Þess vegna er mjög mikilvægt að hugað sé að frímínútum sem brjóta upp kennsluna og jafnframt að börnin vinni saman í litlum hópum við að leysa verkefni. Kröfulýsing til námsgagna gæti miðað að því. Þar sem tölvutækt námsefni virkjar nemandann í miklum mæli þarf að gæta vel að því að ofgera ekki börnunum. Við framkvæmd þingsályktunarinnar mætti t.d. miða við að yngstu börnin, 5–8 ára, væru ekki lengur en einn kennslutíma á dag fyrir framan tölvuna. Þennan tíma mætti svo auka með auknum aldri þannig að 15 ára nemendur væru e.t.v. 75% af virkum kennslutíma fyrir framan tölvuna.

Hugbúnaðargerð.

Ekki er nóg að kaupa tölvur til þess að ná fram markmiði þessarar þingsályktunartillögu. Má jafnvel fullyrða að tölvukaup ættu að vera undirmarkmið. Höfuðmarkmiðið er gerð nýs hugbúnaðar eða staðfærsla erlends kennsluhugbúnaðar. Mikilvægt er að hanna kerfi greiðslna fyrir afnot af kennsluhugbúnaði sem hvetji kennara og hugbúnaðarfólk til þess að taka höndum saman við að búa til eða staðfæra hugbúnað sem bæði fræðir og kennir en er jafnframt hvetjandi og skemmtilegur. Enn fremur þarf hann að mæla árangur. Átak í gerð kennsluhugbúnaðar getur verið mikil hvatning til kennara. Ef vel tekst til ætti átak í þessa veru að geta leitt til útflutnings á kennsluhugbúnaði.

Stöðug fjárfesting.

Margir átta sig ekki á því hve þróun tölva og hugbúnaðar er ör um þessar mundir. Tölvur, sem þóttu nýjasta nýtt fyrir þremur árum, teljast varla gjaldgengar lengur. Hugbúnaðurinn er jafnvel enn skammlífari. Þetta þarf að hafa í huga þegar ákveðið er að fara út í fjárfestingar eins og ályktun þessi ber með sér. Fólk getur ekki gert ráð fyrir að nóg sé að þróa hugbúnað og kaupa tölvur í eitt skipti fyrir öll. Hér verður um stöðuga fjárfestingu að ræða, fjárfestingu sem skila mun arði fyrst eftir áratugi. Hún er hins vegar nauðsynleg ef við ætlum að halda þeirri stöðu okkar að vera á meðal þjóða sem búa við bestu lífskjörin.

Leit að hugbúnaði.

Hluti af framkvæmd ályktunarinnar gæti falist í því að vaka yfir og fylgjast með því sem er nýjast í kennsluhugbúnaði á alþjóðamarkaði. Í þessu felst leit að hugbúnaði, kaup á honum, aðlögun og prófun.

Oft vill gleymast að kennsla á hugbúnað og umsjón og viðhald tölvukerfa og hugbúnaðar er mjög viðamikið starf. Því þarf að gera ráð fyrir þjálfun starfsfólks og kennara á þessum sviðum.

Upplýsingar til kennara.

Það hlýtur að vera hluti þessa átaks að upplýsa kennara um möguleika og kosti þessa nýja kennslumiðils og kenna þeim á þann hugbúnað sem stendur til boða. Einnig þarf beinlínis að gera ráð fyrir virkni kennara við að þróa nýjan hugbúnað og aðlaga erlendan hugbúnað íslenskum aðstæðum.

Tryggja þarf leiðir sem styðja og örva nýjar hugmyndir um kennsluefni. Þeir sem koma með skynsamlega hugmynd fái styrk, hlutafé eða víkjandi lán til þess að koma hugmyndinni í framkvæmd með aðstoð hugbúnaðarfólks. Setja þarf reglur um greiðslur fyrir afnot nemenda og kennara á geisladiskum eða öðru menntaefni. T.d. mætti greiða fyrir aðgang hvers nemanda að forritinu. Það yrði hvatning til kennara, hugbúnaðarfólks og fjárfesta að gera forritin skemmtileg og áhugaverð.

Lauslegt mat á kostnaði.

Það er ljóst að framkvæmd slíks átaks kostar mikið fé en líta má á átakið sem langtímafjárfestingu. Til þess að árangur verði einhver er nauðsynlegt að setja ekki minni fjármuni í þróun hugbúnaðar en kaup á tölvum. Í grunnskólum landsins eru um 42 þús. nemendur. Ef gert er ráð fyrir að þrír verði um hverja tölvu þarf 14 þús. tölvur í grunnskólana. Í framhaldskólunum eru um 17 þús. nemendur. Ef gert er ráð fyrir að hver þeirra þurfi eina tölvu þyrfti alls um 30 þús. tölvur. Þannig þyrfti að kaupa um 10.000 tölvur á ári. Áætla má að sá kostnaður verði um 600–900 millj. kr. Samkvæmt framansögðu væri eðlilegt að verja sömu upphæð til hugbúnaðargerðar. Átakið mundi því kosta 1.200–1.800 millj. kr. á ári.

Þátttaka sveitarfélaga.

Ljóst er að samstarf þarf að hafa við sveitarfélög um framkvæmd þessarar stefnu þar sem þau sjá um framkvæmd grunnskólans. Mikilvægt er að þeim sé séð fyrir fjármunum í því skyni að kaupa tölvur og hugbúnað.

Aðstöðumunur á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Mikilvægt er að nemendur eigi jafnan kost á því verkfæri sem tölvan er. Þess vegna er brýnt að það átak, sem lagt er til í tillögunni, nái til allra opinberra skóla, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Slík tölvu- og upplýsingavæðing mun auka möguleika á fjarkennslu sem aftur mun styrkja hefðbundna kennslu og því mun hún jafna muninn á skólum í þéttbýli og dreifbýli.

589. Fyrirspurn [326. mál]

til samgönguráðherra um fjölda slysa á helstu ferðamannastöðum.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hversu mörg slys hafa verið skráð á helstu ferðamannastöðum síðustu fimm árin? Svar óskast sundurliðað eftir árum og stöðum.

Skriflegt svar óskast.

590. Svar [229. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver hafa verið laun og önnur starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands á ári hverju síðustu sjö ár (1990–96), sundurliðað eftir föstum launum, öðrum greiðslum og hvers konar þóknunum og hlunnindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bílahlunnindum? Hversu stór hluti starfskjaranna á ári hverju á þessu tímabili er í formi þóknana fyrir setu á bankaráðsfundum og í stjórnum sjóða og fyrirtækja eða frá dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum bankanna?*
2. *Við hvað hafa launakjör og önnur starfskjör þeirra verið miðuð og hvernig hafa þau breyst á þessum tíma?*
3. *Hver eru lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands, sundurliðað eftir bönkum og stöðum?*
4. *Hverjar hafa verið árlegar lífeyrisgreiðslur til þeirra sem komnir eru á eftirlaun að meðaltali síðustu sjö ár og hverjar eru hæstu lífeyrisgreiðslurnar, sundurliðað eftir bönkum og stöðum? Hve margir njóta nú þessara lífeyrisgreiðslna og hvað kosta þær árlega, sundurliðað eftir bönkum?*
5. *Hve margir núverandi og fyrrverandi bankastjórar og aðstoðarbankastjórar ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands njóta einnig lífeyrisgreiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum og þá hve mörgum? Hversu háar hafa heildargreiðslur úr lífeyriskerfinu verið til þeirra á ári hverju síðustu sjö ár, sundurliðað eftir bönkum og stöðum?*

6. *Hverjar eru heildarskuldbindingar bankakerfisins vegna lífeyrisréttinda þessara aðila á komandi árum?*
7. *Eru áform uppi um endurskoðun og breytingar á starfskjörum og lífeyrisréttindum bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands eins og fyrrverandi viðskiptaráðherra lagði til á árinu 1994?*

1. Laun og önnur starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisviðskiptabankanna og Seðlabanka Íslands.

1.1 Laun bankastjóra.

1.1.1 Landsbanki Íslands.

Laun bankastjóra Landsbanka Íslands, ásamt risnu og bankaráðsþóknun, hafa verið sem hér segir:

Ár	Laun	Bankaráð	Risna	Aukagreiðsla*	Samtals
1990	3.568.132	471.868	150.000	707.216	4.897.216
1991	3.820.858	508.701	165.000	1.661.342	6.155.901
1992	3.917.562	519.501	180.000	1.732.069	6.349.132
1993	3.938.257	523.939	190.000	1.511.174	6.163.370
1994	5.700.203	523.939	200.000		6.424.142
1995	5.460.945	523.939	205.000		6.189.884
1996	5.465.132	523.939	225.000		6.214.071

* Ekki er tilgreint hvað felst í aukagreiðslunni.

1.1.2 Búnaðarbanki Íslands.

Laun bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, ásamt risnu og bankaráðsþóknun, hafa verið sem hér segir:

Ár	Laun	Bankaráð	Risna	Aðrar greiðslur	Samtals
1990	3.478.417	467.500	150.000	685.896	4.781.813
1991	3.720.991	500.100	180.000	1.298.608	5.699.699
1992	3.939.751	512.098	180.000	1.298.608	5.930.457
1993	3.844.880	516.750	190.000	1.412.324	5.963.954
1994	5.374.948	516.750	200.000		6.091.699
1995	5.343.000	641.160	205.000		6.189.160
1996	5.538.225	664.560	225.000		6.427.785

1.1.3 Seðlabanki Íslands.

Laun bankastjóra Seðlabanka Íslands, ásamt risnu og bankaráðsþóknun, hafa verið sem hér segir:

Ár	Laun	Bankaráð	Risna	Samtals
1990	3.212.022	430.009	150.000	3.792.031
1991	3.438.937	461.018	165.000	4.064.955
1992	3.519.450	473.016	180.000	4.172.466
1993	3.549.120	477.000	190.000	4.216.120
1994	3.549.120	477.000	200.000	4.226.120
1995	4.788.676	492.104	200.000	5.480.780
1996	5.000.464	545.816	225.000	5.771.280

1.2 Laun aðstoðarbankastjóra.

1.2.1 Landsbanki Íslands.

Laun aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands, ásamt risnu og bankaráðsþóknun, hafa verið sem hér segir:

Ár	Laun	Bankaráð	Risna	Aukagreiðsla	Samtals
1990	2.870.916	471.868	120.000	617.714	4.080.498
1991	3.173.791	508.701	132.000	586.147	4.400.639
1992	3.184.031	519.501	144.000	867.881	4.715.413
1993	3.202.043	523.939	152.000	910.950	4.788.932
1994	3.736.767	523.939	160.000	675.522	5.096.220
1995	3.641.421	523.939	164.000	462.486	4.791.846
1996	3.645.608	523.939	180.000	460.272	4.809.819

1.2.2 Búnaðarbanki Íslands.

Laun aðstoðarbankastjóra eru 80% af launakjörum bankastjóra, þ.e. af launum, risnu og aukagreiðslu meðan hennar naut við, auk greiðslu fyrir setu á bankaráðsfundum. Sjá töflu í kafla 1.1.2 hér að framan.

1.2.3 Seðlabanki Íslands.

Laun aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Íslands, ásamt risnu og bankaráðsþóknun, hafa verið sem hér segir:

Ár	Laun	Bankaráð	Risna	Samtals
1990	2.569.413	430.429	120.000	3.119.842
1991	2.751.359	461.018	132.000	3.344.377
1992	2.815.560	473.016	144.000	3.432.576
1993	2.839.296	477.000	152.000	3.468.296
1994	2.839.296	477.000	160.000	3.476.296
1995	3.100.216	492.104	160.000	3.752.320
1996	3.391.436	545.816	180.000	4.117.252

1.3 Ferðakostnaður bankastjóra og aðstoðarbankastjóra.

Bankastjórar Landsbankans fá greiddan ferða- og dvalarkostnað erlendis á sama hátt og ráðherra, sbr. 10. gr. reglna fjármálaráðuneytisins frá 3. febrúar 1992. Í því felst að greiddir eru fullir dagpeningar, en einnig ferða- og gistikostnaður, risnukostnaður og símtöl. Sama gildir um aðstoðarbankastjóra, en þeir fá 80% af dagpeningum bankastjóra. Ferðakostnaður innan lands greiðist samkvæmt framlögðum reikningum.

Bankastjórar Búnaðarbankans fá greiddan ferða- og dvalarkostnað með sama hætti og bankastjórar Landsbankans. Aðstoðarbankastjórar Búnaðarbankans fá fulla dagpeninga greidda fyrir ferðir erlendis, en ekki hótelkostnað. Ferðakostnaður innan lands greiðist samkvæmt framlögðum reikningum.

Bankastjórar Seðlabankans fá fargjöld greidd eftir reikningi vegna ferða erlendis. Bankastjórar fá greiddan kostnað við gistingu, risnukostnað og símtöl eftir framlögðum reikningum og dagpeninga, sem skulu vera 80% af dagpeningum bankastarfsmanna. Aðstoðarbankastjóri fær greiddan kostnað við gistingu, símtöl eftir framlögðum reikningum og 65% af dagpeningum bankastarfsmanna. Samkvæmt fyrri reglum fengu bankastjórar 100% dagpeninga bankastarfsmanna og aðstoðarbankastjórar 80%. Þeim reglum

var breytt til lækkunar á árinu 1991 samkvæmt tilmælum viðskiptaráðherra. Ferðakostnaður er breytilegur frá ári til árs og á milli einstakra bankastjóra.

Samkvæmt gildandi reglum um greiðslu ferðakostnaðar er bankastjórum Seðlabankans, eins og öðrum starfsmönnum bankans, greiddur ferðakostnaður eftir reikningi á ferðalögum innan lands, enda fylgi fullnægjandi frumgögn. Heimilt er að greiða gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum, en svonefnd Endurskoðunarnefnd ferðakostnaðar ákveður dagpeninga, sbr. gr. 5.8.1. í kjarasamningi starfsmanna bankanna.

1.4 Bifreiðar.

Bankastjórar bankanna hafa til umráða bifreið í eigu bankanna og greiða bankarnir jafnframt rekstrarkostnað þeirra.

Aðstoðarbankastjórum bankanna er ekki lagður til bíll en þar á móti eru bifreiðastyrkir greiddir. Bifreiðastyrkir til aðstoðarbankastjóra svara nú til 22.000 km á ári í Landsbankanum, 24.000 km á ári í Búnaðarbankanum og 700 km á mánuði í Seðlabankanum.[1]

Bankastjórar bankanna greiða skatta af bifreiðahlunnindum, en árlegur tekjuauki vegna þessa er nú samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra reiknaður 20% af kostnaðarverði bifreiðar sem tekin var í notkun árið 1995 og síðar, en 15% af verði eldri bifreiðar. Aksturgjald vegna bifreiðastyrks er ákveðið af nefnd á vegum Sambands íslenskra bankamanna og samninganefndar bankanna.

1.5 Þóknanir fyrir stjórnunarstörf.

Á því tímabili sem fyrirspurnin tekur til hafa bankastjórar og aðstoðarbankastjórar Landsbanka Íslands átt sæti í stjórnum ýmissa sjóða, fyrirtækja, dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja og samstarfi bankanna sem Landsbanki Íslands hefur átt aðild að. Mismunandi er hverjir hafa gegnt þessum störfum úr hópi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, hvort um formennsku hefur verið að ræða, hversu lengi þeir hafa setið í þessum stjórnum og hvort þessar stjórnir hafi verið starfandi allt tímabilið. Af þessu leiðir að mismunandi er hversu miklar þessar greiðslur hafa verið árlega og hvernig þær hafa skipst, en stjórnarlaun hafa á þessu tímabili verið frá 20.170 kr. til 47.500 kr. á mánuði (vegna setu í hverri stjórn). Hafi viðkomandi gegnt formennsku hefur greiðslan verið tvöföld. Um hefur verið að ræða eftirtaldar stjórnir: Landsbréf hf., auk þriggja sjóða sem starfa á vegum Landsbréfa hf., Hömlur hf., Lýsing hf., Lind hf., Greiðslumiðlun hf., Kreditkort hf., Reiknistofa bankanna, RAS-nefnd, Samband íslenskra viðskiptabanka og samninganefnd bankanna um kjaramál, Fiskveiðasjóður Íslands, Útflutningslánasjóður, Þróunarfélag Íslands hf. Þá hafa bankastjórar átt sæti í stjórnum dótturfélaganna Regins hf., Kirkjusands hf. og Rekstrarfélagsins hf., en ekki hafa verið greidd stjórnarlaun vegna þessara félaga.

Búnaðarbankinn hefur á tilgreindu tímabili átt aðild að stjórnum eftirtalinna félaga og fyrirtækja: Stofnlánadeild landbúnaðarins, Greiðslumiðlun hf., Kreditkort hf., Reiknistofa bankanna, Lýsing hf., Samband íslenskra viðskiptabanka, Samninganefnd bankanna, Tryggingarsjóður viðskiptabanka, Þróunarfélag Íslands hf. og Kaupþing hf. Mismunandi er hverjir sitja í einstökum stjórnum og hversu há stjórnarlaun eru greidd en þau

[1] Í Seðlabankanum var hluti bifreiðastyrks færður inn í laun á árinu 1996 og skýrir það hluta launahækkunar á því ári.

nema frá um 20.000 kr. á mánuði upp í um 51.000 kr. á mánuði. Ef um formennsku hefur verið að ræða eru yfirleitt greidd tvöföld laun.

Í 2. mgr. 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, segir: „Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.“ Í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar sitja bankastjórar Seðlabankans í stjórnum Fiskveiðasjóðs Íslands, Verðbréfaþings Íslands, Reiknistofu bankanna, Tryggingarsjóðs innlánsdeilda kaupfélaga og í samstarfsnefnd um bankaeftirlit. Fyrir setu í þessum stjórnum er greidd þóknun sem ákveðin er af stjórnum viðkomandi stofnana og/eða viðkomandi ráðuneyti og er þóknun frá um 6.000 kr. upp í um 45.000 kr. á mánuði. Aðstoðarbankastjóri situr ekki í neinni stjórn fyrir hönd bankans.

2. Viðmiðun um launakjör og önnur starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra.

Bankaráð bankanna þriggja ákveða laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra, sbr. lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Á árunum 1990–93 tóku laun bankastjóra Landsbankans mið af launum hæstaréttardómara að viðbættu 17% starfsaldursálagi. Auk þess fengu bankastjórar sérstakar greiðslur vegna ýmissa sérverkefna. Í nóvember 1993 var ákveðið að fella niður greiðslur vegna sérverkefna, en jafnframt að hækka laun sem þeim svaraði. Fyrrgreind viðmiðun hefur ekki verið notuð síðan. Grunnlaun bankastjóra á mánuði eru 411.000 kr. frá 1. nóvember 1993 og hafa verið óbreytt síðan.

Svipaður háttur mun hafa verið hafður á í Búnaðarbankanum. Grunnlaun bankastjóra á mánuði eru nú 426.017 kr. á mánuði.

Frá árinu 1990 til 1994 voru laun bankastjóra Seðlabankans þau sömu og laun hæstaréttardómara að viðbættu allt að 17% starfsaldursálagi, eins og hjá öðrum bankastarfsmönnum, og 10% álagi á laun formanns bankastjórnar. Launum bankastjóra Seðlabankans var breytt til samræmis við laun bankastjóra ríkisviðskiptabankanna frá 1. janúar 1995.[2] Laun þeirra eru nú 411.297 kr. á mánuði, auk bankaráðsþóknunar og tvöfaldrar þóknunar til formanns bankastjórnar. Laun aðstoðarbankastjóra eru nú 329.038 kr. á mánuði, auk þóknunar fyrir setu í bankaráði. Þar að auki fær hann jafnháa þóknun fyrir að vera ritari bankaráðs.

Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum bankanna er greidd ársuppbót í desember, eins og öðrum bankastarfsmönnum, og samsvarar hún einum mánaðarlaunum. Jafnframt greiðist orlofsframlag og orlofsuppbót með júnílaunum í samræmi við kjarasamning bankamanna.

---

[2] Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum var sú breyting gerð í kjölfar þess að fram hafði komið verulegt misræmi á launakjörum bankastjóra Seðlabankans annars vegar og bankastjóra ríkisviðskiptabankanna hins vegar, og er um það vísað til fréttatilkynningar iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta frá 14. janúar 1994, um athugun á starfskjörum helstu yfirmanna ríkisbanka og sjóða sem heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

3. Lífeyrisréttindi.

Bankastjórar Seðlabankans, sem komið hafa til starfa við bankann eftir gildistöku núgildandi laga um bankann frá 1986, búa við reglur er bankaráðið setti í apríl 1989. Bankastjórarnir greiða iðgjöld til og eru aðilar að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og vinna sér inn 5% lífeyrisrétt á ári upp í 90% launa á átján árum. Þeir geta búið við skerðingu vegna áunninna lífeyrisréttinda í fyrri störfum þar sem samanlögð eftirlaun skulu ekki vera hærri en 90% af launum í viðkomandi bankastjórastarfi. Fyrri reglur um eftirlaun bankastjóra gáfu 90% eftirlauna eftir 12 ára starf í bankanum, án skerðingar vegna aðfluttra réttinda og án aðildar að lífeyrissjóði. Við andlát bankastjóra fær eftirlifandi maki lífeyri sem nemur helmingi áunnins hlutfalls hins látna af bankastjóralaunum. Aðstoðarbankastjórar, eins og aðrir starfsmenn Seðlabankans, greiða iðgjald af launum sínum til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka.

Um eftirlaun bankastjóra Landsbanka gilda sambærilegar reglur og um eftirlaun bankastjóra Seðlabanka Íslands, frá 18. apríl 1989, sbr. hér að framan. Aðstoðarbankastjórar eru aðilar að eftirlaunasjóði bankans og taka eftirlaun samkvæmt reglum hans.

Um lífeyrisréttindi bankastjóra Búnaðarbankans er farið samkvæmt ákvörðun bankaráðs frá 25. janúar 1980 en samkvæmt henni var gert ráð fyrir að full eftirlaun yrðu 90% af grunnlaunum og áynnust á 15 árum. Með breytingum á reglum samþykktum í bankaráði 17. desember 1993 ávinnast full réttindi nú á 18 árum. Aðstoðarbankastjórar fá greitt í Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands sem svarar 80% af réttindum bankastjóra. Þeir eru þó ekki beinir aðilar að eftirlaunasjóði bankans.

4. Árlegar lífeyrisgreiðslur bankanna til aðila sem komnir eru á eftirlaun.

4.1 Landsbanki Íslands.

Lífeyrisgreiðslur greiddar af Landsbanka árin 1990–96 (í kr.):

1990	til 5 aðila	10.744.491
1991	til 6 aðila	15.310.514
1992	til 5 aðila	12.775.922
1993	til 5 aðila	11.878.170
1994	til 4 aðila	16.069.811
1995	til 4 aðila	15.315.432
1996	til 4 aðila	15.310.523

Hæsta lífeyrisgreiðsla til eins aðila er 5.337.666 kr. á ári.

4.2 Búnaðarbanki Íslands.

Lífeyrisgreiðslur greiddar af Búnaðarbanka árin 1990–96 (í kr.):

1990	til 5 aðila	13.562.073
1991	til 7 aðila	18.563.888
1992	til 6 aðila	17.190.155
1993	til 6 aðila	17.346.290
1994	til 6 aðila	17.362.797
1995	til 6 aðila	19.026.963
1996	til 6 aðila	21.308.925

Ekki hafa fengist upplýsingar um hæstu lífeyrisgreiðslu til eins aðila.

4.3 Seðlabanki Íslands.

Lífeyrisgreiðslur greiddar af Seðlabanka árin 1990–96 (í kr.):

1990	6 aðilar í 62 mánuði	15.238.209
1991	6 aðilar í 64 mánuði	15.503.445
1992	6 aðilar í 60 mánuði	14.334.332
1993	6 aðilar í 66 mánuði	15.759.809
1994	7 aðilar í 84 mánuði	21.609.106
1995	8 aðilar í 84 mánuði	21.311.493
1996	7 aðilar í 84 mánuði	22.762.943

Ekki hafa fengist upplýsingar um hæstu lífeyrisgreiðslu til eins aðila.

5. Lífeyrisgreiðslur bankastjóra eða aðstoðarbankastjóra úr öðrum lífeyrissjóðum.

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um önnur lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra en hér hefur áður verið fjallað um.

6. Heildarskuldbindingar bankanna vegna lífeyrisréttinda bankastjóra.

Heildarskuldbinding Landsbankans vegna lífeyrisréttinda núverandi og fyrrverandi bankastjóra er 350 millj. kr. í árslok 1996.

Skuldbindingar Búnaðarbankans vegna fyrrverandi og núverandi bankastjóra og ekkna þeirra nema tæpri 341 millj. kr. og hefur sú fjárhæð þegar verið lögð til hliðar af bankanum.

Heildarskuldbinding Seðlabankans vegna lífeyrisréttinda bankastjóra, fyrrverandi bankastjóra og bankastjóraekkna var 287 millj. kr. í árslok 1996.

7. Áform um endurskoðun og breytingar.

Ákvæði Seðlabankalaga og laga um viðskiptabanka og sparisjóði um stöðu og stjórnun bankanna hafa verið túlkuð svo að ráðherra hafi ekki beint boðvald gagnvart þessum stofnunum umfram það sem beinlínis er kveðið á um í lögum. Samkvæmt gildandi lögum eru ráðherra ekki veittar heimildir til að taka ákvarðanir um þau atriði sem hér eru til umfjöllunar. Hins vegar er í lögum mælt fyrir um að bankaráð viðskiptabanka og Seðlabanka Íslands skuli ákveða laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Eins og kunnugt er eru bankaráð ríkisviðskiptabankanna og Seðlabankans kjörin af Alþingi.

Hafa verður í huga í þessu sambandi að viðskiptaráðherra hefur í hyggju að leggja fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þegar þær breytingar hafa náð fram að ganga má ætla að þróunin verði sú að ákvarðanir um laun og starfskjör bankastjóra og aðstoðarbankastjóra viðkomandi stofnana verði í takt við það sem almennt gerist í hliðstæðum fyrirtækjum utan ríkisgeirans. Þá er líklegt að við slíkar formbreytingar gefist bankaráðum nýrra hlutafélagsbanka færi á að endurskoða starfskjör bankastjóra í nýju ljósi og til framtíðar.

591. Tillaga til þingsályktunar [327. mál]

um notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans.

Flm.: Hjálmar Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ólafur Örn Haraldsson, Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson, Magnús Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna möguleika þess að vélar íslenskra fiskiskipa verði knúnar vetni í stað olíu.

Greinargerð.

Í fiskiskipaflota Íslendinga eru um 2.400 skip, allt frá krókabátum til stórra frystiskipa. Skip þessi eru knúin áfram af olíu. Áætlað er að við það dreifist út í andrúmsloftið um 772 þúsund tonn af koldíoxíði árlega eða sem svarar um 33,5% af áætlaðri koldíoxíðmengun Íslendinga. Til samanburðar má benda á að eftir stækkun álversins í Straumsvík er reiknað með að það losi um 237.000 tonn árlega út í andrúmsloftið af koldíoxíði.

Íslenski fiskiskipaflotinn er talinn brenna olíu árlega fyrir rúma 4 milljarða kr., þar af eru tæpir 2,5 milljarðar kr. fyrir olíu á togara og frystiskip. Varla þarf að taka fram að um innflutning er að ræða og þar af leiðandi eyðslu á erlendum gjaldeyri.

Tæknilega mun lítið því til fyrirstöðu að Íslendingar geti framleitt vetni til brennslu véla. Erlendis er þegar farið að líta til vetnis sem fýsilegs orkugjafa fyrir vélar. Þannig munu strætisvagnar á nokkrum stöðum í Þýskalandi vera knúðir orku úr vetni. Framleiðendur bifreiða leggja mikla áherslu á að skoða möguleika þess að fjöldaframleiða bíla með búnaði sem knúinn er vetni. Af þessu má sjá að ýmislegt bendir til þess að vetni gæti í framtíðinni orðið mikilvægur orkugjafi.

Olíulindir eru, enn a.m.k., ekki þekktar hér á landi. Hins vegar eiga Íslendingar yfir mikilli orku að ráða í fallvötnum. Vatnsbúskapurinn er ríkuleg auðlind. Framleiðsla á vetni mun tiltölulega einföld aðgerð og hafa Íslendingar alla tæknilega burði til þeirrar framleiðslu. Þar sem þjóðin byggir afkomu sína mjög á rekstri fiskiskipaflotans er rökrétt að kannað verði til hlítar hvort ekki megi koma málum þannig fyrir að sá floti noti að mestu vetni, þ.e. innlendan orkugjafa. Margt mælir með því. Fyrst skulu nefnd vistvæn rök. Vetni er einn vistvænasti orkugjafi sem til er. Gildir það hvort tveggja um framleiðslu þess og ekki síður um nýtingu í vélum. Með því að fiskiskipaflotinn nýtti vetni í stað olíu mætti draga allverulega úr koldíoxíðmengun. Þar með væru Íslendingar búnir að leggja verulega af mörkum til að uppfylla ákvæði Ríó-sáttmálans um aðgerðir gegn losun koldíoxíðs. Í öðru lagi má benda á þau efnahagslegu rök að þjóðin sparaði verulegar fjárhæðir í gjaldeyriskaupum með því að draga úr notkun innfluttrar olíu. Þá gæfist möguleiki á að þróa framleiðslu þessa vistvæna orkugjafa hér innan lands, reyna notkun hans og jafnvel flytja út síðar meir. Erlendir bílaframleiðendur hafa þegar sýnt þessari þróun áhuga. Þá má geta þess að framleiðendur flugvéla líta hýru auga til vetnis sem orkugjafa framtíðar. Með þessu móti mætti snúa vörn í sókn, bæði með tilliti til umhverfisins og innlendrar verðmætasköpunar og útflutnings, í stað þess að nota innfluttan mengandi orkugjafa.

Tillagan gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra skipi nefnd til að skoða vandlega möguleika á því að vetni verði tekið upp sem orkugjafi fiskiskipaflotans. Skulu þar höfð í huga hagkvæmnissjónarmið, umhverfisrök og áframhaldandi þróun.

592. Fyrirspurn [328. mál]

til umhverfisráðherra um umhverfismál járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig hefur verið staðið að rekstri járnblendiverksmiðju í Hvalfirði með tilliti til 11. greinar laga nr. 18/1977?
2. Hvaða meginkröfur um takmörkun á losun mengandi efna er að finna í starfsleyfi verksmiðjunnar?
3. Hvernig hefur verksmiðjan uppfyllt sett skilyrði, m.a. með viðhaldi á mengunarvarnabúnaði? Frávik frá eðlilegum rekstri mengunarvarnabúnaðar óskast tilgreind, t.d. sl. 5 ár.
4. Hvernig hefur eftirliti með ákvæðum starfsleyfis verksmiðjunnar verið háttað frá upphafi og þar til nú? Hafi eftirliti verið ábótavant, hverjar eru þá ástæður þess?
5. Hefur verksmiðjan uppfyllt kröfur samkvæmt starfsleyfi undanfarin missiri?
6. Hvers vegna hefur starfsleyfið ekki verið endurskoðað?

Greinargerð.

Í lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, nr. 18/1977, 11. grein, stendur: „Hlutafélaginu ber að gera varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar við Grundartanga af hennar völdum, og skulu hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir hér á landi varðandi mengunarvarnir og náttúruvernd og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað, og þá staðla, sem settir eru samkvæmt þeim.

Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.“

Skriflegt svar óskast.

593. Fyrirspurn [329. mál]

til iðnaðarráðherra um samanburð á launakjörum iðnaðarmanna.

Frá Hjálmari Árnasyni.

Hver er munurinn á kjörum iðnaðarmanna hjá álverinu í Straumsvík annars vegar og hjá iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?

594. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 11. febr.)

Samhljóða þskj. 194 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum.

595. Framhaldsnefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað á ný um málið eftir 2. umræðu og fengið á sinn fund Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra í Ríkisendurskoðun.

Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi að við 8. gr. frumvarpsins bætist ákvæði er taki af öll tvímæli um að ákvæði samkeppnislaga eigi við um alla þætti í rekstri Landsvirkjunar.

Í öðru lagi telur meiri hlutinn eðlilegt, með vísan til þeirrar meginreglu að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira, að stofnunin tilnefni endurskoðendur Landsvirkjunar, í samráði við borgarendurskoðun Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar. Nefndin leggur því til að ársfundur Landsvirkjunar kjósi endurskoðendur fyrirtækisins samkvæmt sameiginlegri tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.

Meiri hluti iðnaðarnefndar telur jafnframt eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi heimild til þess að gera stjórnsýsluendurskoðun á fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í, líkt og er um Landsvirkjun. Til þess að svo megi verða með óyggjandi hætti þarf að breyta 9. gr. fyrirliggjandi frumvarps til laga um Ríkisendurskoðun, 262. mál, og kveða þar sérstaklega á um stjórnsýsluendurskoðun hjá fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í en Ríkisendurskoðun annast ekki fjárhagsendurskoðun hjá vegna ákvæða í sérlögum. Meiri hlutinn áréttar þessa tillögu um breytingu á 262. máli (Ríkisendurskoðun) og vísar henni til þeirrar nefndar sem fjalla mun um frumvarpið.

Eignaraðilar Landsvirkjunar hafa gert sameiginlega bókun, dags. 10. febrúar 1997, þar sem fram kemur að þeir eru ásáttir um að styðja þær breytingar sem meiri hluti iðnaðarnefndar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Jafnframt kemur fram í bókuninni að eignaraðilarnir séu sammála um eftirfarandi varðandi arðgreiðslur og gjaldskrármarkmið:

„1. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur verið ákvæði um arðgreiðslur til eigenda af sérstökum eiginfjárframlögum og Landsvirkjun hefur í nokkur skipti greitt arð til eigenda sinna. Þetta ákvæði er nú í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun.
2. Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda. Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir.
3. Endanleg ákvörðun um arðgreiðslur verður tekin af eigendum á ársfundi Landsvirkjunar og verður þá höfð hliðsjón af raunverulegri afkomu fyrirtækisins. Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum mun það hafa áhrif á endanlega ákvörðun eigenda um arðgreiðslur á viðkomandi ári.“

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu og þeim breytingartillögum sem lagðar eru til.

Alþingi, 11. febr. 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Árni R. Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.
Hjálmar Árnason.		Pétur H. Blöndal.

596. Breytingartillögur [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, JóhS, SAÞ, ÁRA, SighB, HjÁ, PHB).

1. Við 3. efnismgr. 7. gr. bætist: samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.
2. Við efnismgr. 8. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.

597. Nefndarálit [239. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Erling Jónasson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Ingimar Jóhannesson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti, Árna Ísaksson veiðimálastjóra og Vífil Oddsson, stjórnarformann Veiðimálastofnunar. Þá var skriflegt erindi frá veiðimálastjóra rætt.

Frumvarpið er lagt fram þar sem nauðsynlegt er talið að skilja stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum frá framkvæmdar- og rannsóknarverkefnum sem Veiðimálastofnun hefur á hendi. Í seinni tíð hafa komið upp atvik þar sem bornar hafa verið brigður á hæfi veiðimálastjóra til meðferðar máls vegna afskipta hans sem stjórnvalds á fyrri stigum þess.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Egill Jónsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. febr. 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen.
	Guðjón Guðmundsson.	

598. Framhaldsnefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Verði frumvarpið samþykkt hækkar rafmagnsverð til almennings um 500–700 millj. kr. á ári sem renna þá til eigendanna, í ríkissjóð, borgarsjóð og bæjarsjóð Akureyrar. Heildarsala á raforku til almennings nam á síðasta ári um 5,5 milljörðum kr. Hér er því um að ræða um það bil 10% aukaskatt á alla raforkunotendur í landinu. Þessi skattur leggst hlutfallslega þyngst á þá sem borga hæst orkuverð.

Verði frumvarpið samþykkt er stigið skref í þá átt að brjóta niður þá stefnu verðjöfnunar sem á að fylgja samkvæmt lögunum um Landsvirkjun. Alþýðubandalagið ítrekaði stuðning sinn við verðjöfnunarstefnu í raforkumálum á miðstjórnarfundi flokksins fyrir nokkru. Aðalgalli þessa frumvarps eins og það liggur fyrir er einmitt að gert er ráð fyrir að hækka rafmagn mest hjá þeim sem borga hæsta verðið fyrir raforkuna.

Þá er hætt við því að fyrirtækið sundrist í mörg smærri virkjunarfyrirtæki fari svo að frumvarpið verði samþykkt.

Þá ber að gagnrýna harðlega að Alþingi gefst of lítill tími til að fjalla um málið í lokagerð þess. Framsóknarflokkurinn knúði á um það að frumvarpið yrði tekið til atkvæða í gær. Samt voru lagðar fyrir þingnefnd í gær breytingartillögur sem fjalla annars vegar um tæknileg málefni en hins vegar er um að ræða bókun sem engu breytir. Í bókun þessari er gengið skemmra en þegar hefur komið fram í áliti meiri hlutans og í ummælum ráðherra. Bókun er líka aðeins bókun og breytir engu um efni málsins nema hún verði gerð að lögum. Minni hlutinn mun því gera tillögu um að láta á það reyna hvaða vilji er á bak við bókunina með því að flytja hana sem breytingartillögu við frumvarpið við 3. umræðu sem ákvæði til bráðabirgða.

Í bókun eignaraðila segir: „**Núverandi** samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og bæjarstjórnar Akureyrar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda. **Sammæli** er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku **geti** lækkað **eftir** aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir."

Leturbreytingar eru minni hlutans en þær eru gerðar til að vekja athygli á mikilvægum efnisatriðum:

1. Talað er um núverandi aðila sem þýðir að þeir sem taka við geta breytt samkomulaginu. Kjörtímabil bæjarstjórnanna rennur út fyrir aldamót. Bókunin er því hrein markleysa til lengri tíma litið.
2. Talað er um sammæli en ekki um samkomulag.
3. Það er engin frétt að raforkuverð **geti** lækkað eftir aldamót!

Bókunin er því aumlegur kattarþvottur. Verði hún hins vegar lögfest horfir málið öðruvísi við. Þess vegna flytur minni hlutinn breytingartillögu um að svo verði gert.

Tilgangur bókunarinnar er að slá ryki í augu annarra. Formaður iðnaðarnefndar túlkaði bókunina þannig í útvarpsfréttum í gærkvöldi: „... við höfum ... haldið því fram að arðgreiðslurnar væru víkjandi fyrir lækkun orkuverðs og svo er enn."

Þannig er reynt að nota bókunina til að blekkja. Þessi lýsing þingmannsins gengur þvert á lýsingu borgarstjóra á málinu eins og hann greindi frá afstöðu sinni til málsins í iðnaðarnefnd í gærmorgun. Þeir sem undirrita segja því ekki það sama um efni þess sem undirritað er. Það er greinilega skoðun borgarstjóra að bókunin breyti engu; eftir sem áður hafi arðgreiðslurnar forgang.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir svo um málið: „Samkomulagið felur í sér málamiðlun milli eðlilegra sjónarmiða um hæfilegar arðgreiðslur til eigenda og þess meginmarkmiðs að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það er skilningur meiri hlutans, **sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum.**" Eins og lesendur geta séð er þetta allt annað en fram kemur í bókun eignaraðilanna.

Við 1. umræðu málsins upplýsti iðnaðarráðherra að ætlunin væri að verja því fé sem ríkissjóður fær af arðgreiðslum Landsvirkjunar til atvinnuuppbyggingar utan Reykjavíkur og Akureyrar. Engar upplýsingar hafa komið fram um hvernig þetta á að gerast.

Loks vill minni hlutinn gagnrýna sérstaklega asann á málinu nú við lok þess, en hann er Alþingi til vansa. Meðferð Alþingis hefur ekki þann tilgang að staðfesta vilja ríkisstjórnarinnar; meðferð málsins á Alþingi á líka að hafa þann tilgang að opna mál fyrir þjóðinni. Þess vegna er Alþingi haldið í heyranda hljóði.

Alþingi, 11. febr. 1997.

Svavar Gestsson.

599. Breytingartillaga [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar (SvG).

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Það er forgangsverkefni að raunverð á raforku lækki samkvæmt samningnum frá 28. október 1996, áður en arður verður greiddur út samkvæmt sama samkomulagi.

600. Svar [273. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um heildarafla á Íslandsmiðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru tillögur Hafrannsóknastofnunar um heildarafla eftirtalinna fisktegunda frá fiskveiðiárinu 1992–93 til og með fiskveiðiárinu 1995–96:*
   a. *þorsks,*
   b. *ýsu,*
   c. *ufsa,*
   d. *karfa,*
   e. *grálúðu,*
   f. *skarkola,*
   g. *rækju,*
   h. *síldar,*
   i. *loðnu,*
   j. *steinbíts,*
   k. *langlúru,*
   l. *humars,*
   m. *hörpudisks?*
2. *Hver var heildarveiðin á framangreindum fisktegundum á sama tímabili?*
3. *Hver er áætluð heildarveiði á framangreindum fisktegundum á þessu fiskveiðiári?*

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um leyfilegan heildarafla nokkurra mikilvægra nytjastofna og heildarafli á fiskveiðiárunum 1992–93 til 1995–96 í þús. lesta:

	1992–93	1993–94	1994–95	1995–96	Horfur 1996–97
Þorskur					
Tillögur Hafró	190,0	150,0	130,0	155,0[1]	
Afli alls	241,0	197,0	164,0	169,2	186,0
Ýsa					
Tillögur Hafró	60,0	65,0	65,0	55,0	
Afli alls	46,0	57,0	61,0	53,3	54,0
Ufsi					
Tillögur Hafró	80,0	75,0	70,0	65,0	
Afli alls	78,0	69,0	51,0	40,5	39,0
Karfi					
Tillögur Hafró	90,0	80,0	65,0	60,0	
Afli alls	104,0	94,0	92,0	77,8	73,0
Grálúða					
Tillögur Hafró	30,0	25,0	30,0[2]	20,0[2]	
Afli alls	42,1	38,0	35,0	22,1	17,0
Skarkoli					
Tillögur Hafró	10,0	10,0	10,0	10,0	
Afli alls	12,3	12,3	11,1	11,0	11,0
Innfjarðarækja					
Tillögur Hafró	7,4	8,0	9,1	11,0	
Afli alls	7,4	8,0	9,1	11,0	10,0
Úthafsrækja					
Tillögur Hafró	35,0	40,0	60,0	40,0	
Afli alls	41,8	53,2	61,2	67,0	58,0
Síld					
Tillögur Hafró	90,0	90,0	120,0	110,0	
Afli alls	107,0	103,0	132,0	126,0	98,0
Loðna					
Tillögur Hafró[3]	900,0	1250,0	950,0	1150,0	
Afli alls[4]	788,0	1179,0	864,0	929,0	1217,0
Steinbítur					
Tillögur Hafró	16,0	14,0	14,0	13,0	
Afli alls	12,4	13,3	12,3	15,3	13,0
Langlúra					
Tillögur Hafró	[5]	[6]	1,5	1,4	
Afli alls	1,8	1,8	1,8	1,6	1,2
Humar					
Tillögur Hafró	2,2	2,2	2,2	1,5	
Afli alls	2,4	2,2	1,0	1,6	1,6
Hörpudiskur					
Tillögur Hafró	11,5	10,1	10,2	9,5	
Afli alls	11,6	9,4	9,6	8,0	9,0

[1] Byggt á aflareglu samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar í maí 1994.
[2] Heildaraflamagn fyrir Ísland, Færeyjar og Austur-Grænland.
[3] Tillögur miðast við heildarveiði úr stofni en hlutur Íslands er 78%.
[4] Afli Íslands.
[5] Lagt til að sókn verði ekki aukin.
[6] Lagt til að dregið verði úr sókn.

601. Frumvarp til laga [330. mál]

um Bókasafnssjóð höfunda.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Lög þessi taka til afnota bóka í almenningsbókasöfnum, sbr. lög nr. 50/1976, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, sbr. lög nr. 71/1994, skólasöfnum, sbr. lög um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, og lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum.

Lögin taka til bóka á prenti, í hljóðriti og í stafrænu formi.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert skal veita framlag til Bókasafnssjóðs höfunda sem úthlutað er úr samkvæmt lögum þessum til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, enda séu bækur þeirra notaðar í þeim bókasöfnum sem lögin taka til.

3. gr.

Rétt til úthlutunar vegna afnota bóka í bókasöfnum eiga samkvæmt lögum þessum:

1. Rithöfundar, enda hafi bækur þeirra verið gefnar út á íslensku, nema um sé að ræða þýðingu eða endursamið verk, endursögn eða staðfærslu á texta úr erlendu máli.
2. Þýðendur, svo og þeir sem enduryrkja, endursegja eða staðfæra erlendar bækur á íslensku.
3. Myndhöfundar og tónskáld, enda séu hugverk þeirra hluti af þeim bókum sem getið er í 1. tölul. eða gefin út sem sjálfstæð rit á Íslandi.
4. Aðrir sem átt hafa þátt í ritun þeirra bóka sem getið er í 1. og 3. tölul., enda sé framlag þeirra skráð í Íslenska bókaskrá frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

1. mgr. á jafnframt við um bækur sem hljóðritaðar hafa verið eða skráðar til afnota og útlána með öðrum hætti.

4. gr.

Rétt til úthlutunar eftir andlát rétthafa skv. 3. gr. eiga:

1. Eftirlifandi maki.
2. Eftirlifandi einstaklingur sem var í sambúð með rétthafa þegar hann lést, enda hafi sambúðin staðið í fimm ár hið skemmsta.
3. Börn yngri en 18 ára, enda sé hitt foreldrið látið eða njóti ekki réttar samkvæmt lögum þessum.

Séu framangreindir vandamenn fleiri en einn skiptist úthlutunin jafnt á milli þeirra.

Rétthafar samkvæmt þessari grein fá aðeins helming af þeirri greiðslu sem rétthafa skv. 3. gr. hefði borið.

5. gr.

Úthluta skal árlega styrkjum úr Bókasafnssjóði eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins með hliðsjón af reglugerð, sbr. 2. mgr. 6. gr. Enn fremur skal úthluta til rétthafa í samræmi við lög þessi miðað við fjölda útlána bóka samkvæmt skrá um afnot bóka í

bókasöfnum sem lög þessi gilda um. Fyrir hljóðrit og útgáfur í stafrænu formi er úthlutað á sama hátt.

Úthlutun skv. 3. og 4. gr. skal ákveðin á grundvelli skýrslna frá almenningsbókasöfnum, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, skólasöfnum og öðrum bóka- og gagnasöfnum, að svo miklu leyti sem útlán þessara bókasafna eru tölvuskráð.

Fjárhæðir lægri er 1.000 kr. eru ekki greiddar út. Hámarksfjárhæð til einstakra réttthafa er 300.000 kr. Þessi mörk skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af verðlagsbreytingum.

6. gr.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda annast úthlutun samkvæmt lögum þessum. Skal hún skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára, þannig: Tveir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands og formaður stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki skulu tilnefndir í stjórn sömu menn tvisvar í röð.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úthlutun og aðra starfsemi sjóðsins, svo og um skráningarskyldu bókasafna og annarra gagnasafna og skýrslugerð þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Um leið fellur úr gildi 11. gr. laga nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. júní 1996 skipaði menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, nefnd til að kanna forsendur fyrir breytingum á gildandi lagaákvæðum um þóknun til höfunda vegna afnota bóka í bókasöfnum, sbr. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

Í nefndina voru skipuð Karitas H. Gunnarsdóttir frá menntamálaráðuneyti, formaður, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, Magnús Guðmundsson, tilnefndur af Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og Knútur Bruun, tilnefndur af Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands.

Nefndin hélt tíu fundi og lauk störfum 9. desember 1996. Nefndin samdi drög að frumvarpi til laga um Bókasafnssjóð höfunda, greinargerð með því og tillögu að reglugerð um sama efni.

Á fund nefndarinnar kom Þóra C. Óskarsdóttir, bókafulltrúi ríkisins, og sagði frá skráningu útlána. Þá kom og á fund nefndarinnar Hendricus E. Bjarnason, yfirkerfisfræðingur hjá Skýrr, og gerði grein fyrir Feng sem er íslenska útgáfan af alþjóðlega bókasafnskerfinu Dobis/Libris. Hendricus lagði enn fremur fyrir nefndina tillögur að nýjum skráningum innan kerfisins til þess að halda utan um útlán bóka, skilgreiningu höfunda og hvaðeina til þess að gera úthlutun til höfunda skilvísa.

Nefndin fékk til athugunar ýmis gögn og upplýsingar er varða framkvæmd þessara mála í nágrannalöndum okkar, Hollandi, Englandi og Þýskalandi, en þó einkum annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin hefur haft til hliðsjónar dönsk lög um „Biblioteksafgift“, nr. 354/1991, svo og reglugerð, „Bekendtgørelse om biblioteksafgift“, nr. 722/1991.

Lögð var meginähersla á eftirfarandi grundvallarsjónarmið við gerð þessa frumvarps:

Gert er ráð fyrir að árlega verði veitt í fjárlögum ákveðin fjárhæð í Bókasafnssjóð höfunda sem úthlutað verði samkvæmt ákvæðum laganna.

Með aukinni tölvuvæðingu á bókasöfnum er hægt að fylgjast með útlánum bóka og greina höfunda, hvort sem um er að ræða einn höfund að bók eða fleiri. Þá er einnig unnt að ákveða framlög í fjárlögum með hliðsjón af útlánum næstliðins árs.

Skv. 11. gr. núgildandi laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, með síðari breytingum, og þeirri framkvæmd sem verið hefur frá gildistöku laganna hafa einungis rithöfundar fengið greitt út Rithöfundasjóði Íslands. Í samræmi við ríkjandi stefnu í þessum málum meðal annarra þjóða voru nefndarmenn sammála um að fleiri höfundum bóka beri úthlutun, þar með talið þýðendum og myndhöfundum, svo og tónskáldum og öðrum sem eiga höfundaframlag í bók. Það er í fullu samræmi við áðurgreind dönsk lög frá 1991, svo og almenna framkvæmd víða annars staðar.

Réttur til úthlutunar eftir andlát höfunda er skilgreindur þrengra en t.d. í höfundalögum bæði hvað varðar gildistíma og hvaða aðilar skuli njóta þessara réttinda. Ákvæði dönsku laganna um þetta atriði voru að mestu höfð til hliðsjónar.

Samkvæmt núgildandi lögum rennur árleg fjárveiting til greiðslu fyrir afnot bóka í almenningsbókasöfnum í Rithöfundasjóð Íslands sem starfar eftir reglugerð nr. 84/1977. Úthlutun úr sjóðnum annast þriggja manna stjórn sem menntamálaráðherra skipar og eru tveir stjórnarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands en hinn þriðji án tilnefningar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Bókasafnssjóður höfunda leysi Rithöfundasjóð Íslands af hólmi og verði honum skipuð fimm manna stjórn, tveir fulltrúar samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, einn fulltrúi samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands. Þá skipi menntamálaráðherra formann sjóðstjórnar án tilnefningar.

Árlegri úthlutunarfjárhæð í fjárlögum skal skipt í tvo hluta og er það í samræmi við núgildandi úthlutunarreglur. Stjórn Bókasafnssjóðs úthlutar öðrum hluta fjárhæðarinnar í formi styrkja til höfunda. Hinum hlutanum skal úthluta til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka samkvæmt skrá um afnot bóka í bókasöfnum sem lögin gilda um.

Áherslu ber að leggja á að rekstrarkostnaði sjóðsins verði stillt í hóf þannig að sem mestur hluti fjármunanna renni beint til höfunda.

Með tölvuvæðingu bókasafna verður nú í fyrsta sinn unnt að úthluta þessum fjármunum að öllu eða nokkru leyti einstaklingsbundið miðað við útlán bóka en jafnframt fela ákvæði frumvarpsins í sér einfalda en skilvirka framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, er gert ráð fyrir sérstakri árlegri greiðslu úr ríkissjóði vegna afnota bóka í almenningsbókasöfnum til úthlutunar til rithöfunda. Almenningsbókasöfn eru skilgreind í 2. gr. laganna.

Í 1. gr. frumvarpsins eru þau söfn skilgreind sem verða grundvöllur ákvarðana um fjárveitingar til sjóðsins og úthlutun úr honum og er meginreglan sú að viðkomandi söfn séu kostuð af ríkissjóði eða sveitarfélögum.

Frumvarpið tekur til útgefinna bóka á prenti, í hljóðriti og í stafrænu formi. Útgáfa og notkun hvers konar höfundaverka í stafrænu formi fer sívaxandi og má hiklaust gera ráð fyrir að þróunin gangi enn frekar í þá átt. Enn hafa sérfræðingar ekki séð fyrir endann á þeirri þróun, m.a. hvað varðar vernd höfundarréttinda.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að árlega verði í fjárlögum veitt framlag til Bókasafnssjóðs höfunda til úthlutunar vegna útlána í bókasöfnum.

Ekki er sett fram tillaga um ákveðna fjárhæð en vakin er athygli á að verði frumvarp þetta að lögum öðlast fleiri höfundar en nú rétt til úthlutunar, m.a. þýðendur og mynd- og tónhöfundar.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um þá höfunda sem rétt eiga til úthlutunar úr Bókasafnssjóði.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerð eiga aðeins rithöfundar möguleika á framlögum úr Rithöfundasjóði en frumvarpið gerir ráð fyrir að þýðendur, myndhöfundar, tónhöfundar og aðrir sem eiga hlut að ritun bóka geti fengið úthlutun úr Bókasafnssjóði.

Vakin er athygli á því að í 1. og 2. tölul. er fjallað um þýðingar með sama hætti og gert er í dönsku lögunum. Í reglugerð samkvæmt þeim lögum er ákvæði sem gerir ráð fyrir þriðjungs greiðslu til almennra þýðenda. Til að unnt sé að hafa þennan hátt á er nauðsynlegt að skilgreina þýðendur með þeim hætti sem gert er í 1. og 2. tölul. Þetta er í samræmi við nýjustu reglur á þessu sviði í nágrannalöndum okkar.

Um 4. gr.

Hér er fjallað um úthlutanir til erfingja rétthafa skv. 3. gr. Reglur þar um eru mjög þrengdar miðað við úthlutanir til sjálfra höfundanna. Er þá haft í huga það sjónarmið að leggja beri áherslu á að fé Bókasafnssjóðs nýtist til stuðnings höfundum í menningarstarfi þeirra.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um með hvaða hætti skuli úthluta styrkjum úr Bókasafnssjóði höfunda. Annars vegar er um að ræða úthlutun í formi styrkja samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar en hins vegar úthlutun til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka samkvæmt skrá um afnot bóka í bókasöfnum sem lögin ná til.

Með þessari tilhögun er stuðlað að sköpun bókmenntaverka. Jafnframt er tryggt að hver höfundur fái greiðslur fyrir útlán bóka á bókasöfnum. Bein úthlutun til höfunda og rétthafa byggist á tölvuskráningu bókasafna. Í 3. mgr. er ákvæði um lágmarks- og hámarksgreiðslur. Eðlilegt er að áhersla verði lögð á styrki til höfunda fagurbókmennta.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um stjórn sjóðsins og skal hún skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára. Tveir stjórnarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna og einn frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands en ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar.

Til þess að koma í veg fyrir of einlit sjónarmið við úthlutanir er höfundafélögunum gert að tilnefna ekki sömu stjórnarmenn tvisvar í röð.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Bókasafnssjóð höfunda.

Frumvarpið felur í sér að greiðslur ríkisins til Rithöfundasjóðs Íslands skv. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, renni til nýs Bókasafnssjóðs höfunda, greiðslur þessar hækki og að reglum um úthlutun fjárins verði breytt.

Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkið framlag til Rithöfundasjóðs fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í almenningsbókasöfnum, en söfnin eru rekin eru á kostnað sveitarfélaga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einnig verði greitt fyrir afnot í Landsbókasafni – Háskólabókasafni, bókasöfnum í grunnskólum og framhaldsskólum og bókasöfnum í opinberum stofnunum. Einnig er lagt til að auk rithöfunda fái þýðendur og mynd- og tónhöfundar greiðslur úr sjóðnum. Þessar breytingar leiða til þess að framlag ríkisins mun hækka að öðru óbreyttu. Leggur menntamálaráðuneytið til að það hækki úr 12,3 m.kr. samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs í 17 m.kr. við afgreiðslu fjárlaga næsta árs.

Gert er ráð fyrir að úthlutun breytist þannig að auk styrkja sem sjóðstjórn ákveður verði rétthöfum úthlutað framlögum í samræmi við útlán bóka á grundvelli skýrslna frá bókasöfnum að því leyti sem útlánin eru tölvuskráð. Til þessa hefur fjárhæð þóknana tekið mið af fjölda eintaka í eigu Borgarbókasafnsins. Miðað er við að kostnaður við úthlutun verði tekinn af framlaginu og er því brýnt að halda í lágmarki kostnaði við öflun og úrvinnslu upplýsinga þannig að fjárhæðin renni sem mest til rétthafa.

602. Fyrirspurn [331. mál]

til landbúnaðarráðherra um malartökuleyfi Vatnsskarðs hf.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

Hyggst ráðherra láta fara fram athugun innan ráðuneytis síns vegna ákvarðana þess um malartökuleyfi Vatnsskarðs hf.?

603. Fyrirspurn [332. mál]

til viðskiptaráðherra um hagsmunatengsl, stjórnargreiðslur, lífeyrisgreiðslur og ferða- og bílahlunnindi stjórnenda ríkisbankanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Í hvaða eftirfarandi stjórnum sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans hafa einstakir stjórnendur bankanna átt sæti, sundurliðað þannig að fram komi formennska eða önnur stjórnarseta, hve oft sami aðilinn átti sæti í hinum ýmsu sjóðum, fyrirtækjum eða félögum, hve háar einstakar árlegar greiðslur voru hjá hinum ýmsu sjóðum eða fyrirtækjum, sundurgreint eftir árunum 1994–96:
   a. fyrir Landsbankann: Landsbréfa, auk þriggja sjóða sem starfa á vegum Landsbréfa hf., Hamla hf., Lýsingar hf., Lindar hf., Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorta hf., Reiknistofu bankanna, RAS-nefndar, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Fiskveiðasjóðs Íslands, Útflutningslánasjóðs, Þróunarfélags Íslands, dótturfélaganna Regins hf., Kirkjusands hf., Rekstrarfélagsins hf. og samninganefndar bankanna,
   b. fyrir Búnaðarbankann: Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorta hf., Reiknistofu bankanna, Lýsingar hf., Sambands íslenskra viðskiptabanka, samninganefndar bankanna, Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, Þróunarfélags Íslands hf. og Kaupþings hf.,
   c. fyrir Seðlabankann: Fiskveiðasjóðs Íslands, Verðbréfaþings Íslands, Reiknistofu bankanna, Tryggingarsjóðs innlánsdeilda kaupfélaga og samstarfsnefndar um bankaeftirlit?

   Óskað er eftir að fram komi árlegar heildargreiðslur að viðbættum árlegum launagreiðslum hvers og eins á þessu tímabili, þar með taldar greiðslur fyrir setu í bankaráði, risnugreiðslur og aðrar greiðslur eða fríðindi.
2. Er að mati ráðherra í einhverjum framangreindra tilvika um að ræða óeðlileg hagsmunatengsl sem brjóta í bága við samkeppnislög eða eðlilega viðskiptahætti bankanna?
3. Hafa bankastjórar ríkisbanka og Seðlabanka sömu bílafríðindi og ráðherrar? Ef svo er, hversu margir bankastjórar hafa árlega sl. sex ár, sundurgreint eftir bönkum, nýtt sér kaup á eigin bifreið og hversu margir hafa afnot af bílum í eigu bankanna? Ef um er að ræða eigin bifreiðar, hvert var verðmæti þeirra bifreiða sem greitt var fyrir og af hvaða verðmæti var fyrning reiknuð?
4. Hver var ferða- og dvalarkostnaður banka- og aðstoðarbankastjóra ríkisbanka og Seðlabanka, sundurliðað eftir bönkum, árunum 1994–96 og því hvort um er að ræða ferðir utan eða innan lands? Hvaða reglur gilda hjá einstökum bönkum um ferða- og dvalarkostnað og um dagpeninga maka bankastjóra?

5. Hverjar voru meðallífeyrisgreiðslur og hæstu greiðslur á árunum 1995 og 1996 til stjórnenda Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka sem komnir eru á eftirlaun? Hve margir þeirra nutu greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, og þá hverjum, og hve háar voru heildarlífeyrisgreiðslur til hvers og eins þeirra á þessum árum?

Skriflegt svar óskast.

604. Fyrirspurn [333. mál]

til forsætisráðherra um framkvæmd á „framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið".

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Með hvaða hætti ætla stjórnvöld á næstunni „að gera almenningi auðveldara en nú er að fylgjast með starfsemi opinberra aðila, ná í þær upplýsingar sem sjálfsagt er að opnar séu landsmönnum . . . ", eins og segir í *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið?*
2. Hversu mikið af gögnum Stjórnarráðsins, sem aðgengileg eiga að vera fyrir almenning lögum samkvæmt, eru lauslega áætlað þegar fyrirliggjandi á vef alnetsins, t.d. miðað við gögn sem urðu til:
   a. fyrir árið 1990,
   b. frá árinu 1990 að telja,
   c. á árinu 1996?
3. Eru slík gögn Stjórnarráðsins, sem aðgengileg eiga að vera almenningi lögum samkvæmt, nú færð í tölvutæku formi til miðlunar á vefnum?
4. Með hvaða hætti verður mótuð heildarstefna um fjárveitingar af opinberri hálfu til að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem snúa að opinberum aðilum og sett hafa verið fram í *Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið*? Liggja nú þegar fyrir vísbendingar um hver þörfin gæti verið í þessu skyni, t.d. næstu þrjú ár?

605. Fyrirspurn [334. mál]

til utanríkisráðherra um miðlun EES-gerða á íslensku um tölvunet.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hver er staðan í miðlun EES-gerða á íslensku á vef alnetsins er varða íslenska löggjöf og reglugerðir, sem og gerðir sem eru á undirbúningsstigi gagnvart EES-ríkjum?
2. Hvenær er þess að vænta að allar slíkar gerðir verði fyrirliggjandi öllum aðgengilegar?

3. Hver er stefna ráðuneytisins um þýðingu á dómum Evrópudómstólsins og miðlun þeirra í tölvutæku formi á íslensku?

606. Fyrirspurn [335. mál]

til heilbrigðisráðherra um greiðslur sjúklinga fyrir læknisþjónustu.

Frá Guðrúnu Sigurjónsdóttur.

1. Hvers vegna er krafist greiðslu fyrir ófrjósemisaðgerðir á sumum heilbrigðisstofnunum en ekki á öðrum?
2. Telur ráðherra að slíks misræmis gæti í sambandi við fleiri aðgerðir og læknisverk? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á því?

607. Lög [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. febr.)

Samhljóða þskj. 594 (sbr. 194) með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

12. gr. laganna orðast svo:

Starfsár Landsvirkjunar og reikningsár er almanaksárið.

Stjórn Landsvirkjunar og forstjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár og skal hann gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju og skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar.

Ársfundur Landsvirkjunar kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga fyrirtækisins samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning Landsvirkjunar í samræmi við lög og góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn fyrirtækisins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og skal áritunin fylgja ársreikningnum sem skýrsla hans.

8. gr. hljóðar svo:

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.

608. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um breytingu á umferðarlögum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum þess efnis að heimila skuli hægri beygju á móti rauðu ljósi á gatnamótum.

Greinargerð.

Í áraraðir hefur það fyrirkomulag gilt í Bandaríkjunum og Kanada að ökumönnum er heimilt að beygja til hægri á gatnamótum þótt ekið sé á móti rauðu ljósi, nema sérstaklega sé tekið fram að slíkt sé óheimilt. Stöðvunarskylda hvílir engu að síður á ökumanni sem hyggst beygja til hægri á rauðu ljósi eins og á gatnamótum þar sem stöðvunarskylda er en ekki umferðarljós. Sú regla hefur gefist vel þar vestra og margir Íslendingar sem flytjast heim eftir búsetu vestan hafs sakna þessa hagræðis.

Mikil aukning á fjölda bifreiða kallar á stórfelldar og dýrar framkvæmdir við samgöngumannvirki til að umferð gangi öruggt og hindrunarlítið fyrir sig. Leyfi löggjöfin hægri beygju á móti rauðu ljósi mun slíkt verða til að auðvelda mjög umferð um gatnamót og spara sveitarfélögum stórfé sem þau ella þurfa að leggja í ný samgöngumannvirki og vegi til að ná sama árangri. Á stöðum, þar sem ekki er talið æskilegt að leyfa hægri beygju á rauðu ljósi, væri slíks getið á viðkomandi gatnamótum og ber þá ökumanni að bíða uns komið er grænt ljós. Í Bandaríkjunum og Kanada er bann gegn því að beygt sé til hægri á móti rauðu ljósi gefið til kynna með skilti. Ella gilda sömu reglur þegar beygt er til hægri og gilda þar sem stöðvunarskylda er á gatnamótum. Engin ástæða er til að ætla að regla sem þessi skili ekki árangri í umferðinni hér á landi eins og hún gerir í Bandaríkjunum og Kanada.

609. Fyrirspurn [337. mál]

til forsætisráðherra um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvaða nefndir hafa ráðherrar skipað á þessu kjörtímabili? Hver eru markmið þeirra, hverjir sitja í þeim, hver er formaður og hvenær er ráðgert að hver nefnd skili áliti?
2. Hvert er hlutfall kynja:
   a. nefndarmanna í hverri nefnd,
   b. formanna nefndanna,
   c. nefndarmanna í heild?
3. Í hvaða stöður hafa ráðherrar skipað eða ráðið á þessu kjörtímabili?

4. Hvert er hlutfall kynja:
   a. umsækjenda um hverja stöðu,
   b. þeirra sem skipaðir voru í stöðurnar?

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Skriflegt svar óskast.

610. Fyrirspurn [338. mál]

til landbúnaðarráðherra um störf nefndar um stefnu í landbúnaðarmálum.

Frá Kristjáni Pálssyni.

1. Hvaða samtök hagsmunaaðila eiga aðild að nefnd þeirri er skipa átti í upphafi árs 1996 og hefði það hlutverk að skoða vanda bænda og framtíðarsýn, ásamt því að marka stefnu í landbúnaðarmálum?
2. Hvert er hlutverk nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi ráðherra?
3. Hvenær á nefndin að skila tillögum sínum til ráðherra?

611. Skýrsla [339. mál]

dómsmálaráðherra til Alþingis um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. Inngangur.

Við 1. umræðu um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum) sem fram fór hinn 5. desember 1996 óskaði Kristín Ástgeirsdóttir alþingismaður eftir því við dómsmálaráðherra að Alþingi yrði gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á síðustu mánuðum og missirum. Í skýrslu þessari er slík samantekt auk þess sem hún hefur að geyma yfirlit um viðfangsefni einstakra ráðuneyta á þessu sviði. Þá gerir skýrslan og grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum frá 3. desember 1996 sem og öðrum aðgerðum sem samhliða voru ákveðnar á þessu sviði.

2. Verkefnisstjórn dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum.

Í janúar 1996 skipaði dómsmálaráðherra sérstaka verkefnisstjórn til að vinna að ávana- og fíkniefnavörnum sem falla undir dómsmálaráðuneytið með það fyrir augum að:

1. Athuga hvort herða beri viðurlög við dreifingu ávana- og fíkniefna.
2. Athuga hvort endurskoða þurfi meðferð ákæruvalds og dómstóla á brotum vegna ávana- og fíkniefna.
3. Efla löggæslu og önnur úrræði gegn dreifingu og neyslu ávana- og fíkniefna.
4. Efla forvarnir á sviði ávana- og fíkniefna, þar á meðal fræðslu í skólum.
5. Bæta úrræði og leita nýrra leiða til að endurhæfa ungmenni sem leiðst hafa út í neyslu ávana- og fíkniefna.
6. Skoða meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem í tengslum við ávana- og fíkniefnaneyslu hafa leiðst út í afbrot og fengið refsidóma vegna þeirra.

Í verkefnisstjórninni voru fulltrúar ávana- og fíkniefna- og forvarnadeilda lögreglunnar í Reykjavík, fulltrúi foreldra ungmenna sem leiðst hafa út í neyslu ávana- og fíkniefna, fulltrúar ungmenna og fulltrúi frá Fangelsismálastofnun ríkisins. Í verkefnisstjórninni áttu sæti Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Björgvin Stefánsson nemi, Erlendur Baldursson afbrotafræðingur, Jón Hákon Magnússon bæjarfulltúi, Kristján I. Kristjánsson lögreglufulltrúi, Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Sigurður Orri Jónsson nemi.

Verkefnisstjórnin lauk störfum í júní 1996 og skilaði til dómsmálaráðherra skýrslu með tillögum. Skýrsla verkefnisstjórnarinnar og tillögur hennar voru kynntar allsherjarnefnd Alþingis á fundi 3. júlí sl. Um svipað leyti var skýrslan send nefndarmönnum í félagsmála-, heilbrigðis- og trygginga- og menntamálanefndum þingsins til kynningar.

Í skýrslunni setti verkefnisstjórnin fram tillögur í átta liðum um aðgerðir á sviði fíkniefna- og áfengisvarna. Tillögurnar voru þessar:

1. **Samræmd stefna í áfengis- og vímuefnavörnum og afbrotavörnum.** Lagt var til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir því að ríkisstjórnin markaði sér án tafar samræmda stefnu til nokkurra ára í fíkniefnavörnum. Lagt var til að stefnan næði til allra fíkniefna, löglegra jafnt sem ólöglegra.
2. **Stofnun afbrota- og vímuvarnaráðs.** Lagt var til að í framhaldi af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði yrði hafinn undirbúningur að stofnun afbrota- og vímuvarnaráðs með það fyrir augum að slíkt ráð gæti tekið til starfa 1. janúar 1997.
3. **Foreldrar og forvarnir í ávana- og fíkniefnamálum.** Lögð var áhersla á að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir því að lögreglan starfaði markvisst að því að virkja foreldra og vinna með þeim að áfengis- og fíkniefnavörnum. Jafnframt var undirstrikuð nauðsyn þess að forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík yrði gert kleift að miðla upplýsingum og fræðslu um vímuvarnir til lögreglu annars staðar á landinu. Jafnframt var lagt til að deildin, í samvinnu við fjölmiðla og aðra, kæmi á framfæri upplýsingum og áróðri til foreldra og annarra uppalenda um neikvæð áhrif ávana- og fíkniefna á börn og ungmenni.
4. **Breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.** Lagðar voru til nokkrar breytingar á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Í fyrsta lagi var lagt til að ýmsar breytingar yrðu gerðar á almennum hegningarlögum, m.a. á ákvæðum þeirra laga um upptöku ávinnings. Í öðru lagi var lagt til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár þannig að sjálfræðisaldur og fjárræðisaldur færi saman. Í þriðja lagi var lagt til að dómsmálaráðherra beindi þeim tilmælum til nefndar sem endurskoðar ákvæði áfengislaga nr. 82/1969 með síðari breytingum að skerpt yrðu ýmis refsiákvæði þeirra laga. Í fjórða lagi að dómsmálaráðherra beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að nokkrar breytingar yrðu gerðar á lögum um ávana- og fíkniefni, m.a. um að anabólískir sterar falli undir lögin og að í

lögin kæmu ítarlegri ákvæði um upptöku ólögmæts ávinnings. Í fimmta lagi að dómsmálaráðherra láti í samvinnu við embætti ríkissaksóknara hefja undirbúning að samningu skýrra verklagsreglna um óhefðbundnar rannsóknaraðgerðir í ávana- og fíkniefnamálum og að í þeirri vinnu yrði jafnframt kannað hvort skerpa þurfi landsumboð ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og hvort æskilegt væri að setja reglur um heimild deildarinnar til að greiða fyrir upplýsingar sem leiða til að upplýst yrðu stærri brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

5. **Staðfesting fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988.** Lagt var til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir því að hraðað yrði undirbúningi að staðfestingu fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1988.
6. **Efling ávana- og fíkniefnastarfsemi löggæslunnar.** Lagt var til að dómsmálaráðherra beitti sér fyrir ýmsum breytingum á starfsemi þeirrar deildar sem annast rannsókn í ávana- og fíkniefnamálum við embætti lögreglustjórans í Reykjavík til að efla þá starfsemi. M.a. var lagt til að skipulag, verksvið og ábyrgð deildarinnar yrði endurskoðað til að styrkja stöðu hennar innan embættisins. Þá var einnig lagt til að lögreglumönnum við deildina yrði fjölgað í samræmi við aukin verkefni, nýjar áherslur í starfi deildarinnar, skiptivinnu og þjálfun. Loks var lagt til að tækjakostur deildarinnar yrði bættur þannig að hann stæðist ávallt nútímakröfur, að úreldingartími tækja yrði skilgreindur og tækjabúnaður endurnýjaður í samræmi við slíkar reglur.
7. **Samvinna löggæslu og tollyfirvalda.** Lagt var til að samskipti ávana- og fíkniefnadeildar hjá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, rannsóknardeildar ríkistollstjóra, tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og skattrannsóknastjóra yrði gerð formlegri og skipaður sérstakur samstarfshópur. Auk þess var lögð til skiptivinna milli lögreglu og tollgæslu.
8. **Meðferðar- og afplánunarúrræði fyrir brotamenn sem jafnframt eru háðir neyslu ávana- og fíkniefna.** Lagt var til að samstarf Fangelsismálastofnunar ríkisins, meðferðarstofnana og geðdeilda yrði eflt og aukið þannig að brotamenn sem háðir eru neyslu ávana- og fíkniefna, m.a. áfengis, eigi kost á að ljúka síðustu vikum afplánunar í meðferð. Einnig var lagt til að samstarf Fangelsismálastofnunar ríkisins og félagsmálastofnana yrði eflt m.a. til að tryggja að eftir meðferð ættu þessir einstaklingar kost á stuðningi. Loks var lagt til að Fangelsismálastofnun ríkisins yrði gert kleift að standa svo að málum að fullnustu dóma vegna ávana- og fíkniefnabrota verði ætíð hraðað svo sem kostur væri.

Dómsmálaráðherra kynnti tillögur verkefnisstjórnarinnar á fundi ríkisstjórnar í lok júní 1996. Ríkisstjórnin ákvað að fela nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum að gera drög að stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki og að hefja undirbúning að stofnun sérstaks ráðs til starfa á þessu sviði. Verður nánar vikið að því starfi hér á eftir.

3. Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum.

Ráðuneyti sem fíkniefnavarnir heyra undir hafa um langt skeið staðið fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr og hindra neyslu fíkniefna. Verður nánar vikið að starfi á vegum ráðuneytanna síðar í þessari skýrslu.

Í lok janúar 1996 ákvað ríkisstjórnin að tillögu dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og menntamálaráðherra að samræma aðgerðir vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum. Jafnframt var ákveðið að setja á laggirnar nefnd ráðuneyta til að fylgjast með þessari vinnu. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar ráðherra dómsmála, félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og menntamála. Í nefndinni eiga sæti Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Árni Gunnarsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti og Þórir Haraldsson aðstoðarmaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Frá því í nóvember 1996 hefur fulltrúi fjármálaráðherra verið í nefndinni, Bergþór Magnússon deildarsérfræðingur í fjármálaráðuneyti. Í nefndinni hafa einnig setið Erna Árnadóttir deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti, Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti og Ingimar Einarsson sérfræðingur hjá embætti landlæknis.

Nefndinni var falið að:

1. Fylgjast með vinnu sem hvert ráðuneyti hefur með höndum eða kann að setja af stað til að samræma verkefni og aðgerðir þeirra á sviði ávana- og fíkniefnavarna og koma í veg fyrir tvíverknað vegna skörunar á verkefnum milli ráðuneyta.
2. Skoða verkaskiptingu milli ráðuneyta á þessu sviði með tilliti til skörunar og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um framtíðarfyrirkomulag verkaskiptingar.
3. Grípa inn í og ákveða í hvaða ráðuneyti verkefni á þessu sviði skuli unnið, komi tvíverknaður í ljós.

Í upphafi var fyrirhugað að nefnd ráðuneyta lyki störfum um svipað leyti og verkefnisstjórn dómsmálaráðherra. Þegar ríkisstjórnin ákvað, í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar dómsmálaráðherra, að hefja undirbúning að sérstakri stefnu á sviði fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna var hins vegar ákveðið að nefndin starfaði áfram. Henni var falið að annast þennan undirbúning og að semja drög að frumvarpi til laga um sérstakt vímuvarnaráð. Stefnu í þessum málaflokki samþykkti ríkisstjórnin hinn 3. desember 1996 eins og áður hefur komið fram. Þá var og ákveðið að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra legði fyrir Alþingi frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Jafnframt var nefnd ráðuneyta falið að halda enn áfram störfum og fylgjast m.a. með framvindu stefnu ríkisstjórnarinnar uns áfengis- og vímuvarnaráð tekur til starfa, væntanlega síðar á þessu ári.

4. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Nefnd ráðuneyta um samræmingu aðgerða vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum skilaði ríkisstjórninni í byrjun október sl. drögum að stefnu í þessum málaflokki með áhersluatriðum til næstu aldamóta. Í byrjun nóvember 1996 skilaði nefndin drögum að frumvarpi til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Ríkisstjórnin fjallaði um þessi störf nefndarinnar á fundum í nóvember og samþykkti síðan á fundi sínum 3. desember 1996 aðgerðir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Helstu þættir í aðgerðum ríkisstjórnarinnar eru:

1. Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.
2. Stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs.
3. Auknir fjármunir til forvarna.
4. Efling löggæslu og tollgæslu með auknum fjárveitingum.
5. Fjárveiting til stuðnings við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis.

6. Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD — European Cities Against Drugs) um áætlunina Ísland án eiturlyfja 2002.
7. Fullgilding Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. desember 1988 og samningi frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Verður nú vikið nánar að einstökum þáttum þessara aðgerða.

4.1 Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar felst að hún hefur ákveðið að beita sér markvisst fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla, í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra. Áhersluatriði stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki fram til ársins 2000 eru:

— Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.
— Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
— Að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota.
— Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíknefnum, áfengi og tóbaki.
— Að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð.

Stefnan gerir ráð fyrir að ráðuneyti og undirstofnanir útbúi framkvæmdaáætlanir til að útfæra nánar stefnuna með hliðsjón af verkefnum hvers ráðuneytis. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlanir ráðuneyta og undirstofnana verði tilbúnar 1. mars 1997. Í greinargerð með stefnu ríkisstjórnarinnar er ítarlega fjallað um forsendur hennar. Þar eru einnig taldar upp aðgerðir sem gætu orðið hluti slíkra framkvæmdaáætlana. Þar eru nefnd ýmis dæmi um aðgerðir:

1. Að styðja við foreldra í uppeldishlutverki þeirra m.a. með því að styrkja og efla starfsemi foreldrasamtaka.
2. Að auka þátttöku heilsugæslu í forvörnum og meðferð með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa.
3. Að auka fræðslu og forvarnir í skólum allt frá leikskólaaldri með sérstakri áherslu á forvörnum áhættuhópa og með stuðningi við tómstundastarf barna og ungmenna.
4. Að efla og styrkja úrræði, m.a. meðferðarúrræði sem foreldrar, heilsugæsla, sveitarfélög og skólar geta átt kost á þegar vart verður áhættuhegðunar hjá barni eða ungmenni.
5. Að efla rannsóknir á sviði áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarna og nota niðurstöður slíkra rannsókna til að þróa markvissari og árangursríkari starfsemi og aðgerðir á þessu sviði.
6. Að efla forvarnastarf hjá lögreglu og tryggja að löggæsla og tollgæsla hafi ávallt á að skipa þeim mannafla og búnaði er gerir þessum aðilum kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu, meðferð og neyslu áfengis og fíkniefna.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki hefur þegar verið ákveðið að hrinda nokkrum þessara verkefna í framkvæmd. Má þar nefna eflingu löggæslu og tollgæslu, eflingu úrræða sem foreldrar, heilsugæsla, sveitarfélög og skólar geta leitað til

þegar vart verður áhættuhegðunar hjá barni eða ungmenni og eflingu rannsókna á þessu sviði. Verður nánar fjallað um einstaka þætti þessa hér á eftir.

4.2 Stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um áfengis- og vímuvarnaráð, sem nefnd ráðuneyta samdi. Tilgangurinn með stofnun ráðsins er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Markmiðið með starfsemi hins nýja áfengis- og vímuvarnaráðs, sem fyrirhugað er að taki til starfa þegar á árinu 1997, er að stuðla að samvinnu og samræmingu milli þeirra aðila sem starfa að áfengis- og vímuvörnum. Þá mun ráðið fylgjast með að framfylgt verði stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki.

Áfengis- og vímuvarnaráði er ætlað að taka að sér hlutverk núverandi áfengisvarnaráðs. Þó er gert ráð fyrir að áfengisvarnaráð verði fyrst um sinn heilbrigðisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar um áfengisvarnir eða þar til sérstök forvarnamiðstöð verður stofnuð en þó ekki lengur en að næstu alþingiskosningum. Undirbúningur að sérstakri forvarnamiðstöð er hafinn í heilbrigðisráðuneytinu.

Gert er ráð fyrir að ráðið verði skipað átta einstaklingum tilnefndum af forsætisráðherra, dómsmálaráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra, menntamálaráðherra, utanríkisráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs verða samkvæmt frumvarpinu:

1. Að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt, sem og stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma í þessum málefnum.
2. Að vera ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum, þ.á m. staðbundnum nefndum sem starfa að áfengis- og vímuvörnum, til ráðuneytis um áfengis- og vímuvarnir, m.a. um þörf á meðferðarúrræðum og gera tillögur um stefnu stjórnvalda á þessu sviði, með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna.
3. Að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr forvarnasjóði til verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna.
4. Að beita sér fyrir samhæfingu starfa þeirra sem vinna að áfengis- og vímuvörnum, m.a. með því að halda reglulega samráðsfundi með fulltrúum þessara aðila.
5. Að stuðla að útgáfu fræðsluefnis um áfengis- og vímuvarnir og annast gagnasöfnun í vímuefnamálum þannig að hjá ráðinu séu nýjustu og haldbærustu upplýsingar um stöðu mála. Ráðið skal gefa út árlega skýrslu um stöðu áfengis- og vímuvarna.
6. Að stuðla að rannsóknum á sviði áfengis- og vímuvarna, m.a. árlegum könnnum á þróun í neyslu barna og ungmenna á áfengi og öðrum vímuefnum og fylgjast með tengslum áfengis- og fíkniefnanotkunar og afbrota.
7. Að fylgjast með stöðu áfengis- og vímuvarna í grannríkjum og annast samskipti við hliðstæðar stofnanir í nágrannalöndunum.
8. Að annast önnur verkefni sem ráðherra og ríkisstjórn fela ráðinu.

4.3 Auknir fjármunir til forvarna.

Fjármunir til forvarna hafa aukist umtalsvert á síðustu tveimur árum.

Forvarnasjóður var stofnaður 1995. Í hann rennur ákveðinn hluti áfengisgjalds. Með stofnun sjóðsins jukust fjárveitingar til forvarna á sviði áfengis- og fíkniefnamála um 20 m.kr. á árinu 1996, en sjóðurinn hafði samtals 50 m.kr. til ráðstöfunar á því ári. Á þessu ári mun sjóðurinn hafa 55 m.kr. til ráðstöfunar sem er hækkun milli ára um 5 m.kr.

Vegna breytinga á tóbaksvarnalögum á árinu 1996 munu fjárveitingar til tóbaksvarna hækka í 31 m.kr. á þessu ári eða um liðlega 22 m.kr. Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli tóbaksneyslu, áfengisneyslu og fíkniefnaneyslu.

Á þessu ári er ráðstöfunarfé til forvarna vegna fíkniefna, áfengis og tóbaks því liðlega 27 m.kr. hærra en á árinu 1996.

Þessu til viðbótar ákvað ríkisstjórnin 65 m.kr. fjárveitingu á árinu 1997 til að efla löggæslu og tollgæslu og til að koma á laggirnar sérfræðingateymum til stuðnings ungmennum í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks. Þessara fjármuna verður aflað með hækkun tóbaksverðs sem kom til framkvæmda 1. janúar 1997.

4.4 Efling löggæslu og tollgæslu með auknum fjárveitingum.

Meðal áhersluatriða í stefnu ríkisstjórnarinnar er heft aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki og bætt öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota. Ríkisstjórnin ákvað því að gera átak í að draga úr innflutningi fíkniefna og efla varnir gegn fíkniefnasölu með hækkun fjárveitinga til tollgæslu og löggæslu. Viðbótarfjármunum sem aflað er með hækkun tóbaksverðs verður því varið til að efla löggæslu og tollgæslu strax á þessu ári. Af þeim 65 milljónum sem hækkun tóbaksverðs mun skila verður 35 m.kr. varið til að efla starfsemi fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og 25 m.kr. til að efla tollgæslu, einkum í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli.

Fyrirhugað er að bæta tækjakost fíkniefnadeildarinnar og fjölga starfsmönnum deildarinnar. Samvinna tollgæslu og löggæslu verður aukin. Eftirlit sem beinist gegn smygli á fíkniefnum verður eflt verulega og er ætlunin m.a. að kaupa til landsins nýjan fíkniefnahund, sem þjálfaður hefur verið til að finna fíkniefni. Aukinn áhersla verður lögð á leit að fíkniefnum í póstsendingum og í tengslum við komu skipa til Reykjavíkur, m.a. með endurskipulagningu og breytingum á vaktafyrirkomulagi. Einnig verður eftirlit á Keflavíkurflugvelli hert. Þá verður eftirlit sem beinist gegn fíkniefnasmygli endurskipulagt á landsvísu.

4.5 Stuðningur við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.

Ríkisstjórnin ákvað einnig að 5 m.kr. af fyrrnefndum 65 m.kr. skyldu renna til þess að koma á fót teymum sérfræðinga til að skipuleggja forvarnastarf í skólum. Stofnun þessara teyma er í samræmi við áhersluatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar og tillögur nefndar um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi og mun starf þeirra einkum beinast að ungmennum í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis. Greining og viðbrögð við áhættuhegðun innan skólans verður efld og beinn stuðningur sérfræðinga við nemendur og kennara innan skólans aukinn. Þá verður stuðningur við foreldra ungmenna í áhættuhópum einnig aukinn. Áhersla verður lögð á að koma á tengslum milli starfsfólks skóla-, heilbrigðis- og félagsmálakerfis og annarra aðila eftir því sem við á.

4.6 Samstarf ríkisins, Reykjavíkurborgar og Samtaka Evrópuborga gegn eiturlyfjum.

Ríkisstjórnin ákvað í desember 1996 að ganga til samstarfs við Reykjavíkurborg og Samtök Evrópuborga gegn eiturlyfjum (ECAD — European Cities Against Drugs) um áætlunina Ísland án eiturlyfja 2002 og er þátttaka ríkisstjórnarinnar í þessu samstarfi liður í útfærslu á stefnunni í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum voru stofnuð í apríl 1994. Stofnun samtakanna var m.a. svar við áformum ýmissa borga í Evrópu um að lögleiða tiltekin eiturlyf. Reykjavíkurborg var ein af 21 stofnborg samtakanna ásamt m.a. Lundúnum, París, Berlín, Stokkhólmi og Moskvu. Aðildarborgir samtakanna eru nú orðnar tæplega 200 talsins. Allar höfuðborgir Norðurlanda að Kaupmannahöfn undanskilinni eru þátttakendur í samtökunum. Megintilgangurinn með starfi samtakanna er að hvetja borgir til aðgerða og baráttu gegn ólöglegum fíkniefnum í stað þess að gefast upp í baráttunni gegn þeim og lögleiða þessi efni. Skrifstofa samtakanna er í Stokkhólmi. Áætlunin Ísland án eiturlyfja 2002 er liður í stærri áætlun samtakanna um **Evrópu án eiturlyfja árið 2012**. Samtökin vonast til að árangur af verkefnum sem hrundið verður af stað hér á landi verði slíkur að þau geti orðið fyrirmyndir fyrir aðrar borgir í baráttunni gegn eiturlyfjum.

Hinn 6. febrúar 1997 undirrituðu Þorsteinn Pálsson dómsmálaráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgastjóri f.h. Reykjavíkurborgar og Åke Setréus framkvæmdastjóri samtakanna Evrópuborgir gegn eiturlyfjum f.h. samtakanna, samstarfssamning um þessa áætlun.

Með samstarfssamningnum hafa ríkisstjórnin, Reykjavíkurborg og Samtökin Evrópuborgir gegn eiturlyfjum ákveðið að taka höndum saman og vinna að áætluninni Ísland án eiturlyfja 2002. Meginmarkmið samstarfsins er að sameina krafta þjóðarinnar í baráttunni gegn ólöglegum fíkniefnum, efla forvarnir, og skipuleggja verkefni og aðgerðir sem hafa þetta markmið að leiðarljósi. Samtök Evrópuborga telja að Ísland eigi mikla möguleika á því að stemma stigu við innflutningi og dreifingu eiturlyfja vegna landfræðilegrar legu landsins.

Verkefni sem hrundið verður af stað undir merkjum áætlunarinnar eiga að vera tímabundin og leiða til mælanlegra niðurstaðna. Árangur hvers verkefnis verður metinn að því loknu og ákvörðun tekin um hvort því verður haldið áfram. Hvert verkefni verður fjármagnað með sérstökum fjárveitingum og mun í því sambandi verða leitað til fyrirtækja og annarra um fjárframlög auk þess sem gert er ráð fyrir að Forvarnasjóður muni leggja fé af mörkum.

Áætluninni hefur verið skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti fimm fulltrúar: Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, tilnefnd af dómsmálaráðherra, Árni Gunnarsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, tilnefndur af félagsmálaráðherra, Hrafn Pálsson deildarstjóri, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Kristín A. Árnadóttir aðstoðarkona borgarstjóra, tilnefnd af borgarstjóra og Åke Setréus framkvæmdastjóri hjá samtökum Evrópuborga. Snjólaug Stefánsdóttir uppeldisfræðingur og námsráðgjafi hefur verið ráðin verkefnisstjóri. Verkefnisstjórnin hefur 4 m.kr. til ráðstöfunnar á ári hverju meðan áætlunin stendur yfir frá 1997–2001, þ.e. 3 m.kr. árlega úr Forvarnasjóði og 1 m.kr. árlega frá Reykjavíkurborg. Verkefnisstjórnin mun eigi síðar en 1. mars nk. skila þeim aðilum sem að áætluninni standa drögum að verkefnaáætlun ársins 1997 ásamt drögum að fimm ára áætlun. Þar verður lögð megináhersla á aðgerðir til að virkja þjóðfélagið í heild í baráttunni gegn eiturlyfjum og fá sem flesta til samstarfs um þessa áætlun.

4.7 Fullgilding Íslands á tveimur alþjóðasamningum á sviði refsiréttar.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp dómsmálaráðherra um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. vegna fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988 og samnings frá 8. nóvember 1990 sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalög-

um, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum. Þessar lagabreytingar eru nauðsynlegar svo að Ísland geti fullgilt fyrrnefnda samninga auk þess sem tekið var mið af tillögum verkefnisstjórnar dómsmálaráðherra um lagabreytingar, sem áður hefur verið vikið að, við gerð þessa frumvarps.

5. Aðgerðir ráðuneyta á síðustu mánuðum og missirum á sviði fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarna.

Eins og áður hefur verið getið hafa ráðuneytin sem fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarnir heyra undir um langt skeið staðið fyrir margvíslegum aðgerðum til að draga úr og hindra neyslu þessara efna. Á síðustu mánuðum og missirum hefur þessi starfsemi enn verið aukin. Hér á eftir verður skýrt frá starfi einstakra ráðuneyta og undirstofnana og er byggt á upplýsingum frá fulltrúum þeirra í samstarfsnefnd ráðuneyta um samræmingu starfa á þessu sviði.

5.1 Dómsmálaráðuneytið.

5.1.1 Dómsmálaráðuneytið.

Tillögur verkefnisstjórnar dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum hafa áður verið raktar í þessari skýrslu.

Áætlun ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum ber með sér að helstu tillögum verkefnisstjórnarinnar hefur þegar verið hrundið í framkvæmd eða undirbúningur þeirra verið hafinn. Ríkisstjórnin hefur þannig samþykkt stefnu í þessum málaflokki með áhersluatriðum til næstu aldamóta. Undirbúningur er hafinn að stofnun sérstaks áfengis- og fíkniefnaráðs. Á árinu 1997 fær fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík 35 m.kr. viðbótarfjárveitingu til tækjakaupa og til að efla starfsemi deildarinnar, m.a. með því að fjölga starfsmönnum. Frá sama tíma verður tollgæsla efld og í undirbúningi er aukin samvinna milli löggæslu og tollgæslu. Þá er hafinn undirbúningur að staðfestingu fíkniefnasamnings Sameinuðu þjónanna frá 1988 og fyrir Alþingi liggur nú þegar lagafrumvarp því til undirbúnings.

Aðrar tillögur verkefnisstjórnarinnar eru í frekari athugun í dómsmálaráðuneytinu.

5.1.2 Lögreglan í Reykjavík.

Á undanförnum árum hafa almennir lögreglumenn starfað tímabundið í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Þegar þeir síðan hafa komið inn á almennu vaktirnar á ný hefur reynsla þeirra af starfinu í ávana- og fíkniefnadeild nýst á ýmsan hátt.

Um áramótin 1995/1996 urðu veruleg þáttaskil í þessum málum. Þá fór almenna deildin að hafa að störfum óeinkennisklædda lögreglumenn, sem sérstaklega var falið að afla upplýsinga um fíkniefnaneytendur og sölumenn og miðla þeim til vakthafandi lögreglumanna, auk þess sem þeir vinna með svipuðum hætti og starfsmenn ávana- og fíkniefnadeildar gera gagnvart þessum aðilum.

Markmiðið með eftirliti óeinkennisklæddra lögreglumanna er að fylgjast með þeim aðilum sem þekktir eru á sviði afbrotamála. Eru þar einkum hafðir í huga síbrotamenn sem hafa lífsviðurværi sitt af ýmissi afbrotastarfsemi. Með eftirlitinu er átt við að:

1. safna upplýsingum um þessa aðila, viðverustaði þeirra og vinahóp auk annars sem þeim tengist.
2. haft sé eftirlit með þeim til að koma í veg fyrir brotastarfsemi þeirra.
3. stuðlað sé að því að upplýsa sem flest brotamál sem lögreglu er tilkynnt um.
4. reynt skuli að miðla þessari þekkingu til sem flestra lögreglumanna.

Þetta starf hefur verið í þróun og er nú svo komið að innan hverrar vaktar eru fjórir til sex lögreglumenn sem hafa fengið allgóða þjálfun til þessara starfa. Þannig hefur verið hægt að halda úti öflugra fíkniefnaeftirliti sem hefur mjög styrkt baráttuna gegn þessum vágesti. Þessir lögreglumenn eru einnig færir um að fara í húsleit vegna leitar að fíkniefnum. Þá annast þeir yfirheyrslur í málum sem þeir koma að, nema þá stærri málum. Með þessum hætti er rannsóknavinnu létt af fíkniefnadeildinni sem hefur meiri tíma en áður til að sinna stærri fíkniefnamálum. Mannfæð og verkefnaþungi hefur þó gert það að verkum að þessi starfsemi almennu deildarinnar hefur ekki verið eins öflug og æskilegt hefði verið.

Árangur hefur þó orðið meiri en vonir stóðu til í upphafi. Í október og nóvember 1996 hafði almenna lögreglan afskipti af 125 einstaklingum vegna fíkniefnamála í 78 tilvikum. Þá var gerð húsleit í samtals 21 skipti og 36 leitir í bílum. Í 38 tilvikum fundust fíkniefni og áhöld til neyslu. Þá hafa verið upplýst allmörg önnur afbrot, svo sem innbrot og þjófnaðir og einnig hefur tekist að endurheimta verðmæti. Töluvert magn fíkniefna hefur verið haldlagt.

Þá hefur lögreglan í Reykjavík samhliða þessari vinnu haldið úti einkenndu eftirliti með tilteknum stöðum, þar sem fíkniefnasala hefur farið fram. Með því hefur fíkniefnasölum verið gert erfiðara fyrir og unglingar sem tengjast fíkniefnum verið fældir frá. Þetta eftirlit ásamt óeinkennda eftirlitinu hefur gert það að verkum að lögreglumenn kynnast betur einstaklingum í fíkniefnaneyslu og -sölu og þeim sem umgangast þá. Auk þess hefur þessi starfsemi orðið til þess að betur hefur gengið að fá upplýsingar um fíkniefnasala. Þannig hafa opnast sífellt nýir möguleikar í baráttunni og árangurinn kann að verða mjög mikill til langs tíma litið.

Forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur unnið ötullega að fíkniefna- og áfengisvörnum meðal ungmenna á síðustu árum. Enginn undir 16 ára var handtekinn á árinu 1995 og enginn undir 16 ára aldri var kærður vegna fíkniefnamála á því ári. Á árinu 1995 var enginn 15 ára eða yngri dæmdur vegna fíkniefnamála, hvorki fyrir sölu né neyslu. Á árunum 1987–1994 voru hins vegar 25 einstaklingar yngri en 16 ára kærðir vegna þessara mála.

Mikil breyting hefur orðið á viðveru barna undir 16 ára aldri í miðborg Reykjavíkur að kvöld- og næturlagi undanfarin missiri. Eftir sameiginlegt átak lögreglu og félagsmálayfirvalda sem hófst fyrir nokkrum árum hafa ungmenni undir 16 ára að mestu horfið úr miðborginni. Með markvissri samvinnu lögreglu, foreldra o.fl. hefur þetta tekist og hefur svonefnt foreldrarölt verið liður í því samstarfi.

Fyrir nokkrum árum voru unnin stórfelld skemmdarverk á sumarbústöðum í nágrenni borgarinnar. Að verki stóð hópur ólögráða einstaklinga sem var í vímuefnaneyslu. Í framhaldi þess var sett á laggirnar úrræði fyrir slíka einstaklinga norður í landi. Forvarnadeildin telur að sú ráðstöfun hafi slegið verulega á það ástand sem þá var í þróun. Jafnframt bendir forvarnadeildin á að lögreglumenn séu sammála um að afskipti af ungu fólki í verulegum vanda hafi farið heldur minnkandi á síðustu árum, t.d. hafi nauðungarvistunum að beiðni lögreglu í aðstöðu Unglingaheimilis ríkisins fækkað á undanförnum missirum. Mikilvægt er þó að undirstrika að lítið má út af bera svo ástandið snúist ekki aftur á verri veg. Þá skiptir máli að samvinna starfsfólks lögreglu, félagsmálayfirvalda og skóla á sviði barna- og unglingamálefna hefur aukist á liðnum árum, auk þess sem vitund foreldra og þátttaka þeirra í þessum málum er önnur og betri nú en hún var fyrir nokkrum árum. Að mati forvarnadeildarinnar er vandi vegna fíkniefnaneyslu og annarr-

ar vímuefnaneyslu unglinga aðallega tengdur aldurshópnum 16–18 ára og telur deildin að í þeim hópi séu allmargir einstaklingar sem þurfi við verulegrar aðstoðar og stuðnings.

5.2 Félagsmálaráðuneytið.

Hjá félagsmálaráðuneytinu er starfsemi í þessum málaflokki einkum á vegum Barnaverndarstofu sem hefur það verkefni að samræma aðgerðir sem miða að því að hafa upp á áhættuhópum og veita þeim stuðning annars vegar og hins vegar að tryggja meðferðarúrræði eftir að skaðinn er skeður.

Barnaverndarstofa hefur yfirumsjón og eftirlit með stofnunum og heimilum sem ríkið rekur eða styrkir fyrir börn og ungmenni sem vistuð eru á grundvelli barnaverndarlaga. Allar umsóknir um stofnanavistun barna og ungmenna eru því sendar til Barnaverndarstofu sem tekur ákvörðun um vistun eftir að gengið hefur verið úr skugga um að stuðningsúrræði á vegum sveitarfélags hafi verið fullreynd án viðunandi árangurs. Á vegum Barnaverndarstofu er starfandi sérstakt fagteymi skipað fulltrúum frá barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Stuðlum sem er meðferðarstöð ríkisins og Barnaverndarstofu. Hlutverk teymisins er að fjalla um umsóknir um stofnanavist auk þess sem það er samstarfsvettvangur þessara stofnana á sviði meðferðar barna og ungmenna.

Undanfarin ár hefur verið unnið að endurskipulagningu meðferðarkerfisins og sér nú fyrir endann á þeirri endurskipulagningu. Undir yfirumsjón Barnaverndarstofu eru rekin sex meðferðarheimili með rými fyrir 42 í meðferð en verða 47–48 eftir að nýtt heimili bætist við í byrjun ársins 1997. Þessi meðferðarheimili eru Stuðlar með 12 rýmum, Árbót með 6 rýmum, Sólheimar 17 með 4 rýmum, Bakkaflöt (og Laugamýri) með 8 rýmum, Torfastaðir með 6 rýmum og Geldingalækur með 6 rýmum. Samtals eru þetta 42 rými. Í byrjun ársins 1997 mun nýtt meðferðarheimili taka til starfa með 5 rýmum.

Árlega eru vistuð að beiðni barnaverndarnefnda á bilinu 120–140 börn og ungmenni til lengri eða skemmri tíma á þessum stofnunum. Meðferð hefst með þeim hætti að ungmenni eru vistuð á meðferðarstöð ríkisins fyrir þennan aldurshóp, Stuðlum. Þar eru 4 rými til neyðarvistunar í bráðatilvikum og 8 rými til greiningarmeðferðar. Þar er jafnframt aðstaða til fjölskylduinnlagnar. Samkvæmt reglugerð nr. 271/1995 um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, skulu Stuðlar veita sérhæfða meðferð, þ.m.t. vímuefnameðferð, með vistun í allt að fjóra mánuði. Að lokinni meðferðarvist á Stuðlum er unglingurinn ýmist útskrifaður heim eða vistaður á heimili sem veitir langtímameðferð. Í fyrra tilvikinu eru lagðar fram tillögur um á hvern hátt veita beri unglingnum stuðning á vegum barnaverndarnefndar. Í því síðara er valið meðferðarheimili sem best er talið henta viðkomandi unglingi til langtímadvalar. Algengt er að dvöl á meðferðarheimili vari í eitt til tvö ár. Nú eru starfandi fimm heimili sem sinna þessu hlutverki. Þau eru hvert með sínu sniði þótt grunntónn meðferðarstarfsins sé hinn sami. Unglingarnir stunda sitt nám á heimilunum auk þess sem séð er til þess að þau eigi kost á léttri vinnu gegn hóflegum launum.

Í undirbúningi er starfsemi sjötta langtímaheimilisins sem verður sérhæft fyrir vímuefnaneytendur. Uppeldisstarfið verður grundvallað á svokölluðu 12-spora kerfi líkt og var á Tindum. Hins vegar verða rými færri og dvalartími mun lengri eða frá 6–12 mánuðir. Heimilið verður staðsett í Eyjafirði. Rekstraraðili sem hefur víðtæka reynslu af vímuefnameðferð hefur þegar verið ráðinn.

Börn sem eru vistuð á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu eiga flest við fjölþætt vandamál að stríða. Neysla áfengis og annarra vímugjafa er oft snar þáttur í vandamálum viðkomandi unglinga. Af 82 umsóknum um meðferð á stofnunum á veg-

um Barnaverndarstofu á árinu 1996 var neysla áfengis og annarra vímuefna tilgreind sem ein aðalástæða vistunar í 33 tilfellum. Hins vegar er afar sjaldgæft að unglingar séu orðnir fíknir. Langflestir eiga við fjölþættan vanda að etja og er neysla áfengis og annarra vímuefna oftast birtingarform félagslegra og tilfinningalegra vandamála. Unglingur í vímuefnavanda þarf því oftast á fjölþættri meðferð að halda en þó er neyslan sjálfstætt vandamál sem þarf að meðhöndla sérstaklega. Þetta er afar mikilvægt að hafa í huga því eðli vandans hjá unglingum í neyslu er allt annað en það sem fullorðnir áfengissjúklingar glíma við.

Áhrifaríkasta forvörnin á sviði áfengis- og vímuefnaneyslu er að bregðast við strax og börn og ungmenni sýna fyrstu merki um að þau hafi byrjað neyslu. Raunar þyrfti að hefja forvarnarstarfið fyrr með það markmið í huga að seinka því að unglingar hefji neyslu.

Barnaverndarstofa telur að færa megi rök fyrir því að forvarnastarf hafi fram til þessa oft verið ómarkvisst. Einkum hafi ekki nægur gaumur verið gefinn að annars stigs forvörnum sem eðli máls samkvæmt geta verið mjög markvissar. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að huga betur að ýmsum áhættuhópum í þessu sambandi og bendir þar sérstaklega á börn áfengissjúkra. Erlendis hafi verið þróuð margvísleg stuðningstilboð sem ætlað er að bæta líðan barna sem eiga fíkna foreldra. Megintilgangur þessara úrræða er að styrkja viðnámsþrótt barnanna gagnvart áfengi og öðrum vímugjöfum. Á síðustu tveimur mánuðum hefur Barnaverndarstofa boðið stuðningsmeðferð fyrir sex til tíu ára börn áfengissjúkra foreldra. Um er að ræða tvö námskeið og eru þátttakendur um 20 börn. Samhliða er foreldrum boðið upp á hópstarf. Námskeiðin eru haldin í tilraunaskyni og hefur sérfræðingur verið ráðinn til þess að leggja mat á árangur og er búist við því að sú skýrsla liggi fyrir í ársbyrjun 1997. Tilvísunaraðilar voru fyrst og fremst barnaverndarnefndir og félagsmálayfirvöld. Stefnt er að framhaldi á þessari stuðningsmeðferð ef árangur sýnist hafa verið jákvæður og fjárveitingar leyfa. Þá verður fleiri aðilum gefinn kostur á að vísa börnum í slíka meðferð, svo sem sjúkrastofnunum sem veita áfengismeðferð, heimilislæknum, skólum o.fl.

Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með félagsþjónustu sveitarfélaga. Í kjölfar fyrstu laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tóku gildi árið 1991 hefur félagsþjónustan eflst með ári hverju. Í lögunum er m.a. kveðið á um aðstoð við áfengissjúka og vímugjafavarnir og skulu félagsmálanefndir hlutast til um að .þeir sem nisnota áfengi eða aðra vímugjafa fái viðeigandi meðferð og aðstoð. Ennfremur skal veita aðstandendum og fjölskyldum áfengissjúkra aðstoð eftir því sem við á. Félagsmálanefndirnar skulu jafnframt stuðla að því að áfengissjúkir og misnotendur vímugjafa sem eru að koma úr meðferð fái nauðsynlegan stuðning til að lifa eðlilegu lífi. Mörg sveitarfélög, einkum þau stærstu veita öfluga þjónustu í þessum efnum.

5.3 Fjármálaráðuneytið.

5.3.1 Starfsemi tollgæslunnar.

Á undanförnum árum hefur rannsóknardeild ríkistollstjóraembættisins lagt sífellt meiri áherslu á að nýta fíkniefnahunda til að koma í veg fyrir að fíkniefnum verði smyglað til landsins. Embættið hefur haft yfir slíkum hundi að ráða frá árinu 1991. Hann hefur verið nýttur til eftirlits með póstsendingum og svokölluðum hraðsendingum til landsins. Þá hefur hann einnig verið nýttur til leitar að fíkniefnum í tengslum við skipakomur til landsins og millilandaflug til Akureyrar. Þannig var hann t.d. nýttur til leitar í sjö skipti af þeim fjórtán sem ferjan Norræna kom til Seyðisfjarðar á árinu 1996.

Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hefur eflt fíkniefnaeftirlit í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eftir því sem unnt hefur verið. Tveir starfsmenn tollgæslu og einn lögreglumaður starfa nú sérstaklega við fíkniefnaeftirlitið. Embættið á tvo fíkniefnahunda sem nýttir eru við þetta eftirlit.

5.3.2 Samvinna við ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík.

Ágæt samvinna hefur skapast milli rannsóknardeildar ríkistollstjóraembættisins og ávana- og fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Á árinu 1996 voru tilnefndir tveir starfsmenn ávana- og fíkniefnadeildar sem tengiliðir við rannsóknardeild ríkistollstjóra. Skipst hefur verið á upplýsingum um innflutning, áhafnir skipa, skipakomur o.fl. Þá hafa deildirnar unnið saman í einstökum verkefnum, svo sem við leit í skipum og skoðanir á einstökum vörusendingum. Samstarf hefur verið um nýtingu á fíkniefnahundi ávana- og fíkniefnadeildar fyrir rannsóknardeild ríkistollstjóra frá því í marsmánuði 1996.

5.3.3 Vinnuhópur um skipulag tolleftirlits.

Í marsmánuði 1995 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að vinna að endurskoðun á skipulagi tolleftirlits í Reykjavík. Starfshópurinn skilaði skýrslu um starfið í júlímánuði 1996. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um eftirlit sem beinist gegn smygli á fíkniefnum. Lagt er til að starfsemi tollgæslunnar verði skilgreind að nýju og að henni verði settar verklagsreglur þar sem viðfangsefni, áherslur og markmið tolleftirlits verði mörkuð. Kynntar eru hugmyndir um að mynda vinnuteymi sem taki að sér ákveðin rannsóknar- og eftirlitsverkefni og er lagt til að gerð verði tilraun með t.d fimm manna starfshóp sem vinni að sérstökum verkefnum, svo sem fíkniefnamálum. Gerðar eru tillögur um að núverandi deildarskipulag innan tollgæsludeildar tollstjórans í Reykjavík verði endurskoðað og vakin er athygli á að brýn ástæða sé til að breyta vaktafyrirkomulagi í tollpóststofu þannig að starfsmenn tollgæslu séu jafnan á staðnum þegar póstur fer í gegnum tollpóststofuna.

5.3.4 Breytingar á yfirstjórn tollamála.

Með lögum nr. 69/1996 um breyting á tollalögum nr. 55/1987 voru gerðar breytingar á yfirstjórn tollamála. Fyrir lagabreytinguna var tollgæslan undir yfirstjórn ríkistollstjóra en jafnframt undir stjórn tollgæslustjóra. Í framkvæmd var staða þessara aðila og valdmörk á milli þeirra ekki nægilega ljós. Með lagabreytingunni var með ótvíræðum hætti kveðið á um það að tolleftirlit heyri undir ríkistollstjóra og jafnframt var embætti tollgæslustjóra lagt niður.

5.3.5 Endurskipulagning fíkniefnaeftirlits.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 3. desember 1996 sem áður hefur verið fjallað um var ákveðið að veita 25 m.kr. til að efla eftirlit sem beinist gegn fíkniefnasmygli. Aukin áhersla verður lögð á leit að fíkniefnum í póstsendingum og í tengslum við komur skipa til Reykjavíkur, m.a. með endurskipulagningu á tollgæslunni og með breytingum á starfsskipulagi tollvarða. Keyptur verður til landsins fíkniefnahundur til viðbótar þeim hundum sem fyrir eru. Ennfremur verður fíkniefnaeftirlit á Keflavíkurflugvelli hert. Embætti ríkistollstjóra hefur verið falið að gera tillögur um endurskipulagningu fíkniefnaeftirlits, einstök verkefni og skiptingu fjárveitingarinnar milli verkefna. Fylgst verður með því að fjármunirnir skili sér í þau verkefni sem ákveðin verða og árangurinn af starfinu verður metinn reglulega.

5.3.6 Endurskoðun laga um starfsemi ÁTVR.

Lög sem tengjast verslun með áfengi og tóbak eru til endurskoðunar á vegum fjármálaráðuneytisins. Nefnd sem í eiga sæti fulltrúar dómsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis er ætlað að gera tillögur til breytinga á lögum um starfsemi ÁTVR og fjalla um þær hugmyndir sem stjórn fyrirtækisins hefur kynnt. Um leið og stefnt er að því að skattlagning og verslun með áfengi og tóbak lúti almennum reglum verður þess gætt að verslunin taki mið af viðurkenndum forvarnarsjónarmiðum og lúti sérstöku eftirliti.

5.4 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

5.4.1 Mótun framtíðarstefnu á sviði forvarna og heilsueflingar.

Í lok ársins 1995 var tekin saman að beiðni heilbrigðisráðherra skýrsla um mótun framtíðarstefnu á sviði forvarna og heilsueflingar. Í skýrslunni er fjallað um forvarnastarf á Íslandi í sögulegu samhengi, skipulag forvarna á Norðurlöndum, hugmyndir um framtíðarskipan forvarna og heilsueflingar og loks gerðar tillögur um forgangsröðun verkefna á þessu sviði. Skýrslan hefur síðan ásamt fleira efni legið til grundvallar frekari stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda á sviði forvarna.

5.4.2 Aðstoð við fólk sem vill hætta að reykja.

Í byrjun ársins 1996 skilaði nefnd sem skipuð var af heilbrigðisráðherra á miðju ári 1995 tillögum um aðgerðir til að hjálpa fólki að hætta að reykja. Nefndin lagði annars vegar til að komið yrði á fót skipulegum leiðbeinendanámskeiðum þar sem starfsmönnum heilsugæslu, sjúkrahúsa og meðferðarstofnana á sviði ávana- og fíkniefna, sem og frjálsra félagasamtaka, yrði gefinn kostur á að kynnast undirstöðuatriðum tóbaksvarna og meðferðar vegna reykinga. Hins vegar lagði nefndin til að boðið yrði upp á stutt, skipuleg meðferðarnámskeið fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að hætta að reykja. Í framhaldi af því hafa verið haldin tvö leiðbeinendanámskeið, á Hvalfjarðarströnd og á Akureyri, og eru fleiri námskeið fyrirhuguð í öðrum landshlutum. Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði hefur jafnframt boðið viku námskeið fyrir reykingasjúklinga sem vilja hætta að reykja. Þegar hafa verið haldin fjögur námskeið. Þau hafa vakið vonir um að hér sé um árangursríkt úrræði að ræða.

5.4.3 Hugmyndir um Heilsu- og forvarnamiðstöð á landsvísu.

Í framhaldi af skýrslu stjórnar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur um að leggja stöðina niður í núverandi mynd, hefur verið unnið að mótun tillagna um að koma á laggirnar forvarnamiðstöð eða heilsuverndarstöð á landsvísu. Liggja þegar fyrir hugmyndir um markmið, skipulag og verkefni slíkrar stöðvar. Stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs á árinu 1997 er hugsað sem fyrsta skrefið í uppbyggingu miðstöðvarinnar. Er vonast til að meginþættirnir í starfsemi forvarnamiðstöðvarinnar verði búnir að taka á sig skipulega mynd á fyrri hluta ársins 1997.

5.4.4 Forvarnasjóður.

Áður hefur verið minnst á Forvarnasjóð en hann var stofnaður skv. 8. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 85/1996. Sjóðsfénu árið 1996, alls 50 m.kr. hefur verið varið til áfengisvarna og bindindismála. Þar af ráðstafaði stjórn Forvarnasjóðsins, sem í eiga sæti fulltrúar tilnefndir af ráðherrum dómsmála,

fjármála, heilbrigðismála og menntamála, 28,9 m.kr. en fjárlaganefnd Alþingis 21,1 m.kr. Stjórn sjóðsins veitti á árinu 1996 25 styrki til fjölmargra aðila, svo sem ýmiss konar félagasamtaka, námskeiða, ráðstefna, rannsóknarverkefna, jafningjafræðslu, fræðslumiðstöðva, íþróttahreyfingarinnar, geðdeildar Landspítala og SÁÁ.

5.4.5 Aukið fé til tóbaksvarna.

Áður hefur einnig verið minnst á þá aukningu sem verður á fé til tóbaksvarna á þessu ári vegna breytinga á lögum um tóbaksvarnir, sbr. lög nr. 101/1996. Framvegis er skylt að verja a.m.k. 0,7% af bruttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs. Auk hefðbundinna verkefna tóbaksvarnanefndar er nú unnið að nýjum og víðtækari aðgerðum á þessu sviði sem þessum viðbótarfjármunum verður m.a. ráðstafað til.

5.5Menntamálaráðuneytið.

Sl. vetur birti menntamálaráðherra stefnu sína í menntamálum undir heitinu Menning og menntun forsenda framtíðar.

Í stefnunni segir m.a.:

„Móta þarf heildstæða stefnu í fíkni- og ofbeldisvörnum, bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastig og einnig í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Taka þarf mið af þeirri stefnu við endurskoðun námskráa.

Efla þarf hlutverk skólanna varðandi forvarnir en markmið með þeim hlýtur að vera að koma í veg fyrir að upp komi vandamál sem hafa í för með sér mikinn kostnað af hálfu samfélagsins. Virkja þarf foreldra og þá fjölmörgu aðila sem sýnt hafa málinu áhuga til samstarfs. Forvarnir í skólakerfinu eiga að hefjast fyrr og standa lengur en nú er.

Í samvinnu við Félag framhaldsskólanema vinnur menntamálaráðuneytið að jafningjafræðslu sem sérstöku tilraunaverkefni um fíknivarnir í framhaldsskólum.

Mikilvægt er að innan skólakerfisins sé unnið gegn reykingum og nauðsynlegt er að gert verði sérstakt tóbaksvarnaátak í skólum landsins. Unnið verður að því að menntamálaráðuneytið og undirstofnanir þess verði reyklausar."

Unnið er að því í námskrárgerð að móta heildstæða stefnu í þessum málaflokki.

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt Lions-Quest verkefnið og jafningjafræðsluna en jafnframt önnur samtök og einstaklinga sem unnið hafa að verkefnum á sviði forvarna. Eftir stofnun Forvarnasjóðs hefur menntamálaráðuneytið vísað styrkumsóknum sem tengst hafa forvarnastarfi þangað.

5.5.1 Lions-Quest verkefnið.

Menntamálaráðuneytið hefur haft umsjón með Lions-Quest verkefninu sem er umfangsmikið og á sér sögu allt aftur til ársins 1987. Menntamálaráðuneytið hefur að meðaltali styrkt verkefnið um 1,5 m.kr. ár hvert. Lions-Quest verkefnið tekur til kennaranámskeiða í tengslum við námsefnið Að ná tökum á tilverunni, fréttabréfa og símaþjónustu. Verkefnisstjóri í fíknivörnum hefur átt samstarf við ýmsa aðila og stofnanir í tengslum við málaflokkinn. Lions-Quest námskeiðin hafa verið kennd í fjölmörgum skólum landsins en alls hafa liðlega 1000 kennarar sótt þau frá árinu 1987. Til glöggvunar má nefna að á þessu skólaári fást um 2.700 reykvískir nemendur í 7. og 8. bekk við námsefnið. Lions-Quest verkefnið fluttist yfir til Námsgagnastofnunar við flutning á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga á miðju ári 1996.

5.5.2 Jafningjafræðslan.

Jafningjafræðslan er fræðsla á vegum Félags framhaldsskólanema þar sem ungt fólk höfðar til jafningja sinna. Hér er um að ræða langtímaverkefni en ekki átaksverkefni. Markmiðið með verkefninu er að:

1. Draga úr neyslu tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna meðal framhaldsskólanema.
2. Breyta því viðhorfi til neyslu áfengis og annarra fíkniefna að þau séu sjálfsögð.
3. Draga úr neyslu áfengis á samkomum framhaldsskólanema og því viðhorfi að skemmtanahald tengist sjálfkrafa vímuefnaneyslu.
4. Efla vitund framhaldsskólanema um áhættu af áfengis- og fíkniefnaneyslu og auka þekkingu þeirra á skaðsemi fíkniefna.
5. Stuðla að því að framhaldsskólar setji sér stefnu í áfengis- og fíkniefnamálum.
6. Aðstoða nemendur sem eiga í erfiðleikum vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Ráðuneytið hefur stutt verkefni á vegum Jafningjafræðslunnar. Verkefnin eru m.a. heimsóknir í skóla, ráðstefnur, fundir, útgáfa á bæklingi, stutt skilaboð á útvarpsstöð, gerð sjónvarpsþátta og starfræksla ferðaklúbbs. Jafningjafræðslan var styrkt með 3 m.kr. á þessu ári og ýmsir aðrir styrkir hafa numið 0,5 m.kr.

5.5.3 Annað.

Menntamálaráðuneytið hefur styrkt ýmsa aðra þætti svo sem uppeldishandbókina Lengi muna börnin. Þá hefur ráðstefnukostnaður einstaklinga og samtaka einnig verið styrktur og má þar nefna fræðslunefnd í fíknivörnum og Félag framhaldsskólanema.

6. Verkefni á vegum sveitarfélaga.

Nauðsynlegt er að geta í þessu sambandi mikilvægrar vinnu að áfengis- og vímuefnavörnum á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, ekki síst þar sem vinna þessara aðila hefur að hluta haft áhrif á ýmsar aðgerðir sem gripið hefur verið til á vegum ríkisstjórnarinnar á þessu sviði.

Vinna á vegum Reykjavíkurborgar á sviði fíkniefnavarna er í höndum Vímuvarnanefndar Reykjavíkurborgar og hefur fulltrúi úr samstarfsnefnd ráðuneyta sem áður hefur verið minnst átt sæti í nefndinni frá því í byrjun árs 1996 til að tryggja samhæfingu verkefna ríkisins á þessu sviði og Reykjavíkurborgar.

6.1 Vinnuhópur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í byrjun árs 1996 setti Samband íslenskra sveitarfélaga á laggirnar vinnuhóp sem falið var að vinna stefnu Sambandsins í þessum málaflokki. Vinnuhópurinn lauk störfum í byrjun mars sl. og kynnti tíu punkta tillögur um stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í vímuefnamálum. Tillögupunktarnir eru þessir:

1. **Forvarnir.** Í þessari tillögu er lagt til að sveitarfélög samhæfi starf sitt og hafi með sér markvisst samstarf í forvörnum þar sem stærri sveitarfélög styðji þau smærri.
2. **Ungt fólk.** Í þessari tillögu er lagt til að sveitarfélög og hið opinbera hugi sérstaklega að aðstæðum ungs fólks í þjóðfélaginu og kanni hvar þörfin er mest á fyrirbyggjandi endurbótum og úrræðum.
3. **Foreldrar.** Hér er bent á þann árangur sem náðst hefur þar sem foreldrar, lögregla, grunnskólar og félagsmálayfirvöld taka höndum saman og fylgja eftir ákvæðum um útivistartíma. Sveitarstjórnir eru hvattar til að taka upp enn markvissari samvinnu við foreldra og foreldrafélög.

4. **Ábyrgð og skyldur sveitarfélaga.** Lagt er til að sem flestar sveitarstjórnir skipi ólaunaðar verkefnastjórnir innan sveitarfélagsins sem fái það verkefni að samhæfa og efla samstarf allra þeirra félaga og ráða sem vilja og geta lagt vímuefnavörnum lið.
5. **Ábyrgð og skyldur ríkisins.** Í tillögunni er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga óski eftir því þegar í stað að ríkisstjórnin semji og leggi fram raunhæfa stefnu í vímuvarnamálum og afbrotavörnum.
6. **Hækkun sjálfræðisaldurs.** Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér þegar í stað fyrir því að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár.
7. **Fíkniefnalöggæsla og tollgæsla.** Í tillögunni er skorað á stjórnvöld að þau beiti sér þegar í stað fyrir raunhæfri endurskoðun og endurbótum á stöðu fíkniefnarannsókna og fíknefnalöggæslu. Jafnframt er lagt til að þáttur löggæslu er lýtur að eftirliti og leit að fíkniefnum með aðstoð hunda verði tekinn til endurskoðunar og endurbóta.
8. **Upplýsingar, fræðsla og forvarnir lögreglu.** Lagt er til að ríkisvaldið sjái til þess að árlega fáist nægilegt fé til forvarna-, fræðslu og upplýsingastarfa hjá lögreglunni.
9. **Virkni og viðurlög.** Í tillögunni er skorað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að meðferð fíkniefnamála geti orðið sem virkust í refsivörslukerfinu með sérstöku tilliti til ungra afbrotamanna og síbrotamanna.
10. **Tíunda tillagan.** Hér er lagt til að sérhver sveitarstjórn líti sér nær, hugi vandlega að sínum sérstöku aðstæðum og láti gera könnun á ástandi vímuefnaneyslu í sveitarfélaginu. Í framhaldi af því verði gripið til markvissra svæðisbundinna aðgerða, ef ástæða þykir til.

6.2 Starf Reykjavíkurborgar að vímuvörnum.

Á fyrri hluta árs 1995 var lögð fram hjá Reykjavíkurborg tillaga að stefnu borgarinnar í vímuvörnum. Þar var m.a. lagt til að skipuð yrði sérstök vímuvarnanefnd Reykjavíkurborgar.

Vímuvarnanefnd borgarinnar var skipuð í október 1995 til tveggja ára. Eins og áður hefur verið vikið að hefur fulltrúi ríkisins átt sæti í þessari nefnd frá því í febrúar 1996.

Eitt meginverkefni vímuvarnanefndarinnar á árinu 1996 var rekstur Vímuvarnaskólans sem er sérstakt fræðsluverkefni fyrir starfsfólk grunnskóla í Reykjavík. Skólinn er farskóli sem fór á milli grunnskólanna á sérstökum starfsdögum og efndi til námskeiðs fyrir kennara og annað starfsfólk skólanna. Vímuvarnaskólinn er samstarfsverkefni fjölmargra aðila. Má þar nefna íþrótta- og tómstundaráð, Skólaskrifstofu, Félagsmálastofnun, Barnaverndarstofu, forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík, Fræðslumiðstöð í fíknivörnum (FRÆ), SÁÁ og Rauða krossinn. Í Vímuvarnaskólanum var lögð áhersla á að skólarnir gerðu áætlun um vímuvarnir með það að markmiði að nemendur grunnskólanna hafni vímuefnum.

Af öðrum verkefnum á þessu sviði hjá Reykjavíkurborg má nefna forvarnavikur og forvarnadaga í félagsmiðstöðvum og mörgum skólum borgarinnar, Mótorsmiðjuna sem er úrræði fyrir unglinga í áhættuhópum sem hafa áhuga á vélhjólum, leitarstarf, miðbæjarathvarf og göturölt í samstarfi íþrótta- og tómstundaráðs, lögreglu, Félagsmálastofnunar og foreldrafélaga, samstarf í hverfum þar sem skólar, félagsmiðstöðvar, foreldrafélög, lögregla, kirkjan, félagsmálastofnun, íþrótta- og æskulýðsfélög og önnur félög sem starfa meðal íbúa hverfanna hafa hlutverki að gegna. Loks hefur Reykjavíkurborg stutt Jafningjafræðsluna sem áður hefur verið getið.

7. Lokaorð.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir aðgerðum ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðuneyta og undirstofnana í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum á síðustu mánuðum og missirum. Jafnframt hefur verið skýrt frá starfi annarra aðila á þessu sviði, þ.e. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar á þessu sviði sem kynntar voru 3. desember 1996 og raktar hafa verið í þessari skýrslu eru fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvarnir efldar, m.a. með auknum fjárveitingum. Í kjölfar stefnu ríkisstjórnarinnar munu ráðuneyti og undirstofnanir undirbúa framkvæmdaáætlanir hver á sínu sviði og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið 1. mars 1997.

Þess er því að vænta að starfsemi í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum verði mun öflugri og markvissari á næstu mánuðum og missirum en hingað til, þó margt hafi verið gert og ýmiss árangur þegar náðst af starfi. Auk þess mun sérstakt áfengis- og vímuvarnaráð væntanlega taka til starfa á þessu ári og hafa m.a. yfirumsjón með að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum til næstu aldamóta.

612. Skýrsla [340. mál]

dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

FORMÁLI

Á síðustu árum hefur umræða um heimilis- og fjölskylduofbeldi farið vaxandi á alþjóðavettvangi. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að meta umfang þess og eðli. Þörfin á úrbótum hefur verið viðurkennd og tillögur verið samþykktar sem eiga að stuðla að afnámi ofbeldis.

Fram til þessa hefur ekki verið framkvæmd heildstæð rannsókn á umfangi og orsökum heimilisofbeldis hér á landi. Á 117. löggjafarþingi Íslendinga var lögð fram þingsályktunartillaga um rannsókn á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi. Flutningsmenn tillögunnar voru Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Með samþykkt tillögunnar var dómsmálaráðherra falið að skipa nefnd er hefði það hlutverk að undirbúa og hafa umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gagnvart konum og börnum. Með bréfi dagsettu 13. febrúar 1995, skipaði dómsmálaráðherra nefnd í samræmi við ályktun Alþingis. Í nefndina voru skipuð Símon Sigvaldason, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Áshildur Bragadóttir stjórnmálafræðingur, starfskona Stígamóta, Guðrún Ágústsdóttir, upplýsinga- og fræðslufulltrúi Kvennaathvarfsins, Helgi Gunnlaugsson, lektor í félagsfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Hildigunnur Ólafsdóttir, yfirfélagsfræðingur á Geðdeild Landsspítala Íslands, Ingólfur V. Gíslason, félagsfræðingur, Skrifstofu jafnréttismála, Karl Steinar Valsson, afbrotafræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík og Pálína Ásgeirsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ritari nefndarinnar var skipuð Þórdís Sig-

urðardóttir félagsfræðingur, deildarstjóri á Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þá var nefndinni til aðstoðar Marta Hreiðarsdóttir, félagsfræðingur.

Nefnd dómsmálaráðherra kom saman til síns fyrsta fundar 23. febrúar 1995, og hélt eftir það samtals 34 nefndarfundi, auk þess sem nefndarmenn sátu fjölmarga vinnufundi við gerð skýrslunnar. Nefndin safnaði upplýsingum um heimilisofbeldi frá ýmsum aðilum og á grundvelli þessara gagna ákvað nefndin fyrirkomulag rannsóknarinnar. Auk þess skrifuðu einstakir nefndarmenn sérhæfðar greinargerðir um tiltekna þætti verkefnisins. Á grundvelli framangreindra upplýsinga og fyrri rannsókna á þessu sviði sömdu nefndarmenn spurningalista er lagður var fyrir 3000 manna úrtak landsmanna. Sú rannsóknarskýrsla er nú liggur fyrir á umfangi, afleiðingum og ástæðum ofbeldis er byggð á símakönnun er fram fór á vormánuðum 1996. Þórdís Sigurðardóttir annaðist alla tölfræðilega úrvinnslu gagnanna eins og þau komu frá Hagvangi. Nefndarmenn komu með tillögur um úrvinnslu og ábendingar um túlkun á öllum stigum í vinnslu skýrslunnar. Þegar kom að lokastigi verksins fól nefndin Þórdísi Sigurðardóttur og Hildigunni Ólafsdóttur að skrifa um rannsóknina og niðurstöður hennar og eru þær því aðalhöfundar þess hluta skýrslunnar. Annað efni hennar hafa nefndarmenn skrifað í sameiningu.

1. INNGANGUR

1.1. Alþjóðlegt samstarf.

Kvennahreyfingar nútímans eiga ríkan þátt í því að umræða um ofbeldi gegn konum hefur aukist á alþjóðavettvangi og innan þjóðríkja. Fjórar alþjóðlegar ráðstefnur um málefni kvenna hafa verið haldnar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Sú fyrsta var haldin í Mexíkóborg árið 1975 og markaði hún upphaf kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna. Önnur árið 1980 í Kaupmannahöfn og sú þriðja í Nairobi árið 1985, en þar voru ríki m.a. hvött til að auka vernd kvenna sem verða fyrir ofbeldi og til að grípa til aðgerða til að auka meðvitund almennings um að ofbeldi gegn konum sé alvarlegt samfélagslegt vandamál. Loks ber að nefna ráðstefnuna í Beijing haustið 1995 en í lokayfirlýsingu þeirrar ráðstefnu var fjallað um ofbeldi gegn konum í 38 af 362 greinum.

Á níunda áratugnum skilgreindu alþjóðasamtök fyrst ofbeldi gegn konum sem mannréttindamál. Ísland er aðili að alþjóðasamningum og yfirlýsingum um mannréttindamál en með þeim hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að vinna að verndun og styrkingu mannréttinda. Þar að auki er Ísland aðili að samningum og yfirlýsingum sem sérstaklega varða ofbeldi gegn konum. Grundvöllur starfs Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði er fólginn í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og tveimur alþjóðasamningum frá 1966, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Báðir hafa þessir samningar verið fullgiltir á Íslandi. Í þessum samningum koma fram skilgreiningar á mannréttindum.

Í alþjóðasamstarfi ber að geta samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, CEDAW, sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í desember 1979 en hann öðlaðist gildi hér á landi 18. júlí 1985 (United Nations). Samningurinn fjallar ekki berum orðum um ofbeldi gegn konum en litið hefur verið svo á að nokkur ákvæði hans taki til ofbeldis gegn konum. Ber þar sérstaklega að nefna 2., 5., 6., 11., 12. og 16. gr. Í 5. gr. segir: „Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir: a) til að breyta félagslegum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna“. Einnig er rétt að geta þess hér að í 16. gr. samningsins er lögð á það áhersla, að aðildarríki samn-

ingsins geri viðhlítandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum innan fjölskyldunnar.

Sérstök nefnd, CEDAW-nefndin, hefur verið sett á stofn til að fylgist með því að samningnum sé framfylgt. Hún hefur sent frá sér nokkur tilmæli (recommendations) til aðildarríkja þar sem nánar er fjallað um ofbeldi gegn konum. Þar ber sérstaklega að nefna tilmæli nr. 19 frá árinu 1992. Þar er því slegið föstu að kynbundið ofbeldi falli undir ákvæði samningsins en það er þar skilgreint sem ofbeldi sem konur verða fyrir vegna kynferðis eða sem konur verða fyrir í mun ríkari mæli en karlar. Einnig hefur nefndin sett fram tillögur um aðgerðir sem aðildarríki geti beitt til að sporna við ofbeldi gegn konum. Þessi afstaða nefndarinnar var ítrekuð á árinu 1994 í almennum tilmælum þar sem aðildarríkin voru meðal annars hvött til að fylgja þeim tilmælum, er gefin voru út árið 1992. Jafnframt var til þess mælst *að hvort heldur í einkalífi eða opinberlega séu konur lausar við kynbundið ofbeldi sem hafi verulega hindrað þær í að njóta einstaklingsbundinna réttinda sinna og frelsis.*

Á alþjóðavettvangi hefur komið til tals að gera samning sem stefnt væri gegn ofbeldi gegn konum. Af því hefur þó ekki orðið og hefur meðal annars verið bent á í því sambandi að mörg þeirra ríkja sem hafi staðfest CEDAW-samninginn myndu tæplega staðfesta slíkan samning. Því sé heppilegra að styðjast áfram við CEDAW-samninginn í baráttu við ofbeldi gegn konum.

Í desember 1993 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sérstaka yfirlýsingu um afnám ofbeldis gegn konum. Þar er það ítrekað sem áður hafði komið fram, að ofbeldi gegn konum sé brot á mannréttindum þeirra. Yfirlýsingin leggur þær skyldur á stjórnvöld ríkja að grípa til aðgerða gegn þessu ofbeldi. Meðal annars er hvatt til þess að ríki íhugi þann möguleika að setja fram áætlanir um aðgerðir til að stuðla að frelsi kvenna undan hvers kyns ofbeldi.

Það hefur verið talið til marks um mikilvægi málsins að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur skipað sérfræðing á þessu sviði (rapporteur) til þriggja ára sem ætlað er að safna gögnum um ofbeldi gegn konum og leggja fram tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Að því er varðar Evrópuráðið er starf um afnám ofbeldis gegn konum byggt á mannréttindasamningnum frá 1950. Þar að auki samþykkti þriðji evrópski ráðherrafundurinn um jafnrétti karla og kvenna, sem haldinn var í Róm dagana 21.–22. október 1993, yfirlýsingu um leiðir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum í Evrópu og einnig ályktun um nauðgun og kynferðislega misnotkun kvenna. Í fyrra skjalinu kemur fram að barátta gegn kynbundnu ofbeldi verði að vera stór þáttur í jafnréttisstefnu og fræðslu um mannréttindi.

Samkvæmt því er hér hefur komið fram hefur Ísland með undirritun alþjóðasamninga og yfirlýsinga skuldbundið sig til að vinna markvisst gegn ofbeldi gagnvart konum. Til að uppfylla þær skuldbindingar er Ísland hefur tekist á hendur er þörf á að semja sérstaka áætlun um hvernig unnið verði að afnámi ofbeldis gegn konum. Nauðsynlegt er að til grundvallar slíkri áætlun liggi íslenskar rannsóknir. Sú rannsókn sem hér fer á eftir gæti verið liður í slíkri vinnu.

1.2. Hugtök og skilgreiningar.

Ýmis atriði ber að hafa í huga þegar reynt er að meta umfang þess ofbeldis sem á sér stað á heimilum. Eitt af þeim atriðum er skilgreining á því hvað sé heimilisofbeldi. Ýmislegt bendir til að oft sé litið öðrum augum á ofbeldi sem á sér stað utan veggja heim-

ilis en ofbeldi innan heimilis (Helgi Gunnlaugsson, 1994). Rannsóknir hafa þó sýnt að ofbeldi innan fjölskyldna er margfalt algengara en ofbeldi gegn ókunnugum og hafa tveir kunnir fræðimenn haldið því fram að í flestum samfélögum sé fjölskyldan „ofbeldisfyllsta stofnun samfélagsins fyrir utan lögregluna og herinn“ (Gelles og Straus, 1988). Ofbeldi á opinberum stað er fremur skilgreint sem líkamsárás eða líkamsmeiðing en sama athæfi innan veggja heimilisins, það sé þá fremur talið einkamál eða heimiliserjur (Goode, 1994). Eins hefur sýnt sig að ofbeldi er því fremur umborið sem tengsl gerenda og þolenda eru nánari (Rossi og fl., 1974). Einnig hefur verið bent á að ofbeldi á opinberum vettvangi hlýtur mun meiri umfjöllun í fjölmiðlum en ofbeldi á heimilum (Gelles og Straus, 1988). Fólk er líklegra til að skilgreina athæfi sem ofbeldi ef einstaklingarnir þekkjast ekki.

Rannsóknir á ofbeldi meðal unglinga hafa sýnt hversu þröngt ofbeldi er skilgreint. Í rannsókn Þórólfs Þórlindssonar og Jóns Gunnars Bernburgs (1996) voru unglingar annars vegar spurðir um hvort þeir hefðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og hins vegar spurðir hvort þeir hefðu verið kýldir, slegnir, skallaðir o.s.frv. Í ljós kom að niðurstöður voru mjög ólíkar eftir því hvorri spurningunni var svarað. Annars vegar sögðust 15% nemenda hafa verið beittir líkamlegu ofbeldi síðastliðna 12 mánuði, hins vegar sögðust um 50% nemenda hafa verið kýldir, slegnir, skallaðir o.s.frv. Þessar niðurstöður gefa til kynna að unglingar skilgreini líkamlegt ofbeldi mun þrengra en ákveðnir atburðir gefa til kynna. Þetta rennir stoðum undir að einstaklingar skilgreina ekki alla ofbeldisverknaði sem ofbeldi. Tengsl fólks ráða miklu um hvaða augum fólk lítur athæfið.

Í þessari skýrslu er hugtakið heimilisofbeldi (domestic violence) notað til að lýsa því ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka. Skilgreiningin takmarkast ekki við hjón og nær jafnframt til fólks í sambúð. Hins vegar tekur skilgreiningin ekki til annarra tegunda ofbeldis, svo sem ofbeldis gegn börnum, kynferðislegrar misnotkunar á börnum eða annars konar ofbeldis sem getur átt sér stað inni á heimilum eða milli fjölskyldumeðlima. Ekki eru allir á eitt sáttir um þau hugtök sem notuð hafa verið til að lýsa ofbeldi sem konur og karlar eru beitt inni á heimilum. Sumir eru t.d. andvígir því að kalla slíkt ofbeldi heimilisofbeldi þar sem það þurfi ekki endilega að eiga sér stað innan veggja heimilisins og vegna þess að það gefi ekki í skyn hverjir beiti ofbeldinu og hverjir séu þolendurnir. Í rannsókn sem gerð var hjá Lögreglunni í Reykjavík og tók til áranna 1992 og 1993 var ofbeldisverk flokkað sem heimilisofbeldi ef brotavettvangur var heimili brotaþola. Í þeirri rannsókn var litið til beggja kynja sem hugsanlega brotaþola (Guðmundur Guðjónsson og Karl Steinar Valsson, 1993). Sömu vandamál eru tengd hugtaki eins og ofbeldi í fjölskyldum. Þar er aðaláherslan lögð á tengsl aðila en hins vegar geta fjölskyldutengsl verið margvísleg og hugtakið því mjög víðfeðmt.

Þeir sem vilja leggja áherslu á hversu kynbundið ofbeldi maka er og að karlar eru miklu oftar gerendur og konur þolendur nota hugtök eins og ill meðferð á maka (spouse abuse). Aðrir eru hins vegar andvígir slíkri hugtakanotkun því hún beinir athyglinni frá ofbeldinu og ofbeldismanninum og að þolandanum. Þá er stutt í að þolandanum sé kennt um ofbeldið og þær lausnir sem reynt er að finna á ástandinu beinist frekar að því en árásarmanninum. Ekki verður tekin afstaða til þessa ágreinings að sinni en eins og áður sagði verður við svo búið notað hugtakið heimilisofbeldi.

1.3. Eldri íslenskar rannsóknir.

Fyrsta rannsóknin sem gerð var hér á landi á heimilisofbeldi var rannsókn þeirra Hildigunnar Ólafsdóttur, Sigrúnar Júlíusdóttur og Þorgerðar Benediktsdóttur, Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum (1982). Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu, svo að ekki varð um villst, að konur væru beittar ofbeldi á heimilum sínum. Niðurstöður voru fyrst kynntar á stofnfundi Samtaka um kvennaathvarf og er óhætt að fullyrða að rannsóknin átti stóran þátt í því að ekki var unnt að draga í efa að ofbeldi á heimilum væri til í íslensku samfélagi.

Rannsóknin, sem gerð var á sjúkraskrám á Slysavarðstofu Borgarspítalans, leiddi í ljós að árið 1979 hafði 101 einstaklingur komið á slysavarðstofuna með áverka sem einhver fjölskyldumeðlimur hafði valdið. Þetta voru tæp 9% af öllum ofbeldisáverkum sem skráðir voru á slysavarðstofunni það árið. Konur voru 79 þolendanna og höfðu 62 þeirra orðið fyrir ofbeldi af hendi maka, þar af 52 á eigin heimili. Algengustu áverkar þeirra voru mar, sár og beinbrot. Í 22 tilvikum var aðalsjúkdómsgreining kvennanna mar, í 15 tilvikum var greiningin sár og beinbrot í 15 tilvikum. Flestar konurnar áttu það sameiginlegt að áverkarnir voru fyrst og fremst á andliti og höfði og helmingur þeirra hafði hlotið mikil líkamleg meiðsl. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber að hafa það í huga, að hér er um að ræða frásögn kvennanna af því hvernig áverkinn kom til og hver veitti hann. Algengt er að konur sem leita sér læknishjálpar vegna heimilisofbeldis greini ekki rétt frá því hvernig þær hlutu áverkann (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982).

Í faraldursfræðilegri athugun á ofbeldisáverkum á Slysavarðstofu Borgarspítalans fyrir árin 1974–1991 kom í ljós að tíðni ofbeldisáverka á konum reyndist vera á bilinu 6–9 á hverjar 1000 konur á ári. Á árinu 1991 urðu 41% kvennanna fyrir ofbeldisáverkunum heima hjá sér. Hins vegar kom ekki fram í athuguninni hver væri valdur að ofbeldinu. Um helmingi fleiri karlar en konur komu vegna ofbeldisáverka en þeir höfðu í um 60% tilvika fengið áverkana úti eða á skemmtistað (Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen, 1994).

Upplýsingar um heimilisofbeldi má einnig fá með því að skoða tölur um fjölda kvenna sem leita aðstoðar kvennaathvarfs. Frá stofnun Kvennaathvarfsins í Reykjavík í árslok 1982 og fram til ársloka 1993 höfðu 2174 konur leitað þangað eftir aðstoð, 1410 konur höfðu dvalið þar um lengri eða skemmri tíma og með þeim höfðu verið 1334 börn. Á hverju ári er u.þ.b. helmingur þeirra kvenna er þangað leita að koma í fyrsta skipti (Samtök um Kvennathvarf, 1995).

Samkvæmt gögnum lögreglunnar í Reykjavík var fjöldi útkalla vegna tilvika sem lögregla skilgreinir sem heimilisofbeldi 189 árið 1992. Í 87% tilvika voru þolendur konur og í 88% tilvika voru gerendur karlar. Í 119 tilvikum voru málsaðilar hjón og sambýlisfólk eða höfðu verið það. Árið 1993 voru útköll aðeins færri eða 181, þar af voru í 113 tilvikum aðilar skráðir í hjúskap eða sambúð. Það ár voru 83% þolenda konur en 85% gerenda karlar. Óhætt er að fullyrða að fæst ofbeldismála í heimahúsum koma til kasta lögreglu. Þannig sýnir skýrsla Kvennaathvarfsins árin 1992 og 1993 að einungis um 12% kvenna sem þangað leituðu höfðu kært heimilisofbeldi til lögreglu (Samtök um Kvennaathvarf, 1995).

Þær heimildir er gerð hefur verið grein fyrir hér að framan sýna að heimilisofbeldi er til hér á landi. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið sýna þó aðeins þann hluta tilvika, þar sem kemur til kasta lögreglu, heilbrigðisstétta eða Kvennaathvarfsins. Þessar heimildir gefa ekki raunsanna mynd af tíðni og útbreiðslu ofbeldisins í þjóðfélaginu almennt því hvergi er getið þeirra tilvika þar sem ekki er leitað til aðila utan heimilisins.

1.4. Aðdragandi rannsóknarinnar.

Fram til þessa hefur lítið verið vitað um útbreiðslu heimilisofbeldis hér á landi eða einkenni þess og ekki verið framkvæmd heildstæð rannsókn á umfangi og orsökum heimilisofbeldis. Brýn þörf hefur því verið á því að framkvæma slíka rannsókn hér á landi. Þrátt fyrir að fyrir liggi fjöldi kannana erlendis um þetta efni er ekki unnt að yfirfæra þær niðurstöður yfir á íslenskt þjóðfélag þar sem aðstæður hér á landi eru að ýmsu leyti frábrugðnar því sem gerist í öðrum löndum.

Í rannsóknum á heimilisofbeldi er einkum leitast við að svara þremur meginspurningum. Hvert er umfang ofbeldisins, hverjar eru orsakirnar og hverjar afleiðingarnar? Talið hefur verið, að viðtalsrannóknir séu best fallnar til rannsóknar á orsökum og afleiðingum heimilisofbeldis sakir þess um hve viðkvæmt mál er verið að fjalla, um leið og erfitt er að fá raunsanna mynd af þessari tegund ofbeldis. Miðað við þær aðstæður er nefndinni var ætlað að starfa við var ákveðið að gera símakönnun þar sem hringt yrði í tiltekið úrtak landsmanna og spurt spurninga er ætlað væri að varpa ljósi á umfang, orsakir og afleiðingar heimilisofbeldis. Var ekki hvað síst horft til þess að símakannanir hafa verið gerðar erlendis á sama viðfangsefni.

Út frá rannsóknum þar sem notast hefur verið við símakannanir hefur verið ályktað, að auðveldara sé að segja til um umfang ofbeldisins heldur en orsakir þess og afleiðingar. Ástæða þess er einkum sú að heimilisofbeldi á sér enga eina skýringu og afleiðingarnar geta verið mismunandi. Þannig hafa þær fjölmörgu rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum síðustu 20 ár sýnt að heimilisofbeldi er flókið viðfangsefni. Það á sér engar einfaldar skýringar heldur verður það einungis skýrt út frá samspili mismunandi áhrifaþátta (Smearman, í prentun).

Á árinu 1991 var gerð rannsókn í Danmörku á umfangi heimilisofbeldis (Christensen og Koch-Nielsen, 1992). Til að gefa rannsókn þeirri er framkvæmd var hér á landi aukið gildi ákvað nefndin að taka mið af þeim spurningum er lagðar voru fyrir í dönsku rannsókninni en þessi tilhögun gerði kleift að bera umfang ofbeldisins hér á landi saman við umfang ofbeldisins í Danmörku. Rétt er þó að benda á að varhugavert getur verið að bera þessar tvær rannsóknir að öllu leyti saman. Ástæða þess er einkum sú að danska rannsóknin var framkvæmd fyrir um fimm árum og lýsir því stöðu mála þar í landi á þeim tíma en eins og gefur að skilja getur ýmislegt í fari dönsku þjóðarinnar hafa tekið breytingum á þessum tíma. Annað sem gerir samanburð erfiðan er að hér á landi hefur á undanförnum árum átt sér stað aukin umræða um ofbeldi á heimilum. Verður því að telja líklegra að þeir sem spurðir eru viðurkenni að hafa orðið fyrir ofbeldi. Umræða í litlu samfélagi sem því íslenska er einnig líkleg til þess að ná til allra hópa samfélagsins. Þótt danskt þjóðfélag sé ekki stórt á heimsvísu er það samt til muna stærra og margbreytilegra en hið íslenska og því óvíst að almenn umræða um afmörkuð efni nái til allra.

Þá má benda á að íslenska þjóðin er töluvert yngri en sú danska sem getur leitt til þess að munur á tíðni heimilisofbeldis milli þessara tveggja landa virðist meiri en ella þar sem yngra fólk er líklegra til að viðurkenna að það hafi orðið fyrir ofbeldi og hefur það jafnframt síður gleymt slíkri reynslu. Í úrvinnslu þeirra gagna er hér fara á eftir verða niðurstöður rannsóknanna bornar saman þar sem því verður við komið.

Til að fá heildstæðari mynd af heimilisofbeldi hér á landi en fékkst í Danmörku áleit nefndin að bæta þyrfti við tilteknum spurningum, einkum um hvort viðkomandi hefði sjálfur beitt ofbeldi og þá gegn hverjum og um hugsanlegar orsakir og afleiðingar ofbeldisins.

Þar sem um er að ræða frumrannsókn á heimilisofbeldi hér á landi var ákveðið að hafa einnig karlmenn með í úrtakinu til að gefa rannsókninni víðari skírskotun. Gerði það samanburð á ofbeldishegðun karla og kvenna mögulegan.

Þeirri rannsókn er hér fer á eftir var ætlað að svara eftirfarandi spurningum:

1) Hvert er umfang ofbeldis gegn konum og körlum í samfélaginu?
2) Hver eru tengsl aðila sem beita ofbeldinu og þeirra sem verða fyrir því?
3) Hvert er umfang heimilisofbeldis á Íslandi?
4) Verða konur í meira mæli fyrir ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka?
5) Hverjar eru helstu orsakir ofbeldisins?
6) Hverjar eru afleiðingarnar?

Þrátt fyrir að fyrst og fremst hafi verið leitast við að kanna ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka eða sambýlisaðila, var jafnframt spurt um ofbeldi af völdum annarra. Rannsókninni var einnig ætlað að varpa ljósi almennt á útbreiðslu ofbeldis í samfélaginu. Ekki er ólíklegt að tengsl séu á milli umfangs ofbeldis í þjóðfélaginu og heimilisofbeldis. Þeir einstaklingar sem svöruðu að núverandi eða fyrrverandi makar hefðu beitt þá ofbeldi voru jafnframt spurðir um hugsanlegar orsakir þess og hvernig þeir hefðu tekið á því. Voru þeir jafnframt spurðir hvort þeir hefðu leitað sér aðstoðar og hversu ánægðir þeir hefðu verið með þá aðstoð sem þeir fengu. Ef viðkomandi hafði ekki leitað aðstoðar var sá hinn sami spurður um ástæður þess.

1.5. Framkvæmd og heimtur.

Rannsóknin var gerð í aprílmánuði 1996 og annaðist Hagvangur hf framkvæmd hennar. Valið var 3000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr þjóðskrá og hringt til þeirra sem voru í úrtakinu. Ráðlegt er talið að hafa úrtök í rannsóknum sem þessari ekki minni en 1000 manns þegar athuga á hina ýmsu bakgrunnsþætti þeirra sem taka þátt í könnuninni, vegna þess að samanburðarhópar smækka þegar úrtaki er skipt eftir bakgrunnsbreytum (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 1989). Ákveðið var að greina ofbeldið eftir kyni, aldri, búsetu og fleiri bakgrunnsþáttum og að allar breytur yrðu skoðaðar eftir kyni. Þetta var gert til að vikmörk yrðu ekki of mikil og hægt væri að alhæfa með ákveðinni vissu um þýðið. 8 manns í úrtakinu voru látnir eða fluttir til útlanda þannig að í lokaúrtakinu urðu 2992 einstaklingar. Alls voru í úrtakinu 1497 karlar á aldrinum 18 til 65 ára og 1495 konur á sama aldri. Rannsókninni svöruðu 2225 manns og var svarhlutfallið því um 74%, 1064 karlar (47,8%) og 1161 kona (52,2%). Í könnunum er miðað við að sé svarhlutfall yfir 70% sé hægt að alhæfa um þýðið (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 1991). Styrkir það gildi rannsóknarinnar að svarhlutfall var yfir 70% og verður það að teljast mjög gott, sérstaklega í ljósi þess að spurt var um svo viðkæmt málefni.

Tafla 1.

Mannfjöldi og svarendur eftir kjördæmum, aldri og kyni.

	Karlar	Karlar sem svöruðu	Konur	Konur sem svöruðu	Allir
Kjördæmi					
Reykjavík	38,6	39,3	40,3	37,3	39,5
Reykjanes	26,6	27,4	26,5	26,2	26,4
Vesturland	5,2	5,5	5,0	5,8	5,1
Vestfirðir	3,5	4,0	3,1	2,8	3,3
Norðurland vestra	3,8	4,4	3,5	4,0	3,6
Norðurland eystra	9,8	8,4	9,7	9,9	9,7
Austurland	4,9	3,3	4,5	5,4	4,7
Suðurland	7,8	7,7	7,4	8,6	7,8
Aldur					
18–24 ára	18,0	16,8	17,9	15,8	18,0
25–34 ára	25,3	24,4	25,6	24,6	25,4
35–44 ára	24,7	23,0	24,4	27,2	24,3
45–54 ára	18,5	21,2	17,9	17,9	18,2
55 ára og eldri	13,5	14,6	14,2	14,5	13,8

Tafla 1 sýnir að skipting þeirra sem svöruðu eftir kjördæmum og aldri var eins og meðal þjóðarinnar og á það jafnt við um karla og konur. Það gefur rannsókninni meira vægi að hlutfall þeirra sem ekki svöruðu könnunni er jafnt milli landsvæða og aldurshópa. Meta má áhrif brottfalls á niðurstöður með því að bera dreifingu tiltekinna breytna svarenda saman við dreifingu sömu breytna í þýði þar sem því verður við komið (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 1991). Þetta er hægt að gera með því að bera saman svarendur og mannfjölda eftir kjördæmum, aldri og kyni. Ef litið er á töflu 1 má sjá að dreifing svarenda víkur ekki í neinum meginatriðum frá dreifingu mannfjöldans eftir kyni, aldri og búsetu. Þetta gefur til kynna að brottfall rannsóknarinnar sé eðlilegt sem hefur í för með sér að betur er hægt að alhæfa um rannsóknarniðurstöðurnar. Fjöldi svarenda í Reykjavík og á Reykjanesi er hlutfallslega eins og þess fjölda sem býr á þessum stöðum (64,5%). Svarhlutfallið var lægst á Vestfjörðum en þar býr jafnframt minnstur hluti þjóðarinnar (3,5%). Aldursskipting svarenda var jafnframt í meginatriðum í samræmi við aldursskiptingu þjóðarinnar á aldursbilinu 18 til 65 ára.

Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson (1991) hafa bent á að brottfall getur valdið umtalsverðari kerfisbundinni skekkju og leitt til villandi niðurstaðna. Tryggja beri því að heimtur í könnunum verði sem allra bestar. Í þessari rannsókn er svarhlutfallið eins og áður sagði vel yfir 70% og brottfallið dreifðist jafnt á milli hópa þar sem því verður við komið að bera saman svarendur og þýði.

2. TÍÐNI OG EÐLI OFBELDIS

Í þessum kafla er umfjölluninni skipt í tvennt, annars vegar er fjallað um það ofbeldi sem konur og karlar á aldrinum 18 til 65 ára hafa verið beitt síðustu 12 mánuði áður en rannsóknin var gerð. Hins vegar verður gerð grein fyrir því ofbeldi sem konur og karlar á sama aldri hafa verið beitt eða hafa sjálf beitt aðra um ævina.

Með líkamlegu ofbeldi er átt við fjórar tegundir af ofbeldi, allt frá „vægara" ofbeldi, þar sem spurt var hvort slegið hefði verið til viðkomandi, honum/henni hefði verið hrint, eða hann/hún hrist, yfir í „grófara" ofbeldi. Þá var annars vegar spurt hvort viðkomandi hefði verið slegin/n með krepptum hnefa eða hlut eða hvort honum/henni hefði verið hrint á húsgögn, á veggi eða niður tröppur. Að lokum var spurt um hreinar árásir og hvort reynt hefði verið að kæfa eða kyrkja viðkomandi. Við úrvinnslu gagnanna verður fjallað um allt ofbeldi og einnig um gróft ofbeldi sérstaklega.

Ástæða þessarar skiptingar er sú að ofbeldi sem flokkað er sem gróft ofbeldi getur leitt til alvarlegra líkamlegra meiðsla. Sjaldgæft er að það leiði til alvarlegara líkamlegra meiðsla ef slegið er til einhvers, honum/henni verið hrint, eða hann/hún hrist, það er ofbeldi en ekki gróft.

2.1. Ofbeldi sem svarendur hafa verið beittir á síðustu tólf mánuðum.

Í töflu 1. má sjá hlutfall kvenna og karla sem hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi síðastliðna 12 mánuði. Gerendur geta verið núverandi eða fyrrverandi maki, uppkomið barn, einhver annar innan fjölskyldunnar, ókunnugur eða annar aðili utan fjölskyldunnar.

Tafla 1.

Hlutfall kvenna og karla sem hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi síðastliðna 12 mánuði.

	Ofbeldi		Þar af gróft ofbeldi	
	Konur	**Karlar**	**Konur**	**Karlar**
Einu sinni	1,8	2,7	0,9	2,4
Oftar	1,0	6,7	0,8	3,2
Samtals	2,8	9,4	1,7	5,6

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að karlar eru í meira mæli beittir ofbeldi en konur, um 9% karla voru beittir ofbeldi en um 3% kvenna. Það er athyglisvert að þeir karlar sem hafa verið beittir ofbeldi einu sinni hafa nánast í öllum tilvikum verið beittir grófu ofbeldi. Konurnar hafa í helmingi tilfella verið beittar grófu ofbeldi. Hins vegar snýst þetta við þegar skoðað er hlutfall þeirra sem verða oftar fyrir ofbeldi. Þá er það nánast alltaf gróft hjá konunum en aðeins hjá tæplega helmingi karla.

Í töflu 2 má aftur á móti sjá hlutfall þeirra kvenna og karla sem orðið hafa fyrir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka innan síðastliðinna 12 mánaða. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 0,4% kvenna segjast hafa verið beittar ofbeldi einu sinni síðastliðna 12 mánuði. Þrjár af hverjum fjórum konum sem hafa verið beittar ofbeldi oftar en einu sinni hafa orðið fyrir grófu ofbeldi.

Tafla 2.
Hlutfall kvenna og karla sem orðið hafa fyrir líkamlegu ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka síðastliðna 12 mánuði.

	Ofbeldi		Þar af gróft ofbeldi	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Einu sinni	0,4	0,1	0,3	0,0
Oftar	0,9	0,7	0,4	0,3
Samtals	1,3	0,8	0,7	0,3

Enn fremur má benda á að ef konur hafi verið beittar ofbeldi er algengara að þær hafi verið beittar því oftar en einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Þessar niðurstöður sýna að ofbeldi er sjaldan einstakur atburður. Hið sama á við um það ofbeldi sem karlar verða fyrir af völdum maka, það er þá yfirleitt oftar en einu sinni en er á hinn bóginn í tæpum helmingi tilfella gróft ofbeldi.

Niðurstöður úr töflu 1 sýna að 1,3 % kvenna og 0,8% karla hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum maka á síðastliðnum 12 mánuðum. Um 54% af þeim konum sem hafa verið beittar ofbeldi hafa verið beittar grófu ofbeldi en um 38% af körlunum. Konur eru bæði fremur beittar ofbeldi og einnig oftar grófu ofbeldi.

Þegar þessar tölur eru umreiknaður og þeim beitt á fjölda kvenna og karla á aldrinum 18 til 65 ára sést hversu umfangsmikið vandamálið er. Niðurstöðuna er því hægt að setja fram þannig að tæplega 350 konur hafi á seinasta ári verið beittar ofbeldi einu sinni af núverandi eða fyrrverandi eiginmanni eða sambýlismanni. Enn stærri hópur kvenna, um 750 konur, hafa mátt þola ofbeldi af völdum eiginmanns síns oftar en einu sinni og bendir það til þess að þær búi við ofbeldi. Könnunin svarar því ekki hversu oft var um einstakan ofbeldisverknað að ræða eða hvort ofbeldið var upphafið að lengri ofbeldisferli. Samtals hafa því á bilinu 1000 til 1100 konur mátt þola ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns á síðasta ári, en um 650 karlar hafa verið beittir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka.

2.2. Ofbeldi sem konur hafa verið beittar á ævinni.

Í þessum kafla verður athugað hve stórt hlutfall kvenna og karla hefur verið beitt ofbeldi án tillits til tengsla við ofbeldismann. Skoðuð verður dreifing svarenda sem orðið hafa fyrir ofbeldi eftir aldri, búsetu, menntun, starfi, tekjum og hjúskaparstöðu. Hlutfall giftra kvenna og karla og fráskilinna sem orðið hafa fyrir ofbeldi verður athugað í ljósi þess hver ofbeldismaðurinn var. Á mynd má sjá hlutfall svarenda í könnuninni sem hafa verið beittir líkamlegu ofbeldi og hvers konar ofbeldi viðkomandi hefur verið beitt eða beittur. Niðurstöður dönsku og íslensku rannsóknanna eru bornar saman þegar við á.



Hlutfall íslenskra og danskra kvenna og karla sem orðið hafa fyrir ofbeldi einu sinni eða oftar.

Niðurstöður rannsóknarinnar um útbreiðslu ofbeldis sýna að hærra hlutfall kvenna hefur orðið fyrir ofbeldi hér á landi en í Danmörku[1]. Niðurstöður dönsku rannsóknarinnar sýndu að 16% kvenna hafði verið hrint, hrist eða slegið hafði verið til þeirra einu sinni eða oftar en hér á landi sögðust um 21% kvenna hafa orðið fyrir slíku ofbeldi.

Fleiri íslenskar konur en danskar hafa verið slegnar með krepptum hnefa eða hlut en sá munur er ekki marktækur. Um 7% íslensku kvennanna höfðu orðið fyrir því einu sinni eða oftar að vera hrint á húsgögn, á veggi eða niður tröppur en 4% danskra kvenna og er um marktækan mun að ræða. Sama hlutfall danskra og íslenskra kvenna hafði verið veitt árás með hnífi og verið reynt að kæfa þær eða kyrkja, 3% danskra og íslenskra kvenna sögðu það hafa gerst einu sinni eða oftar.

Niðurstöðurnar fyrir karla eru sambærilegar. Þannig er hærra hlutfall íslenskra karla en danskra sem segja að slegið hafi verið til þeirra, þeim hrint, eða þeir hristir. Hærra hlutfall danskra karla hefur aftur á móti verið veitt árás með hnífi eða verið reynt að kæfa þá eða kyrkja, um 6% íslenskra karla á móti 7% danskra karla. Sá munur er hins vegar ekki marktækur.

[1]Um marktækan mun er að ræða nema að annað sé tekið fram.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að hlutfallslega fleiri íslenskar konur og karlar hafi verið beitt ofbeldi en danskir karlar og konur á það ekki við um grófasta ofbeldið. Má því leiða líkur að því að þrátt fyrir að ofbeldi virðist algengara hér á landi en í Danmörku sé það síður eins gróft.

Athyglisvert er að athuga hve stórt hlutfall kvenna hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi annaðhvort af núverandi eða fyrrverandi maka, uppkomnu barni, einhverjum öðrum innan fjölskyldunnar, ókunnugum eða öðrum utan fjöskyldunnar, eftir aldri, hjúskaparstöðu, menntun, tekjum, starfi og búsetu.

Tafla 3.

Hlutfall kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi einu sinni eða oftar flokkað eftir aldri, hjúskaparstöðu, menntun, starfi, tekjum og búsetu.

	Fjöldi	Hlutfall		
		Ofbeldi	Gróft ofbeldi	Nauðgun
Aldur, ár				
18–24	183	23,0	12,6	3,3
25–34	285	24,2	14,0	3,9
35–44	316	31,6	17,5	6,7
45–54	207	24,6	14,1	3,4
55–65	170	19,4	13,5	4,7
Hjúskaparstaða				
Einhleyp	222	28,4	19,4	8,1
Gift/Í sambúð	846	22,7	11,9	2,7
Fráskilin	60	53,3	33,3	18,3
Ekkja	26	19,2	7,7	0,0
Menntun				
Grunnskólapróf	646	23,5	14,6	4,0
Framhaldsskólapróf	345	28,7	14,2	5,2
Háskólapróf	127	28,7	12,6	4,7
Starf				
Stjórnendur/embættism.	19	21,1	5,3	0,0
Sérfræðingar	110	30,0	17,3	5,5
Tæknar/sérmennt. starfsf.	67	32,8	17,9	10,4
Skrifstofufólk	133	22,6	9,8	0,8
Þjónustu-/afgrfólk	209	24,4	13,4	4,8
Bændur/sjómenn	34	26,5	8,8	2,9
Iðnaðarmenn	29	27,6	17,2	3,4
Ósérhæft starfsf.	160	19,4	13,8	3,8
Námsmenn	138	21,7	10,1	2,2
Húsmæður	194	25,3	16,0	4,6

	Fjöldi	Hlutfall		
		Ofbeldi	Gróft ofbeldi	Nauðgun
Tekjur, kr.				
0–49 þús.	403	23,6	13,6	3,7
50–99 þús.	418	23,0	13,4	5,0
100–149 þús.	174	31,6	16,7	5,7
150–199 þús.	47	27,7	12,8	4,3
200–299 þús.	23	43,5	13,0	4,3
300 þús. og meira	6	16,7	16,7	0,0
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	664	26,7	15,7	4,8
Þéttbýli	99	24,2	11,8	2,0
Dreifbýli	391	23,3	16,2	4,6

Á töflu 3 má sjá að konur á aldrinum 35–44 ára eru líklegastar til að hafa orðið fyrir ofbeldi og á það líka við um gróft ofbeldi. Ekki er marktækur munur milli hinna aldurshópanna.

Fráskildar konur hafa marktækt oftar verið beittar ofbeldi en aðrar konur. Af þeim konum sem eru fráskildar hafa 53% verið beittar ofbeldi og um 33% grófu ofbeldi. Af þeim konum sem eru giftar eða í sambúð hafa um 23% verið beittar ofbeldi og um 12% verið beittar grófu ofbeldi. Þannig eru yfir helmingslíkur á því að kona sem er fráskilin hafi verið beitt ofbeldi einhvern tíma á ævinni.

Þegar litið er á menntun kvenna og hvort þær hafi verið beittar ofbeldi kemur í ljós að álíka hátt hlutfall kvenna sem eru með grunnskólapróf, framhaldsskólamenntun eða háskólapróf hafa verið beittar ofbeldi. Af þeim konum sem hafa framhaldsskólamenntun eða háskólapróf hafa um 29% verið beittar ofbeldi einu sinni eða oftar en um 24% af þeim konum sem hafa grunnskólapróf. Hlutfall grófs ofbeldis var svipað í öllum þremur hópunum.

Ekki er mikill munur á því hvort konur í mismunandi störfum hafi verið beittar ofbeldi. Rétt er að benda á að starfsgreinaflokkunin í þessari rannsókn er ekki nákvæm en niðurstöður rannsóknarinnar sýna þó að konur eru beittar ofbeldi óháð hvaða starfsstétt þær tilheyra. Í töflu 3 má þó sjá að konur sem starfa sem sérfræðingar og sem sérmenntað starfsfólk eru líklegastar til að hafa verið beittar ofbeldi. Um 30% þeirra hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi einu sinni eða oftar.

Þegar litið er á tekjur kvenna og reynslu þeirra af ofbeldi má sjá að tekjur veita konum ekki vernd gegn ofbeldi frekar en starfsstétt. Um 44% kvenna með tiltölulega háar tekjur höfðu verið beittar ofbeldi. Tekjulægstu konurnar, þ.e. þær sem hafa undir 99.000 kr. í mánaðarlaun, og þær sem höfðu allra hæstu tekjurnar, 300.000 kr. eða hærra, höfðu sjaldnast verið beittar ofbeldi.

Hlutfallslega höfðu flestar þeirra kvenna sem eru sérfræðingar og sérmenntaðar, iðnaðarmenn og húsmæður verið beittar grófu ofbeldi. Gróft ofbeldi var um 16–18% í þessum hópum.

Ofbeldið er hlutfallslega algengara á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Af þeim konum sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa um 27% orðið fyrir ofbeldi en um 23–24% þeirra kvenna sem búa í öðru þéttbýli og/eða dreifbýli. Grófara ofbeldi er þó nánast jafn algengt í dreifbýli og á höfuðborgarsvæðinu en af þeim konum sem þar búa

hafa um 16% orðið fyrir grófu ofbeldi, á hinn bóginn eru aðeins um 12% af þeim konum sem búa í öðru þéttbýli.

Niðurstöðurnar fyrir aldur, menntun, búsetu og hjúskaparstöðu víkja ekki í meginatriðum frá niðurstöðum dönsku rannsóknarinnar.

Alls sögðu 4,5% kvennanna (52 konur) að þeim hefði verið nauðgað. Hlutfallslega greina flestar konur á aldrinum 35 til 44 ára frá nauðgun. Athygli vekur hversu hátt hlutfall þeirra kvenna sem hefur verið nauðgað eru fráskildar, en um 18% fráskilinna kvenna sögðu að þeim hefði verið nauðgað. Skýringin á þessu gæti verið sú að fráskildar konur séu á einhvern hátt varnarlausari en aðrar konur. Í íslenskri rannsókn á skráðum nauðgunum kom fram að aðdragandi að nauðgunum hefst oft á skemmtistöðum (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1989). Væntanlega telja fráskildar konur sig hafa frelsi til þess að stofna til kynna og eiga samskipti við karlmenn á eigin forsendum. Við slíkar aðstæður er hugsanlegt að karlar líti öðrum augum á samskipti kynjanna og rangtúlki hegðun kvenna. Þegar konan hefur annan skilning á því hversu náin kynnin eiga að vera getur verið að karlmaðurinn sætti sig ekki við afstöðu hennar og komi fram vilja sínum. Langlíklegasta skýringin á hárri tíðni nauðgana meðal fráskilinna kvenna er þó að það hafi verið fyrrverandi eiginmaður eða sambýlismaður sem nauðgaði konunnni. Niðurstöðurnar sýna að yfir 80% kvennanna þekktu þann sem nauðgaði þeim. Einungis 13,5% kvenna kærðu verknaðinn til lögreglu. Algengara var að nauðgunin væri kærð ef konan þekkti ekki þann sem nauðgaði henni. Í þeim tilfellum þar sem konan þekkti manninn voru um 9% mannanna kærðir, hins vegar voru um 30% af þeim mönnum sem konurnar þekktu ekki kærðir.

Hlutfall kvenna sem skýrðu frá því að þeim hefði verið nauðgað breytist ekki verulega eftir menntun. Hlutfall þeirra kvenna sem hafði verið nauðgað var langhæst meðal tæknimenntaðs og sérmenntaðs starfsfólks. Lægst var hlutfallið meðal stjórnenda og skrifstofufólks. Þá var hlutfall þeirra kvenna sem hafði verið nauðgað svipað í öllum tekjuhópum. Búseta virðist hafa áhrif á líkur á að konum sé nauðgað. Hlutfall kvenna sem greindu frá nauðgun var meira en helmingi hærra meðal kvenna búsettra á höfuðborgarsvæði og í öðru þéttbýli en meðal kvenna í dreifbýli.

Athygli vekur að hlutfall þeirra kvenna sem hefur verið nauðgað og hafa verið beittar ofbeldi er hæst í nær öllum sömu lýðfræðilegu hópunum. Það er hæst meðal kvenna á aldrinum 35–44 ára, fráskilinna, sérfræðinga og sérmenntaðra kvenna.

Það er athyglisvert að konur á aldrinum 35 til 44 ára eru líklegastar til að segja að þær hafi verið beittar ofbeldi eða grófu ofbeldi og verið nauðgað. Það gæti bent til þess að konur á þessum aldri eigi auðveldara með að viðurkenna að þær hafi verið beittar ofbeldi og verið nauðgað en konur sem eru eldri. Ástæða er til að ætla að þarna sé um kynslóðabil að ræða á milli kvenna sem eru yngri en 44 ára og þeirra sem eru eldri. Benda má á þær konur sem eru elstar hafa lengri ævi að baki en hinar yngri og því ættu að vera meiri líkur til þess að þær sem hafi lent í þeim atvikum sem spurt er um þar sem spurt er um atvik á æviskeiðinu. Jafnframt má benda á að reynsla fólks af sama atburði og skilgreining á honum er mismunandi og á það sérstaklega við þegar bornir eru saman ólíkir aldurshópar. Viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu mótar afstöðu manna og þeir sem eru yngri eru öllu jöfnu talin vera fljótari að tileinka sér ný viðhorf. Aukin umræða um ofbeldi í fjölskyldum og nauðganir í þjóðfélaginu hefur að einhverju leyti opnað augu almennings fyrir slíkum afbrotum. Umræðan hefur orðið opnari og yngra fólk telur hugsanlega ofbeldi á heimilum og nauðganir síður sem feimnismál.

Rétt er að velta fyrir sér hvort svör kvenna sem starfa sem sérhæft starfsfólk séu á einhvern hátt frábrugðin svörum annarra kvenna, þ.e. hvort viðhorf þessara kvenna gagnvart ofbeldi séu önnur og þær eigi því auðveldara með að viðurkenna það. Hlutfallslega hafa flestar konur sem starfa sem sérmenntaðir starfsmenn verið beittar ofbeldi, líka grófu ofbeldi og verið nauðgað. Þær sem starfa sem sérfræðingar hafa einnig oftar orðið fyrir slíkri reynslu en konur í öðrum starfsstéttum. Þessir hópar þurfa aftur á móti ekki að vera í meiri hættu á að vera beittar ofbeldi eða nauðgað, líklegra er að svör þeirra mótist af nýjum viðhorfum og menntun þessa hóps og þær eigi auðveldara með að viðurkenna það.

Fráskildar konur verða oftar fyrir ofbeldi en aðrar. Þegar reynt er að finna skýringar á þessu er rétt að nefna nokkur atriði. Þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi í hjónabandi og hafa slitið hjónabandinu vegna þess eru að sjálfsögðu fráskildar. Ofbeldi kann því að vera ástæða hjónaskilnaðar og sambúðarslita oftar en hefur verið talið, einnig má benda á að í rannsókn Christensen og Koch-Nielsen (1992) kemur fram að konur segjast einmitt oft hafa verið beittar ofbeldi þegar þær hafa farið fram á skilnað.

Fram til þessa hafa rannsóknir bent til þess að fráskildum konum reiði betur af en fráskildum körlum eftir skilnað. Sigrún Júlíusdóttir (1995) kemst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að konur fóti sig betur eftir skilnað bæði í samfélaginu og fjölskyldunni. Karlar kvarta á hinn bóginn undan versnandi fjárhag, lakari heilsu, einmanaleik og höfnun í fjölskyldu og samfélagi. Tíðni geðsjúkdóma, þar með talið drykkjusýki, er hærri meðal fráskilinna karla en giftra (Lárus Helgason,1977). Í þessari rannsókn kemur fram að fráskildar konur hafa í meira mæli en aðrar konur verið beittar ofbeldi og verið nauðgað. Ein skýring kann að vera sú að konur sæki um skilnað við eiginmenn sína og slíti sambúð vegna ofbeldis.

2.3. Ofbeldi sem karlar hafa verið beittir á ævinni.

Alls sögðu átta karlar að þeim hefði verið nauðgað. Þar sem fjöldi þeirra er ekki meiri verða engar ályktanir dregnar af því. Í töflu 4 má sjá hlutfall karla sem hafa verið beittir ofbeldi og grófu ofbeldi sérstaklega eftir aldri, hjúskaparstöðu, menntun, starfi, tekjum og búsetu.

Algengast er að karlar á aldrinum 18 til 24 ára hafi verið beittir ofbeldi og fer hlutfall þeirra sem beittir hafa verið ofbeldi lækkandi með aldri. Hið sama á við um gróft ofbeldi. Í raun mætti búast við að eftir því sem karlar eltust væru meiri líkur til þess að þeir hefðu verið beittir ofbeldi. Svo er ekki í þessari rannsókn. Þessar niðurstöður gætu því bent til þess að ofbeldi fari vaxandi hér á landi. Á hinn bóginn gleyma menn ýmsu þegar þeir eldast og segja þess vegna ekki frá löngu liðnum atburðum. Þá er rétt að vekja athygli á því að hér kann að vera munur á milli kynslóða í þá átt að eldri karlmenn eigi erfiðara með að viðurkenna að þeir hafi verið beittir ofbeldi.

Hjúskapur eða sambúð virðist minnka líkur á því að karlmenn séu beittir ofbeldi, líka grófu ofbeldi, en hjá konum eykur sambúð eða hjúskapur líkurnar á því að þær hafi verið beittar ofbeldi. Þetta skýrist af því að karlar eru oftar beittir ofbeldi af ókunnugum en konur af eiginmönnum eða mökum. Af þeim körlum sem voru í vígðri eða óvígðri sambúð höfðu um 42% verið beittir ofbeldi, 54% af þeim sem voru einhleypir og um 50% þeirra sem voru fráskildir.

Af þeim körlum sem höfðu grunnskólapróf höfðu um 50% verið beittir ofbeldi og jafnhátt hlutfall þeirra höfðu verið beittir grófu ofbeldi. Heldur færri hafa verið beittir ofbeldi meðal þeirra sem hafa framhaldsskólapróf um 41%, og um 39% þeirra sem hafa háskólapróf.

Ef litið er á hlutfall þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi eftir starfi þá hafa hlutfallslega flestir í hópi véla- og vélgæslumanna og námsmanna verið beittir ofbeldi. Námsmenn tilheyra yngsta aldurshópnum í könnuninni en það var sá aldurshópur sem oftast hafði verið beittur ofbeldi. Jafnframt var hlutfallið hátt hjá tæknimenntuðum og sérmenntuðum starfsmönnum og hjá ósérhæfðu starfsfólki. Hlutfallið var lægra hjá þjónustu- og afgreiðslumönnum, bændum og sjómönnum, enn lægra hjá iðnaðarmönnum og sérfræðingum, síðan skrifstofumönnum en langlægst var hlutfallið hjá þeim sem starfa sem stjórnendur og embættismenn. Þessar niðurstöðu gefa ekki til kynna nein sérstök tengsl á milli starfsstéttar og þess að hafa verið beittur ofbeldi.

Hlutfallslega langflesta þeirra sem hafa verið beittir ofbeldi er að finna meðal hinna allra tekjulægstu og tekjuhæstu. Hið sama á við um þá sem hafa verið beittir grófu ofbeldi. Tekjur manna virðast segja lítið til um líkurnar á því að verða fyrir ofbeldi.

Það er athyglisvert að hlutfallslega fleiri sem búa á þéttbýli og dreifbýli hafa verið beittir ofbeldi en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Það er einnig athyglisvert að munurinn er ekki eins augljós þegar kemur að grófu ofbeldi. Þetta bendir til þess að þegar ofbeldi sé beitt á höfuðborgarsvæðinu sé það oftar gróft en þegar það á sér stað út á landi, þar virðist vera meira um ryskingar en minna um gróft ofbeldi.

Tafla 4.
Hlutfall karla sem hafa orðið fyrir ofbeldi einu sinni eða oftar flokkað eftir aldri, hjúskaparstöðu, menntun, starfi, tekjum og búsetu.

	Fjöldi	Hlutfall	
		Ofbeldi	Gróft ofbeldi
Aldur, ár			
18–24	179	59,2	41,3
25–34	262	50,8	38,9
35–44	245	42,4	27,8
45–54	225	39,6	28,6
55–65	153	30,7	21,5
Hjúskaparstaða			
Einhleypur	254	54,2	38,2
Giftur/í sambúð	758	42,0	29,9
Fráskilinn	40	50,0	32,5
Ekkill	8	37,5	25,0
Menntun			
Grunnskólapróf	400	51,3	50,0
Framhaldsskólapróf	493	41,4	32,1
Háskólapróf	150	39,3	29,3

	Fjöldi	Hlutfall	
		Ofbeldi	Gróft ofbeldi
Starf			
Stjórnendur/embættism.	59	28,8	22,0
Sérfræðingar	111	36,0	28,8
Tæknar/sérmennt. starfsf.	68	50,0	36,8
Skrifstofufólk	37	32,4	21,6
Þjónustu-/afgreiðslufólk	137	48,2	32,8
Bændur/sjómenn	80	47,5	33,8
Iðnaðarmenn	209	38,3	25,4
Véla- og vélagæslumenn	60	58,3	45,0
Ósérhæft starfsfólk	114	50,0	32,5
Námsmenn	109	57,8	42,2
Tekjur, kr.			
0–49 þús.	143	56,6	42,7
50–99 þús.	139	50,4	35,3
100–149 þús.	234	46,6	32,1
150–199 þús.	165	38,2	23,0
200–299 þús.	171	42,1	27,5
300 þús. og meira	84	51,2	42,9
Búseta			
Höfuðborgarsvæði	637	41,8	29,5
Þéttbýli	70	51,4	36,3
Dreifbýli	350	50,0	32,9

2.4. Ofbeldi sem svarendur hafa verið beittir á æviskeiði og tengsl við geranda.

Á myndinni má sjá hlutfall giftra og fráskilinna kvenna sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi eftir því hver beitti því.

Sjá má að algengast er að fyrrverandi maki hafi beitt konurnar ofbeldi. Af þeim konum sem hefur verið hrint, þær hristar eða slegið til þeirra er það í 37% tilvika fyrrverandi maki og í um 24% af tilvika núverandi maki sem var að verki. Eins er með gróf-ara ofbeldi. Konur sem greina frá því að þær hafi verið beittar ofbeldi, hafa í um 70% tilvika þekkt ofbeldismanninn og algengast er að það hafi verið fyrrverandi maki.

Sá hópur kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka hafði sjaldnast orðið fyrir því af völdum annarra. Þetta þýðir með öðrum orðum að það eru aðrar konur sem verða fyrir ofbeldi af hendi eiginmanna en sem verða fyrir því af völdum ókunnugra.



Hlutfall giftra kvenna og fráskilinna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, skipt eftir tengslum við þann sem beitti því og eftir því hvers eðlis ofbeldið var.



Hlutfall giftra karla og fráskilinna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, skipt eftir tengslum við þann sem beitti því og eftir því hvers eðlis ofbeldið er.

Hlutfall karla sem orðið hafa fyrir ofbeldi eins og því að slegið hafi verið til þeirra, þeim hrint eða þeir hristir af völdum ókunnugra er um 85%. Um 25% kvenna hafa orðið fyrir sambærilegu ofbeldi af völdum ókunnugra. Af þeim karlmönnum sem hafa orðið fyrir þess konar ofbeldi höfðu 4% orðið fyrir því af völdum núverandi eiginkonu og um 6% af völdum fyrrverandi eiginkonu eða sambýliskonu. Sama munstur kemur fram þegar litið er á grófara ofbeldi. Þessar niðurstöður styðja þær rannsóknir sem sýna að karlar eru frekar beittir ofbeldi af ókunnugum en konur verða hins vegar fyrir ofbeldi af völdum þeirra sem þær þekkja (Straus, Gelles og Steinmetz, 1980; Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen, 1994). Jafnframt verða fleiri karlar en konur fyrir ofbeldi af völdum fleiri en eins aðila. Þannig höfðu um 10% karla sem orðið fyrir ofbeldi af völdum fleiri en eins aðila.

Tafla 5.

Hlutfall kvenna og karla sem hafa verið beitt líkamlegu ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka eða af einhverjum öðrum einhvern tíma á ævinni.

	Ofbeldi		Gróft ofbeldi	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Núverandi eiginmaður/sambýlismaður	4,8	1,5	1,8	0,4
Fyrrverandi eiginmaður/sambýlismaður	9,0	2,4	5,3	0,8
Núv. eða fyrrv. eiginmaður/sambýlismaður	13,8	3,9	7,1	1,2
Aðrir	15,3	43,4	8,0	31,2

Í töflu 5 má sjá að tæp 5% kvenna hafa einhvern tíma verið beittar ofbeldi af hendi núverandi maka. Í dönsku rannsókninni var það einungis 1% kvenna og er hlutfallið mun hærra hér á landi. 9% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum fyrrverandi maka. Í dönsku rannsókninni voru það 8%. Um 15% íslenskra kvenna hafa verið beittar ofbeldi af öðrum en 10% danskra kvenna.

Alls hafa tæp 14% kvenna verið beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og um 7% verið beittar grófu ofbeldi. Hins vegar hafa tæp 4% karla verið beittir ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og um 1% grófu ofbeldi. Stacey, Hazlewood og Shupe (1994) bentu á það í sinni rannsókn að karlar verði vissulega þolendur heimilisofbeldis í einhverjum mæli, en það á þá sérstaklega við um andlegt ofbeldi og minni háttar ofbeldi. Í dönsku rannsókninni er bent á að ofbeldi á körlum og konum sé á margan hátt svo ólíkt ofbeldi gegn konum að ekki sé hægt að bera það saman (Christensen og Koch-Nilsen, 1992).

Einungis 0,7% kvenna hafa verið beittar ofbeldi af bæði núverandi og fyrrverandi maka. Þessi niðurstaða sýnir að fæstar konur sem búið hafa með mönnum sem beita þær ofbeldi fara aftur í sambúð með manni sem beitir ofbeldi.

Af þeim konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka hafa tæp 60% þeirra verið beittar grófu ofbeldi af hans hálfu. Um 40% þeirra sem hafa verið beittar ofbeldi af núverandi maka hafa verið beittar grófu ofbeldi. Þessi niðurstaða bendir til þess að gróft ofbeldi sé í einhverjum tilfellum ástæða skilnaðar. Reynsla frá kvennaathvörfum hefur sýnt að fáar konur búa við ofbeldi alla ævi og að flestum ofbeldishjónaböndum lýkur með skilnaði.

Mun sjaldgæfara er að karlar hafi verið beittir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka, 1,5% sögðu núverandi maka sinn hafa beitt sig ofbeldi en um 2% að fyrrverandi maki hefði beitt þá ofbeldi. Á sama tíma hafa um 43% karla verið beittir ofbeldi af öðrum.

Tafla 6.
Hlutfall kvenna og karla sem beitt hafa verið líkamlegu ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka, eftir því hversu oft það hefur átt sér stað.

	Ofbeldi		Gróft ofbeldi	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Einu sinni	6,5	1,9	2,9	0,5
Oftar	13,2	3,5	4,9	0,7

Eins og komið hefur fram hafa um 14% kvenna orðið fyrir ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka, en um 4% karla. Algengast er að ofbeldi sé beitt oftar en einu sinni. Þær konur sem segjast hafa orðið fyrir ofbeldi oftar en einu sinni eru fleiri en hinar sem segja að það hafi gerst aðeins einu sinni. Hið sama á við um gróft ofbeldi. Af þessu má leiða að ef eiginmaður beitir eiginkonu eða sambýliskonu sína ofbeldi eru yfir helmingslíkur á að það gerist aftur.

Karlar sem verða fyrir ofbeldi verða einnig fyrir því oftar en einu sinni og hið sama gildir um gróft ofbeldi sem einnig virðist endurtekið.

2.5. Ofbeldi sem svarendur hafa beitt maka sína á ævinni.

Hlutfall þeirra sem segjast hafa beitt maka sína ofbeldi má sjá í töflu 7.

Um það bil helmingi fleiri konur en karlar segjast hafa beitt maka sinn ofbeldi. 4% kvenna segjast hafa beitt maka sinn ofbeldi en einungis um 2% karla. Þessi niðurstaða gengur þvert á niðurstöðuna í töflu 5. Þar sögðust um 5% kvenna hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum núverandi eiginmanns eða sambýlismanns (sjá töflu 5) en einungis 2% karla sögðust hafa beitt konu sína ofbeldi (sjá töflu 7). Ætla mætti að hlutfall karla sem beitt hafa núverandi konur sínar ofbeldi væri svipað og hlutfall þeirra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi af völdum maka.

Tafla 7.
Hlutfall kvenna og karla sem beitt hafa núverandi eða fyrrverandi maka eða aðra líkamlegu ofbeldi.

	Ofbeldi		Gróft ofbeldi	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Núverandi maka/sambýling	4,0	1,9	1,0	0,1
Fyrrverandi maka/sambýling	3,9	2,2	0,4	0,6
Núverandi eða fyrrv. maka/sambýling	7,9	4,1	4,1	0,7
Aðra	5,8	24,2	1,8	14,7
Sjálfsvörn	34,5	19,5	41,2	28,6

Það er jafnframt athyglisvert að um 1,5% karla segjast hafa verið beittir ofbeldi en 4% kvenna segjast hins vegar hafa beitt núverandi maka sinn ofbeldi. Á sama hátt segjast um 2% karla hafa beitt fyrrverandi maka eða sambýlismann ofbeldi en 9% kvenna

orðið fyrir því. Það sama er uppi á teningnum þegar litið er á hversu margir karlar hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum annarra. Um 43% karla sögðust hafa verið beittir því en einungis 24% sögðust hafa beitt aðra ofbeldi.

Þessar niðurstöður eru mjög athyglisverðar og renna stoðum undir það að kynin líti ofbeldi ólíkum augum. Þannig má leiða líkur að því að karlmenn líti ekki á minni háttar líkamsárásir, sem ofbeldi, hvort heldur þeir verða fyrir þeim eða þeir beita sjálfir slíku ofbeldi. Einnig getur verið að þeir liti svo á að þeir hafi ekki orðið fyrir ofbeldi. Áverki getur líka verið mælikvarði hjá þeim fremur en hjá konum. Konur hafa því ef til vill önnur viðmið en karlar um það hvað sé ofbeldi. Félagsmótun kynjanna er ólík þar sem drengir eru aldir upp við að sýna sjálfstæði, áræði og dirfsku í meira mæli en stúlkur sem eiga að sýna mildi og hlýju og koma sér hjá líkamlegum átökum. Þetta gæti bent til þess að konur hafi víðari skilgreiningu á ofbeldi en karlar. Í samræmi við þessa skýringu er líklegra að konur greini frá atburðum sem þær skilgreina sem ofbeldi en karlar ekki.

Annað sem vert er að velta upp og getur skýrt þennan mun á viðhorfi karla og kvenna er að oft og tíðum á fólk erfitt með að viðurkenna ofbeldisverknaðinn. Í þessu tilfelli virðast karlmenn eiga erfiðara með það en konur. Sömuleiðis er hugsanlegt að karlar réttlæti ofbeldisverk fyrir sjálfum sér með því að kalla þau eitthvað annað en ofbeldi. Slíkar réttlætingarkenningar voru fyrst settar fram til þess að skýra afbrot unglinga (Matza og Sykes, 1957).

Eitt af því sem varpar ljósi á það hversu ólíkt ofbeldi karla og kvenna er, er að konur sem beita ofbeldi hafa hlutfallslega miklu oftar verið þolendur ofbeldis en karlar sem beita ofbeldi. Af þeim konum sem eru gerendur hafa 70% jafnframt verið beittar ofbeldi. Hjá körlum eru hins vegar 37% þolendanna einnig gerendur.

Ofbeldi er oft beitt í sjálfsvörn og algengara er að konur en karlar geri það. Í um 35% tilvika sögðu konurnar að ofbeldi gegn eiginmönnum eða fyrrverandi maka hafi verið í sjálfsvörn eða um ein af hverjum fjórum. Um 20% karla höfðu sömu sögu að segja. Hlutfall kvenna sem beitti grófu ofbeldi í sjálfsvörn var 41% á móti tæpum 29% karla.

3. SKÝRINGAR Á OFBELDI

Frá því að fyrst var vakin athygli á ofbeldi eiginmanna gegn eiginkonum sínum sem félagslegu vandamáli í byrjun áttunda áratugarins (Pizzey, 1974) hafa margar tilgátur verið settar fram um orsakir ofbeldis á heimilum. Hér verður greint stuttlega frá fjórum meginskýringum á ofbeldi gegn eiginkonum. Fyrsta skýringin er um áhrif ofbeldis í bernsku á ofbeldishneigð á fullorðinsárum. Önnur skýring leggur áherslu á samband áfengis og ofbeldis. Reynsla úr bernsku eða lyfjafræðileg áhrif áfengis eru hvorirtveggju þættir sem einstaklingurinn ræður að litlu leyti yfir. Samkvæmt þessum skýringum er sá sem beitir ofbeldinu þolandi engu síður en sá sem fyrir því verður. Streita, vanlíðan og almenn óánægja fær útrás í ofbeldi sem er ekki ætlað að hafa neinn ákveðinn tilgang. Þriðja skýringin eru kenningar sem skýra ofbeldi sem valdatogstreitu á milli fólks. Kenningarnar um valdatogstreitu eru af allt öðrum meiði en kenningar um áhrif ofbeldis í bernsku og áfengi sem orsakavalda ofbeldis. Samkvæmt togstreitukenningunum er valdbeiting liður í því að ná fram ákveðnu markmiði, þ.e. yfirráðum í sambandi karls og konu. Fjórða skýringin er að ofbeldi sé afleiðing fátæktar, atvinnuleysis og streitu.

3.1. Ofbeldi sem afleiðing ofbeldis í bernsku.

Námskenningar hafa verið notaðar til þess að skýra ofbeldi í fjölskyldum. Þessar kenningar byggast á því að ofbeldi sé lærð hegðun eins og allt annað atferli. Barn sem byrjar að beita ofbeldi og prófar sig áfram til þess að sjá hvað það kemst langt venst því að fá vilja sínum framgengt og leysa ágreining með ofbeldi ef það er aldrei stöðvað. Þessi skýring gerir ráð fyrir að umhverfið styrki ofbeldishegðun barnsins án tillits til þess hvort það elst upp við ofbeldi í fjölskyldu eða ekki. Athygli kenningasmiða hefur ekki beinst svo mjög að þessum þætti í uppeldi og verður það ekki heldur gert hér. Megininntak námskenninga sem ætlað er að skýra ofbeldi er að börn líki eftir hegðun foreldra í uppvaxtarfjölskyldunni. Þau læra ákveðna hegðun, þau læra að slá. Enn fremur læra þau hvernig karlar haga samskiptum sínum við konur og þau læra viðhorf til kvenna. Þá læra þau að hægt er að ná ýmsu fram með ofbeldi (Isdal, 1990). Börn sem alast upp við ofbeldi foreldra eru því talin líklegri en önnur börn til þess að beita ofbeldi þegar þau verða fullorðin. Á þennan hátt má skýra tilfærslu á ofbeldi á milli kynslóða.

Þetta sjónarhorn ber svip nauðhyggju þar sem gengið er að því sem vísu að sá sem hefur reynt ofbeldi í bernsku beiti því fullorðinn. Til þess að draga úr þessari nauðhyggju hefur verið bent á að líka þurfi að taka tillit til ytri þátta sem hafi áhrif á hvort ofbeldi sé beitt á fullorðinsárum eða hvort því verði afstýrt.

Í rannsóknum hafa áhrif ofbeldis í bernsku á ofbeldi í fjölskyldum verið könnuð. Niðurstöðurnar hafa verið misvísandi. Í könnun Straus, Gelles og Steinmetz (1980) kemur fram að 2% karla sem ólust upp án ofbeldis en 20% karla sem koma úr ofbeldisfjölskyldum beita konur sínar ofbeldi. Þessar niðurstöður benda til þess að minni hluti karla flytji ofbeldismunstur á milli kynslóða en meiri hluti karla sem hafa alist upp við ofbeldi á bernskuheimilum sínum beiti ekki ofbeldi. Könnun Skjörten (1988) leiddi í ljós að af 20 norskum konum sem beittar höfðu verið ofbeldi af eiginmönnum sínum höfðu 11 þeirra orðið vitni að eða verið beittar ofbeldi á æskuheimili og sama hlutfall eiginmanna þeirra hafði orðið fyrir svipaðri reynslu. Rúmlega helmingur karla sem höfðu tekið þátt í sérstakri meðferð fyrir karla sem vilja hætta ofbeldisatferli (Alternativ til vold) í Noregi höfðu orðið fyrir ofbeldi sem börn. Jafnhátt hlutfall karla sem höfðu leitað til karlaathvarfsins í Gautaborg greindi frá ofbeldi á bernskuheimili (Skjörten, 1993). Ýmsar fleiri rannsóknir hafa komist að svipaðri niðurstöðu (Statistics Canada 1993, Stacey og Shupe, 1983, Stark og Flitcraft, 1985).

Allar þessar rannsóknir hafa verið gagnrýndar fyrir mismunandi skilgreiningar á ofbeldi og enn fremur að úrtökin séu smá og skekkt. Í þeim er byrjað á því að skilgreina tiltekinn hóp ofbeldismanna og síðan er spurt um ofbeldi foreldra þeirra. Betri aðferð til að kanna hvort ofbeldi flyst á milli kynslóða er að afmarka tiltekinn hóp ofbeldismanna og kanna svo hvort börn þeirra beiti ofbeldi. Vegna þessara aðferðafræðilegu annmarka var ekki spurt um ofbeldi í bernsku í könnuninni sem hér var lýst.

Miðað við þá þekkingu sem er fyrir hendi verður að álykta að reynsla af ofbeldi á bernskuheimili auki líkur á að menn beiti ofbeldi á eigin heimili á fullorðinsárum. Hins vegar er það minni hluti sem virðist á þann hátt læra ofbeldisbeitingu og slík reynsla er því hvorki nauðsynleg né fullnægjandi forsenda þess að fólk beiti maka sinn ofbeldi. Hér er aðeins um að ræða einn hugsanlegan þátt í flóknum vef.

3.2. Ofbeldi sem afleiðing ölvunar.

Eðlilega hefur verið horft til ölvunar sem orsakar ofbeldis í fjölskyldum eins og annars ofbeldis. Slík skýring felur í sér þá forsendu að árásarhneigðin búi í manninum og áfengið losi um hömlurnar svo að ofbeldið brjótist út. Þrátt fyrir lyfjafræðileg áhrif áfengis verður ekki horft fram hjá þeim sálrænu og félagslegu þáttum sem hafa áhrif á áfengisneyslu. Annars vegar eru áhrif áfengis einstaklingsbundin og hins vegar er hegðun undir áhrifum lærð. Á Norðurlöndum hafa ölvun og ofbeldi lengi verið nátengt í vitund fólks. Í norrænu áfengisneyslurannsókninni sem gerð var 1979 sögðust 27% íslensku svarendanna hafa lent í rifrildi vegna áfengisneyslu sinnar og 7% höfðu lent í handalögmálum eða slagsmálum (Tómas Helgason og Hildigunnur Ólafsdóttir, 1988). Rétt er að taka fram að áfengisneysla endar sjaldnast með ofbeldi. Orsakir ofbeldis eru miklu víðtækari og flóknari en svo að þær verði skýrðar með áfengi eingöngu.

Sýnt hefur verið fram á tengsl ölvunar og ofbeldis í mörgum rannsóknum. Ölvun eykur bæði hættuna á að fólk beiti ofbeldi og verði fyrir því. Íslenskar rannsóknir hafa leitt í ljós að 87% af sakborningum kærðum fyrir nauðgun höfðu neytt áfengis áður en brotið var framið en 78% brotaþola (Hildigunnur Ólafsdóttir, 1989).

Niðurstöður úr bandarískum rannsóknum á ofbeldi gegn eiginkonum sýna að frá 30% til 70% kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi greina frá áfengisvandamálum eiginmanna sinna (Leonard og Blane, 1992). Norskar rannsóknir gefa til kynna tengsl á milli ofbeldis og ölvunar í 13% til 50% tilvika (Jonassen, 1989). Þessar breytilegu tölur benda til þess að í þeim sé ekki verið að kanna nákvæmlega það sama. Þess vegna er ekki hægt að fullyrða hversu sterkt samband er á milli áfengisneyslu og ofbeldis á heimilum.

Þrátt fyrir að rannsóknir sýni tengsl á milli áfengisneyslu og ofbeldis gagnvart konum er ekki alltaf ljóst hvers eðlis þau eru. Í rannsóknunum er yfirleitt ekki gerður greinarmunur á því hvort ofbeldið tengist langvarandi áfengismisnotkun eða hvort það er einstakt tilvik í kjölfar mikillar ölvunar. Upplýsingar fengnar með viðtölum við konur í kvennaathvörfum gefa til kynna að áfengi geti tengst ofbeldinu á marga vegu. Sumir eiginmenn berja eiginkonur sínar eingöngu drukknir, aðrir gera það bæði alls gáðir og ölvaðir og dæmi eru um enn aðra sem beita ofbeldi allsgáðir en aldrei undir áhrifum áfengis. Leonard og Blane (1992) könnuðu samband á milli áfengis, ofbeldis og nokkurra annarra þátta. Í könnuninni sem náði til 320 ungra karla kom fram að 13% karla hafði misþyrmt konum sínum. Af þeim sögðust 7% aðeins verða árásargjarnir undir áhrifum áfengis, 3% hneigðust til ofbeldis þegar þeir voru allsgáðir og 3% töldu sig geta orðið árásargjarna bæði drukknir og ódrukknir. Höfundar álykta að áfengisneysla auki líkur á ofbeldi gegn eiginkonum meðal þeirra sem séu árásargjarnir eða óánægðir í hjónabandinu.

Rannsóknirnar sem áður hefur verið vitnað í og byggja á gögnum frá norsku karlameðferðinni (Alternativ til vold) og karlaathvarfinu í Gautaborg gefa vísbendingar um flókin tengsl áfengis og ofbeldis. Fjórðungur karlanna sem voru þátttakendur í norsku karlameðferðinni sagðist eingöngu beita ofbeldi eftir áfengisneyslu. Þriðjungur karlanna var alltaf allsgáður þegar þeir beittu ofbeldi. Aðrir sögðu að barsmíðarnar gætu átt sér stað hvort sem þeir væru undir áhrifum áfengis eða ekki. Fjórðungur karlanna frá karlaathvarfinu í Gautaborg átti við áfengisvandamál að stríða. Af þeim höfðu 60% verið undir áhrifum áfengis síðast þegar þeir beittu konur sínar ofbeldi (Skjörten, 1993).

Leonard og Blane (1992) hafa bent á fjóra meginvankanta á rannsóknum á sambandi áfengis og ofbeldis á heimilum. Í fyrsta lagi eru úrtökin í flestum þessara kannana lítil og ekki tekin af handahófi. Upplýsingar um áfengisneyslu og samband áfengis og of-

beldis eru fengnar frá konum sem hafa leitað aðstoðar vegna ofbeldis. Þessi hópur kvenna er trúlega ólíkur þeim konum sem ekki leita sér hjálpar.

Í öðru lagi þykja skilgreiningar ekki skýrar og hlutlægir mælikvarðar á áfengismisnotkun óljósir. Vankantarnir eru því augljósir. Í fyrsta lagi eru rannsóknirnar byggðar á huglægu mati kvennanna á áfengisneyslu eiginmanna sinna. Í öðru lagi er áfengismisnotkunin flokkuð á mismunandi hátt. Þetta verður til þess að niðurstöðum úr hinum og þessum rannsóknum ber ekki alltaf saman þar sem þær vísa til afar ólíkra aðstæðna.

Í þriðja lagi vantar samanburðarhópa svo að hægt sé að sjá hvernig sambandi áfengis og ofbeldis er háttað meðal alls almennings.

Í fjórða lagi gera rannsóknirnar ekki ráð fyrir að sameiginlegur skýringarþáttur geti skýrt samband áfengis og ofbeldis t.d. að ágreiningur í hjónabandi getur bæði leitt til aukinnar áfengisneyslu og ofbeldis.

Ekki er hægt að horfa fram hjá áfengisneyslu þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum en tengsl áfengis og ofbeldis eru margslungin. Áfengisneysla dregur úr hömlum og getur jafnvel orðið stjórnlaus en ytri skilyrði og viðbrögð umhverfisins hafa einnig mikil áhrif á þróun ofbeldis. Að lokum má geta þess að þegar finna þarf einn orsakavald er nærtækt að grípa til áfengis. Skaðsemi áfengisneyslu er vel þekkt og misnotkun áfengis er viðurkennt vandamál í íslensku þjóðfélagi. Þeir sem beita ofbeldi og verða fyrir því hafa oft sömu viðhorf og hið umlykjandi samfélag. Bæði ofbeldismaður og brotaþoli eiga því auðvelt með að grípa til áfengis sem sökudólgs og skýra ofbeldi með því. Þess vegna er hætta á að of mikið sé gert úr sambandi áfengis og ofbeldis. Það getur hamlað því að athyglin beinist að öðrum veigamiklum orsökum ofbeldis.

3.3. Ofbeldi sem afleiðing valdatogstreitu og sem tæki til yfirráða.

Í mannkynssögunni hafa valdabarátta og ofbeldi oft verið nátengd. Yfirráð eins yfir öðrum eða viðleitni til að ná þeim geta leitt til ofbeldis hvort sem um þjóðfélög eða einstaklinga er að ræða. Valdahugtakið er yfirleitt skilgreint sem geta einstaklings eða hóps til að ráða yfir öðrum. Völd byggjast á þeim gæðum sem eru fyrir hendi eins og til dæmis peningum, þekkingu, tengslum og virðingu. Helstu valdatækin eru þvingun, stjórnun og fortölur sem getur lyktað með valdbeitingu.

Skjörten (1993) hefur greint frá því hvernig skáld og fræðimenn hafa fjallað um hvernig tilfinningaþátturinn í mörgum ástarsamböndum er tengdur ósk um að ráða yfir ástvininum. Ástin getur orðið eins og valdabarátta þar sem eigið gildi kemur fram í yfirráðum yfir ástvininum. Skjørten vitnar í Alberoni (1987) sem telur að yfirráð og stjórn sé þáttur í flestum ástarsamböndum. Hann lítur svo á að þegar einstaklingur verði ástfanginn megi líkja því við fæðingu eða tímamót gamals og nýs. Hið gamla hverfur og það nýja verður til. Þegar ástfangið par lagar sig hvort að öðru er þáttur í því að reyna að temja hinn aðilann til þess að tryggja eigið öryggi. Þótt óskin um að temja ástvininn sé jafn sterk hjá báðum kynjum geta möguleikarnir til þess verið ólíkir og þess vegna reyna konur fremur en karlar að laga sig að aðstæðum. Með því að temja ástvininn er verið að gera hann háðan. Þetta er lykilatriði í vináttu og tengslum við annað fólk. Annar meginþáttur vináttu er gagnkvæmni og er þá átt við gagnkvæmni í gildi vináttunnar, í völdum og viðkvæmni. Þegar gagnkvæmni skortir verða völd, viðkvæmni og gildi sambandsins einhliða. Það er í slíkum samböndum sem annar aðilinn ræður yfir hinum (Skjörten, 1993).

Þegar leitað er skýringa á ofbeldi á heimilum verður því ekki hjá því komist að tengja það völdum og stöðu karla og kvenna í hjónabandi. Þrátt fyrir formlegt jafnrétti er staða

karla og kvenna ekki jöfn hvorki í þjóðfélaginu né í hjónabandinu. Hugmyndir um yfirburði karlmannsins, völd hans og styrk og höfuð fjölskyldunnar, hafa lengi verið ráðandi. Þau viðhorf eru enn fyrir hendi í þjóðfélaginu þrátt fyrir ýmsar breytingar á verkaskiptingu kynjanna. Karlar hafa að meðaltali hærri laun en konur, sitja í fleiri valda- og virðingarstöðum og hafa meiri áhrif en konur. Fjárhagsleg staða kvæntra karla er því sterkari en giftra kvenna og sá sem aflar teknanna hefur mest um það að segja hvernig þeim er varið. Í reynd eru valdatengslin í hjónabandi oft líkari sambandi hins sterka og veika fremur en jafnrétthárra einstaklinga (Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, 1982).

Ofbeldi gegn eiginkonum er gamalt fyrirbrigði og í sumum löndum hafði eiginmaður lögfestan rétt til þess að berja eiginkonu sína ef hún breytti gegn vilja hans en hann mátti hvorki drepa hana né skaða (Dobash og Dobash, 1978). Hér á landi voru slík yfirráð aldrei lögfest en viðhorf um húsbóndavald hafa lengi sett svip sinn á íslenska menningu. Dobash og Dobash (1978) settu fram feðraveldiskenninguna sem skýringu á ofbeldi gegn eiginkonum. Þau styðja hana þeim rökum að eiginmenn hafi öldum saman barið konur sínar í því skyni að drottna yfir þeim, refsa og stjórna. Í þjóðfélögum þar sem fjölskyldan nýtur verndar fyrir utanaðkomandi afskiptum þrífst innan hennar atferli sem lýtur öðrum lögmálum en almennt ríkja úti í þjóðfélaginu. Þetta fyrirkomulag hentar þörfum karlmanna og ríkjandi þjóðskipulagi en beinist gegn hagsmunum kvenna. Þannig þjónar ofbeldi sem konur eru beittar af eiginmönnum sínum þeim ákveðna tilgangi að viðhalda feðraveldinu og sýna valdastöðu karlmanna.

Kenning um þvinguð yfirráð er sprottin úr sama jarðvegi og feðraveldiskenningin. Samkvæmt henni (Meier, 1994) er ofbeldi gegn eiginkonum talið vera einn þáttur í baráttu eiginmannsins fyrir völdum og ofbeldið tæki til þess að viðhalda yfirráðum í hjónabandinu. Með valdbeitingu reynir eiginmaðurinn að stýra hugsunum, skoðunum og hegðun eiginkonunnar. Ofbeldið notar hann líka til þess að refsa henni fyrir að berjast gegn yfirráðum sínum. Til þess að ná þessum markmiðum beitir hann líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi. Þannig er ofbeldið ekki talið vera röð einstakra ofbeldisverka heldur ferli þar sem markmiðið er að þvinga þolandann undir yfirráð þess sem beitir ofbeldinu. Þar sem þjóðfélagið grípur ekki inn eða veitir aðstoð styður það þvinguð yfirráð og ofbeldi. Þessar kenningar gera ráð fyrir því að valdbeitingin hafi ákveðið markmið t.d. að ráða yfir konunni.

3.4. Ofbeldi sem afleiðing fátæktar, atvinnuleysis og streitu.

Í sumum rannsóknum, ekki síst bandarískum, hefur verið sýnt fram á tengsl milli ofbeldis á heimilum og fátæktar og atvinnuleysis. Í könnun Strauss, Gelles og Steinmetz (1980) kom fram að atvinnulausir karlar voru tvöfalt líklegri til þess að beita konur sínar alvarlegu ofbeldi en karlar í fullu starfi. Önnur bandarísk könnun sýndi að ofbeldi gegn eiginkonum var algengara meðal fátækra en hinna efnameiri (Dekeseredy and Hinch, 1991, O´Brian 1975). Að búa við fátækt eða bág kjör er ófullnægjandi skýring á heimilisofbeldi ein og sér. Þótt sýnt hafi verið fram á að ofbeldi á heimilum sé algengara meðal fátækra þýðir það ekki að heimilisofbeldi sé eingöngu bundið við þessar stéttir. Á Íslandi hefur ekki verið sýnt fram á þessi tengsl. Líkur má hins vegar leiða að því að áhætta á ofbeldi aukist í kjölfar streitu og álags. Við slíkar aðstæður er hætt við að fólk hafa minna þol gagnvart mótlæti.

Ofbeldi kann að tengjast fátækt og atvinnuleysi á mismunandi hátt eftir því hvort það er viðvarandi eða hvort um er að ræða tímabundið ástand. Langvarandi atvinnuleysi og

fátækt kann að skapa ástand þar sem ofbeldi er einn þáttur í erfiðum félagslegum aðstæðum. En orsakir fyrir ofbeldi á heimilum má einnig í einhverjum tilfellum rekja til skyndilegs álags eða streitu. Slíkar aðstæður geta t.d. komið upp ef fólk sem alltaf hefur haft atvinnu missir hana og fær ekki vinnu aftur. Það getur einnig valdið álagi og streitu ef laun fólks lækka til muna. Slíkt kann að leiða til vansældar og þess að fólk hefur minna þol og bregst því ekki við aðstæðum á þann hátt sem æskilegt er. Ófullnægjandi vinna sem ekki er í samræmi við menntun og skortur á atvinnutækifærum hjá ungu fólki að loknu námi geta einnig valdið tímabundnu álagi.

Atvinnuleysi og bág kjör geta einnig orðið til þess að jafnvægi sem var á milli hjóna eða sambýlisfólks riðlast og þau hlutverkaskipti sem fólk hefur komið sér saman um eru ekki lengur í gildi. Undir slíkum kringumstæðum geta eiginmenn gripið til ofbeldis til að bregðast við breyttum aðstæðum og reyna að ná fyrra jafnvægi. Í þessum tilvikum grípur örvænting um sig og gæti sú skýring einmitt átt við þegar karlar grípa til ofbeldis ef konur biðja um skilnað.

3.5. Skýringar þolenda á heimilisofbeldi.

Í þessari rannsókn voru þær konur sem sögðust hafa orðið fyrir grófu ofbeldi af völdum núverandi eða fyrrverandi maka eða sambýlismanns spurðar hverjar þær teldu orsakir ofbeldisins. Hægt var að nefna fleiri en eina ástæðu fyrir ofbeldinu. Rétt er að benda á að spurt er um skýringar kvennanna á því að þær hafi verið beittar ofbeldi en ekki skýringar ofbeldismannanna. Þær kunna að vera allt aðrar. Niðurstöður úr þessum þætti rannsóknarinnar má sjá á mynd 1.



Mynd 1.
Skýringar kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi á orsökum þess.

Á mynd 1 má sjá að algengast er að konur nefni áfengi sem orsök ofbeldis. Aðrar algengar ástæður fyrir ofbeldinu sem konurnar nefndu voru afbrýðisemi og skilnaður eða beiðni um skilnað. Þær töldu einnig margar ágreining um fjármál vera orsök ofbeldisins. Ágreiningur um börn, alvarleg veikindi og atvinnumissir eru einnig nefnd sem hugsanlegar orsakir fyrir ofbeldinu en þó sjaldnar en aðrar orsakir. Sjaldnast var meðganga nefnd sem orsök. Í dönsku rannsókninni voru áfengi, afbrýðisemi, deilur um peninga og réttur konunnar til sjálfstæðis oftast nefnt sem orsakir ofbeldisins (Christensen og Koch-Nielsen, 1992). Niðurstöður úr íslensku og dönsku könnuninni eru því mjög sambærilegar að þessu leyti.

Til að meta hvort einhver af ofangreindum atriðum verkuðu saman var beitt þáttagreiningu á þær breytur sem lýsa afleiðingum ofbeldis. Þannig má greina almenna þætti sem lýst geta afleiðingum ofbeldis. Þetta merkir ekki að upplifun kvennanna á orsökum ofbeldisins sem raðast saman á tiltekin þátt séu nauðsynlega sama eðlis heldur að þær konur sem hafa upplifað tilteknar orsakir eru líklegri til að hafa upplifað aðrar orsakir innan þess þáttar. Niðurstöður þáttagreiningarinnar er að finna í töflu 1.

Tafla 1.

Þáttagreining á orsökum ofbeldis.

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3
Fjárhags- og félagslegt öryggisleysi			
Ágreiningur um fjármál	0,64		
Atvinnumissir	0,60		
Skilnaður eða beiðni um skilnað	0,59		
Alvarleg veikindi	0,43		
Barnsburðarhlutverk			
Meðganga		0,67	
Ágreiningur um börnin		0,56	
Yfirráð			
Áfengi			0,39
Afbrýðisemi			0,40

Niðurstöður úr þáttagreiningunni sýna að þessar ástæður falla undir þrjá þætti. Fyrsti þátturinn vísar til fjárhagslegs og félagslegs öryggisleysis, annar þátturinn til barnsburðarhlutverks konunnar og sá þriðji og síðasti til yfirráða mannsins.

Fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi geta ógnað hjónabandinu með því að ógna öryggi einstaklingsins og hjónabandsins. Atvinnumissir og alvarleg veikindi geta valdið streitu og leitt til skilnaðar. Meðal afleiðinganna geta verið lakari fjárhagsleg afkoma og henni fylgir jafnan öryggisleysi og streita. Rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi á sér stundum stað þegar eiginmanninum mistekst að einhverju leyti að lifa eftir þeirri ímynd að karlar eigi að hafa yfirburði yfir konur. Slíkar aðstæður geta komið upp ef eiginmaður eða sambýlismaður missir vinnuna og konan verður aðalframfærandi fjölskyldunnar eða ef hún hefur hærri tekjur. Ágreiningur um fjármál getur að einhverju leyti snúist um hlutverk kynjanna í hjónabandinu og rétt konunnar til sjálfstæðis.

Þá er það barnsburðarhlutverk konunnar. Margar erlendar rannsóknir hafa staðfest að ofbeldi gegn ófriskum konum sé áberandi ofbeldi karla gegn konum (Straus, Gelles og Steinmetz, 1980). Þetta er kynbundinn þáttur, hann vísar til kvenleika og kynhlutverks konunnar en nær jafnframt yfir ágreining um börnin þar sem forræði og umönnun þeirra tengjast móðurhlutverki konunnar.

Þriðji þátturinn er áfengisneysla og afbrýðisemi eiginmanns sem vísar til yfirráða hans yfir konunni. Eins og bent var á hér að framan eru tengsl áfengis og ofbeldis margslungin. Áfengisneysla dregur úr hömlum og getur jafnvel orðið stjórnlaus. Þegar finna þarf einn orsakavald er nærtækt að grípa til áfengis. Skaðsemi áfengisneyslu er vel þekkt og misnotkun áfengis er viðurkennt vandamál í íslensku þjóðfélagi. Þeir sem beita ofbeldi og þeir sem verða fyrir því hafa oft sömu viðhorf. Bæði ofbeldismaður og brotaþoli eiga því auðvelt með að grípa til áfengis sem sökudólgs og gefa því vægi í skýringum á ofbeldi. Þess vegna er hætta á að of mikið sé gert úr sambandi á milli áfengis og ofbeldis en ekki beint nægilegri athygli að öðrum veigamiklum orsökum ofbeldis.

Afbrýðisemi tengist væntingum og viðhorfum til hegðunar og segir því yfirleitt meira um þann sem finnur til hennar en þann sem talinn er valda henni. Þær konur sem nefna afbrýðisemi sem orsök ofbeldisins koma þar með upp um ágreining hjónanna eða sambýlisfólksins. Konurnar hafa hagað sér á annan hátt en körlunum hefur líkað og telja þær það orsök ofbeldisins. Ofbeldi sem rekja má til afbrýðisemi stafar því af því að karlinn vill ráða yfir og stjórna hegðun eiginkonu eða sambýliskonu sinnar. Hugsanlega orsakast ofbeldið af reiði sem karlarnir hafa ekki stjórn á eða eru ómeðvitaðir um en hefur þann tilgang að sýna hver ræður og hvað hlýst af því að haga sér á annan veg en þeir telja við hæfi.

Af þessari niðurstöðu og af eldri rannsóknum má ráða að engar einfaldar skýringar á heimilisofbeldi eru til. Áfengisneysla, réttur konunnar til sjálfstæðis og barnsburðarhlutverk eru meðal þess sem að einhverju leyti skýrir ofbeldi gagnvart konum. Ekki nægir þó að leita skýringa ofbeldisins í einstaklingsbundnum einkennum eða félagslegum aðstæðum þeirra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi. Skoða þarf hvernig sambandi og hlutverkum kynjanna er háttað í samfélaginu og hvernig þeim er viðhaldið.

Ofbeldi gegn konum stafar því ekki af einhverri einni orsök heldur verður það einungis skýrt út frá mörgum mismunandi orsakaþáttum. Hafa verður í huga að engin ein skýring er algild. Jafnframt skal undirstrikað að það er alltaf minni hluti karla sem beitir slíku ofbeldi, flestir sem búa við sömu aðstæður beita því ekki.

4. AFLEIÐINGAR OFBELDISINS

4.1. Áhrif heimilisofbeldis á líkamlegt heilbrigði þolenda.

Rannsóknir benda til þess að ofbeldi inni á heimilum taki á sig margvíslega mynd. Það getur verið líkamlegt, svo sem barsmíðir, spörk og hrindingar. Margir þolendur þess hafa verið hárreyttir, klipnir, brenndir, stungnir og reynt að kæfa þá. Líkamlegar afleiðingar ofbeldisins geta verið allt frá smávægilegu mari til lífshættulegra áverka sem leiða til dauða (Statistics Canada, 1993; Christensen og Koch-Nielsen, 1992). Í könnun Straus, Gelles og Steinmetz (1980) kom í ljós að margir svarendur höfðu beitt maka sinn ofbeldi sem hefði getað haft alvarlegar afleiðingar. Alls höfðu 28% svarenda beitt maka sinn ofbeldi og 16% höfðu gert það árið fyrir könnunina. Lítill munur var á tíðni ofbeldis á svörum karla og kvenna. Höfundar benda samt á að ekki sé hægt að leggja að jöfnu ofbeldi sem karlar beiti og árásir kvenna á eiginmenn sína. Ofbeldið sem karlar beittu var frekar félagslegt vandamál en það ofbeldi sem konur beittu maka sína. Ofbeldi karlanna

var miklu hættulegra og leiddi fremur til áverka en ofbeldið sem konur beittu. Karlar eru að öllu jöfnu sterkari en konur og beita meira afli sem veldur meira líkamstjóni. Karlarnir endurtóku ofbeldið oftar en ofbeldi kvennanna var oftast einstakur atburður. Enn fremur leiða höfundar líkum að því að konurnar beiti ofbeldi í sjálfsvörn til þess að verjast líkamsárásum eiginmanna sinna. Nokkur hluti karlanna réðist á konurnar þegar þær voru ófrískar. Höfundar telja einnig að staða kvenna og karla í hjónabandi sé ójöfn og að konur séu háðari hjónabandinu eða sambúðinni en karlar og hafi færri valkosti.

Í rannsókn Christensen og Koch-Nielsen (1992) kom í ljós að 19% danskra kvenna hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi einhvern tíma á lífsleiðinni og um helmingur þeirra hafði orðið fyrir grófu ofbeldi. Í annarri rannsókn frá Danmörku er talið að um 60% kvenna sem lagðar eru inn á sjúkrahús vegna ofbeldisáverka hafi orðið fyrir ofbeldinu á heimili sínu (Justitsministeriet, 1992).

Faraldursfræðileg athugun á ofbeldisáverkum í Reykjavík sem byggð var á komum á slysadeild Borgarspítalans (Sjúkrahúss Reykjavíkur) á árunum 1974–1991 leiddi í ljós að 41% kvenna sem leituðu til slysadeildarinnar hafði orðið fyrir ofbeldisáverkum inni á heimili (Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen, 1994).

Rannsóknir sýna að því lengur sem fólk býr með maka sem beitir ofbeldi þeim mun líklegra er að það hljóti alvarlega áverka. Ofbeldið þróast yfirleitt á þann veg að það verður tíðara og alvarlegra og í sumum tilvikum lyktar því ekki nema með dauða annars aðilans. Árið 1989 létust t.d. 25 konur í Finnlandi vegna ofbeldis í fjölskyldunni (Ministry for foreign affairs, 1995). Upplýsingar frá Ástralíu og Kanada benda einnig til þess að mikill hluti manndrápa á konum sé framinn af einhverjum í fjölskyldu þeirra (United Nations, 1989). Í íslenskri rannsókn á manndrápsmálum frá 1920 til 1991 má sjá fjölda kvenna og karla sem hafa banað núverandi eða fyrrverandi maka sínum, unnusta eða unnustu. Af 49 ásetningsbrotum sem karlar höfðu framið voru 10 brotaþolar þáverandi eða fyrrverandi eiginkona eða unnusta geranda. Í þeim fimm tilvikum þar sem konur voru brotamenn voru brotaþolar eiginmaður, fyrrverandi eiginmaður, sambýlismaður, fyrrverandi sambýlismaður og unnusti (Guðjón Ólafur Jónsson, 1992).

4.2. Áhrif ofbeldis á andlegt heilbrigði þolenda.

Konur sem búið hafa við heimilisofbeldi kvarta meira yfir kvíða, þunglyndi og líkamlegri vanlíðan en konur almennt. Hættan á áfengis- og vímuefnamisnotkun er meiri hjá konum sem búa við ofbeldi og meiri líkur eru á því að þær reyni sjálfsvíg. Tölur frá Bandaríkjunum sýna að sjálfsvígstilraunir eru tólf sinnum algengari meðal kvenna sem beittar eru heimilisofbeldi en almennt gerist (Andrews, 1990; Samtök um Kvennaathvarf, 1991 og United Nations, 1989).

Rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi gegn konum leiðir oft og tíðum til þess að þær hætta að geta tekið sjálfstæðar og raunhæfar ákvarðanir (Christiansen, 1992). Margar konur sem beittar eru ofbeldi eru haldnar lamandi ótta sem stigmagnast vegna stöðugrar hræðslu við að ofbeldið verði endurtekið.

Í mörgum nýlegum rannsóknum á konum sem beittar eru ofbeldi af eiginmönnum sínum hefur komið fram að margar konur fá sjúkdómsgreininguna streituröskun eftir áfall (Post-Traumatic Stress Disorder skammstafað PTSD sbr. Alþjóðlega flokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála ICD 10). Þessi sjúkdómsgreining var í fyrstu notuð til þess að greina einkenni sem rekja mátti til þess álags sem þátttaka hermanna í stríðsátökum hafði á andlega heilsu þeirra. Aðrir hópar sem sýndu svipuð einkenni voru stríðsfangar og gíslar. Seinna var farið að greina streituröskun af völdum sálrænna áfalla hjá

þeim sem höfðu lent í lífsháska vegna náttúruhamfara. Rannsóknir á konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum eiginmanna sinna hafa leitt í ljós að konurnar fá oft hliðstæð einkenni og þeir sem lent hafa í lífsháska. Þess vegna var farið að nota streiturröskun eftir áföll til þess að meta afleiðingar ofbeldis í fjölskyldum á andlegt heilbrigði kvenna.

Helstu einkenni streiturröskunar eftir áfall eru (Wade og Tavris, 1996):

— endurupplifun reynslunnar í hugsunum eða draumum,
— sálrænt minnisleysi/óminni eða dofi sem veldur einangrun frá öðrum eða vanhæfni til að upplifa hamingju, nálægð við annan einstakling eða kynlöngun,
— ýkt árvekni/viðbrigðni, einbeitingarerfiðleikar og svefntruflanir,
— sektarkennd.

Öll þessi einkenni eru vel þekkt úr rannsóknum á konum sem hafa þolað ofbeldi á heimilum sínum. Walker (1984) flokkar einkenni slíkra ofbeldisþola meðal kvenna (the battered woman's syndrome) sem undirflokk streiturröskunar eftir áföll. Hún lýsir þessum undirflokki sem safni hugsana, tilfinninga og aðgerða sem á rökrænan hátt koma í kjölfar mikillar hræðslu vegna atburðar sem búast má við að verði endurtekinn.

4.3. Áhrif ofbeldis á börn.

Börn bera þess oft merki að búa í fjölskyldum þar sem ofbeldi er beitt. Oft vita þau meira um ofbeldið en foreldrarnir gera sér grein fyrir. Þessi börn eiga á hættu að verða sjálf fyrir meiðslum hvort sem ofbeldinu er beint að þeim eða tilviljun ræður því að þau verði fyrir því. Slíkt getur gerst þegar börnin reyna að koma í veg fyrir ofbeldið. Í rannsókn Christensen (1988) á 35 börnum á aldrinum 4–6 ára er dvöldu með móður sinni í Danner-kvennaathvarfinu í Kaupmannahöfn kom í ljós að níu börn höfðu orðið fyrir ofbeldi sem ætlað var móðurinni og átta börn til viðbótar verið beitt líkamlegu ofbeldi. Í tveimur tilvikum var það móðir barnanna sem beitti þau ofbeldinu. Í annarri rannsókn kom í ljós að 6% mæðra sem sjálfar voru beittar ofbeldi áttu börn sem beitt höfðu verið ofbeldi en einungis 1% þeirra mæðra sem ekki sættu ofbeldi (Stark og Flitcraft, 1985).

Eins og rakið var hér að framan benda sumar rannsóknir til þess að börn foreldra sem beita ofbeldi séu líklegri til að lenda í ofbeldissamböndum þegar þau fullorðnast (Strauss og Gelles, 1980). Áhrif ofbeldis í uppvexti koma ekki fram fyrr en á fullorðinsárum. Þá er talið að ofbeldi innan fjölskyldunnar á æskuárum barnsins tengist að einhverju leyti ofbeldishegðun utan heimilisins síðar meir (United Nations, 1989 og Pagelow, 1984).

4.4. Áhrif heimilisofbeldis á þolendur.

Nokkrar spurningar í rannsókninni voru um helstu afleiðingar þess ofbeldis sem maki hefur beitt. Í ljósi þess hversu víðtækar afleiðingar líkamlegs ofbeldis geta verið var gefinn kostur á að svara fleiri en einu atriði. Eitt svar útilokaði því ekki annað. Eingöngu var spurt um áhrif á andlega heilsu.

Rétt er að vekja athygli á því að mislangur tími hefur liðið frá því að konurnar urðu fyrir ofbeldi. Svörin geta því annars vegar vísað til skammtímaáhrifa, þ.e. hvernig konunum leið fyrst á eftir ofbeldisverknaðinn, og hins vegar til langtímaáhrifa, þ.e. langvarandi áhrifa sem konurnar finna jafnvel enn til þegar þær svara spurningalistanum. Þessum hluta rannsóknarinnar svaraði 121 kona eða 13,8% allra kvenna sem tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður má sjá á mynd 1.



Mynd 1.
Þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi og áhrif þess á þær.

Á mynd 1 má sjá að langalgengustu viðbrögðin voru tortryggni í garð annarra og greindu 85% kvennanna frá því að þær væru varkárari og meðvitaðri eftir þessa reynslu. Um 40% kvennanna sögðust fá kvíðaköst og eiga erfitt með að tengjast öðrum tilfinningaböndum. Þessar niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsóknir sem hafa sýnt að konur sem beittar hafa verið ofbeldi eru yfirleitt kvíðnari og þeim líður almennt verr en öðrum konum (United Nations,1989). Þá sögðust um 38% kvennanna vera reiðar. Um 33% þeirra sögðu að sjálfstraustið hefði minnkað, um 28% skömmuðust sín fyrir það sem hafði gerst og um 25% sögðust hafa sektartilfinningu. Tæplega þriðjungur kvennanna skýrði frá því að þær hefðu átt í vandræðum með svefn og næstum jafnmargar sögðust hafa verið hræddar um börnin sín. Niðurstöðurnar sýna ótvírætt að afleiðingar ofbeldis eru margþættar, oftast finna konurnar fyrir margs konar andlegri vanlíðan.

Til að meta hvort einhver af ofangreindum atriðum verkuðu saman var beitt þáttagreiningu á þær breytur sem lýsa afleiðingum ofbeldis. Þáttagreining felur ekki í sér að tilfinningar kvennanna í kjölfar ofbeldisins sem raðast saman á einn þátt séu nauðsynlega sama eðlis, heldur að þær konur sem hafa upplifað tiltekin einkenni eru líklegri til að hafa upplifað önnur einkenni innan þess þáttar. Í töflu 2 er að finna niðurstöður þáttagreiningarinnar.

Tafla 2.

Þáttagreining á áhrifum ofbeldis

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3
Andleg langtímaáhrif			
Skammast mín	0,81		
Sektartilfinning	0,78		
Sjálfstraustið minna	0,72		
Kvíðaköst	0,60		
Andleg skammtímaáhrif			
Reið		0,78	
Þunglynd		0,77	
Óttaslegin		0,77	
Hrædd um börnin		0,63	
Vandræði með svefn		0,62	
Öryggisleysi			
Varkárari en áður			0,83
Erfitt að tengjast tilfinningaböndum			0,49

Niðurstöður þáttagreiningarinar eru að atriðin sem spurt var um flokkuðust í þrjá þætti. Fyrsti þátturinn felur í sér andleg áhrif til lengri tíma. Þessar niðurstöður benda til að þær konur sem beittar eru ofbeldi þjáist af sektarkennd, þær skammist sín, og í kjölfar þess minnkar sjálfstraustið. Það kemur heim og saman við niðurstöður erlendra rannsókna sem greint var frá hér að framan (Walker, 1984). Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt að ofbeldi gegn konum leiðir oft og tíðum til þess að þær fá kvíðaköst, sjálfstraustið minnkar og þær hætta að geta tekið sjálfstæðar og raunhæfar ákvarðanir (Christiansen 1992). Margar konur sem beittar eru ofbeldi eru haldnar lamandi ótta sem stigmagnast vegna stöðugrar hræðslu við að ofbeldið verði endurtekið.

Annar þátturinn vísar til skammvinnri andlegra áhrifa. Reiði og ótti, hvort sem konurnar eru hræddar um sig sjálfar eða börnin sín, eru dæmi um fyrstu afleiðingar ofbeldis. Svefntruflanir koma oft í kjölfar áfalla, en þær geta líka tengst þunglyndi og depurð. Þegar þessi áhrif eru langvinn má segja að þau verði sjúkleg og geti þá flokkast sem streituröskun af völdum sálrænna áfalla.

Þriðji þátturinn er öryggisleysis þess sem hefur verið beittur ofbeldinu. Reynslan setur mark á þær konur. Þær verða varkárari og eiga í erfiðleikum með og jafnvel varast að tengjast öðrum tilfinningaböndum.

Til að varpa ljósi á það hvernig konurnar reyna að takast á við reynslu sína af ofbeldi var spurt hvort þær hefðu notað til þess lyf, áfengi eða ólögleg fíkniefni. Sjálfshjálp er oft fólgin í því að nota áfengi til þess að deyfa einkenni. Á mynd 1 má sjá hlutfall þeirra kvenna sem hafa notað lyf, áfengi eða önnur fíkniefni til að takast á við reynslu sína.



Mynd 1.
Hlutfall kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi og höfðu notað lyf, áfengi eða fíkniefni til að takast á við reynslu sína.

Alls höfðu tæp 23% kvennanna notað áfengi í því skyni að jafna sig eftir ofbeldi og tæp 20% þeirra höfðu tekið inn lyf í sama tilgangi. Athyglisvert er að algengara var að þær sem notuðu eitthvað af þessu hefðu gert það oftar en einu sinni. Um 14% kvenna skýrðu frá því að þær hefðu notað áfengi oftar en einu sinni gagngert til að hjálpa sér til að takast á við afleiðingar af ofbeldi og um 9% sögðust hafa gert það einu sinni. Álíka hátt hlutfall kvennanna sagðist hafa notað lyf til að takast á við þessa reynslu. Um 3% kvennanna sögðust hafa notað fíkniefni og þær sem höfðu notað fíkniefni höfðu nær allar gert það oftar en einu sinni. Sérstaklega athyglisvert er að jafnalgengt er að konur noti áfengi og lyf.

Lyfin eru væntanlega notuð að læknisráði en áfengisnotkunin bendir til þess að sumar kvennanna hafi ekki fengið hjálp frá utanaðkomandi aðilum. Með því að grípa til áfengis reyna þær að kljást við vandamálin upp á eigin spýtur. Þetta bendir til einangrunar sem gæti orsakast af skömm og sektarkennd sem eins og fram hefur komið eru algengar afleiðingar ofbeldis. Áframhaldandi áfengisneysla í því skyni að lækna alvarleg sálræn einkenni er ekki líkleg til að leysa vandann heldur má búast við að hún auki á hann. Þessar konur eiga á hættu að slík áfengisneysla þróist í áfengismisnotkun.

Mikil skörun er á milli þeirra hópa sem nota áfengi, lyf eða ólögleg fíkniefni. Um þriðjungur þeirra kvenna sem hefur notað eitthvert þessara hefur notað þau öll. Þarna er

því um að ræða ákveðinn hóp kvenna sem er í áhættuhópi hvað varðar áframhaldandi blandaða misnotkun vímuefna.

4.5. Leitað aðstoðar.

Mikilvægt er að vita hvort konur sem beittar eru ofbeldi leita eftir einhverri aðstoð, í hvaða mæli og hvert. Slíkar upplýsingar geta gefið vísbendingu um hvernig hægt er að koma þessum konum til aðstoðar. Í rannsókninni var því spurt hvort þær konur sem hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi hefðu leitað til einhverra varðandi aðstoð. Fyrstu rannsóknir sem gerðar voru á ofbeldi eiginmanna/sambýlismanna gegn konum sínum sýndu að margar konur höfðu reynt að fela ofbeldið. Þær litu á það sem smán og leituðu þess vegna hvorki til fjölskyldu eða vina né hins opinbera hjálparkerfis en fram kom í rannsóknum að þessi bæling varð enn frekar til þess að konurnar einangruðust og gátu ekki komist burt frá ofbeldinu.

Í rannsókninni var ekki einungis spurt hvort konurnar hefðu leitað eftir aðstoð heldur einnig hversu ánægðar þær væru með þá aðstoð sem þær fengu. Einnig var kannað hvers vegna þær sem það átti við um leituðu ekki eftir neinni aðstoð. Á mynd 2 má sjá niðurstöður rannsóknarinnar.



Mynd 2. Hlutfall kvenna sem leitað hafa aðstoðar vegna heimilisofbeldis og ánægja þeirra með aðstoðina sem þær fengu.

Langalgengast er að konur leiti til þeirra sem standa þeim næst, fjölskyldu og vina. Oftast leituðu konurnar til eigin fjölskyldu, um 71% kvennanna sem höfðu verið beittar ofbeldi. Aðeins færri konur leituðu til vina sinna eða 64%. Þrátt fyrir að langflestar kvennanna séu ánægðar með aðstoð fjölskyldu og sérstaklega hjálp vinanna er tæpur þriðjungur kvennanna ekki ánægður með stuðninginn. Miklu færri konur leituðu aðstoðar hjá fjölskyldu ofbeldismannsins en eigin fjölskyldu eða tæpur þriðjungur. Færri konur voru ánægðar með aðstoð tengdafjölskyldu en stuðning eigin fjölskyldu. Í rannsókninni var einnig spurt um hvort viðkomandi þekkti einhvern persónulega sem hefur orðið fyrir ofbeldi af völdum sambýlis eða eiginmanns, 40% svarenda sögðust þekkja einn eða fleiri. Skýring á því hversu hátt hlutfall þetta er miðað við þá sem segjast hafa sjálfir verið beittir ofbeldi gæti verið að þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi leita til fjölskyldu og fjölskyldan og vinir vita hvað hefur gerst.

Tæp 29% leituðu til lögreglu og rétt rúmur helmingur þeirra var ánægður með þá aðstoð. Þessa niðurstöðu er hægt að túlka á þann veg að ekki minna en 29% af því ofbeldi sem konur eru beittar á heimilum sínum komi til kasta lögreglunnar. Til viðbótar koma afskipti lögreglu sem eru fyrir tilstilli nágranna eða annarra utanaðkomandi aðila.

Rúmlega fjórðungur kvennanna leituðu til sálfræðings eða heimilislæknis. Heldur færri konur fóru til geðlæknis og álíka margar leituðu eftir stuðningi prests. Um 75% voru ánægðar með þjónustu heilbrigðisstétta og aðeins færri eða 57% ánægðar með stuðning prestsins.

Alls höfðu 17% kvennanna leitað til slysavarðstofu vegna líkamlegra áverka. Í þessum hópi er trúlega að finna þær konur sem eru alvarlegast slasaðar og mest meiddar. Tæplega 79% þessara kvenna voru ánægðar með þjónustu slysavarðstofunnar.

Af þeim konum sem hafa verið beittar ofbeldi hafa einungis 14% leitað til Kvennaathvarfsins. Það rennir stoðum undir þá fullyrðingu að einungis brot af þeim konum sem beittar eru ofbeldi leiti til Kvennaathvarfsins. Rétt er þó að benda á að hér er ekki tekið inn í hversu alvarlegt ofbeldið er né hversu oft því hefur verið beitt. Leiða má líkum að því að konur sem oft hafa verið beittar miklu ofbeldi leiti frekar til Kvennaathvarfsins en þær sem hafa upplifað það einu sinni.

Athygli vekur að af þeim 14% kvenna sem leita til lögfræðings vegna ofbeldis maka er aðeins helmingur ánægður með veitta aðstoð.

Hér kemur fram að konur leita afar sjaldan til Félagsmálastofnunar vegna ofbeldis og aðeins helmingur kvenna sem það gera er ánægður með stuðning hennar. Þetta bendir til þess að fæsta þolendur heimilisofbeldis sé að finna í skjólstæðingahópi félagsmálastofnunar. Örlítið brot kvennanna hafði leitað til Kvennaráðgjafarinnar og voru allar ánægðar með þjónustu hennar.

Niðurstöðurnar úr rannsókninni sýna að konur sem beittar eru ofbeldi leita til margra og mismunandi aðila. Þess vegna er ekki hægt að álykta um tíðni heimilisofbeldis út frá gögnum lögreglu, sjúkrahússkýrslum eða skýrslum Kvennaathvarfs eða annarra stofnana.

Það er athyglisvert að einungis 12 konur sögðust ekki hafa leitað aðstoðar neins. Ástæðurnar sögðu þær einkum vera að þær vildu ekki binda endi á sambandið eða að þær hafi ekki þurft á hjálp að halda. Örfáar konur sögðust ekki hafa vitað hvert þær ættu að leita eða að það hafi ekki verið nein þjónusta fyrir hendi. Þessa niðurstöðu er hægt að túlka á tvennan hátt. Annars vegar að það sé orðum aukið að konur vilji ekki tjá sig um ofbeldið þar sem þær skammist sín fyrir það. Hins vegar getur skýringin verið sú að það ofbeldi sem konur eru beittar hér á landi komi ekki allt fram í þessari rannsókn. Ef kon-

urnar hafa aldrei talað við neinn um ofbeldið eða leitað neinnar aðstoðar er ekki víst að þær vilji viðurkenna það í rannsókn sem þessari. Telja verður líklegt að það sé ákveðinn hópur kvenna sem viðurkennir ekki ofbeldið eða vill ekki tjá sig um það og rannsóknin nái því ekki til þess hóps.

Eins og fram hefur komið sýna niðurstöður úr rannsókninni að konur sem beittar eru ofbeldi leita aðstoðar og stuðnings bæði hjá hinu óformlega og hinu formlega hjálparkerfi samfélagsins. Þetta er eðlilegt þar sem þær þurfa ekki allar sams konar hjálp. Rúnar Vilhjálmsson, (1990, 1993) hefur greint fjóra þætti félagslegs stuðnings í andlegan stuðning, ráðgjöf, verklega hjálp og efnisaðstoð. Þótt líklegast sé að andlegur stuðningur sé sóttur til fjölskyldu og vina getur hann líka verið að finna meðal fagfólks. Fyrir þolanda ofbeldis, sérstaklega ofbeldis sem konur eru beittar af eiginmönnum eða sambýlismönnum, er viðurkenning á ofbeldinu oftast mjög mikilvæg. Fagfólk er ekki síður líklegt en vinir og ættingjar til þess að telja ofbeldi í fjölskyldum lögbrot og félagslegt vandamál. Hinu má heldur ekki gleyma að í fjölskyldum er oft að fá verklega hjálp og efnisaðstoð. Stundum kemur slíkur stuðningur til viðbótar stuðningi hins opinbera hjálparkerfis en líklegt er að slík aðstoð sé oftast nægileg og þá sé ekki leitað til hins opinbera velferðarkerfis nema í undantekningartilvikum.

Rannsóknin staðfestir að margir aðilar og stofnanir fást við ofbeldi í fjölskyldum. Almennt séð eru konurnar nokkuð ánægðar með þá hjálp sem þær fá. Mest er ánægjan með aðstoð Kvennaráðgjafar, Kvennaathvarfs og slysavarðstofu og stuðning vinanna. Bæði óformleg og formleg aðstoð sem nú er veitt virðist því nýtast vel mörgum konum sem beittar eru ofbeldi af mökum sínum. Konurnar voru síst ánægðar með aðstoð lögreglu, lögfræðinga og félagsmálastofnunar.

Vegna þess hve hið óformlega stuðningskerfi fjölskyldna og vina á mikinn þátt í að styðja við bakið á konum sem beittar hafa verið ofbeldi er mikilvægt að fræðsla um ofbeldi gegn konum nái til almennings. Fyrstu viðbrögð fjölskyldu og vina geta haft mikil áhrif á hvernig mál þróast. Félagslegt aðhald getur stöðvað ofbeldi og skilningur almennings á heimilisofbeldi sem sérstöku vandamáli getur því skipt höfuðmáli um áframhaldandi þróun þess.

5. LOKAORÐ

Rannsóknir á tíðni heimilisofbeldis hafa verið gerðar í ýmsum löndum en vegna mismunandi rannsóknaraðferða er erfitt að bera saman ólíkar rannsóknir milli landa. Þrátt fyrir það sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að heimilisofbeldi er sjaldgæfara en í ýmsum öðrum löndum, t.a.m í Bandaríkjunum. Umfang þess virðist vera svipað og í Danmörku en rannsóknir á tíðni heimilisofbeldis hafa ekki verið framkvæmdar annars staðar á Norðurlöndunum. Rannsóknin sem framkvæmd var hér á landi hefur ákveðna sérstöðu þar sem hún náði til allrar þjóðarinnar en flestar erlendar rannsóknir og sérstaklegar bandarískar eru oft gerðar meðal tiltekinna þjóðfélagshópa (Wilt og Olsen, 1996). Út frá slíkum rannsóknum er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður og enn síður hægt að heimfæra þær á milli landa.

Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta eldri rannsóknir sem hafa sýnt að ofbeldi gegn konum er á margan hátt ólíkt ofbeldi gegn körlum. Ofbeldi gegn körlum er oftast framið af ókunnugum en ofbeldi gegn konum af einhverjum sem þær þekkja. Niðurstöðurnar sýna að þegar um er að ræða ofbeldi milli hjóna eða sambýlisfólks er ofbeldið oft endurtekið.

Þegar spurt var um það ofbeldi sem viðkomandi hafi verið beittur síðastliðna 12 mánuði má sjá hversu umfangsmikið vandamálið er á hverjum tíma. Ef tölurnar eru umreiknaðar og þeim beitt á fjölda kvenna á aldrinum 18 til 65 ára hafa tæplega 350 konur verið beittar ofbeldi einu sinni á síðasta ári af völdum núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns. Enn stærri hópur kvenna, um 750 konur, hafa mátt þola ofbeldi af völdum eiginmanns oftar en einu sinni og bendir það til þess að þær búi við ofbeldi. Könnunin svarar því ekki hversu oft var um einstakan ofbeldisverknað að ræða eða hvort ofbeldið var upphafið að lengra ofbeldisferli. Samtals hafa á bilinu 1000 til 1100 konur mátt þola ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns á síðasta ári. Hins vegar hafa um 650 karlar verið beittir ofbeldi af núverandi eða fyrrverandi maka. Af þessu má sjá að heimilisofbeldi er til staðar á heimilum hér á landi og í sumum tilfellum á það sér stað með reglulegu millibili.

Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum að þegar spurt er um hvort menn hafi verið beittir ofbeldi yfir æviskeiðið verða niðurstöður mun óáreiðanlegri en þegar spurt er um síðustu 12 mánuði. Samanburður á rannsóknum sem gerðar hafa verið á heimilisofbeldi í Bandaríkjunum sýndi að allt frá 9% til 30% kvenna sögðust hafa verið beittar ofbeldi. Höfundar þeirra rannsókna benda á að munur milli mismunandi rannsókna sé miklu minni þegar spurt er um síðustu 12 mánuði en um æviskeiðið. Í ljósi þess að þær niðurstöður eru ábyggilegri hefur verið lögð á það áhersla í þessari rannsókn að skoða það ofbeldi sem konur hafa verið beittar síðustu 12 mánuði (Wilt og Olsen, 1996).

Eins og eldri rannsóknir sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að engar einfaldar skýringar eru á heimilisofbeldi. Fjárhags- og félagslegt öryggisleysi, barnsburðarhlutverkið og yfirráð eru þættir sem skýra að einhverju leyti ofbeldi gagnvart konum. Sýnt er þó að skýringar ofbeldis er ekki að finna í einstaklingsbundnum einkennum eða félagslegum aðstæðum þeirra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi. Ofbeldi gegn konum stafar ekki af einhverri einni orsök heldur verður það einungis skýrt út frá mörgum mismunandi orsakaþáttum. Hafa verður í huga að engin ein skýring er algild. Niðurstöðurnar sýna ekki að einstakir hópar í þjóðfélaginu verði frekar fyrir ofbeldi en aðrir. Niðurstöðurnar sýna ótvírætt að afleiðingar ofbeldis eru margþættar og oftast finna þær konur er fyrir ofbeldinu verða fyrir margs konar andlegri vanlíðan. Í rannsókninni eru greindar þrenns konar meginafleiðingar en það eru skammtímaafleiðingar, langtímaafleiðingar og öryggisleysi. Það kom á óvart að flestar konurnar höfðu leitað sér einhverrar aðstoðar. Stuðningskerfið sem konur njóta er einkum frá eigin fjölskyldu sem gæti skýrt hversu margir segjast þekkja konur sem hafa verið beittar ofbeldi.

Ofbeldi er alvarlegt vandamál eins og niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta. Leggja verður áherslu á að forvarnir og fræðsla nái til allra þar sem ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að ofbeldi fyrirfinnst í öllum hópum. Enn fremur vegna þess að þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi leita til fjölskyldu sinnar og sinna nánustu um ráð og stuðning. Forvarnir og fræðsla verða ekki markviss nema byggt sé á þekkingu og því var talið nauðsynlegt að gera rannsókn á heimilisofbeldi á Íslandi. Með því að afla aukinnar þekkingar á ofbeldi á heimilum með íslenskum rannsóknum eins og þeirri sem hér hefur verið greint frá er þess vænst að hægt sé að bæta forsendur fyrir aðgerðum, hafa áhrif á viðhorf og umræðu í þjóðfélaginu.

6. HEIMILDIR

Alberoni, Francesco (1987). Forelsking og kjærleik. Oslo: Det Norske samlaget.

Andrews, Arlene. (1990). Crisis and Recovery Services for Family Violence Survivors. Í Roberts R., Albert (ritstj). Helping Crime Victims: Research, Policy and Practice.Newbury Park: Sage Publications.

Björn Zoëga, Helgi Sigvaldason og Brynjólfur Mogensen (1994). Ofbeldisáverkar: Faraldsfræðileg athugun í Reykjavík 1974–1991. Læknablaðið, 80, 531–535.

Christensen, Else (1988). Opvækst eller overlevelse: Psykisk forsvar mod vold og strategier for overlevelse hos 4–6 årige børn i familier med hustrumishandling. Kaupmannahöfn: Socialstyrelsens Informations- og Konsulentvirksomhed.

Christensen, Else og Koch-Nielsen, Inger (1992). Vold ude og hjemme: En undersøgelse af fysisk vold mod kvinder og mænd. København: Social Forsknings Instituttet.

Dekeseredy, Walter S. og Hinch, Ronald (1991). Woman abuse: Sociological perspectives. New York: Thompson Educational Publishers.

Dobash, R. Emerson og Russell, Dobash (1979). Violence against wives. A case against patriarchy. New York: The Free Press.

Gelles, Richard J. (1972). The violent home. Beverly Hills: Sage.

— (1979). Family violence. Beverly Hills: Sage.

Gelles, Richard J. og Srauss, Maurray A. (1988). Intimate violence: The causes and consequences of abuse in the American family. New York: Simon og Shuster.

Goode, Erich. (1994). Diviant Behavior. 4. útg. New York: Prentice Hall Inc.

Guðjón Ólafur Jónsson, (1992). Manndráp: Verknaður, brotamenn og brotaþolar. Óútgefin B.A. ritgerð: Háskóli Íslands, Lagadeild.

Helgi Gunnlaugsson (1994). Ofbeldi á íslandi: Eðli, orsakir og úrbætur. Barnaheill, 5, 20–22.

Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. Geðvernd, 17, 7–31.

Hildigunnur Ólafsdóttir (1989). Nauðgunarmál. Um afbrotið nauðgun, kærða, konur og málsmeðferð. Í skýrslu nauðgunarmálarefndar. Reykjavík: Dómsmálaráðuneytið.

Isdal, Per (1990). Vold og kjærlighet — menn som mishandler kvinner. Í T. Anstorp og E. Axelsen (ritstj.), Menn i forandring. En tydeliggjøring av problemer og utviklingsmuligheter. Tano.

Jonassen, Wenche (1989). Kvinner hjelper kvinner. En evaluering av krisesentrene. (NIBR-rapport). Oslo.

Justitsministeriet (1992). Rapport om vold mod kvinder i Danmark: Kaupmannahöfn: Justitsministeriet.

Lárus Helgason (1977). Psychiatric services and mental illness in Iceland: Incidence study (1966–1967) with 6–7 years follow-up. Acta Psychiatrica Scandinavica Supplementum 268. Copenhagen: Munksgaard.

Leonard, Kenneth E. og Blane, Howard T. (1992). Alcohol and marital aggression in a national sample of young men. Journal of Interpersonal Violence, 7, (1)

Matza, David og Sykes, Gresham (1957). Techniques of neutralization. American Sociological Review, 22, 664–670.

Meier, Joan S. (1994). Notes from the underground: Integrating psychological and legal perspectives on domestic violence in theory and practice. Hofstra L. Rev., 21, 1295–1298.

Ministry for foreign affairs (1995). Implementation of the Nairobi strategies. The national report by Finland. Helsinki: Publication of ministry for foreign affairs.

O'Brien, John E. (1975). Violence in divorce-prone families. Í Steinmetz, Suzanne K. og Straus, Murray A. (ritstj). Violence in the Family. New York: Dodd, Mead.

Pagelow, Mildred D. (1984). Family violence. New York: Praeger.

Pizzey, Erin (1974). Scream quietly or the neighbors will hear. London: Penguin book limited.

Rossi, P., Waite, E., Bose, C. E., Berk, R. E. og Johns, H. (1974). The seriousness of crimes: Normative struture and individual differences. American Journal of Sociology, 39, 224–237.

Rúnar Vilhjámsson (1993). Eðli samhjálpar. Tímarit Háskóla Íslands 6, 5–12.

— (1989). Um rannsóknir á eðli og þýðingu samhjálpar. Íslensk félagsrit, 1, 7–32.

Samtök um kvennaathvarf (1991). Ofbeldi gegn eiginkonum: hvað — hvernig — hvers vegna? Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.

— (1995). Samtök um kvennaathvarf: Ársskýrslur 1992 og 1993. Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.

Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.), Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson (1995). Barnafjölskyldur: samfélag — lífsgildi — mótun. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Skjørten, Kristin (1988). Når makt blir vold: En analyse av seksualisert vold i parforhold. Oslo: Institutt for kriminologi og strafferett.
— (1993) Voldbilder i hverdagen — om menns forståelser av kvinnemishandling. Oslo: Institutt for kriminologi.
Smearman, Claire A. (í prentun). At the crossroads: Domestic violence and legal reform in Iceland. Úlfljótur.
Stacey, William A. og Shupe, Anson (1983). The Family secret: domestic violence in America. Boston: Beacon Press.
Stacey, William A., Lonnie R. Hazlewood og Shupe, Anson (1994). The violent couple. Westport: Preager.
Stark, E., Flitcraft, A. og Frazier, W. (1979). Medicine and patriarchal wisdom: The social construction of a private event. International Journal of Health Services, 9, 461–493.
Stark, E. og Flitcraft, A (1985). Woman-battering, child abuse and social heredity: What is the relationship. Í N. Johnson (ritstj.), Marital Violence. London: Routledge and Kegan Paul.
Statistics Canada (1993). Violence Against Women Survey. Ottawa: Statistics Canada.
Steinmetz, Susan K. (1977). Wife beating, husband beating a comparison of the use of physical violence between spouses to resolve marital fights. Í M. Roy (ritstj.), Battered Women. (útgáfustað vantar): Von Nostrand Reinhold.
Straus, Murray A., Gelles, R. J. og Steinmetz, S. K. (1980). Behind closed doors. Violence in the American family. New York: Anchor Books.
Straus, Murray A. og Gelles, R. J. (1986). Societal change and change in family violence from 1975 to 1985 as revealed by two national surveys. Journal of Marriage and the Family, 48, 465–479.
Tómas Helgason og Hildigunnur Ólafsdóttir (1988). Norræn áfengisneyslurannsókn 1979. Læknablaðið, 4, 145–153.
United Nations Office at Vienna, Centre for Social Development and Humanitarian Affairs (1989). Violence Against Women in the Family (skýrsla). New York: United Nations.
United Nations (1996). Samningur um afnám allrar mismunar gegn konum. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson (1989). Á vit óvissunnar. Samfélagstíðindi, 9, 95–112.
Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson (1991). Hinn þögli minni hluti. Samfélagstíðindi, 11, 68–80.
Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg (1996). Ofbeldi meðal unglinga. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
Wade, Carol og Tavris, Carol (1996). Psychology. New York: Harper and Row.
Walker, Leonore (1984). The battered woman syndrom. New York: Springer.
Wilt, Susan og Olson, Sarah (1996). Prevalence of domestic violence in the United States. Journal of the American Medical Womens Association, 51, 77–82.

613. Frumvarp til laga [341. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Kristján Pálsson, Einar Oddur Kristjánsson.

1. gr.

Við 3. málsl. 5. mgr. 12. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 87/1994, bætist: á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 5. mgr. 12. gr. laganna er ákvæði sem segir að veiði skip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð falli veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og hlutdeild annarra skipa hækki sem því nemur. Þó er gert ráð fyrir því að 50% viðmiðunarhlutfallið lækki um 5% fyrir hverja 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelginnar á fiskveiðiárinu. Þessi 5% regla kom inn í lögin árið 1994 og var ætlað að vera hvatning fyrir útgerðarmenn til að afla sér veiðireynslu á úthafinu. Nú þegar samið hefur verið um veiðar á tilteknum svæðum utan lögsögunnar er óeðlilegt og andstætt tilgangi laganna að skip sem fá úthlutað aflaheimildum á þeim svæðum geti jafnframt nýtt sér þessa lækkunarheimild. Því er hér lögð til sú breyting á þessu ákvæði að 5% lækkunin eigi einungis við um þær úthafsveiðar sem ekki hefur verið samið um.

614. Tillaga til þingsályktunar [342. mál]

um þjónustu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Lúðvík Bergvinsson,
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að efla þjónustu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, meðal annars með því að rýmka afgreiðslutíma safnsins og auka þannig möguleika háskólastúdenta, fræðimanna og annarra notenda á að hagnýta sér hin einstæðu gögn og aðstöðu stofnunarinnar.

Greinargerð.

Öflugt þjóðbókasafn er einn af hornsteinum öflugrar menntunar. Enginn sem nasasjón hefur af akademísku námi gengur þess dulinn að ríkulegur aðgangur að sérhæfðu bókasafni er í senn forsenda þess að fræðimenn nái árangri í rannsóknum og að námsmenn á háskólastigi nái að þróa með sér sjálfstæð vinnubrögð og sköpunarþrótt. Bygging Þjóðarbókhlöðu var því stórvirki sem markaði ekki aðeins tímamót í sögu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns heldur einnig í sögu menntunar og rannsókna á Íslandi.

Upphaf hennar má rekja allt aftur til ársins 1957 þegar Alþingi ályktaði að sameina bæri söfnin tvö. Níu árum síðar mælti nefnd, sem átti að fylgja málinu eftir, með því að byggt yrði sérstakt bókasafnshús í nágrenni Háskólans. Árið 1970 ályktaði Alþingi að í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 skyldi reist Þjóðarbókhlaða. Fjármagns til byggingarinnar var aflað með sérstökum lögum sem Alþingi setti árið 1989. Bygging bókhlöðunnar gekk þó vonum seinna og mætti á köflum bágum skilningi ríkisstjórna, sem seildust stundum furðu djarft í hina mörkuðu tekjustofna safnsins. Þegar hillti undir að bókhlaðan yrði tekin í notkun lagði fyrri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fram frumvarp, sem varð að lögum á vormánuðum ársins 1994, þar sem Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafnið voru sameinuð í eina sjálfstæða háskólastofnun í hinni nýju og glæsilegu byggingu.

Samkvæmt lögunum lýtur stofnunin sérstakri stjórn en heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra þannig að hin endanlega ábyrgð á rekstri Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hvílir á herðum hans.

Markmið Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Lögin, nr. 71 frá 11. maí 1994, gefa jafnt háskólastúdentum sem fræðimönnum innan og utan Háskólans tilefni til mikilla væntinga um starfsemi hins nýja bókasafns. Þau kveða á um að safnið skuli í senn vera þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Í þeim ákvæðum laganna sem lúta að tilgangi safnsins er hlutverkum þess lýst í átján töluliðum og skulu meðal annars vera:

— að viða að sér gögnum í prentuðu formi eða á öðrum miðlum og búa þau í hendur notendum,
— að varðveita handritasöfn þau sem stofnað hefur verið til og vinna að frekari söfnun handrita,
— að gefa safngestum kost á vinnuaðstöðu og greiðum aðgangi að safngögnum,
— að halda uppi fjölþættri upplýsingaþjónustu,
— að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands,
— að veita bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna.

Tæknilega er hin nýja bygging frábærlega vel úr garði gerð og hin nýja háskólastofnun á af þeim sökum að vera fyllilega fær um að standa undir þeim væntingum sem henni tengjast hvort heldur er varðandi nám eða fræðistörf.

Aðstaða til fræðimennsku.

Aðstaða til fræðirannsókna er einstök innan hinnar nýju stofnunar. Hvergi í heiminum eru dregin saman jafn ríkuleg gögn um íslenska menningu síðustu alda og í fórum hennar. Í handritadeild safnsins er að finna tugi þúsunda handrita, skráðra og óskráðra. Fátt er að vísu skinnbóka, enda slík handrit aðallega varðveitt í stofnunum Árna Magnússonar hér heima og í Kaupmannahöfn. Þó er á annað hundrað skinnblaða geymt í safninu, sum að líkindum elsta ritað mál sem varðveist hefur hér á landi og gætu verið frá því um 1100. Obbi rita handritadeildarinnar eru hins vegar íslensk pappírshandrit frá síðustu öldum. Hin elstu eru frá lokum 16. aldar en fjöldi þeirra eykst eftir því sem nær dregur nútímanum, margfaldast á 18. öld og enn frekar á 19. öldinni.

Á þjóðdeild safnsins er svo að finna langstærsta safn prentaðra rita sem gefin hafa verið út á íslensku og þar er hægt að skoða langflestar bækur og ritlinga sem hér hafa verið gefin út. Stór hluti menningarlegrar arfleifðar síðustu alda er því varðveittur í þessum deildum hins nýja safns. Sérstakir lestrarsalir vel búnir tækjum og tölvum standa opnir öllum fræðimönnum og háskólastúdentum sem vilja notfæra sér þessi viðamiklu gögn. Kórónan á aðstöðunni er svo einstaklega þjónustulundað og velmenntað starfsfólk sem á ósmáan þátt í að skapa ákjósanlegt vinnuumhverfi. Í hnotskurn má því fullyrða að þessi rannsóknaraðstaða eigi sér ekki hliðstæðu annars staðar og gefi í tæknilegum efnum engu eftir samsvarandi stofnunum í nýjustu háskólum erlendis.

Námsaðstaða háskólastúdenta.

Það má fullyrða að bókhlaðan er ómetanleg stoð fyrir námsmenn á háskólastigi eins og aðsókn þeirra að safninu ber órækan vott um. Hinum einstöku heimildum og aðstöðu í tengslum við þjóðleg fræði er þegar búið að lýsa. Á öðrum sviðum vísinda á safnið

heldur engan sinn líka hér á landi. Í því er að finna alls um 800 þúsund bókatitla og einnig berast því um 2.800 titlar tímarita um vísindaleg efni á hverju ári. Mestallur bókakostur safnsins, auk nokkurra minni safna óskyldra stofnana, er jafnframt skráður í Gegni, tölvuvæddan gagnagrunn sem gerir kleift að kanna nauðsynlegar heimildir og leita þær uppi á örskoti. Annar gagnagrunnur, Greinir, sem geymir yfirlit greina í íslenskum tímaritum er einnig kominn langt áleiðis og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir jafnt fræðimenn sem háskólastúdenta, ekki síst þá er vinna að rannsóknarverkefnum eða lokaritgerðum.

Aðgangur að nútímalegum ritakosti er vitaskuld óhjákvæmileg forsenda þess að fólk í ströngu háskólanámi standist kröfur nútímans um hæfni og þekkingu. Heimildir safnsins eru því sérhverjum háskólastúdent ómissandi hjálp í námi sínu, ekki síst þeim sem eru komnir í framhaldsnám af einhverju tagi, þar sem sjálfstæð vinnubrögð og skapandi frumkvæði ráða úrslitum. Hvorugt er hægt að þroska án ríkulegs aðgangs að sérhæfðu ritasafni.

Góðu heilli er því safnið að verulegu marki sniðið sérstaklega að þörfum háskólastúdenta. Á efri hæðum bókhlöðunnar skiptast á lessæti og spildur með bókahillum, þar sem beinn aðgangur er að ritakostinum. Í safninu er jafnframt að finna hundrað tölvur til notkunar fyrir háskólastúdenta og aðra safngesti. Gervallur tölvukosturinn er tengdur í net og sérhver tölva veitir aðgang að Gegni, Greini, öllum geisladiskum (CD-ROM) safnsins, ritvinnslu og öðrum notendahugbúnaði. Það má því fullyrða að tæknilega er safninu ekkert að vanbúnaði til að örva háskólastúdenta til dáða á akri náms og rannsókna.

Sjálfstæðir fræðimenn.

Eitt af aðaleinkennum hinnar séríslensku fræðahefðar er mikilvægi sjálfstæðra fræðimanna sem hvorki tengjast akademískum stofnunum né hafa að öllu leyti viðurværi sitt af fræðimennsku. Framlag þeirra til ávöxtunar á menningararfinum, sem áratugum og öldum saman var fólginn í hirslum fyrirrennara Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafnsins, er ómetanlegt. Raunar má segja að safnið sé að verulegu leyti til fyrir atbeina slíkra manna því stór hluti af eldri heimildum þess er úr fórum frumkvöðla á borð við Gísla Konráðsson og Sighvat Borgfirðing.

Sammerkt með flestum þeirra sem kalla má sjálfstæða fræðimenn er að stærstan hluta fræðaferils síns iðka þeir rannsóknir utan hefðbundins vinnutíma. Þegar brauðstriti dagsins sleppir rennur upp nýr vinnudagur hjá slíkum mönnum, þegar þeir setjast við upplýsingabrunna safna á borð við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafnið og rýna í heimildir liðinna tíma. Afrakstur fræðaþula af þessum toga, grúskaranna, og framlag þeirra við að flytja til almennings hvers konar vitneskju úr fortíðinni, sem ella lægi áfram gleymd og grafin, er ekki hægt að meta til fjár. Það hefur verið og verður ætíð ómetanlegt. Frá seinni áratugum má nefna rit fjölmargra fræðimanna af þessum toga, en dæmi sem flestir þekkja eru verk manna á borð við Lúðvík Kristjánsson og Gils Guðmundsson og frá allra síðustu árum má nefna Guðjón Friðriksson sem gott dæmi um höfund sem hóf ritferil sinn í þessum hópi.

Þessum einstæða hópi fræðimanna, sem fyrst og fremst stunda rannsóknir sínar utan hefðbundins vinnutíma, ber stjórnvöldum skylda til að skapa aðstöðu til að hagnýta þau gögn og aðstöðu sem er að finna í bókhlöðu allrar þjóðarinnar.

Svar stjórnvalda: — afgreiðslutíminn styttur!

Hér hefur verið rækilega rakið að af með tilliti til heimilda og tæknilegs búnaðar á Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn ekki sinn líka. Stofnuninni ætti því ekki að vera neitt að vanbúnaði til að standa með miklum sóma undir þeim ríkulegu væntingum sem skapaðar voru með lögunum frá 1994, og opnun bókhlöðunnar 1. desember 1996. Því marki verður hins vegar aldrei náð nema notendur hafi fullnægjandi aðgang að stofnuninni. Svo er fráleitt í dag.

Rekstrarfé bókhlöðunnar er skorið svo við nögl að safnið er lokað meginhluta sólarhringsins. Reglulegur afgreiðslutími meðan annir Háskólans standa yfir er mánudaga til föstudaga frá kl. 8.15 til kl. 19.00 nema hvað lokað er kl. 17.00 á föstudögum. Á laugardögum er safnið opið frá kl. 10.00–17.00, en á sunnudögum er það einfaldlega lokað all-an daginn. Samtals er því Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn opið tæpa 59 tíma á viku.

Það liggur því í augum uppi að tveir mikilvægir notendahópar, háskólastúdentar og sjálfstæðir fræðimenn, hafa alls ekki nægan aðgang að heimildum og búnaði safnsins. Háskólastúdentar hafa ítrekað kvartað yfir þessu ástandi. Umvandanir þeirra bera satt að segja vott um meiri ábyrgðartilfinningu en gætir hjá stjórnvöldum í þessu efni. Þeir gera sér bersýnilega betri grein en yfirvöld menntamála fyrir þeirri staðreynd að hvarvetna er nú vaxandi áhersla lögð á sjálfstæðar rannsóknir sem hluta háskólanáms og æ fleiri kannanir hníga að því að skapandi vinna af slíkum toga sé best fallin til að þroska með fólki sjálfstæða hugsun, sköpunarþrótt og frumkvæði. Er líklegt að það takist ef önnum kafnir háskólastúdentar hafa ekki nægan aðgang að ómetanlegum gögnum og vinnuumhverfi eina háskólabókasafns landsins?

Það er raunar sérlega athyglisvert að obbinn af afgreiðslutíma safnsins fellur á þann hluta vinnudagsins þegar háskólastúdentar sækja fyrirlestra og verklega tíma. Þar að auki má fullyrða að í einstökum skorum eru kröfur um tímasókn slíkar að stúdentar í fullu námi hafa afar lítið tóm til að notfæra sér möguleika bókhlöðunnar.

Þess má geta að stjórnvöld hafa ítrekað gert lítið úr kvörtunum stúdenta með því að benda á að lesstofur á háskólasvæðinu séu opnar lengur en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafnið. Slíkar staðhæfingar eru byggðar á sorglegri fáfræði um hvernig nám á háskólastigi gengur fyrir sig undir lok tuttugustu aldarinnar, og hvers konar gögn eru nauðsynleg til að örva sjálfstæð vinnubrögð og skapandi hugsun. Til þess þarf margbrotnari búnað en skrifborð og stól í lesstofu, eins og hinn flókni og vandaði búnaður bókhlöðunnar ber auðvitað gleggstan vott um.

Af sjónarhóli sjálfstæðra fræðimanna er sömuleiðis ljóst að afgreiðslutími safnsins hentar þeim engan veginn. Hann fellur að mestu saman við hinn hefðbundna vinnudag. Þeir sem afla sér farborða með öðru en fræðistörfum, en sinna eigi að síður mikilvægum rannnsóknum í hjáverkum, eiga því erfitt með að nýta sér heimildakost og aðstöðu safnsins.

Háskólastúdentar lögðu áherslu á óskir sínar um lengri afgreiðslutíma stofnunarinnar með því að bjóðast til að standa tímabundið straum af kostnaði við hann. Þeir efndu til velheppnaðrar söfnunar meðal almennings en stjórnvöld daufheyrðust við bónum þeirra. Einu sjáanlegu viðbrögð af hálfu stjórnvalda eru raunar einstaklega eftirtektarverð. Björn Bjarnason menntamálaráðherra gat þess í svari við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar á Alþingi, 28. maí á síðasta ári, að afgreiðslutími safnsins næmi alls tæplega 61 klukkustund á viku að vetrinum. Núna er afgreiðslutíminn hins vegar aðeins tæpar 59 stundir.

Stjórnvöld hafa með öðrum orðum svarað háskólastúdentum með því að stytta enn þjónustutíma safnsins!

Ísland er eftirbátur annarra.

Menntamálaráðuneytið undirbjó svar ráðherrans við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar með því að afla upplýsinga um afgreiðslutíma bókasafna á Norðurlöndunum sem ráðuneytið taldi samsvarandi Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafninu. Þær upplýsingar eru birtar í fylgiskjali. Á grundvelli þeirra má reikna út hversu margar stundir háskólabókasöfn á Norðurlöndum hafa að meðaltali opið í viku hverri meðan skólastarfið er í fullum gangi. Það er rétt að taka fram að háskólastúdentar hafa bent á að hæpið sé að telja sum safnanna sambærileg við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafnið. Sömuleiðis skortir mikilvæg dönsk háskólabókasöfn í upptalninguna en eins og kemur fram í fylgiskjalinu sker Danmörk sig frá öðrum Norðurlöndum. Útreikningur á meðaltölum leiðir eftirfarandi í ljós:

Bókasöfn/land	**Afgreiðslutími klst./viku**
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	58,75
Finnland	69,00
Noregur	64,57
Svíþjóð	64,57
Danmörk	45,00

Samkvæmt þessu er afgreiðslutími íslenska safnsins talsvert skemmri en meðaltalið fyrir þrjú Norðurlandanna. Einungis Danir hafa skemmri afgreiðslutíma að meðaltali í söfnum sínum en rétt er þó að undirstrika að miðstöð Konunglega bókasafnsins, sem í Danmörku gegnir svipuðu hlutverki og Þjóðarbókhlaðan hérlendis, hefur talsvert lengri afgreiðslutíma að vetrinum, eða 65 stundir á viku. Þegar öll söfnin sem talin eru í fylgiskjalinu eru borin saman kemur í ljós að af nítján söfnum hafa alls tólf lengri afgreiðslutíma en Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafnið. Aðeins sjö hafa opið skemur. Ef íslenska safnið er borið saman við þau söfn sem eru einnig þjóðbókasöfn eða miðstöðvar stórra háskólabókasafna er einnig ljóst að það stendur jafnfætis fæstum hinna hvað afgreiðslutíma varðar. Niðurstaðan er því sú að í þessu efni nær Ísland ekki máli miðað við önnur Norðurlönd.

Öflug menntun er hornsteinn framtíðarinnar. Öflugt þjóðbókasafn er einn af hornsteinum öflugrar menntunar. Þjóðbókasafn er ekki öflugt sé það lokað þeim sem það á að efla. Illu heilli hafa stjórnvöld ekki sinnt óskum um að styrkja þjónustu safnsins með því að rýmka afgreiðslutíma þess. Þvert á móti hafa þau stytt hann. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Þingsályktunartillagan og greinargerðin voru unnin á tölvu í lestrarsal handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafnsins þar sem öll nauðsynleg gögn var jafnframt að finna.

Fylgiskjal.

Opnunartími bókasafna á háskólastigi á Norðurlöndunum.

	Vetur	Sumar
Finnland		
Universitetsbiblioteket i Helsingfors (líka þjóðbókasafn)	75	54
Tekniska Högskolans Bibliotek	77	42
Åbo Akademis Bibiliotek — Huvudbiblioteket	55	
Noregur		
Universitetsbiblioteket i Oslo (jafnframt þjóðbókasafn)	56	
Universitetsbiblioteket i Tromsö	59–61	
Svíþjóð		
Kungliga Biblioteket	63	59
Göteborgs Universitetsbibliotek		
— Centralbiblioteket	66	
— Ekonomiska biblioteket	56	
— Kurs- och tidningsbiblioteket	79	
Stockholms Universitetsbibliotek — Aðalsafn	64	
Uppsala Universitetsbibliotek	54–70	60
Lunds Universitetsbibliotek	59–63	
Danmörk		
Det kongelige Bibliotek		
— Slotsholmen	65	59
— Amager	35	
— Frederiksberg	35	
Roskilde	45	30

615. Tillaga til þingsályktunar [343. mál]

um könnun á veiðiþoli beitukóngs.

Flm.: Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta gera úttekt á möguleikum til að nýta beitukóng við Ísland. Úttektin skal meðal annars fela í sér mat á útbreiðslu tegundarinnar, veiðiþoli og æskilegum veiðiaðferðum en jafnframt taka til markaðsstöðu og leiða til að markaðssetja afurðir úr beitukóngi.

Greinargerð.

1. Lýsing og lífshættir.

Beitukóngurinn, *Buccatum undatum L.*, er botnlægt lindýr sem einkennist af kuðungi úr harðri kalkskel er dýrið myndar um líkama sinn. Sveinn Pálsson (1762–1840) nefndi hann ætiskúfung í Ferðabók sinni en hinn merki galdra- og náttúrufræðingur, Jón lærði Guðmundsson (1574–1658), lét sér nægja að kalla hann bara kuðung.

Í bókinni Skeldýrafána Íslands gefur Ingimar Óskarsson eftirfarandi lýsingu á beitukóngi: „Hann er traustur, gulhvítur eða örlítið krómgulur að lit með stuttri eða langri hyrnu sem er nokkuð odddregin. Vindingarnir á sjálfum kuðungnum eru 7–8 og í minna lagi kúptir. Grunnvindingurinn er stór, oft ⅗ af allri kuðungslengdinni. Saumurinn víður, þó styttri en hyrnan og útrönd bogadregin. Skelin er með 12–16 breiðum, skálægum langfellingum. Grunnvindingurinn er oft fellingalaus eða því sem næst. Allt yfirborðið er með upphleyptum, allþéttstæðum snigilrákum sem iðulega eru svo grófar á hyrnunni að fellingahryggirnir verða meira eða minna hnúóttir. Lokan er frekar stór eða tvöfalt styttri en munnurinn. Lokukjarninn örmiðja. Beitukóngurinn getur orðið 10–11 cm langur.“ Miðað við nýlegar rannsóknir (sjá kafla 4) er beitukóngur af þeirri stærð um 13–15 ára, en eldri verður hann tæpast hér við land.

Tegundina er að finna bæði í Kyrrahafi og Atlantshafi. Kjörlendi hennar er harður botn eða sendinn leirbotn og þótt beitukóngur haldi sig aðallega við fjöruborðið finnst hann víða erlendis niður á 200 metra dýpi. Hér er hann að finna í öllum landshlutum og til skamms tíma var talið að hann héldi sig ekki neðar en á 110 metra dýpi við Ísland. Nýjar, óbirtar rannsóknir á vegum hins alþjóðlega BIOICE-verkefnis, sem umhverfisráðuneytið hefur yfirumsjón með, hafa hins vegar leitt í ljós að umhverfis Ísland má finna beitukóng allt niður á 200 metra dýpi.

Beitukóngurinn er dæmigert rándýr. Hann hefur öfluga sag- eða skráptungu sem hann borar með gegnum skeljar annarra dýra. Sérstakur kirtill tengist tungunni og frá honum losar beitukóngurinn vökva sem lamar eða drepur bráðina. Kirtillinn er yfirleitt fjarlægður í vinnslu en sé beitukóngurinn etinn ferskur í miklu magni getur kirtilvökvinn leitt til eitrunareinkenna, svokallaðrar kuðungariðu (sjá síðar). Beitukóngurinn leggst á ýmis botndýr sem hann lamar og étur en hafi hann tækifæri til gerir hann sér líka veislu úr fiskum og dýrum sem hann rekst á í netum. Með því móti veldur hann stundum talsverðu tjóni á netafiski og til fróðleiks má nefna að í upphafi aldarinnar veltu Danir fyrir sér ráðum til að útrýma beitukóngi vegna þess hversu hart hann lék netaafla danskra sjómanna. Beitukóngurinn leggst líka á hræ og er mikilvirkur í endurvinnslu náttúrunnar. Fram á þessa öld var þetta nýtt hér og í Færeyjum til að veiða hann til beitu og voru þá bornir niður hausar og dauðir fiskar sem beitukóngurinn settist á.

Tilraunir með merkta beitukónga sýna að hann ferðast lítt milli svæða og er því mjög staðbundinn. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kanna vel magn á einstökum veiðisvæðum áður en veiðar eru hafnar í stórum stíl, til að draga úr líkum á ofveiði.

Við Ísland finnast sex afbrigði beitukóngs en eitt af einkennum tegundarinnar er hversu auðug hún er að afbrigðum. Erlendis eru þekkt a.m.k. 20 afbrigði. Íslendingar rugla stundum saman við beitukónginn náskyldum ættingja sem heitir hafkóngur, *Neptunea despecta L.* Í framtíðinni kynni hafkóngur einnig að verða mögulegur kostur til veiða og vinnslu, enda fæst hann oft í humartroll á Meðallandsbugt og á Eldeyjarsvæðinu.

2. Markaðsmál.

Á síðustu árum hafa veiðar á beitukóngi brostið í Evrópu, ekki síst hjá Frökkum, sem löngum voru umsvifamestir í veiðunum. Aflabresturinn hefur leitt til verðhækkunar á beitukóngi svo forsendur fyrir veiðum og vinnslu eru nú Íslendingum hallkvæmari en nokkru sinni. Samhliða hafa sprottið nýir og vaxandi markaðir í Austur-Asíu, einkum Japan en Kóreumenn hafa jafnframt lýst áhuga á að kaupa héðan beitukóng. Sjálfir stunda Japanir ekki veiðar á beitukóngi nema í litlum mæli og hafa því neyðst til að kaupa hann af öðrum. Einkum beindu þeir viðskiptum sínum til Rússa, enda þótti rússneski beitukóngurinn jafnan stærri og hvítari á holdið en ættingjar hans úr öðrum stöðum en hvort tveggja er eftirsóknarvert í augum Japana. Innanlandsþróun í Rússlandi í kjölfar hruns Sovétríkjanna hefur hins vegar leitt til þess að dregið hefur úr sókn Rússa í beitukóng. Þetta hefur leitt til aukinna veiða annars staðar í Evópu, t.d. hefur afli við Írland og Wales aukist mjög og byggja þarlendir aðallega á markaðnum í Japan. Hin jákvæða þróun í Japan, og verðhækkun í kjölfar aflabrests Frakka, styrkir væntanlega möguleika Íslands til að hasla sér varanlegan völl á heimsmarkaði fyrir afurðir beitukóngsins.

Árið 1990 var heildarveiði um tólf þúsund tonn. Frakkar voru sem fyrr segir umsvifamestir í veiðum og neyslu á beitukóngi og 1990 veiddu þeir 92% heildaraflans. Ári síðar var hlutur þeirra kominn niður í 80% og hefur lækkað verulega síðan enda í senn dregið úr afla þeirra meðan aðrar þjóðir hafa aukið sóknina. Til marks um þróunina í veiðum Frakka má nefna að samkvæmt skýrslum FAO öfluðu þeir árin 1990–1993 í tonnum: 6.000, 6.380, 1.726 og 996. Af þessum tölum má glöggt sjá að veiðar helstu afla- og neysluþjóðarinnar hafa bókstaflega hrunið hin síðustu ár.

Meðal þjóða eins og Frakka þar sem löng hefð er fyrir neyslu beitukóngs þykir hann mest lostæti meðan hann er ferskur. En talsvert er líka selt niðursoðið, bæði í Frakklandi og Hollandi, og notað í pastasósur, svo sem á Ítalíu, eða súpur, eins og í Kanada og Bandaríkjunum. Einnig er beitukóngur seldur marineraður og jafnvel reyktur í Bretlandi. Til Japans og annarra landa í Asíu hefur beitukóngurinn einkum verið seldur djúpfrosinn frá Evrópu og verið notaður í sushi-rétti. Sé horft til vaxandi áherslu Asíumanna á ferskar afurðir væri væntanlega einnig hægt að ná upp markaði fyrir ferskan beitukóng í Japan.

3. Beitukóngsveiðar við Ísland.

Fyrr á öldum nýttu Íslendingar beitukóng svolítið til átu eins og rakið er síðar í greinargerðinni (sjá kafla 5). Íslendingar hófu þó ekki tilraunir með vinnslu og veiðar á beitukóngi af alvöru fyrr en síðla á áttunda áratugnum. Skriður komst á könnunarveiðar og -vinnslu þegar Sjávarréttagerðinni á Akranesi var komið á fót og á svipuðum tíma var Íslenskur skelfiskur hf. stofnaður um veiðar og vinnslu á beitukóngi á Suðurnesjum. Þessi fyrirtæki unnu merkilegt brautryðjendastarf bæði á vinnslu og markaðssetningu á beitukóngi heima og erlendis. Skortur á fjármunum, og raunar hráefni einnig, leiddi til þess að starfsemin hlaut bráðari endi en til var stofnað. Hafrannsóknastofnun fylgdist hins vegar með starfseminni og á hennar vegum voru á þessum árum farnir nokkrir leiðangrar til að kanna beitukóng, þar af einn umhverfis landið. Skipulegar rannsóknir á tegundinni hafa hins vegar verið smáar í sniðum.

Á árunum 1993 og 1994 var hleypt af stokkunum samstarfsverkefni á milli Hafrannsóknastofnunar og Reykhólahrepps um rannsóknir á beitukóngi í norðanverðum Breiðafirði. Sjávarútvegsráðuneytið veitti nokkuð fjármagn til kaupa á sérhönnuðum krabba- og kuðungagildrum sem Hafrannsóknastofnun hafði síðan yfirumsjón með. Gildrurnar voru

keilulaga með þéttriðnu neti umhverfis og op í efri endann. Þær reyndust prýðilega við veiðarnar. Upphaflega var fyrirhugað að örva sjómenn til að freista veiða á beitukóngi með því að lána gildrurnar án endurgjalds en skylda þá á móti til að skila skýrslum um veiðarnar. Misbrestur varð hins vegar á því að skýrslum væri skilað og söfnun upplýsinga um beitukónginn í tengslum við veiðarnar varð snöggtum minni en til var stofnað.

Gildrurnar nýttust hins vegar ágætlega til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar á bæði beitukóngi og trjónukrabba, en þessar tegundir veiðast oft saman. Upplýsingarnar sem til féllu sýna ótvírætt að beitukóng er að finna mjög víða á grunnsævi við Ísland. Sums staðar virðist hann til staðar í verulegu magni, og má þar nefna bæði Faxaflóa og Breiðafirði. Enn hafa þó of litlar rannsóknir verið gerðar á beitukóngi hér við land til að hægt sé að gera grein fyrir útbreiðslu hans og veiðimöguleikum. Í slíkar rannsóknir þarf þó að ráðast hið fyrsta því að eins og greinir frá að framan eru að skapast forsendur fyrir því að Íslendingar nái fótfestu á heimsmarkaði fyrir beitukóng. Þetta hefur leitt til þess að nú eru í bígerð frekari veiðar víðs vegar um land.

4. Nýlegar rannsóknir.

Fram til þessa hefur arðsvon Íslendinga af veiðum á beitukóngi verið lítil og væntanlega skýrir það litlar athuganir á tegundinni hér við land. Sólmundur T. Einarsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, hefur þó unnið merkilegt starf að rannsóknum á beitukóngi með öðrum verkefnum á umliðnum árum og sömuleiðis Karl Gunnarsson, líffræðingur við sömu stofnun. Árið 1993 stóðu þeir saman að skipulegum veiðitilraunum á beitukóngi í Breiðafirði og á síðasta ári lögðu þeir fram niðurstöður sínar á vettvangi Alþjóðahafrannsóknaráðsins í skýrslunni „Observations on whelk populations (*Buccinum Undatum* L., Mollusca; Gastropoda) in Breiðifjörður, Western Iceland, C.M. 1995/K:20, Shellfish Committee, ICES."

Helstu niðurstöður þeirra má draga saman í eftirfarandi: Tilraunirnar fóru fram í maí og september árið 1993. Gildrur voru lagðar á tólf stöðum í Breiðafirði á 8–40 metra dýpi. Fjórar mismunandi gildrutegundir voru reyndar, allar um 30 lítrar að rúmmáli. Veiðunum var þannig háttað að sex til tíu gildrur voru bundnar saman á streng, með um tíu metra millibili, og látnar liggja sólarhring. Fersk síld var notuð sem agn í gildrurnar. Meðalafli á gildru á sólarhring reyndist vel undir einu kílói en aflinn fór þó yfir fjögur kíló á gildru þar sem mest var. Eins og lögð er áhersla á í skýrslu þeirra félaga voru gildrurnar hins vegar lagðar af handahófi en ekki á grunni vitneskju um veiðisæld innan svæðisins.

Greining á stærð eftir aldri leiddi í ljós að vöxtur beitukóngs var tiltölulega hraður fyrstu fimm árin, en þá var meðallengd á kuðungi dýranna sem veiddust um 55 millimetrar. Eftir fimm ára aldur hægði á vextinum og tíu ára gamlir höfðu beitukóngarnir að meðaltali 65 millimetra langan kuðung. Elsta dýrið reyndist vera 13 ára og var með 104 millimetra kuðung. Vöxtur tegundarinnar við Ísland virðist vera svipaður og víða erlendis, t.d. við Frakkland. Þar er fimm ára gamall beitukóngur með 57 millimetra langan kuðung en þeir frönsku virðast þó vaxa talsvert betur en íslenskir frændur þeirra eftir að fimm árunum sleppir.

Eins og fyrr segir var meðalaflinn vel undir einu kílói á gildru yfir sólarhring. Þeir Karl og Sólmundur gátu þess í skýrslu sinni að veiðistöðvarnar hefðu verið valdar án nokkurrar fyrir fram þekkingar á svæðinu og gildrurnar því alls ekki lagðar á þær stöðvar sem aflasælastar væru af náttúrunnar hendi. Enn fremur kom fram hjá þeim að tilraunaveiðar, sem síðar var ráðist í, hafi gefið talsvert hærri aflatölur og rétt er að ítreka

að fengsælasta slóðin í tilraun þeirra gaf meira en fjögur kíló. Niðurstöður Karls og Sólmundar benda því til að með veiðitilraunum á tilteknum svæðum sé hægt að finna hvar aflasælustu veiðistöðvarnar eru og þannig að ná upp góðum afla.

5. Nytsemd til forna.

Í íslenskum ritum er fyrst getið um kuðungaát í einu rita Jóns lærða Guðmundssonar sem var sannkallaður fjöllistamaður og fjölfræðingur á fyrri hluta sautjándu aldar. Hann skar t.d. dýrgripi af furðulegum hagleik úr tönnum hvala og rostunga, málaði einnig fallegar altaristöflur og var því stundum líka nefndur Jón tannsmiður eða Jón málari. Frægur varð hann einnig fyrir að taka svari Gaskóna sem komu til hvalveiða í norðurhöfum en brutu skip sitt vestra og Ari sýslumaður í Ögri lét hundelta og drepa. Jón skrifaði varnarrit fyrir þeirra hönd og hraktist fyrir vikið af Vestfjörðum. Þekkingu Jóns lærða á varnargaldri var viðbrugðið, enda frægur fyrir að setja niður drauga, en sjálfur taldi hann sig allt til æviloka eiga í höggi við sendingar og má víða af ritum hans sjá merki þess að hann hefur á köflum verið meira en smáskrítinn, svo sem títt er um góða vísindamenn. En Jón lærði skrifaði einnig mjög merka texta um náttúrufræði, sem allt til þessa dags hafa verið vanmetnir, og svo víða fór hróður hans að erlendir náttúrufræðingar leituðu til hans um vitneskju um náttúru Íslands. Hann dvaldist um hríð í Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði vestra en þar um slóðir nýttu menn helst beitukóng til átu fyrr á tímum og líklegt er að Jón lærði hafi þar kynnst kuðungaáti. Því lýsir hann með svofelldum hætti: „Meistarar nýta það og fleira af vorum ætum kuðungum, að þeir brenna þá með fiskinum svo glóandi verði og slökkvi í uxaþvagi, og láti neyta í mat og drykkjum svo að hún eða hann ekki viti. Það varnar píku karlmannafari og svo lauslætismönnum óhóflegri kvensemi. Svo og einnig líka ganga sjósóttarmenn í fjöru leynilega og svelgja hráan fiskinn úr honum 3 sinnum, með vaxandi og svo þverrandi tungli með litlum sjósopa. Hann skríður mest úr djúpi í miðju fiskamerki og þaðan af.“ Kuðungur var talinn koma að liði við fleiri kvilla en sjóveiki. Þegar konur höfðu ekki börn á brjósti var þeim hætt við að fá viðsjálar bólgur og graftarmein í brjóstin. Þjóðráð þótti að bera á þau smyrsl sem gert var úr kuðungaösku eða muldum krabba blönduðum hunangi. Áburður úr kuðungaösku og smjöri var einnig talinn græða brunasár.

Hjá Jóni lærða er líka að finna fyrstu íslensku lýsinguna á ákveðinni tegund skelfiskeitrunar sem lýsir sér þannig að eti menn of mikið af beitukóngnum geta þeir dofnað upp og mega vart mæla. Um þetta farast Jóni svofelld orð: „Ef menn þá éta mikið af þeim, verða þeir sem fordrukknir menn svo þeir standa ekki. Það köllum vér kuðungariðu, og má af sér sofa.“ Þetta hlýst af eitrinu sem er í kirtlinum sem er áfastur skráptungu beitukóngsins og getur orðið varasamt að éta í miklu magni í einu. Við nútíma vinnslu er kirtillinn fjarlægður og þar með eituráhrifin.

Eins og nafnið gefur til kynna var beitukóngurinn einkum notaður sem agn við krókaveiðar. En önnur nöfn hans, svo sem ætiskóngur og ætiskúfungur, vísa einnig til þess að sums staðar var beitukóngur hirtur til matar. Vafalítið hefðu menn nýtt hann í enn ríkari mæli en gert var hefðu þeir haft vit og þekkingu til að skera frá kirtilinn sem framkallaði kuðungariðuna, en margir töldu beitukónginn baneitraðan vegna hennar og þorðu ekki að neyta hans. Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni athyglisverða sögu af neyslu Þorskfirðinga á beitukóngi, sem hann nefndi raunar ætiskúfung: „Fyrir miðjum firði þessum og langt inn eftir honum liggur mjó vök eða áll, og veit enginn dýpt hans. Báðum megin og framan við vökina verður alveg þurrt um stórstraumsfjöru, svo að ganga má fram á barma þessa hyldýpis, sem eru því nær lóðréttir ... Um jafndægursstórstreymi á

vorin eru barmarnir á vök þessari, — svo langt niður sem séð verður alsettir hinum svonefnda ætikúfung eða bobba ... Menn í næsta nágrenni gá tímans og safnast þangað í stórhópum til að tína kúfung, sem þeir sjóða þegar með skel og öllu saman í fjörunni og flytja svo heim til átu. En veiði þessi verður aðeins stunduð þrjár fjörur í röð ...“

Það var einkum við Breiðafjörð sem beitukóngur var nýttur til manneldis enda líklega óvíða til staðar í jafnmiklu magni. Um þetta segir Lúðvík Kristjánsson í riti sínu um Íslenska sjávarhætti: „Kuðungur, trúlega beitukóngur, mun hvergi hérlendis hafa verið veiddur eða hirtur til matar, svo orð sé á gerandi, nema í Breiðafirði og sennilega mest í Reykhólasveit og Gufudalshreppi ... Eru þeir ýmist steiktir eða soðnir niður í vökva þeim, sem þeir gefa frá sér, þegar þeir hitna. Hvor aðferðin sem notuð er, þá eru þeir bragðgóðir, og verður mönnum gott af þeim. Sniglarnir eru öðrum skelfiski sætari og þykja holl og góð fæða.“ Beitukóngurinn, eins og aðrir sniglar og skelfiskur, var geymdur í brotnum súr og hélst þannig nokkuð lengi og var matbúinn með þeim hætti að gerð var úr sniglunum súpa með lítils háttar méli út á.

Auk þess sem beitukóngur var tíndur fyrr á tímum notfærðu menn sér fíkn hans í hræ fiska til að veiða hann. Þá var tekið fiskroð, einkum af steinbít, þorski eða ýsu, og steinuðu menn roðið niður á fjörunni. Þegar fjaraði aftur höfðu safnast beitukóngar á roðið og voru þeir þá tíndir af. Oft fékkst þannig nokkurt magn af beitukóngi. Frændur okkar Færeyingar veiða beitukóng enn þá þannig að þeir festa fiskhausa á snæri og sökkva niður á botn. Eftir nóttina eða sólarhringinn draga þeir upp færið og eru þá fiskhausarnir þéttsetnir beitukóngi. Færeyingar nota beitukóng eingöngu til beitu og bregst hún aldrei.

6. Möguleikar fyrir krókabáta.

Margt hnígur að því að auðvelt væri að halda úti veiðum á beitukóngi af smábátum sem færu með gildrur og legðu á álitlegum veiðistöðvum. Hér gæti verið um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir smábáta því að ónógar veiðiheimildir gera að verkum að þeir hafa tíma aflögu sem mætti nota til að leggja gildrur fyrir beitukóng. Ef vel tækist til um slíkar veiðar gætu þær orðið mikilvæg aukageta fyrir smábáta og rennt stoðum undir afkomu þeirra. Ekki síst með hliðsjón af þessu er brýnt að hraðað verði rannsóknum á möguleikum til að veiða og afsetja beitukóng.

616. Frumvarp til laga [344. mál]

um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga um hlutdeild í afnotarétti af fasteignum og hafa það markmið að tryggja neytendavernd við gerð slíkra samninga. Afnotaréttur sem varir skemur en þrjú ár fellur utan gildissviðs laganna.

Kaupandi að hlutdeild í afnotarétti af fasteign sem staðsett er á Evrópska efnahagssvæðinu nýtur verndar í samræmi við ákvæði þessara laga þótt um samninginn fari eftir löggjöf lands utan svæðisins.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Samningur: Samkomulag um hlutdeild í afnotarétti af fasteign eða hluta hennar, í eina viku eða meira, á hverju almanaksári gegn greiðslu ákveðins heildarverðs.

Fasteign: Orlofshúsnæði sem samningur tekur til, eða hluti þess.

Kaupandi: Einstaklingur sem keypt hefur hlutdeild í afnotarétti af fasteign og kaupin eru ekki liður í atvinnurekstri hans.

Seljandi: Einstaklingur eða lögaðili sem í atvinnuskyni selur og ábyrgist viðskipti með hlutdeild í afnotarétti af fasteignum sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Samningsskilmálar.

3. gr.

Eigi má með samningi víkja frá ákvæðum laga þessara kaupanda í óhag.

Form og efni samnings.

4. gr.

Samningur skal vera skriflegur og undirritaður af kaupanda og seljanda í votta viðurvist. Í samningi skal, auk almennra upplýsinga um þá fasteign sem samið er um, taka fram eftirfarandi:

1. Nafn og heimilisfang kaupanda og seljanda, dagsetningu samningsins og samningsstað. Sé seljandi ekki jafnframt eigandi skal tilgreina nafn og heimilisfang eiganda og þær heimildir sem seljandi hefur til að ráðstafa hinu selda.
2. Hvaða skilyrði kaupandi þarf að uppfylla svo hann megi nýta fasteignina, ef einhver eru. Hið sama gildir um mögulegar hindranir fyrir því.
3. Taki samningur til ákveðinnar fasteignar ber að tilgreina nafn og staðsetningu eignarinnar.
4. Taki samningur til fasteignar sem enn er á byggingarstigi ber að veita kaupanda upplýsingar um:
   a. hversu langt byggingin er komin og hvenær henni verði lokið,
   b. númer byggingarleyfis og heimilisfang lögbærra yfirvalda í því ríki þar sem eignin er,
   c. hvenær öll þjónusta verði tiltæk sem telja má nauðsynlega til þess að unnt verði að nýta fasteignina,
   d. tryggingar seljanda fyrir því að lokið verði að fullu við framkvæmdir, svo og tryggingar fyrir endurgreiðslu til kaupanda ef framkvæmdum lýkur ekki eins og samningur gerir ráð fyrir.
5. Hvaða þjónustu kaupandi hefur aðgang að og helstu skilyrði sem hún er háð.
6. Innan hvaða tímamarka kaupanda er heimilt að nýta sér þau réttindi sem samningur kveður á um og frá og með hvaða degi sá réttur kaupanda er virkur.

7. Greiðslur sem kaupandi verður að inna af hendi til þess að mega nýta sér réttindin, greiðslur sem fylgja notkun á sameiginlegri aðstöðu ef það á við, stjórnunarkostnað og önnur gjöld sem kaupandi kann að þurfa að greiða. Önnur gjöld en þau sem tilgreind eru í samningi þarf kaupandi ekki að greiða.
8. Hvort samningi fylgi réttur til þátttöku í fyrirkomulagi á skiptum eða endursölu á réttindunum (eftirmarkaði), hvaða kostnaður fylgir slíkri þátttöku og hvernig umsjón er háttað.
9. Hvaða rétt kaupandi hefur til riftunar, þar á meðal skv. 6. gr., hvert og hvernig riftun skuli send, hvaða kostnað kaupanda beri að greiða ef hann nýtir sér rétt til riftunar.
10. Hvar mál skuli rekin rísi ágreiningur milli kaupanda og seljanda, svo og hvort kaupanda er heimilt að velja varnarþing í ágreiningsmálum.

Heimilt er að veita framangreindar upplýsingar á sérstöku skjali sem seljanda er skylt að afhenda en allar slíkar upplýsingar eru hluti af samningi. Í öllum auglýsingum ber að geta þess hvar nálgast megi upplýsingar sem eru hluti af samningi aðila samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

Samningur skal vera á því tungumáli sem talað er þar sem kaupandi er búsettur. Sé fasteignin staðsett á Evrópska efnahagssvæðinu og ekki í búsetulandi kaupanda ber seljanda jafnframt að afhenda löggilta þýðingu samningsins á tungumáli þess ríkis þar sem eignin er staðsett.

Reglur um riftun samninga.

6. gr.

Samningur skuldbindur kaupanda eigi fyrr en eftir tíu daga frá undirritun hans, enda eiga ákvæði 2. og 3. mgr. ekki við.

Leggi seljandi ekki fram upplýsingar sem nefndar eru í 1.–3. tölul., a- og b-lið 4. tölul., svo og 6.–9. tölul. 4. gr. við undirritun samnings er kaupandi óbundinn af tilboði sínu í þrjá mánuði þar á eftir. Veiti seljandi fullnægjandi upplýsingar innan þeirra tímamarka byrjar frestur skv. 1. mgr. að líða frá þeim degi er seljandi fullnægði upplýsingaskyldu sinni.

Hafi seljandi ekki veitt upplýsingar samkvæmt 2. mgr. innan þriggja mánaða frá undirritun samnings og kaupandi ekki notfært sér rétt sinn til þess að ganga frá samningnum vegna skorts á upplýsingum byrjar frestur skv. 1. mgr. að líða frá fyrsta degi eftir að þriggja mánaða frestinum skv. 2. mgr. er lokið.

Seljanda er óheimilt að krefja kaupanda um greiðslu fyrr en að liðnum fresti skv. 1. mgr.

7. gr.

Kaupanda, sem vill nýta sér rétt samkvæmt ákvæði 6. gr., ber að tilkynna seljanda það áður en frestur er útrunninn. Skrifleg tilkynning um riftun telst vera gild hafi hún verið send áður en frestur er liðinn.

Kaupanda, sem riftir samningi í samræmi við 1. mgr. 6. gr. er, einungis skylt að greiða lögboðin gjöld sem seljanda var skylt að greiða áður en frestur var liðinn, enda séu slík gjöld sérstaklega tekin fram í samningi.

8. gr.

Hafi kaupandi notfært sér rétt til riftunar skv. 6. gr. falla úr gildi allir lánssamningar sem kaupandi hefur gert við seljanda eða þriðja aðila sem hefur milligöngu um að veita lán í tengslum við kaupin.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 29. apríl 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta sem samið er í viðskiptaráðuneytinu er lagt fram vegna skuldbindinga sem hvíla á íslenskum stjórnvöldum til að setja í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþings og ráðsins 94/47/ESB frá 26. október 1994, um verndun kaupenda vegna tilskilinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (e. *time-share*). Við undirbúning frumvarpsins hefur verið haft samráð við dómsmálaráðuneytið, en einnig hefur verið litið til undirbúnings hlutaðeigandi ráðuneyta annars staðar á Norðurlöndum.

Sala á afnotaréttindum til fasteigna sem bundin eru við tiltekin tímabil er nýjung sem hefur rutt sér til rúms í ýmsum ríkjum á undanförnum árum. Algengast er að hótel, íbúðahótel og annað ámóta íbúðarhúsnæði fyrir ferðamenn sé boðið til sölu með þessum hætti. Kaupandi eignast alltaf afnotarétt um tiltekinn tíma af viðkomandi fasteign samkvæmt þeim samningum sem gilda um þetta fjárfestingarfyrirkomulag en það fer eftir nánari ákvæðum skilmálanna hvort hann eignast hlutdeild í beinum eignarrétti að fasteignunum eða ekki. Seljandi gerir samninga við tiltekinn hóp kaupenda og eru samningarnir yfirleitt staðlaðir. Í samningunum eru einnig nánari ákvæði um með hvaða hætti kaupandi hefur rétt til afnota af þeim fasteignum sem hlutdeild hans nær til, hvernig réttur hans getur aukist eftir því sem hann eignast meiri hlutdeild í þeim fasteignum sem seldar hafa verið með þessum hætti, hver sé réttur hans til ýmiss konar þjónustu á þeim stað þar sem fasteignin er o.s.frv. Sölu réttindanna til almennings er hagað með ýmsu móti en algengt er að sérstök sérhæfð fyrirtæki annist sölu og umsýslu að öllu leyti. Stundum fylgir kaupunum réttur til þátttöku í fyrirkomulagi á skiptum eða endursölu réttindanna (eftirmarkaði) annaðhvort á vegum þess sem selur réttindin í upphafi en einnig eru dæmi um að slíkir samningar séu seldir á almennum opnum verðbréfa- eða fasteignamörkuðum. Í mörgum tilvikum er í samningum kveðið á um skiptiréttindi kaupanda. Þar er átt við að kaupandi fær aðild að kerfi sem veitir honum rétt til þess að skipta á dvalarrétti sínum þannig að hann getur nýtt afnotarétt sinn í ýmsum fasteignum sem eru hluti af skiptiréttarkerfi seljanda.

Þess má geta að samkvæmt upplýsingum í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar (sbr. TemaNord 1995: 646) kemur fram að um tvö hundruð Íslendingar hafa keypt slík réttindi í eignum erlendis. Á seinni hluta ársins 1996 hefur a.m.k. eitt fyrirtæki hafið sölu á slíkum réttindum í fasteignum hér á landi.

Eins og fyrr er getið er frumvarp þetta samið með hliðsjón af tilskipun 94/47/ESB. Meginmarkmið hennar er setja lágmarksreglur um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti af fasteign í þeim tilgangi að tryggja að hinn innri markaður starfi eðlilega og veita kaupendum nægilega vernd. Samkvæmt ákvæði í tilskipuninni ber öllum aðildarríkjum ESB að hafa lögleitt ákvæði tilskipunarinnar ekki síðar en 30 mánuðum eftir að hún var birt í Stjórnartíðinum Evrópusambandsins eða 29. apríl 1997. Sama gildir um þau EFTA-ríki sem eru aðilar að EES-samningnum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um gildissvið frumvarpsins en ákvæði þess taka til samninga um hlutdeild í afnotarétti af fasteignum. Markmið frumvarpsins er að tryggja neytendum aukna vernd við gerð slíkra samninga. Hafi samningur afmarkaðan gildistíma sem er skemmri en þrjú ár fellur hann ekki undir ákvæði þessara laga og er það í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Í 9. gr. tilskipunar 94/47/ESB er kveðið á um að aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja neytendum þá vernd sem felst í ákvæðum tilskipunarinnar ef um er að ræða fasteignir sem eru innan þeirra yfirráðasvæðis. Í 2. mgr. er ákvæði sem miðar að því að umhverfa framangreindu ákvæði tilskipunarinnar í íslenskan rétt. Kveðið er svo á að kaupandi að hlutdeild í afnotarétti af fasteign sem staðsett er á Evrópska efnahagssvæðinu njóti verndar í samræmi við ákvæði þessara laga, óháð því hvar samningsgerð fer fram og þeim lögum sem í því landi gilda. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur gegn því að samið sé um að um samning hans og seljanda gildi lög þar sem gerðar eru minni kröfur en kveðið er á um í tilskipuninni.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er að finna nauðsynlegar skilgreiningar á hugtökum.

Í fyrsta lagi er hugtakið *samningur* skilgreint en það tekur til þess sem á ensku hefur verið nefnt „time-share“. Um er að ræða staðlaða samninga er veita hlutdeild í afnotarétti fasteignar í eina viku, eða meira, á hverju almanaksári gegn greiðslu ákveðins heildarverðs. Sem fyrr segir er einungis gert ráð fyrir að slíkir samningar séu gerðir um íbúðarhúsnæði sem ætlað er til dvalar í stuttan tíma, oftast í orlofi eiganda hlutdeildarinnar. Samningar sem frumvarp þetta tekur til tengjast yfirleitt hótelum, íbúðahótelum af ýmsu tagi eða öðru sams konar húsnæði sem ætlað er til orlofsdvalar.

Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til erlendra heita sem notuð hafa verið um samninga sem frumvarpið tekur til. Annars staðar á Norðurlöndum þekkjast t.d. orðin *semesterandel* og *feriehusandel*. Á ensku hafa eins og áður segir verið notuð orðin *timeshare* og við þýðingu tilskipunarinnar var vísað til þess að hér væri um að ræða samninga sem gerðir væru á skiptileigugrunni. Ráðuneytið telur að í orðinu skiptileiga felist ekki nægileg sérgreining þeirra samninga sem frumvarp þetta tekur til og það kynni því að geta valdið hættu á ruglingi við venjulega leigusamninga. Kaupandi eignast hlutdeild í afnotarétti fasteignar sem yfirleitt er notuð til dvalar í orlofi kaupanda. Við undirbúning þessa frumvarps var notað orðið „orlofshlutdeild“ en horfið var frá því að nota sér-

stakt heiti um þá samninga sem frumvarpinu er ætlað að taka til. Þess í stað er notað einfaldlega orðið *samningur* og er sú tilhögun í samræmi við tilskipun ESB.

Í öðru lagi er skilgreint hugtakið *fasteign* í skilningi frumvarpsins. Af skilgreiningunni sést að hvert það orlofshúsnæði og hlutar fasteignar sem afnot eru veitt af samkvæmt samningi geta fallið undir skilgreiningu frumvarpsins.

Í þriðja lagi er hugtakið *kaupandi* skilgreint eins og það er notað í frumvarpinu en frumvarpið miðar að því að auka vernd neytenda, þ.e. þeirra einstaklinga sem kaupa hlutdeild í afnotarétti sem frumvarpið tekur til og þau viðskipti geta ekki talist vera liður í atvinnurekstri þeirra.

Í fjórða lagi er hugtakið *seljandi* skilgreint og þarfnast það ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Hér er tekið fram að ekki sé heimilt að víkja frá ákvæðum frumvarpsins og semja við kaupanda með óhagstæðari hætti en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Sem fyrr segir er meginmarkmiðið með tilskipun 94/47/ESB að sett séu tiltekin lágmarksskilyrði varðandi samninga sem frumvarp þetta tekur til. Ákvæðið er sett svo að nægileg vernd sé tryggð fyrir kaupanda í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Um 4. gr.

Í tilskipun 94/47/ESB er kveðið svo á að skylt sé að veita kaupanda tilteknar lágmarksupplýsingar sem eiga að koma fram í samningi hans við seljanda. Í viðauka við tilskipunina er að finna lista yfir þau atriði sem nauðsynlegt er að komi fram í samningi um kaup á hlutdeild í afnotarétti af orlofshúsnæði. Ákvæði 1.–9. tölul. 1. mgr. eru byggð á framangreindum lista tilskipunarinnar.

Í 1. tölul. er tekið fram að í samningi skuli koma fram almennar upplýsingar um kaupanda og seljanda, svo sem nafn, heimilisfang, dagsetning, svo og samningsstað. Enn fremur er tekið fram að veittar skuli upplýsingar um hvort seljandi sé eigandi þeirrar fasteignar sem samningur um hlutdeild í afnotarétti tekur til. Ef seljandi er ekki eigandi fasteignar sem afnotarétturinn samkvæmt samningi tekur til skal jafnframt veita upplýsingar um eiganda eignarinnar svo og hvaða réttindi seljandi hefur til að ráðstafa hinu selda.

Í 2.–4. tölul. kemur fram að veita þurfi ýmsar upplýsingar um þá fasteign sem samningur tekur til, svo sem um hvort fasteignin er tilbúin eða enn á byggingarstigi og hvort einhver skilyrði þurfi að uppfylla til að mega nýta þau réttindi sem keypt eru.

Í 5. tölul. er tekið fram að veittar skuli upplýsingar um hvaða þjónustu kaupandi hefur aðgang að en hér er t.d. átt við hvort fasteigninni fylgi aðgangur að sundlaug eða gufubaði o.s.frv.

Í 6.–7. tölul. eru ákvæði um að veita skuli upplýsingar ef réttur til þess að nýta þau réttindi sem samningur kveður á um er háður ákveðnum tímamörkum eða greiðslu sérstakra gjalda eða skatta.

Í 8. tölul. segir að í samningi skuli koma fram hvort kaupandi hafi rétt til þátttöku í fyrirkomulagi á skiptum eða endursölu á réttindunum (eftirmarkaði). Útgefandi kann að reka slíkt kerfi sjálfur eða hann kann að hafa tryggt aðgang að eftirmarkaði með slík réttindi, t.d. á verðbréfaþingi eða á annan hátt.

Í 9. tölul. er tekið fram að í samningi skuli koma fram meginatriði sem varða rétt kaupanda til riftunar á samningi um kaup á réttindum sem lög þessi taka til, þar á meðal um rétt kaupanda til rifturnar skv. 6. gr. frumvarpsins. Í 6. gr. er að finna sérreglur sem

taka verður tillit til þegar slík réttindi eru seld en að öðru leyti fer um riftun samkvæmt almennum reglum samningaréttarins.

Loks er í 10. tölul. áskilið að taka eigi fram hvar mál skuli rekin rísi upp ágreiningur milli kaupanda og seljanda í tengslum við kaup og sölu þeirra réttinda sem samningurinn kveður á um. Við undirbúning frumvarpsins leitaði ráðuneytið eftir umsögnum og ábendingum, m.a. frá Neytendasamtökunum, en með hliðsjón af umsögn þeirra telur ráðuneytið rétt að upplýsingar komi fram um þetta atriði í samningi kaupanda og seljanda. Líta verður svo á að seljandi sé í yfirburðastöðu varðandi þetta atriði, sbr. að yfirleitt er um staðlaða samningsskilmála að ræða og eðlilegt er að þetta komi skýrt fram í samningi aðila.

Í 2. mgr. er tekið fram að ekki er sett sem skilyrði að allar framangreindar upplýsingar komi fram í því skjali sem selt er og keypt. Hins vegar er seljanda ávallt skylt að afhenda upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. mgr. og ber að líta svo á að þær séu hluti af samningi aðila um kaup á réttindum sem frumvarpið tekur til. Mikilvægt er að í framkvæmd sé tryggð sönnun fyrir því að slíkar upplýsingar hafi verið veittar ef valin er sú leið að hafa þær í sérstöku skjali, t.d. með áritun kaupanda eða annarri staðfestingu. Leggi seljandi ekki fram þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1.–3. tölul., a- og b-lið 4. tölul., svo og 6.–9. tölul. 1. mgr. leiðir það til þess að kaupandi telst vera óbundinn af tilboði sínu í allt að þrjá mánuði frá undirritun samnings um kaup eða viljayfirlýsingu um slík kaup. Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið nánar á um réttindi kaupanda og afleiðingar þess ef fullnægjandi upplýsingar eru ekki veittar. Loks er í 2. mgr. tekið fram að seljanda ber í auglýsingum að geta þess hvar kaupandi geti nálgast þær upplýsingar sem hér er rætt um ef þær koma ekki fram í samningi þeirra.

Um 5. gr.

Samkvæmt ákvæðinu ber seljanda ávallt skylda til að gera samning við kaupanda á því tungumáli sem talað er í því landi sem hinn síðarnefndi er búsettur í. Ef fasteignin er ekki staðsett í búsetulandi kaupanda ber seljanda enn fremur að afhenda honum löggilta þýðingu á samningnum á tungumáli sem talað er í því landi þar sem fasteignin er staðsett. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 6. gr.

Hér er kveðið á um rétt kaupanda til að hætta við kaup innan tíu daga frá undirritun samnings. Reynslan hefur sýnt að mjög algengt er að seljendur noti ýmsar söluaðferðir sem oft á tíðum teljast vera á mörkum þess að teljast góðir viðskiptahættir. Algengt er að boðið sé til sölukynningar, t.d. á vinsælum ferðamannastöðum, og eru kaupendur oft fengnir til þess að gera samning um kaup þeim réttindum sem frumvarp þetta tekur til, án nægilegrar ígrundunar. Af framangreindri ástæðu hefur þótt eðlilegt að kveða svo á í tilskipun ESB að kaupandi eigi skilyrðislausan rétt til þess að falla frá kaupum innan tíu daga frá því að hann gerir slíkan samning. Seljanda er óheimilt að taka við greiðslum frá kaupanda á meðan umhugsunarfrestur hans líður, sbr. ákvæði í 4. mgr. Ákvæði tilskipunarinnar eigi einnig við um kaup og sölu á eftirmarkaði.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að hafi seljandi ekki fullnægt skyldu sinni til að veita kaupanda upplýsingar samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum 4. gr. er kaupandi óskuldbundinn af tilboði sínu í allt að þrjá mánuði frá undirritun samnings um kaup á réttindum sem frumvarp þetta tekur til. Komi upplýsingar sem hér um ræðir ekki fram er kaupanda heimilt að ganga frá samningi, enda fullnægi hann ákvæði 7. gr. um tilkynningar.

Hafi seljandi ekki lagt fram nauðsynlegar upplýsingar og kaupandi notfærir sér ekki rétt sinn skv. 2. mgr. eiga ákvæði 3. mgr. við og hefst þá lokafrestur hans til þess að beita ákvæðum þessarar greinar í lok þriggja mánaða tímabilsins.

Í 4. mgr. er tekið fram að seljanda er óheimilt að krefja kaupanda um greiðslu fyrr en allir frestir sem getið er um í 6. gr. eru liðnir. Um þetta atriði er einnig vísað til 8. gr. frumvarpsins og athugasemda við þá grein.

Um 7. gr.

Í greininni er kveðið svo á að kaupanda beri að tilkynna seljanda ef hann hyggst beita þeim rétti sem hann hefur til að rifta samningi sínum og seljanda, sbr. 6. gr. Hér er miðað við að um form og efni tilkynningar, svo og önnur atriði sem máli skipta, skuli fara eftir almennum reglum samningaréttarins. Tilkynning sem send er skriflega telst vera gild hafi hún verið send áður en frestur er liðinn. Renni fresturinn út á sunnudegi eða öðrum almennum helgidegi lengist fresturinn til næsta virka dags. Að öðru leyti þarfnast ákvæði þetta ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í þessari grein er skýrt tekið fram að lánssamningar sem kaupandi kann að hafa gert í tengslum við fyrirhuguð kaup á réttindum sem frumvarp þetta tekur til eru ógildir hafi hann ákveðið að beita rétti sínum skv. 6. gr. frumvarpsins. Skiptir þá ekki máli hvort hann hefur gert slíkan lánssamning beint við seljanda eða þriðja aðila sem seljandi hefur samið við að hafi milligöngu um lánsviðskipti í tengslum við kaupin. Ákvæðið er í samræmi við efni tilskipunarinnar.

Um 9. gr.

Ráðherra er í þessari grein veitt heimild til að kveða nánar á um einstök atriði í reglugerð ef það kann að vera nauðsynlegt, sbr. einkum ákvæði II. kafla frumvarpsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringar.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um refsiheimildir sem unnt er að grípa til brjóti seljendur gegn ákvæðum laganna.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að gildistaka laganna verði 29. apríl 1997. Í tilskipun 94/47/ESB er kveðið svo á að aðildarríkin skuli hafa lögtekið ákvæði hennar eigi síðar en 30 mánuðum frá birtingu hennar en sá frestur rennur út 29. apríl 1997. Nauðsynlegt er að efni tilskipunarinnar verði umhverft í íslenskan rétt fyrir framangreind tímamörk en að sjálfsögðu er heimilt að ákveða að gildistaka eigi sér stað fyrr ef ástæða þykir til.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

Frumvarp þetta fjallar um viðskipti með afnotarétt orlofshúsnæðis, en það er ný tegund fasteignaviðskipta er hefur rutt sér til rúms í Evrópu á undanförnum árum. Þessi tegund viðskipta er lítt þekkt hér á landi, en Íslendingar hafa þegar keypt hlutdeild í fasteignum erlendis samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

Viðskiptin, sem frumvarp þetta nær til, eru einkaréttarlegs eðlis. Ágreiningur um slík viðskipti verður leystur fyrir dómstólum og er því ekki sjáanlegt að samþykkt frumvarpsins hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

617. Frumvarp til laga [345. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Flm.: Mörður Árnason, Svanfríður Jónasdóttir.

1. gr.

Orðin „þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða“ í 6. mgr. 21. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 20. gr. útvarpslaga segir að hlutverk útvarpsráðs sé að taka ákvarðanir um „hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar“ og setji ráðið eins og þurfa þykir reglur „til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr.“ um markmið og skyldur Ríkisútvarpsins.

Hin síðari ár hefur útvarpsráð samkvæmt þessum ákvæðum því starfað þannig að þar er annars vegar mótuð heildarstefna um dagskrá Ríkisútvarpsins og hins vegar lagt mat á hversu til hafi tekist um þessa dagskrá. Ekki verður séð að sérstök afskipti útvarpsráðs af ráðningu dagskrárstarfsfólks séu í eðlilegum tengslum við hlutverk ráðsins og vinnubrögð skv. 20. gr.

Ákvæði 21. gr. um sérstakar „tillögur“ útvarpsráðs þegar ráðið er starfsfólk dagskrár er í raun arfur frá liðnum tíma þegar hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins voru túlkaðar á annan veg og þrengri en nú tíðkast. Vera má að þegar fjölmiðlun á Íslandi var fyrst og fremst í höndum stjórnmálaflokkanna hafi þótt eðlilegt að útvarpsráð, kjörið pólitískt á Alþingi, legði mat á umsækjendur um dagskrárstöður og greiddi um þá atkvæði. Nú eru aðrir tímar í fjölmiðlun hérlendis þar sem kröfur um fagmennsku, menntun og hæfni við fjölmiðlastörf aukast sífellt en meint stjórnmálaviðhorf þeirra sem á fjölmiðlum starfa

skipta minna máli. Eðlilegt er að löggjafinn geri Ríkisútvarpinu kleift að laga sig sem best að nýjum tímum, ekki síst í ljósi stóraukinnar samkeppni á fjölmiðlasviði.

Rétt er að benda á að þrátt fyrir skýr ákvæði 21. gr. um að tillögur útvarpsráðs taki til alls starfsfólks dagskrár hefur venjan verið sú að útvarpsráð gerir eingöngu tillögur um starfsmenn á fréttastofum Ríkisútvarpsins en skiptir sér lítt eða ekki af mönnun annarra dagskrárdeilda. Þetta þýðir meðal annars að starfsmenn við dagskrárgerð á Rás 2 eða í Dagsljóssþáttum sjónvarps þurfa ekki að fara gegnum nálarauga útvarpsráðs. Ráðið hefur af einhverjum ástæðum kosið að fara ekki að lögum í þessum tilvikum þótt á báðum stöðum séu unnin störf sem gera svipaðar faglegar kröfur og gerðar eru til fréttamanna.

Ljóst er að núverandi skipan við ráðningu dagskrárfólks hefur ýmis áhrif á fréttastofur Ríkisútvarpsins og setur bæði umsækjendur og ráðna starfsmenn í sérkennilega aðstöðu. Algengt er að umsækjendur reyni að afla umsókn sinni fylgis með samtölum við útvarpsráðsmenn eða einstaka pólitíska samherja þeirra. Þannig myndast í sumum tilvikum pólitískar blokkir í útvarpsráði um afstöðu til einstakra umsækjenda og er þá undir hælinn lagt hvort fagleg hæfni er metin að verðleikum. Þeir sem hljóta ráðningu eru í slíkum tilvikum í þeirri aðstöðu að þeir hafa að einhverju leyti fengið starf sitt á pólitískum forsendum, jafnvel flokkspólitískum. Þeir þurfa því að sæta tortryggni í nýju starfi og eiga á hættu að reynt sé að beita þá þrýstingi í starfi.

Erfitt er að koma auga á rök gegn því að á Ríkisútvarpinu sé viðhöfð sama skipan og á öðrum fjölmiðlum þar sem yfirmenn einstakra deilda eru alla jafna sjálfráðir um að ráða starfsmenn sína en standa sjálfir og falla með heildarframmistöðu sinni. Fréttastjórar ættu að þessu leyti að vera í svipaðri aðstöðu og ritstjórar dagblaðanna eða fréttastjórar eftir atvikum. Án þess að kasta nokkurri rýrð á núverandi og fyrrverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins er ljóst að afskipti útvarpsráðs draga úr valdi þeirra og ábyrgð á fréttastofunum og torvelda þeim eðlilega stjórnun og samskipti við starfsmenn sína, t.d. þegar fréttastjóri hefur eindregið mælt með einum umsækjanda í stöðu fréttamanns en útvarpsráð hins vegar hafnað honum og mælt með öðrum og útvarpsstjóri kosið að fara að vilja ráðsins, eins og mörg dæmi eru um fyrr og síðar.

Með þeirri skipan sem breytingin á lögunum gerir ráð fyrir er útvarpsráð losað undan umsagnarskyldum sínum við ráðningar tiltekinna starfsmanna á Ríkisútvarpinu. Eðlilegt væri að í framhaldinu yrðu settar ákveðnar innanhússreglur um framgang ráðningarmála, um samskipti einstakra yfirmanna og útvarpsráðs og um upplýsingar til ráðsins um einstakar ráðningar. Það er einnig álit flutningsmanna að heppilegast sé að a.m.k. dagskrárstarfsfólk, að yfirmönnum meðtöldum, sé aðeins ráðið til ákveðins tíma í senn. Þannig hafi yfirmenn dagskrárdeilda þokkalega frjálsar hendur til skipulagsbreytinga og mannaskipta ef svo ber undir en útvarpsstjóri geti hins vegar í samráði við útvarpsráð metið frammistöðu yfirmanna á ákveðnu tímabili. Slíkar breytingar eru þó ekki lagðar til í þessu frumvarpi þar sem um flókið mál er að ræða, m.a. vegna kjarasamninga, og eðlilegast að umfjöllun um það fylgi þeirri heildarendurskoðun útvarpslaga sem nú hefur staðið yfir um árabil.

Mál þetta var flutt á 120. þingi, var þá ekki afgreitt úr nefnd en leitað um það umsagna sem langflestar reyndust jákvæðar.

Kári Jónasson fréttastjóri Útvarps kveðst fylgjandi þessum breytingum og segir meðal annars að núverandi ákvæði gerði að verkum „að tilviljun ræður því stundum hverjir veljast til starfa á fréttastofum Ríkisútvarpsins, en ekki þörfin sem er þar hverju sinni fyrir fólk með ákveðna reynslu og þekkingu“.

Í umsögn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins, sem Logi Bergmann Eiðsson formaður undirritar, er tekið „heilshugar“ undir tillöguna um að útvarpsráð greiði ekki atkvæði um starfsfólk dagskrár. „Ákvarðanir um einstaka starfsmenn hljóta að vera best komnar í höndum deildarstjóra og sú ábyrgð sem fylgir þeim hlýtur að vera þeirra,“ segir í umsögninni þar sem einnig er lögð áhersla á að „starfsmenn séu ekki ráðnir á pólitískum forsendum og geti því komið óbundnir til starfa“.

Stjórn Félags fréttamanna tekur einnig „heilshugar“ undir þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu. „Það hefur lengi verið stefna félagsins að útvarpsráð eigi ekki að skipta sér af ráðningum fréttamanna,“ segir í umsögn stjórnarinnar sem Pétur Matthíasson formaður undirritar. Umsögninni fylgja ályktanir Félags fréttamanna um þetta efni frá 24. ágúst, 22. september og 17. nóvember 1995.

Í umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, sem Baldur Jónasson formaður undirritar, er lýst „fullum stuðningi“ við frumvarpið. Félagið telur „að með núverandi lögum geti fagleg sjónarmið verið fyrir borð borin, þegar pólitískt kjörnir fulltrúar í útvarpsráði geri tillögur um ráðningu dagskrárgerðarfólks“. Þeirri ráðningu sé „best fyrir komið í höndum deildarstjóra sem lætur fagleg sjónarmið ráða“.

Starfsmannafélag sjónvarpsins „fagnar framkomnu frumvarpi“ í umsögn sinni sem Einar Rafnsson formaður undirritar. Það „getur tekið undir rökstuðning flutningsmanna“ í greinargerð og er „reiðubúið að leggja fram frekari rökstuðning, sé þess óskað“.

Stjórn Blaðamannfélags Íslands „mælir eindregið með samþykkt þessarar tillögu“ í umsögn sinni sem Lúðvík Geirsson formaður ritar undir. Þar er talið „alls óeðlilegt“ að útvarpsráð véli um ráðningu einstakra fréttamanna á fréttastofum Ríkisútvarpsins. „Oftsinnis ganga ákvarðanir ráðsins þvert á mat og tillögu fréttastjóra sem eru sérstaklega ráðnir sem ábyrgðarmenn fréttastofanna. Ef sú ábyrgð á að standa undir nafni, þá er nauðsynlegt að fréttastjórar hafi endanlegt ákvörðunarvald um það hverja þeir telja hæfasta til að starfa á fréttastofunum hverju sinni.“

Í umsögn dr. Sigrúnar Stefánsdóttur, lektors í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, er „eindregið“ mælt með samþykkt tillögunnar, „því fyrr því betra“. Breytingin sé „löngu tímabær og yrði Ríkisútvarpinu til mikils góðs“. Oft hafi „önnur sjónarmið en fagleg“ ráðið gjörðum útvarpsráðs og séu þeir sem sækja um umrædd störf „settir í undarlega og óþægilega aðstöðu“, einkum þar sem nú mennti ungt fólk sig í síauknum mæli til starfa sem fréttamenn og líti á það sem frambúðarstarf. „Fyrir þetta fólk er það alls óviðunandi að þurfa að reyna að troða sér í gegnum pólitískt nálarauga fólks sem oft hefur engan áhuga né forsendur til þess að meta þá sem sækja um starfið á faglegum grundvelli“ segir Sigrún, sem styður frumvarpið „sem lektor í hagnýtri fjölmiðlun sem ber ábyrgð á fjölmiðlamenntun ungs fólks og sem fyrrum starfsmaður á fréttastofu Sjónvarps með eigin reynslu af vinnubrögðum útvarpsráðs við ráðningu starfsmanna“.

Andstæð viðhorf koma fram í tveimur umsögnum og einu bréfi. Heimir Steinsson þáverandi útvarpsstjóri segir að „iðulega“ þurfi „fulltrúar almannavaldsins“ í útvarpsráði að „hafa afskipti af aðfinnslum við störf fréttamanna, sem Ríkisútvarpinu berast utan að. Af þessu leiðir, að eðlilegt getur talist, að útvarpsráð fari með þann umsagnarrétt, sem títtnefndur málsliður gerir ráð fyrir.“ Heimir segir þó að ekki hafi „gætt fullrar samkvæmni í framkvæmd lagagreinarinnar“. Markús Örn Antonsson framkvæmdastjóri hljóðvarps leggur áherslu á endanlega ábyrgð útvarpsstjóra á umræddum ráðningum. Hann telur það „skref til skerðingar á umboði almannavaldsins og síst til bóta eða eflingar lýðræðislegum stjórnunarháttum innan stofnunarinnar“ ef ráðið missti tillöguréttinn, meðal annars vegna þess að hann sé til þess fallinn að „útvarpsstjóri fái að meta ólík rök og álit

úr fleiri en einni átt þegar umrædd mál eru til meðferðar". Þá kemur fram í bréfi frá Dóru Ingvadóttur, ritara útvarpsráðs, að við umræður um frumvarpið í ráðinu hafi sú skoðun verið „mjög ríkjandi" að „það geti vart talið óeðlilegt að þingkjörnir fulltrúar í útvarpsráði hafi tillögurétt þegar um er að ræða störf á borð við fréttamannastöður við fréttastofur Ríkisútvarpsins". Ráðið hafi þó ekki talið rétt að taka afstöðu til frumvarpsins þar sem það sé aðili máls.

618. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra" í 1. gr. laganna kemur: ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra" í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra" í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra" í 11. gr. laganna kemur: Ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra" í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu" í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að mál er varða brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins flytjist frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis og er frumvarp þetta flutt í samræmi við þá ákvörðun.

Ákvörðun þessa má rekja til þess að í júní 1995 óskaði félagsmálaráðuneytið eftir að Hagsýsla ríkisins gerði úttekt á málefnum Brunamálastofnunar ríkisins og var skýrslu um hana skilað í september sama ár. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að ástæða sé til „að endurmeta starfsemi stofnunarinnar og fyrirkomulag bygginga- og brunamála í heild sinni einkum vegna skörunar á viðfangsefnum við önnur yfirvöld". Jafnframt var bent á náin tengsl byggingar-, skipulags- og brunamála og að sameining laga á þessu sviði myndi leiða til hagræðis fyrir byggingariðnaðinn auk þess að gera stjórnsýslu skilvirkari.

Í ljósi þessara og annarra ábendinga Hagsýslunnar þykir eðlilegt að flytja yfirstjórn málaflokksins til þess ráðuneytis er fer með skipulags- og byggingarmál og getur þá endurskoðun laga um brunavarnir og brunamál farið fram á vegum þess ráðuneytis án þess að nánari afstaða sé á þessu stigi tekin til skýrslunnar.

Að auki liggur fyrir að ýmsir aðilar er þessum málum tengjast, þ. á m. brunamálastjóri og Landssamband slökkviliðsmanna, hafa lýst sig meðmælta flutningi málaflokksins til umhverfisráðuneytis.

Fylgiskjal I.

Drög

Reglugerð
um breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

3. tölul. A-liðar 4. gr. reglugerðarinnar falli brott og breytist töluröð síðari tölulið sama stafliðar til samræmis við það.

2. gr.

3. tölul. 13. gr., sbr. 3. gr. auglýsingar um staðfestingu á reglugerð um breytingu á reglugerð þessari nr. 77/1990, taki svofelldum breytingum:

a. Á eftir orðinu „Skipulags- og byggingarmál," komi: brunavarnir.
b. Á eftir orðinu „skipulagsstjórn" komi: Brunamálastofnun ríkisins.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, öðlast gildi 1. júlí 1997.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Brunamálastofnun ríkisins flytjist úr verkefnaflokki félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra. Ekki er talið að bæta þurfi við fjárveitingar til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis af þessum sökum, né muni heldur draga úr verkefnum félagsmálaráðuneytis að einhverju marki. Því verður ekki séð að þessi breyting hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

619. Svar [285. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um íslenskt sjónvarpsefni.

Leitað var upplýsinga hjá Ríkisútvarpi, sjónvarpi, Íslenska útvarpsfélaginu, Sýn, Íslenskri margmiðlun og Omega. Svör bárust frá öllum nema Omega.

1. *Hver var heildarútsendingartími íslenskra sjónvarpsstöðva árið 1996 í klukkustundum:*
   a. alls,
   b. eftir sjónvarpsstöðvum?

   a. Alls var útsendingartími framangreindra sjónvarpsstöðva 15.213 klst.

   b. Ríkisútvarp, sjónvarp: um 3.500 klst., Stöð 2: 5.134 klst., Sýn: 3.079 klst. og Stöð 3: 3.500 klst.

2. *Hve margar klukkustundir voru sendar út af íslensku efni á sjónvarpsstöðvunum árið 1996:*
   a. alls,
   b. eftir sjónvarpsstöðvum?

   a. Alls var útsendingartími framangreindra sjónvarpsstöðva með íslensku efni 2.527 klst.

   b. Ríkisútvarp, sjónvarp: 1.220 klst., Stöð 2: 935 klst., Sýn: 197 klst. og Stöð 3: 185 klst.

3. *Hvert var hlutfall íslensks efnis af dagskrárefni sjónvarpsstöðvanna:*
   a. alls,
   b. á hverri stöð um sig?

   a. 16,58% af heildarútsendingartíma allra sjónvarpsstöðvanna til samans.

   b. Ríkisútvarp, sjónvarp: 35%, Stöð 2: 19,9%, Sýn: 7% og Stöð 3: 5,3%.

4. *Hvað voru fréttir og fréttatengt efni, t.d. Dagsljós, stór hluti íslenska efnisins:*
   a. á sjónvarpsstöðvunum alls,
   b. á hverri stöð fyrir sig?

   a. 4,87% af heildarútsendingartíma allra sjónvarpsstöðvanna.

   b. Ríkisútvarp, sjónvarp: 12–14%, þar af Dagsljós um 90 klst., Stöð 2: 5,48%, Sýn og Stöð 3: ekkert eða óverulegt.

5. *Hvað voru íþróttir stór hluti íslenska efnisins:*
   a. alls,
   b. á hverri stöð fyrir sig?

   a. 9,5% af heildarútsendingartíma allra sjónvarpsstöðvanna.

   b. Ríkisútvarp, sjónvarp: 12–14%, Stöð 2: 2,97%, Sýn: 16% og Stöð 3: 7%.

6. *Hve stór hluti íslensks dagskrárefnis var almennir umræðuþættir, t.d. Þingsjá, mælt í klukkustundum?*

Ríkisútvarp, sjónvarp: 20 klst., með Þingsjá, ekkert kemur fram um það í upplýsingum Íslenska útvarpsfélagsins um Stöð 2, Sýn: ekkert eða óverulegt, Stöð 3: 1,4 klst.

7. *Hve stór hluti íslenska dagskrárefnisins var frumsamið efni, t.d. Spaugstofan og kvikmyndir?*

Í Ríkisútvarpi, sjónvarpi voru Spaugstofuþættir í tæpar 10 klst. og sýndar voru fimm íslenskar kvikmyndir í fullri lengd auk nokkurra íslenskra stuttmynda. Upplýsingar um annað frumsamið efni koma ekki fram í svarinu. Upplýsingar um þetta atriði verða ekki ráðnar af svörum Íslenska útvarpsfélagsins um Stöð 2. Sýn segir slíkt efni hafa verið ekkert eða óverulegt. Um Stöð 3 vísast í 8. tölulið.

8. *Hve stór hluti íslenska efnisins var skemmtiþættir, t.d. þættir Hermanns Gunnarssonar?*

Í Ríkisútvarpi, sjónvarpi voru þættir Hermanns Gunnarssonar í um 17 klst. Alls var innlent skemmtiefni í tæpar 50 klst. Í svari Íslenskrar margmiðlunar um Stöð 3 segir að sambærilegir þættir hafi verið alls 90 klst. (2,6%). Á Sýn var slíkt efni ekkert eða óverulegt. Upplýsingar um þetta atriði koma ekki fram í svörum Íslenska útvarpsfélagsins um Stöð 2.

9. *Hve stór hluti efnis stöðvanna var:*
   a. *íslenskt barnaefni,*
   b. *barnaefni talsett á íslensku?*

a. *Íslenskt barnaefni.* Ríkisútvarp, sjónvarp: Hlutur barna- og unglingaefnis var 15% af heildardagskrártíma eða um 520 klst. Þar af voru 60 klst. innlent barnaefni. Á Stöð 2 var innlent barnaefni um 11 klst. Á Sýn var slíkt efni óverulegt. Á Stöð 3 var íslensk kynning á barnaefni 20 klst. (0,6% af heildarútsendingu).

b. *Barnaefni talsett á íslensku.* Ríkisútvarp, sjónvarp: 125 klst., Stöð 2: 181 klst. Á Sýn nam textað barnaefni um 0,5% af útsendu efni en hlutfall talsetts efnis liggur ekki fyrir. Á Stöð 3 var barnaefni 13% af útsendingartíma en ekki kemur fram hve mikið var talsett á íslensku.

10. *Hverju nam heildarkostnaður við gerð íslensks sjónvarpsefnis fyrir utan fréttir og fréttatengt efni, þar með taldar íþróttir, árið 1996?*

Hjá Ríkisútvarpi, sjónvarpi hafði innlend dagskrárgerðardeild 215 millj. kr. til ráðstöfunar. Við bætist tækniþjónusta og þjónusta leikmyndadeildar. Tæknideild hafði til ráðstöfunar 174 millj. kr. og leikmyndadeild 42 millj. kr. en þjónusta þessara deilda er að mestu við innlenda dagskrárgerð. Einnig má telja með kostnaði við gerð íslensks sjónvarpsefnis kostnað við húsnæði og sameiginlegan rekstur. Hjá Stöð 3 nam heildarkostnaður við íslenskt dagskrárefni 19 millj. kr. Hjá Sýn og Íslenska útvarpsfélaginu eru þessar upplýsingar sagðar trúnaðarmál.

Svör sjónvarpsstöðvanna eru birt sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

Svar Ríkisútvarpsins, sjónvarps.
(10. febrúar 1997.)

Nákvæmar upplýsingar um útsendingartíma og flokkun efnis 1996 munu tiltækar fyrir lok febrúar. Samkvæmt gögnum sem þegar liggja fyrir og með viðmiðun við árið 1995 eru eftirtaldar upplýsingar lagðar fram með fyrirvara.

1. b. Heildarútsendingartími sjónvarpsins 1996 var um 3.500 klst.
2. b. Íslenskt efni í sjónvarpinu 1996 var um 1.220 klst.
3. b. Íslenskt efni í sjónvarpinu 1996 var tæp 35% heildarútsendingartímans.
4. b. Fréttir í sjónvarpi hafa undanfarin ár verið á bilinu 12–14% heildarútsendingartímans, eða um 30% innlends efnis. Fréttatíminn er að ⅔ hlutum innlent efni en um ⅓ erlent efni. Dagsljós var í um 90 klst. 1996.
5. b. Íþróttir í sjónvarpi hafa undanfarin ár verið 12–14% heildarútsendingartímans, eða sem svarar 30% ef miðað er við hlutdeild af innlendu efni. Íþróttir eru að ⅓ innlent efni en ⅔ erlent efni. Magn íþrótta í dagskrá er breytilegt eftir árum og ráða þar stórviðburðir á íþróttasviðinu mestu. Árið 1996 voru útsendingar frá Ólympíuleikum fyrirferðarmiklar í dagskrá sjónvarpsins þann tíma sem leikarnir stóðu yfir.
6. Umræðuþættir og Þingsjá voru samtals í rúmar 20 klst. Auk þess voru kynningar- og umræðuþættir vegna forsetakosninganna á árinu.
7. Spaugstofuþættir 1996 voru 20 talsins, eða samtals í tæpar 10 klst. Íslenskar kvikmyndir í fullri lengd á árinu voru fimm, auk þess sem sýndar voru nokkrar íslenskar stuttmyndir.
8. Spurt er um þætti Hermanns Gunnarssonar en hann var með 21 skemmtiþátt 1996 eða samtals í um 17 klst. Á vormánuðum var hann með spurninga- og happdrættisþáttinn „Happ í hendi“ en frá upphafi vetrardagskrár með þáttinn „Laugardagskvöld með Hemma“ á móti skemmtiþættinum „Örninn er sestur“ annað hvert laugardagskvöld. Innlent skemmtiefni var í tæpar 50 klst. árið 1996.
9. Hlutur barna- og unglingaefnis var um 15% af heildardagskrártíma, eða um 520 klst. Þar af var innlent barnaefni um 60 klst. og barnaefni talsett á íslensku var 125 klst.
10. Innlend dagskrárgerðardeild hafði 215 millj. kr. til ráðstöfunar árið 1996. Við bætist tækniþjónusta og þjónusta leikmyndadeildar. Tæknideild hafði til ráðstöfunar 174 millj. kr. og leikmyndadeild 42 millj. kr. en þjónusta þessara deilda er að mestu við innlenda dagskrárgerð. Einnig má vega inn í heildarkostnað við gerð íslensks sjónvarpsefnis kostnað við húsnæði og sameiginlegan rekstur.

Rúnar Gunnarsson,
starfandi framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Svar Íslenska útvarpsfélagsins.
(6. febrúar 1997.)

Yfirlit yfir útsenda dagskrá 1. janúar til 31. desember 1996.

Flokkur	Fjöldi	Tími	%
Annað	169	144:29:16	3,03
Innlend dagskrárgerð/annað	1158	613:30:42	12,85
Barnaefni — talsett	647	181:35:19	3,80
Barnaefni — textað	1887	617:14:17	12,93
Barnaefni — innlent	42	11:06:23	0,23
Fréttir	1344	261:39:38	5,48
Kvikmyndir — frumsýningar	326	550:20:48	11,53
Kvikmyndir — endursýningar	602	988:55:44	20,71
Míníséría	52	72:31:13	1,52
Tímalaust	18	00:00:00	0,00
Framhaldsþættir	1837	1070:49:57	22,43
Stakir þættir	84	79:43:58	1,67
Íþróttir — erlent	149	93:41:27	1,96
Íþróttir — innlent	101	48:17:19	1,01
Tónlist — erlent	21	25:22:59	0,53
Tónlist — innlent	20	14:51:29	0,31
Samtals útsendir klukkutímar		5134:19:13	
Auglýsingar, uppfylling og annað		360:08:44	Fjöldi
Dagskrárliðir		4774:10:29	(8457)
á íslensku		925:33:31	(2486)
á ensku		2714:30:38	(3363)
á öðru tungumáli		916:34:21	(1942)
Talsett efni		217:13:59	(666)

Fylgiskjal III.

Svar Sýnar.
(10. febrúar 1997.)

Yfirlit yfir útsenda dagskrá 1. janúar til 31. desember 1996.

Vísað er til fyrirspurnarbréfs yðar frá 4. febrúar 1997 varðandi ofangreint. Hér á eftir eru svör við fyrirspurninni varðandi útsendingar Sýnar árið 1996. Um tölu- og stafliði vísast til þingskjalsins:

1. b. 3.079 klst. Þar af dagskrárliðir (annað en auglýsingar og uppfyllingar) 2.752 klst.
2. b. 197 klst. Þar af talsett efni 163 klst.
3. b. Rúm 7%.
4. b. Ekkert.

5. b. Um 16% innlends efnis. Sé talsett efni tekið frá er hlutfallið um 90%.
6. Ekkert eða óverulegt.
7. Ekkert eða óverulegt.
8. Ekkert eða óverulegt.
9. a. Óverulegt.
   b. Textað barnaefni nam um 0,5% útsends efnis. Talsett barnaefni var nokkru meira en hlutfall liggur ekki fyrir á þessari stundu.
10. Þessar upplýsingar eru trúnaðarmál.

Meðfylgjandi er tölvuútskrift úr dagskrárkerfi Sýnar er sýnir flokkun útsends efnis.

Vænti þess að framangreindar upplýsingar séu fullnægjandi sem svar við fyrirspurn yðar.

F.h. Sýnar,

Gestur Jónsson
útvarpsstjóri.

Flokkur	Fjöldi	Tími	%
Annað	15	17:29:35	0,64
Barnaefni — textað	32	14:39:26	0,53
Kvikmyndir — frumsýningar	353	549:07:12	19,95
Kvikmyndir — endursýningar	315	486:14:08	17,67
Mínísería	2	02:57:39	0,11
Framhaldsþættir	999	599:18:08	21,77
Stakir þættir	1	00:01:10	0,00
Íþróttir — erlent	304	313:30:25	11,39
Íþróttir — innlent	27	31:30:09	1,14
Tónlist — erlent	367	734:13:04	26,68
Tónlist — innlent	5	03:20:50	0,12
Samtals útsendir klukkutímar		3079:52:57	
Auglýsingar, uppfylling og annað		327:31:11	Fjöldi
Dagskrárliðir		2752:21:46	(2420)
þar af á íslensku		34:50:59	(32)
á ensku		1340:45:04	(1593)
á öðru tungumáli		1213:47:10	(712)
Talsett efni		162:58:33	(83)

Fylgiskjal IV.

Svar Stöðvar 3.
(11. febrúar 1997.)

1. Heildarútsendingartími Stöðvar 3 á árinu 1996 var 3.500 klst.
2. Íslenskt sjónvarpsefni árið 1996 var alls 185 klst. (þar af 37 klst. kynningarefni).
3. Hlutfall íslenskrar dagskrárgerðar árið 1996 var 5,3%.
4. Ekkert fréttatengt efni af svipuðu tagi og Dagsljós var framleitt né sýnt á árinu.

5. Hlutfall íþrótta af íslensku efni var 7% eða 13 klst.
6. Umræðuþættir árið 1996 voru samtals 1 klst. og 40 mín.
7. Meiri hluti skemmtiþáttanna „Gestir“ fellur undir frumsamið íslenskt efni (sjá 8. lið).
8. Skemmtiþættir á borð við Hemma Gunn voru alls 90 klst., 2,6%.
9. a. Íslensk kynning á barnaefni var alls 20 klst. árið 1996 (0,6% af heildarútsendingu).
   b. Barnaefni var 13% af útsendingartíma árið 1996.
10. Heildarkostnaður íslensks dagskrárefnis var 19 millj. kr.

620. Fyrirspurn [347. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferliverk á Ríkisspítölum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg ferliverk voru unnin á Ríkisspítölum á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?
3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða
   a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
   b. fyrir augnaðgerð,
   c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
   Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.
4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?
5. Hafa þær greiðslur verið samræmdar?
6. Hefur samræmd reglugerð um ferliverk verið sett?

Skriflegt svar óskast.

621. Fyrirspurn [348. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferliverk á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg ferliverk voru unnin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?
3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða
   a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
   b. fyrir augnaðgerð,
   c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
   Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.

4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?
5. Hafa þær greiðslur verið samræmdar?

Skriflegt svar óskast.

622. Fyrirspurn [349. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferliverk á öðrum sjúkrahúsum en Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hve mörg ferliverk voru unnin á öðrum sjúkrahúsum en Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?
2. Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?
3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða
   a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
   b. fyrir augnaðgerð,
   c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
   Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.
4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?
5. Hafa þær greiðslur verið samræmdar?

Skriflegt svar óskast.

623. Fyrirspurn [350. mál]

til heilbrigðisráðherra um komugjöld sjúklinga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvaða breytingar hafa orðið á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahús á árunum 1993–96?
2. Hver er breytingin hlutfallslega milli ára á
   a. bráðamóttöku,
   b. slysadeild,
   c. röntgendeild,
   d. göngudeildum?

3. Eru sömu komugjöld á öllum sjúkrahúsum?

Skriflegt svar óskast.

624. Fyrirspurn [351. mál]

til heilbrigðisráðherra um sérfræðimenntaða lækna.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu margir sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Ríkisspítölum eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur? Svarið óskast sundurliðað eftir deildum og sérgreinasviðum.
2. Byggist vinna sérfræðimenntaðra lækna, sem starfa hjá Ríkisspítölum og eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur, á kjarasamningum lækna?
3. Hvert er starfshlutfall sérfræðinga á Ríkisspítölum sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, sundurliðað eftir deildum og sérgreinum?
4. Eru kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Ríkisspítölum þau sömu og sérfræðinga sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur?
5. Eru aðrir sérfræðingar í hlutastarfi hjá Ríkisspítölum sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og næringarráðgjafar? Ef svo er, er það þá samkvæmt kjarasamningum? Hversu margir eru sérfræðingarnir? Hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og deildum?

Skriflegt svar óskast.

625. Fyrirspurn [352. mál]

til menntamálaráðherra um gjöld einstaklinga utan trúfélaga.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er heildarupphæð gjalda sem einstaklingar utan þjóðkirkju og skráðra trúfélaga greiddu til Háskólasjóðs árin 1988–96 samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.?
2. Hver er tilgangur Háskólasjóðs og hvernig er stjórn sjóðsins skipuð?
3. Hver var staða Háskólasjóðs í árslok 1996 og hverjar aðrar tekjur hefur sjóðurinn?

4. Hvernig varði Háskólasjóður þessum gjöldum árin 1988–96?

Skriflegt svar óskast.

626. Fyrirspurn [353. mál]

til dómsmálaráðherra um skotvopn í opinberri eigu.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hver er skotvopnaeign:
   a. lögreglu,
   b. landhelgisgæslu?
   Svar óskast sundurliðað eftir fjölda og tegundum.
2. Hvaða reglur gilda um þessi skotvopn skv. 2. gr. laga nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda?
3. Hvaða reglur gilda um innflutning sérstaklega hættulegra tegunda skotvopna, þar á meðal sjálfvirkra skotvopna skv. 7. gr. fyrrnefndra laga? Hvernig eru reglur ráðuneytisins um viðskipti með þessi vopn sem samkvæmt lagagreininni er óheimilt að flytja til landsins?
4. Hver er skotvopnaeign annarra stofnana sem heyra undir dómsmálaráðuneytið og hvaða reglur gilda um meðferð þeirra skotvopna ef til eru?

Skriflegt svar óskast.

627. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um stofnun Stephansstofu.

Flm.: Mörður Árnason.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að kanna hvort heppilegt sé að setja á stofn sérstaka skrifstofu, kennda við Stephan G. Stephansson, sem sæi um margvísleg samskipti við Vestur-Íslendinga, við annað fólk af íslenskum ættum um allan heim og við hópa íslenskra ríkisborgara búsettra erlendis.

Greinargerð.

Samskipti Íslendinga við Vestur-Íslendinga hafa dvínað mjög á síðari hluta aldarinnar. Þó má fullyrða að undanfarið hafi eflst áhugi á slíkum samskiptum báðum megin Atlantsála.

Á Íslandi hefur aukist forvitni um afkomendur þess fimmtungs þjóðarinnar sem fluttist vestur um haf á síðustu öld og í byrjun þessarar. Síaukinn ættfræðiáhugi veldur þar nokkru í tengslum við þörf manna í iðnvæddu þéttbýlissamfélagi til að leita róta sinna. Á tímum sífellt aukinna alþjóðasamskipta hafa augu manna einnig opnast fyrir því að í Kanada og Bandaríkjunum er fjölmennur hópur fólks sem vegna uppruna síns hefur sjálfsprottinn áhuga á íslenskri menningu, sögu og samfélagi. Ágæt nýleg dæmi um þennan áhuga hérlendis má sjá í góðri aðsókn að hinu nýja Vesturfarasafni á Hofsósi og afburðaviðtökum skáldsagna Böðvars Guðmundssonar rithöfundar um Vestur-Íslendinga síðustu tvö ár.

Auk hinna eiginlegu Vestur-Íslendinga, afkomenda útflytjendanna frá þremur síðustu áratugum 19. aldar og fram að heimsstyrjöldinni fyrri, eru í þessum ríkjum, einkum „sunnan línu", fjölmargir sem síðar hafa flust vestur og afkomendur þeirra. Þessir íslensku Ameríkumenn eru eðlilegir samstarfsmenn og bandamenn á fjölmörgum sviðum, við menningarstarf, í viðskiptum, á vettvangi ferðamála og við kynningu á íslenskum málstað í einstökum átakamálum á alþjóðavettvangi.

Aðrar Evrópuþjóðir leggja margar mikla vinnu í samskipti við frændur sína vestan hafs, og má t.d. nefna Norðmenn og Íra sem hafa hvorir með sínum hætti metið að verðleikum þann styrk sem falist hefur í nánum tengslum þeirra við „sitt" fólk í Bandaríkjunum og Kanada.

Vestra hefur einnig orðið vart aukins áhuga fólks af íslenskum ættum á samskiptum við upprunaland sitt. Sá áhugi skýrist meðal annars af því að þeir íslenskir afkomendur sem nú standa í blóma lífsins eru af þriðju og fjórðu kynslóð, en það er alkunna að áhugi á ætt og uppruna í landnámsættum sveiflast reglubundið eftir kynslóðum. Sú viðkvæmni, sem einkenndi nokkuð viðhorf fyrstu kynslóðar Vestur-Íslendinga og barna hennar til upprunalands síns, hefur nú vikið fyrir nýrri forvitni og fullu sjálfstrausti. Þessi nýju viðhorf koma meðal annars fram í því að hugtakið „Vestur-Íslendingar" lætur undan síga í málfari og hugmyndaheimi á Íslendingaslóðum vestan hafs og við tekur hugtakið „íslenskir Kanadamenn" („Icelandic Canadians") með samsvarandi orðalagi í Bandaríkjunum.

Á undanförnum áratugum hafa einnig byggst upp allfjölmennar nýlendur íslenskra ríkisborgara og fólks af íslenskum ættum víða um heim, m.a. á Norðurlöndum, víðs vegar um Evrópu og í Eyjaálfu. Samskipti þessa fólks við heimalandið eru mismikil, en engin skipuleg vinna er í gangi af hálfu hins opinbera eða annarra aðila hér heima til að halda tengslum við þessa hópa þótt sendiráðin hafi gert sitt af litlum efnum.

Að samskiptum við Vestur-Íslendinga hefur frá árinu 1976 starfað sérstök nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins. Helstu verkefni þessarar nefndar hafa verið að deila út þeim takmörkuðu fjármunum sem þessum samskiptum hafa verið ætluð á fjárlögum. Að mestum hluta fólust þær fjárveitingar í föstum styrk til útgáfu *Lögbergs-Heimskringlu* á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi (Icelandic National League) og í styrkjum til gagnkvæmra heimsókna listafólks og fræðimanna. Á fjárlögum fyrir 1995 nam fjárhæð til þess arna 1,5 millj. kr., og fékk blaðið þar af hálfa milljón.

Haustið 1994 var ný nefnd skipuð til fjögurra ára og fékk hún auk hefðbundinna starfa það nýja hlutverk að „afla betri vitneskju um áætlaðan fjölda þeirra [þ.e. Vestur-Íslendinga], búsetu og tengsl þeirra við Ísland" samkvæmt bréfi ráðuneytisstjóra frá 18. nóvember 1994. Þá höfðu komið upp hér og vestan hafs hugmyndir um skrásetningu fólks af íslenskum ættum vestan hafs og tók nefndin að sér að hrinda slíkri skráningu af stað í samvinnu við ýmsa aðila heima og vestra, þar á meðal Þjóðræknisfélagið í Kanada, Ís-

lendingafélög í Bandaríkjunum, sendiráðið í Washington og Hagstofu Íslands. Þessi skráning stendur yfir og er hún fyrst og fremst kostuð með fjárveitingunni til samstarfs við Vestur-Íslendinga. Í fjárlögum fyrir 1997 er þessi heildarfjárveiting 3 millj. kr. Það hefur háð nefndinni mjög að hún styðst ekki við neina fasta starfsmenn hjá utanríkisráðuneytinu eða öðrum opinberum aðilum. Nefndin hefur þó orðið vör verulegs áhuga hjá ýmsum íslenskum fyrirtækjum á þessu starfi og er líklegt að þau væru tilbúin að leggja því allmyndarlegt lið ef vel væri staðið að málum af opinberri hálfu.

Ljóst er að eigi þetta skráningarverk að ná tilgangi sínum þarf önnur og betri vinnubrögð við verkið en umrædd nefnd utanríkisráðuneytisins er fær um að sýna.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að könnuð verði stofnun sérstakrar skrifstofu eða stofnunar til að samræma samskipti við Vestur-Íslendinga, við annað fólk af íslenskum ættum í Vesturheimi og víðar og við hópa íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis. Ljóst er að umrædd skráning yrði eitt af helstu verkefnum slíkrar skrifstofu, en að auki kæmi ýmislegt samskiptastarf í samvinnu við fyrirtæki og félagasamtök. Skrifstofan mundi einnig annast upplýsingamiðlun af margvíslegu tagi við Íslendinga og fólk af íslenskum ættum annars staðar í heiminum.

Hugmyndir eru nú uppi um að endurreisa Þjóðræknisfélag Íslendinga sem vettvang áhugamanna hér heima um samskipti vestur, og yrði það félag sjálfsagður samstarfsaðili hinnar nýju Stephansstofu.

Eðlilegt þykir að beina nefndarskipaninni til forsætisráðherra, meðal annars vegna þess að ýmis rök falla að því að skrifstofa þessi væri best komin í umsjá þess ráðuneytis fremur en til dæmis utanríkisráðuneytis eða menntamálaráðuneytis sem bæði hafa komið að þessum málum á liðnum árum.

Hér er lagt til að skrifstofan eða stofnunin verði kennd við Stephan G. Stephansson skáldbónda sem bæði bjó í Kanada og Bandaríkjunum. Væri vel við hæfi að nafni hins langförla höfuðskálds Vestur-Íslendinga væri með þeim hætti haldið á lofti í heimalandinu.

Eftir aðeins þrjú ár verður þess minnst samhliða kristnitökuafmælinu að þúsund ár eru liðin frá landafundunum miklu í Vesturheimi. Í því ljósi er enn mikilvægara að samskiptum við ættingja okkar í Vesturheimi verði sem fyrst komið á traustan grunn.

628. Svar [286. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðjóns Guðmundssonar um tekjur af happdrættum.

Fyrirspyrnin hljóðar svo:

Hver var

a. heildarsala,

b. vinningar,

c. rekstrargjöld og

d. hagnaður

þeirra happdrætta, söfnunarkassa og getrauna sem störfuðu samkvæmt lögum árin 1995 og 1996? — Svar óskast sundurliðað eftir aðilum.

Hvernig er háttað eftirliti ríkisins með þessum happdrættum?

Eftirfarandi tafla, sem skipt er eftir happdrættum, sýnir heildarsölu, vinninga, rekstrargjöld og hagnað þeirra aðila sem störfuðu árin 1995–96:

1. Happdrætti Háskóla Íslands.
Reikningsárið 1995.

	Flokka-happdrætti	Happa-þrenna	Gull-náman	Samtals í millj. kr.
Heildarsala	995,6	195,1	619,4	1.810,1
Vinningar	709,8	95,8	*137,7	943,3
Bein rekstrargjöld	102,9	74,3	264,0	441,2
Sameiginlegur kostnaður				105,3

* Gull- og silfurpottar; aðrir vinningar, sem nema um 86% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

Hagnaður af rekstri	**320,3 millj. kr.**
þar af einkaleyfisgjald	54,2 millj. kr.

2. Vöruhappdrætti SÍBS.
Reikningsárið 1995.

Heildarsala	224,5 millj. kr.
Vinningar	137,2 millj. kr.
Rekstrargjöld	55,3 millj. kr.
Hagnaður	32,0 millj. kr.

3. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna — DAS.
Reikningsárið maí 1995 til apríl 1996.

	Flokka-happdrætti	Bingó-lottó	Samtals í millj. kr.
Heildarsala	164,7	45,5	210,2
Vinningar	73,8	20,3	94,1
Rekstrargjöld	47,7	44,7	92,4
Hagnaður/tap	43,2	(19,5)	23,7

4. Íslenskar getraunir.
Reikningsárið júlí 1995 til júní 1996.

	1x2	Lengjan	Samtals í millj. kr.
Sala	204,0	213,0	417,0
Vinningar	92,0	138,0	230,0
Rekstrargjöld, óskipt			131,0
Greiðslur til íþróttahreyfingarinnar í rekstri			47,0
Hagnaður til ráðstöfunar			6,0

Hagnaður til ráðstöfunar	**6,0 millj. kr.**
Skipting:	
ÍSÍ	4,2 millj. kr.
UMFÍ	1,2 millj. kr.
Íþróttanefnd ríkisins	0,6 millj. kr.

5. Íslensk getspá.
Reikningsárið júlí 1995 til júní 1996.

	Lottó	Víkinga-lottó	Kínó	Samtals í millj. kr.
Sala	912,0	222,5	27,3	1.161,8
Vinningar	340,2	86,0	9,4	435,6
Rekstrargjöld	258,8	74,3	35,8	368,9
Rekstrarafgangur/tap	313,0	62,2	(17,9)	357,3

Ráðstafað til eignaraðila	**365,1 millj. kr.**
Skipting:	
ÍSÍ	170,4 millj. kr.
Öryrkjabandalag Íslands	146,0 millj. kr.
UMFÍ	48,7 millj. kr.

6. Íslenskir söfnunarkassar.
Reikningsárið júlí 1995 til júní 1996.

Innkomið úr kössum	**992,8 millj. kr.**
Söfnunarkassar	56,0 millj. kr.
Lukkuskjáir	756,3 millj. kr.
Pókerkassar	180,5 millj. kr.

Vinningar, sem nema um 90% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

Rekstrargjöld	294,7 millj. kr.
Gjaldfært vegna framlags til HHÍ	57,4 millj. kr.
Rekstrarafgangur	640,7 millj. kr.
Ráðstafað til eignaraðila	**630,1 millj. kr.**
Landsbjörg	66,0 millj. kr.
Slysavarnafélag Íslands	83,0 millj. kr.
SÁÁ	55,4 millj. kr.
Rauði kross Íslands	425,7 millj. kr.

Eftirlit með flokkahappdrættum, þ.e. Happdrætti HÍ, Vöruhappdrætti SÍBS og Happdrætti DAS, annast happdrættisráð sem skipuð eru af dómsmálaráðherra til þriggja ára í senn fyrir hvert happdrætti. Happdrættisráðin hafa eftirlit með útdrætti, fylgjast með rekstri og skulu samþykkja vinningaskrá. Happdrættisráði ber að tilkynna dómsmálaráðuneytinu tafarlaust ef það telur að ákvæði laga þeirra eða reglugerða, sem happdrætti starfar eftir, séu brotin.

Eftirlit með starfsemi Íslenskra getrauna hefur dómsmálaráðherra skv. 5. gr. laga um getraunir nr. 59/1972 og skv. 43. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir, nr. 543/1995, skipar ráðherra eftirlitsmann til þriggja ára í senn, svo og varaeftirlitsmann.

Eftirlit með starfsemi Íslenskrar getspár hefur dómsmálaráðherra skv. 6. gr. laga um talnagetraunir og samkvæmt reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár nr. 86/1993, 5. gr. 5.1, hefur fulltrúi ráðuneytisins eftirlit með útdrætti vinninga. Til að úrskurða kærur skipar ráðuneytið mann til þriggja ára og annan til vara, 10. gr. 10.2, og eftirlit með tölvukerfi er í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið samþykkir.

Eftirlit með söfnunarkössum Íslenskra söfnunarkassa sf. er þannig háttað að skv. 2. mgr. 2. gr. laga um söfnunarkassa skulu reikningar fyrir innkomið söfnunarfé og rekstur kassanna endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, einum tilnefndum af þeim samtökum sem standa að rekstrinum og einum tilnefndum af dómsmálaráðherra.

629. Beiðni um skýrslu [355. mál]

frá fjármálaráðherra um raðsmíðaskip.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Árna R. Árnasyni, Össuri Skarphéðinssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Magnúsi Stefánssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Vilhjálmi Egilssyni, Ágústi Einarssyni, Einari Oddi Kristjánssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Pétri H. Blöndal og Kristjáni Pálssyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um smíði svokallaðra raðsmíðaskipa. Í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. a. Hver var ástæða þess að ráðist var í smíði svokallaðra raðsmíðaskipa?
   b. Hve mörg skip voru smíðuð og hvar?
   c. Var á þessum tíma talin þörf á aukinni sóknargetu íslenska fiskiskipaflotans?
   d. Var kaupendum skipanna gert að úrelda skip á móti og hver var heildarrúmmetrafjöldi skipanna? Hvaða reglur giltu almennt um endurnýjun fiskiskipa á þeim tíma sem skipin voru seld?
2. a. Voru önnur skip smíðuð hér á landi á smíðatíma skipanna? Ef svo er, hvar voru þau smíðuð?
   b. Hvaða aflaheimildir fengu raðsmíðaskipin hvert um sig til ráðstöfunar þegar þau fengu veiðileyfi? Voru þær aflaheimildir úr stofnum sem taldir voru vannýttir?
3. a. Hver var kostnaður við smíði hvers raðsmíðaskips fyrir sig, að meðtöldum vöxtum á smíðatímanum?
   b. Hvert var söluverð þessara skipa, hvers og eins? Hvenær voru skipin seld og afhent?

c. Ef mismunur var á smíðakostnaði og söluverði skipanna, hver fjármagnaði hann?
d. Var á þessum tíma veitt aðstoð frá opinberum aðilum vegna nýsmíði annarra skipa en raðsmíðaskipa?

4. a. Hvaða lán ábyrgðist Ríkisábyrgðasjóður vegna raðsmíðaskipanna, þ.e. hver var upphafleg fjárhæð hvers láns um sig, útgáfudagur, lánskjör, lánveitandi og hvernig skiptust þau á hvert skip fyrir sig? Hvert er framreiknað virði þessara lána nú með samningsvöxtum? Hvaða tryggingar tók Ríkisábyrgðasjóður fyrir ábyrgðunum? Voru þær fullnægjandi?
b. Hver voru sambærileg lánakjör Fiskveiðasjóðs á þessum tíma til nýsmíði skipa?
c. Hefur verið gengið frá lánunum að fullu við ríkissjóð? Ef svo er, hver var heildarskuld hvers og eins skips þegar því uppgjöri lauk, að meðtöldum dráttarvöxtum?
d. Hver var ástæða þess að svo langur tími leið frá því að skipin voru seld þar til fullnaðaruppgjör fór fram?
e. Hvert var heildartap Ríkisábyrgðasjóðs (ríkissjóðs) af smíði raðsmíðaskipanna, bæði tap skipasmíðastöðvanna vegna smíðanna og eins tap vegna yfirtekinna lána?

Allar fjárhæðir miðist við verðlag 1. janúar 1997.

630. Tillaga til þingsályktunar [356. mál]

um hámarkstíma Stjórnarráðs Íslands og ríkisstofnana til að svara erindum.

Flm.: Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja starfsreglur um hámarkslengd þess tíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar ríkisstofnanir megi taka sér til að svara erindum er þeim berast auk þess að hvetja til átaks í að auka þjónustuvitund starfsmanna ríkisstofnana við almenning og fyrirtæki er þangað leita.

Greinargerð.

Meðal almennings og fyrirtækja er oft kvartað undan því að þjónustuvitund sé lítil hjá opinberum stofnunum og altítt er að erfiðlega gengur að fá svör opinberra aðila við einföldum erindum. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að hafist sé handa um að bæta þjónustu hins opinbera við fyrirtæki og einstaklinga er þangað leita. Vafalítið er langt í land að nauðsynleg hugarfarsbreyting eigi sér stað hjá hinu opinbera í þessa veru en sem lið í að bæta þjónustu við almenning felur tillagan í sér að settar séu reglur um þann hámarkstíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar opinberar stofnanir mega taka sér til að svara þeim erindum sem þangað berast. Því miður er mikill misbrestur á að þessir hlutir séu í lagi hjá Stjórnarráði Íslands og á því verður að ráða bót hið fyrsta. Flutningsmanni er kunnugt um fjölmörg dæmi þess að dregist hafi úr hömlu hjá Stjórnarráðinu að svara erindum er þangað berast. Skulu hér nefnd fjögur slík tilvik.

Á árinu 1994 skrifaði sveitarfélag ráðuneyti og óskaði heimildar til að fá keypt það land sem sveitarfélagið stendur á en er nú í eigu ríkisins. Formlegt svar hafði ekki borist í janúar 1997 þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi bæði skriflegar og munnlegar. Borið er við önnum í viðkomandi ráðuneyti.

Á árinu 1991 skrifaði lítið fyrirtæki sem var með starfsemi erlendis til ráðuneytis og óskaði eftir að kannað yrði hvort Ísland gæti gert svipaðan milliríkjasamning við tiltekið land og flest lönd í Vestur-Evrópu höfðu þegar gert og sparað hefði þessu litla fyrirtæki milljónir króna. Svar við þessari ósk hefur ekki borist enn og hætti fyrirtækið að reka á eftir málinu árið 1993 þegar þau svör fengust í viðkomandi ráðuneyti að erindið væri týnt.

Fyrirtæki óskaði eftir úrskurði um hvort sömu reglur giltu ekki um tollafgreiðslu tiltekinnar vöru sem fyrirtækið og tilteknar ríkisstofnanir notuðu til að veita sams konar þjónustu. Það tók viðkomandi ráðuneyti meira en fjóra mánuði að svara erindinu neitandi. Tekið skal fram að í svari ráðuneytisins var beðist afsökunar á þeim drætti sem orðið hefði á svari.

Í upphafi árs 1996 ritaði lögmaður ráðuneyti fyrir hönd umbjóðanda síns í framhaldi af úrskurði umboðsmanns Alþingis um mál er varðaði umbjóðanda lögfræðingsins en úrskurður umboðsmanns féll skjólstæðingi lögmannsins í vil. Nú ári síðar hefur svar ekki enn borist frá viðkomandi ráðuneyti.

Hér hafa verið nefnd dæmi sem varða þrjú mismunandi ráðuneyti, en því miður er langt í frá að um einstök og afmörkuð tilvik sé að ræða. Með einföldum og skýrum reglum á að vera unnt að koma í veg fyrir slíkan slóðaskap.

Á árunum 1971–81 þegar flutningsmaður var starfsmaður í Stjórnarráði Íslands var haft á orði að þær óformlegu starfsreglur giltu í sumum ráðuneytum að erindum er þangað bærust skyldi ekki svarað of fljótt. Fljót afgreiðsla var talin grafa undan tiltrú almennings á að afgreiðsla máls byggðist á vandaðri málsmeðferð. Erindi voru því lögð til hliðar í nokkurn tíma áður en þau komu til skoðunar.

Í fjármálaráðuneytinu var hins vegar á þessum tíma innleidd sú regla, sem ráðuneytisstjóri gerði starfsmönnum að vinna eftir, að öllum erindum er ráðuneytinu bærust skyldi svarað innan sjö virkra daga. Væri ekki unnt að kveða upp efnislegan úrskurð innan þeirra tímamarka skyldi fyrirspyrjanda svarað og sagt hvenær vænta mætti endanlegs svars. Ekki er vitað til að vandvirkni í málsmeðferð hafi liðið fyrir þessa vinnureglu.

Reglur sem þessar eru einfaldar og ætti engum að vera ofviða að skilja þær eða vinna eftir þeim. Með tilkomu tölvutækni og stórfelldri fjölgun opinberra starfsmanna frá þeim tíma sem hér hefur verið vitnað til má vænta þess að unnt væri að svara flestum erindum innan fimm virkra daga, auk þess sem unnt ætti að vera að gefa þeim erindum númer sem af einhverjum ástæðum er ekki hægt að svara innan tiltekins frests og birta síðan á heimasíðu Stjórnarráðsins á veraldarvefnum hvað líði afgreiðslu umrædds máls. Slík tilhögun mundi veita þeim starfsmönnum hins opinbera sem í hlut eiga mikið aðhald og stórbæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Aðalatriðið er þó að ríkisstjórnin setji skýrar reglur um hvers skattgreiðendur mega vænta í viðskiptum sínum við Stjórnarráð Íslands og aðrar opinberar stofnanir.

631. Fyrirspurn [357. mál]

til samgönguráðherra um laun og starfskjör starfsmanna Pósts og síma.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hver eru heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Pósts og síma hf., þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra og forstöðumanna sviða, stöðvarstjóra, deildarstjóra og annarra stjórnenda, svo og heildarlaun og starfskjör sömu eða sambærilegra yfirmanna á ári sl. þrjú ár, 1994–96, áður en Pósti og síma var breytt í hlutafélag?
   Svar óskast sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum.
2. Hvaða reglur gilda um risnu, ferða- og dvalarkostnað og bílafríðindi fyrrgreindra starfsmanna fyrir og eftir breytinguna og hverjar eru áætlaðar fjárhæðir í því sambandi?
3. Sitja eða sátu fyrrgreindir starfsmenn í stjórnum fyrirtækja eða stofnana sem tengjast starfsemi Pósts og síma eða Pósts og síma hf. og hvaða greiðslur hafa þeir þegið fyrir slík störf?
4. Hver eru heildarlaun og starfskjör stjórnarmanna hjá Pósti og síma hf. og hver tók ákvörðun um þau?
   Svar óskast sundurliðað eftir launum formanns og annarra stjórnarmanna.

Skriflegt svar óskast.

632. Fyrirspurn [358. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu jafnréttismála innan Háskóla Íslands.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hve margir nemendur og kennarar eru við hverja deild og hver er áætlaður kennslukostnaður á hvern nemanda í Háskólanum, greint eftir deildum? Hver var heildarfjárveiting til hverrar deildar á síðasta háskólaári:
   a. til kennslu,
   b. til rannsókna og stjórnunar?
2. Hvert er hlutfall kvenna og karla meðal prófessora, dósenta, lektora, stundakennara og stúdenta í Háskóla Íslands:
   a. í skólanum í heild,
   b. greint eftir deildum?
3. Hvert er kynjahlutfall:
   a. í háskólaráði,
   b. þeirra sem kjörgengir eru við komandi rektorskjör,
   c. þeirra sem kosningarrétt hafa við komandi rektorskjör,

   d. deildarforseta,
   e. í deildarráðum, skipt eftir deildum,
   f. æðstu stjórnsýslu Háskólans?
4. Hverjar eru fastanefndar háskólaráðs, hverjir sitja í hverri nefnd og hver er formaður? Hvert er hlutfall kvenna og karla meðal nefndarmanna og formanna nefnda?
5. Hefur Háskólinn sett sér jafnréttisáætlun? Ef svo er, hver eru markmið hennar og hvernig gengur að ná þeim? Stendur til að koma á fastanefnd um jafnréttismál? Hvað er helst á döfinni varðandi jafnréttismál innan skólans?
6. Hvaða farvegur hefur verið fyrir kvartanir um kynferðislega áreitni innan Háskólans á undanförnum árum? Hvað hafa mörg slík mál komið formlega upp á yfirborðið í Háskólanum sl. þrjú ár? Stendur til að taka upp sérstakar starfsreglur um mál er snerta kynferðislega áreitni innan Háskólans eins og tíðkast í háskólum nágrannalandanna?

Skriflegt svar óskast.

633. Fyrirspurn [359. mál]

til kirkjumálaráðherra um stöðu jafnréttismála innan þjóðkirkjunnar.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Hvaða nefndir hafa verið skipaðar um málefni kirkjunnar sl. þrjú ár og hvernig hafa þær verið skipaðar? Hverjir hafa setið í viðkomandi nefndum og hverjir hafa verið formenn þeirra? Hvert er hlutfall kvenna og karla:
   a. í hverri nefnd,
   b. meðal formanna nefndanna?
2. Hvert er hlutfall kynja:
   a. meðal presta þjóðkirkjunnar,
   b. aðstoðarpresta,
   c. sérþjónustupresta,
   d. í prestafélagi Íslands,
   e. í stjórn prestafélagsins,
   f. á kirkjuþingi,
   g. meðal prófasta,
   h. sóknarbarna þjóðkirkjunnar,
   i. sóknarnefndamanna,
   j. formanna sóknarnefnda?
3. Hyggst kirkjumálaráðherra beita sér fyrir því að konur fái aðild að kristnihátíðarnefnd? Ef já, þá hvenær? Ef nei, hvers vegna ekki?
4. Hefur þjóðkirkjan sett sér jafnréttisáætlun? Ef svo er, hvenær var hún sett og hver eru helstu markmið hennar?
5. Hefur þjóðkirkjan komið sér upp skipulögðum farvegi til að takast á við kvartanir um kynferðislega áreitni?

6. Hvaða stöðu og stuðnings nýtur kvennakirkjan innan þjóðkirkjunnar?

Skriflegt svar óskast.

634. Fyrirspurn [360. mál]

til dómsmálaráðherra um reglur um notkun síma í bifreiðum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað líður gerð reglna um notkun síma í bifreiðum samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 1988?

635. Fyrirspurn [361. mál]

til heilbrigðisráðherra um starfsfólk sjúkrastofnana.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hversu margir einstaklingar voru á launaskrá sjúkrahúsa, sjúkrastofnana (þar með taldar öldrunarstofnanir og heilsugæslustöðvar) og annarra stofnana sem heyrðu undir heilbrigðisráðuneytið um síðustu áramót?
   Óskað er sundurliðunar eftir einstökum stofnunum, starfsgreinum og kyni starfsmanna.
2. Hvert er hlutfall heilbrigðisstarfsmanna af vinnubærum mönnum í viðkomandi sveitarfélagi annars vegar og þjónustusvæðis stofnunar hins vegar?
3. Hefur verið lagt mat á mikilvægi þessara þjónustustofnana í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga og áhrifa á það með tilliti til byggðastefnu? Hefur það verið gert í tillögum nefndar heilbrigðisráðherra um „hagræðingu í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa“?

Skriflegt svar óskast.

636. Nefndarálit [254. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Hrólf Kjartansson frá menntamálaráðuneytinu og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnir greiði 1,3% af dagvinnulaunum í námsleyfasjóð kennara í stað 1% samkvæmt gildandi lögum. Breyting þessi er nauðsynleg til að tryggja óbreytta möguleika kennara og skólastjórnenda til námsleyfa vegna viðbótarnáms og endurmenntunar eftir flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, en að jafnaði hefur verið unnt að veita 30 námsleyfi á ári.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Svanfríður Jónasdóttir.	Hjálmar Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

637. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „3. mgr.“ í 1. mgr. 8. gr. komi: 4. mgr.

Greinargerð.

Breytingartillaga þessi er lögð fram þar sem tilvísun í málsgrein í 8. gr. er röng í frumvarpstextanum.

638. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður, svohljóðandi:

D. Þeim sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, er heimilt að ljúka námi samkvæmt eldri lögum, enda útskrifist þeir eigi síðar en fimm árum eftir að námið hófst.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er lagt til að þeir nemendur, sem voru við nám í Stýrimannaskólanum áður en lög nr. 62/1995 tóku gildi, skuli ljúka námi samkvæmt eldri lögum. Í 11. gr. laga nr. 62/1995, sem breytir 16. gr. laga nr. 112/1984, er kveðið á um að þeir sem hafi öðlast rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lögin tóku gildi skuli halda þeim réttindum sínum óskertum. Það er eðlilegt að ný lög hafi ekki íþyngjandi áhrif á þá sem hófu nám í trausti þess að fá réttindi á grundvelli eldri laga.

Lögin frá 1995 breyttu verulega atvinnuréttindum skipstjórnarmanna, enda höfðu Íslendingar nýlega gerst aðilar að alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skilríki og vaktstöðu sjómanna (STCW-1978) og var lögum um atvinnuréttindi breytt í samræmi við þessa samþykkt.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér nýjan lið í ákvæði til bráðabirgða í lögunum. Þar segir að þeim einstaklingum sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, verði heimilt að ljúka námi samkvæmt eldri lögum enda útskrifist þeir eigi síðar en fimm árum eftir að námið hófst. Tilgangur frumvarpsins er að koma í veg fyrir að ný lög hafi íþyngjandi áhrif á þá sem hófu nám í trausti þess að fá réttindi á grundvelli eldri laga.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

639. Skýrsla [5. mál]

félagsmálaráðherra um afleiðingar langs vinnutíma hér á landi, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Inngangur.

Með beiðni (á þskj. 5) frá Margréti Frímannsdóttur og fleiri þingmönnum er þess óskað að félagsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um þau áhrif sem langur vinnutími hér á landi hefur á þjóðarbúið og hag íslenskra fjölskyldna. Þess er sérstaklega óskað að fram komi hver áhrif vinnutíma séu m.a. á:

a. kjör launafólks,
b. framleiðni fyrirtækja og afkomu þeirra,
c. slysa- og veikindatíðni og
d. fjölskyldulíf.

Enda þótt hér sé hreyft mikilvægu málefni eru sumir þættir þess eðlis að nær útilokað er að gera þeim fullnægjandi skil jafnvel þótt miklu væri til kostað með rannsóknum. Þetta á við um áhrif langs vinnutíma á framleiðni fyrirtækja og afkomu þeirra. Einnig að því er varðar áhrif á fjölskyldulíf. Hins vegar eru tiltækar erlendar skýrslur um fyrrnefnda atriðið og að því verður vikið síðar. Ekki hefur tekist að afla gagna um áhrifin á fjölskyldulífið en þó hlýtur að mega fullyrða að áhrifin séu neikvæð. Samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlits ríkisins eru til erlendar rannsóknir sem sýna að beint samband er á milli langs vinnutíma og aukinnar slysa- og veikindatíðni starfsmanna.

Áhrif langs vinnutíma á kjör launafólks eru öllum kunn. Langur vinnutími eykur ráðstöfunartekjur eins og greinilega kom fram í samanburðarkönnun á lífskjörum hér á landi og í Danmörku sem var lögð fyrir Alþingi í vor. Þó verður að vekja athygli á því að upplýsingum um raunverulegan vinnutíma hér á landi er að ýmsu leyti áfátt eins og bent er á í skýrslu nefndar sem gerði úttekt á áhrifum þess að tilskipun Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma taki gildi á Íslandi. Nánar er fjallað um skýrsluna hér á eftir. Í þessu sambandi er rétt að minna á að hér er um að ræða atriði sem meðal annars er skipað með samningum aðilda vinnumarkaðarins.

Þegar hafa tekist nokkrir samningar á milli samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks um styttingu vinnutíma. Þeir helstu eru: Samningur frá 30. desember 1996 sem Alþýðusamband Íslands og fimm landssambönd þess gerðu við Vinnuveitendasamband Íslands. Samningur frá 23. janúar 1997 á milli annars vegar fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og launanefndar sveitarfélaga og hins vegar Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands. Enn fremur hefur verið undirritaður samningur á milli atvinnurekenda og samtaka launafólks varðandi vinnuskipulag í loðnubræðslum á Austurlandi.

Samningar á milli Alþýðusambands Íslands og Vinnumálasambandsins eru langt komnir.

Með framangreindum samningum er stigið markvisst skref í átt að almennri styttingu vinnutíma á Íslandi. Samningunum verður fylgt eftir með breytingu á IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og er undirbúningur frumvarps hafinn.

Íslenskar skýrslur og tillögur um aðgerðir til að stytta vinnutíma.

Stjórnvöld hafa gert tilraunir til að hafa áhrif á lengd vinnutíma en með takmörkuðum árangri.

Árið 1987 skipaði félagsmálaráðherra nefnd þriggja manna sem falið var að leita leiða til að stytta vinnutíma án þess að tekjur skerðist. Í nefndinni áttu sæti Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytis, Jón Agnar Eggertsson, formaður Verkalýðsfélags Borgarness, og Víglundur Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að leggja til að yfirvinnukaup yrði lækkað en dagvinnukaup hækkað. Einnig benti nefndin á að í auknum mæli mætti staðgreiða skatt á launagreiðslur og takmarka yfirvinnu með lögum. Tillögur nefndarinnar voru sendar fjölmörgum samtökum á vinnumarkaði til umsagnar. Samandregið má segja að öllum umsagnaraðilum hafi borið saman um nauðsyn þess að stytta vinnutímann. Hins vegar lögðust langflestir umsagnaraðilar gegn þeirri tillögu nefndarinnar að leiðin að því marki væri að lækka aukavinnuálag. Samtök launafólks töldu nauðsynlegt að hækka dagvinnulaunin. Svo til allir umsagnaraðilar lögðust gegn lagasetningu sem takmarki aukavinnu og bentu í því sambandi á gildandi lög um lengd vinnutíma.

Hér að framan er þess getið að nefnd á vegum ráðuneytisins hafi skilað skýrslu um áhrif þess að tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104/ESB taki gildi á Íslandi. Um er að ræða samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin var skipuð 23. ágúst 1993. Í henni eiga sæti fulltrúar eftirtalinna aðila: Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins, Vinnumálasambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúi félagsmálaráðherra er formaður samráðsnefndarinnar.

Með bréfi frá 2. júní 1995 var samráðsnefndinni falið að gera úttekt á áhrifum þess að tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104/ESB taki gildi á Íslandi. Þess var sérstaklega óskað að tekin yrði saman greinargerð um breytingar á lögum og reglugerðum sem kynni að leiða af gildistökunni. Einnig var farið fram á að varpað yrði ljósi á áhrif á skipulag vinnutíma opinberra starfamanna, t.d. þeirra sem starfa að heilsugæslu, og lagt yrði mat á þann kostnaðarauka fyrir ríkissjóð sem hlýst af skipulagsbreytingum á starfsemi hins opinbera. Loks var farið fram á það að samráðsnefndin upplýsti um líkur á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd tilskipunarinnar og hvaða kostnaður hlýst af gildistöku hennar fyrir atvinnulífið í heild.

Í bréfi frá 2. febrúar 1996 gerir nefndin félagsmálaráðherra grein fyrir útekt sinni. Í því kemur fram að hún hafi unnið að samningu greinargerðar um málefnið á samtals 16 fundum. Með bréfinu fylgdi skýrsla sem nefndin tók saman og ber heitið: Skipulag vinnutíma. Skýrsla um áhrif af gildistöku tilskipunar ESB um skipulag vinnutíma nr. 93/104/ESB.

Í skýrslunni eru ákvæði tilskipunar ESB um skipulag vinnutíma brotin til mergjar og gerð grein fyrir helstu meginreglum sem leiðir af gildistöku hennar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að samráðsnefndinni hafi verið falið að leggja mat á þann kostnað sem hlýst af gildistöku tilskipunarinnar fyrir atvinnulífið. Nefndin er sammála um að mat á mögulegum kostnaði eða hagræði af þeim breytingum sem leiðir af skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni sé háð fjölmörgum óvissuþáttum, m.a. að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um virkan vinnutíma landsmanna. Fulltrúar hagsmunaaðila, sem eiga sæti í nefndinni, eru þó sammála um að allar aðstæður í framleiðslu hafi

breyst á undanförnum árum og áratugum þannig að hægt eigi að vera að skipuleggja vinnu innan þess ramma sem tilskipunin setur.

Skýrslan er birt sem fylgiskjal með þessar skýrslu. Í henni er fjallað með einum eða öðrum hætti um atriði sem þingmenn Alþýðubandalagsins og óháðra hafa með beiðni sinni óskað eftir fá upplýsingar um.

Vakin er á því athygli að í skýrslu félagsmálaráðherra um styttingu vinnutíma, sem lögð var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995–96, er einnig fjallað um það málefni sem hér er til umræðu.

Framleiðni fyrirtækja og afkoma þeirra.

Í öðrum löndum hafa verið teknar saman skýrslur um áhrif vinnutíma á framleiðni og afkomu fyrirtækja. Skýrsla sænskrar nefndar um vinnutíma, lengd, skipulagningu og áhrif er sú nýjasta á þessu sviði (Arbetstid, längd, förläggning och inflytande — slutbetänkande av 1995 års arbetstidskommittee — SOU 1996:145). Skýrslan barst félagsmálaráðuneytinu í byrjun nóvember 1996.

Samkvæmt erindisbréfi sænsku nefndarinnar fjallaði hún fyrst og fremst um þrjú viðfangsefni: Mat á langtímaáhrifum af ýmsum kostum við að stytta vinnutíma; rannsókn á því hvernig hægt sé að taka upp ákvæði um sveigjanlegan vinnutíma í sænsk lög; úttekt á áhrifum af gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma á lög og reglur í Svíþjóð um vinnutíma. Viðfangsefni sænsku nefndarinnar og áðurnefndrar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins eru að ýmsu leyti hliðstæð.

Í kafla 4.3 í skýrslunni fjallar sænska nefndin ítarlega um áhrif styttingu vinnutíma á fjárhagslega afkomu fyrirtækja og á framboð atvinnu. Sérstaklega er fjallað um styttingu vinnutímans og framleiðni í kafla 4.3.1 á bls. 101.

Í upphafi kaflans vekur nefndin athygli á því að sænskum rannsóknum á áhrifum styttingar vinnutíma á framleiðni beri ekki saman. Þannig komi fram í skýrslu Åbergs (1986) að það hafi átt sér stað nokkur framleiðniaukning á 7. og 8. áratugnum. Hins vegar virðast rannsóknir Åbergs benda til þess að sé litið til lengri tíma virðist draga úr framleiðniaukningunni. Rannsóknir Anxo og Bigsten (1989) og Anxo og Sterner (1991) leiða í ljós að almenn stytting vinnutímans muni ekki nema að litlu leyti hafa áhrif á framleiðnina.

Önnur rannsókn bendir í aðra átt. Skedinger (1994) kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðni vinnunnar aukist um 0,7% fyrir hvern hundraðshluta sem vinnutíminn styttist.

Sænska nefndin bendir á að skýringin á þessum mismunandi niðurstöðum sé ef til vill sú að rannsókn Skedinger taki ekki með tímabundnar sveiflur í rekstri en það sé gert í rannsókn Anxo og Sterner.

Almennt er niðurstaða sænsku nefndarinnar sú að stytting vinnutímans leiði til minni framleiðslu. Styttri vinnutími getur leitt til vaxandi framleiðni en svo virðist sem stytting vinnutímans hafi mest áhrif á framleiðnina því lengri sem vinnudagurinn er við upphaf styttingarinnar. Því meir sem vinnutíminn er styttur því erfiðara virðist vera að auka framleiðsluna með aukinni framleiðni. Hversu mikið hægt er að auka framleiðnina veltur á atvinnugreininni. Í vissum atvinnugreinum, fyrst og fremst þjónustu, er tækifæri til hagræðingar háð ýmsum takmörkunum. Skilvirkni hefur þegar náð því stigi að frekari styttingu vinnutíma virðist ekki vera hægt að mæta með meiri hagræðingu.

Ástæða er til að vekja athygli á umfjöllun í kafla 4.4. í sænsku skýrslunni um reynslu nokkurra landa í Vestur-Evrópu af styttingu vinnutíma.

Vinnutími og slysa- og veikindatíðni.

Langur vinnudagur leiðir oft til þreytu hjá starfsmönnum, en þreytan getur verið mismikil. Það er einstaklingsbundið hve næmir menn eru fyrir áhrifum langs vinnudags og hversu þreyttir þeir verða. Með þreytu er átt við tímabundna minnkun á getunni til að vinna, ástand sem auðveldlega gengur til baka og sem stafar af endurtekningu eða stöðugri langvarandi áreynslu. Þreyttur maður hefur minni mátt eða hæfni til að bregðast við áreiti. Þreytu má skipta í tvo flokka, vöðvaþreytu og almenna þreytu. Báðir flokkar eru háðir lengd vinnudagsins eða áreynslu. Um almenna þreytu er stundum talað sem taugaþreytu eða andlega þreytu, hennar gætir fyrr og oftar ef svefn er ónógur eða óreglulegur.

Ef vinnudagur er langur eykst sá tími sem menn eru í hættu að verða fyrir vinnuslysum. Því þarf við rannsóknir á löngum vinnudegi og tíðni vinnuslysa að taka tillit til þess að áhættutíminn lengist. Það hefur verið staðfest í rannsóknum að með löngum vinnudegi eykst slysatíðni þó meir en sem svarar því að menn eru lengur á vinnustaðnum. Það er því ljóst að samhengi er milli langs vinnudags, skorts á hvíld og hærri tíðni vinnuslysa. Nákvæmar rannsóknir á tilurð flugslysa sýna greinilega þátt þreytu í slysatíðninni. Oft hafa menn þó kosið að kalla það „mannleg mistök" þegar t.d. þreyta og ónógur svefn eiga hlut að slysunum.

Frekari upplýsingar um þetta efni er t.d. að finna í Basisbog I Arbejdsmedicin, bind II. Redaktor: Ib Andersen, København, Arbejdsmiljöinstituttet 1994; Tver, DF. Industrial medicine desk reference, London, Chapman and Hall, 1986; Price WJ, Holley DC, Shiftwork and safety in aviation, In: Scott A. Javids ed. Occupational Medicine, Shiftwork, Philadelphia, Hanley and Belfus, 1990.

Niðurlag.

Í þessari skýrslu er fjallað í stuttu máli um tengsl vinnutíma við ýmsa þætti, t.d. framleiðslu og framleiðni, tekjur, fjölskyldulíf, slysa- og veikindatíðni. Vakin er athygli á nýlegri sænskri skýrslu um þetta málefni. Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslu samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins um áhrif þess að tilskipun Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma taki gildi á Íslandi. Skýrslan er birt sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Bent er á fyrri skýrslur sem unnar hafa verið á vegum félagsmálaráðuneytisins um vinnutíma og leiðir til að stytta hann.

Ítarlegri og umfangsmeiri úttekt krefst umtalsverðra fjármuna og mannafla. Ef Alþingi telur brýnt að ráðast í slíka úttekt er ekki óeðlilegt að hún verði framkvæmd á grundvelli sérstakrar þingsályktunar.

Fylgiskjal.

SKIPULAG VINNUTÍMA

Skýrsla um áhrif af gildistöku tilskipunar ESB um skipulag vinnutíma nr. 93/104/ESB.
(Febrúar 1996.)

Samin samkvæmt ósk félagsmálaráðherra af samráðsnefnd um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samantekt.

Skýrsla þessi er tekin saman í framhaldi af bréfi félagsmálaráðherra 2. júní 1995 til samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Í bréfinu kemur fram sú ósk ráðherra að nefndin taki saman skýrslu um áhrif þess að tilskipun Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma nr. 93/104/EB taki gildi á Íslandi.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir afstöðu stjórnvalda og helstu samtaka á vinnumarkaði til þess að tilskipunin taki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu og þar með á Íslandi. Í fyrstu höfðu stjórnvöld efasemdir um að lagalegar forsendur væru fyrir gildistöku tilskipunarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Stefna utanríkisráðuneytisins er sú að Ísland eigi að staðfesta tilskipunina.

Helstu samtök launafólks hafa stutt gildistöku tilskipunarinnar um skipulag vinnutíma.

Enda þótt í upphafi hafi komið fram ábendingar frá fulltrúum samtaka atvinnurekenda um að efni tilskipunarinnar ætti mjög illa við aðstæður á íslenskum vinnumarkaði eru fulltrúar hagsmunaaðila og utanríkisráðuneytisins, sem eiga sæti í samráðsnefndinni, sammála um að með tilliti til þeirra almennu markmiða um vinnuvernd sem tilskipunin byggir á og vegna hagsmuna Íslands af góðri framkvæmd EES-samningsins sé óhjákvæmilegt að mæla með því að stjórnvöld staðfesti tilskipunina og hún verði þar með tekin upp á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í skýrslunni eru ákvæði tilskipunar ESB um skipulag vinnutíma reifuð. Meginreglur hennar eru þær að tryggja ber sérhverjum starfsmanni 11 klst. samfelldan daglegan hvíldartíma á hverju 24 klst. tímabili; að starfsmenn eigi rétt til hvíldarhlés ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klst.; að tryggja að starfsmenn eigi rétt á samfelldum 24 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili; að vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klst. að yfirvinnu meðtalinni; að tryggja öllum launamönnum rétt á árlegu fjögurra vikna launuðu leyfi; að tryggja að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir 8 klst. á hverju 24 klst. tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag.

Nefndin vekur á því athygli að nauðsynlegt er að breyta ákvæðum gildandi laga, t.d. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og kjarasamninga til samræmis við efni tilskipunarinnar.

Samkvæmt bréfi ráðherra var nefndinni falið að leggja mat á þann kostnað sem hlýst af gildistöku tilskipunarinnar fyrir atvinnulífið. Nefndin er sammála um að mat á mögulegum kostnaði eða hagræði af þeim breytingum sem leiðir af skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni er háð fjölmörgum óvissuþáttum, m.a. að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar um virkan vinnutíma landsmanna.

Nefndin vekur á því athygli að vinnutímarannsóknir á Íslandi séu skammt á veg komnar og því erfitt að segja eitthvað með fullri vissu um endanleg áhrif tilskipunarinnar á lengd vinnutíma. Svarið verði enn torfundnara í ljósi þess að ekki eru fullljós áhrif þeirra frávika sem tilskipunin gefur möguleika á og hvaða áhrif þau geta haft á framkvæmdina. Nefndin bendir á að allar aðstæður í framleiðslu hafi breyst á undanförnum árum og áratugum þannig að hægt eigi að vera að skipuleggja vinnu innan þess ramma sem tilskipunin setur.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er heimilt að hrinda henni í framkvæmd með kjarasamningum. Í tillögukafla skýrslunnar kemur fram að fyrir liggi að Alþýðusamband Íslands hafi óskað eftir viðræðum við samningsaðila sína um efni tilskipunarinnar. Einnig hafa Bandalag háskólamanna og BSRB sett fram hliðstæða ósk gagnvart fjármálaráðuneytinu. Bæði Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið hafa lýst því yfir að samtökin séu tilbúin til slíkra viðræðna nú þegar. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er hafinn undirbúningur málsins.

Með tilliti til þessa telur nefndin eðlilegt að gefa aðilum vinnumarkaðarins nokkurt svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli og freista þess þannig að aðlaga reglur tilskipunarinnar þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru á íslenskum vinnumarkaði, t.d. þrjá mánuði. Að þeim tíma liðnum hefjist félagsmálaráðuneytið handa við undirbúning nauðsynlegrar lagasetningar sem geti tekið mið af því sem um semst innan ramma tilskipunarinnar.

Í þessari skýrslu kemur fram að verulega skortir á að upplýsingar um lengd virks vinnutíma liggi fyrir eins og hann er skilgreindur samkvæmt tilskipuninni. Nefndin telur að það sé mjög brýnt að einum aðila verði þegar í stað falið að halda til haga upplýsingum um þetta efni og sjá um að þær séu aðgengilegar stjórnvöldum, sem og öðrum hagsmunaaðilum.

Loks er lagt til að samin verði sérstök aðgerðaáætlun til að fylgja tilskipuninni eftir. Í henni verði kveðið á um upplýsingaherferð stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins sem hafi að markmiði að kynna efni tilskipunarinnar. Enn fremur verði í áætluninni lýsing á ábyrgð aðila hvers um sig og ábendingar um það hvernig framfylgja beri ákvæðum hennar.

1. Inngangur.

Hinn 2. júní 1995 sendi félagsmálaráðherra samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) bréf um hugsanlega gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma nr. 93/104/ESB á Evrópska efnahagssvæðinu. Í bréfinu kemur fram að tilskipunin hafi verið til umfjöllunar hjá íslenskum stjórnvöldum og í samráðsnefndinni. Í bréfinu er vísað til þess að í samráðsnefndinni hafi komið fram ábendingar frá fulltrúum samtaka atvinnurekenda um að efni tilskipunarinnar ætti mjög illa við aðstæður á íslenskum vinnumarkaði.

Í bréfinu er lagt fyrir samráðsnefndina að gera úttekt á áhrifum þess að framangreind tilskipun taki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Ráðherra óskar þess sérstaklega að tekin verði saman greinargerð um breytingar á lögum og reglugerðum sem kann að leiða af gildistöku. Einnig að varpað verði ljósi á áhrif af gildistöku tilskipunarinnar á skipulag vinnutíma opinberra starfsmanna, t.d. þeirra sem starfa að heilsugæslu, og að lagt verði mat á þann kostnaðarauka fyrir ríkissjóð sem hlýst af skipulagsbreytingum á starfsemi hins opinbera.

Bent er á að í tilskipuninni sé gert ráð fyrir að við útreikning á meðalvinnutíma verði hægt að miða við mismunandi langan viðmiðunartíma. Til dæmis er gert ráð fyrir að forsenda þess að hægt verði að nýta lengsta viðmiðunartímann við framkvæmd tilskipunarinnar sé sú að byggt verði á heildarsamningum aðila vinnumarkaðarins.

Með tilvísun til þessa óskar ráðherra eftir því að samráðsnefndin freisti þess að upplýsa hvaða líkur eru á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um þetta efni og hvaða kostnaður hlýst af gildistöku samþykktarinnar fyrir atvinnulífið í heild.

Í samræmi við framangreint bréf ráðherra hefur samráðsnefndin tekið saman skýrslu sem hér liggur fyrir. Í öðrum kafla hennar er gerð grein fyrir upphaflegri kynningu á tilskipuninni og fyrstu viðbrögðum hagsmunaaðila og stjórnvalda við henni og síðari samskiptum íslenskra stjórnvalda og ESB vegna gildistöku tilskipunarinnar. Í þriðja kafla er efni tilskipunar ESB nr. 93/104/ESB dregið saman og þess freistað að setja það fram á aðgengilegan hátt, þ.e. gera grein fyrir gildissviði, helstu ákvæðum um hámark vinnutíma, undanþágum og eftirliti með framkvæmd.

Fjórði kafli skýrslunnar er um ákvæði íslenskra laga, reglugerða og kjarasamninga um lengd vinnutíma.

Fimmti kaflinn fjallar um vinnutíma á Íslandi. Í honum er þess freistað að varpa ljósi á lengd vinnutíma á Íslandi eins og hann er skilgreindur í tilskipuninni. Niðurstaðan er sú að þær upplýsingar, sem liggja fyrir, séu mjög ófullkomnar og leyfi ekki að dregnar séu af þeim mjög víðtækar ályktanir um raunverulegan vinnutíma landsmanna.

Umfjöllun um áhrif þess að tilskipunin taki gildi á Íslandi er í sjötta kafla. Þar bendir samráðsnefndin á breytingar sem hafa orðið að undanförnu í íslensku þjóðfélagi, t.d. með þéttingu byggðar, almennari menntun, bættum samgöngum og umfram allt byltingu í geymslu sjávarfangs. Vélvæðing í landbúnaði hefur einnig haft umtalsverð áhrif.

Sjöundi kaflinn hefur að geyma tillögur um það með hvaða hætti tilskipuninni verði hrundið í framkvæmd á Íslandi. Bent er á að breyta þurfi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefndin leggur áherslu á að aðilum vinnumarkaðarins gefist nokkurt svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli og freista þess þannig að aðlaga reglur tilskipunarinnar þeim aðstæðum sem eru á íslenskum vinnumarkaði. Hún telur brýnt að einum aðila verði þegar í stað falið að halda til haga upplýsingum um virkan vinnutíma landsmanna og sjá um að þær séu aðgengilegar stjórnvöldum sem og öðrum hagsmunaaðilum. Í kaflanum er loks lagt til að samin verði sérstök aðgerðaáætlun til að fylgja tilskipuninni eftir.

2. Aðdragandi.

Tilskipun Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma kom fyrst til umfjöllunar á vettvangi félagsmálaráðuneytisins í október 1993 þegar drög að tilskipuninni voru lögð fyrir samráðsnefnd ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um framkvæmd reglna á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipunin kom til umfjöllunar á fundum nefndarinnar haustið 1993 og fyrri hluta árs 1994.

Í samráðsnefndinni komu þegar fram ábendingar frá fulltrúum samtaka atvinnurekenda um að efni tilskipunarinnar ætti mjög illa við aðstæður á íslenskum vinnumarkaði. Helstu rök samtaka atvinnurekenda voru þau að tilskipunin taki ekki mið af einhæfni íslensks atvinnulífs og smæð vinnumarkaðar og feli í sér óþarfa skriffinnsku. Að fenginni niðurstöðu framkvæmdastjórnar ESB um að tilskipunin eigi við á hinu Evrópska efnahagssvæði, sbr. umfjöllun hér að neðan, taldi VSÍ engu að síður að með tilliti til hagsmuna Íslands af góðri framkvæmd EES-samningsins væri óhjákvæmilegt að mæla með því að tilskipunin yrði tekin upp á Evrópska efnahagssvæðinu. Í bréfi, sem samtökin ásamt starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sendu utanríkisráðuneytinu 23. mars 1995, er áréttuð sú afstaða að nauðsynlegt sé að reglur tilskipunarinnar verði aðlagaðar íslenskum aðstæðum, heimildir til undanþágu nýttar og viðmiðunartímabil og aðlögunartími verði sem lengstur.

Samtök launafólks tóku afstöðu til hugsanlegrar gildistöku tilskipunarinnar á fyrri hluta árs 1994. BSRB tók afstöðu til tilskipunarinnar á fundi 3. mars 1994. Á þeim fundi var samþykkt að styðja tilskipun ESB um vinnutíma. Þessi afstaða er m.a. byggð á samþykktum 36. þings BSRB, sem haldið var árið 1991, þar sem gerð var krafa um styttingu vinnutíma og samþykkt að skora á ríkisvaldið að fella ákvæði um yfirvinnuskyldu brott úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á fundi stjórnar og formanna BSRB kom jafnframt fram áhersla á skiptingu vinnunnar í ljósi aukins atvinnuleysis hér á landi.

ASÍ tók formlega afstöðu til tilskipunarinnar 8. júní 1994. Í áliti miðstjórnar er vakin á því athygli að tilskipuninni sé ætlað að bæta vinnuumhverfi og auka vinnuvernd með öryggi og heilsu launþega í huga. Í framhaldi af því telur ASÍ eðlilegt að tilskipunin verði hluti af íslenskri löggjöf eins og aðrar hliðstæðar tilskipanir.

Vinnumálasambandið tók formlega afstöðu til tilskipunarinnar með bréfi til félagsmálaráðuneytisins frá 27. apríl 1995. Í bréfinu kemur fram að samtökin eru afar ósátt við að tilskipunin taki gildi því að hún henti illa íslenskum aðstæðum og muni leiða til verulegra breytinga á vinnumarkaði og efni kjarasamninga. Vinnumálasambandið telur að af hálfu stjórnvalda verði að liggja ljóst fyrir hvort Íslendingar séu skuldbundnir til að taka upp þessa tilskipun. Telji stjórnvöld svo vera muni Vinnumálasambandið ekki fyrir sitt leyti leggjast gegn því að hún verði hluti af EES-samningnum.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur tekið afstöðu til hugsanlegrar gildistöku tilskipunar um vinnutíma á Íslandi. Með bréfi frá 1. maí 1995 leggur BHM til að aðildarríkjum EES-samningsins verði þegar tilkynnt um þann ásetning ríkisstjórnar Íslands að staðfesta tilskipunina.

Í utanríkisráðuneytinu voru í fyrstu uppi efasemdir um að lagalegar forsendur væru fyrir því að tilskipunin ætti að vera hluti af EES-samningnum þótt hún væri í samræmi við lagaheimildir Rómarsáttmálans.[1] Í dag er það stefna utanríkisráðuneytisins að Ísland eigi að staðfesta tilskipunina.

Í framhaldi af afstöðu íslenskra stjórnvalda sendi framkvæmdastjórn ESB fulltrúa í heimsókn til Íslands dagana 4. og 5. júlí 1994. Markmið heimsóknar fulltrúa ESB var að skýra fyrir stjórnvöldum og samtökum aðila vinnumarkaðarins ákvæði í tilskipuninni um skipulag vinnutíma.

---

[1] Utanríkisráðuneytið (sendiráð Íslands í Brussel) sendi 21. janúar 1994 minnisblað þessa efnis til formanna EFTA og ESB í vinnuhópi IV varðandi afstöðu Íslands til tilskipunar 93/104/ESB.

Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir rökstuðningi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir þeirri afstöðu að tilskipanir ESB um skipulag vinnutíma skuli gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Félagsmálaráðuneytinu barst 2. mars 1995 skriflegur rökstuðningur framkvæmdastjórnar ESB fyrir því að tilskipun 93/104/ESB[2] um skipulag vinnutíma og tilskipun 94/33/ESB um vinnu barna eigi að gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessi rök voru rædd á 26. fundi samráðsnefndar ráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um framkvæmd reglna á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu. Rök framkvæmdastjórnarinnar eru m.a. byggð á 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þar sem kveðið er á um að samningsaðilar skuli einbeita sér að umbótum á vinnuskilyrðum starfsmanna, einkum að því er varðar öryggi og hollustuhætti. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er tekið fram að í viðauka XIII séu talin upp ákvæði sem skuli framfylgja sem lágmarkskröfum á þessu sviði. Evrópusambandið tekur fram að framangreindar tvær tilskipanir eigi heima í þessum viðauka. Þær séu byggðar á a-lið í 118. gr. Rómarsamningsins sem heimilar framkvæmdastjórninni að afgreiða tilskipanir sem hafa að markmiði að auka öryggi og bæta heilsu starfsmanna. Þær miði augljóslega báðar að því að setja lágmarkskröfur en ekki að algjörri samræmingu á þessu sviði. Þær séu mikilvægur þáttur í evrópskri félagsmálastefnu og þannig þýðingarmikill þáttur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá er vakin athygli á því að báðar tilskipanirnar gefa verulega möguleika á sveigjanleika bæði í sambandi við það með hvaða hætti þeim er hrint í framkvæmd og til að aðlaga ákvæði þeirra þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Tilskipun ESB um skipulag vinnutíma. Gildissvið og skilgreiningar.

Í þessum hluta skýrslunnar er gerð grein fyrir umfangi og inntaki tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/ESB um skipulag vinnutíma. Þar sem fram koma skýringar á einstökum atriðum er stuðst við fundargerðir samráðsnefndarinnar og upplýsingar frá Evrópusambandinu sem fram komu á áðurnefndum kynningarfundi fulltrúa ESB sem haldinn var á Íslandi dagana 4. og 5. júlí 1994. Annarra heimilda er getið í neðanmálsgreinum.

Tilskipunin um skipulag vinnutíma byggir á a-lið í 118. gr. Rómarsáttmálans sem kveður á um að ESB skuli með útgáfu tilskipana setja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Í aðfaraorðum tilskipunarinnar er vísað til þessa ákvæðis og yfirlýsingar um grundvallarréttindi launafólks sem samþykkt var á fundi leiðtogaráðs Evrópubandalagsins í Strassborg 9. desember 1989. Í yfirlýsingunni er tekið fram að innri markaður bandalagsins verði að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launafólks. Því markmiði eigi m.a. að ná með umbótum er varða lengd og skipulag vinnutíma. Enn fremur segir að sérhver launamaður í Evrópusambandinu skuli eiga rétt á hvíldartíma í hverri viku og launuðu árlegu leyfi.[3]

---

[2] Tilskipanir, sem settar voru fyrir árið 1992, eru auðkenndar með skammstöfuninni EB eða EBE fyrir Evrópubandalagið. Árið 1992 var nafni bandalagsins breytt í Evrópusambandið og skammstöfunin ESB tekin upp. Þessi skammstöfun er notuð í skýrslunni í því skyni að gæta samræmis.

[3] Fjallað er um umbætur á lífskjörum og bætt starfsskilyrði í 10. mgr. í yfirlýsingunni um grundvallarréttindi launafólks frá 9. desember 1989.

Í aðfaraorðum tilskipunarinnar er einnig vísað til tilskipunar um lögleiðingu ráðstafana sem stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum nr. 89/391/ESB.[4] Enn fremur er tekið fram að umbætur á öryggi, hollustuháttum og heilbrigði starfsmanna á vinnustað sé markmið sem stefna beri að og skuli ekki ráðast af hreinum efnahagslegum sjónarmiðum. Að auki er á það bent að með fyrirmælum um lágmarkskröfur að því er varðar skipulag vinnutíma sé stuðlað að bættum starfsskilyrðum launafólks í Evrópusambandinu.

1. gr. um gildissvið.

Tilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma og árleg leyfi, um hlé og hámarksvinnutíma á viku, enn fremur um tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnutilhögun. Í greininni er vísað til þess að hún gildi um alla starfsemi á vegum hins opinbera eða einkaaðila.

Til frekari skýringar á orðunum „hins opinbera" eða „einkaaðila" er vísað til 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/ESB um lögleiðingu ráðstafana sem stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum. Í 1. mgr. þeirrar greinar er tekið fram að tilskipunin taki til allra greina atvinnulífsins bæði á vegum einkaaðila og hins opinbera og innan sviga eru nefnd eftirfarandi dæmi um starfsemi sem hún tekur til: Iðnaður, landbúnaður, verslun, stjórnun, þjónusta, menntun, menningarstarfsemi, frístundaiðja o.s.frv. Í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 89/391/ESB er að finna undantekningar frá meginreglu 1. mgr. sem fyrst og fremst eiga við tiltekna starfsemi hins opinbera, t.d. löggæslu og varnar- og öryggismál og tiltekna starfsemi á sviði almannavarna.[5]

Utan við gildissvið tilskipunar nr. 93/104/ESB eru ýmiss konar flutningar á landi, sjó og vötnum.[6] Sama gildir um fiskveiðar og aðra vinnu á sjó, svo og starfstengt nám lækna.[7]

2. gr. um skilgreiningar.

Í 2. gr. tilskipunarinnar er að finna eftirfarandi orðskýringar:

Vinnutími er sá tími sem starfsmaður er við störf eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlend lög eða réttarvenju.[8]

---

[4] Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli að ákvæði í a-lið 118. gr. í Rómarsáttmálanum skapar lagagrundvöll fyrir aðgerðum Evrópusambandsins á sviði öryggis og hollustuhátta á vinnustöðum. Tilskipun nr. 89/391/ESB hefur að geyma almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf og verndun öryggis og heilsu.

[5] Í áliti sænskrar nefndar sem gerði úttekt á áhrifum þess að tilskipunin um skipulag vinnutíma taki gildi í Svíþjóð er vakin á því athygli að í tilskipuninni eru nefnd dæmi um starfsemi hins opinbera sem gæti fallið utan gildissviðsins. (EG:s arbetstidsdirektiv och dess konsekvenser för det svenska regelsystemet, SOU 1995:92, bls. 56.)

[6] Vakin er athygli á því að vissir flutningar falla bæði utan tilskipunar um skipulag vinnutíma og reglugerðar ESB nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum.

[7] Sjá 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/104/ESB um skipulag vinnutíma.

[8] Á fundi með fulltrúum ESB í Brussel 18. janúar 1994 kom fram að öll skilyrði 1. tölul. 2. gr. þurfa að vera uppfyllt. Í því felst að *tími* sem starfsmaður er í raun að vinna, *tími* þar sem hann er til ráðstöfunar fyrir atvinnurekanda og *tími* sem varið er til að framkvæma skyldustörf telst vinnutími í skilningi tilskipunarinnar. Samkvæmt þessu teljast *bakvaktir* ekki til *vinnutíma* nema sá hluti þeirra þegar starfsmaður er í raun að vinna. Sama gildir um *neyslutíma,* þ.e. matar- og kaffitíma. Hann fellur *utan*

Hvíldartími er sá tími sem ekki telst til vinnutíma.

Næturvinnutími er tímabil sem er ekki skemmra en sjö klukkustundir, eins og skilgreint er í innlendum lögum, og verður undir öllum kringumstæðum að vera á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5.00 að morgni.

Einnig er að finna eftirfarandi skýringu á orðinu *næturvinnustarfsmaður* sem samkvæmt tilskipuninni er:

a. annars vegar starfsmaður sem að jafnaði vinnur að minnsta kosti þrjár stundir af daglegum vinnutíma að næturlagi; og
b. hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af árlegri vinnu sinni að næturlagi og er sá hluti skilgreindur að vali viðkomandi aðildarríkis:
   1. með innlendri löggjöf, að undangengnu samráði við aðila vinnumarkaðarins; eða
   2. með heildarsamningum eða samningum sem gerðir eru milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi eða á hverjum stað um sig.

Í 2. gr. er enn fremur orðið *vaktavinna* skýrt þannig að það merki vinnu sem einkennist af því að henni er skipt á vaktir þar sem hver starfsmaður tekur við af öðrum á sama vinnustað samkvæmt tilteknu kerfi, með vaktaskiptum, sem getur verið hvort heldur sem er samfellt eða ósamfellt og krefst þess að starfsmaður vinni á mismunandi vöktum yfir tiltekið tímabil sem er mælt í dögum eða vikum. *Vaktavinnustarfsmaður* er starfsmaður sem tekur þátt í vaktavinnu.[9]

Lágmarkshvíldartími — hámarksvinnutími.

3. gr. um daglegan hvíldartíma.

Í greininni er kveðið á um 11 klst. samfelldan daglegan hvíldartíma á hverju 24 klst. tímabili.

Af hálfu fulltrúa ESB hefur komið fram það álit að eðlilegast sé að byrja að telja hvíldartímann þegar starfi lýkur. Ekki er heimilt að reikna hvíldartímann yfir lengra tímabil en 24 klst.[10] Frávik eru þó heimil samkvæmt nánari ákvæðum í 17. gr.

4. gr. um hlé frá vinnu.

Tryggja skal að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex stundir. Kveða skal á um hversu langt það skuli vera og við hvaða forsendur skuli miða í kjarasamningum eða að öðrum kosti í löggjöf.

---

vinnutímans. Af þessu leiðir að *virkur vikulegur dagvinnutími* að frádregnum kaffitímum er 37 stundir og 5 mínútur en ekki 40 stundir.

[9] Á áðurnefndum fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnar ESB 18. janúar 1994 var rætt um útreikning á vinnutíma vaktmanna á hótelum. Við þá umræðu kom fram að Evrópusambandið styðst að einhverju leyti við skilgreiningar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í þessu sambandi. Í samþykkt ILO nr. 171 um næturvinnu er það notað yfir alla vinnu sem unnin er í a.m.k. 7 stundir samfleytt, þar með talið á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni. Orðið næturvinnumaður nær til starfsmanns sem ráðinn hefur verið til vinnu og vinnur verulegan hluta vinnutímans í næturvinnu þannig að það er umfram tiltekin mörk. Stjórnvöld hafa svigrúm til að setja reglur um það efni að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila vinnumarkaðarins. Þetta má einnig gera með ákvæðum í kjarasamningum.

[10] Hér er stuðst við álit fulltrúa ESB sem kom fram á fundi með fulltrúum EFTA sem haldinn var í Brussel 18. janúar 1994, sjá nánar fundargerð 11. fundar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr. um vikulegan hvíldartíma.

Í greininni er kveðið á um samfellda 24 klst. hvíld að viðbættum 11 klst. sem um getur í 3. gr. á hverju sjö daga tímabili. Heimilt er þó að kveða á um 24 stunda lágmarkshvíld ef hlutlægar eða tæknilegar ástæður réttlæta slíkt eða skipulag vinnunnar leyfir. Kannað hefur verið hvort skylda sé að veita 24 klst. hvíldina innan sjö daga tímabilsins eða hvort hún megi falla á næsta sjö daga tímabil. Af hálfu ESB hefur komið fram að talning hefst við upphaf hverrar vinnulotu. Að því er varðar 24 klst. hvíldina hefur verið upplýst að veita verði tvisvar sinnum 24 klst. hvíld á 14 dögum, sem er viðmiðunartíminn, ef hlutlægar og tæknilegar aðstæður réttlæta slíkt eða skipulag vinnunnar leyfir.[11]

Vissar heimildir til frávika er þó að finna í 17. gr.

6. gr. um vikulegan vinnutíma.

Hér er kveðið á um að vikulegur vinnutími sé takmarkaður með kjarasamningum eða lögum. Er gert ráð fyrir að meðalvinnustundafjöldi á viku megi ekki vera lengri en 48 stundir. Miðað er við unnar meðalvinnustundir að jafnaði á fjögurra mánaða tímabili.

Hægt er að lengja viðmiðunartímabilið í sex mánuði með lögum og allt að 12 mánuði, t.d. ef gerðir hafa verið samningar um það á milli aðila vinnumarkaðarins.

Í tilskipuninni er að finna tvær undantekningarreglur.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 6. gr. þegar lengd vinnutímans verður ekki mæld eða fyrir fram ákveðin vegna sérstakra eiginleika starfsins eða stjórnendur[12] geta sjálfir ákveðið vinnutímann einkum ef um er að ræða:

a. framkvæmdastjóra eða einstaklinga sem hafa sjálfstætt ákvörðunarvald,
b. starfsmenn innan fjölskyldu og
c. starfsmenn safnaða eða þá sem taka þátt í trúarathöfnum.[13]

Annar kostur er að aðildarríki er heimilt að láta vera að beita ákvæðinu að því tilskildu að það tryggi að enginn atvinnurekandi krefjist þess að starfsmaður vinni meira en 48 stundir á viku að jafnaði á fjögurra mánaða tímabili nema starfsmaðurinn hafi samþykkt að vinna lengur.[14]

Nánari upplýsingar sem fram hafa komið um einstaka þætti greinarinnar eru:

Með hugtakinu „vinnutími“ skv. 6. gr. er átt við hámarks vikulegan vinnutíma en með honum skal talin vinna við undirbúning og frágang og biðtími ef eftirtalin þrjú skilyrði eru uppfyllt:

1. starfsmaður er í raun að vinna,
2. starfsmaður er til ráðstöfunar fyrir atvinnurekanda,
3. starfsmaður er að sinna skyldustörfum.

Ef þessi skilyrði eru uppfyllt verður að ganga úr skugga um að starfsmaður vinni ekki lengri vinnutíma en 48 klst. að jafnaði á viðmiðunartímabili.

---

[11] Hér er stuðst við álit fulltrúa ESB sem kom fram á fundi með fulltrúum EFTA sem haldinn var í Brussel 18. janúar 1994, sjá nánar fundargerð 11. fundar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu.

[12] Í 17. gr. er notað enska heitið „managing executives“.

[13] Sbr. 17. gr. 1. tölul.

[14] Sbr. 1. mgr. i-lið b-liðar 18. gr.

Tilskipunin miðar samkvæmt aðfaraorðum sínum m.a. að bættum starfsskilyrðum launafólks í bandalaginu með því að mæla fyrir um lágmarkskröfur um skipulagningu vinnutímans. Að meginstefnu til má ætla að tilgangurinn sé að setja hámarksvinnutíma sérhvers starfsmanns takmörk með þessum hætti. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er þó ekki lögð skylda á atvinnurekendur að fylgjast með hugsanlegu vinnuframlagi starfsmanna í þágu annarra atvinnurekenda.

Árlegt orlof.

Tekið er fram að aðildarríkin skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allt launafólk fái árlegt orlof á launum í að minnsta kosti fjórar vikur. Rétturinn er háður skilyrðum sem mælt er fyrir um í löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis eða innlendri réttarvenju. Óheimilt skal vera að láta peningaleg hlunnindi koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs nema þegar um er að ræða starfslok.[15]

Næturvinna, vaktavinna, vinnutilhögun.

Samkvæmt tilskipuninni gilda sérstakar reglur um vinnu næturvinnu- og vaktavinnustarfsmanna. Þær eiga við um lengd næturvinnutíma og öryggis- og heilsuvernd. Slíkar reglur eru nýmæli hér á landi þar sem ekki eru í gildi sérstakar reglur um næturvinnu.

8. gr. um lengd næturvinnu.

Meginreglan er sú að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili. Viðmiðunartímabil skal ákveða í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum. Heimildir eru til frávika í ákveðnum tilvikum skv. 17. gr. Í greininni er að finna ákvæði um næturvinnustarfsmenn sem gegna störfum sem eru sérstaklega áhættusöm eða mikið líkamlegt eða andlegt álag fylgir. Þeir skulu ekki vinna lengur en átta stundir á hverju 24 klst. tímabili. Hlutaðeigandi ríki er látið það eftir að skilgreina þessi hugtök í löggjöf eða með kjarasamningum.

9. gr. um rétt til læknisskoðunar.

Aðildarríkjunum ber að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að starfsmenn sem vinna næturvinnu eigi rétt á læknisskoðun þeim að kostnaðarlausu fyrir og eftir ráðningu í næturvinnustarf, enn fremur að þeir eigi kost á læknisskoðun með reglulegu millibili. Tekið er fram að læknisskoðunina megi framkvæma innan ramma hinnar opinberu heilsugæslu.

Aðildarríkjum tilskipunarinnar ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja næturvinnumönnum, sem eiga við vanheilsu að stríða er rekja má til vinnutíma þeirra, þegar þess er kostur, flutning í dagvinnustörf sem henta þeim.

10.–12. gr. um tryggingar, tilkynningarskyldu og öryggis- og heilsuvernd vegna næturvinnu.

Aðildarríki er heimilt að mæla fyrir um að teknar séu tryggingar til hagsbóta fyrir tiltekna hópa næturvinnustarfsmanna sem taka áhættu með vinnu sinni hvað varðar öryggi eða heilbrigði.

---

[15] Sjá 7. gr. tilskipunarinnar.

Einnig ber aðildarríki að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að atvinnurekandi, sem að jafnaði hefur næturvinnustarfsmenn í þjónustu sinni, veiti hlutaðeigandi stjórnvaldi upplýsingar um næturvinnuna ef þeirra er óskað.

Loks skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til hagsbóta fyrir næturvinnustarfsmenn og þá sem stunda vaktavinnu þannig að sérstakt tillit sé tekið til þeirra við öryggis- og heilsugæslu.

13. gr. um vinnutilhögun.

Í greininni er sett almenn leiðbeiningarregla fyrir aðildarríkin um að þau geri ráðstafanir til að tryggja að atvinnurekandi, sem hyggst haga vinnu eftir ákveðinni tilhögun, hafi í huga að aðlaga vinnuna starfsmanninum. Markmiðið á að vera að draga úr einhæfni starfa og lina áhrif þess að störf eru unnin með fyrir fram ákveðnum hraða.

Ýmis ákvæði.

15. gr. um hagstæðari ákvæði.

Í greininni er tekið fram að ákvæði tilskipunarinnar skuli ekki skerða hagstæðari skipan mála sem verndar öryggi og heilsu starfsmanna, t.d. samkvæmt lögum einstakra aðildarríkja eða hafi verið samið um slíkt í kjarasamningum.[16]

Viðmiðunartímabil.

16. gr. um viðmiðunartímabil.

Í 16. gr. tilskipunarinnar er að finna ákvæði um lengd viðmiðunartímabila sem leggja skal til grundvallar við útreikning meðalvinnutíma. Viðmiðunartímabil við ákvörðun á vikulegum hvíldartíma er þannig að hámarki 14 dagar. Varðandi vikulegan hámarksvinnutíma er það fjórir mánuðir og skal greitt orlof og veikindaleyfi ekki hafa áhrif á meðaltalsútreikninginn. Viðmiðunartímabil varðandi lengd næturvinnu skal hins vegar ákveðið í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða með kjarasamningum. Falli vikulegur 24 stunda lágmarkshvíldartími saman við viðmiðunartímabilið skal ekki telja hann með við meðaltalsútreikninginn. Heimild til frávika er í 17. gr.

Frávik.

17. gr. um frávik.

Tilskipunin heimilar samkvæmt ákvæðum sínum ýmis frávik[17] frá fyrrgreindum reglum um hvíldar- og vinnutíma og viðmiðunartímabil. Tilgangurinn er að veita möguleika á að aðlaga reglur tilskipunarinnar þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru í hlutaðeigandi aðildarríki.

---

[16] Á fundinum með fulltrúum ESB í Brussel 18. janúar 1994 var að því spurt hvort aðilar vinnumarkaðarins getu samið um frávik frá einstökum ákvæðum tilskipunarinnar. Þessu var svarað þannig að aðildarríki verði að hrinda í framkvæmd öllum ákvæðum hennar. Sjá nánar fundargerð 11. fundar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytins um reglur á sviði félagsmála á EES.

[17] Rétt er að upplýsa að af hálfu ESB hefur komið fram sú túlkun á orðinu „frávik" (derogation) að í því felist að framfylgja verði ákvæðum tilskipunarinnar en viss sveigjanleiki sé þó fyrir hendi. Í því felst ekki að heimilt sé að víkja til hliðar ákvæðum. Sjá nánar fundargerð 11. fundar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði. Fundurinn var haldinn 20. janúar 1994.

Að nokkru leyti hefur þegar verið gerð grein fyrir mögulegum frávikum varðandi hvern einstakan efnisþátt. Hér á eftir verður fjallað um þessar reglur í heild en þær eru í meginatriðum ferns konar:

1. Í 1. mgr. 17. gr. er að finna heimild fyrir aðildarríkin til að víkja frá reglum tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé, vikulegan hvíldartíma, hámarksvinnutíma á viku, lengd næturvinnu og viðmiðunartímabil þegar lengd vinnutímans verður ekki mæld eða fyrir fram ákveðin vegna sérstakra eiginleika starfsins eða starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann. Þetta á einkum við stjórnendur (managing executives), starfsmenn innan sömu fjölskyldu og þá sem starfa á vegum kirkna og trúfélaga. Ávallt verður þó að gæta almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.
2. Samkvæmt 2. mgr. er í ákveðnum tilvikum heimilt að víkja frá reglum tilskipunarinnar um daglegan hvíldartíma, hlé, vikulegan hvíldartíma, lengd næturvinnu og viðmiðunartímabil með heimild í lögum, reglugerðum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum að því tilskildu að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða í undantekningartilvikum, verði því ekki við komið, viðeigandi vernd.[18]
3. Með heildarkjarasamningum eða samkvæmt þeim reglum sem þar eru settar og með samningum við einstök stéttarfélög má víkja frá reglum um daglegan hvíldartíma, hlé, vikulegan hvíldartíma, lengd næturvinnu og viðmiðunartímabil. Sem fyrr gildir að hlutaðeigandi starfsmenn skulu fá samsvarandi hvíldartíma í staðinn. Önnur skilyrði eru ekki tilgreind. Aðildarríkjunum er hins vegar heimilt að setja nánari reglur um það hvernig aðilar vinnumarkaðarins skulu beita þessari heimild.
4. Þá eru settar sérstakar reglur varðandi lengd viðmiðunartímabils vegna vikulegs hámarksvinnutíma. Frávik, sem heimilt er að ákveða með lögum eða kjarasamningum samkvæmt þeim heimildum sem taldar eru í 1.–3. tölul. hér að framan, má ekki verða til þess að viðmiðunartíminn verði lengri en sex mánuðir. Aðildarríkin geta þó ákveðið að leyfa að samið sé um 12 mánaða viðmiðunartímabil í kjarasamningum. Til þess þurfa þá að liggja hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða starfið sé þess eðlis.

---

[18] 2. mgr. 17. gr. heimilar frávik í eftirtöldum tilvikum:

a. Frá reglum um daglegan hvíldartíma, hlé, vikulegan hvíldartíma, lengd næturvinnu og viðmiðunartímabil:
   1. Í störfum þar sem vinnustaður er fjarri búsetustað eða langt á milli mismunandi vinnustaða starfsmanns.
   2. Í störfum sem tengjast öryggis- og eftirlitsstörfum sem krefjast stöðugrar viðveru til verndar fólki og eignum, svo sem störfum öryggisvarða.
   3. Í störfum sem fela í sér þörf á samfelldri þjónustu eða framleiðslu, einkum á sjúkrahúsum og dvalarstofnunum, í höfnum og á flugvöllum, við fjölmiðla, póst- og fjarskiptaþjónustu, sjúkra-, bruna- og almannavarnaþjónustu, vatns- og rafmagnsframleiðslu og dreifingu og sorphirðu, í atvinnugreinum þar sem ekki er unnt að rjúfa vinnuferli af tæknilegum ástæðum í rannsóknar- og þróunarvinnu og í landbúnaði.
   4. Þegar útlit er fyrir aukavinnu, einkum í landbúnaði og ferða- og póstþjónustu.

b. Frá reglum um daglegan og vikulegan hvíldartíma: Í vaktavinnu og þegar um er að ræða starfsemi þar sem vinnunni er skipt upp yfir daginn, einkum hvað varðar ræstingar.

Af hálfu fulltrúa ESB hefur verið tekið fram að skráin yfir frávik í 17. gr. sé ekki tæmandi.[19]

B-liður 1. mgr. 18. gr. Heimild aðildarríkja til að undanskilja hámarksvinnutímareglur tilskipunarinnar.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 18. gr. getur aðildarríki látið vera að beita ákvæðum tilskipunarinnar um hámarksvinnutíma ef það virðir almennu meginreglurnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna. Skilyrði er einnig að það tryggi að enginn vinnuveitandi krefjist þess að starfsmaður vinni meira en 48 klst. á viku að jafnaði á fjögurra mánaða viðmiðunartímabili nema með samþykki starfsmanns. Hlutaðeigandi ríki skal einnig tryggja að starfsmaðurinn sé ekki látinn gjalda neitunar, virkt eftirlit sé með vinnutíma starfsmanna sem vinna slíka vinnu, m.a. með því að skrár yfir þá séu til reiðu fyrir vinnueftirlit, og að yfirvöld hafi heimild til að banna eða takmarka möguleika starfmanna til að vinna meira en 48 stundir að meðaltali á viku á fjórum mánuðum. Sérstök athygli er á því vakin að ekki er hægt að nýta saman heimildir til frávika skv. 17. og 18. gr. tilskipunarinnar hvað varðar hámarksvinnutíma.

Þetta ákvæði á að koma til endurskoðunar eftir sjö ár.

Lokaákvæði, gildistaka.

Tilskipuninni skal hrint í framkvæmd eigi síðar en 23. nóvember 1996. Fyrir þann tíma skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eða fullvissað sig um að aðilar vinnumarkaðarins hafi gengið frá samningum þar um.

Eftirlit.

Í tilskipuninnni er ekki fjallað ítarlega um eftirlit með framkvæmd hennar að frátöldum ákvæðum 18. gr. um eftirlit lögbærra yfirvalda velji aðildarríki að láta vera að beita ákvæðum tilskipunarinnar um hámarksvinnutíma. Að öðru leyti er aðilarríkjunum látið eftir að útfæra eftirlitsþáttinn.

Í 5. mgr. 18. gr. er kveðið á um að á fimm ára fresti taki aðildarríkin saman fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar. Eðlilegt er að minna á í þessu samhengi að íslensk stjórnvöld eru samkvæmt EES-samningnum háð eftirliti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) hvað varðar framkvæmd tilskipunarinnar í heild.

Samantekt.

Draga má meginreglur tilskipunarinnar saman þannig að aðildarríkjunum sé skylt:

— að tryggja sérhverjum starfsmanni 11 klst. samfelldan daglegan hvíldartíma á hverju 24 klst. tímabili (3. gr.);

— að tryggja að starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en 6 klst. (4. gr.);

---

[19] Þetta kom fram á áðurnefndum fundi fulltrúa ESB og EFTA í Brussel 18. janúar 1994, sjá nánar fundargerð 11. fundar samráðsnefndar félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði. Á sama fundi var skipst á skoðunum við fulltrúa ESB um skilgreiningu á „family" í „family workers". Því hefur verið svarað til að einstök ríki geti skilgreint hugtakið. Spurt hefur verið um muninn á „collective agreements" og „agreements concluded between the two sides of industry". Samkvæmt svörum fulltrúa ESB er því í báðum tilvikum átt við kjarasamninga samkvæmt íslenskri löggjöf.

— að tryggja að starfsmenn eigi rétt á samfelldum 24 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili til viðbótar við hvíld skv. 3. gr. (5. gr.);
— að tryggja að virkur vikulegur vinnutími sé takmarkaður og að meðalvinnustundafjöldi fari ekki yfir 48 klst. að yfirvinnu meðtalinni (6. gr.);
— að tryggja öllum launamönnum rétt á árlegu fjögurra vikna launuðu leyfi (7. gr.);
— að tryggja að venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir 8 klst. á hverju 24 klst. tímabili og að þetta viðmið sé hámark ef starfi fylgir mikið andlegt eða líkamlegt álag (8. gr.);
— að tryggja rétt næturvinnustarfsmanna til ókeypis heilbrigðismats og, ef þess er kostur, tilfærslu í dagvinnustörf ef rekja má heilsuleysi þeirra til næturvinnunnar (9. gr.).

Við aðstæður sem tilgreindar eru í tilskipuninni má víkja frá þessum meginreglum hennar.

4. Íslenskar lagareglur og ákvæði samninga.

Inngangur.

Í íslenskum lögum eru ekki bein ákvæði um hámarksvinnutíma. Gildandi lög byggja á því að vernda starfsmenn gegn óhóflega löngum vinnutíma með því að tryggja þeim lágmarkshvíld. Helstu ákvæði um vinnutíma og hvíldartíma er að finna í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í lögum nr. 88/1971 er kveðið á um að í hverri viku skuli ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar sem vinna beri á virkum dögum á því dagvinnutímabili sem aðilar koma sér saman um. Um vinnutíma er að öðru leyti fjallað í kjarasamningum.

Ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ákvæði um hvíldartíma og frídaga eru í IX. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt 52. gr. laganna skal haga vinnutíma þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 10 stunda samfellda hvíld. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er heimilt að stytta hvíldartímann í átta stundir með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þegar um er ræða vaktavinnu, störf að landbúnaði eða björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Skv. 53. og 54. gr. er hægt að víkja enn frekar frá ákvæðum um hvíldartíma að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum.

Ákvæði laga um vinnutíma opinberra starfsmanna.

Fjallað er um vinnutíma starfsmanna og skipulag vinnutímans í nokkrum greinum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en með mismunandi hætti.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkins, er starfsmanni ríkisins skylt að vinna yfirvinnu sem nemur allt að þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma sé þess óskað.[20] Mörg sveitarfélög hafa sett hliðstæðar reglur í samþykktum sínum um réttindi og skyldur starfsmanna. Í 73. gr. laga nr. 8/1986 eru starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélaga sagðir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna með tilvísun í framangreind lög um ríkisstarfsmenn.

---

[20] Á því er vakin athygli að þeir sem gegna lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu eru undanþegnir ákvæðinu um hámarksyfirvinnuskyldu í viku hverri.

Ákvæði kjarasamninga.

Almennt er vikulegur virkur vinnutími samkvæmt kjarasamningum 37 stundir og fimm mínútur. Í samningum er kveðið á um vinnutíma, hvíldartíma, vaktir og hlé. Samkvæmt samkomulagi ASÍ við samtök atvinnurekenda, sem byggðist á lögum nr. 46/1980, ber að haga vinnutíma starfsmanna þannig að á hverjum sólarhring fái þeir a.m.k. 10 stunda samfellda hvíld. Heimilt er að haga vöktum þannig að samfelld hvíld fari niður í átta stundir. Í samkomulaginu er t.d. ákvæði sem tekur til björgunar verðmæta frá skemmdum og er þá heimilt að vinna samfellt í allt að 16 stundir á sólarhring. Í þeim tilvikum þegar mikill sjávarafli berst að landi er heimilt að takmarka samfelldan hvíldartíma við átta stundir.[21]

Samtök opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytið hafa ekki gengið frá samkomulagi samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1980. Hins vegar eru í kjarasamningum opinberra starfsmanna ákvæði um átta stunda lágmarkshvíld á hverjum 24 stundum sem takmarkar vinnutíma við 16 stundir að meðtöldum matar- og kaffihléum. Vaktavinnumenn hjá hinu opinbera eiga ekki fortakslausan rétt til matar- og kaffihléa.

Takmarkanir þær í kjarasamningum, sem hér hefur verið fjallað um, eru ekki afdráttarlausar í þeim skilningi að unnt er að brjóta þær enda komi þá til sérstakar greiðslur.

Í mörgum tilvikum eru í gildi kjarasamningar um vaktavinnufyrirkomulag. Þannig er t.d. um vaktafyrirkomulag í fiskmjölsverksmiðjum, á bensínstöðvum og vinnutíma lögreglumanna, lækna, hjúkrunarfólks og fleiri stétta.

5. Lengd vinnutíma á Íslandi.

Nefndin hefur freistað þess að afla gagna sem geta leitt í ljós raunverulega lengd vinnutíma á Íslandi. Helstu aðilar, sem afla upplýsinga um vinnutíma, eru kjararannsóknarnefnd, Hagstofa Íslands og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Nefndin er sammála um að þær upplýsingar, sem liggja fyrir, séu mjög ófullkomnar og leyfi ekki að dregnar séu af þeim mjög víðtækar upplýsingar um raunverulegan vinnutíma landsmanna. Annars vegar er um að ræða upplýsingar sem byggja á greiddum vinnustundum. Gallinn við þessar upplýsingar er sá að mjög oft er greiddur vinnutími lengri en raunverulega unnar stundir. Þetta gildir oft um vaktavinnufólk. Hins vegar er um að ræða upplýsingar sem byggja á spurningakönnunum þar sem launamaðurinn er spurður um lengd vinnutímans. Í því tilviki gleymist oft að draga frá matar- og kaffihlé þannig að uppgefinn vinnutími verður einnig lengri. Af þessu leiðir að ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um raunverulegan vinnutíma á Íslandi. Hins vegar virðast tiltækar upplýsingar benda til þess að almennur vinnutími fari fram úr því sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópusambandsins. Með þessum fyrirvara fer hér á eftir almenn umfjöllun um tiltækar rannsóknir á þessu sviði. Í fylgiskjölum með skýrslunni er að finna töflur um lengd vinnutíma.

Upplýsingar kjararannsóknarnefndar um vinnutíma.

Kjararannsóknarnefnd birtir ársfjórðungslega upplýsingar um meðalvinnutíma og dreifingu hans. Niðurstöðurnar byggja annars vegar á úrtaki 11–12 þúsund starfsmanna hjá liðlega 100 fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði og hins vegar á u.þ.b. 5 þúsund starfs-

[21] Sjá samkomulag ASÍ og samtaka atvinnurekenda frá 10. apríl 1981.

mönnum hjá ríki og Reykjavíkurborg sem eru félagsmenn stéttarfélaga innan ASÍ. Þetta lætur nærri því að vera fjórðungur félagsmanna viðkomandi stéttarfélaga.

Meðalvinnutími miðast við fólk í fullu starfi sem skilgreint er sem sá hluti úrtaksins sem skilar meira en 400 dagvinnustundum á ársfjórðungi eða sem svarar 31 stund á viku að jafnaði. Reiknað er hlutfall yfirvinnustunda af dagvinnustundum viðkomandi hóps og því hlutfalli síðan bætt við fulla dagvinnu. Sé dæmi tekið af einstaklingi sem skilar 500 dagvinnustundum og 100 yfirvinnustundum reiknast yfirvinnuhlutfallið 20% eða átta yfirvinnustundir á viku. Niðurstaða útreikninga um vikulegan vinnutíma viðkomandi væri því 48 stundir (40 í dagvinnu og átta í yfirvinnu).

Þessi aðferð hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru þeir að sneitt er hjá vandamálum eins og þeim að í úrtakinu eru starfsmenn stöðugt að hefja störf eða hætta störfum og að mjög mismunandi er hvort og með hvaða hætti fyrirtæki skrá fjarvistir af ýmsum toga. Gallinn við aðferðina er sá að ekki er um meðaltal vinnutíma að ræða heldur nær því sem kallast gæti dæmigerður (greiddur) vinnutími. Þannig er meðalvinnutími fólks í 100% starfi ofmetinn sem svarar greiddum en óunnum neysluhléum (kaffitímum) og fjarvistum vegna veikinda o.fl. Meðalvinnutíminn er jafnframt ofmetinn vegna þess að ekki er reiknað með þeim sem eru í minna en 100% starfshlutfalli.

Meðalvinnutími alls landverkafólks hefur verið u.þ.b. 46,5 stundir undanfarin ár samkvæmt vinnutímakönnun kjararannsóknarnefndar. Séu greidd neysluhlé, 3 stundir á viku, og veikindafjarvistir, 2 stundir á viku að jafnaði, dregin frá fæst sú niðurstaða að unnar (ekki greiddar) stundir fólks í fullu starfi hafi verið 41,5.

Í fskj. IV er sýnd dreifing vinnutíma fólks í fullu starfi. Fram kemur að 87% landverkafólks í fullu starfi fá greiddar færri en 55 stundir að jafnaði á viku sem þýðir að unnar stundir eru tæplega 50. Vinnutímatilskipunin mun því ekki snerta þennan hóp en hún snertir þau 13% sem eftir standa. Í þeim hópi eru verkamenn fjölmennastir.

Kjararannsóknarnefnd birtir einnig dreifingu vinnutíma fólks í föstu starfi en svo er það fólk skilgreint sem er með í úrtakinu þrjá ársfjórðunga í röð og eru niðurstöður byggðar á miðársfjórðungnum. Þetta er gert til að eyða áhrifum þess að hluti úrtaksins hefur störf eða hættir störfum á hverjum ársfjórðungi. Á hinn bóginn er vinnutíminn ekki hækkaður upp með sama hætti og við útreikning meðalvinnutíma. Þessi dreifing sýnir allt aðra mynd en þegar einungis fullvinnandi eru skoðaðir og er niðurstaðan sú að hámarksvinnutími vinnutímatilskipunarinnar snerti um 5% landverkafólks.

Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna (KOS).

KOS birtir reglulega upplýsingar um greiðslur eftir launategundum og reiknuðum fjölda stöðugilda starfsmanna ríkisins og Reykjavíkurborgar. Miðast flokkunin við heildarsamtök og stéttarfélög starfsmanna. KOS safnar hvorki kerfisbundið upplýsingum um vinnutíma né upplýsingum um greiðslur eftir því hvort um er að ræða vinnu á dagvinnutíma eða utan hans. Í fskj. VI er yfirlit yfir ársverk starfsmanna ríkisins árin 1993 og 1994.

Vinnutími samkvæmt könnunum Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands hóf gerð reglubundinna kannana á vinnumarkaðinum í apríl 1991. Tvisvar á ári er leitað símleiðis til um 4.400 einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem valdir eru af handahófi úr þjóðskrá og þeir spurðir um stöðu sína á vinnumarkaðinum. Lengd vinnutíma er meðal þess sem spurt er um. Niðurstöður kannana Hagstofu Íslands er að finna í töflum í fskj. V með þessari skýrslu.

Samráðsnefndin vekur á því athygli að könnun Hagstofunnar er spurningakönnun þar sem tilteknar spurningar eru lagðar fyrir launafólk um það hversu langan vinnutíma það vinni. Niðurstaðan gæti orðið önnur ef beitt væri reglum tilskipunar ESB við útreikning vinnutímans. Hins vegar er nefndin sammála um að upplýsingar Hagstofunnar benda til þess að vinnutími í a.m.k. sumum starfsgreinum sé umfram það sem tilskipunin leyfir.

Vinnutími samkvæmt könnunum Félagsvísindastofnunar.

Félagsvísindastofnun hefur frá árinu 1988 af og til staðið fyrir lífskjarakönnunum. Þær hafa verið byggðar á viðtölum við einstaklinga sem koma úr hendingarúrtaki 2.000 manns á aldrinum 16–75 ára. Úrtakið er tekið úr þjóðskrá. Lengd vinnutíma er meðal þess sem spurt er um í könnuninni.[22]

Vinnutími háskólamanna.

Takmarkaðar upplýsingar eru til um vinnutíma háskólamanna. Árið 1990 framkvæmdi Gallup á Íslandi könnun á kjörum háskólamanna. Könnunin var unnin fyrir kjarasamanburðarnefnd fjármálaráðherra og BHMR. Hún náði til 700 eintaklinga sem voru í opinberri þjónustu og starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Í könnuninni var þess freistað að komast að lengd vinnutíma háskólamanna. Helstu niðurstöður voru þær að heildarvinnustundafjöldi reyndist vera 180 til tæplega 195 stundir á mánuði. Könnunin leiddi í ljós sérstaklega langan vinnutíma hjá heilbrigðisstéttum.[23]

6. Helstu áhrif þess að tilskipunin taki gildi á Íslandi.

Eins og fram hefur komið eru vinnutímarannsóknir á Íslandi skammt á veg komnar og því erfitt að segja eitthvað með fullri vissu um endanleg áhrif tilskipunarinnar á lengd vinnutíma. Svarið verður enn torfundnara í ljósi þess að ekki eru fullljós áhrif þeirra frávika sem tilskipunin gefur möguleika á og hvaða áhrif þau geta haft á framkvæmdina.

Smæð þjóðar, dreifð byggðar og sveiflukenndur afli sjávarútvegs, sem hefur verið undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, kallaði á miklar sveiflur í vinnutíma hér á landi. Þjóðin ólst upp við óstöðuga vinnu sem einkenndist af óhóflegum vinnutíma sem gat varað sólarhringum saman, með dauðum köflum inn á milli. Árstíðarbundnar sveiflur í landbúnaði auk óstöðugs tíðarfars eru einnig kunnar þótt þær hafi ekki verið jafnmiklar og í sjávarútvegi. Þá hefur töluverður skortur á sérhæfðu eða sérmenntuðu vinnuafli oft skapað vandamál við skipulagningu vinnunnar hér á landi líkt og víða annars staðar á jaðarsvæðum. Af því leiðir mikið vinnuálag á þá starfsmenn sem eru tiltækir.

Á þessu hefur orðið mikil breyting með þéttingu byggðar, almennri menntun, bættum samgöngum og umfram allt byltingu í geymslu sjávarfangs. Þróun verktækni við bygginga- og mannvirkjagerð og vélvæðing í landbúnaði hafa einnig haft umtalsverð áhrif í þessa átt. Því ætti að vera unnt að skipuleggja flest störf innan þess ramma sem tilskipunin setur.

---

[22] Sjá Lífskjör og lífshættir á Íslandi, Stefán Ólafsson, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 1990, bls. 17.

[23] Niðurstöður könnunarinnar eru birtar *í BHMR Kjarafréttir*: „Skýrsla Gallups", Reykjavík í apríl 1991 (fjölrit).

Þótt rannsóknir séu einnig fátæklegar þegar kemur að tengslum milli afkasta og verðmætasköpunar og lengd vinnutíma má færa fyrir því sterk rök að verðmætasköpun vaxi ekki í neinu samræmi við lengd vinnutíma. Þannig má ætla að langur vinnudagur svo vikum skiptir, hvað þá mánuðum eða árum, hafi slæm áhrif á afköst og gæði vinnunnar. Því má jafnvel halda fram að almenn stytting vinnutíma samfara endurskipulagningu vinnunnar geti leitt til aukinna afkasta og meiri verðmætasköpunar þegar á heildina er litið.

Þá eru uppi skoðanir um að samdráttur í yfirvinnu gæti skapað atvinnutækifæri og þar með dregið úr atvinnuleysi. Allir stjórnmálaflokkar og aðilar vinnumarkaðar eru sammála um að æskilegt sé að fjölga atvinnutækifærum og útrýma atvinnuleysi.

Ekki þarf að eyða löngu máli í heilsufarslegar ástæður þess að draga úr löngum vinnutíma en ætla má að samdráttur í vinnutíma hafi í för með sér bætta heilsu og þar með, að öðru óbreyttu, lægri kostnað við heilsugæslu landsmanna.

Í ljósi sögunnar má ætla að afleiðingar tilskipunarinnar muni að miklu leyti ráðast af framkvæmd hennar. Ef hún á að ná markmiðum sínum er mikilvægt að áhersla sé lögð á fræðslu um efni hennar og nauðsyn þess að henni sé fylgt eftir í raun. Annars er hætta á að árangur verði takmarkaður. Það er verðugt verkefni fyrir stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins að beita öllum tiltækum ráðum til að kynna efni tilskipunarinnar og þeirra laga og samninga sem komið verður á í kjölfar hennar.

7. Tillögur.

Breytingar á lögum.

Eins og þegar hefur komið fram í skýrslunni felast í vinnutímatilskipuninni reglur sem ekki eru í fullu samræmi við gildandi lög og kjarasamninga svo sem meginreglan um 11 stunda hvíld á sólarhring. Þá er þar einnig kveðið á um nýmæli sem ekki eru í gildandi reglum hér á landi. Á það fyrst og fremst við um hámarksvinnutíma á viku. Ljóst er því að gildistaka tilskipunarinnar kallar á endurskoðun á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og lögum og samþykktum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna auk kjarasamninga.

Framkvæmd með samningum aðila vinnumarkaðarins.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er heimilt að hrinda henni í framkvæmd með kjarasamningum. Fyrir liggur að Alþýðusamband Íslands hefur óskað eftir viðræðum við Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasamband Íslands um efni tilskipunarinnar. Einnig hafa Bandalag háskólamanna og BSRB sett fram hliðstæða ósk gagnvart fjármálaráðuneytinu. Bæði Vinnumálasambandið og Vinnuveitendasambandið hafa lýst því yfir að samtökin séu tilbúin til slíkra viðræðna nú þegar. Af hálfu fjármálaráðuneytisins er hafinn undirbúningur málsins.

Með tilliti til þessa telur nefndin eðlilegt að gefa aðilum vinnumarkaðarins nokkurt svigrúm til að ná samkomulagi sín á milli og freista þess þannig að laga reglur tilskipunarinnar að þeim aðstæðum sem eru á íslenskum vinnumarkaði, t.d. þrjá mánuði. Að þeim tíma liðnum hefjist félagsmálaráðuneytið handa við undirbúning nauðsynlegrar lagasetningar sem taki mið af því sem um semst innan ramma tilskipunarinnar.

Mæling á lengd virks vinnutíma.

Í þessari skýrslu kemur fram að verulega skortir á upplýsingar um lengd virks vinnutíma eins og hann er skilgreindur samkvæmt tilskipun nr. 93/104/ESB. Samráðsnefndin vekur athygli á að með gildistöku tilskipunarinnar verður aðildarríki að geta lagt fram gögn um virkan vinnutíma. Nefndin telur að það sé mjög brýnt að einum aðila verði þegar í stað falið að halda til haga upplýsingum um þetta efni og sjá um að þær séu aðgengilegar stjórnvöldum sem og öðrum hagsmunaaðilum.

Aðgerðaáætlun.

Lagt er til að samin verði sérstök aðgerðaáætlun til að fylgja tilskipuninni eftir. Í henni verði kveðið á um upplýsingaherferð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem hafi að markmiði að kynna efni tilskipunarinnar. Enn fremur verði í áætluninni lýsing á ábyrgð hvers aðila um sig og ábendingar um það hvernig framfylgja beri ákvæðum hennar.

Fskj. I.

Skrá yfir fulltrúa í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um reglur á sviði félagsmála sem gilda á EES.

Félagsmálaráðherra skipaði 23. ágúst 1993 samráðsnefnd til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndinni var einnig falið það hlutverk að vera ráðgefandi við mótun á afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillagna að nýjum reglum á sviði félagsmála sem kunna að taka gildi á efnahagssvæðinu.

Í nefndinni eiga sæti:

Fulltrúi félagsmálaráðherra og formaður, Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Fulltrúi Alþýðusambands Íslands: Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ.
Varamaður hans er Ari Skúlason, framkvæmdastjóri ASÍ.

Fulltrúi Bandalags háskólamanna: Birgir Björn Sigurjónsson, framkvæmdastjóri BHM.
Varamaður hans er Martha Á. Hjálmarsdóttir.

Fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja: Björn Arnórsson, hagfræðingur BSRB.
Varamaður hans er Jónas Magnússon.

Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga: Jón G. Kristjánsson starfsmannastjóri.
Varamaður hans er Lúðvík Hjalti Jónsson viðskiptafræðingur.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins: Gunnar Björnsson deildarstjóri.
Varamaður hans er Guðmundur H. Guðmundsson deildarstjóri.

Fulltrúi utanríkisráðuneytisins: Björgvin Guðmundsson sendifulltrúi.
Varamaður hans er Axel Nikulásson sendiráðsritari.

Fulltrúi Vinnumálasambandsins: Jón Rúnar Pálsson lögfræðingur.
Varamaður hans er Jóngeir Hlinason framkvæmdastjóri.

Fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ.
Varamaður hennar er Óskar Maríusson efnaverkfræðingur.

Skipun samráðsnefndarinnar er ótímabundin.

Fskj. II.

Bréf félagsmálaráðherra 2. júní 1995 til samráðsnefndar um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tilskipun Evrópusambandsins um skipulag vinnutíma nr. 93/104/ESB hefur verið undanfarna mánuði til umfjöllunar hjá íslenskum stjórnvöldum og í samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka á vinnumarkaði um framkvæmd reglna á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu. Í samráðsnefndinni komu þegar fram ábendingar frá fulltrúum samtaka atvinnurekenda um að efni tilskipunarinnar ætti mjög illa við aðstæður á íslenskum vinnumarkaði.

Hér með er lagt fyrir samráðsnefndina að gera úttekt á áhrifum þess að framangreind tilskipun taki gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þess er sérstaklega óskað að tekin verði saman greinargerð um breytingar á lögum og reglugerðum sem kann að leiða af gildistöku. Einkum er talið nauðsynlegt að varpa ljósi á áhrif af gildistöku tilskipunarinnar á skipulag vinnutíma opinberra starfsmanna, t.d. þeirra sem starfa að heilsugæslu, og að lagt verði mat á þann kostnaðarauka fyrir ríkissjóð sem hlýst af skipulagsbreytingum á starfsemi hins opinbera.

Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að við útreikning á meðalvinnutíma verði hægt að miða við mismunandi langan viðmiðunartíma. Til dæmis er gert ráð fyrir að forsenda þess að hægt verði að nýta lengsta viðmiðunartímann sé samþykki hlutaðeigandi starfsmanns og að við framkvæmd tilskipunarinnar sé byggt á heildarsamningum aðila vinnumarkaðarins.

Í þessu sambandi er mikilvægt að samráðsnefndin freisti þess að upplýsa hvaða líkur eru á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um þetta efni og hvaða kostnaður hlýst af gildistöku samþykktarinnar fyrir atvinnulífið í heild.

Það er mikilvægt að framangreindar upplýsingar liggi sem fyrst fyrir.

Páll Pétursson (sign)

Berglind Ásgeirsdóttir (sign)

Fskj. III.

Tilskipun ESB nr. 93/104/ESB frá 23. nóvember 1993 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

í samvinnu við Evrópuþingið (2),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með útgáfu tilskipana, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi, til að tryggja aukna öryggis- og heilsuvernd launþega.

Samkvæmt þeirri grein skal forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Ákvæði tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (4) eru í fullu gildi á svæðum sem þessi tilskipun tekur til, þó með fyrirvara um strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem eru sett með þessari tilskipun.

Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtogaráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989 af ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogum 11 aðildarríkja, segir meðal annars í fyrstu undirgrein 7. liðar, 8. lið og fyrstu undirgrein 19. liðar:

„7. Stofnsetning innri markaðarins verður að leiða til bættra lífskjara og bættra starfsskilyrða launþega í Evrópubandalaginu. Þessu markmiði skal ná með því að samræma kjörin innbyrðis jafnframt því sem umbætur eru gerðar, einkum að því er varðar lengd og skipulag vinnutíma og annað ráðningarform en ótímasetta samninga, svo sem samninga til ákveðins tíma, hlutastörf, tímabundna vinnu og árstíðabundin störf.

8. Sérhver launþegi í Evrópubandalaginu á rétt á hvíldartíma í hverri viku og launuðu orlofi á ársgrundvelli en smám saman skal samræma lengd hvíldartíma og orlofs í samræmi við þá hefð sem hefur skapast í hverju landi um sig.

19. Sérhver launþegi skal á vinnustað búa við fullnægjandi skilyrði að því er varðar öryggis- og heilsuvernd. Gera þarf viðeigandi ráðstafanir til að samhæfa enn frekar skilyrði á þessu sviði jafnframt því sem unnið er áfram að umbótum."

Umbætur á öryggi, hreinlæti og heilbrigði starfsmanna á vinnustað er markmið sem stefna ber að og skal ekki látið ráðast af hreinum efnahagslegum sjónarmiðum.

Þessi tilskipun er liður í eiginlegri framkvæmd félagsmálahluta innri markaðarins.

Með því að mæla fyrir um lágmarkskröfur að því er varðar skipulag vinnutíma er stuðlað að bættum starfsskilyrðum launþega í bandalaginu.

Til að tryggja öryggi og heilbrigði launþega í bandalaginu er nauðsynlegt að þeir fái lágmarkshvíldartíma — daglega, vikulega og árlega — og viðunandi hlé. Einnig er nauðsynlegt í þessu sambandi að setja þak á vikulegan vinnustundafjölda.

Taka ber tillit til meginreglna Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hvað varðar skipulag vinnutíma, að næturvinnu meðtalinni.

Hvað vikulegan hvíldartíma varðar skal taka tilhlýðilegt tillit til ólíkrar menningar, þjóðernis, trúarbragða og annarra þátta í aðildarríkjunum. Þegar upp er staðið er það í verka-

(1) Stjtíð. EB nr. C 254, 9. 10. 1990, bls. 4.
(2) Stjtíð. EB nr. C 72, 18. 3. 1991, bls. 95;
og ákvörðun frá 27. október 1993 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*)
(3) Stjtíð. EB nr. C 60, 8. 3. 1991, bls. 26.
(4) Stjtíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

hring hvers aðildarríkis um sig að ákveða hvort sunnudagar skuli teljast til vikulegs hvíldartíma og í hve ríkum mæli.

Rannsóknir hafa sýnt að mannslíkaminn er viðkvæmari að kvöld- og næturlagi fyrir truflunum úr umhverfinu og einnig gagnvart íþyngjandi vinnufyrirkomulagi og að langar næturvaktir geta haft skaðleg áhrif á heilsu starfsmanna og stofnað öryggi á vinnustað í hættu.

Þörf er á að takmarka lengd næturvakta, að yfirvinnu meðtalinni, og setja þarf reglur um að vinnuveitendur sem að jafnaði hafa starfsmenn í næturvinnu tilkynni lögbærum yfirvöldum það fari þau fram á slíkt.

Mikilvægt er að þeir sem gegna næturvinnu eigi rétt á heilbrigðiseftirliti þeim að kostnaðarlausu áður en þeir hefja vinnu á næturvöktum og með reglulegu millibili þaðan í frá og, sé þess nokkur kostur, að þeim sé gert kleift að fara í dagvinnu við þeirra hæfi komi til heilsufarsvandamála.

Þegar um næturvinnu eða vaktavinnu er að ræða verður að laga kröfur um öryggis- og heilsuvernd að eðli starfsins og sjá fyrir fullnægjandi fyrirbyggjandi ráðstöfunum og öðrum varúðarráðstöfunum ásamt nauðsynlegum aðbúnaði.

Sérstakar aðstæður á vinnustað geta haft skaðleg áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna. Við skipulagningu vinnu eftir ákveðnu mynstri skal tekið til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga beri vinnuna að starfsmanninum.

Vegna eðlis viðkomandi starfs getur reynst nauðsynlegt að gera sérhæfðar ráðstafanir hvað varðar skipulag vinnutíma á tilteknum sviðum eða í tilteknum greinum sem falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

Með tilliti til þeirra spurninga sem geta vaknað í tengslum við skipulag vinnutíma innan fyrirtækis virðist æskilegt að heimila ákveðinn sveigjanleika við beitingu tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar, enda sé tryggt að farið sé að meginreglunni um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

Nauðsynlegt er að kveða á um að veita megi undanþágu frá tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar sem aðildarríkin eða aðilar vinnumarkaðarins veita í hverju tilviki um sig. Þegar undanþága er veitt skal sú meginregla gilda að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði í tengslum við skipulag vinnutíma.

2. Þessi tilskipun gildir um:

a) daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma og árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku; og

b) tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur.

3. Þessi tilskipun gildir um alla starfsemi á vegum hins opinbera eða einkaaðila, í skilningi 2. gr. tilskipunar 89/391/EBE, samanber þó 17. gr. þessarar tilskipunar, að undanskildum loft-, járnbrautar-, vega-, sjó- og vatnaflutningum og flutningum á skipgengum vatnaleiðum, veiðum á sjó, annarri vinnu á sjó og starfsemi tengdri námi lækna.

4. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að öllu leyti um málefni sem um getur í 2. mgr., með fyrirvara um strangari og/eða sérhæfðari ákvæði þessarar tilskipunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *vinnutími:* sá tími sem starfsmaður er við störf, eða er vinnuveitanda innan handar og innir af hendi störf sín eða skyldur í samræmi við innlend lög og/eða réttarvenju;

2. *hvíldartími:* tími sem telst ekki til vinnutíma;

3. *næturvinnutími:* tímabil sem er ekki skemmra en sjö klukkustundir, eins og skilgreint er í innlendum lögum, og verður undir öllum kringumstæðum að vera á tímabilinu frá miðnætti til kl. 5 að morgni;

4. *næturvinnustarfsmaður:*

a) annars vegar starfsmaður sem að jafnaði vinnur að minnsta kosti þrjár klukkustundir af daglegum vinnutíma að næturlagi; og

b) hins vegar starfsmaður sem ætlast er til að inni af hendi tiltekinn hluta af ársvinnuframlagi sínu að næturlagi og er sá hluti skilgreindur að vali viðkomandi aðildarríkis:

i) með innlendri löggjöf, að undangengnu samráði við aðila vinnumarkaðarins; eða

ii) með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi eða á hverjum stað um sig;

5. *vaktavinna:* vinna sem einkennist af því að henni er skipt niður á vaktir þar sem hver starfsmaður tekur við af öðrum á sama vinnustað samkvæmt tilteknu kerfi, með vaktaskiptum, sem getur verið hvort heldur sem er samfelld eða ósamfelld, og sem krefst þess að starfsmaður vinni á mismunandi vöktum yfir tiltekið tímabil sem er mælt í dögum eða vikum;

6. *vaktavinnustarfsmaður:* starfsmaður sem tekur þátt í vaktavinnu.

II. ÞÁTTUR

LÁGMARKSHVÍLDARTÍMI — AÐRIR ÞÆTTIR ER VARÐA VINNUTÍMASKIPULAG

3. gr.

Dagleg hvíld

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja hverjum starfsmanni daglegan hvíldartíma samfellt í 11 tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili.

4. gr.

Hlé

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á hvíldarhléi ef daglegur vinnutími er lengri en sex klukkustundir, nánar skal kveðið á um það, svo sem hve langt það skal vera og við hvaða forsendur skal miða, í heildarsamningum eða samningum á milli aðila vinnumarkaðarins eða, að öðrum kosti, í innlendri löggjöf.

5. gr.

Vikulegur hvíldartími

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir starfsmenn eigi rétt á samfelldum hvíldartíma í 24 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili til viðbótar við 11 klukkustunda hvíldartímann sem um getur í 3. gr.

Lágmarkshvíldartíminn sem um getur í fyrstu undirgrein skal að jafnaði taka til sunnudags.

Ef hlutlægar eða tæknilegar aðstæður í tengslum við vinnutímaskipulagið réttlæta er heimilt að kveða á um 24 klukkustunda lágmarkshvíldartíma.

6. gr.

Vikulegur hámarksvinnutími

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, með tilliti til kröfunnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, til að tryggja að:

1. vikulegur vinnutími sé takmarkaður með ákvæðum laga eða stjórnsýslufyrirmæla eða með heildarsamningum eða samningum milli aðila vinnumarkaðarins;

2. meðalvinnustundafjöldi fyrir sjö daga tímabil fari ekki yfir 48 klukkustundir, að yfirvinnu meðtalinni.

7. gr.

Árlegt orlof

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öllum launþegum rétt á launuðu árlegu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju.

2. Ekki má láta peningaleg hlunnindi koma í stað lágmarkstímabils launaðs árlegs orlofs nema þegar um starfslok er að ræða.

III. ÞÁTTUR

NÆTURVINNA — VAKTAVINNA — VINNUMYNSTUR

8. gr.

Lengd næturvinnutíma

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. venjulegur vinnutími næturvinnustarfsmanns fari ekki að jafnaði yfir átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili;

2. næturvinnustarfsmenn sem gegna sérstaklega áhættusömum störfum, eða störfum sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag, vinni ekki lengur en átta tíma á hverju 24 klukkustunda tímabili sem þeir eru við næturvinnu.

   Hvað þetta atriði varðar skulu áhættusöm störf eða störf sem fylgir mikið líkamlegt eða andlegt álag skilgreind í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju eða heildarsamningum eða samningum aðila vinnumarkaðarins, að teknu tilliti til hliðarverkana og áhættu sem fylgir næturvinnu.

9. gr.

Heilbrigðismat og tilfærsla næturvinnustarfsmanna yfir í dagvinnu

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) næturvinnustarfsmenn eigi rétt á heilbrigðismati sér að kostnaðarlausu áður en ráðning fer fram og með reglulegu millibili þaðan í frá;

b) næturvinnustarfsmenn sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða, sem ljóst er að eiga rætur að rekja til þess að þeir vinna næturvinnu, séu færðir til þegar kostur er í dagvinnustörf sem henta þeim.

2. Heilbrigðismatið sem um getur í a-lið 1. mgr. skal lúta reglum um þagnarskyldu lækna.

3. Heilbrigðismatið sem um getur í a-lið 1. mgr. skal fara fram innan innlenda heilbrigðiskerfisins.

10. gr.

Tryggingar vegna næturvinnu

Aðildarríkin geta gert vinnu tiltekinna hópa næturvinnustarfsmanna háða tryggingum, með skilyrðum sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju, þegar um er að ræða starfsmenn sem taka áhættu með vinnu sinni hvað öryggi eða heilbrigði varðar.

11. gr.

Tilkynning um reglubundna ráðningu næturvinnustarfsmanna

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi sem hefur að jafnaði starfsmenn í næturvinnu tilkynni lögbærum yfirvöldum um það fari þau fram á slíkt.

12. gr.

Öryggis- og heilsuvernd

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

1. þeir sem stunda næturvinnu og vaktavinnu njóti öryggis- og heilsuverndar sem hæfir eðli starfsins;

2. viðeigandi vernd- og forvarnarþjónusta og aðbúnaður er varðar öryggi og heilbrigði þeirra sem vinna næturvinnu og vaktavinnu samsvari þeim sem gilda um aðra starfsmenn og að þessi aðstaða sé alltaf til reiðu.

13. gr.

Vinnumynstur

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna að starfsmanninum, einkum með það í huga að lina áhrif einhæfra starfa og starfa sem eru unnin með fyrirfram ákveðnum hraða, og allt eftir því um hvaða störf er að ræða, til öryggis- og heilbrigðiskrafna, sérstaklega hvaða varðar hlé í vinnutíma.

IV. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

14. gr.

Sérákvæði bandalagsins

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki gilda þegar önnur bandalagsákvæði fela í sér sérhæfðari kröfur varðandi tilteknar starfsgreinar eða atvinnustarfsemi.

15. gr.

Hagstæðari ákvæði

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða setja lög eða stjórnsýsluákvæði sem eru hagstæðari að því er varðar öryggis- og heilsuvernd starfsmanna eða til að auðvelda eða heimila beitingu heildarsamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins sem eru hagstæðari hvað varðar öryggis- og heilsuvernd starfsmanna.

16. gr.

Viðmiðunartímabil

Aðildarríkin geta sett ákvæði um:

1. vegna beitingar 5. gr. (vikulegur hvíldartími), viðmiðunartímabil sem má ekki vera lengra en 14 dagar;

2. vegna beitingar 6. gr. (vikulegur hámarksvinnutími), viðmiðunartímabil sem má ekki vera lengra en fjórir mánuðir.

   Árlegt launað orlof sem er veitt samkvæmt 7. gr. og sjúkraleyfi skulu ekki talin með eða eru hlutlaus hvað meðaltalsútreikninga varðar;

3. vegna beitingar 8. gr. (lengd næturvinnutíma), viðmiðunartímabil sem er skilgreint í samráði við aðila vinnumarkaðarins eða með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu svæði.

   Ef vikulegur lágmarkshvíldartími í 24 klukkustundir sem krafist er samkvæmt 5. gr. fellur saman við viðmiðunartímabilið skal hann ekki talinn með við meðaltalsútreikningana.

17. gr.

Undanþáguákvæði

1. Með tilhlýðilegu tilliti til almennra meginreglna um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna geta aðildarríkin vikið frá ákvæðum 3., 4., 5., 6., 8. eða 16. gr. þegar lengd vinnutímans verður ekki mæld og/eða fyrirfram ákveðin, vegna sérstakra eiginleika umræddra starfa, eða starfsmenn geta sjálfir ákveðið vinnutímann, einkum þegar um er að ræða:

a) starfsmenn er gegna stjórnunarstörfum eða annað starfsfólk sem hefur umboð til að taka sjálfstæðar ákvarðanir;

b) starfsmenn innan sömu fjölskyldu; eða

c) starfsmenn sem starfa á vegum kirkna og trúfélaga.

2. Ákvæði um undanþágur frá eftirfarandi greinum má setja með lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, eða heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins, að því tilskildu að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða — í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að veita samsvarandi hvíldartíma af óhjákvæmilegum ástæðum — hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd:

2.1. greinum 3, 4, 5, 8 og 16:

a) vegna starfa þar sem vinnustaður er fjarri búsetustað eða langt er á milli mismunandi vinnustaða starfsmannsins;

b) vegna starfa sem tengjast öryggis- og eftirlitsstörfum sem krefjast stöðugrar viðveru til verndar eignum og fólki, hér er einkum átt við öryggisverði og aðra verði eða öryggisgæslufyrirtæki;

c) vegna starfa sem fela í sér þörf á samfelldri þjónustu eða framleiðslu, hér er einkum átt við:

   i) þjónustu sem tengist móttöku, meðferð og/eða umönnun á sjúkrahúsum eða sambærilegum stofnunum, dvalarstofnunum og fangelsum;

   ii) hafnar- eða flugvallarstarfsmenn;

   iii) fólk sem starfar við blöð, útvarp, sjónvarp, kvikmyndaframleiðslu, póst- og fjarskiptaþjónustu, sjúkra-, bruna- og almannavarnaþjónustu;

   iv) gas-, vatns- og rafmagnsframleiðslu og dreifingu, sorphirðu og brennsluver;

   v) atvinnugreinar þar sem ekki er unnt að rjúfa vinnuferli af tæknilegum ástæðum;

   vi) rannsóknar- og þróunarvinnu;

   vii) landbúnað;

d) þegar útlit er fyrir aukavinnu, einkum í:

   i) landbúnaði;

   ii) ferðaþjónustu;

   iii) póstþjónustu;

2.2. greinum 3, 4, 5, 8 og 16:

a) við aðstæður sem um getur í 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 89/391/EBE;

b) þegar um slys eða yfirvofandi slysahættu er að ræða;

2.3. greinum 3 og 5:

a) vegna vaktavinnu, þegar um vaktaskipti er að ræða og starfsmaðurinn getur ekki tekið daglegan og/eða vikulega hvíldartíma milli loka eins vaktatímabils og upphafs þess næsta;

b) þegar um er að ræða starfsemi þar sem vinnunni er skipt upp yfir daginn, einkum hvað varðar ræstingar.

3. Veita má undanþágur frá 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins í hverju landi um sig eða á tilteknu

svæði eða, samkvæmt reglum sem þessir aðilar hafa sett, með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á neðra þrepi.

Aðildarríki sem hafa ekki lögboðið kerfi sem kveður á um gerð heildarsamninga eða samninga milli aðila vinnumarkaðarins í landinu eða á tilteknu svæði, um þau málefni sem þessi tilskipun tekur til, eða aðildarríki sem hafa sérstakan lagaramma í þessu skyni, geta, innan marka hans, í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju, heimilað undanþágur frá ákvæðum 3., 4., 5., 8. og 16. gr. með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins á viðeigandi samningsstigi.

Heimila ber undanþágurnar sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein með því skilyrði að hlutaðeigandi starfsmenn fái samsvarandi hvíldartíma í staðinn eða — í undantekningartilvikum þegar ekki er unnt að veita samsvarandi hvíldartíma af óhjákvæmilegum ástæðum — hlutaðeigandi starfsmenn fái viðeigandi vernd.

Aðildarríkin geta sett nánari reglur um:

— hvernig aðilar vinnumarkaðarins skuli beita þessari málsgrein, og

— hvernig ákvæði heildarsamninga og samninga sem eru gerðir með skírskotun til þessarar málsgreinar geti náð til annarra starfsmanna í samræmi við innlenda löggjöf og/eða réttarvenju.

4. Það að unnt er að víkja frá ákvæðum 2. liðar 16. gr., eins og kveðið er á um í 2. mgr., liðum 2.1 og 2.2, og 3. mgr. þessarar greinar, má ekki verða til þess að viðmiðunartímabilin verði lengri en sex mánuðir.

Aðildarríkin skulu þó eiga kost á, enda fari þau að almennu meginreglunum um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna, að leyfa að sett séu, liggi til þess hlutlægar eða tæknilegar ástæður eða sé starfið þess eðlis, með heildarsamningum eða samningum sem eru gerðir milli aðila vinnumarkaðarins, viðmiðunartímabil sem mega ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en 12 mánuðir.

Áður en sjö ára tímabil, talið frá dagsetningunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 18. gr., rennur út skal ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem matsskýrsla fylgir, endurskoða ákvæði þessarar málsgreinar og ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið.

18. gr.

Lokaákvæði

1. a) Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. nóvember 1996, eða fullvissa sig um að í síðasta lagi þann dag hafi aðilar vinnumarkaðarins með samningi gert nauðsynlegar ráðstafanir þeim til framkvæmdar, enda bera aðildarríkin fulla ábyrgð á að ákvæðum þessarar tilskipunar sé ætíð fullnægt.

b) i) Aðildarríki getur þó látið vera að beita ákvæðum 6. gr., ef það virðir almennu meginreglurnar um öryggis- og heilsuvernd starfsmanna og að því tilskildu að það tryggi að:

— enginn vinnuveitandi krefjist þess að starfsmaður vinni meira en 48 klukkustundir á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í 2. lið 16. gr., nema hann hafi fyrst hlotið samþykki starfsmannsins til slíkrar vinnu,

— starfsmaður sé ekki látinn gjalda þess að hann sé ekki reiðubúinn til að samþykkja að inna slíka vinnu af hendi,

— vinnuveitandinn haldi uppfærðar skrár yfir alla starfsmenn sem inna slíka vinnu af hendi,

— skrárnar séu hafðar til reiðu fyrir lögbær yfirvöld sem geta af öryggis- og/eða heilbrigðisástæðum bannað eða takmarkað möguleika starfsmanna á að fara fram yfir vikulegan hámarksvinnutíma,

— vinnuveitandinn veiti lögbærum yfirvöldum, fari þau fram á slíkt, upplýsingar um tilvik þar sem starfsmenn hafa veitt samþykki fyrir því að vinna meira en 48 stunda vinnu á sjö daga tímabili, reiknað sem meðaltal á viðmiðunartímabilinu sem um getur í 2. lið 16. gr.

Áður en sjö ára tímabil, talið frá dagsetningunni sem um getur í a-lið, rennur út skal ráðið, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem matsskýrsla fylgir, endurskoða ákvæði þessa i-liðar og ákveða til hvaða aðgerða skuli gripið.

ii) Aðildarríkjunum skal jafnframt vera kleift, hvað varðar beitingu ákvæða 7. gr., að hafa aðlögunartímabil sem má ekki vera lengra en þrjú ár talið frá dagsetningunni sem um getur í a-lið, að því tilskildu að á aðlögunartímabilinu sé tryggt:

— að allir starfsmenn fái þriggja vikna árlegt orlof á launum enda uppfylli þeir skilyrði

fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt er fyrir um í innlendri löggjöf og/eða réttarvenju, og

— að peningaleg hlunnindi séu ekki látin koma í stað þriggja vikna launaðs árlegs orlofs, nema þegar um starfslok er að ræða.

c) Aðildarríkin skulu tilkynna þetta framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að setja, með tilliti til breyttra aðstæðna, mismunandi laga- eða samningsákvæði hvað vinnutíma varðar, að því tilskildu að lágmarkskröfum þessarar tilskipunar sé fullnægt, skal framkvæmd þessarar tilskipunar ekki teljast réttmætur grundvöllur fyrir því að dregið sé úr þeirri almennu vernd sem launþegar njóta.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt eða verða samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hreinlæti og heilbrigði á vinnustað.

6. Framkvæmdastjórnin skal á fimm ára fresti leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um beitingu þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til 1., 2., 3., 4. og 5. mgr.

19. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

M. SMET

forseti.

Fskj. IV.

Töflur frá kjararannsóknarnefnd sem sýna lengd vinnutíma.

Tafla 2.11. sýnir dreifingu heildarvinnutíma fólks í fullu starfi á 2. ársfjórðungi 1995. Taflan sýnir einungis vinnutíma þeirra sem unnu fleiri en 400 dagvinnustundir og er vinnutíminn færður upp til samræmis við fulla dagvinnu.

Tafla 2.12 sýnir raunverulegt vinnuframlag starfsmanna með því að taka einungis mið af vinnutíma þeirra einstaklinga sem voru í úrtakinu á 1. ársfjórðungi 1995 og unnu einnig hjá sama fyrirtæki á 4. ársfjórðungi 1994 og 2. ársfjórðungi. 1995. Þannig eru þeir sem hófu störf eða hættu á miðjum ársfjórðungnum teknir út. Niðurstaðan sýnir því meðalvinnutíma þeirra starfsmanna sem voru við störf allan ársfjórðunginn að frádregnum fjarvistum, svo sem vegna veikinda og orlofs.

Tölurnar sýna uppsafnaðar prósentur.

Tafla 2.11 Uppsöfnuð dreifing vinnutíma fólks í fullu starfi á 2. ársfj. 1995

Tímar allt að:	Verka-karlar	Verka-konur	Iðn.-menn	Afgr.-karlar	Afgr.-konur	Skr.st.-karlar	Skr.st.-konur	ASÍ-landv.f.
45	31	72	30	40	37	75	89	47
50	59	92	59	64	74	92	98	71
55	79	98	80	86	93	98	99	87
60	89	99	90	94	98	100	100	93
65	94	100	96	99	100	100	100	97
70	98	100	99	100	100	100	100	99
75	99	100	100	100	100	100	100	100
80	100	100	100	100	100	100	100	100
Fjöldi	**1209**	**563**	**603**	**283**	**257**	**185**	**334**	**3434**

Tafla 2.12 Uppsöfnuð dreifing vinnutíma fólks í föstu starfi á 1.ársfj. 1995

Tímar allt að:	Verka-karlar	Verka-konur	Iðn.-menn	Afgr.-karlar	Afgr.-konur	Skr.st.-karlar	Skr.st.-konur	ASÍ-landv.f.
5	12	9	2	4	9	9	3	8
10	19	14	2	11	21	11	5	14
15	23	23	6	16	29	12	8	20
20	27	34	9	20	38	14	17	27
25	30	51	11	24	47	15	28	34
30	34	60	16	27	58	18	37	41
35	40	70	21	35	68	22	45	49
40	52	83	34	50	76	63	79	63
45	70	94	54	68	92	82	94	79
50	82	97	77	84	97	92	99	89
55	90	99	87	96	99	96	100	95
60	95	100	94	99	100	98	100	98
65	97	100	98	100	100	99	100	99
70	99	100	99	100	100	100	100	100
75	100	100	100	100	100	100	100	100
Fjöldi	**2349**	**1797**	**794**	**478**	**947**	**245**	**552**	**7162**

Fskj. V.

Töflur frá Hagstofu Íslands sem sýna lengd vinnutíma.

Skipting fólks í fullu starfi eftir fjölda vinnustunda að jafnaði á viku, atvinnustétt og kyni 1992-1994									
Persons in full-time employment by usual hours of work per week, status in employment and sex 1992-1994									
Árleg meðaltöl Annual averages	Alls Total			Launþegar Employees			Sjálfstætt starfandi og ólaunað skyldulið Self employed and unpaid family workers		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
	Hlutfallstölur Percent								
1992									
Alls Total	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
35-45 klst. hours	50,8	38,1	78,0	55,1	40,6	81,3	35,3	31,0	54,8
46-50 klst. hours	20,5	25,0	10,9	21,1	26,9	10,6	18,4	19,4	13,7*
51-60 klst. hours	15,9	19,7	8,0	13,9	18,1	6,2	23,5	24,1	20,7*
61+ klst. hours	12,8	17,3	3,1	9,9	14,3	2,0*	22,9	25,5	10,8*
1993									
Alls Total	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
35-45 klst. hours	51,0	37,4	78,2	55,2	39,6	81,6	34,0	30,4	50,1
46-50 klst. hours	21,6	26,2	12,5	21,6	27,5	11,6	21,6	22,0	19,8*
51-60 klst. hours	14,5	18,6	6,5	13,2	18,1	5,0	20,2	20,4	19,0*
61+ klst. hours	12,8	17,9	2,8*	10,1	14,9	1,9*	24,3	27,2	11,1*
1994									
Alls Total	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
35-45 klst. hours	52,1	38,4	78,4	56,7	41,8	80,7	32,9	28,0	57,0
46-50 klst. hours	21,1	25,4	12,6	20,6	25,8	12,2	22,9	24,3	16,0*
51-60 klst. hours	15,6	20,4	6,3	13,5	18,8	5,1	24,3	25,5	18,1*
61+ klst. hours	11,3	15,7	2,7*	9,2	13,6	2,0*	19,9	22,1	8,9*
	Áætlaður fjöldi Estimated number								
1992									
Alls Total	**98.900**	**67.400**	**31.400**	**77.400**	**49.900**	**27.600**	**21.400**	**17.600**	**3.900**
35-45 klst. hours	50.200	25.700	24.500	42.700	20.300	22.400	7.600	5.500	2.100
46-50 klst. hours	20.300	16.800	3.400	16.300	13.400	2.900	3.900	3.400	500*
51-60 klst. hours	15.800	13.300	2.500	10.700	9.000	1.700	5.000	4.200	800*
61+ klst. hours	12.600	11.600	1.000	7.700	7.200	600*	4.900	4.500	400*
1993									
Alls Total	**99.300**	**66.100**	**33.200**	**80.000**	**50.300**	**29.700**	**19.300**	**15.700**	**3.500**
35-45 klst. hours	50.700	24.700	26.000	44.100	19.900	24.200	6.600	4.800	1.800
46-50 klst. hours	21.400	17.300	4.100	17.300	13.800	3.400	4.200	3.500	700*
51-60 klst. hours	14.400	12.300	2.200	10.600	9.100	1.500	3.900	3.200	700*
61+ klst. hours	12.700	11.800	900*	8.100	7.500	600*	4.700	4.300	400*
1994									
Alls Total	**99.600**	**65.600**	**34.000**	**80.200**	**49.500**	**30.700**	**19.400**	**16.100**	**3.300**
35-45 klst. hours	51.900	25.200	26.600	45.500	20.700	24.800	6.400	4.500	1.900
46-50 klst. hours	21.000	16.700	4.300	16.500	12.800	3.800	4.400	3.900	500*
51-60 klst. hours	15.600	13.400	2.200	10.800	9.300	1.600	4.700	4.100	600*
61+ klst. hours	11.200	10.300	900*	7.300	6.700	600*	3.900	3.600	300*

Mealfjöldi vinnustunda í viðmiðunarviku eftir starfsgrein og starfshlutfalli aðalstarfs og kyni 1992-1994

Average actual hours worked per week by occupation and full-time/part-time employment in first job and sex 1992-1994

Árleg meðaltöl	Alls Total			Fullt starf Full-time job			Hlutastarf Part-time job			*Annual averages*
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	
1992										*1992*
Alls	**43,0**	**50,5**	**33,7**	**50,3**	**53,2**	**43,8**	**23,1**	**21,9**	**23,4**	***Total***
Stjórnendur og embættismenn	52,0	54,7	43,4	53,3	54,9	47,1	29,1*	34,3*	28,4*	*Senior officials and managers*
Sérfræðingar	43,3	49,2	37,2	48,0	51,0	43,4	27,2	27,1*	27,2	*Professionals*
Sérmenntað starfsfólk	40,4	50,1	33,4	49,0	53,6	42,7	24,9	24,4*	25,0	*Associate professionals*
Skrifstofufólk	36,3	41,7	35,1	43,4	46,1	42,6	23,5	21,2*	23,7	*Clerks*
Þjónustu- og verslunarfólk	38,1	48,1	32,0	48,8	51,9	44,6	22,6	18,8	23,1	*Service workers and shop workers*
Bændur og fiskimenn	56,2	60,8	36,0	62,0	63,7	49,3	23,3	27,1*	20,5	*Agricultural and fishery workers*
Iðnaðarmenn	45,1	48,2	34,2	48,5	49,5	42,8	23,4	21,7*	24,0	*Craft and related trades workers*
Véla- og vélgæslufólk	49,0	50,6	37,5	53,1	53,8	45,6*	21,5	19,9*	24,6*	*Plant and machine operators*
Ósérhæft starfsfólk	31,1	39,3	26,1	45,5	48,0	41,7	19,0	17,8	19,3	*Elementary occupations*
1993										*1993*
Alls	**42,8**	**50,0**	**34,1**	**49,9**	**52,7**	**44,1**	**23,2**	**23,0**	**23,3**	***Total***
Stjórnendur og embættismenn	53,3	55,6	46,1	54,3	55,9	48,7	29,7*	38,2*	24,5*	*Senior officials and managers*
Sérfræingar	43,2	49,0	37,4	48,5	51,3	44,3	26,4	27,8*	26,1	*Professionals*
Sérmenntað starfsfólk	40,6	51,2	33,4	49,2	55,0	42,3	24,6	24,8*	24,6	*Associate professionals*
Skrifstofufólk	36,1	42,5	34,8	43,7	46,7	42,8	23,1	14,4*	23,6	*Clerks*
Þjónustu- og verslunarfólk	37,5	48,0	31,7	48,7	51,9	44,8	23,2	22,4	23,2	*Service workers and shop workers*
Bændur og fiskimenn	55,6	59,2	39,4	59,9	61,5	49,3	25,0	27,7*	22,7*	*Agricultural and fishery workers*
Iðnaðarmenn	44,1	47,2	34,1	47,7	48,9	41,8	22,7	22,0	23,0	*Craft and related trades workers*
Véla- og vélgæslufólk	47,4	48,4	39,9	51,5	52,1	45,7*	22,5	21,2	26,6*	*Plant and machine operators*
Ósérhæft starfsfólk	31,9	40,2	27,8	45,5	47,8	43,0	19,1	17,5*	19,4	*Elementary occupations*
1994										*1994*
Alls	**42,7**	**49,6**	**34,4**	**49,6**	**52,5**	**44,0**	**23,2**	**23,4**	**23,2**	***Total***
Stjórnendur og embættismenn	53,3	55,6	46,5	54,6	56,0	49,7	35,0*	45,3*	23,3*	*Senior officials and managers*
Sérfræðingar	44,3	48,9	39,1	49,5	51,7	46,0	26,7	26,2	26,8	*Professionals*
Sérmenntað starfsfólk	39,4	47,6	33,3	47,4	52,2	41,9	22,4	21,4	22,6	*Associate professionals*
Skrifstofufólk	36,0	40,3	35,1	43,2	45,2	42,7	24,3	24,6*	24,3	*Clerks*
Þjónustu- og verslunarfólk	37,3	47,0	32,6	47,4	51,3	43,8	23,1	22,3	23,2	*Service workers and shop workers*
Bændur og fiskimenn	55,7	59,8	40,3	60,9	62,9	49,5	28,2	30,3*	26,4*	*Agricultural and fishery workers*
Iðnaðarmenn	44,2	47,5	33,3	47,9	48,9	42,0	22,0	18,5*	23,2	*Craft and related trades workers*
Véla- og vélgæslufólk	48,0	49,5	35,8	51,2	51,9	43,0*	23,2	22,9*	23,6*	*Plant and machine operators*
Ósérhæft starfsfólk	30,8	38,5	27,3	45,5	48,2	42,7	18,5	12,7*	19,6	*Elementary occupations*

Skýring: Aðeins þeir sem unnu a.m.k. 1 klst í viðmiðunarvikunni. Note: Only those working at least one hour during the reference week.

Fjöldi vinnustunda í aðal- og aukastarfi eftir starfshlutfalli í aðalstarfi og menntun 1992-1994									
Average actual hours worked per week in first and second jobs by full-time/part-time employment in first job and education level 1992-1994									
Árleg meðaltöl Annual averages	Alls Total	Fullt starf Full-time				Hlutastarf Part-time			
		Alls Total	Grunnmenntun ISCED 1-2	Starfs- og framhaldsmenntun ISCED 3-5	Háskólamenntun ISCED 6-7	Alls Total	Grunnmenntun ISCED 1-2	Starfs- og framhaldsmenntun ISCED 3-5	Háskólamenntun ISCED 6-7
1992									
Heildarvinnutími Actual hours work	**43,0**	**50,3**	**49,1**	**51,4**	**49,8**	**23,1**	**22,4**	**23,6**	**28,2**
Vinnutími í aðalstarfi Hours in first job	41,5	48,9	47,9	50,0	47,8	21,4	20,6	22,3	25,8
Vinnutími í aukastarfi Hours in second job	1,5	1,4	1,2	1,4	2,0	1,7	1,8	1,3	2,5*
Heildarfjöldi Number of persons	130.300	95.300	37.000	45.200	13.000	35.000	22.000	10.700	2.200
1993									
Heildarvinnutími Actual hours work	**42,8**	**49,9**	**48,6**	**50,7**	**50,8**	**23,2**	**22,6**	**23,5**	**28,3**
Vinnutími í aðalstarfi Hours in first job	41,3	48,7	47,6	49,5	48,7	21,1	20,3	21,8	24,0
Vinnutími í aukastarfi Hours in second job	1,5	1,2	1,0	1,2	2,1	2,2	2,3	1,6	4,3*
Heildarfjöldi Number of persons	128.000	93.600	35.800	44.300	13.500	34.300	20.400	11.700	2.200
1994									
Heildarvinnutími Actual hours work	**42,7**	**49,6**	**48,6**	**50,0**	**51,0**	**23,2**	**22,2**	**23,6**	**29,0**
Vinnutími í aðalstarfi Hours in first job	41,1	48,4	47,6	48,8	49,1	20,9	20,1	21,4	24,7
Vinnutími í aukastarfi Hours in second job	1,5	1,2	1,0	1,2	1,8	2,3	2,1	2,2	4,3*
Heildarfjöldi Number of persons	128.100	94.300	35.300	45.200	13.800	33.900	19.300	11.800	2.800
Skýring: Aðeins þeir sem unnu a.m.k. 1 klst í viðmiðunarvikunni. Note: Only those working at least one hour during the reference week.									

Fskj. VI.

Fjármálaráðuneytið,
starfsmannaskrifstofa:

Yfirlit yfir ársverk starfsmanna ríkisins árin 1993–94.

Meðaltal ársverka janúar til desember 1993 miðað við meðaltal janúar til desember 1994, skipt eftir ráðuneytum og tegundum.
(6. febrúar 1995)

Ráðuneyti		Dagvinna/ ársverk jan-des93	Dagvinna/ ársverk jan-des94	Yfirvinna/ ársverk jan-des93	Yfirvinna/ ársverk jan-des94	Ræsting/ ársverk jan-des93	Ræsting ársverk jan-des94	Ársverk samtals jan-des93	Ársverk samtals jan-des94	Ársverk frávik	Ársverk frávik %
00 Æðsta stjórn ríkisins	Opinberir starfsmenn	237,95	239,90	44,99	50,02	0,00	0,00	282,94	289,92	6,98	2,47%
00 Æðsta stjórn ríkisins	aðrir starfsmenn	0,46	0,02	1,00	1,31	9,45	9,76	10,91	11,09	0,18	1,65%
00 Æðsta stjórn ríkisins	samtals	238,41	239,92	45,99	51,33	9,45	9,76	293,85	301,01	7,16	2,44%
01 Forsætisráðuneytið	Opinberir starfsmenn	36,31	42,48	11,74	14,04	0,00	0,00	50,05	56,52	6,47	12,93%
01 Forsætisráðuneytið	aðrir starfsmenn	4,33	4,92	1,72	1,56	1,89	1,95	7,94	8,43	0,49	6,17%
01 Forsætisráðuneytið	samtals	42,64	47,39	13,46	15,60	1,89	1,95	57,99	64,94	6,95	11,98%
02 Menntamálaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	6.057,58	6.123,57	1.126,15	1.187,77	0,35	0,03	7.184,08	7.311,37	127,29	1,77%
02 Menntamálaráðuneyti	aðrir starfsmenn	73,83	72,21	18,08	18,62	190,01	157,86	281,92	248,69	-33,23	-11,79%
02 Menntamálaráðuneyti	samtals	6.131,42	6.195,77	1.144,22	1.206,39	190,36	157,90	7.466,00	7.560,06	94,06	1,26%
03 Utanríkisráðuneyti	Opinberir starfsmenn	166,60	183,67	49,49	47,21	0,00	0,00	216,09	230,88	12,79	5,86%
03 Utanríkisráðuneyti	aðrir starfsmenn	0,19	0,01	0,00	0,00	4,10	4,16	4,29	4,17	-0,12	-2,80%
03 Utanríkisráðuneyti	samtals	166,80	183,68	49,49	47,21	4,10	4,16	222,39	235,05	12,66	5,69%
04 Landbúnaðarráðuneyti	Opinberir starfsmenn	294,99	300,98	65,10	64,51	0,05	0,00	360,14	365,49	5,35	1,49%
04 Landbúnaðarráðuneyti	aðrir starfsmenn	109,32	110,94	25,43	25,68	9,50	9,63	144,25	146,25	2,00	1,39%
04 Landbúnaðarráðuneyti	samtals	404,31	411,92	90,53	90,19	9,55	9,63	504,39	511,74	7,35	1,46%
05 Sjávarútvegsráðuneyti	Opinberir starfsmenn	282,54	259,70	106,53	105,84	0,00	0,00	389,07	365,54	-23,53	-6,05%
05 Sjávarútvegsráðuneyti	aðrir starfsmenn	54,40	54,01	28,33	27,91	8,10	7,00	90,83	88,92	-1,91	-2,10%
05 Sjávarútvegsráðuneyti	samtals	336,94	313,71	134,85	133,74	8,10	7,00	479,89	454,45	-25,44	-5,30%
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	1.517,77	1.515,81	479,79	504,01	0,00	0,03	1.997,56	2.019,85	22,29	1,12%
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	aðrir starfsmenn	119,18	121,37	38,73	45,51	48,79	28,64	206,70	195,52	-11,18	-5,41%
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	samtals	1.636,95	1.637,18	518,52	549,51	48,79	28,67	2.204,26	2.215,36	11,10	0,50%

Ráðuneyti		Dagvinna/ ársverk jan-des93	Dagvinna/ ársverk jan-des94	Yfirvinna/ ársverk jan-des93	Yfirvinna/ ársverk jan-des94	Ræsting/ ársverk jan-des93	Ræsting ársverk jan-des94	Ársverk samtals jan-des93	Ársverk samtals jan-des94	Ársverk frávik	Ársverk frávik %
07 Félagmálaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	714,70	790,50	171,09	182,46	0,02	0,00	885,81	972,96	87,15	9,84%
07 Félagmálaráðuneyti	aðrir starfsmenn	182,87	208,94	28,70	31,08	11,43	12,80	223,00	252,82	29,82	13,37%
07 Félagmálaráðuneyti	samtals	897,56	999,44	199,79	213,54	11,45	12,80	1.108,80	1.225,78	116,98	10,55%
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	2.923,06	2.935,16	534,33	561,35	0,02	0,04	3.457,41	3.496,55	39,14	1,13%
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	aðrir starfsmenn	631,63	592,86	75,74	72,89	38,32	37,11	745,69	702,86	-42,83	-5,74%
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	samtals	3.554,68	3.528,01	610,07	634,24	38,33	37,15	4.203,08	4.199,40	-3,68	-0,09%
09 Fjármálaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	587,67	601,51	140,23	146,13	0,00	0,00	727,90	747,64	19,74	2,71%
09 Fjármálaráðuneyti	aðrir starfsmenn	0,04	0,03	0,00	0,01	7,50	8,27	7,54	8,31	0,77	10,21%
09 Fjármálaráðuneyti	samtals	587,70	601,54	140,23	146,13	7,50	8,27	735,43	755,94	20,51	2,79%
10 Samgönguráðuneyti	Opinberir starfsmenn	487,97	490,94	195,75	192,74	0,00	0,14	683,72	683,82	0,10	0,01%
10 Samgönguráðuneyti	aðrir starfsmenn	287,24	260,61	122,40	98,18	19,71	19,94	429,35	378,73	-50,62	-11,79%
10 Samgönguráðuneyti	samtals	775,21	751,55	318,15	290,92	19,71	20,08	1.113,07	1.062,55	-50,52	-4,54%
11 Iðnaðarráðuneyti	Opinberir starfsmenn	246,81	241,59	90,40	88,81	0,00	0,00	337,21	330,40	-6,81	-2,02%
11 Iðnaðarráðuneyti	aðrir starfsmenn	4,19	3,00	1,24	0,90	4,10	3,70	9,53	7,60	-1,93	-20,25%
11 Iðnaðarráðuneyti	samtals	251,00	244,59	91,64	89,71	4,10	3,70	346,74	338,00	-8,74	-2,52%
12 Viðskiptaráðuneyti	Opinberir starfsmenn	52,73	51,24	16,60	16,63	0,00	0,00	69,33	67,87	-1,46	-2,11%
12 Viðskiptaráðuneyti	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,00	0,00	1,59	1,59	1,59	1,59	0,00	0,00%
12 Viðskiptaráðuneyti	samtals	52,73	51,24	16,60	16,63	1,59	1,59	70,92	69,46	-1,46	-2,06%
13 Hagstofa Íslands	Opinberir starfsmenn	55,55	56,23	11,85	13,37	0,00	0,00	67,40	69,60	2,20	3,26%
13 Hagstofa Íslands	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00%
13 Hagstofa Íslands	samtals	55,55	56,23	11,85	13,37	0,00	0,00	67,40	69,60	2,20	3,26%

Ráðuneyti		Dagvinna/ ársverk jan-des93	Dagvinna/ ársverk jan-des94	Yfirvinna/ ársverk jan-des93	Yfirvinna/ ársverk jan-des94	Ræsting/ ársverk jan-des93	Ræsting ársverk jan-des94	Ársverk samtals jan-des93	Ársverk samtals jan-des94	Ársverk frávik	Ársverk frávik %
14 Umhverfisráðuneyti	Opinberir starfsmenn	171,47	179,84	58,75	61,97	0,00	0,00	230,22	241,81	11,59	5,03%
14 Umhverfisráðuneyti	aðrir starfsmenn	37,81	38,65	4,51	4,62	6,58	6,36	48,90	49,63	0,73	1,49%
14 Umhverfisráðuneyti	samtals	209,28	218,49	63,26	66,59	6,58	6,36	279,12	291,44	12,32	4,41%
22 Menntamálaráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	529,60	530,98	150,68	160,94	0,00	0,00	680,28	691,92	11,64	1,71%
22 Menntamálaráðuneyti B	aðrir starfsmenn	115,13	109,38	51,54	43,42	18,83	17,83	185,50	170,63	-14,87	-8,02%
22 Menntamálaráðuneyti B	samtals	644,73	640,36	202,22	204,36	18,83	17,83	865,78	862,55	-3,23	-0,37%
23 Utanríkisráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	121,20	119,92	65,40	68,54	0,00	0,00	186,60	188,46	1,86	1,00%
23 Utanríkisráðuneyti B	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,04	0,03	2,23	2,51	2,27	2,54	0,27	11,89%
23 Utanríkisráðuneyti B	samtals	121,20	119,92	65,44	68,57	2,23	2,51	188,87	191,00	2,13	1,13%
24 Landbúnaðarráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	11,12	8,49	4,04	2,54	0,00	0,00	15,16	11,03	-4,13	-27,24%
24 Landbúnaðarráðuneyti B	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,01	0,00	0,20	0,00	0,21	0,00	-0,21	-100,00%
24 Landbúnaðarráðuneyti B	samtals	11,12	8,49	4,05	2,54	0,20	0,00	15,37	11,03	-4,34	-28,24%
25 Sjávarútvegsráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	1,00	1,00	0,13	0,13	0,00	0,00	1,13	1,13	0,00	0,00%
25 Sjávarútvegsráðuneyti B	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00%
25 Sjávarútvegsráðuneyti B	samtals	1,00	1,00	0,13	0,13	0,00	0,00	1,13	1,13	0,00	0,00%
26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	4,13	4,37	0,39	0,41	0,00	0,00	4,52	4,78	0,26	5,75%
26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti B	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,33	0,31	0,33	0,31	-0,02	-6,06%
26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti B	samtals	4,13	4,37	0,39	0,41	0,33	0,31	4,85	5,09	0,24	4,95%
27 Félagsmálaráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	62,78	53,67	19,64	22,61	0,00	0,00	82,42	76,28	-6,14	-7,45%
27 Félagsmálaráðuneyti B	aðrir starfsmenn	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00%
27 Félagsmálaráðuneyti B	samtals	62,78	53,67	19,64	22,61	0,00	0,00	82,42	76,28	-6,14	-7,45%

Ráðuneyti		Dagvinna/ ársverk jan-des93	Dagvinna/ ársverk jan-des94	Yfirvinna/ ársverk jan-des93	Yfirvinna/ ársverk jan-des94	Ræsting/ ársverk jan-des93	Ræsting ársverk jan-des94	Ársverk samtals jan-des93	Ársverk samtals jan-des94	Ársverk frávik	Ársverk frávik %
29 Fjármálaráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	322,46	300,46	112,32	105,40	0,03	0,22	434,81	406,08	-28,73	-6,61%
29 Fjármálaráðuneyti B	aðrir starfsmenn	19,83	17,75	4,13	3,69	43,02	41,00	66,98	62,44	-4,54	-6,78%
29 Fjármálaráðuneyti B	samtals	342,29	318,21	116,45	109,09	43,05	41,21	501,79	468,51	-33,28	-6,63%
30 Samgönguráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	1.890,62	1.887,14	528,09	523,18	0,45	0,23	2.419,16	2.410,55	-8,61	-0,36%
30 Samgönguráðuneyti B	aðrir starfsmenn	304,17	302,45	116,95	116,17	80,18	80,43	501,30	499,05	-2,25	-0,45%
30 Samgönguráðuneyti B	samtals	2.194,79	2.189,59	645,04	639,35	80,64	80,66	2.920,47	2.909,60	-10,87	-0,37%
31 Iðnaðarráðuneyti B	Opinberir starfsmenn	113,53	115,82	48,18	51,60	0,10	0,02	161,81	167,44	5,63	3,48%
31 Iðnaðarráðuneyti B	aðrir starfsmenn	160,73	163,09	55,13	61,77	2,81	2,59	218,67	227,45	8,78	4,02%
31 Iðnaðarráðuneyti B	samtals	274,26	278,91	103,31	113,37	2,91	2,61	380,48	394,89	14,41	3,79%
A-hluti											
Öll ráðuneyti samtals	Opinberir starfsmenn	**13.837,70**	**14.013,12**	**3.102,79**	**3.236,86**	**0,44**	**0,24**	**16.940,93**	**17.250,22**	**309,29**	**1,83%**
Öll ráðuneyti samtals	aðrir starfsmenn	**1.505,49**	**1.467,57**	**345,88**	**328,27**	**361,07**	**308,77**	**2.212,44**	**2.104,61**	**-107,83**	**-4,87%**
Öll ráðuneyti samtals	samtals	**15.343,19**	**15.480,69**	**3.448,67**	**3.565,13**	**361,51**	**309,01**	**19.153,37**	**19.354,83**	**201,46**	**1,05%**
B-hluti											
Öll ráðuneyti samtals	Opinberir starfsmenn	**3.056,44**	**3.021,85**	**928,87**	**935,35**	**0,58**	**0,47**	**3.985,89**	**3.957,67**	**-28,22**	**-0,71%**
Öll ráðuneyti samtals	aðrir starfsmenn	**599,86**	**592,67**	**227,80**	**225,08**	**147,60**	**144,67**	**975,26**	**962,42**	**-12,84**	**-1,32%**
Öll ráðuneyti samtals	samtals	**3.656,30**	**3.614,52**	**1.156,67**	**1.160,43**	**148,18**	**145,14**	**4.961,15**	**4.920,09**	**-41,06**	**-0,83%**
Öll ráðuneyti samtals	Opinberir starfsmenn	**16.894,14**	**17.034,97**	**4.031,66**	**4.172,21**	**1,02**	**0,71**	**20.926,82**	**21.207,89**	**281,07**	**1,34%**
Öll ráðuneyti samtals	aðrir starfsmenn	**2.105,35**	**2.060,24**	**573,68**	**553,35**	**508,67**	**453,44**	**3.187,70**	**3.067,03**	**-120,67**	**-3,79%**
Öll ráðuneyti samtals	samtals	**18.999,49**	**19.095,21**	**4.605,34**	**4.725,56**	**509,69**	**454,15**	**24.114,52**	**24.274,92**	**160,40**	**0,67%**

640. Tillaga til þingsályktunar [363. mál]

um eflingu íþróttastarfs.

Flm.: Guðjón Guðmundsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni M. Mathiesen, Magnús Stefánsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna nefnd til að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og um samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Markmið nefndarstarfsins verði meðal annars að skilgreina og gera tillögur um þátt hins opinbera í þeirri viðleitni íþróttahreyfingarinnar að:

a. laða æskufólk, pilta og stúlkur, svo og almenning til iðkunar íþrótta,
b. efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi,
c. auka skilning þjóðarinnar á gildi líkamsræktar, heilbrigðis og hollra lífshátta.

Nefndin verði skipuð tveim fulltrúum Íþróttasambands Íslands, einum frá UMFÍ, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af fjármálaráðherra, einum tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og einum tilnefndum af menntamálaráðherra og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndin skili skýrslu og tillögum eigi síðar en 1. nóvember 1997.

Greinargerð.

Íþróttir og líkamsrækt skipa æ stærri sess í þjóðlífinu. Fleiri stunda hvers konar líkamsþjálfun en nokkru sinni fyrr, íþróttafélögum fjölgar, aukin umfjöllun er um íþróttir í fjölmiðlum og áhugi almennra borgara, og þá einkum æskufólks, á íþróttastarfi eykst stöðugt. Stöðugar kröfur eru til íþróttafélaga og sveitarfélaga um bætta aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Skilningur á gildi íþrótta sem þætti í heilbrigði og hollum lífsháttum eykst og starf íþróttafélaga hefur augljósa og jákvæða þýðingu í baráttunni við fíkniefnavandann og óreglu. Fullyrða má að iðkun íþrótta, hvort heldur til keppni eða afþreyingar, skipti miklu máli fyrir almenna vellíðan, afþreyingu, félagsþroska og uppeldi. Íþróttir hafa þannig ótvíræða samfélagslega þýðingu.

Hér sem víðast annars staðar er hið skipulega starf á vettvangi íþróttanna rekið af frjálsri íþróttahreyfingu sem hefur innan sinna vébanda félög, bandalög og sambönd sem sameiginlega mynda Íþróttasamband Íslands. Þar til viðbótar má nefna Ungmennafélag Íslands sem myndað er af héraðssamböndum og einstökum ungmennafélögum. Þessi samtök starfa einnig að íþróttamálum og eru aðilar að ÍSÍ.

Ríkissjóður hefur styrkt þessi landssamtök og auk þess Ólympíunefnd Íslands, Íþróttasamband fatlaðra og fleiri eftir atvikum. Þá hefur Alþingi samþykkt lög sem heimila ÍSÍ og UMFÍ ásamt Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir á almennum markaði.

Sveitarfélög annast byggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við íþróttafélögin.

Um þetta fyrirkomulag hefur ríkt nokkuð góð sátt, en þó er ljóst að íþróttahreyfingin stendur illa fjárhagslega undir þeim kröfum sem gerðar eru til hennar. Vísast í því sambandi til samantektar sem ÍSÍ hefur kynnt og fjallar um fjárhag íþróttafélaga en þar kem-

ur fram að félögin eru flest illa stödd í fjármálum. Sérsambönd eru flest rekin með tapi og Íþróttasamband Íslands kvartar undan því að ekki sé nægilegt fé til skiptanna.

Íþróttaþing, sem haldið var á Akranesi í lok október 1996, samþykkti að sameina bæri Íþróttasambandið og Ólympíunefndina. Tilgangur þeirrar sameiningar er sagður vera að einfalda skipulag íþróttahreyfingarinnar og ná fram sparnaði og hagræðingu, einnig að slíkt samstarf auðveldi samskipti ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar.

Augljóst er að íþróttahreyfingin leggur mikið af mörkum til félagslegra þátta. Nauðsynlegt er að meta gildi þessa hlutverks og huga að verkaskiptingu, fjárveitingum og mikilvægi einstakra þátta í ljósi þróunar þjóðfélagsins. Þá ber að laga opinberar fjárveitingar markvisst að stefnu sem er mótuð í sæmilegri sátt hlutaðeigandi aðila. Tillaga þessi flutt er í þeim tilgangi að vinna að slíkri stefnumörkun.

641. Frumvarp til laga [364. mál]

um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

2. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og
g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sbr. 5. gr., skal vera formaður stjórnar, en hinir tveir skulu tilnefndir af samvinnunefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin hefur í umboði ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar. Hún fjallar um starfs- og fjárhagsáætlanir hennar og hefur eftirlit með fjárreiðum og ráðstöfun fjár.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstöðumaður skal hafa lokið framhaldsnámi og stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer í umboði stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Hann skal í samráði við stjórn annast stenumótun og áætlanagerð og hafa umsjón með fjáröflun.

Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn stofnunarinnar.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í stjórninni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

6. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í september 1995 skipaði Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra samvinnunefnd um norðurmálefni í samræmi við ályktun Alþingis um stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri frá 25. febrúar 1995. Eins og kemur fram í erindisbréfi nefndarinnar er hlutverk samvinnunefndar um norðurmálefni „að tengja saman og treysta samstarf hlutaðeigandi stofnana sem annast hafa og annast munu rannsóknir á norðurslóðum, svo og tengsl og samstarf um málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar“. Nefndinni var jafnframt falið í samráði við ráðuneytið að vinna að undirbúningi Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, sem ætlað er að hefja starfsemi í ársbyrjun 1997, og útbúa frumvarp þar að lútandi. Í nefndinni eiga sæti eftirfarandi:

Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri, formaður, skipaður án tilnefningar, Davíð Egilson, forstöðumaður, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Jón Gunnar Ottósson, forstjóri, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristján Kristjánsson, forstöðumaður, tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, Steingrímur Jónsson útibússtjóri, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Þorsteinn Gunnarsson rektor, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri, Þorsteinn Tómasson forstjóri, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Þór Jakobsson verkefnisstjóri, tilnefndur af Veðurstofu Íslands, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, tilnefnd af Háskóla Íslands.

Sigurður Snorrason, dósent við Háskóla Íslands, tók sæti Þóru Ellenar Þórhallsdóttur í nefndinni í janúar 1996. Starfsmaður nefndarinnar var Níels Einarsson mannfræðingur, sérfræðingur við Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands. Honum var falið að vera ritari nefndarinnar auk þess að afla upplýsinga um norðurslóðastofnanir erlendis og norðurslóðarannsóknir hérlendis og tengsl innlendra rannsókna við alþjóðlega rannsóknastarfsemi. Frumvarpið eins og það liggur hér fyrir er að meginefni til í samræmi við tillögur samvinnunefndarinnar frá 22. ágúst sl. sem fjallaði um frumvarpið á nokkrum fundum auk þess sem nefndin hélt nokkra fundi með umhverfisráðuneytinu um frumvarpið.

Helstu atriði frumvarpsins.

Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar verður í lögunum skilgreind sem samstarfsvettvangur innan lands um málefni norðurslóða. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn og forstöðumaður með þekkingu á þeim málefnum sem stofnuninni er ætlað að sinna.

Ráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem hefur það hlutverk að efla samstarf um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, treysta samstarf innan lands og vera ráðherra til ráðgjafar.

Stofnunin skal efla rannsóknir, fræðslu og samstarf innan lands um málefni norðurslóða.

Stofnunin skal vinna að aukinni hlutdeild Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi um norðurslóðamálefni.

Stofnunin mun heyra undir umhverfisráðherra og hafa aðsetur á Akureyri.

Breytingar á norðurslóðum.

Á síðustu árum hefur mönnun orðið ljóst að mannlíf og náttúra á norðurslóðum á undir högg að sækja. Eðli þeirra vandamála sem er við að etja er slíkt að þau verða ekki leyst nema með þverfaglegu og fjölþjóðlegu samstarfi. Vandamálin eru í senn af vistrænum og félagslegum toga spunnin, flókin og ofvaxin einstökum vísindagreinum. Menn gera sér sífellt skýrari grein fyrir mikilvægi þverfaglegs samstarfs vísindagreina í fjölþjóðlegri samvinnu og nauðsyn samráðs við íbúa norðurslóða.

Á skömmum tíma hafa þjóðfélög á heimskautaslóðum þurft að aðlagast gjörbreyttum aðstæðum þegar veiðimannasamfélög hafa, nauðug eða viljug, tekið upp menningu og lifnaðarhætti vesturlandabúa. Þessi aðlögun hefur ekki verið sársaukalaus og leitt til alvarlegra þjóðfélagsvandamála, en einnig til aukinnar vitundar heimamanna um nauðsyn pólítískrar þátttöku á alþjóðavettvangi. Meginviðfangsefni slíkrar viðleitni hefur verið rétturinn til eigin menningar og viðhalds hennar, eigin lands og að fá að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt í samræmi við eigin þarfir og gildismat.

Í umfjöllun um málefni norður- og norðurskautsslóða verður vart komist hjá því að fjalla um skilgreiningu þessara hugtaka eða hvers vegna þröng skilgreining eigi hugsanlega ekki við, enda slíkt verulegu bundið fræðigreinum og viðfangsefnum. Við fyrstu sýn mætti halda því fram að norðurheimskautsbaugur, sem liggur samsíða miðbaug á 66. gráðu og 33. mínútu norðlægrar breiddar, sé augljóslega til þess fallinn að skilgreina heimskautasvæði og norðurslóðir. Þetta er þó of handahófskennd skilgreining sem tekur lítið tillit til þeirra náttúrulegu og félagslegu þátta sem auðkenna norðurslóðir. Heimskautsbaugur vísar einungis til þess staðar á hnettinum þar sem sólin er sýnileg yfir sjóndeildarhring í 24 tíma lengstu daga ársins og undir sjóndeildarhring 24 tíma þá stystu. Þessi skilgreining hefur takmarkað gildi fyrir flesta þá sem fást við heimskautasvæði.

Náttúruvísindamenn miða gjarnan við fyrirbæri sem tengjast eðlisvísindalegum og líffræðilegum einkennum norðurslóða. Ein viðmiðun er þannig að hitastig við yfirborð jarðar sé mest 10 gráður að meðaltali heitasta mánuð ársins, önnur miðar við trjábeltið sem skilur lífbelti freðmýranna frá lífbelti gresjanna, enn önnur miðar við suðurmörk sífrera og að lokum má nefna staðsetningu ísrandar yfir vetrarmánuði. Slík viðmið hafa ýmislegt til síns ágætis, sérstaklega fyrir einstakar fræðigreinar, en munurinn milli þeirra er þó mikill varðandi syðri mörk heimskautasvæðisins. Fyrir félagsvísindamenn, sem beina augum sínum að samfélögum manna á norðurslóðum, gagnast þannig skilgreiningar alls ekki enda skera slíkar landfræðilegar og aðrar línur þvert á þau svæði sem hópar fólks byggja. Þó er rétt að taka það fram að Ísland er nær undantekningarlaust talið til heimskautasvæðisins þegar fjallað er um samfélög á norðurslóðum. Hér er farin sú leið að forðast samræmandi skilgreiningu á hugtakinu norðurslóðir eða norðurslóðamálefni í landfræðilegum skilningi. Ein ástæðan er sú að slík tilraun mundi til dæmis ekki taka nægilegt tillit til orsakaþátta sem eiga að mestu upptök sín neðar á hnettinum og má þar til dæmis nefna þynningu ózonlagsins, gróðurhúsaáhrif, þrávirk lífræn efni, geislavirkan úrgang og starfsemi umhverfisverndarhreyfinga sem áhrif hafa á norðurslóðum.

Norðurheimskautssvæðið tilheyrir þeim svæðum á jörðu sem enn eru tiltölulega óspillt af manna völdum. Á þessu eru að verða hraðfara breytingar með aukinni mengun af ýmsu tagi og sýna niðurstöður mælinga að mengun, sem á sér upptök í iðnaðarþjóðfélögum sunnar á hnettinum, berst til Norðurskautssvæðisins í andrúmslofti og með sjávarstraumum og ám. Efni á borð við DDT og PCB hlaðast upp í vistkerfinu og er þegar að finna í talsverðu magni í fólki, spendýrum í sjó og á landi, fuglum og fiski. Losun þungmálma og eitraðra lofttegunda á suðlægum breiddargráðum, sem og á heimskautasvæðunum sjálfum, hefur skaðvænleg áhrif á dýralíf og gróður. Geislavirkur úrgangur hefur auk þess borist til norðurskautssvæða í kjölfar tilraunasprenginga, kjarnorkuslysa og hernaðarumsvifa. Einnig má nefna að geislavirkur úrgangur er geymdur á landi eða hefur verið losaður í höf á norðurslóðum.

Til viðbótar mengun á norðurslóðum hafa menn vaxandi áhyggjur af þeirri hættu sem gróðri, dýrum og mönnum stafar af aukinni útfjólublárri geislun vegna þynningar ósonlagsins yfir norðurskautssvæðinu. Lítið er þó enn vitað um það hversu langvarandi áhrif allt þetta kemur til með að hafa á norðurslóðum en rannsóknir eru taldar ákaflega brýnar.

Hnattrænar veðurfarsbreytingar auka enn þann vanda sem blasir við framtíð mannlífs og náttúru á norðurslóðum. Sum reiknilíkön gefa til kynna að hækkun hitastigs af völdum gróðurhúsaáhrifa geti orðið þrisvar til fimm sinnum meiri á norðurheimskautssvæðinu en annars staðar. Ísland mun hugsanlega ekki verða fyrir sömu hitabreytingum vegna áhrifa sem breytingar á hafstraumum gætu haft í för með sér. Slíkar breytingar eru þó áhyggjuefni fyrir Íslendinga þar sem lífríki sjávar, og þar með gjöful fiskimið, er að miklu leyti undir hafstraumum komið. Veðurfar á Íslandi og skilyrði í hafi mótast mjög af því að eyjan er á mótum ólíkra hafstrauma og loftstrauma sem koma að norðan og sunnan. Loftslag hér geldur nálægðar við Austur-Grænlandsstrauminn og sjálft Grænland sem hvort tveggja er eins konar framlenging af norðurheimskauti.

Ofnýting náttúruauðlinda og álag á vistkerfi heimskautasvæða er einnig mikið áhyggjuefni. Þá er hætta á að fágætar og viðkvæmar dýra- og jurtategundir líði undir lok ef ekki er brugðist við á einhvern hátt, t.d. með sérstakri verndun svæða. Unnið er að slíkum aðgerðum vegna líffræðilegs fjölbreytileika innan CAFF-þáttar umhverfisáætl-

unar Rovaniemi-samstarfsins. Þar er einnig stefnt að víðtækri vöktun gróður- og dýralífs, í samvinnu við heimamenn á norðursvæðum.

Þessar breytingar, sem geta til lengri tíma stofnað mannlífi og náttúru í hættu, eru að mestu af manna völdum. Sama gildir um þá erfiðleika sem nýtendur villtra spendýra á norðurslóðum hafa þurft að horfast í augu við talsvert á annan áratug. Þegar Vilhjálmur Stefánsson talaði um norðurslóðir Kanada sem heimskautalöndin unaðslegu kom skýrt fram sú afstaða hans að heimskautalöndin væru vel byggileg og engan veginn dæmd til að vera eyðilegt jaðarsvæði. Hann hélt því fram að í norðri væri gnótt náttúrulegra gæða ef menn lærðu að nýta sér þau og færu þangað á sömu forsendum og það fólk sem þar hefur búið í árþúsundir. Mikilvægasti þátturinn væri hins vegar að nýta alla náttúruna eins og hún kemur fyrir, en reyna ekki að velja úr einstakar dýrategundir og auðlindir. Þetta lífsviðhorf og boðskapur Vilhjálms Stefánssonar er enn í fullu gildi fyrir frumbyggja heimskautaslóða og aðra sem lifa að mestu af veiðum villtra dýra þótt utanaðkomandi áhrif hafi gert það æ erfiðara að lifa samkvæmt þessum grundvallarreglum mannvistar á norðursvæðum.

Hagsmunir Íslendinga felast ekki síst í því að vinna gegn umhverfismengun og rányrkju auðlinda sem til lengri tíma litið ógnar allri lífsafkomu í norðri og að vinna að því að skapa skilning og viðurkenningu á rétti norðurslóðabúa til að nýta lífríkið á sjálfbæran hátt. Möguleikar smáþjóða á borð við Íslendinga til að hafa áhrif á alþjóðavettvangi eru einna helst fólgnir í virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Dæmi um slíkt samstarf er t.d. í umhverfisáætlun Rovaniemi-samstarfsins sem er víðtæk samvinna norðurskautsríkjanna átta um vöktun og rannsóknir á lífríki og umhverfi norðurslóða í samvinnu við heimamenn, enn fremur starf nýstofnaðs norðurskautsráðs (Arctic Council) sem mun beita sér sérstaklega í sameiginlegum hagsmunamálum sem varða sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda, umhverfismál og félagsleg málefni frumbyggja og annarra sem búa á norðurslóðum.

Nokkrar íslenskar stofnanir koma að málefnum norðurslóða og hafa tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi vegna rannsóknarverkefna, hver á sínu sviði. Þótt ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða má nefna stofnanir á borð við Hafrannsóknastofnun, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Hollustuvernd Ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknarráð Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Veðurstofu Íslands. Þessar stofnanir starfa þegar saman að undirbúningi að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og aðild að samvinnunefnd um norðurmálefni. Innan þessara stofnana er að finna mikla þekkingu og reynslu í rannsóknum og alþjóðlegu rannsóknasamstarfi.

Íslendingar hafa verið aðilar að Rovaniemi-samstarfi norðurskautsríkjanna átta, Bandaríkjanna, Danmerkur f.h. Grænlands, Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, frá 1989 og samþykktu umhverfisáætlun þess, AEPS (Arctic Environmental Protection Strategy), árið 1991. AEPS gerir ráð fyrir víðtækri samvinnu norðurskautsríkjanna um vöktun og rannsóknir á lífríki og umhverfi norðurslóða í samvinnu við heimamenn. Verksvið AEPS greinist í fjóra meginþætti:

1. CAFF — Conservation of Arctic Flora and Fauna.
2. AMAP — Arctic Monitoring and Assessment Program.
3. PAME — Protection of the Arctic Marine Environment.
4. EPPR — Emergency Prevention Preparedness and Response.

Fyrir Íslands hönd hefur Hollustuvernd ríkisins haft umsjón með þremur þessara verkþátta, þ.e. AMAP, PAME og EPPR. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tekið þátt í starfi CAFF-nefndarinnar sem sinnir sérstaklega verkefnum sem lúta að vernd og vöktun lífríkis og náttúru, fánu og flóru á norðurskautsslóðum.

Rannsóknarráð Íslands tekur fyrir Íslands hönd þátt í starfi alþjóðaráðs norðurvísinda, IASC. IASC eru alþjóðleg samtök um rannsóknir á norðurslóðum sem stofnuð voru í ágúst 1990 og að stóðu háskóla- og vísindaráð í heimskautalöndunum átta. Síðan hafa bæst við Bretland, Þýskaland, Frakkland, Pólland, Japan og Sviss. Fyrir liggja umsóknir frá Kína og Ítalíu um inngöngu í ráðið. Aðalmarkmið ráðsins er að setja saman rannsóknaráætlanir sem byggjast á þverfræðilegum grunni og beinast að knýjandi og lítt rannsökuðum vandamálum á heimskautaslóðum, aðallega í norðri og að greiða fyrir alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi.

Þáttur norðurskautsráðsins ætti að geta orðið stór í samstarfi norðurskautsríkjanna átta, sérstaklega á sviði sameiginlegra hagsmunamála sem varða sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda, umhverfismál og félagsleg málefni frumbyggja og annarra heimskautabúa. Norðurlöndin hafa lýst yfir þeim vilja sínum, sbr. tillögu norrænu ráðherranefndarinnar í nóvember 1995 sem lögð var fyrir fund Norðurlandaráðs í Kuopio, að norðurskautsráðið verði framtíðarsamstarfsvettvangur norðurskautsríkjanna og frumbyggja norðurslóða. Norðurskautsráðið muni þannig taka yfir og þróa AEPS-samstarfið í umhverfismálum. Önnur meginstoð samstarfsins verður á sviði sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum. Það starf, ASDI (Arctic Sustainable Development Initiative), verður á sviði félags-, efnahags- og menningarmála og mun hafa sem sérstakt markmið að stuðla að sjálfbærri þróun í sátt við umhverfið og eflingu rannsókna á því sviði.

Norrænt samstarf um málefni norðurskautssvæðisins er fjölþætt og hefur verið að aukast síðastliðin ár, ekki síst um umhverfismál. Frá 1985 hefur verið í gangi innan Norðurlandaráðs vestnorrænt samstarf Íslands, Færeyja og Grænlands. Nordkalottennefndin hefur verið starfandi frá 1971. Norræna ráðherranefndin lagði nýlega fram áðurnefnda tillögu um samstarf varðandi norðurskautssvæðið fyrir 47. þing Norðurlandaráðs í Kuopio. Þar er lagt til að samstarf Norðurlanda verði stóraukið og sameiginleg stefna mótuð í veigamiklum málaflokkum. Í tillögunni er bent á að þörf sé fyrir aukna samræmingu í norrænu samstarfi til að minnka tvíverknað og að koma þurfi á samstarfsvettvangi fyrir slíka samræmingu. Lagt er til að Norðurlöndin sameinist í mun meira mæli um verkefni á vegum landanna og í alþjóðlegu samstarfi. Einnig er undirstrikuð nauðsyn þess að norðurskautsráðið verði að veruleika og að þar verði unnið að sjálfbærri þróun og umhverfisvernd á norðurskautssvæðinu með þátttöku heimamanna og með velferð þeirra að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að samstarf norðurslóðastofnana á Norðurlöndum verði styrkt. Tillaga ráðherranefndarinnar er í beinu framhaldi af þeirri stefnu sem Norðurlöndin hafa markað og er að finna í ráðleggingum Norðurlandaráðs (31/1992 og 4/1994), ályktun frá norðurskautsráðsstefnu Norðurlandaráðs í Reykjavík 1993 og skýrslu um norðurmálefni sem ráðherranefndin kynnti á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík 1995 (NORD 1995:11).

Hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar yrði m.a. að stuðla að því að Íslendingar geti í sameiningu lagt sitt af mörkum til þessara mikilvægu málaflokka. Rovaniemisamstarfið, alþjóðaráð norðurvísinda, norðurskautsráðið og átak í samvinnu Norðurlandanna um málefni norðurskautsins eru dæmi um stóraukna fjölþjóðlega og þverfaglega samvinnu á norðurslóðum. Vegna þessa ber brýna nauðsyn til að íslensk stofnun hafi yfirsýn og hvetji til verkefna í anda þeirrar þróunar sem á sér stað í hliðstæðum stofnun-

um í nágrannalöndunum. Vekja skal athygli á að hér er um að ræða stofnun með nýtt hlutverk sem ekki er sinnt af þeim stofnunum sem fyrir eru og hafa með höndum rannsóknir og aðra starfsemi sem tengist norðurslóðum.

Nafn stofnunarinnar.

Nafn Vilhjálms Stefánssonar (1879–1962) er órofa tengt norðurskautsslóðum og könnun þeirra. Hann er þekktastur fyrir að ferðast í fimm ár óslitið (1913–1918) og stunda mannfræðirannsóknir og landkönnun á heimskautasvæðum Kanada en alls dvaldi hann um 12 ár á þeim slóðum. Hann lærði tungumál og kynntist menningu Inúíta og tileinkaði sér lifnaðarhætti þeirra. Síðar varð hann kunnur sem boðberi þess að Evrópubúar gætu, líkt og Inúítar, lifað á heimskautaslóðum og nýtt sér gæði þeirra, að því tilskildu að þeir lærðu að umgangast náttúruöflin að hætti heimamanna.

Í starfi sínu varð nefndin vör við mikinn áhuga og velvilja gagnvart Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og því hlutverki sem henni er ætlað að gegna. Þetta má að verulegu leyti þakka þeirri hugmynd að láta stofnunina bera nafn þessa mikilhæfa vísindamanns og fræðara um málefni norðurslóða sem Halldór Laxness lét svo um mælt í ritsmíð árið 1927 að þar væri „sá sem hefur einna víðast sjónarsvið allra manna sem rita bækur nú á tímum og auðugasta útsýn yfir víðerni mannlífsins . . .“ Vilhjálmur var fjölhæfur fræðimaður og það á því sérlega vel við að kenna við hann stofnun sem hafa skal þverfaglegt starf að leiðarljósi.

Verkefni og umfang Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Fram kemur í lagafrumvarpinu um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar að tilgangur hinnar nýju stofnunar sé að auka og efla samstarf þeirra innlendu stofnana sem hafa sinnt rannsóknum á málefnum norðurslóða. Stofnunin mun einnig gegna því hlutverki að samhæfa yfirlit um innlendar rannsóknir og stuðla að aukinni þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi sem verður sífellt meira með auknu mikilvægi norðurslóða, ekki síst hvað umhverfismál varðar. Stofnuninni er ætlað að hafa þverfaglegt svipmót og vinna að heildarsýn á málefni norðurslóða. Slík áhersla er mjög í anda þess starfs sem er verið að vinna að í alþjóðaráði norðurvísinda, í framkvæmdaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurskautsins og ekki síst í umræðum um stofnun norðurskautsráðs. Skortur á heildarsýn er einmitt kjarninn í gagnrýni frumbyggja og annarra heimamanna á vísindarannsóknir á norðurslóðum, þ.e. að einstakar vísindagreinar hafi gjarnan þröngt sjónarhorn í leit sinni að þekkingu, horfi í rangan enda sjónaukans og vanti samtvinnun náttúru, mannlífs og menningar. Eitt af hlutverkum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar gæti verið, í samstarfi við aðrar norðurslóðastofnanir og aðila innan lands, að stuðla að faglegri umræðu um umhverfismál og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Forsenda slíkrar umræðu er hins vegar skilningur á þeim hnattrænu umhverfisbreytingum, félagslegu og efnislegu, sem hafa orðið og halda áfram að verða í heiminum öllum. Þó svo að meginhlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar sé í því fólgið að vera samstarfsvettvangur um málefni norðurslóða og upplýsingamiðlunar um þau útilokar það ekki að þeir sem við stofnunina vinna geti átt aðild að sjálfstæðum rannsóknum, ekki síst ef þær rannsóknir fela í sér ný verkefni á sviðum sem hafa verið vanrækt. Slík verkefni gætu t.d. varðað þverfaglegar og altækar (holistic) rannsóknir á umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda á norðurslóðum.

Stofn- og rekstrarkostnaður við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar fer eftir umfangi starfseminnar en gert er ráð fyrir að um sé að ræða tvö og hálft stöðugildi. Þar er um að ræða stöðu háskólamenntaðs forstöðumanns og stöðu sérfræðings auk hálfrar stöðu skrifstofumanns. Húsrýmisþörf er áætluð u.þ.b. 80 fermetrar og er þá allt meðtalið. Kostnaður við stofnunina verður að mestu leyti vegna launa, en einnig af rannsóknarverkefnum, styrkjum, ferðum, búnaði og störfum stjórnar. Nokkuð snemmt er að tala um sértekjur, t.d. vegna þátttöku í innlendum og erlendum verkefnum, eða vegna gjafa sem stofnuninni kunna að berast, en slíkt er ekki óraunhæfur möguleiki þegar fram í sækir. Slíkar tekjur eru drjúgur tekjuliður hliðstæðra stofnana erlendis.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Með samráði stofnunarinnar við samvinnunefnd um málefni norðurslóða á að tryggja samvinnu innlendra stofnana og efla íslenskar rannsóknir á norðurslóðum.

Í greininni er kveðið á um að stofnunin skuli vera sjálfstæð og hafa aðsetur á Akureyri.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á helstu verkefnum sem Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er ætlað að sinna. Henni er ætlað, í samstarfi við samvinnunefnd um málefni norðurslóða, að vera miðstöð innan lands fyrir málefni norðurslóða og rannsóknir á því sviði. Gert er ráð fyrir að stofnunin hafi með höndum öflun upplýsinga og miðlun þeirra og að stofnunin hafi náið samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis. Einnig er kveðið á um að eitt aðalverkefna hennar sé á sviði umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar á norðurslóðum. Kveðið er á um að stofnunin samræmi og hafi yfirlit yfir þátttöku Íslendinga í alþjóðlegum verkefnum sem tengjast norðurslóðum. Tekið er fram að stofnunin geti rækt hlutverk sitt með því að taka að sér alþjóðleg verkefni, t.d. á vegum umhverfisáætlunar Rovaniemi-samstarfsins. Gert er ráð fyrir að stofnunin veiti styrki til rannsókna á sviði stofnunarinnar og að styrkirnir skuli kenndir við Vilhjálm Stefánsson.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um stjórn Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, skipan hennar og verksvið. Til að tryggja megi samfellu í starfi stofnunarinnar og tengsl hennar við aðrar stofnanir sem sinna norðurslóðamálefnum er gert ráð fyrir að formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða sé jafnframt formaður stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Af sömu ástæðu er gert ráð fyrir að samvinnunefnd um málefni norðurslóða tilnefni tvo fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Stjórninni er ætlað að hafa yfirumsjón með rekstri stofnunarinnar.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að forstöðumaður Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar sé framkvæmdastjóri stjórnar stofnunarinnar. Kveðið er á um að ráðherra skipi forstöðumann til fimm ára. Gert er ráð fyrir að hann hafi lokið framhaldsnámi og hafi stundað rannsóknir á fræðasviði stofnunarinnar. Nauðsynlegt er að forstöðumaður hafi skilning á eðli rannsókna og því er kveðið á um að hann skuli hafa stundað sjálfstæðar vísindarannsóknir.

Kveðið er á um að forstöðumaður í samráði við stjórn annist áætlanagerð, samræmi fjáröflunarleiðir og ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skipun samvinnunefndar um málefni norðurslóða. Meginhlutverk hennar er að treysta samstarf hlutaðeigandi stofnana. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra setji reglugerð um hvaða stofnanir tilnefni í nefndina, um fjölda nefndarmanna og þess háttar og að ráðherra skipi formann án tilnefningar.

Um 6. og 7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

Á 118. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Í framhaldi af þeirri samþykkt skipaði umhverfisráðherra samvinnunefnd um norðurmálefni. Frumvarpið er byggt á tillögum nefndarinnar.

Helstu þættir, er munu leiða til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, eru að mati fjármálaráðuneytis eftirfarandi:

1. Samkvæmt frumvarpinu skal Stofnun Vilhjálms Stefánssonar vera sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um umfang stofnunarinnar. Er þar miðað við að tvö og hálft starf verði við stofnunina. Húsrýmisþörf er áætluð um 80 m^2. Ætla má að árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar nemi 10,5–11 m.kr. Þar af eru laun áætluð 6,5 m.kr. og önnur rekstrargjöld um 4–4,5 m.kr.
2. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal skipuð þriggja manna stjórn. Ætla má að kostnaður verði 0,5 m.kr. á ári og er þá miðað við stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Stjórnarmenn þar eru þrír og hlutverk stjórnar svipað og fyrirhugaðrar stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.
3. Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu skal fara samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Nefndin hefur þegar verið skipuð og eru nefndarmenn níu auk starfsmanns en hann var einungis ráðinn tímabundið og er ekki fyrirhugað að nefndin hafi starfsmann framvegis. Að mati umhverfisráðuneytis er ekki talið að nefndin muni hittast oft á ári en hins vegar má gera ráð fyrir nokkrum ferðakostnaði. Það er mat fjármálaráðuneytis að árlegur kostnaður af nefndinni verði 1–1,5 m.kr.

Að öllu samanlögðu telur fjármálaráðuneytið að árlegur rekstrarkostnaður geti orðið 12–13 m.kr. verði frumvarpið óbreytt að lögum . Til viðbótar við rekstrarframlag verður að gera ráð fyrir tækja- og búnaðarkaupum og hugsanlegum innréttingarkostnaði í nýju húsnæði. Kostnaður þessi er metinn á um 2 m.kr. Heildarkostnaður nemur þannig 14–15 m.kr. Framlag í frumvarpi til fjárlaga 1997 til stofnunarinnar er 3,1 m.kr.

642. Lög [183. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum).

(Afgreidd frá Alþingi 19. febr.)

Samhljóða þskj. 204 með þessari breytingu:

8. gr. hljóðar svo:
Við 125. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. mgr., svohljóðandi:
Meðferð ávinnings af brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

643. Fyrirspurn [365. mál]

til fjármálaráðherra um skiptingu skattgreiðslna.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

1. Hvernig skiptust skattgreiðslur milli skattumdæma árið 1996 á grundvelli tekna ársins 1995, hlutfallslega og í heildarupphæðum, greint eftir kynjum eftir því sem við á:
   a. tekjuskattur einstaklinga,
   b. tekjuskattur fyrirtækja,
   c. virðisaukaskattur,
   d. tryggingagjald?
2. Hversu margir einyrkjar greiddu tryggingagjald árið 1996, hversu há var heildarupphæðin og hvernig skiptist hún milli skattumdæma og kynja?

Skriflegt svar óskast.

644. Fyrirspurn [366. mál]

til fjármálaráðherra um skiptingu bóta.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Hvernig skiptust bætur árið 1996 milli skattumdæma, greint milli hjóna annars vegar og einhleypinga hins vegar, með og án barna, hlutfallslega og í heildarupphæðum:

a. barnabætur,
b. barnabótaauki,
c. vaxtabætur?

Skriflegt svar óskast.

645. Fyrirspurn [367. mál]

til heilbrigðisráðherra um fæðingarorlofsrétt íslenskra kvenna við nám á Norðurlöndum.

Frá Birnu Sigurjónsdóttur.

Hver er staða íslenskra kvenna sem eru við nám í:

a. Danmörku,
b. Noregi,
c. Svíþjóð,

varðandi rétt til greiðslu í fæðingarorlofi í námslandinu annars vegar og hér á landi hins vegar?

Hvaða áhrif hefur það á rétt þeirra til fæðingarorlofs ef þær flytja lögheimili sitt til námslandsins meðan á námi stendur?

Hver er réttur þessara kvenna til greiðslu lækniskostnaðar og sjúkrahúskostnaðar ef þær koma heim til Íslands til að fæða barn sitt?

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir leiðréttingu á stöðu þessara kvenna komi í ljós að þær eiga hvorki rétt til greiðslu í fæðingarorlofi í námslandinu né hér heima?

Skriflegt svar óskast.

646. Fyrirspurn [368. mál]

til menntamálaráðherra um aðbúnað ríkissjónvarpsins.

Frá Svanhildi Kaaber.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að starfsemi sjónvarpsins verði flutt í útvarpshúsið við Efstaleiti?

Verði ekki af flutningi á næstu árum, hvernig hyggst ráðherra þá bæta aðstöðu og tækjabúnað sjónvarpsins og auka möguleika þess til að sinna menningarhlutverki sínu, ekki síst innlendri dagskrárgerð?

647. Frumvarp til laga [369. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986, og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Lúðvík Bergvinsson, Össur Skarphéðinsson,
Mörður Árnason.

I. KAFLI

Um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986.

1. gr.

1. mgr. 28. gr. laganna fellur brott.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996.

2. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 39. gr. laganna bætist: Bankastjórar ríkisviðskiptabankanna skulu skipaðir af ráðherra og fer um laun þeirra samkvæmt lögum um Kjaradóm og kjaranefnd.

III. KAFLI

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar umræðu um starfskjör bankastjóra, ekki síst greiðslur fyrir ýmis aukastörf. Í utandagskrárumræðum á Alþingi 19. febrúar sl. kom fram almennur vilji til að taka á þessum kjörum bankastjóra landsins. Samkvæmt gildandi lögum eru það bankaráðin sem ákveða launakjör þeirra. Slík tilhögun hefur ekki gengið og eru því með frumvarpi þessu lagðar til breytingar sem gera það að verkum að launakjör seðlabankastjóranna og bankastjóra ríkisviðskiptabankanna verði ákveðin af kjaranefnd eins og reglan er varðandi forstöðumenn ríkisstofnana. Kjaranefnd úrskurðar m.a. um hvaða aukastörf tilheyra aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

648. Fyrirspurn [370. mál]

til forsætisráðherra um kostnað við störf einkavæðingarnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er orðinn heildarkostnaður við störf einkavæðingarnefndar, sundurliðað í þóknun til nefndarmanna, í einstaka fundi og ráðstefnur, útgáfu, auglýsingar og aðra helstu útgjaldaliði?

2. Hver er orðinn heildarkostnaður einstakra ráðuneyta, stofnana og hins opinbera í heild sem tengist einkavæðingaráformum frá stjórnarskiptum árið 1991?

Skriflegt svar óskast.

649. Fyrirspurn [371. mál]

til forsætisráðherra um kostnað af ráðstefnu einkavæðingarnefndar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður af ráðstefnu einkavæðingarnefndar sem haldin var í Perlunni 19. febrúar sl., sundurliðaður í fundarkostnað, ferðalög, veitingar og aðra helstu útgjaldaliði?
2. Hverjir greiddu kostnað sem ekki var borinn uppi af þátttökugjöldum?
3. Hve mikið greiddu ráðuneyti og opinberar stofnanir í þátttökugjöld, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?

Skriflegt svar óskast.

650. Fyrirspurn [372. mál]

til menntamálaráðherra um starfsemi og nám í stýrimannaskólum.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hver var heildarfjöldi nemenda í stýrimanna- og skipstjórnarnámi á árunum 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla?
2. Hversu margir nemendur hófu réttindanám árin 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla?
3. Eru fyrirhugaðar breytingar á námi í stýrimannaskólum? Ef svo er, þá hverjar?
4. Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri stýrimannaskólanna? Ef svo er, þá hverjar?
5. Kemur til greina að flytja allt stýrimanna- og skipstjórnarnám á einn stað utan höfuðborgarsvæðisins?

651. Fyrirspurn [373. mál]

til umhverfisráðherra um áhrif reglugerða um matvæli á innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Tóku reglugerð nr. 588/1993, um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, og reglugerð nr. 586/1993, um merkingu næringargildis matvæla, gildi að loknum eins árs aðlögunarfresti samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða?
2. Hafa reglugerðirnar haft áhrif á innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins?

652. Tillaga til þingsályktunar [374. mál]

um brú yfir Grunnafjörð.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera hagkvæmnisrannsókn á gerð brúar yfir Grunnafjörð á milli Súlueyrar í Melahreppi og Hvítaness í Skilmannahreppi. Gert verði umhverfismat ef í ljós kemur að brúargerð reynist hagkvæm.

Greinargerð.

Gerð jarðganga undir Hvalfjörð mun ljúka fyrr en áætlað var ef að líkum lætur. Sterk rök eru fyrir því að þjóðvegur liggi vestan Akrafjalls, m.a. mundi hann stytta vegalengdir vestur og norður í land. Tillagan, sem hér er lögð fram, hefur ýmsa kosti og eru þessir helstir:

a. vegur styttist um 7–10 km frá höfuðborgarsvæði vestur og norður í land,
b. leið milli Borgarness og Akraness styttist, þannig aukast möguleikar á samskiptum sveitarfélaganna í fjölmörgum málaflokkum,
c. betri veglína yrði að brú frá þjóðvegi 1 á Hafnarmelum að brú frá Akranesvegi,
d. ótraust raflína, sem hefur verið á möstrum yfir ósinn, færi í jarðstreng í brúnni,
e. möguleiki skapast á fiskirækt í Grunnafirði.

Tillaga þessi felur í sér að gerð verði úttekt á möguleikum brúargerðar og færslu veglínu sem yrði hagkvæm með langtímamarkmið í huga. Að auki má benda á að ef sjónmengun af stóriðju vinnur gegn ferðamennsku eru sterk rök fyrir því að aðalleið fari vestur fyrir Akrafjall og umræddri vegtengingu verði komið á. Ástæða er til að nefna sérstaklega möguleika til atvinnusköpunar og tengingar atvinnufyrirtækja í Borgarnesi og Borgarfirði annars vegar og hins vegar fyrirtækja á Akranesi og í sveitarfélögunum sunnan Skarðsheiðar, einnig sameiningu sveitarfélaga. Samgöngubætur milli Akraness og Borgarness mundu án efa leiða til styrkara samstarfs skólanna í héraðinu sem nauðsyn er að efla og bæta. Reiknað er með að veglínan og brúargerðin falli eðlilega inn í áætlanir Vegagerðarinnar.

Í tillögu þingmanna Vesturlands frá 110. löggjafarþingi, 165. máli, var gert ráð fyrir að veglína lægi svo sem gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu. Meðfylgjandi er sú þingsályktunartillaga þáverandi þingmanna Vesturlands og kort af umræddri leið.

Með tillögunni var fylgiskjal, tillaga til þingsályktunar um nýja legu Vesturlandsvegar um Hvalfjörð og Grunnafjörð, og vísast um það til þskj. 179 (165. mál 110. löggjafarþings) í A-deild Alþt. 1987–88, bls. 1027–1031.

653. Nefndarálit [171. mál]

um frv til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins Gissur Pétursson, Margréti Tómasdóttur, Gunnar E. Sigurðsson og Ingvar Sverrisson. Þá komu til fundar Birgir Ármannsson frá Verslunarráði, Oddrún Kristjánsdóttir frá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, Þórður Skúlason og Sigríður Stefánsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Martha Hjálmarsdóttir og Birgir Björn Sigurjónsson frá BHM, Sigríður Kristjánsdóttir og Sjöfn Ingólfsdóttir frá BSRB, Jón H. Magnússon frá VSÍ, Þórir Þorvarðarsson frá Hagvangi, Hervar Guðmundsson frá ASÍ, Ásmundur Hilmarsson frá MFA, Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Ellert Eiríksson frá Reykjanesbæ, Oddur Albertsson frá Lýðskólanum, Ólafur M. Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri blaðsins Gegn atvinnuleysi, Logi Sigurfinnsson frá Hinu húsinu, Anna Kristín Halldórsdóttir og Kristín Ingunnardóttir frá Vinnuklúbbnum, Jón Erlendsson frá upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands og Rögnvaldur Sigurjónsson frá atvinnudeild Akureyrarbæjar.

Nefndinni bárust umsagnir frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi framhaldsskólanema, Akraneskaupstað, Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, upplýsingaþjónustu Háskólans, Mosfellsbæ, Verslunarráði, Selfosskaupstað, Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Læknafélagi Íslands, Akureyrarkaupstað, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vesturbyggð, Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstað og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að neðri aldursmörk þeirra sem geta átt rétt til atvinnuleysisbóta, sbr. 1. tölul., skuli vera 16 ár í stað 18 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi reglur. Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 5. tölul. að sá sem hefur skráð sig atvinnulausan þurfi einungis að bíða í þrjá daga eftir að réttur hans til bóta verði virkur en ekki í tvær vikur eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta er einnig í samræmi við gildandi reglur. Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 6. tölul. að í stað þess bóta-

skilyrðis að menn þurfi að vera tilbúnir að ráða sig í fullt starf, með undantekningum þó sem úthlutunarnefnd metur, verði miðað við að atvinnuleitandi skuli vera reiðubúinn að ráða sig til allra almennra starfa. Breytingar á 4. mgr. 13. gr. eru gerðar með hliðsjón af þessum breytingum á 6. tölul. Aðrar breytingar á greininni leiðir af fyrrnefndri breytingu á aldursmörkum.

2. Tvær breytingar eru lagðar til á 3. gr. Annars vegar er lagt til að felld verði niður upptalning í 1. mgr. um hvað geti talist til heimilsástæðna. Með þessu er þó ekki litið svo á að þessi atriði geti ekki fallið undir hugtakið heimilisaðstæður heldur geta þau öll komið til skoðunar sem og margt annað í þessu samhengi. Þau tilvik sem talin voru upp í ákvæðinu munu vera í samræmi við túlkun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á hugtakinu „heimilisaðstæður“ og er með þessari breytingu ekki ætlunin að ganga gegn þeirri túlkun. Hins vegar er lögð til sú rýmkun á ákvæði 2. mgr. að í stað þess að sá sem fer í fæðingarorlof haldi áunnum bótarétti í allt að sex mánuði verði miðað við töku fæðingarorlofs sem getur verið lengra tímabil, t.d. vegna fjölburafæðingar.
3. Þá er lögð til breyting á 4. gr. til að taka af öll tvímæli um að með trúnaðarlækni í 4. mgr. sé átt við trúnaðarlækni Atvinnuleysistryggingasjóðs.
4. Lagðar eru til þær breytingar á 5. gr. að bótaréttur þeirra sem sagt hafa starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á falli niður í 40 daga í fyrsta sinn í stað 55 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi reglur. Þá er lagt til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Slíkar reglur skulu staðfestar af ráðherra. Breyting þessi er sett fram til þess að mögulegt verði í ákveðnum undantekningartilvikum að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa orðið að hætta námi fyrir lok námsannar.
5. Lögð er til sú breyting á 6. gr. að tekjutenging bóta verði afnumin en í frumvarpinu er miðað við að tekjur einstaklings sem öðlast hefur bótarétt hafi ekki á síðustu tólf mánuðum fyrir skráningu verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði. Þannig munu tekjur einstaklings áður en hann hefur töku bóta ekki fresta rétti til bóta eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
6. Lagðar eru til breytingar á 7. gr. er varða fjárhæð atvinnuleysisbóta og endurskoðun þeirra. Gert er ráð fyrir að lögbundin fjárhæð hámarksbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Nær samhljóða ákvæði eru í gildandi lögum. Enda þótt ákvæðið mæli svo breytt fyrir um bætur, en ekki dagpeninga, verður eftir sem áður miðað við hvern dag um ákvörðun bóta, sbr. einnig 5. mgr. 8. gr. varðandi skrá um ákvörðun dagpeninga.
7. Lagt er til að ákvæði 9. gr., sem kveður á um að þau tímabil, sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum, teljist hluti bótatímabils, falli brott.

8. Lögð er til sú breyting á 13. gr. að miða skuli við að bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skuli úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og breytingu sem rakin er í 1. lið, um að atvinnulausir skuli reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er. Þá er felld niður sú regla frumvarpsins að maður er sinnir hlutastarfi geti jafnframt því aðeins notið bóta í sex mánuði.
9. Lagt er til að það skilyrði 15. gr. að einungis vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar varði missi bótaréttar falli brott. Telja verður nægjanlegt að rangar eða villandi upplýsingar séu gefnar enda getur reynst erfitt að sanna ásetning manna í þessum efnum. Með hliðsjón af þessari breytingu er einnig lögð til breyting á 26. gr. og er þar vísað til ákvæðis 15. gr.
10. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á 16. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að frestur til að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar um bætur og missi bótaréttar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta verði lengdur úr tveimur vikum í þrjá mánuði. Er það í samræmi við almennan kærufrest skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þá er lagt til að ákvæði um að svæðisvinnumiðlun skuli sjá úthlutunarnefndum fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu falli brott. Þetta er í samræmi við þá breytingu á greininni að kostnaður af starfi nefndanna skuli greiddur af Atvinnuleysistryggingasjóði og að hver úthlutunarnefnd fyrir sig ákveði fyrirkomulag á greiðslu bóta. Í þessu felst að úthlutunarnefndir geta m.a. ákveðið útborgunarstaði. Til samræmis við þetta er einnig lögð til breyting á 19. gr. og fellt brott ákvæðið um að Vinnumálastofnun annist útborgun bóta í umboði stjórnar sjóðsins.
11. Lagt er til að árlega skuli verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðist við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Ákvæðið er sett fram með hliðsjón af því að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 var ákveðið að framangreind verkefni yrðu kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Starfsmenntaráð gerir tillögu til ráðherra um ráðstöfun starfsmenntafjár.
12. Sú breyting er lögð til á 25. gr. að auk þeirra aðila sem taldir eru upp í greininni og skylt er að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna skuli hlutaðeigandi lífeyrissjóðum einnig skylt að veita slíkar upplýsingar vegna framkvæmdar ákvæðis 5. mgr. 7. gr.
13. Þá er gert ráð fyrir að í stað ákvæðis til bráðabirgða I, sem ekki á lengur við með hliðsjón af breytingu á aldursmörkum, sbr. 1. lið, komi ákvæði sem snertir kjararannsóknarnefnd, en sambærilegt ákvæði er nú að finna í ákvæði til bráðabirgða II í gildandi lögum. Ákvæðið lýtur meðal annars að því að á meðan nefndin starfar skuli kostnaður við störf hennar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.
14. Loks er gert ráð fyrir að nýju ákvæði til bráðabirgða verði bætt við frumvarpið. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði til bráðabirgða V í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Þar er mælt fyrir um heimild stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til að gera tillögu um að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Félagsmálaráðherra setur samkvæmt ákvæðinu reglur um úthlutun styrkja. Nú munu

vera í gildi reglur nr. 680/1996 um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1997 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

Alþingi, 24. febr. 1997.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.

654. Breytingartillögur [171. mál]

við frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, EKG, MS, PHB, ArnbS, KPál).

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „18 ára“ í 1. tölul. 1. mgr. komi: 16 ára.
   b. Lokamálsliður 4. tölul. 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðanna „tvær vikur“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: þrjá daga.
   d. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa.
   e. 3. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „svo sem vegna veikinda barna eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „í allt að sex mánuði“ í 2. mgr. komi: meðan á töku fæðingarorlofs stendur.
3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „trúnaðarlæknis“ í 4. mgr. komi: Atvinnuleysistryggingasjóðs.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „55 bótadaga“ í 2. málsl. 4. tölul. komi: 40 bótadaga.
   b. Í stað síðari málsliðar 5. tölul. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.
5. Við 6. gr.
   a. Orðin „enda hafi tekjur hans síðustu tólf mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði“ í 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. falli brott.
6. Við 7. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bóta-

fjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

7. Við 9. gr. 2. mgr. falli brott.
8. Við 13. gr. 4. mgr. orðist svo:

   Bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.
9. Við 15. gr. Orðið „vísvitandi“ í 1. mgr. falli brott.
10. Við 16. gr.
    a. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 2. málsl. 3. mgr. komi: þriggja mánaða.
    b. 4. mgr. falli brott.
    c. Við 5. mgr. bætist: svo og kostnaður sem af starfi nefndanna leiðir.
    d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

       Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.
11. Við 19. gr. Orðin „þar með talda útborgun bóta“ í fyrri málslið 1. mgr. falli brott.
12. Á eftir 22. gr. komi ný grein er orðist svo:

    Árlega skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.
13. Við 25. gr. Í stað orðanna „og Innheimtustofnun sveitarfélaga“ í 1. mgr. komi: Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum.
14. Við 26. gr. Í stað orðanna „sviksamlegu athæfi“ í 2. mgr. komi: því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína.
15. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

    Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

    Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar er forsætisráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi þeirri sem kjararannsóknarnefnd hefur annast þótt ákveðið verði að hún skuli unnin af öðrum aðilum.
16. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

    Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu 1997 að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

655. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins Gissur Pétursson, Margréti Tómasdóttur, Gunnar E. Sigurðsson og Ingvar Sverrisson. Þá komu til fundar Birgir Ármannsson frá Verslunarráði, Oddrún Kristjánsdóttir frá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, Þórður Skúlason og Sigríður Stefánsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Martha Hjálmarsdóttir og Birgir Björn Sigurjónsson frá BHM, Sigríður Kristjánsdóttir og Sjöfn Ingólfsdóttir frá BSRB, Jón H. Magnússon frá VSÍ, Þórir Þorvarðarsson frá Hagvangi, Hervar Guðmundsson frá ASÍ, Ásmundur Hilmarsson frá MFA, Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Ellert Eiríksson frá Reykjanesbæ, Oddur Albertsson frá Lýðskólanum, Ólafur M. Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri blaðsins Gegn atvinnuleysi, Logi Sigurfinnsson frá Hinu húsinu, Anna Kristín Halldórsdóttir og Kristín Ingunnardóttir frá Vinnuklúbbnum, Jón Erlendsson frá upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands og Rögnvaldur Sigurjónsson frá atvinnudeild Akureyrarbæjar.

Nefndinni bárust umsagnir frá Bandalagi háskólamanna, Félagi framhaldsskólanema, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Akraneskaupstað, upplýsingaþjónustu Háskólans, Verslunarráði Íslands, Akureyrarbæ, Mosfellsbæ, Selfosskaupstað, Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Læknafélagi Íslands, Reykjanesbæ, Reykjavíkurborg, Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnuveitendasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vesturbyggð, vinnumálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarkaupstað og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 8. gr. verði sérstaklega kveðið á um að Vinnumálastofnun verði heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlunar og skulu slíkir samningar staðfestir af félagsmálaráðherra.
2. Þá eru lagðar til breytingar á 15. gr. sem lúta að gerð starfsleitaráætlana hjá svæðisvinnumiðlunum með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skylt sé að gera slíkar áætlanir við hvern einstakan atvinnuleitanda. Meiri hlutinn telur, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið um ákvæði 15. gr., að rétt sé að miða við að slíkt sé skylt innan tíu vikna frá skráningu. Komið hefur í ljós að mikill fjöldi atvinnuleitenda fær vinnu á fyrstu vikunum eftir skráningu og því þykir óraunhæft að skylda svæðismiðlanir til að gera slíkar áætlanir fyrir hvern einstakan atvinnuleitanda þegar í stað. Slíkt er þó heimilt. Meiri hlutinn leggur áherslu á að haft verði til hliðsjónar að sami starfsmaður svæðismiðlunar og gerir starfsleitaráætlun með atvinnuleitanda sinni honum að jafnaði áfram.

3. Loks er gert ráð fyrir að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að ákvæði frumvarpsins haggi ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Slíkar samþykktir munu hafa verið staðfestar af félagsmálaráðherra fyrir tvö sveitarfélög, Reykjanesbæ og Hafnarfjarðarkaupstað. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi til 31. desember 1999. Það er til samræmis við gildistíma fyrrnefndra tveggja samþykkta.

Alþingi, 24. febr. 1997.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm.	Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.
Pétur H. Blöndal.	Arnbjörg Sveinsdóttir.	Kristján Pálsson.

656. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, EKG, MS, PHB, ArnbS, KPál).

1. Við 8. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Vinnumálastofnun er heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlunar, sbr. 10. gr. Slíkir samningar skulu staðfestir af félagsmálaráðherra.
2. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „gera starfsleitaráætlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan tíu vikna frá skráningu.
   b. Í stað orðanna „Í því samkomulagi skulu“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: Sé starfsleitaráætlun gerð skulu þar.
   c. Á eftir orðunum „samkomulags um starfsleitaráætlun“ í 2. mgr. komi: eða um hvort starfsleitaráætlun skuli gerð.
3. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði laga þessara hagga ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

657. Fyrirspurn [375. mál]

til félagsmálaráðherra um húsaleigubætur.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun laga um húsaleigubætur og er endurskoðunin í anda þeirra hugmynda sem ráðherra hefur lýst, þ.e. að húsaleigubætur verði verkefni sveitarfé-

laga, það verði skylda allra sveitarfélaga að bjóða upp á húsaleigubætur og að húsaleigubætur gangi „út yfir allt leiguhúsnæði og líka leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaganna“?
2. Hefur náðst samkomulag við sveitarfélögin um hvaða verkefni ríkið yfirtekur á móti ef húsaleigubætur verða verkefni sveitarfélaganna einna?

658. Lög [254. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 24. febr.)

Samhljóða þskj. 474.

659. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Þegar frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar kom til umræðu á Alþingi mætti það harðri gagnrýni minni hlutans. Frumvarpið bar í sér mjög neikvæða afstöðu til atvinnulausra og reyndist innihalda fjölmörg skerðingarákvæði um réttindi atvinnulausra. Í því birtist sú sýn ríkisstjórnarinnar að hinn atvinnulausi sé vandamálið, ekki atvinnuleysið sjálft. Fólkið er gert að meginvandamáli, ekki verkefnaskorturinn. Það virðist nokkuð ljóst að við munum búa við atvinnuleysi enn um sinn og þótt hlutfall atvinnulausra sé lægra nú en þegar atvinnuleysið var mest hefur það samt mælst um og yfir 5% að undanförnu. Atvinnuleysið er langmest í þéttbýlinu á suðvesturhorninu og staða kvenna er verri en karla. Ríkisstjórnin sýnir enga tilburði til að bregðast við þessum staðreyndum. Í frumvarpinu birtust eingöngu kröfur á hinn atvinnulausa á meðan atvinnurekendum er ekki ætlað neitt hlutverk í atvinnuuppbyggingu, eins og algengt er hjá öðrum þjóðum. Aukinn hagvöxtur og efling atvinnulífsins hefur ekki skilað sér í samsvarandi fjölgun starfa. Fyrirtækin virðast fremur auka vinnuna hjá þeim sem fyrir eru.

Í nokkurn tíma hefur staðið til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og flestir áttu von á að þegar frumvarp til breytinga á lögunum kæmi fram væri því ætlað að efla réttindi og skapa úrbætur fyrir atvinnulaust fólk. Atvinnuleysisbætur eru hluti af því félagslega öryggisneti sem búa þarf launafólki og fjölskyldum í velferðarþjóðfélagi. Það reyndist á annan veg því í frumvarpinu var ekki að finna framtíðarsýn, það treysti ekki rétt hins atvinnulausa heldur skerti hann. Þann mikilvæga þátt að bregðast við vanda einstaklingsins í langtímaatvinnuleysi og byggja hann upp er aðallega að finna í óljósum hugmyndum í greinargerð með vinnumarkaðsfrumvarpinu. Frumvarp um atvinnuleysistryggingar vakti upp þá grundvallarspurningu hvort líta bæri á atvinnuleysisbætur sem atvinnuleysistryggingu með réttindum eða hvort um ölmusu hins opinbera væri að ræða. Frumvarp ríkisstjórnarinar ber því miður keim þess síðarnefnda og er því áratuga skref aftur á bak í réttarstöðu atvinnulausra. Mikilvægt er að halda því til haga að launafólk

samdi um atvinnuleysistryggingar eftir harðvítugt verkfall árið 1955 og gaf þá eftir 1% af launum sínum í staðinn.

Ríkisstjórnin hefur komið fram með fljótfærnislega unnin frumvörp í hverju málinu á fætur öðru, sérstaklega hvað varðar vinnumarkaðinn og minni hlutinn spyr hvað vinnist með slíkum vinnubrögðum. Frumvarp um atvinnuleysistryggingar er engin undantekning frá því.

Minni hlutinn gagnrýnir það harðlega að í annað sinn sé lagt fram frumvarp sem snýr að réttindum fólks á vinnumarkaði með valdboði og án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna. Í fyrravor voru sett lög, einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar, um stéttarfélög og vinnudeilur og um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þau vinnubrögð hafa haft mjög neikvæð áhrif á þróun kjaraviðræðna undanfarna mánuði og síst verið til að einfalda samningsferlið eða greiða fyrir kjarasamningum, eins og markmiðið var þó. Leikurinn var endurtekinn í desember með því að leggja fram frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem mikill ágreiningur var um við samtök launafólks. Nú þegar stefnir í átök á vinnumarkaði er hlaupið til og sest yfir frumvarpið með fulltrúum ASÍ og þess freistað að gera á því viðunandi breytingar. Þetta eru vond vinnubrögð og hætta á að lögin sem sett verða reynist innantóm umgjörð og alls ekki það framfaraskref sem ný löggjöf á þessu sviði ætti að verða. Meiri hluti nefndarinnar hafði áður kynnt tillögur sem gengu mun skemur í breytingum á frumvarpinu og ljáði ekki máls á öðrum hugmyndum sem fram höfðu komið hjá minni hlutanum. Minni hlutinn telur þær breytingartillögur sem nú eru komnar fram allar til bóta og mun samþykkja þær flestar. Einnig telur minni hlutinn jákvætt að námsmenn og heimavinnandi geti öðlast rétt til bóta en í því efni er réttur einnig lítt skilgreindur og óljós. Hins vegar telur minni hlutinn að mörgu sé enn þá ábótavant í lagasetningu þessari.

Óbreytt er ákvæði frumvarpsins um að atvinnulausir falli út úr bótakerfinu þegar þeir hafa verið atvinnulausir í fimm ár. Bótaréttur fæst ekki á ný fyrr en að tólf mánuðum liðnum og þá því aðeins að viðkomandi eigi a.m.k. sex mánaða vinnu að baki eftir að bótatímabili lauk.

Í umsögn Bandalags háskólamanna segir að með því að setja hámarkstíma atvinnuleysisbóta fimm ár þrátt fyrir að hinn atvinnulausi hafi engar úrbætur fengið í atvinnumálum sínum feli þetta ákvæði í sér fullkomna afneitun á langtímaatvinnuleysi.

Í sama streng tekur BSRB sem segir að verði bótatímabil stytt í fimm ár verði jafnframt að gera þá kröfu á hendur samfélaginu að réttur til atvinnu eða viðunandi úrræða verði tryggður.

Í umsögn Reykjavíkurborgar segir um þetta ákvæði að með lögfestingu þessarar breytingar muni þeir sem lengst hafa verið atvinnulausir, þ.e. fimm ár eða lengur, í raun missa bótarétt sinn. Á þennan hátt sé verið að vísa þessum einstaklingum á framfærslu sveitarfélaga og þá um leið verið að auka fjárhagsbyrðar þeirra. Í sama streng taka önnur sveitarfélög sem sendu inn umsögn. Erfiðast fyrir hinn atvinnulausa er þó að reglur um fjárhagsaðstoð hafa ekki verið samræmdar hjá sveitarfélögum og mikil óvissa er því samfara að missa bótaréttinn eftir því hvar á landinu viðkomandi býr.

Minni hlutinn telur að skilgreina þurfi hópa langtímaatvinnulausra og setja í lög hvernig bregðast eigi við ólíkum hópum. Í hópi atvinnulausra er til að mynda óvinnufært fólk sem beina þarf inn í tryggingakerfið á ákveðinn og faglegan hátt. Í skýrslu starfshóps um þjónustu og öryggiskerfi atvinnulausra sem skilaði skýrslu í júní 1994 var lögð áhersla á að atvinnuleysisbótakerfið væri fyrir þá sem eru atvinnulausir í atvinnuleit og ekki fyrir aðra, að kanna ætti hverjir ættu fremur að vera á öðrum bótum en atvinnuleysisbót-

um. Starfshópurinn lagði jafnframt til að endurskoða ætti örorkuhugtak almannatryggingalaganna.

Aðrir hópar atvinnulausra þurfa markvissa þjálfun áður en þeim er beint inn á vinnumarkaðinn og enn aðrir þarfnast endurmenntunar svo að þeim sé unnt að sækja inn í ný störf. Tryggja verður atvinnulausum slíka skólun eða þjálfun og þá leið hafa nágrannaþjóðir okkar valið.

Minni hlutinn gagnrýndi það harðlega við fjárlagagerðina að liðirnir Starfsmenntasjóður og Atvinnumál kvenna, sem hafa hingað til verið sjálfstæðir fjárlagaliðir, voru felldir undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Samkvæmt breytingartillögum meiri hlutans við frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar er þessi breyting lögfest. Með því er horfið frá grundvallarhugsun laganna um starfsmenntun í atvinnulífinu sem byggist á hugmyndafræðinni um sí- og endurmenntun fólks á vinnumarkaði. Minni hlutinn telur þessi vinnubrögð algerlega óviðunandi. Með þessu sýnir ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks svo ekki verður um villst að hún hyggst ekki bjóða upp á raunveruleg úrræði til handa atvinnulausum sem í mestri þörf eru, þ.e. ófaglærðum og konum. Starfsmenntasjóður er mikilvægt tæki til endurmenntunar og hann á ekki að setja í eina hít með Atvinnuleysistryggingasjóði.

Sá litli sjóður, sem veitt hefur verið úr til atvinnumála kvenna, hefur verið konum í eigin atvinnurekstri mikilvæg stoð þótt framlög hafi verið lág og skilyrt. Það er skoðun minni hlutans að þessum mikilvægu sjóðum sé hætta búin inni í Atvinnuleysistryggingasjóðnum því sú skoðun hefur komið fram hjá hugmyndasmiðum frumvarpsins að ríkið eigi ekki að kosta námskeið annarra en atvinnulausra. Starfsmenntasjóður og kvennasjóðurinn eiga þar að auki alls ekki heima undir Atvinnuleysistryggingasjóði að mati minni hlutans.

Alþingi er ekki ætlað að kjósa fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt þessu frumvarpi. Nýlega var afgreitt frumvarp um Landsvirkjun þar sem samsvarandi breyting var gerð varðandi kjör í stjórn og þess vegna er ástæða til að spyrja hvort búið sé að marka þá stefnu af hálfu stjórnarflokkanna að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í stjórnir og ráð á vegum ríkisins. Sé svo þá hefur sú stefnumörkun ekki verið kynnt.

Ríkisstjórnin ætlaði að spara með þessu frumvarpi. Það átti að henda ungu fólki út úr kerfinu, lækka bætur hinna lægst launuðu og koma í veg fyrir meinta misnotkun kerfisins. Nú hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu sem koma í veg fyrir þessi hæpnu áform.

Miðað við að sparnaður sá, sem ná átti með frumvarpi um atvinnuleysistryggingar, er sýnilega fyrir bí og með tilliti til ábendinga og gagnrýni sem fram hefur komið í umsögnum og hjá gestum félagsmálanefndar má spyrja hvers vegna lögð sé slík ofuráhersla á að lögfesta frumvarpið sem nú er ekki annað en umgjörð um eitthvað sem aldrei varð, minnisvarði um hroðvirknisleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, hvort ekki hefði verið farsælla að vinna frumvarpið betur, skoða ábendingar annarra en ASÍ og leggja fram metnaðarfyllri smíð en hér getur að líta.

Alþingi, 25. febr. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form.	Rannveig Guðmundsdóttir, frsm.	Margrét Frímannsdóttir.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:
1. Skýrsla um skráð atvinnuleysi í Reykjavík.
2. Yfirlit um atvinnuástandið frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, febrúar 1997.
3. Yfirlit um atvinnuástandið frá vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, janúar 1997.
4. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5. Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
6. Umsögn frá Bandalagi háskólamanna.

660. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um vinnumarkaðsaðgerðir.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Á undanförnum árum hefur verið pólitísk samstaða um að flytja æ fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga í þeim tilgangi að styrkja sveitarstjórnarstigið og færa þjónustuna nær íbúunum. Á síðasta ári tóku sveitarfélögin við grunnskólum landsins. Nokkur sveitarfélög eru að vinna að nýjum verkefnum á grundvelli laga um reynslusveitarfélög og hafa t.d. tekið í sínar hendur málefni fatlaðra og heilsugæslu. Það hefur verið stefnt að því að flytja vald og ákvarðanir til sveitarfélaganna í þeim málum sem snerta daglegt líf fólks þannig að sambandið milli íbúanna og þeirra sem stýra málum sé sem nánast.

Nú bregður nýrra við. Ríkisstjórnin leggur til í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir að málefni atvinnulífsins, þ.e. skráning atvinnulausra, aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi og þjónusta við atvinnulausa, verði færðar *frá sveitarfélögunum til ríkisins*, án þess þó að nein haldbær rök liggi til grundvallar. Þær skýringar, sem nefndarmenn hafa fengið, eru þess efnis að þær vinnumiðlanir sem fyrir eru virki ekki. Þetta á eflaust við um einstaka sveitarfélög, en alls ekki á þeim svæðum þar sem atvinnuleysið hefur verið hvað mest á undanförnum árum. Þótt ekki sé langt um liðið frá því að umtalsvert atvinnuleysi skall á hafa stærstu sveitarfélögin, svo sem Reykjavík, Akureyri, Reykjanesbær og Akranes, byggt upp þjónustu sem hefur verið að þróast í ljósi reynslunnar og er orðin býsna öflug. Mörg hinna minni sveitarfélaga hafa staðið sig mjög vel við að skapa sumarvinnu fyrir ungt fólk og átaksverkefni fyrir þá sem eldri eru þótt önnur þjónusta sé takmörkuð. Stærstu sveitarfélögin hafa mótmælt efni þessa frumvarps, enda mjög skiljanlegt að þau vilji fylgjast með ástandi atvinnumála á sínu svæði, þjóna sínu fólki og efla tengsl vinnumiðlana og félagsþjónustunnar almennt, en þetta tvennt er nátengt.

Það er afar sérkennilegt að ætla nú að flytja þetta málefni frá sveitarfélögunum sem hafa verið að byggja upp þjónustu og þekkja skjólstæðinga sína. Réttara hefði verið að efla sveitarfélögin, auka samvinnu þeirra og koma þeim til aðstoðar sem verst standa að vígi, t.d. með faglegri ráðgjöf.

Á Akureyri hefur verið byggt upp heildstætt kerfi þar sem saman tengjast skráning atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnumál fatlaðra og félagsþjónustan almennt. Vandséð er hvernig sú uppbygging á að nýtast með því skipulagi sem fyrirhugað er að koma upp, jafnvel þótt samið verði sérstaklega við Akureyri, því að þeir verða að sjálfsögðu að

vinna samkvæmt lögunum og koma upp því stjórnkerfi sem gert er ráð fyrir.

Samkvæmt frumvarpinu á að koma upp miklu ríkisbákni, nýrri ríkisstofnun með höfuðstöðvar í Reykjavík, en deildir víða um land, svokallaðar svæðisvinnumiðlanir (fæstar 8), þótt ekki sé ljóst hve margar þær verða. Gert er ráð fyrir mjög víðtæku hlutverki stofnunarinnar sem felst m.a. í eftirliti með svæðisvinnumiðlunum, faglegri aðstoð og fræðslu til starfsfólks svæðisvinnumiðlana og upplýsingaöflun um atvinnuástand. Starfsmenn skulu koma tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar, fylgjast með þróun erlendis og miðla upplýsingum.

Átta manna stjórn stýrir rekstrinum og gagnrýnir minni hlutinn samsetningu hennar. Þar eiga Bandalag háskólamanna, Samband bankamanna, Farmanna- og fiskimannasambandið og fleiri sjálfstæð stéttarfélög engan fulltrúa og samtök fatlaðra koma heldur ekki að stjórn stofnunarinnar þótt ljóst megi vera hve nauðsynlegt það er að stofnun af þessu tagi hafi yfirsýn yfir allan vinnumarkaðinn og þjóni þeim hópum sem eiga við atvinnuleysi að stríða. Þó er gert ráð fyrir samráði við hópa sem eiga „sérhagsmuna" að gæta en það er auðvitað allt annað en að eiga hlut að skipulögðum vinnumarkaðsaðgerðum og að tryggja að skilningur sé til staðar á mismunandi aðstæðum.

Svo sem áður segir er ekki ljóst af frumvarpinu hversu mörgum svæðisvinnumiðlunum verður komið á fót. Ef þeirri heimild verður beitt, sem lögð er til í breytingartillögu, að semja við þau sveitarfélög sem hvað harðast hafa mótmælt þessum fyrirhuguðu breytingum og vilja ráða sínum málum sjálf má búast við að í landinu verði algjörlega tvöfalt kerfi atvinnuleysismála. Annars vegar verða nokkur sveitarfélög sem reka svæðisvinnumiðlanir og ná hugsanlega til nágrannasveitarfélaga, hins vegar svæðisvinnumiðlanir sem ná yfir miklu stærri svæði, t.d. heilt kjördæmi, og þjóna íbúum með ráðgjöf. Þeir ráðgjafar eru ekki til, en eigi kerfið að virka þurfa þeir að ferðast fram og aftur á dagpeningum og ökustyrk um svæðin, t.d. Austfirði, en búast má við að sú þjónusta verði harla dýr.

Stjórnkerfi atvinnuleysismála mun líta þannig út nái þau vinnumarkaðsfrumvörp, sem liggja fyrir Alþingi, fram að ganga:

Atvinnuleysistryggingasjóður:
Níu manna stjórn með þriggja manna framkvæmdastjórn.
Stjórnin skipar fimm manna úthlutunarnefndir í umdæmi hverrar svæðisvinnumiðlunar.
Ráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.

Vinnumálastofnun:
Forstjóri (sem þegar hefur verið ráðinn) og átta manna stjórn.

Svæðisvinnumiðlanir (óvíst hve margar):
Forstöðumaður yfir hverri svæðisvinnumiðlun.
Níu manna ráðgjafarnefnd hjá hverri miðlun (svæðisráð).
Þriggja manna framkvæmdaráð hverrar svæðisvinnumiðlunar.

Tryggingasjóður einyrkja:
Fimm manna stjórn,
Fimm manna úthlutunarnefnd.

Við þetta bætist annað starfsfólk, svo sem ráðgjafar og skrifstofufólk, en alls er óvíst hvesu margir fá vinnu við það að miðla öðrum vinnu.

Ef gert er ráð fyrir að menn sitji aðeins í einni stjórn eða ráði, forstöðumenn eru taldir með og gengið er út frá átta svæðisvinnumiðlunum, verða allt að 120 manns að störfum við það eitt að stýra þessari þjónustu við landsmenn. Alls er óvíst hve ráðgjafarnir verða margir, en þeir eru auðvitað það mikilvægasta eigi að efla þjónustuna og fjölga úrræðum í þágu atvinnulausra. Minni hlutanum þykir þetta sérkennileg forgangsröð verkefna hjá ríkisstjórninni og væri nær að efla mennta- og heilbrigðiskerfið í stað þess að þenja út ríkisbáknið þegar fyrir er þjónusta hjá sveitarfélögunum sem má efla og bæta með mun minni tilkostnaði.

Voru ekki einhverjir með kjörorðið *báknið burt*? Samkvæmt fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er áætlaður kostnaður við Vinnumálastofnun og svæðisvinnumiðlanir um 190–215 millj. kr. fyrsta árið en 160–175 millj. kr. á ári eftir það. Til samanburðar má nefna að Vinnueftirlit ríkisins fær 134,7 millj. kr. til sinna starfa á þessu ári, Jafnréttisráð 25 millj. kr. og Hollustuvernd ríkisins 130,7 millj. kr. en þetta eru allt stofnanir sem hafa víðtæk verkefni og þjóna öllu landinu. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa bent á að kostnaður þeirra dragist ekki saman að sama skapi þar sem þau störf sem hér um ræðir eru víða unnin með öðru og tengjast annarri félagsþjónustu svo sem áður greinir. Hér er því um verulegan kostnað að ræða, en það sem verra er, málið er allt svo vanhugsað að ástæða er til að ætla að þetta mikla stjórnkerfi skili takmörkuðum árangri.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að landið sé eitt vinnusvæði. Það ætti auðvitað að vera sjálfsagt mál, en þetta ákvæði tengist breytingum á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að senda fólk í vinnu milli landshluta, svo framarlega sem fjölskylduástæður hamla því ekki. Þarna er mjög gamaldags hugsun á ferð sem gengur út frá farandverkafólki sem beri nánast skylda til að fara hvert á land sem er til að sækja vinnu. Margt getur komið í veg fyrir að einstaklingur geti eða vilji fara á milli staða, svo sem félagslegt umhverfi, persónulegar aðstæður og kostnaður sem hlýst af, missir íbúðar, að ekki sé minnst á möguleika til að fá vinnu í sínu fagi, en fólk þarf auðvitað að fá svigrúm til að leita sér að vinnu. Hætt er við að þetta ákvæði bitni einna helst á ófaglærðu fólki en það er ekkert í frumvarpinu sem tryggir að því verði ekki beitt að geðþótta þeirra sem taka munu ákvarðanir langt frá þeim sem málið snertir. Tilgangur þessa ákvæðis er að koma fólki út úr bótakerfinu!

Þá er vert að benda á að ekki verður séð að það skipulag sem á að koma á fót eða þær aðgerðir sem grípa á til miðist við þær miklu breytingar sem orðið hafa á íslenskum vinnumarkaði á undanförnum áratugum. Viðmiðunin er allt of bundin við verkafólk og ófaglærða sem hingað til hafa einna helst orðið fyrir barðinu á atvinnuleysinu. Búast má við að atvinnumissir og hugsanlega atvinnuleysi eigi eftir að verða algengara, t.d. í röðum bankamanna og jafnvel meðal háskólamanna, ef þróunin verður svipuð hér og annars staðar þar sem tæknibreytingar hafa sett strik í vinnureikninginn. Samtök bankamanna spá því að störfum muni fækka um mörg hundruð á næstu árum vegna breytinga á bankakerfinu og þeir ætla að bregðast við með endurmenntun og leit að nýjum tækifærum.

Samkvæmt skýringum í greinargerð við 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir ýmiss konar aðgerðum til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, úrræðum til að aðstoða þá sem leita sér vinnu, mennta þá, styðja og styrkja og er allt gott um það að segja. Þetta eru þó aðeins hugmyndir. Vandinn er sá að ekki er til sérmenntað fólk til að sinna þjónustu af þessu tagi og jafnvel í Reykjavík er erfitt að fá hæft starfsfólk til að starfa við svo flókna

þjónustu. Úrræðin eru ekki lögfest, aðeins það að innan ákveðins tíma skuli gerð starfsleitaráætlun. Hættan er sú að allt hjakki í sama farinu ef ekki fæst nýtt fólk til starfa og þeir sitji áfram við stjórnvölinn sem að mati þeirrar nefndar sem samdi frumvarpið hafa ekki staðið sig í stykkinu.

Skýrt kemur fram í frumvarpinu og reyndar einnig frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar að það eigi að halda ungu fólk í skóla. Það væri gott og blessað ef íslenskt skólakerfi byði upp á fjölbreytta möguleika til starfsnáms og styttri þjálfun af ýmsu tagi, en því er ekki að heilsa. Þrátt fyrir áratuga áform um uppbyggingu verk- og starfsmenntunar hefur lítið orðið úr þeim góðu áformum og það fjármagn sem til þarf hefur aldrei fengist. Það er til lítils að vísa fólki sem flosnað hefur upp úr skóla inn í þá sömu skóla aftur. Þar þarf önnur úrræði og viðurkenningu á því að um sérstakan vanda er að ræða.

Í samræmi við þá skoðun að tengja eigi saman þá atvinnulausu og framhaldsskólana er lagt til í 11. gr. að framhaldsskólar á viðkomandi svæði eigi fulltrúa í ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar. Hingað til hafa framhaldsskólar landsins komið afar lítt að málefnum atvinnulausra og vinnumiðlun almennt þótt þeir séu allir að búa ungt fólk undir líf og starf. Það er vandséð hvaða erindi fulltrúar þeirra eiga inn í ráðgjafarnefndirnar miðað við núverandi hlutverk framhaldsskólanna. Það er helst að iðn- og verkmenntaskólar landsins séu með þau tengsl við atvinnulífið að einhverjir innan þeirra veggja hafi forsendur til að sinna ráðgjafarstörfum í atvinnumálum og tengja þau nauðsynlegri menntun, endurmenntun og símenntun. Hverja á að skipa og hvernig? Skólameistara/rektora, kennara eða fulltrúa nemenda? Við því fengust engin svör. Í Reykjavík eru 17 skólar á framhaldsskólastigi (Verslunarskólinn meðtalinn) samkvæmt fjárlögum, auk þeirra skóla sem kenna á háskólastigi og eru að mennta fólk til ákveðinna starfa. Hver þessara skóla á að skipa fulltrúasætið í ráði svæðisvinnumiðlunarinnar í Reykjavík? Stærsti skólinn eða sá sem er í mestum tengslum við atvinnulífið og hvernig á að velja hann? Það er enginn aðili til sem getur valið þennan fulltrúa á lýðræðislegan hátt og einfaldast er að menntamálaráðherra skipi þessa fulltrúa ef þeir eiga eitthvert erindi yfir höfuð inn í ráðin.

Af framansögðu má ráða að minni hlutinn hefur mjög margt við þetta frumvarp að athuga. Við mótmælum því að málaflokkurinn sé fluttur frá sveitarfélögunum til ríkisins og teljum hann best hjá þeim kominn. Við leggjumst gegn því að komið verði á fót nýju ríkisbákni með margföldu stjórnkerfi og miklum tilkostnaði sem vandséð er að hafi forsendur til að sinna hlutverki sínu.

Því miður bendir margt til þess að atvinnuleysi sé orðið varanlegt hér á landi. Til að vinna gegn því þarf góða þjónustu, nýsköpun, menntun, hugarfarsbyltingu og sköpun úrræða eigi að takast að mæta þörfum atvinnulausra, þeirra sem eru að koma út á vinnumarkaðinn og þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk. Það stendur sveitarfélögunum næst að hugsa um sitt fólk og sinna framantöldum verkefnum í samvinnu við stéttarfélög, atvinnurekendur og þá sem sinna hvers kyns starfsmenntun í atvinnulífinu. Ríkið á hins vegar að hafa yfirsýn yfir stöðu atvinnumála, sinna upplýsingaöflun og birtingu upplýsinga, kjararannsóknum og vinnuvernd og setja vinnumarkaðnum leikreglur. Með frumvarpinu er haldið í þveröfuga átt og á því verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð.

Alþingi, 25. febr. 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm. Margrét Frímannsdóttir. Rannveig Guðmundsdóttir.

Eftirtöldum fylgiskjölum var útbýtt með nefndarálitinu:
1. Umsögn frá bæjarráði Akureyrar.
2. Umsögn frá bæjarráði Hafnarfjarðar.
3. Umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
4. Umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5. Umsögn frá Verslunarráði Íslands.
6. Umsögn frá Bandalagi háskólamanna.
7. Umsögn frá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar.

661. Tillaga til þingsályktunar [376. mál]

um staðfestingu samnings milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu sem gerður var í Nuuk 20. febrúar 1997.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu sem gerður var í Nuuk 20. febrúar 1997. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samkvæmt samningnum er grænlenskum nótaskipum heimilt að veiða í efnahagslögsögu Íslands allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands á loðnuvertíð þeirri sem lýkur 30. apríl 1997. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn) og er grænlenskum nótaskipum því einnig heimilt að veiða umrætt magn sunnan 64°30´N í íslensku efnahagslögsögunni. Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

Á móti verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu úr þeim kvóta, sem kemur í hlut Grænlands, á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997. Þá verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af heildarkvóta Íslands í tilraunaskyni í fiskveiðilögsögu Grænlands sunnan 64°30´N, en samkvæmt loðnusamningnum hafa loðnuveiðar verið íslenskum skipum óheimilar á því svæði.

Um veiðar samkvæmt samningnum og stjórn þeirra gilda að öðru leyti ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og mun öðlast gildi endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

Samningur milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

1. gr.

Grænlenskum nótaskipum, þ.e. nótaskipum sem skráð eru á Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild, er heimilt, á loðnuvertíðinni er lýkur 30. apríl 1997, að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands innan íslenskrar efnahagslögsögu. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen frá 29. júní 1994 (hér eftir nefndur loðnusamningurinn).

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta þeim sem Grænland fær í sinn hlut á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. loðnusamningsins um svæðatakmarkanir er íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnukvóta Íslands í tilraunaskyni innan grænlenskrar fiskveiðilögsögu sunnan 64°30´N á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí 1997.

Samkvæmt beiðni af hálfu Grænlands skal heimila líffræðingi að vera um borð við tilraunaveiðarnar.

4. gr.

Að öðru leyti gilda um veiðarnar og stjórn þeirra ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

5. gr.

Samningur þessi skal taka gildi til bráðabirgða við undirskrift hans og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hefur verið endanlega fullnægt.

Gjört í Nuuk 20. febrúar 1997 í fjórum eintökum, tveimur á dönsku og tveimur á íslensku.

Fyrir hönd Grænlands/Danmerkur,
Bent Buch.

Fyrir hönd Íslands,
Jóhann Sigurjónsson.

662. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði.

Flm.: Ágúst Einarsson, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Nefndina skipi fulltrúar þingflokka, sérhæfðir aðilar úr menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti, fulltrúar úr sérskólum landbúnaðarins, m.a. skólastjórnendur, kennarar og nemendur, fulltrúar hagsmunasamtaka í landbúnaði og frá öðrum samtökum á vinnumarkaði, fulltrúar framhaldsskólastigsins og háskólastigsins og aðilar frá rannsóknastofnunum tengdum landbúnaði.

Nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, kynni sér fyrirkomulag í öðrum löndum, skoði námsefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem tengist landbúnaði, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins, eins og bændaskólarnir, Garðyrkjuskólinn og búvísindadeildin á Hvanneyri, eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

Greinargerð.

Inngangur.

Menntun mun skipta mun meira máli á næstu áratugum en á þeim síðustu. Þjóðfélag okkar og nágrannalandanna hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum áratugum, ekki síst á sviði tækni, viðskipta og samskipta. Það er því mjög mikilvægt fyrir sérhverja atvinnugrein að endurmeta stöðu sína reglulega og vinna að stefnumótun þar sem meðal annars eru lögð drög að framtíðarsýn greinarinnar.

Líklega hefur engin atvinnugrein breyst eins mikið á þessari öld hérlendis og landbúnaður. Ísland breyttist á örfáum áratugum úr héfðbundnu landbúnaðarsamfélagi í iðnvætt borgarasamfélag og gerðist sú þróun á skemmri tíma en víðast annars staðar. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að umræða hérlendis um landbúnaðarmál hefur oft einkennst af mjög skörpum skilum í skoðunum manna.

Veruleg umskipti hafa orðið í umsvifum í landbúnaði í þjóðfélaginu. Í upphafi aldarinnar höfðu flestir landsmenn framfæri sitt af landbúnaði eða tengdum greinum. Nú sýna síðustu hagtölur að vinnuafl í landbúnaði er um það bil 5% af heildarvinnuafli landsmanna og hefur störfum í héfðbundnum landbúnaði fækkað mikið á undanförnum árum. Árið 1940, eða fyrir tæpum sextíu árum, voru 32% af vinnuafli landsmanna í landbúnaði.

Hafa verður í huga að fjölmörg störf hafa skapast í kringum landbúnað, svo sem við verslun og viðskipti, auk þess sem nýjar atvinnugreinar hafa byggst upp sem tengjast annarri starfsemi í landbúnaði. Hér má nefna ferðaþjónustu, fiskeldi, landgræðslu og skógrækt, svo fátt eitt sé nefnt.

Landbúnaður hefur breyst verulega á undanförnum árum og orðið sífellt fjölbreyttari. Sú staðreynd krefst þess að hugað sé vel að menntamálum vegna nýrra áherslna, t.d. margvíslegra möguleika í lífrænni ræktun, loðdýrarækt eða kornrækt.

Hins vegar er mjög mikilvægt að möguleikar í landbúnaði séu ekki ofmetnir. Flutningsmenn telja að aukin áhersla á menntamál þýði betri líkur fyrir því að nýttir séu möguleikar sem fyrir hendi eru.

Þessi þingsályktunartillaga fjallar um afmarkaðan þátt, þ.e. stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði. Flutningsmenn telja mjög mikilvægt fyrir atvinnugreinina að gera sér glögga grein fyrir þróun á þessu sviði, huga vel að skipulagi þannig að sem bestur árangur náist og að æskilegar breytingar næstu áratuga falli vel að öðrum þjóðfélagsbreytingum.

Sérskólar landbúnaðarins.

Menntunarmál í landbúnaði tengjast fyrst og fremst ýmiss konar sérskólum, en fræðsla um landbúnað hefst þegar í grunnskólum. Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir því að skipuð sé nefnd til að vinna að þessari stefnumótun. Meðal verkefna nefndarinnar er að skoða það námsefni sem lagt er til grundvallar í fræðslu um landbúnaðarmál í grunnskólum og framhaldsskólum. Að mati flutningsmanna er mikilvægt að fræðsla um atvinnugreinar sé ljós og skýr strax í upphafi skólanáms, en útgáfa á kennsluefni á íslensku er mikilvægur þáttur á því sviði á öllum stigum menntunar.

Sérnám í landbúnaði fer einkum fram í þremur skólum hérlendis, í bændaskólunum á Hólum og á Hvanneyri og í Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, en einnig í búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri sem er eina kennslustofnunin á háskólastigi í landbúnaði hérlendis. Þessir skólar hafa samvinnu sín á milli og eitt af hlutverkum nefndarinnar er að kanna með hvaða hætti slík samvinna verði best skipulögð.

Í Bændaskólanum að Hólum hefur þróast sérhæft nám, svo sem á sviði hrossaræktar og fiskeldis. Bændaskólinn á Hvanneyri býður einkum upp á almennt búfræðinám og Garðyrkjuskólinn í Hveragerði er sérhæfð menntastofnun á sviði garðyrkju. Sérstakt matsatriði er hvort gera eigi búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri formlega að sjálfstæðum skóla og/eða tengja hana öðrum skólum á háskólastigi.

Þessir sérskólar landbúnaðarins heyra stjórnsýslulega undir landbúnaðarráðuneyti en ekki menntamálaráðuneyti. Hér er mikilvægt álitaefni sem nefndin verður að skoða. Langflestir skólar og þættir sem tengjast menntakerfi okkar eru stjórnsýslulega tengdir menntamálaráðuneytinu. Þó var sérstök starfsfræðsla í sjávarútvegi á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Þannig er það ekki einboðið að öll menntamál eigi að heyra undir menntamálaráðuneytið, en vissulega verður að skoða stjórnsýslulega stöðu skólakerfis landbúnaðarins.

Vitaskuld kemur til greina að grunnmenntun í landbúnaði verði innan almennra framhaldsskóla í stað sérskóla eða í formi eins konar samstarfs sérskóla og framhaldsskóla og/eða sem sérstakar deildir innan framhaldsskóla. Sem dæmi um slíkt er Hótel- og veitingaskóli Íslands sem er deild í Menntaskólanum í Kópavogi. Það fyrirkomulag hefur reynst mjög vel.

Eitt mikilvægasta atriðið varðandi menntun og framhaldsmenntun nemenda er að þeir geti auðveldlega tengst öðru námi, þ.e. að nemendur lendi ekki inn á blindgötu í námi sínu. Það er mjög mikilvægt, einmitt vegna stjórnsýslulegrar stöðu menntunar í landbúnaði, að nemendur geti haldið áfram námi innan almenna skólakerfisins þegar þeir hafa lokið afmörkuðu námi í málefnum tengdum landbúnaði.

Fjölmargir þættir í menntamálum landbúnaðar geta aukið tekjur greinarinnar verulega, svo sem endurbætur í bútæknirannsóknum, líftækni, landnýtingu, orkunýtingu og jarðnýtingu. Aukin áhersla á menntun í matvælaiðnaði, gæðstjórnun og hagfræði mun leiða til framfara innan landbúnaðar.

Nefndin mun m.a. kanna framhaldsnám á háskólstigi hérlendis, en styrkjakerfi Norðurlanda og Evrópusambandsins hefur opnað nýjar leiðir fyrir íslenska vísindamenn á sviði matvælarannsókna.

Endurmenntun.

Kennsla og nám fer víðar fram innan landbúnaðarins en í hinum fyrrgreindu sérskólum. Þannig er starfsemi ráðunauta í leiðbeiningarþjónustu víðs vegar um landið, en mikil fræðsla og endurmenntun á sér stað fyrir tilstuðlan þeirra.

Endurmenntun er nú orðinn einn mikilvægasti þáttur í menntun sérhverrar þjóðar og hún er umfangsmikill þáttur í starfi sérskólanna þriggja. Það sem nemendur læra í skóla nýtist þeim í fæstum tilfellum beint eftir nokkur ár í atvinnulífinu vegna hinna öru breytinga sem eiga sér stað. Sú staðreynd gerir nauðsynlega vel skipulagða og sérhæfða endurmenntun sem snýr bæði að fræðilegri undirstöðu, sem sífellt tekur breytingum, og nýjum lausnum á daglegum vandamálum atvinnugreinarinnar.

Í þessu sambandi er athyglisvert að fleiri nemendur sækja nú endurmenntunarnámskeið Háskóla Íslands en eru í sjálfum skólanum. Þetta sýnir að endurmenntun, sem er byggð á frjálsu vali nemenda, er mjög mikilvæg í nútímaþjóðfélagi.

Eitt af verkefnum nefndarinnar, sem skipuð verður ef þingsályktunartillagan verður samþykkt, er að fjalla um með hvaða hætti endurmenntun innan landbúnaðarins sé best skipulögð og hvernig auka megi áhuga á henni.

Starfsmenntun og æðri menntun.

Mikilvægt er að skoða vandlega hvernig menntun og kennslu í landbúnaði er háttað í samanburði við iðnmenntun og/eða starfsmenntun í öðrum atvinnugreinum. Flutningsmönnum er ekki kunnugt um að nákvæm greining á stöðu menntunar í landbúnaði innan íslenska menntakerfisins hafi farið fram, en það er einmitt eitt af hlutverkum nefndarinnar.

Undanfarin ár hefur mikið verið rætt um starfsmenntun í atvinnulífinu og skipulag hennar en að mati flutningsmanna hefur sú umræða oft og tíðum farið fram hjá landbúnaðinum og hagsmunum hans.

Æðri menntun innan landbúnaðarins er nokkuð mikil hér á landi miðað við margar aðrar atvinnugreinar. Þannig eru tiltölulega fleiri háskólamenntaðir einstaklingar starfandi í landbúnaði en í sjávarútvegi. Nemendur úr búvísindadeildinni hafa staðið sig vel í framhaldsnámi erlendis.

Vel menntaðir einstaklingar í landbúnaðarfræðum eru víða í íslensku þjóðfélagi, bæði innan menntastofnana, rannsóknastofnana og samtökum tengdum landbúnaði. Ekki er óalgengt að innan landbúnaðarkerfisins starfi einstaklingar sem hafa lokið doktorsprófi í fræðum tengdum landbúnaði. Eitt af því sem nefndin þarf að rannsaka er menntunarstig í landbúnaði, m.a. í samanburði við aðrar starfsgreinar hérlendis og erlendis.

Tengsl sérmenntunar í landbúnaði við aðra skóla eru vitaskuld mjög mikilvæg og á það ekki hvað síst við búvísindadeildina á Hvanneyri, sem starfar á háskólastigi, og samstarf hennar við aðra skóla á háskólastigi hérlendis, m.a. við Háskólann á Akureyri. Að mati flutningsmanna er mjög brýnt að þessi tengsl séu efld, þar með talið við Háskóla Íslands, sem er miðstöð grunnrannsókna á háskólastigi hérlendis.

Til álita kemur að skipuleggja háskólanám í landbúnaðarfræðum þannig að nemendur stundi nám í Háskóla Íslands og í búvísindadeildinni að Hvanneyri. Búvísindanámið yrði þannig hluti af samræmdri háskólamenntun.

Marka þarf stefnu í háskólakennslu í landbúnaði hérlendis, þ.e. hvort áhersla verði einkum lögð á hagkvæma þætti til skemmri tíma eða grunnrannsóknir til lengri tíma. Landbúnaður er vitaskuld á sviði matvælafræði og virk þátttaka landbúnaðarins í þeirri umræðu sem nú á sér stað um kennslu og rannsóknir í matvælagreinum er mjög mikilvæg.

Eitt af vandamálum íslensks menntakerfis er skortur á samráði milli skóla á sama eða mismunandi skólastigum. Fámenn þjóð hefur ekki efni á því að ekki sé gætt nauðsynlegs samráðs í þeim stofnunum sem settar eru á laggirnar til að sinna sameiginlegum verkefnum.

Rannsóknir.

Einn mikilvægasti þáttur í menntamálum landbúnaðarins eru tengsl skóla, atvinnulífs og rannsókna. Nú eru starfandi hérlendis margar rannsóknastöðvar á sviði landbúnaðar. Þar má einkum nefna Rannsóknastofnun landbúnaðarins og rannsóknastarfsemi sem fer fram hjá Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Veiðimálastofnun og fleiri aðilum.

Að mati flutningsmanna er mikil gróska í rannsóknum á sviði landbúnaðar og tengsl eru nokkur milli einstakra rannsóknastöðva. Það er þó nauðsynlegt að huga enn frekar að samhæfingu í rannsóknum, ekki síst í ljósi þess að takmarkað fjármagn er til ráðstöfunar í þennan málaflokk.

Tengsl rannsókna við háskólanám eru vitaskuld mjög mikilvæg en því hefur stundum verið varpað fram, hvort þær rannsóknir sem nú eru stundaðar innan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ættu betur heima í umsjón búvísindadeildarinnar á Hvanneyri. Það er ekki víst að svo sé, en a.m.k. er náið formlegt og óformlegt samráð mjög mikilvægt. Rannsóknir innan bútæknideildar búvísindadeildar nýtast nemendum og bændum mjög vel og eru gott dæmi um atvinnulífstengdar rannsóknir sem skila mikilli arðsemi.

Hægt er að færa mjög sterk rök fyrir því að aukið fjármagn til rannsókna, einnig í landbúnaði, muni skila sér mjög fljótlega aftur í auknum tekjum þjóðarbúsins.

Marga þætti þarf að skoða sem tengjast menntamálum í landbúnaði. Þannig hafa verið birtar tölur um að framleiðni í mörgum vinnslugreinum landbúnaðarins hefur ekki aukist og jafnvel minnkað á undanförnum árum. Þetta krefst vitaskuld endurmats og endurskipulagningar víða þar sem aukin menntun getur komið að verulegu gagni.

Hins vegar er ljóst er að margir vel menntaðir starfsmenn starfa innan landbúnaðarkerfisins. Fagmennska í úrvinnslu fjölmargra matvælaafurða er glöggt vitni um það. Benda má á ostaframleiðslu hérlendis, en íslenskir ostagerðarmenn hafa margoft fengið verðlaun erlendis fyrir framleiðslu sína. Sama á við um ýmiss konar matreiðslu úr íslenskum afurðum. Hún hefur hlotið lof erlendis sem er vitaskuld góður mælikvarði á getu atvinnugreinarinnar.

Athyglisvert er að hinir margverðlaunuðu íslensku ostagerðamenn eru nær allir menntaðir erlendis, langflestir í Danmörku. Danir leggja mikla áherslu á menntun í landbúnaði og uppskera eftir því.

Á menntun hvíla mjög margir þættir landbúnaðar, t.d. kynbætur sem geta aukið tekjur verulega hvort sem um er að ræða jurtir eða dýr. Einnig skiptir góð þekking á sjúkdómum mjög miklu máli en íslenskur landbúnaður er mjög háður ytri aðstæðum hvað þann þátt varðar.

Hafa ber í huga að þótt hægt sé að sjá ýmsa möguleika í íslenskum landbúnaði, byggða á góðri, sérhæfðri menntun, þá er samkeppni mjög mikil á heimsmarkaði með landbúnaðarafurðir. Fyrir okkur Íslendinga skiptir því meginmáli að laga okkur að þeim aðstæðum sem náttúra landsins skapar.

Breyttar áherslur á alþjóðavettvangi.

Heimurinn er sífellt að minnka í þeim skilningi að viðskipti aukast og sífellt stærri hluti hagvaxtar er vegna aukinnar verslunar milli landa. Alþjóðlegir samningar sem gerðir hafa verið á undanförnum árum miða að því að minnka hindranir í viðskiptum og auka frjálsræði.

Íslendingar eru aðilar að þessari þróun, m.a. með samþykkt GATT-samningsins og vænta má fleiri skrefa á þessu sviði á alþjóðlegum vettvangi á næstu árum. Þetta breytta umhverfi skapar meiri samkeppni við íslenskan landbúnað erlendis frá, en er jafnframt tækifæri fyrir íslenskan landbúnað til að hasla sér völl erlendis. Heimsmarkaður er hins vegar erfiður viðureignar og þá gildir miklu að menn komi vel undirbúnir og vel menntaðir til leiks.

Möguleikar íslensks landbúnaðar eru einnig á sviðum sem fengu ekki mikla athygli fyrir nokkrum árum. Benda má á garðyrkjurækt, sem er vaxandi atvinnugrein, og ferðaþjónustu. Landbúnaðurinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í umhverfismálum, m.a. við mótun stefnu í þeim málaflokki, sem hefur hagrænt gildi auk þess að bæta mannlíf.

Ein af meginbreytingum síðustu ára er aukin vitund almennings um umhverfi sitt. Vaxandi máli skiptir í samskiptum fólks í þéttbýli og dreifbýli að hugað sé að þáttum eins og gróðurvernd, jarðvegseyðingu, stóriðju, hreinni náttúru, mengun og umgengni í óbyggðum. Þannig eru fjölmörg álitamál sem skipta máli gagnvart stöðu landbúnaðar í þjóðlífinu. Það er skoðun flutningsmanna að aukin menntun í landbúnaði og annars staðar auðveldi samskipti milli atvinnugreina og einstaklinga.

Álit bænda.

Nú er starfandi nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði til að vinna að stefnumótun um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri. Sú nefnd hefur unnið gott starf, en skýrsla hennar er ekki enn komin út. Ekki er að efa að niðurstöður hennar verða mikilvægur þáttur í þeirri stefnumótun sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir. Tillagan nær yfir mun stærra svið en nefnd landbúnaðarráðherra var falið.

Nefnd ráðherra fól Gallup að gera könnun meðal bænda um marga þætti sem eru mikilvægir fyrir stefnumótun í menntamálum landbúnaðarins. Úrtakið var mjög stórt og m.a. kom fram að flestir bændur telja að almenn menntun skipti einna mestu máli í framtíðinni, að endurmenntun sé mjög mikilvæg, að leiðbeiningarþjónusta ráðunauta ætti að vera áfram hjá Bændasamtökunum en ekki flytjast til Bændaskólans á Hvanneyri, að stofna ætti sjálfstæðan bændaháskóla og að grunnfræðsla í búfræðum ætti frekar að vera í sérstökum bændaskólum en í almennum framhaldsskólum.

Athyglisvert er að í könnuninni kemur fram að 23% bænda telja að búskap verði hætt á jörð þeirra þegar þeir láta af búskap. Þetta á einkum við um bændur sem eru komnir á efri ár, eru ekki með mikla menntun og stunda sauðfjárbúskap. Þetta staðfestir þá búsetubreytingu sem átt hefur sér stað um árabil en meðalaldur bænda er nú um 50 ár.

Heildarverðmæti í hefðbundum greinum landbúnaðarframleiðslu standa að mestu leyti í stað og fækkun búa í þeim þýðir betri afkomu þeirra sem eftir eru. Þetta sýnir mikilvægi þess að byggt sé á atvinnu í öðrum greinum en hefðbundnum sauðfjárbúskap og mjólkurframleiðslu, atvinnu sem fellur vel að búsetu í sveitum í nálægð við öfluga þéttbýliskjarna.

Lokaorð.

Mikilvægt er að íslenskur landbúnaður skynji stöðu sína sem hluti af heild og að hagkerfið byggist æ meira á almennum reglum á kostnað sérreglna. Þessi breyting hefur átt sér stað hér á landi eins og annars staðar á undanförnum árum.

Sérstaða landbúnaðar hérlendis hefur m.a. markast af því að hann hefur búið að hluta til við lokað hagkerfi og lokað stjórnsýslukerfi án mjög mikilla tengsla við aðra þætti. Menntunarmálin hafa verið undir landbúnaðarráðuneyti, peninga- og lánamál hafa verið í sérstökum stofnunum og stjórnsýsluákvarðanir hafa flestar verið teknar einungis í samvinnu við þá aðila sem gæta hagsmuna þeirra sem starfa í greininni sjálfri.

Þetta er í sjálfu sér ekkert ósvipuð staða og gilt hefur fyrir aðrar atvinnugreinar hérlendis en þó hafa orðið breytingar á þessu sviði á undanförnum árum, einkum í sjávarútvegi. Það er brýnt fyrir íslenskan landbúnað að taka virkan þátt í aðlögun atvinnugreinarinnar að almennum reglum í stað sérreglna.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni skal nefnd sú sem vinna á að stefnumótun í landbúnaði vera skipuð fulltrúum þingflokka, sérhæfðum aðilum úr menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti, fulltrúum úr sérskólum landbúnaðarins, og er þar átt við skólastjórnendur, kennara og nemendur, fulltrúum frá hagsmunasamtökum í landbúnaði og öðrum samtökum á vinnumarkaði, fulltrúum skólakerfisins, þ.e. bæði framhaldsskóla og háskóla, og aðilum frá rannsóknastofnunum tengdum landbúnaði.

Það er ljóst af þessari upptalningu að flutningsmenn gera ráð fyrir vandaðri nefndarskipun til að vinna að þessu málefni. Vinna við stefnumótun felur í sér að mörkuð er framtíðarsýn sem nær t.d. frá tíu árum til þrjátíu ára. Hér er því ekki verið að skoða hlutina til fárra ára heldur verið að búa til umgjörð á sviði menntunar í landbúnaði sem gæti gagnast atvinnugreininni og þjóðlífinu öllu til langs tíma.

Það er mat flutningsmanna að margvísleg tækifæri séu á þessu sviði, en þau eru fyrst og fremst háð því að hugsað sé til langs tíma og byggt á vandaðri menntun. Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu á að stuðla að því.

663. Frumvarp til laga [171. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr., 26. febr.)

I. KAFLI
Skilyrði bótaréttar.

1. gr.

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð.

2. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 5. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Hafa á síðustu tólf mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði. Til að finna vinnuframlag sjómanna skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar.
5. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfellt.
6. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa.

Við ákvörðun bóta samkvæmt framangreindu teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

3. gr.

Sá sem fullnægir skilyrðum um bótarétt en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti meðan á töku fæðingarorlofs stendur.

4. gr.

Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis sem stafar af veikindum hans.

Svæðisvinnumiðlun getur óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína sé um skerta vinnufærni að ræða.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis Atvinnuleysistryggingasjóðs á vinnufærni umsækjanda.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. gr. eiga eftirtaldir einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema hann sanni að hann hafi stundað vinnu í samfellt sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.
6. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a.m.k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma. Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.
7. Þeir sem reynt hafa að afla sér bóta með sviksamlegum hætti, sbr. 15. gr.

II. KAFLI
Fjárhæð bóta og bótatímabil.

6. gr.

Einstaklingur, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessara laga, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, sbr. þó 10. gr.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

Nú fær hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

7. gr.

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. og 2. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Nú annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns og skal þá fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Nú fær hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

8. gr.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði. Sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. Bótahlutfall getur þó aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 2. mgr. 7. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem áunnið hefur sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 3. og 4. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu tólf mánuðum skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

Atvinnuleysistryggingasjóður semur skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma og starfshlutfalli.

Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar samkvæmt framangreindu.

9. gr.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Nú fær maður, sem er byrjaður á bótatímabili, launaða vinnu og framlengist þá bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum. Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að bótatímabili lauk.

III. KAFLI
Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

10. gr.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir

ástæðum samdráttar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til viðkomandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta sem síðan úrskurðar um bótarétt. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um starfshlutfall einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu tólf mánuðum áður en til skerðingar kemur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

11. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

12. gr.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara.

Þeim sem ekki hefur gert starfsleitaráætlun er skylt að láta skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning skv. 2. mgr. fara fram með öðrum hætti en vikulega.

13. gr.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem notið hefur bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda.

Bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 5. gr.

14. gr.

Þeim sem sæta biðtíma eftir bótum er skylt að hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt og skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt almennum reglum þessara laga.

15. gr.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

V. KAFLI
Ákvörðun bóta og málskot.

16. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal í hverju umdæmi svæðisvinnumiðlunar skipa fimm manna úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambandsins. Formenn nefndanna skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Nefndarmenn skulu vera búsettir í umdæmi svæðisvinnumiðlunar.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Umsækjanda og Atvinnuleysistryggingasjóði skal tilkynnt um ákvörðun úthlutunarnefndar. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta, sbr. 17. gr., innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Þóknun til úthlutunarnefnda greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar, svo og kostnaður sem af starfi nefndanna leiðir.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að ákveða að fleiri en ein úthlutunarnefnd séu starfandi í umdæmi svæðisvinnumiðlunar ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til fjölda atvinnulausra í umdæminu.

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

17. gr.

Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn skulu hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðinum. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal sjá til þess að úrskurðir nefndarinnar séu gefnir út árlega.

VI. KAFLI
Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og skrifstofuhald sjóðsins.

18. gr.

Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skulu tilnefna tvo stjórnarmenn hvor aðili og tvo til vara. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandið skulu tilnefna einn stjórnarmann hver aðili og einn til vara. Ráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Aðalmenn stjórnarinnar skulu kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð. Formaður stjórnar skal eiga sæti í því. Ráðið hefur heimild til þess að taka fullnaðarákvarðanir um mál sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn. Öll stjórnin skal taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

19. gr.

Vinnumálastofnun annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá og eftirliti hennar. Félagsmálaráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

VII. KAFLI
Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

20. gr.

Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

VIII. KAFLI
Fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

21. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

22. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem hljóta skulu staðfestingu félagsmálaráðherra.

23. gr.

Árlega skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

24. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

25. gr.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarfélaga af bótum, nema skriflegt samþykki hins atvinnulausa liggi fyrir.

26. gr.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

27. gr.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Nú hefur maður aflað sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 15. gr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

28. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

29. gr.

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

30. gr.

Félagsmálaráðherra skal að tillögu sjóðstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar er forsætisráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi þeirri sem kjararannsóknarnefnd hefur annast þótt ákveðið verði að hún skuli unnin af öðrum aðilum.

II.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

III.

Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga þessara tekur gildi 1. janúar 1998.

IV.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu 1997 að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

664. Frumvarp til laga [172. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Eftir 2. umr., 26. febr.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu.

2. gr.

Vinnumarkaðsaðgerðir eru samkvæmt lögum þessum aðgerðir sem eru gerðar að tilhlutan hins opinbera til þess að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu og sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki.

II. KAFLI
Vinnumálastofnun.

3. gr.

Vinnumálastofnun, sem heyrir undir félagsmálaráðherra, fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu.

Ráðherra skipar forstjóra Vinnumálastofnunar til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar.

4. gr.

Verkefni Vinnumálastofnunar eru:

a. Að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum og samræma starfsemi þeirra.
b. Að veita starfsfólki svæðisvinnumiðlana faglega aðstoð og fræðslu.
c. Að afla upplýsinga frá svæðisvinnumiðlunum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur.
d. Að vinna úr upplýsingum frá svæðisvinnumiðlunum og koma niðurstöðum, ábendingum og tillögum um vinnumarkaðsaðgerðir á framfæri við stjórn stofnunarinnar.
e. Að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana til hlutaðeigandi aðila.
f. Að miðla í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar upplýsingum um vinnumarkaðsmál hér á landi til erlendra aðila.

Ráðherra getur með reglugerð falið stofnuninni fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

III. KAFLI
Stjórn Vinnumálastofnunar.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Vinnumálastofnunar til fjögurra ára í senn.

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tilnefna einn aðalmann og einn varamann hvert í stjórnina.

Ráðherra skipar án tilnefningar tvo aðalmenn í stjórnina, formann og varaformann, svo og varamenn þeirra.

Láti stjórnarmaður af störfum áður en fjögurra ára tímabilið rennur út skal nýr aðili einungis skipaður til loka tímabilsins.

Forstjóri Vinnumálastofnunar skal sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

6. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal funda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Stjórnin skal reglulega halda samráðsfundi með fulltrúum aðila sem eiga sérhagsmuna að gæta á vinnumarkaðinum og ekki eiga fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Enn fremur skulu haldnir reglulegir samráðsfundir með aðilum sem hafa yfir að ráða sérþekkingu á vinnumarkaðinum.

7. gr.

Stjórn Vinnumálastofnunar skal fylgjast með þróun vinnumarkaðarins á hverjum tíma og gera tillögur til félagsmálaráðherra um vinnumarkaðsaðgerðir.

Stjórnin skal vera umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn.

Stjórnin skal árlega, eða oftar eftir því sem tilefni er til, gefa ráðherra skýrslu um þróun vinnumarkaðarins og árangur vinnumarkaðsaðgerða. Ráðherra skal á grundvelli skýrslna stjórnarinnar gera Alþingi árlega grein fyrir þróun mála á vinnumarkaðinum.

Stjórnin hefur umsjón og eftirlit með rekstri og starfsemi Vinnumálastofnunar. Árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir forstjóra Vinnumálastofnunar skulu lagðar fyrir stjórnina til samþykktar áður en þær eru lagðar fyrir félagsmálaráðherra.

IV. KAFLI
Svæðisvinnumiðlanir.

8. gr.

Landið er eitt vinnusvæði en svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar. Staðarval skal miðast við að sem flestir íbúar umdæmisins eigi greiðan aðgang að þjónustu svæðisvinnumiðlunar. Svæðisráð svæðisvinnumiðlunar ákvarðar nánara fyrirkomulag skráningar atvinnulausra innan svæðis.

Vinnumálastofnun er heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlunar, sbr. 10. gr. Slíkir samningar skulu staðfestir af félagsmálaráðherra.

9. gr.

Forstjóri Vinnumálastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar að fenginni umsögn svæðisráðs.

Forstöðumaður annast daglega stjórn svæðisvinnumiðlunar í samræmi við starfsáætlun samþykkta af svæðisráði.

10. gr.

Verkefni svæðisvinnumiðlunar eru:

a. Að aðstoða atvinnuumsækjendur við atvinnuleit og atvinnurekendur við að útvega hæft starfsfólk.
b. Að taka saman og miðla upplýsingum um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur til svæðisráðs og Vinnumálastofnunar.
c. Að veita upplýsingar og ráðgjöf um starfsval og starfsmenntun.
d. Að miðla upplýsingum um laus störf og umsóknum um störf til annarra svæðisvinnumiðlana.
e. Að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi eða starfsþjálfun, sem miðast við þarfir og aðstæður hvers og eins og hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa.

f. Að annast skráningu atvinnulausra, gefa út vottorð um atvinnuleysi og miðla upplýsingum og gögnum til úthlutunarnefnda.
g. Að hafa eftirlit með því að umsækjendur um atvinnuleysisbætur fullnægi skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar og tilkynna úthlutunarnefnd ef rökstudd ástæða er til þess að ætla að svo sé ekki.

Stjórn Vinnumálastofnunar og svæðisráð geta falið svæðisvinnumiðlunum fleiri verkefni en kveðið er á um í 1. mgr.

V. KAFLI
Svæðisráð.

11. gr.

Félagsmálaráðherra skipar á hverju svæði, að afloknum reglubundnum sveitarstjórnarkosningum, níu manna ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar sem í lögum þessum er nefnd svæðisráð.

Svæðisráð skal skipað þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum vinnuveitenda og þremur fulltrúum tilnefndum af samtökum launþega á svæðinu. Tveir fulltrúar skulu tilnefndir af sveitarfélögum og einn af framhaldsskólum á svæðinu. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Náist ekki samkomulag um tilnefningu úrskurðar ráðherra um hver skuli tilnefna fulltrúa í ráðið með hliðsjón af því hversu fjölmenn viðkomandi samtök eða sveitarfélög eru á svæðinu og að fenginni umsögn viðkomandi heildarsamtaka. Ráðherra skipar formann og varaformann svæðisráðs úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið sem aðalmenn.

Forstöðumaður svæðisvinnumiðlunar skal sitja fundi svæðisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Svæðisráði er heimilt að skipa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð til að fara með verkefni svæðisráðs eftir nánara umboði ráðsins.

12. gr.

Svæðisráð skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði.

13. gr.

Svæðisráð skal fylgjast með framvindu atvinnumála á svæðinu og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir. Tillögum sínum skal ráðið beina til stjórnar Vinnumálastofnunar, sveitarfélaga, atvinnuráðgjafa, félagasamtaka og fyrirtækja á svæðinu eftir því sem við á.

Svæðisráð skal aðstoða svæðisvinnumiðlun við að hrinda í framkvæmd úrræðum fyrir atvinnulausa, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr., m.a. með því að fá þá aðila, sem tilgreindir eru í 1. mgr., til samstarfs um slík úrræði.

Svæðisráð skal árlega, og oftar eftir því sem tilefni er til, gefa stjórn Vinnumálastofnunar skýrslu um atvinnuástand og árangur vinnumarkaðsaðgerða á svæðinu.

VI. KAFLI
Réttindi og skyldur þeirra sem leita eftir atvinnu og atvinnurekenda sem leita eftir vinnuafli.

14. gr.

Svæðisvinnumiðlun er skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi. Henni er enn fremur

skylt að aðstoða atvinnurekendur sem leita eftir almennum upplýsingum um framboð á vinnuafli eða aðstoð við ráðningu starfsfólks. Þjónusta svæðisvinnumiðlunar skal miðast við þarfir hvers og eins.

Svæðisvinnumiðlun getur synjað þeim um þjónustu sem ítrekað hefur hafnað úrræðum svæðisvinnumiðlunar um aðstoð eða ekki sinnt skyldum sínum gagnvart henni.

15. gr.

Svæðisvinnumiðlun skal með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda gera starfsleitaráætlun innan tíu vikna frá skráningu. Sé starfsleitaráætlun gerð skulu þar koma fram hugmyndir atvinnuleitanda og fulltrúa svæðisvinnumiðlunar um atvinnumöguleika viðkomandi og hvaða tilboð og aðstoð vinnumiðlun getur veitt, sbr. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Áætlunin skal miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans og atvinnuhorfur í landinu. Enn fremur skulu svæðisvinnumiðlun og hinn atvinnulausi semja um hvernig háttað skuli sambandi þeirra og eftirliti fulltrúa vinnumiðlunar meðan atvinnuleysi viðkomandi varir.

Ef ágreiningur rís vegna samkomulags um starfsleitaráætlun eða um hvort starfsleitaráætlun skuli gerð getur hvor aðili fyrir sig vísað honum til úthlutunarnefndar, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar.

16. gr.

Sá sem er atvinnulaus en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum eða sætir missi bóta skal eiga rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna rétt sinn til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi.

17. gr.

Þjónusta svæðisvinnumiðlana skal vera þeim sem leita eftir atvinnu og atvinnurekendum að kostnaðarlausu.

18. gr.

Allar upplýsingar, sem svæðisvinnumiðlun fær í starfi sínu, hvort sem þær snerta einkamál eða viðskiptahagsmuni, skulu vera trúnaðarmál vinnumiðlunar og þess er upplýsingar veitir að öðru leyti en því sem snertir bein tengsl við miðlun vinnu og starfsráðningar.

Stjórn Vinnumálastofnunar setur nánari reglur um meðferð upplýsinga varðandi þá sem leita eftir aðstoð svæðisvinnumiðlunar. Reglur þessar skulu staðfestar af ráðherra.

19. gr.

Atvinnuleitanda er skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun sem hann hefur leitað til ef hann er ráðinn til starfa. Atvinnurekanda er á sama hátt skylt að tilkynna svæðisvinnumiðlun ef einhver þeirra atvinnuleitenda, sem hún hefur vísað á, er ráðinn til starfa.

20. gr.

Ákvörðun svæðisvinnumiðlunar er unnt að skjóta til stjórnar Vinnumálastofnunar eftir að svæðisráð hefur fjallað um málið.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum er heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda. Mál vegna brota á þessu skulu varða sektum sem renna skulu í ríkissjóð. Um málsmeðferð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

22. gr.

Kostnaður af rekstri Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana greiðist af ríkinu.

23. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf Vinnumálastofnunar og stjórnar hennar og svæðisvinnumiðlana og svæðisráða.

24. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum, og IX. kafli laga um stjórn efnahagsmála o.fl., nr. 13/1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal skipa svæðisráð, sbr. 11. gr. laga þessara, sem starfa skulu þar til skipuð hafa verið ný svæðisráð að afloknum næstu reglulegu sveitarstjórnarkosningum.

II.

Ákvæði laga þessara hagga ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Ákvæði þetta gildir til 31. desember 1999.

665. Þingsályktun [376. mál]

um staðfestingu samnings milli Grænlands/Danmerkur og Íslands um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

(Afgreidd frá Alþingi 26. febr.)

Samhljóða þskj. 661.

666. Skýrsla [378. mál]

um ríkisfjármál 1996.

(Lögð fram af fjármálaráðherra 27. febrúar 1997.)

1 Helstu niðurstöður skýrslunnar

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1996. Fjallað er um einstök atriði á tekju-, gjalda- og lánahlið ríkissjóðs. Jafnframt eru raktir helstu þættir almennrar efnahagsþróunar á árinu 1996. Einnig er fjallað um umsvif annarra opinberra aðila á lánamarkaði. Loks er ítarlegur töfluviðauki með margvíslegum upplýsingum um ríkisfjármál og helstu þjóðhagsstærðir.

Helstu niðurstöður. Hér á eftir eru birtar helstu niðurstöður skýrslunnar, en frekari umfjöllun um einstök atriði er að finna í viðkomandi köflum:

- Hagvöxtur á liðnu ári er sá mesti síðan þensluárið 1987 og undanfarin þrjú ár hefur hann numið tæplega 12%. Fjárfesting jókst um fjórðung á síðasta ári og má rekja aukninguna að mestu til atvinnuveganna. Vextir hafa engu að síður haldist nokkuð stöðugir og verðbólga er með því lægsta sem þekkist. Þrátt fyrir halla á viðskiptum við útlönd lækka skuldir þjóðarbúsins í hlutfalli af landsframleiðslu. Þannig hafa verið skapaðar forsendur fyrir fjölgun starfa, auknu atvinnuöryggi og bættum lífskjörum í landinu.

- Áralangur stöðugleiki í efnahagslífinu er farinn að skila sér í fleiri störfum og minna atvinnuleysi. Þá hafa laun hækkað almennt um rúm 11% á síðustu tveimur árum og kaupmáttur ráðstöfunartekna um nálægt 9%. Þetta er mesta kaupmáttaraukning frá því á árinu 1987, árið áður en staðgreiðsla skatta var innleidd.

- Árið 1996 nam halli ríkissjóðs tæplega 2 milljörðum króna, eða sem svarar til 0,4% af landsframleiðslu. Þetta er helmingi minni halli en fjárlög gerðu ráð fyrir og innan við fjórðungur þess halla sem varð árinu 1995. Þetta er besta rekstrarniðurstaða síðan 1984, en þá var ríkissjóður síðast rekinn með afgangi. Til að fá eðlilegan samanburð við afkomu fyrri ára er hér litið fram hjá vaxtagreiðslum vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina, en um það er nánar fjallað hér á eftir.

- Árið 1996 gerist það, einnig í fyrsta sinn síðan árið 1984, að afkoma ríkissjóðs, að vöxtum frátöldum, verður jákvæð. Þessi mælikvarði er oft notaður til að sýna stöðu og þróun hinna eiginlegu þátta ríkisfjármála. Samkvæmt þessu uppgjöri varð 6,7 milljarða afgangur árið 1996, en til samanburðar má nefna að á árunum 1985-1995 hefur afkoma ríkissjóðs á þennan mælikvarða verið neikvæð um 3½ milljarð króna að jafnaði á ári. Staða ríkisfjármála hefur því styrkst verulega á árinu 1996.

- Á síðasta ári var ákveðið að innkalla þrjá stóra flokka spariskírteina frá árunum 1984 og 1986, en þeir báru afar háa vexti. Heildarfjárhæð þessarar innlausnar nam ríflega 17 milljörðum króna, en þar af voru vaxtagreiðslur nálægt 10 milljarðar. Með þessari aðgerð er talið að sparast muni um 2 milljarðar króna í vaxtagreiðslum, sem annars hefðu komið til útborgunar við innlausn árið 2000. Auk þess verður innlausn spariskírteina á því ári

helmingi minni og ætti því ekki að raska jafnvægi á fjármagnsmarkaði, en á því hefði verið hætta að öðrum kosti. Vegna þessarar innlausnar urðu vaxtagreiðslur á árinu 1996 um 10 milljörðum króna hærri en ella miðað við greiðslugrunn sem kemur fram í auknum halla samkvæmt fjárlagauppgjöri. Til þess að fá eðlilegan samanburð, hvort sem er við fyrri ár eða fjárlög, eru helstu kennitölur um afkomu ríkissjóðs sýndar bæði með og án þessara vaxtagreiðslna.

Afkoma ríkissjóðs 1993-1996

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs	1993	1994	1995	Fjárlög 1996	Útkoma 1996	Frávik frá fjárlögum
Tekjur	103.220	109.602	114.413	120.865	127.735	6.870
Gjöld	112.863	116.986	123.344	124.816	139.729	14.913
Rekstrarafkoma	**-9.643**	**-7.384**	**-8.931**	**-3.951**	**-11.994**	**-8.043**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-2,3	-1,7	-2,0	-1,6	-2,4	
Rekstrarafkoma án innlausnar	**-9.643**	**-7.384**	**-8.931**	**-3.951**	**-1.981**	**1.970**
Hlutfall án vaxtagjalda v/innlausnar	-2,3	-1,7	-2,0	-1,6	-0,4	
Lánveitingar, nettó	-1.055	-7.387	-9.659	-150	-713	-563
Hrein lánsfjárþörf	**10.680** [1]	**14.771** [1]	**18.590** [1]	**4.101**	**12.707** [1]	**8.606**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	2,6	3,4	4,1	2,0	2,6	
Lántökur nettó	**12.134**	**14.729**	**17.806**	**4.140**	**12.755**	**8.615**
Innlend lántaka-afborganir	8.090	3.568	2.192	-	5.485	-
Erlend lántaka-afborganir	4.044	11.161	15.614	-	7.270	-
Greiðsluafkoma	1.454	-42	-784	39	48	9
[1] Þ.a. endurlán til Húsnæðisstofnunar	700	6.550	8.000		2.300	

- Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 1996 námu 139,7 milljörðum króna. Að frádregnum vaxtagreiðslum vegna sérstakrar innköllunar á spariskírteinum námu útgjöld ríkissjóðs 129,7 milljörðum króna, eða 26,2% af landsframleiðslu. Þetta er tæplega 1% lægra en árið 1995 og þarf að fara aftur til ársins 1987 til að finna lægra hlutfall. Útgjöldin hækka nokkuð að raungildi milli ára, eða um 2% og gætir þar einkum áhrifa framlaga til mennta- og heilbrigðismála.

- Heildartekjur ríkissjóðs árið 1996 námu 127,7 milljörðum króna, eða 25,8% af landsframleiðslu. Hlutfall heildartekna og skatttekna af landsframleiðslu hækkar um 0,7% frá fyrra ári. Þessa hækkun má alfarið rekja til áhrifa aukins kaupmáttar heimilanna og almennra umsvifa í efnahagslífinu, en hvort tveggja skilar sér í auknum tekjum ríkissjóðs.

- Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs, en það er sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að taka að láni til að fjármagna halla á rekstri og útstreymi á lánareikningum, nam um 2,7 milljörðum króna árið 1996 (að frátöldum vaxtagreiðslum vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina). Þetta svarar til 0,5% af landsframleiðslu og - líkt og gildir um rekstrarafkomuna - þarf að fara aftur til ársins 1984 til að finna hagstæðari niðurstöðu.

- Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs fór eingöngu fram með útboði ríkisverðbréfa. Vextir þeirra bréfa fóru lækkandi fram undir mitt ár en tóku að hækka á ný í kjölfar aukins innflutnings og aukinnar fjárfestingar. Undir lok ársins voru vextir svipaðir því sem þeir voru í byrjun árs.

- Lánastarfsemi ríkissjóðs hefur stuðlað að uppbyggingu verðbréfamarkaðar hér á landi. Haldið var áfram á þeirri braut að draga úr verðtryggingu í ljósi aukins stöðugleika í efnahagslífinu. Sala óverðtryggðra ríkisbréfa til þriggja og fimm ára jókst verulega á árinu og ávöxtunarkrafa þeirra lækkaði nokkuð frá fyrra ári.

- Afkoma hins opinbera hér á landi er góð sé litið á hana í alþjóðlegu samhengi. Ísland er eitt fjögurra Evrópuríkja sem uppfylla kröfur Evrópusambandsins um aðild að Myntbandalagi Evrópu (EMU). Halli hins opinbera er vel innan við 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir innan við 60% af landsframleiðslu.

2 Framvinda efnahagsmála

Framvinda efnahagsmála árið 1996 einkenndist fyrst og fremst af verulegri aukningu í fjárfestingum atvinnulífsins og neysluútgjöldum heimilanna. Hagvöxtur var með mesta móti, meðal annars vegna framkvæmda við stækkun álversins í Straumsvík, en það eru fyrstu stóriðjuframkvæmdir hér á landi frá því í lok áttunda áratugarins.

Kaupmáttur heimilanna hélt áfram að aukast annað árið í röð, en jafnframt jukust skuldir þeirra, sem einkum má rekja til þess að útgjöld jukust talsvert meira en kaupmáttur tekna. Þótt útflutningstekjur hafi aukist, jókst innflutningur enn meira og því varð nokkur halli á viðskiptunum við útlönd. Þennan halla má að talsverðu leyti rekja til álversframkvæmdanna, en einnig til aukinna neysluútgjalda. Verðlagsþróun var svipuð og í helstu samkeppnislöndum og gengi krónunnar hélst stöðugt.

Hagvöxtur á mann



2.1 Efnahagsþróun í nágrannaríkjunum

Á árinu 1996 var stöðugur, en jafnframt hægur, hagvöxtur í OECD-ríkjunum og hafði hann aukist frá árinu áður. Áætlanir gera ráð fyrir að hagvöxtur hafi numið að meðaltali um 2½% á árinu 1996 samanborið við 2% árið 1995. Ýmislegt hefur orðið til þess að styrkja efnahagsþróunina í umheiminum að undanförnu. Mikilvægast er að þróun á fjármagnsmarkaði hefur verið hagstæð. Tekist hefur að halda verðbólgu í skefjum og flest ríki hafa fylgt þeirri stefnu að minnka halla á rekstri ríkisins. Þetta hefur haft jákvæð áhrif á fjármálamarkaði, sérstaklega í ríkjum Evrópusambandsins þar sem skammtímavextir lækkuðu á árinu. Vextir annars staðar eru almennt lágir. Langtímavextir hækkuðu í byrjun árs 1996, en hafa síðan farið lækkandi.

Hagvöxtur í Bandaríkjunum á árinu 1996 var hærri en búist var við, eða nálægt 2½%. Atvinnuleysi minnkaði enn og fór niður í 5½%. Vextir og verðbólga hafa haldist lág og búist er við að svo verði áfram. Á árinu 1997 er búist við að hægi aðeins á hagvexti og að hann verði rúm 2%.

Hagvöxtur í Japan er áætlaður 3½% á árinu 1996. Þótt einkaneysla hafi ekki vaxið hratt hefur fjárfesting aukist þeim mun meira. Þar sem aðhald í ríkisrekstri er mikið er búist við að heldur hægi á hagvexti á árinu 1997 og fari niður í 1½% áður en úr rætist árið þar á eftir.

Innan Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að hagvöxtur hafi numið 1½% árið 1996, miðað við 2½% á árinu 1995. Þá þokaðist atvinnuleysi upp á við á árinu. Hins vegar voru aðstæður á peningamarkaði hagstæðar á árinu og tiltrú fólks í atvinnulífinu á aukinn hagvöxt hefur eflst að undanförnu. Í kjölfarið hefur fjárfesting atvinnuveganna aukist og því útlit fyrir meiri hagvöxt á næstunni.

Efnahagshorfur í nokkrum OECD-ríkjum

	Afkoma hins opinbera[1]		Verðbólga		Atvinnuleysi		Hagvöxtur	
	1996	1997	1996	1997	1996	1997	1996	1997
Ísland	**-1,5**	**-0,7**	**2,3**	**2,0**	**4,3**	**4,0**	**5,5**	**2,5**
Danmörk	-1,5	-0,4	2,1	2,5	8,9	8,6	1,9	2,9
Finnland	-2,9	-1,7	0,6	1,7	16,4	15,5	2,5	3,5
Noregur	5,4	5,0	1,3	2,5	4,2	3,9	5,1	3,0
Svíþjóð	-3,8	-2,5	1,5	2,1	7,9	7,4	1,7	2,2
Norðurlönd, alls	**-1,0**	**-0,1**	**1,6**	**2,3**	**8,3**	**7,9**	**3,3**	**3,0**
Bretland	-4,8	-3,7	2,6	2,5	7,6	7,4	2,4	3,3
Frakkland	-4,1	-3,2	1,8	1,3	12,4	12,5	1,3	2,5
Ítalía	-6,7	-3,7	4,2	2,5	12,2	12,2	0,8	1,2
Þýskaland	-4,1	-3,4	1,7	1,5	10,3	10,4	1,1	2,2
Evrópusambandið	**-4,6**	**-3,3**	**2,6**	**2,1**	**11,4**	**11,3**	**1,6**	**2,4**
Bandaríkin	-1,6	-1,8	2,1	2,2	5,4	5,4	2,4	2,2
Japan	-4,1	-2,6	0,0	0,6	3,3	3,2	3,6	1,6
Kanada	-2,7	-1,5	1,4	1,3	9,6	9,4	1,5	3,3
OECD-ríkin	**-3,2**	**-2,5**	**1,9**	**1,9**	**7,8**	**7,7**	**2,4**	**2,4**

[1] Afkoma ríkis og sveitarfélaga reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu.

Heimild: OECD Economic Outlook, desember 1996, Þjóðhagsstofnun.

Flest ríki OECD hafa á undanförnum árum einbeitt sér að því að minnka hallarekstur hins opinbera frá því sem var á fyrri hluta áratugarins. Gert er ráð fyrir að halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga í OECD-ríkjunum hafi numið rúmlega 3% af landsframleiðslu árið 1996, en talið er að hallinn fari niður í 2½% árið 1997.

2.2 Efnahagsþróun hér á landi

Hagvöxtur. Á árinu 1996 er áætlað að hagvöxtur hafi numið um 5½%. Þetta er mun meiri hagvöxtur en á undanförnum árum og sá mesti síðan þensluárið 1987. Af ríkjum OECD er einungis búist við að hagvöxtur hafi verið meiri á Írlandi og í Tyrklandi.

Þjóðhagsyfirlit

	Milljónir króna		Magnbreytingar, %[1]		
	1996	1997	1995	1996	1997
Einkaneysla	300.599	317.407	4,6	7,0	3,5
Samneysla	102.478	107.226	2,0	2,5	1,5
Fjárfesting	90.359	97.878	2,2	24,0	5,5
Birgðabreytingar	0	0	0,6	-0,7	0,0
Þjóðarútgjöld	493.436	522.511	4,3	7,9	3,5
Útflutningur vöru og þjónustu	170.389	178.843	-2,3	5,2	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	168.491	181.595	3,8	12,8	5,7
Landsframleiðsla	**495.334**	**519.759**	**2,1**	**5,5**	**2,5**
Viðskiptajöfnuður	-9.051	-14.844	0,8	-1,8	-2,9

[1] Viðskiptajöfnuður reiknaður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Frá árinu 1993 hefur hagvöxtur numið tæplega 12%. Sú breyting hefur orðið, að í stað þess sem var á árunum 1993 og 1994, að aukinn hagvöxt mátti fyrst og fremst rekja til aukinnar útflutningsframleiðslu, hefur hagvöxtur árin 1995 og 1996 einkum stafað af mikilli aukningu þjóðarútgjalda. Þessi umskipti eru áhyggjuefni, ekki síst þar sem þau hafa orðið til þess að viðskiptajöfnuður hefur snúist úr afgangi í halla og erlend skuldasöfnun því heldur vaxið. Að hluta má rekja halla á viðskiptum við útlönd til framkvæmda við álverið í Straumsvík og umtalsverðrar aukningar í fjárfestingum einkaaðila. Þetta mun væntanlega skila sér í auknum hagvexti á næstu árum. Hitt er alvarlegra, að einkaneysla heimilanna hefur aukist mikið undanfarin tvö ár, langt umfram kaupmáttaraukningu sem hefur þó verið umtalsverð. Þar með hafa skuldir heimilanna aukist verulega.

Samneysla. Gert er ráð fyrir að samneysla ríkis og sveitarfélaga, þ.e. útgjöld til rekstrar og viðhalds, hafi aukist um 2½% á árinu 1996. Töluverð tilfærsla varð á samneyslu milli ríkis og sveitarfélaga í byrjun ágúst þegar rekstur grunnskólanna færðist á hendur sveitarfélaga.

Fjárfesting. Undanfarin ár hefur fjárfesting verið mjög lítil á Íslandi og hlutfallslega minni en í öðrum OECD-ríkjum. Á árinu 1996 jókst fjárfesting hins vegar verulega, eða um 24%. Mestu máli skiptir um 50% aukning í fjárfestingu atvinnuveganna, en tæplega helming hennar má rekja til framkvæmda vegna stækkunar álvers og Hvalfjarðarganga. Til að vega á móti þessari auknu fjárfestingu einkaaðila hefur hið opinbera haldið að sér höndum og dregst fjárfesting þess saman á milli ára.

Þjóðarútgjöld á mann



Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu náði lágmarki á árunum 1994 og 1995, rúmlega 15%, en miðað við áætlanir er fjárfestingarhlutfallið nú komið í nálægt 19%. Þrátt fyrir mikinn vöxt er hlutur fjárfestingar þó minni en í OECD-ríkjunum í heild, þar sem fjárfestingarhlutfallið er ríflega 20% af landsframleiðslu.

Einkaneysla. Verulegur samdráttur var í einkaneyslu á árunum 1992 og 1993, en síðan hefur þróunin snúist við og hún vaxið kröftuglega. Í kjölfar almennra launahækkana á árinu 1995 og í byrjun árs 1996 tók einkaneysla verulegan kipp. Vöxtur á árinu 1995 nam 4½%, en á árinu 1996 er gert ráð fyrir að einkaneysla hafi aukist um nálægt 7%. Þessi aukning er mun meiri en launahækkanir gefa tilefni til og stafar því að hluta af auknum lántökum heimila. Skuldir heimilanna hafa því haldið áfram að vaxa.

Aukning einkaneyslu hefur fyrst og fremst komið fram í kaupum á bifreiðum og heimilistækjum, enda eru þessar vörur mjög næmar fyrir hagsveiflum. Bifreiðainnflutningur jókst gífurlega á árinu 1996. Þannig jókst fjöldi innfluttra fólksbifreiða um nálægt 40% frá fyrra ári og hafa ekki verið fluttar inn fleiri fólksbifreiðar síðan árið 1988. Þessa miklu aukningu má

væntanlega að nokkru rekja til þess að endurnýjunarþörf var orðin mikil eftir tiltölulega lítinn innflutning mörg undanfarin ár. Ennfremur hefur lækkun vörugjalds á bifreiðum um mitt ár án efa ýtt undir bifreiðakaup.

Launaþróun. Árið 1995 hækkaði launavísitalan að meðaltali um 4½%, en á árinu 1996 hækkaði hún um nálægt 6½%. Á árunum 1995 og 1996 hafa laun þannig hækkað almennt um rúmlega 11%. Samningstímabilinu, sem almennt hófst í febrúar 1995, lauk um síðastliðin áramót.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur aukist um nálægt 9% á þessu tímabili og gætir þar meðal annars áhrifa lækkunar tekjuskatts vegna ákvörðunar um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Þetta er mesta kaupmáttaraukning frá því á skattlausa þensluárinu 1987. Til samanburðar má nefna að þjóðartekjur á mann hafa hækkað um 6% yfir sama tímabil.

Verðlagsþróun. Árin 1994 og 1995 hækkaði verðlag hér á landi minna en í nágrannaríkjunum, eða undir 2% hvort ár. Hér gætti í senn stöðugleika í gengi og áhrifa lækkunar virðisaukaskatts á matvælum. Í kjölfar launahækkana og almennrar uppsveiflu í efnahagslífinu á árunum 1995 og 1996 hefur verðbólga heldur aukist og mældist um 2,3% milli áranna 1995 og 1996. Þetta er í takt við verðhækkanir í OECD-ríkjunum í heild, en ívið meira sé horft til helstu samkeppnislanda okkar þar sem verðbólgan er um 2%.

Vinnumarkaður. Á undanförnum árum hefur skráð atvinnuleysi hér á landi farið vaxandi, úr 0,6% árið 1988 uns það náði hámarki í 5% á árinu 1995. Samhliða miklum hagvexti og aukinni fjárfestingu fyrirtækja fjölgaði störfum töluvert á síðasta ári, eða um 2-2½%. Atvinnuleysi minnkaði því töluvert og mældist 4,3% á árinu 1996.

Framleiðsla og velta atvinnugreina. Fyrstu tíu mánuði ársins 1996 jókst heildarvelta atvinnugreina um 9½% að raungildi samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum. Veltuaukningin er býsna almenn, þó mest í útflutningsverslun, sérfræðiþjónustu og bifreiðaverslun, þar sem velta hefur aukist um 14½% frá fyrra ári. Einnig hefur velta aukist töluvert í iðnaði og byggingarstarfsemi, en minnst er aukningin í neysluvörugreinum eins og smásöluverslun og veitingarekstri.

Áætlað er að aukning í framleiðslu sjávarafurða hafi verið töluverð á árinu 1996, eða sem nemur 7% milli ára. Gætir þar meðal annars aukins þorskkvóta á yfirstandandi fiskveiðiári sem hófst í byrjun september 1996. Einnig veiddist meira af ýmsum öðrum tegundum á árinu 1996, ekki síst loðnu.

Framleiðsla áls jókst lítillega á árinu 1996, en á miðju ári 1997 er gert ráð fyrir að taka í notkun þann hluta álversins sem nú er í byggingu og því gert ráð fyrir töluvert meiri álframleiðslu á árinu 1997.

Útflutningur. Með lækkandi raungengi íslensku krónunnar hefur verðlag á íslenskri útflutningsframleiðslu orðið æ hagstæðara. Útflutningur fór hraðvaxandi á árunum 1993 og 1994 og jókst þá um ríflega 17%. Eftir það kom bakslag í útflutning vegna samdráttar í framleiðslu sjávarafurða til útflutnings og þrátt fyrir að útflutningur iðnaðarvara hafi aukist um 15%, dróst heildarútflutningur saman um nærri 2½% á árinu 1995. Á árinu 1996 er áætlað að útflutningur í heild hafi aukist um ríflega 5%, aðallega vegna aukinnar framleiðslu sjávarafurða. Þá jókst útflutningur landbúnaðarafurða einnig.

Þrátt fyrir að útflutningur iðnaðarvara hafi dregist saman á árinu 1996, jókst útflutningur einstakra vörutegunda töluvert og má þar helst nefna útflutning tengdan sjávarútvegi, þ.e. rafeindavogir, fiskikassar, trollkúlur og netahringi auk þess sem útflutningur pappaumbúða nær tvöfaldaðist.

Þjónustuútflutningur dróst saman á árinu 1995 líkt og vöruútflutningurinn, en gert er ráð fyrir að hann hafi vaxið um 4½% á árinu 1996. Tekjur af ferðaþjónustu hafa aukist stöðugt á undanförnum árum og á árinu 1995 jukust tekjur af erlendum ferðamönnum um nálægt 11%. Aukningin varð heldur minni fyrstu níu mánuði ársins 1996, eða um 2½%. Búast má við að talan sé heldur hærri fyrir árið allt þar sem eldgos og flóð á Skeiðarársandi drógu að erlenda ferðamenn á síðasta ársfjórðungi.

Innflutningur. Eftir samdrátt í innflutningi 1992 og 1993 tók innflutningur við sér á miðju ári 1994 og hefur síðan vaxið ört. Vöruinnflutningur á árinu 1996 jókst um 16% að raungildi. Mest ber á aukningu í innflutningi bifreiða sem nemur ríflega 40%. Töluverð aukning hefur einnig orðið í innflutningi fjárfestingarvara til fyrirtækja, flutningatækja til atvinnurekstrar, auk hrávöru til framleiðslu. Þá hefur innflutningur neysluvöru einnig aukist töluvert, til dæmis hefur innflutningur heimilistækja aukist um 17% milli ára. Aukning í þjónustuinnflutningi er áætluð 8% á árinu 1996 og því gert ráð fyrir að heildarinnflutningur hafi aukist um nálægt 15% frá fyrra ári.

Viðskiptajöfnuður. Á árunum 1993-1995 var afgangur á viðskiptajöfnuði í fyrsta skipti um margra ára skeið. Hæst bar árið 1994, en þá nam afgangurinn 2% af landsframleiðslu. Í kjölfar mikils samdráttar í útflutningi á árinu 1995 og mikillar aukningar í innflutningi á árinu 1996, að hluta til vegna stækkunar álversins í Straumsvík, hefur afgangur á vöruskiptajöfnuði dregist verulega saman, eða úr 13 milljörðum árið 1995 niður í 1 milljarð á árinu 1996. Þjónustujöfnuður skilaði 2 milljarða króna afgangi á árinu 1995, en áætlanir gera ráð fyrir að hann hafi fari niður í tæplega milljarð á árinu 1996.

Viðskiptajöfnuður



Vaxtajöfnuður er óhagstæður sem endranær vegna mikilla afborgana af erlendum skuldum. Þar sem vöruskiptajöfnuður nær ekki lengur að vega upp vaxtajöfnuðinn reyndist viðskiptajöfnuður óhagstæður á árinu 1996, sem nemur nær 2% af landsframleiðslu, miðað við tæplega 1% afgang á fyrra ári. Aukin fjárfesting, meðal annars í álverinu í Straumsvík, skýrir að hluta þessa breytingu, en mestu skiptir mikil aukning neysluútgjalda heimilanna.

Fjármagnsmarkaður. Á árinu 1996 var mun meira framboð og eftirspurn eftir lánsfé en á undanförnum árum. Innlán og verðbréfaútgáfa innlánsstofnana jukust um tæp 9% árið 1996 sem er þreföldun frá árinu á undan. Erlent lánsfé til endurlána jókst um tæp 60% á árinu, en það hafði minnkað um helming á árunum 1994-1995. Lánsfjáreftirspurn hjá innlánsstofnunum jókst

um tæp 12% árið 1996, en á síðustu tveimur árum þar á undan höfðu útlán nánast staðið í stað. Stór hluti þessarar aukningar skýrist af því að á árinu 1996 juku fyrirtækin lántökur í bankakerfinu um 11½%, en á árunum 1994 og 1995 lækkuðu skuldir þeirra verulega. Skuldaaukning heimilanna hélt áfram og jukust skuldir þeirra við innlánsstofnanir um 11% á árinu 1996 í kjölfar ríflega 8% aukningar á árinu 1995. Lánsfjárþörf sveitarfélaga lækkaði lítillega á árinu 1996. Lausafjárstaða innlánsstofnana meira en tvöfaldaðist frá árinu 1995 og nam tæpum 18 milljörðum króna í árslok 1996.

Lánahreyfingar innlánsstofnana

	Staða 31. des. 1995 m.kr.	Staða 31. des. 1996 m.kr.	Hreyfing jan.-des 1995 %	Hreyfing jan.-des. 1996 %
Heildarinnlán og verðbréfaútgáfa	190.582	207.323	2,7	8,8
Erlent lánsfé til endurlána	24.207	38.333	-18,4	57,8
Lán og endurlán	215.089	240.210	0,8	11,7
Þar af fyrirtæki	123.019	137.211	-1,5	11,5
Þar af einstaklingar	61.373	68.102	8,3	11,0
Þar af bæjar- og sveitarfélög	7.613	7.294	4,1	-4,4
Lausafjárstaða	8.276	17.719	-30,1	53,3

Hrein verðbréfakaup erlendis námu rúmum tveimur milljörðum króna árið 1996, samanborið við verðbréfakaup að verðmæti rúmlega þrír milljarðar króna árið 1995 og átta milljarðar árið 1994, en það ár var hömlum á kaupum erlendra langtímaverðbréfa aflétt.

Mikil aukning varð í sölu verðbréfa í útboðum á árinu 1996 þegar skuldabréf að verðmæti 60 milljarðar króna seldust, samanborið við rúmlega 38 milljarða sölu árið 1995. Mestu munar að sala ríkisverðbréfa í útboðum jókst um 14 milljarða króna á árinu sem stafar fyrst og fremst af sérstakri innköllun spariskírteina. Stjórnvöld ákváðu á árinu 1996 að innkalla nokkra flokka spariskírteina sem báru raunvexti á bilinu 8-9%. Þetta leiðir til þess að vaxtagreiðslur ríkissjóðs munu lækka frá því sem ella hefði orðið. Sala húsbréfa og húsnæðisbréfa í útboðum jókst um 7½ milljarð króna. Skuldabréfaútboð sveitarfélaga lækkuðu verulega annað árið í röð og námu aðeins 1½ milljarði króna árið 1996, samanborið við 6 milljarða á árinu 1994.

Eign Seðlabanka Íslands á bréfum gefnum út af ríkissjóði og Húsnæðisstofnun minnkaði nokkuð á árinu 1996, annað árið í röð. Í árslok 1996 var verðmæti ríkisbréfa, ríkisvíxla, spariskírteina og húsbréfa í eigu bankans um 13 milljarðar króna sem er um helmingi lægri upphæð en á árinu 1994.

Verðmæti útgefinna hlutabréfa meira en tvöfaldaðist á árinu 1996 og í árslok nam markaðsverðmæti hlutabréfa 131½ milljarði samanborið við 65 milljarða árið 1995 og 35 milljarða árið 1993.

Vaxtaþróun. Í septembermánuði síðastliðnum greip Seðlabankinn til aðhaldsaðgerða í peningamálum til að draga úr þenslu og höfðu þær í för með sér um ½% vaxtahækkun á ríkisvíxlum. Þrátt fyrir það var ávöxtun ríkisvíxla í árslok 1996 lægri en í árslok 1995. Í kjölfar aðgerða Seðlabankans hækkuðu bankar útlánsvexti sína og í árslok 1996 nam nafnávöxtun víxillána 13½% og hafði hækkað um 0,7% á einu ári. Þessi þróun hafði í för með sér að vaxtamunur ríkisvíxla og útlánsvíxla hækkaði um 1 prósentustig á árinu og var um 6½% í árslok 1996.

Vaxtaþróun

	September 1993 %	Desember 1994 %	Desember 1995 %	Desember 1996 %
Nafnávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla á Verðbréfaþingi	9,5	6,1	7,3	7,0
Nafnávöxtun útlánsvíxla banka, meðaltal	19,8	12,2	12,7	13,4
Vaxtamunur	10,3	6,9	5,4	6,4
Raunávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á Verðbréfaþingi	6,9	5,1	5,9	5,6
Meðalávöxtun verðtryggðra útlána banka	9,4	7,9	8,7	8,9
Vaxtamunur	2,5	2,8	2,8	3,3

Þróun langtímavaxta á árinu 1996 var með svipuðum hætti og þróun skammtímavaxta, þ.e. ávöxtun spariskírteina lækkaði á meðan ávöxtun verðtryggðra útlána bankanna hækkaði. Raunávöxtun skuldabréfalána banka hefur ekki verið hærri síðan á árinu 1993. Vaxtamunur spariskírteina ríkissjóðs og verðtryggðra útlána bankanna jókst um ½% á árinu 1996 og var vaxtamunurinn kominn í 3,3% í árslok.

Á myndinni má sjá samanburð á ávöxtun þriggja mánaða ríkisvíxla hér og í þremur öðrum ríkjum sem bjuggu við svipað verðbólgustig og var hér á landi á síðasta ári. Þannig var mismunur á ávöxtun íslenskra ríkisvíxla og meðaltali erlendra ríkisvíxla vegið með viðskiptavog, ríflega þrjú prósentustig í árslok sem er um 1 prósentustigi hærra en um mitt árið. Svipaða sögu er að segja um langtímaávöxtun og í árslok var mismunur á ávöxtun 5 ára ríkisverðbréfa hér og erlendis yfir 4% í árslok samanborið við 2½% vaxtamun um mitt árið.

Þriggja mánaða ríkisvíxlar



Erlendar skuldir þjóðarbúsins. Útlit er fyrir að erlendar skuldir þjóðarbúsins í hlutfalli við landsframleiðslu munu lækka á þessu ári, þriðja árið í röð, þrátt fyrir að nokkur halli hafi orðið á viðskiptum við útlönd. Gert er ráð fyrir að erlendar nettóskuldir Íslendinga hafi numið um 47% af landsframleiðslu á árinu 1996, en árið 1993 var hlutfallið rúmlega 54%. Með lækkandi skuldum og endurfjármögnun erlendra lána hefur greiðslubyrði þeirra minnkað. Á árinu 1996 var greiðslubyrði erlendra lána sem hlutfall af útflutningstekjum um 22%, samanborið við rúmlega 34% árið 1994.

Afkoma hins opinbera. Samanlagður halli á rekstri hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, árið 1996 er áætlaður um 1½% af landsframleiðslu, miðað við alþjóðlegar skilgreiningar. Tvennt þarf að hafa í huga þegar þessi tala er borin saman við afkomu ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum. Annars vegar bætist hér við halli á rekstri sveitarfélaga, hins vegar er hið opinbera gert upp á svonefndum rekstrargrunni í alþjóðlegum samanburði á meðan fjárlög eru

gerð upp á greiðslugrunni. Þetta þýðir að ýmsar áfallnar skuldbindingar ríkissjóðs sem ekki eru komnar til greiðslu, svo sem vextir af spariskírteinum og lífeyrisskuldbindingar, eru teknar með í afkomu hins opinbera, en þær eru utan fjárlaga.

Á árinu 1995 er áætlað að halli á rekstri sveitarfélaga hafi verið um 1½ milljarður króna sem er mun betri afkoma en árið 1994, en þá var um 7 milljarða halli. Batnandi afkoma stafar bæði af auknum tekjum og lækkun útgjalda, sérstaklega til fjárfestingar. Í fjárhagsáætlunum fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir enn minni hallarekstri sveitarfélaga og búist er við að þær áætlanir hafi staðist.

Afkoma hins opinbera hér á landi er góð sé litið á hana í alþjóðlegu samhengi. Í Maastricht-skilmálum Evrópusambandsins er kveðið á um að halli hins opinbera þurfi að vera innan við 3% af landsframleiðslu og heildarskuldir innan við 60% af landsframleiðslu til þess að ríkin geti orðið aðilar að Myntbandalagi Evrópu (EMU). Fjögur Evrópuríki, þar af aðeins eitt aðildarríki, uppfylla öll skilyrði fyrir þátttöku og er Ísland í þeirra hópi.

Árið 1996 er talið að halli hins opinbera hér á landi hafi numið um 1½% af landsframleiðslu og heildarskuldir séu nálægt 55½%. Til samanburðar má nefna að halli hins opinbera í OECD-ríkjunum árið 1996 er áætlaður rúm 3% og skuldir 74% að meðaltali og um 0,7% og 65% að meðaltali á hinum Norðurlöndunum.

3 Tekjur ríkissjóðs

Útkoman 1996. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 120,9 milljarðar króna. Frá því að sú áætlun var gerð í lok árs 1995 hafa ýmsar forsendur breyst. Mestu munar um meiri tekjubreytingar og aukinn kaupmátt heimila í kjölfar meiri útflutningstekna sem aftur endurspeglast í auknum umsvifum almennt. Þá bendir ýmislegt til þess að aukið framboð á lánsfé eigi hér einnig hlut að máli. Aukin eftirspurn birtist einkum í meiri vöruinnflutningi eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu, ekki síst á bifreiðum og ýmsum varanlegum neysluvörum. Á tekjuhlið ríkissjóðs koma þessi áhrif því bæði fram í auknum tekju- og launasköttum sem og veltusköttum, einkum af innflutningi.

Breytingar helstu þjóðhagsstærða

	Fjárlög 1996 %	Útkoma 1996 %	Frávik
Einkaneysla	4,2	7,0	2,8
Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga	5,6	8,7	3,1
Almennur vöruinnflutningur án olíu	3,2	10,1	6,9
Útflutningur vöru og þjónustu	0,4	5,2	4,8
Landsframleiðsla	3,2	5,5	2,3
Þjóðartekjur	3,7	4,9	1,1
Ráðstöfunartekjur á mann	6,3	7,2	0,9
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	3,5	4,6	1,1
Vísitala framfærslukostnaðar	2,7	2,3	-0,4
Atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla	4,4	4,3	-0,1

Heildarniðurstaðan varð því sú að tekjur ríkissjóðs urðu 6,9 milljörðum króna hærri á árinu 1996 en búist var við, eða 127,7 milljarðar króna. Þar af námu viðbótarskatttekjur 6,6 milljörðum króna.

Skipting ríkissjóðstekna

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting 1995-96 m.kr.
Tekjuskattar	**20.992**	**21.850**	**25.564**	**3.714**	**4.572**
Einstaklingar	16.750	17.250	21.371	4.121	4.621
Fyrirtæki	4.242	4.600	4.193	-407	-49
Tryggingagjöld	11.453	12.865	13.569	704	2.116
Eignarskattar	3.627	3.565	3.799	234	171
Skattar á vörur og þjónustu	**69.929**	**74.655**	**76.583**	**1.928**	**6.655**
Virðisaukaskattur	42.358	45.820	45.692	-128	3.334
Innflutnings- og vörugjöld	8.832	9.441	10.505	1.064	1.673
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6.148	6.500	7.266	766	1.118
Bifreiðagjöld	8.607	8.825	9.224	399	617
Aðrir skattar	3.984	4.069	3.896	-174	-88
Aðrar tekjur	**8.412**	**7.930**	**8.220**	**290**	**-192**
Vaxtatekjur	5.139	5.200	5.122	-78	-17
Arðgreiðslur o.fl.	3.273	2.730	3.098	368	-175
Heildartekjur ríkissjóðs	**114.413**	**120.865**	**127.735**	**6.870**	**13.322**
Þar af skatttekjur	**106.001**	**112.935**	**119.515**	**6.580**	**13.514**

Samanborið við fyrra ár jukust tekjur ríkissjóðs um 12% í fyrra, eða svipað og almenn þjóðarútgjöld. Landsframleiðsla jókst minna, eða um 5½%, og hlutfall skatttekna af landsframleiðslu hækkar því lítillega frá árinu 1995.

Hér á eftir er fjallað nánar um einstaka tekjuliði, helstu frávik frá áætlun fjárlaga og samanburð við fyrra ár.

Tekjuskattur einstaklinga. Á árinu 1996 skilaði tekjuskattur einstaklinga mun meiri tekjum en reiknað var með, eða ríflega 4 milljörðum umfram áætlun fjárlaga. Að baki liggja margvíslegar skýringar. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir 6% hækkun atvinnutekna á mann frá fyrra ári. Nú benda upplýsingar úr staðgreiðslukerfi tekjuskatts til þess að hækkunin hafi verið töluvert meiri, eða 8-9%. Þetta birtist meðal annars í viðbótartekjum af staðgreiðsluskatti og skýrir að stærstum hluta frávikið frá fjárlögum. Þá virðast skattskil einnig hafa batnað. Ennfremur eru greiðslur barnabótaauka heldur lægri vegna meiri tekjubreytinga, en á móti vega auknar greiðslur vaxtabóta. Að lokum er innheimta á eftirstöðvum fyrri ára betri en miðað var við í forsendum fjárlaga.

Tekjuskattur fyrirtækja. Þrátt fyrir batnandi afkomu þjóðarbúsins undanfarin misseri stóð álagning tekjuskatts á lögaðila nánast í stað milli áranna 1995 og 1996. Í fjárlögum hafði hins vegar verið gert ráð fyrir nokkurri aukningu. Skýringa á þessari þróun virðist að hluta vera að leita í meiri nýtingu á yfirfæranlegu tapi frá fyrri árum en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Einnig bendir ýmislegt til þess að fyrirtækin hafi nýtt sér í ríkari mæli en talið var tímabundna heimild til flýtifyrninga, en hún gilti fyrir árin 1994 og 1995. Þetta er talið skýra minni tekjur af þessum skattstofni en miðað var við í fjárlögum, sem og lítilsháttar samdrátt milli ára.

Í meðfylgjandi töflu er birt nánari skipting á staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars fyrir árin 1995 og 1996.

Tekjuskattur einstaklinga

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Staðgreiðsla, brúttó	**44.055**	**46.210**	**51.078**	**4.868**
Útsvar sveitarfélaga	-19.369	-20.200	-21.379	-1.179
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-1.433	-1.520	-1.486	34
Barnabætur, barnabótaauki	-4.731	-5.205	-4.866	339
Vaxtabætur	-3.155	-3.300	-3.486	-186
Hlutur ríkisins í staðgreiðslu, nettó	**15.367**	**15.985**	**19.861**	**3.876**
Fyrirframgreiðsla hátekjuskatts	301	315	332	17
Innheimta á eftirstöðvum fyrri ára	1.082	950	1.178	228
Tekjuskattur einstaklinga alls	**16.750**	**17.250**	**21.371**	**4.121**
Tekjuskattur fyrirtækja	4.242	4.600	4.193	-407
Samtals	**20.992**	**21.850**	**25.564**	**3.714**

Tryggingagjöld. Meiri tekjubreytingar á síðasta ári en miðað var við í forsendum fjárlaga er meginskýring þess að tekjur af tryggingagjaldi urðu 700 m.kr. hærri á liðnu ári en búist var við. Þessi þróun skýrir einnig að hluta aukninguna milli ára. Þyngra vegur þó 0,5% hækkun tryggingagjalds, sem tók gildi í ársbyrjun 1996, til þess að vega á móti tekjutapi ríkissjóðs vegna skattfrelsis lífeyrisiðgjalda launþega. Þá var ábyrgðargjald vegna launa í gjaldþrotum lækkað sem skýrir samdrátt þess milli ára.

Tekjur af tryggingagjöldum

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tryggingagjald	10.673	12.200	12.883	683
Ábyrgðargjald	320	200	218	18
Framkvæmdasjóður aldraðra	460	465	468	3
Samtals	**11.453**	**12.865**	**13.569**	**704**

Eignarskattar. Þó svo að álagning eignarskatts hjá einstaklingum hafi verið svipuð og reiknað var með í forsendum fjárlaga urðu skil og innheimta hans nokkru betri en búist var við. Sama er að segja um eignarskatta fyrirtækja. Það skýrir frávik þessara tekjustofna frá áætlun fjárlaga, sem jafnframt gæti verið merki um rýmri fjárhag, jafnt heimila sem fyrirtækja.

Eignarskattar

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Eignarskattur	1.496	1.415	1.469	54
Sérstakur eignarskattur	151	145	143	-2
Erfðafjárskattur	389	390	460	70
Einstaklingar alls	**2.036**	**1.950**	**2.072**	**122**
Eignarskattur	1.325	1.345	1.436	91
Sérstakur eignarskattur	266	270	291	21
Fyrirtæki alls	**1.591**	**1.615**	**1.727**	**112**
Samtals	**3.627**	**3.565**	**3.799**	**234**

Virðisaukaskattur. Í fjárlögum ársins 1996 voru tekjur af virðisaukaskatti áætlaðar 45,8 milljarðar króna. Forsendur þeirrar áætlunar voru sem endranær spár um þróun þjóðarútgjalda, einkum þó einkaneyslu, eins og þær lágu fyrir við samþykkt fjárlaga í lok árs 1995. Reiknað var með 5½% aukningu þjóðarútgjalda og ríflega 5% aukningu einkaneyslu. Þá var miðað við 2½% meðalhækkun á verðlagi. Nú virðist sem aukning þjóðarútgjalda hafi orðið um 9% á síðasta ári og aukning einkaneyslu um 7%, en verðlagsþróunin varð svipuð og miðað var við. Frávikið frá fyrri spá er því um 3%.

Tekjur af virðisaukaskatti

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Virðisaukaskattur af innflutningi	26.301	27.600	31.291	3.691
Virðisaukaskattur af innlendri starfsemi	18.787	20.920	17.535	-3.385
Virðisaukaskattur alls	**45.088**	**48.520**	**48.826**	**306**
- Endurgreitt vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði	-1.011	-1.100	-1.141	-41
- - til opinberra aðila	-1.070	-950	-1.273	-323
- - af húshitun, matvöru o.fl.	-649	-650	-720	-70
Virðisaukaskattur - endurgreiðslur	**42.358**	**45.820**	**45.692**	**-128**

Þessa gætir þó ekki í auknum tekjum af virðisaukaskatti. Sú þróun á sér ýmsar skýringar. Þar vega þyngst auknar fjárfestingar fyrirtækja undanfarin misseri eftir langvarandi samdrátt.

Þetta veldur ákveðinni tilfærslu eða töf í innheimtu virðisaukaskatts. Þá er samkeppni milli fyrirtækja afar hörð, einkum í ýmsum greinum verslunar, sem hefur leitt til lægri álagningar og minni virðisauka. Einnig kann aukin hagræðing í rekstri, meðal annars vegna sameiningar fyrirtækja, að tefja skil milli einstakra tímabila. Jafnframt hefur velta í starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti aukist umfram skattskylda veltu sem einnig gæti átt hér hlut að máli. Þar má nefna aukin ferðalög Íslendinga til útlanda sem eykur einkaneyslu án þess að skila ríkissjóði viðbótartekjum af virðisaukaskatti. Ekkert bendir hins vegar til þess að innskattssvik séu að aukast í einhverjum mæli sem skýrt gæti þróun virðisaukaskatts. Á hinn bóginn kann að gæta hér svipaðrar tilhneigingar og víða erlendis, til dæmis í Bretlandi og Svíþjóð, þar sem skattaðilar með aðstoð sérfræðinga leita í vaxandi mæli nýrra leiða til að komast hjá skattgreiðslum án þess að um bein svik sé að ræða. Markmiðið er að nýta sér allar þær smugur sem fyrirfinnast í kerfinu. Svipað gæti verið upp á teningnum hér á landi.

Að lokum var endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði breytt síðastliðið vor í tengslum við breytingar á vörugjaldi, úr 100% í 60%. Áhrif þessarar breytingar komu aðeins að litlu leyti fram á árinu 1996, meðal annars vegna tafa í framkvæmd.

Innflutnings- og vörugjöld. Samkvæmt bráðabirgðatölum jókst almennur vöruinnflutningur um nær fimmtung milli áranna 1995 og 1996. Þetta endurspeglast í viðbótartekjum ríkissjóðs af innflutnings- og vörugjöldum, bæði frá forsendum fjárlaga og milli ára. Mestu munar um þriðjungs aukningu í innflutningi bifreiða.

Tekjur af innflutnings- og vörugjöldum

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tollar, innflutningsgjöld	1.737	1.817	1.813	-4
Vörugjald af bifreiðum	2.474	2.605	3.326	721
Vörugjald af bensíni	1.662	1.785	1.934	149
Almenn vörugjöld	2.835	3.100	3.023	-77
Álgjald	124	134	409	275
Samtals	**8.832**	**9.441**	**10.505**	**1.064**

Tollar. Í fjárlögum var miðað við að tolltekjur og ýmis smærri innflutningsgjöld breyttust nokkurn veginn í samræmi við almennar þjóðhagsforsendur og næmu 1,8 milljörðum króna á árinu 1996. Miðað við aukinn vöruinnflutning hefði sú fjárhæð átt að vera hærri en raun varð á. Skýringa þess er meðal annars að leita í niðurfellingu ýmissa jöfnunartolla eftir að fjárlög voru samþykkt, en einnig kann að gæta tilflutnings milli viðskiptasvæða. Þannig er innflutningur iðnaðarvara frá aðildarríkjum EES tollfrjáls, á meðan lagður er tollur á sams konar vörur séu þær fluttar inn annars staðar frá.

Vörugjald af bifreiðum. Eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu jukust tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi bifreiða um rúmlega 700 m.kr. frá áætlun fjárlaga. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir lækkun gjaldsins eftir að fjárlög voru samþykkt sem talin er hafa skert tekjurnar um 100 m.kr. að öðru óbreyttu. Aukinn bifreiðainnflutningur gerir því gott betur en að vega upp það tekjutap, enda voru fluttir inn 2.600 fleiri bílar en miðað var við í forsendum fjárlaga fyrir árið 1996. Vaxandi bifreiðainnflutningur er gjarnan talinn merki um uppsveiflu í þjóðarbúskapnum, en hann jókst um þriðjung milli áranna 1995 og 1996.

Fjöldi innfluttra bifreiða 1990 - 1996

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Fjárlög 1996	Útkoma 1996	Frávik
Fólksbifreiðar	6.814	9.402	7.261	5.679	5.571	6.928	7.100	9.506	2.406
Atvinnubifreiðar	2.005	2.498	1.408	773	724	949	850	1.093	243
Samtals	**8.819**	**11.900**	**8.669**	**6.452**	**6.295**	**7.877**	**7.950**	**10.599**	**2.649**

Vörugjald af bensíni. Samkvæmt gildandi lögum er álagning vörugjalds á bensín með tvennum hætti. Annars vegar er fast gjald á hvern seldan lítra, en það er markaður tekjustofn til vegagerðar sem fjallað er nánar um hér á eftir. Hins vegar er 97% vörugjald sem lagt er á cif-verðmæti innflutnings. Í fjárlögum ársins 1996 var gert ráð fyrir að tekjur af síðarnefnda gjaldinu yrðu tæplega 1.800 m.kr., en vegna verðhækkana á erlendum mörkuðum urðu þær 150 m.kr. meiri en reiknað var með.

Almenn vörugjöld. Síðastliðið vor voru samþykktar á Alþingi umfangsmiklar breytingar á álagningu vörugjalds í kjölfar athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA. Í breytingunum fólst meðal annars fækkun gjaldflokka, álagning magngjalds í stað verðgjalds á sælgæti, öl og gosdrykki, auk lækkunar á gjaldinu og þrenging á skattskyldusviðinu svo eitthvað sé nefnt. Einnig var greiðslufrestur gjaldsins samræmdur milli innfluttra vara og innlendrar framleiðslu. Þessar breytingar eru taldar skerða tekjur ríkissjóðs um 400 m.kr. á heilu ári, en eins og áður er komið fram var hluta af því tekjutapi mætt með breytingum á endurgreiðslum virðisaukaskatts. Greiðsluáhrif þessara breytinga eru talin nema um 250 m.kr. á árinu 1996, en á móti vegur aukinn innflutningur á vörugjaldsskyldum vörum.

Skil ÁTVR. Við afgreiðslu fjárlaga í lok árs 1995 ríkti talsverð óvissa um áætlaðar tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks. Annars vegar sneri hún að innheimtu á sérstöku áfengisgjaldi í kjölfar breyttra laga sem tóku gildi hinn 1. september 1995. Meginbreytingin felst í því að nú er gjaldið innheimt þegar við innflutning í stað þess að vera hluti af hagnaði ÁTVR. Hins vegar var óljóst hvaða áhrif breytt fyrirkomulag hefði á endanleg hagnaðarskil ÁTVR. Niðurstaðan varð sú að reikna með 6½ milljarðs króna heildartekjum af þessum gjaldstofnum, þ.e. áfengisgjaldi, tóbaki og eiginlegum hagnaði ÁTVR, fyrir árið 1996.

Tekjur af sölu áfengis og tóbaks

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	5.164	2.673	2.673	-
Vörugjald af áfengi	984	3.827	4.593	766
Samtals	**6.148**	**6.500**	**7.266**	**766**

Framvindan á síðasta ári varð hins vegar nokkuð önnur en búist var við. Þannig skilaði ÁTVR um 430 m.kr. af hagnaði fyrra árs í ríkissjóð í febrúar síðastliðnum. Þá urðu tekjur af áfengisgjaldi talsvert meiri en reiknað var með í fjárlögum. Þegar allt er lagt saman skilaði þessi tekjustofn tæplega 800 m.kr. meiri tekjum en miðað hafði verið við.

Bifreiðagjöld. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir að heildartekjur af þessum skattstofnum næmu 8,8 milljörðum króna. Niðurstaðan varð hins vegar 9,2 milljarðar, eða um 400 m.kr. umfram áætlun. Mestu munar um auknar tekjur af þungaskatti, samtals um 250 m.kr. Að

baki liggja margvíslegar skýringar. Í fyrsta lagi má nefna liðlega 4% gjaldskrárhækkun sem ekki var reiknað með í forsendum fjárlaga. Í öðru lagi var eindaga gjaldsins flýtt um einn mánuð sem hafði jákvæð greiðsluáhrif á árinu 1996. Síðast en ekki síst hafa skil á þungaskattinum batnað eftir að framkvæmd álagningar og eftirliti með innheimtu var breytt.

Þá hækkaði bensíngjaldið um 3% í upphafi árs, en í forsendum fjárlaga var miðað við að það héldist óbreytt. Sú breyting ein og sér hefði átt að skila ríkissjóði um 140 m.kr. í viðbótartekjur. Á móti kemur að hætt var að selja bensín með blýi, en á það var lagt hærra bensíngjald. Bensínsala varð hins vegar svipuð og gert var ráð fyrir.

Tekjur af bifreiðagjöldum

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Sérstakt vörugjald af bensíni	4.509	4.580	4.674	94
Þungaskattur, km-gjald	1.649	1.660	1.879	219
Þungaskattur, árgjald	684	760	793	33
Markaðar tekjur til vegagerðar	**6.842**	**7.000**	**7.346**	**346**
Bifreiðagjald	1.765	1.825	1.878	53
Samtals	**8.607**	**8.825**	**9.224**	**399**

Aukinn bifreiðainnflutningur endurspeglast í viðbótartekjum af bifreiðagjaldi, en innheimta þess varð rúmlega 50 m.kr. meiri á síðasta ári en reiknað var með.

Aðrir skattar. Veigamesti tekjustofninn í þessum flokki, þ.e. þinglýsingar og stimpilgjöld, skiluðu svipuðum tekjum á síðasta ári og búist var við. Á hinn bóginn voru aukatekjur ríkissjóðs og ríkisábyrgðargjaldið undir áætlun sem gæti verið merki um batnandi þjóðarhag.

Aðrir skattar

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Þinglýsingar, stimpilgjöld	2.343	2.459	2.453	-6
Aukatekjur	906	950	873	-77
Ríkisábyrgðargjald	322	250	182	-68
Aðrir skattar	413	410	388	-22
Samtals	**3.984**	**4.069**	**3.896**	**-173**

Aðrar tekjur. Þessi tekjuliður nær til þeirra tekna ríkissjóðs sem ekki teljast skatttekjur, en samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að hann skilaði nálægt 8 milljörðum króna á þessu ári. Sú áætlun hefur að mestu gengið eftir þótt nokkru muni á einstökum liðum. Þannig urðu vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs talsvert meiri en áætlað var, en á móti vega minni dráttarvaxtatekjur, meðal annars vegna betri innheimtu. Á hinn bóginn skilaði sala á ýmsum eignum ríkisins meiri tekjum á síðasta ári en miðað var við í forsendum fjárlaga. Sama er að segja um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja.

Aðrar tekjur

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Vaxtatekjur	5.139	5.200	5.122	-78
Arðgreiðslur	2.842	2.280	2.505	225
Sala eigna	109	100	246	146
Aðrar tekjur	322	350	347	-3
Samtals	**8.412**	**7.930**	**8.220**	**290**

4 Gjöld ríkissjóðs

Heildaryfirlit 1996. Útgjöld A-hluta ríkissjóðs á árinu 1996 námu alls 139,7 milljörðum króna. Að frádregnum 10 milljarða króna vaxtagjöldum vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina námu gjöldin 129,7 milljörðum samanborið við 123,3 milljarða króna árið áður. Gjöldin eru 26,2% af landsframleiðslu og lækkar það hlutfall um 0,9% frá árinu 1995. Hlutfall ríkisútgjalda af landsframleiðslu hefur ekki verið lægra í hart nær áratug, eða frá því árið 1987. Samanborið við fjárlög ársins fóru gjöldin 4,9 milljörðum króna fram úr áætlun.

Útgjöld ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Fjár-heimildir m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.	Breyting '95 - '96 %
Rekstrargjöld	48.050	50.602	52.002	52.256	1.654	8,8
Tryggingagreiðslur, niðurgreiðslur o.fl.	47.739	48.390	50.318	49.678	1.288	4,1
Vextir	12.440	13.050	23.900	23.832	10.782	91,6
Viðhald	3.981	3.717	3.870	3.936	219	-1,1
Stofnkostnaður	11.134	9.058	11.082	10.028	970	-9,9
Samtals	**123.344**	**124.817**	**141.171**	**139.730**	**14.913**	**13,3**
Vextir vegna sérstakrar innlausnar sparisk.	-	-	10.100	10.013	-	-
Samtals, án áhrifa innköllunar á vexti	***123.344***	***124.817***	***131.071***	***129.717***	***4.900***	***5,2***

Í töflunni koma fram heildargjöld A-hluta ríkissjóðs árið 1996, samanburður við útgjöld 1995, fjárlög 1996 og fjárheimildir 1996. Hafa ber í huga, að allar fjárlagatölur eru birtar með þeim millifærslum fjárheimilda milli tegunda og viðfangsefna sem gerðar eru innan ársins. Fjárheimildir ársins samanstanda af fjárlögum og fjáraukalögum og þar er meðtalin vaxtagjaldaheimild vegna innlausnar spariskírteina. Frekari sundurliðun fjárheimilda er að finna í hefti ríkisbókhalds um greiðsluuppgjör ríkisins 1996 sem gefið er út samhliða þessari skýrslu.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisútgjöldin eftir ráðuneytum, samkvæmt svokallaðri hagrænni flokkun ríkisútgjalda, innan hvers ráðuneytis fyrir sig. Með því er átt við skiptingu í almenn rekstrarútgjöld stofnana ríkisins, tryggingagreiðslur og aðrar framlagsgreiðslur, vaxtagreiðslur, viðhald og stofnkostnað.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 124,8 milljarðar króna, en það var hækkun um 1,5 milljarða króna frá útkomu ársins 1995. Þar af var hækkun rekstrargjalda áætluð 2,5 milljarðar króna, tilfærslna 0,8 milljarðar og vaxtagjalda 0,6 milljarðar. Á móti lækkuðu viðhalds- og stofnkostnaðarheimildir um 2,4 milljarða króna.

Eins og áður sagði urðu heildarútgjöld 4,9 milljarðar króna umfram fjárlög. Rekstrarútgjöldin fóru 1,8 milljarða umfram fjárlög, þar af um 600 m.kr. vegna aukinna framlaga til sjúkrahúsa og heilsugæslu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla þeirra, um 280 m.kr. vegna kjarasamninga og 200 m.kr. vegna rekstrarhalla grunnskóla.

Helstu frávik gjalda frá fjárlögum 1996

	Í m.kr.
Sjúkratryggingar	940
Vaxtagjöld (fyrir utan hækkun vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina	770
Viðbótarframlög til sjúkrastofnana	600
Vegagerðin	400
Nýting stofnkostnaðarheimilda frá fyrra ári	330
Greiðslur vegna landbúnaðarmála	290
Kjarasamningar (hjúkrunarfræðingar, lögreglumenn, tollverðir, o.fl.)	280
Greiðslur ríkissjóðs vegna snjóflóða	230
Aukin útgjöld grunnskóla	200
Ýmis umframgjöld	860
Heildarfrávik gjalda frá fjárlögum	**4.900**

Rekstrartilfærslur urðu 1,1 milljarði króna umfram fjárlög. Munar þar langmest um viðbótargreiðslur til sjúkratrygginga, eða 940 m.kr. Er það frávik skýrt nánar í umfjöllun um heilbrigðisráðuneytið hér á eftir. Umframgreiðslur að öðru leyti eru mestar vegna sauðfjárframleiðslu, 230 m.kr. en þar er að verulegu leyti um tilfærslu milli ára að ræða.

Vaxtagreiðslur urðu 770 m.kr. umfram fjárlög og er það 5,9% frávik. Þá eru undanskilin 10 milljarða króna útgjöld vegna innlausnar spariskírteina eins og áður hefur komið fram. Viðhald og stofnkostnaður nam samtals 13,9 milljörðum króna og er það 1,2 milljörðum umfram fjárlög, en 1 milljarði innan fjárheimilda. Frávik frá fjárlögum skýrast einkum af 400 m.kr. viðbótarfjárveitingu til Vegagerðarinnar, auk þess sem inneignir fyrri ára eru nýttar árið 1996. Þar má nefna 70 m.kr. framlag til Vestfjarðaaðstoðar, 190 m.kr. vegna framkvæmda við framhaldsskóla og aðrar 70 m.kr. vegna byggingar sendiráðs.

Skipting útgjalda eftir ráðuneytum

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins	1.389	1.321	1.509	189	120
Forsætisráðuneyti	818	543	788	245	-31
Menntamálaráðuneyti	17.333	19.335	19.702	367	2.369
Utanríkisráðuneyti	1.866	1.907	1.992	85	126
Landbúnaðarráðuneyti	6.984	6.986	7.304	317	320
Sjávarútvegsráðuneyti	1.124	1.216	1.267	51	143
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	6.152	6.035	6.344	309	192
Félagsmálaráðuneyti	9.386	9.029	9.338	309	-48
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	49.939	50.096	51.738	1.642	1.799
Fjármálaráðuneyti	4.168	4.546	4.578	33	410
Samgönguráðuneyti	9.419	8.269	8.806	537	-613
Iðnaðarráðuneyti	1.217	1.166	1.174	7	-43
Viðskiptaráðuneyti	198	203	207	4	9
Hagstofan	149	164	162	-2	13
Umhverfisráðuneyti	761	951	991	40	230
Vextir	12.440	13.050	23.832	10.782	11.392
Samtals	**123.343**	**124.817**	**139.730**	**14.913**	**16.387**
Þ.a. vextir, innköllun spariskírteina	-	-	10.013	10.013	-
Samtals, án áhrifa innlausnar á vexti	***123.343***	***124.817***	***129.717***	***4.900***	***16.387***

Í tengslum við gerð frumvarps til fjáraukalaga var útkoman endurmetin í september og var þá talið að útgjöldin gætu orðið um 128,7 milljarðar króna, eða 3,9 milljörðum hærri en fjárlög. Í meðförum þingsins bættust við um 0,5 milljarða útgjöld. Endanleg útkoma varð síðan 129,7 milljarðar. Í fjáraukalögum voru samþykktar gjaldaheimildir að fjárhæð 16,4 milljarðar króna. Þar af voru 10,1 milljarður til að mæta vaxtagjöldum vegna sérstakrar innlausnar spariskírteina. Þá voru 1,6 milljarðar króna vegna yfirfærslu heimilda og gjalda frá árinu 1995. Afgangurinn, 4,7 milljarðar, voru nýjar heimildir á árinu. Í árslok 1996 námu ónýttar heimildir 2,7 milljörðum króna, en á móti standa umframgjöld að fjárhæð 1,3 milljarðar. Í síðara frumvarpi til fjáraukalaga ársins 1996 verður gerð grein fyrir áætluðum flutningi heimilda og gjalda til ársins 1997.

Hér á eftir er fjallað nánar um útgjöld einstakra ráðuneyta árið 1996 í samanburði við fjárlög og útgjöld ársins 1995.

Æðsta stjórn ríkisins. Rekstrargjöldin reyndust 1.095 m.kr. eða 23 m.kr. umfram fjárlög. Greiðslur til embættis forseta Íslands urðu 10 m.kr. umfram fjárlög og til Alþingis 9 m.kr. Hækkun frá fyrra ári er 62 m.kr., þar af 13 m.kr. hjá forsetaembættinu, 30 m.kr. hjá Alþingi og 11 m.kr. hjá Ríkisendurskoðun og Umboðsmanni Alþingis. Aðrir liðir breytast minna milli ára.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Embætti forseta Íslands	49,3	52,4	62,5	10,1	13,2
Alþingi	675,5	696,6	705,9	9,3	30,4
Ríkisendurskoðun og Umb. Alþingis	181,8	191,9	192,7	0,8	10,9
Ríkisstjórn	65,0	69,7	64,6	-5,1	-0,4
Annar rekstur	62,0	61,9	69,5	7,6	7,5
Rekstrargjöld samtals	**1.033,6**	**1.072,5**	**1.095,2**	**22,7**	**61,6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	131,9	142,0	152,1	10,1	20,2
Stofnkostnaður og viðhald	223,3	106,0	261,8	155,8	38,5
Heildarútgjöld	**1.388,8**	**1.320,5**	**1.509,1**	**188,6**	**120,3**

Tilfærslur urðu svipaðar og ætlað var í fjárlögum, en 10 m.kr. frávik skýrist af tilfærslu innistæðna milli ára hjá Lýðveldissjóði. Hækkun frá fyrra ári skýrist af sömu ástæðum.

Stofnkostnaður og viðhald varð 156 m.kr. umfram fjárlög og hækkar um tæpar 40 m.kr. frá fyrra ári. Skýringa er að leita í 70 m.kr. auknum útgjöldum hjá Alþingi m.a. vegna flýtingar framkvæmda við endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10 og kaupum og breytingum á skrifstofuhúsnæði fyrir embætti forseta Íslands. Ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum, en heimildar var leitað í fjáraukalögum. Hækkun frá fyrra ári skýrist af sömu ástæðum en á móti vegur að framkvæmdir á vegum Bessastaðanefndar lækka um 70 m.kr. milli ára.

Forsætisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 240 m.kr. Sértekjur Húsameistara ríkisins skila sér ekki í samræmi við fjárlög og skýrir það nær alfarið 44 m.kr. umframgjöld ráðuneytisins. Embætti Húsameistara ríkisins var lagt niður um áramótin s.l. en eftir er að ganga frá uppgjöri stofnunarinnar, m.a. innheimta útistandandi reikninga og gera upp skuld á viðskiptareikningi við ríkissjóð. Stefnt er að því að ljúka uppgjörinu á fyrri hluta þessa árs, þannig að

endanleg rekstrarstaða embættisins liggi þá fyrir. Annar rekstur ráðuneytisins er því sem næst í samræmi við fjárlög. Hækkun frá fyrra ári skýrist að mestu af greiðslum til Húsameistara, eða 32 m.kr. en einnig eykst umfang ýmissa verkefna ráðuneytisins, einkum vegna kostnaðar við einkavæðingu sem áður var færður hjá fjármálaráðuneyti, auk kostnaðar við 10 ára afmæli leiðtogafundar Reagans og Gorbachevs.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	100,5	106,1	110,0	3,9	9,5
Annar rekstur	102,5	89,2	129,6	40,4	27,1
Rekstrargjöld samtals	**203,0**	**195,3**	**239,6**	**44,3**	**36,6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	92,5	118,5	101,8	-16,7	9,3
Stofnkostnaður og viðhald	522,5	229,7	446,1	216,4	-76,4
Heildarútgjöld	**818,0**	**543,5**	**787,5**	**244,0**	**-30,5**

Rekstrartilfærslur voru 17 m.kr. innan ramma fjárlaga. Styrkveitingar sem millifærðar voru af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til forsætisráðuneytisins voru ekki að fullu greiddar út á árinu. Þá var framlag til Norrænu ráðherranefndarinnar 5 m.kr. innan fjárlaga, en hækkaði um 7 m.kr. frá fyrra ári.

Greiðslur til viðhalds og stofnkostnaðar urðu 216 m.kr. umfram fjárlög og skýrist nær alfarið af 210 m.kr. viðbótargreiðslum til Byggðastofnunar. Veitt var 140 m.kr. viðbótarfjárveiting til stofnunarinnar af tveimur tilefnum: Vestfjarðaaðstoð og aðstoð við atvinnuuppbyggingu á svæðum þar sem samdráttur í sauðfjárframleiðslu hefur verið hvað mestur. Að auki var 70 m.kr. innistæða frá fyrra ári vegna Vestfjarðaaðstoðar nýtt að fullu. Útgjöld til stofnkostnaðar lækka um 76 m.kr. milli ára, þrátt fyrir þessar umframgreiðslur. Skýringin liggur í enn hærri greiðslum til Byggðastofnunar árið 1995, en þá var svonefnd Vestfjarðaaðstoð að mestu greidd út, eða sem nam 230 m.kr. Þá lækkaði viðhaldskostnaður milli ára um 20 m.kr., þar sem endurbótum á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu lauk árið 1995.

Menntamálaráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins námu 14.517 m.kr. og urðu 370 m.kr. umfram fjárlög, eða 2,6%. Rekstrargjöld háskólastofnana fóru 50 m.kr. umfram fjárlög, að mestu leyti í rekstri Háskóla Íslands og Tækniskóla. Útgjöld framhaldsskóla eru 58 m.kr. umfram fjárlög sem er 1,3% frávik. Greiðslustaða sumra skóla er þó ekki viðunandi, einkum í þeim tilfellum sem bætist við rekstrarhalla fyrri ára. Þar má nefna Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann á Laugarvatni. Á móti vegur m.a. greiðsluafgangur hjá Iðnskólanum í Reykjavík.

Rekstrargjöld grunn- og sérskóla reyndust um 200 m.kr. umfram fjárlög og er það 3,1% frávik. Sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólans frá og með 1. ágúst s.l. en ríkissjóður fjármagnar uppsafnaðan rekstrarhalla sem reyndist nokkuð hærri en ætlað var fyrr á árinu. Nokkur grunnskólaverkefni verða áfram hjá ráðuneytinu, m.a. Námsgagnastofnun, námsskrárgerð og eftirlit með framkvæmd grunnskólalaga.

Umframgjöld safna og listastofnana, eru að fjárhæð 13 m.kr., eða 2,6% og falla að mestu til hjá Þjóðskjalasafni Íslands, Listasafni Íslands og Safnahúsinu við Hverfisgötu. Listasafnið gengur á fjárveitingar til listaverkakaupa, en rekstri Safnahússins er nú breytt og verður í umsjón forsætisráðuneytis.

Önnur umframgjöld í rekstri skýrast af greiðslum til Kvikmyndasjóðs, eða 38 m.kr. og

hlutfallslega er það langmesta frávik innan menntamálaráðuneytisins. Frávikið kemur að mestu fram í lakari greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði, en einnig er gengið á fjárveitingar til styrkveitinga.

Á heildina litið er hækkun rekstrarkostnaðar milli ára hlutfallslega hærri en hjá flestum öðrum ráðuneytum. Skýringin er að verkfall kennara og áhrif kjarasamnings ríkisins við þá sýna útgjöldin árið 1995 hlutfallslega lægri en ella. Þar sem ríkissjóður greiddi eingöngu launakostnað vegna grunnskóla en sveitarfélögin annan kostnað, þá vega áhrif kjarasamninga hlutfallslega þungt miðað við önnur ráðuneyti.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	257,5	266,0	268,0	2,0	10,5
Háskólar og rannsóknir	2.375,2	2.489,7	2.540,5	50,8	165,3
Framhaldsskólar og héraðsskólar	3.911,1	4.421,4	4.479,1	57,7	568,0
Grunnskólar og sérskólar	5.450,2	6.457,9	6.661,0	203,1	1.210,8
Söfn, listastofnanir o.fl.	452,8	476,9	489,5	12,6	36,7
Annar rekstur	52,4	35,1	78,7	43,6	26,3
Rekstrargjöld samtals	**12.499,2**	**14.147,0**	**14.516,8**	**369,8**	**2.017,6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	3.050,5	3.246,7	3.178,7	-68,0	128,2
þ.a. Lánasjóður ísl. námsmanna	1.443,6	1.450,0	1.452,0	2,0	8,4
þ.a. Þjóðleikhúsið	305,4	308,0	295,1	-12,9	-10,3
þ.a. Listasjóðir, listir, framlög	306,3	345,3	324,9	-20,4	18,6
Viðhald og stofnkostnaður	1.783,4	1.941,0	2.006,5	65,5	223,1
Heildarútgjöld	**17.333,1**	**19.334,7**	**19.702,0**	**367,3**	**2.368,9**

Á heildina litið eru rekstrartilfærslur tæplega 70 m.kr. innan fjárlaga. Þar vegur þyngst að greiðslur aðildargjalda til ESB vegna rannsóknarverkefna reyndust lægri en áætlað var, eða 38 m.kr. Þá eru greiðslur styrkja til listamanna 20 m.kr. innan fjárlaga. Tæpur helmingur rekstrartilfærslna ráðuneytisins renna til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, eða 1.450 m.kr., um 300 m.kr. til Þjóðleikhússins og um 300 m.kr. til styrkja listamanna. Hækkun milli ára er mest vegna áðurnefndra aðildargjalda til ESB, eða 44 m.kr. Þá hækka greiðslur vegna jöfnunar námskostnaðar um 15 m.kr.

Viðhald og stofnkostnaður er 66 m.kr. umfram fjárlög. Frávik eru í báðar áttir. Viðhalds- og stofnkostnaður framhaldsskóla er 190 m.kr. umfram fjárlög og skýrist af nýtingu fjárheimilda fyrri ára, m.a. vegna framkvæmda við Borgarholtsskóla. Á móti vegur að greiðslur vegna menningarbygginga urðu 136 m.kr. innan fjárlaga þar sem framkvæmdum við Þjóðminjasafn var frestað og framkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu lauk að mestu árið 1995, en lokafjárveiting var veitt í fjárlögum ársins 1996.

Stofnkostnaður er 223 m.kr. hærri en árið áður. Hjá Háskóla Íslands var hækkunin 70 m.kr. þar sem tekjur Happdrættis Háskólans aukast milli ára. Þá hækka greiðslur til framhaldsskóla um 230 m.kr. þar sem framkvæmdum við Borgarholtsskóla var að hluta seinkað til ársins 1996. Á móti vegur lækkun á öðrum liðum, s.s. Þjóðarbókhlöðu.

Utanríkisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 1.208 m.kr., eða 51 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöldin hjá aðalskrifstofu nema 40 m.kr. og er það svipað frávik eins og árið áður. Ráðuneytið er að vinna greinargerð um ástæður þessa, auk leiða til úrbóta. Nú þegar hefur bókhaldi og áætlanagerð verið breytt til þess að auðvelda greiðslueftirlit innan ársins. Umframgjöld sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli reyndust 20 m.kr. Þar af eru 14 m.kr. til komnar

vegna sérstakra launahækkana til lögreglumanna og tollvarða, en önnur umframgjöld námu 6 m.kr. Rekstur sendiráða var innan fjárlaga, en greiðslustaðan er engu að síður lítillega neikvæð í árslok vegna uppsafnaðs halla fyrri ára.

Eins og fram kemur í töflunni þá hækka rekstrargjöldin milli ára, einkum hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli og skýrist það að hluta til af launahækkunum til lögreglumanna og tollvarða, en auk þess hækkaði annar rekstrarkostnaður embættisins í samræmi við raunhækkun í fjárlögum. Ráðuneytinu hefur ekki gengið sem skyldi að standast fjárlög og ljóst er að grípa þarf til frekari aðhaldsaðgerða.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	398,2	375,3	414,9	39,6	16,7
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	154,0	163,4	183,2	19,8	29,2
Sendiráð og fastanefndir	589,2	617,9	609,5	-8,4	20,3
Rekstrargjöld samtals	**1.141,4**	**1.156,6**	**1.207,6**	**51,0**	**66,2**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	664,1	697,3	662,5	-34,8	-1,6
Stofnkostnaður og viðhald	60,1	53,3	121,7	68,4	61,6
Heildarútgjöld	**1.865,6**	**1.907,2**	**1.991,8**	**84,6**	**126,2**

Rekstrartilfærslurnar eru framlög til þróunarmála, greiðslur aðildargjalda til ýmissa alþjóðastofnana og samningsbundin framlög til verkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður vegna aðstoðar við Palestínumenn, aðildargjöld vegna NATO og kostnaður við ýmis friðargæsluverkefni reyndust lægri en ætlað var í fjárlögum annað árið í röð. Að hluta til er um tilfærslu milli ára að ræða.

Stofnkostnaður varð 68 m.kr. hærri en áætlað var í fjárlögum og skýrist það alfarið af nýtingu fjárheimilda fyrra árs til framkvæmda fyrir sendiráðsbyggingu í Berlín, en ákveðið hefur verið að flytja sendiráðið frá Bonn. Hækkun frá fyrra ári skýrist af sömu ástæðu.

Landbúnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins urðu 886 m.kr., eða 12 m.kr. umfram fjárlög. Frávik koma fram í báðar áttir. Hjá embætti Yfirdýralæknis og Bændaskólanum á Hvanneyri nema umframgreiðslur samtals 17 m.kr. en rekstur Garðyrkjuskólans er 12 m.kr. innan fjárlaga og er sú fjárhæð nýtt til byggingar tilraunagróðurhúss. Hækkun frá fyrra ári er mest vegna sérstaks átaks í framleiðslu og markaðssetningu lífrænna afurða, eða 25 m.kr. Þá hækka greiðslur aðalskrifstofunnar um 14 m.kr., en umsvif hennar hefur aukist verulega á s.l. tveimur árum. Í fjárlögum var landbúnaðarstofnunum gert að auka sértekjur og ríkisframlag lækkað að sama skapi. Þessi áform gengu því sem næst að fullu eftir á árinu.

Af rekstrartilfærslum ráðuneytisins vega þyngst greiðslur til bænda vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu. Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu urðu 2.673 m.kr. og voru 62 m.kr. umfram fjárlög sem skýrist af hækkun grundvallarverðs mjólkur þann 1. febrúar 1996. Þá var greiðslumark mjólkur aukið í september 1996 í samræmi við búvörusamning. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu urðu 228 m.kr. umfram fjárlög. Að hluta til er þar um tilfærslu milli ára að ræða, eða um 140 m.kr. þar sem áhersla var lögð á að ná birgðum í lok verðlagstímabilsins sem lægstum og munu þessi umframútgjöld koma til lækkunar fjárheimildar á þessu ári. Einnig var gengið á innistæður frá fyrra ári. Hækkun rekstrartilfærslna milli ára skýrist af sömu ástæðum.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	98,5	106,7	112,4	5,7	13,9
Landbúnaðarstofnanir	482,0	441,0	443,8	2,8	-38,2
Skógrækt og landgræðsla	302,8	301,7	304,7	3,0	1,9
Sérstakar greiðslur í landbúnaði	0,0	25,0	25,0	0,0	25,0
Rekstrargjöld samtals	**883,3**	**874,4**	**885,9**	**11,5**	**2,6**
Rekstrar- og neyslutilfærslur	5.942,0	5.905,7	6.188,7	283,0	246,7
þ.a. greiðslur v/ mjólkurframleiðslu	2.599,5	2.611,0	2.673,4	62,4	73,9
þ.a. greiðslur v/ sauðfjárframleiðslu	2.731,1	2.727,0	2.954,8	227,8	223,7
Stofnkostnaður og viðhald	158,3	206,3	229,2	22,9	70,9
Heildarútgjöld	**6.983,6**	**6.986,4**	**7.303,8**	**317,4**	**320,2**

Stofnkostnaður og viðhald var 23 m.kr. umfram fjárlög og skýrist það af tvennu. Annars vegar nýtir Garðyrkjuskólinn rekstrarfjárveitingar til stofnkostnaðar, eins og áður var nefnt, hins vegar hefur Bændaskólanum á Hólum verið heimilað að ljúka framkvæmdum við endurbætur á skólahúsum sem nemur 18 m.kr. og munu þær dragast af fjárveitingum ársins 1997.

Sjávarútvegsráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 1.041 m.kr., eða 54 m.kr. umfram fjárlög. Þrátt fyrir þá niðurstöðu er reksturinn lítillega innan marka hjá öllum stofnunum nema Fiskistofu en umframgjöld hennar eru að fjárhæð 72 m.kr. og skýrast alfarið af kostnaði við veiðieftirlitsmenn um borð í íslenskum skipum á Flæmingjagrunni. Fram til miðs árs 1996 bar ríkissjóði að greiða kostnaðinn og nam hann 42 m.kr. á því tímabili. Eftir þann tíma ber útgerðum að greiða þennan kostnað skv. lögum nr. 88/1996, en Fiskistofa leggur út fyrir kostnaðinum og innheimtist hann frá útgerðum eftir á. Útistandandi tekjur Fiskistofu vegna þessa veiðieftirlits námu 42 m.kr. á seinni hluta ársins. Hækkun gjalda frá fyrra ári er 165 m.kr. og munar þar mestu um gjöld Fiskistofu af áðurnefndum ástæðum, eða 119 m.kr. Þá nemur aukning útgjalda hjá Hafrannsóknastofnun 28 m.kr. og 9 m.kr. hjá Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þess má geta að greiðslustaða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er í jafnvægi, en sá árangur náðist síðast árið 1992.

Greiðslugrunnur	Greiðslur 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Greiðslur 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	112,7	132,9	122,7	-10,2	10,0
Rannsókna- og eftirlitsstofnanir	763,4	853,5	917,9	64,4	154,5
Rekstrargjöld samtals	**876,1**	**986,4**	**1.040,6**	**54,2**	**164,5**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	102,6	112,2	123,9	11,7	21,3
Stofnkostnaður og viðhald	145,3	117,2	102,2	-15,0	-43,1
Heildarútgjöld	**1.124,0**	**1.215,8**	**1.266,7**	**50,9**	**142,7**

Tilfærslur reyndust 12 m.kr. umfram fjárlög, sem skýrist af biðlaunagreiðslum hjá Fiskifélagi Íslands sem voru gerðar upp á árinu og reyndust hærri en áætlað var. Hækkun frá fyrra ári skýrist einkum af aukningu á ýmsum verkefnum ráðuneytisins, s.s. starfsmenntun, markaðsöflun, kynningum og tilraunum.

Stofnkostnaður og viðhald varð 15 m.kr. innan fjárlaga og lækkar um 43 m.kr. frá fyrra ári. Mestu munar um lækkun hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem er 12 m.kr. innan fjárlaga og 20 m.kr. lækkun milli ára. Nú er lokið endurbótum á rannsóknarstofu stofnunarinnar sem voru umfangsmiklar árið áður.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Rekstrargjöld ráðuneytisins urðu 5.770 m.kr. eða 226 m.kr. umfram fjárlög. Þar af er kostnaður vegna ákvæða í kjarasamningum lögreglumanna og tollvarða áætlaður 142 m.kr., úrskurður kjaranefndar vegna launa presta 7 m.kr. og sérstök orlofsgreiðsla til dómara 15 m.kr. Að teknu tilliti til þessara kjaratengdu ákvarðana voru aðrar umframgreiðslur 62 m.kr. eins og eftirfarandi umfjöllun skýrir. Greiðslur til dómsmálastofnana urðu 13 m.kr. umfram fjárlög, eða 2,7%, nær alfarið vegna opinberrar réttaraðstoðar. Greiðslur til löggæslustofnana urðu 70 m.kr. umfram fjárlög og af þeirri fjárhæð eru 60 m.kr. hjá Landhelgisgæslunni og fjármagnar stofnunin umframgjöldin með því að nýta innistæðu frá fyrra ári. Þá var veitt viðbótarfjárveiting að fjárhæð 25 m.kr. einkum vegna úthalds varðskips í Smugunni. Á móti vegur að Umferðarráð er 12 m.kr. innan fjárlaga þar sem sértekjur urðu hærri en áætlað var. Útgjöld sýslumannsembætta nema 2.159 m.kr. og er málaflokkurinn í heild 32 m.kr. umfram fjárlög að teknu tilliti til áhrifa kjarasamnings. Nokkur embætti eiga í greiðsluerfiðleikum vegna uppsafnaðs rekstrarhalla, einkum embættið á Akranesi, þar sem staðan er neikvæð um 19 m.kr. Mestu umframgjöldin koma fram á sameiginlegum kostnaði embættanna við að auglýsa og birta kvaðningar vegna ýmissa innheimtuaðgerða, s.s. fjárnáms, nauðungaruppboða o.fl., eða 25 m.kr. umfram fjárlög. Rekstrarútgjöld vegna fangelsismála eru 19 m.kr. innan fjárlaga. Þá er málaflokkurinn kirkjumál 23 m.kr. innan áætlunar og vegur þar þyngst 21 m.kr. afgangur á launalið presta. Gert var ráð fyrir þessum afgangi í fjárlögum, til þess að mæta rekstrarhalla fyrri ára.

Miðað við fyrra ár lækka útgjöld yfirstjórnar, en það skýrist annars vegar af kostnaði við Alþingiskosningar árið 1995 sem var 14 m.kr. hærri en kostnaður við forsetakosningar ári síðar. Hins vegar urðu útgjöld til ýmissa rekstrarverkefna ráðuneytisins 16 m.kr. lægri en árið áður, einkum vegna sértekna örorkumatsnefndar. Aðrir málefnaflokkar hækka milli ára einkum vegna áhrifa kjarasamninga. Einnig hækkuðu fjárveitingar til Embættis lögreglustjóra í Reykjavík, Fangelsismálastofnunar og Biskupsstofu umfram almennar verðbreytingar.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	162,1	141,7	131,4	-10,3	-30,7
Dómsmál	427,4	480,7	509,0	28,3	81,6
Löggæslustofnanir og öryggismál	1.941,2	1.975,1	2.114,3	139,2	173,1
Sýslumenn	1.985,7	2.055,8	2.158,9	103,1	173,2
Fangelsismál	319,8	405,5	386,7	-18,8	66,9
Kirkjumál	440,3	484,9	469,3	-15,6	29,0
Rekstrargjöld samtals	**5.276,5**	**5.543,7**	**5.769,6**	**225,9**	**493,1**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	46,4	116,4	95,7	-20,7	49,3
Viðhald og stofnkostnaður	829,0	375,1	478,8	103,7	-350,2
Heildarútgjöld	**6.151,9**	**6.035,2**	**6.344,1**	**308,9**	**192,2**

Tilfærslur urðu 96 m.kr. eða 21 m.kr. innan fjárlaga. Bætur til þolenda afbrota í samræmi við lög sem tóku gildi á árinu námu 16 m.kr. og voru 29 m.kr. innan fjárlaga. Á móti vegur að greiðslur samkvæmt samningi við Neyðarlínuna hf. vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar

reyndust 7 m.kr. hærri en fjárlög. Greiðslur til ofangreindra verkefna skýra einnig hækkun rekstrartilfærslna milli ára.

Viðhald og stofnkostnaður varð 479 m.kr., eða 104 m.kr. hærri en fjárlög. Frávikið skýrist alfarið af nýtingu á fjárheimild að fjárhæð 119 m.kr. sem flutt var frá fyrra ári, vegna byggingar húss Hæstaréttar sem lokið var við á árinu. Stofnkostnaðargreiðslur lækka verulega frá fyrra ári, eða um 350 m.kr. Þar af eru 275 m.kr. hjá Landhelgisgæslunni, þar sem nýja björgunarþyrlan er nú að fullu greidd. Þá lækka greiðslur til fangelsisbyggingar á Litla-Hrauni um 70 m.kr. og til stjórnsýsluhúss á Akranesi um 48 m.kr. Auk þess lækkuðu greiðslur vegna uppbyggingar tölvukerfa sýslumannsembætta um 40 m.kr. milli ára.

Félagsmálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 2.134 m.kr., eða 25 m.kr. umfram fjárlög. Kostnaðarauki vegna kjarasamninga á árinu 1995 var vanmetinn í fjárlögum og er áætluð viðbót hjá stofnunum fatlaðra um 25 m.kr. Í heildina litið eru aðrar greiðslur því í samræmi við fjárlög. Frávik koma þó fram í báðar áttir. Stjórnsýslustofnanir eru 13 m.kr. innan fjárlaga og skýrist það af 18 m.kr. afgangi Brunamálastofnunar. Tekjur stofnunarinnar sem skv. lögum eru 0,045‰ af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga, hafa reynst verulega hærri en útgjöld stofnunarinnar á undanförnum árum. Á móti vegur að Vinnueftirlitið er 9 m.kr. umfram fjárlög, og gengur þar með á inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði vegna markaðra tekna sem nema 0,07% af tryggingagjaldsstofni. Að teknu tilliti til áhrifa kjarasamninga er rekstrarkostnaður stofnana fatlaðra í samræmi við fjárlög. Gjöld flestra stjórnsýslustofnana lækka lítillega milli ára, mest 7 m.kr. hjá Brunamálastofnun. Rekstrarkostnaður Meðferðarstöðvar ríkisins lækkar milli ára, m.a. vegna lokunar heimilisins að Tindum og opnunar annars heimilis sem er hagkvæmara í rekstri.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	101,3	107,0	107,6	0,6	6,3
Stjórnsýslustofnanir	157,3	156,7	144,1	-12,6	-13,2
Málefni barna og ungmenna	161,3	147,9	147,5	-0,4	-13,8
Málefni fatlaðra	1.570,1	1.658,9	1.694,0	35,1	123,9
Vinnumál	17,4	22,7	23,3	0,6	5,9
Annað	3,3	15,1	17,1	2,0	13,8
Rekstrargjöld samtals	**2.010,7**	**2.108,3**	**2.133,6**	**25,3**	**122,9**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	6.277,6	6.205,8	6.259,0	53,2	-18,6
þ.a. Atvinnuleysistryggingasjóður	3.289,7	3.040,0	3.065,6	25,6	-224,1
þ.a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	2.057,0	2.161,0	2.221,4	60,4	164,4
Stofnkostnaður og viðhald	1.098,1	714,9	945,5	230,6	-152,6
Heildarútgjöld	**9.386,4**	**9.029,0**	**9.338,1**	**309,1**	**-48,3**

Í heild reyndust tilfærslur 53 m.kr. umfram fjárlög, en það er aðeins 0,8% frávik. Greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 3.066 m.kr. og er það því sem næst í samræmi við fjárlögin þrátt fyrir að atvinnuleysi reyndist heldur lægra en áætlað var, eða 4,3% í stað 4,4%. Skýringin er sú að í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að sjóðurinn seldi verðbréf fyrir 130 m.kr., en fallið var frá þeirri ákvörðun. Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðast við 1,4% af skatttekjum ríkisins. Í framhaldi af endurskoðun á innheimtu ríkistekna s.l. haust, var ákveðið að greiða sjóðnum 2.221 m.kr. eða 60 m.kr. umfram fjárlög. Greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa urðu 147 m.kr., eða 53 m.kr. innan fjárlaga og hafa farið ört lækkandi

á undanförnum árum. Markaðar tekjur sjóðsins miðast nú við 0,08% af tryggingagjaldsstofni og tekjur umfram greiðsluskyldu eru færðar sjóðnum til inneignar hjá ríkisbókhaldi. Greiðslur vegna annarra tilfærslna voru að mestu í samræmi við áætlun fjárlaga.

Rekstrartilfærslur lækka um 19 m.kr. frá fyrra ári og skýrast 224 m.kr. með lækkun atvinnuleysis úr 5,0% árið 1995 í 4,3% á s.l. ári. Í reynd skilar lækkunin meiri sparnaði en fram kemur í töflunni, þar sem fallið var frá 130 m.kr. sölu verðbréfa Atvinnuleysistryggingasjóðs. Árið 1995 seldi sjóðurinn verðbréf fyrir 200 m.kr. Framlag til Jöfnunarsjóðs hækkar um 164 m.kr. milli ára. Á móti vega greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa sem lækka um 118 m.kr. Stórum gjaldþrotum fækkar verulega milli ára. Greiðslur vegna húsaleigubóta hækka um 60 m.kr. en aðrir

Stofnkostnaður var 946 m.kr., eða 231 m.kr. umfram fjárlög. Veitt var viðbótarframlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra að fjárhæð 88 m.kr. vegna inneignar á mörkuðum tekjustofni sem tekur mið af innheimtu erfðafjárskatts. Þá voru ónýttar fjárheimildir frá fyrra ári nýttar, bæði hjá Byggingarsjóði verkamanna, 74 m.kr. og hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra 49 m.kr. Stofnkostnaður lækkar um 153 m.kr. frá fyrra ári. Þar vegur þyngst 120 m.kr. lækkun hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra, en nokkrum stórum framkvæmdum lauk árið 1995, m.a. aðstöðu fyrir starfsþjálfun fatlaðra í Hátúni. Þá lækkuðu greiðslur til Byggingarsjóðs verkamanna um 60 m.kr., sem er tilfærsla milli ára. Á móti vegur 23 m.kr. hækkun vegna nýbyggingar Meðferðarstöðvar ríkisins í Grafarvogi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Rekstrargjöld voru 20.399 m.kr., eða 813 m.kr. umfram fjárlög. Er það mesta frávik í rekstri ráðuneyta. Rekstur Tryggingastofnunar ríkisins fór 68 m.kr. umfram fjárlög. Launaútgjöld voru umfram forsendur fjárlaga, en einnig hefur uppbygging tölvukerfa reynst mun fjárfrekari en ætlað var. Umframgreiðslur stjórnsýslustofnana eru að fjárhæð 28 m.kr., eða 18,5% og koma einkum fram hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, eða 21 m.kr. Stofnunin keypti fyrir nokkrum árum heyrnartæki umfram fjárheimildir auk þess sem húsnæðiskostnaður hækkaði með stærra húsnæði án þess að fjárveiting væri hækkuð. Veitt var aukafjárveiting í árslok 1996 til þess að gera upp þennan halla. Sjúkrastofnanir eru umfangsmesti málefnaflokkur ríkisins og rekstrargreiðslur ársins nema 17.648 m.kr. og umframgjöldin eru 659 m.kr. Kjarasamningur ríkisins við hjúkrunarfræðinga var vanmetinn í fjárlögum og að teknu tilliti til þess nema umframgjöldin 545 m.kr., eða 3,1%. Af þeirri fjárhæð skiptast 525 m.kr. nokkuð jafnt á milli Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, en auk þess fóru nokkur minni sjúkrahús umfram fjárlög. Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis yfirfór rekstraráætlanir sjúkrahúsanna í Reykjavík og lagði fram tillögur til úrbóta. Í framhaldinu undirrituðu fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík samkomulag um aðgerðir. Í því fólst m.a. ákvörðun um verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna, aukna samvinnu og nýtingu á húsnæði sem áður var Landakotsspítali. Að auki er gert ráð fyrir hagræðingu í starfsemi skurðdeilda og sameiningu þvottahúsa, breytingu á rekstri leikskóla og hagræðingu í stjórnun og rannsóknum. Áætlað er að samkomulagið feli í sér árlegan sparnað að fjárhæð 370 m.kr. Í kjölfarið var ákveðið að veita spítölunum aukafjárveitingu til þess að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda fyrri ára og skýrir það umframgjöldin.

Hækkun rekstrargjalda frá fyrra ári, að fjárhæð 825 m.kr., skýrist að mestu af sömu ástæðum og að framan greinir. Ríkisspítalar hækka um 200 m.kr. og Sjúkrahús Reykjavíkur um 136 m.kr. Þá eykst umfang nokkurra hjúkrunarheimila í rekstri, m.a. Droplaugarstaða, um 90 m.kr. Á árinu 1995 var Hjúkrunarheimilið Eir að verulegu leyti fjármagnað með fram-

lögum úr Framkvæmdasjóði aldraðra, en árið eftir var reksturinn alfarið fjármagnaður með beinum framlögum á fjárlögum. Þessi tilfærsla skýrir hækkun rekstrargjalda Eir um 180 m.kr. Á móti vegur samsvarandi lækkun rekstrartilfærslna.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	146,9	133,4	140,5	7,1	-6,4
Tryggingamál	761,4	752,7	820,2	67,5	58,8
Eftirlits- og stjórnsýslustofnanir	115,3	149,7	177,4	27,7	62,1
Sjúkrastofnanir	16.823,3	16.989,8	17.648,4	658,6	825,1
Heilsugæsla	1.576,2	1.498,9	1.542,8	43,9	-33,4
Annað	72,5	61,5	70,0	8,5	-2,5
Rekstrargjöld samtals	**19.495,6**	**19.586,0**	**20.399,3**	**813,3**	**903,7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	29.301,1	29.524,0	30.374,9	850,9	1.073,8
þ.a. lífeyristr. og lög um fél. aðstoð	17.180,0	17.765,0	17.565,0	-200,0	385,0
þ.a. sjúkratryggingar	10.514,6	10.312,8	11.254,8	942,0	740,2
Viðhald og stofnkostnaður	1.142,8	985,8	963,6	-22,2	-179,2
Heildarútgjöld	**49.939,5**	**50.095,8**	**51.737,8**	**1.642,0**	**1.798,3**

Tilfærslur námu 30.375 m.kr. sem er 851 m.kr. umfram fjárlög. Frávikið kemur allt fram hjá sjúkratryggingum, eða 942 m.kr. Greiðslur ríkissjóðs til sjúkratrygginga nema 11.255 m.kr. og þar af eru 3.650 m.kr. vegna lyfja, 2.670 m.kr. vegna daggjalda sjúkrastofnana og 1.757 m.kr. vegna lækniskostnaðar, en aðrir liðir vega minna. Umframgreiðslur eru 300 m.kr. vegna lyfja, þar sem reglugerð um viðmiðunarverð og aðrar aðgerðir hafa ekki skilað þeim sparnaði sem áformaður var. Lækniskostnaður var 160 m.kr. umfram fjárlög og umframgjöld vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis urðu 135 m.kr. Útgjöld vegna samnings við Myndgreiningu ehf. um rannsóknir með segulómtæki skýra 70 m.kr. af umframgjöldum lækniskostnaðar.

Í fjárlögum 1996 var greiðslum til lífeyristrygginga skipt í tvennt og er það í samræmi við lagabreytingar frá árinu 1993. Annars vegar bætur samkvæmt lögum um félagslegra aðstoð og hins vegar eiginlegar lífeyristryggingar. Vegna fjölgunar bótaþega hækka greiðslur lífeyristrygginga ár frá ári, en gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til þess að koma í veg fyrir sjálfvirka útgjaldaaukningu. Þar má nefna tengingu bóta við fjármagnstekjur sem tók gildi í september s.l. Forsendurnar gengu eftir á árinu og samtals urðu greiðslur ríkissjóðs 17.565 m.kr., eða 200 m.kr. innan ramma fjárlaga. Rekstrartilfærslur til Framkvæmdasjóðs aldraðra námu 410 m.kr. eða 80 m.kr. umfram fjárlög, þar sem inneign frá fyrra ári var að fullu nýtt á árinu 1996. Þá urðu greiðslur ráðuneytisins vegna sjúkraflutninga um 40 m.kr. hærri en ætlað var.

Hækkun frá fyrra ári er mest hjá sjúkratryggingum, eða 740 m.kr., eða 7%. Lyfin hækka um 360 m.kr., lækniskostnaður um 105 m.kr., tannlæknakostnaður um 100 m.kr. en aðrir liðir hækka minna, eða jafnvel lækka. Greiðslur sjúkradagpeninga lækka um 67 m.kr. þar sem endurgreiðslum til atvinnurekenda var hætt. Lífeyristryggingar hækka um 385 m.kr. milli ára þar sem bótaþegum fjölgaði um 3-3½%, auk þess sem bótafjárhæðir hækkuðu um 3,5% frá og með 1. janúar 1996. Sjúkraflutningar sem eru færðir sem rekstrartilfærsla hjá heilsugæslunni, hækka um 70 m.kr., en þar er að mestu leyti um tilfærslu milli ára að ræða. Aðrir liðir hreyfast óverulega.

Viðhald og stofnkostnaður varð 964 m.kr., eða 22 m.kr. lægri en fjárlög. Veitt var viðbótarfjárveiting til uppgjörs á ýmsum stofnkostnaðarmálum gagnvart sveitarfélögum og veldur það 54 m.kr. umframgjöldum. Á móti vegur að Ríkisspítalar nýta hluta stofnkostnaðarfjárveitingar í rekstur, eða 60 m.kr. og stofnkostnaður heilsugæslustöðva er einnig innan marka. Greiðslur lækka um 179 m.kr. milli ára og er það í samræmi við forsendur fjárlaga þar sem ætlunin var að fresta framkvæmdum eftir því sem framast væri kostur. Útgjöld Framkvæmdasjóðs aldraðra lækka um 90 m.kr. og ýmsar framkvæmdir við sjúkrahús og læknisbústaði lækka um 100 m.kr.

Fjármálaráðuneyti. Rekstrargjöld, án vaxtagjalda, námu 2.682 m.kr. og er það í samræmi við heimildir fjárlaga. Frávik eru í báðar áttir. Rekstur yfirstjórnar og skattamála er því sem næst í samræmi við fjárlög, en 70 m.kr. umframgjöld koma fram í öðrum rekstri. Þar vega auknar greiðslur á dómkröfum langþyngst, eða 50 m.kr. Erfitt hefur reynst að áætla þennan lið í fjárlögum og greiðslur sveiflast mjög milli ára eftir fjölda dómsmála og skaðabótakrafna á hendur ríkissjóði. Þá urðu tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum 13 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Í fjárlögum 1996 voru 150 m.kr. færðar undir fjármálaráðuneyti á viðfangsefninu *09-481-1.90 Sparnaður í ríkisrekstri.* Tilgangurinn var að gera ráðuneytum betur kleift að draga varanlega úr rekstrarútgjöldum sínum vegna sparnaðarátaks 1996. Fjárveitingin var ekki nýtt að fullu og skýrir það að mestu inneign á liðnum *Verðlagsmál og heimildarákvæði* sem fram kemur í töflunni hér á eftir. Hækkun rekstrargjalda milli ára er svipuð og hjá öðrum ráðuneytum og dreifist jafnt á stofnanir ráðuneytisins.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	427,3	472,2	468,5	-3,7	41,2
Skatta og tollamál	1.507,8	1.581,1	1.593,0	11,9	85,2
Verðlagsmál og heimildarákvæði	-	73,9	-	-73,9	0,0
Annar rekstur	605,2	551,2	620,8	69,6	15,6
Rekstrargjöld samtals	**2.540,3**	**2.678,4**	**2.682,3**	**3,9**	**142,0**
Vextir af ríkisvíxlum	1.259,7	1.100,0	1.277,0	177,0	17,3
Vextir af spariskírteinum	2.760,9	3.150,0	13.177,0	10.027,0	10.416,1
Vextir af öðrum innlendum lánum	524,7	850,0	854,0	4,0	329,3
Vextir af erlendum lánum	7.894,5	7.950,0	8.524,0	574,0	629,5
Vaxtagjöld samtals	**12.439,8**	**13.050,0**	**23.832,0**	**10.782,0**	**11.392,2**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	1.126,2	1.312,5	1.540,0	227,5	413,8
þ.a. uppbætur á lífeyri	776,6	960,0	1.001,5	41,5	224,9
Stofnkostnaður og viðhald	501,7	554,7	356,0	-198,7	-145,7
Heildarútgjöld	**16.608,0**	**17.595,6**	**28.410,3**	**10.814,7**	**11.802,3**

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs námu 23.832 m.kr. eða 10.782 m.kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð skýrast 10.013 m.kr. vegna sérstakrar innlausnar þriggja spariskírteinaflokka sem báru háa vexti. Áætlað er að með þessari aðgerð náist fram tveggja milljarða króna sparnaður vaxtagjalda fram til aldamóta. Frávik að öðru leyti kemur að mestu fram á erlendum langtímalánum, en nýtt lán sem tekið var í ársbyrjun fól í sér vaxtagreiðslu sem ekki var gert ráð fyrir. Alla jafna eru vextir ekki greiddir fyrr en ári eftir lántöku. Þá eru vextir vegna skammtímafjármögnunar heldur meiri en ætlað var vegna aukinnar fjárþarfar í kjölfar innköllunar spariskírteina.

Að frátöldum áhrifum af innkölluninni, þá hækka vaxtagjöldin um 1.379 m.kr. frá fyrra ári og skiptist hækkunin jafnt á milli innlendra og erlendra lána.

Tilfærslur reyndust vera 1.540 m.kr. eða 228 m.kr. umfram fjárlög. Umframgjöldin koma fram á tveimur liðum. Annars vegar vegna kostnaðar ríkissjóðs í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri, en ríkissjóður greiðir uppbyggingu hreppsins í nýju Súðavík, þ.e. gatnagerð og lagnir, malbikun, o.fl. Þá hefur rekstrarkostnaður sveitarfélaga og annarra aðila vegna Flateyrarslyssins einnig verið greiddur úr ríkissjóði, samtals að fjárhæð 254 m.kr. Hins vegar urðu greiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 42 m.kr. umfram fjárlög vegna vanmats á uppbótum á lífeyri. Aðrar tilfærslur voru innan ramma fjárlaga. Afgangur á framlagi til Lífeyrissjóðs bænda var 23 m.kr. Hækkun tilfærslna frá fyrra ári skýrist að mestu af sömu ástæðum.

Stofnkostnaður nam 356 m.kr. og var 199 m.kr. innan heimilda fjárlaga. Greiðsluafgangur skýrist að mestu af því að ekki reyndist þörf fyrir framlög til Ríkisábyrgðasjóðs að fjárhæð 150 m.kr. Framlagið er aðeins greitt út ef ekki tekst að innheimta lán sjóðsins. Þá var frestað hluta af vinnu við hugbúnaðargerð og er sá liður 18 m.kr. innan marka. Aðrir stofnkostnaðarliðir eru að mestu í samræmi við fjárlög. Lækkun milli ára skýrist af áðurnefndum greiðslum til Ríkisábyrgðasjóðs.

Samgönguráðuneyti. Rekstrargjöld voru 734 m.kr. eða 8 m.kr. umfram fjárlög. Rekstur stofnana ráðuneytisins er í samræmi við fjárlög en ýmis verkefni ráðuneytisins sjálfs eru lítillega umfram áætlanir, þar sem fjárheimildir fyrra árs eru nýttar að hluta árið 1996. Hækkun frá fyrra ári er hlutfallslega mest hjá ráðuneytinu sjálfu þar sem verkefni á sviði fjarskiptamála og fulltrúa í Brussel hafa komið til viðbótar fyrri störfum. Á móti koma útistandandi leyfisgjöld vegna fjarskipta.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	113,5	134,1	142,2	8,1	28,7
Vegamál	239,2	271,2	271,2	0,0	32,0
Siglingamál	91,1	81,6	81,2	-0,4	-9,9
Flugmál	190,1	207,2	205,7	-1,5	15,6
Ferðamál	28,5	38,3	39,4	1,1	10,9
Annar rekstur	-2,7	-6,0	-5,3	0,7	-2,6
Rekstrargjöld samtals	**659,7**	**726,4**	**734,4**	**8,0**	**74,7**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	237,3	268,1	217,7	-50,4	-19,6
Stofnkostnaður og viðhald	8.522,5	7.274,7	7.854,1	579,4	-668,4
þ.a. Vegagerðin	7.373,0	6.379,0	6.773,5	394,5	-599,5
Heildarútgjöld	**9.419,5**	**8.269,2**	**8.806,2**	**537,0**	**-613,3**

Rekstrartilfærslur eru 218 m.kr. og 50 m.kr. innan ramma fjárlaga. Framlög til tveggja viðfangsefna hafa nær ekkert verið nýtt á árinu. Þau eru vegna sjálfvirkrar tilkynningarskyldu skipa, 10 m.kr. og framlög til heilsárshótela á landsbyggðinni, 15 m.kr. Auk þess eru aðrir liðir innan marka, t.d. styrkir til Flugskóla Íslands, 6 m.kr. Greiðslur til Flugskólans lækka um 9 m.kr. milli ára.

Stofnkostnaður og viðhald nam 7.854 m.kr., eða 579 m.kr. umfram fjárlög. Veigamesti hluti heildarkostnaðar og umframgreiðslna kemur fram hjá Vegagerðinni. Veitt var 427 m.kr. viðbótarheimild til Vegagerðarinnar m.a. vegna fjármögnunar Hvalfjarðarganga og uppbygg-

ingar á Skeiðarársandi í kjölfar skemmda vegna jökulhlaups. Þá var ákveðið að endurnýja flugvél Flugmálastjórnar og veita til þess 87 m.kr. úr ríkissjóði. Í samræmi við arðsemisútreikninga verður sú fjárhæð endurgreidd á 10 árum í formi lægri greiðslna úr ríkissjóði til reksturs Flugmálastjórnar. Þá var veitt viðbótarfé til hafnarmála, til uppgjörs á hlut ríkisins vegna framkvæmda í Vestmannaeyjahöfn. Loks var ráðist í 30 m.kr. endurbætur á húsnæði aðalskrifstofu ráðuneytis án þess að fé væri til þess í fjárlögum. Stofnkostnaður lækkar um 668 m.kr. milli ára, þar af um 600 m.kr. hjá Vegagerðinni.

Iðnaðarráðuneyti. Rekstrargjöld voru 463 m.kr., eða 18 m.kr. innan fjárlaga og eru allar stofnanir innan fjárlaga nema Iðntæknistofnun. Orkustofnun og Einkaleyfastofan eru 6 m.kr. innan fjárlaga hvor. Gjöldin lækka um 24 m.kr. frá fyrra ári og vegur þar þyngst samdráttur í rekstri Rafmagnseftirlitsins, 13 m.kr. og Orkustofnunar, 10 m.kr. Starfsemi beggja stofnana hefur verið til endurskoðunar í ráðuneytinu og Rafmagnseftirlitið hefur nú sameinast Löggildingarstofunni.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	57,8	56,4	49,5	-6,9	-8,3
Iðnaðarmál	165,2	170,2	172,2	2,0	7,0
Orkumál	263,7	253,9	240,8	-13,1	-22,9
Rekstrargjöld samtals	**486,7**	**480,5**	**462,5**	**-18,0**	**-24,2**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	678,1	626,6	663,4	36,8	-14,7
Stofnkostnaður og viðhald	52,5	59,2	47,8	-11,4	-4,7
Heildarútgjöld	**1.217,3**	**1.166,3**	**1.173,7**	**7,4**	-43,6

Rekstrartilfærslur urðu 663 m.kr. eða 37 m.kr. umfram fjárlög. Ákveðið var að styrkja Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar um 18 m.kr. umfram fjárlög vegna undirbúnings og viðræðna um stóriðjuframkvæmdir. Þá voru greiddir styrkir til skipasmíðaiðnaðarins að fjárhæð 7 m.kr. með því að nýta fjárheimildir fyrra árs. Tilfærslur lækka um 15 m.kr. milli ára. Styrkir til skipasmíðaiðnaðarins voru að mestu greiddir á árinu 1995 auk þess sem greiðslur vegna alþjóðasamstarfs lækka um 6 m.kr.

Stofnkostnaður er 11 m.kr. innan ramma fjárlaga þar sem Iðntæknistofnun nýtir heimild til stofnkostnaðar í rekstur. Lítilsháttar lækkun kemur fram milli ára, þar sem Iðntæknistofnun dregur úr eignakaupum.

Viðskiptaráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 175 m.kr. og er það í samræmi við fjárlög. Mesta einstaka frávikið er hjá Löggildingarstofunni, eða 4 m.kr. innan fjárlaga. Hækkun frá fyrra ári er 6 m.kr. hjá Löggildingarstofunni, en aðrar breytingar eru óverulegar.

Rekstrartilfærslur nema 28 m.kr. eða 4 m.kr. umfram fjárlög. Starf á vegum nefnda er vinna að samkeppnis- og vátryggingarmálum reyndist fjárfrekara en gert var ráð fyrir. Stofnkostnaður ráðuneytisins er óverulegur.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	80,1	75,0	76,2	1,2	-3,9
Viðskiptamál	85,1	100,6	98,8	-1,8	13,7
Rekstrargjöld samtals	**165,2**	**175,6**	**175,0**	**-0,6**	**9,8**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	24,6	23,5	27,6	4,1	3,0
Stofnkostnaður og viðhald	8,7	4,0	4,0	0,0	-4,7
Heildarútgjöld	**198,5**	**203,1**	**206,6**	**3,5**	**8,1**

Hagstofa Íslands. Rekstrargjöld voru 152 m.kr. og 8 m.kr. innan fjárlaga. Á móti vega umframgreiðslur í stofnkostnaði fyrir sömu fjárhæð. Skýringin er sú að í fjárlögum ársins 1996 láðist að setja eignakaup stofnunarinnar undir stofnkostnað, og veldur það þessu ósamræmi. Bætt er úr þessu í fjárlögum ársins 1997. Hækkun frá fyrra ári er 12 m.kr., þar af eru 4 m.kr. tímabundið verkefni til að ljúka við neyslukönnun.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Aðalskrifstofa	139,7	160,0	151,7	-8,3	12,0
Rekstrargjöld samtals	**139,7**	**160,0**	**151,7**	**-8,3**	**12,0**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	5,3	3,8	2,5	-1,3	-2,8
Stofnkostnaður og viðhald	4,2	0,0	7,8	7,8	3,6
Heildarútgjöld	**149,2**	**163,8**	**162,0**	**-1,8**	**12,8**

Tilfærslur eru óverulegar. Stofnkostnaður hækkar um 4 m.kr. milli ára vegna tölvuvæðingar.

Umhverfisráðuneyti. Rekstrargjöld urðu 763 m.kr. sem er 51 m.kr. umfram fjárlög, eða 8,6%.

Greiðslugrunnur	Útgjöld 1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útgjöld 1996 m.kr.	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fyrra ári m.kr.
Yfirstjórn	137,4	144,5	143,9	-0,6	6,5
Umhverfisvernd	150,0	157,7	176,7	19,0	26,7
Skipulagsmál	63,7	78,0	109,8	31,8	46,1
Rannsóknir	276,9	331,3	332,2	0,9	55,3
Rekstrargjöld samtals	**628,0**	**711,5**	**762,6**	**51,1**	**134,6**
Neyslu- og rekstrartilfærslur	70,4	86,4	89,8	3,4	19,4
Stofnkostnaður og viðhald	62,4	153,1	138,0	-15,1	75,6
Heildarútgjöld	**760,8**	**951,0**	**990,4**	**39,4**	**229,6**

Greiðslur embættis Skipulagsstjóra urðu 30 m.kr. umfram fjárlög þar sem stofnunin nýtti að fullu geymda fjárveitingu frá árinu 1995. Verkefni um skipulag miðhálendisins er nú að mestu lokið, auk þess sem flutningur stofnunarinnar hefur leitt til útgjalda. Þannig ættu greiðslur að verða lægri á yfirstandandi ári. Rekstur Hollustuverndar ríkisins fór 15 m.kr. um-

fram fjárlög, en umfang stofnunarinnar hefur aukist á síðustu árum í kjölfar EES-samningsins. Einkum eru það ákvæði um merkingar á matvöru og eiturefnaeftirlit sem hafa haft aukinn kostnað í för með sér. Umframgjöld Náttúrufræðistofnunar nema 8 m.kr. en á móti vega útistandandi kröfur vegna rannsóknarstyrkja frá s.l. ári. Rekstur annarra stofnana er fjárhagslega í jafnvægi. Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka alls um 135 m.kr., eða 21% frá fyrra ári. Þar vega útgjöld Veðurstofu Íslands þyngst, eða 42 m.kr., þar sem ákveðið var að auka rannsóknir og snjóflóðaeftirlit á vegum stofnunarinnar. Þá hækka útgjöld Skipulagsstjóra ríkisins um 37 m.kr. milli ára, en útgjöld annarra stofnana minna.

Tilfærslur eru í samræmi við fjárlög, en hækka um 19 m.kr. frá fyrra ári. Greiðslur til stofnkostnaðar og viðhalds eru 15 m.kr. innan fjárlaga. Árið 1996 eru í fyrsta sinn greiddir styrkir úr ríkissjóði til sveitarfélaga vegna endurbóta í fráveitumálum og eru 25 m.kr. ógreiddar um áramót af 100 m.kr. fjárveitingu. Skýrir það inneign í stofnkostnaði. Á móti vegur að veitt var 10 m.kr. viðbótarframlag til Veðurstofunnar vegna endurbóta á húsnæði stofnunarinnar. Hækkun frá fyrra ári skýrist af tilkomu fráveitustyrkja til sveitarfélaga.

Ársverk. Áætlað er að launagjöld ríkisstofnana í A-hluta hafi numið 45 milljörðum króna á árinu 1996, samanborið við 43,4 milljarða króna árið 1995. Á síðastliðnum árum hefur fjármálaráðuneytið lagt aukna áherslu á að fá fram raunhæfan mælikvarða á vinnumagn einstakra stofnana með því að umreikna tegundir launagreiðslna í svokölluð ársverk. Einingar þeirra launategunda sem liggja til grundvallar þessum útreikningum eru ólíkar. Þar getur verið um að ræða mánuð, klukkutíma, kennslustund eða jafnvel fermetrafjölda í ræstingu.

Í eftirfarandi töflu hefur sú vinna sem greidd er gegnum launakerfi ríkisins verið umreiknuð til ársverka. Öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í starfstengslum við sjúkrahús (nema Ríkisspítalar) greiða laun í gegnum önnur kerfi og koma því ekki fram í tölunum.

Ársverk - yfirlit

	1992	1993	1994	1995	1996	Breyting 95-96 %
Æðsta stjórn ríkisins	291	294	301	312	313	0,3
Forsætisráðuneyti	65	61	65	65	64	-1,5
Menntamálaráðuneyti	3.818	3.728	3.758	3.693	4.074	10,3
Utanríkisráðuneyti	243	239	235	234	240	2,6
Landbúnaðarráðuneyti	503	504	512	518	526	1,5
Sjávarútvegsráðuneyti	460	480	454	460	516	12,2
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2.210	2.204	2.215	2.222	2.241	0,9
Félagsmálaráðuneyti	1.069	1.142	1.226	1.272	1.241	-2,4
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.103	4.111	4.139	4.166	4.094	-1,7
Fjármálaráðuneyti	720	735	756	772	769	-0,4
Samgönguráðuneyti	1.123	1.124	1.069	1.125	1.127	0,2
Iðnaðarráðuneyti	358	347	338	339	339	0,0
Viðskiptaráðuneyti	80	86	86	86	92	7,0
Hagstofa Íslands	65	67	70	75	75	0,0
Umhverfisráðuneyti	308	325	339	362	395	9,1
Samtals	**15.416**	**15.447**	**15.563**	**15.701**	**16.106**	**2,6**

Í töflunni hefur verið leiðrétt fyrir tilfærslu stofnana milli ráðuneyta til þess að tölur verði sambærilegar á milli ára. Ársverkum fjölgar um 405 milli áranna 1995 og 1996, eða 2,6%, en nokkur frávik koma fram í báðar áttir hjá einstökum ráðuneytum. Í menntamálaráðu-

neyti hefur verið tekið tillit til flutnings grunnskólans til sveitarfélaga og eru ársverk vegna grunnskóla hvergi talin með ársverkatölum menntamálaráðuneytis. Aukning ársverka í menntamálaráðuneyti um 381 skýrist að mestu af verkfalli framhaldsskólakennara á árinu 1995. Fjölgun hjá sjávarútvegsráðuneyti stafar af veiðieftirliti á Flæmingjagrunni en skýringa á lækkun milli ára hjá heilbrigðisráðuneyti er að leita í verkfalli heilsugæslulækna á árinu 1996. Nokkur aukning er hjá viðskiptaráðuneyti og dreifist á aðalskrifstofu, Löggildingarstofu og Vátryggingaeftirlit. Fjölgun ársverka hjá umhverfisráðuneyti skýrist að stórum hluta af fjölgun starfa hjá Veðurstofu Íslands vegna snjóflóðavarna og -rannsókna en einnig er nokkur aukning hjá aðalskrifstofu, Skipulagsstjóra ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

5 Lánahreyfingar ríkissjóðs

5.1 Markaðsaðgerðir ríkisins

Innlendi lánsfjármarkaðurinn var í byrjun árs í góðu jafnvægi og gekk sala ríkisverðbréfa vel á árinu. Í byrjun febrúar kom til innlausnar stór flokkur spariskírteina samtals að fjárhæð um 9,1 milljarður króna. Í fyrsta sinn var ákveðið að halda sérstakt útboð þar sem þeir einir gætu tekið þátt sem ættu skírteini á gjalddaga. Þá var ákveðið að breyta tilhögun við töku tilboða á þann hátt að allir sem byðu undir meðalávöxtun útboðsins nutu meðalkjara. Teknar voru upp þóknanir til verðbréfafyrirtækja. Þessari tilhögun var vel tekið og tókst að endurfjármagna innlausnina að fullu með útboðinu og skiptisölu. Gott jafnvægi framboðs og eftirspurnar lánsfjár fyrri hluta árs ásamt vel heppnaðri endurfjármögnun innlausnar í ársbyrjun lagði grundvöllinn að ákvörðun fjármálaráðherra um að innkalla spariskírteini að fjárhæð 17,3 milljarðar króna, en vextir þeirra voru 2,5%-3,5% hærri en gildandi markaðsvextir. Var þetta í fyrsta sinn sem ákveðið er að nýta gagnkvæmt uppsagnarákvæði í útgáfum ríkissjóðs. Innkölluð fjárhæð var um fimmtungur af útistandandi fjárhæð spariskírteina. Á árinu var tekist á við að endurfjármagna samtals um 31,5 milljarða króna af innlendum ríkisverðbréfum. Á móti voru seld ríkisverðbréf til lengri tíma fyrir 25,4 milljarða króna. Óhætt er að fullyrða að umsvif ríkissjóðs á innlenda fjármagnsmarkaðnum hafi aldrei verið meiri en á nýliðnu ári.

Ákveðið var í upphafi árs að breyta útgáfu og gjalddögum ríkisvíxla á þann hátt að innborganir og útborganir féllu betur að sjóðsstreymi ríkissjóðs og þörfum helstu kaupendum ríkisvíxla, þ.e. bankakerfinu. Þessi breyting hefur gefist vel og auðveldað til muna fjárstýringu ríkissjóðs og er um leið aðlögun að þörfum markaðarins.

Breyting varð á viðskiptavakt ríkisverðbréfa í febrúar 1996 þegar Seðlabanki Íslands hætti að vera viðskiptavaki fyrir spariskírteini og ríkisbréf. Í staðinn samdi Seðlabankinn við þrjú verðbréfafyrirtæki, að undangengnu útboði, um að þau tækju að sér viðskiptavakt og fjárvörslu ríkisverðbréfa. Bankinn afhenti hluta af sínu verðbréfasafni sem fyrirtækin nota síðan til viðskipta á eftirmarkaði. Með þessu fyrirkomulagi tókst bankanum að bæta verðmyndun helstu flokka ríkisverðbréfa ásamt því að koma á nýju fyrirkomulagi viðskiptavaktar sem er heppilegra fyrir markaðinn en það sem fyrir var.

Í samræmi við samkomulag milli Húsnæðisstofnunar og fjármálaráðuneytis hófst sala húsnæðisbréfa að nýju á árinu til að fjármagna Byggingarsjóð verkamanna. Tekin var ákvörðun um að bjóða út hverju sinni ársfjórðungs fjárþörf sjóðsins með sölutryggingu af hálfu tilboðsgjafa. Jafnframt var aðgangur að útboðum takmarkaður við verðbréfafyrirtæki. Tveir nýir flokkar húsnæðisbréfa voru gefnir út, þ.e. til 24 og 42 ára. Reynsla Húsnæðisstofnunar af þessu fyrirkomulagi er góð og gekk sala bréfanna vel. Gert er ráð fyrir að sami háttur verði áfram hafður á. Ríkissjóður fjármagnaði Byggingarsjóð ríkisins eins og fyrra ár.

Framboð á skuldabréfum í útboðum jókst um 21,5 milljarða króna frá árinu 1995. Aukningin kemur að stærstum hluta fram í 13,8 milljarða króna meiri útgáfu ríkisverðbréfa og um 7,5 milljarða króna meiri útgáfu Húsnæðisstofnunar á húsbréfum og húsnæðisbréfum. Þá juku lánastofnanir útgáfur sínar um 3,3 milljarða króna. Á móti kemur minni lánsfjárþörf sveitarfélaga, um 2,3 milljarðar króna, sem endurspeglar betri afkomu í rekstri þeirra miðað við árið á undan. Aðrir útgefendur drógu úr útgáfu sem nemur um 0,6 milljörðum króna.

Heildarsala verðbréfafyrirtækja og ríkissjóðs í skuldabréfaútboðum

Markaðsverð í milljónum króna	Spari-skírteini	Ríkis-bréf	Hús-bréf	Húsn. bréf	Sveitar-félög	Lána-stofnanir	Atvinnu-fyrirtæki	Alls
Samtals 1996	20.155	5.264	13.183	5.379	1.524	12.381	2.045	59.931
Samtals 1995	9.268	2.205	11.097	-	3.661	8.891	2.681	37.803
Samtals 1994	9.469	3.446	14.070	2.379	5.908	5.320	2.908	43.500
Samtals 1993	8.200	2.105	10.796	4.408	..	..	..	..

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Alls nam verðbréfasala hjá öðrum en ríki og húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar um 16 milljörðum króna sem er um 0,6 milljörðum meira en á árinu 1995. Af þessum verðbréfum voru 11,3 milljarðar króna seldir í lokuðum útboðum, en einungis 4,7 milljarðar í almennum útboðum. Þetta eru svipuð hlutföll og voru á árinu 1995. Ennþá virðast útgefendur ekki sjá sér hag í því að selja bréf sín í opnum útboðum sem er umhugsunarefni en skuldabréfaútgáfur sem lúta skilmálum almenns útboðs, auka á gegnsæi markaðarins bæði hvað varðar verðmyndun og umsvif. Öll verðbréfa útgáfa ríkissjóðs, húsnæðisbréfa og húsbréfa er seld samkvæmt skilmálum almenns útboðs. Athygli vekur að lánastofnanir ásamt bönkum og sparisjóðum seldu verðbréf í lokuðum útboðum fyrir 7,9 milljarða króna samanborið við 5,7 milljarða árið áður. Um er að ræða aukningu milli ára sem nemur 2,2 milljörðum króna sem bendir ekki til að almenn útboð séu að aukast. Atvinnufyrirtæki gáfu út verðbréf fyrir 2,1 milljarð króna sem er 0,5 milljarði króna hærri fjárhæð en á árinu 1995. Fyrirtækin nýttu sér aukna uppsveiflu í efnahagslífinu og seldu nýtt hlutafé fyrir um 8,6 milljarða króna sem er aukning um 6,4 milljarða króna frá árinu 1995.

Erlend verðbréfakaup innlendra aðila námu um 2,2 milljörðum króna nettó á árinu 1996, sem er lækkun frá 1995 en þá námu þau 3 milljörðum króna. Athyglisvert er að öll aukningin kemur fram í kaupum á hlutdeildarskírteinum í erlendum verðbréfasjóðum.

5.2 Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1996

Í fjárlögum 1996 var heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla með lántöku til að mæta halla, útstreymi á lánahreyfingum og greiddum afborgunum á teknum lánum, áætluð um 25,3 milljarðar króna. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ríkisbókhalds reyndist lánsfjárþörfin vera 41,5 milljarðar króna, eða 16,2 milljörðum króna hærri en áætlað var. Þessi viðbótarfjárþörf skýrist að langstærstum hluta af innköllun og endurfjármögnun þriggja flokka spariskírteina sem báru háa vexti. Samtals voru innkallaðir flokkar að fjárhæð 17,3 milljarðar króna. Ríkissjóður fjármagnaði einnig að fullu Byggingarsjóð ríkisins og nam lánveiting til hans 2,3 milljörðum króna. Í báðum þessum tilfellum er því ekki um að ræða nýja fjárþörf opinberra aðila heldur annars vegar skuldbreytingu hjá ríkissjóði og hins vegar tilfærslu milli ríkissjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Á móti kemur að tekjuhalli ríkissjóðs er um 2 milljörðum króna lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir að frátöldum vaxtagjöldum af innköllunarflokkum spariskírteina.

Borið saman við 1995 er lækkun á hreinni lánsfjárþörf milli ára 5,9 milljarðar króna. Lánsfjárþörfin á síðasta ári var 2,6% af landsframleiðslu, þar af var 2% vegna innköllunar spariskírteina. Eftirfarandi yfirlit sýnir niðurstöðutölur ríkisfjármála á árinu 1996 samanborið við fjárlög 1996 og útkomu ársins 1995.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Rekstrarafkoma	**-8.931**	**-3.951**	**-11.994**	**-8.043**
Rekstrarafkoma án vaxtagjalda v/innköllunar	-8.931	-3.951	-1.981	1.970
Veitt lán, nettó	-9.133	850	41	-809
Eignfærð framlög	-75	-500	-208	292
Viðskiptareikningur	-451	-500	-546	-46
Hrein lánsfjárþörf	**-18.590**	**-4.101**	**-12.707**	**-8.606**
Hrein lánsfjárþörf án vaxtagjalda v/ innköllunar	18.590	-4.101	-2.694	1.407
Afborganir af teknum lánum	-14.270	-21.160	-28.740	-7.580
Afborganir án innköllunar spariskírteina	-14.270	-21.160	-21.545	-385
Verg lánsfjárþörf	**-32.860**	**-25.261**	**-41.447**	**-16.186**
Verg lánsfjárþörf án innköllunar spariskírteina	-32.860	-25.261	24.239	1.022
Tekin ný lán	32.076	25.300	41.495	16.195
Greiðsluafkoma	**-42**	**39**	**41**	**2**

Hér á eftir eru einstakir þættir lánsfjárþarfar A-hluta ríkissjóðs skýrðir nánar. Fyrst er yfirlit um helstu lánveitingar og innheimtar afborganir. Þá er gerð grein fyrir ýmsum eignfærðum framlögum og færslum á viðskiptareikningum. Loks er fjallað um greiddar afborganir ríkissjóðs af eldri lánum.

Veitt lán, nettó. Þessi liður sýnir hreyfingar á veittum lánum ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs. Á árinu 1996 námu veitt ný lán nánast sömu fjárhæð og innheimtar afborganir af eldri lánum, eða um 8,2 milljörðum króna. Frávik á veittum lánum frá fjárlögum stafar nær alfarið af lánveitingum til Húsnæðisstofnunar að fjárhæð 2,3 milljarðar króna. Frávik á innheimtum lánum frá fjárlögum stafar aðallega af sölu skuldabréfa Endurlána ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs að fjárhæð 1 milljarður króna. Eftirfarandi yfirlit sýnir nánari sundurliðun á veittum lánum.

Innheimtar afborganir. Innheimtar afborganir voru áætlaðar 6.170 m.kr. í fjárlögum en urðu 2.105 m.kr. hærri eða 8.275 m.kr. Frávikið skýrist að hálfu af 1.058 m.kr. sölu skuldabréfa til Fiskveiðasjóðs í tengslum við uppgjör á kröfum vegna raðsmíðaskipa. Að öðru leyti er um að ræða ýmsa smærri liði. Lánasjóður íslenskra námsmanna greiddi fyrir gjalddaga aukaafborgun að fjárhæð 175 m.kr. og afborganir Byggingarsjóðs ríkisins voru 175 m.kr. hærri en áætlað var. Þá var ekki gert ráð fyrir afborgun að fjárhæð 52 m.kr. frá Speli ehf.

Veitt lán. Lánveitingum ríkissjóðs má skipta í fernt. Í fyrsta lagi eru almenn lán veitt skv. 1. gr. fjárlaga. Í öðru lagi eru lán sem eru veitt skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga, en í 5. gr. laga um Lánasýslu ríkisins er ríkissjóði heimilt að endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í stað þess að veita ríkisábyrgð. Í þriðja lagi eru lánveitingar skv. 7. gr. lánsfjárlaga. Loks eru lán veitt samkvæmt ákvæðum 6. gr. fjárlaga eða annarra sérlaga. Einungis lánveitingar skv. 1. gr. fjárlaga koma fram í greiðsluyfirliti fjárlaga sem skýrir að mestu það frávik sem kemur fram í heildarlánveitingum ríkissjóðs.

Innheimtar afborganir og veitt lán ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innheimtar afborganir af eldri lánum	**7.902**	**6.170**	**8.275**	**2.105**
Bundnar innlendu verðlagi	4.630	3.070	6.385	3.315
Bundnar erlendum gjaldmiðlum	3.272	3.100	1.890	-1.210
Veitt ný lán	**17.035**	**5.320**	**8.234**	**2.914**
Samkvæmt 1. gr. fjárlaga	**7.958**	**5.320**	**4.630**	**-690**
Lánasjóður íslenskra námsmanna	3.640	4.030	3.930	-100
Alþjóðaflugþjónustan	-	100	-	-100
Þróunarsj. sjávarútvegsins (Atvinnutr.deild Byggðast.)	2.260	850	700	-150
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	2.058	340	-	-340
Samkvæmt 4. og 5. gr. lánsfjárlaga	**8.247**	**-**	**2.642**	**2.642**
Húsnæðisstofnun ríkisins	8.145	-	2.300	2.300
Spölur ehf.	-	-	342	342
Bæjarveitur Vestmannaeyja	62	-	-	0
Íþróttasamband Íslands	40	-	-	0
Samkvæmt 7. gr. lánsfjárlaga.	**331**	**-**	**320**	**320**
Landsvirkjun	234	-	283	283
Vinnslustöðin hf.	-	-	37	37
Sveinseyrarlax	36	-	-	0
Víkurlax	11	-	-	0
Silfurlax	50	-	-	0
Ýmsar heimildir	**499**	**-**	**642**	**642**
Skýrr hf.	-	-	116	116
Ofanflóðasjóður	-	-	301	301
Atvinnuleysistryggingasjóður	200	-	-	0
Sala Lyfjaverslunar Íslands hf.	129	-	-	0
Fasteignaviðskipti og eignasala	40	-	101	101
Annað	130	-	124	124
Veitt lán, nettó	**-9.133**	**850**	**41**	**-809**

Í fjárlögum voru lánveitingar ríkissjóðs áætlaðar alls 5.320 m.kr. en urðu í reynd 8.234 m.kr. Lánveitingar samkvæmt 1. gr. fjárlaga urðu alls 4.630 m.kr. eða 690 m.kr. lægri en heimildir í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Lánveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru 100 m.kr. lægri og Alþjóðaflugþjónustan nýtti ekki 100 m.kr. lánsheimild. Lánveiting til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins varð 700 m.kr. eða 150 m.kr. undir áætlun á árinu, þar sem eftirspurn eftir lánsfé til úreldingar var lægri en gert var ráð fyrir. Þá reyndist ekki þörf á að nota lánsfjárheimild vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að fjárhæð 340 m.kr. þar sem eldra láni var skuldbreytt en ekki veitt nýtt lán.

Lánveitingar ríkissjóðs skv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga urðu 2.672 m.kr. Það skýrist að stærstum hluta af 2.300 m.kr. lánveitingu til Húsnæðisstofnunar, en ákveðið var að hafa sama hátt á við lánsfjáröflun hennar og á síðasta ári þegar ríkissjóður fjármagnaði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins en stofnunin annaðist sjálf fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna með útboðum húsnæðisbréfa. Til Spalar ehf. voru veittar samtals 342 m.kr. vegna framkvæmda við vegagerð að Hvalfjarðargöngum.

Lánveitingar skv. 7. gr. lánsfjárlaga urðu 320 m.kr. Þar vegur þyngst lánveiting til Landsvirkjunar að fjárhæð 283 m.kr. vegna uppgjörs á vöxtum sem hafa fallið á víkjandi lán hjá Endurlánum. Þá var Vinnslustöðinni hf. veitt 37 m.kr. lán til uppgjörs á fyrirgreiðslu vegna skreiðarútflutnings sem Útvegsbanki Íslands veitti á sínum tíma og ríkissjóður yfirtók.

Lánveitingar skv. 6. gr. fjárlaga og öðrum heimildum urðu 641 m.kr. Lánveitingar til Ofanflóðasjóðs vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir námu 300 m.kr. Ráðgert var að Viðlagasjóður lánaði þessa fjárhæð en vegna hamfara á Skeiðarársandi reyndist nauðsynlegt fyrir ríkissjóð að taka það að sér. Í tengslum við lífeyrisskuldbindingar sem ríkissjóður yfirtók vegna starfsmanna hjá Skýrr hf. gaf félagið út skuldabréf að fjárhæð 116 m.kr. Loks námu lánveitingar vegna sölu eigna 101 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Útborganir umfram innborganir af viðskiptareikningum voru áætlaðar 500 m.kr. í fjárlögum. Niðurstaða ársins er að útgreiðslur á viðskiptareikningum eru því sem næst samkvæmt áætlun eða 546 m.kr. Þar vegur þyngst veiting skuldaviðurkenninga vegna ýmissa aðflutningsgjalda að fjárhæð 504 m.kr. Má þar m.a. nefna 263 m.kr. vegna virðisaukaskatts í tolli, 111 m.kr. vegna olíuvara og 143 m.kr. vegna áfengisgjalds. Þá voru óuppgerðar greiðslur til ýmissa B-hluta fyrirtækja vegna framlaga og launa að fjárhæð 207 m.kr. Á móti koma 134 m.kr. innborganir af almennum viðskiptareikningum.

Eignfærð framlög. Hér er gerð grein fyrir stofnframlögum ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og þær breytingar sem verða á eignarhlutum ríkisins í hinum ýmsu fyrirtækjum.

Í fjárlögum voru eignfærð framlög áætluð 500 m.kr. en þau urðu í reynd 209 m.kr. Framlög til alþjóðastofnana námu 125 m.kr. og er það 32 m.kr. lægra en áætlað var í fjárlögum. Til innlendra framlaga voru áætlaðar 343 m.kr., þar af voru 180 m.kr. nýttar sem stofnframlag til Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Á móti voru seld hlutabréf í tveimur fyrirtækjum í eigu ríkisins að fjárhæð 96 m.kr.

Hlutafjárframlög og stofnframlög

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Hlutafjárframlög og innlend stofnfjárframlög	**-172**	**0**	**84**	**-84**
Jarðboranir hf.	-3	-	-68	68
Þörungaverksmiðjan	-	-	-28	28
Kísiliðjan hf.	-19	-	-	0
Lyfjaverslun Íslands hf.	-150	-	-	0
Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	-	-	180	-180
Alþjóðafjármálastofnanir	**247**	**157**	**125**	**32**
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, IMF, Washington	48	-	-	0
Alþjóðabankinn, IBRD og IDA, Washington	90	90	90	0
Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið, NEFCO	5	7	6	1
Norræni þróunarsjóðurinn, NDF, Kaupmannahöfn	42	43	-	43
Evrópubankinn, EBRD, Lundúnum	51	17	-	17
Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Reykjavík	4	-	-	0
Norræn fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin	-	-	7	-7
Norræni fjárfestingabankinn, NIB	9	-	24	-24
Annað	-2	-	-2	2
Eignfærð framlög alls	**75**	**500**	**209**	**291**

Greiddar afborganir. Afborganir ríkissjóðs voru áætlaðar 21.160 m.kr. í fjárlögum en urðu 7.580 m.kr. hærri. Mismunurinn skýrist nánast allur af auknum afborgunum spariskírteina vegna sérstakrar innköllunar í júlí. Afborganir af öðrum innlendum lánum voru 343 m.kr. hærri en áætlað var og erlendar afborganir voru 70 m.kr. hærri.

Greiddar afborganir ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1995 m.kr.	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlausn spariskírteina, almenn.	7.323	7.300	7.270	30
Innlausn spariskírteina, sérstök innköllun	-	-	7.195	-7.195
Önnur innlend lán	1.640	1.285	1.628	-343
Ríkisbréf	2.082	3.445	3.447	-2
Erlend lán	3.225	9.130	9.200	-70
Afborganir alls	**14.270**	**21.160**	**28.740**	**-7.580**

5.3 Lántökur ríkissjóðs

Eins og undanfarin ár var gert ráð fyrir að mæta lánsfjárþörf ríkissjóðs með lántökum bæði á innlendum og erlendum lánamörkuðum eða þar sem hagstæðust lánskjör byðust.

Heildarlánsfjárþörf var 41,5 milljarður króna. Þar af námu innlendar lántökur 25 milljörðum króna og erlendar lántökur 16,5 milljörðum króna. Erlendar lántökur lækka um 1,6 milljarða króna milli ára og innlendar lántökur hækka um 3,4 milljarða króna.

Lántökur ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	1995 m.kr	Fjárlög 1996 m.kr.	Útkoma 1996 m.kr.	Frávik frá fjárlögum m.kr.
Innlend lán	**13.237**	**-**	**25.025**	**-**
Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs	6.998	-	20.155	-
Sala ECU tengdra spariskírteina ríkissjóðs	2.270	-	-	-
Sala ríkisbréfa til 3ja ára	1.418	-	1.484	-
Sala ríkisbréfa til 5 ára	787	-	3.780	-
Ríkisbréf, óstöðluð	-6	-	-	-
Sala 3ja mán. ríkisvíxla, nettó.	3.689	-	-1.295	-
Sala 6 mán. ríkisvíxla, nettó	1.733	-	-537	-
Sala 12 mán. ríkisvíxla, nettó	-3.652	-	1.248	-
Önnur innlend lántaka	-	-	195	-
Erlend lán	**18.839**	**-**	**16.470**	**-**
Löng erlend lán	16.494	-	19.003	-
Erlend veltilán	2.346	-	-2.533	-
Tekin lán, alls	**32.076**	**25.300**	**41.495**	**16.195**

Spariskírteini ríkissjóðs. Á árinu 1996 voru seld ný spariskírteini fyrir um 20,2 milljarða króna. Eins og undanfarin ár fór salan fram með þrennum hætti, þ.e. með útboðum, mánaðarlegri áskrift og með skiptikjörum við innlausn stórra flokka spariskírteina. Sala í útboðum nam samtals 16,3 milljörðum króna, þar af voru seld spariskírteini fyrir 10,6 milljarða króna í sérstökum útboðum sem haldin voru til endurfjármögnunar á eldri flokkum sem voru á lokagjalddaga á árinu. Í kjölfarið var boðið uppá sérstök skiptikjör og seldust spariskírteini fyrir um 2,8 milljarða króna með þeim hætti. Samtals komu til innlausnar um 27,6 milljarðar króna að meðtöldum vöxtum og tókst því að endurfjármagna um 48% með skiptiútboðum og skiptikjörum.

Sala í útboðum skiptist þannig milli einstakra flokka að seld voru 5 ára verðtryggð spariskírteini fyrir 7,4 milljarða króna, en þau voru einungis boðin í sérstökum endurfjármögnunarútboðum. Tíu ára bréf seldust fyrir 2,6 milljarða króna, 20 ára spariskírteini fyrir 5,8 milljarða

króna og árgreiðsluskírteini fyrir 0,5 milljarða króna Í áskrift voru seld spariskírteini fyrir rúman 1 milljarð króna, að langstærstum hluta 5 ára skírteini.

Í upphafi ársins bauð ríkissjóður í almennum útboðum þrjá flokka spariskírteina þ.e. 20 ára, 10 ára og árgreiðsluskírteini. Ávöxtunarkrafa 20 ára bréfa var í fyrsta útboði ársins 5,76% en fór lækkandi er leið á árið og var komin í 5,34% í lok apríl, og 5,19% í júní, en í því útboði var ákveðið að takmarka framboð 10 og 20 ára skírteina sem kann að hafa haft áhrif til lækkunar á vaxtakröfuna. Ávöxtunarkrafan hækkaði svo næstu mánuði og í árslok var hún orðin 5,51%. Í almennum útboðum lengri bréfa seldust 20 ára skírteini best á árinu og var salan um 4,3 milljarðar króna. Ávöxtunarkrafa 10 ára skírteina var í byrjun árs um 5,90%, lækkaði síðan fram eftir ári og var í lok júní 5,26% en fór svo hækkandi, og í síðasta útboði ársins var hún 5,71%. Sala 10 ára skírteina í almennum útboðum var nokkuð sveiflukennd og í heildina frekar dræm og nam sala þeirra aðeins um 1 milljarði króna. Ávöxtunarkrafa árgreiðsluskírteina þróaðist á sama hátt og á 10 og 20 ára skírteinum, þ.e. var í upphafi árs 5,85%, lækkaði síðan fram eftir ári og var í júní 5,49%. Hækkaði svo smám saman til loka árs en þá var krafan 5,89%. Þar með hafði öll lækkunin frá fyrri hluta ársins gengið til baka og rúmlega það. Einungis var boðið uppá 5 ára skírteini í áskrift og í tengslum við stórar innlausnir. Í þeim tilvikum var krafan 5,85% í febrúar og 5,39% í júní, og var salan í þessum tveim útboðum um 7,2 milljarðar króna.

Á árinu voru ekki gefnir út nýir flokkar spariskírteina og er það í fyrsta skipti frá því að útgáfa þeirra hófst að ekki eru gefnir út einn eða fleiri flokkar á ári, en stefnt er að því að fækka og stækka útgefna flokka þannig að verðmyndun þeirra verði betri á eftirmarkaði. Í tengslum við þá stefnu var fengin heimild til handa fjármálaráðherra að bæta við fyrri útgáfur og var sú heimild nýtt við innlausn í febrúar 1996 á þann hátt að opnaður var 10 ára flokkur sem átti eftir 5 ár af lánstíma.

Ríkisbréf. Sölu staðlaðra ríkisbréfa til þriggja og fimm ára sem gefin voru út 1995 var fram haldið á árinu og seldust ríkisbréf í báðum flokkum fyrir um 5,3 milljarða króna. Þar af seldust 3ja ára bréf fyrir 1,5 milljarða króna og 5 ára bréf fyrir 3,8 milljarða króna. Í almennum útboðum voru seld ríkisbréf fyrir 2,3 milljarða króna sem er um 43% af heildarsölu ársins. Um 1,1 milljarður króna var seldur í endurfjármögnunarútboði en mismunurinn, um 1,9 milljarðar króna, var seldur í skiptisölu að loknu útboði. Ávöxtunarkrafa 3ja ára bréfa var í upphafi árs 9,45%, en fór lækkandi í útboðum fram til júlí og var þá 7,49%. Hækkaði svo aftur á haustmánuðum til ársloka en þá var hún orðin 8,30%. Ávöxtunarkrafa á 5 ára óverðtryggðum ríkisbréfum var í byrjun árs um 10,50% og fór lækkandi næstu mánuði. Krafan náði lágmarki í endurfjármögnunarútboði í júní og var þá 8,80% og hélst þannig nánast óbreytt þar til í október að ávöxtunarkrafan hækkaði og var í árslok 9,37%.

Ávöxtun í útboðum ríkisbréfa 1996



Verðmyndun á þessum bréfum er viðkvæm þar sem þau eru óverðtryggð og á seinni hluta ársins var talsverð umræða um þenslu í hagkerfinu sem sjálfsagt hefur ýtt undir hækkun á ávöxtun þeirra ásamt óvissu um væntanlega kjarasamninga. Markaðurinn virðist ennþá þurfa að taka rúmt áhættuálag vegna ótta við verðþenslu, þrátt fyrir að hafa búið við nokkuð stöðugt verðlag s.l. 7 ár. Afborganir af eldri ríkisbréfum voru 3,4 milljarðar króna og nettó fjármögnun því 1,9 milljarður króna.

Ríkisvíxlar. Skammtímafjárþörf ríkissjóðs var að fullu leyst á markaði með sölu 3ja mánaða, 6 mánaða og 12 mánaða ríkisvíxla. Mikilvæg breyting var gerð á sölufyrirkomulagi ríkisvíxla í byrjun árs. Í stað þess að útboð ríkisvíxla færu fram ákveðna vikudaga voru þau færð á fyrsta virkan dag hvers mánaðar og fyrsta virkan dag eftir 15. hvers mánaðar. Gjalddögum var breytt þannig að í þeim mánuðum sem ríkissjóður hefur tekjur af virðisaukaskatti, er gjalddagi ríkisvíxla sá sami og á virðisaukaskatti. Aðra mánuði er gjalddagi einungis um miðjan mánuð. Þessi breyting hefur gert greiðslustýringu ríkissjóðs markvissari þar sem hún fellur betur að þörfum ríkissjóðs og bankakerfisins vegna inn og útstreymis hjá báðum, en bankakerfið er stærsti kaupandi ríkisvíxla.

Ávöxtun í útboðum ríkisvíxla 1996



Heildarsala ríkisvíxla á árinu nam 65,3 milljörðum króna en útistandandi víxlar í árslok voru 15,8 milljarðar króna og lækkuðu um 0,6 milljarða á árinu. Þar af lækkuðu 3ja mánaða víxlar um 1,3 milljarða og 6 mánaða um 0,5 milljarða en á móti vegur 1,2 milljarða króna hækkun á 12 mánaða víxlum. Fjármálaráðuneytið dró úr framboði ríkisvíxla seinni hluta ársins vegna góðrar sjóðsstöðu ríkissjóðs.

Meðalávöxtun 3ja mánaða ríkisvíxla í útboðum var 7,52% í ársbyrjun og var óbreytt þar til í apríl að hún lækkaði í 6,73%. Ávöxtunarkrafan fór síðan hægt sígandi í næstu útboðum og var í lok júlí orðin 6,48%.Um miðjan ágúst tók ávöxtunarkrafan að hækka og í októberútboði var krafan 7,10% og hélst nánast óbreytt til ársloka. Skýring hækkunar ávöxtunarkröfu ríkisvíxla má leita til sömu ástæðna og áður hefur komið fram með ríkisbréfin, þ.e. að unnt var að merkja áhrifa óvissu um verðlagsmál. Heildarsala 3ja mánaða ríkisvíxla var á árinu 57,1 milljarður króna eða 87% af heildarsölu ríkisvíxla og sýnir að þeir gegna mikilvægu hlutverki á íslenskum peningamarkaði.

Í fyrsta útboði ársins á 6 mánaða víxlum var ávöxtunarkrafan 7,61%. Hún lækkaði síðan um mitt ár en var í lok árs 7,28%. Samtals seldust 6 mánaða ríkisvíxlar fyrir 5,3 milljarða króna sem er um 8% af heildarsölu ríkisvíxla. Salan var sveiflukennd innan ársins en sýnu verst í lok árs.

Engin sala var í útboðum 12 mánaða víxla fyrr en í febrúar og þá var meðalávöxtunarkrafa þeirra 7,99% sem fór lækkandi um mitt ár en hækkaði aftur seinni hluta ársins og var í árslok orðin 7,83%. Heildarsala 12 mánaða víxla nam 2,9 milljörðum króna sem er 5% af heildarsölu ríkisvíxla. Sala þeirra hefur aukist um 1,2 milljarða króna milli ára sem er jákvæð

þróun þar sem þeir gegna mikilvægu hlutverki í vaxtamyndun á óverðtryggðum skammtímaverðbréfum auk þess sem þeir eru tenging við vexti ríkisbréfa.

Erlend lán. Á árinu voru tekin tvö erlend langtímalán samtals að fjárhæð 19 milljarðar króna. Af þeirri fjárhæð fóru 9,2 milljarðar króna til greiðslu afborgana af erlendum langtímalánum og 2,5 milljarðar króna voru notaðir til að lækka útistandandi víxla í svokallaðri ECP útgáfu. Mismunurinn, 7,3 milljarðar króna, var nýttur til að mæta nýrri lánsfjárþörf ríkissjóðs vegna rekstrarhalla og til að mæta endurgreiðslum vegna innköllunar spariskírteina á miðju sumri.

Fyrsta erlenda lántaka ársins var í byrjun apríl. Þar var um að ræða skuldabréfaútboð ríkissjóðs á Evrópumarkaði að fjárhæð 250 milljónir þýskra marka sem samsvaraði um 11 milljörðum íslenskra króna. Skuldabréfin eru til 5 ára og bera breytilega vexti(libor) sem voru um 3,4% þegar lánið var tekið. Lánið verður greitt upp í lok lánstíma en vextir eru greiddir tvisvar á ári. Stærsti hluti lántökunnar var notaður til að mæta afborgunum á erlendum lánum. Í lok júlí var svo ákveðið að stækka útgáfuna um 100 milljónir marka í viðbót. Tvennt réð því öðru fremur, annað var aukin fjárþörf vegna innköllunar spariskírteina og hitt voru mjög hagstæð kjör sem gáfu tilefni til að greiða á móti niður erlendar skammtímalántökur. Önnur lántakan fór fram í júní og var þar um að ræða lán frá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB). Um var að ræða 63 milljónir þýskra marka sem samsvaraði um 2,8 milljörðum króna. Lánið er til tíu ára með föstum 5,4% vöxtum en láninu var skipt (swappað) yfir í breytilega vexti eða 16 punktum undir Libor og greiðast vextir tvisvar á ári en höfuðstóll í einu lagi í lok lánstíma. Lán frá Evrópska fjárfestingarbankanum hafa verið mjög hagstæð.

Ríkissjóður notaði sér þann sveigjanleika sem erlenda víxlaútgáfan býður uppá við fjárstýringu innan ársins á sama hátt og innlenda víxlaútgáfan. Ríkissjóður lækkaði útistandandi skuld sína í erlendum víxlum (ECP) um 31 milljón Bandaríkjadala sem samsvarar um 2,5 milljörðum íslenskra króna. Vextir á ECP víxlum voru í ársbyrjun um 5,5% og í árslok voru þeir nánast þeir sömu eða 5,48%. Í upphafi árs voru útistandandi víxlar í ECP um 298 milljónir Bandaríkjadala en í árslok var staðan 267 milljónir dala.

6 Lánsfjármál ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða

Í þessum kafla verður fjallað um lánsfjármál ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða með víðtækari hætti en í kaflanum hér á undan. Gerð er grein fyrir lántökum, afborgunum og lánsfjárþörf sem og helstu frávikum frá upphaflegri lánsfjáráætlun, þ.e. fjárlögum og lánsfjárlögum fyrir árið 1996.

Skilgreining á lánsfjárþörf ríkisins er ekki einhlít. Þannig er í alþjóðlegum samanburði almennt miðað við mun þrengri skilgreiningu en hér er gert. Ýmis fyrirtæki og sjóðir sem hér flokkast sem ríkisfyrirtæki eru í alþjóðlegum samanburði flokkuð sem einkafyrirtæki. Hins vegar eru fjármálastofnanir og fyrirtæki í ríkari mæli í eigu ríkisins hér á landi en t.d. í öðrum aðildarríkjum OECD.

Til að draga fram samanburðarhæfar stærðir og auðvelda yfirsýn, er lánum, afborgunum og lánsfjárþörfinni skipt milli ríkisins annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar. Undir hina síðartöldu fellur sú starfsemi sem víða er í einkaeigu í aðildarríkjum OECD, s.s. Landsvirkjun, húsbréfadeild Byggingarsjóðs ríkisins og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna. Undir ríkið falla A-hluti ríkissjóðs og félagslegir lánasjóðir á borð við Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, að húsbréfadeild frátalinni. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru hér undanskilin þannig að umfjöllunin gefur ekki tæmandi mynd af lántökum opinberra aðila í heild.

Lánsfjárþörf 1996

Í milljörðum króna	Lánsfjáráætlun 1996			Útkoma 1996		
	Innlent	Erlent	Alls	Innlent	Erlent	Alls
Lántökur	-	-	**60,7**	**47,4**	**27,7**	**75,1**
Ríki	-	-	34,3	30,7	16,5	47,2
Ríkissjóður A-hluti	-	-	26,3	25,0	16,5	41,5
Byggingarsjóðir	-	-	8,0	5,7	-	5,7
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	-	-	26,4	16,7	11,2	27,9
Ríkisfyrirtæki	-	-	3,7	0,3	3,4	3,7
Húsbréf	-	-	13,5	14,2	0,0	14,2
Fjárfestingarlánasjóðir	-	-	9,2	2,2	7,8	10,0
Afborganir	**29,5**	**18,1**	**47,6**	**33,0**	**18,5**	**51,6**
Ríki	17,8	9,1	26,9	24,8	9,4	34,2
Ríkissjóður A-hluti	12,0	9,1	21,1	19,5	9,2	28,7
Byggingarsjóðir	5,8	0,0	5,8	5,3	0,2	5,5
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	11,7	9,0	20,7	8,2	9,2	17,4
Ríkisfyrirtæki	0,3	3,1	3,4	0,3	2,4	2,7
Húsbréf	4,8	0,0	4,8	5,0	-	5,0
Fjárfestingarlánasjóðir	6,6	5,9	12,5	2,9	6,8	9,7
Hrein lánsfjárþörf	-	-	**13,1**	**14,4**	**9,0**	**23,5**
Hlutfall af landsframleiðslu, %	-	-	2,6	2,9	1,8	4,7

Heildaryfirlit. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1996 voru heildarlántökur ríkisins, fyrirtækja þess og sjóða áætlaðar 60,7 milljarðar króna. Þessari fjárhæð var ekki skipt fyrirfram á milli innlendra og erlendra lána. Vegna aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa er greinarmunur hér á milli afar óljós. Til dæmis geta erlendir aðilar keypt ríkisverðbréf sem gefin eru

út hér á landi og innlendir aðilar geta keypt ríkisverðbréf sem gefin eru út erlendis. Hreinar lántökur, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, voru áætlaðar 13,1 milljarður króna.

Nú liggja fyrir bráðabirgðatölur um lántökur þessara aðila árið 1996. Samkvæmt þeim námu heildarlántökur 75,1 milljarði króna, eða 14,4 milljörðum króna yfir áætlun. Af þessari fjárhæð var 47,4 milljarða króna aflað á innlendum markaði og 27,7 milljarða króna erlendis. Heildarafborganir eldri lána námu 51,6 milljörðum króna. Hrein lánsfjárþörf, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, nam því 23,5 milljörðum króna, eða 10,4 milljörðum króna yfir áætlun. Þessi fjárhæð svarar til 4,7% af landsframleiðslu, samanborið við 3% á árinu 1995. Frávikið frá áætlun má að stærstum hluta rekja til aukinnar lánsfjárþarfar ríkissjóðs vegna sérstakrar innköllunar spariskírteina. Að frátöldum vaxtagjöldum vegna innköllunarinnar, en þau reyndust 10 milljarðar króna, þá nemur hrein lánsfjárþörf 13,5 milljörðum króna og svarar það til 2,7% af landsframleiðslu.

Lántökur 1996

Milljónir króna	Sala ríkis-verðbréfa	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar-lántökur
Ríki	**25.025**	**5.673**	**30.698**	**16.470**	**47.168**
Ríkissjóður A-hluti	25.025	-	25.025	16.470	41.495
Byggingarsjóðir ríkisins	-	5.673	5.673	-	5.673
Ríkisfyrirtæki og sjóðir	**14.191**	**2.558**	**16.749**	**11.188**	**27.937**
Húsbréfadeild Húsnæðisst. ríkisins	14.191	-	14.191	-	14.191
Landsvirkjun	-	335	335	2.427	2.762
Lyfjabúð Háskóla Íslands	-	-	-	110	110
Rafmagnsveitur ríkisins	-	-	-	650	650
Ríkisútvarpið	-	-	-	200	200
Byggðastofnun	-	490	490	439	929
Ferðamálasjóður	-	-	-	-	-
Fiskveiðasjóður	-	-	-	5.621	5.621
Iðnlánasjóður	-	427	427	1.741	2.168
Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	1.306	1.306	-	1.306
Heildarlántökur	**39.216**	**8.231**	**47.447**	**27.658**	**75.105**

Ríki. Heildarlántökur ríkisins voru áætlaðar 34,3 milljarðar króna, en urðu í reynd 47,2 milljarðar króna. Hrein lántaka nam um 13 milljörðum króna, samanborið við 7,4 milljarða króna í lánsfjáráætlun. Lántökur A-hluta ríkissjóðs urðu 15,2 milljörðum króna hærri en áætlað var. Veigamestu skýringarnar á þessu fráviki eru tvær. Í fyrsta lagi var tekin ákvörðun um að innkalla þrjá stóra flokka spariskírteina frá árunum 1984-1986 sem báru háa vexti. Heildarinnköllunin nam 17,3 milljörðum króna. Í öðru lagi þá hafði ríkissjóður milligöngu um 2,3 milljarða króna lántöku Byggingarsjóðs ríkisins. Í þessum tilfellum er í raun ekki um aukna fjárþörf opinberra aðila að ræða heldur annars vegar skuldbreytingu hjá ríkissjóði og hins vegar tilfærslu milli ríkissjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Þá reyndist tekjuhalli ríkissjóðs um 2 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum að teknu tilliti til innköllunar spariskírteinaflokkanna. Nýjar lánveitingar ríkissjóðs urðu 0,5 milljörðum króna hærri en ráð var fyrir gert í fjárlögum og innheimtar afborganir jukust um 2 milljarða króna. Þá var samkvæmt lánsfjáráætlun ráðgert að A-hluti ríkissjóðs tæki 1 milljarð króna að láni og endurlánaði Speli ehf.

Sala húsnæðisbréfa til fjármögnunar á Byggingarsjóði verkamanna gekk vel á árinu og tókst að mæta 5,7 milljarða króna fjárþörf sjóðsins.

Ríkisfyrirtæki og sjóðir. Heildarlántökur ríkisfyrirtækja og sjóða voru áætlaðar 26,4 milljarðar króna, en þær urðu í reynd 27,9 milljarðar króna. Hrein lántaka þessara aðila nam 10,5 milljörðum króna, samanborið við 5,7 milljarða króna í lánsfjáráætlun. Frávikið skýrist fyrst og fremst af því að fjárfestingarlánasjóðirnir greiddu minna niður af sínum lánum en ráð var fyrir gert. Skýringar á minni afborgunum lánasjóðanna felast einkum í gengisbreytingum auk þess sem Fiskveiðasjóður skuldbreytti stóru láni. Þá reyndust lántökur Fiskveiðasjóðs verulega umfram áætlun eða 5,6 milljarðar króna í stað 3,5 milljarða króna en ekki er veitt ríkisábyrgð á lántökum Fiskveiðasjóðs. Aðrir fjárfestingarlánasjóðir tóku minna að láni en til stóð. Loks greiddu ríkisfyrirtæki 0,7 milljörðum króna minna í afborganir en gert hafði verið ráð fyrir.

Útgáfa húsbréfa var umfram áætlun á árinu 1996. Eftirspurn eftir húsbréfum jókst verulega og reyndist fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 12,5% hærri en á árinu 1995. Umsóknir um skuldabréfaskipti jukust hins vegar um 17%. Gert hafði verið ráð fyrir að útgáfan næmi 13,5 milljörðum króna á árinu en raunin varð sú að gefin voru út húsbréf fyrir um 14,2 milljarða króna. Til þess að koma í veg fyrir röskun á fasteignamarkaði vegna aukinnar eftirspurnar eftir húsbréfum var með samþykkt lánsfjáraukalaga í desember 1996 veitt 1 milljarðs króna aukin heimild til húsbréfaútgáfu.

Miklar breytingar urðu á starfsumhverfi fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna á árunum 1994 og 1995. Fram að þeim tíma höfðu sjóðirnir, ásamt bankakerfinu, tekið lán á innlendum og erlendum lánsfjármörkuðum og endurlánað þau til fyrirtækja. Á síðustu árum hefur það hins vegar færst í vöxt að fyrirtæki gefi út eigin verðbréf á innlendum lánamarkaði. Þannig er talið að fyrirtæki hafi gefið út skuldabréf fyrir um 2,2 milljarða króna á árinu 1996 og er þar um 500 m.kr. lækkun að ræða frá árinu áður. Lántökur fjárfestingarlánasjóðanna fara 0,8 milljarða króna fram úr áætlun og þeir greiða 2,8 milljörðum króna minna í afborganir en ráð var fyrir gert. Hrein lánsfjárþörf sjóðanna verður því 3,6 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Sveitarfélög. Eins og fyrr segir nær lánsfjáráætlun ekki til lánastarfsemi sveitarfélaga. Á árunum 1993 og 1994 jókst hallarekstur sveitarfélaganna og þar með lánsfjárþörf þeirra. Þeirri þróun var hrundið milli áranna 1994 og 1995. Á síðasta ári dró enn verulega úr lánsfjárþörf sveitarfélaga. Þannig er talið að sveitarfélög hafi gefið út skuldabréf fyrir um 1,4 milljarða króna í lokuðum útboðum á vegum verðbréfafyrirtækja á árinu 1996 samanborið við um 3,7 milljarða króna á árinu 1995. Lánsfjárþörf hefur verið mætt með lántökum í bankakerfinu annars vegar og útgáfu skuldabréfa hins vegar. Af þessu má ráða að umsvif sveitarfélaga á lánamarkaði fara nú enn minnkandi og um leið áhrif þeirra á fjármagnsmarkað og vexti.

Tafla 1 Greiðsluyfirlit A-hluta ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	Fjárlög 1997 [2]
Tekjur	28 861	38 113	48 957	64 506	80 098	92 453	99 953	103 447	103 220	109 602	114 413	127 735	126 224
Gjöld	31 142	40 111	51 688	71 583	86 056	96 899	112 487	110 607	112 863	116 986	123 344	139 730	126 100
Rekstrarafkoma	**-2 281**	**-1 998**	**-2 731**	**-7 077**	**-5 958**	**-4 446**	**-12 534**	**-7 160**	**-9 643**	**-7 384**	**-8 931**	**-11 995**	**124**
Veitt lán, nettó	...	322	- 99	- 779	- 722	- 522	-1 954	-2 062	- 621	-9 477	-9 150	41	2 470
Hlutafé og stofnfjárframlög	...	- 89	- 873	- 116	70	- 123	- 233	- 43	- 410	- 158	- 75	- 208	- 400
Viðskiptareikningar, nettó	...	- 964	-1 818	- 211	- 889	-2 079	73	2 090	- 24	2 248	- 434	- 546	- 400
Hrein lánsfjárþörf	...	**2 729**	**5 521**	**8 183**	**7 499**	**7 170**	**14 648**	**7 175**	**10 698**	**14 771**	**18 590**	**12 708**	**-1 794**
Lántökur, nettó	...	**5 642**	**3 847**	**4 724**	**11 018**	**9 915**	**9 290**	**10 210**	**12 134**	**14 729**	**17 806**	**12 755**	**-1 740**
Innlend lántaka	...	1 886	2 728	1 526	5 837	7 175	3 216	5 494	8 090	3 568	2 192	5 485	-
Ný lán	...	3 617	4 485	4 882	10 386	10 098	8 819	9 315	12 831	9 845	13 237	25 025	-
Afborganir	...	1 731	1 757	3 356	4 549	2 923	5 603	3 821	4 741	6 277	11 045	19 540	-
Erlend lántaka	...	3 756	1 119	3 198	5 181	2 740	6 074	4 716	4 044	11 161	15 614	7 270	-
Ný lán	...	5 004	2 155	4 230	6 663	3 966	7 339	9 044	5 203	20 474	18 839	16 470	-
Afborganir	...	1 248	1 036	1 032	1 482	1 226	1 265	4 328	1 159	9 313	3 225	9 200	-
Seðlabanki Íslands, nettó	...	-2 188	954	- 646	-5 548	-2 031	- 755	- 776	-	-	-	-	-
Greiðsluafkoma	...	**725**	**- 720**	**-4 105**	**-2 029**	**714**	**-6 113**	**2 259**	**1 436**	**- 42**	**- 784**	**47**	**54**
Hlutfall af VLF, %													
Tekjur	23,9	23,7	23,4	25,1	26,0	25,4	25,2	26,0	25,1	25,2	25,1	25,8	24,3
Gjöld	25,8	24,9	24,7	27,9	27,9	26,6	28,4	27,8	27,5	26,9	27,1	28,2	24,3
Rekstrarafkoma	-1,9	-1,2	-1,3	-2,8	-1,9	-1,2	-3,2	-1,8	-2,3	-1,7	-2,0	-2,4	0,0
Hrein lánsfjárþörf	...	1,7	2,6	3,2	2,4	2,0	3,7	1,8	2,6	3,4	4,1	2,6	-0,3
Greiðsluafkoma	...	0,5	-0,3	-1,6	-0,7	0,2	-1,5	0,6	0,3	0,0	-0,2	0,0	0,0

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.000 milljónir króna árið 1996.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna og gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 2 Innheimtar tekjur ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997 [1]
Tekjuskattar	**2 412**	**4 264**	**4 379**	**7 980**	**10 610**	**14 738**	**15 550**	**16 462**	**16 103**	**19 163**	**20 992**	**25 564**	**21 325**
Einstaklingar	1 846	3 123	3 323	6 158	8 087	12 060	12 903	13 207	12 835	15 872	16 750	21 371	16 775
Fyrirtæki	566	1 141	1 056	1 822	2 523	2 678	2 647	3 255	3 268	3 291	4 242	4 193	4 550
Tryggingagjöld og launaskattar	**2 243**	**3 010**	**4 051**	**4 904**	**5 842**	**7 649**	**9 510**	**9 976**	**10 374**	**10 945**	**11 453**	**13 569**	**14 185**
Eignarskattar	**644**	**887**	**1 216**	**1 327**	**2 389**	**2 630**	**3 332**	**3 478**	**3 796**	**3 561**	**3 627**	**3 799**	**3 755**
Skattar á vörur og þjónustu	**20 775**	**26 815**	**36 377**	**46 413**	**55 401**	**61 121**	**65 111**	**65 854**	**65 889**	**68 000**	**69 929**	**76 583**	**78 634**
Virðisaukaskattur/söluskattur	10 725	14 444	19 972	29 529	34 151	37 086	38 954	39 944	40 497	40 899	42 358	45 692	48 550
Innflutnings- og vörugjöld	5 090	5 786	7 810	5 167	7 425	8 354	9 460	8 195	7 696	7 994	8 832	10 505	9 474
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	1 923	2 431	3 204	4 275	5 370	5 920	6 487	6 435	6 150	6 600	6 148	7 266	7 100
Bifreiðagjöld [1]	1 348	2 144	2 739	3 771	4 734	5 471	6 404	7 027	7 512	8 231	8 607	9 224	9 415
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	1 689	2 010	2 652	3 670	3 721	4 290	3 805	4 253	4 035	4 276	3 984	3 896	4 095
Aðrar tekjur	**2 787**	**3 137**	**2 934**	**3 882**	**5 856**	**6 315**	**6 450**	**7 677**	**7 058**	**7 933**	**8 412**	**8 220**	**8 325**
Vaxtatekjur	2 530	2 549	2 438	3 272	4 589	4 096	3 947	4 203	4 420	4 720	5 139	5 122	5 175
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	257	588	496	610	1 267	2 219	2 503	3 474	2 638	3 213	3 273	3 098	3 150
Heildartekjur ríkissjóðs	**28 861**	**38 113**	**48 957**	**64 506**	**80 098**	**92 453**	**99 953**	**103 447**	**103 220**	**109 602**	**114 413**	**127 735**	**126 224**
Þar af skatttekjur	26 074	34 976	46 023	60 624	74 242	86 138	93 503	95 770	96 162	101 669	106 001	119 515	117 899
Hlutfall af VLF, %													
Heildartekjur ríkissjóðs	**1,4**	**1,2**	**23,4**	**25,1**	**26,0**	**25,4**	**25,2**	**26,0**	**25,1**	**25,2**	**25,1**	**25,8**	**24,3**
Aðrar tekjur	8,9	9,0	1,4	1,5	1,9	1,7	1,6	1,9	1,7	1,8	1,8	1,7	1,6
Skatttekjur	**19,2**	**19,3**	**22,0**	**23,6**	**24,1**	**23,7**	**23,6**	**24,1**	**23,4**	**23,4**	**23,3**	**24,1**	**22,7**
Tekjuskattur	2,0	2,6	2,1	3,1	3,4	4,1	3,9	4,1	3,9	4,4	4,6	5,2	4,1
Tryggingagjöld og launaskattar	17,2	16,6	1,9	1,9	1,9	2,1	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5	2,7	2,7
Eignaskattar	0,5	0,6	0,6	0,5	0,8	0,7	0,8	0,9	0,9	0,8	0,8	0,8	0,7
Skattar á vörur og þjónustu	17,2	16,6	17,4	18,1	18,0	16,8	16,4	16,5	16,0	15,6	15,4	15,5	15,1

[1] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

[2] Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 3 Innheimtar tekjur ríkissjóðs á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997 [2]
Tekjuskattar	**7 928**	**11 166**	**9 596**	**14 234**	**15 800**	**18 796**	**18 431**	**18 812**	**17 967**	**20 942**	**22 162**	**26 178**	**21 325**
Einstaklingar	6 068	8 178	7 282	10 984	12 043	15 381	15 293	15 093	14 321	17 345	17 684	21 884	16 775
Fyrirtæki	1 860	2 988	2 314	3 250	3 757	3 415	3 137	3 720	3 646	3 597	4 478	4 294	4 550
Tryggingagjöld og launaskattar	**7 373**	**7 882**	**8 877**	**8 747**	**8 700**	**9 755**	**11 272**	**11 400**	**11 575**	**11 961**	**12 091**	**13 895**	**14 185**
Eignarskattar	**2 117**	**2 323**	**2 665**	**2 367**	**3 558**	**3 354**	**3 949**	**3 975**	**4 236**	**3 892**	**3 829**	**3 890**	**3 755**
Skattar á vörur og þjónustu	**68 287**	**70 222**	**79 713**	**82 786**	**82 502**	**77 950**	**77 173**	**75 256**	**73 518**	**74 313**	**73 827**	**78 421**	**78 634**
Virðisaukaskattur/söluskattur	35 253	37 825	43 765	52 671	50 857	47 297	46 171	45 647	45 185	44 696	44 719	46 789	48 550
Innflutnings- og vörugjöld	16 731	15 152	17 114	9 217	11 057	10 654	11 213	9 365	8 586	8 736	9 324	10 757	9 474
Tekjur af sölu áfengis og tóbaks	6 321	6 366	7 021	7 625	7 997	7 550	7 689	7 354	6 862	7 213	6 491	7 440	7 100
Bifreiðagjöld [3]	4 431	5 615	6 002	6 726	7 050	6 977	7 590	8 030	8 382	8 995	9 087	9 445	9 415
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	5 552	5 264	5 811	6 546	5 541	5 471	4 510	4 860	4 502	4 673	4 206	3 990	4 095
Aðrar tekjur	**9 161**	**8 215**	**6 429**	**6 924**	**8 721**	**8 054**	**7 645**	**8 773**	**7 875**	**8 669**	**8 881**	**8 417**	**8 325**
Vaxtatekjur	8 316	6 675	5 342	5 836	6 834	5 224	4 678	4 803	4 932	5 158	5 425	5 245	5 175
Arðgreiðslur, sala eigna o.fl.	845	1 540	1 087	1 088	1 887	2 830	2 967	3 970	2 943	3 511	3 455	3 172	3 150
Heildartekjur ríkissjóðs	**85 375**	**89 604**	**107 280**	**115 058**	**119 281**	**117 909**	**118 470**	**118 217**	**115 171**	**119 777**	**120 791**	**130 801**	**126 224**
Þar af skatttekjur	85 704	91 594	100 850	108 134	110 560	109 855	110 825	109 444	107 296	111 107	111 910	122 383	117 899
Hlutfall af heildartekjum, %													
Tekjuskattur	8,4	11,2	8,9	12,4	13,2	15,9	15,6	15,9	15,6	17,5	18,3	20,0	16,9
Tryggingagjöld og launaskattar	7,8	7,9	8,3	7,6	7,3	8,3	9,5	9,6	10,1	10,0	10,0	10,6	11,2
Eignaskattar	2,2	2,3	2,5	2,1	3,0	2,8	3,3	3,4	3,7	3,2	3,2	3,0	3,0
Skattar á vörur og þjónustu	72,0	70,4	74,3	72,0	69,2	66,1	65,1	63,7	63,8	62,0	61,1	60,0	62,3
Aðrar tekjur	9,7	8,2	6,0	6,0	7,3	6,8	6,5	7,4	6,8	7,2	7,4	6,4	6,6

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar skatttekjur ríkissjóðs um 5.900 milljónir króna árið 1997.

3) Sérstakt vörugjald af bensíni sem er markaður stofn til vegagerðar er hér talið með bifreiðagjöldum en ekki innflutningsgjöldum.

Tafla 4 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [1]	Fjárlög 1997 [2]
Rekstrargjöld	**13 373**	**22 146**	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**	**42 382**	**44 354**	**45 370**	**48 051**	**52 256**	**47 037**
Laun	10 710	15 390	19 490	22 410	29 556	33 764	34 690	35 977	37 350	39 610	42 330	37 704
Önnur rekstrarútgjöld	3 913	8 637	10 969	13 292	12 911	13 254	14 166	14 979	14 655	15 271	17 126	17 110
Sértekjur	-1 250	-1 881	-3 174	-3 584	-5 140	-4 600	-6 474	-6 602	-6 635	-6 830	-7 200	-7 777
Tilfærslur	**17 405**	**18 303**	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 739**	**49 678**	**51 930**
Almannatryggingar	9 909	11 476	14 928	18 911	23 851	26 692	27 528	27 927	29 825	31 525	32 276	32 642
Greiðslur til landbúnaðar	2 087	2 522	5 120	6 644	8 072	9 049	9 432	6 123	5 730	5 818	6 064	5 653
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 072	927	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 444	1 452	1 600
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 221	2 390
Aðrar tilfærslur	4 337	3 378	5 895	6 653	4 306	5 570	5 790	5 847	6 092	6 895	7 665	9 645
Vextir	**3 916**	**4 289**	**6 864**	**8 548**	**8 274**	**9 875**	**8 346**	**9 732**	**10 704**	**12 440**	**23 832**	**13 550**
Viðhald	**946**	**1 200**	**1 475**	**1 782**	**2 362**	**2 287**	**2 541**	**3 362**	**3 341**	**3 981**	**3 936**	**3 853**
Stofnkostnaður	**4 471**	**5 750**	**8 409**	**9 602**	**9 326**	**12 798**	**11 095**	**12 323**	**12 505**	**11 133**	**10 028**	**9 730**
Vegagerð	-	-	-	2 125	2 599	3 215	3 334	4 504	4 522	4 380	3 843	3 673
Flugvellir og hafnir	-	-	-	808	942	1 228	1 317	1 469	1 336	1 139	971	1 077
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 150	534	900	1 075	925	918	534	474	300
Annar stofnkostnaður	-	-	-	5 519	5 251	7 455	5 369	5 425	5 729	5 080	4 740	4 680
Gjöld samtals	**40 111**	**51 688**	**71 583**	**86 056**	**96 899**	**112 487**	**110 607**	**112 863**	**116 986**	**123 344**	**139 730**	**126 100**
Hlutfall af VLF, %												
Rekstrargjöld	8,3	10,6	10,6	10,4	10,3	10,7	10,7	10,8	10,4	10,6	10,5	9,0
Tilfærslur	10,8	8,8	10,7	11,0	10,9	11,4	11,6	10,5	10,4	10,5	10,0	10,0
Vextir	2,4	2,1	2,7	2,8	2,3	2,5	2,1	2,4	2,5	2,7	4,8	2,6
Viðhald	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,6	0,8	0,8	0,9	0,8	0,7
Stofnkostnaður	2,8	2,8	3,3	3,1	2,6	3,2	2,8	3,0	2,9	2,4	2,0	1,9
Gjöld samtals	**24,9**	**24,7**	**27,9**	**27,9**	**26,6**	**28,4**	**27,8**	**27,5**	**26,9**	**27,1**	**28,2**	**24,3**

[1] Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.013 milljónir króna árið 1996.

[2] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 5 Hagræn skipting útgjalda ríkissjóðs á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996 [2]	Fjárlög 1997 [3]
Rekstrargjöld	**35 021**	**48 529**	**48 668**	**47 830**	**47 605**	**50 276**	**48 433**	**49 489**	**49 582**	**50 730**	**53 510**	**47 037**
Laun	28 047	33 724	34 764	33 373	37 694	40 019	39 643	40 142	40 817	41 818	43 346	37 704
Önnur rekstrarútgjöld	10 247	18 926	19 565	19 794	16 466	15 709	16 189	16 713	16 016	16 123	17 537	17 110
Sértekjur	-3 273	-4 122	-5 661	-5 337	-6 555	-5 452	-7 398	-7 366	-7 251	-7 211	-7 373	-7 777
Tilfærslur	**45 580**	**40 107**	**49 141**	**50 641**	**50 516**	**53 466**	**52 845**	**48 081**	**49 250**	**50 400**	**50 870**	**51 930**
Almannatryggingar	25 949	25 147	26 627	28 162	30 418	31 637	31 458	31 160	32 594	33 282	33 051	32 642
Greiðslur til landbúnaðar	5 465	5 526	9 132	9 894	10 295	10 725	10 779	6 832	6 262	6 142	6 210	5 653
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 807	2 031	2 866	2 678	2 773	2 883	2 281	1 896	1 636	1 524	1 487	1 600
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	-	-	-	-	1 539	1 619	1 711	1 669	2 100	2 172	2 274	2 390
Aðrar tilfærslur	11 358	7 402	10 515	9 908	5 492	6 602	6 617	6 524	6 658	7 280	7 849	9 645
Vextir	**10 255**	**9 399**	**12 243**	**12 730**	**10 552**	**11 704**	**9 538**	**10 859**	**11 698**	**13 133**	**24 404**	**13 550**
Viðhald	**2 477**	**2 630**	**2 631**	**2 654**	**3 012**	**2 711**	**2 904**	**3 751**	**3 651**	**4 203**	**4 030**	**3 853**
Stofnkostnaður	**11 709**	**12 600**	**14 999**	**14 299**	**11 894**	**15 169**	**12 679**	**13 750**	**13 666**	**11 754**	**10 269**	**9 730**
Vegagerð	-	-	-	3 165	3 315	3 811	3 810	5 025	4 942	4 624	3 935	3 673
Flugvellir og hafnir	-	-	-	1 203	1 201	1 455	1 505	1 639	1 460	1 202	994	1 077
Húsnæðisstofnun	-	-	-	1 713	681	1 067	1 228	1 032	1 003	564	485	300
Annar stofnkostnaður	-	-	-	8 219	6 697	8 836	6 136	6 053	6 261	5 363	4 854	4 680
Gjöld samtals	**105 041**	**113 264**	**127 682**	**128 153**	**123 579**	**133 326**	**126 399**	**125 930**	**127 846**	**130 220**	**143 084**	**126 100**
Hlutfall af heildarútgjöldum, %												
Rekstrargjöld	33,3	42,8	38,1	37,3	38,5	37,7	38,3	39,3	38,8	39,0	37,4	37,3
Tilfærslur	43,4	35,4	38,5	39,5	40,9	40,1	41,8	38,2	38,5	38,7	35,6	41,2
Vextir	9,8	8,3	9,6	9,9	8,5	8,8	7,5	8,6	9,1	10,1	17,1	10,7
Viðhald	2,4	2,3	2,1	2,1	2,4	2,0	2,3	3,0	2,9	3,2	2,8	3,1
Stofnkostnaður	11,1	11,1	11,7	11,2	9,6	11,4	10,0	10,9	10,7	9,0	7,2	7,7

1) Miðað við verðlag landsframleiðslu.

2) Innköllun spariskírteina hækkar vaxtagjöld ríkissjóðs um 10.013 milljónir króna árið 1996.

3) Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld ríkissjóðs um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 6 Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991		1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997	
Æðsta stjórn ríkisins	611	709	835	905		917	941	988	1 034	1 095	1 136	
Forsætisráðuneyti	91	106	141	136		136	143	176	203	240	237	
Menntamálaráðuneyti	7 872	9 792	10 280	11 679	[1]	11 592	11 611	12 106	12 499	14 517	8 282	[5]
Utanríkisráðuneyti	587	665	883	958		965	959	1 039	1 141	1 207	1 254	
Landbúnaðarráðuneyti	522	508	742	798	[2]	657	905	931	883	886	935	
Sjávarútvegsráðuneyti	495	519	689	792		732	915	717	876	1 041	1 002	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 261	3 628	4 186	4 665		4 685	5 067	5 092	5 276	5 769	5 902	
Félagsmálaráðuneyti	838	984	1 126	1 463	[3]	1 499	1 779	1 891	2 023	2 133	2 116	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10 269	12 070	14 567	16 573		17 018	17 690	18 091	19 496	20 399	20 748	
Fjármálaráðuneyti	1 433	1 750	2 110	2 486		2 265	2 428	2 414	2 540	2 682	3 297	
Samgönguráðuneyti	792	888	1 035	749	[4]	672	667	695	660	734	590	
Iðnaðarráðuneyti	328	307	488	558		484	492	462	487	463	440	
Viðskiptaráðuneyti	103	105	121	138		149	154	159	165	175	164	
Hagstofa Íslands	83	87	97	120		133	125	139	140	152	142	
Umhverfisráðuneyti	-	-	29	398		478	478	469	628	763	795	
Samtals	**27 285**	**32 118**	**37 327**	**42 418**		**42 382**	**44 354**	**45 370**	**48 051**	**52 256**	**47 037**	

[1] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[2] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 7 Rekstrarútgjöld ríkissjóðs eftir ráðuneytum á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991		1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997	
Æðsta stjórn ríkisins	1 090	1 056	1 065	1 073		1 048	1 050	1 080	1 092	1 121	1 136	
Forsætisráðuneyti	162	158	179	161		155	160	192	214	246	237	
Menntamálaráðuneyti	14 041	14 582	13 110	13 843	[2]	13 247	12 955	13 230	13 196	14 865	8 282	[6]
Utanríkisráðuneyti	1 047	990	1 126	1 135		1 103	1 070	1 135	1 205	1 236	1 254	
Landbúnaðarráðuneyti	931	757	947	946	[3]	751	1 010	1 017	932	907	935	
Sjávarútvegsráðuneyti	883	773	878	939		837	1 021	784	925	1 066	1 002	
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 817	5 403	5 339	5 529		5 354	5 654	5 565	5 570	5 907	5 902	
Félagsmálaráðuneyti	1 495	1 465	1 435	1 734	[4]	1 713	1 985	2 067	2 136	2 184	2 116	
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	18 317	17 974	18 578	19 643		19 448	19 738	19 771	20 583	20 889	20 748	
Fjármálaráðuneyti	2 556	2 606	2 691	2 947		2 588	2 709	2 638	2 682	2 746	3 297	
Samgönguráðuneyti	1 413	1 322	1 319	888	[5]	768	744	760	696	752	590	
Iðnaðarráðuneyti	585	457	622	661		553	549	505	514	474	440	
Viðskiptaráðuneyti	184	156	154	164		170	172	174	174	179	164	
Hagstofa Íslands	148	130	124	142		152	139	152	148	156	142	
Umhverfisráðuneyti	-	-	36	472		546	533	513	663	781	795	
Samtals	**48 668**	**47 830**	**47 604**	**50 276**		**48 433**	**49 489**	**49 582**	**50 729**	**53 510**	**47 037**	

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Rekstur Náttúruverndarráðs og Náttúrufræðistofnunar Íslands fluttur frá menntamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[3] Rekstur Veiðistjóra fluttur frá landbúnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[4] Rekstur Skipulagsstjóra fluttur frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[5] Rekstur Veðurstofu Íslands og Landmælinga Íslands fluttur frá samgönguráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

[6] Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga lækkar gjöld menntamálaráðuneytis um 5.213 milljónir króna árið 1997.

Tafla 8 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997
Æðsta stjórn ríkisins	11	18	24	27	34	32	52	132	152	144
Forsætisráðuneyti	7	2	3	7	15	28	191	93	102	113
Menntamálaráðuneyti	2 404	2 024	3 235	3 651	3 283	3 027	3 002	3 051	3 179	4 790
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 607	1 798	2 174	2 432	1 996	1 699	1 497	1 444	1 452	1 600
Utanríkisráðuneyti	201	325	407	561	456	587	627	664	663	748
Landbúnaðarráðuneyti	2 012	3 013	2 422	4 101	4 697	6 585	5 915	5 859	6 189	5 902
Sjávarútvegsráðuneyti [1]	1 022	1 521	101	130	133	54	96	103	124	112
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	26	29	28	34	36	33	33	46	96	180
Félagsmálaráðuneyti	381	659	1 845	2 376	2 061	2 358	5 495	6 266	6 259	6 477
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 207	1 366	1 497	1 496	1 922	2 057	2 221	2 390
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	2 821	3 290	3 066	2 860
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	15 628	19 122	24 188	26 893	28 038	28 512	27 763	29 472	30 375	30 813
Þar af lífeyristryggingar	9 036	10 760	12 640	14 406	15 110	15 545	16 356	17 180	17 565	18 081
Þar af sjúkratryggingar	5 851	7 626	9 756	10 496	10 170	9 520	10 114	10 613	11 255	10 315
Þar af atvinnuleysistryggingar	350	207	1 031	1 266	1 761	2 165	-	-	-	-
Fjármálaráðuneyti	1 322	1 416	893	1 219	1 438	1 228	1 101	1 126	1 540	1 646
Þar af uppbætur á lífeyri	1 075	1 104	672	1 084	1 188	958	791	777	1 002	725
Samgönguráðuneyti	386	444	556	563	490	109	130	149	218	248
Iðnaðarráðuneyti	637	943	558	388	428	449	568	678	663	640
Viðskiptaráðuneyti	3 513	4 489	5 350	5 070	5 041	7	10	25	28	28
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	3 513	4 487	5 344	5 064	5 030	-	-	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	5	3	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	87	94	84	79	70	90	84
Samtals	**27 550**	**34 006**	**39 610**	**45 109**	**46 243**	**43 092**	**45 066**	**47 739**	**49 678**	**51 930**

[1] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 9 Rekstrartilfærslur ríkissjóðs eftir ráðuneytum á föstu verði

Milljónir króna á verðlagi ársins 1997 [1]	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Fjárlög 1997
Æðsta stjórn ríkisins	20	27	31	32	39	36	56	139	156	144
Forsætisráðuneyti	12	4	4	9	17	31	209	98	104	113
Menntamálaráðuneyti	4 288	3 014	4 125	4 327	3 751	3 377	3 281	3 221	3 255	4 790
Þar af Lánasjóður íslenskra námsmanna	2 866	2 678	2 772	2 882	2 281	1 896	1 636	1 524	1 487	1 600
Utanríkisráðuneyti	359	484	520	665	521	655	686	701	678	748
Landbúnaðarráðuneyti	3 589	4 487	3 089	4 861	5 367	7 347	6 464	6 186	6 337	5 902
Sjávarútvegsráðuneyti [2]	1 823	2 265	128	155	152	60	105	108	127	112
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	46	43	35	40	42	37	36	49	98	180
Félagsmálaráðuneyti	680	981	2 353	2 816	2 355	2 631	6 005	6 615	6 409	6 477
Þar af framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga	-	-	1 539	1 619	1 711	1 669	2 100	2 172	2 275	2 390
Þar af atvinnuleysistryggingar	-	-	-	-	-	-	3 083	3 473	3 139	2 860
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	27 876	28 476	30 848	31 875	32 041	31 813	30 340	31 115	31 104	30 813
Þar af lífeyristryggingar	16 117	16 024	16 120	17 075	17 267	17 345	17 874	18 138	17 987	18 081
Þar af sjúkratryggingar	10 436	11 357	12 442	12 440	11 622	10 622	11 053	11 204	11 525	10 315
Þar af atvinnuleysistryggingar	624	308	1 315	1 501	2 012	2 416	-	-	-	-
Fjármálaráðuneyti	2 358	2 109	1 139	1 445	1 643	1 370	1 203	1 189	1 577	1 646
Þar af uppbætur á lífeyri	1 917	1 644	857	1 285	1 358	1 068	864	820	1 026	725
Samgönguráðuneyti	689	661	709	668	560	122	142	158	223	248
Iðnaðarráðuneyti	1 136	1 404	712	460	489	501	621	716	679	640
Viðskiptaráðuneyti	6 266	6 686	6 823	6 009	5 761	7	11	26	28	28
Þar af niðurgreiðslur á vöruverði	6 266	6 682	6 815	6 002	5 748	-	-	-	-	-
Hagstofa Íslands	-	-	-	-	-	-	4	6	3	4
Umhverfisráðuneyti	-	-	-	103	108	94	86	74	92	84
Samtals	**49 141**	**50 641**	**50 516**	**53 466**	**52 845**	**48 081**	**49 249**	**50 400**	**50 871**	**51 930**

[1] Miðað við verðlag landsframleiðslu.

[2] Endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs féll niður árið 1990.

Tafla 10 **Samanburður á fjárheimildum og greiðslum fyrir árið 1996**

Milljónir króna	Fjárheimildir				Útkoma				Greiðslu-staða
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	1 102	154	261	1 517	1 095	152	262	1 509	8
Forsætisráðuneyti	203	118	472	793	240	102	446	788	5
Menntamálaráðuneyti	14 286	3 339	2 299	19 925	14 517	3 179	2 006	19 702	223
Utanríkisráðuneyti	1 152	938	126	2 215	1 207	663	122	1 992	223
Landbúnaðarráðuneyti	881	6 084	206	7 170	886	6 189	229	7 304	- 134
Sjávarútvegsráðuneyti	1 084	124	127	1 334	1 041	124	102	1 267	67
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 784	149	471	6 403	5 769	96	479	6 344	59
Félagsmálaráðuneyti	2 164	6 361	968	9 493	2 133	6 259	946	9 338	156
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20 230	30 451	1 179	51 860	20 399	30 375	964	51 738	122
Fjármálaráðuneyti	2 910	1 518	678	5 106	2 682	1 540	356	4 578	528
Samgönguráðuneyti	666	291	7 937	8 894	734	218	7 855	8 806	87
Iðnaðarráðuneyti	468	678	59	1 205	463	663	47	1 174	31
Viðskiptaráðuneyti	173	24	4	202	175	28	4	207	- 5
Hagstofa Íslands	162	4	0	166	152	3	8	162	4
Umhverfisráðuneyti	738	87	165	990	763	90	138	991	- 1
Vextir	23 900			23 900	23 832			23 832	68
Samtals	**75 902**	**50 318**	**14 951**	**141 172**	**76 088**	**49 678**	**13 963**	**139 730**	**1 442**

Tafla 11 **Samanburður á fjárlögum og greiðslum fyrir árið 1996**

Milljónir króna	Fjárlög				Útkoma				Frávik frá fjárlögum
	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	Rekstur	Tilfærslur	Annað	Alls	
Æðsta stjórn ríkisins	1 076	142	106	1 324	1 095	152	262	1 509	- 185
Forsætisráðuneyti	183	99	235	517	240	102	446	788	- 271
Menntamálaráðuneyti	14 157	3 230	1 895	19 282	14 517	3 179	2 006	19 702	- 420
Utanríkisráðuneyti	1 136	681	58	1 875	1 207	663	122	1 992	- 117
Landbúnaðarráðuneyti	874	5 902	205	6 981	886	6 189	229	7 304	- 323
Sjávarútvegsráðuneyti	982	101	117	1 200	1 041	124	102	1 267	- 67
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	5 540	119	365	6 024	5 769	96	479	6 344	- 320
Félagsmálaráðuneyti	2 118	6 205	668	8 991	2 133	6 259	946	9 338	- 347
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	19 551	29 533	930	50 014	20 399	30 375	964	51 738	-1 724
Fjármálaráðuneyti	2 760	1 426	659	4 845	2 682	1 540	356	4 578	267
Samgönguráðuneyti	732	250	7 274	8 256	734	218	7 855	8 806	- 550
Iðnaðarráðuneyti	464	632	59	1 155	463	663	47	1 174	- 19
Viðskiptaráðuneyti	168	26	4	198	175	28	4	207	- 9
Hagstofa Íslands	155	-	4	159	152	3	8	162	- 3
Umhverfisráðuneyti	702	4	240	946	763	90	138	991	- 45
Vextir	13 050			13 050	23 832	-	-	23 832	-10 782
Samtals	**63 648**	**48 350**	**12 818**	**124 816**	**76 088**	**49 678**	**13 963**	**139 730**	**-14 913**

Tafla 12 Verðlags- og launaþróun

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997
Vísitölur (1980 = 100)													
Neysluvöruverðsvísilala	718	871	1 034	1 297	1 571	1 804	1 926	1 996	2 077	2 109	2 145	2 198	2 242
Byggingarvísitala	668	832	979	1 153	1 420	1 673	1 800	1 843	1 884	1 933	1 995	2 090	2 153
Meðalgengi	573	659	684	781	982	1 104	1 103	1 109	1 201	1 263	1 262	1 262	1 262
Verðvísitala samneyslu	621	789	1 003	1 243	1 440	1 601	1 734	1 798	1 856	1 887	1 955	2 066	2 130
Verðvísitala einkaneyslu	732	878	1 018	1 278	1 575	1 842	1 969	2 061	2 156	2 190	2 230	2 285	2 331
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	679	853	1 019	1 252	1 500	1 752	1 885	1 954	2 001	2 043	2 103	2 168	2 220
Ráðstöfunartekjur á mann	744	979	1 426	1 739	1 942	2 127	2 329	2 359	2 310	2 344	2 480	2 630	2 722
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	104	112	138	134	124	118	121	118	111	111	116	120	121
Breyting milli ára, %													
Neysluvöruverðsvísilala	32,4	21,3	18,8	25,5	21,1	14,8	6,8	3,6	4,1	1,5	1,7	2,5	2,0
Byggingarvísitala	32,2	24,6	17,7	17,8	23,1	17,8	7,6	2,4	2,2	2,6	3,2	4,8	3,0
Meðalgengi	27,8	15,0	3,7	14,2	25,7	12,4	-0,1	0,5	8,3	5,2	-0,1	0,0	0,0
Verðvísitala samneyslu	35,0	27,0	27,1	23,9	15,9	11,2	8,3	3,7	3,2	1,7	3,6	5,7	3,1
Verðvísitala einkaneyslu	32,6	20,1	15,9	25,6	23,3	17,0	6,9	4,7	4,6	1,6	1,8	2,5	2,0
Verðvísitala vergrar landsframleiðslu	31,3	25,5	19,5	22,8	19,8	16,8	7,6	3,7	2,4	2,1	2,9	3,1	2,4
Ráðstöfunartekjur á mann	47,1	31,6	45,6	22,0	11,7	9,5	9,5	1,3	-2,1	1,5	5,8	6,0	3,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna	11,1	8,5	22,6	-2,8	-7,8	-4,6	2,5	-2,2	-6,0	0,0	4,0	3,5	1,5

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Tafla 13 Þjóðhagsyfirlit

Milljónir króna	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997
Á verðlagi hvers árs													
Einkaneysla	77 240	99 196	133 557	161 068	190 254	223 729	248 999	249 044	248 952	257 461	274 195	300 599	317 407
Samneysla	21 130	28 776	38 981	50 537	60 341	69 989	78 157	80 375	84 818	89 424	94 526	102 478	107 226
Fjárfesting	25 528	30 911	42 639	50 498	58 698	70 102	76 153	69 554	64 176	65 877	69 384	90 359	97 878
Neysla og fjárfesting alls	123 898	158 883	215 177	262 103	309 293	363 820	403 309	398 973	397 946	412 762	438 105	493 436	522 511
Birgðabreytingar	-3 111	-3 748	-3 783	-3 085	-8 143	-4 556	-1 226	- 445	435	- 85	2 017	-	-
Þjóðarútgjöld alls	**120 787**	**155 136**	**211 394**	**259 018**	**301 150**	**359 264**	**402 083**	**398 528**	**398 381**	**412 677**	**440 122**	**493 436**	**522 511**
Útflutningur vöru og þjónustu	48 774	61 961	71 681	81 722	106 282	124 246	124 943	121 248	134 972	156 478	160 019	170 389	178 843
Innflutningur vöru og þjónustu	48 663	55 880	73 965	84 100	99 240	119 595	130 305	121 943	122 493	134 631	144 725	168 491	181 595
Verg landsframleiðsla	**120 898**	**161 217**	**209 110**	**256 640**	**308 192**	**363 915**	**396 721**	**397 833**	**410 860**	**434 524**	**455 416**	**495 334**	**519 759**
Verg þjóðarframleiðsla	**116 075**	**155 914**	**204 311**	**250 133**	**297 028**	**351 514**	**384 035**	**386 528**	**398 718**	**421 688**	**443 857**	**484 751**	**508 040**
Á föstu verðlagi ársins 1997													
Einkaneysla	246 207	263 241	305 780	294 141	281 897	283 263	294 964	281 883	269 400	274 156	286 671	306 611	317 407
Samneysla	72 385	77 634	82 657	86 562	89 168	93 051	95 983	95 164	97 381	101 002	103 011	105 655	107 226
Fjárfesting	83 419	82 154	97 557	97 126	89 481	92 225	94 080	83 505	73 996	73 198	74 820	92 799	97 878
Neysla og fjárfesting alls	402 011	423 029	485 994	477 830	460 546	468 540	485 027	460 552	440 777	448 357	464 502	505 064	522 511
Birgðabreytingar	-5 497	-8 743	-6 947	-1 273	-4 831	-6 107	1 299	- 74	897	- 100	3 302	- 279	0
Þjóðarútgjöld alls	**396 514**	**414 285**	**479 048**	**476 558**	**455 714**	**462 433**	**486 326**	**460 478**	**441 674**	**448 257**	**467 804**	**504 785**	**522 511**
Útflutningur vöru og þjónustu	143 819	152 349	157 452	151 689	156 146	156 107	147 112	144 535	154 167	169 195	165 340	173 967	178 843
Innflutningur vöru og þjónustu	145 905	147 289	181 476	173 220	155 449	156 985	165 692	152 794	139 574	145 450	152 343	171 861	181 595
Verg landsframleiðsla	**394 429**	**419 346**	**455 024**	**455 027**	**456 411**	**461 555**	**467 746**	**452 219**	**456 266**	**472 001**	**480 801**	**506 891**	**519 759**
Verg þjóðarframleiðsla	**384 551**	**409 519**	**445 299**	**442 438**	**441 668**	**447 420**	**452 438**	**436 545**	**440 158**	**457 189**	**467 680**	**494 931**	**508 040**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 14 **Magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða**

	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997
Vísitölur (1980 = 100)													
Einkaneysla	114	122	141	136	130	131	136	130	124	127	132	142	147
Samneysla	128	137	146	153	157	164	170	168	172	178	182	187	189
Fjármunamyndun	98	96	115	115	106	109	111	98	87	86	88	109	115
Þjóðarútgjöld alls	**111**	**116**	**134**	**133**	**127**	**129**	**136**	**129**	**123**	**125**	**131**	**141**	**146**
Útflutningur vöru og þjónustu	119	126	130	125	129	129	121	119	127	139	136	143	147
Innflutningur vöru og þjónustu	115	116	143	136	122	123	130	120	110	114	119	134	141
Verg landsframleiðsla	**112**	**119**	**129**	**129**	**130**	**131**	**133**	**128**	**129**	**134**	**137**	**144**	**148**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	230	233	241	277	299	297	311	312	316	299	299	299	299
Verg þjóðarframleiðsla	**110**	**117**	**127**	**126**	**126**	**128**	**129**	**125**	**126**	**130**	**134**	**141**	**145**
Vergar þjóðartekjur	**107**	**117**	**129**	**128**	**126**	**127**	**130**	**125**	**124**	**128**	**132**	**138**	**142**
Breyting milli ára, %													
Einkaneysla	4,2	6,9	16,2	-3,8	-4,2	0,5	4,1	-4,4	-4,5	1,8	4,6	7,0	3,5
Samneysla	6,5	7,3	6,5	4,7	3,0	4,4	3,2	-0,8	2,3	3,7	2,0	2,5	1,5
Fjármunamyndun	1,0	-1,9	19,1	0,0	-7,8	2,6	2,0	-11,1	-11,5	-1,1	2,2	24,0	5,5
Þjóðarútgjöld alls	**2,7**	**4,4**	**15,8**	**-0,5**	**-4,4**	**1,4**	**5,2**	**-5,3**	**-4,1**	**1,5**	**4,3**	**7,9**	**3,5**
Útflutningur vöru og þjónustu	11,1	5,9	3,3	-3,6	2,9	0,0	-5,8	-1,7	6,6	9,8	-2,3	5,2	2,8
Innflutningur vöru og þjónustu	9,4	0,9	23,3	-4,6	-10,3	1,0	5,5	-7,8	-8,6	4,1	3,8	12,8	5,7
Verg landsframleiðsla	**3,3**	**6,2**	**8,6**	**0,0**	**0,3**	**1,1**	**1,3**	**-3,3**	**0,9**	**3,6**	**2,1**	**5,5**	**2,5**
Þáttatekjur frá útlöndum, nettó	3,7	1,0	3,5	14,8	8,0	-0,5	4,8	0,1	1,3	-5,2	-	-	-
Verg þjóðarframleiðsla	**3,3**	**6,4**	**8,8**	**-0,6**	**-0,1**	**1,2**	**1,1**	**-3,5**	**0,8**	**3,8**	**2,6**	**5,8**	**2,6**
Vergar þjóðartekjur	**2,9**	**8,9**	**10,7**	**-0,9**	**-1,6**	**0,6**	**2,6**	**-4,4**	**-0,8**	**3,5**	**3,0**	**4,9**	**2,5**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 15 Greiðslujöfnuður við útlönd

Milljónir króna á meðalgengi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Vöruskiptajöfnuður	**- 10**	**3 980**	**-1 967**	**- 329**	**7 469**	**4 800**	**-3 079**	**- 76**	**12 268**	**19 662**	**13 356**	**1 185**	**-3 258**
Útfluttar vörur	**33 750**	**44 968**	**53 053**	**61 667**	**80 072**	**92 452**	**91 560**	**87 833**	**94 658**	**112 655**	**116 607**	**123 995**	**129 254**
Sjávarafurðir	25 226	34 627	40 322	43 819	56 812	69 898	73 236	69 881	74 571	84 838	83 873	93 696	95 944
Ál og kísiljárn	4 559	5 459	6 553	9 045	13 317	12 017	9 841	9 710	10 619	13 523	15 514	15 902	17 906
Annað	3 965	4 882	6 178	8 803	9 943	10 537	8 483	8 242	9 468	14 294	17 220	14 397	15 404
Innfluttar vörur	**33 760**	**40 988**	**55 020**	**61 996**	**72 603**	**87 652**	**94 639**	**87 909**	**82 390**	**92 993**	**103 251**	**122 810**	**132 512**
Sérstakur vöruinnflutningur	3 642	4 338	5 944	8 307	10 828	14 047	13 107	12 237	7 086	9 441	10 219	17 484	20 391
Almennur innflutningur	30 118	36 650	49 076	53 689	61 775	73 605	81 532	75 672	75 304	83 552	93 032	105 326	112 121
Olía	5 282	3 693	3 724	3 658	5 990	8 343	7 406	7 088	7 357	7 237	6 949	8 546	9 030
Annað	24 836	32 957	45 352	50 031	55 785	65 262	74 126	68 584	67 947	76 315	86 083	96 780	103 091
Þjónustujöfnuður	**121**	**2 101**	**- 317**	**-2 050**	**- 427**	**- 149**	**-2 283**	**- 619**	**211**	**2 185**	**1 938**	**712**	**506**
Þjónustutekjur	15 024	16 993	18 628	20 054	26 210	31 794	33 383	33 415	40 314	43 824	43 412	46 393	49 589
Þjónustugjöld	14 903	14 892	18 945	22 104	26 637	31 943	35 666	34 034	40 103	41 639	41 474	45 681	49 083
Jöfnuður þáttatekna o.fl.	**-4 824**	**-5 302**	**-4 799**	**-6 506**	**-11 164**	**-12 401**	**-12 686**	**-11 305**	**-12 142**	**-13 462**	**-11 865**	**-10 948**	**-12 092**
Viðskiptajöfnuður	**-4 713**	**779**	**-7 083**	**-8 885**	**-4 122**	**-7 750**	**-18 048**	**-12 000**	**337**	**8 385**	**3 429**	**-9 051**	**-14 844**
Sem hlutfall af landsframleiðslu, %	-3,9	0,5	-3,4	-3,5	-1,3	-2,1	-4,6	-3,0	0,1	1,9	0,8	-1,8	-2,9
Fjármagnsjöfnuður	**9 562**	**2 602**	**6 478**	**8 347**	**7 918**	**12 078**	**18 772**	**16 507**	**4 654**	**-23 046**	**-4 747**	**9 051**	**14 844**
Langtímalántökur, nettó	5 476	6 099	6 740	9 675	15 945	16 362	14 572	13 075	6 352	-5 874	-1 481	-	-
Innkomin langtímalán	9 927	12 036	12 465	16 398	25 165	27 735	29 588	32 195	29 910	33 815	30 527	-	-
Afborganir	4 451	5 937	5 725	6 723	9 220	11 373	15 016	19 120	23 558	39 689	32 008	-	-
Aðrar fjármagnshreyfingar, nettó	6 371	-2 234	2 731	- 869	-8 167	-4 252	3 196	3 130	-1 754	-16 446	2 448	-	-
Annað	-2 285	-1 263	-2 993	- 459	140	- 32	1 004	302	56	- 726	-5 714		
Greiðslujöfnuður	**4 849**	**3 381**	**- 605**	**- 538**	**3 796**	**4 328**	**724**	**4 507**	**4 991**	**-14 661**	**-1 318**	**-**	**-**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 16 Fjárfesting

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs					Magnbreytingar frá fyrra ári, % [1]						
	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997
Fjárfesting alls	**64 176**	**65 877**	**69 384**	**90 360**	**97 878**	**2,0**	**-11,1**	**-11,5**	**-1,1**	**2,2**	**24,0**	**5,5**
Atvinnuvegirnir	**28 932**	**30 580**	**35 144**	**54 700**	**60 428**	**3,6**	**-17,1**	**-24,8**	**0,5**	**12,3**	**50,0**	**8,3**
Landbúnaður	1 883	1 806	2 050	2 200	2 400	21,4	-12,8	7,3	-8,8	10,9	3,9	6,0
Fiskveiðar [2]	2 146	3 471	2 100	5 400	4 500	1,5	98,8	-67,1	50,8	-39,7	145,5	-18,0
Vinnsla sjávarafurða	1 679	2 429	3 200	4 000	3 800	-22,3	-4,1	12,2	38,1	29,6	21,2	-7,0
Álverksmiðja	579	265	410	7 000	6 850	-8,6	-63,2	58,5	-56,4	51,6	1556,9	-4,0
Járnblendiverksmiðja	44	112	80	300	250	-63,2	-77,1	325,0	145,2	-30,3	264,0	-18,0
Annar iðnaður	4 797	4 969	5 800	6 600	7 500	25,2	-13,9	-12,3	-1,8	14,2	10,2	12,0
Rafvirkjanir og rafveitur	2 052	1 609	1 800	3 400	3 800	8,7	-59,7	-15,5	-23,4	8,4	79,8	9,0
Hitaveitur	897	973	1 200	1 200	1 500	-34,8	27,9	-8,2	5,8	19,5	-2,9	23,0
Vatnsveitur	564	462	600	600	700	10,6	-25,6	0,7	-20,1	25,8	-2,9	14,0
Byggingarstarfssemi o.fl.	1 528	1 274	1 750	2 100	2 500	35,9	-39,3	-12,1	-22,5	36,0	16,5	17,0
Verslunar- og skrifstofuhúsnæði o.fl.	3 884	3 548	3 850	4 500	5 500	-14,8	-0,8	-13,6	-10,8	5,1	13,5	20,0
Samgöngur	3 952	2 825	4 554	8 000	9 300	-1,2	-37,4	-49,4	-29,6	51,4	67,5	15,0
Póstur og sími, útvarp og sjónvarp	2 036	2 909	3 000	3 100	3 700	35,8	23,5	3,7	35,9	1,1	0,3	12,0
Tölvu- og skrifstofubúnaður	2 891	3 928	4 750	6 300	8 128	10,6	-4,7	-1,8	26,1	19,8	28,7	27,0
Íbúðarhúsnæði	**18 212**	**18 667**	**18 300**	**19 560**	**21 150**	**-4,9**	**-3,3**	**-5,8**	**0,0**	**-5,0**	**2,0**	**5,0**
Fjárfesting hins opinbera	**17 032**	**16 630**	**15 940**	**16 100**	**16 300**	**7,3**	**-3,6**	**14,4**	**-4,7**	**-7,1**	**-1,8**	**-0,8**
Vegir og brýr	4 442	3 982	3 540	3 700	3 300	6,0	-0,4	64,3	-12,5	-13,9	1,9	-13,0
Götur og holræsi	3 290	3 548	3 600	3 700	3 900	22,9	-8,2	1,8	5,2	-1,7	0,2	3,0
Byggingar hins opinbera	9 300	9 100	8 800	8 700	9 100	2,6	-2,7	3,8	-4,5	-6,3	-4,0	3,0

[1] Magnbreytingar eru reiknaðar á föstu verðlagi ársins 1990.

[2] Fiskeldisstöðvar meðtaldar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 17 **Opinberar framkvæmdir**

Milljónir króna	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Spá 1997
Verðlag hvers árs													
Vegir og brýr	874	955	1 027	1 537	1 728	2 290	2 602	2 641	4 442	3 982	3 540	3 700	3 300
Götur og holræsi	973	950	1 456	1 947	2 221	2 565	3 373	3 156	3 290	3 548	3 600	3 700	3 900
Skólar og íþróttamannvirki	797	907	1 532	2 038	2 723	2 720	2 950	3 220	4 085	4 200	3 900	4 000	4 300
Sjúkrahús	558	798	754	1 234	1 336	1 490	1 920	1 680	1 559	1 540	1 450	1 250	1 250
Félagsheimili og kirkjur	182	292	149	189	217	280	280	720	668	460	500	500	500
Aðrar byggingar hins opinbera	389	463	966	1 565	2 067	3 480	3 650	3 150	2 988	2 900	2 950	2 950	3 050
Samtals	**3 773**	**4 365**	**5 884**	**8 510**	**10 292**	**12 825**	**14 775**	**14 567**	**17 032**	**16 630**	**15 940**	**16 100**	**16 300**
Verðlag 1997													
Vegir og brýr	2 873	2 501	2 250	2 742	2 573	2 921	3 084	3 018	4 956	4 352	3 737	3 789	3 300
Götur og holræsi	3 198	2 488	3 191	3 473	3 307	3 271	3 998	3 607	3 671	3 877	3 801	3 789	3 900
Skólar og íþróttamannvirki	2 620	2 375	3 357	3 635	4 055	3 469	3 497	3 680	4 558	4 590	4 117	4 096	4 300
Sjúkrahús	1 834	2 090	1 652	2 201	1 990	1 900	2 276	1 920	1 740	1 683	1 531	1 280	1 250
Félagsheimili og kirkjur	598	765	327	337	323	357	332	823	745	503	528	512	500
Aðrar byggingar hins opinbera	1 279	1 212	2 117	2 791	3 078	4 438	4 326	3 600	3 334	3 169	3 114	3 021	3 050
Samtals	**12 402**	**11 431**	**12 894**	**15 179**	**15 327**	**16 356**	**17 512**	**16 647**	**19 004**	**18 174**	**16 829**	**16 486**	**16 300**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 18 Veitt og tekin lán ríkissjóðs [1]

Stöðutölur í milljónum króna á verðlagi í lok hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Fjárlög 1997
Tekin lán	**38 570**	**45 787**	**54 526**	**71 773**	**101 662**	**119 344**	**137 530**	**166 116**	**195 569**	**213 924**	**232 585**	**237 038**	**236 857**
Seðlabanki Íslands	3 683	1 693	3 059	3 448	3 221	1 810	757	13	6	-	-	-	-
Spariskírteini	6 165	10 041	14 275	20 159	26 197	37 602	46 175	51 793	60 796	69 008	74 140	-	-
Ríkisbréf	-	-	-	-	-	76	1 257	2 487	6 012	5 563	5 768	-	-
Ríkisvíxlar	-	-	931	725	5 892	8 066	8 244	12 545	13 742	14 630	16 406	-	-
Aðrir innlendir aðilar	3 092	4 749	6 306	7 236	7 840	12 011	13 144	12 005	12 709	11 090	9 010	-	-
Erlend lán	25 630	29 304	29 955	40 205	58 512	59 779	67 953	87 273	102 304	113 633	127 261	-	-
Lánveitingar	**29 839**	**29 713**	**35 632**	**47 569**	**49 222**	**52 806**	**63 091**	**67 700**	**64 968**	**69 066**	**83 877**	**85 697**	**84 975**
Veitt lán	24 737	22 985	24 182	29 967	34 433	34 022	37 902	41 654	46 875	55 469	64 134	-	-
Lán tengd innlendu verðlagi	10 517	11 596	13 476	15 795	16 331	18 306	22 071	22 644	26 405	36 965	45 176	-	-
Gengisbundin lán	14 220	11 389	10 706	14 172	18 102	15 716	15 831	19 010	20 470	18 504	18 958	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	5 102	6 728	11 450	17 602	14 789	18 784	25 189	26 046	18 093	13 597	19 743	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**8 731**	**16 074**	**18 894**	**24 204**	**52 440**	**66 538**	**74 439**	**98 416**	**130 601**	**144 858**	**148 708**	**151 340**	**151 882**
Lánveitingar sem % af teknum lánum	77,4	64,9	65,3	66,3	48,4	44,2	45,9	40,8	33,2	32,3	36,1	36,2	35,9
Hlutfall af VLF, % [2]													
Tekin lán	**28,2**	**27,3**	**24,1**	**27,1**	**31,8**	**32,4**	**34,1**	**41,6**	**47,3**	**49,1**	**50,9**	**47,7**	**45,4**
Þar af erlend lán	19,5	18,3	14,5	15,7	19,0	16,4	17,1	21,9	24,9	26,2	27,9	-	-
Veitt lán	**18,0**	**14,0**	**11,0**	**11,2**	**10,7**	**9,2**	**9,4**	**10,4**	**11,3**	**12,7**	**14,0**	**13,1**	**12,3**
Þar af gengisbundin lán	10,3	6,9	5,2	5,5	5,9	4,3	4,0	4,8	5,0	4,3	4,2	-	-
Viðskiptareikningar, nettó	3,7	4,0	5,0	6,4	4,4	5,0	6,2	6,5	4,3	3,1	4,3	-	-
Nettó lántökur ríkissjóðs	**6,5**	**9,3**	**8,0**	**9,5**	**16,7**	**18,1**	**18,6**	**24,7**	**31,6**	**33,1**	**32,4**	**30,3**	**29,2**

[1] Áfallnir ógreiddir vextir ríkissjóðs eru meðtaldir.

[2] Reiknað til meðalverðlags hvers árs með neysluverðsvísitölu og meðalgengi.

Tafla 19 Skuldir og kröfur opinberra aðila [1]

Stöðutölur í milljónum króna	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Verðlag og gengi hvers árs													
Heildarskuldir hins opinbera	**41 185**	**50 772**	**61 275**	**80 845**	**114 734**	**134 542**	**154 183**	**185 639**	**220 084**	**245 071**	**267 611**	**275 475**	**278 698**
Innlendar skuldir	15 526	21 425	31 267	40 568	55 985	74 562	85 612	95 466	113 296	126 467	135 881	-	-
Erlendar skuldir	25 659	29 347	30 008	40 277	58 749	59 980	68 571	90 173	106 788	118 604	131 730	-	-
Kröfur hins opinbera	**32 639**	**34 780**	**41 727**	**55 474**	**59 647**	**64 028**	**74 931**	**79 127**	**76 905**	**79 577**	**94 994**	**97 325**	**97 061**
Veitt lán	25 916	25 600	27 518	34 862	40 466	40 870	44 546	48 346	54 091	61 559	70 760	-	-
Skatta- og viðskiptakröfur	6 723	9 180	14 209	20 612	19 181	23 158	30 385	30 781	22 814	18 018	24 234	-	-
Hreinar skuldir hins opinbera	**8 546**	**15 993**	**19 548**	**25 371**	**55 087**	**70 515**	**79 252**	**106 512**	**143 180**	**165 494**	**172 617**	**178 150**	**181 637**
Ríkissjóður	8 713	16 074	18 894	24 204	52 440	66 538	74 439	98 417	130 602	144 858	148 709	151 341	151 882
Bæjar- og sveitarfélög	762	926	1 845	2 518	4 816	6 347	7 288	10 194	14 552	22 185	25 130	27 909	30 745
Almannatryggingar	- 929	-1 007	-1 191	-1 351	-2 169	-2 370	-2 475	-2 099	-1 974	-1 549	-1 222	-1 100	- 990
Raunvirði opinberra skulda, verðlag 1997 [2]													
Heildarskuldir hins opinbera	131 202	135 086	145 396	160 064	180 376	182 660	196 849	232 030	247 042	261 896	279 646	281 398	278 698
Hreinar skuldir hins opinbera	26 996	42 094	46 502	50 258	86 415	96 781	102 449	133 575	160 902	176 896	180 384	181 980	181 637
Hlutfall af VLF, %													
Heildar skuldir hins opinbera	**34,1**	**31,5**	**29,3**	**31,5**	**37,2**	**37,0**	**38,9**	**46,7**	**53,6**	**56,4**	**58,8**	**55,6**	**53,6**
Innlendar skuldir	12,8	13,3	15,0	15,8	18,2	20,5	21,6	24,0	27,6	29,1	29,8	-	-
Erlendar skuldir	21,2	18,2	14,4	15,7	19,1	16,5	17,3	22,7	26,0	27,3	28,9	-	-
Kröfur hins opinbera	**27,0**	**21,6**	**20,0**	**21,6**	**19,4**	**17,6**	**18,9**	**19,9**	**18,7**	**18,3**	**20,9**	**19,6**	**18,7**
Hreinar skuldir hins opinbera	**7,1**	**9,9**	**9,4**	**9,9**	**17,9**	**19,4**	**20,0**	**26,8**	**34,8**	**38,1**	**37,9**	**36,0**	**34,9**

[1] Skilgreining á opinberum aðilum tekur mið af alþjóðlegum stöðlum (SNA) og miðast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarfélög og almannatryggingar. Tekið hefur verið tillit til innbyrðis lánveitinga opinberra aðila.

[2] Innlendar skuldir eru færðar til fasts verðlags miðað við lánskjaravísitölu en erlendar skuldir miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 20 Erlend skuldastaða þjóðarbúsins og greiðslubyrði

Milljónir króna	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996	Spá 1997
Erlend skuldastaða, meðalgengi hvers árs													
Erlend langtímalán	**60 857**	**75 082**	**83 806**	**105 470**	**151 065**	**179 712**	**196 621**	**208 989**	**250 265**	**258 005**	**253 514**	**262 400**	**-**
Erlend skammtímastaða, nettó	-9 339	-7 546	-10 768	-11 981	-9 638	-5 846	-8 663	-10 352	660	13 508	11 179	- 600	-
Gjaldeyrisstaða	7 297	11 266	10 420	11 102	18 350	23 873	24 844	29 019	27 354	14 739	14 021	31 300	-
Nettóstaða við útlönd	**62 899**	**71 362**	**84 154**	**106 349**	**142 353**	**161 685**	**180 440**	**190 322**	**222 251**	**229 758**	**228 314**	**231 700**	**245 700**
Raunvirði erlendra skulda, verðlag 1997 [1]													
Erlend langtímalán	198 870	211 376	223 999	239 652	258 401	271 261	282 596	292 785	292 131	277 745	265 310	256 500	-
Nettóstaða við útlönd	205 543	200 903	224 929	241 649	243 499	244 051	259 339	266 633	259 430	247 337	238 937	237 029	245 700
Hlutfall af VLF, %													
Erlend langtímalán	**50,3**	**46,6**	**40,1**	**41,1**	**49,0**	**49,4**	**49,6**	**52,5**	**60,9**	**59,4**	**55,7**	**-**	**-**
Nettóstaða	**52,0**	**44,3**	**40,3**	**41,4**	**46,2**	**44,4**	**45,5**	**47,8**	**54,1**	**52,9**	**50,1**	**46,8**	**47,3**
Greiðslubyrði erlendra lána													
Afborganir af erlendum langtímalánum	4 456	5 937	5 777	6 599	9 104	11 360	14 880	19 113	23 769	39 818	31 971	25 000	23 000
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	5 259	6 152	6 158	7 594	12 295	14 345	14 846	14 021	15 562	16 258	15 800	15 100	16 000
Samtals	9 715	12 089	11 935	14 193	21 399	25 705	29 726	33 134	39 331	56 076	47 771	40 100	39 000
Vaxtagreiðslur, nettó	5 605	6 226	6 213	8 173	12 951	14 377	14 797	13 619	14 615	15 167	14 434	13 500	14 700
Hlutfall af útflutningstekjum, %													
Afborganir af erlendum langtímalánum	8,9	9,3	7,8	7,8	8,3	9,0	11,8	15,1	16,9	24,6	19,3	14,2	12,4
Vaxtagreiðslur af langtímalánum	10,5	9,7	8,3	9,0	11,2	11,4	11,8	11,1	11,1	10,0	9,5	8,6	8,6
Samtals	19,4	19,0	16,1	16,8	19,4	20,4	23,5	26,2	28,0	34,6	28,8	22,7	21,1
Vaxtagreiðslur, nettó	11,2	9,8	8,4	9,7	11,8	11,4	11,7	10,8	10,4	9,4	8,7	7,7	7,9
Afborganir og nettóvaxtagreiðslur alls	20,0	19,1	16,2	17,4	20,0	20,4	23,5	25,8	27,3	33,9	28,0	21,8	20,4

[1] Miðað við erlent verðlag og meðalgengi.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tafla 21 Byggingarsjóður ríkisins [1]

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Fjárlög 1997
Innstreymi	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 009**	**8 442**	**7 804**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	2 360	3 180	4 862	6 809	7 867	8 523	5 282	2 353	2 375	4 084	2 668	2 300	2 640
Afborganir, vextir og verðbætur	799	1 238	1 681	2 495	3 334	4 413	5 289	6 075	5 904	5 743	5 670	5 729	5 400
Skyldusparnaður, nettó	- 17	22	85	15	- 164	- 161	- 163	- 420	-1 850	- 875	- 633	- 445	- 450
Byggingarsj. verkamanna, endurgreiðslur	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	82	-	-
Húsbréfadeild, endurgreiðslur	-	-	-	-	-	129	51	58	55	125	-	80	-
Húsbréfadeild, bráðabirgðalán	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-	545	-
Tekjur	40	51	48	203	85	83	227	132	197	213	222	233	214
Sjóðsminnkun	-	-	59	-	496	459	93	-	302	200	-	-	-
Útstreymi	**3 182**	**4 491**	**6 735**	**9 697**	**11 618**	**13 527**	**10 798**	**8 294**	**8 641**	**9 616**	**8 009**	**8 442**	**7 804**
Rekstrarkostnaður o.fl.	96	118	178	245	278	294	257	82	108	101	91	128	104
Afborganir, vextir og verðbætur	676	944	1 490	2 416	3 272	4 102	5 863	6 564	7 495	7 061	6 868	7 302	6 890
Lán til Byggingarsjóðs verkamanna	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	372	209	350
Bráðabirgðalán til Byggingarsj. verkam.	-	-	-	-	81	19	96	116	126	-	-	134	-
Bráðabirgðalán til húsbréfadeildar	-	-	-	-	-	51	58	55	125	150	-	-	-
Endurgr. bráðabirgðalán til húsbréfad.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1 542	-	-	-
Annað	59	-	-	141	354	108	161	218	194	238	293	285	210
Sjóðsaukning	248	432	-	914	-	-	-	185	-	-	1	-	-
Veitt lán samkv. 11. grein, samtals	2 030	2 844	4 733	5 858	7 511	8 856	4 279	816	212	40	384	384	250
Til nýbygginga og eldri íbúða	1 550	1 943	4 109	4 920	6 000	7 192	3 637	224	138	-	-		
Greiðsluerfiðleikalán	235	540	155	310	284	207	19	-	-	-	-		
Lán vegna kaupleiguíbúða	-	-	-	55	525	892	60	206	-	-	-		
Framkv.lán til nýbygg. og dvalarheimila	89	223	354	421	510	333	417	313	38	-	-		
Aðrir lánaflokkar	156	138	115	152	192	232	146	73	36	-	-		

[1] Fjármagnshreyfingar við Byggingarsjóð verkamanna vegna lífeyrissjóða eru ekki teknir með í yfirlitinu.

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 22 Byggingarsjóður verkamanna

Milljónir króna á verðlagi hvers árs	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Bráðab. 1996	Fjárlög 1997
Innstreymi	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 846**	**7 854**	**8 213**	**7 137**
Innlend lántaka (lífeyrissjóðir og ríki)	333	580	490	1 440	2 375	2 973	4 252	5 035	5 430	4 821	5 332	5 256	4 496
Afborganir, vextir og verðbætur	98	118	141	244	530	610	716	385	468	1 065	1 221	1 948	1 450
Framlag ríkissjóðs	282	300	300	600	600	490	900	1 075	925	918	534	400	300
Sveitarfélög	44	68	71	102	150	172	175	214	167	1	110	100	150
Kaupendur eldri íbúða	22	38	47	35	48	49	83	64	62	49	51	31	50
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	136	85	46	61	89	415	185	271	247	242	138	96	250
Lán frá Byggingarsjóði ríkisins	73	153	334	123	122	97	84	258	381	484	372	209	350
Byggingarsjóður ríkisins, bráðabirgðalán	-	-	-	-	81	19	96	116	126	143	-	122	-
Annað	1	1	-	2	5	10	48	44	70	69	63	51	91
Sjóðsminnkun	-	-	147	-	-	116	-	173	-	54	33	-	-
Útstreymi	**989**	**1 343**	**1 576**	**2 607**	**4 000**	**4 951**	**6 539**	**7 635**	**7 876**	**7 831**	**7 854**	**8 213**	**7 137**
Rekstrarkostnaður o.fl.	16	30	36	60	82	109	170	253	129	116	117	138	112
Afborganir, vextir og verðbætur	88	182	316	498	794	986	1 523	1 979	2 966	3 534	4 047	4 428	4 705
Byggingarsjóður ríkisins, endurgreiðslur	-	-	-	175	-	81	19	96	116	126	-	-	-
Annað	-	2	6	-	-	-	-	-	-	-	45	98	-
Sjóðsaukning	113	35	-	5	208	-	84	-	68	-	-	-	-
Veitt lán, samtals	772	1 094	1 218	1 869	2 916	3 775	4 743	5 307	4 597	4 055	3 645	3 549	2 320
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	538	722	837	1 468	2 246	2 612	2 393	2 737	2 485	-	-	-	-
Kaupleiguíbúðir	-	-	-	6	121	483	1 488	1 938	1 561	-	-	-	-
Endursöluíbúðir	234	372	381	395	549	680	862	632	551	-	-	-	-

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 23 Útgáfa húsbréfa

Milljónir króna á verðlagi hvers mánaðar	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Samtals
1993:													
Nýbyggingar	235	238	330	243	174	270	308	353	312	272	348	537	**3 620**
Eldri íbúðir	549	490	660	611	500	748	718	611	702	846	631	861	**7 927**
Viðbyggingar og endurbætur	34	40	30	33	18	25	22	21	24	17	39	21	**324**
Samtals	**818**	**768**	**1 020**	**887**	**692**	**1 043**	**1 048**	**985**	**1 038**	**1 135**	**1 018**	**1 419**	**11 871**
1994													
Nýbyggingar	233	421	384	279	366	345	407	355	351	215	626	513	**4 495**
Eldri íbúðir	234	852	1 024	679	881	990	956	881	747	290	1 278	1 203	**10 015**
Viðbyggingar og endurbætur	15	43	29	18	19	32	31	17	41	29	42	28	**344**
Samtals	**482**	**1 316**	**1 437**	**976**	**1 266**	**1 367**	**1 394**	**1 253**	**1 139**	**534**	**1 946**	**1 744**	**14 854**
1995													
Nýbyggingar	379	446	274	197	313	390	352	292	277	291	532	471	**4 214**
Eldri íbúðir	358	588	603	525	591	739	772	774	785	701	767	699	**7 902**
Viðbyggingar og endurbætur	14	21	17	7	29	21	16	17	25	22	25	33	**247**
Samtals	**751**	**1 055**	**894**	**729**	**933**	**1 150**	**1 140**	**1 083**	**1 087**	**1 014**	**1 324**	**1 203**	**12 363**
1996													
Nýbyggingar	288	357	390	273	418	318	490	345	301	356	378	509	**4 423**
Eldri íbúðir	523	516	746	760	932	838	920	892	877	897	873	723	**9 497**
Viðbyggingar og endurbætur	11	27	24	11	12	21	22	15	31	42	31	24	**271**
Samtals	**822**	**900**	**1 160**	**1 044**	**1 362**	**1 177**	**1 432**	**1 252**	**1 209**	**1 295**	**1 282**	**1 256**	**14 191**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Halli ríkissjóðs



Tekjur og gjöld ríkissjóðs



Hrein lánsfjárþörf hins opinbera



667. Fyrirspurn [379. mál]

til landbúnaðarráðherra um sláturkostnað.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hver er sláturkostnaður á hvert kíló af dilkakjöti?
Hvernig greinist hann í:
a. vinnulaun,
b. sjóðgjöld, og hvert renna þau,
c. dýralækniskostnað,
d. annað, hvað?

668. Fyrirspurn [380. mál]

til menntamálaráðherra um samræmd próf.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Telur ráðherra eðlilegt að við miðlun upplýsinga til nemenda og foreldra um niðurstöður samræmdra prófa sé eingöngu notuð svonefnd normalkúrva?

669. Svar [280. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir elli- og örorkulífeyrisþegar misstu undanþágu frá greiðslu afnotagjalda Ríkisútvarpsins árið 1995?*
2. *Hversu margir úr sama hópi misstu undanþáguna árið 1996?*
3. *Hvaða breytingum er gert ráð fyrir árið 1997 og hvers vegna?*
4. *Hverjar verða breytingar á útgjöldum Ríkisútvarpsins eða ríkissjóðs á þessu ári samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum?*

Ákvörðun um eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja er tekin af Ríkisútvarpinu sjálfu, ekki Tryggingastofnun ríkisins, en sú ákvörðun byggist væntanlega á 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, sem bætt var við þá grein með 1. gr. laga um breytingu á þeim lögum, nr. 40/1986.

Annað mál er að Tryggingastofnun ríkisins veitir Ríkisútvarpinu upplýsingar um það hverjir eru á lífeyrisuppbótum hjá stofnuninni á hverjum tíma, en það er alfarið mál Ríkisútvarpsins hvernig þær upplýsingar eru notaðar í samræmi við fyrrgreind lög. Umbeðnar upplýsingar ættu því að liggja hjá Ríkisútvarpinu, en sú stofnun heyrir undir menntamálaráðherra.

Í 1. gr. laga nr. 40/1986, um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, segir: „Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971 [nú 17. gr. 117/1993], með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum.“

Í reglugerð menntamálaráðuneytis nr. 357/1986, um Ríkisútvarpið, er framangreindri heimild útvarpslaganna ekki beitt að fullu heldur er hún þrengd eins og segir í 7. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar: „Veita skal þeim elli- og örorkulífeyrisþega, *sem býr einn* og fær uppbót á lífeyri sinn samkvæmt reglugerð nr. 351/1977, um tekjutryggingu, heimilsuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds . . .“

Í framangreindri reglugerð nr. 351/1977, um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir, svo og í 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, er algjörlega skýrt hvað er „uppbót á lífeyri (tekjutrygging)“, hvað er „heimilisuppbót“ og síðan hvað er „frekari uppbót (heimildaruppbót)“.

Þar sem útvarpslög og reglugerð um Ríkisútvarpið nota sama orðalagið og 19. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, þ.e. „uppbót á lífeyri“, er hér tvímælalaust átt við tekjutryggingu.

Þar sem tekjutryggingarþegum hefur í heild farið fjölgandi á undanförnum árum má ætla að fjöldi elli- og örorkulífeyrisþega, sem misst hafa undanþágu frá greiðslu afnotagjalda Ríkisútvarpsins, sé óverulegur, en sá missir verður ekki grundvallaður á breytingum á greiðslu „frekari uppbótar“ sem er sérstakt hugtak og heyrir nú undir lög um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, meðan fjallað er um „uppbót á lífeyri“ eftir sem áður í 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem er um tekjutryggingu.

670. Frumvarp til laga [381. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Á eftir orðunum „þremur fulltrúum hið fæsta“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: en þó a.m.k. fimm fulltrúum ef félagsmálanefnd eru falin verkefni barnaverndarnefndar.

2. gr.

Orðin „og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „á vettvangi byggðasamlaga“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:

a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.
b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12.–13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

5. gr.

Orðin „leitast við að“ í 16. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Við 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef sveitarfélag ræður starfsmann skal hann hafa viðhlítandi menntun.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sbr. 2. mgr., að fengnum tillögum félagsmálanefndar, í samræmi við lög þessi og önnur lög eftir því sem við á.

Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram.

8. gr.

2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Félagsmálanefnd er óheimilt að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

9. gr.

25. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

10. gr.

Við 30. gr. laganna (verður 29. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er sveitarstjórn að taka gjald fyrir heimaþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

11. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna (verður 33. gr.) fellur brott.

12. gr.

Í stað orðanna „svæðisstjórna fatlaðra“ í 3. mgr. 45. gr. laganna (verður 44. gr.) kemur: svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.

13. gr.

49. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna (verður 54. gr.):

a. Í stað orðanna „svæðisstjórn um málefni fatlaðra“ kemur: svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.
b. Í stað orðanna „lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983.“ kemur: lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

15. gr.

Í stað orðanna „66. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. laganna (verður 63. gr.) kemur: 64. gr.

16. gr.

Við 66. gr. laganna (verður 64. gr.) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr.

17. gr.

Á eftir 67. gr. laganna (verður 65. gr.) kemur nýr kafli, XVIII. kafli, **Ýmis ákvæði,** með einni nýrri grein, svohljóðandi:

Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, skipaði 21. maí 1996 til að endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í nefndina voru skipuð: Jón Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristján Pálsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Hilmar Sverrisson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Framsóknarflokksins, og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, skipaður af ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri.

Tilefni endurskoðunar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga á árinu 1996 er að finna í ákvæði til bráðabirgða, en þar segir að lögin skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Jafnframt vísast til ákvæðis til bráðabirgða II í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þar sem segir að þau lög skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra.

Endurskoðun laga um málefni fatlaðra lauk með samþykkt laga á Alþingi 20. desember 1996, laga nr. 161/1996. Í ákvæði til bráðabirgða í hinum nýju lögum er mælt fyrir um það að félagsmálaráðherra skuli eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga sem koma eigi til framkvæmda 1. janúar 1999. Fyrir þann tíma þarf Alþingi m.a. að hafa samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið (sem varð að áðurnefndum lögum nr. 161/1996) segir svo um samruna laga um málefni fatlaðra og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga: „Með því að fella þjónustu við fatlaða undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga þarf að semja ný og breytt lög um félagsþjónustu. Ljóst er að sú lagasetning krefst mikils og vandaðs undirbúnings. Lögin um málefni fatlaðra eru ítarleg sérlög sem kveða ríkt á um réttindi fatlaðra og skyldur ríkisins. Lögunum fylgja sex reglugerðir. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru hins vegar almenn rammalög, ná yfir víðtækt svið þar sem skyldur sveitarfélaga eru ekki nákvæmlega tíundaðar heldur er svigrúm sveitarfélaga mikið. Engin almenn reglugerðarheimild fylgir þeim lögum. Samsteypa jafnólíkra laga er vandaverk."

Með hliðsjón af því að undirbúningur að frumvarpi til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem taki til þjónustu við fatlaða, er á næsta leiti var nefndin, sem samdi frumvarp þetta, sammála því að við endurskoðun laganna í þessari lotu skyldu meiri háttar athugunarefni liggja á milli hluta. Engu að síður er tekið á nokkrum veigamiklum atriðum í frumvarpinu, en þau eru helst þessi:

— skipan félagsmálanefndar ef nefndin fer einnig með barnaverndarmál,
— skylda sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf,
— greiðsla fjárhagsaðstoðar aftur í tímann.

Önnur atriði teljast minni háttar og sum hver nauðsynleg vegna breytinga á öðrum lögum. Vísast um það, svo og um skýringar á frumvarpinu að öðru leyti, til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um það að félagsmálanefnd skuli skipuð a.m.k. fimm fulltrúum ef nefndinni eru falin verkefni barnaverndarnefndar, en meginreglan um þrjá fulltrúa í félagsmálanefnd hið fæsta standi að öðru leyti óbreytt. Breytingartillagan er tilkomin vegna ákvæða í 2. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og 32. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fram kemur að sveitarstjórn sé heimilt að fela félagsmálanefnd verkefni barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd skal skipuð fimm mönnum, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna. Óljóst hefur þótt hvort félagsmálanefnd, sem fer með barnaverndarmál, skuli skipuð fimm mönnum þrátt fyrir meginregluna um þrjá fulltrúa hið fæsta í félagsmálanefnd. Álit félagsmálaráðuneytis um þetta atriði, sem fram kom í bréfi þess til Barnaverndarstofu, dags. 30. september 1996, var að fimm menn skyldu taka sæti í félagsmálanefnd þegar fjallað væri um barnaverndarmál. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, telur að rétt sé að lögfesta það fyrirkomulag á þann hátt að þegar ákvörðun sveitarstjórnar liggur fyrir um að félagsmálanefnd fari með barnaverndarmál verði nefndin skipuð a.m.k. fimm mönnum upp frá því.

Örfá dæmi eru um að félagsmálanefndir séu skipaðar sjö fulltrúum. Sú tilhögun stendur óbreytt séu nefndinni falin barnaverndarmál. Þetta atriði skýrir nauðsyn þess að nota orðalagið „a.m.k.“ fimm fulltrúum í 2. mgr. 5. gr. laganna eins og hér er gert ráð fyrir.

Um 2. gr.

Lagt er til að fellt verði niður skilyrðið um að einn fulltrúi undirnefndar félagsmálanefndar eigi jafnframt sæti í félagsmálanefnd. Óþarft þykir að binda hendur sveitarstjórnar með þessum hætti. Tengsl milli undirnefndar og félagsmálanefndar eru eftir sem áður óbreytt, þ.e. að undirnefnd lúti forsjá félagsmálanefndar.

Um 3. gr.

Rétt þykir að rýmka ákvæðið með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að sveitarstjórnir geti ákveðið að vinna saman að einstökum verkefnum félagsþjónustu eftir því sem henta þykir á hverjum stað.

Um 4. gr.

Lagt er til að 1. mgr. 15. gr. laganna falli brott. Í 1. mgr. er kveðið á um að erlendir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga í landinu, eigi rétt á félagsþjónustu í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili. Með vísun í 12. og 13. gr. laganna er óþarft að taka þetta sérstaklega fram. Ákvæði 12. og 13. gr. laganna tryggja öllum íbúum sveitarfélaga, sem þar eiga lögheimili, sama rétt óháð þjóðerni.

Í stað almennu reglunnar um aðstoð til erlendra ríkisborgara sem eiga lögheimili í landinu er gert ráð fyrir að 1. mgr. 15. gr. hafi að geyma sérreglu um aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili hér á landi. Efnislega er þar ekki um breytingu frá gildandi lögum að ræða, sbr. 2. mgr. 15. gr. laganna, en efnistök og framsetning er með öðrum hætti. Ákvæðið snýst um undantekningartilvik, um aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu eins og áður kom fram. Rétt þykir að tiltaka sérstaklega að aðstoð þeim til handa sé einungis veitt í sérstökum tilfellum, ákvæðið feli með öðrum orðum í sér þrönga sérreglu. Hér er fyrst og fremst um að ræða aðstoð til heimferðar. Einnig getur í undantekningartilvikum verið um að ræða fjárhagsaðstoð vegna brýnna þarfa í skamman tíma. Lagt er til að núverandi framkvæmd á aðstoð þessari verði lögfest. Í því felst að aðstoð er veitt í dvalarsveit að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Óbreytt stendur að félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um þessa aðstoð íslenska ríkisins.

Bent skal á að ákvæðið á ekki við um ríkisborgara EES-landanna sem hér eru í atvinnuleit, án lögheimilis í landinu. Um þá gilda sérreglur EES-samningsins. Þeir halda lögheimili sínu í heimalandi en eiga rétt á aðstoð vinnumiðlunar hér á landi og fá hér greiddar atvinnuleysisbætur sem fluttar eru frá heimalandi. Um aðstoð umfram það skal leita til heimalands.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar, sem tekur til endurgreiðslu ríkissjóðs til sveitarfélaga vegna veittrar aðstoðar við erlenda ríkisborgara, er efnislega óbreytt frá gildandi lögum. Í því sambandi skal tekið fram að við undirbúning frumvarpsins kom til athugunar að fella niður endurgreiðslu ríkissjóðs vegna erlendra ríkisborgara sem átt hefðu lögheimili hér á landi skemur en tvö ár. Rökin voru þau að slík endurgreiðsla væri úrelt orðin, enda í takt við nútímafélagsþjónustu að sveitarfélög beri ábyrgð á félagsþjónustu gagnvart öllum sem þar eiga lögheimili. Aftur á móti er ljóst að það er samningsatriði milli ríkis og sveitarfélaga að fella niður endurgreiðslur ríkissjóðs sem staðið hafa um langt

árabil. Þeir samningar liggja ekki fyrir nú. Nefndin, sem samdi frumvarp þetta, taldi því ekki tímabært að koma með tillögu um þetta efni í frumvarpinu.

Að lokum er gerð tillaga um að ákvæði 3. mgr. 15. gr. laganna verði fellt brott úr greininni en verði þess í stað að nýrri lagagrein er verði væntanlega 66. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Ástæðan er sú að ákvæðið fjallar um aðstoð ríkisins við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis. Þykir fara betur á því að sérstök lagagrein taki til þess afmarkaða efnis þannig að í 15. gr. laganna felist einungis sérregla um aðstoð við erlenda ríkisborgara.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum er að finna hvatningu til sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Á gildistíma laganna hafa viðhorf breyst á þann hátt að nú þykir sjálfsagt að sveitarfélög bjóði upp á félagslega ráðgjöf. Því er nú talið tímabært að stíga hér skrefið frá hvatningu til skyldu.

Í ákvæðinu felst einungis að íbúar sveitarfélags eigi aðgang að ráðgjöf um félagsleg réttindi og einnig, ef mögulegt er, ráðgjöf í einkamálum. Lögð er áhersla á aðgang að þjónustunni, en ekki er skilyrði að sveitarstjórnir hafi fastan starfsmann sem sinni ráðgjöf. Þannig geti t.d. fámenn sveitarfélög ráðið starfsmann til ákveðins verkefnis þegar þörf krefur, svo sem þegar vandasöm fjölskyldumál eiga í hlut.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. fela ekki í sér efnisbreytingar, einungis aðra uppsetningu og önnur efnistök en í núgildandi ákvæði. Óbreytt stendur að sveitarstjórn setur reglur um fjárhagsaðstoð, en félagsmálanefnd fjallar um málefni einstaklinga, þ.e. ákvarðar fjárhagsaðstoð í einstökum málum innan ramma reglnanna. Þessi skýra verkaskipting milli sveitarstjórna annars vegar, sem hafa með höndum skipulag og fjárhagsramma, og félagsmálanefnda sem inna faglegt starf af hendi með því að fjalla um málefni einstaklinga hins vegar er ein undirstaða laganna. Þetta atriði kemur auk þess beinlínis fram annars staðar í lögunum, svo sem í 4., 5. og 11. gr. Engu að síður þótti til skýringarauka að hin skörpu skil milli verkefna sveitarstjórnar og félagsmálanefndar kæmu hér sérstaklega fram.

Nokkuð er hert á orðalaginu um skyldur sveitarfélaga til að setja reglur um fjárhagsaðstoð enda þótt ekki sé um efnisbreytingu að ræða. Enn hafa mörg sveitarfélög ekki sett sér slíkar reglur þrátt fyrir lagaskyldu þar um, en af 165 sveitarfélögum hafa 85 sett reglur, þar á meðal öll stærstu sveitarfélög landsins.

3. mgr. felur í sér nýmæli um hversu lengi sveitarfélögum sé skylt að veita fjárhagsaðstoð aftur í tímann. Komið hefur í ljós óvissa hjá félagsmálanefndum um hvernig með eigi að fara þegar sótt er um aðstoð aftur í tímann. Meðan svo er, og enga takmörkun er á því að finna í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, hefur úrskurðarnefnd félagsþjónustu fellt úrskurð þess efnis að um þetta atriði gildi almennar reglur kröfuréttar. Það þýðir að réttur til aðstoðar miðast við þann tíma er aðstæður umsækjanda urðu með þeim hætti að hann á rétt á aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Nauðsynlegt er talið að slíkur almennur réttur sæti takmörkunum í lögum. Því er lagt til að fjárhagsaðstoð verði því veitt aftur í tímann eftir almennum reglum kröfuréttar, en þó sé ekki skylt að veita hana lengra aftur í tímann en fjóra mánuði.

Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að reglur sveitarfélaga kveði á um greiðslur aftur í tímann og sérstök tímamörk í því sambandi. Ástæðan er sú að hér er dæmigert löggjafaratriði á ferðinni, þ.e. hér er verið að leggja til að almennar reglur kröfuréttar sæti vissum takmörkunum. Slíkar takmarkanir á almennum lögum í landinu verða aðeins settar með lögum, en reglur sveitarfélaga geta ekki þrengt almennan rétt sem í landslögum felst. Má í þessu efni til samanburðar vísa til 2. mgr. 48. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, en þar eru almennar reglur kröfuréttar takmarkaðar með þeim hætti að bætur lífeyristrygginga skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Hér er lagt til að lögbundið verði að aldrei sé skylt að veita fjárhagsaðstoð lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn var lögð fram. Sveitarfélögum verði ekki heimilað að kveða á um þetta atriði í reglum sínum eins og áður kom fram. Aftur á móti gilda reglur hvers sveitarfélags um það hvort réttur einstaklings til félagsþjónustu hafi verið fyrir hendi allt að fjórum mánuðum áður en umsókn er lögð fram.

Að lokum skal upplýst að við undirbúning frumvarpsins af hálfu nefndarinnar komu til umræðu sérreglur Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð til heimilislausra áfengissjúklinga og hvort þær sérreglur kölluðu á sérstaka lagastoð. Þær sérreglur fela í sér að fjárhagsaðstoð er veitt í öðru formi þegar um þennan afmarkaða hóp er að ræða en almenna reglan segir til um. Framkvæmdin er sú að í stað fjárhagsaðstoðar í beinum mánaðarlegum peningagreiðslum er umræddum einstaklingum tryggt húsaskjól, fæði, klæði og vasapeningar. Þetta er gert með því að veita aðgang að gistiskýli, morgunverður stendur til boða ásamt einni léttri máltíð, svo og að veita ákveðna lágmarksfjárhagsaðstoð til fatakaupa og vasapeninga. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu hefur í úrskurði sínum frá 15. febrúar 1995 komist að þeirri niðurstöðu að sveitarfélagi sé „rétt og skylt að taka tillit til þess ef einstaklingur er áfengissjúkur og haga aðstoðinni með tilliti til þess skv. 52. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna um félagsþjónustu, nr. 40/1991". Með öðrum orðum er niðurstaða úrskurðarnefndar sú að sveitarfélagi sé rétt og skylt innan ramma laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga að setja „sérstakar reglur um fjárhagsaðstoð og framkvæmd hennar, þegar í hlut eiga einstaklingar sem eiga við áfengis- og/eða vímuefnaneyslu að etja". (Mál 04/1994.) Mikilvægt er að slík sérregla gildi jafnt um alla þá sem svo er ástatt um. Með hliðsjón af áðurnefndum úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sem er fullnaðarúrskurður innan stjórnsýslunnar, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, er breyting á lögunum vegna þessa atriðis talin óþörf.

Um 8. gr.

Ákvæðið felur ekki í sér efnisbreytingu. Orðalag núverandi ákvæðis þykir hins vegar óþarflega flókið og er hér lagt til að úr því verði bætt.

Um 9. gr.

Í 25. gr. laganna felst heimild fyrir ráðherra að setja reglugerð um samskipti sveitarfélaga sín á milli og um uppgjör milli ríkis og sveitarfélaga vegna veittrar fjárhagsaðstoðar. Komið hefur í ljós að engin þörf er fyrir reglugerð um þetta efni og verður ákvæðið því að teljast óþarft. Því er lagt til að það verði fellt brott.

Um 10. gr.

30. gr. laganna hefur verið skýrð svo að sveitarfélögum sé heimilt að kveða á um gjaldtöku í reglum sínum um félagslega heimaþjónustu. Betra er hins vegar talið að heimild til gjaldtöku komi beinlínis fram í lögunum.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 34. gr. laganna felst að félagsmálaráðuneytið skuli liðsinna sveitarfélögum í því skyni að sameinast um rekstur leikskóla á vettvangi héraðsnefnda eða með stofnun byggðasamlags. Ekki hefur reynt á þetta ákvæði. Reynslan þykir því sýna að ákvæðið sé óþarft og því lagt til að það verði fellt brott.

Um 12. gr.

Breytingin er einungis lögð til til samræmis við gildandi lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þar sem svæðisstjórnir voru lagðar niður og svæðisbundin framkvæmd falin svæðisskrifstofum.

Um 13. gr.

Með húsaleigulögum, nr. 36/1994, var húsaleigunefnd sveitarfélaga aflögð og verkefni hennar falin öðrum aðilum. Þannig var húsnæðisnefndum sveitarfélaga gert að fylgjast með leigumarkaðinum og veita upplýsingar um hann. Úttektir voru lagðar til byggingarfulltrúa. Úrskurðir um ágreiningsefni fara til kærunefndar húsaleigumála. Með hliðsjón af þessum lagabreytingum verður ekki séð að félagsmálanefnd komi að framangreindum verkefnum og því er ákvæðið óþarft.

Um 14. gr.

Breytingin er einungis til samræmis við gildandi lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Breyting þessi er í samræmi við þá viðbót við 21. gr. laganna, 3. mgr., sem lögð er til í 7. gr. frumvarpsins. Í því ákvæði er kveðið sérstaklega á um greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann. Þar er gert ráð fyrir að skyldu sveitarfélaga til að greiða fjárhagsaðstoð aftur í tímann séu takmörk sett, þ.e. hún takmarkist við fjóra mánuði frá því að umsókn var lögð fram. Eins og 3. mgr. 21. gr. laganna hljóðar skv. 7. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að reglur sveitarfélaga taki til greiðslna fjárhagsaðstoðar aftur í tímann. Að óbreyttri 66. gr. laganna ætti úrskurðarnefnd því ekki ótvírætt úrskurðarvald um greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann. Hins vegar þykja málefnaleg rök búa að baki því að málum, sem snúast um greiðslur fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, verði skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu með sama hætti og önnur atriði er snerta fjárhagsaðstoð. Af þeirri ástæðu er talið nauðsynlegt að taka af allan vafa um það að úrskurðarnefnd félagsþjónustu eigi úrskurðarvald um greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, enda eru verkefni nefndarinnar tæmandi talin í 66. gr. laganna.

Um 17. gr.

Ákvæði um aðstoð ríkissjóðs við íslenska ríkisborgara sem staddir eru erlendis er nú í 3. mgr. 15. gr. laganna. Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 15. gr. og felst hún m.a. í því að greinin taki einungis til erlendra ríkisborgara, en ákvæði 3. mgr., um aðstoð við íslenska ríkisborgara erlendis, færist til í lögunum og standi framvegis sjálfstætt. Ástæðan er sú að hér er um ólík efnisatriði að ræða sem ekki þykir rétt að séu í sömu lagagrein.

Ákvæðið er efnislega óbreytt frá því sem fram kemur í 3. mgr. 15. gr. laganna að öðru leyti en því að lagt er til að félagsmálaráðherra hafi heimild til að setja reglur um framkvæmd aðstoðarinnar. Þykir sú tilhögun eðlileg þar sem ríkissjóður ber kostnaðinn að fullu.

Um skýringar vísast jafnframt til niðurlags athugasemda við 4. gr. frumvarpsins.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Sérálit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Undirritaðir, fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, í nefnd er unnið hefur að endurskoðun á lögum nr. 40 frá 1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, gera að tillögum sínum að 21. gr. hinna endurskoðuðu laga verði eftirfarandi:

„Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags skal vera svo mikil sem nauðsyn krefur að mati sveitarstjórnar.

Skylt er sveitarstjórn að setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum félagsmálanefndar í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og önnur lög eftir því sem við á.

Heimilt er sveitarstjórn í reglum um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að setja almenna skilmála fyrir fjárhagsaðstoð, enda tryggt að umsækjendur séu með þeim ekki útilokaðir frá réttindum sínum skv. 12. gr. þessara laga.

Fjárhagsaðstoð er ekki skylt að veita aftur í tímann frá því er umsókn er lögð fram."

Greinargerð.

Nokkur óvissa hefur komið upp hjá sveitarstjórnarmönnum um það hversu víðtæka heimild lögin nr. 40/1991 hafi gefið sveitarstjórnum til að móta reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Óvissa þessi kom upp í framhaldi af úrskurðum úrskurðarnefndarinnar, sem ómerktu ákvæði í reglum einstakra sveitarfélaga, með þeim rökum að þau ættu sér ekki sérstaka stoð í félagsþjónustulögunum.

Með því orðalagi 21. gr., 3. og 4. mgr., sem hér er lagt til væru tekin af öll tvímæli um heimildir einstakra sveitarfélaga til að binda fjárhagsaðstoð almennum skilyrðum og jafnframt að sveitarfélög væru ekki gerð skyldug til þess að greiða fjárhagsaðstoð aftur í tímann frá umsóknardegi samkvæmt reglum almenns kröfuréttar. Sveitarfélögin fengu með lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga rétt og skyldu til þess að setja sér eigin reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og er enda treyst til þess. Þar með talinn er réttur sveitarstjórnar til að ákveða hve fjárhagsaðstoð skuli vera mikil, hvernig hún sé metin og er sveitarstjórn einnig treyst til þessa. (Þetta er áréttað hér til að benda á að sveitarfélögunum er treyst til þungvægari ákvarðana samkvæmt þessum lögum en skilyrðingu þeirrar sem fjallað er um í ofangreindri tillögu.)

Viss skilyrðing fjárhagsaðstoðar er iðkuð og hefur verið svo lengi athugasemdalaust. Sem dæmi má nefna að styrkumsækjandi skal taka launavinnu sem honum býðst en segi sig ella frá styrk, eins og hann skuli gera fulla og rétta grein fyrir fjárhagsstöðu sinni. Skilyrði þau sem hér er lagt til að sveitarstjórnum yrði heimilað að setja í reglur sínar eru til varnar að fjárhagsaðstoð misfarist eða sé misnotuð; að styrkumsækjandi misnoti ekki fjárhagsaðstoð sjálfum sér til óheilla, til varnar því að umsækjandi geti brotið 19. gr. laganna og brugðist framfærsluskyldu sinni, til að beita styrkumsækjanda þrýstingi til að sækja nauðsynlega læknismeðferð, svo dæmi séu nefnd. Tillagan felur í sér að skilyrðin komi fram á almennan hátt í reglum sveitarfélags en að þeim verði síðan beitt í einstökum tilvikum þegar viðhlítandi málsatvik væru sannanlega fyrir hendi. Þannig skilmálar hlytu að vera sanngjarnir og aðgengilegir þannig að umsækjandi ætti raunverulegt val um það hvort hann hlíti þeim eða verði af umbeðinni fjárhagsaðstoð. Í 3. mgr. 21. gr. er tekið fram að með slíkum skilmálum megi aldrei útiloka umsækjanda frá réttindum sínum skv. 12. gr. laganna, þannig að hann eigi engra kosta völ um bjargir sínar. Skilyrðing af þessu tagi er þekkt úr sambærilegri löggjöf nágrannalanda (sbr. dönsk Lov um sociale tjenester m.v. gr. 5–3, 1. og 2. mgr.).

Í 4. mgr. 21. gr. er kveðið á um að styrkumsækjandi eigi ekki afturvirkan rétt til styrks frá því fyrir umsóknardag. Í 1. mgr. 21. gr. kemur fram að fjárhagsaðstoð skuli vera svo mikil sem nauðsyn krefur, samkvæmt mati félagsmálanefndar. Að sjálfsögðu ber félagsmálanefnd að meta aðstæður og greiða þá aðstoð sem nauðsyn krefur og þá ekki síður vegna liðins tíma, en ef í greininni eru tiltekin einhver afturvirk tímamörk sem nefndinni sé ekki skylt að fara út yfir í styrkveitingu, er gefin villandi vísbending um rétt umsækjanda sem nái að þeim mörkum.

Reykjavík, 13. jan. 1997.

Jón Björnsson.
Ólafur Hilmar Sverrisson.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram samkvæmt ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun gildandi laga innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/1996, um málefni fatlaðra, er mælt fyrir um að félagsmálaráðherra skuli gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga sem koma skuli til framkvæmda 1. janúar 1999. Fyrir þann tíma hyggst félagsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem efni laga um málefni fatlaðra yrði fellt inn í.

Í frumvarpi þessu eru nokkrar breytingar og eru þær flestar þess eðlis að þær skýra betur út einstaka þætti í framkvæmd laganna eða hafa reynst nauðsynlegar vegna breytinga á öðrum lögum. Stærstu einstöku breytingarnar varða skipan félagsmálanefnda, fari þær einnig með barnaverndarmál, skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann.

Ekki verður séð að útgjöld ríkissjóðs aukist verði frumvarpið að lögum.

671. Fyrirspurn [382. mál]

til fjármálaráðherra um kaup á hverasvæði Geysis í Haukadal.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hyggst ráðherra nota heimild fjárlaga til kaupa á hverasvæði Geysis í Haukadal?

Skriflegt svar óskast.

672. Tillaga til þingsályktunar [383. mál]

um stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Magnús Stefánsson,
Kristín Ástgeirsdóttir, Kristján Pálsson, Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót tveimur úrskurðarnefndum í málefnum neytenda:

a. nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því opinbera þjónustufyrirtæki sem mál varðar hverju sinni,
b. nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því fagfélagi sérfræðinga sem mál varðar hverju sinni.

Greinargerð.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórnin komi á fót úrskurðarnefndum til að fjalla um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja annars vegar og neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á ýmsum sviðum hins vegar. Tillaga sama efnis var flutt á 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld ekki sinnt málefnum neytenda í neinu samræmi við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Þannig hafa íslensk stjórnvöld, ein stjórnvalda á Norðurlöndum, ekki átt frumkvæði að því að auðvelda neytendum aðgang að ódýrum og aðgengilegum valkostum til að fá niðurstöðu í ágreiningsmál sín og seljenda eða veitenda.

Árið 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður þingsályktunartillögu um þjónustu héraðsdómstóla við neytendur. Sú tillaga hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Í ráðherratíð Vilmundar Gylfasonar sem dómsmálaráðherra var unnið að undirbúningi frumvarps um þetta málefni en það var ekki lagt fram og ekkert gerðist frekar í málinu. Nokkrum sinnum hafa verið fluttar fyrirspurnir um málið á Alþingi og jafnan verið látið í veðri vaka af hálfu stjórnvalda að innan tíðar mætti vænta aðgerða án þess að nokkuð hafi gerst.

Stofnun sérstaks smámáladómstóls eða auðveldari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómi hefur ætíð verið sérstakt áhugamál samtaka neytenda. Þau hafa hvað eftir annað ítrekað stuðning sinn við að smámáladómstóll yrði settur á fót en án árangurs.

Á sama tíma og áhugi íslenskra stjórnvalda á neytendamálum hefur verið takmarkaður og einkennst af andvaraleysi hefur ríkur skilningur verið á því annars staðar á Norðurlöndum að mikilvægt sé fyrir neytendur að eiga kost á að fá niðurstöðu í ágreiningsmál sínum við seljendur og veitendur á hraðvirkan og ódýran hátt. Þar hafa stjórnvöld stofnað sérstök embætti umboðsmanna neytenda, komið á fót úrskurðarnefndum, auðveldað aðgengi neytenda og samtaka þeirra að dómstólum og sett sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur. Hér á landi er hins vegar enginn umboðsmaður neytenda þótt stundum sé forstöðumaður Samkeppnisstofnunar fyrir misskilning nefndur umboðsmaður neytenda en hann gegnir engum sambærilegum störfum og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndunum. Embætti umboðsmanns íslenskra neytenda er einfaldlega ekki til.

Íslensk stjórnvöld hafa eins og fyrr segir ekki átt frumkvæði að setningu neytendalöggjafar umfram það sem þau hafa orðið að gera í tengslum við EES-samninginn. Í skýrslu frá viðskiptaráðuneytinu til EFTA árið 1991 er það sérstaklega tekið fram að engin umræða hafi farið fram nýlega um stofnun smámáladómstóls hér á landi og að í næstu framtíð séu ekki áformaðar neinar breytingar þar að lútandi.

Afskipti stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum af ágreiningsmálum neytenda og veitenda þjónustu eru víðtæk. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir umboðsmenn neytenda og úrskurðarnefndir í ýmsum málaflokkum sem kostaðar eru af ríkinu. Í Noregi og Danmörku eru einnig sérstakir umboðsmenn neytenda auk þess sem úrskurðarnefndir eru starfandi í fjölmörgum málaflokkum. Ljóst er að stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum láta sig neytendamál meira máli skipta en íslensk og veita umtalsvert meiri fjármuni miðað við höfðatölu til að tryggja þegnum sínum skjóta og ódýra úrlausn mála sinna.

Þegar ljóst var að aðgerða var ekki að vænta af hálfu íslenskra stjórnvalda til að auðvelda neytendum leið að réttlátri, ódýrri og fljótvirkri málsmeðferð og hugmyndin um smámáladómstól virtist endanlega sofnuð gripu Neytendasamtökin til þess ráðs að gera samstarfssamninga við tiltekin þjónustusvið um starfrækslu sérstakra kvörtunar- eða úrskurðarnefnda sem gætu á einfaldan og ódýran hátt úrskurðað í ágreiningsmálum milli neytenda og veitenda í viðkomandi málaflokkum. Frá upphafi hefur þess verið gætt að stjórnvöld skipuðu formann hverrar nefndar og hafa þau þannig með þátttöku sinni í raun viðurkennt þörfina fyrir starfsemi nefndanna þótt frumkvæðið hafi ekki verið þeirra. Starfandi kvörtunar- og úrskurðarnefndir eru nú sex talsins. Þær eru eftirfarandi:

— nefnd um ágreiningsmál neytenda og seljenda og þjónustuaðila í byggingariðnaði,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og ferðaskrifstofa um skipulagningu og framkvæmd ferða erlendis,
— nefnd um ágreiningsmál vegna fatahreinsunar,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og félaga í Kaupmannasamtökunum og Samtökum samvinnuverslana vegna kaupa á vöru og þjónustu,
— nefnd um ágreiningsmál neytenda og vátryggingarfélaga um sök og sakarskiptingu í slíkum málum,
— nefnd um viðskipti neytenda við fjármálafyrirtæki.

Nefndirnar gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja neytendum ódýra og skjóta úrlausn og um leið minnkar þörfin á að leitað sé til dómstóla með tilheyrandi biðtíma og kostnaði. Þótt úrskurðir nefndanna séu ekki bindandi hefur reynslan hérlendis og erlendis sýnt að aðilar hlíta úrskurðum í 70–80% tilfella.

Tvær síðasttöldu nefndirnar voru stofnaðar með virkari atbeina stjórnvalda en áður. Þannig höfðu stjórnvöld bein áhrif á orðalag endanlegs texta samþykktra starfsreglna nefndanna og voru þær auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda. Raunverulegir stofnendur þessara mikilvægu úrskurðarnefnda voru því viðkomandi fagráðherrar á þeim tíma þó að frumkvæðið kæmi frá neytendum og samtökum seljenda.

Eðlilegt er að spurt sé hvers vegna samtök neytenda haldi ekki áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og gangist fyrir stofnun fleiri úrskurðarnefnda og fái stjórnvöld til samstarfs á síðari stigum. Í sjálfu sér er ekki loku fyrir slíkt skotið jafnvel þó að stjórnvöld taki það frumkvæði í málinu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki er eðlilegt að stjórnvöld eigi þar atbeina frá byrjun. Hins vegar má varðandi félög sérfræðinga benda á að þau eru mjög mörg og mismunandi. Ólíklegt er að úrskurðarnefnd, sem máli skiptir varðandi þjónustu þessara mörgu ólíku sérfræðigreina, verði sett á stofn nema að stjórnvöld eigi þar beint frumkvæði.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og þá reynslu sem fengist hefur af starfsemi úrskurðarnefnda verður að telja rétt að stjórnvöld beiti sér fyrir stofnun slíkra nefnda. Reglulega berast fjölmargar kvartanir varðandi starfsemi opinberra fyrirtækja til Neytendasamtakanna og hefur neytendum reynst erfitt að fá leiðréttingu mála. Þeir sem sinna þessum málaflokki á vegum Neytendasamtakanna segja að yfirleitt sé erfiðara að fá fram réttmætar leiðréttingar hjá opinberu þjónustufyrirtæki en hjá einkafyrirtæki. Það er því ljóst að brýn þörf er á stofnun úrskurðarnefndar um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Póst og síma auk veitustofnana.

Það er álit flutningsmanna að úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki ætti að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum þar sem ráðherra veldi formann nefndarinnar og annan til vara, báða úr hópi starfandi dómara, en Neytendasamtökin veldu einn fulltrúa og annan til vara. Einn fulltrúi yrði valinn frá hverju þjónustusviði hins opinbera fyrir sig og tæki hann sæti í nefndinni þegar fjallað væri um mál sem vörðuðu hans svið eða málaflokk þannig að nefndarmenn, sem tækju þátt í úrskurði máls, væru jafnan þrír.

Þá er það skoðun flutningsmanna að úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga ætti að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum. Ráðherra veldi formann nefndarinnar og einn til vara, báða úr hópi starfandi dómara, Neytendasamtökin veldu einn fulltrúa og annan til vara, einn fulltrúi væri valinn frá hverju félagi

sérfræðinga fyrir sig og settist hann í nefndina þegar mál sem varðaði hans fagfélag væri til meðferðar hjá nefndinni.

Flutningsmenn telja að kostnaður af störfum þessara nefnda eigi að greiðast þannig að neytandi greiði ákveðið málskotsgjald þegar hann kemur kvörtun á framfæri við viðkomandi nefnd. Hámark slíks gjalds gæti verið um 5.000 kr. en það er í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þetta gjald fengi neytandinn endurgreitt ef hann ynni mál sitt að hluta eða öllu leyti.

Hvað varðar kostnað við úrskurðarnefnd um kvartanir yfir þjónustu opinberra fyrirtækja er eðlilegt að ríkið greiði hann að öllu leyti. Hins vegar verður að telja eðlilegt hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við sjálfstætt starfandi sérfræðinga að félög þeirra taki að einhverju leyti þátt í kostnaði. Ástæða þess að ekki er talið rétt að Neytendasamtökin greiði kostnað af störfum nefndarinnar er sú að þau eru frjáls áhugamannasamtök neytenda sem hafa lítið annað aflafé en félagsgjöld. Ekki getur talist eðlilegt að félagsgjöld samtakanna renni til greiðslu kostnaðar við opinbera nefnd sem allir landsmenn eiga aðgang að. Einnig ber að hafa í huga að kostnaður sambærilegra nefnda erlendis er yfirleitt borinn af opinberum aðilum.

Úrskurðarnefndir sem fjalla um ágreiningsmál milli neytenda og seljenda eða veitenda hafa ýmsa ótvíræða kosti. Í fyrsta lagi auðvelda þær neytendum aðgang að fljótvirkri, hlutlægri og ódýrri meðferð ágreiningsmála sinna við seljendur eða veitendur. Í öðru lagi ítreka neytendur kröfur sínar í auknum mæli við seljendur og veitendur ef auðveldlega má nálgast þá. Í þriðja lagi sparar þessi leið umtalsverð útgjöld í dómskerfinu þar sem mörg mál, sem annars kæmu til kasta dómstóla, hljóta meðferð hjá úrskurðarnefndunum og er þar með lokið. Þessi málsmeðferð yrði jafnan mun ódýrari en meðferð fyrir dómstóli. Það er því hægt fullyrða að starfsemi úrskurðarnefnda hafi í för með sér þjóðfélagslegan sparnað og aukið réttlæti.

673. Svar [281. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um þróun kauptaxta.

1. *Hver hefur verið þróun almennra launataxta, kaupmáttar og verðlags á árunum 1975–96? — Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu hafa atvinnutekjur á mann 168-faldast í krónum talið á árunum 1975–96. Kaupmáttur þeirra hefur hins vegar aðeins aukist um 41% á sama tíma. Lítil tengsl eru milli þróunar atvinnutekna í krónum talið og kaupmáttar. Þetta sést meðal annars á því að undanfarin þrjú ár hefur kaupmáttur vaxið jafnt og þétt þótt árleg hækkun atvinnutekna í krónum hafi aðeins verið brot af því sem hún var á áttunda og níunda áratugnum. Ástæða þessa er stöðugleikinn sem ríkt hefur í verðlagsmálum undanfarin ár.

	Atvinnutekjur		Kaupmáttur		Neysluverðsvísitala	
	Vísitala	Hækkun frá fyrra ári, %	Vísitala	Hækkun frá fyrra ári, %	Vísitala	Hækkun frá fyrra ári, %
1975	14,80	32,1	80,0	-15,0	17,5	49,0
1976	19,80	33,8	82,4	3,0	23,1	32,2
1977	29,50	49,0	96,2	16,8	30,1	30,5
1978	44,80	51,9	102,0	6,0	43,4	44,1
1979	65,50	46,2	101,9	-0,1	63,1	45,5
1980	100,0	52,7	100,0	-1,9	100,0	58,5
1981	154,5	54,5	102,3	2,3	150,9	50,9
1982	236,4	52,9	102,9	0,6	227,8	51,0
1983	367,3	55,4	87,8	-14,7	419,8	84,3
1984	469,1	27,7	85,4	-2,8	542,3	29,2
1985	667,3	42,2	91,6	7,2	717,9	32,4
1986	881,8	32,2	100,7	10,0	870,6	21,3
1987	1.256,4	42,5	123,8	22,9	1.034,0	18,8
1988	1.538,2	22,4	120,9	-2,3	1.297,2	25,5
1989	1.707,3	11,0	108,9	-10,0	1.570,6	21,1
1990	1.918,2	12,4	104,6	-4,0	1.803,6	14,8
1991	2.098,2	9,4	107,0	2,3	1.926,2	6,8
1992	2.147,3	2,3	104,6	-2,2	1.998,7	3,8
1993	2.150,9	0,2	100,2	-4,3	2.080,8	4,1
1994	2.198,2	2,2	100,7	0,5	2.111,9	1,5
1995	2.308,1	5,0	103,9	3,2	2.147,8	1,7
1996	2.481,2	7,5	112,9	5,1	2.197,2	2,3

2. *Hver var þróun framangreindra hagstærða á fimm ára tímabilum og á tímabilinu í heild?*

Þegar litið er til meðaltala fyrir fimm ára tímabil umrætt árabil fæst annað sjónarhorn á sömu niðurstöðu og hér á undan. Sem dæmi hækka atvinnutekjur á mann að meðaltali um 46,5% á ári á fyrsta tímabilinu og kaupmáttur um 4,6%. Á næsta fimm ára tímabili er vöxtur atvinnutekna svipaður en hins vegar dregst kaupmátturinn saman um 1,7% á ári. Fyrir allt tímabilið, árin 1975–96, eykst kaupmátturinn að meðaltali um 1,4% á ári, atvinnutekjurnar hækka um 27,6% á ári og verðbólgan er að meðaltali 25,9%.

	Atvinnutekjur		Kaupmáttur		Neysluverðsvísitala	
	Vísitala	Hækkun á ári, %	Vísitala	Hækkun á ári, %	Vísitala	Hækkun á ári, %
1975–80	575,7	46,5	25,1	4,6	472,9	41,8
1981–85	567,3	46,2	-8,4	-1,7	617,9	48,3
1986–90	187,5	23,5	14,2	2,7	151,2	20,2
1991–95	29,4	4,4	8,0	1,3	21,8	3,3
1975–96	**16.664,8**	**27,6**	**41,2**	**1,4**	**12.487,4**	**25,9**

674. Svar [328. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um umhverfismál járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

1. *Hvernig hefur verið staðið að rekstri járnblendiverksmiðju í Hvalfirði með tilliti til 11. greinar laga nr. 18/1977?*

Áður en rekstur járnblendiverksmiðjunnar hófst voru gerðar líffræðilegar athuganir á umhverfi verksmiðjunnar. Niðurstöður skyldu vera til samanburðar við hugsanlegar síðari athuganir. Hönnun verksmiðjunnar og rekstur voru í samræmi við lög og reglugerðir og hún hefur uppfyllt ákvæði starfsleyfis. Lög og reglugerðir hafa hins vegar breyst frá því að rekstur verksmiðjunnar hófst. Ráðuneytið hefur nýlega beðið Hollustuvernd ríkisins að gera samanburð á starfsleyfi verksmiðjunnar og breyttum kröfum í lögum og reglugerðum hin síðari ár með það fyrir augum að færa starfsleyfið að þeim breytingum.

2. *Hvaða meginkröfur um takmörkun á losun mengandi efna er að finna í starfsleyfi verksmiðjunnar?*

Meginkröfur í starfsleyfi vegna losunar mengunarefna eru eftirfarandi:

— Takmörkun á losun loftmengunarefna nær einkum til ryks og brennisteinssambanda. Að því er ryk varðar er gerð krafa um að útblástur frá hreinsibúnaði skuli ekki innihalda meira en 100 mg/Nm^3 af þurru lofti, en losun á brennisteinssamböndum er hins vegar takmörkuð með því að gera kröfu um hámarksinnihald brennisteins í kolum og koksi, 2,0% miðað við ársmeðaltal og 2,5% í hverjum farmi. Frekari takmörkun á losun loftmengunarefna byggist á þeim búnaði sem notaður er og starfsháttum, t.d. yfirbyggingu færibanda og geymslu hráefna.
— Takmörkun á losun vatnsmengunarefna er náð með því að gera kröfur um hreinsibúnað fyrir skolp, frágang olíugeyma, takmörkun á efnanotkun og setþró fyrir þvottavatn frá hráefni. Engin töluleg gildi er að finna í starfsleyfi um þennan hátt.
— Takmörkun á mengun frá föstum úrgangi byggist á kögglun ryks frá hreinsibúnaði og nýtingu úrgangs, eftir því sem unnt er. Engin töluleg gildi er að finna í starfsleyfi um þennan þátt.

3. *Hvernig hefur verksmiðjan uppfyllt sett skilyrði, m.a. með viðhaldi á mengunarvarnabúnaði? Frávik frá eðlilegum rekstri mengunarvarnabúnaðar óskast tilgreind, t.d. sl. 5 ár.*

Verksmiðjan uppfyllir kröfur um hámarkslosun mengunarefna í eðlilegum rekstri og er með þeim tækjabúnaði sem starfsleyfi kveður á um. Það er mat Hollustuverndar ríkisins að viðhald hafi verið í lagi. Það er matsatriði hvaða kröfur eigi að gera um birgðir varahluta til viðhalds á stórum og dýrum búnaði. Hollustuvernd ríkisins hefur ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þennan þátt viðhaldsins. Þetta atriði kann að þurfa endurskoðunar við með hliðsjón af verulega auknu algeru og stuttu reykskleppi á síðasta ári, sbr. eftirfarandi upplýsingar.

Reykslepp vegna frávika frá eðlilegum rekstri mengunarvarnabúnaðar eru þrenns konar:

a. Algert reykslepp vegna stærri bilana eða útsláttar. Tíðni slíkra reyksleppa frá báðum reykhreinsivirkjum (R 1 og R 2) kemur fram í eftirfarandi töflu:

	1986	1987	1988	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
R 1 rekstur %	99,93	99,93	99,94	99,95	99,90	99,91	99,57	99,62	99,87	99,28
R 2 rekstur %	99,92	99,92	99,9	99,68	99,85	99,39	99,71	99,82	99,76	98,97
Tap samtals %	0,15	0,15	0,16	0,37	0,25	0,70	0,72	0,56	0,37	1,75
R 1 reykslepp h		5,59	5,17	4,06	7,5	6,1	36,9	27,5	10,8	60,8
R 2 reykslepp h		3,76	8,4	22,5	8,8	45,9	25,0	15,0	20,4	87,5
Samtals klst.		9,4	13,6	26,6	16,3	51,9	61,9	42,5	31,1	148,3

b. Stutt reykslepp vegna hita- og/eða þrýstingsútsláttar í reykhreinsivirki. Hér er ekki um bilun að ræða heldur slá út öryggislokar sem vernda reykhreinsivirkið gegn yfirhita eða þrýstingi. Slíkur útsláttur varir ekki nema í nokkrar mínútur í hvert sinn. Fjöldi slíkra tilvika á ári er tilgreindur í eftirfarandi töflu:

	1986	1987	1988	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
R 1-reykslepp				17	49	46	63	60	92	177
R 2-reykslepp				47	56	306	288	54	110	327
Samtals-reykslepp ..		28		64	105	352	351	114	202	504

c. Reykslepp um einn skorstein af þremur með reykhreinsivirki í gangi. Þetta gerist t.d. ef skorsteinsloka bilar eða ef annar af tveimur aðalblásurum reykhreinsivirkis bilar og ofnar eru kyntir með hámarksálagi.

	1986	1987	1988	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Einn skorsteinn opinn, klst. ..	216					155		500	260	207

4. Hvernig hefur eftirliti með ákvæðum starfsleyfis verksmiðjunnar verið háttað frá upphafi og þar til nú? Hafi eftirliti verið ábótavant, hverjar eru þá ástæður þess?

Fyrst eftir að Hollustuvernd ríkisins var sett á laggirnar árið 1982 var almennt eftirlit með atvinnurekstri í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar, en sérhæft eftirlit í höndum Hollustuverndar ríkisins. Þetta breyttist árið 1991 en þá var tekið upp það fyrirkomulag sem í megindráttum gildir enn. Samkvæmt því er allt eftirlit með stóriðjufyrirtækjum og öðrum atvinnurekstri sem upp er talinn í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð í höndum Hollustuverndar ríkisins. Eftirlitsskyld fyrirtæki greiða árlegt gjald til Hollustuverndar ríkisins og er því ætlað að standa straum af kostnaðinum. Annar atvinnurekstur er undir eftirliti viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Eftirlit Hollustuverndar ríkisins er með tvennum hætti, sbr. 5. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum. Annars vegar er um að ræða skoðun eftirlitsaðila en í stóriðjufyrirtækjum skal skoðun fara fram a.m.k. tvisvar á ári. Hins vegar skal mæla losun mengunarefna. Einnig getur komið til könnun á áhrifum í umhverfinu, en árlegt eftirlitsgjald stendur þó ekki undir viðamikilli úttekt á því sviði. Í stærstu og/eða mest mengandi fyrirtækjunum skal mæling fara fram á a.m.k. þriggja ára fresti. Í gildandi starfsleyfi járnblendiverksmiðjunnar er ákvæði um að fyrirtækið greiði allan kostnað við rannsóknir sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins (nú Hollustuvernd ríkisins) telur nauðsynlegt að framkvæma og ráðherra samþykkir. Framkvæmdin hefur verið með þeim

hætti að verksmiðjan hefur greitt árlegt gjald til Hollustuverndar ríkisins eins og önnur sambærileg fyrirtæki. Þannig greiðir verksmiðjan fyrir skoðun og mælingar eins og mengunarvarnareglugerð kveður á um. Stofnunin hefur hins vegar vegna mannfæðar ekki getað sinnt eftirlitinu sem skyldi. Ástæðan er sú að verkefni á stofnuninni hafa aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á umhverfisáhrifum verksmiðjunnar umfram það sem árlegu gjaldi er ætlað að standa undir. Verksmiðjan hefur greitt kostnað vegna þessara athugana. Þessar athuganir eru eftirfarandi:

— Athugun á magni svifryks og brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti eftir að einn ofn hafði tekið til starfa og brennisteinsdíoxíðs eftir að tveir ofnar höfðu verið starfræktir um nokkurt skeið.
— Mæling á fjölhringa-arómatískum efnasamböndum (PAH) og þungmálmum í afrennsli frá förgunarhaug forskiljuryks og pokasíuryks.

Auk þess hefur RALA gert þungmálmagreiningar í mosa á svæðinu. Þær mælingar voru liður í samnorrænu verkefni, óháðar verksmiðjunni, en niðurstöður nýtast til að meta umfang þungmálmamengunar frá starfseminni.

5. Hefur verksmiðjan uppfyllt kröfur samkvæmt starfsleyfi undanfarin missiri?

Það er skoðun Hollustuverndar ríkisins að verksmiðjan hafi undanfarin missiri uppfyllt ákvæði gildandi starfsleyfis, þrátt fyrir verulega aukningu reykslepps á síðasta ári. Mikill hluti losunarinnar stafar af stórum viðhaldsverkefnum á reykhreinsibúnaði. Um þennan þátt segir í gildandi starfsleyfi verksmiðjunnar: „Reynist fyrirtækinu ekki unnt að ljúka nauðsynlegum lagfæringum innan þriggja klukkustunda, frá því umrætt ástand skapast, skal bilunin tilkynnt Heilbrigðiseftirliti ríkisins [nú Hollustuvernd ríkisins], er fylgist með framkvæmd úrbóta og leggur fyrir ráðherra í samráði við landlækni, hvort ástæða geti verið til sérstakra aðgerða.“ Í ljósi þess að ryk frá verksmiðjunni inniheldur ekki skaðleg efni, en um óvirkt ryk er að ræða, hefur Hollustuvernd ríkisins ekki þótt ástæða til sérstakra aðgerða þegar tilkynnt hefur verið um bilun og verksmiðjan hefur gert grein fyrir áætlunum um verklok viðgerðar. Einu tilfellin þar sem stofnuninni sýnist að núgildandi starfsleyfi hafi ekki verið uppfyllt varða takmarkað reykslepp um einn skorstein af þremur þegar annar blásarinn hefur verið óvirkur. Í starfsleyfi segir: „Blásurum skal þannig fyrirkomið og afköst þeirra skulu við það miðuð að hreinsa megi sem svarar öllu rykmenguðu lofti frá ofni verksmiðjunnar, þótt annar blásari stöðvist.“ Þar sem rykmagn er þá mun minna en í fullu reyksleppi hefur Hollustuvernd ríkisins þó ekki þótt ástæða til að gera ráðstafanir vegna einstakra tilvika.

6. Hvers vegna hefur starfsleyfið ekki verið endurskoðað?

Starfsleyfi járnblendiverksmiðjunnar var gefið út árið 1977, ótímabundið, og því hefur ekki verið breytt. Með breytingum á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, í maí 1994 var sett inn heimild til að endurskoða starfsleyfi vegna breytinga á atvinnurekstri eða vegna tækniþróunar. Ástæðan fyrir því að starfsleyfi verksmiðjunnar hefur ekki enn verið endurskoðað er sú að Hollustuvernd ríkisins hefur ekki komist yfir að sinna öllum nauðsynlegum verkefnum á undanförnum árum. Unnið er að endurskoðun starfsleyfisins hjá stofnuninni sem stendur. Rétt er að benda á að núorðið eru öll starfsleyfi gefin út til tiltekins tíma. Það þýðir aukið aðhald, en einnig meiri vinnu vegna starfsleyfisþáttarins og eftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins.

675. Frumvarp til laga [239. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 24. febr.)

1. gr.

Í stað 1.–3. málsl. 2. mgr. 86. gr. laganna kemur: Ríkið rekur rannsókna- og ráðgjafarstofnun í veiðimálum er nefnist Veiðimálastofnun. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn, að fenginni umsögn stjórnar Veiðimálastofnunar. Framkvæmdastjóri skal hafa viðhlítandi háskólamenntun og þekkingu á starfseminni. Hann hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á framkvæmd mótaðrar stefnu og fjárhagsafkomu. Hann ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

676. Skýrsla [384. mál]

menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Formáli.

Samkvæmt ákvæðum 11. tölul. 2. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, skal ráðið árlega skila skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi, ásamt greinargerð menntamálaráðherra til kynningar og umfjöllunar.

Fyrsta skýrsla Rannsóknarráðs Íslands samkvæmt framangreindu lagaákvæði barst menntamálaráðherra í nóvember 1996. Er skýrslan hér með lögð fyrir Alþingi ásamt greinargerð ráðherra.

Skýrsla þessi er í þremur hlutum. Fyrst er greinargerð ráðherra, í öðrum hluta er skýrsla Rannsóknarráðs Íslands 1996 og í þriðja hluta eru eftirtalin fylgiskjöl: I. Fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti: Framlög til rannsókna, bráðabirgðayfirlit 1989–1997. II. Ræða menntamálaráðherra á ársfundi Rannís, 19. apríl 1996. III. Bréf menntamálaráðherra, dagsett 27. júní 1996, til Edith Cresson, vísindamálastjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ásamt greinargerð um afstöðu Íslands til áforma um fimmtu rammaáætlun ESB. IV. Bréf menntamálaráðherra, dagsett 19. desember 1996, til Edith Cresson, ásamt viðbótarábendingum Íslands um fimmtu rammaáætlun ESB. V. Bréf Edith Cresson, dagsett 4. febrúar 1997, til menntamálaráðherra. VI. Rannsóknarnámssjóður. Yfirlit 1993–1996. VII. Samningur um ráðningu fimm rannsóknarprófessora við Háskóla Íslands.

I. Greinargerð.

1. Aðdragandi.

Ein af ástæðum þess að Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins voru sameinuð í Rannsóknarráði Íslands með lagasetningu árið 1994 var viðleitni til að skapa betri yfirsýn yfir málaflokkinn og fá betri forsendur til stefnumörkunar. Eitt ráð var talið öflugri talsmaður vísinda- og tæknistarfsemi gagnvart stjórnvöldum, atvinnulífi og almenningi. Rannsóknir og tækniþróun heyra í stjórnkerfinu undir a.m.k. sjö ráðuneyti og því mikilvægt að samræma meðferð mála í þessum flokki. Þá var talið brýnt að koma á reglubundinni umfjöllun um málaflokkinn á vettvangi Alþingis og ríkisstjórnar.

Auk sameiningar ráðanna til þess að styrkja efnislega umfjöllun um vísindi og tækni ákvað ríkisstjórnin að setja á fót samstarfshóp ráðuneyta um rannsókna- og þróunarstarf. Í hópnum, sem menntamálaráðherra kom á laggirnar með bréfi dagsettu 6. september 1995, samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar, eiga sæti ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem hafa á verksviði sínu stofnanir sem stunda rannsóknir og þróunarstarf. Auk þess sitja í hópnum ráðuneytisstjórar forsætis- og fjármálaráðuneyta vegna þýðingar þessara ráðuneyta fyrir fjármögnun og samræmingu rannsóknastarfseminnar í landinu.

Í þessari fyrstu skýrslu Rannsóknarráðs Íslands til menntamálaráðherra kemur greinilega fram að ábyrgð og umsjón með rannsóknum hér á landi er dreifð og er meðal verkefna á verksviði flestra ráðuneyta. Því þótti ástæða til þess að hafa samráð milli ráðuneyta um skýrsluna áður en hún yrði lögð fyrir Alþingi. Samstarfshópur ráðuneyta um rannsókna- og þróunarstarf fjallaði um hana á fundum í desember 1996 og í janúar 1997.

2. Grunnur að umræðu.

Skýrsla Rannsóknarráðs Íslands er fróðlegur grunnur fyrir umræður og veitir margvíslegar upplýsingar um rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu. Frá því að Rannsóknarráð Íslands var stofnað á miðju ári 1994 hefur mikill tími ráðsins verið notaður annars vegar í úthlutun styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins og til þess að móta stefnu sem fylgja skal í störfum þess. Í skýrslu ráðsins er gerð grein fyrir styrkveitingum úr sjóðunum og fjallað um stefnuna.

Af upplýsingum um styrkveitingar úr sjóðunum er ljóst að mikil gróska er í vísindastarfi Íslendinga. Víst er að seint verður nægjanlegt fé til ráðstöfunar til styrkhæfra verkefna en valið sem gera verður milli umsókna ætti að tryggja að verkefni sem best eru hljóti stuðning. Það er hins vegar áhyggjuefni hve styrkirnir eru smáir og að styrkir eru veittir til skamms tíma. Þetta bendir til þess að ráðið eigi í nokkrum vanda við að forgangsraða verkefnum. Ráðinu er vitaskuld ærinn vandi á höndum í þessu efni og er sífellt unnið að því að þróa frekar aðferðir og viðmið sem notuð eru í þessu skyni. Í umfjöllun um fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfsemi ber þó jafnan að hafa hugfast að það eru niðurstöðurnar og árangurinn sem mestu máli skiptir.

Það er mikilvægur áfangi að Alþingi fái nú tækifæri til að fjalla um rannsóknir og þróunarstarfsemi á grundvelli skýrslu sem sérstaklega er unnin fyrir þingið. Vel þarf að hyggja að þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar gögnum sem birt eru í umræðum um rannsóknir og vísindi. Skýrsla Rannsóknarráðs Íslands ber þess nokkur merki að hér er á ferð fyrsta skýrsla sinnar tegundar. Kemur þar hvort tveggja til að forsendur ráðsins til þess að vinna skýrslu af þessu tagi hafa annars vegar mótast af því að ráðið hefur verið að marka sér starfshætti við nýjar aðstæður og hins vegar að skráning á upplýsingum m.a. í fjárlögum og ríkisbókhaldi veldur vissum vandkvæðum í þessu efni.

2.1 Tölfræði og greining á fjárveitingum.

Það er mikilvægt að tölulegar upplýsingar séu sem gleggstar og nái fram til þess tíma sem fjalla þarf um hverju sinni. Í skýrslunni um starfsemina 1996 eru nokkuð glöggar upplýsingar t.d. um útflutning á hátæknivörum 1990–95, um þróun verkefna og vörusölu í hugbúnaðariðnaði og tæknivörum og umsvif hjá líftæknifyrirtæki 1990–96. Yfirlit og töflur um rannsóknir og þróunarstarfsemi ná flestar aðeins fram til ársins 1993. Þetta á þó ekki við um upplýsingar varðandi sjóði sem eru í vörslu ráðsins sjálfs. Þessi skortur á nýjustu upplýsingum takmarkar nokkuð notagildi skýrslunnar. Ljóst má vera að Rannsóknarráð þarf að gera verulegt átak í vinnu að tölfræðilegum upplýsingum um rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu.

Í fjárlögunum og í gögnum ríkisbókhalds er ekki um að ræða aðgreiningu fjárveitinga til rannsókna þegar stofnanir leggja stund á fjölþætt verkefni. Vegna þessa ákvað samstarfshópur ráðuneyta um rannsókna- og þróunarstarf að láta vinna yfirlit yfir fjárveitingar opinberra aðila til rannsókna og þróunarstarfsemi. Samkvæmt yfirlitinu, sem unnið var af fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, er fjárveitingar til rannsókna og þróunarstarfsemi að finna á tugum liða og viðfangsefna í fjárlögum. Í þessar tölur vantar að hluta þær fjárveitingar sem æðri menntastofnanir verja til rannsókna. Vera kann að fjárveitingar til rannsókna og þróunar leynist á enn fleiri liðum fjárlaga. (Tafla fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis er fylgiskjal I.)

Til þess að bæta hér úr er nauðsynlegt fyrir næstu skýrslu til Alþingis að gera átak til þess að bæta greiningu á fjárveitingum til þessa málaflokks og tryggja þannig að Alþingi og ríkisstjórn fái nýjar og sem réttastar upplýsingar um opinber framlög til starfseminnar.

2.2 Mat á rannsóknastarfsemi.

Mat á rannsóknum og þróunarstarfsemi þarf að ná til árangurs, skipulags og starfshátta, til stofnana og sviða, og fjalla um þá þýðingu sem starfsemin hefur fyrir þjóðfélagið í heild, menningu og atvinnustarfsemi landsmanna og fyrir þróun vísindanna sjálfra. Ýmsar úttektir hafa verið gerðar á þáttum þessarar starfsemi hér á landi, m.a. með tilstyrk OECD.

Eitt af verkefnum Rannsóknarráðs samkvæmt lögum er að gangast fyrir mati af þessu tagi, ekki síst þeirri starfsemi sem nýtur styrkja úr sjóðum í vörslu ráðsins. Undirbúningur að verkefni af þessum toga var langt kominn árið 1994. Rannsóknaráð ríkisins hafði lagt drög að mati á starfsemi og árangri Rannsóknasjóðs. Þetta verkefni varð að víkja þegar nýtt Rannsóknarráð Íslands kom saman vegna annarra verkefna. Því er ekki til nein kerfisbundin úttekt á starfsemi sjóða sem veita styrki til rannsókna og þróunarstarfsemi. Rannsóknasjóður, sem árið 1994 breyttist í Tæknisjóð, var stofnaður af þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, árið 1985 en saga Vísindasjóðs verður rakin allt aftur til ársins 1957. Í skýrslu ráðsins kemur fram að mat á starfsemi Rannsóknasjóðs/Tæknisjóðs er í undirbúningi en ekki er greint frá sambærilegri úttekt á starfsemi Vísindasjóðs. Það er afar brýnt að Rannsóknarráð geri stórátak í þessum efnum. Upplýsingar um árangur og starfshætti og virk kynning á niðurstöðum fyrir vísindamönnum, almenningi og atvinnulífi eru hvort tveggja í senn lagaleg skylda sem fara verður eftir og undirstaða málefnalegrar umræðu um vísindi og tækni, bæði hvað varðar almenning og atvinnulíf, en ekki síst í sölum Alþingis m.a. þegar fjárveitingar til starfseminnar eru á dagskrá.

3. Áherslur úr ræðu ráðherra á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands.

Í ræðu menntamálaráðherra á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands 19. apríl 1996 (sjá fylgiskjal II) var vísað til stefnuyfirlýsingar annars ráðuneytis Davíðs Oddssonar, þar sem segir „að vegur menntunar og rannsókna verði aukinn en það sé forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu." Jafnframt var greint frá verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins fyrir þetta kjörtímabil:

„Þar segir að öflugt rannsókna- og þróunarstarf sé forsenda framfarasóknar í íslensku þjóðlífi. Til að vísindasamfélagið fái að þroskast og þróast á næstu árum sé þörf á frekari aðgerðum til að skapa hér ákjósanlegra starfsumhverfi til rannsókna og vísindastarfsemi.

Áfram verði fylgt þeirri vísinda- og tæknistefnu sem mótuð var á síðasta kjörtímabili og lagt verði mat á framkvæmd stefnunnar og hún löguð að ýtrustu kröfum á hverjum tíma. Einnig segir í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins fyrir þetta kjörtímabil:

„Vísindasamfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum. Áfram ber að hafa í huga hið mikilvæga hlutverk háskóla að þar séu stundaðar rannsóknir án þess að þær hafi augljóst hagnýtt gildi. Það endurnærir og skerpir háskóla í því meginviðfangsefni þeirra að veita sívaxandi fjölda námsmanna víðtæka menntun á grundvelli bestu fáanlegrar þekkingar á hverjum tíma.

Nýta verður sem best fjármagn til rannsókna og vísinda og tryggja að bæði nýjar og hefðbundnar atvinnugreinar eigi jafnan aðgang að rannsóknarfé, meðal annars með því að nýta möguleika sem bjóðast í alþjóðlegu samstarfi. Áfram skal miðað við að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja renni til enn frekari eflingar rannsókna- og þróunarstarfs. Styrkir á þessu sviði eiga í auknum mæli að taka mið af árangri.

Skoða ber sérstaklega hvernig stjórnun rannsóknastofnana er háttað. Treysta verður rekstrarlega ábyrgð og sjálfstæði þessara stofnana. Mikilvægt er að það fjármagn sem varið er til rannsókna og vísindastarfsemi renni til sem fjölbreytilegastrar starfsemi og þar sem vaxtarbrodda má finna í atvinnulífinu.

Stuðlað skal að virkara samstarfi fyrirtækja, háskóla og háskólastofnana á sviði hagnýtra rannsókna og hvatt til sem víðtækastrar þátttöku þessara aðila í fjölþjóðlegu samstarfi um rannsóknir og þróun, einkum á vettvangi Evrópusamvinnu."

Menntamálaráðuneytið gaf nýlega „út ritið *Í krafti upplýsinga* þar sem er að finna tillögur þess um nýtingu hinnar öflugu upplýsingatækni í þágu menntunar, menningar, rannsókna og vísinda. Á fáum sviðum er unnt að nýta þessa tækni betur en til vísindarannsókna, tæknirannsókna og þróunarstarfs. Einnig er nauðsynlegt að efla rannsóknar- og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni. Nýta verður sem best tækifæri sem upplýsingatækni veitir til nýsköpunar í framleiðslu, þjónustu og opinberri stjórnsýslu, svo og til vaxtar í atvinnulífi. Rannsóknir, þróunarstarf og þekkingarmiðlun eru bestu aðgerðirnar til að stuðla að farsælli aðlögun íslenska þjóðfélagsins að hraðfara breytingum á öld upplýsingatækni."

„Almenn áhersluatriði í stefnu stjórnvalda varðandi rannsóknir og þróun eru skýr. Einnig liggur fyrir að af hálfu þeirra sem standa að rekstri fyrirtækja er aukinn áhugi á samstarfi við rannsóknarstofnanir og vísindamenn."

„Rannsóknarráð Íslands þarf að móta afstöðu sína til verkaskiptingar á milli opinberra aðila og atvinnulífs á sviði tækni og vísinda. Ráðið þarf að skilgreina eigin stöðu í þessu efni og gera tillögur um það sem kynntar séu viðkomandi aðilum til að hlutverk ráðsins sem þjónustustofnunar og ráðgjafa sé skýrt. Verður í þessu tilliti fróðlegt að sjá viðbrögð forustumanna í atvinnulífinu við þeirri stefnu sem Rannsóknarráð Íslands hef-

ur kynnt undir heitinu *Að treysta stoðir framtíðar.*

... með stöðugleika, bættu starfsumhverfi fyrirtækja og gróða þeirra mun fjárstuðningur fyrirtækja við rannsóknir og þróun aukast. Þessi almennu skilyrði ráða ef til vill mestu fyrir rannsóknar- og vísindastarf í landinu, þótt þau gleymist oft þegar óskum um auknar opinberar fjárveitingar er beint til ríkisstjórnar og Alþingis. Má fullyrða að þessi skilyrði séu nú fyrir hendi hér á landi.

Nú reynir því á hvernig vísindasamfélagið bregst við breyttri stöðu, þegar fyrirtæki í öllum atvinnugreinum eru rekin með hagnaði. Stjórnendur fyrirtækjanna munu væntanlega sjálfir taka ákvarðanir um það hvar þeim finnst helst þörf á aðstoð þeirra sem sinna rannsóknum og þróun. Rannsóknarráð Íslands hlýtur hins vegar að hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að skilgreina það sem er í boði fyrir atvinnulífið. Ráðið þarf að huga að samstarfi atvinnulífs og stofnana til að vekja enn frekari áhuga fyrirtækja á auknum útgjöldum til rannsókna og þróunarverkefna.

Raunar má spyrja hvort þetta verkefni sé brýnna fyrir Rannsóknarráð Íslands en að ákvarða forgangsröðun einstakra sviða rannsókna og þróunarstarfsemi. Slík röðun er vissulega mikilvæg en kann að verða næsta almennt orðuð stefnuyfirlýsing um alla meginþætti þjóðlífsins og tengsl þeirra við vísindi og rannsóknir."

4. Fimmta rammaáætlun Evrópusambandsins.

Ísland hefur frá árinu 1994 verið þátttakandi í fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins (ESB) um rannsóknir og tækniþróun á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ætla má að framlög Íslands til þátttökunnar 1994–98 verði um 800 millj. kr. Framlög sambandsins til verkefna sem íslenskir vísindamenn vinna að eru nú þegar orðin 800 millj. kr. og er þess vænst að á öllu tímabilinu nemi þau um einum milljarði króna.

Ávinningur Íslendinga af þátttöku í vísindasamstarfi Evrópusambandsins er ekki einungis sá að opna góðum umsóknum leið að sjóðum bandalagsins. Með þátttöku í þessu samstarfi gefst kostur á að meta starfsemi og áherslur íslenskra vísindamanna í samkeppni við það sem gert er meðal annarra þjóða. Sá samanburður sem hingað til hefur fengist gefur ástæðu til þess að ætla að Íslendingar megi vel við una. Með þátttökunni opnast íslenskum vísindamönnum hjá stofnunum og fyrirtækjum leið að þekkingu sem aflað er fyrir þá rúmu 1.000 milljarða ísl. kr. sem rammaáætlun ESB 1994–98 kostar í heild.

Menntamálaráðherra hefur fyrir Íslands hönd í tvígang komið á framfæri hugmyndum vegna undirbúnings fimmtu rammaáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun 1998–2002. Fyrra álitið (fylgiskjal III er bréf menntamálaráðherra til Edith Cresson, dagsett 27. júní 1996, ásamt greinargerð) var kynnt ESB í júnímánuði 1996 eftir að Edith Cresson, vísindamálastjóri Evrópusambandsins, fór þess á leit við menntamálaráðherra að íslensk stjórnvöld settu fram skoðanir í þessu efni. Greinargerðin sem fylgdi bréfi menntamálaráðherra til Cresson var unnin af sérstökum vinnuhópi sem í áttu sæti fulltrúar nokkurra ráðuneyta og naut hópurinn aðstoðar starfsmanna menntamálaráðuneytisins hér heima og í Brussel. Enn fremur var leitað álits Rannsóknarráðs.

Þegar línur tóku að skýrast í hugmyndum framkvæmdastjórnarinnar varðandi hina nýju áætlun voru viðbótarathugasemdir sendar Cresson í desembermánuði (fylgiskjal IV er bréf menntamálaráðherra til Edith Cresson, dagsett 19. desember 1996, ásamt greinargerð). Þetta seinna álit byggðist á gögnum frá framkvæmdastjórninni, áliti annarra ríkja, skoðunum stjórnarnefndarfulltrúa Íslands í undiráætlunum fjórðu rammaáætlunar sem nú stendur yfir og áliti ráðuneyta og stofnana (alls um 60 aðila) sem leitað var til. Hafa að-

ilar innan framkvæmdastjórnarinnar farið viðurkenningarorðum um þessar greinargerðir og er þær að finna meðal kynningarefnis ESB um fimmtu rammaáætlunina. Bréfin og greinargerðirnar er einnig að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

Í þessum greinargerðum er m.a. lýst þeirri ætlan Íslendinga að nota íslenskuna sem tungumál við þróun upplýsingatækninnar og bent er á að Evrópa geti gert fjölbreytni tungumálanna sem töluð eru í álfunni að samkeppniskosti í þessari þróun. Áhersla er einnig lögð á rannsóknir sem lúta að sérstökum náttúruskilyrðum hér á landi, möguleika til heilbrigðisrannsókna og mikilvægi þess að stunda rannsóknir á lífríki og ástandi hafsins. Auk þess er fjallað um skipulag áætlunarinnar, skilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja til þátttöku, rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda og á sviði menningar.

Mikil vinna hefur verið lögð í þessar greinargerðir og munu þær nýtast íslenskum fulltrúum í mótun fimmtu rammaáætlunar Evrópusambandsins. Er þetta í fyrsta sinn sem unnið hefur verið að því með kerfisbundnum hætti að hafa áhrif á stefnumótun ESB í þessum efnum. Nokkurt átak var þó gert að þessu leyti í aðdraganda að fjórðu rammaáætluninni 1994–98 og er það mat þeirra sem að þessum málum vinna að Íslendingar hafi haft nokkurt erindi erfiðisins. Ástæða er til þess að fram komi að þáttur tveggja starfsmanna menntamálaráðuneytisins í Brussel hefur haft verulega þýðingu í þessu starfi og enn frekar í því að aðstoða og greiða fyrir þátttöku Íslands í rannsóknarverkefnum fjórðu rammaáætlunar ESB.

5. Um norræna rannsóknaáætlun.

Í umboði norrænna rannsóknaráðherra frá desember 1995 hefur Norræna vísindastefnuráðið (*Forskningspolitisk Råd*) árið 1996 unnið að tillögugerð um nýja norræna vísindastefnu. Tillögur ráðsins voru lagðar fyrir rannsóknaráðherrana á fundi þeirra í desember 1996 og eru nú til umfjöllunar í öðrum norrænum ráðherranefndum.

Tillögur ráðsins eru í stuttu máli þær að öll rannsóknastarfsemi sem fjármögnuð er úr sjóðum Norrænu ráðherranefndarinnar fari fram innan sama ramma (Norræna rannsóknaáætlunin) til fimm ára í senn, en fyrsta áætlunin yrði aðeins til þriggja ára, frá 1. janúar 1998. Áætlunin mun ná til allra rannsókna í norrænni samvinnu og með henni skapast forsendur fyrir samræmdri forgangsröðun og pólitískri heildarsýn á ráðstöfun norræns fjármagns til rannsókna.

Íslenskir fulltrúar í ráðinu hafa tekið virkan þátt í mótun þessara hugmynda og telja að verði vel að málum staðið sé þetta fyrirkomulag til bóta. Mikilvægt er þó að skriffinnsku og stjórnun verði haldið í lágmarki og að staða norrænna stofnana innan rammans verði tryggð.

6. Rannsóknarnámssjóður.

Meðal nýmæla sem nokkur reynsla er nú fengin af er Rannsóknarnámssjóður. Sjóðnum er ætlað það hlutverk að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms. Honum var komið á laggirnar árið 1993 og voru fyrstu styrkirnir veittir vegna námsársins 1993–94. Lagastoð fyrir starfsemi sjóðsins fékkst með lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Í fyrstu var ákveðið að veita styrki til náms við Háskóla Íslands og annaðist rannsóknasvið Háskólans þjónustu við þriggja manna stjórn sjóðsins. Í ljósi fenginnar reynslu var árið 1995 ákveðið að heimilt væri að veita einnig styrki til efnilegra námsmanna í framhaldsnámi við aðrar innlendar og erlendar menntastofnanir og frá síðustu áramótum hefur Rannsóknarráði Íslands verið falin umsjón með sjóðnum í umboði stjórnar sem menntamálaráðherra skipar.

Rannsóknarnámssjóður er nokkuð sérstakur að því leyti að auk þess að nemandi sem til álita kemur við styrkveitingu þarf að hafa sýnt góða frammistöðu í námi, þarf rannsóknarverkefnið, sem er hluti námsins, að teljast áhugvert og mikilvægt. Þessu til viðbótar þarf leiðbeinandinn sem í hlut á að hafa sýnt virkni og náð góðum árangri í rannsóknum sínum. Þessi krafa er sérstæð og var nokkuð umdeild á sínum tíma, en núorðið er viðurkennt að þarna er sanngjörn krafa á ferð sem byggist á mælistikum sem vísindasamfélagið viðurkennir jafnan.

Rannsóknarnámssjóður hefur úthlutað um 90 millj. kr. til 100 nemenda í framhaldsnámi og hafa allmargir lokið námi með aðstoð sjóðsins og sumir haldið erlendis til frekara náms. Þeir nemendur eru vel í stakk búnir til þess að mæta kröfum sem gerðar eru til þeirra við erlendar mennta- og vísindastofnanir.

Styrkveitingar úr sjóðnum á verðlagi í ágúst 1996 hafa skipst með eftirfarandi hætti:

	Umsóknir þús. kr.	Styrkir þús. kr.	Hlutur deildar í styrkjum (%)
Félagsvísindadeild	33.315	12.671	14.1
Guðfræðideild	1.880	0	0
Heimspekideild	23.619	9.333	10.4
Lagadeild	0	0	0
Læknadeild	49.546	20.530	22.8
Raunvísindadeild	73.902	28.690	31.9
Tannlæknadeild	2.136	2.055	2.3
Verkfræðideild	41.573	11.486	12.8
Viðskipta- og hagfræðideild	9.587	3.993	4.4
Utan Háskóla Íslands	7.244	1.200	1.3
Samtals	**242.801**	**89.958**	**100**

Greinargerð um starfsemi Rannsóknarnámssjóðs 1993–96 er fylgiskjal VI.

7. Rannsóknarprófessorar.

Árið 1995 var auglýst að menntamálaráðherra hefði ákveðið með vísan til 22. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands og til reglugerðar nr. 299/1995, um rannsóknarprófessora, að ráða allt að fimm rannsóknarprófessora við Háskóla Íslands. Fjárveiting að upphæð 15 millj. kr. hafði fengist í fjárlögum árið 1995.

Stöður rannsóknarprófessora eru veittar til fimm ára og er þeim ætlað að hafa rannsóknir að aðalstarfi og taka að sér leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi og skal leitað eftir umsækjendum sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu fyrir rannsóknastörf. Markmiðið með þessum stöðum er að fá færa vísindamenn til starfa á mikilvægum sviðum. Stöðunum fylgir fjárveiting til reksturs samfara þeim verkefnum sem fengist verður við. Slík fjárveiting er nýmæli hér á landi. Við val milli umsækjenda skal einkum farið eftir hæfni þeirra, svo og getu hérlendra aðila til þess að láta í té nauðsynlega aðstöðu til rannsókna.

Umsækjendur, 50 talsins, skiptust sem hér segir á meginsvið: Hugvísindi 14, félagsvísindi 5, heilbrigðisvísindi 12, raunvísindi 13 og verkfræði 6 umsækjendur. Þriggja manna dómnefnd mat hæfi umsækjenda og áttu sæti í nefndinni Rögnvaldur Hannesson prófessor, Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands, og Sigmundur Guðbjarnason, formaður Rannsóknarráðs Íslands.

Vegna tengsla við umsækjendur vék menntamálaráðherra sæti og var afgreiðsla málsins falin forsætisráðuneyti. Nú hefur fimm einstaklingum verið boðið að taka stöður rannsóknarprófessora og má ætla að með þessu eflist til muna rannsóknir á þeim sviðum sem um ræðir.

Hjálagt er afrit samnings sem gerður var milli menntamálaráðuneytis, Rannsóknarráðs Íslands og Háskóla Íslands um ráðningu fimm rannsóknarprófessora (fylgiskjal VII).

8. Fjárveitingar til lengri tíma.

Samkvæmt lögum um Rannsóknarráð Íslands ber ráðinu að gera tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála til þriggja ára í senn. Í maíbyrjun 1996 sendi ráðið menntamálaráðuneytinu tillögur um framlög til sjóða á vegum ráðsins til þriggja ára. Tillögurnar gerðu ráð fyrir 120 millj. kr. hækkun frá framlögum ársins 1996. Í tillögum ráðsins var ekki fjallað um fjárveitingar til rannsóknastofnana.

Samstarfshópur ráðuneyta um rannsókna- og þróunarstarf fjallaði um tillögur ráðsins en taldi ekki forsendur til rannsóknarfjárlaga til 3 ára en undirbúningur að þeim er hafinn.

Í tengslum við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1997 lýsti samstarfshópur ráðuneyta þeirri skoðun að svonefndur „flatur" niðurskurður væri sísti kosturinn í þessum málaflokki. Fram kom að hópurinn taldi að ekki yrði gengið lengra í að draga saman útgjöld rannsóknastofnana nema til kæmi gagnger breyting á skipulagi starfseminnar. Þá taldi hópurinn æskilegt að auka hlutfallslega fjárveitingar til sjóða sem styrkja rannsóknarverkefni á grundvelli umsókna.

Í maí sl. samþykkti ríkisstjórnin að fela samstarfshópi ráðuneyta um rannsókna- og þróunarstarf að gera tillögur um endurskipulagningu rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Hópurinn hefur undirbúið tillögur að slíkri endurskipulagningu þar sem miðað yrði við fagsvið í stað skiptingar á grundvelli atvinnugreina. Markmið þessarar endurskipulagningar yrði hagræðing, betri nýting mannafla og aðstöðu og hugsanlegur samruni stofnana í stærri einingar. Einnig var lagt til að eftirlitsmælingar og beinar þjónusturannsóknir yrðu markaðsvæddar með einkavæðingu og sölu á þjónustu stofnana á markaðsviði og er undirbúningur að því vel á veg kominn.

II. Skýrsla Rannsóknarráðs Íslands til menntamálaráðherra 1996.

Ágrip.

Með vísun til 11. tölul. 2.gr. laga nr. 61/1994 leggur Rannsóknarráð Íslands hér með fram fyrstu formlegu skýrslu sína um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum á Íslandi. Á ársfundi fyrr á þessu ári birti ráðið ársskýrslu og rit um starfsstefnu sína og er hið síðara fylgiskjal með skýrslu þessari.

Ráðið vill draga athygli að eftirfarandi atriðum í skýrslunni:

Ný viðhorf.

Að undanförnu hefur mikil umbreyting orðið á atvinnulífi Íslendinga, með auknum stöðugleika og batnandi ytri skilyrðum. Fjárfesting undanfarinna ára í rannsóknum og þróunarstarfi hjá stofnunum og fyrirtækjum er farin að skila sér í nýsköpun og verðmætari framleiðslu á flestum sviðum atvinnulífsins.

Ný fyrirtæki hafa sprottið upp á síðari árum á grundvelli háþróaðrar tækniþekkingar, m.a. með stuðningi frá sjóðum Rannsóknarráðs, og skila hraðvaxandi útflutningstekj-

um. Athyglisvert er að hlutfallslega fleiri yngri fyrirtæki stunda rannsóknir og þróunarstarf en þau sem eldri eru. Greina má mikinn áhuga á nýsköpun hér á landi um þessar mundir, ekki síst hjá yngra fólki. Viðhorf hafa breyst í íslensku atvinnulífi og hugsað er lengra fram í tímann. Stjórnvöld þurfa að koma til móts við þann áhuga með viðeigandi stuðningi.

Alþjóðavæðing viðskipta og menningarsamskipta samhliða örum tæknibreytingum gerir vaxandi kröfur til Íslendinga, fyrirtækja og stofnana hins opinbera. Opnun nýrra markaðshagkerfa á áður lokuðum svæðum skapar nýja möguleika til vaxtar. Færni og þekking mun skipta sköpum fyrir stöðu þjóðarinnar á nýrri öld.

Fjármagn og mannafli.

Á undanförnum árum hefur auknum hluta þjóðarframleiðslunnar verið varið til rannsókna og þróunar. Árið 1993 var um 5,5 milljörðum kr. varið til rannsókna og unnin voru rúmlega 1.300 ársverk. Þetta svarar til um 1,4% af þjóðarframleiðslunni en var um 0,5% árið 1973 og 0,7% árið 1983. Hlutur fyrirtækja hefur vaxið örast, hlutur háskólanna lítillega dregist saman, en hlutur rannsóknastofnana atvinnuveganna minnkað verulega frá því sem áður var.

Hlutur landbúnaðar, orkuvinnslu og fiskveiða fer lækkandi í heildarumsvifum rannsókna en hlutur fiskiðnaðar, almenns iðnaðar og hugbúnaðariðnaðar fer vaxandi. Innan landbúnaðargeirans hefur vaxandi áhersla verið lögð á úrvinnslu, fiskeldi, landgræðslu og umhverfisrannsóknir. Þá er vaxandi kröftum nú beint að háþróaðri upplýsingatækni bæði á sviði hefðbundinna framleiðslugreina og opinberrar þjónustu. Grunnrannsóknir hafa haldið sínum hlut.

Grannþjóðir okkar auka einnig framlög sín á þessu sviði. Athyglisvert er að Finnar hafa tvívegis sett sér markmið um aukin umsvif í rannsóknum. Fyrst með því að auka framlög úr 1,5% af þjóðarframleiðslu árið 1985 í 2,0% árið 1990 og nú með því að hækka þetta hlutfall upp í 2,9%. Auka þeir nú opinber framlög til þess málaflokks hröðum skrefum þrátt fyrir miklar þrengingar í ríkisfjármálum. Fjármagnið til þessa kemur af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja. Árangur af áherslu þeirra á hátækni hefur skilað undraverðum árangri, m.a. stórauknum útflutningi á hátæknivörum og ört fjölgandi atvinnufærum í hátæknigreinum. Danir hafa nýverið einnig kynnt áform um að auka framlög til rannsókna upp í um 2,2% af þjóðarframleiðslu.

Stefna Rannsóknarráðs.

Rannsóknarráð Íslands hefur nú starfað í tvö ár og telur að vel hafi tekist að sætta ólík sjónarmið innan ráðsins og um mótun starfsaðferða við úthlutun úr sjóðum þess. Áhersla er lögð á opin vinnubrögð og eins skýr svör til umsækjenda og kostur er um mat á umsóknum.

Rannsóknarráð hefur kynnt stefnu sína sem miðar að því að auka samvirkni í annars mjög dreifðu vísinda- og tæknisamfélagi sem reynir að bregðast við fjölbreytilegum kröfum þjóðfélagsins. Vill ráðið hafa forystu um að efla skilvirkt vísinda- og tæknisamfélag sem er í góðum tengslum við þjóðlífið og mætir þörfum þess fyrir þekkingu, bæði á líðandi stund og til framtíðar litið. Ráðið hefur m.a. bent á 15 áherslusvið í rannsóknum sem það telur verða ofarlega á baugi á komandi árum. Mikilvægt er að samvinna takist milli Rannsóknarráðs og samstarfshóps ráðuneytisstjóra um að framfylgja slíkri stefnu og móta samskiptahætti sem byggjast á trausti milli þessara aðila.

Rannsóknarráð virkjar í störfum sínum mikinn fjölda hæfs fólks úr vísindum og atvinnulífi við mat á umsóknum, úthlutun styrkja og vinnu að stefnumótun. Mikilsverð reynsla og samábyrgð skapast með þessu meðal þeirra sem stunda rannsóknir og þróunarstarf og væntanlega fylgir því traust þeirra á verkum ráðsins. Umsóknir eru nú vandaðri en áður og berst ráðinu fjöldi vel undirbúinna verkefna, sem ekki er hægt að styrkja með því fé sem nú er til ráðstöfunar.

Fjármögnun rannsókna.

Aðferðir við fjármögnun rannsókna hafa mikil áhrif á rannsóknarferlið sjálft, virkni þess og gæði rannsókna sem stundaðar eru. Sjóðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í þessu sambandi. Ríkisstjórnin setti það mark fyrir nokkrum árum að allt að 25% rannsóknafjárins fari í gegnum opinbera sjóði með styrkjum á grundvelli einstakra verkefna. Sem stendur er heildarhlutfallið nú um 17% og gæti hækkað í um 19% þegar greiðslur úr rammaáætlun ESB hefjast. Hlutur sjóða Rannsóknarráðs er um 6% af heildarfé til rannsókna og þróunar í landinu.

Rannsóknarráð fagnar því að hæfum umsóknum fjölgar til sjóða ráðsins, en hefur áhyggjur af skorti á rannsóknafé sem kemur í veg fyrir að hæfileikafólk sé virkjað í rannsóknum. Tilhneiging er til að dreifa fé til að koma til móts við sem flesta. Afleiðingin er smækkandi styrkir og veruleg hætta er á að dreifing verði of mikil og verkefnin undirfjármögnuð og veikburða. Svigrúm til að fylgja eftir nýjum áherslum þrengist. Ráðið býr sig undir skarpari forgangsröðun en hlýtur einnig að leita til stjórnvalda um aukið fé til ráðstöfunar. Ráðið fagnar þeirri stefnubreytingu sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi 1997 með því að framlag til Vísindasjóðs er hækkað um 10 m.kr. til fyrra horfs og gert er ráð fyrir að framlag Seðlabanka hækki um 15 m.kr.

Ráðið hefur af því áhyggjur að verulega hefur dregið úr starfsöryggi vísindafólks vegna óvissu um framlög og styrki frá ári til árs. Þetta ástand fælir ungt fólk frá rannsóknum og það leitar til starfa annars staðar. Rannsóknarráð harmar að rannsóknatengt framhaldsnám skuli ekki hljóta meiri stuðning. Í slíku námi felast mikilvæg tækifæri til að beina ungu fólki að margvíslegum viðfangsefnum í íslensku samfélagi, hvort heldur í vísindum eða framleiðslu- og þjónustugreinum íslensks atvinnulífs.

Uppbygging þekkingar og mannauðs.

Rannsóknir og þróunarstarf gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þekkingar og mannauðs í landinu. Mikilvægt er að byggja brýr milli háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífsins með rannsóknatengdu framhaldsnámi, skipan rannsóknaprófessora og veitingu starfsstyrkja til ungra vísindamanna sem eru að hasla sér völl, hvort heldur er hjá fyrirtækjum eða vísindastofnunum hins opinbera. Það olli vonbrigðum Rannsóknarráðs að framlög til Rannsóknarnámssjóðs voru skorin niður á þessu ári og að mjög hefur dregist að skipa í stöður rannsóknaprófessora. Þessi tæki gegna afar mikilvægu hlutverki í þeirri brúarsmíði milli háskóla og atvinnulífs sem Rannsóknarráð telur kjarnann í starfsstefnu sinni. Nauðsynlegt er að bæta úr hvoru tveggja. Mikilvægt skref er að framlag til Háskóla Íslands hefur verið hækkað um 7,2 m.kr. til að standa undir kostnaðarhluta Háskólans af stuðningi Rannsóknarnámssjóðs.

Hagnýting niðurstaðna — nýsköpun.

Meginhindrunin í vegi öflugs nýsköpunarstarfs hér á landi er skortur á áhættufé og stjórnunarreynslu til að stýra áhættusömum þróunarverkefnum. Rannsóknarráð hvetur til þess að beitt verði skattalegum ívilnunum til að hvetja fyrirtæki til að fjárfesta í rannsóknum og þróunarvinnu og markaðsfærslu nýrra hugmynda. Einnig þarf að mynda nýsköpunarsjóð eða þróunarsjóð er hafi m.a. það hlutverk að efla ný sprotafyrirtæki til vaxtar. Góð samvinna þarf að vera milli slíks sjóðs og Rannsóknarráðs.

Erlend samvinna.

Íslendingar hafa í vaxandi mæli látið að sér kveða í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda. Árangurinn af sókn íslenskra aðila í rannsóknaáætlanir Evrópusambandsins er góður þar sem um 40% þeirra 173 umsókna sem Íslendingar hafa átt hlutdeild að til þessa hefur hlotið samþykki. Fjórðungur samþykktra verkefna er með þátttöku fyrirtækja. Greiðslur til íslenskra aðila vegna þessara verkefna munu nema um 750 m.kr. Nokkur útboð eru auk þess eftir í fjórðu rammaáætlun ESB. Ljóst er að íslenskt vísinda- og tæknisamfélag hefur brugðist skjótt við nýjum möguleikum og er sjáanlega samkeppnishæft á þessum vettvangi. Hafinn er undirbúningur að fimmtu rammaáætluninni. Mikilsvert er að góð samvinna takist um mótun á sjónarmiðum Íslands og þeim verði komið vel á framfæri í þeim stofnunum og stjórnarnefndum ESB sem fjalla um rammaáætlunina.

Skipulag rannsóknastarfseminnar.

Endurskoða þarf og skerpa stefnu, starfshætti og skipulag á ýmsum sviðum þjóðlífsins, þar með talið á sviði vísinda og tæknimála. Draga þarf úr bindingu þeirrar starfsemi við einstaka atvinnuvegi, en jafnframt efla hana til að mæta nýjum aðstæðum og tryggja íslensku þjóðfélagi aðgang að bestu fáanlegri þekkingu á hverjum tíma. Rannsóknarráð varar við þeirri stefnu að svelta rannsóknastofnanir atvinnuveganna með sílækkandi framlögum án tillits til afleiðinga. Samkvæmt ríkisreikningum voru heildarframlög til þessara stofnana um 350 m.kr. lægri árið 1995 en árið 1987. Er það meiri niðurskurður en nemur auknum framlögum til sjóða Rannsóknarráðs á milli þessara ára og væntanlegu árlegu framlagi Íslands til fjórðu rammaáætlunar ESB samanlagt. Þegar má greina veikingu á innviðum nokkurra stofnana sem afleiðingu þeirrar stefnu. Þær eiga í vaxandi erfiðleikum með að endurnýja þekkingarmátt sinn og brjóta nýjar brautir í rannsóknum. Verst er að þær stofnanir sem á undanförnum árum hafa brugðist vel við áskorun frá Rannsóknarráði og stjórnvöldum um að leita aukinna sértekna og styrkja tengsl sín við markaðinn hafa orðið mest fyrir barðinu á niðurskurði á framlögum ríkisins. Þetta verkar letjandi á vilja til skipulagsbreytinga, sem þó kunna að vera nauðsynlegar.

Rannsóknarráð leggur til að skipan rannsóknastarfseminnar verði tekin til endurskoðunar og verði fjallað um hlutverk, skipulagsform og starfshætti opinberra rannsóknastofnana í samhengi við háskólana og verkmenntaskólana í landinu til að tengja sem best saman rannsóknir, vísinda- og tæknimenntun, verkmenntun og þróunarstarf í þágu atvinnulífsins. Í þá endurskoðun verði ráðist með það fyrir augum að treysta vísindalegar og tæknilegar undirstöður að alþjóðlegri samkeppnishæfni atvinnulífsins, en ekki fyrst og fremst með niðurskurð á opinberum framlögum til rannsókna að leiðarljósi.

Framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.

Með skipulagsbreytingu á yfirstjórn vísinda og tæknimála sem gerð var árið 1994 var Rannsóknarráð Íslands stofnað og stuttu seinna skipaður samstarfshópur ráðuneytisstjóra um rannsóknamál. Var gert ráð fyrir nánu samráði þessara aðila um stefnumótun, ekki síst varðandi tillögur um fjárveitingar til rannsókna til þriggja ára í senn. Þetta samráð hefur ekki komist í framkvæmd nema að litlu leyti enn sem komið er og er vandséð hvernig hægt er að framfylgja opinberri vísinda- og tæknistefnu hér á landi án þess.

Rannsóknarráð telur að mikilvægustu verkefnin framundan séu að treysta forsendur til að framfylgja stefnu á sviði vísinda og tækni, annars vegar með því að beina athygli vísinda- og tæknisamfélagsins að vel skilgreindum áherslusviðum og hins vegar með því að styrkja umfjöllun um málefni vísinda og tækni á vettvangi stjórnvalda, þ.e. hjá ríkisstjórn og Alþingi með aðstoð Rannsóknarráðs. Rannsóknarráð Íslands getur unnið margvíslega grunnvinnu og gert tillögur um stefnumörkun, en forsendur þess að árangur náist er að hægt sé að fylgja tillögunum eftir, m.a. að því er varðar fjárveitingar til rannsókna, mat á árangri af vísindastarfi og mótun skipulags á rannsóknastarfseminni í landinu.

1. Inngangur.

Í lögum nr. 61 13. maí 1994, um Rannsóknarráð Íslands, er í 11. tölul. 2. gr. kveðið á um að Rannsóknarráð skuli: **„Skila árlega skýrslu til menntamálaráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi ásamt greinargerð menntamálaráðherra til kynningar og umfjöllunar.“** Ráðið tók til starfa í september 1994 og hefur á fyrsta starfsskeiði sínu lagt áherslu á að móta stefnu sína og starfshætti. Í samráði við menntamálaráðherra var því ákveðið að fyrsta skýrsla ráðsins í samræmi við áðurnefnt ákvæði yrði lögð fram á árinu 1996 enda varla komin marktæk reynsla á störf ráðsins fyrr. Með skýrslu þessari leggur ráðið því fram fyrstu skýrslu sína samkvæmt ákvæði þessu, en hefur þó fyrr á árinu haldið ársfund og birt skýrslu um störf sín á árinu 1995.

Í lögunum frá 1994 er Rannsóknarráði falið það víðfeðma hlutverk **„að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun.“** Ráðið hyggst rækja þetta hlutverk með því að beita sér fyrir því að virkja mannauð þjóðarinnar í sókn til auðugra mannlífs og bættra lífskjara.

Í upphafi skýrslunnar, 2. og 3. kafla, er reynt að gefa sem gleggst yfirlit um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í samhengi við núverandi þjóðfélagsaðstæður, m.a. þær breytingar sem eru að verða á innri og ytri skilyrðum í efnahagslegu tilliti. Það sjónarhorn beinir athyglinni meira að atvinnulífinu og hagnýtum rannsóknum en menningarlegu gildi vísinda og því sem efst er á baugi í íslenskum grunnrannsóknum. Í 4. kafla, um stefnu Rannsóknarráðs, er hins vegar fjallað um samhengi grunnvísinda og hagnýtra vísinda og gerð stuttlega grein fyrir áformum Rannsóknarráðs um eflingu á innviðum vísindastarfseminnar í landinu. Í köflum þar á eftir er svo fjallað um áhrif breytinga sem orðið hafa á fjármögnun vísinda, lýst vandamálum sem upp hafa komið og gerð grein fyrir skoðunum ráðsins og ábendingum varðandi hugsanlegar breytingar á skipulagi rannsóknastarfseminnar. Þá er fjallað um vaxandi þátttöku Íslands í alþjóðlegu vísindasamstarfi að undanförnu. Að lokum er bent á nauðsyn nánara samráðs milli Rannsóknarráðs og stjórnvalda um framkvæmd vísinda- og tæknistefnu í landinu. Þau atriði sem ráðið vill leggja áherslu á í skýrslu þessari eru dregin fram með feitletrunum.

2. Ný viðhorf, breyttar aðstæður, gildi þekkingar.

2.1 Innlend viðhorf.

Atvinnulíf landsmanna og þar með allt efnahagslíf hefur að undanförnu gengið í gegnum langt samdráttarskeið sem leitt hefur til margvíslegrar endurskoðunar og ýtt undir viðleitni til nýsköpunar. Veruleg umskipti hafa orðið og virðist nýtt vaxtarskeið hafið. Aðgerðir á sviði efnahagsmála, endurbætur á starfsskilyrðum atvinnulífsins og hófsemi í kjarasamningum eiga veigamikinn þátt í þeirri breytingu auk hagstæðra ytri skilyrða og stjórnunarlegrar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækjanna. **Á sama tíma hefur fjárfesting undanfarinna ára í rannsóknum og þróunarstarfi og viðleitni til nýsköpunar einnig farið að skila sér. Má þegar sjá margvíslegan árangur af því starfi:**

Á sviði sjávarútvegs má nefna bæði þær rannsóknir á umhverfi og lífríki sjávar sem eru forsenda skynsamlegrar veiðistjórnunar sem nú er farin að skila sér í auknum aflaheimildum, svo og tæknilegar rannsóknir og þróunarstarf sem lýtur að hækkuðu vinnslustigi og meiri virðisauka úr sjávarfangi, bæði með nýrri vinnslutækni og þróun á verðmætari vöru. **Meiri árangur hefur náðst á þessu sviði en flestir gera sér grein fyrir.**

Sjálf tækniþekkingin til veiða og vinnslu sjávarafla er nú einnig orðin sjálfstæð og vaxandi útflutningsgrein, bæði í formi tækja og búnaðar svo og með þátttöku í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja víða um heim. Þannig hefur t.d. fjárfesting í þróun tækni til tölvumyndgreiningar, sem Rannsóknasjóður studdi ásamt aðilum úr sjávarútvegi fyrir nokkrum árum, orðið uppspretta nýrrar kynslóðar tækja til margvíslegra nota í matvælaiðnaði sem skapað hefur íslensku fyrirtæki sérstöðu á alþjóðlegum markaði. Afrakstur þessa starfs mátti líta á nýlegri sjávarútvegssýningu. **Má vísa til þess sem dæmis um yfirvegaða langtímafjárfestingu í nýrri tækniþekkingu sem án efa mun skila margföldum ávinningi.**

Landbúnaðarrannsóknir sem unnar hafa verið í samvinnu opinberra stofnana og einkaaðila hafa skilað mikilvægum niðurstöðum sem vekja vonir um að margvísleg nýting lífrænna auðlinda á landi eigi framtíð fyrir sér og að íslenskur landbúnaður, sem nú á undir högg að sækja á markaði, geti mætt kröfum nýs tíma og vaxandi samkeppni. Rannsóknir á sviði fiskeldis, garðyrkju, plöntuerfðafræði og fóðurfræði hafa að undanförnu opnað nýja möguleika til hagræðingar og nýrrar framleiðslu. Þá hefur þróunarstarf í úrvinnslu mjólkur, kjöts og annarra matvæla auk fiskmetis skilað miklum ávinningi. Rannsóknir og þróunarstarf á sviði landgræðslu, skógræktar og landnýtingar hafa enn fremur skilað niðurstöðum sem vísa veginn til sjálfbærrar þróunar í nýtingu hérlendra landkosta. **Rannsóknarráð varar við staðhæfingum um að landbúnaður þurfi nú minna á rannsóknum að halda vegna samdráttar sem orðið hefur í hefðbundinni búvöruframleiðslu. Þvert á móti eru rannsóknir forsenda markaðslegrar aðlögunar og þess að snúa vörn í sókn í landbúnaði.**

Almenn framleiðslufyrirtæki hafa í vaxandi mæli gert þróunarstarf að föstum lið í rekstri og ráðið til starfa fólk með tæknimenntun og þjálfun í rannsóknarstörfum. Vöruþróun er því orðinn fastur liður í starfsemi þessara fyrirtækja og hafa þau styrkt sig á innanlandsmarkaði með nýjum eða endurbættum afurðum. **Mörg fyrirtækjanna flytja einnig út afurðir eða vinna að undirbúningi þess. Rannsóknarráð hefur aðstoðað nokkur þessara fyrirtækja með styrkjum til að ráða tæknimenn og með því að taka upp sérstakan stuðning við vöruþróun og tæknilega nýsköpun í fyrirtækjum. Stuðningur úr átaksverkefnum á vegum sjóða iðnaðarins og iðnaðarráðuneytisins svo og**

Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar hefur einnig verkað mjög hvetjandi í þessu efni.

Sprottið hefur upp á nýjum sviðum, ótengdum hinum hefðbundnu greinum atvinnulífsins, atvinnustarfsemi sem byggist fyrst og fremst á háþróaðri þekkingu, m.a. á sviði upplýsingatækni, sem nýtt er á snjallan hátt til að leysa margvísleg viðfangsefni íslensks þjóðfélags en verður jafnframt samkeppnishæf og eftirsótt útflutningsvara. Sem dæmi má nefna að tæki á sviði heilbrigðistækni og margvíslegur hugbúnaður og kerfi sem hafa verið þróuð fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir eru komin á alþjóðlegan markað. **Hagtölur sýna að útflutningur á hugbúnaði, tækjum sem byggja á háþróaðri tækniþekkingu og lyfjum er ört vaxandi og er farinn að segja til sín í heildarútflutningi landsmanna (sjá mynd 1a). Aðrar greinar eru enn á fósturstigi, svo sem afurðir byggðar á líftækni (sjá mynd 1b).** Að öllu samanlögðu hefur útflutningsverðmæti þessara greina vaxið úr 1.200 m.kr. árið 1990 í 3.700 m.kr. eða þrefaldast á fimm árum (sjá mynd 1c).



Mynd 1a. Útflutningur á hátæknivörum og vörum tengdum sjávarútvegi 1990–95.



Mynd 1b. Þróun verkefna- og vörusölu hjá líftæknifyrirtæki 1990–96 í millj. kr.



Mynd 1c. Þróun útflutnings á tæknivörum og hugbúnaði 1990–95.

Almennur áhugi á nýsköpun hefur farið vaxandi og jákvætt viðhorf er ríkjandi til nýjunga. Rannsóknir háskólakennara og nemenda í mörgum greinum hafa m.a. blómstrað í nemendaverkefnum sem nýst hafa á hinum margvíslegustu sviðum, m.a. í ferðaþjónustu og í opinberri þjónustu. Á það bæði við um rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda, heilbrigðisvísinda, náttúruvísinda og tæknigreina. Nýsköpunarsjóður námsmanna og innlend og erlend nýsköpunarverðlaun til ungs fólks hafa dregið athygli almennings að mikilvægi hvers kyns nýsköpunar sem byggð er á þekkingu og hugviti. Nokkur dæmi eru um að háskóla- og tækniskólanemar hafi stofnað eigin fyrirtæki strax að loknu námi á grundvelli verkefna sem þeir hafa unnið að í skóla. **Orðin er mikil viðhorfsbreyting hjá langskólagengnu fólki frá því sem áður var þegar leitað var fyrst og fremst í störf hjá hinu opinbera.**

Með samningnum um evrópska efnahagssvæðið var tekin ákvörðun um aðild Íslands að rannsóknaáætlun Evrópusambandins og greiðslu þátttökugjalds til hennar. Þessi ákvörðun hefur reynst farsæl. Reynslan af fyrstu árum þátttöku Íslands í rannsóknaáætluninni bendir til þess að íslenskar stofnanir og fyrirtæki séu vel samkeppnishæf og áhugaverðir samstarfsaðilar í verkefnaútboðum ESB. Frá upphafi fjórðu rammaáætlunar og til haustsins 1996 hafa íslenskir aðilar verið með í 173 umsóknum í rammaáætlunina og taka þátt í 67 verkefnum sem hlotið hafa stuðning úr sjóðum áætlunarinnar. Góðar líkur eru á því að greiðslur til íslenskra aðila úr sjóðum áætlunarinnar nemi þeirri upphæð (um 800 m.kr) sem Ísland greiðir í sameiginlega sjóði áætlunarinnar. En mikilvægari er þó ávinningurinn af því samstarfi og þekkingarflæði til Íslands sem verkefnin leiða til. **Athyglisvert er hve fljótt íslenskir rannsóknaraðilar hafa brugðist við til að hagnýta sér þá möguleika sem rammaáætlunin býður upp á þrátt fyrir mjög takmarkaða opinbera fjárhagsaðstoð miðað við það sem tíðkast hefur í grannlöndunum. Kynning áætlunarinnar virðist því hafa tekist vel.**

2.2 Alþjóðleg viðhorf — alþjóðavæðing.

Einn sterkasti áhrifavaldur okkar tíma er **alþjóðavæðing** á nánast öllum sviðum mannlegrar starfsemi. Þetta felur í sér að öll samskipti á sviði viðskipta og þjónustu, tækni og menningar ná heimshorna í milli án verulegra hindrana vegna landamæra. Framfarir í upplýsingatækni, boðskiptatækni og samgöngum gera okkur kleift að reka öll okkar viðskipti með heiminn að vettvangi. Alþjóðavæðingin hefur margvíslegar afleiðingar í för með sér:

Hún leiðir **til vaxandi samkeppni og samanburðar á heimsmælikvarða á öllum sviðum.** Þann samanburð þarf íslenskt atvinnulíf og vísinda- og tæknistarfsemi að standast. Íslenskt atvinnulíf sækir nú fram í æ ríkari mæli út um allan heim. Íslenskar vísindastofnanir þurfa að vera fyrirtækjum bakhjarl í þeirri sókn og einnig sækja fram sjálfar. Samkeppni um hæfileikafólk og þekkingu er alþjóðleg. Ný kynslóð íslensks athafnafólks á sviði viðskipta, lista, íþrótta svo og vísinda og tækni hefur sprottið upp og sækir fram á alþjóðavettvangi. Sumir af þessari kynslóð setjast að á Íslandi en aðrir flytja burt, ef þeir finna ekki viðunandi starfsskilyrði hér á landi. **Þetta er umhugsunarvert fyrir Íslendinga ef þeir vilja halda í ungt hæfileikafólk.**

Tilkoma markaðshagkerfa í löndum fyrrum miðstýringar og áætlanahagstjórnar verður mikilvægur þáttur í þróun eftirspurnar og viðskipta á komandi árum vegna óuppfylltra þarfa fólks sem byggir þessi lönd annars vegar, og möguleika vestrænna þjóða til að uppfylla þær hins vegar. Sama gildir um ýmis lönd í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku sem áður flokkuðust undir þróunarlönd en hafa náð örum hagvexti á síðustu árum. **Mikil-**

vægur þáttur í þróun þeirra viðskipta verður tækni- og stjórnunarþekking.

Afleiðingar þessarar þróunar gera nú vart við sig um allan heim. Ný verkaskipting, viðskiptamunstur og hagsmunatengsl eru nú að myndast milli þjóða. **Samkeppnisstaða þeirra mun ráðast fyrst og fremst af færni og þekkingu** en síður af náttúruauðlindum og tiltæku ódýru vinnuafli. Mannauður og þekking ræður samkeppnishæfni, atvinnustigi, efnahag og félagslegri velferð þjóða. Við þessu þurfa þjóðir, fyrirtæki og raunar einstaklingar að bregðast með margvíslegum hætti. **Endurskoða þarf og skerpa stefnu, starfshætti og skipulag á ýmsum sviðum þjóðfélagsins, þar á meðal á sviði rannsókna og þróunarstarfsemi.**

2.3 Framtíðarsýn — nýjar áherslur.

Á þeirri öld sem er að líða hafa Íslendingar byggt atvinnu- og efnahagsframfarir á nýtingu auðlinda lands og sjávar, svo og framleiðslu vöru og þjónustu fyrir innlendan markað. Sóknarstefnan hefur byggst á því að fjárfesta í stöðugt fullkomnari framleiðslutækjum og mannvirkjum er tilheyra innviðum þjóðfélagsins, orku- og samgöngukerfi, mennta- og heilbrigðiskerfi, sem og húsnæði og félagsaðstöðu þjóðarinnar. Ákvarðanir voru oftast teknar án mikilla rannsókna. Þessi „harða" fjárfestingarstefna hefur skilað miklum árangri, en þó ört minnkandi á seinni árum.

Flestir eru nú sammála um að á komandi árum skipti meira máli fyrir alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar að rækta þekkingu og færni landsmanna og skapa umhverfi sem laðar fram og ýtir undir það besta sem Íslendingar geta gert á alþjóðlegan mælikvarða. Hvert atvinnutækifæri í stóriðju og tilheyrandi orkuframkvæmdir kosta nú á bilinu 100–200 m.kr. Virðisaukinn er aðeins vinnulaun og innlendur kostnaður af framleiðslu. Sérhæfð menntun einstaklings getur kostað 10–20 m.kr. og þróunarverkefni á sviði hátækni sem skapar atvinnu fyrir þennan einstakling annað eins. Virðisaukinn getur hins vegar orðið margfaldur því að framlegð í hátækniframleiðslu er yfirleitt margföld samanborið við það sem gerist í framleiðslu hráefna og lítt unninna afurða. Þekkingin sjálf er bæði hráefnið og framleiðsluaðferðin og ákveður markaðsvirði vörunnar og fyrirtækisins sem selur hana. Ný lögmál í viðskiptum hafa orðið til.

Skilningur á þessum nýju lögmálum hefur aukist, m.a. vegna þeirra rannsókna sem stofnanir eins og OECD hafa stuðlað að síðasta áratuginn. Grannþjóðirnar hafa verið fljótar að taka við sér og stórauka nú framlög til rannsókna og þróunar og leggja alúð við eflingu menntunar.

Á nýlegri ráðstefnu um samkeppnishæfni Íslands, sem iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra stóðu fyrir, bentu erlendir fyrirlesarar á það að ein meginforsenda samkeppnishæfni þjóðar væri fjárfesting í menntun og rannsóknum, svonefnd óhlutbundin fjárfesting. Dr. Hanspeter Gassman, yfirmaður iðnaðardeildar OECD, benti á að lágt hlutfall hátæknivöru í útflutningi frá Íslandi og hægfara þróun frá einhæfum útflutningi sjávarafurða mætti í meginatriðum skýra með því lága hlutfalli þjóðartekna sem varið er til rannsókna hér á landi. Raunar var á ráðstefnunni ítrekað bent á að hlutfall sjávarafurða í vöruútflutningi væri ennþá nánast það sama árið 1995 og það var árið 1980, 1970 og árið 1886.

Rannsóknarráðið hlýtur því að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé nú tímabært að stjórnvöld taki nýtt og djarft skref til að efla vísinda- og tæknimenntun, rannsóknir og þróun á nýjum þekkingarsviðum. Ekki dugir lengur að tala um nauðsyn þess að byggja á mannauði, heldur verður að veðja á hann með svipuðum hætti og áður var gert með djarfri fjárfestingu í sjávarútvegi eða orkumálum.

Fyrstu hikandi skrefin í þessu efni voru í reynd tekin með stofnun Rannsóknasjóðs (nú Tæknisjóðs) árið 1985. Þau hafa skilað góðum árangri eins og sést á nýjustu útflutningstölum. Nú er að halda áfram á sömu braut en taka stærri skref inn í nýja öld.

3. Fjármagn og mannafli.

Síðustu fullunnu tölur um rannsóknir á Íslandi eru frá 1993, en þeim hefur nú verið safnað samfellt annað hvert ár frá árinu 1971. Árið 1993 var varið um 5.500 m.kr. til rannsókna hér á landi og unnin rúmlega 1.300 ársverk. Á myndum 2–4 sést að útgjöld til rannsókna og þróunar hafa breyst í verulegum atriðum á síðustu árum.



Mynd 2. Heildarútgjöld til (r&þ) rannsókna og þróunar og verg þjóðarframleiðsla (VÞF) og framlag fyrirtækja til r&þ 1973–93 (verðlag 1993).



Mynd 3. Hlutfall r&þ útgjalda af VÞF og hlutfall r&þ mannafla af heildarmannafla 1971–93.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Á mynd 3 sést að hlutur rannsókna í þjóðarbúskapnum hefur vaxið úr um 0,5% árið 1973 í tæplega 1,4% árið 1993.

Áberandi er hve vöxturinn er ör frá 1985 þrátt fyrir að hlutfall beinna framlaga hins opinbera á fjárlögum til einstakra rannsóknastofnana hafi staðið í stað og í sumum tilfellum dregist verulega saman (sjá töflu 1 og mynd 6).

Hlutur fyrirtækja í framkvæmd rannsókna hefur farið ört vaxandi eins og sést á mynd 2. Er þetta ein athyglisverðasta þróunin í rannsóknum hér á landi á síðari árum.

Á mynd 4 sést svo hvernig atvinnufyrirtæki hafa aukið hlut sinn í heildarumsvifum rannsókna á Íslandi, en dregið hefur úr hlut rannsóknastofnana hins opinbera en hlutfallslega hægar úr framlagi æðri menntastofnana.



Mynd 4. Hlutur helstu framkvæmdaaðila í r&þ árin 1973, 1983 og 1993.



Mynd 5a. Hlutfallsleg skipting fjármagns til rannsókna eftir greinum atvinnulífs og þjóðfélagsmarkmiðum 1983 og 1993.

Á mynd 5a sést hvaða breytingar hafa orðið á áherslum í rannsóknum árin 1983–93. Þannig hefur dregið úr hlut frumgreinanna, landbúnaðar, fiskveiða og orkuvinnslu, en þáttur fiskiðnaðar og almenns iðnaðar hefur vaxið. Inni í tölum um landbúnað eru rannsóknir á sviði fiskeldis, svo og umhverfis- og landgræðslurannsóknir sem jukust verulega á þessu tímabili og jafnframt stórauknar rannsóknir í þágu úrvinnslugreina í landbúnaði. Litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli grunnrannsókna í heildarfjármagni. Skipting á framlögum til einstakra undirgreina árið 1993 er sýnd á mynd 5b.



Mynd 5b. Skipting grunnrannsókna á vísindasvið sem hlutfall af heildarumfangi rannsókna 1993.

Á töflu 1 er yfirlit um fjármál opinberra rannsóknastofnana, utan háskóla, sem sinna hagnýtum rannsóknum. Velta þessara stofnana hefur á heildina litið dregist verulega saman frá 1987 og samkvæmt ríkisreikningum hefur dregið úr beinum opinberum fjárveitingum til þeirra sem nemur um 350 m.kr. eða um 21%. Fram kemur að stofnanir sjávarútvegsins hafa fengið auknar fjárveitingar en verulega hefur dregið úr fjárveitingum til stofnana á vegum iðnaðarráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins. Yfirlit um breytingar á framlögum ráðuneytanna til þessara stofnana er sýnt á mynd 6.

Tafla 1. Fjárveiting og velta stofnana 1987 og 1995 samkvæmt ríkisreikningi. Á verðlagi fjárlaga 1996.

Stofnun	Fjárveiting 1987	1995	Breyting	%	Velta 1987	1995	Breyting	%
Hafrannsóknastofnun ...	539.672	592.871	53.200	9,9	702.912	816.113	113.201	16,1
Iðntæknistofnun	147.694	100.703	-46.990	-31,8	311.442	309.014	-2.428	-0,8
Orkustofnun	461.214	229.835	-231.378	-50,2	661.958	385.427	-276.531	-41,8
Rannsóknastofnun bygg. .	81.072	50.708	-30.365	-37,5	169.771	160.610	-9.162	-5,4
Rannsóknastofnun fisk. .	104.659	124.132	19.473	18,6	191.568	250.127	58.559	30,6
Rannsóknastofnun landb.	217.290	138.330	-78.959	-36,3	276.484	232.202	-44.282	-16,0
Veiðimálastofnun	69.246	39.856	-29.389	-42,4	86.821	76.653	-10.168	-11,7
Samtals	**1.620.845**	**1.276.436**	**-344.409**	**-21,2**	**2.400.956**	**2.230.146**	**-170.810**	**-7,1**



Mynd 6. Hlutfallsleg þróun fjárveitinga til rannsóknastofnana atvinnuveganna eftir ráðuneytum frá árinu 1985 til 1995 samkvæmt ríkisreikningum.

Sumar þessara stofnana hafa staðið sig áberandi vel í öflun eigin tekna og þannig tekist að bæta sér upp niðurskurð í fjárveitingum. Hjá öðrum dregur úr heildarveltu jafnt og þétt. Hjá Iðntæknistofnun hafa framlög ríkisins verið skorin niður um 47 m.kr. frá 1987 til 1995. Stofnunin hefur þannig misst um þriðjung þeirra framlaga sem hún naut 1987 og enn er dregið af henni við undirbúning fjárlaga ársins 1997. Stofnunin hefur þó nokkurn veginn haldið umsvifum sínum frá árinu 1987. Sama gildir um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Orkustofnun hefur dregið saman seglin, aðallega vegna minnkandi eftirspurnar eftir þjónustu í orkuiðnaðinum. Framlög til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Veiðimálastofnunar hafa alls dregist saman um 38% (108 m.kr.) frá árinu 1987 til ársins 1995.

Niðurskurðurinn á framlögum til þessara stofnana er afdrifarík stefnubreyting af hálfu ríkisvaldsins gagnvart hluta af rannsóknum í þágu atvinnuveganna. Sú spurning vaknar hvort þessi samdráttur í framlögum hins opinbera og stöðvun á vexti þeirra sé nægilega yfirvegaður og endurspegli skilning á afleiðingum þess og raunsætt mat á þörf fyrir aðstoð hins opinbera við rannsóknir og tækniþróun í þágu atvinnulífsins. Sérstaklega verður að benda á þversögnina sem felst í því að hvetja stofnanirnar til að markaðsvæða starfsemi sína og fjármagna hana með eigin aflafé, m.a. af þjónustu við atvinnulífið, en skera síðan niður framlög til þeirra í takt við auknar sértekjur, — og skipa þeim loks að hætta þeirri starfsemi sem markaðurinn kann að meta og einkaaðilar eru taldir geta sinnt.

Á mynd 7 er sýnd þróun í umsvifum háskólarannsókna og kemur fram hvernig fjármögnun þeirra skiptist. Hér er um verulega aukningu að ræða og er hlutur framlaga hins opinbera yfirgnæfandi. Þessi þróun endurspeglar einkum stækkun háskólageirans og að hluta vaxandi áherslu á þátt rannsókna innan háskólanna.



Mynd 7. Umsvif háskólarannsókna og fjármögnun þeirra 1971–93 (verðlag 1993).



Mynd 8. Samanlög framlög fyrirtækja til r&þ árin 1990, 1991 og 1993 eftir atvinnugreinum (verðlag 1993).

Rannsóknarráð hefur fylgst með rannsóknum á vegum fyrirtækja og hefur þeim fyrirtækjum fjölgað ört sem stunda rannsóknir. Á mynd 8 eru sýnd heildarframlög fyrirtækja til rannsókna og þróunar í einstökum atvinnugreinum árin 1990, 1991 og 1993 og á mynd 9 er sýnd aldursdreifing þeirra fyrirtækja sem gáfu Rannsóknarráði upplýsingar um rannsóknir og þróun á því ári. Þar kemur fram að 64 fyrirtæki eldri en 25 ára stunda rannsóknir, en hins vegar eru fjöldamörg fyrirtæki yngri en 10–12 ára sem stunda rannsóknir og þróunarstarf skipulega.

Ljóst er af gögnum um þessi fyrirtæki að mörg þeirra eru stofnuð og starfrækt af vísinda- og tæknilega menntuðu fólki. Meðal þeirra eru ung þróunarfyrirtæki sem eru að koma undir sig fótunum og allmörg þeirra hafa notið stuðnings frá Rannsóknarráði. Margt bendir til að eðlisbreyting sé að verða í atvinnulífi með fjölgun fyrirtækja sem byggjast á tækniþekkingu.



Mynd 9. Aldur fyrirtækja sem stunduðu rannsóknir og þróunarstarfsemi árið 1993.

Ef hlutfall af landsframleiðslu sem varið er til rannsókna og þróunar á Íslandi er borið saman við önnur lönd (mynd 10) kemur í ljós að hér á landi, eins og víðast annars staðar á Norðurlöndum, fer þetta hlutfall hækkandi, en hefur staðnað eða farið lækkandi í sumum stærri iðnríkjanna. Þess má geta að Finnar hafa nú sett sér það markmið að hækka framlag sitt upp í 2,9% af vergri landsframleiðslu á næstu árum þrátt fyrir mjög erfiða stöðu í ríkisfjármálum þar í landi. Áður höfðu þeir hækkað þetta framlag úr 1,5% af vergri landsframleiðslu árið 1985 í 2% árið 1990. Danir boða einnig hækkun á framlögum sínum upp í meðaltal Evrópusambandsþjóða sem er um 2,2% af vergri landsframleiðslu.



Mynd 10. Hlutfall r&þ af vergri landsframleiðslu (VLF) í ríkjum OECD frá 1981–93.

Þegar skoðað er hvernig hlutfall rannsókna af landsframleiðslu skiptist á hið opinbera og fyrirtækin í landinu og það borið saman við önnur lönd (mynd 11), sést hve þáttur opinberra aðila er hár hér á landi en framlag fyrirtækja enn lágt. Það þarf að hækka þótt varla megi búast við því við hérlendar aðstæður að það nái að jafnast á við hlut hins opinbera, a.m.k. ekki um sinn.



Mynd 11. Fjölþjóðlegur samanburður á fjármögnun útgjalda til r&þ sem hlutfall af landsframleiðslu árið 1995.

Heildarniðurstöður af þessari greiningu eru þær að verulegar breytingar hafa orðið á framkvæmd og fjármögnun rannsókna hér á landi með auknum heildarumsvifum og vaxandi hlutdeild fyrirtækja og háskóla. Hins vegar hefur dregið verulega úr hlut rannsóknastofnana sem tengjast atvinnuvegunum. Sú breyting hefur orðið að meiri áhersla er nú lögð á rannsóknir í þágu úrvinnslu en hlutfallslega hefur dregið úr rannsóknum í þágu frumvinnslu.

Orðin er eðlisbreyting í atvinnulífinu með fjölgun fyrirtækja sem byggjast á nýrri tækniþekkingu og leggja mikla áherslu á rannsóknir og þróun.

4. Stefna Rannsóknarráðs.

4.1 Verksvið Rannsóknarráðs Íslands.

Þegar Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð voru sameinuð í eitt varð til vettvangur til að fjalla um sköpun og nýtingu þekkingar á afar víðu sviði, allt frá heimspeki og stærðfræði til tækniþróunar í vöruframleiðslu. Þótt þessi viðfangsefni séu nefnd hér sem dæmi um andstæð skaut og fulltrúa hefðbundinnar aðgreiningar grunnvísinda og hagnýtra vísinda og tækni, felur stofnun hins nýja ráðs það í sér að mörk milli grunnvísinda og hagnýtra vísinda eru óljós og þar að auki ófrjór grundvöllur að mótun vísindastefnu. Mikilvægt er því að gera ljósa grein fyrir skilningi ráðsins á innbyrðis tengslum og þjóðfélagslegu vægi hinna ólíku þátta sem það spannar.

Tæknileg þróun á vísindalegum grunni hefur sett mark sitt á Vesturlönd um nokkurra alda skeið og nú um sinn á alla heimsbyggðina. Þessi þróun hvílir á grunni þekkingar sem upphaflega var ekki leitað í hagnýtum tilgangi heldur vegna þess að menn höfðu þörf fyrir að skilja umhverfi sitt og sjálfa sig. Samhliða þeirri efnalegu velmegun og því bætta heilsufari sem þróun í tækni og læknavísindum hefur fært þjóðum heims, hafa myndast æ flóknari félagsleg og viðskiptaleg kerfi í kjölfar mannfjölgunar, þéttbýlismyndunar, iðnvæðingar og aukinna samskipta milli þjóða. Sífellt kemur betur í ljós hve mikilvægt er að skilja hvatir og þarfir einstaklinga og hópa, sem eiga rætur í lífsskilyrðum þeirra, sjálfsmynd og sögu. Skilningur á mikilvægi þekkingar á öllum þessum sviðum hefur leitt til þess að markmiðsbundnar rannsóknir, sem ætlað er að skila tiltölulega skjótum ávinningi í atvinnulífi og glímu við vandamál þjóðfélagsins, hafa eflst stórlega. Jafnframt hafa grunnrannsóknir verið stórefldar, enda sækja hinar hagnýtu rannsóknir lífsmátt sinn þangað, bæði hugmyndir og mannafla.

Rannsóknarráð Íslands starfar í þeim anda að grunnrannsóknir án kröfu um skjótan efnahagslegan ávinning séu mikilvæg undirstaða þróunar þess rannsóknasamfélags sem við ætlumst til að leysi af hendi hagnýt verkefni í þágu atvinnulífs, heilbrigðismála, félagskerfa og menningar. Rannsóknir í þágu atvinnuvega eru að sama skapi undirstaða þeirrar framleiðni sem gerir okkur kleift að leggja fé af mörkum til sameiginlegra þarfa samfélagsins. Í alhliða og víðfeðmu rannsóknasamfélagi streymir þekking og tækni með ófyrirsjáanlegum hætti milli hinna einstöku þátttakenda og eflir heildina. Vísindi eru alþjóðleg og þekking flæðir nú milli þjóða hraðar en nokkru sinni fyrr, en forsenda þess að Íslendingar geti nýtt sér nýja þekkingu í hagnýtum tilgangi er að heima fyrir sé öflugt og fjölþætt rannsóknasamfélag.

4.2 Rannsóknarráð Íslands — reynsla fyrstu starfsára.

Rannsóknarráð Íslands hóf störf í lok ágúst 1994 eftir gildistöku laga nr. 61/1994 og sameiningu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins. Þrátt fyrir efasemdir og tortryggni margra, bæði úr heimi grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, fyrir sameininguna metur ráðið sjálft reynslu sína svo að vel hafi tekist að auka skilning milli ólíkra sjónarmiða innan ráðsins og sameiginlegan vilja ráðsmanna til að uppfylla þær væntingar sem gerðar voru til ráðsins með lagasetningunni. Ráðið hefur verið mjög virkt og þurft að leysa tímafrek og krefjandi verkefni við skipulagningu og mótun starfsins í upphafi, m.a. að skipa og móta reglur um störf fagráða og úthlutunarnefnda og oft að samræma afar ólík sjónarmið í því sambandi. Starfshættir Rannsóknarráðs hafa reynst farsælir og ágreiningur orðið minni en við var búist, ekki síst þegar verið er að úthluta takmörkuðu fé og raða í forgang fjárveitingum til margra verðugra rannsóknarverkefna. Óhjákvæmilegt er að synja mörgum góðum og áhugaverðum umsóknum og veldur það eðlilega vonbrigðum og stundum gremju. Flestir vísindamenn sætta sig þó við niðurstöðurnar, enda treysta þeir því að faglega hafi verið unnið að mati og undirbúningi úthlutunarinnar.

Það sem einna síst hefur tekist í störfum ráðsins er að framfylgja ákvæðum laga um að ráðið geri „árlega tillögur um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála“ og hafi „náið samráð við ráðuneyti er vinna að stefnumótun og fjárlagagerð á sviði vísinda og tækni“. Minna samband hefur verið en vonast var til milli ráðsins og samstarfshóps ráðuneytisstjóra um rannsóknir og þróunarstarfsemi sem skipaður var vorið 1995. Mikilvægt er að fast samráð takist milli þessara aðila um stefnumótandi atriði, þótt ekki þurfi endilega að vera einhugur milli ráðsins og stjórnvalda um tillögur til fjárlaga.

Aðrir þættir í lögskipaðri starfsemi ráðsins, sem ekki hefur gefist tími til að takast á við sem skyldi, er almenn kynning á rannsóknastarfseminni og niðurstöðum hennar svo og mat á árangri rannsóknastarfsins. Mat á áhrifum Rannsóknasjóðs/Tæknisjóðs er í undirbúningi, svo og útgáfa á yfirliti um öll verkefni sem sá sjóður hefur stutt. Ársfundir, fréttabréf og fjölmiðlar, í takmörkuðum mæli, hafa annars verið helsti vettvangur kynningar á rannsóknastarfseminni á vegum ráðsins. Er það of takmarkað. Vaxandi áhugi er þó á þessu efni hjá fjölmiðlum og töluvert sagt frá rannsóknaverkefnum þegar fréttnæmt efni kemur fram. Rannsóknaraðilar hafa í nokkrum mæli sjálfir frumkvæði að slíkum fréttaflutningi.

Betur hefur tekist til um kynningu á möguleikum í alþjóðasamstarfi þar sem Rannsóknarráð hefur tekið höndum saman við Iðntæknistofnun og Rannsóknaþjónustu Háskólans um starfrækslu kynningarmiðstöðvar Evrópurannsókna (KER). Einnig hafa fulltrúar Íslands í stjórnarnefndum fjórðu rammaáætlunar ESB og vísindafulltrúar Íslands í Brussel unnið mikið og óeigingjarnt starf að þessum málum.

Sá þáttur í störfum ráðsins að undanförnu sem mestu skiptir til næstu ára er þó sú vinna að stefnumótun sem fram fór á síðastliðnu ári og fyrri hluta þessa árs. Með henni náðist einhugur um stefnumið, starfshætti og leiðir. Stefnan var kynnt stjórnvöldum og helstu samstarfsaðilum og fékk jákvæðar undirtektir.

4.3 Almenn atriði stefnunnar.

Í lögum um Rannsóknarráð Íslands frá 1994 er ráðinu ætlað það hlutverk að **treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun**. Rannsóknarráð hefur mótað stefnu sína í ljósi þessa hlutverks og verkefna sem því eru falin og kynnti hana á ársfundi í apríl sl. Ítarleg greinargerð um stefnu ráðsins var gefin út og fylgir hún hér með sem fylgiskjal.

Í greiningu sinni á forsendum stefnumótunar bendir ráðið á að helsti veikleiki íslenska vísindakerfisins sé smæð þess, miðað við fjölbreytni verkefna og núverandi kröfur þjóðarinnar um framúrskarandi lífskjör og lífsgæði á alþjóðlegan mælikvarða. Veruleg hætta er því á dreifingu krafta á mjög ólík svið til að mæta fjölbreyttum þörfum. Ráðið bendir hins vegar á að styrkleiki kerfisins sé hæft fólk með góða alþjóðlega menntun, næman skilning á þörfum þjóðlífsins og vakandi áhuga á að nýta þekkingu sína í þágu þess.

Þessi greining ráðsins, ásamt mati þess á ytri og innri skilyrðum þjóðfélagsins til framfara, kallar á aðgerðir til þess að draga úr veikleika og hagnýta styrkleika kerfisins sem mest. Þeim aðgerðum er ítarlega lýst í meðfylgjandi greinargerð um stefnu ráðsins. Vill ráðið beita sér fyrir því **að virkja mannauð þjóðarinnar í sókn til auðugra mannlífs og bættra lífskjara**, m.a. með því að:

- **styrkja stoðir rannsókna, einkum á sviðum þar sem líklegt er að Íslendingar geti náð góðum árangri miðað við alþjóðlegar kröfur;**
- **auka samvinnu atvinnulífs, rannsókna- og menntastofnana og stuðla að aukinni þátttöku fyrirtækja í rannsókna- og þróunarstarfsemi;**
- **beita sér fyrir aukinni skilvirkni og samvirkni í rannsóknastarfsemi og efla skipulegt mat á árangri vísinda- og rannsóknastarfs;**
- **auka þátttöku Íslendinga í fjölþjóðlegu vísinda- og rannsóknasamstarfi;**
- **beita sér fyrir kynningu á niðurstöðum rannsókna og gildi vísinda fyrir atvinnulíf og menningu þjóðarinnar;**
- **vinna að því að efling rannsókna og nýting þeirra verði í ríkara mæli samofin stefnumótun stjórnvalda.**

Fyrir hvert þessara stefnumiða eru gefnar lýsingar á aðgerðum (starfsmarkmiðum og leiðum) sem ráðið hyggst beita sér fyrir. Á þannig að vera hægt að meta hvernig störf þess skila sér þegar frá líður.

4.4 Framkvæmd stefnunnar.

Í störfum sínum hyggst ráðið hafa forustu um **að efla skilvirkt vísinda- og tæknisamfélag á Íslandi — sem er í góðum tengslum við atvinnulíf og samfélag og mætir þörfum þess fyrir þekkingu, bæði á líðandi stund og í framtíðinni.**

Þetta vill ráðið gera annars vegar með því að beina athygli að vísindalega áhugaverðum og þjóðfélagslega mikilvægum viðfangsefnum **(áherslusviðum)** og hins vegar með því að veita fé úr sjóðum á vegum ráðsins til uppbyggingar á aðstöðu, vísindaþjálfunar og starfsstyrkja, svo og til afmarkaðra rannsókna- og þróunarverkefna. Fjármagn til ráðstöfunar hefur því úrslitaáhrif á möguleika til að fylgja stefnunni eftir.

4.5 Áherslusvið.

Ráðið birti með stefnu sinni lista yfir 15 svið sem það telur að leggja beri áherslu á og beina athygli íslensks vísindasamfélags að á komandi árum. Þau eru:

- **Ísland og umheimurinn — staða Íslands og framtíð í samfélagi þjóða.**
- **Áhrif hraðfara þjóðfélagsbreytinga á velferð einstaklinga og hópa.**
- **Áhrif menntunar, vísinda og tækni á þróun atvinnulífs og samfélags.**
- **Uppruni og þróun íslenskrar menningar.**

— **Verndun menningarminja.**
— **Breytileg náttúra, hnattrænar umhverfisbreytingar og sambúð lands og þjóðar.**
— **Erfðir og heilbrigði.**
— **Orkubúskapur á öld sjáfbærrar þróunar.**
— **Hagkvæmni, notagildi og heilnæmi mannvirkja.**
— **Atvinnulíf á upplýsingaöld.**
— **Lyf, líf- og náttúrurefni — ný framleiðsla.**
— **Sjálfbær landnýting og markaðstengdur landbúnaður.**
— **Hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda.**
— **Eldi vatna- og sjávarlífvera.**
— **Tækniþróun og virðisaukning í matvælaiðnaði.**

Tilgangurinn með því að útnefna áherslusvið er margþættur en í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Að vekja athygli stjórnvalda, atvinnulífsins og rannsóknasamfélagsins á mikilvægum verkefnum.
2. Að stuðla að aukinni samvirkni einstaklinga, stofnana og fyrirtækja um rannsóknir sem beinast að sameiginlegum markmiðum.
3. Að veita verkefnum á þessum sviðum forgang að vissu marki, að uppfylltum kröfum um fagleg gæði þeirra, og velja þannig á milli verkefna þegar góðar umsóknir eru fleiri og umfangsmeiri en ráðstöfunarfé sjóða ráðsins hrekkur til.
4. Að óska eftir auknum framlögum úr ríkissjóði til afmarkaðra sviða og skapa forsendur til viðræðna við fulltrúa annarra fjármögnunaraðila eða forsvarsmanna atvinnulífs um samvinnu við fjármögnun viðfangsefna eftir fjölþættari leiðum en hægt er með fjárveitingum úr ríkissjóði einum.
5. Að leggja grunn að stefnumótun varðandi þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi, m.a. tillögugerð um íslenskar áherslur í rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknasamstarf.

Þessum áherslusviðum þarf að gefa nánara inntak í samvinnu við vísindasamfélagið og þá aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða nýtt geta niðurstöður rannsókna í hverju tilviki. Lögð er áhersla á að frumkvæði komi bæði **„neðan frá“**, þ.e. frá vísindamönnunum og notendum niðurstaðna, og **„að ofan“**, frá stjórnvöldum eða yfirstjórn vísindamála. Stefnumótun þarf að byggjast á samspili vísindasamfélagsins og stjórnvalda.

Gert er ráð fyrir að fram fari greining á hverju sviði fyrir sig og að ráðið fái ábendingar um þau viðhorf sem blasa við á hverju sviði og hvernig megi helst beita rannsóknakröftum að mikilvægum verkefnum innan þess. Ekki er hvað síst mikilvægt að greina hvernig koma megi á samvirkni milli rannsóknaraðilanna innbyrðis og við notendur niðurstaðnanna, því að þar felast möguleikarnir í að gera rannsóknakerfið skilvirkara en það nú er, og einnig að fjölga möguleikum til að fjármagna mikilvæg verkefni sem enginn einn ræður við. Sömuleiðis skapast betri staða til þátttöku í alþjóðasamstarfi ef baklandið er öflugt og samstillt. Það hefur reyndar sýnt sig að stuttar boðleiðir og góð notendatengsl er einmitt meðal þess áhugaverðasta sem Íslendingar geta boðið upp á í samstarfi við aðrar þjóðir. Góð greining á slíkum möguleikum er því mikilvægt atriði í stefnumótun vegna þátttöku í alþjóðasamvinnu.

Ekki eru allir í vísindasamfélaginu sammála um að skynsamlegt sé að skilgreina áherslusvið, ekki síst þegar um grunnrannsóknir er að ræða. Margir vísindamenn gagnrýna tilhneigingu til að skilgreina fyrir fram þau svið sem vísindin eiga að fást við. Bent er á þá hættu að frjósemi vísindalegrar hugsunar slævist og verði einhæf við hið fyrir fram ákveðna og pólitískt vinsæla hverju sinni, og að slakað verði á gæðakröfum vísindanna til að þóknast skammsýnu fjárveitingavaldi. Þótt reynslan sýni að marksettar rannsóknir studdar af stjórnvöldum skila ekki síður byltingarkenndum niðurstöðum en svokallaðar frjálsar grunnrannsóknir, geta efasemdir þessar átt nokkurn rétt á sér að því er varðar ný rannsóknasvið. Rannsóknarráð hlýtur að leggja áherslu á að taka við nýjum hugmyndum um viðfangsefni utan við áherslusvið og jafnframt sjá til þess að skilgreining á áherslusviðunum og innihaldi þeirra verði endurskoðuð reglulega með þátttöku vísindasamfélagsins. Styrkveitingar verða því ekki einskorðaðar við áherslusviðin enda verður vísindalegt gildi verkefna og fagleg hæfni umsækjanda ávallt látin sitja í fyrirrúmi þegar verkefni eru metin að styrkhæfni.

Ljóst er að möguleikar Rannsóknarráðs til að marka áherslusvið og fylgja þeim eftir með styrkveitingum og möguleikar þess til að styrkja frjálsar rannsóknir markast af fjárráðum sjóða sem það ræður yfir. Vegna þess takmarkaða fjölda verkefna sem unnt er að styðja við núverandi aðstæður verður að óbreyttu augljóslega ekki hægt að fylgja eftir nema fáum af þeim sviðum sem nefnd eru í listanum.

5. Fjármögnun rannsókna.

5.1 Verkefnabundin fjármögnun — samkeppni um takmarkað fé.

Aðferðir við fjármögnun rannsókna hafa mikil áhrif á rannsóknarferlið sjálft og virkni og gæði þeirra rannsókna sem stundaðar eru. Aðferð við ákvarðanatöku getur ráðið miklu um hvernig staðið er að rannsóknarverkefni, hverjir verða þátttakendur og hve fljótt niðurstöður nýtast úti í þjóðfélaginu. Verkefnabundin fjármögnun byggð á samkeppni um takmarkað fé samkvæmt umsóknum sem metnar eru af jafningjum eða öðrum faglega hæfum einstaklingum eru að jafnaði taldar gefa bestan árangur og ýta undir framsækna rannsóknarstarfsemi. Í stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá september 1993, er lýst yfir að auka beri verkefnabundna fjármögnun rannsókna frá opinberum sjóðum. Er í greinargerð talið að miða eigi við að 25% fjármagns til rannsókna renni til verkefna með þessum hætti.

Meðal þeirra sjóða sem styðja rannsóknir og þróunarverkefni með framlögum til verkefna eru eftirfarandi: Vísindasjóður, Tæknisjóður, Bygginga- og tækjasjóður, Rannsóknarnámssjóður, Rannsóknasjóður Háskólans, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Byggingarsjóður ríkisins, Norræni iðnaðarsjóðurinn, Norræna ráðherranefndin, Evrópusambandið (rammaáætlun um tækni- og vísindasamstarf), Iðnlánasjóður, Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður.



Mynd 12. Uppruni fjármagns til rannsókna á Íslandi 1993.

Árið 1993 má ætla að hlutur innlendra og erlendra sjóða í fjármögnun rannsókna á Íslandi hafi verið um 17%, eins og fram kemur af kökuriti á mynd 12. Þar af er hlutur Vísindasjóðs og Tæknisjóðs (Rannsóknasjóðs) um 6%. Með tilkomu framlaga úr sjóðum ESB má ætla að hlutfall sjóða aukist í um 19%. Enn er því nokkuð í land að stefnumiði ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verði náð.

5.2 Áhrif úthlutunaraðferða hjá sjóðum Rannís.

Meðal jákvæðra afleiðinga af endurskipulagningu á innviðum Rannsóknarráðs eftir sameininguna 1994 er að allmikill fjöldi einstaklinga tekur þátt í mati á umsóknum í fagráðum og úthlutunarnefndum hverju sinni. Skipt er um einstaklinga reglubundið og mun vísindasamfélagið sjálft þannig smám saman fá reynslu og innsýn í það stefnumótunar- og matsstarf sem unnið er á vegum ráðsins. Það ætti að leiða til betri samhæfingar á þessu sviði hér á landi. Tryggja þarf eðlilega gagnrýni á matsferlið og á forsendur verkefnavals.

Með þetta í huga hefur Rannsóknarráð lagt áherslu á að gera matsferlið sjálft eins gagnsætt og kostur er og að gefa umsækjendum upplýsingar um niðurstöður mats á umsóknum þeirra. Ráðinu er ekki kunnugt um að aðrir opinberir sjóðir starfi með jafn fag-

lega opnum hætti. Er umsækjendum gefinn kostur á að kæra niðurstöður til ráðsins þyki þeim niðurstöður og röksemdir fagráða eða umsagnaraðila byggjast á misskilningi. Þetta opna vinnulag og umfjöllunin um kærur sem borist hafa ráðinu hafa þegar leitt til endurbóta á starfsaðferðum við matið. Ekki er því að leyna að aukin vinna skapast af þessu. **Mikilvægast er þó að umsóknir eru nú betur úr garði gerðar en áður og verkefni vel undirbúin, svo æ fleiri fara í háan gæðaflokk í mati. En þar með skapast vandi í úthlutun vegna takmarkaðs fjár eins og áður segir. Vonandi leiða þessi vinnubrögð einnig til aukins trausts á matsferlinu.**

5.3 Áhrif Vísindasjóðs og Tæknisjóðs.

Þótt ekki hafi verið gerð úttekt á áhrifum Vísindasjóðs og Tæknisjóðs (áður Rannsóknasjóðs) á þróun vísinda og tæknisamfélagsins hér á landi er hægt að draga fram nokkrar meginlínur. Reynslan af starfsemi þeirra er nokkuð mismunandi enda áherslur þessara sjóða ólíkar.

Vísindasjóður hefur virkað mjög hvetjandi á grunnrannsóknir í landinu á liðnum áratugum. Þótt styrkir úr sjóðnum hafi verið skornir við nögl hafa þeir m.a. gert mörgum ungum vísindamönnum kleift að afla sér rannsóknaþjálfunar og leysa verkefni sem hugur þeirra hefur staðið til og skapa sér þannig hæfni til að takast á hendur stöður við háskóla- og rannsóknastofnanir. Þetta framlag sjóðsins til vísindamenntunar í landinu og fjölbreytnin í þeim verkefnum sem hann hefur styrkt hefur átt mikinn þátt í að leggja hér grundvöll að rannsóknasamfélagi sem er samkeppnishæft á alþjóðlegan mælikvarða og er fært um að sinna vísindalegum verkefnum á fjölmörgum sviðum í þágu menningar og atvinnulífs hér á landi.

Við styrkveitingar úr Vísindasjóði hefur sú stefna ráðið að leggja eingöngu til grundvallar vísindalegt gildi verkefna og faglega hæfni umsækjenda. Engin tilraun hefur verið gerð til að raða í forgangsröð á öðrum forsendum. Fjölbreytileg viðfangsefni og fjöldi hæfra umsókna hefur leitt til þess að styrkir hafa verið margir og smáir. Sjóðurinn hefur því ekki haft svigrúm til að styðja eða eiga frumkvæði að fjárfrekum rannsóknaráætlunum.



Mynd 13. Vísindasjóður. Meðalupphæð styrkja, fjöldi umsókna og fjöldi styrkja 1988–96.

Eins og fram kemur af línuriti á mynd 13 hefur fjöldi umsókna farið ört vaxandi á meðan ráðstöfunarfé hefur staðið í stað eða dregist saman. Samkeppni er því hörð og án efa leiðir það til betri undirbúnings að umsóknum. Meðalupphæð styrkja úr Vísindasjóði er nú hins vegar aðeins um 600 þús. kr. á ári og gefur auga leið að ekki er mikið svigrúm til stórra verka fyrir slíka upphæð. Til samanburðar má minna á að nýlega hefur verið sagt frá erlendum styrk til íslensks rannsóknarverkefnis þar sem styrkupphæðin nemur nánast sömu tölu og allt ráðstöfunarfé Vísindasjóðs. Í tveim öðrum tilvikum nema erlendir styrkir til einstakra íslenskra verkefna tugum milljóna og raunar gildir það sama um styrki sem Íslendingar fá nú úr sjóðum rammaáætlunar Evrópusambandsins. Þessi staða lýsir þeim erfiðleikum sem við er að glíma í meðferð fjármuna til rannsókna hér á landi, en vekur um leið upp þá spurningu hve langt sé rétt að ganga í því að dreifa smástyrkjum á mörg verkefni með þeim hætti sem gert hefur verið. Ljóst er þó að aðstæður í þessu efni eru afar mismunandi eftir rannsóknasviðum. Umræða um þetta fer nú fram í Rannsóknarráði og fagnar ráðið því skrefi sem tekið er í frumvarpi til fjárlaga 1997 að auka ráðstöfunarfé Vísindasjóðs. Gefst þar með tækifæri til að veita völdum áherslusviðum betri úrlausn en áður.

Hjá **Tæknisjóði** (áður Rannsóknasjóði) mótaðist snemma sú hefð að reyna að raða í forgangsröð og láta gagnsemis- og arðsemissjónarmið, svo og óskir um samvinnu milli stofnana og fyrirtækja, ráða nokkru um úthlutanir, auk krafna um fagleg gæði verkefna og hæfni umsækjendanna. Einnig var framan af reynt að tryggja með samningum að þau verkefni sem á annað borð væru styrkt af Rannsóknarráði fengju þá fjármögnun sem þyrfti til að leysa þau. Það hefur þó reynst æ erfiðara að halda þessari stefnu vegna fjölgandi umsókna og óbreyttra fjárráða hjá sjóðnum í nokkur ár. Reynt hefur verið að hamla á móti þessu með því að fá aðra aðila til að samfjármagna verkefni og draga þannig úr hlut Tæknisjóðs í heildarkostnaði við verkefnin. Það hefur út af fyrir sig tekist nokkuð vel. En þar sem stöðugt er dregið úr beinum fjárveitingum til flestra rannsóknastofnana atvinnuveganna, eins og áður er vikið að, hefur svigrúm þeirra til að leggja fram fé á móti þrengst mjög á undanförnum árum. Þannig verða þær stöðugt háðari styrkjum úr sjóðum Rannsóknarráðs og um leið fjölgar verðugum umsóknum frá þeim. Tilhneiging er því til að veita smærri styrki til æ fleiri verkefna. Þetta sést á meðfylgjandi línuriti á mynd 14 yfir fjölda umsókna og styrkja og meðalupphæð styrkja hjá Tæknisjóði á árunum 1985–96. Um leið og þetta gerist þrengist svigrúm Rannsóknarráðs til að styðja rannsóknir á nýjum sviðum og veðja á nýmæli.



Mynd 14. Tæknisjóður. Meðalupphæð styrkja, fjöldi umsókna og fjöldi styrkja.

Á mynd 15 er sýnt hvert útborganir úr Tæknisjóði (áður Rannsóknasjóði) hafa farið, skipt á fyrirtæki og einstaklinga, opinberar rannsóknastofnanir og háskóla. Sést að tæpur helmingur hefur verið greiddur til rannsóknastofnana, rúmlega þriðjungur til fyrirtækja, en hlutur háskóla hefur dregist saman og er nú innan við 20% af útborgunum úr sjóðnum.



Mynd 15. Heildarskipting útborgana úr Rannsóknasjóði/Tæknisjóði á stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga og á æðri menntastofnanir 1986–95.

Með lækkandi beinum ríkisframlögum til rannsóknastofnana atvinnuveganna og vaxandi hlut sjálfsaflatekna og styrkja sem veittir eru til skamms tíma hafa margir yngri vísindamenn verið ráðnir á þeim forsendum að styrkir greiði laun þeirra og fáist þeir ekki missi þeir starfið sjálfkrafa. Þessi starfsskilyrði ásamt mjög lágum launum vísindamanna eru nú orðin verulega letjandi fyrir unga vísindamenn að hefja störf hér á landi.

Hjá sumum stofnunum hefur ekkert nýtt fólk verið fastráðið um árabil og er veruleg hætta á að þessar stofnanir geti ekki haldið við og endurnýjað þekkingarmátt sinn. Slíkar stofnanir munu ekki geta orðið atvinnulífinu að gagni til langframa í því harða alþjóðlega umhverfi sem það nú hrærist í.

Rannsóknarráð leggur eindregið til að stefna ríkisvaldsins gagnvart rannsóknastofnunum atvinnuveganna verði endurskoðuð. Eðlilegt er að skipulag þessara rannsókna verði skoðað um leið.

5.4 Bygginga- og tækjasjóður.

Bygginga- og tækjasjóður var áður fyrst og fremst tengdur rannsóknastofnunum atvinnuveganna en var opnaður öllum opinberum rannsóknastofnunum með lögunum um Rannsóknarráð Íslands, án þess þó að honum væri fengið aukið ráðstöfunarfé. Aftur leiðir þetta til stórfjölgandi umsókna og hættu á meiri dreifingu. Ráðið hefur hins vegar reynt að stuðla að aukinni samvinnu um fjármögnun framkvæmda og tækjakaupa og nýtingu aðstöðunnar á eftir. Geta sjóðsins til að takast á við meiri háttar byggingarframkvæmdir hefur þó veikst verulega. **Á næstunni þarf að marka Bygginga- og tækjasjóði skýrari stefnu í tengslum við almenna uppbyggingu á sviði vísinda og tækni hér á landi, m.a. í samhengi við skipulagsmál rannsóknastarfseminnar.**

5.5 Áhrif rammaáætlana ESB.

Til fjórðu rammaáætlunar ESB greiða Íslendingar í sameiginlegan sjóð alls um 800 millj. kr. á fjórum til fimm árum en heildarumfang áætlunarinnar er um 12.300 millj. ECU eða nálægt 1000 milljörðum íslenskra króna. Frá því fyrstu útboð í áætluninni voru auglýst í árslok 1994 og til júlíloka 1996 hafa Íslendingar verið með í 173 umsóknum í ýmsar undiráætlanir rammaáætlunarinnar. Hafa 67 verkefni þegar verið samþykkt sem skila um 750 millj. kr. í greiðslum til íslenskra þátttakenda. Yfirlit um sókn og árangur í einstökum undiráætlunum kemur fram í töflu 2. Árangur Íslendinga er um 40% samþykkt verkefni af umsóknum og er það langt umfram meðaltal, sem er um það bil 15% samkvæmt upplýsingum frá stjórnarnefnd ESB. Geta Íslendingar vel við unað. Eftirtektarvert er hve skjótt íslenskar stofnanir og fyrirtæki hafa brugðist við. Bestur árangur hefur náðst í undiráætlun um landbúnað og fiskveiðar og áætlun um hafrannsóknir. Einnig hefur mikið verið sótt og góður árangur náðst í undiráætlun á sviði umhverfis- og loftslagsrannsókna sem einnig fjallar um náttúruvá. Allt eru þetta reyndar svið þar sem Íslendingar verja miklu til rannsókna. Óvæntari má telja árangurinn á sviði fjarskiptatækni og upplýsingatækni. Aftur á móti vekja vonbrigði lítil sókn og slakur árangur á sviði iðnaðar- og efnistækni, sem og líf- og læknisfræði en á báðum þessum sviðum eru stundaðar rannsóknir hér á landi sem ættu að vera á alþjóðlegan mælikvarða. Hlutur fyrirtækja í umsóknum til ESB er um 20% af fjölda umsókna og 25% af samþykktum verkefnum. Árangur þeirra er athyglisverður þar sem 47% umsókna með þátttöku fyrirtækja hefur hlotið samþykki. Þess ber þó að gæta að íslenskum fyrirtækjum gæti hentað betur að njóta aðstoðar í gegnum CRAFT-áætlunina og hagnýta sér tilboð um aðstoð við tækniyfirfærslu í undiráætlun sem fjallar um nýtingu niðurstaðna. Loks vekur athygli að

mannauðsáætlunin er fremur lítið notuð af Íslendingum, en samkeppni þar er vissulega mjög hörð.

Tafla 2. Fjórða rammaáætlun ESB — Árangur Íslands fram til október 1996.

Undiráætlun um:	Umsóknir frá Íslandi		Samþ. umsóknir		Upphæð styrks til Íslands Mkr.	Framlag Íslands til 4. rá Mkr.	Fengið hlutf. af framlagi %
	Fjöldi	M.þáttt. fyrirtækja	Alls	M.þáttt. fyrirt.			
Fjarskiptatækni	4	2	4	2	88,0	46	191
Upplýsingatækni	15	10	7	4	71,0	141	50
Fjarvirkni	20	7	5	3	11,6	62	19
Hafrannsóknir- og tækni	7	0	4	0	86,5 (1)	17	509
Landbúnaður og fiskveiðar	46	6	14	1	201,0 (2)	50	402
Umhverfi og loftslag	21	0	10	0	93,0	62	150
Samgöngurannsóknir	4	0	2	0	4,0	18	22
Iðnaðar- og efnistækni	2	2	1	1	17,0	125	14
CRAFT	6	3	3	3	6,0		
Mælingar og prófanir	0	0	0	0	0,0	21	0
Líf- og læknisfræði	8	0	1	0	?	25	
Líftækni	4	1	2	1	15,0	40	38
Félags- og hagvísindi	6	0	1	0	2,0	10	20
Orkurannsóknir	4	1	1	1	50,0	73	68
Nýting niðurstaðna	9	2	5	1	71,0	24	296
Mannauður	10	0	2	0	18,0	54	33
Alþjóðlegt vísindasamstarf	2	1	0	0	0,0	39	0
Annað (samningsverkefni)	5	0	5	0	14,0		
Samtals	**173** (3)	**35**	**67**	**17**	**748,0**	**807**	**93**

(1) Í þessari tölu eru 25 mkr. sem ekki er endanlega búið að ganga frá.
(2) Í þessari tölu eru 26 mkr. sem ekki er endanlega búið að ganga frá.
(3) Átta af þessum umsóknum hafa verið lagðar fram tvisvar
Tvær umsóknir eru tveggja þrepa ums., báðar voru samþykktar í fyrstu umferð, en önnur fékk samþ. í seinni umferð, hinni var hafnað.
Ein umsókn var fyrst send inn í Fjarvirkniáætlunina, þar sem henni var hafnað á þeim forsendum að hún félli ekki að áætluninni. Umsóknin var þá send inn í Upplýsingatækniáætlunina og var samþykkt.
Fimm umsóknum var hafnað þegar þær voru sendar inn í fyrsta skipti, en þegar þær voru sendar inn á ný eftir lagfæringar voru þær samþykktar.

Ljóst er að fjórða rammaáætlunin var efnislega mjög hagstæð Íslendingum miðað við hérlendar rannsóknaáherslur og er mikilvægt að sú fimmta, sem nú er í undirbúningi, verði okkur hagstæð. Nokkrar blikur kunna að vera á lofti í því efni því að framkvæmdanefnd ESB hefur lagt fram tillögur um að efnislega verði fimmta rammaáætlunin þrengd verulega frá því sem hún nú er, áherslusviðum verði fækkað og tekið verði meira mið af notendasjónarmiðum og ríkari hagsmunum sem flest ríkin eiga sameiginlega. Hætta er á að séraðstæður og sérstaða Íslands lendi þar með utangarðs.

Rannsóknarráð leggur áherslu á að gott samráð verði milli þess og ráðuneyta sem fjalla um þessi mál um áherslur Íslands í þessu efni. Vísindafulltrúarnir á vegum menntamálaráðuneytisins í Brussel gegna lykilhlutverki í því að fylgjast með framvindu og koma sjónarmiðum Íslands að þegar fjallað er um drög að áætluninni á undirbúningsstigi.

Góður árangur til þessa af sókn Íslendinga í rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun gefur til kynna að íslenskir aðilar hafi brugðist skjótt við möguleikum sem áætlunin opnaði og séu vel samkeppnishæfir sem þátttakendur í verkefnum innan flestra undiráætlana hennar. Enginn vafi er á að þeir fjármunir sem úr áætluninni koma til íslenskra aðila munu hafa mikil áhrif á vísindasamfélagið hér á landi. Styrkirnir úr áætluninni eru það ríkulegir að verkefnin hafa mikinn slagkraft. Jafnframt verða áhrifin af yfirfærslu þekkingar frá erlendum samstarfsaðilum ómetanleg fyrir Íslendinga.

Þess má vænta að stofnanir og fyrirtæki muni leita frekar á þennan vettvang á komandi árum ef samstarfsforsendur í áætluninni verða áfram jafn hagstæðar og markmið hennar jafn nærri íslenskum áhugamálum og verið hefur í fjórðu rammaáætluninni. Þessu ber vitaskuld að fagna. En jafnframt þarf að minna á að forsendur verkefnavals eru ákveðnar af ESB þótt haft sé samráð við fulltrúa aðildarlandanna. Enn fremur þurfa íslenskir aðilar ávallt að leggja a.m.k. jafn mikið á móti og ESB greiðir til verkefnanna. Þetta hefur í för með sér mikla bindingu á innlendum fjármunum og starfskröftum. Mikilvægt er því að verkefnin sem fá ESB-stuðning falli að hagsmunum Íslendinga. Hugsanlega gætu áherslur í rammaáætluninni sveigst frá íslenskum þjóðarhagsmunum og þar með einnig verkefnaval íslenskra aðila, vegna eðlilegrar sóknar þeirra eftir tiltölulega vel útilátnum styrkjum. Einnig er hugsanlegt að í næstu rammaáætlun dragi ESB úr framlögum sínum og ætlist til meiri framlaga úr sjóðum heima fyrir, eins og reyndin hefur orðið í norrænu samstarfi. Þetta er raunar boðað í þeim ramma sem nú liggur fyrir að fimmtu rammaáætluninni. Með því gæti skapast hætta á því að rannsóknakerfið í landinu beindist frá innlendum viðfangsefnum.

Af öllum þessum ástæðum skiptir miklu að innlendir sjóðir séu það öflugir að þeir geti haldið uppi sjálfstæðri úthlutunarstefnu og markað áherslur er falla að íslenskum hagsmunum.

6. Uppbygging þekkingar og mannauðs.
Hlutverk rannsókna og þróunar.

Rannsóknir og þróunarstarf gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu þekkingar og mannauðs í landinu, annars vegar með stuðningi rannsóknastarfseminnar við menntun á háskólastigi og hins vegar með þjálfun ungs fólks við að leysa margvísleg verkefni samfélagsins. Margt annað þarf þó að koma til því að þroski og uppeldi einstaklinga til að skapa mannauð er miklu fjölþættara og margslungnara mál sem snertir menntakerfið, heimilin og allt gildismat samfélagsins. Hæfileika til skapandi frumkvæðis og nýsköpunar þarf að rækta með margvíslegum hætti, m.a. með auknu samstarfi rannsóknastofn-

ana, skóla og atvinnulífs. Rannsóknarráð hefur í stefnu sinni lýst vilja til að stuðla að þessu í rannsóknastarfseminni, m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

- **efla rannsóknatengt framhaldsnám með tilstyrk Rannsóknarnámssjóðs sem að lágmarki þyrfti að geta veitt 10 styrki til doktorsnáms og 40 til meistaranáms;**
- **stuðla að símenntun vísinda- og tæknimanna og auknum hreyfanleika þeirra milli stofnana, háskóla og fyrirtækja;**
- **stofna 10 stöður rannsóknarprófessora til fimm ára í senn, m.a. með það fyrir augum að tengja háskóla og stofnanir utan þeirra;**
- **veita starfsstyrki til ungra vísinda- og tæknimanna til að hasla sér völl á mikilvægum sviðum innan íslensks vísindasamfélags og atvinnulífs og stuðla að endurnýjun og framsækni í íslenskum rannsóknum.**

Það hefur valdið Rannsóknarráði miklum vonbrigðum að framlög til Rannsóknarnámssjóðs voru skorin niður á þessu ári og að mjög hefur dregist að skipa í stöður rannsóknarprófessora. Leggur ráðið áherslu á að úr hvoru tveggja verði bætt. Ráðið fagnar því skrefi sem tekið er í frumvarpi til fjárlaga 1997, sem nýlega var lagt fram, að veita 7,2 millj. kr. til rannsóknanáms við Háskóla Íslands til að greiða rekstrar- og kennslukostnað vegna þessa náms.

7. Hagnýting niðurstaðna — nýsköpun.

Að undanförnu hefur mikil umræða verið um nýsköpun í atvinnulífi hér á landi. Hefur m.a. verið fjallað um þátt rannsókna og þróunar í því samhengi og rætt um leiðir til að örva nýsköpun sem byggist á nýrri þekkingu, m.a. með stuðningi við frumkvöðla og stofnun nýrra fyrirtækja en þó aðallega leiðir til að flýta hagnýtingu niðurstaðna í starfandi atvinnufyrirtækjum. Rannsóknarráð telur ástæðu til að benda á að aðstæður hér á landi til skjótrar hagnýtingar eru að sumu leyti betri en í öðrum löndum vegna stuttra boðleiða og nánara samspils milli stofnana og atvinnulífs en gerist annars staðar. Þetta kemur afar glöggt fram í störfum rannsóknastofnana atvinnuveganna sem eru í daglegri og náinni snertingu við atvinnufyrirtæki í störfum sínum.

Dæmið snýst þó við þegar unnið er að áhættusömum en arðvænlegum, tæknilegum nýmælum sem byggð eru á sérhæfðri þekkingu og reynslu. Þau verkefni reynast oft fjárfrek áður en þau skila tekjum upp í kostnað, að ekki sé talað um arð. Heimamarkaður er oftast of lítill til að standa undir þróunarkostnaði þó að hann sé afar mikilvægur til að þróa tæknina og afla reynslu áður en farið er á alþjóðamarkað. Alþjóðleg markaðsfærsla er hins vegar bæði fjárfrek og áhættusöm. Fáir aðilar hér á landi hafa haft bolmagn og stjórnunarreynslu til þess að fylgja eftir þróunarverkefnum af þessari tegund og stoðkerfið íslenska hefur verið of dreift og veikburða til að vera skilvirkt í þessu efni, m.a. af því að það hefur verið nátengt hefðbundinni skiptingu atvinnuvega í landinu og ekki borið í sér nauðsynlegan sveigjanleika til að nýta tækifæri á nýjum sviðum.

Um þessar mundir fer fram umræða á vegum Evrópusambandsins um aðstæður til nýsköpunar innan EES. Um þetta er fjallað í svokallaðri Grænbók ESB um nýsköpun sem kom út í ársbyrjun og varð tilefni ráðstefnuhalds í öllum aðildarlöndum EES-samningsins, þar með talið á Íslandi. Greiningin í Grænbókinni, sem er mjög gagnrýnin, getur að að ýmsu leyti átt við Ísland að því er varðar aðstoð við smá og meðalstór fyrirtæki. Kemur það m.a. fram í niðurstöðum ráðstefnu um Grænbókina hér á landi sem haldin var 6. maí 1996, en hana sóttu um 100 manns.

Rannsóknarráð telur þær niðurstöður mikilvægastar sem lúta að hagstæðu umhverfi til nýsköpunar, þar með talinn bættur aðgangur fyrirtækja að áhættufé til nýsköpunarverkefna. Bendir ráðið sérstaklega á skattalegar aðgerðir til að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til fjárframlaga í slík mál. Rannsóknarráð hvetur einnig til þess að myndaður verði sérstakur nýsköpunarsjóður er stutt geti við þróunarvinnu á lokastigi nýsköpunar, tilraunaframleiðslu og byrjun á markaðsetningu svo og aðra þætti á fyrsta skeiði nýrrar framleiðslu.

8. Erlend samvinna.

Miklar breytingar hafa orðið á áherslum í alþjóðasamstarfi á sviði vísinda og tækni á undanförnum misserum eftir að samningurinn um EES tók gildi. Mestu veldur aðgangurinn sem EES-samningurinn veitir að rammaáætlun ESB. Innganga Svíþjóðar og Finnlands í ESB hefur dregið úr áhuga og bolmagni þeirra til þátttöku í norrænu samstarfi, enda er Norðurlandasamstarfið nú allt í endurskoðun miðað við nýjar forsendur. Skipulagsvinna og fjárstuðningur Norræna iðnaðarsjóðsins var um árabil Íslendingum mikil lyftistöng til samvinnu á sviði tækniþróunar og njótum við þeirrar reynslu m.a. í fyrstu skrefum inn í Evrópusamstarfið. Verulega hefur dregið úr styrkjum sjóðsins til íslenskra verkefna að undanförnu. Í nýrri stefnu sjóðsins, sem fulltrúi Rannís tók þátt í að móta, er lögð áhersla á nýtt hlutverk sjóðsins, að hjálpa norrænum fyrirtækjum og stofnunum að hasla sér völl í víðtækara Evrópusamstarfi og greiða götu þeirra við alþjóðavæðingu á grunni norræns samstarfs.

Rannsóknarráð hefur farið yfir alþjóðasamstarf það sem Vísindaráð og Rannsóknarráð ríkisins önnuðust og tekið þá afstöðu að efla þátttökuna í norrænum samstarfsnefndum á sviði hugvísinda, félagsvísinda, læknavísinda og náttúruvísinda; efla þátttöku í starfi ESF *(European Science Foundation)* sem einnig starfar deildarskipt á þessum og fleiri sviðum; gera virkari þátttöku okkar í COST (vísindasamstarf í Evrópu); taka við umsjón með verkefnasamvinnu innan EUREKA-áætlunarinnar í umboði iðnaðarráðuneytisins; hafa umsjón með vísindastyrkjum NATO á Íslandi o.fl.

Þá hefur ráðið ákveðið að taka þátt í alþjóðasamvinnu um rannsóknir á hnattrænum umhverfisbreytingum bæði í gegnum IGBP *(International Geosphere-Biosphere Programme)* og WCRP *(World Climate Research Programme)* en ekki síður í gegnum norðurslóðasamstarf á vegum IASC *(International Arctic Science Committee)*. Rannsóknarráð tók við umsjón með aðild Íslands að norrænni samvinnu um þátttöku í ODP (alþjóðahafsbotnsborunaráætluninni, *Ocean Drilling Programme*). Til að skilgreina betur stefnu Íslands í þessu samstarfi setti ráðið á laggirnar nefnd um hnattrænar umhverfisbreytingar og styður einnig hóp vísindamanna við undirbúning að vísindalegri áætlun um borun á hafsbotni norðan Íslands til rannsókna á veðurfari til forna.

Stærsta viðfangsefnið að undanförnu hefur þó verið að stuðla að sem skjótastri þátttöku Íslendinga í fjórðu rammaáætlun ESB um rannsóknasamvinnu eftir gildistöku EES-samningsins, eins og áður er rakið.

Ekki er öll vísindasamvinna Íslendinga við aðila í Evrópu. Öflug samvinna er einnig milli íslenskra vísindamanna og starfsbræðra í Bandaríkjunum, Kanada og Japan, sérstaklega á sviði náttúruvísinda og læknisfræði. Enginn formlegur opinber rammi er að þessari samvinnu og er nú til athugunar hjá Rannsóknarráði hvort ástæða sé til að bæta úr þessu, t.d. með samkomulagi við NSF *(National Science Foundation)* og NIH *(National Institute of Health)* í Bandaríkjunum, en þær stofnanir geta m.a. fjármagnað vísindaleg stórverkefni sem Íslendingar gætu tekið þátt í.

Sömuleiðis er ástæða til að íhuga vísinda- og tæknisamvinnu við ýmis fjarlægari svæði þar sem íslenskt atvinnulíf er að hasla sér völl um þessar mundir. Svæði sem áður voru lokuð hafa verið að opnast og með markaðsvæðingu og einkavæðingu rekstrar í þessum löndum opnast nýir möguleikar til viðskipta og tæknisamskipta. Mörg íslensk fyrirtæki eru að hefja sókn inn á þessi svæði. Þróunarsamvinna í löndum þriðja heimsins hefur einnig opnað leiðir til viðskipta og tæknisamvinnu þar sem íslensk fyritæki hafa lagt lóð á vogarskálina til að koma af stað hagþróun og þar með félagslegum framförum. Tæknileg aðstoð, m.a frá íslenskum rannsóknastofnunum, gæti orðið til að efla þetta starf enn frekar. Stofnun alþjóðlegs sjávarútvegsskóla á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna í tengslum við íslenskar rannsóknastofnanir og háskóla verður mikilvægt skref í þessa átt, eins og Jarðhitaskóli Sameinuðu Þjóðanna í tengslum við Orkustofnun hefur þegar reynst.

9. Skipulag rannsóknastarfseminnar.

Skipulag rannsókna í þágu atvinnulífsins hefur tekið litlum breytingum frá því að grunnur var lagður að rannsóknastofnunum atvinnuveganna með lögunum sem sett voru 1965. Sú beintenging rannsóknastofnana við einstök atvinnuvegaráðuneyti sem þar var ákveðin hefur leitt til þess að stefnumörkun vegna uppbyggingar þeirra hefur tekið mið af þröngum atvinnuvegahagsmunum og þær hafa haft takmarkaða möguleika á að bregðast við nýjum þörfum. Umhverfi þessara stofnana hefur breyst mjög á undanförnum árum og þess vegna hníga ýmiss rök að því að þetta skipulag verði tekið til endurskoðunar og hefur málið m.a. verið til umfjöllunar í samstarfshópi ráðuneytisstjóra um rannsóknir og þróunarstarfsemi, sem stofnaður var 1995. Rannsóknarráð mælir með því að skipulagið verði endurskoðað. Þau rök sem Rannsóknarráð telur veigamest eru eftirfarandi:

1. **Þróun vísindalegrar þekkingar og tækni á mörgum sviðum skapar þörf fyrir miklu nánara samstarf sérfræðinga á ýmsum sviðum til að leysa vandamál og opna nýja möguleika. Sú þekking er ekki bundin einstökum atvinnuvegum en er afsprengi nýrrar og dýpri þekkingar í grunnvísindum sem flæðir inn í reynsluheim atvinnuvega, bæði í framleiðslu og þjónustu.**
2. **Atvinnulífið og umhverfi þess tekur nú örum breytingum og fyrirtæki þurfa að bregðast við mun fjölbreyttari samkeppnisógnum en áður. Mæta þarf nýjum kröfum m.a. á sviði landnýtingar- og umhverfismála, neytendaverndar, hollustueftirlits og heilbrigðisþjónustu, svara nýjum tæknilegum kröfum sem m.a. verða til sem viðskiptahindranir í stað tollamúra í samkeppni viðskiptabandalaga, sem Íslendingar ýmist eiga aðild að eða standa utan við. Flest vandamál sem þessu fylgja eru þverfaglegs eðlis og ekki endilega sértæk fyrir einstaka atvinnuvegi.**
3. **Alþjóðavæðing fyrirtækja hér á landi þarfnast öflugri stoða í rannsóknaumhverfinu og að alþjóðlegir mælikvarðar verði lagðir á getu innlendra stofnana. Núverandi stofnanir eru í raun of smáar og veikburða að þessu leyti, þótt ekki megi vanmeta þá möguleika sem náið samstarf þeirra á milli hefur opnað í mörgum tilvikum.**
4. **Mikil nauðsyn er nú að tengja sem best saman kennslu, rannsóknir og viðfangsefni í þágu atvinnulífsins og stuðla að þátttöku þess í mótun kennslu og rannsóknastarfs.**

Auk þessarara atriða hníga margvísleg hagkvæmnisrök í þessa sömu átt og eðlilegt að leita leiða til að efla þessar rannsóknir svo þær geti mætt nýjum kröfum. Stærri einingar með fleiri möguleika á vísindalegu og tæknilegu þekkingarframlagi og betri aðstöðu til lausnar verkefnum í þágu atvinnulífisins ættu að vera hagsmunamál þess. Mörg rannsóknartæki sem nota þarf á rannsóknastofnunum geta nýst í þágu fleiri atvinnugreina og dýrt er að fjárfesta í fleiri tækjum til sömu hlutverka á mismunandi stöðum, ef þau eru svo ekki vel nýtt.

Á nokkrum sviðum er ljóst að núverandi skipting stofnana og starfsáherslur draga úr möguleikum til samvirkni og meiri árangurs og að umtalsverð tvítekning er á aðstöðu og tækjabúnaði. Þetta gildir m. a. á sviði hagnýtra líffræðirannsókna og vísindamenntunar í þágu landbúnaðar (þar með talið fiskeldis, landgræðslu, skógræktar, jarð- og búfjárræktar), matvælarannsókna og matvælatækni, efnafræði og efnistækni, jarðvísinda, umhverfis- og orkurannsókna.

Ljóst er þó að sá kostur fylgir núverandi skipulagi að hlutverk og markhópar þessara stofnana eru vel skilgreindir við núverandi aðstæður og samband þeirra við viðskiptavini er yfirleitt mjög gott. Líklegt er því að andstaða sé við skipulagsbreytingar hjá sumum notendahópum. Á mörgum stofnunum er einnig andstaða gegn skipulagsbreytingum hjá starfsliði. Enn fremur hafa byggðasjónarmið haft tilhneiginu til að leiða til fjölgunar rannsóknastöðva. Með samvinnu rannsóknastofnana og skóla hefur þó tekist að draga úr þeirri sundrun sem því hefði getað fylgt.

En það er ekki einvörðungu skipulag rannsóknastofnana sem tengjast atvinnuvegunum sem taka þyrfti til endurskoðunar. Rannsóknastarfsemi á vegum Háskóla Íslands og stofnana sem tengjast honum er skipt niður á mikinn fjölda eininga sem margar eru afar smáar. Viðfangsefni þeirra eru oft afmörkuð af áhuga- og fræðasviði einstakra kennara við Háskólann. Sú spurning hlýtur að vakna hvort ekki sé unnt að sameina þessar stofnanir í stærri og öflugri einingar og tengja þær meira við rannsóknir í þágu atvinnuveganna innan breytts skipulags. Í þessu sambandi beinast augun m.a. að jarðvísindum, upplýsingatækni og ýmsum greinum verkfræði. Á sviði matvælafræði og matvælatækni, svo og haf- og sjávarlíffræði, er þegar komið á verulegt samstarf milli beggja háskólanna og rannsóknastofnana atvinnuveganna og mætti án efa útvíkka það. Innan læknadeildar háskólans er fjöldi smástofnana sem án efa stæðu betur að vígi í alþjóðasamkeppni ef þær sameinuðust.

Rannsóknarráð vill eindregið vara við því að gengið verði til skipulagsbreytinga í megnri andstöðu við þá sem hlut eiga að máli. Ráðið bendir hins vegar á að hægt sé að gera þær áhugaverðar fyrir flesta aðila með því að skapa nýjar og betri aðstæður til rannsókna og opna ný tengsl milli rannsóknastofnana, verkmenntaskóla og æðri menntastofnana. Skipulagsbreyting sem knúin er í gegn undir formerkjum niðurskurðar með pólitískri ákvörðun gegn vilja alls þorra þess sérfróða fólks sem á þessum stofnunum vinnur er líklegt til að valda sundrungu og upplausn sem lamað getur starfshæfni þeirra. Mun þá taka langan tíma að byggja upp jákvæðan starfsanda og þar með árangursríkt starf á ný. Fyrir þessu er bæði hérlend og erlend reynsla. Hins vegar er líklegt að ná megi umtalsverðum sparnaði í rekstri með auknu samstarfi og hugsanlega einnig lækkun á hlutdeild ríkissjóðs í rekstri þessara stofnana með aukinni þátttöku atvinnulífsins. Hins vegar verður að horfast í augu við nauðsynlega byrjunarfjárfestingu í aðstöðu og veita fjárhagslegt svigrúm og tíma til aðlögunar að nýju skipulagi. **Mikilvægastur væri þó ávinningurinn af öflugra faglegu starfi og aukinni samvirkni milli þekkingarsviða og ekki síður milli menntunar, rannsókna og uppbyggingarstarfs í atvinnulífinu.**

Með hliðsjón af framansögðu leggur Rannsóknarráð til að skipan rannsóknastarfseminnar í landinu verði endurskoðuð. Taki sú endurskoðun til allra rannsókna í þágu atvinnulífsins, bæði innan opinberra rannsóknastofnana og hjá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Einnig verði hliðsjón höfð af starfi Tækniskóla Íslands og verkmenntaskólanna að því er varðar þróunarstarf í þágu atvinnulífsins.

Markmið endurskipulagningarinnar verði eftirfarandi:

1. **Að efla hagnýtar rannsóknir og treysta þar með tæknilegar undirstöður að alþjóðlegri samkeppnishæfni atvinnulífs í landinu.**
2. **Að efla innviði íslenskra rannsóknastofnana og gera þær betur hæfar til að veita atvinnulífinu aðstoð í alþjóðavæðingu á grunni vísinda og tækniþekkingar sem er á alþjóðlegan mælikvarða.**
3. **Að stuðla að betri nýtingu aðstöðu og rannsóknakrafta með því að fækka rannsóknaeiningum og stækka þær, svo og sameina í áföngum alla þætti rannsóknastarfseminnar sem byggjast á sameiginlegum forsendum eða notið geta aukins styrks af samvinnu milli fagsviða.**
4. **Að tengja saman eins vel og kostur er rannsóknir, vísinda- og tæknimenntun, verkmenntun og þróunarstarf í þágu atvinnulífsins.**
5. **Að tryggja að ofangreindum markmiðum verði náð á eins hagkvæman hátt og kostur er.**

Gerðar verði tillögur um skipulagsform, samstarf og starfshætti er geti stuðlað að ofangreindum markmiðum. Tillögunum þarf að fylgja áætlun um kostnað við nauðsynlegar skipulagsbreytingar, þar með fjárfestingu í aðstöðu ef þurfa þykir. Sömuleiðis þarf að marka stefnu um rekstrarframlög og fjármögnunarleiðir, þar með talin ríkisframlög, hlutverk opinberra sjóða og öflun eigin tekna.

Við mótun slíkra tillagna þarf að kanna viðhorf atvinnulífs og annarra notenda rannsóknaniðurstaðna og móta tillögurnar í ljósi framtíðarþarfa.

10. Framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.

Ein af forsendunum fyrir sameiningu Vísindaráðs og Rannsóknarráðs ríkisins var bætt skipulag á yfirstjórn rannsóknamála í landinu í kjölfar úttektar OECD á vísindastefnu Íslendinga árið 1992. Því marki átti einnig að ná með nánu samstarfi ráðsins við þau ráðuneyti sem fara með rannsóknamál fyrir milligöngu samstarfsnefndar þessara ráðuneyta sem skipuð yrði af ríkisstjórn. Meðal þess sem taka átti afstöðu til voru fjárframlög til rannsókna til þriggja ára í senn, sbr. ákvæði 2. gr. laga um Rannsóknarráð Íslands. Þá skyldi efla umfjöllun menntamálaráðuneytisins um vísinda- og tæknimál.

Með hliðsjón af þessari stefnumörkun stjórnvalda hefur Rannsóknarráð að sínu leyti ákveðið **„að vinna að því að efling rannsókna og nýting þeirra verði í ríkari mæli samofin stefnumótun stjórnvalda“.** Ráðið hefur einsett sér í starfi sínu **„að taka mið af heildarsýn og ábyrgð stjórnvalda, faglegri þekkingu sérfræðinga og reynslu atvinnulífs og annarra notenda þekkingar“.** Þannig hyggst ráðið stuðla að sameiginlegum skilningi milli þessara aðila og skapa hér á landi samhent og skilvirkt vísinda- og tæknisamfélag.

Enn hefur þessi hluti stefnumótunarinnar ekki komist í framkvæmd. Engin umræða hefur farið fram um fjárveitingar til lengri tíma né um ákvarðanir um niðurskurð eða aðrar breytingar á framlögum til rannsókna.

Ljóst er að samráð þessara aðila getur verið erfiðleikum bundið þar sem ekki er hefð í íslenskri stjórnsýslu um slíkt milli ráðuneyta og annarra stjórnsýslustiga. Á tímum aðhalds í ríkisfjármálum hefur ráðuneytum sennilega ekki þótt fært að ræða tillögur sínar á undirbúningsstigi við aðila utanhúss. Á þessu hefur Rannsóknarráð fullan skilning en telur þó að ekki hafi reynt á hvort efnisleg umfjöllun milli ráðuneytanna og ráðsins gæti orðið gagnleg, ekki síst í samhengi við umræðu um forgangsröðun og um skipulagsmál rannsóknastarfseminnar, svo og mat á árangri vísinda- og tæknistarfseminnar í landinu. Ljóst er að þessir aðilar þurfa að gefa sér meiri tíma til að ræða saman um hvernig þetta samráð gæti farið fram og móta leikreglur sem skapað gætu nægilegt traust milli þeirra til að samráðið skilaði tilætluðum árangri.

Án slíks samráðs í framkvæmd er vandséð hvernig ráðið getur skilað hlutverki sínu á þessu sviði og komið á framfæri ráðgjöf við mörkun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu hér á landi.

Fylgiskjal I.

Fjármálaráðuneyti,
menntamálaráðuneyti:

Framlög ríkisins til rannsókna. Bráðabirgðayfirlit.[1]

	1989 Reikn.	1990 Reikn.	1991 Reikn.	1992 Reikn.	1993 Reikn.	1994 Reikn.	1995 Reikn.	1996 Fjárlög	1997 Fjárlög
Vísinda- og rannsóknasjóðir									
Vísindaráð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknarráð Íslands	19.426	23.372	32.954	31.840	32.239	40.767	31.272	40.900	40.100
Rannsóknasj. og Tæknisj. frá 1994	80.109	83.200	110.000	109.326	183.225	200.087	199.782	200.000	200.000
Vísindasjóður[2]	126.952	122.473	136.500	140.000	149.500	148.000	160.814	155.000	165.000
Byggingasj. rannsókna og Bygginga- og tækjasj.	60.629	72.317	62.508	50.077	49.923	62.888	41.932	78.000	78.000
Vísindaleg starfsemi og ýmis fræðistörf	3.210	3.354	5.387	25.249	47.537	61.800	76.635	86.400	77.200
Alþjóðleg samstarf og alþjóðleg samskipti[3]	0	0	17.039	33.679	42.200	116.483	188.378	266.000	315.000
Lýðveldissjóður							89.890	100.000	100.000
Byggingarsj. hafrannsóknarskips	0	164.000	0	0	0	0	0	0	0
Vísinda- og rannsóknasj. Verðl. hvers árs	290.326	468.716	364.388	390.171	504.624	630.025	788.703	926.300	975.300
Vísinda- og rannsóknasjóðir, á verðlagi 1997[4]	426.114	588.932	425.525	439.311	555.945	676.484	832.640	948.520	975.300
Fjárlög 1997=100	44	60	44	45	57	69	85	97	100
Rannsóknastofnanir									
Tilraunastöð HÍ að Keldum	64.541	78.710	99.541	83.901	82.863	72.760	130.204	80.900	84.600
Raunvísindastofnun HÍ	110.296	105.570	123.263	118.094	121.077	125.569	128.734	129.100	142.700
Stofnun Sigurðar Nordal, annað en kennsla	3.883	5.325	6.491	7.184	9.528	7.500	6.768	6.700	6.800
Stofnun Árna Magnússonar	34.849	33.383	37.826	48.888	45.326	58.425	42.800	43.000	48.800
Rannsóknast. uppeldismála, án samr. prófa[5]	4.647	6.074	6.953	15.371	16.589	33.513	44.639	34.000	34.600
Rannsóknast. landbúnaðarins	108.886	128.679	147.182	147.534	150.855	135.499	136.018	137.000	123.000
Rannsóknastöð Skógræktar rík.[5]	11.574	43.928	40.501	33.832	49.859	33.254	51.081	36.800	37.800
Veiðimálastofnun	33.664	37.128	45.055	37.836	38.833	38.417	39.190	35.800	29.800
Laxeldisstöðin í Kollafirði og fiskeldisrannsóknir	16.284	16.676	31.984	33.907	29.928	30.072	22.461	22.400	20.900
Hafrannsóknastofnun[6]	374.408	501.921	514.827	490.042	611.317	611.272	582.961	652.800	630.600
Rannsóknast. fiskiðnaðarins	79.039	80.841	85.520	93.643	105.671	101.557	122.057	95.400	97.500
Bygging rannsóknast. sjávarútv.	0	0	20.000	25.000	25.000	25.000	21.000	21.000	17.500
Skrifst. rannsóknast. atvinnuv.	45.787	50.505	56.363	62.319	68.315	67.955	78.543	71.600	74.300
Iðntæknistofnun Íslands	88.431	99.008	108.210	101.015	101.865	100.601	99.020	96.400	94.000
Rannsóknast. byggingariðn.	45.334	51.457	56.927	55.229	51.243	49.057	49.860	56.200	55.100
Orkustofnun	194.710	217.411	241.198	233.639	195.677	213.876	225.993	207.600	184.200
Náttúrufræðistofnun	33.890	31.231	34.012	35.429	45.814	55.125	68.143	78.300	87.700
Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	0	0	0	0	0	4.626	-732	5.100	0
Náttúrustofur[5]	0	0	0	0	0	0	2.394	12.600	15.600
Veðurstofa Íslands[5]	215.164	232.563	207.945	200.088	212.838	218.192	237.889	263.600	272.300
Rannsóknastofnanir Verðlag hvers árs	1.465.387	1.720.410	1.863.798	1.822.951	1.962.598	1.982.270	2.089.023	2.086.300	2.057.800
Rannsóknastofnanir, á verðlagi 1997[4]	2.150.762	2.161.660	2.176.504	2.052.542	2.162.195	2.128.445	2.205.399	2.136.347	2.057.800
Fjárlög 1997=100	105	105	106	100	105	103	107	104	100
Sjóðir og stofnanir, samtals	1.755.713	2.189.126	2.228.186	2.213.122	2.467.222	2.612.295	2.877.726	3.012.600	3.033.100
Sjóðir og stofnanir, á verðlagi 1997[4]	2.576.876	2.750.592	2.602.029	2.491.853	2.718.140	2.804.929	3.038.039	3.084.867	3.033.100
Fjárlög 1997=100	85	91	86	82	90	92	100	102	100

Framlög ríkisins til rannsókna (framhald):

Ýmis rannsóknarverkefni	1989 Reikn.	1990 Reikn.	1991 Reikn.	1992 Reikn.	1993 Reikn.	1994 Reikn.	1995 Reikn.	1996 Fjárlög	1997 Fjárlög
Tilraunastöðin Stóra Ármóti	0	0	0	0	0	0	0	1.500	1.600
Skógrækt ríkisins, tilraunir með ræktun iðnviðar	2.058	0	0	0	0	0	0	0	0
Bændask. á Hvanneyri, rannsóknir og tilraunir ..	4.390	5.912	0	0	0	0	0	0	0
Garðyrkjuskóli ríkisins, tilraunir og rannsóknir ..	2.549	3.922	970	57	0	0	0	0	8.000
Eldi sjávardýra	0	0	20.000	18.500	18.714	19.000	19.400	20.100	19.100
Tæknideild Fiskifélags Íslands	0	0	0	0	0	0	0	2.000	0
Alþjóðahafrannsóknir	0	0	0	0	0	10.083	10.852	14.000	17.400
Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir	9.826	0	0	0	0	0	0	0	0
Iðnaðarrannsóknir	19.387	40.129	0	17.506	12.748	20.098	21.500	13.300	13.500
Alþjóðlegt rannsóknarsamstarf (EVREKA)	12.160	8.000	13.590	7.500	5.551	3.418	13.635	4.000	0
Hafsbotnsrannsóknir	0	0	0	4.289	4.000	4.000	3.000	2.000	2.000
Norrænar jarðskjálftarannsóknir á Suðurlandi	0	0	0	8.600	0	0	0	0	0
Rannsóknir á loftmengun ..	0	0	0	592	93	1.580	0	0	0
Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	0	0	0	3.041	6.929	6.959	6.568	6.500	10.300
Rannsóknir á lifnaðarháttum æðarfugls	0	0	0	0	3.500	2.000	2.000	2.000	0
Umhverfisvöktun	0	0	0	0	0	9.503	19.100	28.000	28.000
Rannsóknir á íslenskum vötnum	0	0	0	0	0	1.000	0	0	
Rannsóknastöð að Kvískerjum	0	0	0	0	0	0	0	0	3.000
Ýmis rannsóknaverkefni.									
Verðl. hvers árs.	50.370	57.963	34.560	60.085	51.535	77.641	96.055	91.900	101.300
Framlög á verðlagi 1997[4] .	73.929	72.829	40.358	67.652	56.776	83.366	101.406	94.105	101.300
Fjárlög 1997=100	73	72	40	67	56	82	100	93	100
Samtals framlög. Verðl. hvers árs.	1.806.083	2.247.089	2.262.746	2.273.207	2.518.757	2.689.936	2.973.781	3.104.500	3.134.400
Samtals framlög. Verðlag 1997[4]	2.650.804	2.823.422	2.642.388	2.559.505	2.774.916	2.888.295	3.139.445	3.178.972	3.134.400
Fjárlög 1997=100	85	90	84	82	89	92	100	101	100
Æðri menntastofnanir.[7]									
Verðlag hvers árs						669.400	677.400	784.900	825.000
Æðri menntastofnanir. Verðlag 1997[4]						719.785	713.100	800.900	825.000
Fjárlög 1997=100						87	86	97	100
Samt. framlög með æðri menntast.									
Verðlag hvers árs						3.359.336	3.651.181	3.889.400	3.959.400
Samt. framlög með æðri menntast.									
Verðlag 1997[4]						3.608.080	3.852.545	3.979.872	3.959.400
Fjárlög 1997=100						91	97	101	100

[1] Fjármálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, febrúar 1997. Heimild: Ríkisreikningur 1989–95, fjárlög 1996 og 1997. Seðlabanki Íslands.
[2] Lögbundið framlag Arðssjóðs Seðlabanka Íslands er meðtalið. Áætlun fyrir 1996 og 1997.
[3] Framlagið skiptist milli mennta-, menningar- og vísindamála.
[4] Fjárhæðir eru færðar á fast verðlag samkvæmt verðvísitölu vergrar landsframleiðslu. „Fjárlög 1997=100" miðast við verðbættar kr.
[5] Rannsóknir eru hluti af starfseminni.
[6] Hafrannsóknastofnunin fékk á árinu 1994, 215 m.kr. framlag frá Hagræðingarsjóði auk fjárveitingar. Sú fjárhæð er reiknuð með.
[7] Verkefnavísar 1996 og 1997. Fjármálaráðuneytið, nóvember 1995 og nóvember 1996. Sambærilegar upplýsingar um 1994, 1995, 1996 og 1997.

Fylgiskjal II.

Björn Bjarnason,
menntamálaráðherra:

Ræða á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands 19. apríl 1996.

Hinn 31. mars síðastliðinn voru liðin 400 ár frá fæðingu heimspekingsins René Descartes, sem hefur verið nefndur fyrsti nútímahugsuðurinn. Áður höfðu menn litið á sköpunarverkið sem verk guðs almáttugs, en Descartes setti fram hugmyndina um, að maðurinn gæti í krafti vísinda orðið herra náttúrunnar. Hann sagðist hugsa og þess vegna væri hann til. Auk þess leit hann á þekkinguna eins og tré og væru rætur þess frumspekin, stofninn eðlisfræði og frjósamar greinarnar siðvísindin og nytjavísindin.

Í nútímaþjóðfélögum á borð við hið íslenska er brýnna en nokkru sinni fyrr að við töku mikilvægra ákvarðana liggi fyrir vísindaleg rannsókn og ráðgjöf. Þótt brjóstvitið hafi lengi verið í hávegum haft meðal okkar, dugar það ekki alltaf.

Við Íslendingar eigum tiltölulega stutta sögu rannsókna og vísinda. Opinber afskipti af málaflokknum í þeirri mynd sem við þekkjum nú á tímum er þó enn skemmri, því að Rannsóknaráð ríkisins er stofnað 1940 og Vísindasjóður ekki fyrr en 1957. Það var svo ekki fyrr en 1987 að lög voru sett um heildarskipan yfirstjórnar vísinda- og tæknimála. Var vísindaráði þá komið á fót til að sinna grunnrannsóknum og veita styrki úr Vísindasjóði en Rannsóknaráð ríkisins sinnti hagnýtum rannsóknum og veitti styrki úr Rannsóknarsjóði. Með lögum, sem tóku gildi 1. júlí 1994, voru vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins sameinuð í eina stofnun eða eitt ráð, Rannsóknarráð Íslands.

Samkvæmt lögum er það hlutverk Rannsóknarráðs Íslands að treysta stoðir íslenskrar menningar og atvinnulífs með því að stuðla að markvissu vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun. Innan við tveggja ára reynsla er af þessu nýja ráði og starfi þess. Eru miklar vonir bundnar við hina nýju skipan og mikils virði að vel takist á þessum upphafstíma.

Í stefnuyfirlýsingu annars ráðuneytis Davíðs Oddssonar, sem var myndað 23. apríl 1995, segir að vegur menntunar og rannsókna verði aukinn en það sé forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu.

Í febrúar síðastliðnum gaf ég út verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins fyrir þetta kjörtímabil. Þar segir að öflugt rannsókna- og þróunarstarf sé forsenda framfarasóknar í íslensku þjóðlífi. Til að vísindasamfélagið fái að þroskast og þróast á næstu árum sé þörf á frekari aðgerðum til að skapa hér ákjósanlegra starfsumhverfi til rannsókna og vísindastarfsemi.

Áfram verði fylgt þeirri vísinda- og tæknistefnu, sem mótuð var á síðasta kjörtímabili og lagt verði mat á framkvæmd stefnunnar og hún löguð að ýtrustu kröfum á hverjum tíma. Einnig segir í verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins fyrir þetta kjörtímabil:

„Vísindasamfélagið verður að laga sig að breyttum aðstæðum. Áfram ber að hafa í huga hið mikilvæga hlutverk háskóla að þar séu stundaðar rannsóknir án þess að þær hafi augljóst hagnýtt gildi. Það endurnærir og skerpir háskóla í því meginviðfangsefni þeirra að veita sívaxandi fjölda námsmanna víðtæka menntun á grundvelli bestu fáanlegrar þekkingar á hverjum tíma.

Nýta verður sem best fjármagn til rannsókna og vísinda og tryggja að bæði nýjar og hefðbundnar atvinnugreinar eigi jafnan aðgang að rannsóknarfé, meðal annars með því að nýta möguleika sem bjóðast í alþjóðlegu samstarfi. Áfram skal miðað við að 20% af andvirði seldra ríkisfyrirtækja renni til enn frekari eflingar rannsókna- og þróunarstarfs. Styrkir á þessu sviði eiga í auknum mæli að taka mið af árangri.

Skoða ber sérstaklega hvernig stjórnun rannsóknastofnana er háttað. Treysta verður rekstrarlega ábyrgð og sjálfstæði þessara stofnana. Mikilvægt er að það fjármagn sem varið er til rannsókna og vísindastarfsemi renni til sem fjölbreytilegastrar starfsemi og þar sem vaxtarbrodda má finna í atvinnulífinu.

Stuðlað skal að virkara samstarfi fyrirtækja, háskóla og háskólastofnana á sviði hagnýtra rannsókna og hvatt til sem víðtækastrar þátttöku þessara aðila í fjölþjóðlegu samstarfi um rannsóknir og þróun, einkum á vettvangi Evrópusamvinnu."

Menntamálaráðuneytið hefur einnig nýlega gefið út ritið *Í krafti upplýsinga* þar sem er að finna tillögur þess um nýtingu hinnar öflugu upplýsingatækni í þágu menntunar, menningar, rannsókna og vísinda. Á fáum sviðum er unnt að nýta þessa tækni betur en til vísindarannsókna, tæknirannsókna og þróunarstarfs. Einnig er nauðsynlegt að efla rannsóknar- og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni. Nýta verður sem best tækifæri sem upplýsingatækni veitir til nýsköpunar í framleiðslu, þjónustu og opinberri stjórnsýslu, svo og til vaxtar í atvinnulífi. Rannsóknir, þróunarstarf og þekkingarmiðlun eru bestu aðgerðirnar til að stuðla að farsælli aðlögun íslenska þjóðfélagsins að hraðfara breytingum á öld upplýsingatækni.

Af hálfu ráðuneytisins er gert ráð fyrir að Rannsóknarráð Íslands haldi áfram að safna og vinna úr upplýsingum um vísindi og tækni í landinu. Ráðuneytið hefur hafið undirbúning að því að taka saman upplýsingar og skipuleggja gagnasafn um rannsóknir og mannauð, það er að segja upplýsingar sem ekki er þegar haldið til haga af öðrum aðilum. Markmiðið með þessu starfi og söfnun annarra upplýsinga er að skapa betri forsendur fyrir töku ákvarðana og umræður um vísinda- og tæknimálefni í landinu. Á þessu sviði er jafnbrýnt og endranær að byggt sé á traustum grunni við allar ákvarðanir.

Fyrir fáeinum dögum gaf fjármálaráðuneytið út rit með hugmyndum um hvernig megi styrkja samkeppnisstöðu Íslendinga gagnvart öðrum þjóðum. Í formála þess segir fjármálaráðherra að til að ná markmiðum ritsins um bætta samkeppnisstöðu Íslands þurfi í fyrsta lagi að efla almenna menntun og tækniþekkingu.

Hugmyndasmiðirnir um bætta samkeppnisstöðu Íslands komu úr röðum þeirra sem standa að rekstri fyrirtækja í harðri samkeppni. Þeir minna á að fjárframlag til Rannsóknarráðs Íslands hefur nær tvöfaldast á nokkrum árum og segja að bætt almenn skilyrði í rekstri fyrirtækja hérlendis séu án efa einhver þýðingarmesta búbót fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi. Búi fyrirtækin við stöðugt rekstrarumhverfi og fái að græða skapist aukið svigrúm fyrir fjárfestingar í þróunarstarfi. Þá segir orðrétt:

„Nýlega voru gerðar breytingar á skattalögum þar sem rekstraraðilar geta dregið tapað hlutafé frá skatti. Skattalegar aðgerðir sem þessar styrkja rannsókna- og þróunarstarf, ekki síst í minni fyrirtækjum sem eiga fyrir vikið auðveldara með að leita til stærri fjárfesta um þátttöku í nýsköpun. Fleiri skattalegar aðgerðir geta komið til sem auka nýsköpunarstarf fyrirtækja."

Talið er nauðsynlegt að skapa hér ákjósanlegra starfsumhverfi til rannsókna og vöruþróunar. Þar séu nokkrir þættir sem brýnast sé að skoða: Almennt rekstrarlegt umhverfi rannsókna- og þróunarstarfs, stjórnun rannsóknarstofnana, forgangsröðun í rannsóknastarfsemi, val á viðfangsefnum eða atvinnugreinum og alþjóðlegt samstarf. Þá segir í þessu ágæta hugmyndariti að nýgræðingar í flóru íslensks atvinnulífs virðist því miður oft ekki skjóta rótum innan þess rannsóknastofnanakerfis sem er við lýði.

Í sömu andrá og horfið er frá þessu riti fjármálaráðuneytisins fer vel á að minnast frumkvæðis þriggja stærstu fyrirtækjanna á Akureyri, Útgerðarfélags Akureyringa hf., Samherja hf. og Kaupfélags Eyfirðinga, sem kynnt var í lok síðasta mánaðar. Þau vilja taka höndum saman með opinberum aðilum um að stofna fyrirtæki á Akureyri til að styrkja með rannsóknum framleiðslu og nýsköpun í matvælaiðnaði.

Ég tel að af hálfu yfirvalda rannsóknarmála í landinu beri að taka þessu frumkvæði stórfyrirtækjanna á Akureyri fagnandi. Þar er síður en svo um góðgerðarstarfsemi að ræða heldur viðurkenningu á þeirri staðreynd að nútímafyrirtæki fá ekki þrifist án samstarfs við rannsóknarstofnanir og á grundvelli þess starfs sem unnið er innan veggja þeirra. Í þessu efni er um gagnkvæma hagsmuni að ræða milli fyrirtækja og vísinda- og rannsóknarstofnana.

Almenn áhersluatriði í stefnu stjórnvalda varðandi rannsóknir og þróun eru skýr. Einnig liggur fyrir að af hálfu þeirra sem standa að rekstri fyrirtækja er aukinn áhugi á samstarfi við rannsóknarstofnanir og vísindamenn. Ég hef einnig orðið var við það að af hálfu menntastofnana og einstakra háskóladeilda eins og verkfræðideildar Háskóla Íslands og sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri er aukinn áhugi á samstarfi við fyrirtæki og stofnanir utan skólanna.

Rannsóknarráð Íslands þarf að móta afstöðu sína til verkaskiptingar á milli opinberra aðila og atvinnulífs á sviði tækni og vísinda. Ráðið þarf að skilgreina eigin stöðu í þessu efni og gera tillögur um það sem kynntar séu viðkomandi aðilum til að hlutverk ráðsins sem þjónustustofnunar og ráðgjafa sé skýrt. Verður í þessu tilliti fróðlegt að sjá viðbrögð forustumanna í atvinnulífinu við þeirri stefnu sem Rannsóknarráð Íslands hefur kynnt undir heitinu *Að treysta stoðir framtíðar.*

Hér að framan var vísað til þess að með stöðugleika, bættu starfsumhverfi fyrirtækja og gróða þeirra mundi fjárstuðningur fyrirtækjanna við rannsóknir og þróun aukast. Þessi almennu skilyrði ráða ef til vill mestu fyrir rannsóknar- og vísindastarf í landinu, þótt þau gleymist oft þegar óskum um auknar opinberar fjárveitingar er beint til ríkisstjórnar og Alþingis. Má fullyrða að þessi skilyrði séu nú fyrir hendi hér á landi.

Nú reynir því á hvernig vísindasamfélagið bregst við breyttri stöðu, þegar fyrirtæki í öllum atvinnugreinum eru rekin með hagnaði. Stjórnendur fyrirtækjanna munu væntanlega sjálfir taka ákvarðanir um það hvar þeim finnst helst þörf á aðstoð þeirra sem sinna rannsóknum og þróun. Rannsóknarráð Íslands hlýtur hins vegar að hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að skilgreina það sem er í boði fyrir atvinnulífið. Ráðið þarf að huga að samstarfi atvinnulífs og stofnana til að vekja enn frekari áhuga fyrirtækja á auknum útgjöldum til rannsókna og þróunarverkefna.

Raunar má spyrja hvort þetta verkefni sé brýnna fyrir Rannsóknarráð Íslands en að ákvarða forgangsröðun einstakra sviða rannsókna og þróunarstarfsemi. Slík röðun er vissulega mikilvæg en kann að verða næsta almennt orðuð stefnuyfirlýsing um alla meginþætti þjóðlífsins og tengsl þeirra við vísindi og rannsóknir.

Á það hefur verið bent í fræðilegri úttekt á leiðum til að bæta samkeppnisstöðu Íslands að háskólar og opinberar rannsóknarstofnanir ættu að færa rannsóknir frá grunnrannsóknum eða hreinum vísindum yfir á svið þar sem atvinnulífið geti betur nýtt sér þær og leggja áherslu á rannsókna- og þróunarverkefni sem líkleg eru til að bæta samkeppnishæfi íslenskra fyrirtækja. Æðri menntastofnanir og aðrar rannsóknastofnanir á Íslandi hafa varið um 60% af rannsókna- og þróunarfé til grunnrannsókna fremur en til rannsókna sem tengjast atvinnuvegunum.

Góðir áheyrendur!

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að samkeppnisstaða íslensku þjóðarinnar ráðist af menntun okkar, rannsóknum og vísindum, sem nýtast í atvinnulífi þjóðarinnar. Eins og framkvæmdastjóri OECD benti á hér í vikunni er menntunarstig þjóðarinnar helsti auður hennar og styrkur. Vísindasamfélagið á ekki að vera hópur manna sem er einangraður frá þjóðlífinu heldur virkur þátttakandi á öllum sviðum. Rannsóknarráð Íslands hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að brúa bilið milli vísinda og framgangs á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Einangrunarhyggja er andstæða skynsamlegrar vísinda- og rannsóknastefnu Íslendinga. Þátttaka í evrópska efnahagssvæðinu hefur tryggt auknar fjárveitingar til rannsókna og þróunar. Þar er ekki um bónbjargir að ræða heldur afrakstur af fjárfestingu íslenska ríkisins í hinu evrópska rannsóknasjóðakerfi. Við eigum að nýta okkur þetta kerfi því að það kallar á samkeppni sem er brýnni fyrir lítil samfélög en hin stærri, þar sem keppnin er meiri á heimamarkaði. Á sviði vísindasamfélagsins er samkeppnin aflvaki eins og annars staðar og þar keppum við í úrvalsflokki á Evrópuvettvangi.

Federico Mayor, forstjóri UNESCO, var gestur hér í síðustu viku. Hann lýsti miklum áhuga á því að þekking Íslendinga í haffræði og sjávarútvegsfræðum nýttist sem best fyrir allt mannkyn. Vildi hann stuðla að því bæði með því að erlendir menn kæmu til náms hér eða farandprófessor héðan bæri þekkingu sína um heimsbyggðina. Hér er um einstakt tækifæri að ræða sem við verður að bregðast af þeim stofnunum og vísindamönnum sem til álita koma. Góð viðbrögð við áskorun af þessu tagi gætu orðið upphaf sóknar á fleiri sviðum.

Sjálfur kemur Mayor úr vísinda- og háskólasamfélagi og nýtir reynslu sína á þeim vettvangi til að takast á við brýn úrlausnarefni líðandi stundar á heimsmælikvarða. Er ekki vafi að UNESCO er í góðum höndum undir hans stjórn. Hann hefur sagt að menn séu ekki aðeins í háskólum til að halda sjálfum sér fram eða afla sjálfum sér þekkingar heldur til þess að deila þekkingu sinni með öðrum.

Í *Orðræðu um aðferð* segir Descartes: „Ég lagði því bóknámið á hilluna, jafnskjótt og ég varð nógu gamall til að losna undan yfirráðum kennara minna, og afréð að leita ekki framar eftir öðrum vísindum en þeim sem ég fyndi í sjálfum mér eða hinni miklu bók heimsins. Ég varði því sem eftir var æskuáranna til ferðalaga, til að sjá hirðir og heri, kynnast fólki, ólíku hugarfari og kjörum, heyja mér ýmislega reynslu, ...“

Við getum ekki leyft okkur þennan munað nú á dögum, viljum við ná árangri. Kröfurnar eru aðrar en fyrir 400 árum, þótt ekki megi gleymast að bók heimsins má ekki vera lokuð þeim sem vísindin stunda, né heimur vísindanna okkur sem eigum æ meira undir þeim.

Fylgiskjal III.

Bréf menntamálaráðherra, dagsett 27. júní 1996, til Edith Cresson, vísindamálastjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB), ásamt greinargerð um afstöðu Íslands til áforma um fimmtu rammaáætlun ESB.

Reykjavík, 27. júní, 1996.

Heiðraða frú Cresson.

Með vísan til bréfs yðar frá 24. maí, 1996, þar sem óskað er eftir athugasemdum og ábendingum Íslands vegna undirbúnings fimmtu rammaáætlunar ESB um rannsóknir og tækniþróun, sendist yður hjálögð greinargerð. Ísland hefur tekið þátt í annarri, þriðju og fjórðu rammaáætlun ESB. Þátttakan miðaðist við einstök verkefni til að byrja með, en með gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 öðlaðist Ísland fullan þátttökurétt í rammaáætlunum.

Samvinna á sviði rannsókna- og þróunarstarfsemi, sem er stærsti og mikilvægasti hluti samstarfs á grundvelli EES-samningsins, felur í sér verulega skuldbindingu af hálfu Íslands og er henni ætlaður veglegur sess í vísindastefnu þjóðarinnar. Evrópsk samvinna er nauðsynleg fyrir smáþjóð sem hefur yfir að ráða vel menntuðu og faglærðu vinnuafli og vill kappkosta að nýta verðmætar náttúruauðlindir sínar.

Eftir að hafa tekið fullan þátt í fjórðu rammaáætluninni viljum við lýsa yfir almennri ánægju með hana. Við leggjum til að fimmta rammaáætlunin verði í grundvallaratriðum eins uppbyggð, með áherslu á alhliða tækni til að auka samkeppnishæfi, atvinnu og almenna velsæld á sjálfbærum grunni. Jafnframt viljum við láta í ljós þá skoðun að það gæti verið kostur að einbeita sér að nokkrum velvöldum rannsóknarsviðum og leggja áherslu á hagnýtar úrlausnir.

Við vísum því til meðfylgjandi skjals þar sem ýmis mál eru reifuð. Þar má nefna umsagnir um stjórnun og uppbyggingu áætlunarinnar og að leggja beri meiri rækt við lítil og meðalstór fyrirtæki.

Mikilvægi boðskipta- og upplýsingatækni er undirstrikað og lagt er til að áfram verði lögð áhersla á þjálfun og samskipti vísindamanna. Við viljum vekja athygli yðar á þeirri afstöðu að við teljum umhverfisrannsóknir vera grundvallarforsendu fyrir viðgangi evrópsks iðnaðar, einkum iðnaðar sem byggist á auðlindum lífríkisins og matvælaframleiðslu. Við viljum einnig að áhersla verði lögð á félagsvísindi og hugvísindi, einkum rannsóknir sem miða að því að vernda fjölbreytni menningar og tungumála í Evrópu, sem er sérstaklega mikilvægt fyrir smærri þjóðir.

Ábendingar í þessu bréfi og fylgiskjali þess ber að skoða sem bráðabirgðahugmyndir um almenn atriði fimmtu rammaáætlunarinnar. Ísland mun gera frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og athugasemdum eftir því sem undirbúningi miðar áfram. Íslendingar vænta mikils af því að taka þátt í fimmtu rammaáætluninni.

Virðingarfyllst,

Björn Bjarnason (sign.).

Menntamálaráðuneytið:

Afstaða Íslands til fimmtu rammaáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun.

(26. júní 1996.)

Ísland hefur tekið fullan þátt í fjórðu rammaáætluninni í samræmi við ákvæði EES-samningsins sem tók gildi 1. janúar 1994.

Samvinna á sviði rannsóknar- og þróunarstarfsemi, sem er mikilvægur þáttur samstarfsins á grundvelli EES-samningsins, felur í sér verulega skuldbindingu af Íslands hálfu og hefur verið ætlaður veglegur sess í íslenskri vísindastefnu. Þessi samvinna hefur veitt íslenskum vísindamönnum í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum ný, dýrmæt tækifæri og teljum við fullvíst að ávinningur þessarar samvinnu innan rammaáætlunarinnar sé gagnkvæmur.

Í þessu skjali eru sett fram til bráðabirgða nokkur almenn sjónarmið og athugasemdir viðvíkjandi fimmtu rammaáætluninni. Eftir því sem undirbúningi miðar áfram mun Ísland gera frekar grein fyrir hugmyndum og athugasemdum.

Í stuttu máli eru helstu atriði í afstöðu Íslands þessi:

1. Lýst er yfir almennri ánægju með fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun. Lagt er til að fimmta rammaáætlunin verði í grundvallaratriðum svipuð að uppbyggingu og þar verði lögð áhersla á alhliða tækniþróun til að auka samkeppnishæfi, atvinnu og almenna velsæld með sjálfbærum hætti. Ísland styður hugmyndir um að rannsóknir verði fyrst og fremst stundaðar á fáeinum vel völdum sviðum.
2. Gagnsæ vinnubrögð og aðhald skipta máli þegar skilgreindar eru forsendur fyrir mati á verkefnum. Leggja ber sérstaka áherslu á sveigjanlegri og hraðvirkari aðferðir við úrvinnslu umsókna. Allir þátttakendur nytu góðs af því og það gæti haft örvandi áhrif á þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Ísland mundi fagna öflugum aðgerðum í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í beinum tengslum eftir því sem við á um allar undiráætlanir.
3. Efla ber umhverfisrannsóknir. Ísland leggur áherslu á að slíkar rannsóknir séu grundvallaratriði fyrir viðgang evrópsks iðnaðar, einkum iðnaðar sem byggist á nýtingu auðlinda lífríkisins og matvælaframleiðslu. Þessar rannsóknir hafa einnig þýðingu í því að draga úr skaðlegum áhrifum á umhverfið og auka skilning á vistkerfinu. Umhverfisrannsóknir ættu að beinast að því að þróa skynsamlega og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og efla skilning á þeim ferlum í náttúrunni sem geta, hvort sem er af manna völdum eða náttúrunnar sjálfrar, breytt grundvallaraðstæðum iðnvæddra þjóðfélaga.
4. Takast þarf á við vanda vegna hagnýtingar og sjálfbærrar stjórnunar auðlinda lífríkisins á landi og í hafinu, einkum með það fyrir augum að auka getu evrópsks iðnaðar til að framleiða verðmætar og öruggar hágæðavörur við aðstæður þar sem markaðssamkeppni ríkir.
5. Gefa þarf sérstakan gaum að líftækni sem beitt er í rannsóknum á erfðafræði plantna og dýra og í læknisfræði og heilsuvernd, og leggja sérstaka áherslu á rannsóknir á erfðasjúkdómum og veirusýkingum, þar með taldar rannsóknir á taugahrörnun.

6. Áfram ber að vinna að þróun, prófun og aðlögun boðskipta- og upplýsingatækni. Grunntækni og búnaður fyrir fjarvirkni, boðskiptatækni og margmiðlunartækni verða lykilatriði í þróun, nýsköpun, atvinnusköpun og alþjóðaviðskiptum á næstu áratugum. Í þessu sambandi er vert að huga vel að félags- og hagfræðilegum hliðum nýrrar tækni.
7. Framhald á friðsamlegri þróun samrunans í Evrópu ræðst að miklu leyti af því að þjóðernisvitund verði sýnd tilhlýðileg tillitsemi og þjóðleg menningargildi metin að verðleikum. Rannsóknir á þessu sviði, með sérstöku tilliti til fjölbreytni menningar og tungumála í Evrópu, gætu í senn stuðlað að því að vernda þessa arfleifð og koma á og viðhalda sátt og samlyndi milli mismunandi menningarheilda og -strauma. Lagt er til að þessa þáttar verði gætt á öllum viðeigandi sviðum og honum gerð skil í sérstakri undiráætlun.
8. Halda ber áfram áætlunum um þjálfun og samskipti vísindamanna og jafnvel auka umfang þeirra, og huga betur að möguleikum á því að tengja þessa þætti áætlunum í menntamálum.

Almenn markmið.

Aðalmarkmið íslenskrar vísinda- og tæknistefnu er að efla vísindi, tækni og þróunarstarfsemi til að treysta menningarlegar og efnahagslegar undirstöður íslensks þjóðfélags. Íslensk menning er einstök að því leyti að íslensk tunga hefur haldist nánast óbreytt í 1100 ár.

Íslenskt nútímaþjóðfélag byggist að miklu leyti á að nægar tekjur fáist af útflutningi fiskafurða. Afkastamikill fiskiðnaður er rekinn án opinberra styrkja með hliðsjón af vísindalegri stjórnun nýtingar á auðlindum hafsins. Endurskipulagning íslensks landbúnaðar sem nú á sér stað er einnig miðuð við að niðurgreiðslur verði afnumdar. Meðan breytingarnar eru að ganga yfir kann að verða þörf á tímabundnum aðgerðum til að draga úr þrengingum og auðvelda fulla aðlögun að markaðsaðstæðum.

Víðtæk þekking á grundvallarferlum náttúrunnar skiptir sköpum fyrir efnahagslíf sem svo mjög er háð náttúruauðlindum. Þar gegnir átak í vísindum og tækni veigamiklu hlutverki. Þess vegna er lögð áhersla á það í íslenskri vísindastefnu að efla rannsóknir og tækniþróun í því augnamiði að auka framleiðni með sjálfbærum hætti. Íslensk vísindastefna miðar einnig að því að styðja trausta efnahagslega og tæknilega þróun í úrvinnslugreinum sem eru stundum í samkeppni við niðurgreiðslur í samkeppnislöndum. Enn fremur ætti stefnan í vísindum að vera sú að styðja viðleitni í átt til aukinnar fjölbreytni í uppbyggingu iðnaðar með því að leggja áherslu á nýja tækni sem byggist á háu menntunarstigi landsmanna.

Þegar vísinda- og tæknistefna beinist að því að auka atvinnu og hagvöxt og bæta samkeppnisstöðu er mikilvægt að samræma vísindalegar og tæknilegar gæðakröfur viðfangsefnum í stefnu stjórnvalda á öðrum sviðum. Gera þarf skýra grein fyrir þessum atriðum þegar umfang og stærð vísinda- og tækniátaksins er ákveðið, ekki síst þegar einstakar rannsóknaráætlanir eru samdar, hvort heldur er innanlands eða á alþjóðavettvangi.

Uppbygging.

Fimmta rammaáætlunin ætti í grundvallaratriðum að vera samsett af undiráætlunum þar sem nægileg áhersla er lögð á þróun undirstöðuþekkingar. Þarna þarf að beita bæði faglegum og þverfaglegum aðferðum. Telja má hæpið að hægt sé að byggja upp vísindalega trausta áætlun án þess að þessu skilyrði sé fullnægt.

Nauðsynlegt er að leggja áherslu á að hvatt sé til sterkra tengsla milli undiráætlana, þar sem þau eru afar mikilvæg. Þetta á einkum við í umsóknum þar sem þörf er þekkingar af mismunandi sviðum vísinda og tækni til að unnt sé að ljúka verkefnum. Sérþekking frá mismunandi vísindagreinum og tæknisviðum er forsenda þess að hægt sé að taka á mörgum efnahags- og félagslegum viðfangsefnum.

Íslendingar eru hlynntir því að rannsóknum sé beint að nokkrum velvöldum sviðum með áherslu á hagnýtingu í huga. Aðferðin sem beitt var í sérverkefnishópum (*Task Forces*) gæti reynst gagnleg þegar greina skal mikilvæg svið og samhæfa krafta innan og milli mismunandi undiráætlana.

Stjórnun.

Íslenskir þátttakendur í fjórðu rammaáætluninni hafa almennt lýst yfir ánægju með mat á umsóknum sem virðist, þegar á heildina er litið, vera vísindalega og tæknilega traust og áreiðanlegt. Rétt er að halda núverandi matskerfi en gera strangari kröfur og auka gagnsæi í notkun á aðferðum og forsendum. Aðferðir sem notaðar eru innan hinna ýmsu undiráætlana ætti að samhæfa og gera þær skilvirkari. Í því sambandi fagnar Ísland nýlegu átaki í að fylgjast með framkvæmd verkefna sem unnið er að.

Æskilegt er að einfalda umsóknarreglur og eyðublöð. Þó verður að hafa í huga að þeim sem meta umsóknir er ærinn vandi á höndum og einfaldar umsóknir geta stangast á við kröfu um nægar upplýsingar til að meta umsókn. Rammaáætlanir eru í eðli sínu flóknar. Lagt er til að þetta verði viðurkennt og aðstoð við umsækjendur aukin.

Það eru einkum lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa lent í talsverðum erfiðleikum með umsóknir og þátttöku í áætlunum. Þetta er alvarlegur vandi þar sem öll löndin sem taka þátt í rammaáætluninni gera ráð fyrir að stór hluti nýrra starfa og hagvaxtar komi frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Mest er kvartað yfir því hve áætlanirnar séu flóknar og hve langur tími fari í að vinna umsóknir. Gera ætti stórátak í þessu efni.

Lítil og meðalstór fyrirtæki.

Ísland viðurkennir þörfina fyrir öfluga iðntæknistofnun fyrir Evrópu til að styrkja samkeppnisstöðu álfunnar en varar við of mikilli áherslu í þá átt að skipta iðnaði upp í sérstakar atvinnugreinar eða -geira. Hagsmunum Evrópu er betur borgið með því að stuðla að alhliða iðnþróun sem byggist á sveigjanlegum aðferðum og að nýta þann sköpunarmátt sem oft býr í litlum nýsköpunarfyrirtækjum.

Ísland telur sérstaka þörf á öflugum aðgerðum til að auðvelda þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í beinum tengslum við viðeigandi undiráætlanir fimmtu rammaáætlunarinnar. Hafa má einn viðtökustað fyrir umsóknir um styrk til verkefna (*one-door approach*). Lagt er til að fylla megi út umsóknir í tveimur áföngum, þ.e. að þeim sem senda inn umsóknir sem teljast áhugaverðar í fyrstu atrennu verði gefinn kostur á að senda inn ítarlegri umsóknir í annarri atrennu. Aðgerðir sem lagðar eru til í Grænbók framkvæmdastjórnarinnar um nýsköpun eru áhugaverðar en þarfnast nánari útfærslu.

Umhverfi og iðnaður.

Efla ber umhverfisrannsóknir. Ísland leggur áherslu á að slíkar rannsóknir eru grundvallaratriði fyrir viðgang evrópsks iðnaðar, einkum iðnaðar sem byggist á nýtingu auðlinda lífríkisins, m.a. matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu. Ekki má því líta á umhverfismál eingöngu með það í huga að ráða bót á skaðlegum umhverfisáhrifum heldur sem tækifæri og leið til að tryggja hreinar og óspilltar auðlindir og til að skilja ferlin í nátt-

úrunni. Ísland lítur svo á að Evrópusamstarf sé ein grundvallarforsenda umhverfisrannsókna og leggur til að sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á auðlindum lífríkisins jafnt sem haffræðirannsóknir og lofthjúpsrannsóknir, þar með taldar rannsóknir á loftslagsbreytingum. Í þessu sambandi ætti að beina athygli að mikilvægi Norður-Atlantshafs og heimskautasvæðanna. Náttúruleg ferli á þessum svæðum hafa grundvallarþýðingu fyrir Evrópu. Áætlunin ætti einnig að beinast að landeyðingu, stækkun eyðimarka og náttúruvá, eins og eldsumbrotum, snjóflóðum og jarðskjálftum. Ísland leggur þannig áherslu á mikilvægi sameiginlegra evrópskra umhverfisrannsókna í víðu samhengi.

Lífvísindi og lifandi auðlindir.

Nýting og sjálfbær stjórnun auðlinda lífríkisins á landi og í hafinu ætti að miða að því markmiði að auka getu evrópsks iðnaðar til að framleiða verðmætar og öruggar hágæðavörur í samkeppnishæfu markaðshagkerfi. Þörf er á grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum, bæði á sviði náttúru- og félagsvísinda og í tækniþróun. Rannsóknarefnin ættu m.a. að fela í sér mat á auðlindum sjávar og gerð stofnlíkana, stjórnun lifandi auðlinda, og rannsóknir á félagslegum þáttum í auðlindastjórnun og tækni fyrir sjávarútveg.

Gefa þarf sérstakan gaum að líftækni sem beitt er í rannsóknum á erfðafræði plantna og dýra og í rannsóknum í læknisfræði og heilsuvernd, og leggja sérstaka áherslu á erfðasjúkdóma og hægfara veirusýkingar. Sú mikla umræða sem nú fer fram um taugahrörnunarsjúkdóma (kúafár) er sérstaklega mikilvæg í þessu samhengi og skiptir máli fyrir alla Evrópubúa.

Þessi sýn á lífvísindi og rannsóknir á lifandi auðlindum og umhverfi endurspeglar þannig það viðhorf að umhverfismál séu samtvinnuð vitund og efnahagslífi hverrar þjóðar.

Upplýsingatækni.

Ísland nýtir þegar nútíma boðskipta- og upplýsingatækni til að „færa landið nær" öðrum Evrópuþjóðum. Ríkisstjórn Íslands hefur nýlega kynnt mikilvæga stefnu sem miðar að því að taka hina nýju boðskipta- og upplýsingatækni í notkun á sviði menningar, menntunar, vísinda og stjórnsýslu. Yfir 90 af hundraði grunnskóla á Íslandi eru t.d. tengdir tölvuneti sem nær yfir allt landið og kannanir staðfesta að u.þ.b. tvö prósent þjóðarinnar nota alnetið (internet) að staðaldri. Þessi tækni sem byggist á vísindalegum grunni hefur þegar verið hagnýtt á margvíslegum sviðum til opinberra nota og einkanota. Hún er ómissandi fyrir frekari þróun í vísindum og tækni og er mikilvæg forsenda fyrir framförum í ýmsum atvinnugreinum.

Boðskipta- og upplýsingatækni ætti þess vegna að hafa forgang í næstu rammaáætlun, einkum á sviði fjarvirkni, boðskipta og margmiðlunar. Mikilvægi hennar liggur ekki hvað síst í því að gera má ráð fyrir að áhersla á þessa tækni stuðli að auknum samruna og samstarfi innan Evrópu, jafnframt því að auka samkeppnishæfi evrópsks iðnaðar.

Evrópsk menning og fjölbreytni.

Í fjórðu rammaáætluninni er undiráætlun sem beinist að félags- og hagfræðilegum rannsóknum, þótt lítið fari fyrir henni. Þessi áætlun var mikilvæg viðbót og hefur stuðlað að aukinni fjölbreytni í evrópskri rannsóknarsamvinnu. Þetta átak er þó að vissu leyti í lágmarki í rammaáætluninni. Íslendingar álíta að áhersla sem einskorðast við vísindi og tækni nægi ekki til að stuðla að samruna Evrópu. Taka þarf tillit til fleiri þátta svo að hægt sé að öðlast skilning á evrópskri samkennd og þróa hana frekar, og það útheimtir

að margvísleg menningarleg og félagsleg málefni séu skoðuð frá sögulegu og fræðilegu sjónarhorni. Því er lagt til að áætlun um rannsóknir í hugvísindum verði tekin inn í næstu rammaáætlun. Þau svið sem áætlunin gæti m.a. beinst að eru málrannsóknir — þar með taldar rannsóknir á tungumálum sem ekki hafa mikla útbreiðslu og rannsóknir á menningu lítilla þjóðarsamfélaga — og athuganir á hlutverki vísinda og tækni í rannsóknum og við varðveislu menningararfleifðar Evrópu, ásamt fleiri hagnýtum rannsóknum á menningarlegum og félagslegum áhrifum hinna öru tæknibreytinga nú á dögum.

Þjálfun og menntun.

Aukin samvinna í evrópskum iðnaði og innan samfélags vísindanna er komin undir samnýtingu og miðlun þekkingar og reynslu, uppsetningu netkerfa og auknum skilningi milli þjóða. Ísland styður það sjónarmið að ráðstafanir til að auka þjálfun og samskipti milli vísindamanna geti reynst einkar vel í þessu sambandi. Það er því lagt til að áform um þjálfun og samskipti vísindamanna standi og umfang þeirra verði aukið í fimmtu rammaáætluninni, bæði sem sérstök undiráætlun og innan annarra undiráætlana. Ísland mundi fagna viðleitni til að örva þátttöku atvinnulífsins í undiráætlunum. Samræming ætti einnig að eiga sér stað við menntunaráætlanir eins og *Leonardo da Vinci* og *Socrates* eftir því sem við á.

Fylgiskjal IV.

Bréf menntamálaráðherra, dagsett 19. desember 1996, til Edith Cresson, vísindamálastjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ásamt viðbótarábendingum Íslands um fimmtu rammaáætlun ESB.

Reykjavík, 19. desember 1996.

Heiðraða frú Cresson.

Í bréfi mínu dagsettu 27. júní 1996 var boðað að Ísland legði fram ítarlegri athugasemdir síðar, þegar áform framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) um fimmtu rammaáætlunina væru lengra á veg komin. Með þessu bréfi fylgir því greinargerð um afstöðu Íslands, sem ber heitið „Undirbúningur að fimmtu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun: Viðbótarathugasemdir af hálfu Íslands".

Þessi greinargerð byggist á nánu samráði íslenskra ráðuneyta, rannsóknarstofnana, háskóla og íslenskra fyrirtækja sem tekið hafa þátt í fjórðu rammaáætluninni. Samráð hefur einnig verið haft við íslenska fulltrúa í stjórnarnefndum undiráætlana og Rannsóknarráð Íslands. Tekið hefur verið mið af gögnum framkvæmdastjórnar ESB og Vísindaráðgjafarnefndar ESB (CREST).

Mig langar að vekja athygli yðar á sérstöku viðfangsefni sem snertir markmið upplýsingaþjóðfélagsins. Ísland leggur til að Evrópa haldi áfram að hagnýta fjölbreytni menningar og tungumála í álfunni. Þróa ætti vörur á sviði upplýsingatækni sem taki ekki aðeins mið af fjölbreytileika í tungumálum og menningu heldur nýtist til að yfirstíga þær hindranir sem fjölbreytnin skapar. Með þessu móti er unnt að ná forskoti í samkeppni bæði í Evrópu og á alþjóðlegum mörkuðum. Slíkar tækniframfarir geta jafnframt eflt enn frekar fjölþætta menningu Evrópuþjóða.

Full þátttaka Íslands í rammaáætluninni, í samræmi við ákvæði EES-samningsins, felur í sér verulega skuldbindingu og endurspeglar þann sess sem alþjóðlegri samvinnu í rannsóknum og tækniþróun er ætlaður í stefnu okkar í vísindum og tækniþróun.

Virðingarfyllst,

Björn Bjarnason (sign.).

Menntamálaráðuneytið:

Undirbúningur að fimmtu rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og tækniþróun.
Viðbótarathugasemdir af hálfu Íslands.
(19. desember 1996.)

Inngangur.

Í júní 1996 kynnti Ísland framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) bráðabirgðaafstöðu sína til hugmynda um fimmtu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun (*Fifth Framework Programme on Research and Technological Development*). Síðan hefur framkvæmdastjórnin gert ítarlegri grein fyrir áformum sínum í *Inventing Tomorrow* (COM (96) 332 final) og í vinnuskjalinu: *Towards the Fifth Framework Programme: Additional Material for the Policy Debate* (COM (96) 595). Ísland hefur einnig tekið mið af sjónarmiðum aðildarríkja ESB og EFTA-ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), svo og athugasemdum frá ESTA (European Science and Technology Assembly), IRDAC (Industrial Research and Development Advisory Committee), ESF (European Science Foundation) og öðrum stofnunum. Loks hefur Ísland fylgst með umræðum á vegum CREST (Vísindaráðgjafarnefnd ESB).

Almennt.

Í fyrri athugasemdum hefur Ísland almennt lýst sig vel sátt við áherslur sem lagðar eru í fjórðu rammaáætlun ESB. Hér er tekið undir þær hugmyndir sem fram koma í fyrrnefndum skjölum frá framkvæmdastjórn ESB. Ísland fagnar þeirri umræðu um hlutverk raunvísinda og tækni í víðu samhengi sem fram hefur komið í undirbúningi að fimmtu rammaáætlun ESB.

Hér á eftir fylgir Ísland nánar eftir hugmyndum sínum og afstöðu. Aðallega verða settar fram almennar athugasemdir um uppbyggingu og stjórnun hinnar nýju áætlunar, en einnig fylgja nokkrar ábendingar um svið sem áhugi er á Íslandi að rannsóknirnar taki til.

Þegar umræðunni vindur fram er gert ráð fyrir að Ísland setji fram frekari athugasemdir og ábendingar um viðfangsefni, eftir því sem tilefni gefast til. Enn er m.a. óræddnánari forgangsröðun sem við skal miða í næstu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun.

Hvers konar rannsóknir?

Ísland lítur svo á að megináhersla í fimmtu rammaáætluninni eigi að vera á rannsóknir á breiðum sviðum, en tekið er undir þá tillögu að velja jafnframt einstök þrengri svið rannsókna. Hafa þarf hugfast að aðferð ESB við val á sviðum til sérstaks stuðnings (*Task Forces*) byggist á hugmyndum, sem ekki er fengin full reynsla af, og er enn ekki ljóst hvernig best sé að að standa að slíku vali. Ísland hallast að því að farið verði að öllu með gát, en nota megi *Task Forces* hugmyndir, eða hugmyndir annarra ráðgjafarhópa, til að skilgreina áherslusvið. Æskilegast er að í senn ríki samræmi innan forgangssviða og milli þeirra, en auk þess er þörf aðgerða sem ganga þvert á svið (*horizontal activities*).

Þegar þess er gætt hve nýsköpunarferlið er flókið er nauðsynlegt að rannsóknir innan rammaáætlunarinnar nái til allra stiga þess. Því er lagt til að í öllum undiráætlunum verði samhliða gætt skammtíma- og langtímasjónarmiða.

Hve mörg verkefnasvið?

Í skjölum framkvæmdastjórnar ESB, sem fyrr er vísað til, er lagt til að rammaáætluninni verði skipt í sex skilgreind svið (*specific programmes*). Áður en afráðið er um rannsóknarsvið og skipulag hinnar nýju áætlunar verði þess vandlega gætt að meta reynsluna af fjórðu rammaáætluninni 1994–1998. Verði undiráætlunum fækkað til muna og hver þeirra látin spanna víðtæk verkefni, eins og framkvæmdastjórn ESB hefur lagt til, er líklegt að örðugt reynist að finna einstaklinga sem búa yfir nægjanlega yfirgripsmikilli þekkingu til setu í stjórnarnefndunum. Nauðsynlegt yrði því að stofna undirnefndir. Hætt er við að slíkri viðbót við skipulag áætlunarinnar fylgi aukinn stjórnunarvandi og minni sveigjanleiki. Í fjarvirkniverkefni (*telematics*) í fjórðu rammaáætluninni hefur reynslan af undirnefndum að okkar mati ekki verið góð. Það er vert að íhuga hvort ekki yrði árangursríkara að hafa sviðin öllu fleiri en nú er stefnt að en koma betri skipan á samhæfingu þeirra.

Þrátt fyrir þetta styður Ísland viðleitni til að fækka meginsviðum áætlunarinnar og er hlynnt frekari sameiningu viðfangsefna, t.d. á sviði upplýsingatækni eins og lagt er til af framkvæmdastjórn ESB. Ganga mætti lengra í sameiningu rannsóknasviða í þágu iðnaðar og það kynni einnig að henta að sameina ýmis viðfangsefni í lífvísindum, líftækni og heilbrigðisgreinum.

Sveigjanleiki.

Reglubundin endurskoðun framkvæmdaáætlana er ákjósanleg leið til að tryggja að hægt verði að bregðast við nýjum áherslum í rannsóknum. Leggja þarf mat á þörfina á því að ný og knýjandi verkefni komi í stað verkefna sem standa yfir eða komin eru á áætlun. Slíkt hefði í för með sér holla samkeppni þar sem metið yrði hvort breyta skuli forgangsröð viðfangsefna.

Hugsanlega gæti komið upp bráðavandi sem krefðist meiri fjárframlaga en unnt væri að útvega með endurmati af því tagi sem ofan greinir. Þannig gæti komið upp sú staða að veita þyrfti aukið fé með litlum fyrirvara til sérstakra verkefna. Dæmi um þetta er kúafársvandinn (TSE) sem er óleystur. Full ástæða er þó til að vara við því að rannsóknarátak komi í stað pólitískra aðgerða og er afstaða Íslands að ekki sé ráðlegt að halda fé óráðstöfuðu til að mæta bráðavanda af þessu tagi.

Auðlindir lífríkisins.

Ísland styður heils hugar að rannsóknir á lífríki og vistkerfum njóti forgangs og er því hlynnt að sérstök áhersla verði lögð á rannsóknir á heilbrigði, matvælum og sjúkdómum í því skyni að stuðla að almennri velsæld. Sérstaklega er fagnað þeirri áherslu sem lögð er á umhverfissjónarmið og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, sömuleiðis því vægi sem gefið er rannsóknum á breytingum heimskerfa (*Global Change*) og á grundvallarferlum náttúrunnar, þar með taldar rannsóknir á meiri háttar náttúruvá. Í þessu samhengi er minnt á þá einstæðu möguleika sem bjóðast á Íslandi, úti í Norður-Atlantshafi á mótum tveggja landreksfleka, til að rannsaka umhverfisferli í jarðskorpunni, hafinu og lofthjúpnum. Þessi ferli hafa grundvallarþýðingu fyrir Evrópu í heild. Einnig má benda á einangrun landsins ásamt góðri ættfræðiþekkingu og jafnframt mjög ítarlegar sjúkraskrár sem m.a. ná yfir öll skráð krabbameinstilfelli í nærri hálfa öld. Þessi gögn gefa einstæð tækifæri til læknisfræðilegra rannsókna.

Afkoma Íslendinga er mjög háð útflutningstekjum af sjávarafurðum. Sjávarútvegur landsins er afkastamikill og er rekinn án opinberra styrkja og náið samráð er haft við vísindamenn um nýtingu á auðlindum hafsins. Þessum auðlindum getur stafað hætta af áföllum, bæði af völdum manns og náttúru. Ísland áréttar því að nýtingu endurnýjanlegra auðlinda eigi að grundvalla á takmörkunum sem fela í sér sjálfbæra nýtingu þeirra til heilla fyrir mannkynið í bráð og lengd.

Upplýsingatækni.

Ísland er eindregið fylgjandi hugmyndinni um „upplýsingaþjóðfélagið“, sem lýst er í skjali framkvæmdastjórnar ESB *Inventing Tomorrow (COM(96) 332 final)*, og styður áherslur sem þar koma fram. Þessi afstaða er í fullu samræmi við mótaða stefnu íslenskra stjórnvalda þar sem litið er á upplýsingatækni sem lykilatriði í þróun, nýsköpun, fjölgun atvinnutækifæra og eflingu alþjóðaviðskipta á komandi áratugum. Við lítum svo á að margbreytni tungumála og menningar í Evrópu geti orðið álfunni til framdráttar í samkeppni á alþjóðamarkaði. Í þeirri þróun gegnir upplýsinga- og boðskiptatækni veigamiklu hlutverki. Félagslegar og efnahagslegar hliðar slíkra tækninýjunga ættu að hljóta verulega athygli í fimmtu rammaáætluninni.

Að mati Íslands eiga Evrópubúar að nýta sér mikla fjölbreytni og sérkenni í menningu og tungumálum, en leitast jafnframt við að vinna gegn þeim veikleika sem í þessum breytileika getur falist. Með því að þróa afurðir upplýsingatækninnar, þannig að tekið sé mið af fjölbreytni tungumála og menningar og stuðlað að því að sigrast á þeim hindrunum sem í fjölbreytninni felast, má tryggja forskot í samkeppni á Evrópumarkaði. Með þessum hætti er einnig hægt að ná samkeppnisforskoti á mörkuðum utan Evrópu, þar sem menning er sundurleit, og um leið felur þessi áhersla í sér verðug vísindaleg og tæknileg viðfangsefni. Af þessum ástæðum telur Ísland nauðsynlegt að veita tungumálum og menningu meira vægi í því að skilgreina upplýsingaþjóðfélagið, t.d. með aukinni áherslu á tungumálaverkfræði (*language engineering*).

Orkumál.

Ísland ítrekar enn á ný að áherslu skuli leggja á beislun endurnýjanlegra orkulinda og á ráðdeild í orkubúskap. Jarðvarmi getur orðið gildur þáttur í endurnýjanlegum orkulindum Evrópu, ekki síst í heildstæðum orkuöflunarkerfum, og ber því að láta rammaáætlunina ná yfir það svið. Þetta er einnig mikilvægt fyrir lönd sem æskja inngöngu í

ESB. Þegar hugað er að ráðdeild í orkubúskap í samgöngumálum þarf sérstaklega að huga að orkunotkun í samgöngum á sjó, bæði í kaupskipum og fiskiskipum.

Hafrannsóknir.

Það er afstaða Íslands að mikilvægt sé að undirstrika samhengið milli sjávarlíffræði, rannsókna á framleiðni sjávarlífvera, almennrar haffræði og vistfræðirannsókna sem miða að auknum skilningi á ferlum náttúrunnar og á loftslagsbreytingum. Höfin umhverfis Ísland eru mikilvægt matarbúr fyrir Evrópu. Í Norður-Atlantshafi eru að verki mikilvægir umhverfisþættir sem áhrif hafa á loftslag álfunnar. Þess vegna ætti í fimmtu rammaáætluninni að beina sérstakri athygli að rannsóknum sem tengjast breytingum á umhverfi og loftslagi, vistkerfum og auðlindum sjávar, með áherslu á fjölstofnarannsóknir og nýtingu auðlinda sjávar með sjálfbærum hætti, þannig að nýtingu auðlindarinnar sé stjórnað á skynsamlegan hátt.

Framleiðsla á grundvelli lifandi auðlinda.

Ísland lýsir yfir ánægju með umfang og inntak FAIR-verkefnisins innan fjórðu rammaáætlunarinnar. Þessi undiráætlun nær til rannsókna í landbúnaði, búvöruiðnaði, fiskeldi, fiskveiðum og skógarnytjum, og fengist er við verkefni á sviði líffræði og vistfræði og úrvinnslu úr afurðum lífríkisins, bæði til matvælaframleiðslu og annarra nota. Þessi nálgun hefur reynst affarasæl og því styður Ísland það eindregið að þessu mikilvæga viðfangsefni verði áfram sinnt undir sérstakri stjórn, helst sem sérstöku meginsviði fimmtu rammaáætlunarinnar. Náist á hinn bóginn samstaða um að efna til nýs verkefnis þar sem fengist væri við lífvísindi og umhverfi í víðari skilningi, vakna efasemdir um að þar eigi einnig heima viðfangsefni á sviði matvælaiðnaðar. Í þeirri stöðu ætti e.t.v. að fella matvælaframleiðslu undir rannsóknaáætlun um iðnferli og iðnaðarframleiðslu.

Félagslegar og efnahagslegar rannsóknir.

Ísland er því hlynnt að litið sé á félagslegar og efnahagslegar rannsóknir sem hluta af hverri undiráætlun fimmtu rammaáætlunarinnar. Félagslegar og efnahagslegar hliðar vega þungt þegar um er að ræða þróun nýrrar tækni, útbreiðslu hennar og hagnýtingu.

Ísland leggur áherslu á að núverandi félags- og hagfræðiáætlun haldist og eflist sem sérstakt viðfangsefni og bendir á að félagslegar og efnahagslegar lausnir geta í mörgum tilvikum verið jafn ábatasamar, fjárhagslega, eins og uppfinning og þróun nýrra tæknilausna.

Í þessu sambandi skipta rannsóknir á menningarlegri fjölbreytni Evrópu máli. Í afstöðu Íslands sem kynnt var ESB í júní 1996 var á það bent að friðsamlegur samruni Evrópu ræðst mjög af því að réttmætt tillit sé tekið til sérkenna þjóða og menningarleg gildi metin að verðleikum. Minnt var á að rannsóknir á fjölbreytni menningar og tungumála í álfunni stuðla að því að varðveita þessa arfleifð og viðhalda góðri sambúð margs konar menningarsvæða þar sem áherslur eru ólíkar. Bent er á að þetta er viðfangsefni sem vert væri að taka á á vettvangi áætlunar um félags- og hagfræði og hugvísindi.

Alþjóðlegt samstarf.

Ísland fagnar viðleitni Evrópusambandsins til að opna „þriðju ríkjum“ leið til þátttöku í samstarfi á sviði rannsókna og þróunar og telur að rammaáætlunin ætti almennt að vera opin fyrir þátttöku „þriðju ríkja“. Rannsóknir og þróun eru í eðli sínu alþjóðlegar og niðurstöður verður að sannreyna í alþjóðlegu samfélagi vísindanna. Það skiptir ekki síst

máli þegar um er að ræða rannsóknir á umhverfismálum og lífrænum auðlindum, en þar er ekki von mikils árangurs nema um alþjóðlegt samstarf sé að ræða. Ísland fagnar samstarfi við Mið- og Austur-Evrópuríki og nýsjálfstæð ríki þar sem stefnt er að því að treysta undirstöður félagslegra og efnahagslegra umbóta í þessum ríkjum.

Enn fremur er skylt að gæta samhæfingar við aðrar helstu áætlanir Evrópusamstarfsins, einkanlega EUREKA og COST, og ber að virða sérstöðu þeirra.

Nýsköpun.

Ísland styður það starf sem er unnið undir merkjum nýsköpunar (*Innovation programme*) í fjórðu rammaáætluninni og leggur áherslu á að greiða þurfi fyrir kynningu og nýtingu á niðurstöðum rannsókna á öllum sviðum áætlunarinnar. Í viðleitni til nýsköpunar er lagt kapp á að efla gagnkvæman skilning milli vísindastofnana og atvinnufyrirtækja. Þetta starf er mjög til þess fallið að ýta undir nýsköpun og nýtingu á niðurstöðum rannsókna. Ísland er því hlynnt að í fimmtu rammaáætlun ESB verði þessir verkþættir nánar tengdir rannsóknaráætlununum en raunin er í fjórðu rammaáætluninni.

Ísland leggur hins vegar áherslu á mikilvægi þess að rammaáætlunin gegni áfram því sérhæfða hlutverki að efla rannsóknir og tækniþróun. Óráðlegt er talið að útvíkka hana svo að undir hana heyri fjárstuðningur við öll stig nýsköpunar. Ekki er víst að þær aðferðir sem felast í miðstýrðri rammaáætlun um rannsóknir og tækniþróun henti til þess að velja og hrinda í framkvæmd nýsköpunarverkefnum sem verða að velta á viðmiðunum og samhengi sem nátengt er markaðnum. Á lokastigum nýsköpunar er rétt að hagnýting þess sem áunnist hefur í samvinnu um rannsóknir og tækniþróun sé látin markaðsöflunum eftir og kostuð af áhættufjármagni einkageirans.

Lítil og meðalstór fyrirtæki.

Ísland styður hugmyndina um „one shop entry“ hvað varðar aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að rammaáætluninni. Beita þarf sértækum aðgerðum sem ganga þvert á vísindasvið og ber að stýra þeim aðskilið frá hinum breiðu rannsóknasviðum þótt ekki verði um sérstakar fjárveitingar að ræða. Þannig verður hægara fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að taka þátt í rammaáætluninni. Auk þess telur Ísland að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem áherslu leggja á rannsóknir og þróunarstarfsemi, ættu að eiga þess kost að taka þátt í áætluninni á sömu forsendum og stærri aðilar. Lagt er til að efnt verði til nánari samvinnu milli þeirra stofnana sem í hverju landi annast aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki.

Menntun og samskipti vísindamanna.

Ísland tekur undir það sjónarmið framkvæmdastjórnar ESB að í samvinnu um vísindi og tækniþróun ætti menntun evrópskra vísindamanna og samskipti þeirra að vera meðal atriða sem áhersla er lögð á. Menntun og vísindasamskipti varða svo miklu að nauðsynlegt er að greiða fyrir þeim með sérstökum aðgerðum, jafnvel þótt þau hljóti einnig stuðning sem hluti hverrar einstakrar undiráætlunar. Ísland leggur áherslu á að þessar aðgerðir taki til vísindalegra samskipta milli landa ásamt samskiptum milli rannsóknastarfseminnar og atvinnulífsins. Ísland telur að meiri athygli megi beina að samstarfi háskóla og atvinnufyrirtækja. Dæmi um slíkt samstarf er vaxandi samstarf háskóla og rannsóknarstofnana um fyrirtækjatengd rannsóknarverkefni doktorsefna og verkefni sérfræðinga sem nýlega hafa lokið doktorsprófi.

Ísland styður aukið Evrópusamstarf um nýtingu meiri háttar búnaðar og annarrar sérhæfðrar aðstöðu (*Large-Scale Facilities*) og bendir á að auk hins augljósa virðisauka af slíku samstarfi stuðlar hún einnig að auknum samskiptum meðal vísindamanna.

Lokaorð.

Full þátttaka Íslands í rammaáætlun samkvæmt ákvæðum EES-samningsins leggur verulegar skyldur á þá einstaklinga og stofnanir sem leggja stund á vísindi og tækni í landinu. Þessi þátttaka er krefjandi en í henni felast jafnframt ný tækifæri, og sú áhersla sem á þátttökuna er lögð sýnir hve ríkan sess alþjóðasamvinna um rannsóknir og tækniþróun skipar í vísindastefnu landsmanna. Með þetta í huga setur Ísland fram sjónarmið sín um fimmtu rammaáætlunina og vonast til að framhald verði á árangursríkri samvinnu við Evrópusambandið í þessum efnum.

Fylgiskjal V.

Bréf Edith Cresson, vísindamálastjóra framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dagsett 4. febrúar 1997, til menntamálaráðherra.

Brussel, 4. febrúar 1997.

Herra ráðherra.

Ég þakka bréf yðar frá 19. desember 1996 og meðfylgjandi greinargerð „Undirbúningur að fimmtu rammaáætlun. Viðbótarathugasemdir af hálfu Íslands". Ljóst er að Íslendingar hafa fjallað vandlega um stefnumarkandi umræðu Evrópusambandsins *Inventing tomorrow* og *Additional Material for Policy Debate* í ljósi íslenskrar þátttöku í fjórðu rammaáætluninni.

Ég met álit yðar mikils og einkum áherslur á að Evrópusambandið sinni áfram hagnýtingu upplýsinga- og boðskiptatækni til að leysa vandamál vegna fjölda tungumála og margþættrar menningar í álfunni.

Ég fagna virkri þátttöku Íslands í frekari undirbúningi að fimmtu rammaáætluninni.

Virðingarfyllst,

Edith Cresson (sign.).

Fylgiskjal VI.

Rannsóknarnámssjóður.
Yfirlit 1993–96.
(6. nóvember 1996.)

Eftirfarandi samantekt er unnin í menntamálaráðuneyti í samráði við rannsóknasvið Háskóla Íslands.

Tilurð sjóðsins.

Rannsóknarnámssjóði var komið á laggirnar með bréfi menntamálaráðherra til háskólarektors í ágúst 1993. Umræður um málið höfðu farið fram í vísindastefnunefnd menntamálaráðherra sem starfaði frá því síðla árs 1992 til vors 1993. Markmið sjóðsstofnunarinnar var að „þjálfa unga og efnilega vísindamenn og efla rannsóknir". Tilhögun námsins skyldi samkvæmt bréfi ráðherra fara samkvæmt reglum um rannsóknatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands sem samþykktar voru af háskólaráði 25. nóvember 1992. Menntamálaráðherra setti reglur um starfsemi sjóðsins í október 1993.

Ekki var um að ræða sérstaka lagastoð fyrir starfsemi sjóðsins fyrr en með gildistöku laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands. Þar segir í 16. gr.: „Rannsóknarráð Íslands sér um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins." og í 23. gr.: „Rannsóknarnámssjóður hefur það hlutverk að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms. Tekjur hans eru framlag á fjárlögum ár hvert. Menntamálaráðherra setur reglur um starfsemi sjóðsins."

Nokkrar breytingar voru gerðar á reglum sjóðsins með reglum sem menntamálaráðherra staðfesti í febrúar 1996. Hæst ber að sjóðurinn var opnaður fyrir nemendur sem stunda nám við menntastofnanir, innlendar eða erlendar, aðrar en Háskóla Íslands.

Á fyrsta starfsári, 1993, bárust 37 umsóknir, næsta skólaár 29, á síðastliðnu námsári 39 og loks 63 á námsárinu 1996–97.

Umsýsla.

Hingað til hefur rannsóknasvið Háskóla Íslands annast umsýslu með málefnum sjóðsins. Var þetta fyrirkomulag ákveðið af ráðuneytinu og staðfest að nýju eftir að lagastoð fékkst fyrir starfsemi hans árið 1994, þrátt fyrir að lagastoð sé að finna í lögum um Rannsóknarráð Íslands. Sú ákvörðun byggðist á því að farvegur hefði verið mótaður og heppilegt væri að halda því fyrirkomulagi uns endurskoðun hefði farið fram í ljósi reynslu af því að starfrækja sjóðinn um nokkra hríð.

Matsaðferð sjóðsins.

Samkvæmt reglum um sjóðinn skulu allar umsóknir um rannsóknatengt framhaldsnám sendar til deilda. Telji deild sig ekki geta borið kostnað af náminu má senda umsókn til Rannsóknarnámssjóðs. Umsóknir til sjóðsins skulu hafa verið samþykktar í deild áður en þær eru sendar sjóðnum.

Æskilegt er að leitað sé leiða hjá öðrum sjóðum, stofnunum innan eða utan viðkomandi skóla eða hjá fyrirtækjum til þess að kosta námið. Umsóknir skulu undirritaðar af nemanda, aðalleiðbeinanda og deildarforseta/formanni. Einnig skal forstöðumaður stofnunar, stofustjóri eða annar tilsvarandi yfirmaður undirrita umsóknina ef stofnun leggur verkefninu til aðstöðu.

Til þess að umsókn teljist styrkhæf verður vísindalegt gildi fyrirhugaðra rannsókna að vera ótvírætt og verkefni stúdentsins þarf að tengjast rannsóknasviði leiðbeinanda. Verkefnið þarf að vera vel skilgreint faglega og náms-, tíma- og fjárhagsáætlanir ljósar.

Nauðsynlegt er að stúdentinn sýni fram á góðan námsferil. Með umsókn skal fylgja yfirlit um námsárangur og eftir atvikum yfirlit um störf stúdents að rannsóknum að loknu grunnnámi. Leita má umsagna eftir því sem þörf krefur.

Aðalleiðbeinandi skal sýna fram á hæfni til að stunda sjálfstæðar rannsóknir og reynslu í að leiðbeina stúdentum í rannsóknum. Fylgja skulu afrit af fræðilegum bókum eða greinum sem hann hefur birt síðustu 5 árin og varða rannsóknasvið stúdentsins. Einungis koma til álita greinar sem birst hafa í tímaritum sem gera strangar fræðilegar kröfur. Einnig má senda inn fullunnin handrit.

Vísindanefnd viðkomandi háskóla eða samsvarandi aðili metur vísindalegt gildi verkefna, framkvæmda- og fjárhagsáætlun og vísindalega hæfni leiðbeinanda að fenginni faglegri umsögn áður en umsóknir eru sendar Rannsóknarnámssjóði. Sjóðurinn veitir aðeins styrk til þeirra umsókna er hlotið hafa slíka umsögn.

Úthlutanir 1993–1996.

Umsóknir um styrki og styrkveitingar úr Rannsóknarnámssjóði á tímabilinu hafa verið sem hér segir:

	Umsóknir	Veittir styrkir	Umsóknir frá deild (í %)
Félagsvísindadeild	20	12	11,9
Guðfræðideild	1	0	0
Heimspekideild	20	14	11,9
Lagadeild	0	0	0
Læknadeild	31	21	18,5
Raunvísindadeild	50	30	29,8
Tannlæknadeild	2	2	1,2
Verkfræðideild	30	14	17,9
Viðskipta- og hagfræðideild	8	5	4,8
Utan Háskóla Íslands	6	2	3,6
Samtals	**168**	**100**	

Hægt hefur verið að styrkja sex af hverjum tíu umsóknum. Mest ásókn hefur verið úr raunvísindadeild og læknadeild, og flestir styrkir hafa komið í hlut þeirra.

Varðandi umsóknir frá aðilum utan HÍ, en þar hefur ein af hverjum þremur hlotið styrk, skal tekið fram að nokkrum umsóknum hefur verið vísað frá vegna þess að þær voru ófullnægjandi, skóli ekki tilgreindur, rannsóknarverkefni ekki skilgreint o.fl. Þetta skýrir lágt hlutfall umsókna sem hafa hlotið styrk, ásamt því að ákvæði um að heimilt sé að veita styrki til náms við aðrar stofnanir en Háskóla Íslands var bætt í reglur sjóðsins fyrir úthlutun 1996. Aðeins hafa verið afgreiddar sex umsóknir frá aðilum utan Háskóla Íslands og því eru slíkar umsóknir óverulegur hluti umsókna sem borist hafa sjóðnum.

Frá guðfræðideild hefur aðeins ein umsókn borist og enginn umsækjandi hefur stundað nám í lagadeild. Hvorug þessara deilda hefur fengið styrk úr sjóðnum, en umsækjandi úr guðfræðideild dró umsókn sína til baka áður en til úthlutunar kom. Skýring á lítilli ásókn laga- og guðfræðinema í rannsóknatengt framhaldsnám er sú að skipulag náms-

ins við deildirnar fellur lítt eða ekki að úthlutunarreglum sjóðsins. Íhuga mætti hvort ástæða sé til þess að breyta reglum þannig að aukin líkindi verði á að nemendur úr þessum deildum sæki um til Rannsóknarnámssjóðs.

Styrkveitingar úr sjóðnum á verðlagi í ágúst 1996 hafa skipst með eftirfarandi hætti:

	Umsóknir þús. kr.	Styrkir þús. kr.	Hlutur deildar í styrkjum (%)	Meðalupphæð þús. kr.
Félagsvísindadeild	33.315	12.671	14,1	1.056
Guðfræðideild	1.880	0	0	0
Heimspekideild	23.619	9.333	10,4	667
Lagadeild	0	0	0	0
Læknadeild	49.546	20.530	22,8	978
Raunvísindadeild	73.902	28.690	31,9	956
Tannlæknadeild	2.136	2.055	2,3	1.028
Verkfræðideild	41.573	11.486	12,8	820
Viðskipta- og hagfræðideild	9.587	3.993	4,4	799
Utan Háskóla Íslands	7.244	1.200	1,3	600
Samtals	**242.801**	**89.958**	**100**	

Í umræðum í aðdraganda þess að sjóðurinn varð til var talið að rekstrarkostnaður við verkefni í ýmsum raungreinum væri slíkur að ætla þyrfti sérstaklega framlög hans vegna í styrkveitingum. Þessa sér hins vegar hvorki stað í styrkveitingum né umsóknum. Hæstu styrkirnir hafa runnið til umsókna vegna verkefna í félagsvísindadeild og í tannlæknadeild.

Ein skýring á þessu er sú að í umsóknum til Rannsóknarnámssjóðs kemur ekki fram allur kostnaður við verkefni nemendanna. Stofnanir og deildir leggja þeim til tæki og búnað og jafnvel rekstrarvöru og dæmi eru um að fyrirtæki taki þátt í kostnaði við verkefnin sem unnið er að. Þessi útgjöld vegna rannsóknatengds framhaldsnáms sjást ekki í fyrirliggjandi gögnum. Sama máli gegnir um kostnað vegna yfirstjórnar Háskólans, t.d. fyrir ræstingu, síma, rafmagn, hita, skrifstofukostnað o.fl. Umsvif sem tengjast rannsóknatengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands á tímabilinu 1993–96 eru því umtalsvert meiri en ráðið verður af gögnum Rannsóknarnámssjóðs.

	1993	1994	1995	1996
Meðaltal upphæðar í umsókn	1.411	1.605	1.206	1.436
Meðalstyrkur veittur	911	1.206	952	633
Hlutfall veittra styrkja miðað við umsóknir í %	64,6	75,1	78,9	44,1

Munur á hlutfalli veittra styrkja miðað við umsóknir er nokkuð athyglisverður. Minnt er á að aðeins hefur verið úthlutað fjórum sinnum úr sjóðnum og bæði tekur tíma að kynna starfsemina og starfseglur sem fylgt er og umsækjendur þurfa tíma til að átta sig á því hvernig standa skal að umsóknum. Lágt hlutfall styrkveitinga miðað við umsóknir 1996 verður einkum rakið til ákvörðunar sjóðstjórnar að veita nær eingöngu styrki til framfærslu nemenda. Umsóknir í sjóðinn 1996 voru einnig fleiri en nokkru sinni fyrr. Þetta þýðir að vel hefur tekist til með kynningu á sjóðnum, a.m.k. innan Háskóla Íslands.

Það er tilhneiging hjá öllum sjóðum að umsækjendur „læra“ smám saman hvers konar umsóknir hljóta styrki. Þannig þróast eins konar jafnvægi milli umsókna og úthlutunarviðmiða, og örðugra verður fyrir sjóðstjórnir að velja milli hæfra umsókna. Á máli þeirra sem hafa með höndum að velja milli umsókna heitir þetta að sífellt fleiri góðum umsóknum verði að synja um styrk.

Það sem styrkt er.

Samkvæmt gildandi reglum er heimilt að veita styrki til eftirfarandi kostnaðarliða:

— Framfærsla stúdents upp að skattleysismörkum í allt að 18 mánuði.
— Laun leiðbeinenda. Hámarksupphæð er 250 þús. kr. fyrir 30 eininga nám og 375 þús. kr. fyrir 45 eininga nám. Lesnámskeið eru hluti af vinnu leiðbeinenda og eru ekki styrkt sérstaklega.
— Kostnaður vegna sérstakra námskeiða nemandans við háskóla á Íslandi eða annars staðar, ferðakostnaður vegna gagnaöflunar o.fl. Gera þarf sérstaklega grein fyrir kostnaði vegna námskeiða.
— Rekstrarkostnaður deildar og stofnunar vegna verkefnis nemanda. Ef sótt er um styrk fyrir rekstrarkostnaði skal rökstyðja það sérstaklega.

Styrkveitingar frá 1993 til 1995–96 hafa skiptst á kostnaðarliði með eftirfarandi hætti:

Framfærslustyrkur	64%
Kennslukostnaður	26%
Rekstrarkostnaður	10%

Á þessu tímabili hækkaði hlutdeild framfærslukostnaðar úr 60% árið 1993 í 69% af styrkveitingu 1995–96, kennslu- og leiðbeiningarkostnaður hefur lækkað úr 28% fyrsta árið í 22% árið 1995–96, og ekki var um að ræða kostnað vegna þessa liðar í styrkveitingu fyrir skólaárið 1996–97. Loks lækkaði framlag til rekstrarkostnaðar úr 12% á fyrsta starfsári sjóðsins í 9% árið 1995–96, og enn frekari lækkun varð við síðustu úthlutun.

Álitamál.

Taka þarf afstöðu til þess hvort áfram eigi að vera heimilt að veita styrki til allra þeirra atriða sem nefnd eru í upptalningunni hér að ofan. Hugsa mætti sé þá leið að í stað styrkveitinga vegna sérstakra námskeiða nemenda og launa leiðbeinenda verði viðkomandi stofnun gert að mæta þeim kostnaði af beinni fjárveitingu stofnunarinnar. Þar yrði þá um að ræða millifærslur frá grunnmenntun til framhaldsnáms. Líta mætti á slíkar millifærslur sem raunverulegan mælikvarða stofnunar á þýðingu þess að byggja upp framhaldsnám. Gegn þessu talar að kennarar hafa séð leið til launaauka með því að taka að sér að leiðbeina nemendum í framhaldsnámi. Önnur leið væri sú að leggja það í hendur sjóðstjórnar hverju sinni hvaða liði skuli styrkja.

Styrkþegar.

Ekki eru aðgengilegar upplýsingar um afdrif nemenda sem sótt hafa rannsóknatengt framhaldsnám með tilstyrk Rannsóknarnámssjóðs, en vísbendingar eru um að margir hafi haldið áfram námi við erlendar menntastofnanir.

Nokkrar upplýsingar eru til um þá sem sóttu til sjóðsins en fengu ekki styrk á árabilinu 1993–95. Þar var samanlagt um að ræða alls 40 neitanir um styrk, þar af hefur sex nemendum verið synjað í tvígang og einum þrisvar. Því eru samanlagt um að ræða 33 nemendur. Af þeim stunduðu 17 nemendur framhaldsnám við Háskóla Íslands á tímabilinu. Tveir hafa stundað nám við heimspekideild, fjórir við læknadeild, fimm við raun-

vísindadeild, þrír við verkfræðideild og þrír við viðskipta- og hagfræðideild. Af þessu má draga þá ályktun að deildir Háskóla Íslands hafa tök á því að halda úti framhaldsnámi, enda þótt ekki komi til full fjármögnun. Þrátt fyrir þetta verður að taka tillit til þess að í nokkrum tilvikum nota leiðbeinendur frístundir sínar til þess að sinna þessum verkefnum, án þóknunar. Óvarlegt er að ætla að hægt verði að byggja á slíku til frambúðar.

Ekki hefur verið gengið eftir því að safna saman upplýsingum um ritsmíðar nemenda sem lokið hafa námi, og birtar hafa verið í fagtímaritum. Flestir eru enn við nám að því er vísbendingar greina.

Niðurstaða.

Á starfstíma Rannsóknarnámssjóðs hafa alls verið veittir 100 styrkir. Það er almennt álit að starfsemi sjóðsins hafi verkað hvetjandi á rannsóknarvirkni starfsmanna við Háskóla Íslands. Með undantekningum (guðfræði og lögfræði) hafa borist umsóknir vegna náms í öllum deildum Háskóla Íslands.

Miklar umræður eiga sér nú stað innan stofnunarinnar um framtíðaruppbyggingu framhaldsnáms við skólann. Sú umræða einkennist af þeirri afstöðu að það sé farsælt að byggja upp framhaldsnám til meistaragráðu eða doktorsgráðu í öllum deildum skólans.

Flestir viðmælendur eru þeirrar skoðunar að matsaðferðin sé góð og skynsamleg. Það mun vera fátítt að nemendur geti „fallið“ á því að frammistaða kennara teljist ekki fullnægjandi til þess að styrkur sé veittur. Í matsaðferðinni eru notuð viðmið sem vísindasamfélagið sjálft viðurkennir sem mælikvarða á vísindalega frammistöðu og því er óhægt um vik að andmæla henni innan stofnana sem í hlut eiga.

Fylgiskjal VII.

Samningur um ráðningu fimm rannsóknarprófessora við Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið, Rannsóknarráð Íslands og Háskóli Íslands gera með sér svofelldan

SAMNING

um ráðningu fimm rannsóknarprófessora, sbr. auglýsingu 25. júlí 1995.

1. gr.

Með vísan til 22. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, ræður menntamálaráðherra í stöður fimm rannsóknarprófessora til starfa við Háskóla Íslands til fimm ára miðað við 1. júní 1996.

2. gr.

Háskóli Íslands tryggir rannsóknarprófessorunum eftir því sem unnt er starfsaðstöðu í samræmi við þær óskir sem fram koma í umsókn þeirra.

3. gr.

Starfsvettvangur hvers rannsóknarprófessors verður í þeirri deild Háskólans sem veitir honum rannsóknaraðstöðu og hjá samstarfsstofnunum eftir því sem þær veita aðstöðu. Deild og stofnun ákveða rétt rannsóknarprófessora til setu á fundum þar sem ákvarðanir eru teknar og m.a. hvort þeir eigi þar tillögurétt og málfrelsi.

4. gr.

Rannsóknarprófessorar hafa rannsóknir að aðalstarfi og sinna þeir ekki öðru launuðu meginstarfi. Þeim er þó heimilt að taka að sér leiðbeiningu háskólanema í rannsóknatengdu framhaldsnámi samkvæmt sérstökum samningi við Háskóla Íslands.

5. gr.

Háskóli Íslands greiðir rannsóknarprófessorunum mánaðarlaun með hliðsjón af röðun prófessora í launaflokka samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara. Háskóli Íslands mun tryggja þeim greiðslu fastrar yfirvinnu vegna leiðbeiningar- og rannsóknastarfa. Rannsóknarprófessorarnir njóta réttar til greiðslna úr Vinnumatssjóði og launaauka vegna lúkningar ritstarfa.

6. gr.

Rannsóknarprófessorarnir njóta sama réttar og aðrir prófessorar Háskólans til umsókna um styrki til rannsóknarverkefna úr Rannsóknasjóði og Tækjakaupasjóði Háskólans, Vísindasjóði, Tæknisjóði og Bygginga- og tækjakaupasjóði Rannsóknarráðs, svo og til styrktar vinnu og verkefna námsmanna úr Aðstoðarmannasjóði, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Rannsóknarnámssjóði.

7. gr.

Háskólinn semur við hvern rannsóknarprófessor um það rekstrarfé sem starfinu fylgir með hliðsjón af kostnaði við rannsóknir hans og fjárveitingum sem ætlaðar eru rannsóknarprófessorum. Rannsóknarprófessor er heimilt að nýta rekstrarfé til ferða- og dvalarkostnaðar að sama marki og aðrir prófessorar eiga rétt til úr Sáttmálasjóði og vegna rannsóknarmissera.

8. gr.

Heildarframlag menntamálaráðuneytisins til Háskóla Íslands á tímabilinu 1995–2000 vegna starfa rannsóknarprófessora, sbr. lög nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, og samningi þessum, eru 15 milljónir króna árlega á verðlagi ársins 1995 og tekur sú fjárhæð breytingum miðað við forsendur fjárlaga á hverjum tíma. Fjárveiting er háð framlögum á fjárlögum. Stefnt er að því að fjárveiting á árinu 2001 verði færð á fjárlagalið Rannsóknarráðs Íslands. Vísast nánar til sameiginlegrar yfirlýsingar um fjárhagslegar forsendur samnings þessa, sem er fylgiskjal með samningi þessum.

9. gr.

Samningur þessi, sem gerður er með vísan til 3. gr. reglugerðar nr. 299/1995, um rannsóknarprófessora, er gerður í þremur samhljóða eintökum, einu handa hverjum aðila. Samningurinn er undirritaður í viðurvist tveggja vitundarvotta sem votta rétta dagsetningu og undirritun aðila.

Reykjavík, 3. apríl 1996.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra (sign.).
Sigmundur Guðbjarnason, formaður Rannsóknarráðs Íslands (sign.).
Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands (sign.).

Fskj. með samningi um ráðningu fimm rannsóknarprófessora í apríl 1996.

Sameiginleg yfirlýsing.

Menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og Rannsóknarráð Íslands eru sammála um eftirfarandi fjárhagslegar forsendur fyrir ráðningu rannsóknarprófessora samkvæmt samningi dagsettum 3. apríl 1996.

Framlag menntamálaráðuneytisins vegna ráðningar rannsóknarprófessora er 15 millj. kr. á ári á tímabilinu 1995 til 2000 miðað við verðlag ársins 1995. Aðilar eru sammála um að þessi fjárveiting ásamt uppsafnaðri fjárveitingu á fjárlögum 1995 og 1996 geri Háskólanum kleift að mæta launa- og rekstrarkostnaði vegna starfa rannsóknarprófessora a.m.k. til ársins 2000.

Framlag þetta er til greiðslu grunnlauna miðað við launataxta Félags háskólakennara ásamt launatengdum gjöldum auk rekstrarkostnaðar er numið getur allt að tveimur þriðju hlutum árslauna rannsóknarprófessors.

Viðbótargreiðslur vegna umsaminnar yfirvinnu rannsóknarprófessora greiðir Háskóli Íslands af þessari fjárveitingu eða úr sjóðum Háskóla Íslands.

Á árinu 1999 eru aðilar sammála um að samningurinn kunni að koma til endurskoðunar með tilliti til útgjaldaþarfar og áframhaldandi fjárveitingar vegna þessa verkefnis.

Reykjavík, 3. apríl 1996.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra (sign.).
Sigmundur Guðbjarnason, formaður Rannsóknarráðs Íslands (sign.).
Sveinbjörn Björnsson, rektor Háskóla Íslands (sign.).

677. Tillaga til þingsályktunar [385. mál]

um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga að auðvelda sveitarfélögum landsins að hefja skipulega vinnu að áætlunum um sjálfbæra þróun með hliðsjón af „Dagskrá 21".

Stefnt verði að því að sveitarfélög sem ekki hafa þegar byrjað slíkt starf hefji það sem fyrst og ekki síðar en í ársbyrjun 1998. Miðað verði við að slíkar áætlanir geti legið fyrir hjá sem flestum sveitarfélögum landsins á árinu 2000.

Greinargerð.

Framkvæmdaáætlunin um umhverfi og þróun sem samþykkt var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro árið 1992 gengur undir nafninu „Dagskrá 21" og höfðar heitið til næstu aldar. Áætlunin byggir á hugmyndunum um sjálfbæra þróun og þar er m.a. fjallað um æskilegt frumkvæði héraðs- og sveitarstjórna til stuðnings víðtæku starfi að umhverfisvernd. Var gert ráð fyrir því að ekki seinna en árið 1996 hefðu sem flestar sveitarstjórnir í hverju landi náð sammæli um það hver á sínu svæði hvernig staðið yrði að „staðbundinni dagskrá 21". Undirbúningur að þessu ferli átti raunar að hefjast þegar á árinu 1993, m.a. með alþjóðlegu samráði og síðan samvinnu og skiptum á upplýsingum milli sveitarstjórna í aðdraganda stefnumótunar.

Leiðsögnin frá Ríó fyrir sveitarstjórnir.

Fjöldi vandamála sem fjallað er um í Dagskrá 21 á rætur í staðbundinni starfsemi og því er samvinna við heimastjórnvöld og þátttaka þeirra talin mikilvæg fyrir lausn þeirra. Sveitarstjórnir standa að uppbyggingu og rekstri á mörgum sviðum heima fyrir, móta skipulag og staðbundnar umhverfisreglur og aðstoða við framkvæmd umhverfisstefnu í hverju landi og svæðisbundið. Sveitarstjórnir eru það stjórnsýslustig sem næst stendur almenningi og gegna því lykilhlutverki í að fræða fólk um sjálfbæra þróun og hvetja til aðgerða.

Samkvæmt leiðsögn Dagskrár 21 er gert ráð fyrir að hver sveitarstjórn hafi forustu um samstarf við íbúa sveitarfélagsins, félagasamtök og fyrirtæki um sjálfbæra þróun í byggðarlaginu. Áhersla er lögð á þátttöku sem flestra og m.a. að tryggja þátttöku kvenna og æskufólks í ákvörðunum, skipulagi og við framkvæmd þessara mála heima fyrir. Auk stuðnings viðkomandi ríkisstjórna er gert ráð fyrir aðstoð ýmissa alþjóðastofnana og samtaka við þessa vinnu að sjálfbærri þróun, m.a. frá Habitat-verkefni Sameinuðu þjóðanna. Áhersla er lögð á að byggja upp þekkingu og þjálfa fólk til starfa til stuðnings sjálfbærri þróun.

Skilgreining á sjálfbærri þróun.

Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst sett fram opinberlega á vegum Sameinuðu þjóðanna í skýrslu Brundtland-nefndarinnar árið 1987 undir heitinu Sameiginleg framtíð okkar. Með því er átt við samfélagsþróun á heimsvísu af nýrri gerð þar sem tryggt sé gott og heilbrigt umhverfi samhliða því sem frumþörfum manna sé fullnægt. Framsetningin „maðurinn í sátt við umhverfi sitt til lengri tíma litið" lýsir kannski best viðfangsefninu. Hugmyndin um sjálfbæra þróun gerir ráð fyrir að framleiðslu- og neysluhættir einstaklinga og þjóða virði þau takmörk sem umhverfi jarðar og einstakra vistkerfa setur. Líta ber á málin heildstætt og í samhengi til að tryggja verndun og viðhald umhverfisgæða. Lögð er jafnframt áhersla á lýðræðislega þátttöku og áhrif almennings á ákvarðanir á öllum stigum. — Þess ber að geta að hugtakið sjálfbær þróun er enn ekki fastmótað þar eð ekki hefur verið samþykkt skýrt afmörkuð skilgreining þess á alþjóðavettvangi. Inntak þess getur því breyst og dýpkað með vaxandi skilningi og sammæli þjóða um forsendur umhverfisverndar.

Brundtland-nefndin lagði til við Sameinuðu þjóðirnar að hafin yrði á þeirra vegum vinna að ýmsum alþjóðasáttmálum, m.a. vegna loftslagsbreytinga, um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og um hættuleg efni og úrgang. Í samræmi við tilmæli nefndarinnar ákvað síðan allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að kalla saman ráðstefnu um umhverfi og þróun í Ríó í júní 1992. Í yfirlýsingu hennar eru settar fram 27 meginreglur sem þjóðir heims beri að hafa í heiðri í umhverfis- og þróunarmálum. Í yfirlýsingunni er m.a. að finna nokkrar grundvallarreglur, svo sem greiðsluskyldu þess sem veldur mengun, varúðarreglu til verndar umhverfinu og um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaáætlunin Dagskrá 21 er ein helsta afurð Ríó-ráðstefnunnar og tekur til flestra þátta umhverfis- og þróunarmála. Hún skiptist í fjóra hluta: 1. Félagsmála- og efnahagssvið. 2. Verndun og stjórnun auðlinda til þróunar. 3. Aukið hlutverk helstu þjóðfélagshópa. 4. Tæki til framkvæmdar áætluninni. Kaflar dagskrárinnar eru síðan alls 40. Um þátt héraðs- og sveitarstjórna er fjallað í þriðja hluta, 28. kafla.

Hvernig geta sveitarfélögin nálgast viðfangsefnið?

Með þingsályktunartillögunni er ekki hugmyndin að gefa neina bindandi forskrift um það hvernig sveitarfélög hér á landi eigi að móta sínar áætlanir um sjálfbæra þróun. Hér verður aðeins bent á reynslu sem fengin er í nágrannalöndum okkar þar sem unnið hefur verið markvisst í þessum málum í hartnær áratug, t.d. í Noregi. Þar hófst tilraunaverkefnið „Umhverfisvernd í sveitarfélögunum" árið 1987, stutt af umhverfisráðuneytinu og fjárhagslega af norska ríkinu. Þessu verkefni lauk árið 1991 og upp frá því tryggði ríkið endurgreiðslu launa fyrir umhverfisráðgjafa í hverju sveitarfélagi. Höfðu 415 sveitarstjórnir notfært sér þá heimild haustið 1993. Þá hafði norska umhverfisráðuneytið þegar gefið út leiðbeiningarrit fyrir sveitarstjórnir um áherslusvið í umhverfisvernd undir heitinu „Tenke globalt — Handle lokalt" (Hugsaðu á heimsvísu — Breyttu rétt heima fyrir). Þar er kveðið á um áherslur þjóðþings og ríkisstjórnar og stuðning ríkisstofnana við fylki og sveitarfélög í umhverfismálum, en einnig ábyrgð hinna síðarnefndu í umhverfisvernd. Fimm áherslusvið er varða sveitarfélögin eru tiltekin fyrir níunda áratuginn: 1. Umhverfisvænt skipulag. 2. Sorphirða og endurvinnsla. 3. Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni. 4. Ferskvatn og strandsvæði. 5. Verndun menningarminja og landslags. Gefnar eru ábendingar og góð ráð á hverju þessara sviða, en áhersla lögð á frumkvæði og sjálfstæða ábyrgð sveitarfélaganna.

Svipaðar áherslur hafa verið ríkjandi í Svíþjóð og Danmörku þar sem sveitarfélög og þriðja stjórnsýslustig (lén og ömt) hafa gegnt miklu og vaxandi hlutverki í framkvæmd og þróun umhverfismála.

Góð fordæmi vísa veginn.

Hér á landi hefur ráðleggingum Dagskrár 21 lítið verið sinnt að því er varðar þátt sveitarfélaga og stuðning af hálfu ríkisins við þau í umhverfismálum. Á einstökum sviðum hefur vissulega náðst umtalsverður árangur og átak er í undirbúningi hjá einstökum sveitarfélögum eða á vegum byggðasamlaga þeirra. Þar má nefna úrbætur í meðferð sorps og frárennslis, gatnagerð og margháttaða viðleitni til fegrunar umhverfis. Það sem hins vegar skortir á víðast hvar er að sveitarstjórnir setji umhverfismálin í þann forgang sem æskilegt væri og samþætti þau vinnu að vistvænu skipulagi og atvinnuþróun.

Svo virðist sem umhverfisráðuneytið hafi ekki megnað að veita þá leiðsögn og hvatningu sem eðlilegt væri, m.a. með hliðsjón af því sem gert hefur verið í grannlöndum okkar. Þau fáu dæmi sem hægt er að benda á hér á landi þar sem sveitarfélög hafa sinnt kvaðningu Dagskrár 21 sýna þetta betur en mörg orð.

Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði hafa frá því í maí 1996 verið þátttakandi í verkefni norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfisáætlanir í sveitarfélögum í samvinnu við Færeyinga. Í Færeyjum hafa 17 sveitarfélög samvinnu um þetta verkefni og er Egilsstaðabær fulltrúi Íslands í verkefninu og nýtur til þess fjárhagsstuðnings frá umhverfisráðuneytinu og hefur jafnframt haft samband við Samband íslenskra sveitarfélaga. Það var hins vegar nánast fyrir tilviljun að Egilsstaðabær frétti af þessu verkefni og náði að tengjast því. Á þessu stigi felst í verkefninu að gerð sé úttekt á stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu að því er varðar rekstur og fjárfestingar sem tengjast umhverfismálum. Úttektin á síðan að mynda grunn að umhverfisáætlun með forgangsröðun til fimm ára. Sigurborg Kr. Hannesdóttir hefur verið stjórnandi þessa verkefnis á vegum Egilsstaða. Þessu norræna verkefni lýkur bráðlega (mars 1997) og verður því fylgt eftir með tveimur ráðstefnum, annarri í Færeyjun í lok maí og hinni á Egilsstöðum 9.–10. júní 1997. Sú reynsla sem fæst á Egilsstöðum getur nýst öðrum sveitarfélögum í þeirri vinnu að staðbundinni sjálfbærri þróunaráætlun sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Rétt er og að geta þess að Reykjavík er nú í marsbyrjun 1997 að gerast þátttakandi í svonefndu Álaborgarsamstarfi sem er átak með samvinnu 240 borga og héraða í Evrópu til að stuðla staðbundið að sjálfbærri þróun. Samstarfinu var komið á eftir ráðstefnu í Álaborg vorið 1994. Borgarráð Reykjavíkur hefur nýlega skipað nefnd sem á í senn að vera verkefnisstjórn fyrir Álaborgarsamstarfið og undirbúa jafnframt stefnumótun Reykjavíkur í umhverfismálum samkvæmt forskriftinni frá Ríó.

Á Stokkseyri hefur þegar verið unnið gott starf að umhverfisáætlun í anda Dagskrár 21.

Vafalaust er svipuð viðleitni víðar í gangi í einstökum sveitarfélögum en samræmt átak og nauðsynlegur stuðningur þarf að koma til svo að sem flest sveitarfélög hefji vinnu að áætlunum um sjálfbæra þróun, hvert á sínum vettvangi. Tillagan gerir ráð fyrir að áætlanir sveitarfélaganna í anda Dagskrár 21 liggi fyrir frá sem flestum þeirra á árinu 2000. Það væri góð viðspyrna á tímamótum til að hefja göngu inn í næstu öld.

678. Frumvarp til laga [386. mál]

um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Árni R. Árnason,
Guðjón Guðmundsson, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að fella niður stimpilgjöld af kaupsamningum, veðböndum og afsölum kaupskipa á árinu 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 6. gr. fjárlaga hefur lengi tíðkast að veita fjármálaráðherra heimild til að fella niður stimpilgjöld sem stofnað er til í tengslum við kaup eða leigu á flugvélum. Sambærilegar heimildir hafa ekki verið til staðar varðandi kaupskip. Skipa- og flugfélög eiga í sívaxandi samkeppni og hlýtur því slík mismunun milli atvinnugreina að teljast vafasöm og í andstöðu við almenn jafnræðissjónarmið. Hér er lagt til að þessi mismunun verði leiðrétt þannig að við stimpilgjaldslögin bætist sérstakt ákvæði til bráðabirgða með heimild til að fella niður stimpilgjald í tengslum við kaup slíkra skipa á árinu 1997. Flutningsmenn telja eðlilegt að slíkt ákvæði verði síðan tekið inn í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1998.

26 kaupskip eru nú í rekstri íslenskra útgerða, aðeins fjögur undir íslenskum fána og eru tvö þeirra í eigu olíufélaganna. 18 skip eru í eigu íslenskra kaupskipaútgerða en átta skip eru í leigu hjá útgerðunum.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða hefur lýst því yfir að ástæða þess að svo fá skip séu skráð undir íslenskum fána sé fyrst og fremst óeðlilega há skráningargjöld hér á landi sem nemi milljónum króna á meðan kaupskipaútgerðir í Noregi greiði aðeins um sex þúsund íslenskra króna í gjald á hvert skip. Nauðsynlegt er að grípa í taumana og lækka stimpilgjöld hér á landi svo að um ókomin ár megi kaupskip undir íslenskum fána sjást sem víðast. Öflugur íslenskur kaupskipafloti er einn þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar og því er rétt að stuðla að því að sem flest kaupskip í eigu íslenskra útgerða sigli undir íslenskum fána. Sem fyrr kemur fram eru 18 kaupskip í eigu íslenskrar kaupskipaútgerðar skráð erlendis. Nái þetta frumvarp fram að ganga má ætla að þau skip verði skráð á Íslandi. Í engu mundi ríkissjóður verða af tekjum við samþykkt þessa frumvarps nema síður yrði, enda nánast engar skráningar á kaupskipum hér á landi hin síðari ár.

Með kaupskipum er hér átt við skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

679. Tillaga til þingsályktunar [387. mál]

um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kristján Pálsson, Árni M. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að framkvæmdar verði rannsóknir og sjómælingar á hafsvæðinu innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg með tilliti til nýtingar auðlindarinnar til fiskveiða o.fl.

Greinargerð.

Því hefur verið haldið fram að auðlindin innan efnahagslögsögunnar sé fullnýtt, en ekki hefur verið hægt að færa sönnur á það þar sem djúpin umhverfis landið, þar með talið hafsvæðið fyrir Suðurlandi, utan landgrunns, milli Reykjaneshryggs og Færeyjahryggs, eru lítt könnuð. Ef skoðuð eru sjókort af suðurdjúpi má sjá að tugir sjómílna eru á milli dýpistalna og má af því draga þá ályktun að hafsvæðið hafi ekki verið skipulega mælt eða rannsakað. Mikilvægt er nú, þegar ásókn í hefðbundnar fisktegundir er meiri en fiskstofnarnir þola og afkastamikil fiskiskip eru illa nýtt, að íslenska ríkið hafi frumkvæði að rannsóknum á djúpunum með það fyrir augum að finna ný fiskimið og nýtilega fiskstofna þar sem ekki er við því að búast að einstök útgerðarfyrirtæki hafi bolmagn til að leggja í slíkan kostnað.

Við erum enn að upplifa það að útlendingar eru að finna fiskimið innan og við okkar efnahagslögsögu, sbr. „Franshól“ þar sem Íslendingum fannst fjarstæða að nokkur fiskur væri, en aflaverðmæti af Franshól voru hundruð milljóna króna og líklegt má telja að fleiri sambærileg veiðisvæði muni finnast við frekari rannsóknir. Til slíkra rannsókna þarf gott sérútbúið skip, ef vel á til að takast, og nauðsynlegt er að slíkt skip nýtist einnig við eftirlits- og björgunarstörf.

Við hönnun á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna er æskilegt að tekið verði tillit til framangreinds verkefnis þar sem skip til þess verður að vera sérstaklega útbúið tækjum o.fl. Sem dæmi má nefna að þegar Danir hönnuðu nýju varðskipin sín, svokallaðan „THETIS class“, var höfð í huga olíuleit Dana við Austur-Grænland og hafa þau skip m.a. stundað rannsóknir á því svæði auk björgunar- og eftirlitsstarfa.

680. Frumvarp til laga [388. mál]

um breytingu á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 5. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. og 6. mgr., að bjóða árlega út veiðiheimildir á norsk-íslenska síldarstofninum. Er þá útgerðum fiskiskipa sem hæf eru til þess að stunda síldveiðar heimilt að gera tilboð í tiltekið aflamark af síld. Ráðherra skal ákveða útboðsskilmála og skal þar kveðið á um hámark og lágmark þess aflamarks sem heimilt er að bjóða í vegna einstaks fiskiskips, skilafrest á tilboðum og önnur atriði er máli skipta vegna útboðsins. Þá er ráðherra heimilt að ákveða í útboðslýsingu að ekki verði tekið tilboðum undir tilteknu lágmarksverði.

Hæstu tilboðum skal jafnan tekið meðan aflaheimildir hrökkva til. Séu tvö eða fleiri tilboð jafnhá en heildaraflamark ekki nægjanlegt til þess að taka þeim að fullu skal tilboðunum tekið með hlutfallslegri skerðingu. Tilboðsgjafi er bundinn af tilboði sínu en á þó rétt á að falla frá því sé um slíka skerðingu að ræða. Tilboðsgjafi skal staðgreiða aflamark og skal aflamarkið skráð á viðkomandi fiskiskip þegar það hefur verið greitt að fullu. Tekjum af útboði aflaheimilda skal varið til haf- og fiskirannsókna og til slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Eins og alkunna er hafa veiðar íslenskra fiskiskipa úr norsk-íslenska síldarstofninum ekki verið stundaðar svo neinu nemi í yfir 30 ár. Á allra síðustu árum hefur orðið þar breyting á. Norsk-íslenski síldarstofninn hefur verið í mikilli framför eftir langvarandi lægð og eru nú merki um að hann sé að ganga á gamlar slóðir. Með samningi um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum milli síldveiðiþjóðanna á norðanverðu Atlantshafi, sem gerður var á sl. ári og Íslendingar eru aðilar að, tryggðu Íslendingar sér veiðiréttindi úr stofninum á hafsvæðunum utan íslensku fiskveiðilögsögunnar, og á vertíðinni, sem hefst í vor, hafa Íslendingar öðlast rétt til veiða á 230 þúsund tonnum af síld úr stofninum. Á þessu og síðasta ári hófust því á ný síldveiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum — veiðar sem miklar vonir eru bundnar við og þá ekki síst ef stofninn hefur göngu sína á fornar veiðislóðir innan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

Vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum voru stundaðar af íslenskum fiskiskipum er ekki á neinni veiðireynslu að byggja hjá þeim flota sem nú hyggst stunda þær veiðar. Síldveiðiskipin, sem þessar veiðar stunduðu fyrir þrjátíu árum, eru flest horfin úr íslenska flotanum og útgerðir margra þeirra hættar störfum. Íslendingar standa því frammi fyrir aðstæðum, þegar veiðarnar hefjast aftur, sem eru alls ólíkar því sem átt hefur við um veiðar úr öðrum fiskstofnum á Íslandsmiðum og utan þeirra þar sem byggt var á margra ára veiðireynslu skipa sem í útgerð voru þegar stjórnkerfisleiðir voru valdar.

Á komandi síldarvertíð er gert ráð fyrir frjálsum veiðum með þeim einu takmörkunum að þau skip ein fái veiðiheimildir sem sérútbúin eru til síldveiða. Þar sem líklegt er talið að árið 1997 kunni að vera fyrsta ár af 3–6 árum þar sem síldveiðiútgerðir afla sér veiðireynslu er verði grundvöllur að aflamarksúthlutunum síðar óttast margir að mikið kapphlaup verði meðal síldarútgerða um að hefja veiðar sem allra fyrst og veiða strax sem allra mest til þess að tryggja sér sem hæsta hlutdeild úr heildarkvótanum, 230 þús. tonnum, sem ákveðinn hefur verið. Rökin eru ekki síst þau að með því væru útgerðarmenn síldarskipa að tryggja sem best stöðu sína hvað aflahlutdeild varðar í þeim tilgangi

að standa sem best að vígi þegar að því kæmi að aflakvóta yrði úthlutað í samræmi við veiðireynslu. Fari svo óttast menn m.a. að manneldismarkmið í síldveiðum verði víkjandi og verðmæti síldveiðanna fyrir þjóðarbúið verði mun minna en vera ætti og verið gæti. Þá er einnig á það bent að sé stefnt að úthlutun aflamarks á skip með slíkum aðdraganda sé ráðgert að ganga enn lengra á þeirri braut að úthluta ókeypis verðmætum til tiltekinna einstaklinga og útgerða — ókeypis aflakvótum í síldveiðum — sem að þessu sinni hafi ekki verið undirbyggð á grundvelli veiða skipa heldur fyrir tilstilli samninga sem handhafar almannavalds hafa gert við aðrar þjóðir. Því er óeðlilegt með öllu að gera ráð fyrir að slíkum verðmætum verði innan fárra ára skipt upp á milli nokkurra aðila án þess að gjald komi fyrir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú stefna verði mótuð varðandi veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum að sá kostur verði gefinn í lögum að í stað veiða með ókeypis aðgangi tiltekinna veiðiskipa og með úthlutun ókeypis aflakvóta í framtíðinni séu veiðiheimildir seldar á frjálsum markaði til útgerða þeirra skipa sem búin eru til síldveiða. Verði frumvarpið að lögum á sjávarútvegsráðherra þann kost að velja slíka leið, en það á hann ekki í gildandi lögum. Í frumvarpinu eru jafnframt ákvæði um hvernig að slíku útboði á aflaheimildum skuli staðið verði sú leið valin.

Í umræðum um veiðileyfagjald, þ.e. sölu aflaheimilda, hafa komið fram ýmsar tillögur og hugmyndir um útfærslu, en með veiðileyfafjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda. Nokkur dæmi um slíka útfærslu eru nefnd í þingsályktunartillögu þingmanna jafnaðarmanna um veiðileyfagjald (3. máli 121. löggjafarþings). Í frumvarpinu er sú útfærsluleið valin hvað varðar sölu veiðileyfa á norsk-íslenska síldarstofninum að selja veiðileyfi í almennu útboði þar sem útgerðir allra íslenskra skipa, sem stundað geta síldveiðar, hafa sama rétt til þátttöku. Þótt sú útfærsluaðferð sé valin hér ber ekki að hafa það til marks um að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að hana beri að velja öðrum fremur hvað varðar framkvæmd veiðileyfagjalds í öðrum fiskveiðum. Þar koma aðrar aðferðir ekki síður til greina eins og rakið er í tillögu jafnaðarmanna sem vikið var að hér að framan.

Litlar upplýsingar eru tiltækar um markaðsverð á aflaheimildum vegna síldveiða í frjálsum viðskiptum og engar um slík viðskipti með aflaheimildir í norsk-íslenska síldarstofninum því að engin slík viðskipti hafa orðið. Ógerningur er því með öllu að spá fyrir um hvert gæti orðið markaðsverðmæti þeirra aflaheimilda í útboði sem hér er gerð tillaga um. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að allar tekjur, sem ríkið kynni að hafa af útboðinu, renni til þess að greiða kostnað í þágu sjávarútvegsins sjálfs og sjómanna, þ.e. til haf- og fiskirannsókna og slysavarna sjómanna, þar á meðal til rannsókna sjóslysa. Fyrir það fé, sem fengist með útboðinu, ætti að vera unnt að efla mjög þá starfsemi sem hér um ræðir sjávarútveginum og sjómönnum til velfarnaðar.

Með útboði á aflaheimildum er einnig komið í veg fyrir að manneldismarkmiðum í síldveiðum verði vikið til hliðar eins og margir óttast að verða muni við núverandi aðstæður. Séu veiðiheimildir keyptar gegn gjaldi í stað ókeypis aðgangs verður ríkari nauðsyn til þess að verðmæti aflans verði sem allra mest. Munu útgerðarmenn og sjómenn þá huga að því að skipuleggja veiðar sínar með þeim hætti í stað þess að ná sem mestu magni án tillits til verðmætis.

Umræður um sölu aflaheimilda í hefðbundnum veiðum hafa verið vaxandi á Íslandi og samkvæmt nýrri skoðanakönnun á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hafa rösklega 75% landsmanna lýst sig fylgjandi því grundvallarsjónarmiði. Tímabært er því orðið að lögð sé fram á Alþingi tillaga í mynd lagafrumvarps um hvernig af slíku geti

orðið og vegna þeirrar sérstöðu, sem veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa, er tilvalið að beita þar slíkri aðferð. Með samþykkt frumvarpsins gefst einstakt tækifæri til þess að framkvæma þá stefnu sem mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur lýst fylgi við og verða sér úti um mjög dýrmæta reynslu af slíkri framkvæmd sem gæti nýst við endurskoðun á fyrirkomulagi aflamarkskerfisins í öðrum veiðum sem stundaðar eru frá Íslandi.

Öfugt við flestar aðrar fiskveiðar miðast síldveiðiárið við almanaksár og er því lagt til að frumvarp þetta, ef að lögum verður, öðlist gildi 1. janúar 1998. Eru þá a.m.k. fjórir mánuðir þar til síldarvertíð getur hafist og er það góður tími til þess að undirbúa þá nýju framkvæmd, sölu aflaheimilda úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

681. Tillaga til þingsályktunar [389. mál]

um að stofna lífsiðfræðiráð.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hið fyrsta á fót lífsiðfræðiráði til að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun og afla til þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti.

Greinargerð.

Þróun líftækni hefur verið afar hröð og gífurlegu fjármagni á alþjóðamælikvarða er varið í rannsóknir sem henni tengjast. Rúmir þrír áratugir eru síðan tókst að ráða gátuna um uppbyggingu erfðaefnisins og fyrir 24 árum voru fluttir erfðavísar milli örvera. Nokkru síðar hófst tilraunaframleiðsla og markaðssetning á afurðum erfðabreyttra lífvera og nú keppast fjölþjóðafyrirtæki um að tryggja sér einkaleyfi á lífverum til erfðabreytinga og afurðum erfðabreyttra lífvera.

Fyrir um tveimur áratugum tókst að einrækta fyrstu lífverurnar á tilraunastofum og síðan hefur einræktun (klónun) þróast stig af stigi. Fyrsta einræktun mannlegra fósturvísa var framkvæmd við læknamiðstöð Georgs Washington háskólans í Bandaríkjunum í október 1993. Þann 23. febrúar sl. barst sem eldur í sinu um heimsbyggðina fréttin um skosku sauðkindina Dollý, en hún varð til við einræktun hjá Roslin Institute í Edinborg. Það nýja við þennan atburð er að ekki var einræktað úr frumum fósturvísa heldur notaðar líkamsfrumur úr fullvaxta kindum til að búa til einræktaðan einstakling. Tíu dögum síðar bættist svo við fréttin um að apar hafi verið einræktaðir úr fósturfrumum vestan hafs. Fáir draga nú í efa að innan skamms verði hægt að einrækta menn. Siðferðilegar spurningar, sem fylgt hafa tilraunum í sameindalíftækni undanfarna áratugi, hafa að vonum magnast við þessi tíðindi. Joseph Rotblat, sem vann til friðarverðlauna Nóbels

1995 fyrir baráttu Pugwash-samtaka sinna gegn kjarnavopnum, segir nú að mannkyninu stafi meiri hætta af einræktun en gereyðingarvopnum.

Fyrsta löggjöfin hérlendis um erfðabreyttar lífverur var samþykkt á Alþingi 2. apríl 1996 og heyrir hún undir umhverfisráðherra (lög nr. 18/1996). Hún tók mið af ESB-reglum en við lögin var bætt ákvæðum um siðfræðileg og samfélagsleg álitaefni. Sérstök níu manna ráðgjafarnefnd á að fylgjast með framkvæmd laganna og veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráð og beita sér jafnframt fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Á sama þingi, 29. maí 1996, voru samþykkt lög um tæknifrjóvgun (nr. 55/1996) þar sem m.a. er fjallað um rannsóknir á fósturvísum og þær leyfðar í vissum tilvikum. Sérstök vísindasiðanefnd á að fjalla um slíkar rannsóknir. Lögin leggja hins vegar bann við einræktun. Sérstök þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á að fylgjast með framkvæmd laganna sem annars er á hendi dómsmálaráðuneytis. Þá er að geta laga um dýravernd, nr. 15/1994, sem heyra undir umhverfisráðuneytið og kveða m.a. á um tilraunir á lifandi dýrum. Sérstök þriggja manna tilraunadýranefnd fjallar um veitingu leyfa fyrir slíkum tilraunum og er einn nefndarmanna skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði. Þá hafa siðanefndir, er varða heilbrigði og læknisfræðilega meðhöndlun manna, starfað án lagaboðs á vegum einstakra fagfélaga eins og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og á vegum einstakra sjúkrahúsa auk siðaráðs landlæknis sem starfar á vegum landlæknisembættisins.

Í grannlöndum okkar eru starfandi sérstök lífsiðfræðiráð eða líftækninefndir sem fylgjast með þróun á þessu sviði, veita stjórnvöldum ráðgjöf og er ætlað að taka heildstætt á líftækni, þar á meðal á siðferðilegum þáttum hennar. Frakkland var fyrst ríkja í Evrópu til að setja á fót slíka siðanefnd árið 1983. Í Danmörku voru sett lög um siðaráð árið 1987 og nokkru síðar var það einnig gert í öðrum skandinavískum löndum. Danska löggjöfin um „videnskabsetisk komitésystem og behandling af biomedicinske forskningsprojekter" (komitéloven nr. 503/1992) var endurskoðuð 1992 og tillaga um breytingar á ný lögð fram 1996. Evrópuráðið hefur frá árinu 1978 látið sig varða löggjöf og reglur á sviði erfðatækni og rannsókna á fóstrum og fósturvísum. Voru samþykktir ráðsins um þetta efni gefnar út í íslenskri þýðingu á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins árið 1990. (Samþykktir ráðherranefndar og ráðgjafaþings Evrópuráðsins um lífsiðfræði. Rit 2/1990.)

Á 119. og 120. löggjafarþingi fóru fram miklar umræður um erfðabreyttar lífverur og tæknifrjóvganir af tilefni frumvarpa um samnefnd efni sem lögfest voru vorið 1996. Snar þáttur í þeirri umræðu og umfjöllun viðkomandi þingnefnda voru siðferðilegar hliðar líftækni og tæknifrjóvgunar. Þó skorti á að þessi mál væru rædd og sett í samhengi. Það nefndakerfi, sem komið var á fót samkvæmt þessum lögum, kemur ekki í staðinn fyrir siðaráð sem fjallað gæti heildstætt um álitaefni og dregið markalínur. Því er með tillögunni gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar lífsiðfræðiráð sem hafi það meginverkefni að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun. Til að valda slíku verkefni og vera fært um að veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings er óhjákvæmilegt að lífsiðfræðiráði sé gert kleift að fylgjast náið með þróun á líftæknisviði innan lands og erlendis. Unnt ætti að vera að einfalda um leið það nefndakerfi sem fyrir er á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, tæknifrjóvgun og dýravernd. Þá hlýtur slíkt lífsiðfræðiráð að hafa hliðsjón af alþjóðasamningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og öðrum ákvæðum alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að.

Tillagan gerir enn fremur ráð fyrir að komið verði á fót samstarfsnefnd þeirra ráðuneyta sem fara með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Þar getur ef grannt er skoðað verið um að ræða flest ráðuneyti innan Stjórnarráðsins, en þó mæðir líklega mest á umhverfisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og menntamálaráðuneyti í þessum efnum, því síðasttalda að því er varðar rannsóknir. Þá ber að hafa í huga að Einkaleyfastofa á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis fer lögum samkvæmt með einkaleyfi er snerta erfðabreyttar lífverur.

Hörð viðbrögð víða um lönd við fregninni um einræktuðu sauðkindina Dollý eru skýr vísbending um að margir telji að vísindamenn séu nú komnir lengra en góðu hófi gegnir með inngrip í náttúruleg lífsferli. Menn skynja þá miklu óvissu sem fram undan er ef ekki tekst að koma böndum á tæknigetu mannsins þegar í hlut á stafróf lífsins í formi erfðaefnis og náttúrulegrar tímgunar. Mikilsvert er því að samstaða takist sem víðast um skipuleg viðbrögð, bæði innan þjóðríkja og á alþjóðavettvangi, með það að markmiði að móta sameiginlegar reglur og viðmiðanir. Afar brýnt er að litið sé heildstætt á þetta stóra viðfangsefni og siðfræðileg gildi fái aukinn sess við mat á því hvert skuli stefna. Þeirri tillögu, sem hér er flutt um stofnun lífsiðfræðiráðs, er ætlað að vera lóð á þá vogarskál.

682. Lög [171. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 663.

683. Lög [172. mál]

um vinnumarkaðsaðgerðir.

(Afgreidd frá Alþingi 3. mars.)

Samhljóða þskj. 664.

684. Tillaga til þingsályktunar [390. mál]

um endurskoðun á ákvæðum laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd eða fá nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, sem þegar hefur verið skipuð, til að endurskoða ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Útgerðin sjái þá um að selja afla rannsóknastofnana og greiða þeim söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans.

Greinargerð.

Lagt er til að tekið verði til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með það að markmiði að sú regla verði tekin upp að skipstjóri ákvarði hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess og að allur annar afli teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þetta yrði þá í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna því að samkvæmt því er ekki unnt að skylda sjómenn til þess að koma með allan afla að landi nema tekið sé á því hvað um þann afla verður.

Gera má ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi yrðu minni líkur á að afla yrði hent. Flestum finnst slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur sem núna er veiddur og hent mun skila sér í land þar sem nú er beinlínis refsivert að koma með hann að landi. Ekki á að koma fólki í þá aðstöðu að verða að brjóta lög.

Gjaldið, sem útgerðin fær fyrir að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans, gæti hugsanlega verið á bilinu 5–15% og mætti vera ákveðið af ráðuneytinu með hliðsjón af tegund afla, veiðum og framboði slíks afla. Mikilvægt er að gjaldið verði nægilega hátt til þess að hvetja sjómenn til þess að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla.

Fernt mun hvetja sjómenn til þess að koma með utankvótaafla að landi. Í fyrsta lagi fara þeir með því að lögum, í öðru lagi fá þeir nokkurt verð fyrir aflann, í þriðja lagi þykir flestum leitt að henda verðmætum og að síðustu rennur verðmæti aflans til rannsókna fyrir sjávarútveginn. Þessi aðferð hefur kosti og galla. Búast má við að miklu meiri afli berist að landi. Bæði mun allur sá afli sem nú er hent berast að landi, sem að sjálfsögðu er mikill kostur því að þessi fiskur er deyddur hvort sem er, en jafnframt munu útgerðir ekki forðast, eins og núna, þau mið sem mest gefa af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig munu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Að sjálfsögðu er það galli en á móti kemur að allur þessi afli kemur þjóðfélaginu í heild til góða. Auk þess verður vitað með meiri vissu hve mikið er veitt en það liggur ekki fyrir í dag. Verðmæti utankvótaaflans mun auk þess verða lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létta byrðum af ríkissjóði.

Einnig er rétt að skoða ákvæði 9. gr. um undirmálsfisk. Ákvæði gildandi laga um að undirmálsfiskur teljist aðeins að hluta með í aflamarki verður óþarft ef framangreind atriði verða tekin til skoðunar og samþykkt.

685. Fyrirspurn [391. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðstöðu fyrir brunasjúklinga á Landspítala.

Frá Össuri Skarphéðinssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað líður úrbótum á aðstöðu fyrir brunasjúklinga á Landspítala?
2. Hve miklu fé hyggst ráðherra veita til þeirra?
3. Hvenær má vænta þess að eina sérhæfða brunadeild landsins, sem nú hefur verið lokuð í rúmt ár, verði opnuð á ný?

686. Fyrirspurn [392. mál]

til umhverfisráðherra um skýrslu um umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hverjar eru niðurstöður rannsóknar Harðar Kristinssonar grasafræðings í skýrslu sem vitnað var í í morgunútvarpi Rásar 2, mánudaginn 3. mars 1997, um umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík og væntanlega var unnin árið 1985?
2. Á hvern hátt hefur hreinsibúnaður álversins vegna mengunarvarna breyst frá því að rannsóknin var gerð?

687. Fyrirspurn [393. mál]

til heilbrigðisráðherra um framkvæmd laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða reglur hefur ráðherra sett um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa, sbr. 10. gr. laga nr. 55/1996?
2. Hvaða nánari reglur setti ráðherra fyrir 1. júní 1996 um framkvæmd tæknifrjóvgunar, sbr. 13. og 15. gr. laganna?
3. Hverjir eiga sæti í vísindasiðanefnd sem fjalla skal um rannsóknir á fósturvísum, hvenær var nefndin skipuð og hvernig hljóðar erindisbréf hennar?

688. Fyrirspurn [394. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjir eiga sæti í nefnd til að fylgjast með framkvæmd laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, og vinna að endurskoðun þeirra, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum?

2. Hvaða rammi var settur um störf nefndarinnar og hversu langt er endurskoðun laganna komin, m.a. á ákvæðum um nafnleynd kynfrumugjafa?

689. Fyrirspurn [395. mál]

til umhverfisráðherra um ráðgjafanefnd um erfðabreytingar á lífverum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjir eiga sæti í ráðgjafanefnd til að fylgjast með og veita ráðgjöf um framkvæmd laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur?
2. Hverjar eru starfsreglur nefndarinnar samkvæmt reglugerð, sbr. 6. gr. laganna um erfðabreyttar lífverur?

690. Fyrirspurn [396. mál]

til umhverfisráðherra um tilraunadýranefnd.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hverjir eiga sæti í tilraunadýranefnd samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd?
2. Hvenær var sett reglugerð „þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum“, sbr. 16. gr. laganna?
3. Hver eru helstu efnisatriði reglugerðarinnar?

691. Fyrirspurn [397. mál]

til umhverfisráðherra um reglugerðir á grundvelli laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvaða reglugerðir hafa verið settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur?

Útgefnar reglugerðir samkvæmt þeirri grein óskast birtar með svarinu.

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Reglugerðir, sem setja skal skv. 7. gr. laganna, eru tíundaðar í greininni en hún er svohljóðandi:

„Umhverfisráðherra setur í reglugerðir á grundvelli laga þessara, að fenginni umsögn ráðgjafanefndar, sbr. 6. gr., m.a. nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirtalin atriði:

1. flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
2. einangrunarráðstafanir í samræmi við flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
3. ákvæði, í samráði við félagsmálaráðherra, um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur;
4. greinargerð um hugsanlegar afleiðingar;
5. skrár sem skylt er að halda vegna notkunar á erfðabreyttum lífverum;
6. skilyrði fyrir sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera;
7. flutning erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
8. markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
9. mengunarvarnir, geymslu, losun og meðferð úrgangsefna;
10. rannsóknarsvæði;
11. efni umsókna og meðferð þeirra, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum;
12. merkingar og vöruumbúðir;
13. neyðaráætlanir um slysavarnir;
14. fræðslu fyrir almenning;
15. ábyrgðartryggingar;
16. önnur atriði sem nauðsynlegt er að setja reglur um í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að, viðbætur eða breytingar á þeim.“

692. Fyrirspurn [398. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd laga um fangelsi og fangavist.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er staðið að framkvæmd 14. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að fangi skuli eiga kost á að stunda nám? Hversu margir fangar stunduðu nám árin 1995 og 1996 og hversu margir áttu þess ekki kost, sundurliðað eftir fangelsum?
2. Hversu margir fangar hafa á síðustu fimm árum
   a. stundað nám á verknámsbraut,
   b. lokið slíku námi,
   c. stundað nám á bóknámsbraut,
   d. lokið slíku námi,

   á meðan á refsivist stóð?
3. Hver var heildarkostnaður við nám fanga innan og utan fangelsa á sama tímabili, annars vegar kostnaður ríkisins og hins vegar kostnaður fanga?

4. Hvernig er staðið að framkvæmd 15. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að fanga skuli séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar? Í hvaða fangelsum er slík aðstaða og hvernig er hún? Í hvaða fangelsum er ekki slík aðstaða? Má þar vænta úrbóta og ef svo er, hvenær?

Skriflegt svar óskast.

693. Fyrirspurn [399. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd laga um fangelsi og fangavist.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er staðið að framkvæmd 13. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að í fangelsum skuli vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu? Hvernig er aðstaðan í hverju fangelsi fyrir sig?
2. Hversu margir fangar stunda fulla vinnu eða vinna hluta úr degi?
3. Hversu margir fangar eru án vinnu
   a. vegna veikinda eða annarra persónulegra ástæðna,
   b. vegna þess að aðstæður eru ekki fyrir hendi í fangelsum til að standa við umrætt ákvæði laganna?
4. Hvernig er staðið að launagreiðslum til refsifanga, annars vegar hvað varðar greidd laun á vinnustund og hins vegar skil á launatengdum gjöldum af greiddum launum?

Skriflegt svar óskast.

694. Fyrirspurn [400. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd laga um fangelsi og fangavist.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hvernig er staðið að framkvæmd 5. tölul. 2. gr. laga um fangelsi og fangavist (um sérhæfða þjónustu) hvað varðar sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf? Hversu margir fangar fengu þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og fjölda þeirra skipta sem hver einstaklingur fékk þjónustuna? Var þörfinni fyrir þessa þjónustu fullnægt? Ef ekki, hversu mörgum beiðnum var synjað?
2. Hvernig er staðið að almennri læknis- og hjúkrunarþjónustu í fangelsum annars vegar og sérhæfðri læknisþjónustu, þar með talinni þjónustu geðlækna, hins vegar? Hversu margir þurftu á þessari þjónustu að halda árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og fjölda þeirra skipta sem hver einstaklingur fékk þjónustuna? Var

þörfinni fyrir þessa þjónustu fullnægt? Ef ekki, hversu mörgum beiðnum var hafnað eða ekki sinnt?

3. Hvernig er staðið að greiðslum fyrir sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem fanga er veitt utan fangelsis? Hver var heildarkostnaður við þessa þjónustu árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og greiðendum?

Skriflegt svar óskast.

695. Skýrsla [102. mál]

heilbrigðisráðherra um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Með beiðni frá Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmönnum (á þskj. 105) er þess óskað að heilbrigðisráðherra leggi fyrir Alþingi skýrslu um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum.

Samantekt.

Á síðustu 5 árum hafa afköst í íslenska heilbrigðiskerfinu stóraukist. Biðlistar hafa samt ekki styst merkjanlega en nákvæmar úttektir skortir. Samanburður við önnur lönd bendir til þess að á landinu séu gerðar a.m.k. jafnmargar aðgerðir við flestum vandamálum á 100 þúsund íbúa og annars staðar, jafnvel ívið fleiri. Dæmi eru þess að ákveðnar aðgerðir geti verið hérlendis allt að 3–4 sinnum algengari en í nágrannalöndunum. Þar er þó hugsanlega um að ræða að verið sé að vinna á uppsöfnuðum vanda.

Fjöldi sjúklinga á biðlistum gefur einn sér litlar upplýsingar um hvort eða hve mikið vandamál, bið eftir læknismeðferð í raun er. Til þess eru mjög margar ástæður, erfiðleikar við gerð og eftirlit biðlista, mismunandi ástæður fyrir skráningu á biðlista og mismunandi viðmið við þá ákvörðun. Það er vel þekkt að þótt takist að stytta meðalbiðtíma eftir aðgerð þá fækki ekki sjúklingum í bið að sama skapi, eftirspurn eykst og þröskuldur inn á biðlista lækkar.

Að draga ályktanir af fjölda sjúklinga á biðlista án þess að skoða það sem að baki liggur er því óáreiðanlegt og óljóst hvaða upplýsingar það gefur. Í yfirliti þessu hefur verið reynt að skyggnast á bak við tölurnar og gera úttekt á vandanum sem slíkum. Ljóst er að á þeim tíma er skýrslugerðin tók vannst ekki svigrúm til þess að vinna þær upplýsingar til fullnustu er um er spurst í skýrslubeiðninni enda hafa þeir læknar er biðlistana halda, þær upplýsingar ekki á hraðbergi og umdeilanlegt hvort það sé leyfilegt fyrir aðra aðila heldur en þá að gera slíka könnun. Þó eru tekin örfá dæmi.

Upplýsingar um lyfjakostnað og kostnað þjóðfélagsins vegna bóta gefa einungis óljósa mynd af ástandinu og taka ekki tillit til þjáninga eða félagslegra afleiðinga að öðru leyti. Í grófum útreikningi Landspítalans á biðlistavandamáli sínu er talið að það myndi kosta um 270 millj. kr. að afgreiða alla þá sem eru á biðlistanum. Slíkur útreikningur gefur ákveðnar vísbendingar en áður en ráðist yrði í framkvæmdir þyrfti að skoða málið í heild.

Ljóst er að aðalvandamálið er í bæklunarlækningum. Þar þarf að auka á viðvarandi hátt afköst og raða í forgangsröð innan spítalanna sjálfra, en auk þess virðist þurfa að veita sérstaka fjárveitingu til átaks um skamman tíma. Slíkt er fyrirhugað.

Hvað varðar biðlistann eftir hjartaaðgerðum og kransæðavíkkunum, stefnir í það að með minni háttar tilhliðrunum og opnun nýrrar rannsóknastofu á Landspítalanum muni sá biðlisti komast í og síðan haldast í viðunandi horfi.

Hvað varðar þvagfæraskurðlækningar er byggt á upplýsingum frá Landspítalanum. Þar er ástandið viðunandi að mati lækna, hefur lagast verulega sl. þrjú ár og þeir sem hafa veruleg og vinnuskerðandi einkenni af sínum sjúkdómi eru teknir fram fyrir á biðlista.

Hvað varðar lýtalækningar er erfiðara en í mörgum öðrum greinum að meta stöðu biðlistans, vegna þeirra breytinga sem fyrirsjánlegar eru. Þar stendur fyrir dyrum opnun lýtalækningadeildar á Landspítalanum á nýjan leik og því ekki talið að annarra aðgerða sé þörf að svo stöddu.

Hvað varðar háls-, nef- og eyrnalækningar hefur deildin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur átt við skipulagsvanda að etja þar eð færri barnapláss standa þeim til boða en áður. Í skoðun er hvort fjölga megi aðgerðadögum, t.d. á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði til að stytta biðtíma.

Hvað varðar almennar skurðlækningar hefur þar myndast biðlisti á síðustu árum einkum á Landspítala og einkanlega, að því er virðist, vegna þess að komin er ný og fljótvirkari tækni er eykur væntingar fólks og fjölgar aðgerðum. Viðbúið er að biðlisti verði viðvarandi meðan verið er að vinna á þessum kúf.

Þá má enn auka úrræði fyrir geðsjúka.

Þá kemur fram af þeim svörum er bárust frá öðrum sjúkrahúsum en þeim á Stór-Reykjavíkursvæðinu að biðlistar eru þar mun minna vandamál og nánast ekkert á sjúkrahúsum úti á landsbyggðinni. Samt eru sjúklingar á landsbyggðinni á biðlista á Reykjavíkursjúkrahúsunum. Ákveðinn hópur þeirra sjúklinga vill frekar bíða eftir aðgerð á Reykjavíkursjúkrahúsunum, enda hafa þeir verið skoðaðir og metnir af læknum þeirra. Unnið er að því að kanna hvort ekki sé hægt að færa til aðgerðir þannig að þessi sjúkrahús nýtist betur og biðlistar styttist á Reykjavíkursjúkrahúsunum.

Þá er ljóst að fylgjast þarf grannt með því að hagkvæmasta nýting úrræða náist í meðferð aldraðra og endurhæfingu. Að öðrum kosti geta teppst bráðarými og hindrað eðlilega nýtingu annarrar starfsemi, svo sem skurðaðgerða. Hér um því um að ræða ákveðna röðun í forgang innan sjúkrahúsanna sjálfra og gagnvart öðrum stofnunum á sama starfssvæði.

Inngangur.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar sívaxandi kröfur um hagræðingu og sparnað í íslenska heilbrigðiskerfinu eins og víða annars staðar í hinum vestræna heimi. Vegna þessa hefur sjónum manna verið beint æ meir að þeim þáttum er mæla framleiðslugetu kerfisins og jafnframt á það treyst að heilbrigðisstarfsmenn sjái til þess að gæði starfseminnar minnki ekki.

Í umræðunni um afkastagetu heilbrigðisþjónustunnar hefur oft verið horft til biðlista sem mælitækis afkastagetu. Þótt sú umræða sé ekki ný hefur hún verið mjög virk hérlendis á undanförnum mánuðum, enda oft gripið til þess að fullyrða að ekki megi breyta fjárhagsramma sjúkrastofnanna þar eð biðlistar muni þá lengjast. Þessi umræða hefur verið mjög afdráttarlaus, tölur á biðlistum tíundaðar og í viðtölum við allmarga stjórnenda á heilbrigðisstofnunum, hafa komið fram skýr skilaboð til þeirra er ákvarða fjárhagsrammann, að biðlistar séu sífellt að lengjast, á þeim sé óásættanlegur fjöldi sjúklinga, sem bíði mjög lengi. Þessu ástandi fylgi mikil notkun lyfja, mikill kostnaður vegna sjúkradagpeninga og íjað er að dæmum um atvinnumissi, eignamissi og að ýmis konar félagsleg vandamál hljótist af þessu ástandi. Ekki hefur hins vegar reynst gerlegt að skyggnast á bak við tölurnar enda er það flókið og tímafrekt eins og nú er frá biðlistum gengið. Slíkt krefst verulegra breytinga á vinnubrögðum við gerð og eftirliti biðlista, breytinga sem vissulega eru tímabærar eins og ráða má af því sem hér fer á eftir.

Í maímánuði 1996 hafði heilbrigðisráðherra skipað nefnd fagfólks úr ráðuneytinu, af sjúkrahúsunum og frá Landlæknisembættinu til þess að gera úttekt á stöðu biðlista og koma með tillögur til úrbóta. Í októbermánuði barst beiðni um skýrslugerð frá Alþingi þar sem óskað er eftir líkri úttekt, en auk þess óskað að reynt sé að meta m.a. fjárhagslegar afleiðingar þess að þurfa að bíða lengi á biðlistum, fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild.

Sú úttekt sem hér fer á eftir er að hluta afrakstur þessa nefndarstarfs auk vinnu í ráðuneytinu sjálfu og fól m.a. í sér að leitað var álits fjölda aðila í heilbrigðiskerfinu, einkum yfirlækna og sjúkrahúsastjórnenda, til þess að fá sem gleggsta mynd af ástandi og afleiðingum langra biðlista. Upplýsingar eru til um fyrri tilraunir til slíkrar úttektar í formi vinnuplagga þegar til hefur staðið að gera sk. „biðlistaátak", en slík nálgun hefur víða verið reynd. Það hefur verið reynslan að slík tímabundnin verkefni fækka oftast sjúklingum á biðlista einhvern tíma, en sé ekki samtímis gripið til aðgerða sem haldi biðlistum í einhverju ákveðnu horfi, sækir fljótt í sama farið.

Sú úttekt sem hér er kynnt byggir jafnframt að grunni til á þeirri vinnu er unnin hefur verið hjá Landlæknisembættinu við að halda saman upplýsingum um biðlista, en þær upplýsingar eru í raun takmarkaðar og kostar mikla vinnu til að koma í veg fyrir að þær úreldist. Með viðtölum við aðila á sjúkrahúsunum er hins vegar reynt að skyggnast lengra en á tölurnar einar sér. Tæmandi úttekt er þó því miður ekki um að ræða, til þess er málið í heild sinni of margþætt, einstakir þættir þess of breytilegir og því oftlega niðurstöður byggðar á huglægu mati. Það er mat ráðuneytisins, að það sem hér kemur fram gefi þokkalega mynd af biðlistum sem vandamáli í upphafi ársins 1997. Jafnframt má greina vísbendingar um það hvar leita megi leiða til úrbóta og í hvaða röð (forgangsröð).

Staða biðlistamála á Norðurlöndum.

Á öllum Norðurlöndunum hafa verið langir biðlistar og biðtími eftir þjónustu á ýmsum sviðum orðið vaxandi vandamál á síðustu árum. Leitað hefur verið ýmissa leiða til þess að ráða bót á þessum vanda. Undanfarin ár hafa öll Norðurlöndin nema Ísland, sett reglur um hámarksbið eftir þjónustu, en illa hefur þó gengið að koma slíkum reglum á í Finnlandi.

Við gerð þessarar skýrslu er því talið rétt að fram komi helstu þættir úttektar er nýverið hefur verið gerð á Norðurlöndum um biðlista og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til til þess að stytta þá. Þar eru einkum til umræðu þær aðgerðir sem nefndar hafa verið „ventetidsgarantier", þar sem heilbrigðisyfirvöld í hverju landi fyrir sig eða í fylkjum

eða afmörkuðum svæðum, hafa ákveðið t.d. að enginn sjúklingur, með tilgreinda sjúkdóma, skuli vera lengur á biðlista heldur en t.d. þrjá eða jafnvel sex mánuði, („Ventetidsgarantier i Norden, veje til kortere ventelister og ventetider i sundhedsvæsenet?“ — Dansk Sygehus Institut, marts 1996).

Meginástæða þess að biðlistar myndast í heilbrigðisþjónustunni er í stórum dráttum sú að eftirspurn eftir þjónustu er meiri en framboð á henni. Eftirspurnin getur hins vegar verið breytileg eftir þjóðfélögum og í sama þjóðfélaginu frá einum tíma til annars. Þannig hafa nýjar aðferðir, nýjir lækningamöguleikar getið af sér auknar væntingar þar sem upplýsingaflæði er gott og læknar fylgjast vel með. Þannig myndast því biðlistar eftir aðgerðum sem áður voru ýmist ekki gerðar eða ekki gerðar við ákveðnum vandamálum. Því fylgja ákveðin öfugmæli að biðlistar lengjast þegar nýjar aðferðir eru teknar upp sem auka afköst, stytta aðgerðatíma og legu eftir aðgerð. Umræðan verður ruglingsleg sé ekki talað skýrt og dæmi um það er að á sama tíma og lyfjanotkun hefur nánast lagt af aðgerðir vegna magasára, er á nú farið að tala um að aðgerðir í gegnum kviðsjá, vegna einkenna mikils þindarslits, kosti sem nemi eins og hálfs árs lyfjameðferð, en það er sá biðtími sem nú er eftir þessari aðgerð. Þetta sýnir að mjög erfitt getur verið að meta biðlistavandamálið, eigi einungis að taka mið af fjárhagslegum breytum, og því er mikilvægt að taka tillit til félagslegra og sálarlegra afleiðinga sjúkdóma, afleiðinga sem ekki er hægt að meta til fjár. Þá fjölgar öldruðum hérlendis sem annars staðar.

Biðlistar sem tæki til skipulagningar — biðlistar sem vandamál.

Þegar einstaklingar lenda á biðlista eða í biðröð eftir aðgerðum eða læknismeðferð og biðin verður löng, er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvers vegna biðin verður og hverjir og hvað hefur áhrif á lengd hennar. Það getur verið um skipulagsþætti að ræða; röðun í forgang og dreifingu fjármagns en oftast eru það læknar sem hafa mest áhrif á það hverjir fara á biðlista og hversu lengi þeir eru þar. Á Íslandi hefur ekki fengist fram opinber umræða um röðun, en slíkrar er að vænta í kjölfar vinnu forgangsröðunarnefndar heilbrigðisráðuneytisins og samsvarandi nefndar hjá Læknafélagi Íslands. Ekki hefur verið tekið undir það hérlendis, að menn fái að borga sig framhjá biðlistum, með því að greiða fyrir aðgerð sjálfir, heldur er fagleg röðun látin gilda.

Það virðist vera alþjóðleg niðurstaða, að þar sem sjúklingur ber ekki kostnað af aðgerðinni sjálfur, þ.e. þar sem ríkið greiðir, þar eru biðlistar almennt lengri. Þar sem læknum er greitt fyrir hverja aðgerð sérstaklega, þar eru biðlistar að jafnaði styttri. Slíku afkastahvetjandi kerfi fylgja þó ýmsir ókostir; það er allajafna dýrara og um það standa sífelldar deilur hvort gerðar séu ónauðsynlegar aðgerðir. Það er því í beinu framhaldi af þessum atriðum sem á það er bent að lengd biðlista sé í öfugu hlutfalli við það hversu miklu fé er veitt til aðgerða. Þess vegna hafa víða verið gerð biðlistaátök, sem vissulega hafa stytt biðlista tímabundið, en slíkar aðgerðir einar sér án heildarathugunar og heildarskipulagningar á kerfinu leiða einungis til þess að biðlistar lengjast í öðrum aðgerðum og getur haft slæm áhrif á faglega röðun í forgang. Umræða um *fjölda* sjúklinga á biðlistum er oft ómarkviss og gefur afbakaða mynd af vandamálinu sjálfu. *Þannig eru dæmi þess m.a. hérlendis að biðtími hafi styst en sjúklingum hafi ekkert fækkað á biðlistunum.* Slík reynsla er þekkt annars staðar, m.a. í Bretlandi. Í íslensku umræðunni hefur ekki verið gerður greinarmunur á þeim fjölda sjúklinga á biðlistum sem eru í bráðri þörf eftir aðgerð, þeim sem eru í minni þörf og þeim sem auðveldlega geta beðið. Í eftirfarandi úttekt er reynt að meta slíka þætti.

Í stórum dráttum má líta á biðlista sem tæki til þess að gera áætlanir og skipuleggja vinnu og vinnuálag. Hér á landi hafa þeir stundum fengið þá stöðu í umræðunni að verða tæki til þess að fá aukið fé veitt inn á ákveðnar deildir eða til ákveðinna aðgerða. Það er því áróðurslega jákvætt að geta sýnt fram á langa biðlista og að þeir lengist, þegar talið er að meira fé þurfi til starfseminnar. Það er hins vegar mikil einföldun eins og reynt er að draga fram hér að framan. Langir biðlistar gera líka auknar kröfur til mönnunar í stjórnun og það er reynslan að þar sem umhirðu biðlistanna er sinnt stöðugt er ástandið betra og skipulagning auðveldari. Slík vinnubrögð eru mikilvæg og hefur sýnt sig að stöðug endurskoðun biðlista heldur þeim í lágmarki (ekki er óalgengt að biðlistar styttist um 10–15% við það eitt að „fara yfir þá").

Við skiptingu biðlistahópsins eftir alvöru vandamála verður um að ræða ákveðna röðun í forgang og kemur hún vel í ljós við yfirferð á íslensku listunum (sbr. síðar). Þá er reynt að taka tillit til þarfa sjúklingsins eftir þeim almennu sjónarmiðum sem tíðkast í dag í umræðunni um forgangsröðun. Sjúklingar sem hafa sjúkdóm þar sem til er aðgerð eða inngrip sem hindrar það að sjúkdómurinn valdi lífshættulegum skaða, og sem bati verður af, ganga fyrir þeim sem geta beðið. Þeir, sem ólíklegt er að aðgerð breyti litlu um framgang sjúkdóms bíða enn frekar, einkum ef sjúkdómurinn veldur ekki miklum þjáningum eða óvinnufærni.

Ábendingar fyrir aðgerðum skipta máli þegar talið er á biðlistum. Mismunandi skoðanir lækna á notkun biðlista og hvenær sjúklingar eru settir á biðlista, gera samanburð erfiðan. Þannig er t.d. ástæða til þess að kanna ef rétt reynist að ákveðnar aðgerðir eru algengari á Íslandi en annars staðar. Dæmi eru um að sjúklingar eru settir á biðlista „til öryggis", t.d. ef hætta er á að sjúkdómurinn versni og sjúklingur þurfi að koma til aðgerðar einhvern tímann í framtíðinni.

Þá er vel þekkt að bið eftir einni ákveðinni tegund aðgerða getur verið löng þótt svo að á sama spítala sé lítil sem engin bið eftir öðrum aðgerðum. Þess gætir einnig hérlendis að það er mjög mislöng biðtíð eftir spítölum og eftir einstökum skurðlæknum svo að dæmi séu nefnd.

Hvað er hægt að gera til þess að stytta biðlista og stytta biðtíma?

Það er ýmislegt sem bendir til þess að biðlistum í heilbrigðiskerfinu sé hvorki hægt né æskilegt að eyða algjörlega. Hins vegar er mikilvægt að tekin sé afstaða til þess að hverju skuli stefnt og hvað sé ásættanlegt hvað varðar biðtíma. Það er þess vegna ástæða til þess að hafa biðlista undir stöðugu eftirliti en vandamálið er hvernig það eftirlit skuli vera og hver eigi að annast það. Biðtíð er frá sjónarhóli sjúklinga almennt talin af hinu illa, ósanngjörn og ónauðsynleg. Læknirinn getur metið málið öðruvísi og tekur sér stundum það vald að ráða eða ákvarða að það skaði ekki sjúklinginn að bíða. Einhver biðtími getur líka verið nauðsynlegur til þess að sjúklingurinn geti undirbúið sig og það hefur víða komið fram að sjúklingar vilja kannski ekkert endilega fá aðgerðina alveg strax (sbr. síðar). Almennt eru menn sammála um að nauðsynlegt sé:

1. að taka af biðlistum sjúklinga sem ekki þurfa á aðgerð að halda (sbr. áður),
2. að koma upp ítarlegu upplýsingakerfi um hverjir þeir eru sem bíða, hversu lengi þeir bíða og hvaða áhrif það hefur hvað varðar lyfjatöku, vinnufærni og fjárhagsástand,
3. að koma á auknu jafnvægi til lengri tíma milli eftirspurnar og framboðs, þannig að biðlistar og biðtíð komist á ásættanlegt stig og haldist þar.

Framangreindar aðgerðir eru að minnsta kosti nauðsynlegar til þess að hægt sé að setja heilbrigðiskerfinu markmið svo sem eins og það að ákveðnir sjúklingahópar skuli

aldrei bíða lengur en þrjá mánuði, aðrir sex eða jafnvel ennþá lengur, þ.e. að biðlistar verði þannig af fleiri en einni tegund eða þyngd. Takist ekki að ná settum markmiðum með skipulögðum aðgerðum þarf að skoða þann möguleika að sjúklingar geti valið að fá aðgerðina gerða annars staðar. Sjúklingum verði gefinn ákveðin áætlun um það hvenær aðgerðin verði gerð og hvaða valkosti hann hafi verði ekki við þá áætlun staðið. Það eykur ábyrgð þeirra sem setja sjúklinga á biðlista og þeirra sem taka á móti sjúklingum af biðlista, sé það ekki sami aðilinn, sem jafnframt ber ábyrgð á því að sjúklingurinn dagi ekki uppi á biðlistanum eða þurfi að bíða allt of lengi. Í Bandaríkjunum er t.d. oft ákveðið milli læknis og sjúklings hvenær aðgerðin skuli gerð og sjúklingurinn þar með ekki settur á einhvern óljósan biðlista. Meðalbiðtími í Bandaríkjunum er lengri en t.d. í breska heilbrigðiskerfinu en þar sem sjúklingarnir vita hvenær aðgerð verður gerð eru þeir ekki í „læknisfræðilegu stofufangelsi“ og því eru biðlistar ekki sams konar vandamál í Bandaríkjunum og í Bretlandi.

Það hefur sýnt sig víða í heiminum, að svigrúm til skipulagsbreytinga, breytinga á stjórnskipulagi og læknisfræðilegri aðferð hefur verið meira en menn áttu von á. Það lýsir sér best í skurðlækningum þar sem mjög hefur verið breytt yfir í dagsinnlagnir og utanspítalaaðgerðir, sem hefur gert mögulegar fleiri aðgerðir fyrir sama fé. Til viðbótar þessu má nefna þá umræðu sem sífellt verður sterkari um möguleika þess að hafa áhrif á það hvernig staðið er að málum frá faglegu sjónarmiði. Þannig er umræða um hinar ýmsu leiðir til að ná utan um faglega nálgun, hvort sem það er nefnt; „good practice“ — viðeigandi „inngrip“ — „state of the art“ eða „clinical guidelines“. Hér er um það að ræða að fagfólk komi sér saman um það á hvern hátt þeim markmiðum verði best náð, að sjúklingur fái þá bestu þjónustu sem völ er á, á sem hagkvæmastan hátt og að óþarfa bið valdi honum ekki skaða.

Biðlistar á Íslandi.

Í umræðunni um biðlista á Íslandi er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim breytingum er átt hafa sér stað í sjúkrahúsaþjónustu sl. 5–7 ár. Það er jafnframt mikilvægt að gera sér grein fyrir því að biðlistar eru ekki einungis hvað varðar skurðaðgerðir. Bið eftir annarri þjónustu getur haft áhrif á biðlista eftir skurðaðgerðum vegna samkeppni um rými á sjúkrahúsum. Það er jafnframt mikilvægt að gera sér grein fyrir því að opinber umræða hefur einungis verið um fjölda sjúklinga á biðlistum en upplýsingar um lengd biðtíma hafa ekki verið áberandi. Umræðan hérlendist á síðustu mánuðum hefur mótast af notkun biðlista sem tækis til að hafa áhrif á röðun í forgangsröð. Til viðbótar við þann skort sem verið hefur á upplýsingum um lengd biðtíma, hafa engar upplýsingar verið skráðar um vinnufærni, færni almennt eða hvort sjúklingar séu yfirleitt sjálfbjarga, kostnað fyrir styrkjakerfi eða lyfjanotkun. Þær upplýsingar sem hér koma fram, þótt af skornum skammti séu, eru því nýjar af nálinni og safnað er upplýsingum frá þeim læknum sem mest hafa með biðlista að gera. Jafnframt eru upplýsingar um kostnað við aðgerðir mjög af skornum skammti þótt töluvert hafi áunnist á síðasta ári í þá veru að verðleggja einstaka aðgerðir, einkum á Ríkisspítölunum. Því er í reynd ómögulegt við núverandi aðstæður án þess að það kosti margra mánaða vinnu, að gera sér grein fyrir því í smáatriðum, á hvern hátt fjárhagsleg eða þjóðfélagsleg áhrif biðar á biðlista er háttað og ekki er hægt að bera það saman við þann kostnað sem af því hlytist að gera þessar aðgerðir þannig að enginn biðlisti skapist. (Í ljósi þess sem áður er sagt er það markmið hins vegar óraunsætt).

Þessi niðurstaða er hins vegar athyglisverð í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið og hefur oft mátt skilja sem svo að fyrir lægju allar upplýsingar um þær afleiðingar sem dvöl á biðlista hefur fyrir sjúklingana. Nákvæmar upplýsingar um slíkt eru alla jafna ekki skráðar hérlendis og því aðeins hægt að styðjast við almennar upplýsingar og einstök afmörkuð dæmi. Slíkar kannanir hafa þó einstaka sinnum verið gerðar erlendis fyrir einstaka sjúkdóma eða einstakar aðgerðir (Läkartidningen 1984) og einstakar litlar kannanir hafa verið gerðar hérlendis, sem vitnað verður til síðar.

Skráning Landlæknisembættisins yfir biðlista nær yfir fjölda sjúklinga og breytingar á fjölda frá 1991. Það hefur gengið misvel að safna þessum upplýsingum frá sjúkrahúsunum og ekki tekist að ná saman upplýsingum um dvalartíma eða aðrar þær upplýsingar sem um er getið í þessum inngangi. Það vekur því upp þá spurningu á hvern hátt megi auðvelda þessa vinnu auk þess sem sjálfsagt er rétt að skrá fleiri atriði.

Á árunum eftir 1990 hafa orðið miklar breytingar í heilbrigðiskerfi íslensku þjóðarinnar. Kröfur um hagræðingu hafa valdið miklum viðbrögðum og starfsfólk sjúkrastofnana lagt sig í líma við að koma í veg fyrir að breytingar skaði þjónustu við sjúklinga. Á þessu tímabili hefur bráðasjúkrahúsunum í Reykjavík fækkað úr þremur í tvö, með sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala í Sjúkrahús Reykjavíkur. Á sama tíma hafa „afköst" aukist en útgjöld staðið mikið til í stað, og Íslendingar haldist á meðaltalsbekk OECD-ríkja. Á þessu tímabili hefur meðhöndlun skurðsjúklinga utan spítala og á dagdeildum stóraukist og á þessu tímabili hefur t.d. 90 rúmum á skurðdeildum verið lokað endanlega í Reykjavík og á Reykjanesi eða u.þ.b. þriðjungur þeirra rúma sem til boða hafa staðið. Á sama tíma annast hjúkrunarfólk fleiri sjúklinga en verið hefur eða um 17,2% aukning á hvert stöðugildi. (Greinargerð Ríkisendurskoðunar, mars 1996.)

Á töflu 1 sést að á árunum 1989 til 1995 hefur innlögnum um landið allt fjölgað úr 44.502 í 48.441, en meðalrúmafjöldi fækkað úr 1.091 niður í 1.003 og meðallegutími styst úr 8,1 degi niður í 6,8. Þessi tafla talar skýru máli um afkastaaukningu á spítölum. Á töflu 2 eru hluti þessara upplýsinga brotinn upp eftir einstökum greinum fyrir árin 1990–1995.

Þær upplýsingar sem þar eru sýndar stefna í sömu átt. Ekki koma hér fram tölulegar upplýsingar um utanspítalaþjónustu sem hefur aukist verulega á þessu tímabili. Þrátt fyrir þessa aukningu á þjónustu hefur fjöldi sjúklinga á biðlistum samkvæmt skrá Landlæknisembættisins lítið breytst og vandamálið því óbreytt við fyrstu sýn.

Tafla 1.

Almennar sjúkradeildir.

	Innlagnir	Meðalrúmafjöldi	Meðallegutími
1989	44.502	1.091	8,1
1990	44.949	1.086	7,9
1991	46.090	1.057	7,5
1992	47.891	1.058	7,3
1993	48.371	1.068	7,3
1994	47.422	1.034	7,2
1995	48.441	1.003	6,8

Tafla 2.

Innlagnafjöldi eftir deildum, þar sem sérgreinadeildir koma fram í sjúklingabókhaldi.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Bæklunarlækningadeild						
Landspítali	992	779	800	910	969	963
Sjúkrahús Reykjavíkur	1.569	1.627	1.941	1.896	1.680	1.626
FSA	423	411	450	487	484	553
	2.984	**2.817**	**3.191**	**3.293**	**3.133**	**3.142**
Háls-, nef- og eyrnadeild						
Sjúkrahús Reykjavíkur	1.203	1.302	1.156	1.154	1.226	1.155
FSA	47	49	125	114	77	121
	1.250	**1.351**	**1.281**	**1.268**	**1.303**	**1.276**
Þvagfæraskurðdeild						
Landspítali	543	617	499	603	782	803
Sjúkrahús Reykjavíkur	485	451	586	600	543	548
	1.028	**1.068**	**1.085**	**1.203**	**1.325**	**1.351**

Bæklunarlækningar.

Upplýsingaaðilar eru Halldór Jónsson, yfirlæknir á Landspítala, Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir á bæklunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, Árni Sverrisson, framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Júlíus Gestsson, yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Á biðlistum bæklunarlækningadeilda eru nú um 1.300 manns og er það lengsti biðlisti einnar sérgreinar. Samkvæmt biðlistayfirliti landlæknis voru 1.160 manns á biðlistanum 1991 en fækkaði niður undir 900 á árunum 1992 og 1993 en fjölgaði síðan í um 1.300 á árunum 1995 og 1996. Á þessu tímabili hafa komið til nýjar aðgerðir, bakspengingar þar sem um 180 manns bíða aðgerðar og hefur það veruleg áhrif á biðlistann. Bæklunarlæknar starfa á Landspítala, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Sjúkrahúsi Akraness, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Sjúkrahúsi Suðurnesja. Bæklunarskurðlækningum hefur verið hætt á Landakoti en aukin áhersla hefur verið lögð á bæklunarskurðlækningar á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og á Sjúkrahúsi Akraness. Á Landspítala, Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eru reknar sjálfstæðar bæklunarskurðdeildir. Starfsemin var þannig 1995:

	Meðalrúmafjöldi	**Innlagnafjöldi**
Sjúkrahús Reykjavíkur	30	1.662
Landspítali	22	963
FSA	15	553

Út frá þessum tölum má áætla að rúm fyrir bæklunarskurðlækningar séu að jafnaði um 75 og innlagnir á ári um 3.400. Á bæklunarskurðdeildum er um helmingur sjúklinga bráðasjúklingar og helmingur innkallaðir sjúklingar. Þannig má áætla að um 1.700 sjúklingar séu árlega lagðir inn af biðlista og nemur biðlistinn sem svarar 9 mánaða innlögnum innkallaðra sjúklinga.

Bið eftir aðgerðum utan spítala er lítil samkvæmt upplýsingum sérfræðinga.

Biðlistinn virðist hafa styst árið 1992 þegar hann komst niður undir 900 sjúklinga en lengst aftur 1994 og er nú um 1.300 sjúklingar. Ekki er öruggt að þessar tölur séu sambærilegar vegna breytinga á sjúkrahúsaþjónustunni í Reykjavík og flutnings sérfræðinga og biðlista milli stofnana.

Tafla 3.

Sjúklingar á biðlista eftir tegund aðgerða.

Aðgerðir	Landspítali	Sjúkrahús Rvíkur	St. Jósefsspítali
Gerviliðir	139	113	
Liðspeglanir	4	175	
Hryggspengingar, prófspengingar	103	14	
Handarskurðlækningar		96	
Krossbönd		41	
Annað, óflokkað	94	247	204
Samtals	**340**	**774**	**204**

Skilgreind öryggismörk um hámarksbið.

Ekki eru til skilgreind öryggismörk fyrir hámarksbið. Þó margir sjúklingar líði verulegar þjáningar er sjúkdómur þeirra sem bíða á biðlista ekki lífshættulegur. Sjúklingar haldnir illkynja eða lífshættulegum sjúkdómum eru lagðir inn með skömmum fyrirvara.

Í viðræðum við yfirlækna í greininni hefur komið fram að t.d. mætti stefna að 3–4 mánaða hámarksbið eftir gerviliðaaðgerðum og 6 mánaða bið eftir bakspengingum. Sé reiknað með 1.700 aðgerðum á innkölluðum bæklunarsjúklingum á ári og fjögurra mánaða bið eftir öllum aðgerðum nema bakspengingum þar sem biðin mætti vera sex mánuðir, samsvarar það um 600 manna biðlista.

Biðtími getur verið allt að átta mánuðir eftir gerviliðaaðgerðum á Landspítala og allt að níu mánuðir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, en getur orðið 18 mánuðir eftir bakspengingum á Landspítalanum.

Atvinnuöryggi, vinnutap, sjúkradagpeningar.

Á biðlista er ekki skráð hvort sjúklingar eru vinnufærir. Samkvæmt sjúklingabókhaldi 1994 og 1995 voru 70% þeirra sjúklinga sem innkallaðir voru á bæklunarlækningadeildir yngri en 67 ára.

Brynjólfur Mogensen yfirlæknir gefur eftirfarandi upplýsingar: „Í könnun þar sem haft var samband við 55 sjúklinga sem biðu eftir gerviliðaaðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur voru 35 á vinnufærum aldri. Af þeim voru 16 óvinnufærir en 11 töldu sig geta snúið til vinnu eftir aðgerð.

Á bæklunarlækningadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur var haft samband við 100 sjúklinga sem biðu eftir gervilið (52), krossbandsaðgerð (25) eða þurftu að fara í axlaraðgerð (23). Fjörutíu og fimm af þeim 52 sjúklingum, sem biðu eftir gervilið, vildu fá aðgerðina gerða sem allra fyrst, fjórir voru ekki tilbúnir til að fara í aðgerð, einn var óákveðinn, einn var veikur og gat ekki farið í aðgerð og búið var að gera aðgerð hjá einum á öðru sjúkrahúsi. Tuttugu og fimm manns biðu eftir krossbandsaðgerð, 20 voru tilbúnir til að fara strax í aðgerð en fimm vildu bíða og sjá til en óskuðu eindregið eftir að vera áfram á biðlistanum. Af þeim 23 sjúklingum sem biðu eftir axlaraðgerð vildu 18 fara sem allra fyrst í aðgerð, tveir vildu bíða með aðgerð en þrír afþökkuðu aðgerð og voru

teknir út af biðlistanum. Þannig má gera ráð fyrir, miðað við þessar niðurstöður, að það sé ekki mikil þörf hjá 10–15% sjúklinga sem bíða eftir þessum tegundum aðgerða.

Á árinu 1995 var gerð viðhorfskönnun 55 sjúklinga sem haft var samband við af handahófi og biðu eftir gerviliðaaðgerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Fjörutíu þessara sjúklinga höfðu beðið í minna en eitt ár en 15 höfðu beðið í meira en eitt ár. Af 52 sjúklingum sem tóku afstöðu til verkja sögðu 12 verkinn vera óþolandi, 31 verkinn mikinn, sjö töldu sig hafa nokkra verki en tveir höfðu lítinn verk. Þeir sem bíða eftir gervilið í mjöðm eða hné höfðu langflestir mikil ástigsóþægindi. Liðverkur truflaði nætursvefn hjá 37 af 55 sjúklingum. Langflestir þurftu að nota verkja- eða vöðvaslakandi lyf og allverulegur hluti sjúklinga þurfti að nota svefnlyf að staðaldri. Þrjátíu af 55 sjúklingum þurftu að nota hjálpartæki, þar af 16 einn staf, 11 sjúklingar þurftu hækjur en enginn þurfti á göngugrind eða hjólastól að halda. Göngufærni sjúklinga var mjög misjöfn. Af 53 sjúklingum sem tóku afstöðu sögðust 20 geta farið út í bíl, 23 gátu gengið allt að 500 metra ef þeir fengu nógu mikinn tíma til þess og 10 gátu gengið lengra en 500 metra. Fjörutíu og tveir sjúklinganna bjuggu með maka, börnum eða systkinum en 13 bjuggu einir. Allir nema einn bjuggu í hefðbundnu húsnæði.

Meiri hluti sjúklinga eða 30 af 55 gátu ekki bjargað sér sjálfir. Þeir sem hjálpuðu til voru maki eða börn í 21 tilviki, heimilishjálp þurftu sjö og vinir aðstoðuðu tvo. Hjálpin fólst í innkaupum fyrir 18, þrif hjá 27, böðun hjá sex, eldun fyrir einn og aðkeyptur matur fyrir tvo. Á vinnufærum aldri voru 35 af þessum 55 sjúklingum sem biðu eftir gerviliðaaðgerð. Sextán af þessum 35 voru óvinnufærir vegna liðsins. Ellefu af þessum 16 töldu sig geta hafið vinnu af nýju ef þeir fengju gerviliðinn ísettan en 5 af 16 töldu sig ekki geta snúið aftur til vinnu. Langflestir höfðu miklar væntingar til nýja liðsins í von um betri líðan.

Þegar könnuð voru viðhorf sjúklinga um hversu lengi þeir teldu rétt að bíða eftir aðgerð töldu átta sjúklinganna að hæfileg bið ætti að vera minna en mánuður, 22 töldu bið í allt að þrjá mánuði vera í lagi, 18 töldu jafnvel allt að sex mánaða bið vera í lagi en enginn taldi að hann ætti að bíða í meira en eitt ár. Tólf sjúklinganna sem voru spurðir höfðu áður farið í gerviliðaaðgerð og töldu 11 þeirra að þeir myndu fara í gerviliðaaðgerð á sama lið ef þeir hefðu fengið að vita útkomuna fyrir fram."

Biðlisti eftir bæklunarlækningaaðgerðum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er langur og hefur lengst undanfarin ár. U.þ.b. fjórðungur sjúklinga flokkast sem „þungir" og á framanskráð lýsing kannski hvað best við um þann hóp. Aðrir teljast meðalþungir og léttir og þá vinnufærir. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri deildarinnar síðastliðið ár. Búið er að raða í forgang innan deildarinnar og gera samning við St. Jósefsspítalann í Hafnarfirði. Samningurinn miðar að því að hægt er að gera miðlungi þungar aðgerðir í Hafnarfirði og nota Sjúkrahús Reykjavíkur eingöngu undir þyngri aðgerðir fyrir inniliggjandi sjúklinga. Eftir lokun á Landakoti virðist vera sem léttari aðgerðir flytjist í æ meira mæli á aðgerðarstöðvar utan sjúkrahússins. Með skipulagsbreytingunum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er vonast til að megi fremur auðveldlega fjölga gerviliðaaðgerðum um 100 á ári og gera samtals um 250 aðgerðir á ári en til þess að svo megi vera þarf að koma til aukið fjármagn sem mótsvarar jaðarkostnaði 100 gerviliðaaðgerða á mjöðum, hnjám og öxlum.

Biðlistar eftir hryggspengingum og gerviliðaaðgerðum á Ríkisspítölum.

Um 180 manns bíða eftir hryggspengingu og um 180 eftir gerviliðaaðgerð. Framkvæmdar eru 2 hryggspengingar og 6 gerviliðaaðgerðir á viku. Með 45 vinnuvikum á ári er því um 18 mánaða bið eftir hryggspengingu og um 8 mánaða bið eftir gerviliðaaðgerð. Frá áramótum hefur verið í gangi átaksverkefni þar sem hryggspengingum er fjölgað í 4 á viku. Þannig er fyrirhugað að ljúka 50 aðgerðum fyrir apríllok. Þetta átak er dæmi um skipulagsbreytingu og breytta röðun í forgang. innan spítalans en ekki hefur verið veitt sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis. Markmið átaksverkefnis væri að stytta biðlistann þannig að mestur biðtími yrði 6 mánuðir eftir hryggspengingu og 3 mánuðir eftir gerviliðaaðgerð. Framkvæma þyrfti 112 hryggspengingar og 88 gerviliðaaðgerðir svo að þessu markmiði yrði náð.

Eftirfarandi upplýsingar eru frá Halldóri Jónssyni, yfirlækni á bæklunarlækningadeild, Landspítala: „Meðalaldur sjúklinga sem bíða eftir hryggspengingu eða gerviliðaaðgerð, er 51 ár. Þessi hópur er því á vinnufærum aldri og ný tækni í þessum aðgerðum gerir það að verkum að í stað eins árs fjarveru frá vinnu eftir hryggspengingu er nú verið að tala um 6 vikna til 3ja mánaða fjarveru frá vinnu.

Stór hópur sjúklinga á biðlistanum er með stöðuga verki og tekur ávanabindandi lyf að staðaldri. Metin hefur verið (H J) lyfjanotkun hóps sjúklinga. Um 40 sjúklingar taka inn morfín (contalgin) að staðaldri eða morfínlíkt lyf (nobligan) og um 80 sjúklingar taka inn parkóden forte eða dolvipar sem eru sterk ávanabindandi verkjalyf. Notkun contalgins og nobligans er um 6 töflur að meðaltali á dag fyrir hvern sjúkling og parkóden forte og dolvipar notkun er um 8 töflur að meðaltali á dag fyrir hvern sjúkling. Kostnaður vegna þessara verkjalyfja er því um 360.000 kr. á mánuði fyrir contalgin/nobligan og um 192.000 kr. á mánuði fyrir parkóden forte/dolvipar. Heildarverkjalyfjakostnaður á ári er um 6,6 millj. kr. fyrir þessa 120 sjúklinga ef þeir komast ekki í aðgerð.

Viðbótarkostnaður fyrir Ríkisspítala til að taka að sér slíkt átaksverkefni er um 600 þús. kr. fyrir hverja hryggspengingu og um 400 þús. kr. fyrir hverja gerviliðaaðgerð. Ef framkvæmdar yrðu 112 hryggspengingar yrði heildarviðbótarkostnaður vegna þeirra 67,2 millj. kr. og ef gerðar yrðu 88 gerviliðaaðgerðir yrði heildarviðbótarkostnaður vegna þeirra 35,2 millj. kr. Heildarkostnaður átaksins yrði því 102,4 millj. kr. Tekið skal fram að í apríl og maí 1995 var gert slíkt átak á Ríkisspítölum."

Samantekt.

Í raun er biðlisti eftir bæklunaraðgerðum sá biðlisti sem mestrar skoðunar þarfnast. Bæði er að þar er mikill fjöldi fólks sem bíður eftir aðgerð en því fylgja verulegir verkir, veruleg verkjalyfjanotkun, og takmarkanir á hreyfingum og þar er helst að leita þess hóps sem fær greiddar bætur vegna þess að það dregst að losa þá af biðlista. Þar er þó atriði sem vert er að gefa gaum að vissulega eru menn teknir í aðgerð af biðlistanum og færðir fram eftir eðli sjúkdóms og alvöru.

Annað sem hefur veruleg áhrif á biðlistann er það að stór hluti aðgerðanna er gerður á slysadeild eða í tengslum við slysadeild og vegna þessa er mjög erfitt um vik hvað varðar skipulag og langtímaáætlun aðgerðadaga. Þannig getur það gerst að sjúklingar séu kallaðir inn til aðgerðar sem síðan hefur orðið að fresta þegar aðgerð vegna slyss tók upp skurðstofuna.

Til umræðu hafa verið úrlausnir er bæta megi ástandið. Áður hafa verið gerðar tilraunir með átaksverkefni er stytt hafa biðlistatímann tímabundið, en síðan aftur sótt í sama farið. Það bendir til þess að almennt séu ekki gerðar nógu margar aðgerðir til þess að halda biðlistum innan ásættanlegra marka Rétt er að hafa í huga að ekki hafa verið sett markmið um lengd biðtíma, en rétt væri að stefna að því að gerviliðaaðgerðir væru helst gerðar innan þriggja mánaða og að bið eftir hryggspengingu verði ekki lengri en 6 til 9 mánuðir.

Hér ber þó þess að geta að mjög er mismunandi ástand á sjúkrahúsunum í Reykjavík hvað varðar bið eftir hryggspengingu og þeim fjölda er þar bíða. Að hluta til stafar það af mismunandi nálgun og eru einfaldlega uppi tvenns konar viðhorf hvað varðar bakaðgerðir. Annar spítalinn sker mikið en hinn lítið. Aðrir þættir er koma að máli samkvæmt upplýsingum Halldórs Jónssonar, er að stutt er síðan farið var að gera þessar aðgerðir hérlendis og því sé í raun um að ræða að verið sé að vinna á uppsöfnuðum vanda og að toppnum sé nú náð. Að sögn Halldórs kann að vera skýring á miklum fjölda bakaðgerða sú, að sjúklingar fari fyrr í aðgerð hérlendis en t.d. í Svíþjóð vegna mismunandi tryggingafyrirkomulags.

Ljóst er að ástandið á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er mun betra og biðtími styttri, jafnvel allt niður í fjórir mánuðir. Þar hefur nú verið bætt við fjórða bæklunarskurðlækninum og í bréfi yfirlæknis kemur fram að með bættri endurhæfingu og bættri hjúkrunaraðstöðu fyrir aldraða á Norðurlandi geti sjúkrahúsið sinnt mun fleirum á Norðurlandi öllu og jafnvel tekið við sjúklingum frá Reykjavíkursvæðinu. Kanna þarf á hvern hátt það tengist t.d. þeim fjölda sjúklinga utan Reykjavíkur sem eru á biðlistanum á höfuðborgarsjúkrahúsunum. Það er hins vegar ljóst, að margir sjúklingar vilja ekki skipta um lækni og margir vilja heldur bíða lengur og halda sig við „sinn lækni". Hér mætti gera betur og finna leiðir til að kynna á reglubundinn hátt hvar er stysta biðin og leyfa sjúklingum að flytja sig á milli biðlista.

Þá hefur Sjúkrahús Reykjavíkur gert samning við St. Jósefsspítala í Hafnarfirði um miðlungsþungar aðgerðir og þar hefur sjúklingum fjölgað á biðlista úr 65 í 204. Ekki er ljóst á þessu stigi á hvern hátt biðlisti Sjúkrahúss Reykjavíkur breytist við þennan samning.

Að lokum er rétt að nefna það að sjúklingar á biðlistum þessara fjögurra sjúkrahúsa eru mjög misþungir og samanburður því mjög erfiður.

Fyrirhugaðar aðgerðir í bæklunarlækningum:

* Aukin samvinna og sameining verkefna sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Landspítala og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði (skurðlæknateymi). Á þann hátt fæst aukin sérhæfing og betra skipulag og meiri afköst, m.a. þar sem slysalækningar verða einungis á einum stað.
* Gerð verði áætlun um hvað fjölga þurfi aðgerðum mikið tímabundið til þess að stytta biðlistatíma niður í 3 til 6 mánuði og síðan halda honum þar. Kannað verði í samvinnu við landlækni hvers vegna, gerðar eru fleiri aðgerðir vegna tiltekinna vandamála s.s. bakaðgerðir samanborið við nágrannaþjóðir og hvaða áhrif það hefur á biðlista og biðlistatíma í bæklunarlækningum yfirleitt.
* Heilbrigðisráðuneytið hefur 100 millj. kr. í hagræðingarsjóði til að mæta, a.m.k. að hluta, aukakostnaði sem af átaksverkefni kann að hljótast. Endurskoða skal dreifingu aðgerða í ljósi þess að bæst hefur við ný læknisstaða á Akureyri og veitt hefur verið sérstakt fé til Sjúkrahússins á Akranesi í bæklunaraðgerðir.

Hjartasjúkdómar.

Eftirfarandi kafli er unninn eftir upplýsingum frá Grétari Ólafssyni, yfirlækni á hjarta- og brjóstholsskurðdeild Landspítalans, Árna Kristinssyni, yfirlækni á hjartadeild Landspítalans og Magna Jónssyni, sviðsstjóra lyflækningasviðs Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Í greinargerð kemur fram að þann 6. janúar 1997 bíða 55 fullorðnir sjúklingar og 8 börn á biðlistum til hjartaaðgerða. Af fullorðnum sjúklingum þarf að flýta 13, þ.e. þeir mega ekki bíða lengur en í mesta lagi þrjár vikur og sumir þessara sjúklinga verða að fara í aðgerð fyrr.

Eins og nú er ástatt þarf enginn sjúklingur að bíða lengur en í fjóra mánuði, en bíði þeir lengur er það vegna eigin óska eða að talið er óhætt að áliti lækna. Sé hins vegar talið að ástand þeirra leyfi ekki þessa bið er lagt mjög hart að sjúklingum að fara í aðgerð. Sjúklingar sem þurfa að fara í bráðaaðgerð fara strax í slíka aðgerð.

Það er eftirtektarvert að samkvæmt skýrslu landlæknis voru sl. haust 29 sjúklingar á biðlista. Sú aukning sem þarna hefur orðið er vegna fría um jólin og sérstaks átaks í hjartaþræðingum sem gert var í desember. Jafnframt er ljóst að sumarlokanir hafa nokkur áhrif á þennan biðlista.

Tafla 4.

	1992	1993	1994	1995	1996
Hjartaþræðingar á Landspítala	597	617	497	600	560
Hjartaþræðingar á Sjúkrah. Rvíkur ..	187	317	331	417	426
Hjartaþræðingar samtals: ..	**784**	**934**	**828**	**1017**	**986**
Kransæðavíkkanir á Landspítala	161	219	238	340	347
Hjartaaðgerðir	254	248	267	243	226

Á meðfylgjandi töflu yfir fjölda hjartaþræðinga á Landspítala og Sjúkrahúsi Reykjavíkur svo og kransæðavíkkana og hjartaaðgerða (tafla 4), kemur í ljós að frá 1992 hefur samanlagður fjöldi hjartaþræðinga aukist verulega og jafnframt hefur kransæðavíkkunum og hjartaaðgerðum samtals fjölgað úr 415 í 573. Þannig hefur tekist að sinna mun fleiri sjúklingum með kransæðaþrengsli, einkum vegna tilkomu kransæðavíkkana, sennilega þannig fækkað skurðaðgerðum. Kransæðavíkkanir er enn hægt að auka og fyrirsjáanlegt er að með tilkomu nýrrar rannsóknastofu í hjartasjúkdómum á Landspítala, sem til stendur að opna á fyrri hluta þessa árs, verða möguleikar til meðhöndlunar hjartasjúklinga á þennan hátt orðnir mjög viðunandi. Hvað varðar starfsgetu eru á biðlistanum þann 6. janúar 1997, 21 sjúklingur 67 ára og eldri, 13 sjúklingar 70 ára og eldri en á biðlistanum eru engar sérstakar upplýsingar um það hvort viðkomandi sé óvinnufær. Þeir Grétar og Árni vilja samt taka fram að þeir sjúklingar sem voru óvinnufærir fyrir aðgerð (en það er fyrst og fremst skráð þegar sjúklingur kemur til aðgerðar) verði í langflestum tilvikum vinnufærir u.þ.b. 3 mánuðum eftir aðgerð.

Hvað lyfjakostnað áhrærir var gerð tilraun til að reikna út lyfjakostnað sjúklinga og reiknað verð algengustu hjartalyfja (Imdur, Adalat, Atenolol, Magnýl og Nitromex) og er kostnaður um 150 kr. á dag vegna hvers sjúklings.

Samantekt.

Að mati Grétars og Árna er þjónusta á sviði kransæðavíkkana og kransæða- og hjartaaðgerða, miðað við núverandi aðstæður, viðunandi og batnar enn eftir að hjartarannsóknastofa opnar á fyrri hluta þessa árs. Það er þó mikilvægt að ekki komi til samdráttar í starfsemi eins og um jól eða á sumrin er geti leitt til þess að dragi úr aðgerðafjölda á viku hverri, en þá safnast fljótt á biðlistann. Síðastliðið haust var biðlisti u.þ.b. 30 manns sem er viðunandi og mikilvægt að það geti haldist og þarf þá að miða við 6 aðgerðir á viku.

Þá hefur á þessu sviði verið gerð áætlun um kostnað vegna kransæðaaðgerða, annars vegar fyrir fullorðna sem reynist á bilinu 616 þús. kr. til 777 þús. kr. og hins vegar fyrir börn á bilinu 1,5 mkr. til 1,8 mkr. Í vinnu skýrsluhöfunda var jafnframt gerð tilraun til þess að meta lyfjakostnað eins og að framan greinir. Miðað við upplýsingar læknanna er hins vegar ógerlegt að gera greinarmun á skertri vinnufærni vegna sjúkdómsins sjálfs og bóta vegna hans eða bóta er stafa af óeðlilegri bið á biðlista, sem að þeirra mati er í raun ekki um að ræða (sbr. áður).

Lýtalækningar.

Samkvæmt upplýsingum landlæknisembættisins hefur biðlistinn verið sem hér segir og er þá miðað við Landspítala, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og Sjúkrahús Reykjavíkur:

1991	1.000	
1992	1.484	
1993	934	
1994	895	
1995	626	þar af 363 á Landspítala.

Samkvæmt upplýsingum Rafns A. Ragnarssonar, yfirlæknis á lýtalækningadeild Landspítalans þann 10. janúar 1997 eru alls 493 sjúklingar sem bíða aðgerða á Landspítala (92 á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði). Af þeim sem bíða á Landspítala bíða 306 eftir brjóstaminnkunaraðgerðum, 53 bíða vegna aðgerða vegna öra og 32 eru á biðlista eftir aðgerðum á nefi. Í öðru bréfi mánuði síðar ritar Rafn að hann sé að endurskoða biðlistann og hann stefni að því að reyna að koma fjöldanum niður fyrir 300 áður en lýtalækningadeild opnar að nýju sem fyrirhugað er hinn 1. apríl nk. Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru um 200 sjúklingar þar á biðlista.

Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir hversu alvarlegur þessi biðlistavandi er eða hvað biðin er löng. Ekki er skráð hversu lengi sjúklingar hafa verið á biðlista. Þó eru upplýsingar frá St. Jósefsspítala í Hafnarfirði er benda til þess að þar geti verið allt að ársbið eftir brjóstaaðgerð. Legusár, húðkrabbamein og stórar lýtaaðgerðir ganga fyrir og aðgerðir á börnum sömuleiðis og hefur gengið vel að hindra bið. Aðgerðir eftir húðskemmdir eftir krabbamein ganga fyrir.

Eins og fram hefur komið hefur lýtalækningadeild ekki verið rekin sem sérstök deild á Landspítalanum um u.þ.b. fimm ára skeið. Hún hefur haft nokkur rúm inn á 13 D (þvagfæraskurðdeild) og hefur því meðferðaraðstaða eins og fyrir brunasjúklinga verið ónæg. Nú hillir undir að deildin opni á nýjan leik og verða þá gerðar lýtaaðgerðir á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Landspítalanum og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Mun það gjörbreyta ástandi á þessum biðlista. Engin bið er eftir aðgerð sem hægt er að gera utan spítala.

Svo sem fram kemur að framan er það ljóst að stærsti hluti þeirra sem bíða á Landspítalanum eru konur með of stór brjóst og stoðkerfiseinkenni og almenn einkenni vegna þess. Engar upplýsingar eru til um vinnufærni þessara kvenna.

Þvagfæraskurðlækningar.

Það vísast til svars Egils Jacobsen, yfirlæknis á Landspítala, og fundar með honum og Guðmundi Vikari Einarssyni og Guðjóni Haraldssyni. Í viðtali við þá kemur fram að samtals eru á biðlista á Landspítala 245 einstaklingar, þar af 114 í reglubundnu eftirliti vegna blöðrukrabbameins, sem sums staðar væru ekki taldir á biðlista, en 131 er bíða annarra aðgerða. Þar er einkum um að ræða konur með þvagleka og karlmenn með blöðruhálskirtilsstækkun. Þar kemur í ljós að á biðlistanum eru 54 frá árinu 1996 en á bilinu 7–12 á árunum allt aftur til 1991. Hvers vegna þeir hafa ekki farið í aðgerð er ekki ljóst. Það kom fram að deildin er að bíða eftir stækkuðu húsnæði er verður við það að lýtalækningadeildin tekur til starfa 1. apríl á deild 13 A á Landspítalanum og færist þá úr þeim rúmum sem hún hefur notað á þvagfæralækningaskurðdeild 13 D.

Það kom fram að forgangsröðun er á biðlista eftir því hversu bráður og alvarlegur sjúkdómurinn er og þeir sem eru óvinnufærir bíða mjög óverulega. Þannig er talið að um óeðlilega bið á þessum biðlista sé ekki að ræða eða hafi þannig áhrif á vinnufærni eða bótagreiðslur fram yfir það að vera sjúkur yfirleitt gerir. Biðlistar eru styttri á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og að mati lækna þar er ástand ásættanlegt. Ekki eru nákvæmar upplýsingar um biðlista á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði en sá listi er styttri. Ástæða er til að ætla að þeir séu ekki í eðli sínu frábrugðnir því sem hér er fram talið frá Landspítalanum.

Háls-, nef- og eyrnasjúkdómar.

Biðlistar hafa verið langir á háls-, nef- og eyrnadeild á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og á Sjúkrahúsi Suðurnesja í Reykjanesbæ. Auk þess eru háls-, nef- og eyrnaaðgerðir gerðar víðsvegar um landið og er þar stærstur staður Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Þar bíða aðgerðar 146 þar af 36 sem beðið hafa lengur en 4 mánuði. Samkvæmt upplýsingum Landlæknisembættisins haustið 1996 eru 973 á biðlista hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og 135 á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Þann 7. febrúar eru þær tölur 953 og 118.

Frekari upplýsingar voru fengnar frá Kristjáni Guðmundssyni, settum yfirlækni á háls-, nef- og eyrnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Tafla 5 sýnir skiptingu þessa 953 biðlistaaðgerða.

Tafla 5.

Aðgerð	Fjöldi sjúklinga
Hálskirtlatöku	566
Háls- og nefkirtlatöku	155
Aðgerð á miðsnesi	123
Aðrar aðgerðir	233

Jafnframt kemur fram að aðgerðum hefur fjölgað úr 1.190 árið 1995 í 1.214 árið 1996. Hjá Kristjáni kom fram að algengur biðtími væri eitt ár eftir aðgerð eins og hálskirtlatöku. Óæskilegt er að biðin sé lengri en fjórir mánuðir.

Á þessari deild eins og svo mörgum öðrum hafa verið miklar breytingar, m.a. með sameiningu Landakots og Borgarspítala og flutningi barnadeildar af Landakoti yfir á Sjúkrahús Reykjavíkur. Við það hafi innlagnarmöguleikar háls-, nef- og eyrnalækna á barnadeild versnað því að nú eru þeir í auknum mæli í samkeppni um pláss við slysadeild og heila- og taugaskurðlækningadeild. Þess sjái líka merki að nú sé ekki lengur teknir hálskirtlar eða gerðar HNE-aðgerðir í húsnæði Fæðingarheimilis Reykjavíkur.

Vandamál deildarinnar er því fyrst og fremst það að hún getur ekki skipulagt starfsemi sína og ræður ekki yfir nægu rými. Það að t.d. geta aukið um einn aðgerðardag á St. Jósefsspítala mundi gjörbreyta ástandi á biðlista HNE á öllu Reykjavíkursvæðinu. Kristján taldi að þessi bið skapaði viðbótarsýklalyfjanotkun og einhver veikindi barna og hugsanlega þar með vinnutap foreldra, en þar sem slíkt væri sérstakt vandamál, væri reynt að flýta aðgerð fram yfir það sem að framan er getið. Hann hafði því engar upplýsingar um vinnutap vegna þessa biðlista, en taldi það óverulegt ef þá nokkurt. Aukin sýklalyfjanotkun vegna óeðlilegar dvalar á biðlista hefur ekki verið metið.

Augnlækningar.

Algengt og ásættanlegt er að á biðlista augndeildar séu um 150–200 manns. Fjöldi sjúklinga á biðlista á augndeild Landspítala er 314, þar af konur 194 og karlar 120 með aldursskiptingu sem hér segir:

Tafla 6.

Aldursskipting sjúklinga á biðlista eftir fæðingarárum.

Fæðingarár	Fjöldi sjúklinga
1897–1910	36
1911–1920	124
1921–1930	81
1931–1940	27
1941–1950	10
1951–1960	7
1961–1970	3
1971–1980	10
1981–1996	6

Jafnframt fylgir tafla yfir þróun á starfsemi deildarinnar á Landakotsspítala 1991–1995.

Tafla 7.

Fjöldi aðgerða innlagna og legutími samkvæmt ársskýrslu Landakotsspítala.

Ár	Aðgerðir	Innlagnir	Legudagar
1991	974	785	4.006
1992	1.131	855	3.857
1993	1.118	997	3.257
1994	1.015	891	3.070
1995	1.237	1.043	3.298

Vegna fjárhagsþrenginga Sjúkrahúss Reykjavíkur á síðasta ári var fækkað rúmum augndeildar og þótt tölur liggi ekki fyrir fyrir árið 1996 er talið að þar hafi orðið um fækkun aðgerða að ræða frá 1995. Augndeildin hefur nú fengið samastað á Landspítala

og í áætlaðri fjárveitingu til deildarinnar fyrir árið 1997 var gert ráð fyrir því að aðgerðum mundi aftur fjölga, þannig að biðlistar kæmust í fyrra horf.

Þá eru einnig gerðar augnaðgerðir á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, auk Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Í lista frá St. Jósefsspítala er bið eftir augnaðgerðum ekki talin upp sem vandamál. Upplýsingar frá FSA liggja ekki fyrir. Ekki er talið ljóst á hvern hátt biðlistadvöl vegna augnaðgerða valdi vinnutapi sem aðgerð mundi laga og því ekki hægt að greina aukakostnað af óeðlilegri bið á biðlistum frá afleiðingum undirliggjandi sjúkdóms.

Almennar handlækningar.

Upplýsingar frá Jónasi Magnússyni, prófessor á Landspítala og Gunnari Gunnlaugssyni yfirlækni skurðlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það vísast til meðfylgjandi taflna sem eru fjórar talsins:

Tafla 8.

Handlækningadeildir Landspítalans.
Biðlistar.

	Rvk.	Rnes	Vl.	Vf.	Nl-v.	N-e.	Ausl.	Suðl.	Samtals
Póstnúmer:	105-225 +270	230-260 +190	300-371	380-500	510-566	570-681	685-781	800-902	
Almenn skurðdeild	146	7	2	4	5	1	9	15	189
Bæklunarskurðdeild	205	21	30	18	12	14	12	34	346
Þvagfæraskurðdeild	90	2	4	4	6	2	8	13	129
Hjartaskurðdeild	30	2	2	2	0	3	2	3	44
Lýtalækningadeild	349	38	24	13	6	30	16	20	496
Æðaskurðdeild	96	6	2	3	3	0	8	9	127
Alls	*916*	*76*	*64*	*44*	*32*	*50*	*55*	*94*	*1331*
Mannfjöldi	*104.258*	*69.959*	*14.161*	*9.015*	*10.214*	*26.665*	*12.779*	*20.755*	*267.806*
10^{-3}	*8,8*	*1,0*	*4,5*	*4,8*	*3,1*	*1,8*	*4,3*	*4,5*	*5,0*

Tafla 9.

Fjöldi aðgerða 1990–96 (1.10.).

Ár	Fjöldi aðgerða	Brátt	Brátt %	Fjöldi mínúta	Meðaltími aðgerðar
1990	4.523	866	19,0	445.524	98,5
1991	4.338	878	20,2	452.764	104,5
1992	4.337	1.017	23,5	463.362	107,0
1993	4.365	1.200	27,5	477.090	109,0
1994	4.839	1.464	30,0	531.848	110,0
1995	4.488	1.522	34,0	506.208	113,0
1996	3.249	1.172	36,0	371.804	114,5

Tafla 10.

Fjöldi kögunaraðgerða á Landspítalanum 1990–95.

	Botnlangataka (5470) og kviðspeglun (1694)	Gallblöðrutaka (5511) og kviðspeglun (1694)
1990	0	0
1991	0	0
1992	0	22
1993	20	63
1994	155	184
1995	170	204

Tafla 11.

Bráðastarfsemin er vaxandi!
Legutíminn minnkandi!

Ár	Legur	Bráða-hlutfall (%)	Legu-dagar	Bráð hlutfall%	Meðal legutími
1990	3.509	34,8	37.715	37,6	10,5
1991	3.403	37,5	37.240	42,9	10,9
1992	3.620	44,5	34.216	51,3	9,5
1993	3.549	50,7	33.713	53,6	9,5
1994	4.604	62,8	34.011	61,1	7,4

Á töflu 8 sést að almenn skurðdeild Landspítala er nú komin með biðlista er telur 146 sjúklinga. Að hluta til stafar þetta af nýjum möguleikum, kögunaraðgerðum sem teknar voru upp 1993 og hefur farið fjölgandi svo sést á töflunni. Jafnframt kemur fram óhagræði af því að bráðastarfsemi fer vaxandi en náðst hefur árangur þar sem meðallegutími hefur styst. Á handlækningadeild Landspítalans hafa verið teknar upp til viðbótar við gallblöðruaðgerðir, aðgerðir vegna þindarslits í gegnum kviðsjá og aðgerðir á nýrnahettum og er deildin því í fremstu röð og hefur yfir að ráða nýjustu tækni á þessum sviðum. Tekist hefur að halda biðlistum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur í lágmarki. Þar eru sennilega u.þ.b. 100 sjúklingar á biðlista og er biðtími eftir algengum aðgerðum 3–4 vikur. Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá Jónasi um óvinnufærni sjúklinga á þessum biðlista. Á yfirliti Landspítalans kemur fram að aðgerðir spítalans eru sífellt að lengjast og bendir það til þess að aðgerðir verði stöðugt erfiðari og tímafrekari. Það er í samræmi við aukna dagdeildarvinnu og að léttari aðgerðir eru gerðar utan spítalans í æ ríkari mæli.

Kvensjúkdómar.

Á kvennadeildinni hefur verið unnið markvisst að hagræðingu og hefur verið aukið við hlutfall þeirra aðgerða sem hægt er að gera með kviðsjá eða legspeglun. Biðlisti kvenlækningadeildar — legudeildar er óverulegur og tekist hefur að koma á ákveðnu vinnuferli. Venjulegt ferli er; að beiðni berst deildinni, konunni er sent bréf innan 7–10 daga og boðin innlögn. Aðgerðir eru bókaðar 1–2 mánuði fram í tímann.

Tafla 12.

Ár	Innlagnir á kvenlækninga-deildir	Skráðar aðgerðir á skurðstofu	Sjúklingar í aðgerð	Meðallegutími á krabbameins-lækningadeild/ legudeild	Meðallegutími á alm. kven-sjúkdómadeild/ 5-daga-deild
1992	2.906	3.496	3.132	5,6	2,7
1993	3.060	3.596	3.231	5,0	3,3
1994	3.090	3.424	3.082	4,7	3,3
1995	3.368	3.626	3.257	4,3	2,6
1996	3.609	3.735	3.370	5,0	1,7

Tafla 13.

Biðlisti fyrir kvensjúkdómaaðgerðir

Mánuður og ár	Fjöldi
Ágúst 1994	438
Mars 1995	240
Ágúst 1995	269
Desember 1995	367
Mars 1996	310
September 1996	221
Desember 1996	262
Febrúar 1997	285

Á 5-daga-deildinni er biðlisti, en konur með verki, blæðingar og önnur einkenni svo og vegna keiluskurðar, fara í forgang. Því ættu sjúklingar á biðlista kvenlækningadeildar að vera flestir vinnufærir. Þeir sem hafa það mikil einkenni að dragi úr vinnufærni komast að fljótlega.

Biðlisti glasafrjóvgunardeildar hefur af og til verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Á biðlista deildarinnar eru 345 pör. Í ágúst opnaði deildin stærra og betra húsnæði og frysting fósturvísa hófst í apríl sl. Því aukast afköst deildarinnar og gert er ráð fyrir að hefja smásjárfrjóvganir með vorinu. Biðlisti er því að styttast.

Enginn biðlisti er á kvensjúkdómadeild FSA.

Heila- og taugaskurðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Á lista landlæknis kemur fram að síðasta tala sé 96. Í bréfi Bjarna Hannessonar, yfirlæknis, frá 5. febrúar 1997 kemur í ljós að fjöldi sjúklinga er 57 og meðalaldur þeirra er 43,5. Í greinargerð hans kemur fram að u.þ.b. helmingur þeirra 800 sjúklinga sem lagðir eru inn á heila- og taugaskurðlækningadeild á ári hverju, eru með bráðasjúkdóma í heila og mænu. Á ári hverju má reikna með yfir 60 æxlum í heila og mænu, 20 heilamengisblæðingum undir kögri og 10 blæðingum í heila. Þá voru gerðar 10 aðgerðir vegna

vatnshöfuðs. Um helmingur sjúklinga sem legst inn á heila- og taugaskurðlækningadeild eru sjúklingar með brjósklos í hrygg. Þar er nú notuð smásjártækni við að fjarlægja brjósklos í hrygg og hefur það stytt legutíma eftir aðgerð úr 5–7 dögum niður í 2–3 daga. Sjúklingum sem verða fyrir slysum á miðtaugakerfi hefur sem betur fer farið fækkandi sl. ár.

Fjöldi aðgerða á ári hverju hefur verið svipaður, eða um 300 að meðaltali sl. fimm ár. Í nóvember 1996 varð fjölgun á skurðstofudögum hjá deildinni þannig að í stað þriggja og stundum tveggja skurðstofudaga á viku er nú um að ræða 4,5 dag. Biðlisti hefur því styst og annað sem í raun er þýðingarmeira er það að stórar og erfiðar aðgerðir á heila og mænu sem áður voru gerðar að kvöldi eða næturlagi er nú hægt að gera á dagvinnutíma. Meðallegutími á deildinni 1994 voru fjórir og hálfur dagur.

Geðdeildir.

Í svari Tómasar Helgasonar, prófessors á geðdeild Landspítala, kemur fram að á biðlistum deildarinnar eru tæplega 200 manns, allir nema tveir undir 55 ára aldri. Á biðlista barnageðdeildar eru 93 börn og unglingar sem bíða eftir að komast í rannsókn með greiningu og meðferð á göngudeild auk 11 barna og unglinga er bíða eftir innlögn á unglingadeild. Á fíkni- og fjölkvilladeildum eru 74 á biðlista, þar af 33 undir 35 ára aldri. Tómas Helgason tekur fram að yfirleitt hefur ekki þýtt að hafa biðlista á geðdeildinni vegna þess að öll mál sem þangað koma eru svo bráð að leysa verður úr þeim þegar í stað. Mál sem ekki eru bráð komast því ekki að svo að ekki þýðir að halda biðlista nema fyrir þá sem bráðliggur á.

Nú er svo ástatt um 20 sjúklinga sem liggur á að komast inn á aðrar geðdeildir, ýmist í skammtímameðferð eða endurhæfingu. Í töflum er fylgja svari Tómasar kemur í ljós að starfsemi deildarinnar á árunum 1994 og 1995 hefur breyst verulega, legudögum fækkað um 7% en dagsjúklingum fjölgað mikið eða um 22%. Göngudeildarviðtölum hefur fjölgað og meðaldvalartími á bráðadeild hefur lækkað á árunum 1986–1995 úr u.þ.b. 26 niður í 20.

Í upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur kemur fram að heildarlegudagafjöldi hefur aukist á árunum 1992–1995 úr 49.000 í rúmlega 50.000, sbr. eftirfarandi töflu:

Tafla 14.

Geðsvið 1992 til 1995 – legudagar.

Ár	Sólarhringsvistun	Dagvistun	Heildarfjöldi
1992	29.026	20.016	49.042
1993	28.418	21.335	49.753
1994	30.972	19.432	50.404
1995	28.366	21.924	50.290

Af sömu orsökum og tíundaðar eru frá Landspítala eru biðlistar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur yfirleitt stuttir. Þó eru á biðlista eftir sérhæfðri meðferð á dagdeild á bilinu 6–12 sjúklingar á aldrinum 18–50 ára. Flestir hafa skerta vinnufærni eða eru öryrkjar vegna síns sjúkdóms. Þá er nokkur biðlisti eftir langtímaplássi fyrir sjúklinga með öldrunargeðsjúkdóma er dveljast á öðrum bráðadeildum sjúkrahússins.

Endurhæfingardeildir.

Rétt er að geta lítillega ástands á endurhæfingardeildum vegna þeirra áhrifa sem tafir á flutningi sjúklinga af bráðadeildum yfir á endurhæfingardeildir hafa á starfsemi þeirra deilda. Könnun var gerð á fjölda endurhæfingarsjúklinga á lyflækninga-, handlækninga- og taugalækningadeildum Landspítalans þann 27. janúar 1997. Taldir voru þeir sjúklingar þar sem eftirtaldar forsendur voru fyrir hendi:

1. Bráðameðferð er lokið.
2. Líkur eru til þess að sjúklingur nái sjálfstæðri hæfni og geti farið heim.
3. Sjúklingur getur ekki útskrifast vegna færnisskerðingar.

Niðurstöður eru sýndar á eftirfarandi töflu.

Tafla 15.

Deild		Fjöldi sjúklinga	
Taugalækningadeild	32A	2	(venjulega 4–5)
Lyflækningadeild	11B	1	(venjulega 2–3)
Lyflækningadeild	11A	2	
Handlækningadeild	11G	1	(venjulega 3)
Handlækningadeild	12G	3	
Handlækningadeild	13G	2	
Lyflækningadeild	14E	3	
Handlækningadeild	13D	2	
Lyflækningadeild	14G	5	
Samtals:		**21**	

Sams konar könnun sama dag á Sjúkrahúsi Reykjavíkur leiddi í ljós 10 sjúklinga. Þannig eru samtals á báðum bráðasjúkrahúsunum hverju sinni 37 sjúklingar sem hafa lokið bráðameðferð og bíða eftir endurhæfingarplássi.

Í gangi er samvinnuverkefni sjúkrahúsanna beggja um nýtingu Grensásdeildar, en það tekur enn fremur til Reykjalundar sem hefur 169 endurhæfingarpláss. Fyrirhugað er að kanna hvort gera megi þjónustusamning um nýtingu þeirra rúma. Enn fremur er í bígerð sams konar samningur við Heilsuhælið í Hveragerði. Þessar aðgerðir eiga að miða að því að bæta svo skipulag og starfsemi endurhæfingardeilda í Reykjavík og nágrenni að losa megi um þessi 37 rúm sem að framan getur.

Öldrunardeildir.

Í ágústmánuði 1996 var gert samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík um aukna samvinnu og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík. Miklar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi öldrunarþjónustu. Gert er ráð fyrir matsdeildum á báðum bráðasjúkrahúsunum og öldrunardeildum á Landakoti. Á þennan hátt eru líkur á að ná fram verulegri hagræðingu og bættri þjónustu. Jafnframt var gerð breyting á reglugerð sem veitir spítalasjúklingum a.m.k. jafnan aðgang að hjúkrunarheimilum í hlutfalli við eignarhlut ríkisins.

Ljóst er að enn er bið eftir fullri uppbyggingu og talið er að bæta þurfi um 15% við þau rými sem fyrir eru í Reykjavík fram til ársins 2010 samkvæmt mannfjöldaspám. Af 189 með mjög brýna þörf sem bíða eftir plássi á hjúkrunarrými munu um 70 nú vera á bráðasjúkrahúsunum. Þannig teppa bæði endurhæfingar- og öldrunarsjúklingar rými á bráðasjúkrahúsunum.

Biðlistar einstakra sjúkrahúsa.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði.

Meðfylgjandi er tafla yfir innlagnir og aðgerðir svo og legutíma og heildarbiðlista frá árunum 1992–1996. Jafnframt fylgir biðlistaskipting milli sérgreina.

Tafla 16.

Ár	Aðgerðir	Innlagnir		Legutími		Biðlisti
		Innl.	Ferliverk	Innl.	Ferliverk	
1992	1.658	1.009	693			
1993	1.653	1.145	595			408
1994	1.348	897	532	3,92	1,33	527
1995	1.389	669	720	4,99	1,30	621
1996	1.382	569	813	5,05	1,35	417
1997						577

Tafla 17.

Biðlistar: Skipting milli sérgreina.

	1993	1994	1995	1996	1997
Háls-, nef- og eyrnalækningar	102	189	236	135	118
Þvagfæralækningar	80	38	64	87	121
Bæklunarlækningar	108	169	142	65	204
Lýtalækningar	102	101	145	90	92
Kvensjúkdómar og annað	38	30	34	40	42
Samtals	**408**	**627**	**621**	**417**	**577**

Á töflunum sést að hluti ferliverka fer vaxandi og biðlisti háls-, nef- og eyrnalækninga hefur heldur styst, þvagfæralækninga heldur lengst og bæklunarlækninga lengst verulega eins og og skýrt var í kaflanum um bæklunarlækningar vegna samninga Sjúkrahúss Reykjavíkur við St. Jósefsspítala. Með aukinni samvinnu við stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og breytinga vegna reglugerða um ferliverk og almennra aðgerða er snertir bæklunarlækningar (sbr. áður) er vonast til að þessi biðlisti haldist í horfinu. Hvað snertir vinnufærni á það við sem áður var sagt um þvagfæraskurðlækningar og bæklunarskurðlækningar. Þess ber þó að geta að bæklunarskurðlækningar eru flestar af miðlungsþunga og sjúklingar því flestir vinnufærir.

Sjúkrahús Akraness.

Á Sjúkrahúsi Akraness hefur verið mjög dæmigerð breyting á síðustu fimm árum. Sjúklingum hefur fjölgað, legudögum fækkað og meðallegutími á sjúkling sömuleiðis styst og aðgerðum fjölgað. Á biðlistum á Sjúkrahúsi Akraness eru nú á þriðja hundrað

sjúklinga. Skurðdeild sjúkrahússins er ekki fullnýtt og með auknu fjármagni væri hægt að nýta betur bæði húsnæði og tækjabúnað skurðdeildar.

Tafla 18.

Aðgerðir, innlagnir og meðallegutími.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996*
Sjúklingafjöldi	2.381	2.521	2.709	2.701	2.835	2.785
Fjöldi legudaga	27.074	26.569	25.528	25.273	25.511	22.031
Meðallegutími sjúklinga	11,7	10,9	9,7	9,6	9,3	8,0
Heildarfjöldi aðgerða	2.452	2.658	2.766	2.700	3.405	**

*Bráðabirgðatölur fyrir 1996, endanlegar tölur úr sjúklingabókhaldi eru ekki til staðar.
**Upplýsingar um aðgerðafjölda 1996 liggja ekki fyrir strax.

1. apríl 1996 var sjúkrarúmum fækkað úr 93 í 75.

Biðlisti:

Bæklunarsjúkdómar	66
Þvagfæraskurðlækningar	16
Háls-, nef- og eyrnalækningar	56
Kvensjúkdómar	67

Hvað varðar almennar skurðlækningar eru um 30 sjúklingar á biðlista eftir valaðgerðum og þurfa þeir að jafnaði að bíða í um þrjá mánuði. Langoftast eru þessir sjúklingar vinnufærir.

Sjúkrahús Vestmannaeyja.

Þar bíða 42 sjúklingar eftir aðgerð. Þær aðgerðir hafa þegar verið ákveðnar að mestu og er fullbókað út febrúar (18 skurðaðgerðir). Þar fyrir utan bíða um 20–30 eftir smærri aðgerðum eða ferliverkum. Hér er því um að ræða röðun en ekki biðlista í þröngri merkingu.

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Tafla 19.

Aðgerðir, innlagnir, legudagar o.fl.

	1992	1993	1994	1995	1996
Aðgerðir	332	320	274	322	344
Innlagnir	745	728	731	736	797
Fæðingar	30	40	41	51	56
Legudagar	14.353	14.009	13.155	12.874	13.564
Langlega á sjúkrad.	1.513	13	11	9	
Þjónustudeild	11	11	11	11	11
Röntgenrannsóknir	1.166	1.069	1.193	1.184	1.520
Rannsóknir	12.468	14.019	12.729	13.310	16.148

Þær upplýsingar berast frá Neskaupstað að ekki séu margir sjúklingar á biðlista. Ekki bárust upplýsingar frá öðrum sjúkrahúsum.

Spurningar – svör.

Í beiðni þingmanna á þskj. 105 eru spurningar sem veitt eru svör við hér á eftir.

1. *Hvernig hefur þróun biðlista eftir læknisaðgerðum innnan og utan sjúkrahúsa verið sl. fimm ár, skipt eftir sjúkdómum, lengd biðtíma, kyni, aldri og félagslegri stöðu?*

Þróun biðlista kemur fram hér að framan. Almennt má segja að þrátt fyrir auknar innlagnir og aukinn fjölda aðgerða, hefur fjöldi sjúklinga á biðlistum lítið breyst en biðtími styst. Erfitt er að meta biðlistann í geðsjúkdómum en að honum frátöldum eru biðlistar í bæklunarlækningum þeir sem mest ber á. Einnig þyrfti að bæta við aðgerðadögum fyrir háls-, nef- og eyrnaaðgerðir að minnsta kosti tímabundið. Í skýrslunni koma fram nokkrar upplýsingar um þær tegundir aðgerða, sem biðlistar hafa myndast vegna og tekist hefur að ná saman upplýsingum um aldur í nokkrum þeirra. Skipting eftir kyni er breytileg innan hverrar sérgreinar enda oft sjúkdómar mistíðir eftir kynjum.

2. *Hvaða áhrif hafa sumarlokanir sjúkrahúsa haft á biðlista?*

Vísað er til greinargerðar Ríkisendurskoðunar frá í maí 1996, „Greinargerð um sumarlokanir sjúkrahúsa". Þar segir á bls. 19, „af framangreindu má ráða að hefðbundnum biðlistaaðgerðum hafi fjölgað milli ára 1993 og 1995. Þá virðast biðlistar ekki hafa lengst á sama tímabili ef undan er skilinn biðlisti eftir hjartaþræðingum. Þannig virðast sumarlokanir sjúkrahúsanna hvorki hafa haft í för með sér fækkun aðgerða né lenginu biðlista á því þriggja ára tímabili er athugunin tók til." Í skýrslu þeirri sem hér er fram sett er þess þó getið að lokanir/frí geti haft einhver áhrif á lengd biðlista.

3. *Eru til skilgreind öryggismörk um hámarksbið eftir aðgerðum, skipt eftir sjúkdómum?*

Í framangreindri skýrslu kemur fram að mjög víða er miðað við 3–6 mánaða biðtíma, þó allt eftir alvöru vandamálsins og afkastagetu sjúkrahúsa í ákveðnum sérgreinum. Það má meta af þeim upplýsingum er fram komu í skýrslunni að biðtími eftir bæklunaraðgerðum sé of langur og er um það sérstaklega fjallað. Jafnframt er biðtími eftir háls-, nef- og eyrnaaðgerðum of langur eða allt að ári á Reykjavíkursvæðinu eftir algengum aðgerðum eins og hálskirtlatöku. Biðtími er styttri úti á landsbyggðinni.

4. *Hver má áætla að útgjöld ríkis og sveitarfélaga séu á ári af heimaþjónustu og heimahjúkrun, læknismeðferð, lyfjum og vistunarplássum fyrir þá sjúklinga sem bíða eftir aðgerð?*
5. *Hver eru helstu áhrif biðar eftir aðgerð á atvinnuöryggi, afkomu og fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra?*
6. *Hvert er áætlað vinnutap sökum langvarandi biðar eftir aðgerðum á sjúkrahúsum og hvað má ætla að margir missi vinnu árlega af þeim sem eru á biðlistum eftir aðgerðum?*
7. *Hvaða sjúkdómar sem kalla á aðgerðir á sjúkrahúsum leiða helst til fjarvista frá vinnu? Hver má áætla meðalútgjöld og vinnutap þessara sjúklinga?*
8. *Hvað má ætla að margir fari árlega yfir á sjúkradagpeninga vegna biðar eftir aðgerðum og hvað er vitað um félagslega stöðu þeirra?*
9. *Hver hefur þátttaka sjúkrasjóða stéttarfélaganna verið í að bæta sjúklingum á biðlistum tekjutap þeirra?*

Eins og fram kemur í skýrslu eru þessar spurningar mjög umfangsmiklar og þess hefur ekki verið gætt við skráningu biðlista að halda slíkum upplýsingum til haga. Þó virðist vera að hér sé einungis um að ræða hluta af þeim sjúklingum, sem nú eru á biðlista eftir bæklunaraðgerðum. Mjög er misjafnt hvernig einstakir sjúklingar njóta bóta frá stéttarfélögum samanber meðfylgjandi yfirlit.[1] Hér gæti því verið um að ræða 150 manns en tilraunir til að áætla kostnað eða hvernig hann skiptist eru einungis ágiskanir. Þessi athugun hefur undirstrikað nauðsyn þess að breyta skráningaraðferðum hvað varðar biðlista. Til þess að svara spurningum svo sem hér eru fram settar þyrfti að gera könnun, þar sem sjúklingum væri fylgt eftir frá því þeir fara á biðlistann og þar til aðgerð er gerð. Slík rannsókn er hins vegar mjög umfangsmikil tekur að minnsta kosti 12 til 18 mánuði til þess að verða markverð og hefði í för með sér töluverðan kostnað. Óvíst er hvort slíkt svaraði kostnaði, þar er það virðist blasa við hvar vandamálið er og hvaða skref þarf að taka og er verið að taka, til þess að leysa það. Bættri skráningu biðlista er þó sjálfsagt að stefna að.

[1] Lágmarkslaunaréttur vegna sjúkdóms og slysaforfalla launafólks er ákveðinn í lögum og ræðst af lengd starfstíma hjá sama atvinnurekanda. Rétturinn er einn mánuður eftir eitt ár, tveir mánuðir eftir þrjú ár og þrír mánuðir eftir fimm ár. Fyrsta mánuðinn eru greidd full laun en síðan daglaun. Betri veikindaréttur er í sumum kjarasamningum t.d. Sóknarsamningum og kjarasamningum verslunarmanna. Kjarasamningar VR kveða t.d. á um greiðslu sex mánuða launa eftir 10 ára starf. Þegar launaréttur er fallinn niður taka við sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna. Réttindi í þeim eru mjög breytileg. Sá sem hefur verið fullgildur aðili að VR í sex mánuði með 70 þús. kr. laun á mánuði eða minna á rétt á 56 þúsund krónum á mánuði í allt að níu mánuði og þeir sem hafa yfir 70 þús. kr. laun á mánuði fá auk þess 60% af því sem umfram er í bætur. Flestir sjúkrasjóðir gefa samt minni rétt.
Samkvæmt reglugerð er veikindaréttur opinberra starfsmanna eftir 12 mánuða starf full laun í 90 daga og síðan helmingur af því í 180 daga á hverjum 12 mánuðum. Eftir 10 ára starf hækka mörkin í 120 og 240 daga og eftir 15 ára starf hækka mörkin í 180 og 360 daga. Eftir 20 ára starf er 360 daga veikindaréttur á 12 mánuðum. Fólk með minni en sex mánuða starfstíma á rétt á fullum launum í 30 daga og síðan helmingi þess næstu 30 daga. Lausráðið fólk með stuttan starfstíma á minni rétt.
Fólk með stuttan starfstíma, lausráðið fólk, fólk utan verkalýðsfélaga, ýmsir „verktakar", námsmenn og fleiri hafa mjög lítinn rétt til greiðslu launa í veikindum.
Þeir sjúklingar sem misst hafa laun vegna veikinda eiga rétt á sjúkradagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins sem eru 17.460 kr. á mánuði. Sjúklingar í meðferð eiga rátt á endurhæfingarlífeyrir og sjúklingar sem metnir hafa verið til fullrar örorku eiga rétt á örorkulífeyri. Báðir þessir bótaflokkar geta orðið 53.840 krónur fyrir tekjulausan einstakling sem býr einn að teknu tilliti til tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar.
Þannig er ljóst að hópur fólks getur orðið af launum í veikindatilvikum og þar með ef það er óvinnufært á biðlistum. Ekki eru til haldbærar upplýsingar um fjölda þeirra sem missa laun, þiggja sjúkradagpeninga, endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri á biðlistum enda tengist launamissirinn oft lengri sjúkdómssögu og röskun á högum áður en sjúklingur var settur á biðlista.

Fylgiskjal.

Landlæknisembættið,
4. janúar 1997:

	1991	1992	1993	1994	1995	1995-2	1996	1996-2 Bráðab.tölur
Bæklunardeildir	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*
Landspítali	460	214	177	277	356		341	360
Borgarspítali	496	434	512	607	686		658	830
Landakotsspítali	134	17	5	-	-			
St.Jósefsspítali Hf	0	120	108	169	208	142	137	65
FSA	70	135	111	111	100	59	125	112
Alls	1160	920	913	1164	1350		1261	1367
breyting frá síðustu könnun		-20.7	-0.8	27.5	16.0		-6.6	8.4
Hjartaskurðlækningar	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*
Landspítali	66	68	82	62	63		83	29
breyting frá síðustu könnun		3.0	20.6	-24.4	1.6		31.7	-65.1
Hjartaþræðingar	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*
Landspítali	-	86	70	100	50		105	158
Borgarspítali	-	53	50	59	34		28	ek
Alls	100	139	120	159	84		133	158
breyting frá síðustu könnun		39.0	-13.7	32.5	-47.2		58.3	18.8
Háls, nef-og eyrnadeild	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*
Borgarspítali	-	837	841	788	847		768	973
St.Jósefsspítali Hf	-	132	102	189	216	236	236	135
FSA								
Alls	837	969	943	977	1063		1004	1108
breyting frá síðustu könnun		15.8	-2.7	3.6	8.8		-5.6	10.4
Þvagfæraskurðdeild	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*	*fjöldi*
Landspítali	450	395	444	459	453		232	300
Borgarspítali	28	96	60	44	30		73	ek
Landakotsspítali	92	69	34	-	40			
St.Jósefsspítali Hf	0	20	60	16	67	64	64	
Alls	570	580	598	519	590		369	300
breyting frá síðustu könnun		1.8	3.1	-13.2	13.7		-37.5	-18.7
Aðrar deildir							*fjöldi*	*fjöldi*
BSP: Heila- og taugaskurðd.							99	ek
BSP: Alm. skurðdeild							271	ek
LSP: Alm. skurðdeild								150
LSP: Æðaskurðdeild							299	ek
LSP: Barnageðdeild								60
Hjúkrunardeildir								200
Alls							669	410
Samtals skráðir á biðlistum án endurhæfingar	2,667	2,608	2,574	2,819	3,087	0	3,066	3,372
breyting frá síðustu könnun		-2.2	-1.3	9.5	9.5		-0.7	10.0

Landspítalinn
bæklunarskurðdeild:

Biðlisti 1996.

	1. jan. 1996	1. sept. 1996	1. nóv. 1996	1. jan. 1997
Samtals	341	350	329	340
Reykjavík & nágr.	220	205	194	213
Dreifbýli	121	145	135	127
Konur	190	189	177	180
Karlar	151	161	152	160
Meðalaldur	53 ár	51	50,5	52

Skipting milli lækna				
	01.01.96	01.09.96	01.11.96	01.01.97
HJjr	112	120	122	114
HöB	23	26	26	29
SvH	47	65	57	66
RS	74	96	86	89
BJ	11	40	35	39
BYJ	0	3	3	2
AHÓ	56	0	0	0
HaB	14	0	0	0
JT/EH	4	0	0	1
Samt:	**341**	**350**	**329**	**340**

Biðlisti bæklunarlækningadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Dags.	Axlaraðgerðir	Gerviliðaaðg. alls	Handarskurðlækningar	Hryggspengingar	Krossbönd	Liðspeglanir	Annað*	Alls á biðlista
01.01.94	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk
	10 10	58 83	34 31	8 10	29 14	88 69	59 60	277 286
	= 20	= 141	= 65	= 18	= 43	= 157	= 119	= 563
01.01.95	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk
	29 17	59 121	32 33	20 17	52 26	91 55	82 52	365 321
	= 46	= 180	= 65	= 37	= 78	= 146	= 134	= 686
01.01.96	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk
	36 29	58 75	44 43	11 14	34 19	68 107	69 59	348 310
	= 65	= 123	= 87	= 25	= 53	= 175	= 128	= 658
01.01.97	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk	kk kvk
	37 55	47 66	44 52	4 10	24 17	116 59	153 90	425 349
	= 92	= 113	= 96	= 14	= 41	= 175	= 243	= 774

* T.d. taka spengingarplötu og skrúfur, breyta um álag vegna slits, fótaaðgerðir o.fl.

Starfsemi bæklunardeilda FSA 1983–95.

Skipting aðgerða

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Innlagnir	403	387	457	408	495	480	471	425	407	445	487	480	544	590
Aðgerðir	413	489	552	606	645	713	764	725	742	757	809	789	856	

Gerfiliðaaðgerðir

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Mjaðmir	35	27	25	24	25	36	34	27	26	36	43	41	47
Hné	16	17	15	12	11	21	18	16	16	17	17	17	33
Skipti	0	1	4	1	2	3	6	9	1	22	11	5	4
Öxl											1	0	3
Samt.	51	45	44	37	38	60	58	52	43	75	72	63	87

Aðgerðir													
	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Vistaðir sjúklingar	335	375	411	406	421	450	461	375	403	421	516	491	498
Utanspítalasjúklingar	78	114	141	200	224	263	303	350	339	336	293	298	358
Samt.	413	489	552	606	645	713	764	725	742	757	809	789	856

Sjúklingar í bið e. aðgerð við Bæklunardeild FSA	01.05. 1991	05.09. 1991	01.04. 1992	31.12. 1992	01.04. 1993	31.12. 1993	01.04. 1994	31.12. 1994	15.05. 1995	31.12. 1995	04.06. 1996	31.12. 1996
Gerviliðaaðgerða	25	41	30	35	13	28	10	35	26	42	32	34
Annara aðgerða með innlögn.	56	79	62	75	56	59	48	60	87	84	66	70
Samtals	**81**	**120**	**92**	**110**	**69**	**87**	**58**	**95**	**113**	**126**	**98**	**104**

696. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1996, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarpið felur í sér að ákvæði laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eru löguð að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þannig að ákvæði 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna um að ekki þurfi að afla leyfis dómsmálaráðherra til réttinda yfir fasteign taki til þeirra sem njóta réttar samkvæmt reglum samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga, auk reglna um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt og þjónustustarfsemi. Fylgir frumvarp þetta í kjölfar breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri er samþykkt var á 120. löggjafarþingi.

Aldursár laganna misritaðist í tölvuvinnslu og er eftirfarandi breyting á heiti frumvarpsins því lögð til.

Mælir nefndin með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað ártalsins „1996“ í heiti frumvarpsins komi: 1966.

Alþingi, 4. mars 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Svanhildur Kaaber.	Kristján Pálsson.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

697. Beiðni um skýrslu [401. mál]

frá menntamálaráðherra um samkeppnisstöðu frjálsra leikhópa gagnvart opinberu leikhúsunum.

Frá Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Árna M. Mathiesen, Einari K. Guðfinnssyni, Pétri H. Blöndal, Vilhjálmi Egilssyni, Árna R. Árnasyni, Guðjóni Guðmundssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Sólveigu Pétursdóttur, Kristni H. Gunnarssyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Láru Margéti Ragnarsdóttur.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að menntamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um samkeppnisstöðu frjálsra leikhópa gagnvart opinberum leikhúsum. Í skýrslunni komi fram:

1. Fjárframlög á árunum 1995 og 1996, ásamt áætluðum framlögum ríkis og sveitarfélaga 1997 til leiklistarstarfsemi í landinu, sundurliðað á leikhús og leikhópa.

2. Samanburður á skattlagningu milli þeirra aðila sem stunda leiklistarstarfsemi í landinu.
3. Ábyrgð hins opinbera á rekstri og lánum til aðila sem stunda leiklistarstarfsemi í landinu.
4. Kostnaður opinberra leikhúsa sem ekki er færður til gjalda í reikningum þeirra heldur gjaldfærður annars staðar af hinu opinbera ef einhver er. Dæmi um slíkan kostnað gæti verið: Ýmiss konar stoðþjónusta, svo sem bókhald, endurskoðun og launavinnsla, uppbætur á lífeyri, kostnaður vegna fastafjármuna, eins og afskriftir og markaðshúsaleiga, og virðisaukaskattur á eigin þjónustu, t.d. ræstingar og húsvörslu.
5. Önnur mismunun ef einhver er.
6. Aðsóknartölur leikhúsa árin 1995 og 1996, áætlun um aðsókn 1997 og aðsóknartölur það sem af er leikárinu 1996–97.
7. Kostnaður hins opinbera á hvern miða.

Greinargerð.

Mikil umræða hefur verið á undanförnum árum, ekki að ástæðulausu, um jafnræði á milli opinberra aðila og einkaaðila. Hefur sú umræða að mestu leyti snúist um rekstrarumhverfi fyrirtækja í hefðbundnum atvinnugreinum. Í þeirri umræðu hefur mikið verið vitnað í hina svokölluðu jafnræðisreglu en kjarni hennar er að aðilum sem eins er ástatt um sé ekki mismunað.

Frjálsir leikhópar hafa undanfarið verið mjög áberandi í menningarlífi landsmanna og fyrir stuttu fékk einn slíkur menningarverðlaun DV fyrir framgöngu sína. Framganga þeirra hefur stóraukið leikhúslíf og hefur í allan vetur verið hægt að velja úr rúmlega tuttugu, og allt upp í þrjátíu leiksýningum, á höfuðborgarsvæðinu og leikhópar víðsvegar um landið hafa einnig sýnt mikinn kraft og frumkvæði. Hér er um mikinn vaxtarbrodd að ræða í atvinnulífinu og er ungt fólk áberandi á þessu sviði.

Sökum þess að hér er ekki um hefðbundna atvinnustarfsemi að ræða þrátt fyrir að margir hafi af henni lífsafkomu sína þá hefur lítil umræða verið um samkeppnisstöðu þeirra sem hafa verið að hasla sér völl á þessu sviði. Skemmtiiðnaður er ein öflugasta atvinnugreinin í mörgum löndum heims og án efa sú sem er í hvað hröðustum vexti. Ísland er engin undantekning þar á og mikilvægt að hið opinbera standi ekki í vegi fyrir þeirri þróun.

698. Tillaga til þingsályktunar [402. mál]

um tvöföldun Reykjanesbrautar.

Flm.: Árni R. Árnason, Ólafur G. Einarsson, Árni M. Mathiesen,
Sigríður A. Þórðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson,
Kristján Pálsson, Ágúst Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefja nauðsynlegan undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, með lagningu nýrrar akbrautar við hlið þeirrar sem fyrir er þannig að Reykjanesbraut verði með aðskildum aksturstefnum og tveimur akreinum til hvorrar áttar.

Greinargerð.

Með tillögu þessari, sem allir þingmenn Reykjaneskjördæmis standa að, er lagt til að þegar skuli hafinn undirbúningur að tvöföldun Reykjanesbrautar, frá Hafnarfirði til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Er ætlun flutningsmanna að tillagan leiði til þess að þegar kemur að umfjöllun um vegaframkvæmdir í Reykjaneskjördæmi að loknum þeim sem ákvarðanir hafa nú verið teknar um, svo sem tvöföldun Reykjanesbrautar frá Breiðholtsbraut til Hafnarfjarðar, gerð nýrra mannvirkja vegna legu Vesturlandsvegar um Mosfellsbæ o.fl., verði fyrirliggjandi fjárhagsleg og tæknileg atriði og valkostir varðandi þetta stórverkefni, ásamt slíkum atriðum um önnur framtíðarverkefni í vegamálum í kjördæminu.

Þingsályktunartillögur um tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafa sex sinnum áður verið fluttar á Alþingi af þingmönnum Reykjaneskjördæmis, síðast á 116. löggjafarþingi 1992–93. Í janúar 1992 bárust samgönguráðherra áskoranir frá um fjögur þúsund manns um nákvæma athugun á hugmynd nokkurra aðila um tvöföldun Reykjanesbrautar. Um sömu mundir hvöttu sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og fleiri mjög til þess í ræðu og riti að tvöföldun Reykjanesbrautar yrði undirbúin og hafist handa við framkvæmdir hið fyrsta. Við umfjöllun Alþingis um tillöguna á haustmánuðum 1992 kom hins vegar fram ályktun sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum, í stjórn Héraðsnefndar Suðurnesja, þess efnis Reykjanesbraut væri ekki forgangsverkefni, en þau voru jafnframt tilgreind í ályktuninni. Sú ályktun varð til þess að Alþingi taldi ekki fært að samþykkja tillöguna, í bága við álit kjörinna fulltrúa heimamanna á Suðurnesjum. Vilji sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum um röð verkefna í vegagerð þar hefur aftur breyst. Nú, fjórum árum síðar, hefur aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var 25. og 26. október sl., ályktað um forgangsröðun verkefna í vegamálum á Suðurnesjum og tiltekur nú tvöföldun Reykjanesbrautar á undan nokkrum verkefnum sem áður voru tiltekin sem forgangsverkefni.

Á Suðurnesjum er að verða mikil og fjölþætt uppbygging sem tekur til flestra af helstu atvinnuvegum landsmanna. Umtalsverð aukning hefur orðið og er fram undan í flugsamgöngum um Keflavíkurflugvöll og fjölgun ferðamanna sem staldra við á Suðurnesjum á leið sinni til og frá landinu. Í undirbúningi eru fjárfestingar í frekari virkjun jarðhita og í orkufrekum iðnaði, auk þess að Atlantal-fyrirtækjahópurinn hyggst hefja að nýju athuganir til undirbúnings að byggingu stórs álvers á Keilisnesi. Af þessum ástæðum er brýnt að fyrir liggi undirbúningur að aukinni afkastagetu og bættu umferðaröryggi einu hraðbrautarinnar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, svo unnt verði að bregðast í tíma við mikilli aukningu umferðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins sem mun fylgja þessari uppbyggingu.

Reykjanesbraut, allt frá Reykjavík til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, er sérstæð meðal þjóðvega landsins. Hún tengir höfuðborgina við eina alþjóðaflugvöllinn í áætlunarflugi milli landa, liggur gegnum þrjá af fjölmennustu kaupstöðum landsins og er notuð af því sem næst öllum ferðalöngum sem koma til landsins og fara frá því, innlendum sem erlendum.

Reykjanesbraut, frá Hafnarfirði til Keflavíkur, var fyrsti vegur í þjóðvegakerfi landsins með bundnu slitlagi. Lagning hennar á árunum 1963 og 1965 markaði tímamót í sögu vegagerðar á Íslandi. Sú framkvæmd var svar við mjög brýnni þörf því að umferð milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins var þá þegar orðin svo mikil að gamli malarvegurinn var með öllu ófullnægjandi.

Með tilkomu brautarinnar varð mikil breyting til batnaðar. Flutningsgeta jókst gífurlega og öll umferð varð miklu greiðari. Þetta olli straumhvörfum í öllum samskiptum íbúa Suðurnesja við höfðuborgarsvæðið og átti sinn þátt í því að efla atvinnulíf á Suðurnesjum. Um svipað leyti og brautin var tekin í notkun var öllu millilandaflugi beint til Keflavíkurflugvallar sem var þá og er enn meðal best búnu og öruggustu flugvalla við norðanvert Atlantshaf. Allar götur síðan hafa flestir flugfarþegar til og frá Íslandi átt leið um Reykjanesbraut. Hún er því þjóðvegur allra landsmanna og um leið fyrsti og síðasti áfangi í ferð langflestra erlendra ferðamanna um Ísland. Öryggi vegfarenda á Reykjanesbraut ræður því miklu um hvernig þeir minnast dvalar sinnar hér á landi og jafnvel hvort þeir hyggjast koma hingað aftur eða ekki.

Bættar samgöngur eru höfuðforsenda þess að tengja saman atvinnulíf á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu sem er eftirsóknarvert af efnahagslegum ástæðum og enn fremur frá sjónarmiði vinnumarkaðarins. Nú er talið að meir en 1.000 manns aki brautina daglega til og frá vinnu milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins, og fjöldi þeirra fari vaxandi.

Bættar samgöngur skipta höfuðmáli fyrir byggðaþróun á Suðurnesjum og möguleika til þess að nýta kosti vel búins alþjóðaflugvallar. Flugleiðir starfrækja þar nú geysistórt flugskýli og fara verkefni í tengslum við það vaxandi. Þjónusta við smáflugvélar og ferjuflug er í uppbyggingu. Vænta má aukinna umsvifa Íslendinga í ferðaþjónustu og ráðgera Suðurnesjabúar að taka mikinn þátt í þeim. Á Suðurnesjum er einstæð aðstaða til útflutnings því að hvergi annars staðar á landinu er jafnstutt milli hafna sem liggja vel að fiskimiðum og alþjóðaflugvallar sem getur annast vöruflug hvert sem þarf.

Sérfræðingar Vegagerðar ríkisins hafa talið að þegar mesta umferð nemi um 8.000–10.000 bifreiðum á sólarhring þurfi að aðskilja aksturssstefnur. Ljóst er að óðfluga dregur að því að umferðarþunginn nái þessum mörkum. Þá er ekki tekið tillit til þess hvert er hlutfall þungra bifreiða í umferð um Reykjanesbraut. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 1991 benti á í ályktun um olíuflutninga um Reykjanesbraut að um hana væru þá árlega flutt um 80.000 tonn af flugvélabensíni, auk annarra bensín- og olíuflutninga. Greining Vegagerðar ríkisins leiðir í ljós að hlutfall þungra bifreiða á Reykjanesbraut muni vera 10–11% á virkum dögum og 4–5% um helgar. Þetta er hærra hlutfall en yfirleitt á þjóðvegum landsins. Hærra hlutfall þungaflutninga en almennt gerist er skýr ábending um að almennar viðmiðanir um aðsemi slíkra vegaframkvæmda eiga ekki við um aðsemismat tvöföldunar Reykjanesbrautar. Þar skortir að taka tillit til óvenju þungra flutninga.

Á fyrsta umferðarþingi, í nóvember 1990, kom fram niðurstaða athugunar á kostnaði þjóðfélagsins af völdum umferðarslysa 1989 á verðlagi í nóvember 1990. Forsendur hennar eru birtar í skýrslu um störf þingsins. Miðað við upplýsingar um umferðarslys á Reykjanesbraut má draga þá ályktun að kostnaður þjóðfélagsins af þeim geti numið um 700 millj. kr. á ári. Sú fjárhæð er óyggjandi vísbending um þann ávinning sem þjóðfélagið getur vænst af bættu öryggi umferðar og vegfarenda um Reykjanesbraut. Er þá ekki minnst á mannlegar afleiðingar sem aldrei verða metnar til fjár. Ekki er tekið tillit til þessarar vísbendingar við athuganir Vegagerðar ríkisins á aðsemi vegaframkvæmda.

Af fylgiskjölum með greinargerðinni má sjá að 1. desember 1995 voru íbúar á Suðurnesjum 15.634, auk rúmlega 4.800 íbúa í varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Einnig að um Keflavíkurflugvöll fóru á árinu 1995 alls um 930.000 farþegar og nærfellt 20.000 tonn af vörum og pósti. Þessir flutningar eru jafnmiklir eða meiri en um alla aðra flug-

velli á Íslandi. Daglegir notendur Reykjanesbrautar eru alls um 20.000 auk hins mikla fjölda ferðamanna sem fer um hana á ári hverju.

Kostnaður við tvöföldun Reykjanesbrautar var í janúar 1992 gróflega áætlaður um 1,5 milljarðar kr. en ekki verður komist nær þar um nema með nokkrum undirbúningi.

Reykjanesbraut í núverandi mynd fullnægir hvergi nærri kröfum sem gerðar eru til einu samgönguæðar Suðurnesja og eina alþjóðaflugvallar þjóðarinnar við höfuðborgarsvæðið. Einkenni umferðar um Reykjanesbraut er mikil næturumferð allan ársins hring, tengd upphafi vinnudags og áætlunarflugi. Aukning í atvinnulífinu mun auka næturumferðina. Akstursskilyrði á Reykjanesbraut eru oft slæm og versna stundum mjög skyndilega vegna tíðra og snöggra umhleypinga með miklum sveiflum í hita og úrkomu. Í rigningu og þoku eru umferðaróhöpp tíð. Á veturna myndast oft mikil hálka á örskammri stund. Umferðarslys má oft rekja til þessara skyndilegu breytinga á akstursskilyrðum, svo og til framúraksturs og útafaksturs vegna þess að á veginum er umferð í báðar áttir. Með vaxandi umferð hefur umferðaróhöppum og slysum farið mjög fjölgandi. Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi Íslands, þ.e. á 0,6% allra þjóðvega landsins, verða 12,3% allra umferðarslysa, enda hefur Reykjanesbrautin verið nefnd svartasti vegarkaflinn á Íslandi.

Af öllu framansögðu er ljóst, að brýnt er að bæta öryggi vegfarenda um Reykjanesbraut og jafnframt að stórauka flutningsgetu hennar.

Fylgiskjal I sýnir hvar slys hafa orðið á Reykjanesbraut á árunum 1980–89.

Fylgiskjal II sýnir upplýsingar um banaslys á Reykjanesbraut.

Fylgiskjal III sýnir upplýsingar um umferðarþunga og umferðarslys á Reykjanesbraut frá því að brautin var fullgerð árið 1965 og til ársins 1991 en eftir það hafa verið gerðar lagfæringar við vegamót að henni og við vegaxlir.

Fylgiskjal IV sýnir samanburð umferðarslysa á Reykjanesbraut og Suðurlandsvegi og ályktanir um ástæður mismunarins.

Fylgiskjal V sýnir íbúafjölda á Suðurnesjum árin 1982–96.

Fylgiskjal VI sýnir fjölda farþega til og frá Íslandi (án áfram- og skiptifarþega) sem fóru um Keflavíkurflugvöll árin 1992–96


FAXAFLÓI
N
o = Umferðaróhöpp
• = Dauðaslys
Akurey
Grótta
Engey
Viðey
SELTJARNARNES
REYKJAVÍK
ÁLFTANES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
Vífilsstaðavatn
Hraun
Hvaleyrarvatn
Til Krísuvíkur
KEFLAVÍK
NJARÐVÍK
VOGAR
Vatnsleysuströnd
Strandarheiði
Fitjar
Til Hafna
Til Grindavíkur
VEGAGERÐIN
Umferðaróhöpp 1980 - 1989
Reykjanesbraut
Hafnarfjarðarvegur - Njarðvíkurvegur

Fylgiskjal II.

Umferðarráð:

Banaslys á Reykjanesbraut.

(13. febrúar 1992.)

Á árunum 1968 til ársloka 1991 hafa orðið 33 umferðarslys á Reykjanesbraut sem leitt hafa til dauða eins eða fleiri vegfarenda.

Alls hafa 40 manns látist í þessum slysum. Í árekstrum hafa farist 21, í bílveltum 4, í útafkeyrslum 7, fyrir bíl hafa orðið 5. Samtals eru látnir 40, þ.e. 25 karlmenn, 12 konur og 3 börn. Tvö urðu fyrir bíl sem gangandi vegfarendur og kornabarn, sem var farþegi í bíl, lést.

Þetta er eingöngu yfirlit yfir banaslysin sem orðið hafa á Reykjanesbraut. Þar við bætist mikill fjöldi annarra slysa og hafa sum þeirra verið mjög alvarleg.

Fylgiskjal III.

Umferð og umferðarslys á Reykjanesbraut.

Ár[1]	MDU	ÁDU	SDU	VDU	Slys
1965		1.340			
1966			1.530		
1967		1.500			
1968		1.540			
1969		1.630			
1975		2.820	3.220		
1976			3.310		
1977		3.250	3.540		
1978		3.240	3.710		
1979		3.240	3.460		
1980		3.120	3.530		
1981		3.130	3.550		
1982	4.000	3.070	3.590		90
1983	3.900	3.010	3.670		110
1984	4.100	3.180	3.930		107
1985	5.300	3.610	4.170		100
1986	5.547	3.663	4.308		124
1987	7.802	4.663	5.428		172
1988[2]	8.632	4.974	4.728		152
1989	7.806	4.789	5.642	3.862	131
1990	7.733	4.894	5.771	3.945	107
1991[3]	7.850	5.226	6.029	4.468	

Athugasemdir:

[1] MDU táknar mesta fjölda bíla á sólarhring yfir árið, eða MestaDagsUmferð.
ÁDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir árið, eða ÁrsDagsUmferð.
SDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir sumarmánuðina, eða SumarDagsUmferð.
VDU táknar meðalfjölda bíla á sólarhring yfir vetrarmánuðina, eða VetrarDagsUmferð.

[2] Vegna breytinga á skráningu umferðarslysa eru tölur árið 1988 og síðar ekki sambærilegar við tölur fyrri ára sem eru allar úr lögregluskýrslum. Tölur ársins 1988 og síðar fela aðeins í sér þau tilvik þar sem lögregla er tilkvödd, en á fyrri hluta árs 1988 var tekinn upp nýr háttur á skýrslugerð um umferðaróhöpp og umferðarslys með tilkomu sérstakra eyðublaða tryggingafélaganna sjálfra.

[3] Ekki eru fyrirliggjandi tölur úr lögregluskýrslum um slys á Reykjanesbraut á árinu 1991.

Heimild: Vegagerð ríkisins.

Fylgiskjal IV.

Samanburður umferðaróhappa, slysa og dauðaslysa á Reykjanesbraut og á Suðurlandsvegi árin 1984–1988, fjöldi og tíðni.

	Öll óhöpp		Slys (meiðsl)		Dauðaslys
	Fjöldi	Tíðni	Fjöldi	Tíðni	
Vegur — Kafli	Meðaltal		Meðaltal		Alls
Suðurlandsvegur:					
Árbær — Hafravatnsvegur	9	1,07	2	0,24	0
Hafravatnsvegur — sýslumörk	7	0,71	2	0,16	0
Sýslumörk — Þrengslavegur	8	1,05	2	0,22	1
Þrengslavegur — Hveragerði	20	1,18	5	0,30	3
Suðurlandsvegur	44	1,00	11	0,23	4
Reykjanesbraut:					
Krýsuvíkurvegur — Kúagerði	23	1,31	7	0,39	2
Kúagerði — Grindavíkurvegur	26	1,39	8	0,47	2
Grindavíkurvegur — Víknavegur	10	1,32	3	0,38	0
Reykjanesbraut	59	1,34	18	0,41	4

	Öll óhöpp		Slys (meiðsl)	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Suðurlandsvegur:				
Útafakstur	54	30,9	25	58,1
Ekið aftan á bifreið	42	27,4	6	14,0
Ekið framan á bifreið	22	12,6	6	14,0
Ekið á hlið á bifreiðar	37	21,1	5	11,6
Ekið á kyrrstæðan hlut	6	3,4	1	2,3
Ekið á gangandi vegfaranda	0	0,0	0	0,0
Ekið á skepnu	7	4,0	0	0,0
Rúðubrot	1	0,6	0	0,0
Alls	**175**		**43**	
Reykjanesbraut:				
Útafakstur	112	37,8	60	65,9
Ekið aftan á bifreið	52	17,7	10	11,0
Ekið framan á bifreið	20	6,8	10	11,0
Ekið á hlið á bifreiðar	46	15,6	11	12,1
Ekið á kyrrstæðan hlut	17	5,8	0	0,0
Ekið á gangandi vegfaranda	0	0,0	0	0,0
Ekið á skepnu	41	13,9	0	0,0
Rúðubrot	7	2,4	0	0,0
Alls	**294**		**91**	

Tíðni umferðaróhappa eftir árum.

Vegur	1984	1985	1986	1987	1988	Meðaltal
Suðurlandsvegur	0,35	0,18	0,21	0,26	0,16	0,23
Reykjanesbraut	0,47	0,55	0,31	0,26	0,48	0,41

Óhöpp, sem verða þegar ekið er aftan á bifreið og á hlið bifreiðar, verða flest við gatnamót. Um 24% fleiri slík óhöpp verða á Reykjanesbraut og afleiðingarnar þar verða miklu verri því að um 90% fleiri slík óhöpp með slysum (meiðslum) verða á Reykjanesbraut en Suðurlandsvegi.

Slys (meiðsl) verða í 70% fleiri tilvikum árekstra (ekið framan á bifreið) á Reykjanesbraut en á Suðurlandsvegi þó að slík óhöpp verði ívið fleiri á Suðurlandsvegi.

Útafakstur er 100% tíðari á Reykjanesbraut og slys (meiðsl) í þeim verða 140% fleiri þar en á Suðurlandsvegi. Útafakstur af Reykjanesbraut er því miklu hættulegri vegfarendum, auk þess sem þar verða meiri skemmdir á ökutækjum. Mun skýringar að leita í næsta umhverfi brautarinnar ásamt hinni miklu næturumferð um hana.

Suðurlandsvegi hefur verið betur við haldið, bæði slitlagi og vegaröxlum.

Framúrakstur á Suðurlandsvegi er auðveldari en á Reykjanesbraut, bæði vegna betri legu og nokkurra framúrakstursreina á Suðurlandsvegi.

Heimild: Vegagerð ríkisins: Október 1989 og 11. maí 1990.

Fylgiskjal V.

Íbúafjöldi á Suðurnesjum árin 1982–96.



Heimild: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fylgiskjal VI.

Fjöldi farþega til og frá Íslandi (án áfram- og skiptifarþega) sem fóru um Keflavíkurflugvöll árin 1992–96.



Heimild: Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli.

699. Svar [359. mál]

kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um stöðu jafnréttismála innan þjóðkirkjunnar.

1. *Hvaða nefndir hafa verið skipaðar um málefni kirkjunnar sl. þrjú ár og hvernig hafa þær verið skipaðar? Hverjir hafa setið í viðkomandi nefndum og hverjir hafa verið formenn þeirra? Hvert er hlutfall kvenna og karla:*
   a. í hverri nefnd,
   b. meðal formanna nefndanna?

Í nefndum á vegum þjóðkirkjunnar, skipuðum af yfirstjórn þjóðkirkjunnar, er fjöldi nefndarmanna alls 135, þar af eru 36 konur eða 26,6%.

Formenn þeirra nefnda eru alls 32 og þar af eru sjö konur eða 21,8%.

2. *Hvert er hlutfall kynja:*
   a. meðal presta þjóðkirkjunnar,
   b. aðstoðarpresta,
   c. sérþjónustupresta,
   d. í Prestafélagi Íslands,
   e. í stjórn prestafélagsins,
   f. á kirkjuþingi,
   g. meðal prófasta,
   h. sóknarbarna þjóðkirkjunnar,
   i. sóknarnefndamanna,
   j. formanna sóknarnefnda?

a. Sóknarprestar eru alls 98, þar af eru konur 17 eða 17,3%.
b. Aðstoðarprestar eru 12, þar af eru fjórar konur eða 22,3%.
c. Sérþjónustuprestar eru alls 18, þar af eru konur fjórar eða 22,2%.
d. Í Prestafélagi Ísland eru alls 136 prestar, þar af 20 konur eða 14,7%.
e. Í stjórn Prestafélags Íslands eru fimm í aðalstjórn, allt karlar, og tveir í varastjórn, þar af ein kona eða 14,2%.
f. Á kirkjuþingi eiga sæti 21 fulltrúi, þar af þrjár konur eða 14,2%.
g. Prófastar eru 16 talsins, þar af er ein kona eða 6,3%.
h. Innan þjóðkirkjunnar eru 244.060 manns, þar af eru karlar 122.245 og konur 121.815 eða 49,9%.
i. Heildarfjöldi í sóknarnefndum er 1.280, karlar 728 og konur 552 eða 43%.
j. Formenn sóknarnefnda eru samtals 284. Þar af eru karlar 188 og konur 96 eða u.þ.b. 34%.

3. *Hyggst kirkjumálaráðherra beita sér fyrir því að konur fái aðild að kristnihátíðarnefnd? Ef já, þá hvenær? Ef nei, hvers vegna ekki?*

Framangreind nefnd var skipuð á vegum forsætisráðuneytisins. Samkvæmt upplýsingum þaðan eru ekki ráðgerðar breytingar á skipan nefndarinnar. Þar sem tilteknir embættismenn eiga sæti í nefndinni stöðu sinnar vegna ræðst kynferðið af því hverjir gegna þeim stöðum á hverjum tíma. Í upphafi voru konur í meiri hluta í nefndinni þótt síðan hafi orðið veruleg breyting á.

4. *Hefur þjóðkirkjan sett sér jafnréttisáætlun? Ef svo er, hvenær var hún sett og hver eru helstu markmið hennar?*

Eins og stendur hefur jafnréttisáætlun ekki verið sett. Í tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er stefnt að því að heildarþátttaka kvenna í nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar verði 30% í lok gildistíma áætlunarinnar, og verið er að leggja grunn að gerð áætlunar hjá þjóðkirkjunni út frá þessari stefnumörkun.

5. *Hefur þjóðkirkjan komið sér upp skipulögðum farvegi til að takast á við kvartanir um kynferðislega áreitni?*

Nei. Í þessu sambandi skal þó bent á 11. gr. frumvarps til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem er nú til meðferðar á Alþingi, en þar er kveðið á um úrskurðarnefnd sem skal fjalla um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi. Í 12. gr. er kveðið á um áfrýjunarnefnd sem skjóta má niðurstöðum úrskurðarnefndar til. Verði frumvarpið að lögum mun verða lögfest leið til að koma að kvörtunum vegna siðferðis- og agabrota og fá úrlausn þeirra mála á kirkjulegum vettvangi.

6. *Hvaða stöðu og stuðnings nýtur kvennakirkjan innan þjóðkirkjunnar?*

Kvennakirkjan er frjáls samtök án tengsla við yfirstjórn kirkjunnar.

700. Tillaga til þingsályktunar [403. mál]

um mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að móta áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum í samræmi við yfirlýsingu sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. desember 1993. Nefndin verði skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Jafnréttisráðs, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Kvennaathvarfsins í Reykjavík og Stígamóta, svo og fulltrúa forsætisráðuneytis sem verði formaður. Nefndin móti áætlun til fimm ára og hafi eftirlit með framkvæmd hennar. Skýrsla um störf nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi eftir því sem verkinu miðar.

Greinargerð.

Barátta kvenna um allan heim fyrir kvenfrelsi og góðum lífsskilyrðum kvenna og barna er hluti af þeirri mannréttindabaráttu sem staðið hefur um aldir. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er það nú viðurkennt að líta beri á stöðu kvenna út frá mannréttindum, en það leggur þjóðum þá skyldu á herðar að skoða stöðu kvenna sérstaklega og tryggja konum sömu réttindi og möguleika og körlum.

Sameinuðu þjóðirnar hafa á undanförnum árum staðið fyrir mörgum mikilvægum ráðstefnum um málefni sem skipta mannkynið miklu. Mannréttindi kvenna hafa þar skipað sífellt stærri sess, og snerist t.d. mannréttindaráðstefnan í Vín 1993 að miklu leyti um mannréttindi kvenna. Þá er í fersku minni kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kína í september árið 1995, en þar náðust mikilsverðir áfangar í baráttunni fyrir mannréttindum kvenna sem varða munu veginn til framtíðar.

Í kjölfar mannréttindaráðstefnunnar í Vín 1993 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna yfirlýsing um afnám ofbeldis gagnvart konum. Yfirlýsingin, sem fylgir hér með sem fylgiskjal, var samþykkt 20. desember 1993 og greiddu Íslendingar henni atkvæði. Í henni er lögð áhersla á þátt stjórnvalda í að draga úr því ofbeldi sem konur eru beittar, og bent á mikilvægi þess að stjórnvöld styðji við bakið á þeim sem vinna að úrbótum í því efni. Ofbeldi gegn konum er vandamál samfélagsins alls, en ekki eingöngu þeirra sem fyrir því verða. Með undirskrift sinni hafa íslensk stjórnvöld tekið undir þau sjónarmið. Nú þarf að brúa bilið milli orða og athafna.

Vissulega má benda á atriði í meðfylgjandi yfirlýsingu sem ekki ætti að þurfa að taka sérstaklega á hér á landi, en önnur þarfnast svo sannarlega rækilegrar umfjöllunar og úrbóta við. Eins og fram kemur í yfirlýsingunni er mikilvægt að afla upplýsinga og gagna og móta áætlun um úrbætur með hliðsjón af þeim. Nýútkomin skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum, sem birt er á þskj. 612 á þessu þingi, hlýtur að verða mikilvægur stuðningur við þá áætlanagerð.

Við mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum þarf m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

— að fræðsla um ofbeldi og áhrif þess verði aukin verulega í skólum og meðal almennings, hvort sem um er að ræða kynferðislegt ofbeldi eða ofbeldi af öðrum toga,
— að heimilisofbeldi verði skilgreint og meðhöndlað eins og annað ofbeldi,
— að fræðsla fyrir lögreglumenn, lögfræðinga og dómara um kynferðisofbeldi og ofbeldi á heimilum verði stóraukin,
— að markvisst verði unnið að því að fjölga konum í þeim starfsstéttum sem vinna við meðferð ofbeldismála, bæði hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum,
— að kæruskylda hvíli á lögreglu og ákæruvaldi vegna ofbeldisbrota, en ábyrgðin hvíli ekki á þolanda brotsins,
— að brotaþola sé skipaður málsvari allt frá upphafi rannsóknar til málsloka,
— að lögreglu verði gert kleift að beita nálgunarbanni jafnhliða áminningu ef einhver raskar friði annarrar manneskju eða vekur henni ótta með ógnunum eða ofsóknum,
— að tryggt verði fjármagn til reksturs miðstöðva fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi,
— að komið verði á meðferðarúrræðum fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Þar sem rannsóknir og umræða um ofbeldi gagnvart konum er komin lengst er það flokkað sem kvennamál óháð stéttum, litarhætti og þjóðfélagsgerð. Það er flokkað sem glæpsamlegt athæfi og heilbrigðismál, enda reynir á heilbrigðiskerfið, dómskerfið og félagsmálayfirvöld við meðferð slíkra mála. Mikið skortir á skilning og aðstæður til viðbragða innan íslensks stjórnkerfis, og úr því verður að bæta. Ofbeldi inni á heimilum er þjóðfélagsvandi og dulið vandamál sem fólk forðast að viðurkenna, en rannsóknir sýna að heimilisofbeldi er mun algengara en almennt hefur verið talið og á sér stað óháð félagslegri stöðu fólks. Í ofbeldi gegn konum birtist kvennakúgun í sinni grófustu mynd, og það er krafa kvenna að gripið verði til aðgerða til að afmá þann smánarblett af íslensku samfélagi.

Fylgiskjal.

85. ALLSHERJARÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Yfirlýsing um afnám ofbeldis gagnvart konum.

(20. desember 1993.)

Allsherjarþingið

viðurkennir að brýn þörf er á að konur alls staðar í heiminum njóti réttinda og grundvallarhugmynda er byggja á jafnrétti, öryggi, frelsi, heilindum og virðingu fyrir öllum mönnum,

gerir sér ljóst að slík réttindi og grundvallarhugmyndir eru hluti af alþjóðasamningum, meðal annars alþjóðayfirlýsingu um mannréttindi, alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum og samningi gegn pyntingum og annarri grimmilegri og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð og refsingu,

viðurkennir að árangursrík framkvæmd samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum stuðlar að afnámi ofbeldis gagnvart konum og að yfirlýsing um afnám ofbeldis gagnvart konum, sem sett er fram í þessari ályktun, styrkir og stuðlar að því markmiði,

hefur áhyggjur af því að ofbeldi gagnvart konum komi í veg fyrir að jafnrétti, þróun og friður, sem fjallað er um í Nairobi-áætlun um framsókn kvenna, þar sem mælt var með ráðstöfunum til að vinna gegn ofbeldi gagnvart konum, og að samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum nái fram að ganga,

staðfestir að ofbeldi gagnvart konum er brot á réttindum og grundvallarfrelsi kvenna og skerðir eða kemur í veg fyrir að þær njóti þessara réttinda og frelsis og hefur áhyggjur af því hve illa gengur að vernda og stuðla að þessum réttindum og frelsi að því er varðar ofbeldi gagnvart konum,

viðurkennir að ofbeldi gagnvart konum er staðfesting á aldagömlu valdamisvægi kynjanna er leiddi til drottnunar karlmanna og mismununar gagnvart konum og hindraði öfluga framsókn kvenna og að ofbeldi gagnvart konum er einn af þeim grundvallarþáttum í samfélaginu er leiðir til þess að konur eru settar skör lægra en karlmenn, hefur áhyggjur af því að sumir hópar kvenna, til dæmis konur í minnihlutahópum, innfæddar konur, flóttakonur, farandkonur, konur er búa í sveitum eða einangruðum samfélögum, blásnauð-

ar konur, konur á stofnunum eða í fangelsum, stúlkur, fatlaðar konur, eldri konur og konur á stríðstímum, eru einkum beittir ofbeldi,

hefur í huga niðurstöðu 23. mgr. í viðauka við ályktun efnahags- og félagsmálaráðsins 1990/15 frá 24. maí 1990 þar sem segir að ofbeldi gagnvart konum innan fjölskyldunnar og í samfélaginu sé ríkjandi og óháð efnahag, stétt og menningu og að brýnt sé að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir það,

hefur einnig í huga ályktun efnahags- og félagsmálaráðsins 1990/15 frá 30. maí 1991 þar sem ráðið mælir með frekari þróun alþjóðlegs gernings sem fjallar sérstaklega um ofbeldi gagnvart konum,

fagnar því að kvennahreyfingar vekja í auknum mæli athygli á eðli, alvarleika og umfangi ofbeldis gagnvart konum,

óttast mjög að tækifæri kvenna til að öðlast lagalegt, félagslegt, stjórnmálalegt og efnahagslegt jafnræði í þjóðfélaginu séu takmörkuð, meðal annars vegna þess hve algengt ofbeldi er,

er sannfært um í ljósi þess sem fyrr greinir að þörf er á víðtækri skilgreiningu á ofbeldi gagnvart konum, skýrri yfirlýsingu um þau réttindi sem eiga að tryggja afnám alls ofbeldis gagnvart konum, skuldbindingum ríkja um eigin ábyrgð og skuldbindingum hins alþjóðlega samfélags í heild um afnám ofbeldis gagnvart konum,

kunngerir eftirfarandi yfirlýsingu um afnám ofbeldis gagnvart konum og hvetur til að allra bragða verði neytt til að hún öðlist viðurkenningu og verði virt:

1. gr.

Að því er þessa yfirlýsingu varðar merkir hugtakið „ofbeldi gagnvart konum“ ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga kvenna, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

2. gr.

Ofbeldi gagnvart konum felur í sér, en er þó ekki takmarkað við, eftirfarandi:

a. líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi innan fjölskyldunnar, meðal annars barsmíðar, kynferðislegt ofbeldi gagnvart stúlkum á heimili, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun í hjónabandi, skaði á kynfærum stúlkna og aðrar hefðir sem eru skaðlegar konum, ofbeldi annars en maka og misnotkun í gróðaskyni;
b. líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi í þjóðfélaginu almennt, meðal annars nauðganir, kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg áreitni og hótanir á vinnustað, í menntastofnunum og annars staðar, þrælasala kvenna og þvingun til vændis;
c. líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi stjórnvalda eða framið með samþykki stjórnvalda hvar sem slíkt á sér stað.

3. gr.

Konur eiga rétt á því að njóta allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við aðra á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, í einkalífi eða á hverju öðru sviði. Þessi réttindi fela meðal annars í sér:

a. rétt til að lifa;
b. rétt til að njóta jafnréttis;
c. rétt til frelsis og persónulegs öryggis;

d. rétt til að njóta réttaröryggis á við aðra;
e. rétt til að vera laus við hvers konar mismunun;
f. rétt til bestu líkamlegrar og andlegrar heilsu sem völ er á;
g. rétt til réttlátra og hagkvæmra vinnuskilyrða;
h. rétt til að þurfa ekki að þola pyntingar og aðra grimmilega og ómannlega eða vanvirðandi meðferð og refsingu.

4. gr.

Ríki ættu að fordæma ofbeldi gagnvart konum og ekki beita fyrir sig venjum, siðum eða trúarlegum ástæðum til að komast hjá skuldbindingum sínum að því er varðar afnám þess. Ríki ættu hið fyrsta að leita allra leiða til að afnema ofbeldi gagnvart konum og í því skyni að:

a. íhuga, hafi þau ekki þegar gert það, að fullgilda eða gerast aðilar að samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum eða láta af fyrirvörum sínum við samninginn;
b. láta af ofbeldi gagnvart konum;
c. gera sitt ítrasta til að koma í veg fyrir, rannsaka og, í samræmi við innlenda löggjöf, refsa fyrir ofbeldi gagnvart konum hvort sem ríkið eða einstaklingar eiga sök þar á;
d. bæta innlenda refsilöggjöf, löggjöf um rétt borgaranna, vinnulöggjöf og stjórnsýsluaðgerðir til að refsa og bæta fyrir óréttlæti gagnvart konum sem þolað hafa ofbeldi; konur sem verða fyrir ofbeldi ættu að hafa aðgang að réttarkerfinu og, eins og kveðið er á um í innlendri löggjöf, að réttlátum og árangursríkum úrræðum vegna þess skaða sem þær hafa orðið fyrir; ríkin skulu einnig upplýsa konur um rétt þeirra til að sækja um bætur í gegnum réttarkerfið;
e. íhuga þann möguleika að móta innlendar aðgerðaráætlanir til að stuðla að verndun kvenna gegn hvers konar ofbeldi, eða setja ákvæði í þessu skyni í áætlanir sem eru fyrir hendi þar sem tillit er tekið til, eftir því sem við á, samvinnu einkarekinna samtaka, einkum þeirra samtaka er láta sig sérstaklega varða ofbeldi gagnvart konum;
f. móta viðtækar fyrirbyggjandi aðgerðir og lagalegar, stjórnmálalegar, stjórnsýslulegar og menningarlegar ráðstafanir til að stuðla að verndun kvenna gagnvart hvers konar ofbeldi og tryggja að konur verði ekki endurtekið fyrir ofbeldi vegna laga er taka ekki tillit til kynferðis fórnarlambs, fullnustureglna eða annarrar íhlutunar;
g. leitast við að tryggja, að því marki sem æskilegast telst í ljósi þess fjármagns sem er fyrir hendi og, þar sem þörf er á, innan ramma alþjóðlegrar samvinnu, að konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi og, eftir því sem við á, börn þeirra, fái sérhæfða aðstoð við umönnun barna og framfærslueyri, meðferð, ráðgjöf og heilbrigðis- og félagslega þjónustu, aðstöðu og meðferð, auk stuðnings og ættu að gera allar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að öryggi þeirra og líkamlegri og andlegri endurhæfingu;
h. setja í fjárlög ríkisins nægilegt fjármagn til þess hluta starfsemi sinnar er lýtur að afnámi ofbeldis gagnvart konum;
i. gera ráðstafanir til að tryggja að lögregla og opinberir starfsmenn sem bera ábyrgð á framkvæmd stefnanna og eiga að koma í veg fyrir, rannsaka og refsa fyrir ofbeldi gagnvart konum fái þjálfun til að auka skilning þeirra á þörfum kvenna;
j. gera allar viðeigandi ráðstafanir, einkum á sviði menntunar, til að breyta félagslegu og þjóðfélagslegu hegðunarmynstri karla og kvenna og kveða niður fordóma, við-

teknar venjur og allar aðrar venjur er grundvallast á hugmyndinni um að annað kynið sé óæðra eða æðra og um fastmótuð hlutverk karla og kvenna;

k. stuðla að rannsóknum, safna upplýsingum og taka saman gögn um ofbeldi á heimilum, um tíðni hinna ýmsu tegunda ofbeldis gagnvart konum og hvetja til rannsókna á orsökum, eðli, umfangi og afleiðingum ofbeldis gagnvart konum og um áhrif ráðstafana sem gerðar eru til að koma í veg fyrir og bæta fyrir ofbeldi gagnvart konum; þessi gögn og niðurstöður rannsókna verða birt opinberlega;

l. gera ráðstafanir er miða að afnámi ofbeldis gagnvart konum sem eru sérlega berskjaldaðar gagnvart ofbeldi;

m. hafa í skýrslum sem þau leggja fram samkvæmt viðeigandi mannréttindasamningum Sameinuðu þjóðanna upplýsingar um ofbeldi gagnvart konum og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari yfirlýsingu;

n. hvetja til þess að viðeigandi viðmiðunarreglur verði settar til að stuðla að framkvæmd þeirra grundvallarhugmynda sem fram koma í þessari yfirlýsingu;

o. viðurkenna mikilvægi kvennahreyfinga og einkarekinna samtaka hvar sem er í heiminum við að vekja athygli á og draga úr ofbeldi gagnvart konum;

p. auðvelda og efla starf kvennahreyfinga og einkarekinna samtaka og vinna með þeim á minni og stærri svæðum og í löndunum;

q. hvetja til að samtök sveitarfélaga fjalli einnig um afnám ofbeldis gagnvart konum í áætlunum sínum eftir því sem við á.

5. gr.

Stofnanir og sérskrifstofur Sameinuðu þjóðanna ættu hver á sínu sviði að leggja sitt af mörkum til að réttindi og grundvallarhugmyndir þessarar yfirlýsingar verði viðurkenndar og komið til framkvæmdar og ættu í því skyni meðal annars að:

a. stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samvinnu milli svæða með það í huga að skilgreina svæðaáætlanir í baráttunni gegn ofbeldi, miðla reynslu og fjármagna áætlanir er miða að því að afnema ofbeldi gagnvart konum;

b. stuðla að því að haldnir verði fundir og ráðstefnur með það í huga að vekja alla til umhugsunar um afnám ofbeldis gagnvart konum;

c. ýta undir samræmingu og samskipti mannréttindastofnana innan Sameinuðu þjóðanna svo að unnt sé að taka málefni tengd ofbeldi gagnvart konum föstum tökum;

d. taka með í greiningu samtaka og stofnana Sameinuðu þjóðanna á þjóðfélagsástandi og -vanda, má þar nefna reglulegar skýrslur um þjóðfélagsástandið í heiminum, könnun á því hvað helst einkennir ofbeldi gagnvart konum;

e. hvetja samtök og stofnanir Sameinuðu þjóðanna til að taka upp í yfirstandandi áætlanir umfjöllun um ofbeldi gagnvart konum, einkum með hliðsjón af hópum kvenna sem eru sérstaklega berskjaldaðar gagnvart ofbeldi;

f. stuðla að því að settar verði viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar varðandi ofbeldi gagnvart konum, þar sem tillit er tekið til ráðstafana sem um getur í þessari yfirlýsingu;

g. hafa í huga afnám ofbeldis gagnvart konum, eftir því sem við á, við framkvæmd mannréttindasamninga sem þær eru aðilar að;

h. hafa samvinnu við einkarekin samtök um að takast á við ofbeldi gagnvart konum.

6. gr.

Ekkert í þessari yfirlýsingu hefur áhrif á ákvæði sem kunna að vera í löggjöf ríkis eða alþjóðasamningi, sáttmála eða öðrum gerningi sem gildir í ríki og stuðla enn frekar að afnámi ofbeldis gagnvart konum.

701. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

5. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum hlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang félags, svo og skráningaraðila og hugsanlegt skráningarnúmer, annað en kennitölu. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Sé hlutafé tilgreint á þessum skjölum skal tilgreina það hlutafé sem áskrift hefur fengist fyrir og greitt er. Ef heiti hlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Orðin „og verulega hlutdeild í afrakstri þess“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Í stað orðanna „þar til liðið er eitt ár“ í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: þar til liðin eru tvö ár.

4. gr.

Við 3. mgr. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Birta skal á kostnað tilkynnanda í Lögbirtingablaði aðalefni ákvörðunar hluthafafundar um frávik frá áskriftarrétti hluthafa.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Hluthafafundur skal þó í öllum tilvikum standa að ákvörðunum um innlausn eigin hluta félagsins ef fullnægjandi heimild af hans hálfu er ekki fyrir hendi skv. 1. málsl.

6. gr.

Í stað orðanna „hámark hluta á nafnverði“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: hámarksfjölda hluta.

7. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 99. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

Við 2. mgr. 104. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 1.–2. málsl. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá. Gætt skal ákvæða 99. gr.

9. gr.

Við 1. mgr. 149. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þegar breytingar á félagssamþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti eru tilkynntar skal leggja fram nýjan heildartexta með innfelldum breytingum. Félagsstjórn eða sá aðili, sem kemur í hennar stað, skal tilkynna upphaf og lok félagsslitameðferðar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 151. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 1. málsl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur félagið ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart félaginu nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 1. og 2. félagaréttartilskipunarinnar sem eru hluti EES-samningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hliðsjón af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar er hér bætt við ákvæði um að greina skuli frá skráningaraðila og hugsanlegu skráningarnúmeri, öðru en kennitölu, á bréfsefnum o.fl. Þá er á sama grundvelli bætt við ákvæði um hvernig birta skuli upplýsingar um hlutafé á hinum tilgreindu skjölum séu þær upplýsingar á annað borð birtar.

Um 2. gr.

Gera þarf breytingu á skilgreiningu á hugtökunum móðurfélag og dótturfélag til samræmis við breytingar á 2. félagaréttartilskipuninni með tilskipun 92/101/EBE. Telst móðurfélag geta haft yfirráð í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi þótt það hafi ekki jafnframt verulega hlutdeild í afrakstri dótturfélagsins.

Um 3. gr.

Breyta þarf tímamarkinu til samræmis við 1. mgr. 11. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 4. gr.

Grein þessi er sett á grundvelli 4. mgr. 29. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 5. gr.

Hér er bætt við ákvæði um innlausn eigin hluta með vísan til 1. mgr. 37. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar leiðir af a-lið 1. mgr. 19. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Þetta ákvæði er sett til samræmis við a-lið 1. mgr. 15. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 8. gr.

Hið nýja ákvæði er sett með hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar. Felst í því að hlutafélagi er ekki bannað að veita starfsmönnum félagsins eða tengds félags lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess. Félaginu er og heimilt að leggja fram fé eða setja tryggingu í tengslum við slík kaup starfsmanna á hlutum. Sama gildir sé þetta gert fyrir þá.

Um 9. gr.

Þá breytingu þarf að gera með hliðsjón af c-lið 1. mgr. 2. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar að félag þarf að leggja fram nýjan heildartexta samþykkta félagsins sé einhverri grein samþykktanna breytt.

Ákvæðið, sem tengist félagsslitum, tekur mið af h-lið 1. mgr. 2. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar, sbr. sérstaklega 105. gr., 1. mgr. 106. gr. og 2. og 3. mgr. 107. gr. hlutafélagalaga.

Um 10. gr.

Ákvæðið í a-lið greinarinnar þarf að setja með hliðsjón af 5. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar.

Ákvæðið í b-lið greinarinnar um misræmi milli þess sem skráð er annars vegar og þess sem birt er í Lögbirtingablaði hins vegar tekur mið af 6. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar minni háttar breytingar á lögum um hlutafélög til samræmis við félagaréttartilskipun sem er hluti EES-samningsins. Er frumvarpið flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, þar sem hliðstæðar breytingar eru lagðar til.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

702. Frumvarp til laga [405. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Á bréfsefni, pöntunareyðublöðum og svipuðum skjölum einkahlutafélaga og útibúa þeirra skal greina heiti, kennitölu og heimilisfang félags, svo og skráningaraðila og hugsanlegt skráningarnúmer, annað en kennitölu. Að því er varðar útibú félags skal auk þess greina hugsanlega skrá og skráningarnúmer félagsins í heimalandi sínu. Ef heiti einkahlutafélags eða útibús er notað skal bæta við upplýsingum um gjaldþrotaskipti eða félagsslitameðferð ef um slíkt er að ræða.

2. gr.

Orðin „og verulega hlutdeild í afrakstri þess“ í 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 74. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við 2. mgr. 79. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæði 1.–2. málsl. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá. Gætt skal ákvæða 74. gr.

5. gr.

Við 1. mgr. 123. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þegar breytingar á félagssamþykktum eða stofnsamningi að öðru leyti eru tilkynntar skal leggja fram nýjan heildartexta með innfelldum breytingum. Félagsstjórn eða sá aðili, sem kemur í hennar stað, skal tilkynna upphaf og lok félagsslitameðferðar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 125. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ákvæði 1. málsl. taka þó ekki til ráðstafana sem gerðar eru innan sextán daga eftir birtingu ef viðkomandi maður sannar að hann hafi ekki getað aflað vitneskju um það sem birt var.
b. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   Ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er og þess sem birt er í Lögbirtingablaði getur félagið ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Hann getur hins vegar borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart félaginu nema sannað sé að hann hafi haft vitneskju um það sem skráð var.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram vegna athugasemda eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og 1. félagaréttartilskipunarinnar, sem er hluti EES-samningsins, og fyrirhugaðra breytinga á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, samkvæmt öðru frumvarpi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með hliðsjón af 4. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar er því bætt við að taka skuli fram á bréfsefni og fleiri skjölum einkahlutafélaga hver skráningaraðili sé og hugsanlegt skráningarnúmer, annað en kennitala.

Um 2. gr.

Til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 1. mgr. 8. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er hér breytt skilgreiningu á hugtökunum móðurfélag og dótturfélag. Móðurfélag telst geta verið fyrir hendi hafi það yfirráð í öðru einkahlutafélagi eða hlutafélagi þótt ekki sé jafnframt um verulega hlutdeild í afrakstri dótturfélagsins að ræða.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er sett til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 1. mgr. 99. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem nauðsynleg var vegna ákvæða í a-lið 1. mgr. 15. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar þótt ákvæði tilskipunarinnar taki ekki til einkahlutafélaga.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sett til samræmis við fyrirhugaða breytingu á 2. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sem gerð er með hliðsjón af 2. mgr. 23. gr. 2. félagaréttartilskipunarinnar. Þykir eðlilegt að starfsmenn einkahlutafélaga eigi kost á sömu fyrirgreiðslu hjá félagi sínu og starfsmenn hlutafélaga. Nefna má að þessi leið er farin í dönskum lögum um einkahlutafélög.

Um 5. gr.

Þá breytingu þarf að gera með hliðsjón af c-lið 1. mgr. 2. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar að félag þarf að leggja fram nýjan heildartexta samþykkta félagsins sé einhverri grein samþykktanna breytt.

Ákvæðið, sem tengist félagsslitum, tekur mið af h-lið 1. mgr. 2. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar, sbr. sérstaklega 80. gr., 1. mgr. 81. gr. og 2.–3. mgr. 82. gr. laga um einkahlutafélög.

Um 6. gr.

Ákvæðið í a-lið greinarinnar þarf að setja með hliðsjón af 5. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar.

Ákvæðið í b-lið greinarinnar um misræmi milli þess sem skráð er annars vegar og þess sem birt er í Lögbirtingablaði hins vegar tekur mið af 6. mgr. 3. gr. 1. félagarétt-artilskipunarinnar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar minni háttar breytingar á lögum um einkahlutafélög til samræmis við félagaréttartilskipun sem er hluti EES-samningsins. Er frumvarpið flutt samhliða frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, þar sem hliðstæðar breytingar eru lagðar til.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

703. Fyrirspurn [406. mál]

til menntamálaráðherra um eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hversu margir elli- og örorkulífeyrisþegar misstu undanþágu frá greiðslu afnotagjalda Ríkisútvarpsins árið 1995?
2. Hversu margir úr sama hópi misstu undanþáguna árið 1996?
3. Hvaða breytingum er gert ráð fyrir árið 1997 og hvers vegna?

4. Hverjar verða breytingar á útgjöldum Ríkisútvarpsins eða ríkissjóðs á þessu ári samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um eftirgjöf afnotagjalda?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrir mörgum vikum óskaði fyrirspyrjandi svars við samhljóða spurningum frá heilbrigðisráðherra. Svarið barst með bréfi dagsettu 20. febrúar sl. en því miður svarar það ekki spurningunum. Hins vegar vísar heilbrigðisráðherra málinu til menntamálaráðherra. Í samræmi við þessa ábendingu heilbrigðisráðherra er farið fram á að menntamálaráðherra svari þessum spurningum. Það er vissulega umhugsunarefni að svo langan tíma skuli taka að afla upplýsinga um þá miklu kjaraskerðingu sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir er þeir misstu, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, rétt til niðurfellingar afnotagjalda útvarps og sjónvarps. Sú kjaraskerðing nemur 24.000 kr. á ári eða um það bil hálfsmánaðartekjum þeirra tekjulægstu.

704. Frumvarp til laga [407. mál]

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó II. kafla.

2. gr.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.

3. gr.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefnunum sjálfum.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjáreign sína.

4. gr.

Í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sitja fimm menn og eru þeir skipaðir af viðskiptaráðherra til tveggja ára í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:

1. Stefnumótun og gerð starfsreglna, sem staðfestar skulu af ráðherra.
2. Ráðning framkvæmdastjóra.
3. Samþykkt rekstraráætlunar sem gerð skal fyrir fram, eitt ár í senn.
4. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins.
5. Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjármögnun, svo sem hlutafjárkaupum, lánveitingum sjóðsins, veitingu styrkja og ábyrgða og ákvarðanir um tryggingar og lánakjör.
6. Ávöxtun fjár.

6. gr.

Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um veitingu lána, ábyrgða eða styrkja innan tiltekinna marka.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun sjóðsins eða tiltekna þjónustu honum til handa, með samþykki ráðherra.

7. gr.

Stofnfé Nýsköpunarsjóðs skal vera 3.000 millj. kr. af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Afhenda skal sjóðnum tilgreinda fjárhæð þegar hann tekur til starfa, annars vegar með markaðshæfum hlutabréfum í eigu sjóðanna og hins vegar með verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. til 10 ára með 20 afborgunum sem bera skal almenna markaðsvexti.

Auk stofnfjár skv. 1. mgr. skal ríkisjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

8. gr.

Ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er:

1. Arður af eigin fé sjóðsins.
2. Afborganir og vextir af útlánum sjóðsins.
3. Hlutafjáreign sjóðsins.
4. Aðrar tekjur.

9. gr.

Nýsköpunarsjóður skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um lánveitingar, ábyrgðir, styrki og hlutafjárþátttöku skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.

Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans.

10. gr.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Lán má ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

II. KAFLI
Tryggingardeild útflutningslána.

11. gr.

Auk þeirrar starfsemi sem lýst er í I. kafla skal við Nýsköpunarsjóð starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu.
3. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis.
5. Að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar.

Með stjórn deildarinnar fer sérstök stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúar fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra.

Tryggingardeild útflutningslána tekur við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána sem starfrækt er samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og er stofnfé hinnar nýju deildar ekki hluti af stofnfé sjóðsins skv. 1. mgr. 7. gr.

12. gr.

Stjórnarnefnd tryggingardeildar ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll deildarinnar en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði.

Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

13. gr.

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórnarnefnd tryggingardeildar setur deildinni nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.

III. KAFLI
Endurskoðun, eftirlit, gildistaka o.fl.

14. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi Nýsköpunarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

16. gr.

Stjórnendur Nýsköpunarsjóðs og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

17. gr.

Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti. Lán sem sjóðurinn tekur eða veitir eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

19. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýsköpunarsjóður skal taka til starfa 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60/1970, um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Allur kostnaður af stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins greiðist af honum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 1. júlí 1997 skal skipa stjórn skv. 4. gr. laganna, til tveggja ára. Þar til Nýsköpunarsjóður hefur tekið til starfa skv. 1. málsl. skal stjórnin hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sjóðsins. Skal hún hafa samráð við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. um samninga við starfsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórnin skal á þessu tímabili hafa fullan aðgang að gögnum þessara sjóða þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu og skulu stjórnendur og starfsmenn sjóðanna veita stjórninni nauðsynlega aðstoð. Þá skulu stjórnendur og starfsmenn sjóðsins vera bundnir þagnarskyldu með sama hætti og stjórnendur og starfsmenn umræddra sjóða.

Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem fá laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skulu eiga kost á starfi hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá Nýsköpunarsjóði og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu.

Nýsköpunarsjóður yfirtekur lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem taka við starfi í sjóðnum.

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, sbr. lög nr. 76/1987, skal flytjast til Nýsköpunarsjóðs og varðveitast þar í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Höfuðstóll samkvæmt þessari grein telst ekki hluti af stofnfé Nýsköpunarsjóðs skv. 7. gr. Fyrstu þrjú starfsár Nýsköpunarsjóðs ráðstafar stjórn sjóðsins eignum deildarinnar í framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Að þeim tíma liðnum skal deildin lögð niður. Ef eignum deildarinnar hefur þá ekki verið ráðstafað skulu eftirstöðvar lagðar til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Um starfsemi deildarinnar gilda að öðru leyti ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kemur fram að eitt af markmiðum hennar sé að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða og annarra fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt skuli unnið að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Þá er í stefnu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um allt land, tryggja stöðug og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreina og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu.

Endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna hefur hin síðari ár verið til umræðu af hálfu stjórnvalda og hagsmunasamtaka atvinnulífsins og hefur sú umfjöllun einkum varðað fjárfestingarlánasjóði í iðnaði og sjávarútvegi, þ.e. Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Í byrjun kjörtímabilsins ákváðu forsætisráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra að fela ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta að vinna að endurskoðun á núverandi sjóðakerfi að því er varðar starfsemi þessara sjóða.

Markmið endurskoðunarinnar var að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Það er mat ríkisstjórnarinnar að það sé hlutverk ríkisins að fyrir hendi sé fjárfestingarþjónusta eins og verkefnafjármögnun og bein áhættufjármögnun, auk þess sem áhættufjármögnun verði aðgreind frá hefðbundinni fjárfestingarlánastarfsemi. Þá var það markmið endurskoðunarinnar að öll fyrirtæki, í hvaða atvinnugrein sem er, ættu jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna. Með því væri afnumin sú atvinnugreinaskipting sem verið hefur í sjóðakerfinu.

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna voru upphaflega stofnaðir til að tryggja aðgang einstakra atvinnugreina að lánsfé á tímum lánsfjárskorts. Allir stærstu sjóðirnir eru í eigu ríkisins en atvinnugreinarnar hafa lagt sjóðunum til fé með ýmsum hætti, einkum í formi skattlagningar á viðkomandi atvinnugreinar. Má þar sérstaklega nefna iðnlánasjóðsgjald sem rennur til Iðnlánasjóðs og útflutningsgjald sem rann til Fiskveiðasjóðs. Ákvarðanir um þessa skattlagningu voru jafnan teknar í samráði við helstu hagsmunasamtök í viðkomandi atvinnugreinum. Fulltrúar greinanna hafa einnig haft áhrif á stefnu

og starfsemi sjóðanna með setu í stjórnum þeirra. Í ljósi þessa hefur við undirbúning breytinga á sjóðakerfinu verið haft náið samráð við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði. Stjórnendur og starfsmenn sjóðanna þriggja og innlendir og erlendir sérfræðingar hafa aðstoðað við undirbúning málsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Hlutverk hans verði að stuðla að arðbærri uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar með áhættufjármagni og að styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði lagt til stofnfé af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem reistur verður á grunni fyrrgreindra sjóða.

Auk þessa er Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins ætlað að taka við starfsemi tryggingardeildar útflutningslána við Iðnlánasjóð og tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

2. Starfssvið Nýsköpunarsjóðs.

Frumvarp þetta byggist að nokkru á þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi Iðnþróunarsjóðs sl. tvö ár og af starfsemi vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er að nokkru leyti ætlað að taka við þeirri starfsemi þegar Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður verða sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Starfssvið Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður þríþætt, þátttaka í arðvænlegum fjárfestingarverkefnum með íslenskum eða erlendum fyrirtækjum, stuðningur við forathuganir, vöruþróunar- og kynningarverkefni og starfræksla tryggingardeildar útflutningslána.

Fjárfestingarverkefni:

Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki þátt í fjárfestingarverkefnum af þrennum toga. Í fyrsta lagi innlendum fjárfestingarverkefnum á vegum einstaklinga eða fyrirtækja, sem fela í sér nýjungar eða ný vaxtartækifæri, í öðru lagi fjárfestingum íslenskra aðila í atvinnurekstri erlendis og í þriðja lagi fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi.

1. Innlend fjárfestingarverkefni og ný vaxtartækifæri, en þar er átt við innlend verkefni sem fela í sér nýjungar eða ný vaxtartækifæri innlendra aðila með arðsemi að leiðarljósi. Markmið sjóðsins með þátttöku skal vera að greiða fyrir nýjungum í íslenskum atvinnurekstri, skapa ný tækifæri til vaxtar og útflutnings og bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja.
2. Fjárfestingar innlendra aðila erlendis, en þar er átt við fjárfestingu innlendra fyrirtækja eða einstaklinga í starfandi fyrirtækjum eða nýjum atvinnurekstri erlendis. Markmið sjóðsins með þátttöku skal vera að greiða fyrir sókn og auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum með því að deila með þeim áhættu í fjárfestingarverkefnum.
3. Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi, en þar er átt við atvinnurekstur hér á landi með umtalsverðri eignaraðild erlendra fyrirtækja eða einstaklinga og þátttöku þeirra í stjórnun rekstrarins. Markmið sjóðsins með þátttöku skal vera að efla atvinnulíf hér á landi, stuðla að skynsamlegri og arðbærri nýtingu innlendra náttúru- og þekkingarauðlinda og ýta undir yfirfærslu tækniþekkingar og öflun viðskiptatengsla.

Stuðningsverkefni:

Sjóðurinn mun styðja við verkefni á vegum opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, sem hafa markmið í samræmi við hlutverk sjóðsins. Meðal slíkra verkefna má nefna vöruþróun, kynningu á fjárfestingartækifærum á Íslandi og ýmiss konar forathuganir eða hagkvæmniathuganir. Verkefni af þessu tagi eru þess eðlis að ekki er að vænta beins arðs eða endurgreiðslu fjárframlaga, enda þótt ætla megi að þau geti leitt til arðsamra fjárfestinga eða framleiðslu síðar meir. Því verður að líta á stuðning sjóðsins við slík verkefni sem bein framlög án kröfu um endurgreiðslu, nema í undantekningartilfellum. Því er gert ráð fyrir að ráðstöfun framlaga sjóðsins til einstakra verkefna af þessu tagi geti verið í höndum annarra aðila eða í samvinnu við þá.

Tryggingadeild útflutningslána:

Að auki er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður taki við starfsemi sem tryggingardeild útflutningslána hjá Iðnlánasjóði sem starfar samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð samkvæmt lögum nr. 60/1970 hafa stundað, en gert er ráð fyrir að lög um þessar deildir falli úr gildi við tilkomu tryggingardeildar við Nýsköpunarsjóð.

3. Starfshættir.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er ætlað að starfa fyrst og fremst sem áhættufjármagnssjóður. Í því felst að hann leggur fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána með sambærilegum kjörum og hlutafé hvað varðar áhættu og arðsemisvon.

Áhættufjármagn er gjarnan flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram. Af eðlilegum ástæðum er áhættan meiri á fyrstu þrepum þróunar, enda er ekki gert ráð fyrir því að framlög til slíkra verkefna séu endurgreidd nema í undantekningartilvikum. Ljóst er að starfandi áhættufjármagnsfélög hafa tilhneigingu til að sinna áhættuminni verkefnum. Samkvæmt upplýsingum frá European Venture Capital Association má flokka áhættufjármögnun vegna nýsköpunar í eftirfarandi þrjá flokka eftir áhættu:

— *Þróunarfjármagn eða hugmyndafé (Seed Capital).* Fjármagn til rannsókna og þróunar á vöru eða viðskiptahugmynd. Á þessu stigi er varla um meira að ræða en vænlega hugmynd og oftast frumkvöðul. Fjármagn á þessu stigi fer aðallega í gerð frumáætlana, fyrstu tilraunir við vöruþróun og forkönnun markaða.
— *Byrjunarfjármagn eða upphafsfé (Start-up).* Tekur við af þróunarfjármagni, t.d. til að fullgera frumeintak vöru og til að hefja markaðsstarfsemi.
— *Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé (Expansion).* Fjármagn til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum mun aðallega falla að þriðja flokknum, þ.e. fjármögnun vaxtar. Einnig er sjóðnum ætlað að styðja við vöruþróunar- og kynningarverkefni, svo og forathuganir og hagkvæmniathuganir, en það fellur nær því sem nefnt er þróunarfjármagn eða byrjunarfjármagn.

Sjóðnum er ætlað að vera virkur þátttakandi í verkefnum og skapa þannig fjárhagslegan aga og styrk fyrir atvinnufyrirtæki.

4. Starfsreglur.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins mun taka þátt í verkefnum með öðrum. Í því felst að hann mun gera kröfu um að samstarfsaðilar leggi einnig fram fjármagn og almennt má ætla að við það verði miðað að hlutdeild sjóðsins í fjármögnun verkefna fari ekki yfir þriðjung eða helming.

Ætla má að ákvörðun um þátttöku í einstökum verkefnun verði byggð á undangenginni ítarlegri könnun. Meginforsenda fyrir þátttöku yrði að verkefnið geti skilað góðum arði ef sá árangur næst sem að er stefnt. Þá yrði lagt mat á alla áhættuþætti og þátttöku í óhæfilega áhættusömum verkefnum hafnað. Einnig skal það haft í huga að verkefnið verður að geta staðið undir þeim kostnaði sem sjóðurinn ber af því að fjalla um það fyrir ákvarðanatöku og fylgjast með því á framkvæmdatíma. Þetta felur í sér að sjóðurinn muni að öðru jöfnu ekki sinna mjög litlum verkefnum, ef jafnvel hámarksarðsemi gæti ekki skilað sjóðnum arði sem réttlætti kostnað við skoðun og eftirlit.

Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði óheimilt að skerða stofnfé sitt og eðlilegt er að gera ráð fyrir að raunávöxtun hans til lengri tíma verði nokkur. Af þessum sökum mun ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma ráðast af raunávöxtun stofnfjár. Í því sambandi skiptir tvennt miklu máli, árangur fjárfestingarverkefna (arðsemi, afskriftir/töp) og fjárhæð framlaga til stuðningsverkefna sem ekki er reiknað með að endurgreiðist. Til þess að hindra að gengið verði á eigið fé er nauðsynlegt að fjárhagsuppgjör sjóðsins sýni ætíð raunhæft mat á þeirri áhættu sem tengist fjárfestingarverkefnum.

5. Alþjóðavæðing.

Mikilvægt starfssvið Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður þátttaka í fjárfestingarverkefnum sem hafa það markmið að auka alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs, annars vegar með fjárfestingu íslenskra aðila erlendis og hins vegar með aukinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Vöxtur íslensks atvinnulífs í framtíðinni mun ráðast af því hvort hér nær að dafna atvinnustarfsemi sem stenst samkeppni á alþjóðamarkaði og nær að auka hlutdeild sína í vaxandi alþjóðlegum viðskiptum. Til þess að svo megi verða þurfa íslensk fyrirtæki að taka í auknum mæli þátt í alþjóðlegum atvinnurekstri.

Alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs getur orðið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með beinni fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis. Markmið slíkra fjárfestinga getur verið margs konar, t.d. að öðlast aðgang að erlendum mörkuðum, að tengjast erlendum fyrirtækjum í því skyni að komast yfir þekkingu og tækni sem ekki fengist með öðrum hætti og að selja tækni-, markaðs- og stjórnunarþekkingu.

Í öðru lagi getur alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs verið fólgin í fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, ýmist í starfandi fyrirtækjum eða nýjum. Rökin fyrir aukinni erlendri fjárfestingu á Íslandi eru hin sömu og fyrir útrás, þ.e. viðskiptatengsl, yfirfærsla þekkingar og afleiddar tekjur, en auk þess atvinnusköpun og tækifæri til nýtingar á íslenskum náttúruauðlindum og sérþekkingu.

Aukinn útflutningur og þátttaka í alþjóðaviðskiptum verður í framtíðinni ein aðalforsenda vaxtar íslensks atvinnulífs og aukningar þjóðartekna. Reynsla annarra ríkja sýnir beint samband milli alþjóðaviðskipta og fjárfestingar milli landa. Fjárfesting íslenskra fyrirtækja erlendis er meðal þess lægsta sem þekkist meðal OECD-ríkjanna, þrátt fyrir að hún hafi rúmlega tvöfaldast að raungildi á sl. 5–6 árum. Íslensk fyrirtæki hafa nú gert sér grein fyrir mikilvægi útrásar og munu þau í vaxandi mæli beina athyglinni að henni. Útrás er í eðli sínu áhættufjárfesting og kallar því á áhættufjármögnun. Það verður hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að taka þátt í útrás íslenskra fyrirtækja og einstak-

linga með því að deila með þeim áhættu í von um beinan og óbeinan fjárhagslegan ávinning fyrir íslenskt atvinnulíf, m.a. við atvinnusköpun hér á landi.

6. Stofnfé sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði verði lagðar til 4.000 millj. kr. Þar af munu honum lagðar til 3.000 millj. kr., annars vegar í formi markaðshæfra hlutabréfa og hins vegar í formi skuldabréfs sem útgefið verður af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Auk þess mun ríkissjóður leggja sjóðnum til 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Þá verða eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar vistaðar í sérstakri deild samkvæmt bráðabirgðaákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um stöðu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins innan ríkisins, þ.e. að sjóðurinn skuli vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn er ekki lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. og 10. gr. frumvarpsins. Yfirumsjón með starfsemi sjóðsins skal vera í höndum viðskiptaráðherra, en það þykir eðlilegt þar sem fjármálastarfsemi heyrir að verulegu leyti undir hans starfssvið. Skýrt er kveðið á um að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, nema hvað varðar skuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hlutverk sjóðsins. Í almennum athugasemdum við frumvarpið hefur þegar verið fjallað almennt um starfssvið og starfshætti sjóðsins og er vísað til þeirrar umfjöllunar. Það verður verkefni nýrrar stjórnar að móta starfsreglur fyrir nýjan sjóð. Í því efni má ætla að hafðar verði til hliðsjónar meginreglur sem mótaðar hafa verið hjá Iðnþróunarsjóði á liðnum árum.

Gert er ráð fyrir að meginstarfssvið sjóðsins verði þríþætt, þátttaka í arðvænlegum fjárfestingarverkefnum með íslenskum og erlendum fyrirtækjum, stuðningur við forathuganir, vöruþróunar- og kynningarverkefni, og starfræksla tryggingardeildar útflutningslána.

Það skal undirstrikað að með þátttöku sjóðsins í fjárfestingarverkefnum er ekki átt við hefðbundna stofnlánastarfsemi. Þátttaka sjóðsins getur annars vegar verið í formi eiginfjár, þ.e. kaup á venjulegum hlutabréfum, hlutum eða forgangshlutabréfum, og hins vegar í formi lánsfjár með eiginleikum eigin fjár, svo sem lán með breytirétti í hlutafé, lán með kjörum sem tengd eru árangri verkefnisins eða lán með kauprétti hlutabréfa.

Undir stuðningsverkefni sjóðsins falla verkefni á sviði forathugana, þróunar- og kynningarverkefna. Með forathugunum er m.a. átt við hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana og undirbúning verkefna sem falla undir meginverksvið sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn taki ekki beinan þátt í einstökum þróunarverkefnum, heldur verji hann hluta af ráðstöfunarfé sínu til slíkra verkefna og feli hugsanlega sérhæfðum aðila ráðstöfun þess fjár. Til að greiða fyrir alþjóðlegum verkefnum hér á landi getur sjóðurinn tekið þátt í að fjármagna verkefni er varða kynningu á fjárfestingarkostum hér á landi. Fjármagn til stuðningsverkefna getur verið í formi styrkja eða skilyrtra lána.

Um starfrækslu tryggingardeildar útflutningslána er fjallað í II. kafla frumvarpsins, 11.–13. gr.

Með hliðsjón af ákvæðum 61.–64. gr. samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar frá 19. janúar 1994 er ljóst að tilkynna verður stofnuninni þá aðstoð við atvinnulífið sem felst í starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Eins og áður segir mun stjórn sjóðsins móta sér starfsreglur og mun við gerð þeirra höfð hliðsjón af reglum EES. Slíkar starfsreglur, staðfestar af ráðherra, eða eftir atvikum reglugerð ráðherra, munu síðan tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 3. gr.

Það er alkunna að kröfur innlendra lánastofnana um haldgóðar tryggingar fyrir lánum sem þær hyggjast veita til nýsköpunarverkefna hafa reynst mörgum einstaklingum og fyrirtækjum óyfirstíganlegar. Auk framlags í formi hlutafjár, sbr. 2. gr., er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti veitt áhættulán. Með áhættulánum er átt við lán sem veitt eru án sérstakra trygginga. Litið er svo á að slíkt lán verði endurgreitt að fullu ef verkefnið sem lánað er til ber tilætlaðan árangur en jafnframt er lánveitandi reiðubúinn til að afskrifa lán að hluta eða öllu leyti heppnist verkefnið ekki. Það gefur hins vega auga leið að áhættulán er einungis veitt að undangenginni ítarlegri athugun á verkefninu og raunsæju mati á þeim áhættuþáttum sem hafa áhrif á það hvort verkefni heppnast eða ekki.

Í 2. mgr. er kveðið á um að sjóðurinn geti nýtt sér afl atkvæða sinna í hlutafélögum í samræmi við hlutafjáreign sína, þar með talið til að velja fulltrúa í stjórnir þeirra. Hér er um að ræða sjálfsagðan rétt hvers fjárfestis í hlutafélagi, þ.e. að geta haft áhrif á stjórnun félags og náið eftirlit með starfsemi þess.

Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skipun stjórnar Nýsköpunarsjóðs. Eins og fram kom í almennum athugasemdum er stofnun Nýsköpunarsjóðs liður í endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði lagt til stofnfé af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Skiptar skoðanir hafa verið um eignarhald á þessum sjóðum, einkum Fiskveiðasjóði Íslands og Iðnlánasjóði. Af hálfu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og iðnaði hefur verið lögð áhersla á að atvinnuvegirnir og jafnvel fyrirtæki hafi með viðskiptum sínum við sjóðina og greiðslum til þeirra öðlast eignarrétt eða hlutdeild í sjóðunum. Lögum samkvæmt eru sjóðirnir ótvírætt í eigu ríkisins. Í umræðum um breytingar á sjóðunum hafa hins vegar á liðnum árum komið fram hugmyndir að leiðum til að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Lagt er til að hagsmunasamtökum í sjávarútvegi og iðnaði verði tryggð áhrif við stjórnun Nýsköpunarsjóðs. Því er í þessari grein lagt til að samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði, ásamt Alþýðusambandi Íslands, eigi þrjá fulltrúa í fimm manna stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, auk tveggja fulltrúa ríkisins sem tilnefndir verði af iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra.

Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra tilnefni tvo menn hvor í stjórn sjóðsins. Þar af tilnefnir iðnaðarráðherra einn eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, en með því er átt við Samtök iðnaðarins. Þá tilnefnir sjávarútvegsráðherra annan fulltrúa sinn eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi, en með því er átt við Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva. Þá er gert ráð fyrir að Alþýðusamband Íslands tilnefni beint í stjórnina. Þar sem viðskiptaráðherra fer með yfirumsjón með sjóðnum mun hann skipa stjórnina formlega.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meginverkssvið stjórnar sjóðsins. Stjórnin fer með allt vald í málefnum sjóðsins sem ekki er falið öðrum samkvæmt lögum þessum. Stjórnin mótar stefnu og starfsreglur sjóðsins. Til ákvörðunar stjórnar þarf meiri hluta atkvæða. Samkvæmt greininni skal stjórnin ákveða áherslur í starfi sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. gr. og setja reglur um skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins í verkefnum, um umsóknir þar að lútandi og meðferð þeirra og um eftirfylgni þeirra verkefna sem sjóðurinn tekur þátt í. Í reglunum mætti t.d. setja ákveðin fjárhæðar- eða hlutfallsmörk á eiginfjárframlög, styrki, áhættulán og ábyrgðir, skilyrði um að ákveðnar upplýsingar þurfi að liggja fyrir til að þátttaka komi til greina og skilyrði viðvíkjandi þátttöku sjóðsins í fjármögnun verkefna. Þess skal gætt að reglur um meðferð mála tryggi sem best óháða og faglega umfjöllun um þær.

Verði talin þörf á því síðar að kveða nánar á um verkefni og starfshætti stjórnar sjóðsins getur ráðherra gert það í reglugerð á grundvelli almennrar heimildar í 18. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Framkvæmdastjóri sjóðsins fer með daglega stjórn hans í umboði sjóðstjórnar. Verkefni hans er að ráða starfsfólk sjóðsins. Þótt það sé ekki tekið fram í greininni, leiðir það af eðli máls að framkvæmdastjóra er ekki heimilt að gera ráðstafanir sem teljast óvenjulegar eða sérstaklega umfangsmiklar miðað við umsvif sjóðsins.

Í 2. mgr. er stjórn sjóðsins, með samþykki ráðherra, heimilað að semja við utanaðkomandi aðila um að taka að sér ákveðna þætti í rekstri hans, eftir því sem hagkvæmt þykir. Þykir eðlilegt að hafa þennan sveigjanleika í rekstri sjóðsins.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að stofnfé sjóðsins verði 4.000 millj. kr. Þar af verði sjóðnum lagðar til 3.000 millj. kr. annars vegar með markaðshæfum hlutabréfum og hins vegar með skuldabréfi sem útgefið verður af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Auk þess mun ríkissjóður leggja sjóðnum til 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði greitt af fyrsta söluandvirði hlutabréfa. Einnig tekur tryggingardeild útflutningslána við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar við Iðnlánasjóð sem ekki teljast til stofnfjárins. Þá verða eignir Vöruþróunar- og markaðsdeildar varðveittar í sérstakri deild til afmarkaðrar ráðstöfunar en þær teljast ekki til stofnfjárins.

Í 3. gr. frumvarps til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er kveðið á um að fjárfestingarbankinn taki við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, öðrum en þeim sem ráðstafað er með öðrum hætti samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Með þessu er einkum vísað til 7. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt þessu verður fjárfestingarbankinn ekki eigandi alls eigin fjár sjóðanna og undanskilið það fé sem lagt er til Nýsköpunarsjóðs þótt formlega séð sé bankinn útgefandi þess skuldabréfs sem kveðið er á um í greininni, enda tekur hann á móti við eignum sjóðanna öðrum en markaðshæfum hlutabréfum þeirra.

Um 8. gr.

Til ráðstöfunar verður eingöngu arður af stofnfénu. Hann getur m.a. verið fólginn í tekjum af útlánum sjóðsins, innleystum söluhagnaði eða arði af hlutafjáreign sjóðsins, vöxtum af lausu fé og af markaðsverðbréfum. Sjóðurinn getur og fengið til ráðstöfunar viðbótarframlög eða aðrar tekjur, sem ætlaðar eru til sérstakra verkefna.

Um 9. gr.

Fyrir öll verkefni, sem sjóðurinn tekur þátt í, skal hann halda sérstakan afskriftareikning í samræmi við góða reikningsskilavenju. Fjárhæðir, sem færðar eru á afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og metin er í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir. Stjórn sjóðsins skal gera rekstraráætlun fyrir hvert almanaksár, sbr. 5. gr. Skal hún miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Til verkefna má sjóðurinn því ekki verja hærri upphæð en svo að áætlaðar afskriftir vegna þeirra, auk áætlaðs rekstrarkostnaðar, rúmist innan hennar.

Í 2. mgr. er tekið fram að sjóðnum sé óheimilt að ganga á stofnfé sitt. Í þessu felst að stjórn sjóðsins ber að viðhalda eigin fé hans, þar með talið gagnvart almennum verðlagsbreytingum. Áhætta og arðsemi þeirra verkefna sem sjóðurinn tekur þátt í þarf að miðast við að raunávöxtun stofnfjár hans samsvari almennum hagvexti til lengri tíma litið.

Um 10. gr.

Í ljósi sterkrar eiginfjár- og lausafjárstöðu sjóðsins á stofndegi er lagt til að hann geti ekki tekið langtímalán. Þess í stað verði honum einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Með niðurlagi greinarinnar er útilokað að sjóðurinn geti fallið undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, en heimild til lántöku af þessu tagi er skilgreiningaratriði við túlkun á því hvort fjármálastofnanir falli undir lögin.

Um II. kafla

Í þessum kafla er kveðið á um tryggingardeild útflutningslána. Eins og áður er komið fram er lagt til að Nýsköpunarsjóður taki við starfsemi tryggingardeildar útflutningslána hjá Iðnlánasjóði, sbr. lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, sbr. lög nr. 60/1970. Gert er ráð fyrir að lög um þessar deildir falli niður við tilkomu tryggingardeildar við Nýsköpunarsjóð. Sú fyrrnefnda fellur sjálfkrafa niður þegar lög um Iðnlánasjóð verða felld úr gildi í kjölfar endurskipulagningar á sjóðakerfi atvinnuveganna. Þá þykir eðlilegt að starfsemi hennar og starfsemi síðarnefndu deildarinnar verði á einum stað en tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð hefur dregið úr starfsemi sinni og hefur nú aðeins eitt verkefni á sinni könnu.

Sókn á nýja erlenda markaði er oft það áhættusöm að einkaaðilar eru þess ekki megnugir að veita útflytjanda tryggingar gegn greiðslufalli erlends kaupanda. Þess vegna er ríkistryggð útflutningstryggingarstarfsemi talin nauðsynleg forsenda þess að útflutningur aukist. Með útflutningstryggingum er átt við tryggingar sem bæta seljanda tjón sem verður vegna vanefnda eða greiðslufalls kaupanda. Skipta má útflutningstryggingum í tvennt, tryggingum gegn viðskiptaáhættu og tryggingum gegn stjórnmálaáhættu.

Ætla má að nauðsynlegt verði að endurskoða ákvæði þessa kafla á næstu árum með hliðsjón af þróun í nágrannalöndum og reynslu af starfseminni.

Um 11. gr.

Hlutverk tryggingardeildarinnar er í meginatriðum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Þó er felldur brott 3. tölul. þeirrar greinar en þar er kveðið á um tryggingar samkeppnislána til innlendra aðila. Ákvæði 4. og 5. tölul. eru nýmæli. Í 4. tölul. er kveðið á um að heimilt verði að tryggja fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Í nágrannalöndunum er víða boðið upp á slíkar tryggingar. Nauðsynlegt er talið að íslenskum útflytjendum standi slíkar tryggingar einnig til boða. Í 5. tölul. er kveðið á um heimild til að tryggja búnað sem fluttur er á erlenda grund í tengslum við verkefni. Hingað til hafa íslenskum útflytjendum ekki staðið slíkar tryggingar til boða, en boðið er upp á slíkar tryggingar á vegum hliðstæðra tryggingardeilda í nágrannalöndunum.

Í 2. mgr. er kveðið á um sérstaka stjórnarnefnd til að fara með stjórn nefndarinnar. Þar sem starfsemi þessarar deildar er með ríkisábyrgð þykir nauðsynlegt að ríkið fari með stjórn deildarinnar, með aðild atvinnulífsins.

Deildin tekur við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána við Iðnlánasjóð og er stofnfé deildarinnar ekki hluti af stofnfé sjóðsins. Deildin mun vera í jafnvægi miðað við síðustu áramót, þ.e. ekki með verulegar eignir eða skuldir. Ekki er gert ráð fyrir að þessi deild taki við eignum og skuldum tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðarsjóð þótt hún taki við starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að eignir og skuldbindingar þeirrar deildar falli til Ríkisábyrgðarsjóðs við brottfall laga um deildina.

Um 12. gr.

Þessi grein er í samræmi við 15. gr. laga nr. 76/1987. Þó hefur verið fellt út ákvæði þess efnis að breyta skuli iðgjöldum tryggingardeildarinnar til þess að endurgreiða Ríkisbyrgðasjóði greiðslur sem fallið hafa á hann skv. 2. mgr. Umfang útflutningstrygginga er það lítið hér á landi að ekki þykir fært að hækka iðgjöld hjá tryggingardeildinni ef til þess kemur að eigið fé deildarinnar nægi ekki til að greiða tjón. Slíkt gæti haft í för með sér að starfsemi deildarinnar legðist af.

Um 13. gr.

Greinin er í samræmi við 16. gr. laga nr. 76/1987.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn sjóðsins sjái um að semja ársreikning í samræmi við góða reikningsskilavenju og lög nr. 144/1994, um ársreikninga. Er eðlilegt að miða við að fjárhagsárið sé almanaksárið.

Þar sem sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins skal endurskoðun á ársreikningi sjóðsins vera í höndum Ríkisendurskoðunar, sbr. lög nr. 12/1986.

Um 15. gr.

Rétt þykir að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með starfsemi sjóðsins samkvæmt lögunum. Starfsemi sjóðsins byggist á nákvæmu mati á afskriftum, en skv. 9. gr. frumvarpsins skal varðveita eigið fé hans. Bankaeftirlitið býr yfir þekkingu á slíku mati. Jafnframt eru ýmsir þættir í starfsemi og stjórnun sjóðsins sambærilegir starfsemi þeirra stofnana sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Með hliðsjón af þeirri starfsemi sem sjóðnum er ætlað að inna af hendi er hvorki gert ráð fyrir að hann greiði tekjuskatt né eignarskatt. Sömu forsendur eiga við hvað varðar stimpilgjöld af lántökum og lánveitingum sjóðsins.

Um 18.–19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. er lagt er til að stjórn Nýsköpunarsjóðs verði skipuð a.m.k. hálfu ári áður en sjóðurinn tekur til starfa. Hlutverk hennar á þeim tíma verður að undirbúa starfsemi sjóðsins. Í því sambandi er m.a. gert ráð fyrir að sjóðurinn ráði starfsmenn til sjóðsins og hafi um það samráð við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um að starfsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs skuli eiga rétt á starfi hjá Nýsköpunarsjóðnum, hafi þeim ekki verið boðið starf hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ákvæði þetta er sambærilegt 10. gr. frumvarps til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Í 4. mgr. er kveðið á um að lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna sjóðanna, sem taka við starfi hjá Nýsköpunarsjóði, flytjist til hans. Óeðlilegt þykir að Fjárfestingarbankinn taki við þessum skuldbindingum samkvæmt hinu almenna ákvæði 9. gr. frumvarps til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, er starfrækt við sjóðinn sérstök vöruþróunar- og markaðsdeild með afmarkaðan tilgang og aðskilinn fjárhag. Starfsemi deildarinnar er fjármögnuð með Iðnlánasjóðsgjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. 5. gr. sömu laga. Lagt er til að halda eignum þessarar deildar aðgreindum til sérstakrar ráðstöfunar. Því er í 5. mgr. kveðið á um að eigið fé hennar verði flutt í Nýsköpunarsjóð og varðveitt í sérstakri deild sem haldið verði aðgreindri í bókhaldi og reikningum. Á fyrstu þremur starfsárum sjóðsins verði eignum deildarinnar síðan ráðstafað til sérstakra framlaga til vöruþróunar- og markaðsaðgerða samkvæmt sérstökum reglum. Að þeim tíma loknum verði deildin lögð niður og óráðstafaðar eignir lagðar til aðmennrar starfsemi sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði sjóður í eigu ríkisins með það hlutverk að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og þróunar. Einnig starfi

tryggingardeild útflutningslána við sjóðinn og taki þar við hlutverki núverandi deildar við Iðnlánasjóð og deildar Ríkisábyrgðasjóðs sem veitir slík lán.

Í 7. gr. er lagt til að stofnfé sjóðsins nemi 4 milljörðum króna. Þar af komi 3 milljarðar króna af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs en ríkissjóður leggi 1 milljarð króna til sjóðsins af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Ekki verður séð að til annarra framlaga þurfi að koma frá ríkissjóði en að framan greinir.

705. Frumvarp til laga [408. mál]

um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun lánastofnunar samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, er nefnist Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. Ákvæði laga nr. 123/1993 og laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til fjárfestingarbankans ef annað leiðir ekki af lögum þessum.

Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Hlutverk Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er að veita íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu. Fjárfestingarbankinn hefur með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hans.

3. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur 1. janúar 1998 við sem greiðslu á hlutafé skv. 4. gr. öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, öðrum en þeim sem ráðstafað er með öðrum hætti samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

4. gr.

Ríkissjóður er eigandi alls hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. við stofnun hans.

Viðskiptaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun fjárfestingarbankans sé eigi hærri en sem nemur 75% af því eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem rennur til fjárfestingarbankans skv. 3. gr. eins og það er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum sjóðanna fyrir árið 1996.

Hlutabréf í fjárfestingarbankanum, sem gefin eru út í tengslum við stofnun hans, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum fer fimm manna nefnd. Þar af skulu tveir menn skipaðir af iðnaðarráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, og tveir skulu skipaðir af sjávarútvegsráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipa einn mann sameiginlega.

6. gr.

Heimilt er að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Skulu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra þegar eftir gildistöku laga þessara hefja undirbúning að sölu hlutafjár.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 123/1993, og ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár skv. 4. og 5. gr. laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995 gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

8. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. njóti hagstæðari kjara en aðrir viðskiptamenn hans eða annarra sérstakra hlunninda í viðskiptum við hann vegna eignarhlutar síns.

9. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á þeim skuldbindingum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ríkisábyrgð er á við stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ábyrgð ríkissjóðs er með sama hætti og til hennar er stofnað og gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. umfram það sem kveðið er á um í þessari grein og í hlutafélagalögum.

10. gr.

Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, skulu eiga kost á starfi hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá fjárfestingarbankanum, og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu.

11. gr.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, verður hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þegar hann tekur til starfa sem lánastofnun skv. 19. gr. laga þessara. Fjárfestingarbankinn tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtar með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur til starfa sem lánastofnun.

13. gr.

Nú er stjórnum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs heimilt samkvæmt ákvæðum skuldabréfa að taka ákvarðanir um vaxtakjör þeirra, og er stjórn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þá heimilt að taka slíkar ákvarðanir eftir það tímamark sem greinir í 1. mgr. 19. gr. laganna.

14. gr.

Reikningseining Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ), sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 277/1991, með síðari breytingum, skal frá og með 1. janúar 1998 vera samsett úr þeim gjaldmiðlum og í sömu hlutföllum innbyrðis og liggja til grundvallar skráningu Fiskveiðasjóðs Íslands á verðgildi reikningseiningarinnar 31. desember 1997. Skal frá þeim tíma beita reikningseiningunni svo samsettri við útreikning þeirra útlána sjóðsins sem tengd eru viðmiðun við reikningseininguna. Verðgildi erlendra gjaldmiðla skal vera samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands.

Stjórn fjárfestingarbankans skal í janúarmánuði 1998 auglýsa úr hvaða gjaldmiðlum reikningseiningin er samsett og í hvaða innbyrðis hlutföllum. Í sömu auglýsingu skal þeim lánþegum sem hlut eiga að máli gefinn kostur á uppgreiðslu lána eða endursamningum um viðmiðunargengi skulda sinna og má setja þeim frest í því skyni, eigi skemmri en átta vikur. Skilmálabreyting skal háð samþykki síðari veðhafa samkvæmt almennum reglum. Af skjölum sem varða slíka endursamninga skal ekki greiða stimpilgjald.

Seðlabanki Íslands skráir verðgildi reikningseiningarinnar. Jafnframt skal bankinn ákvarða dráttarvexti af vanskilum lána sem tengd eru viðmiðun við gengi hennar, út frá vægi einstakra gjaldmiðla, sbr. 10. gr. og 11. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum, og birta þær ákvarðanir.

15. gr.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

16. gr.

Innköllun til lánardrottna Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs skal eigi gefin út.

17. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Um skattskyldu fjárfestingarbankans fer að öðru leyti eftir lögum um skattskyldu lánastofnana.

18. gr.

Þar sem Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði og Iðnþróunarsjóði er falið í lögum, sem í gildi verða eftir að fjárfestingarbankinn tekur til starfa sem lánastofnun, að sinna sérstökum verkefnum tekur Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. við þeim verkefnum eftir því sem við á.

19. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal taka til starfa sem lánastofnun 1. janúar 1998 er fjárfestingarbankinn tekur við eignum, skuldum og skuldbindingum skv. 3. gr. laga þessara. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu lagðir niður frá og með sama tímamarki og falla þá eftirtalin lög úr gildi:

1. Lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum.
2. Lög nr. 10/1984, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
3. Lög nr. 72/1985, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
4. Lög nr. 135/1989, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
5. Lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
6. Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
7. Lög nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Lög nr. 93/1986, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Umboð stjórna sem skipaðar eru samkvæmt núgildandi lögum um Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð fellur niður á því tímamarki sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Stofna skal hlutafélagið Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júlí 1997. Á fundinum skal kjósa stjórn fjárfestingarbankans og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að hann hefur tekið til starfa sem lánastofnun, skv. 19. gr. laga þessara. Fram að því tímamarki sem tilgreint er í 1. mgr 19. gr. skal Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína sem lánastofnun. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal hafa samráð við stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um samninga við starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs.

Stofnhlutafé Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verður ekki greitt til hans fyrr en 1. janúar 1998, sbr. 3. gr. laga þessara.

Frá stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og þar til hann tekur til starfa skv. 1. mgr. 19. gr. skal hann, þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu, hafa fullan aðgang að gögnum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórn-

endur og starfsmenn sjóðanna skulu veita stjórnendum og starfsmönnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. nauðsynlega aðstoð. Stjórnendur og starfsmenn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. eru bundnir af þagnarskyldu með sama hætti og stjórnendur og starfsmenn umræddra sjóða.

Allur kostnaður af stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. greiðist af honum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kemur fram að eitt af markmiðum hennar sé að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða og annarra fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt skuli unnið að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Þá er í stefnu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um allt land, tryggja stöðug og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreina og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu.

Endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna hefur hin síðari ár verið til umræðu af hálfu stjórnvalda og hagsmunasamtaka atvinnulífsins og hefur sú umfjöllun einkum varðað fjárfestingarlánasjóði í iðnaði og sjávarútvegi, þ.e. Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Fiskveiðasjóð Íslands. Í byrjun kjörtímabilsins ákváðu forsætisráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegsráðherra að fela ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta að vinna að endurskoðun á núverandi sjóðakerfi að því er varðar starfsemi þessara sjóða.

Markmið endurskoðunarinnar var að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Skilyrði var að öll fyrirtæki, í hvaða atvinnugrein sem var, ættu jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna. Með því væri afnumin sú atvinnugreinaskipting sem verið hefur í sjóðakerfinu.

Fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna voru upphaflega stofnaðir til að tryggja aðgang einstakra atvinnugreina að lánsfé á tímum lánsfjárskorts. Allir stærstu sjóðirnir eru í eigu ríkisins en atvinnugreinarnar hafa lagt sjóðunum til fé með ýmsum hætti, einkum í formi skattlagningar á viðkomandi atvinnugreinar. Má þar sérstaklega nefna iðnlánasjóðsgjald sem rennur til Iðnlánasjóðs og útflutningsgjald sem rann til Fiskveiðasjóðs. Ákvarðanir um þessa skattlagningu voru jafnan teknar í samráði við helstu hagsmunasamtök í viðkomandi atvinnugreinum. Fulltrúar greinanna hafa einnig haft áhrif á stefnu og starfsemi sjóðanna með setu í stjórnum þeirra. Í ljósi þessa hefur við undirbúning breytinga á sjóðakerfinu verið haft náið samráð við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði. Stjórnendur og starfsmenn sjóðanna þriggja og innlendir og erlendir sérfræðingar hafa aðstoðað við undirbúning málsins.

Frumvarpið sem hér er lagt fram gerir ráð fyrir að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. verði stofnaður á grunni Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs auk Útflutningslánasjóðs. Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem einnig er reistur á grunni þessara sjóða. Til greina kemur að fleiri fjárfestingarlánasjóðir sameinist hinum nýju fjárfestingarbanka fljótlega eftir stofnun hans.

2. Breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði. Aukin samkeppni við erlenda lánveitendur, verðbréfamarkaði, banka og sparisjóði kallar á endurskoðun á fjárfestingarlánasjóðakerfinu. Löggjöf um fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi hefur verið aðlöguð reglum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þátttaka ríkisins á íslenskum fjármagnsmarkaði er áberandi og mun meiri en í öðrum iðnríkjum. Starfandi eru fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins auk þess sem tveir af þremur starfandi viðskiptabönkum eru ríkisstofnanir. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna er yfirleitt bundin við afmörkuð svið eða atvinnugreinar og þeim settar sérreglur í lögum.

Fyrrgreindar breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði hafa beint athyglinni að aðstöðumun fjármálastofnana í ríkiseigu og annarra aðila á fjármagnsmarkaði. Sá munur er fjármálastofnunum í ríkiseigu bæði í hag og óhag. Kostir geta verið því samfara að njóta verndar ríkisins, ýmissa sérreglna sem gilda um einstaka fjárfestingarlánasjóði og í sumum tilvikum ríkisábyrgðar. Á hinn bóginn hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að svigrúm stofnana í eigu ríkisins til að bregðast við aukinni samkeppni er oft á tíðum lítið. Gott dæmi um þetta eru hinir atvinnugreinaskiptu fjárfestingarlánasjóðir.

Með hliðsjón af framangreindu er nauðsynlegt að skilgreina að nýju hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði. Meginhlutverk þess verður jafnan að tryggja að til séu reglur um starfsemi á þessu sviði og að reglunum sé fylgt. Jafnframt kann á hverjum tíma að vera nauðsynlegt að ríkið hlutist til um fjármálastarfsemi sem nauðsynleg er til að efla atvinnulíf. Hins vegar ber að láta öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir að annast með eðlilegum hætti. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna viðskiptabankastarfsemi, verðbréfaþjónustu ýmiss konar, hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi og fleira. Sem dæmi um svið þar sem ríkið hefur enn hlutverki að gegna samkvæmt þessu má nefna áhættusama fjárfestingarþjónustu eins og verkefnafjármögnun og beina áhættufjármögnun.

Með frumvarpinu sem hér er lagt fram og frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífins eru stigin skref í þá átt sem hér var lýst. Samhliða frumvarpinu leggur viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Í því er gert ráð fyrir að hlutafélögin Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. taki við rekstri ríkisviðskiptabanknna 1. janúar 1998.

Með þessu hyggst ríkisstjórnin stuðla að umfangsmikilli hagræðingu á fjármagnsmarkaði. Megintilgangur aðgerðanna er að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum.

3. Helstu leiðir við endurskipulagningu á sjóðakerfi atvinnuveganna.

Á síðustu missirum hefur einkum verið fjallað um tvær meginhugmyndir við endurskoðun á starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Annars vegar hafa á stundum verið uppi áform um að breyta Fiskveiðasjóði í hlutafélag og sameina Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð í annað hlutafélag en láta ráðast hver yrðu afdrif þeirra að því loknu og starfseminnar sem þeir hafa stundað. Hins vegar hefur sú hugmynd verið til umfjöllunar að sameina þessa þrjá sjóði í eitt hlutafélag, lánastofnun sem hafi möguleika á að verða öflugur bakhjarl atvinnulífsins. Báðum þessum leiðum hafa fylgt hugmyndir um stofnun sérstaks nýsköpunarsjóðs sem einkum hefur verið ætlað það hlutverk að taka þátt í fjárfest-

ingarverkefnum á sviði nýsköpunar og þróunar og styrkja þannig og ýta undir starfsemi sem þarfnast áhættufjármagns.

Umfjöllun um þessar leiðir er nátengd umræðu um aðild starfandi viðskiptabanka að þeirri þjónustu sem fjárfestingarlánasjóðirnir hafa hingað til boðið.

Helstu rök með fyrrgreindu leiðinni, þ.e. að breyta Fiskveiðasjóði og iðnaðarsjóðunum í tvo fjárfestingarlánasjóði í formi hlutafélaga, eru að þannig fái markaðurinn í raun að ráða því hvað verði um þessa starfsemi og ríkisvaldið geti losað sig úr þessari starfsemi með sölu hlutafélaganna. Bent hefur verið á að starfsemin geti einnig fallið að starfandi viðskiptabönkum. Þannig bjóði starfandi viðskiptabankar langtímalán auk þess sem viðskiptamenn þeirra séu í stórum dráttum hinir sömu. Þá geti viðskiptabankarnir nýtt sér fyrirliggjandi þekkingu og aðstöðu.

Rök með síðargreindu leiðinni, þ.e. að á grunni sjóðanna þriggja verði stofnaður einn sameinaður fjárfestingarbanki, eru að atvinnufyrirtækjum sé nauðsynlegt að eiga slíka stofnun að bakhjarli sem bjóði raunhæfan valkost við fjármögnun. Fjárfestingarbanki af þessu tagi geti náð hagstæðum samningum við lánveitendur og með því, ásamt lágum rekstrarkostnaði, veitt fyrirtækjum hagstæð lán og skapað starfandi viðskiptabönkum heilbrigða samkeppni. Einnig verði með þessari skipan varðveitt og nýtt mikil fyrirliggjandi þekking núverandi sjóða á atvinnulífinu og náin tengsl þeirra við viðskiptafyrirtæki sín. Þá yrði atvinnugreinaskipting í starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna afnumin, en slík skipting er úrelt og stendur raunar starfsemi þessara sjóða fyrir þrifum í mörgum tilvikum. Í heild gæti því þessi leið leitt til hagræðingar á fjármagnsmarkaði.

4. Mat á valkostum.

Leitað hefur verið til ýmissa aðila um mat á helstu leiðum við endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna. Nefna má að leitað var til fjármálafyrirtækisins JP-Morgan í London, og óskað eftir að sérfræðingar legðu mat á mismunandi viðhorf og leiðir sem um hefur verið fjallað á undanförnum missirum, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og líklegri þróun til framtíðar. Í þessu skyni kannaði JP-Morgan starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna þriggja með hliðsjón af starfsemi viðskiptabanka á Íslandi, tók til skoðunar hvernig háttað væri sambærilegri starfsemi annars staðar á Norðurlöndum, Bretlandi og Hollandi og athugaði samspil viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarlánastarfsemi. Þá var lagt mat á kosti þeirrar leiðar sem farin er í frumvarpi þessu, frá alþjóðlegu sjónarhorni.

Það er niðurstaða JP-Morgan að viðskiptabankar í Evrópu bjóði svipaða þjónustu og fjárfestingarlánasjóðirnir þrír, en sú þróun sé þó ný af nálinni á Norðurlöndunum. Fjárfestingarlánasjóðir, sem reistir voru á svipuðum forsendum og hérlendir sjóðir, hafi þróast í mismunandi áttir og brugðist með mismunandi hætti við breytingum á starfsumhverfi sínu. Þær breytingar felast m.a. í aukinni samkeppni þar sem fleiri aðilar, svo sem viðskiptabankar, hafa sótt á þennan markað. Finna má dæmi um starfandi fjárfestingarlánasjóði eins og danska iðnlánasjóðinn, FIH, sem veitir langtímalán til atvinnulífsins og hefur styrkt stöðu sína á samkeppnismarkaði með því að leggja áherslu á þjónustu sem tengist veitingu hagkvæmra langtímalána og að byggja upp sérþekkingu og náin tengsl við fyrirtæki. Aðrir sambærilegir sjóðir, t.d. hollenski fjárfestingarbankinn, NIB, hafa brugðist við aukinni samkeppni með því að færa út starfsemi sína, t.d. með því að hefja fjárfestingu í hlutafé fyrirtækja.

Það er mat JP-Morgan að með tilliti til líklegrar þróunar næstu ára megi ætla að starfsemi fjárfestingarlánasjóða og viðskiptabanka verði samþætt. Viðskiptamenn þessara stofnana séu hinir sömu og þekking á starfseminni til staðar. Engu að síður er það niðurstaða athugunarinnar að fjárfestingarlánasjóðir muni áfram hafa hlutverki að gegna. Bent er einkum á tvö atriði sem marka fjárfestingarlánasjóðunum sérstöðu sem geti nýst íslensku atvinnulífi. Annars vegar eru möguleikar sjóðanna til að viðhalda og þróa áfram náin tengsl sín við atvinnulífið sem leiði til bættrar þjónustu á þessu sviði. Þannig geti slíkir sjóðir veitt þjónustu til hliðar við þjónustu viðskiptabanka og annarra fjármálafyrirtækja og verið valkostur við aðra starfsemi á fjármagnsmarkaði. Hins vegar geta fjárfestingarlánasjóðirnir áfram veitt langtímalán á mjög hagstæðum kjörum vegna góðrar stöðu á lánamarkaði og lágs rekstrarkostnaðar.

Þá er það mat JP-Morgan að sameining sjóðanna í einn fjárfestingarbanka og stofnun nýsköpunarsjóðs hafi marga kosti. Með sameiningu megi ná fram hagræðingu í rekstri. Einnig gefi þessi nýskipan færi á að aðgreina hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi frá áhættufjármögnun. Stofnun fjárfestingarbanka gæti ýtt undir samkeppni á fjármagnsmarkaði, auðveldað einkavæðingu og leitt til sérhæfðari fjármálaþjónustu. Þá gæti nýr fjárfestingarbanki orðið álitlegur kostur fyrir erlenda lánveitendur og fjárfesta. Að mati JP-Morgan ætti nýr fjárfestingarbanki að starfa á sama grunni og Iðnlánasjóður og Fiskveiðasjóður, þ.e að veita langtímalán og tengda fjármálaþjónustu, en hann gæti einnig aukið sérhæfingu á fjármagnsmarkaði.

Eins og bent er á má með sameiningu sjóðanna ná fram verulegri hagræðingu í rekstri sem mun skila sér í betri kjörum á lánum til fyrirtækja. Ekki liggja fyrir nákvæmar rekstraráætlanir fyrir bankann enda verður það hlutverk stjórnar hans að taka endanlegar ákvarðanir um rekstur og mannahald. Fullri hagræðingu verður þó ekki náð í fyrstu. Þannig er gert ráð fyrir að starfsfólki sjóðanna þriggja verði tryggt starf í fjárfestingarbankanum eða Nýsköpunarsjóði, enda má ætla að uppbygging starfseminnar krefjist í fyrstu mikillar vinnu. Reynslan sýnir hins vegar að náðst hefur hagræðing í starfsmannamálum þar sem svipuð leið hefur verið farin.

5. Eignarhald.

Í gegnum árin hafa verið skiptar skoðanir um eignarhald þeirra sjóða sem til umfjöllunar eru, einkum Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnlánasjóðs. Af hálfu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og iðnaði hefur verið lögð áhersla á að atvinnuvegirnir og jafnvel fyrirtæki hafi með viðskiptum sínum við sjóðina og greiðslum til þeirra öðlast eignarrétt eða hlutdeild í sjóðunum. Lögum samkvæmt er hins vegar ótvírætt að sjóðirnir eru í eigu ríkisins. Í umræðum um breytingar á sjóðunum hafa þó á liðnum árum komið fram hugmyndir að leiðum til að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Við undirbúning þeirrar endurskipulagningar sem nú er á döfinni hefur verið miðað við að veita samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði aðild að stjórnun fjárfestingarbankans við stofnun hans. Lagt er til að atvinnuvegirnir eigi aðild að meðferð atkvæða fyrir hönd ríkissjóðs. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði, ásamt Alþýðusambandi Íslands, eigi þrjá fulltrúa í fimm manna stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

6. Skipting eigna, sala hlutabréfa og staða á erlendum lánamarkaði.

Sameiginlegt eigið fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs nam í árslok 1995 10.615 millj. kr. samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum fyrir árið 1995. Eiginfjárhlutfall sjóðanna þriggja sameiginlega var 25,65% í árslok 1995. Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður juku við eigið fé sitt á árinu 1996 og má því ætla að sameiginlegt eigið fé sjóðanna hafi aukist um 800–1.000 millj. kr. á árinu.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að fjárfestingarbankinn taki við eignum, skuldum og skuldbindingum umræddra sjóða, að frádregnum 3.000 millj. kr. sem lagðar verði til Nýsköpunarsjóðsins og u.þ.b. 650 millj. kr. eigin fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs sem gert er ráð fyrir að flytjist til Nýsköpunarsjóðs. Umrædd deild hefur afmarkaðan tilgang á sviði iðnþróunar og er fjárhagur hennar aðskilinn frá annarri starfsemi. Til hennar rennur meginhluti svokallaðs iðnlánasjóðsgjalds sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.

Svo kann að virðast að með þessu sé verið að rýra verulega eigið fé hins nýja fjárfestingarbanka. Hins vegar verður að líta til þess að eigið fé Iðnþróunarsjóðs, sem á síðustu árum hefur verið beint inn á fjármögnun áhættuverkefna í takt við þá starfsemi sem Nýsköpunarsjóði er ætlað að stunda, nam 2.329 millj. kr. í árslok 1995. Líta má svo á að fjárhæð samsvarandi eigin fé Iðnþróunarsjóðs falli með réttu til Nýsköpunarsjóðs, að viðbættum tæpum 700 millj. kr. Sé litið til afkomu Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs undanfarin ár, og þess að ekki hefur verið greiddur arður af eigin fé þeirra, má benda á að 700 millj. kr. samsvara útgreiðslu á innan við 50% arði af hagnaði þeirra tveggja síðastliðin þrjú ár. Með tilliti til þeirrar sérstöðu vöruþróunar- og markaðsdeildar sem fyrr er lýst, má rökstyðja að eigið fé hennar falli í raun ekki til sameiginlegs eigin fjár sjóðanna.

Í þessu felst að eigið fé fjárfestingarbankans yrði 6.965 millj. kr. ef miðað er við ársreikning fyrir árið 1995 en talsvert hærra ef miðað er við eigið fé sjóðanna nú. Eiginfjárhlutfall sjóðsins miðað við sama tímamark yrði 15,17%. Hafa verður í huga nýlegar breytingar á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, sbr. lög nr. 113/1996 og reglur Seðlabanka Íslands nr. 348/1996, sem hafa leitt til lækkunar á eiginfjárhlutfalli sjóðanna. Munar þar mestu um breytingar á flokkun eigna eftir áhættu.

Lagt er til að þær 3.000 millj. kr., sem ætlunin er að leggja til Nýsköpunarsjóðs af eigin fé sjóðanna, verði greiddar honum með markaðshæfum hlutabréfum sem nú eru í eigu sjóðanna, auk skuldabréfs sem gefið yrði út af fjárfestingarbankanum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gildistöku laganna verði hafinn undirbúningur að sölu á allt að 49% hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Það mun ráðast af aðstæðum á markaði og hagsmunum fjárfestingarbankans að öðru leyti hversu hratt hlutabréf verða seld. Hins vegar er lögð áhersla á að hin heimilaða sala fari fram strax og aðstæður leyfa.

Það er mat ríkisstjórnarinnar og þeirra sérfræðinga sem leitað hefur verið til að staða fjárfestingarbankans á erlendum lánamarkaði verði sterk strax frá upphafi. Þannig hefur þess verið gætt í frumvarpinu að tryggja stöðu erlendra lánveitenda núverandi sjóða eftir því sem kostur er. Verður þar fyrst og fremst að hafa í huga lánveitendur Fiskveiðasjóðs, en skuldbindingar Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs njóta ríkisábyrgðar sem haldast mun vegna eldri skuldbindinga. Þá er það mat sérfræðinga að fjárfestingarbankinn muni allt frá upphafi eiga kost á hagstæðum lánakjörum.

Við undirbúning málsins hefur verið miðað við ársreikninga fjárfestingarlánasjóðanna árið 1995. Til upplýsingar eru birtir í fylgiskjölum síðustu ársreikningar sem lokið hefur verið við.

7. Meginefni frumvarpsins.

Helstu efnisatriði frumvarpsins eru eftirfarandi:

— Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. taki til starfa sem lánastofnun 1. janúar 1998.
— Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. verði stofnaður eigi síðar en 1. júlí 1997. Fram til 1. janúar 1998 verði unnið að undirbúningi þess að hann hefji starfsemi sem lánastofnun.
— Ríkissjóður verði einn eigandi hlutafjár í fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Heimilt sé að selja 49% hlutafjár ríkisjóðs. Undirbúningur að sölu verði þegar hafinn.
— Samtökum fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi verði tryggð aðild að meðferð atkvæða ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum.
— Ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem stofnað var til í starfstíð þeirra.
— Fjárfestingarbankinn taki við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ekki er ráðstafað til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fjárfestingarbankinn taki jafnframt við öllum skattalegum réttindum og skyldum sjóðanna.
— Starfsmönnum núverandi sjóða verði tryggð störf í fjárfestingarbankanum eða Nýsköpunarsjóði.

Síðustu ársreikningar Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs eru birtir sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir stofnun lánastofnunar samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Lánastofnunin nefnist Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., en skv. 3. mgr. 2. gr. þeirra laga er lánastofnunum heimilt að nota hugtakið fjárfestingarbanki í heiti sínu þrátt fyrir einkarétt viðskiptabanka á notkun á hugtakinu banki.

Í frumvarpi þessu er einungis kveðið á um þau atriði sem nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um vegna stofnunar fjárfestingarbankans, að öðru leyti en því að í 2. gr. er honum markað sérstakt hlutverk. Lög nr. 123/1993 og lög nr. 2/1995, um hlutafélög, munu hins vegar gilda um alla starfsemi bankans þegar honum hefur verið komið á fót.

Í 2. mgr. er kveðið á um að viðskiptaráðherra annist undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fari með framkvæmd laganna. Lög nr. 123/1993 heyra undir viðskiptaráðherra og er því eðlilegt að slík almenn lánastofnun heyri undir hann þó að þeir fjárfestingarlánasjóðir sem fjárfestingarbankinn er reistur á heyri undir sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjárfestingarbankanum markað rúmt hlutverk. Þannig er gert ráð fyrir að hann veiti öllu íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum. Skv. 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, felst starfsemi lánastofnana í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Í ákvæðinu

er talin upp sú starfsemi sem lánastofnun er heimilt að stunda, en þar er um sömu starfsemi að ræða og viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil skv. 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, að öðru leyti en því að lánastofnunum er óheimilt að taka við innlánum og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingarbankinn byggist á þeirri starfsemi sem Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður stunda og Iðnþróunarsjóður stundaði áður og þeirri þekkingu og þeim tengslum við atvinnulífið sem sjóðirnir hafa nú. Í þessu felst að fjárfestingarbankanum er ætlað að veita þjónustu sem tengist veitingu hagkvæmra langtímalána og þróa áfram náin tengsl við atvinnulífið. Þannig geti fjárfestingarbankinn sinnt sérhæfðri þjónustu og bætt framboð á fjármálaþjónustu hér á landi.

Með hliðsjón af þeim áherslum sem hér var lýst verður að ætla að fjárfestingarbankinn muni, auk hefðbundinnar starfsemi sem tengist veitingu langtímaveðlána, sinna fjármögnun skilgreindra og afmarkaðra verkefna. Þá er ljóst að fjárfestingarbankanum verða sett ströng markmið um hagkvæmni og ódýra þjónustu. Af þessu leiðir að öllum líkindum að áhersla verður lögð á þjónustu yfir tilteknum fjárhæðamörkum.

Benda má á í þessu sambandi að Norræna fjárfestingarbankanum, NIB, og Evrópubankanum var í upphafi ætlað að starfa á þessum forsendum, þ.e. fjármögnun skilgreindra og afmarkaðra verkefna yfir tilteknum fjárhæðamörkum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að fjárfestingarbankinn taki 1. janúar 1998 við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, öðrum en þeim sem ráðstafað er með öðrum hætti samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Með þessu er einkum vísað til 7. gr. frumvarps til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins en samkvæmt þeirri grein er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði verði lagðar til 3.000 millj. kr. af sameiginlegu eigin fé umræddra sjóða. Gert er ráð fyrir Nýsköpunarsjóðnum verði lagður til verulegur hluti upphæðarinnar með skuldabréfi útgefnu af fjárfestingarbankanum.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um að ríkissjóður sé eigandi alls hlutafjár í fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Í almennum athugasemdum var greint frá andstæðum sjónarmiðum sem uppi hafa verið um raunverulegt eignarhald Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs. Eins og þar kemur fram er með frumvarpi þessu talið eðlilegt að tryggja samtökum fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi rétt til þátttöku í stjórnun fjárfestingarbankans við stofnun hans.

Í 2. mgr. er lagt til að viðskiptaráðherra ákveði upphaflegt hlutafé í fjárfestingarbankanum. Við það er miðað að heildarfjárhæð hlutafjár á stofnfundi hans sé eigi hærri en sem nemur þremur fjórðu hlutum eigin fjár Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem lagt er til fjárfestingarbankans skv. 3. gr. frumvarpsins. Miðað er við endurskoðaða ársreikninga sjóðanna fyrir árið 1996. Ákvörðun um hvert vera skuli hlutfall milli hlutafjár og annars eiginfjár ræðst m.a. af því með hvaða hætti ríkissjóður hyggst taka arð af þessari eign sinni. Það er því er lagt í mat ráðherra hvert sé heppilegasta viðmiðunarmarkið. Mismunurinn á hlutafé og eigin fé telst til óráðstafaðs eigin fjár hins nýja fjárfestingarbanka og myndar ekki stofn til greiðslu arðs.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fari saman með eignarhlut ríkisins í fjárfestingarbankanum. Þetta þykir eðlilegt í ljósi þess að þeir sjóðir sem fjárfestingarbankinn er reistur á heyra undir þessa ráðherra.

Til þess að tryggja áhrif fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi á stjórnun fjárfestingarbankans er í 2. mgr. gert ráð fyrir að sérstök fimm manna nefnd fari með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum. Um ástæður þess vísast til almennra athugasemda. Gert er ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra tilnefni tvo menn hvor og einn sameiginlega. Þar af tilnefnir iðnaðarráðherra einn eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, en með því er átt við Samtök iðnaðarins. Þá tilnefnir sjávarútvegsráðherra annan fulltrúa sinn eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi, en með því er vísað til Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva.

Ætla má að öðru leyti að nefndin velji á framboðslista til stjórnarkjörs með hlutfallskosningu í sínum hópi. Þar sem nefndin sjálf fer með atkvæði ríkissjóðs samkvæmt ákvæðinu mun nefndin koma fram á aðalfundum og hluthafafundum sem ein heild og tala einum rómi. Hver hinna fimm nefndarmanna fer því ekki með fimmtung atkvæða ríkissjóðs.

Um 6. gr.

Í þessari grein er kveðið á um sölu á hlutafé ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að selja allt að 49% hlutafjár þegar í upphafi og er iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, sem fara saman með eignarhlutinn, ætlað að undirbúa söluna. Nánari ákvarðanir um söluna munu fara eftir markaðsaðstæðum og aðstæðum fjárfestingarbankans á þeim tíma.

Í ákvæðinu felst að ekki verður heimilt að selja meiri hluta ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum nema með heimild Alþingis. Í þessu sambandi verður að hafa í huga stöðu fjárfestingarbankans á erlendum lánamarkaði. Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem leitað hefur verið til að mikilvægt sé að meiri hluti ríkissjóðs verði ekki seldur fyrst um sinn, þannig að hinum nýja fjárfestingarbanka verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaði við öflun lánsfjár og afla sér trausts á erlendum lánamarkaði. Hafa verður og í huga stöðu núverandi lánardrottna sjóðanna, einkum með tilliti til þeirra skuldbindinga sem Fiskveiðasjóður Íslands er nú í, en hann nýtur ekki ríkisábyrgðar.

Skv. 7. gr. frumvarps til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal ríkissjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Nauðsynlegt er með vísan til þessa að flýta fyrstu sölu hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Gengið er út frá því að Nýsköpunarsjóði verði lagt til fyrsta söluandvirði bréfanna.

Um 7. gr.

Þar sem fjárfestingarbankinn er stofnaður með sérlögum og þar sérstaklega kveðið á um nokkur atriði er talið nauðsynlegt að kveða á um að tiltekin ákvæði laga um lánastofnanir viðskiptabanka og sparisjóði og hlutafélagalaga gildi ekki um stofnun fjárfestingarbankans. Skv. 6. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 123/1993, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er kveðið á um innborgun hlutafjár við stofnun lánastofnunar og hlutafélags fyrr og í öðru formi en frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Þá geyma 6.–7. gr. hlutafélagalaga ákvæði um það hvernig með skuli fara ef hluthafa er greitt með

öðrum verðmætum en reiðufé, en þau eiga ekki við í tilviki fjárfestingarbankans. Með hliðsjón af því að ríkissjóður er einn eigandi hlutafjár í upphafi er og eðlilegt að undanskilja 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga um hlutafélög þar sem kveðið er á um að stofnendur og hluthafar skuli vera tveir hið fæsta.

Um 8. gr.

Eðlilegt þykir að kveða skýrt á um að hluthafar í fjárfestingarbankanum njóti ekki sérréttinda með þeim hætti að þeir fái sérmeðferð í fyrirgreiðslu fjárfestingarbankans.

Um 9. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Hins vegar hefur ríkissjóður ekki um langt skeið borið ábyrgð á erlendum skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands og ríkisábyrgð á innlendum skuldbindingum hans var felld niður með 6. gr. laga nr. 2/1992. Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Útflutningslánasjóðs. Með þessari grein er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri áfram ábyrgð á öllum skuldbindingum sjóðanna sem stofnað er til með ríkisábyrgð í starfstíð þeirra. Hins vegar beri ríkissjóður ekki ábyrgð á skuldbindingum fjárfestingarbankans umfram það sem kveðið er á um í frumvarpinu og hlutafélagalögum.

Ákvæðið tekur einnig til þeirra skuldbindinga sem flytjast til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Um 10. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að starfsmenn umræddra sjóða, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, eigi kost á starfi hjá fjárfestingarbankanum, nema þeim sem boðið er starf hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Í því felst að öllum verði tryggt starf. Eðli málsins samkvæmt er þó ekki hægt að tryggja öllum starfsmönnum sambærilegt starf. Skv. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er kveðið á um að fjárfestingarbankinn og Nýsköpunarsjóður skuli hafa samstarf um samninga við starfsmenn.

Að því er lífeyrisréttindi varðar felst það í 9. gr. frumvarpsins að ríkissjóður muni bera ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sjóðanna vegna starfsmanna að því marki sem þær njóta ríkisábyrgðar nú. Um starfskjör, lífeyrisréttindi og þess háttar fer eftir samningum við fjárfestingarbankann og eftir atvikum eftirlaunasjóði eða lífeyrissjóði um vistun réttinda.

Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig fara skuli með biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum í fjárfestingarlánasjóðunum. Ekki hefur verið staðfest fyrir dómstólum að starfsmenn fjárfestingarlánasjóðanna eða bankastarfsmenn eigi rétt á biðlaunum eins og almennir ríkisstarfsmenn. Í frumvarpinu er ekki skorið úr um þetta.

Í greininni er vísað til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þeirra laga er kveðið á um að sé starf lagt niður eigi starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku þeirra laga og fallið hefur undir lög nr. 38/1954 en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laganna, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði. Hins vegar gildi ákvæði 34. gr. laganna um bótarétt og bóta-

fjárhæð að öðru leyti. Af henni leiðir meðal annars að ef starfsmaður hafnar öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkis eða annars aðila, fellur niður réttur til biðlauna. Þá er mælt fyrir um það í ákvæðinu að ef starfsmaður tekur við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er biðlaunaréttartíminn skuli launagreiðslur samkvæmt greininni, þ.e. biðlaunagreiðslur, falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

Hin nýju lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins byggjast á stefnu ríkisstjórnarinnar í starfsmannamálum ríkisins sem m.a. miðar að því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Þau ákvæði sem hér var lýst eru liður í því og gera stjórnvöldum kleift að minnka ríkisumsvif.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um greiðslustað skuldaskjala sem eru í eigu Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs eða Iðnþróunarsjóðs og vistunarstað skjala sem eru í innheimtu þeirra fyrir yfirtökuna. Ákvæðið er í samræmi við þá meginhugsun frumvarpsins að fjárfestingarbankinn taki við réttindum og skuldbindingum sjóðanna. Nauðsynlegt þykir að kveða ítarlega á um þessi atriði til þess að koma í veg fyrir réttaróvissu.

Um 13. gr.

Mörg skuldabréf sjóðanna eru með breytilegum vöxtum þar sem stjórnum sjóðanna er heimilt að breyta vaxtakjörum. Nauðsynlegt er að yfirfæra þennan rétt til stjórnar fjárfestingarbankans og er það tilgangur þessarar greinar.

Um 14. gr.

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 277/1991 er Fiskveiðasjóði heimilt að veita lán í sérstökum reikningseiningum sem breytast í samræmi við breytingar á vegnu meðaltali erlendra gjaldmiðla, erlendra reikningseininga og vísitölu, allt eftir samsetningu höfuðstóls langtímaskulda og útlána Fiskveiðasjóðs. Til grundvallar skráningu á verðgildi reikningseiningarinnar liggur tiltekið vægi gjaldmiðla, erlendra reikningseininga og skulda sem tengdar eru vísitölu. Reikningseiningin breytist daglega í sama hlutfalli til hækkunar eða lækkunar og verðgildi vogarinnar breytist. Þá er Fiskveiðasjóði heimilt að endurreikna verðvægi eininga í voginni eins oft og þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Sameining sjóðanna og stofnun hins nýja fjárfestingarbanka gerir það ókleift að viðhalda reikningseiningunni eins og henni er lýst í reglugerð nr. 277/1991. Því er í þessari grein lagt til að frá og með 1. janúar 1998 verði hún fryst og frá og með þeim degi samsett af þeim gjaldmiðlum og í sömu hlutföllum innbyrðis og liggja til grundvallar skráningu Fiskveiðasjóðs á verðgildi reikningseiningarinnar 31. desember 1997. Frá þeim tíma skal birta þessa reikningseiningu við útreikning þeirra útlána sjóðsins sem tengd eru við reikningseininguna. Verðgildi erlendra gjaldmiðla í reikningseiningunni skal miðast við skráningu Seðlabankans.

Í 2. mgr. er boðið að kynna skuli breytinguna. Þar sem ekki er að finna heimild í eldri veðbréfum Fiskveiðasjóðs til uppgreiðslu RFÍ-lána þykir rétt í ljósi sérstakra kringumstæðna að leggja til að slíkt verði heimilt. Enn fremur er lagt til að lánþegum sem skulda lán í RFÍ verði gefinn kostur á að semja um skilmálabreytingu þeirra þannig að endurgreiðsla lánanna miðist við einhvern tiltekinn gjaldmiðil eða gjaldmiðla sem samningar

kunna að nást um við bankann. Slíkar skilmálabreytingar eru þó háðar samþykki síðari veðhafa samkvæmt almennum reglum.

Lagt er til að ekki þurfi að greiða stimpilgjald vegna slíkra endursamninga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að Seðlabanki Íslands skrái verðgildi reikningseiningarinnar og ákvarði dráttarvexti af vanskilum lána sem tengd eru viðmiðum hennar, en til þessa hefur stjórn Fiskveiðasjóðs ákvarðað dráttarvexti af reikningseiningunni að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann, sbr. 15. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í þessari grein er lagt til að fjárfestingarbankinn taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum fjárfestingarlánasjóðanna og að um það fari eftir almennum lögum um skattskyldu lánastofnana. Rétt er að vekja athygli á að Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður eiga yfirfæranlegt rekstrartap frá fyrri árum.

Um 18. gr.

Hlutaðeigandi sjóðum er víða falið í lögum að sinna tilteknum verkefnum. Ekki þykir ástæða til að breyta ákvæðum allra laga sem fela þeim verkefni af þessu tagi. Þessi verkefni munu hins vegar falla niður smátt og smátt.

Um 19. gr.

Í þessari grein er kveðið á um upphaf starfsemi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem lánastofnunar 1. janúar 1998. Nauðsynlegt þykir að hraða aðgerðum þeim sem lagðar eru til í frumvarpi þessu til að eyða sem fyrst þeirri óvissu sem ríkt hefur um framtíð sjóðanna og óvissu sem óhjákvæmilega fylgja breytingum af þessu tagi. Á sama tíma skulu Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður lagðir niður og lög sem um þá gilda felld úr gildi. Rétt er að benda sérstaklega á að lög nr. 93/1986, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, falla niður og með þeim sá greiðslumáti lána hjá Fiskveiðasjóði sem þar er gert ráð fyrir. Jafnframt er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, og er samhliða frumvarpi þessu lagt fram sérstakt frumvarp þar að lútandi.

Gert er ráð fyrir að umboð stjórna sem skipaðar eru samkvæmt núgildandi lögum falli niður 1. janúar 1998 en þá tekur stjórn fjárfestingarbankans við.

Um 20. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stofnun hlutafélagsins Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Lagt er til að hlutafélagið verði stofnað eigi síðar en 1. júlí 1997 og hafi það verkefni til 1. janúar 1998 að undirbúa starfsemi sína sem lánastofnun. Gert er ráð fyrir að þegar við stofnun liggi fyrir samþykktir fjárfestingarbankans sem lánastofnunar og stofnefnahagsreikningur, en í 2. mgr. er sérstaklega kveðið á um að stofnhlutafé verði ekki greitt til fjárfestingarbankans fyrr en 1. janúar 1998, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Ekki er kveðið sérstaklega á um í hverju starfsemi fjárfestingarbankans felist fram til 1. janúar 1998 að öðru leyti en því að honum er heimilt að semja við starfsmenn fjárfestingarlánasjóðanna og lánardrottna. Nauðsynlegt er að kveða á um samstarf hlutafélagsins og

Nýsköpunarsjóðs um starfsmannamál þar sem réttur hvers starfsmanns tekur til beggja stofnananna. Þá er kveðið á um aðgang að gögnum sjóðanna frá stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og þar til hann tekur til starfa sem lánastofnun.

Rétt er að leggja áherslu á að starfsemi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins fyrir 1. janúar 1998 er ekki ætlað að skerða lögbundið starfssvið framkvæmdastjóra og stjórna umræddra sjóða.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands (1995).

Rekstrarreikningur ársins 1995

	skýr.	1995 krónur	1994 kr. '000
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		114.295.659	202.256
Vaxtatekjur af útlánum	9	1.772.257.994	1.913.226
Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum	2	44.973.118	1.979
Aðrar vaxtatekjur		300.200	0
VAXTATEKJUR SAMTALS		1.931.826.971	2.117.461
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld af skuldum við viðskiptavini		62.841.801	63.983
Vaxtagjöld af lántökum		1.160.619.408	1.324.763
Önnur vaxtagjöld		26.790.312	9.758
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	70.452.800	50.012
VAXTAGJÖLD SAMTALS		1.320.704.321	1.448.516
HREINAR VAXTATEKJUR		611.122.650	668.945
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af fjárfestingarhlutabréfum	12	82.650.000	90.360
Þóknunartekjur		4.710.965	1.775
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi	22	20.808.056	71.845
AÐRAR REKSTRARTEKJUR SAMTALS		108.169.021	163.980
HREINAR REKSTRARTEKJUR		719.291.671	832.925
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	18	90.804.553	81.621
Annar rekstrarkostnaður		47.549.019	43.169
Afskriftir rekstrarfjármuna	1	7.559.133	8.305
ÖNNUR REKSTRARGJÖLD SAMTALS		145.912.705	133.095
Framlag á afskriftareikning útlána o.fl., tekjufærsla (gjaldfærsla)	8	72.546.584	(129.168)
HAGNAÐUR ÁRSINS FYRIR SKATTA		645.925.550	570.662
Skattar:			
Reiknaður tekjuskattur		164.803.416	151.899
Eignarskattur		73.556.821	74.939
SKATTAR SAMTALS	15	238.360.237	226.838
HAGNAÐUR ÁRSINS AF REGLULEGRI STARFSEMI		407.565.313	343.824
Óregluleg starfsemi:			
Óregluleg gjöld	23	(85.483.451)	(1.740)
Reiknaðir skattar, tekjufærsla (gjaldfærsla)	16	164.803.416	(13.235)
ÓREGLULEG STARFSEMI SAMTALS		79.319.965	(14.975)
HAGNAÐUR ÁRSINS	5	486.885.278	328.849

Efnahagsreikningur

Eignir :

	skýr.	1995 krónur	1994 kr.'000
Kröfur á lánastofnanir:			
Óbundnar innstæður í Seðlabanka		181.524.368	735.827
Bundnar kröfur á Seðlabanka		0	849.889
Kröfur á lánastofnanir		894.690.579	460.077
KRÖFUR Á LÁNASTOFNANIR SAMTALS	6	1.076.214.947	2.045.793
Útlán:			
Útlán til viðskiptavina, skuldabréf	7	23.035.924.333	24.871.852
Fullnustueignir, fasteignir		3.000.000	63.538
ÚTLÁN SAMTALS		23.038.924.333	24.935.390
Markaðsskuldabréf:			
Veltuskuldabréf útgefin af opinberum aðilum		450.468.077	206.278
Veltuskuldabréf útgefin af öðrum aðilum		894.453.152	650.837
MARKAÐSSKULDABRÉF SAMTALS	2	1.344.921.229	857.115
Hlutabréf:			
Veltuhlutabréf, hlutdeildarskírteini	10	235.782.172	329.355
Fjárfestingarhlutabréf	11	436.290.000	355.680
HLUTABRÉF SAMTALS		672.072.172	685.035
Rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		125.059.243	126.498
Skrifstofubúnaður, tæki o.fl.		13.642.454	15.679
REKSTRARFJÁRMUNIR SAMTALS	1,13	138.701.697	142.177
Aðrar eignir:			
Ýmsar eignir		11.650.006	38.998
EIGNIR SAMTALS		26.282.484.384	28.704.508

31. desember 1995

Skuldir og eigið fé:

	skýr.	1995 krónur	1994 kr.'000
Skuldir við viðskiptavini:			
Innheimtufé:			
Stofnfjársjóður fiskiskipa		676.653.088	595.263
Stofnfjársjóður fasteigna		30.137.452	37.461
SKULD VIÐ VIÐSKIPTAVINI SAMTALS		706.790.540	632.724
Lántaka:			
Verðbréfaútgáfa		733.887.812	671.771
Lán frá lánastofnunum		18.926.311.999	22.092.933
LÁNTAKA SAMTALS	14	19.660.199.811	22.764.704
Aðrar skuldir:			
Greiðslumiðlun		32.897.803	26.511
Ýmsar skuldir	24	30.544.559	23.255
Skattar ársins	15	73.556.821	240.073
AÐRAR SKULDIR SAMTALS		136.999.183	289.839
Áfallin gjöld:			
Áfallin skuldbinding vegna myntskiptasamninga	21	280.119.866	167.970
Reiknaðar skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbindingar	17	293.200.000	212.700
SKULDIR SAMTALS		21.077.309.400	24.067.937
Eigið fé:			
Óráðstafað eigið fé	19,20	5.205.174.984	4.636.571
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		26.282.484.384	28.704.508
Utan efnahagsreiknings:	21		
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptavina		280.787.673	323.452
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings		128.012.025	140.872

Fylgiskjal II.

Ársreikningar Iðnlánasjóðs (1996).

Rekstrarreikningur ársins 1996

	Skýr.	Samstæða 1996	Samstæða 1995	Móðurfélag 1996	Móðurfélag 1995
Vaxtatekjur:					
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		21.542	9.013	22.453	13.958
Vaxtatekjur af útlánum		1.313.271	1.292.335	1.296.853	1.263.414
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		114.172	151.063	112.001	150.163
		1.448.985	1.452.411	1.431.307	1.427.535
Vaxtagjöld:					
Vaxtagjöld til lánastofnana		3.056	0	0	24
Vaxtagjöld af lántökum	33	879.028	922.319	879.028	916.183
Önnur vaxtagjöld		4.651	9.903	4.407	9.747
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	63.660	45.102	59.081	41.527
		950.395	977.324	942.516	967.481
Hreinar vaxtatekjur		498.590	475.087	488.791	460.054
Aðrar rekstrartekjur:					
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum		12.716	10.427	14.132	5.904
Þjónustutekjur	34	18.744	14.717	24.744	20.717
Þjónustugjöld		(377)	(37)	(377)	(37)
Gengishagnaður (-tap) af annarri fjármálastarfsemi	35	107.450	(32.567)	107.007	(21.749)
Ýmsar rekstrartekjur	36	173.985	164.892	173.985	164.892
		312.518	157.432	319.491	169.727
Hreinar rekstrartekjur		811.108	632.519	808.282	629.781
Önnur rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	30	68.935	45.531	68.935	45.531
Annar almennur rekstrarkostnaður		56.733	67.854	56.709	67.835
Afskriftir rekstrarfjármuna	16	11.359	18.430	11.359	18.430
Framlög og styrkir		90.122	73.292	90.122	73.292
		227.149	205.107	227.125	205.088
Framlag í afskriftareikning útlána	11	(114.035)	(230.825)	(114.035)	(230.825)
Hagnaður fyrir skatta		469.924	196.587	467.122	193.868
Eignarskattur	22	(42.555)	(37.148)	(39.753)	(34.429)
Hagnaður ársins	24	427.369	159.439	427.369	159.439

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	Samstæða 1996	Samstæða 1995	Móðurfélag 1996	Móðurfélag 1995
Sjóður og bankainnstæður:					
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka		3.881	5.471	3.622	5.176
Kröfur á aðrar lánastofnanir		148.431	291.618	144.489	285.463
	6	152.312	297.089	148.111	290.639
Útlán:					
Útlán til viðskiptamanna		14.955.937	13.957.901	14.719.575	13.683.635
Fullnustueignir		953.195	747.272	953.195	747.272
	7-11	15.909.132	14.705.173	15.672.770	14.430.907
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:					
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		904.518	1.404.858	886.139	1.394.648
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		411.107	512.228	411.107	512.228
Hlutir í tengdum fyrirtækjum		0	0	227.163	221.168
	12-15	1.315.625	1.917.086	1.524.409	2.128.044
Aðrar eignir:					
Rekstrarfjármunir	16	113.409	114.707	113.409	114.707
Ýmsar eignir		16.345	17.747	16.345	17.706
		129.754	132.454	129.754	132.413
Eignir samtals		17.506.823	17.051.802	17.475.044	16.982.003

31. desember 1996

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Samstæða 1996	Samstæða 1995	Móðurfélag 1996	Móðurfélag 1995
Skuldir við lánastofnanir	19	0	0	28.200	28.253
Lántaka	20,21	13.866.516	13.913.921	13.809.988	13.818.588
Aðrar skuldir		54.882	48.980	51.431	46.261
Lífeyrisskuldbinding	27	11.169	8.138	11.169	8.138
Eigið fé:					
Stofnfé		447.449	438.390	447.449	438.390
Óráðstafað eigið fé		3.126.807	2.642.373	3.126.807	2.642.373
Eigið fé samtals	24-26	3.574.256	3.080.763	3.574.256	3.080.763
Skuldir og eigið fé samtals		17.506.823	17.051.802	17.475.044	16.982.003

Utan efnahagsreiknings:

Ábyrgðir vegna viðskiptamanna 28

Fylgiskjal III.

Ársreikningar Iðnþróunarsjóðs (1996).

Rekstrarreikningur 1996

	Skýr	1996 krónur	1995 krónur
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		9.309.111	8.918.180
Vaxtatekjur af útlánum		456.400.211	524.109.603
		465.709.322	533.027.783
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld af lántökum		199.670.966	252.531.296
Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu		53.042.474	64.124.266
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		48.507.418	35.862.830
		301.220.858	352.518.392
Hreinar vaxtatekjur		164.488.464	180.509.391
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum		83.171.953	36.766.121
Þóknunartekjur		1.938.157	1.678.839
Þóknunargjöld		(637.620)	(424.419)
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi		69.361.759	45.406.528
Aðrar rekstrartekjur		2.250.079	1.883.171
		156.084.328	85.310.240
Hreinar rekstrartekjur		320.572.792	265.819.631
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		45.114.839	41.143.809
Annar rekstrarkostnaður		20.374.980	19.472.247
Afskriftir rekstrarfjármuna		953.805	784.903
Framlög og styrkir		35.398.678	11.462.000
Önnur rekstrargjöld		5.004.969	2.088.234
		106.847.271	74.951.193
Framlög í afskriftareikning útlána		108.504.333	158.679.274
Hagnaður fyrir skatta		105.221.188	32.189.164
Eignarskattur		(1.225.417)	0
Hagnaður ársins		103.995.771	32.189.164

Efnahagsreikningur

Eignir:	Skýr	1996 krónur	1995 krónur
Bankainnstæður:			
Óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands		208.627.269	13.626.281
Kröfur á lánastofnanir		2.356.711	31.290.450
		210.983.980	44.916.731
Útlán:	3		
Útlán til viðskiptavina		4.493.909.241	5.156.984.526
Fullnustueignir	6	378.145.486	369.648.672
		4.872.054.727	5.526.633.198
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		625.961.187	696.991.513
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	1	257.523.317	152.709.161
		883.484.504	849.700.674
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	5	7.868.145	8.649.029
Ýmsar eignir		595.012	376.157
		8.463.157	9.025.186
EIGNIR SAMTALS		5.974.986.367	6.430.275.789

31. desember 1996

Skuldir og eigið fé:	Skýr	1996 krónur	1995 krónur
Lántaka	7	3.080.007.376	3.446.611.966
Verðbréfaútgáfa		336.029.071	615.116.045
Aðrar skuldir		41.289.070	6.787.038
Reiknaðar skuldbindingar		35.920.000	32.696.000
Eigið fé:			
Stofnfé	10	2.310.339.408	2.310.339.408
Annað eigið fé		171.401.442	18.725.332
		2.481.740.850	2.329.064.740
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS		5.974.986.367	6.430.275.789
Utan efnahagsreiknings:			
Ábyrgðir		105.909.400	105.165.491

Fylgiskjal IV.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um
Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnaður verði nýr banki að meiri hluta í eigu ríkisins og verði Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður sameinaðir í hinum nýja banka, þó þannig að umræddir sjóðir afhendi Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins 3 milljarða króna af sameiginlegu eigin fé sínu. Frumvarp um sjóðinn er flutt samhliða frumvarpi þessu.

Í 9. gr. er lagt til að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna fjögurra sem stofnað hefur verið til í starfstíð þeirra. Hér er um einfalda ábyrgð að ræða og á ekki að valda kostnaði nema til greiðslufalls komi hjá hinum nýja banka.

Í 10. gr. er kveðið svo á að allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs skuli eiga kost á starfi hjá fjárfestingarbankanum eða Nýsköpunarsjóði. Í greinargerð kemur fram að ekki kann að verða unnt að bjóða öllum starfsmönnum sambærilegt starf því er þeir höfðu fyrir. Þar með kann að myndast starfslokakostnaður, þar með talin biðlaun. Litið er svo á að sá kostnaður, sem kann að hljótast af starfslokum einstakra starfsmanna, falli á fjárfestingarbankann eða Nýsköpunarsjóð en ekki á ríkissjóð.

Á heildina litið verður ekki séð að komi til kostnaðar ríkissjóðs verði frumvarp þetta að lögum nema svo fari að það reyni á ábyrgð ríkissjóðs vegna innlendra og erlendra skuldbindinga og hinn nýi sjóður nái ekki að efna áhvílandi skuldbindingar sem eru yfirteknar frá sjóðunum fjórum.

706. Frumvarp til laga [409. mál]

um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana.

1. gr.

Stofna skal hlutafélag um Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar. Hlutverk félaganna er að hafa á hendi þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil samkvæmt lögum.

Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar hvors ríkisviðskiptabanka um sig til hlutafélaganna.

2. gr.

Við gildistöku laga þessara skipar viðskiptaráðherra tvær þriggja manna undirbúningsnefndir sem hvorri um sig er ætlað að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags um hvorn ríkisviðskiptabankanna. Nefndirnar annast und-

irbúning löggerninga er varða stofnun hlutafélagsbankanna og fyrirhugaða starfsemi, í umboði viðskiptaráðherra og í samráði við hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka. Löggerningar þessir skulu að því er varðar verkefni sem bankaráð og bankastjórn fer með skv. 39. og 41. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, hljóta staðfestingu hlutaðeigandi aðila, og þá bankaráða og bankastjórna ríkisviðskiptabankanna þar til bankaráð og bankastjórar hlutafélagsbankanna taka til starfa. Viðskiptaráðherra setur nefndunum erindisbréf.

Nefndir skv. 1. mgr. skulu hafa fullan aðgang að gögnum hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka þrátt fyrir ákvæði um þagnarskyldu skv. 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Skulu stjórnendur og starfsmenn ríkisviðskiptabankanna veita nefndarmönnum viðkomandi nefndar nauðsynlega aðstoð. Nefndarmenn eru bundnir af 43. gr. laga nr. 113/1996.

3. gr.

Hinn 1. janúar 1998 tekur Landsbanki Íslands hf. við rekstri og starfsemi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. við rekstri og starfsemi Búnaðarbanka Íslands og skal viðskiptaráðherra þá hafa veitt hlutafélagsbönkunum starfsleyfi skv. II. kafla laga nr. 113/1996.

Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu lagðir niður þegar nýir hlutafélagsbankar taka til starfa skv. 1. mgr.

Kjósa skal bankaráð hvors hlutafélagsbanka á stofnfundum sem haldnir skulu fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Umboð bankaráða Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem síðast voru kjörin af Alþingi skv. 27. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. nú lög nr. 113/1996, falla niður þegar nýir hlutafélagsbankar hafa tekið til starfa skv. 1. mgr.

II. KAFLI
Hlutafé, hlutir og meðferð hlutafjár.

4. gr.

Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

5. gr.

Við stofnun Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka sé eigi hærri en sem nemur 75% af eigin fé Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi ársins 1996. Hlutafé getur þó tekið breytingum til hækkunar.

Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka skv. 2. mgr. Við mat á stofnhlutafé skal tekið tillit til efnahags og rekstrar ríkisviðskiptabankanna á liðnum árum og mats á rekstrarhorfum. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. eiga við um störf nefndarinnar. Viðskiptaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

6. gr.

Eigi er skylt að gefa út hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Viðskiptaráðherra getur þó ákveðið skiptingu hlutafjár í hluti.

Sala á hlutafé í eigu ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. er óheimil án samþykkis Alþingis.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur ráðherra, til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig.

Hlutabréf skv. 1. mgr. eru undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gildir ekki um innborgun hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

III. KAFLI
Réttindi starfsmanna.

8. gr.

Allir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum.

Nú tekur maður, sem gegnir starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf., og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands fellur niður er hann tekur við starfinu.

9. gr.

Um ráðningu og starfskjör bankastjóra, staðgengla bankastjóra, forstöðumanns endurskoðunardeildar og eftir atvikum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

10. gr.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

11. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af Landsbanka Ís-

lands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og til staðar eru samkvæmt reglugerðum eftirlaunasjóðanna eins og þær eru á því tímamarki sem greinir í 3. gr., ef ekki nást á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Hið sama gildir um lífeyrisskuldbindingar ríkisviðskiptabankanna aðrar en skuldbindingar gagnvart eftirlaunasjóðunum.

Nú reynir á ábyrgð 1. mgr. og skal þá greiðsluhlutfall ríkissjóðs annars vegar og viðkomandi hlutafélagsbanka hins vegar vera hið sama og hlutfallslegur starfstími viðkomandi starfsmanns hjá hvorum aðila um sig.

12. gr.

Um kjarasamninga Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. við starfsmenn skal fara samkvæmt lögum nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.

IV. KAFLI
Ríkisábyrgð á innlánum og lántökum.

13. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum innlendum og erlendum skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem stofnað er til áður en rekstur hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka er yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. Ábyrgð ríkissjóðs er eins og til hennar er stofnað og gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd. Um ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum fer þó skv. 2. mgr. og um ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna fer skv. 11. gr. laga þessara.

Ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum fellur niður við yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Þó ber ríkissjóður ábyrgð á bundnum innstæðum hafi þær verið lagðar inn fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Ríkisábyrgðin fellur niður þegar viðkomandi innstæða er laus til útborgunar að loknum binditíma.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. umfram það sem kveðið er á um í lögum þessum og í hlutafélagalögum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Innlánsreikningar við Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands flytjast til viðkomandi hlutafélagsbanka við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Auglýsingarnar skulu birtar með u.þ.b. tveggja vikna millibili, og skal hin fyrri birt a.m.k. 30 dögum fyrir yfirtöku Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á ríkisviðskiptabönkunum.

15. gr.

Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu tiltekinna útibúa Landsbanka Íslands eða Landsbanka Íslands almennt, verður hjá samsvarandi útibúi Landsbanka Íslands hf. eða almennt hjá Landsbanka Íslands hf. eftir því sem við á hverju sinni þegar Landsbanki Íslands hf. hefur tekið til starfa. Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Landsbanka Íslands, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu Landsbanka Íslands og aðild að dómsmálum sem Landsbanki Íslands rek-

ur eða rekin eru gegn Landsbanka Íslands. Landsbanki Íslands skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Greiðslustaður skuldaskjala, sem eru í eigu tiltekinna útibúa Búnaðarbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands almennt, verður hjá samsvarandi útibúi Búnaðarbanka Íslands hf. eða almennt hjá Búnaðarbanka Íslands hf. eftir því sem við á hverju sinni þegar Búnaðarbanki Íslands hf. hefur tekið til starfa. Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Búnaðarbanka Íslands, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu Búnaðarbanka Íslands og aðild að dómsmálum sem Búnaðarbanki Íslands rekur eða rekin eru gegn Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbanki Íslands skal birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Vistunarstaður skjala sem innheimt skulu hjá tilteknum útibúum Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands verður samsvarandi útibú viðkomandi hlutafélagsbanka eftir yfirtöku þeirra síðarnefndu á viðkomandi ríkisviðskiptabanka. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu.

Um auglýsingar samkvæmt þessari grein fer skv. 14. gr. laga þessara.

16. gr.

Innköllun til lánardrottna Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands skal eigi gefin út.

17. gr.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

18. gr.

Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands. Um skattskyldu Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. fer að öðru leyti eftir lögum um skattskyldu lánastofnana.

19. gr.

Þar sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hefur verið falið í lögum að sinna sérstökum verkefnum taka Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. við þeim réttindum og skyldum eftir því sem við á.

20. gr.

Um hlutafélagsbanka samkvæmt lögum þessum gilda að öðru leyti en leiðir af ákvæðum laga þessara ákvæði um starfsemi hlutafélagsbanka samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, eftir því sem við á.

21. gr.

Allur kostnaður af stofnun hlutafélaga og yfirtöku þeirra á rekstri Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands greiðist af Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kemur fram að breyta skuli rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna þannig að þeir verði reknir sem hlutafélög. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að breyta í hlutafélög þeim ríkisfyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði þannig að þau geti starfað á sama grundvelli og samkeppnisfyrirtæki.

Á grundvelli þessarar stefnu ríkisstjórnarinnar hefur viðskiptaráðuneytið unnið að undirbúningi að formbreytingu ríkisviðskiptabankanna. Í ágúst 1995 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem finna skyldi lausnir á ýmsum álitaefnum í tengslum við breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka og semja lagafrumvarp þar að lútandi. Í nefndinni áttu sæti Gunnlaugur M. Sigmundsson alþingismaður, formaður, Birgir Ísleifur Gunnarsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands, og Geir H. Haarde alþingismaður. Starfsmaður nefndarinnar var Páll Gunnar Pálsson, lögfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.

Meginverkefni nefndarinnar var að semja drög að frumvarpi til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Við þá vinnu leitaði nefndin víða fanga, hafði samráð við stjórnendur bankanna, forsvarsmenn starfsmannafélaga bankanna og Samband íslenskra bankamanna auk þess að leita aðstoðar ýmissa aðila. Síðla árs 1995 skiluðu Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands greinargerðum um fyrirhugaða breytingu á rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna þar sem fram komu helstu sjónarmið og áherslur stjórnenda og starfsmanna bankanna.

Í nefndinni komu fram mismunandi sjónarmið um það hvernig standa bæri að breytingu á rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna. Því samdi nefndin drög að þremur frumvörpum til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem endurspegla þær leiðir sem taldar voru koma til greina að því er varðaði framkvæmd hlutafélagavæðingar.

Frumvarpið, sem viðskiptaráðherra leggur nú fram, er grundvallað á vinnu fyrrgreindrar nefndar en hefur tekið breytingum í meðferð ráðuneytisins frá þeim frumvarpsdrögum sem nefndin samdi. Af hálfu viðskiptaráðuneytis hefur verið haft samráð við formenn bankaráða, bankastjóra og endurskoðendur ríkisviðskiptabankanna, forsvarsmenn starfsmanna Seðlabanka Íslands og fleiri.

2. Breytingar á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Á síðustu árum hefur átt sér stað ör þróun á fjármagnsmarkaði. Þannig hefur fjármagnsmarkaðurinn opnast og orðið alþjóðlegri og áherslur í viðskiptum hafa breyst. Þessi þróun er í samræmi við þróun viðskiptaumhverfisins í heild. Samhliða þessu hafa áherslur í fjármálastarfsemi breyst og starfsaðferðir fjármálastofnana sömuleiðis. Á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði hefur löggjöf um fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi verið aðlöguð reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og löggjöf á þessu sviði tekið stakkaskiptum á síðustu árum.

Eitt megineinkenni þessara breytinga er að hefðbundin flokkun fjármálastarfsemi hefur riðlast. Í því felst m.a. að hinar rótgrónu og hefðbundnu fjármálastofnanir standa nú frammi fyrir samkeppni nýrra aðila, svo sem fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, lífeyrissjóða o.fl. Sú þróun hefur leitt til aukinna krafna um jafna samkeppnisstöðu, jafnframt því sem þörf hefur verið á aukinni sérhæfingu á fjármagnsmarkaði.

Þátttaka ríkisins á íslenskum fjármagnsmarkaði er áberandi. Tveir af þremur starfandi viðskiptabönkum eru ríkisviðskiptabankar og starfandi eru nokkrir fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins. Starfsemi þeirra er gjarnan bundin við afmörkuð svið eða atvinnugreinar og þeim settar sérreglur í lögum.

Sú þróun, sem áður var lýst, hefur beint athyglinni að aðstöðumun fjármálastofnana í ríkiseigu og annarra aðila á fjármagnsmarkaði. Sá munur er fjármálastofnunum í ríkiseigu bæði í hag og óhag. Kostir geta verið því samfara að njóta ríkisábyrgðar og verndar ríkisins. Á hinn bóginn hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að svigrúm stofnana í eigu ríkisins til að bregðast við aukinni samkeppni er oft á tíðum lítið.

Með hliðsjón af framangreindu er nauðsynlegt að skilgreina að nýju hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði. Meginhlutverk þess verður jafnan að tryggja að til staðar séu reglur um starfsemi á þessu sviði og að reglunum sé fylgt. Jafnframt kann á hverjum tíma að vera nauðsynlegt að ríkið hlutist til um fjármálastarfsemi sem nauðsynleg er til að efla atvinnulíf og tryggja þjóðfélaginu ákveðin lífsgæði. Hins vegar hníga ýmis rök að því að láta beri öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir til að annast með eðlilegum hætti. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna viðskiptabankastarfsemi, verðbréfaþjónustu ýmiss konar, hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi og fleira. Sem dæmi um svið þar sem ríkið hefur enn hlutverki að gegna samkvæmt þessu má nefna fjárfestingarþjónustu eins og verkefnafjármögnun og beina áhættufjármögnun.

Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrirtæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi. Vilji ríkið ekki leggja fram aukið hlutafé til að halda eiginfjárhlutföllum í horfinu er unnt að leita eftir nýjum hluthöfum sem færa með sér nýtt hlutafé.

Með frumvarpinu, sem hér er lagt fram, eru stigin skref í þá átt sem að framan er lýst. Auk þessa frumvarps leggur viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Frumvörpin tvö fela í sér umfangsmiklar breytingar á sjóðakerfi atvinnuveganna. Gert er ráð fyrir að á grunni Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs rísi einn öflugur fjárfestingarbanki sem starfi á samkeppnismarkaði og veiti öllum atvinnugreinum þjónustu á hagstæðum kjörum. Með þessu yrði komið á fót sérhæfðum fjárfestingarbanka sem gæti sinnt stærri fjárfestingarverkefnum með sérhæfðri þjónustu og þannig bætt framboð á fjármálaþjónustu hér á landi. Jafnframt verði settur á stofn sjóður, Nýsköpunarsjóður, sem hafi það hlutverk að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni.

Með þessu hyggst ríkisstjórnin stuðla að umfangsmikilli hagræðingu á fjármagnsmarkaði. Megintilgangur aðgerðanna er að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum.

3. Staða ríkisviðskiptabankanna.

Ríkisviðskiptabankarnir eiga rætur sínar að rekja til þess tíma þegar takmarkað framboð var á fjármagni og því talið nauðsynlegt að ríkið hlutaðist til um þessa starfsemi og tæki jafnframt áhættuna af henni. Nú er þessi staða ekki lengur fyrir hendi.

Eins og áður er fram komið gerir hið nýja umhverfi á fjármagnsmarkaði kröfur til að fyrirtæki og stofnanir sem starfa á þessu sviði búi við eðlileg samkeppnisskilyrði. Þannig hefur Eftirlitsstofnun EFTA um nokkurt skeið þrýst á úrbætur að því er rekstur ríkisviðskiptabanka hér á landi varðar.

Athuganir á samkeppnisstöðu ríkisviðskiptabankanna benda til þess að ýmist halli á banka í einkaeigu eða ríkisviðskiptabanka þegar staða þeirra er borin saman. Þannig virðist ríkisábyrgð leiða til þess að ríkisviðskiptabönkunum bjóðist betri kjör á meðallöngum lánum en bönkum sem ekki njóta ríkisábyrgðar, auk þess sem langtímalán standi síðarnefndu bönkunum síður til boða. Hins vegar virðist ríkisábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna ekki færa þeim ávinning í vaxtakjörum á innlánum og skemmri lánum. Þó er innheimt ríkisábyrgðagjald af ríkisviðskiptabönkum á skammtímalánum þannig að staða þeirra er að því leyti verri en annarra banka.

Hingað til hafa ríkisviðskiptabankarnir ekki skilað beinum arði til ríkissjóðs á sama hátt og hlutafélagsbönkum er ætlað að skila hluthöfum arði af hlutafé sínu.

Ríkisviðskiptabankar geta ekki styrkt fjárhagsstöðu sína með því að afla aukins eigin fjár á markaði með sama hætti og hlutafélagsbankar. Ef frumvarp þetta verður að lögum getur viðskiptaráðherra heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum til að styrkja eiginfjárstöðu þeirra.

Það er mat ríkisstjórnarinnar að tímabært sé að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og tryggja þannig að þeir geti starfað á sama grundvelli og samkeppnisfyrirtækin.

4. Breytingar á eignarhaldi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra.

Hins vegar er gert ráð fyrir að ráðherra getið heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum. Með þessum hætti er mögulegt að styrkja eiginfjárstöðu bankanna án þess að leita til ríkissjóðs, jafnframt því sem utanaðkomandi aðilum gefst færi á að eignast hlut í þeim. Hlutafjárútboð af þessu tagi ætti einnig að leiða til þess að virði bankanna verði ljósara. Útboði á hlutafé eru þó sett þau takmörk að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig.

Þegar til sölu á hlutabréfum í hlutafélagsbönkunum kemur er það mat ríkisstjórnarinnar að allir aðilar í landinu eigi að hafa rétt til að eignast eignarhlut í bönkunum. Jafnframt beri að stefna að dreifðri eignaraðild. Rétt er að huga að því hvernig veita megi starfsmönnum bankanna aukinn rétt eða aðgang að kaupum á hlutafé.

5. Staða viðskiptamanna ríkisviðskiptabankanna við formbreytinguna

Það er mat ríkisstjórnarinnar að staða viðskiptamanna í hlutafélagsbönkunum verði tryggð og að hagsmunir þeirra skerðist ekki við breytinguna. Á það við um almenna viðskiptavini og innlánseigendur bankanna, svo og erlenda lánardrottna. Má nefna nokkur atriði sem tryggja eiga að hagsmunir þessara aðila skerðist ekki. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð haldist á skuldbindingum sem til eru orðnar fyrir yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á hlutafélagsbönkunum. Þetta á þó ekki við um almenn innlán, en bundnar innstæður sem lagðar hafa verið inn fyrir yfirtökuna verða með ríkisábyrgð út binditímann. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hlutafélagsbankarnir verði fyrst um sinn í eigu ríkissjóðs að meiri hluta. Í þriðja lagi er lagt til að ráðherra geti heimilað útboð á nýju hlutafé. Með því gefst færi á að styrkja eiginfjárstöðu bankanna og tryggja enn betur stöðu viðskiptamanna þeirra auk þess sem nýjum aðilum, þar með talið viðskiptamönnum, gefst færi á að eignast eignarhlut í bönkunum. Síðustu ársreikningar ríkisviðskiptabankanna fylgja sem fylgiskjöl með frumvarpi þessu.

6. Staða starfsmanna ríkisviðskiptabankanna við formbreytinguna.

Frumvarpið miðar að því að sem minnst röskun verði á starfshögum almennra starfsmanna við breytinguna. Gert er ráð fyrir að almennir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna fái sambærilegt starf í hlutafélagsbönkunum við breytinguna. Í því felst að þeir haldi réttindum samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Þá er ekki gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum réttindum umfram það sem almennt fylgir breytingu sem þessari lögum samkvæmt. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, fer samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þau lög byggja á stefnu ríkisstjórnarinnar í starfsmannamálum ríkisins sem m.a. miðar að því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum.

7. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er farin sú leið að kveða á um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann í einum lögum og að sömu ákvæði gildi því um báða bankana. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Hlutafélagsbankarnir taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna, þar með töldum skattaréttarlegum réttindum og skyldum.
2. Ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna sem stofnað er til áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af hlutafélagsbönkunum. Þó fellur niður ríkisábyrgð á innlánum öðrum en bundnum innlánum.
3. Ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna eins og þær eru við formbreytinguna og eins og um semst að öðru leyti.
4. Viðskiptaráðherra fari með hlut ríkissjóðs í hlutafélagsbönkunum. Það þýðir m.a. að hann mun fara með atkvæði ríkissjóðs við kosningu í bankaráð hlutafélagsbankanna.
5. Gert er ráð fyrir að sérstakar nefndir verði skipaðar til að annast undirbúning vegna stofnunar hlutafélaga um hvorn ríkisviðskiptabankanna. Þær starfi í umboði viðskiptaráðherra og í samráði við hvorn banka fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að sérstök nefnd verði skipuð til að aðstoða við mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár.

6. Allir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningum SÍB og kjarasamningum annarra stéttarfélaga eigi kost á sambærilegu starfi hjá viðkomandi hlutafélagsbanka við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Starfsmaður njóti þá sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, gildi ákvæði nýsettra laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
7. Ríkissjóður verði einn eigandi að hlutafé í bönkunum og óheimilt verði að selja hlutafé í hans eigu, nema með samþykki Alþingis, en ráðherra geti heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana tvo. Hlutverk félaganna verður að hafa á hendi þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil samkvæmt lögum. Með því er vísað til laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Hlutafélögin taka við eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum hvors ríkisviðskiptabanka.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undirbúning formbreytinga. Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi tvær þriggja manna undirbúningsnefndir sem hvorri um sig verði fengið umboð til að undirbúa stofnun hvors hlutafélags og grípa til nauðsynlegra aðgerða vegna formbreytinganna. Nefndunum verði falið að annast undirbúning löggerninga er varða stofnun hlutafélagsbankanna og fyrirhugaða starfsrækslu þeirra. Samkvæmt því verða verkefni þeirra m.a. að semja drög að samþykktum, stofnyfirlýsingu og stofnefnahagsreikningi og afla starfsleyfa. Einnig verður nefndunum falið að vera viðkomandi ríkisviðskiptabanka til stuðnings við kynningu á fyrirhuguðum breytingum, en ætla má þó að slík kynning verði langt á veg komin við skipun nefndanna. Jafnframt geta nefndirnar búið í haginn fyrir fjármögnun á starfsemi hlutafélagsbankanna. Þá er það eftir atvikum hlutverk nefndanna að tryggja að yfirfærsla á starfsmönnum verði með þeim hætti sem greinir í 8. gr. frumvarpsins. Það fellur og undir starfssvið nefndanna að huga að og leggja fram drög að skipuriti fyrir yfirstjórn bankanna.

Rétt er að leggja áherslu á að umræddum nefndum er ekki ætlað að skerða lögbundið valdssvið bankastjórna og bankaráða ríkisviðskiptabankanna. Staðfestingar- eða ákvörðunarvald vegna þeirra löggerninga sem nefndunum er ætlað að undirbúa er í höndum þar til bærra bankaráða og eftir atvikum bankastjóra eða bankastjórna, lögum samkvæmt, þar með talið eftir atvikum bankaráða eða bankastjórna ríkisviðskiptabankanna þar til hlutafélagsbankarnir taka til starfa.

Gert er ráð fyrir að nefndirnar starfi í umboði viðskiptaráðherra og í samráði við viðkomandi ríkisviðskiptabanka. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra setji nefndunum erindisbréf.

Í 2. mgr. er lögð áhersla á að hvor nefnd hafi greiðan aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum viðkomandi ríkisviðskiptabanka og njóti aðstoðar stjórnenda og starfsmanna þeirra, en að þær séu jafnframt bundnar af ákvæðum um þagnarskyldu.

Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum. Gert er ráð fyrir að hlutafélagsbankarnir taki við rekstri og starfsemi ríkisviðskiptabankanna 1. janúar 1998. Á þeim degi skulu ríkisviðskiptabankarnir lagðir niður.

Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra veiti hlutafélagsbönkunum starfsleyfi skv. II. kafla laga nr. 113/1996. Ætla verður að umræddir hlutafélagsbankar uppfylli þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu starfsleyfis lögum samkvæmt, sbr. þó 7. gr. frumvarpsins, en þar er kveðið á um undanþágu frá nokkrum ákvæðum laga nr. 113/1996 og laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Eðlilegt þykir að bankarnir afli sér starfsleyfis og gangi í gegnum þá skoðun sem því fylgir, en það ætti að treysta grundvöll þeirra og afla þeim trausts, m.a. á erlendum lánamarkaði.

Í 3. mgr. kemur fram að umboð sitjandi þingkjörinna bankaráða falli niður frá og með yfirtökudegi, en gert er ráð fyrir að nýtt bankaráð hafi þá verið kosið.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari með eignarhlut ríkissjóðs í hlutafélagsbönkunum. Eðlilegt þykir að ráðherra bankamála fari með þetta vald enda í samræmi við þá meginreglu að viðkomandi fagráðherra fari með eignarhlut ríkisins í hlutafélagi sem tekur við rekstri ríkisstofnunar sem undir hann heyrir.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um að allt hlutafé við stofnun hlutafélaganna skuli vera í eigu ríkissjóðs.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra ákveði upphaflegt hlutafé í hvorum banka. Við það er þó miðað að heildarfjárhæð hlutafjár sé eigi hærri en sem nemur þremur fjórðu hlutum af eigin fé hvors banka samkvæmt ársreikningi ársins 1996. Breytingar á hlutafé til hækkunar eru þó heimilar. Ýmis sjónarmið eru uppi um hvert sé æskilegasta innra virði (hlutfall eiginfjár og hlutafjár) hlutafjár í upphafi. Upphafleg ákvörðun um hvert vera skuli hlutfall milli hlutafjár og annars eiginfjár ræðst m.a. af því með hvaða hætti ríkissjóður hyggst taka arð af þessari eign sinni því það er lagt í mat ráðherra hvert sé heppilegasta viðmiðunarmarkið. Mismunurinn á hlutafé hlutafélagsbankanna og eigin fé ríkisviðskiptabankanna telst til óráðstafaðs eigin fjár hinna nýju banka og myndar því ekki stofn til greiðslu arðs.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að skipuð verði þriggja manna nefnd sem verði ráðherra til ráðuneytis um ákvörðun á heildarfjárhæð stofnhlutafjár beggja bankanna.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir ákveðnu svigrúmi í framkvæmd með því að kveðið er á um að ekki verði skylt að gefa út hlutabréf í hlutafélagsbönkunum. Hins vegar sé ráðherra heimilt að ákveða skiptingu hlutafjár í hluti. Þegar til sölu á hlutafé skv. 3. mgr. kemur má ætla að skipta verði hlutafé í hluti.

Í 2. mgr. er lagt til að fest verði í lög að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur skuli ekki selt, nema með samþykki Alþingis. Í 3. mgr. er hins vegar gert ráð fyrir að ráðherra geti heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum. Með þeim hætti verði hægt að styrkja eiginfjárstöðu bankanna og hefur áður verið vikið að þessu atriði. Út-

boði á hlutafé eru þó sett þau takmörk að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig.

Það er mat ríkisstjórnarinnar að tryggja verði hlutafélagsbönkunum nokkurn tíma til að sanna að þeir njóti sama trausts og fyrirrennarar þeirra. Miðað er við að hlutafé í eigu ríkisins í bönkunum tveimur verði ekki selt fyrstu fjögur rekstrarár þeirra.

Um 7. gr.

Þar sem hlutafélagsbankarnir eru stofnaðir með sérstökum lögum og þar sérstaklega kveðið á um nokkur atriði er talið nauðsynlegt að kveða á um að tiltekin ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði og hlutafélagalaga gildi ekki um hlutafélagsbankana. Í 6. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, er kveðið á um innborgun hlutafjár við stofnun hlutafélagsbanka. Í 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að stofnendur og hluthafar skuli vera tveir hið fæsta. Hlutafélagsbankarnir eru undanþegnir þessum ákvæðum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er kveðið á um hvernig farið skuli með réttindi starfsmanna ríkisviðskiptabankanna.

Um 8. gr.

Lagt er til að allir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum SÍB eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga, skuli eiga kost á sambærilegu starfi hjá hlutafélagsbönkunum við yfirtökuna. Taki starfsmaður við slíku starfi skal hann njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Óþarft þykir með tilliti til þessa að telja upp hvaða réttindi sé hér um að ræða. Einkum er um að ræða áunnin réttindi starfsmanna, svo sem rétt til launagreiðslna í veikindum, barnsburðarleyfi og orlofsrétt. Einnig falla hér undir réttur til uppsagnarfrests og önnur starfstengd kjör. Þessi réttindi þurfa ekki í öllum tilvikum að vera bundin í skriflegum samningum milli ríkisviðskiptabankans og starfsmanns. Höfð hefur verið hliðsjón af lögum nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Í frumvarpinu er ekki kveðið sérstaklega á um hvernig starfsmenn taki við starfi í hlutafélagsbanka og flytji með sér réttindi. Nauðsynlegt er að formlega sé gengið frá þessu í samráði við forsvarsmenn starfsmanna.

Um 9. gr.

Í frumvarpsdrögunum er ekki gert ráð fyrir að bankastjórum, staðgenglum þeirra, aðstoðarbankastjórum og forstöðumönnum endurskoðunardeilda ríkisviðskiptabankanna verði tryggð sambærileg störf í hlutafélagsbanka. Nauðsynlegt þykir að tryggja nýjum hlutafélagsbönkum nokkurt svigrúm til að gera breytingar á innra skipulagi bankanna með það fyrir augum að gera skipulag á yfirstjórn þeirra skýrara. Því er ekki gert ráð fyrir að þessum aðilum verði tryggt sambærilegt starf með sama hætti og almennum starfsmönnum, sbr. 8. gr. frumvarpsins.

Í greininni er einungis vísað til ákvæða hlutafélagalaga og laga um viðskiptabanka og sparisjóði, en samkvæmt þeim ræður bankaráð bankastjóra og forstöðumann endurskoðunardeildar og staðfestir ráðningu staðgengla bankastjóra. Ekki er gert sérstaklega ráð fyrir aðstoðarbankastjórum í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og starfsheiti þeirra ekki lögbundið. Það fer eftir atvikum hvernig starfsheitum í yfirstjórn hlutafélagsbankanna verður háttað.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hvernig fara skuli með biðlaunarétt sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum. Í greininni er vísað til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða þeirra laga er kveðið á um að sé starf lagt niður eigi starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku þeirra laga og fallið hefur undir lög nr. 38/1954 en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laganna, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði. Hins vegar gildi ákvæði 34. gr. laganna um bótarétt og bótafjárhæð að öðru leyti. Af henni leiðir m.a. að ef starfsmaður hafnar öðru sambærilegu starfi, óháð því hvort það er á vegum ríkis eða annars aðila, fellur niður réttur til biðlauna. Þá er mælt fyrir um það í ákvæðinu að ef starfsmaður tekur við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en liðinn er biðlaunaréttartíminn skuli launagreiðslur samkvæmt greininni, þ.e. biðlaunagreiðslur, falla niður ef laun er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en þau er hann naut í fyrra embætti. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

Hin nýju lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins byggjast á stefnu ríkisstjórnarinnar í starfsmannamálum ríkisins sem m.a. miðar að því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Þau ákvæði, sem hér var lýst, eru liður í því og gera stjórnvöldum kleift að minnka ríkisumsvif.

Um 11. gr.

Á undanförnum mánuðum hefur endurskoðun lífeyrismála verið til umfjöllunar innan bankanna og liggja nú fyrir drög að nýjum reglugerðum fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og Eftirlaunasjóð Búnaðarbanka Íslands. Breytingarnar lúta að því að í framtíðinni verði byggt á nýju kerfi, þ.e. stigasjóði og séreignasjóði. Þeir sem hófu störf fyrir breytinguna haldi áfram í svipuðu kerfi og sjóðirnir byggjast nú á. Hins vegar mæti ríkisviðskiptabankarnir skuldbindingum sínum með útgáfu eða afhendingu skuldabréfa til eftirlaunasjóðanna. Gert er ráð fyrir að ríkisviðskiptabankarnir verði með því leystir frá frekari skuldbindingum sínum við sjóðina og að bakábyrgð ríkissjóðs falli jafnframt niður. Eins og fram kemur í fylgiskjölum hafa bankarnir lagt til hliðar fyrir skuldbindingum sínum að verulegu leyti.

Umræddar breytingar hafa ekki náð fram að ganga við framlagningu frumvarps þessa. Því er í þessari grein að finna almennt ákvæði þess efnis að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna gagnvart eftirlaunasjóðunum vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna, í samræmi við reglugerðir sem gilda þegar rekstur þeirra er yfirtekinn af hlutfélagsbönkunum, en jafnframt að heimilt sé að semja um annað eftir það tímamark. Hér er því um einfalda ábyrgð að ræða. Ákvæðið er í samræmi við 12. gr. laganna þar sem kveðið er á um ábyrgð ríkissjóðs á innlendum og erlendum skuldbindingum. Ef fyrrgreindar breytingar hafa náð fram að ganga fyrir yfirtökuna ber ríkissjóður að-

eins ábyrgð á skuldbindingum bankanna eins og þær eru, þ.e. ríkisábyrgð verður á eftirstöðvum af skuldabréfum bankanna vegna greiðslna til eftirlaunasjóðanna. Ef breytingarnar hafa ekki náð fram að ganga á fyrrgreindu tímamarki ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingunum eins og þær eru við yfirtökuna. Heimilt er síðan að semja um annað.

Gert er ráð fyrir að sömu sjónarmið gildi um ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum sem ríkisviðskiptabankarnir hafa samið um vegna tiltekinna einstaklinga sem eru því ekki aðilar að eftirlaunasjóðunum. Sem dæmi um þetta má nefna bankastjóra og aðstoðarbankastjóra í Búnaðarbanka Íslands og bankastjóra í Landsbanka Íslands sem ráðnir voru fyrir mitt ár 1989. Fleiri dæmi eru um þetta.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig með skuli fara gagnvart réttindum starfsmanns sem unnið hefur hjá banka fyrir og eftir breytingu ef reynir á ábyrgð ríkissjóðs.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins, er kveðið á um að bankar í eigu ríkisins annars vegar og starfsmenn bankanna hins vegar hafi hvor um sig samflot um samninga. Ekki er talin ástæða til að hrófla við þessari skipan á þessu stigi.

Um 13. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum sem stofnað er til áður en hlutafélagsbankarnir taka til starfa. Ábyrgðin gildi uns skuldbindingarnar eru að fullu efndar og inntak hennar í hverju tilviki hið sama og þegar til hennar var stofnað.

Hins vegar er gert ráð fyrir að ábyrgð ríkissjóðs á innstæðum falli niður við yfirtöku hlutafélagsbankanna á rekstri ríkisviðskiptabankanna að öðru leyti en því að ríkissjóður muni áfram bera ábyrgð á bundnum innstæðum sem lagðar hafa verið inn fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum, á binditíma þeirra, þ.e. þar til innstæðan er laus til útborgunar að loknum binditíma. Eðlilegt þykir að tryggja ríkisábyrgð á bundnum innstæðum á sama hátt og almennum skuldbindingum, svo sem erlendum lántökum, svokölluðum bankabréfum o.fl., þar sem ella þyrfti að gefa innstæðueigendum kost á að taka út af hinum bundnu reikningum áður en binditíma lyki. Hæsti binditími innlánsreikninga er fimm ár. Í ákvæðinu er ekki kveðið á um hvernig staðið skuli að því tæknilega að skilja að bundnar innstæður sem lagðar eru inn fyrir yfirtökuna og nokkurt svigrúm því gefið um framkvæmd þess.

Ekki er gert ráð fyrir að hlutafélagsbönkunum verði veitt ríkisábyrgð í tiltekinn aðlögunartíma umfram það er áður greinir. Það er í samræmi við þá stefnu að gera umrædda hlutafélagsbanka jafnsetta öðrum bönkum þegar við stofnun. Um ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum er sérstaklega fjallað í 11. gr.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að flytja skuli innlánsreikninga við ríkisviðskiptabankana til viðkomandi hlutafélagsbanka við yfirtökuna og hvernig auglýsa skuli breytingar samkvæmt þessari grein.

Um 15. gr.

Í þessari grein er kveðið á um greiðslustað skuldaskjala sem eru í eigu ríkisviðskiptabankanna og vistunarstað skjala sem eru í innheimtu þeirra fyrir yfirtökuna. Ákvæðið er í samræmi við þá meginhugsun frumvarpsins að hlutafélagsbankarnir taki við réttindum og skuldbindingum bankanna. Nauðsynlegt þykir að kveða ítarlega á um þessi atriði til þess að koma í veg fyrir réttaróvissu.

Um 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í þessari grein er lagt til að hlutafélagsbankarnir taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum ríkisviðskiptabankanna og að um það fari eftir almennum lögum um skattskyldu lánastofnana. Rétt er að vekja athygli á að Landsbankinn á yfirfæranlegt rekstrartap frá fyrri árum en Búnaðarbankinn ekki eins og fram kemur í fylgiskjölum. Ákvæðið er í samræmi við 17. gr. laga nr. 7/1987, um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Um 19. gr.

Víða er ríkisviðskiptabönkunum falið í lögum að sinna afmörkuðum verkefnum. Ekki þykir ástæða til að breyta ákvæðum allra laga sem fela ríkisviðskiptabönkunum verkefni af þessu tagi. Eftir breytingu á rekstrarformi og síðar eftir atvikum breytingu á eignarhaldi má ætla að slík starfsemi falli niður.

Rétt er að nefna að samhliða frumvarpi þessu leggur landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins, en í því frumvarpi er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í því felst m.a. að hin lögbundnu tengsl Búnaðarbankans og Stofnlánadeildarinnar verði rofin.

Um 20.–21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Gert er ráð fyrir að allur kostnaður af framkvæmd formbreytingarinnar greiðist af viðkomandi banka. Í því felst einnig undirbúningur hennar.

Fylgiskjal I.

Ársreikningar Búnaðarbanka Íslands (1996).

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjórnar

Ársreikningur bankans er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og undanfarin ár. Hann hefur að geyma samstæðureikning Búnaðarbanka Íslands og dótturfélaga hans, sem eru Urður ehf. og Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf.

Á árinu var hagnaður af rekstri bankans að fjárhæð 328 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam samtals 4.184 millj. kr. í árslok. Eiginfjárhlutfall bankans, sem reiknað er út samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, var 10,2% í árslok en má lægst vera 8%. Útreikningurinn er gerður samkvæmt reglum sem tóku gildi á árinu 1996, en miðað við fyrri aðferð hefði eiginfjárhlutfallið numið 10,8% í árslok 1996.

Á árinu störfuðu að meðaltali 609 starfsmenn hjá bankanum. Laun og launatengd gjöld námu 1.351 millj. kr. á árinu.

Bankaráð og bankastjórn Búnaðarbanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 1996 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. febrúar 1997.

Bankaráð:

Pálmi Jónsson

Árni M. Mathiesen

Geir Gunnarsson

Guðni Ágústsson

Haukur Helgason

Bankastjórn:

Stefán Pálsson

Jón Adólf Guðjónsson

Sólon R. Sigurðsson

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og staðfestingar bankaráðs og bankastjórnar úrskurðast ársreikningurinn réttur.

Reykjavík, 12. febrúar 1997.

Finnur Ingólfsson
viðskiptaráðherra

Áritun endurskoðenda

Til bankaráðs Búnaðarbanka Íslands.

Við höfum endurskoðað ársreikning Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 46. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 1996, efnahag hans 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 12. febrúar 1997.

KPMG Endurskoðun hf.
löggiltir endurskoðendur

Ríkisendurskoðun

Rekstrarreikningur ársins 1996

	Skýr.	1996	1995
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		261.702.258	304.423.697
Vaxtatekjur af útlánum		4.159.750.988	3.686.665.350
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		368.354.351	357.929.694
Aðrar vaxtatekjur		11.818.976	3.412.775
		4.801.626.573	4.352.431.516
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		31.784.900	35.562.611
Vaxtagjöld af innlánum		1.759.454.535	1.486.799.563
Vaxtagjöld af lántöku	44	393.973.777	431.624.730
Önnur vaxtagjöld		221.526.120	170.542.531
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	16.089.902	7.840.449
		2.422.829.234	2.132.369.884
Hreinar vaxtatekjur		2.378.797.339	2.220.061.632
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	21	129.766.326	63.207.695
Þjónustutekjur	45	1.008.533.712	930.968.013
Þjónustugjöld		(134.935.054)	(72.254.311)
Gengishagnaður		136.413.252	172.648.232
Ýmsar rekstrartekjur		50.497.579	57.181.397
		1.190.275.815	1.151.751.026
Hreinar rekstrartekjur		3.569.073.154	3.371.812.658
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	41	1.350.585.882	1.314.970.411
Annar almennur rekstrarkostnaður		1.102.372.158	997.654.588
Afskriftir rekstrarfjármuna	23	158.311.693	151.329.826
Ýmis rekstrargjöld		37.100.150	55.978.091
		2.648.369.883	2.519.932.916
Framlag í afskriftareikning útlána	16	(404.883.960)	(508.504.668)
Hagnaður fyrir skatta		515.819.311	343.375.074
Reiknaður tekjuskattur	34	(141.471.333)	(105.814.107)
Eignarskattur		(46.368.483)	(36.417.942)
Hagnaður ársins		327.979.495	201.143.025

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	1996	1995
Sjóður, ríkisvíxlar og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	7	1.110.144.280	865.591.291
Ríkisvíxlar endurseljanlegir í Seðlabanka		922.807.343	971.891.358
Kröfur á lánastofnanir:	8		
Bundnar kröfur á Seðlabanka		1.442.464.943	1.298.445.994
Kröfur á aðrar lánastofnanir	9	1.440.402.174	1.628.554.161
		4.915.818.740	4.764.482.804
Útlán:	10-16		
Útlán til viðskiptamanna		39.230.447.208	33.528.431.716
Fullnustueignir		580.662.897	645.740.411
		39.811.110.105	34.174.172.127
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:	17-21		
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		5.888.144.436	5.617.672.461
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		43.629.653	114.938.649
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum og tengdum fyrirtækjum		452.876.159	500.541.953
		6.384.650.248	6.233.153.063
Aðrar eignir:			
Langtímakostnaður	22	1.374.346	3.786.738
Rekstrarfjármunir	23	2.728.409.909	2.659.923.496
Ýmsar eignir		116.496.612	90.930.629
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur	46	218.548.477	194.128.922
		3.064.829.344	2.948.769.785
Eignir samtals		54.176.408.437	48.120.577.779

31. desember 1996

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	1996	1995
Skuldir við lánastofnanir	29,30	2.085.291.794	1.182.041.159
Innlán:			
Óbundin innlán		20.921.670.777	20.714.063.593
Bundin innlán		14.790.258.444	13.003.239.118
Sérstök innlán		738.383.491	574.218.679
	31	36.450.312.712	34.291.521.390
Lántaka	32	8.621.198.611	6.316.580.474
Aðrar skuldir:			
Ýmsar skuldir		373.155.613	328.110.968
Áfallin gjöld		129.952.678	127.827.265
		503.108.291	455.938.233
Reiknaðar skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	35	1.994.522.000	1.799.914.000
Tekjuskattsskuldbinding	34	337.595.708	298.261.000
		2.332.117.708	2.098.175.000
Eigið fé:			
Eigið fé	36-38	4.184.379.321	3.776.321.523
Skuldir og eigið fé samtals		54.176.408.437	48.120.577.779
Utan efnahagsreiknings:			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	39		

Sjóðstreymi ársins 1996

	Skýr.	1996	1995
Handbært fé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		327.979.495	201.143.025
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og langtímakostnaðar	23	158.311.693	151.329.826
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	16.089.902	7.840.449
Framlag í afskriftareikning útlána	16	404.883.960	508.504.668
Tekjuskattur til greiðslu	34	108.623.756	84.027.917
Verðbætur af útlánum		(428.933.720)	(182.223.947)
Vextir og verðbætur af innlánum		1.767.132.405	1.497.354.407
Vextir og verðbætur af bundnu fé í Seðlabanka		(67.106.314)	(59.225.488)
Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum		(542.339)	(268.043)
Hagnaður af dóttur- og hlutdeildarfélögum	21	(129.766.326)	(63.207.695)
Gengismunur af útlánum, innlánum og teknum lánum		(29.305.468)	16.477.688
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		(24.419.555)	(104.017.420)
Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur		2.125.413	5.817.958
Handbært fé frá rekstri		2.105.072.902	2.063.553.345
Fjárfestingarhreyfingar:			
Bundið fé í Seðlabanka Íslands, breyting		(76.912.635)	233.827.812
Aðrar bundnar kröfur á lánastofnanir		71.597.987	(435.275.502)
Útlán, hækkun		(5.664.921.560)	(1.629.428.748)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	23	(185.657.576)	(216.825.295)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		15.166.342	2.500.000
Markaðsverðbréf, breyting		(270.471.975)	(158.629.867)
Eignarhlutir í félögum, breyting		258.700.290	9.838.297
Ýmsar eignir		(26.282.225)	18.526.299
Fjárfestingarhreyfingar		(5.878.781.352)	(2.175.467.004)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skuldir við lánastofnanir		903.250.635	290.575.331
Innlán, breyting án vaxta og verðbóta		474.391.055	(690.926.218)
Lántaka, breyting		2.304.618.137	(205.723.152)
Ýmsar skuldir		170.363.597	348.647.649
Fjármögnunarhreyfingar		3.852.623.424	(257.426.390)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé		78.914.974	(369.340.049)
Handbært fé í ársbyrjun		2.698.545.649	3.067.885.698
Handbært fé í árslok	6	2.777.460.623	2.698.545.649

Skýringar

í þús. kr.

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann hefur að geyma samstæðureikning Búnaðarbanka Íslands og dótturfélaga hans, sem eru Rekstrarfélag Verðbréfasjóðs Búnaðarbankans hf. og Urður ehf. Innbyrðis viðskipti milli móðurfélags og dótturfélaga eru ekki meðtalin, en þar sem áhrif dótturfélaganna á samstæðureikninginn eru óveruleg er móðurfélagsreikningurinn ekki sýndur sérstaklega.

2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu bankans eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun lánskjaravísitölu innan ársins, sem var 2,1%.

   Varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1996. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 16,1 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

   Endurmatshækkun rekstrarfjármuna og verðbreytingarfærsla eru færð meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 36.

3. Verðbréfum sem bankinn á er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

   Fjárfestingarskuldabréf eru metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á og fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á framreiknuðu stofnverði. Veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsvirði í árslok.

4. Bankinn stendur að rekstri nokkurra félaga, einn eða ásamt öðrum. Eignarhlutir í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar bankans í eigin fé þeirra. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kaupverði framreiknuðu til ársloka.

5. Eignir og skuldir bankans í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á fundargengi Seðlabanka Íslands í árslok.

6. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður í Seðlabanka, ríkisvíxlar endurseljanlegir í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir. Handbært fé nemur því samtals 2.777,5 millj. kr. í árslok.

Sjóður, ríkisvíxlar og kröfur á lánastofnanir

7. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka sundurliðast þannig:	1996	1995
Sjóður	275.660	260.327
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	834.484	605.264
	1.110.144	865.591

Skýringar, frh.: í þús. kr.

8. Kröfur á lánastofnanir sundurliðast þannig eftir skuldurum:

	1996	1995
Bundnar kröfur á Seðlabanka:		
Bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum	108.101	110.960
Aðrar bundnar kröfur á seðlabanka	1.334.364	1.187.486
Kröfur á aðrar lánastofnanir	1.440.402	1.628.554
	2.882.867	2.927.000

9. Kröfur á lánastofnanir aðrar en Seðlabanka greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur	744.509	861.063
Allt að 3 mánuðir	17.398	116.977
Yfir 3 mánuði og allt að ári	751	57.648
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	185.243	143.928
Yfir 5 ár	492.501	448.938
	1.440.402	1.628.554

Útlán

10. Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	6.126.272	4.640.894
Afurða- og rekstrarlán	2.184.422	1.801.479
Víxlar	2.851.987	2.814.660
Skuldabréf	27.237.148	23.005.636
Innleystar ábyrgðir	156.784	260.065
Annað	673.834	1.005.698
	39.230.447	33.528.432

11. Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Ríkissjóður og ríkisstofnanir	1,0%	1,4%
Bæjar- og sveitarfélög	3,3%	3,2%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	8,8%	10,5%
Sjávarútvegur	8,9%	12,7%
Verslun	17,7%	16,2%
Iðnaður	8,0%	7,2%
Byggingaverktakar	2,3%	2,2%
Þjónustustarfsemi	17,0%	19,3%
Einstaklingar, þ.m.t. íbúðabyggingar	33,0%	27,3%
	100,0%	100,0%

12. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf	5.545.987	4.779.135
Allt að 3 mánuðir	7.983.238	6.921.296
Yfir 3 mánuði og allt að ári	7.339.800	6.907.996
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	12.567.271	11.177.153
Yfir 5 ár	5.794.151	3.742.852
	39.230.447	33.528.432

Skýringar, frh.: **í þús. kr.**

13. Bankinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Í nokkrum tilvikum hefur slík innlausn verið gerð í gegnum Grænabæ ehf., sem er rekstrarfélag að fullu í eigu bankans, og eru útlán til þess færð með fullnustueignum. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði og sundurliðast þannig:

Fasteignir	455.148	514.846
Lausafjármunir	1.129	1.110
Eignarhlutur í Grænabæ ehf.	716	5.348
Útlán til rekstrarfélaga	123.670	124.436
	580.663	645.740

Á árinu 1996 varð tap á starfsemi Grænabæjar ehf. að fjárhæð 4.714 þús. kr.

14. Óvaxtaberandi útlán námu samtals 1.905,2 millj. kr. í lok ársins.

15. Afskriftalán, það er útlán og fullnustueignir sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir, greinast þannig:

Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	2.655.398
Fullnustueignir	56.991
Sérstakur afskriftareikningur	(827.225)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	1.885.164

16. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Bankinn hefur lagt í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða sérstakt framlag vegna skuldbindinga stærri lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og almennt framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu eru vextir vegna þeirra ekki tekjufærðir. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða að fjárhæð 30,0 millj. kr. sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi. Breytingin á reikningnum greinist þannig:

	Afskriftareikningur 31.12.1996			*1995*
	Sérstakur	*Almennur*	*Samtals*	*Samtals*
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	801.199	341.528	1.142.727	1.189.772
Framlag í afskriftareikning á árinu	339.593	65.291	404.884	508.505
Endanlega töpuð útlán	(325.740)		(325.740)	(565.825)
Innkomin áður afskrifuð útlán	12.173		12.173	10.275
Afskriftareikningur útlána í árslok	827.225	406.819	1.234.044	1.142.727
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum			2,9%	3,1%

Skýringar, frh.: í þús. kr.

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

17. Veltu- og fjárfestingarskuldabréf greinast þannig:	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf:		
Skráð á Verðbréfaþingi Íslands	2.971.953	2.971.953
Skuldabréf, ekki skráð á verðbréfaþingi		88.182
		3.060.135
Fjárfestingarskuldabréf:		
Skráð á Verðbréfaþingi Íslands	2.752.353	2.763.260
Önnur skráð skuldabréf	61.844	61.844
Skuldabréf, ekki skráð á verðbréfaþingi		2.905
		2.828.009
	Samtals	5.888.144

18. Skuldabréf sem koma eiga til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi nema 146,1 millj. kr.

19. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuverðbréf:		
Skráð á Verðbréfaþingi Íslands	8.517	8.517
Önnur skráð hlutabréf	11.813	11.813
		20.330
Fjárfestingarhlutabréf:		
Skráð hlutabréf	4.019	3.945
Óskráð hlutabréf		19.355
		23.300
	Samtals	43.630

20. Bankinn hefur fjárfest í hlutabréfum nokkurra hlutafélaga. Hlutabréfaeignin greinist þannig:

	Eignar-hlutur	Arður	Nafnverð	Bókfært verð
Snorrabraut 29 hf.	15,0%	134	2.676	1.881
S.W.I.F.T.			1.165	1.273
Þróunarfélag Íslands hf.	2,0%	1.300	13.000	13.654
Kaupþing Norðurlands hf.	4,4%		1.794	2.507
Eignarhaldsfélag Kringlunnar hf.	2,5%		40	40
Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.	1,3%		3.960	3.945
		1.434	22.635	23.300

Í árslok 1996 nam markaðsverð hlutabréfa í Þróunarfélagi Íslands hf. 21.450 þús. kr. og 4.039 þús. kr. í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf.

Skýringar, frh.: í þús. kr.

21. Bankinn stendur að rekstri nokkurra félaga, einn eða ásamt öðrum. Eignarhlutir í þessum félögum eru færðir á því verði sem svarar til hlutdeildar bankans í eigin fé þeirra og greinast þannig:

	Eignar-hlutur	Tekjur ársins	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutdeildarfyrirtæki:				
Greiðslumiðlun hf.	18,52%	16.051	12.247	161.905
Lýsing hf.	40,00%	18.291	97.200	181.755
Kreditkort hf.	7,50%	7.535	3.497	49.445
Reiknistofa bankanna	16,01%	9.239	55.768	55.768
		51.116	168.712	448.873
Tengd fyrirtæki:				
Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf.	100%	19	4.000	4.003
Hagnaðarhlutdeild samtals		51.135	172.712	452.876
Hagnaður af sölu hlutabréfa í Kaupþingi hf.		78.631		
Samtals		129.766		

Aðrar eignir

22. Á liðinn langtímakostnað eru færðir kostnaðarþættir vegna kaupa á öðrum bankarekstri sem gjaldfærðir eru á fimm árum. Langtímakostnaður, endurmat og afskriftir greinast þannig:

	1996	1995
Bókfært verð 1.1.1996	3.787	10.581
Endurmat	64	119
Afskrifað á tímabilinu	(2.477)	(6.913)
Bókfært verð 31.12.1996	1.374	3.787

23. Rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður, tölvubúnaður skrifstofuáhöld og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.1996	2.888.232	1.524.784	4.413.016
Viðbót á árinu	69.776	115.882	185.658
Selt á árinu	(13.922)	(7.085)	(21.007)
Endurmat á árinu	58.474	31.855	90.329
Heildarverð 31.12.1996	3.002.560	1.665.436	4.667.996
Afskrifað áður	639.556	1.113.537	1.753.093
Afskriftir ársins	61.765	94.070	155.835
Afskriftir færðar út	(1.922)	(3.784)	(5.706)
Endurmat ársins	12.920	23.444	36.363
Afskrifað samtals 31.12.1996	712.319	1.227.267	1.939.586
Bókfært verð 31.12.1996	2.290.241	438.169	2.728.410
Afskriftahlutföll	2-4%	8-20%	

Skýringar, frh.:	í þús. kr.

23. Frh.

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi á árinu nema samtals 158.312 þús. kr. og greinast þær þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	155.835
Afskrift langtímakostnaðar sbr. skýringu nr. 22	2.477
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi	158.312

24. Fasteignamat mannvirkja nam samtals 1.204,9 millj. kr. og lóða 184,2 millj. kr. í árslok 1996. Á sama tíma nam brunabótamat fasteigna samtals 2.910,6 millj. kr.

Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki og tengd fyrirtæki

25. Kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki og tengd fyrirtæki greinast þannig:

	Hlutdeildar-fyrirtæki	Tengd fyrirtæki
Eignaliðir:		
Kröfur á lánastofnanir	203.289	0
Útlán til viðskiptamanna	63.763	0
Markaðsskuldabréf	0	30.212
Eignaliðir samtals	267.052	30.212
Skuldaliðir:		
Skuldir við lánastofnanir	313.780	0
Aðrar skuldir	22.833	66.668
Skuldaliðir samtals	336.613	66.668

Yfirlit yfir víkjandi kröfur

26. Bankinn hefur veitt viðskiptavinum sínum víkjandi lán sem eru að eftirstöðvum 351,8 millj. kr. í árslok og voru ekki aðrar víkjandi kröfur í eign bankans á þeim tíma.

Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

27. Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 25.613,4 millj. kr. í lok ársins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 23.024,2 millj. kr. Ef tekið er tillit til eigin fjár umfram rekstrarfjármuni í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggðan jöfnuð nema verðtryggðar eignir 1.133,3 millj. kr. umfram verðtryggðar skuldir.

28. Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 11.675,1 millj. kr. í lok ársins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 11.971,2 millj. kr. Með eignum og skuldum í þessu sambandi eru taldir framvirkir samningar og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar sbr. skýringu nr. 39.

Skýringar, frh.: í þús. kr.

Skuldir við lánastofnanir

29. Skuldir við lánastofnanir sundurliðast þannig:	1996	1995
Gjaldkræfar skuldir:		
Skuldir við Seðlabanka	0	0
Skuldir við aðrar lánastofnanir	1.137.558	869.153
	1.137.558	869.153
Aðrar skuldir við lánastofnanir:		
Skuldir við Seðlabanka	873.304	291.812
Skuldir við aðrar lánastofnanir	74.430	21.076
	947.734	312.888
Samtals	2.085.292	1.182.041

30. Aðrar skuldir við lánastofnanir sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Allt að 3 mánuðir	873.304	291.812
Yfir 3 mánuði og allt að ári	0	0
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	74.430	21.076
	947.734	312.888

Innlán

31. Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Allt að 3 mánuðir	7.956.024	4.726.573
Yfir 3 mánuði og allt að ári	3.400.861	4.205.595
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.171.756	4.645.290
	15.528.641	13.577.458

Lántaka

32. Lántaka bankans skiptist þannig:		
Markaðsverðbréf	1.872.003	1.604.255
Lán frá lánastofnunum	6.682.693	4.615.509
Önnur lántaka	66.503	96.816
	8.621.199	6.316.580

Af framangreindri fjárhæð koma 2.394,3 millj. kr. til greiðslu innan árs.

Skýringar, frh.:	í þús. kr.

Skattamál

33. Opinber gjöld vegna rekstrarársins 1996 hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn. Þau greinast þannig:

Tekjuskattur til greiðslu, sbr. skýringu 34	108.624	
Eignarskattur	46.368	154.992
Ábyrgðargjald vegna erlendra skuldbindinga		9.544
Tryggingargjald		84.646
Fasteignagjöld til sveitarfélaga		30.286
Samtals		279.468

Reiknaðar skuldbindingar

34. Tekjuskattskuldbinding bankans nemur 337.596 þús. kr. í árslok 1996 samkvæmt efnahagsreikningi en útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Þessi mismunur stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil bankans og er því í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 1996	298.261
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	141.471
Tekjuskattur til greiðslu 1997 vegna ársins 1996	(108.624)
Reiknaðar verðbætur	6.488
Tekjuskattskuldbinding í árslok 1996	337.596

Tekjuskattsskuldbinding bankans skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	257.428
Eignarhlutir í félögum	80.168
	337.596

35. Samkvæmt reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands ber bankinn ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins að því leyti sem sjóðurinn stendur ekki undir þeim. Vegna þessara skuldbindinga hefur bankinn lagt árlega til hliðar fjárhæð til að mæta samningsákvæðum um lífeyrisréttindi starfsmanna á hverjum tíma.

Við gerð ársreiknings fyrir árið 1996 lá fyrir tryggingafræðilegur útreikningur um lífeyrisskuldbindingar bankans og námu þær 1.994,5 millj. kr. í árslok 1996 samkvæmt útreikningnum miðað við 3% ársvexti og að starfsmenn hefji töku lífeyris við 67 ára aldur.

Skýringar, frh.: í þús. kr.

Eigið fé

36. Yfirlit um eigið fé:

Eigið fé 1.1.1996	3.776.322
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna	53.965
Endurmat eignarhluta í félögum	9.959
Endurmat annarra eigna	64
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	16.090
Hagnaður ársins	327.979
Eigið fé 31.12.1996	4.184.379

37. Eigið fé 31.12.1996 nemur 4.184 millj. kr. eða 7,7% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall bankans sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði er 10,2% en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Útreikningurinn er gerður samkvæmt reglum sem tóku gildi á árinu 1996, en miðað við fyrri aðferð hefði eiginfjárhlutfallið numið 10,8% í árslok 1996. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:		
Bókfærðar eignir	54.176.408	36.795.554
Eignir til frádráttar eigin fé		(347.663)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings	7.881.230	1.090.560
Áhættugrunnur samtals		37.538.451

Eigið fé:	
Eiginfjárþáttur A	
Bókfært eigið fé	4.184.379
Langtímakostnaður	(1.374)
Eignarhlutir í fjármálastofnunum	(347.663)
Eigið fé samtals	3.835.342
Eiginfjárhlutfall	10,2%

38. Eigið fé bankans í ársbyrjun 1996 nam 3.776 millj. kr. sem jafngildir 3.854 millj. kr. í lok ársins miðað við 2,1% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 4.184 millj. kr. í árslok 1996 eða 330 millj. kr. hærri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok. Breytingin greinist þannig:

	Samkvæmt reikningsskilum	Á verðlagi 31.12.1996
Eigið fé 1.1.1996	3.776.322	3.854.264
Hagnaður ársins	327.979	329.858
Endurmat eigna og verðbreytingarfærsla	80.078	
Mismunur á eignum, sem fylgja ekki almennum verðlagsbreytingum		257
Eigið fé 31.12.1996	4.184.379	4.184.379

Skýringar, frh.: í þús. kr.

Skuldbindingar

39. Bankinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína, en auk þess hefur hann gert við þá framvirka samninga og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

	1996	1995
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	2.906.446	2.796.768
Ónýttar yfirdráttarheimildir	1.955.473	2.021.327
Framvirkir samningar, gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:		
Eignir í íslenskum krónum	209.852	341.190
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.684.459	1.647.112
Skuldir í íslenskum krónum	22.067	10.968
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.861.678	1.971.984

Starfsmannamál

40. Starfsmannafjöldi bankans er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf	609	616
Stöðugildi í lok ársins	577	585
Þar af við bankastörf	529	524

41. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.121.652	1.042.627
Launatengd gjöld	164.311	149.690
	1.285.963	1.192.317
Framlag í lífeyrissjóð og framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	64.623	122.653
	1.350.586	1.314.970

42. Laun og þóknanir til bankaráðs og bankastjóra ásamt þóknun fyrir setu í stjórnum og nefndum fyrir hönd bankans námu 38,5 millj. kr. á árinu 1996 en árið áður námu þau 34,6 millj. kr.

43. Bankinn hefur veitt bankaráðsmönnum lán og nam fjárhæð þeirra 1,5 millj. kr. í árslok 1996. Lánakjör eru hliðstæð og gerist við sambærilega fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna bankans.

Sundurliðanir

44. Vaxtagjöld af lántökum sundurliðast þannig:

	1996	1995
Verðbréfaútgáfa	176.220	148.618
Lán frá lánastofnunum	208.527	271.496
Önnur lántaka	9.227	11.511
	393.974	431.625

Skýringar, frh.: í þús. kr.

45. Þjónustutekjur sundurliðast þannig:

	1996	1995
Ábyrgðarþóknun	44.541	43.930
Aðrar þjónustutekjur	963.993	887.038
	1.008.534	930.968

46. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur sundurliðast þannig:

Áfallnar þjónustutekjur	46.284	47.384
Aðrar óinnheimtar tekjur	117.049	97.911
Ýmis fyrirframgreidd gjöld	55.215	48.834
	218.548	194.129

Fylgiskjal II.

Ársreikningar Landsbanka Íslands (1995).

Áritanir á ársreikning samstæðu Landsbanka Íslands árið 1995

Áritun og staðfesting bankastjórnar og bankaráðs

Reykjavík, 16. febrúar 1996

Bankastjórn Landsbanka Íslands

Bankaráð Landsbanka Íslands

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Landsbanka Íslands og samstæðureikning Landsbankans og tengdra félaga fyrir árið 1995. Ársreikningarnir hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 22. Ársreikningarnir eru á ábyrgð stjórnenda bankans og lagðir fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningunum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningarnir séu án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningunum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð þeirra og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningarnir gefi glögga mynd af afkomu bankans og samstæðunnar á árinu 1995, efnahag í árslok og breytingum á fjárhagslegri skipan, í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. febrúar 1996

Löggiltir Endurskoðendur hf., fltr.
ARTHUR ANDERSEN & Co. S.C.

Löggiltur endurskoðandi

Ríkisendurskoðandi

Aðalendurskoðandi

Staðfesting viðskiptaráðherra

Með vísan til 2. mgr. 56. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og með skírskotun til staðfestingar bankaráðs og áritunar endurskoðenda, sem er án athugasemda, staðfestir viðskiptaráðherra ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. mars 1996

Viðskiptaráðherra

Rekstrarreikningur Landsbanka Íslands

	Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1995 Millj. kr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1994 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1995 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1994 Millj. kr.
Vaxtatekjur					
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		518,7	422,9	518,7	422,9
Vaxtatekjur af útlánum		8.211,9	8.466,1	8.322,5	8.322,2
Vaxtatekjur af markaðsverðbréfum		318,9	116,6	294,1	114,8
Aðrar vaxtatekjur		31,1	59,2	22,9	43,4
		9.080,6	9.064,8	9.158,2	8.903,3
Vaxtagjöld					
Vaxtagjöld til lánastofnana		25,3	32,9	25,3	32,9
Vaxtagjöld af innlánum		2.312,5	2.075,0	2.313,8	2.079,4
Vaxtagjöld af lántöku		1.986,2	2.213,4	2.100,6	2.047,6
Vaxtagjöld af víkjandi lánum		152,2	159,8	152,2	159,8
Önnur vaxtagjöld		348,4	282,2	337,2	282,2
Reiknaðar (tekjur) / gjöld vegna verðlagsbreytinga	(1)	(63,6)	(40,7)	17,8	9,7
		4.761,0	4.722,6	4.946,9	4.611,6
Hreinar vaxtatekjur		4.319,6	4.342,2	4.211,3	4.291,7
Aðrar rekstrartekjur					
Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum	(2)	99,5	88,1	124,7	115,4
Hreinar þóknunartekjur	(3)	1.641,8	1.765,5	1.500,8	1.595,8
Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi	(4)	145,5	205,6	145,5	205,6
Aðrar rekstrartekjur		318,1	342,5	175,1	210,7
		2.204,9	2.401,7	1.946,1	2.127,5
Hreinar rekstrartekjur		6.524,5	6.743,9	6.157,4	6.419,2
Rekstrargjöld					
Almennur rekstrarkostnaður:					
Laun og tengd gjöld	(5)	2.392,0	2.319,4	2.247,2	2.169,6
Annar rekstrarkostnaður		1.826,1	1.685,5	1.622,4	1.520,8
Afskriftir rekstrarfjármuna	(14)	244,2	304,4	233,1	292,6
Önnur rekstrargjöld		35,2	23,9	33,7	23,9
		4.497,5	4.333,2	4.136,4	4.006,9
Framlög í afskriftareikning útlána	(8)	1.366,3	2.068,1	1.366,3	2.086,9
		5.863,8	6.401,3	5.502,7	6.093,8
Hagnaður fyrir skatta		660,7	342,6	654,7	325,4
Skattar					
Reiknaður tekjuskattur	(1)	(252,6)	(141,7)	(247,1)	(125,6)
Eignarskattur		(55,6)	(57,2)	(55,1)	(56,1)
Hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta		352,5	143,7	352,5	143,7
Óreglulegir liðir	(1)	(175,6)	(122,1)	(175,6)	(122,1)
Hagnaður ársins		176,9	21,6	176,9	21,6

Efnahagsreikningur Landsbanka Íslands

Eignir	Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1995 Millj. kr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1994 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1995 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1994 Millj. kr.
Sjóður og kröfur á lánastofnanir					
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka		599,5	1.930,6	597,1	1.974,8
Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í Seðlabanka		2.060,0	1.457,6	2.060,0	1.457,6
Kröfur á lánastofnanir:					
Bundnar kröfur á Seðlabanka	(6)	2.765,9	2.688,7	2.765,9	2.688,7
Kröfur á lánastofnanir	(7)	2.831,2	3.874,5	2.831,2	3.874,4
		8.256,6	**9.951,4**	**8.254,2**	**9.995,5**
Útlán	(8)				
Útlán til viðskiptavina	(22)	76.821,7	75.910,0	77.885,1	76.467,0
Eignarleigusamningar	(22)	1.360,5	1.972,9	1.360,5	1.972,9
Fullnustueignir		5.566,7	6.146,4	5.443,8	5.754,1
		83.748,9	**84.029,3**	**84.689,4**	**84.194,0**
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum					
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	(9)	4.233,2	2.852,1	3.164,5	2.481,1
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	(10)	436,3	430,2	417,9	423,2
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum	(11)	750,4	671,4	750,4	669,2
Hlutir í tengdum fyrirtækjum	(12)	7,1	7,0	137,4	124,4
		5.427,0	**3.960,7**	**4.470,2**	**3.697,9**
Rekstrarfjármunir	(14)				
Húseignir og lóðir		3.598,8	3.602,6	3.598,8	3.602,6
Húsbúnaður, tæki o.fl		519,5	498,5	490,9	469,6
		4.118,3	**4.101,1**	**4.089,7**	**4.072,2**
Ýmsir eignaliðir					
Aðrar eignir		287,2	486,5	170,4	388,7
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		373,4	191,6	373,4	191,6
		660,6	*678,1*	*543,8*	*580,3*
Eignir samtals		**102.211,4**	**102.720,6**	**102.047,3**	**102.539,9**

31. desember 1995

Skuldir og eigið fé	Skýr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1995 Millj. kr.	Samstæða Landsbanka Íslands 1994 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1995 Millj. kr.	Landsbanki Íslands 1994 Millj. kr.
Lánastofnanir					
Skuldir við innlendar og erlendar lánastofnanir	(16)	6.500,8	3.259,4	6.425,0	2.878,5
		6.500,8	**3.259,4**	**6.425,0**	**2.878,5**
Innlán	(22)				
Óbundin innlán		46.469,3	47.678,0	46.511,5	47.948,1
Bundin innlán		10.155,3	8.079,5	10.155,3	8.079,5
Sérstök innlán		3.745,0	3.467,2	3.745,0	3.467,2
		60.369,6	**59.224,7**	**60.411,8**	**59.494,8**
Lántaka					
Lán frá lánastofnunum	(22)	13.097,8	19.768,3	13.097,8	19.768,3
Verðbréfaútgáfa:					
Bankabréf		8.545,7	8.348,5	8.564,1	8.348,5
Bankavíxlar		1.620,1	629,3	1.620,1	629,3
Önnur lántaka		381,3	467,2	381,3	467,2
		23.644,9	**29.213,3**	**23.663,3**	**29.213,3**
Aðrar skuldir					
Ýmsar skuldir		288,5	212,8	163,6	159,2
Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur		185,6	178,2	185,6	178,2
Reiknaðar skuldbindingar	(17)	3.463,0	2.932,3	3.439,0	2.916,0
		3.937,1	**3.323,3**	**3.788,2**	**3.253,4**
Víkjandi lán	(1)	**1.564,2**	**1.795,2**	**1.564,2**	**1.795,2**
Skuldir og víkjandi lán alls		**96.016,6**	**96.815,9**	**95.852,5**	**96.635,2**
Eigið fé					
Eigið fé	(20)	6.194,8	5.904,7	6.194,8	5.904,7
		6.194,8	**5.904,7**	**6.194,8**	**5.904,7**
Skuldir og eigið fé samtals		**102.211,4**	**102.720,6**	**102.047,3**	**102.539,9**
Liðir utan efnahagsreiknings	(21)				
Ábyrgðir		4.523,2	4.425,0	4.523,2	4.425,0
Aðrar skuldbindingar		6.928,1	3.471,2	6.863,7	3.403,8
		11.451,3	7.896,2	11.386,9	7.828,8

Sjóðstreymi árið 1995

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995	1994	1995	1994
	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.	Millj. kr.
Handbært fé frá rekstri				
Hagnaður ársins	176,9	21,6	176,9	21,6
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Afskriftir, söluhagnaður og verðbólguleiðréttingar	245,8	321,5	249,0	307,9
Framlag í afskriftareikning útlána	1.500,0	2.131,3	1.500,0	2.131,3
Framlag í eftirlaunasjóð	527,3	485,6	523,0	483,0
Verðbætur og gengismunur af útlánum og markaðsskuldabréfum	(1.872,6)	(1.143,1)	(1.855,6)	(1.141,5)
Verðbætur og gengismunur af innlánum og verðbréfaútgáfu	3.102,6	2.649,8	3.102,2	2.648,6
Vextir og verðbætur frá Seðlabanka Íslands	(122,8)	(118,0)	(122,8)	(118,0)
Vextir og gengismunur af öðrum kröfum á lánastofnanir	(275,8)	(374,3)	(275,8)	(374,3)
Vextir og gengismunur af skuldum við lánastofnanir	(183,5)	63,1	(183,5)	63,1
Vextir og verðbætur af víkjandi lánsfé	24,9	13,1	24,9	20,1
Hagnaður af eignarhlutum í félögum að frádregnum arði	(84,7)	(161,5)	(79,9)	(73,7)
Annað	(38,3)	(40,3)	(61,4)	(8,6)
Handbært fé frá rekstri	**2.999,8**	**3.848,8**	**2.997,0**	**3.959,5**
Fjárfestingahreyfingar				
Útlán, (hækkun) lækkun	610,6	4.863,1	(388,2)	4.460,8
Lækkun bundinna innstæðna í Seðlabanka Íslands	49,5	159,0	49,5	186,6
Lækkun ríkisvíxla	950,0	1.490,0	950,0	1.490,0
Markaðsskuldabréf, (hækkun) lækkun	(1.049,5)	(61,4)	(342,9)	142,8
Kröfur á aðrar lánastofnanir, (hækkun) lækkun	1.153,0	(539,9)	1.153,0	(567,5)
Lækkun á eignarhlutum í félögum	38,1	324,2	32,6	311,8
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(192,8)	(133,5)	(183,4)	(126,7)
Annað (hækkun) lækkun	205,9	(141,0)	143,1	32,2
Fjárfestingahreyfingar	**1.764,8**	**5.960,5**	**1.413,7**	**5.930,0**
Fjármögnunarhreyfingar				
Lækkun innlána án vaxta og verðbóta	(1.374,0)	(3.114,7)	(1.366,9)	(3.111,7)
Hækkun verðbréfaútgáfu og annarrar lántöku	150,4	34,9	168,8	34,9
Hækkun skulda við lánastofnanir	2.000,1	206,0	2.007,3	297,8
Lækkun lántöku frá lánastofnunum	(6.358,4)	(6.352,1)	(6.358,4)	(6.352,1)
Lækkun víkjandi lánsfjár	(261,3)	(249,9)	(261,3)	(257,0)
Annað hækkun (lækkun)	(252,5)	137,6	22,1	23,4
Fjármögnunarhreyfingar	**(6.095,7)**	**(9.338,2)**	**(5.788,4)**	**(9.364,7)**
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.331,1)	471,1	(1.377,7)	524,8
Handbært fé í ársbyrjun	1.930,6	1.459,5	1.974,8	1.450,0
Handbært fé í árslok	**599,5**	**1.930,6**	**597,1**	**1.974,8**

Skýringar með ársreikningi 1995

1. Reikningsskilaaðferðir

Framsetning og samræmi

Reikningsskil Landsbanka Íslands fyrir árið 1995 eru birt í samræmi við nýjar reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka og sýna annars vegar reikningsskil samstæðu Landsbanka Íslands og hins vegar reikningsskil bankans sjálfs, auk samanburðarfjárhæða. Reikningsskilin er gerð eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga og er í meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Fjárhæðir ársreikninga 1994, sem sýndar eru til samanburðar, hafa verið leiðréttar til samræmis við breytta framsetningu, en eru sýndar á verðlagi ársins 1994. Meðaltalshækkun vísitölu neysluverðs milli áranna nam 1,58%, en hækkunin á árinu 1995 var 1,62%.

Samstæðureikningsskil og eignarhlutir í félögum

Samstæðureikningurinn tekur til reikningsskila Landsbanka Íslands og tengdra félaga. Til tengdra félaga teljast öll þau félög sem Landsbankinn á 50% eignarhlut í eða meira, en þau eru: Samstæða Landsbréfa hf. sem tekur til Landsbréfa og Landsvaka hf, samstæða eignaumsýslufélaga Landsbankans með fullnustueignum, sem tekur til hlutafélaganna Hamla, Regins og Rekstrarfélagsins, auk Stofnlánadeildar samvinnufélaga. Tengdu félögin eru öll með beinum eða óbeinum hætti að fullu í eigu Landsbankans.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er þessum stærðum því eytt innan samstæðunnar við gerð reikningsskilanna. Í reikningsskilum Landsbankans er gerð grein fyrir afkomu og eignarhlutum tengdu félaganna með hlutdeildaraðferð.

Til hlutdeildarfélaga teljast þau félög sem samstæða Landsbankans hefur fjárfest í til langs tíma. Samstæðan hefur áhrif á stjórnun félaganna, en eignarhlutur er hins vegar innan við 50%. Eignarhlutir hlutdeildarfélaga eru færðir í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti, en úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut samstæðunnar í hlutdeildarfélögunum.

Eignarhluti í Landssjóði hf. er talinn með hlutdeildarfélögum í samstæðureikningi þó að sjóðurinn sé alfarið í eigu Landsbankasamstæðunnar, vegna sérstöðu hans sem verðbréfasjóðs.

Aðrir eignarhlutir í félögum eru færðir á markaðsverði eða kostnaðarverði og birtir meðal hlutabréfaeignar. Eignarhlutir í félögum sem samstæðan hefur eignast vegna skuldaskila eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslna og færðir meðal fullnustueigna.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga

Við gerð ársreikningsins er tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag bankans og samstæðunnar. Verðlagsleiðréttingunum er ætlað að sýna afkomu umfram verðbólgu í rekstrarreikningi á meðalverðlagi, en fjárhæðir í efnahagsreikningi á verðlagi í lok tímabilsins. Er eftirfarandi aðferðum beitt:

- Áhrif almennra verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eins og þær voru í byrjun árs og breytingu þeirra á tímabilinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Í reikningsskilum Landsbankans er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu, en hún hækkaði um 1,62% frá upphafi árs til ársloka. Samkvæmt þessum útreikningi nema reiknuð gjöld bankans vegna verðlagsbreytinga 17,8 millj. króna og er sú fjárhæð færð til gjalda í rekstrarreikningi, en til mótvægis á eigið fé. Verðlagsleiðréttingar samstæðunnar sýna hins vegar reiknaðar tekjur að fjárhæð 63,6 milljónir króna og skýrist mismunurinn einkum af fjármagnsuppbyggingu eignaumsýslufélaganna.

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 1995 og er stuðst við lánskjara- eða byggingarvísitölu í þessu sambandi. Hækkun lánskjaravísitölu á tímabilinu var 1,62%, en byggingarvísitölu 3,21%.

Markaðsverðbréf og ríkisvíxlar

Verðbréfaeign samstæðunnar skiptist í veltuskuldabréf og fjárfestingarskuldabréf.

Fjárfestingarskuldabréf eru þau markaðsskuldabréf sem samstæðan hefur tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs. Fjárfestingarskuldabréfin eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi og er við útreikning á áföllnum vöxtum eða afföllum miðað við upphaflega kaupkröfu. Til veltuskuldabréfa teljast öll önnur markaðsverðbréf að undanskildum

ríkisvíxlum og eru þau færð á markaðsverði á uppgjörsdegi.

Verðtryggð markaðsverðbréf eru færð miðað við vísitölu í janúar 1996 og markaðsverðbréf í erlendri mynt miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í árslok. Ríkisvíxlar og samningar um sölu og endurkaup þeirra eru færðir meðal eigna og skulda undir liðunum sjóður og kröfur á lánastofnanir og skuldir við lánastofnanir.

Útlán og innlán

Útlán og innlán bankans eru færð á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum, samkvæmt nánari greiningu. Frá útlánum er dregin niðurfærsla vegna sérstakrar og almennrar útlánaáhættu.

- Verðtryggð útlán og innlán eru færð með áföllnum verðbótum, sem miðast við lánskjaravísitölu í janúar 1996.
- Erlendar eignir og skuldir miðast við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands í árslok.
- Afmörkun vaxtatekna og vaxtagjalda miðast við 31. desember, nema á tiltekna útlána- og innlánaflokka, en vextir á þá eru reiknaðir til 21. desember. Reiknaðir áfallnir vextir vegna vanskila eru í flestum tilvikum bókfærðir að fjórum fimmtu hlutum, en vextir vegna þrepa sérvaxtareikninga að þremur fjórðu hlutum.
- Í samræmi við reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands eru útlán metin með tilliti til útlánaáhættu. Þegar útlán eru í sérstakri tapshættu vegna skerts gjaldþols lánþega eða vegna vanskila umfram 12 mánuði, er metin þörfin á að hætta vaxtareikningi og færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána. Afskriftareikningurinn er síðan færður til lækkunar á viðkomandi útlánum. Vaxtatekjur vegna þessara útlána eru því að jafnaði aðeins skráðar að útlánastjórn meti útlánin það trygg að jafna megi þeim til almennra útlána.
- Eignarleigusamningar eru færðir og metnir með sambærilegum hætti og útlán.
- Í vissum tilvikum þarf samstæða bankans að yfirtaka eignir, sem settar hafa verið til tryggingar útlánum. Seljist eignirnar ekki innan sex mánaða frá yfirtöku eru þær metnar til áætlaðs markaðsverðs og færðar meðal fullnustueigna. Í ársreikningi Landsbankans eru útlán til umsýslufélaga færð meðal fullnustueigna, svo og eignarhlutir í þessum sömu félögum, en í samstæðureikningi eru eignir og skuldir tengdra félaga jafnaðar út. Vaxtatekjur af fullnustueignum eru því aðeins skráðar að þær séu greiddar.

Afskriftareikningur útlána

Útlán, eignarleigusamningar, fullnustueignir og aðrar skuldbindingar samstæðunnar eru metnar með tilliti til tapshættu í samræmi við reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Á grundvelli slíks mats er myndaður afskriftareikningur, sem færður er til frádráttar viðeigandi efnahagslið.

Afskriftareikningur útlána samanstendur af sérstökum og almennum framlögum. Sérstökum framlögum er ætlað að mæta töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem metnir eru í sérstakri tapshættu vegna skerts gjaldþols eða langvarandi vanskila. Almennum framlögum er ætlað að mæta töpum, sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörsdegi vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem metnir eru í sérstakri tapshættu.

Við endanlega afskrift útlána samkvæmt ákvörðun bankaráðs, eru viðkomandi útlán færð úr bókum bankans og afskriftareikningur útlána lækkaður samsvarandi.

Almenn og sérstök framlög í afskriftareikning útlána á árinu 1995 eru færð til gjalda í rekstrarreikningi, en til frádráttar koma endurgreiðslur vegna áður afskrifaðra útlána.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulegri afskrift af framreiknuðu stofnverði og byggist afskriftin á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftir í rekstrarreikningi eru færðar á meðalverðlagi og greinast fyrningarhlutföll þannig:

Fasteignir	2%
Lausafé	14 – 33%

Eftirlaunaskuldbindingar

Í árslok 1995 hvíla á bankanum reiknaðar skuldbindingar vegna eftirlaunakjara núverandi og fyrrverandi starfsmanna að fjárhæð 3.786 millj. króna. Fjárhæðin er byggð á útreikningi tryggingafræðings, miðað við 3% ávöxtun umfram breytingu kaupgjalds. Annars vegar er um að ræða hlutdeild bankans í ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs Landsbanka og Seðlabanka umfram hreina eign sjóðsins og hins vegar beinar eftirlaunaskuldbindingar Landsbankans.

Í árslok 1995 hefur bankinn fært 3.439 millj. króna til að mæta framangreindum skuldbindingum og verður það sem á vantar, 347 millj. króna sem rekja má til fyrri tímabila, fært til gjalda á næstu tveimur árum. Á árinu 1995 voru 250 millj. króna færðar meðal óreglulegra gjalda vegna eldri lífeyrisskuldbindinga.

Í samræmi við reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka reiknast vextir, sem svara til meðalvaxta af verðtryggðum útlánum auk verðbóta, á áfallnar lífeyrisskuldbindingar. Fjárhæðin færist meðal vaxtagjalda og kemur til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni, en lífeyrisgreiðslur lækka skuldbindinguna á móti. Mismunur á þannig fenginni fjárhæð og útreiknaðri lífeyrisskuldbindingu í árslok er færð til gjalda undir liðnum laun og tengd gjöld.

Skattamál

Opinber gjöld samstæðunnar vegna ársins 1995 hafa verið reiknuð og færð í samstæðureikninginn.

Vegna yfirfæranlegs rekstrartaps frá fyrri árum mun bankinn ekki greiða tekjuskatt á árinu 1996 og af sömu ástæðu var skattskuldbinding bankans engin í árslok 1995. Í árslok átti bankinn yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð 3.233 millj. króna. Tengd félög munu ekki greiða tekjuskatt á árinu 1996 vegna heimilda í skattalögum til skattfrestana.

Tekjuskattsskuldbinding tengdra félaga kemur fram í samstæðureikningi undir liðnum reiknaðar skuldbindingar.

Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikningi Landsbankans, 247,1 millj. króna, samsvarar þeim tekjuskatti sem félli á bankann af reglulegri starfsemi, ef yfirfæranlegs taps og skattspörunar af óreglulegum liðum nyti ekki við. Þessi sama fjárhæð er færð sem óreglulegar tekjur og kemur til frádráttar óreglulegum gjöldum í rekstrarreikningi.

Víkjandi lánsfé

Í árslok nema víkjandi lán, sem Landsbankinn hefur tekið 1.564,2 millj. króna og lúta þau ákvæðum 4. mgr. 54. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka. Annars vegar er vísitölutryggt lán frá Seðlabanka Íslands, sem ber 8% ársvexti og endurgreiðist á næstu tveimur árum. Hins vegar er lán frá Tryggingarsjóði viðskiptabanka, að hluta með 5% föstum vöxtum og að hluta með breytilegum vöxtum, sem taka mið af markaðsvöxtum skuldabréfa ríkissjóðs. Lánið skal endurgreiða með fimm jöfnum afborgunum á árunum 1999 til 2003.

Eigið fé og lögboðin hlutföll

Í ársbyrjun 1995 var eigið fé samstæðu Landsbanka Íslands 5.904,7 millj. króna, sem jafngildir 6.000,6 millj. króna á árslokaverðlagi. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 1995 er eigið fé 6.194,8 millj. króna, og hafði þannig hækkað um 194,2 millj. króna umfram verðlagsbreytingar á árinu. Mismunurinn skýrist í meginatriðum af rekstrarhagnaði, en einnig af endurmati á eignarhlutum í öðrum félögum.

Samkvæmt ákvæðum 54. og 55. gr laga um viðskiptabanka skal víkjandi lánsfé og eigið fé, eftir að það hefur verið lækkað um bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum, ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af skilgreindum áhættugrunni. Hann samanstendur af heildareignum auk veittra ábyrgða, en að frádregnum nokkrum stærðum í efnahagsreikningi samkvæmt reglum sem Seðlabanki Íslands setur. Í árslok 1995 var eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt framansögðu 9,46% og eiginfjárhlutfall Landsbankans 9,38%.

Í árslok 1995 uppfyllir bankinn og samstæðan önnur lögboðin hlutföll samkvæmt ákvæðum 46. og 51. gr. laga um viðskiptabanka.

Framvirkir samningar

Bankinn hefur gert framvirka samninga um kaup eða sölu á erlendum gjaldmiðlum við viðskiptamenn sína og aðrar fjármálastofnanir. Samningarnir fela í sér að bankinn lofar að kaupa eða selja á tilteknum degi á fyrirfram ákveðnu gengi. Með gagnvirkum aðgerðum hefur bankinn jafnframt takmarkað áhættu sína. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áfallins gengismunar og tekjur bankans hlutfallaðar miðað við árslok.

Óregluleg gjöld

Óregluleg gjöld samanstanda af leiðréttingum vegna fyrri ára 422,7 millj. króna og til frádráttar kemur tekjuskattsspörun vegna óreglulegra gjalda 139,5 millj. króna og yfirfæranlegt tap 107,6 millj. króna. Leiðréttingar vegna fyrri ára samanstanda annars vegar af eldri halla á lífeyrisskuldbindingum og hins vegar af gengismunaskekkju frá fyrri árum.

Sundurliðanir

2 Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Veltu- og fjárfestingarhlutabréf	40,3	26,5	40,3	26,5
Hlutdeildarfyrirtæki í fjármálstarfsemi	58,1	60,6	58,1	60,6
Önnur hlutdeildarfyrirtæki	0,6	0,6	17,3	0,6
Tengd fyrirtæki	0,5	0,4	9,0	27,7
	99,5	**88,1**	**124,7**	**115,4**

3 Hreinar þóknunartekjur

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Ábyrgðarþóknun	84,6	87,8	84,6	87,8
Aðrar þóknunartekjur	1.562,9	1.683,5	1.422,0	1.513,8
Þóknunargjöld	(5,7)	(5,8)	(5,7)	(5,8)
	1.641,8	**1.765,5**	**1.500,8**	**1.595,8**

4 Gengismunur af annarri fjármálastarfsemi

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum	145,5	205,6	145,5	205,6

5 Laun og tengd gjöld

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Laun	2.104,6	2.033,5	1.991,6	1.913,7
Lífeyrissjóður	239,9	226,8	226,9	218,4
Önnur launatengd gjöld	47,5	59,1	28,7	37,5
	2.392,0	**2.319,4**	**2.247,2**	**2.169,6**

6 Bundnar kröfur á seðlabanka

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum	2.482,0	2.392,4	2.482,0	2.392,4
Aðrar bundnar kröfur	283,9	296,3	283,9	296,3
	2.765,9	**2.688,7**	**2.765,9**	**2.688,7**

7 Kröfur á lánastofnanir

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Hlutdeildarfyrirtæki	104,2	102,5	104,2	102,5
Aðrar lánastofnanir	2.727,0	3.772,0	2.727,0	3.771,9
	2.831,2	**3.874,5**	**2.831,2**	**3.874,4**

8 Útlán

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Útlán til viðskiptavina:				
Yfirdráttarlán	9.788,7	8.005,5	10.852,1	8.562,5
Afurða- og rekstrarlán	6.047,1	5.450,2	6.047,1	5.450,2
Víxlar	3.484,0	4.086,7	3.484,0	4.086,7
Skuldabréf	40.931,0	37.732,2	40.931,0	37.732,2
Innleystar ábyrgðir	224,7	266,2	224,7	266,2
Erlend endurlán	15.837,9	19.905,9	15.837,9	19.905,9
Erlendar kröfur	435,8	382,7	435,8	382,7
Annað	72,5	80,6	72,5	80,6
	76.821,7	**75.910,0**	**77.885,1**	**76.467,0**

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Eignarleigusamningar:				
Samningar um fasteignir	115,3	66,1	115,3	66,1
Samningar um vélar og tæki	1.245,2	1.906,8	1.245,2	1.906,8
	1.360,5	**1.972,9**	**1.360,5**	**1.972,9**

	1995	1994	1995	1994
	%	%	%	%
Útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar				
Sundurliðun eftir lántakendum:				
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	5,6	5,0	5,5	5,0
Bæjar- og sveitarfélög	5,7	4,3	5,6	4,3
Fyrirtæki:				
Landbúnaður	2,7	3,0	2,6	3,0
Sjávarútvegur	30,4	27,9	30,2	27,8
Verslun	14,9	15,9	14,7	15,7
Iðnaður	8,1	8,9	8,0	8,9
Samgöngur	2,3	2,1	2,2	2,1
Þjónusta	5,9	9,5	5,8	9,5
Annað	3,3	3,3	4,6	3,7
Einstaklingar	21,1	20,1	20,8	20,0
	100,0	**100,0**	**100,0**	**100,0**

8 Útlán (framhald)

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Fullnustueignir:				
Fasteignir	3.685,5	4.109,6	714,6	872,8
Lausafjármunir	150,5	304,4	107,2	265,4
Eignarhlutir í fullnustu- og rekstrarfélögum	0,0	0,0	1,9	(14,9)
Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga	0,0	0,0	4.620,1	4.630,8
Aðrir eignarhlutir	1.730,7	1.732,4	0,0	0,0
	5.566,7	**6.146,4**	**5.443,8**	**5.754,1**

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Vaxtafryst útlán:				
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	7.930,6	8.442,2	7.930,6	8.442,2
Fullnustueignir	5.566,7	6.146,4	5.443,8	5.754,1
Sérstakur afskriftareikningur	(3.678,9)	(3.814,1)	(3.678,9)	(3.814,1)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	9.818,4	10.774,5	9.695,5	10.382,2
Önnur vaxtafryst útlán	293,7	344,0	293,7	344,0
	10.112,1	**11.118,5**	**9.989,2**	**10.726,2**

	Sérstakur	Almennur	Samtals
	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Afskriftareikningur útlána			
Hreyfingar á árinu:			
Staða í upphafi árs	4.138,3	576,7	4.715,0
Framlög á árinu	1.294,0	206,0	1.500,0
Endanlega töpuð útlán	(1.753,4)	(181,2)	(1.934,6)
Staða í árslok	**3.678,9**	**601,5**	**4.280,4**
Innheimt áður afskrifuð útlán	133,7		133,7

9 Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

	1995		1995	
	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Veltuskuldabréf				
Útgefendur:				
Útgefin af opinberum aðilum	1.770,4	1.770,4	1.453,9	1.453,9
Útgefin af öðrum aðilum	824,9	813,9	61,7	61,7
	2.595,3	**2.584,3**	**1.515,6**	**1.515,6**
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	2.002,4	2.002,4	1.453,9	1.453,9
Önnur skráð skuldabréf	492,7	481,7	30,5	30,5
Óskráð skuldabréf	100,2	100,2	31,2	31,2
	2.595,3	**2.584,3**	**1.515,6**	**1.515,6**

9 Markaðsskuldabréf (framhald)

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995		1995	
Fjárfestingarskuldabréf	Markaðsverð	Bókfært verð	Markaðsverð	Bókfært verð
Útgefendur:				
Opinberir aðilar	1.505,9	1.648,9	1.505,9	1.648,9
Aðrir	0,0	0,0	0,0	0,0
	1.505,9	**1.648,9**	**1.505,9**	**1.648,9**
Skráning:				
Verðbréfaþing Íslands	1.483,7	1.626,7	1.483,7	1.626,7
Önnur skráð skuldabréf	0,0	0,0	0,0	0,0
Óskráð skuldabréf	22,2	22,2	22,2	22,2
	1.505,9	**1.648,9**	**1.505,9**	**1.648,9**

	1995 Mkr.	1995 Mkr.
Hreyfingar fjárfestingarskuldabréfa á árinu:		
Bókfært verð í upphafi árs	1.512,4	1.512,4
Keypt á árinu	809,2	809,2
Selt á árinu	(807,4)	(807,4)
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar	134,7	134,7
Bókfært verð í árslok	**1.648,9**	**1.648,9**

10 Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum

	1995	1995
Veltuhlutabréf	Bókfært verð	Bókfært verð
Skráning:		
Verðbréfaþing Íslands	0,0	0,0
Önnur skráð hlutabréf	11,0	0,0
Óskráð hlutabréf	0,0	0,0
Fjárfestingarhlutabréf	**11,0**	**0,0**
Skráning:		
Verðbréfaþing Íslands	3,4	0,0
Önnur skráð hlutabréf	4,0	0,0
Óskráð hlutabréf	417,9	417,9
	425,3	**417,9**

	1995 Mkr.	1995 Mkr.
Hreyfingar fjárfestingarhlutabréfa á árinu:		
Bókfært verð í upphafi árs	434,1	423,2
Keypt á árinu	106,4	0,0
Selt á árinu	(158,0)	(45,6)
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar	42,8	40,3
Bókfært verð í árslok	**425,3**	**417,9**

10 Hlutabréf (framhald)

	Eignar-hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Mkr.	Nafnverð Mkr.	Markaðs-verð Mkr.	Bókfært verð Mkr.
Eignarhlutir:					
Þróunarfélag Íslands hf	6.62	13,2	42,7		71,1
Hlutdeildarskírteini Hlutafjársjóðs		27,0	349,7		346,8
Íslenski fjársjóðurinn hf	4.01		4,0		4,0
Önnur fyrirtæki					3,4
		40,3	**396,4**		**425,3**

11 Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum

	Eignar-hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Mkr.	Nafnverð Mkr.	Markaðs-verð Mkr.	Bókfært verð Mkr.
Landsbanki Íslands:					
Greiðslumiðlun hf	45,4	31,9	26,9		351,9
Lýsing hf	40,0	15,1	77,2		147,1
Reiknistofa bankanna	38,2	47,4	145,6		145,6
Snorrabraut hf	36,0	0,6	6,4		9,7
Kreditkort hf	17,5	11,1	8,2		96,2
		106,1	**264,3**		**750,5**

12 Hlutir í tengdum fyrirtækjum

	Eignar-hlutur %	Hagnaðar-hlutdeild Mkr.	Nafnverð Mkr.	Markaðs-verð Mkr.	Bókfært verð Mkr.
Landsbanki Íslands:					
Landsbréf hf	90,0	10,3	67,6		136,7
Stofnlánadeild	100,0	0,0	0,7		0,7
		10,3	**68,3**		**137,4**
Samstæða Landsbanka Íslands:					
Landssjóður hf	99,8	0,5	5,0		7,1

13 Kröfur á og skuldir við hlutdeildar- og tengd fyrirtæki

Landsbanki Íslands

	1995 Mkr.	1994 Mkr.
Eignaliðir:		
Kröfur á lánastofnanir	103,5	101,8
Útlán	1.066,0	448,3
	1.169,5	**550,1**
Skuldaliðir:		
Skuldir við lánastofnanir	6,6	4,3
Innlán	65,6	54,4
	72,2	**58,7**

14 Rekstrarfjármunir

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	Húseignir og lóðir Mkr.	Húsbún. tæki o.fl. Mkr.	Húseignir og lóðir Mkr.	Húsbún. tæki o.fl. Mkr.
Hreyfingar á árinu:				
Heildarverð í upphafi árs	5.078,4	1.280,9	5.078,4	1.209,0
Viðbót á árinu	53,5	176,4	53,5	163,4
Endurmat á árinu	82,3	21,7	82,3	20,5
Selt á árinu	(20,9)	(31,4)	(20,9)	(25,6)
Heildarverð í árslok	5.193,3	1.447,7	5.193,3	1.367,2
Afskrifað áður	1.475,8	782,4	1.475,8	739,5
Afskrifað á árinu	96,6	147,6	96,6	136,5
Endurmat á árinu	25,7	12,6	25,7	11,8
Selt á árinu	(3,6)	(14,4)	(3,6)	(11,3)
Afskrifað samtals	1.594,5	928,2	1.594,5	876,5
Bókfært verð í árslok	3.598,8	519,5	3.598,8	490,8
Fasteignamat húseigna og lóða			1.982,6	
Brunabótamat húseigna			4.740,9	

15 Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum – verðtryggingu

	1995 Mkr.	1994 Mkr.	1995 Mkr.	1994 Mkr.
Gengisbundið:				
Gengisbundnar eignir	24.838,0	28.079,0	24.799,4	28.031,0
Gengisbundnar skuldir	21.670,4	26.343,0	21.670,4	26.140,0
Mismunur	3.167,6	1.736,0	3.129,0	1.891,0
Verðtryggt:				
Verðtryggðar eignir	38.002,1	33.453,0	36.933,3	33.101,0
Verðtryggðar skuldir	28.817,6	48.639,0	27.827,6	47.862,0
Mismunur	9.184,5	(15.186,0)	9.105,7	(14.761,0)

16 Skuldir við lánastofnanir

	1995 Mkr.	1994 Mkr.	1995 Mkr.	1994 Mkr.
Ógjaldkræfar skuldir við lánastofnanir:				
Skuldir við seðlabanka	2.632,6	572,2	2.632,6	572,2
Skuldir við aðrar lánastofnanir	3.868,2	2.687,2	3.792,4	2.306,3
	6.500,8	3.259,4	6.425,0	2.878,5

Engar gjaldkræfar skuldir eru við lánastofnanir.

17 Reiknaðar skuldbindingar

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Lífeyrisskuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar samtals	3.456,9	2.929,4	3.439,0	2.916,0
þ.a. vegna fyrrverandi bankaráðsmanna	0,0	0,0	0,0	0,0
þ.a. vegna fyrrverandi bankastjóra	200,7	191,7	200,7	191,7
Við útreikning lífeyrisskuldbindinga er miðað við 3% afvöxtunarkröfu.				
Tekjuskattsskuldbinding	6,1	2,9	0,0	0,0

18 Laun og þóknanir til yfirstjórnar

	1995	1994
	Mkr.	Mkr.
Bankaráð	4,4	4,2
Bankastjórn	30,2	29,5
	34,6	**33,7**

Engar lánveitingar eða ábyrgðir eru til yfirstjórnar Landsbanka Íslands í árslok.

19 Starfsmannafjöldi

	1995	1994	1995	1994
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	1.139	1.144	1.101	1.112
Stöðugildi í árslok	1.132	1.148	1.093	1.103
þ.a. bankastörf	949	956	949	956

20 Eigið fé

	1995	1994	1995	1994
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
Eigið fé og eiginfjárhlutfall skv. eiginfjárákvæðum laga:				
Eiginfjárþáttur A	6.194,8	5.904,7	6.194,8	5.904,7
Eiginfjárþáttur B	1.564,2	1.795,2	1.564,2	1.795,2
– frádráttarliðir sbr. 35 gr. laga nr. 43/1993	(604,8)	(537,1)	(604,8)	(537,1)
Eigið fé samtals	**7.154,2**	**7.162,8**	**7.154,2**	**7.162,8**
Áhættugrunnur	75.602,9	74.130,8	76.270,0	74.293,6
Eiginfjárhlutfall	**9.46%**	**9.66%**	**9.38%**	**9.64%**

20 Eigið fé (framhald)

	Samstæða Landsbanka Íslands		Landsbanki Íslands	
	1995 Mkr.	1994 Mkr.	1995 Mkr.	1994 Mkr.
Eiginfjárhreyfingar:				
Varasjóðir í upphafi árs	10,0	8,5	0,0	0,0
Önnur framlög í lögbundinn varasjóð	0,5	1,5	0,0	0,0
Annað	0,2	0,0	0,0	0,0
Varasjóðir í árslok	10,7	10,0	0,0	0,0
Endurmatsreikningar í upphafi árs	5.141,9	5.082,1	5.141,9	5.082,1
Endurmat á árinu	77,7	59,8	77,7	59,8
Endurmatsreikningar í árslok	5.219,6	5.141,9	5.219,6	5.141,9
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs	752,8	704,1	762,8	712,6
Hagnaður ársins	176,9	21,6	176,9	21,6
Framlag í lögbundinn varasjóð	0,5	1,5	0,0	0,0
Annað	34,3	25,6	35,5	28,6
Óráðstafað eigið fé árslok	964,5	752,8	975,2	762,8
Eigið fé alls	**6.194,8**	**5.904,7**	**6.194,8**	**5.904,7**

21 Liðir utan efnahagsreiknings

	1995 Mkr.	1994 Mkr.	1995 Mkr.	1994 Mkr.
Ábyrgðir:				
Veittar ábyrgðir	4.523,2	4.425,0	4.523,2	4.425,0
Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings:				
Sala með endurkauparétti	64,4	67,4	0,0	0,0
Ónýttar yfirdráttarheimildir	3.723,7	2.805,8	3.723,7	2.805,8
Framvirkir samningar:				
Eignir í íslenskum krónum	1.534,4	598,0	1.534,4	598,0
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	1.605,6	0,0	1.605,6	0,0
Skuldir í íslenskum krónum	240,5	0,0	240,5	0,0
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.899,5	598,0	2.899,5	598,0
Útlánaígildi afleiðusamninga í áhættugrunni	62,8	12,0	62,8	12,0

22 Eftirstöðvatími eigna og skulda Landsbanka Íslands í árslok 1995 í m.kr.

	Gjaldkræft	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Eignir:						
Kröfur á lánastofnanir	673,9	1.565,1	458,0	131,2	3,0	**2.831,2**
Útlán til viðskiptavina og eignarleigusamningar	6.325,0	17.708,0	19.799,4	22.902,2	12.511,0	**79.245,6**
Markaðsverðbréf, sem eru á gjalddaga innan árs						**1.262,1**

	Gjaldkræft	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	> 5 ár	Samtals
Skuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	0,0	6.306,0	79,5	38,6	0,9	**6.425,0**
Innlán	0,0	53.770,2	3.787,3	2.854,3	0,0	**60.411,8**
Lántaka frá lánastofnunum	0,0	5.183,5	2.953,0	4.292,5	668,8	**13.097,8**
Verðbréfaútgáfa til innlausnar innan árs						**4.101,2**

Fylgiskjal III.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands verði gerðir að hlutafélögum sem í upphafi verði alfarið í eigu ríkisins.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að skipaðar verði tvær þriggja manna undirbúningsnefndir til að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir við stofnun hlutafélags um hvorn ríkisbankanna. Skv. 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kostnaður vegna starfa nefndanna falli á bankana en ekki á ríkissjóð.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd þriggja manna til að leggja mat á stofnhlutafé bankanna. Stofnefnahagsreikningar bankanna hafa mikla þýðingu fyrir samkeppnisstöðu þeirra, skattagreiðslur til ríkisins og á greiðsluhæfi þeirra.

Í 8.–10. gr. er fjallað um réttindi starfsmanna. Greinar þessar miða að því að réttindi og starfskjör starfsmanna bankanna haldist óbreytt þótt ríkisviðskiptabönkunum verði breytt í hlutafélög. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verði ekki fjárhagslega skuldbundinn gagnvart starfsmönnum bankanna við breytinguna og enginn kostnaður falli á ríkissjóð vegna réttinda starfsmanna við breytingu á bönkunum í hlutafélög.

Í 11. gr. er fjallað um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankanna við eftirlaunasjóði starfsmanna þeirra. Þar er kveðið svo á að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna við eftirlaunasjóðina. Í athugasemdum við 11. gr. er það nánar skýrt að hlutafélagsbankarnir yfirtaki skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum starfsmanna sinna en ríkissjóður er bakábyrgur fyrir skuldbindingum sem til hafa fallið á þeim tíma er bankarnir voru ríkisviðskiptabankar, ef slíkar skuldbindingar eru á annað borð fyrir hendi. Í 2. mgr. 11. gr. er sérstaklega tekið á því hver ábyrgð ríkissjóðs er á umræddum skuldbindingum ef til greiðslufalls hlutafélagsbanka kemur. Í heild er talið að ekki komi til kostnaðar hjá ríkissjóði vegna eftirlaunaskuldbindinga bankanna, hvorki vegna starfsmanna í eftirlaunasjóðum né æðstu yfirmanna. Hlutafélagsbankarnir muni algjörlega bera þann kostnað eftir að þeir eru teknir til starfa og mun hann koma fram í stofnefnahagsreikningi. Litið er svo á að ábyrgð ríkissjóðs sé einföld og komi ekki til hennar nema gengið hafi verið að hlutafélagsbönkunum fyrst. Þörf væri á að að skýra nánar en nú er gert hvernig samskiptum bankanna og lífeyrissjóðanna skuli háttað og skuldbindingar efndar. Þar eð Landsbanki Íslands og Seðlabanki Íslands hafa sameiginlegan eftirlaunasjóð fyrir starfsmenn sína er ljóst að skipta verður ábyrgð sjóðsins upp með tryggingafræðilegri aðgreiningu. Seðlabanki Íslands og ríkissjóður munu áfram bera ábyrgð á þeim hluta er snýr að starfsmönnum Seðlabanka.

Í 13. gr. er fjallað um ríkisábyrgð á skuldbindingum bankanna. Þar er sagt að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum innlendum og erlendum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna og er það efnislega í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 43/1993. Ákvæðið um ábyrgð ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum bankanna er túlkað svo að ríkissjóður beri einungis ábyrgð á lánum eða ábyrgðum sem stofnað er til meðan bankarnir eru ríkisbankar. Nú hefur verið stofnað til lántökuheimildar áður en ríkisbanka er breytt í hlutafélagsbanka, og er litið svo á að ábyrgð ríkissjóðs á ónotuðum hluta heimildarinnar falli niður um leið og viðkomandi hlutafélagsbanki tekur við.

Í 18. gr. er kveðið svo á að báðir hlutafélagsbankarnir taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum ríkisbankanna. Fyrir Landsbankann þýðir þetta að hann yfirfærir um það bil 3.080 m.kr. tap miðað við niðurstöður efnahagsreiknings í lok ársins 1996 (reikningurinn er enn óstaðfestur þegar þetta er ritað) og skattbyrði hins nýja hlutafélagsbanka verður léttari af þeim sökum. Enn fremur er útistandandi 2 milljarða króna víkjandi lán ríkissjóðs til Landsbanka Íslands til að bæta eiginfjárstöðu bankans. Hjá Búnaðarbanka er um hvorugt að ræða. Taka þarf afstöðu til þessara mála við undirbúning að stofnun hlutafélagsbankanna, sbr. umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins.

707. Frumvarp til lögræðislaga. [410. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI

Lögræði.

Lögræði.

1. gr.

1. Sjálfráða verða menn 16 ára.
2. Fjárráða verða menn 18 ára.
3. Maður sem er sjálfráða og fjárráða er lögráða.
4. Nú stofnar maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, til hjúskapar, og er hann þá lögráða upp frá því.

Sjálfræði.

2. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

Fjárræði.

3. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

II. KAFLI

Svipting lögræðis.

Skilyrði lögræðissviptingar o.fl.

4. gr.

Svipta má mann lögræði með úrskurði dómara ef þörf krefur, sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests.
b. Ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé.
c. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

d. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.

Takmörkuð lögræðissvipting.

5. gr.

1. Svipta má mann lögræði sínu tímabundið ef ótímabundin svipting þykir ekki nauðsynleg. Tímabundin lögræðissvipting skal þó ekki ákveðin skemur en sex mánuði í senn. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum loknum, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um framlengingu hennar eða um ótímabundna sviptingu. Ef svo hagar til framlengist hin tímabundna svipting þar til úrskurður dómara liggur fyrir.

2. Svipta má mann fjárræði varðandi tilteknar eignir hans hvort sem fjárræðissvipting er tímabundin eða ótímabundin. Þessi heimild er bundin við:

a. Fasteignir, loftför, skráningarskyld skip og skráningarskyld ökutæki.
b. Viðskiptabréf.
c. Fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum, svo og inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Ákvæði laga þessara um sjálfræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna sjálfræðissviptingu skv. 1. mgr. Ákvæði laganna um fjárræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna fjárræðissviptingu skv. 1. mgr. og enn fremur um fjárræðissviptingu skv. 2. mgr. að því er varðar þær eignir sem sviptingin tekur til, nema annað sé tekið fram.

Lögræðissvipting til bráðabirgða.

6. gr.

1. Svipta má mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði 4. gr. þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á lögræðissviptingu þegar í stað, enda hafi þá verið borin fram krafa um lögræðissviptingu fyrir sama dómstóli samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.

2. Í málum til sviptingar lögræðis til bráðabirgða gilda ákvæði þessa kafla. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. um skyldu dómara til að gefa varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans, ákvæði 4. mgr. sömu greinar og ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 11. gr. gilda þó einungis að því leyti sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að lögræðissviptingu verði við komið þegar í stað.

3. Ákvörðun um lögræðissviptingu til bráðabirgða skal tekin með úrskurði sem skjóta má til Hæstaréttar, sbr. 16. gr.

4. Lögræðissvipting til bráðabirgða gildir þar til úrskurður dómara í lögræðissviptingarmáli öðlast gildi, málinu lýkur á annan hátt eða þar til úrskurður um bráðabirgðasviptingu er felldur úr gildi með nýjum úrskurði.

5. Ákvæði laga þessara um réttaráhrif lögræðissviptingar eiga einnig við um lögræðissviptingu til bráðabirgða.

Aðilar lögræðissviptingarmáls.

7. gr.

1. Varnaraðili er sá sem krafist er að verði sviptur lögræði sínu.

2. Sóknaraðili er sá sem ber fram kröfu um lögræðissviptingu manns. Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur verið:

a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini.

b. Lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila.
c. Sá sem næstur er erfingi varnaraðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.
d. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.
e. Dómsmálaráðherra þegar gæsla almannahags gerir þess þörf.

3. Enn fremur getur maður sjálfur óskað eftir því að hann verði sviptur lögræði.

Form og efni kröfu um lögræðissviptingu.

8. gr.

1. Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Þar skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn sóknaraðila, kennitala hans og lögheimili.
b. Nafn varnaraðila, kennitala hans og lögheimili, enn fremur dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
c. Hvort krafist er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja.
d. Ef krafist er tímabundinnar lögræðissviptingar skal tilgreina til hve langs tíma sviptingar er krafist.
e. Ef krafist er sviptingar fjárræðis varðandi tilteknar eignir skal tilgreina nákvæmlega til hvaða eigna krafa tekur.
f. Nöfn og heimilisföng maka varnaraðila eða sambúðarmaka, lögráða barna hans og foreldra og upplýsingar um hvort þessum aðilum sé kunnugt um kröfuna.
g. Nöfn heimilislæknis varnaraðila og sérfræðinga þeirra er hann kann að hafa leitað til, ef um þá er vitað, nema vottorð þessara aðila fylgi kröfu um lögræðissviptingu.
h. Ástæður þær er krafa um lögræðissviptingu byggist á.
i. Á hvaða lagagrunni aðild sóknaraðila er byggð.

2. Kröfu skal, ef unnt er, fylgja læknisvottorð eða önnur gögn sem hún styðst við.

Varnarþing.

9. gr.

Krafa um sviptingu lögræðis og niðurfellingu lögræðissviptingar skal borin upp við héraðsdómara í þinghá þar sem varnaraðili á lögheimili. Ef varnaraðili hefur fastan dvalarstað í annarri þinghá en þar sem lögheimili hans er skal þó bera fram kröfu í þeirri þinghá. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili varnaraðila né fastan dvalarstað skal bera kröfu fram við héraðsdóm Reykjavíkur.

Málsmeðferð.

10. gr.

1. Mál til sviptingar lögræðis sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Dómari tekur kröfu um lögræðissviptingu fyrir svo fljótt sem unnt er.

3. Dómari skipar varnaraðila verjanda samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála eftir að hafa gefið honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði, nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns. Dómari getur einnig skipað sóknaraðila talsmann, óski hann eftir því.

4. Munnlegur málflutningur fer ekki fram í máli til sviptingar lögræðis, nema dómari telji þess þörf og ákveði að svo skuli vera. Að öðrum kosti skal dómari eftir að rannsókn máls er lokið gefa lögmanni varnaraðila kost á að leggja fram skriflega vörn áður en mál er tekið til úrskurðar.

5. Þinghöld í máli til sviptingar lögræðis skulu fara fram fyrir luktum dyrum.

6. Dómara ber að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er.

7. Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

Rannsókn máls.

11. gr.

1. Dómara ber að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð um sviptingu lögræðis.

2. Dómari getur sjálfur aflað sönnunargagna, svo sem læknisvottorðs ef slíkt vottorð hefur ekki fylgt kröfu um lögræðissviptingu, og annarra gagna sem hann telur þörf á. Dómari skal kalla varnaraðila fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana, nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði læknis að það sé tilgangslaust. Dómari kveður sóknaraðila og vitni fyrir dóm, ef þess er þörf.

3. Ef varnaraðili sinnir ekki kvaðningu dómara um að koma fyrir dóm getur dómari leitað liðsinnis lögreglu við að sækja hann. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara.

4. Ef ekki er unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm skal dómari fara á þann stað þar sem varnaraðili dvelst og kynna sér ástand hans af eigin raun. Ekki er þó þörf á þessu ef ótvírætt má telja af læknisvottorði eða öðrum gögnum að það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.

5. Ef dómari telur þess þörf getur hann ákveðið að varnaraðila sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf sóknaraðila og vitnisburð vitna að nokkru eða öllu leyti. Áður en úrskurður um lögræðissviptingu er upp kveðinn skal varnaraðila þó ávallt kynnt hvað fram hefur komið við skýrslugjöfina eða vitnisburðinn sem máli skiptir, nema slíkt sé auðsjáanlega tilgangslaust eða stríði gegn þeim hagsmunum sem leiddu til ákvörðunar dómara samkvæmt þessari málsgrein.

6. Skylt er öllum þeim, sem vegna starfa sinna geta veitt upplýsingar um varnaraðila sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrslit málsins, að veita honum þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem dómari krefst. Sama á við um aðra þá sem vegna tengsla sinna við varnaraðila geta veitt sambærilegar upplýsingar.

Úrlausn máls.

12. gr.

1. Svipting lögræðis skal ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni.

2. Áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá því að mál var tekið til úrskurðar kveður dómari upp úrskurð í því.

Réttaráhrif úrskurðar um lögræðissviptingu.

13. gr.

1. Réttaráhrif úrskurðar um sjálfræðissviptingu miðast við uppkvaðningu úrskurðar.

2. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart hinum svipta sjálfum og þeim sem vissu eða máttu vita um sviptinguna miðast við uppkvaðningu úrskurðar.

3. Um réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart grandlausum aðilum fer samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 76. gr.

Birting úrskurðar, skráning o.fl.

14. gr.

1. Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem fram hefur komið í máli til sviptingar lögræðis en úrskurðinn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

2. Verjandi varnaraðila skal kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara í lögræðissviptingarmáli svo fljótt sem við verður komið. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef það er bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands varnaraðila.

3. Dómari skal svo fljótt sem við verður komið senda staðfest endurrit úrskurðar um sviptingu lögræðis með ábyrgðarbréfi, eða á annan jafntryggan hátt, til dómsmálaráðuneytisins. Jafnframt skal dómari senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili eða þar sem hann hefur fastan dvalarstað, ef dvalarstaður er annar en þar sem hann á lögheimili, með sama hætti ásamt þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að yfirlögráðandi geti sinnt skyldum sínum skv. 4. mgr. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta skal senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðandans í Reykjavík. Dómari skal enn fremur sjá til þess að niðurstaða úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem ekki er bundin við tilteknar eignir, verði birt í Lögbirtingablaði. Skal sú birting fara fram svo fljótt sem við verður komið.

4. Yfirlögráðandi skal þegar í stað, er honum hefur borist úrskurður dómara um fjárræðissviptingu, grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal úrskurðinum þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.
b. Ef hinn fjárræðissvipti er eigandi viðskiptabréfs skal athugasemd um sviptingu fjárræðis rituð á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem lögráðamaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.
c. Ef hinn fjárræðissvipti rekur atvinnu sem geta ber eða getið er á firmaskrá skal skrá þar athugasemd um úrskurðinn.
d. Ef hinn fjárræðissvipti á fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um sviptingu fjárræðis með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum. Ef hinn fjárræðissvipti á hlut í félagi skal tilkynna um sviptinguna til stjórnar félagsins með sama hætti.

5. Ef fjárræðissvipting er einungis bundin við tilgreindar eignir nær skylda sú sem kveðið er á um í 4. mgr. einungis til þeirra eigna.

6. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá um lögræðissvipta menn.

Niðurfelling lögræðissviptingar.

15. gr.

1. Nú telur sá sem átt getur aðild að lögræðissviptingarmáli skv. 7. gr. að ástæður sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram kröfu við héraðsdómara um að lögræðissvipting verði felld niður með úrskurði að nokkru eða öllu leyti.

2. Komi krafa frá hinum lögræðissvipta sjálfum er dómara óskylt að taka hana til meðferðar nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu. Sé um tímabundna sviptingu að ræða sem ákveðin var í tólf mánuði eða skemur er dómara óskylt að taka kröfu til meðferðar nema helmingur tímans sé liðinn hið skemmsta.

3. Krafa um niðurfellingu lögræðissviptingar skal vera skrifleg og rökstudd og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta ef unnt er.

4. Um meðferð máls til niðurfellingar lögræðissviptingar gilda ákvæði 8. gr., eftir því sem við á, 9. gr., 1.–6. mgr. 10. gr., 11. gr., 12. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 1., 3. og 4. mgr. 16. gr. og 17. gr.

5. Ef úrskurður dómara í máli til niðurfellingar lögræðissviptingar breytir eða fellir úr gildi úrskurð um lögræðissviptingu fer um birtingu hans og skráningu eftir sömu reglum og fram koma í 3.–6. mgr. 14. gr.

Málskot.

16. gr.

1. Úrskurðir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurða um lögræðissviptingu, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.

3. Hraða ber meðferð máls fyrir Hæstarétti svo sem kostur er.

4. Staðfest endurrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneyti og héraðsdómara málsins. Ef úrskurði er breytt í Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.–6. mgr. 14. gr. laga þessara gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um.

Málskostnaður.

17. gr.

1. Þóknun skipaðs verjanda, skipaðs talsmanns sóknaraðila og annan málskostnað, þar með talinn kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði.

2. Ef málskot til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaust má gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

III. KAFLI
Nauðungarvistun.

Nauðungarvistun.

18. gr.

Með nauðungarvistun í lögum þessum er bæði átt við það þegar sjálfráða maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar og þegar manni, sem dvalið hefur í sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja, er haldið þar nauðugum.

Skilyrði nauðungarvistunar o.fl.

19. gr.

1. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur í sjúkrahúsi.

2. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að

svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Ákvæði 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála samkvæmt þessari málsgrein. Ef vakthafandi sjúkrahúslæknir ákveður nauðungarvistun manns samkvæmt þessari málsgrein skal bera ákvörðun hans undir yfirlækni svo fljótt sem verða má. Frelsisskerðing samkvæmt þessari málsgrein má ekki standa lengur en 48 klukkustundir nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr.

3. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 15 sólarhringa frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

4. Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til.

5. Heilbrigðisráðherra ákveður með reglugerð hvaða sjúkrahús hafa heimild til að taka við mönnum sem vistaðir eru skv. 2. og 3. mgr.

Hverjir beiðst geta nauðungarvistunar.

20. gr.

Beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 19. gr. geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og d-liðum 2. mgr. 7. gr.

Form, efni og fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun.

21. gr.

1. Beiðni um nauðungarvistun skv. 3. mgr. 19. gr. skal vera skrifleg og beint til dómsmálaráðuneytisins. Beiðni skal að jafnaði rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

2. Í beiðni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn beiðanda, kennitala og lögheimili.
b. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
c. Tengsl beiðanda og þess sem beiðst er að vistaður verði.
d. Ástæður fyrir beiðni.
e. Upplýsingar um í hvaða sjúkrahúsi og eftir atvikum á hvaða deild vista á hlutaðeigandi.

3. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð sem eigi má vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu, nema alveg sérstaklega standi á. Í vottorðinu, sem að jafnaði skal ritað á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili. Auk þess dvalarstaður hans ef annar er en lögheimili.
b. Hvar og hvenær skoðun fer fram.
c. Lýsing læknis á andlegu og líkamlegu ástandi hlutaðeigandi.
d. Sjúkdómsgreining læknis, ef unnt er.
e. Afstaða þess, sem beiðst er að vistaður verði, til beiðni um nauðungarvistun hans, eftir því sem við verður komið.

f. Yfirlýsing læknis um að nauðungarvistun sé að hans mati óhjákvæmileg.
g. Dagsetning vottorðs, undirskrift læknis og nafnstimpill.

4. Kostnaður af læknisvottorði greiðist úr ríkissjóði.

Málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

22. gr.

1. Dómsmálaráðuneytið skal þegar er því berst beiðni um nauðungarvistun taka málið til afgreiðslu. Skal ráðuneytið afla þeirra gagna er það telur nauðsyn bera til ef eigi er talið unnt að afgreiða mál á grundvelli beiðni og meðfylgjandi læknisvottorðs.

2. Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála um nauðungarvistun.

3. Þegar nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir skal dómsmálaráðuneytið án tafar ákveða hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki.

Trúnaðarlæknir dómsmálaráðuneytisins.

23. gr.

1. Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til nauðungarvistunar.

2. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand manns sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og kynna sér sjúkraskrá hans.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

24. gr.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki skal vera skrifleg og rökstudd og skal hún tilkynnt þeim er beiðni bar fram. Ef beiðni er samþykkt skal ákvörðun jafnframt send yfirlækni á hlutaðeigandi sjúkrahúsi þegar í stað með tryggilegum hætti, ásamt ljósriti af læknisvottorði því er fylgdi beiðni.

Kynning á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns.

25. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal tilkynna nauðungarvistuðum manni án tafar eftirtalin atriði, nema slíkt sé bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands hans:

a. Um ástæður nauðungarvistunar.
b. Um rétt til að njóta aðstoðar og stuðnings ráðgjafa skv. 27. gr.
c. Um ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr. 19. gr., ef því er að skipta.
d. Um rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns samkvæmt þessari grein.

Skráning í sjúkraskrá.

26. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal, eftir því sem við á, skrá eftirfarandi atriði í sjúkraskrá nauðungarvistaðs manns svo fljótt sem verða má:

a. Hvenær nauðungarvistun hefst skv. 2. mgr. 19. gr.
b. Samþykki dómsmálaráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr.

c. Ákvarðanir um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð skv. 28. gr. og rökstuðning fyrir nauðsyn hennar.
d. Hvenær vakthafandi sjúkrahúslæknir tilkynnti yfirlækni um ákvarðanir sínar skv. 2. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 28. gr.
e. Hvenær nauðungarvistuðum manni var kynntur réttur hans til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr., réttur til að ráðfæra sig við ráðgjafa skv. 27. gr. og ákvörðun ráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr. Ef slík kynning fer ekki fram þegar í stað skulu ástæður þess skráðar í sjúkraskrá.
f. Hvenær staðfesting hafi borist frá dómstóli um að fram sé komin krafa um að hlutaðeigandi skuli sviptur sjálfræði sínu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæði 1. mgr. sé framfylgt.
3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um skráningar samkvæmt þessari grein.

Ráðgjafi nauðungarvistaðs manns.

27. gr.

1. Nauðungarvistaður maður á rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar.

2. Vakthafandi læknir skal, ef nauðungarvistaður maður óskar þess, hafa samband við ráðgjafann svo fljótt sem verða má og tilkynna honum um nauðungarvistunina. Nauðungarvistaður maður á rétt á að ræða við ráðgjafann einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega, nema ástandi hins nauðungarvistaða sé þannig háttað að það hafi enga þýðingu. Ráðgjafinn hefur heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða.

3. Ráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

4. Þóknun ráðgjafa, sem sérstaklega skal ráðinn til þess að veita nauðungarvistuðum mönnum aðstoð, skal greiðast úr ríkissjóði.

5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ráðningu ráðgjafa samkvæmt þessari grein, réttindi hans og skyldur og þóknun honum til handa.

Meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi.

28. gr.

1. Maður, sem nauðungarvistaður er í sjúkrahúsi án þess að samþykki dómsmálaráðuneytis liggi fyrir, skal hvorki sæta þvingaðri lyfjagjöf né annarri þvingaðri meðferð nema skilyrðum 3. mgr. þessarar greinar sé fullnægt. Í slíkum tilvikum gildir ákvæði 3. mgr. einnig að öðru leyti.

2. Maður, sem nauðungarvistaður er til meðferðar í sjúkrahúsi með samþykki dómsmálaráðuneytis, skal einungis sæta þvingaðri lyfjagjöf samkvæmt ákvörðun yfirlæknis. Sama á við um aðra þvingaða meðferð.

3. Vakthafandi læknir getur þó tekið ákvörðun um að nauðungarvistaður maður skuli sæta þvingaðri lyfjagjöf eða annarri þvingaðri meðferð ef hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða ef lífi hans eða heilsu er annars stefnt í voða. Ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð í þessum tilvikum skal tilkynnt yfirlækni svo fljótt sem verða má og skal hann taka ákvörðun um frekari meðferð.

4. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð samkvæmt þessari grein.

Lok nauðungarvistunar.

29. gr.

1. Nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 48 klst., sbr. 2. mgr. 19. gr., nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til. Nauðungarvistun, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneytinu, má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 15 sólarhringa frá dagsetningu ákvörðunar ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. Þó má framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði sínu. Þegar krafa hefur verið gerð um að maður, sem vistaður er nauðugur í sjúkrahúsi, verði sviptur sjálfræði skal dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dóminum. Skal þetta gert með símskeyti eða öðrum tryggilegum hætti.

Réttur sjálfráða manns til að bera ákvörðun um nauðungarvistun og þvingaða meðferð í sjúkrahúsi undir dómstóla.

30. gr.

1. Heimilt er þeim sem vistaður hefur verið nauðugur í sjúkrahúsi skv. 2. eða 3. mgr. 19. gr. að bera ákvörðun um nauðungarvistunina undir dómstóla.

2. Heimilt er þeim sem gert hefur verið að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. að bera þá ákvörðun undir dómstóla.

3. Krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og beint til viðkomandi dómstóls. Ráðgjafi skal aðstoða við kröfugerð samkvæmt þessari grein ef þess er óskað og sjá um að dómstóli berist krafan þegar í stað.

Málsmeðferð fyrir dómi.

31. gr.

1. Dómari skal taka kröfu skv. 30. gr. fyrir án tafar. Dómari skipar þeim er kröfu ber fram talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði.

2. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar skv. 2. mgr. 19. gr. eða ákvörðunar um þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. skal dómari tilkynna yfirlækni viðkomandi deildar um kröfuna. Skal yfirlæknirinn þegar í stað láta dómara í té athugasemdir sínar þar sem gerð er grein fyrir ástæðum vistunar, þvingaðrar lyfjagjafar eða meðferðar, eftir því sem við á.

3. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti, skal dómarinn kynna ráðuneytinu kröfuna, sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á, ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta.

4. Að öðru leyti fer um mál þessi skv. II. kafla laganna, eftir því sem við á.

5. Svo fljótt sem við verður komið kveður dómari upp úrskurð um hvort ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skuli standa eða hún felld úr gildi.

6. Þegar óskað er eftir samþykki dómsmálaráðuneytis til nauðungarvistunar manns, sem dvelur nauðugur í sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun læknis, og sú ákvörðun hefur verið borin undir dómstól, skal ráðuneytið án tafar tilkynna viðkomandi dómstóli um kröfuna og um lyktir málsins er það hefur hlotið afgreiðslu í ráðuneytinu. Meðferð máls fyrir dómi frestar ekki málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

Réttur nauðungarvistaðs manns til bóta.

32. gr.

1. Dæma skal bætur úr ríkissjóði vegna nauðungarvistunar sjálfráða manns ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

2. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta.

3. Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

IV. KAFLI
Ráðsmenn.

Skilyrði skipunar ráðsmanns.

33. gr.

Fjárráða maður, sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, getur óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður, enda geri hann sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar.

Form og efni umsóknar um skipun ráðsmanns.

34. gr.

1. Umsókn um skipun ráðsmanns skal að jafnaði rituð á eyðublað sem yfirlögráðandi lætur í té.

2. Í umsókn skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn umsækjanda, kennitala, lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
b. Ef umsækjandi er í hjúskap eða sambúð skal nafns maka eða sambúðarmaka getið, svo og afstöðu hans til umsóknarinnar.
c. Ástæður þess að skipunar ráðsmanns er óskað.
d. Nákvæm upptalning þeirra eigna sem ráðsmanni er ætlað að sjá um.
e. Ef óskað er eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal þess getið.

3. Umsókn skal fylgja læknisvottorð þar sem grein er gerð fyrir heilsufari umsækjandans, svo og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu ráðstöfunar skv. 33. gr.

Eignir sem afhentar verða ráðsmanni til umsjónar.

35. gr.

Heimilt er að fela ráðsmanni umsjón eftirtalinna eigna samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

a. Fasteigna, loftfara, skráningarskyldra skipa og skráningarskyldra ökutækja.
b. Viðskiptabréfa.
c. Fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum, svo og inneigna í verðbréfasjóðum.

Stjórnsýsluumdæmi.

36. gr.

Umsókn skal bera upp við yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur.

Málsmeðferð.

37. gr.

1. Yfirlögráðandi skal taka umsókn til afgreiðslu án ástæðulausra tafa.

2. Yfirlögráðandi skal veita umsækjanda nauðsynlega aðstoð og leiðbeina honum, þar á meðal um lagalega þýðingu skipunar ráðsmanns og um útfyllingu umsóknar.

3. Yfirlögráðandi skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun verður tekin í því. Hann getur lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna eða aflað þeirra sjálfur. Hann skal m.a. kynna sér af eigin raun hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði 33. gr.

4. Hafi umsækjandi ekki óskað eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal ráðsmaður valinn í samráði við umsækjanda.

5. Ef umsækjandi er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um málið, þar á meðal um val á ráðsmanni. Það sama gildir um sambúðarmaka.

6. Umsækjandi getur afturkallað umsókn sína á hvaða stigi málsmeðferðar sem er. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður fer um lausn hans frá störfum skv. 47. og 48. gr.

Hæfi ráðsmanna.

38. gr.

1. Um almennt og sérstakt hæfi ráðsmanna fer eftir 53. og 54. gr.

2. Enginn verður skipaður ráðsmaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Ákvörðun um skipun ráðsmanns o.fl.

39. gr.

1. Að uppfylltum skilyrðum 33. gr. skipar yfirlögráðandi umsækjanda ráðsmann. Heimilt er að skipa hjónum sama ráðsmann. Það sama gildir um sambúðarmaka.

2. Ráðsmanni skal ekki falin umsjón annarra eigna en nauðsynlegt er miðað við þarfir umsækjandans.

3. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa sama umsækjanda fleiri en einn ráðsmann, enda fari þeir ekki með umsjón sömu eigna.

4. Ákvörðun um skipun ráðsmanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram:

a. Nafn þess sem fær sér skipaðan ráðsmann, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er ráðsmaður.
c. Ástæður skipunar ráðsmannsins.
d. Nákvæm tilgreining á þeim eignum sem faldar eru ráðsmanni til umsjónar.
e. Þóknun ráðsmanns og greiðslufyrirkomulag hennar.

5. Yfirlögráðandi skal gefa út skipunarbréf til ráðsmanns þar sem getið skal m.a. þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og d-liðum 4. mgr.

6. Skipun ráðsmanns er ótímabundin.

Tilkynning um skipun ráðsmanns og skráning ráðsmanna.

40. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda ráðsmanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi ráðsmanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður skal yfirlögráðandi þegar í stað grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal skipun hans þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.

b. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón viðskiptabréfs skal skipunarinnar getið með sérstakri áritun á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem ráðsmaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.

c. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum jafntryggum hætti. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra.

Réttaráhrif skipunar ráðsmanns.

41. gr.

1. Þegar tilkynning er komin til manns um að honum hafi verið skipaður ráðsmaður glatar hann rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar. Þetta tekur þó ekki til heimildar hans til ráðstöfunar eigna með erfðaskrá.

2. Réttaráhrif skipunar ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr. 40. gr.

3. Löggerningar skjólstæðings ráðsmanns um eign, sem fara í bága við 1. mgr., binda hann ekki, nema löggerningur hafi annaðhvort verið staðfestur af ráðsmanni, og eftir atvikum yfirlögráðanda, eða honum verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir skjólstæðinginn.

4. Um löggerninga skjólstæðings ráðsmanns og meðferð ráðsmanns á fjármunum hans gilda, auk ákvæða þessa kafla, reglur 1. og 3. mgr. 67. gr., 1. mgr. 68. gr., 1., 2. og 4. mgr. 77. gr. og 78. gr.

Heimildir ráðsmanns.

42. gr.

1. Ráðsmaður fer með sömu heimildir fyrir þeim eignum sem honum hefur verið falin umsjón með og skjólstæðingur hans hafði fyrir skipun hans, nema annað leiði af lögum. Lögmæt ráðstöfun ráðsmanns á þessum eignum bindur skjólstæðing hans.

2. Ráðsmaður getur ekki bundið skjólstæðing sinn við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda.

3. Ráðsmaður getur hvorki selt né veðsett fasteign, loftfar, skráningarskylt skip eða skráningarskylt ökutæki í eigu skjólstæðings síns, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda. Það sama gildir um útleigu slíkra eigna til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

Starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskylda.

43. gr.

1. Um starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskyldu gilda ákvæði 1.–3. mgr. 60. gr. og 61. gr.

2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur ráðsmanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Þóknun ráðsmanns.

44. gr.

1. Við skipun ráðsmanns ákveður yfirlögráðandi þóknun hans með tilliti til eðlis og umfangs starfans.

2. Þóknun ráðsmanns skal greidd af skjólstæðingi hans.

3. Ráðsmaður og skjólstæðingur hans geta hvor um sig krafist endurskoðunar á fjárhæð þóknunar ráðsmannsins.

Skýrslugjöf ráðsmanns.

45. gr.

1. Ráðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

2. Ef fjárhald, sem falið hefur verið ráðsmanni, er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Kostnaður af endurskoðuninni greiðist af skjólstæðingi ráðsmanns.

3. Ráðsmaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum hvenær sem hann krefst þess.

4. Þegar ráðsmaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

Breyting á störfum ráðsmanns.

46. gr.

1. Skjólstæðingur ráðsmanns getur óskað þess við yfirlögráðanda að breyting verði gerð á því hvaða eignir eru faldar ráðsmanni til umsjónar.

2. Meðferð slíkra mála fer eftir sömu reglum og gilda um skipun ráðsmanns eftir því sem við getur átt.

Lausn ráðsmanns frá störfum.

47. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa ráðsmann frá störfum óski hann þess. Ráðsmaður skal þó jafnan gegna áfram starfa sínum þar til skipaður hefur verið nýr ráðsmaður, sé þess þörf.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita ráðsmanni lausn frá störfum ef skilyrði 33. gr. eru ekki lengur fyrir hendi, sbr. þó 48. gr. Það sama á við hafi ráðsmaður vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði 1. mgr. 54. gr.

3. Skjólstæðingur ráðsmanns getur hvenær sem er óskað þess að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný. Yfirlögráðandi skal verða við þeirri ósk nema ákvæði 48. gr. eigi við.

4. Við gjaldþrot ráðsmanns eða gjaldþrot eða andlát skjólstæðings hans fellur sjálfkrafa niður skipun ráðsmanns. Verði skjólstæðingur ráðsmanns sviptur fjárræði fellur skipun ráðsmanns niður við skipun lögráðamanns.

Frestun á meðferð máls o.fl.

48. gr.

1. Þegar maður, sem fengið hefur sér skipaðan ráðsmann, óskar eftir breytingu eða niðurfellingu á þeirri skipan, og yfirlögráðandi hefur ástæðu til að ætla að högum hans sé svo farið sem segir í 4. gr. laganna, getur yfirlögráðandi frestað að taka málið til meðferðar í sjö daga. Að þeim tíma liðnum skal yfirlögráðandi taka málið til meðferðar, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hlutaðeigandi verði sviptur fjárræði. Skal málinu þá frestað þar til úrskurður liggur fyrir.

2. Breytist heilsufar skjólstæðings ráðsmanns svo að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 33. gr. skal ráðsmaður vekja athygli yfirlögráðanda á því. Skal þá yfirlögráðandi taka ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli þá þegar veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli.

Tilkynning um lausn ráðsmanns frá störfum o.fl.

49. gr.

1. Hafi verið tekin ákvörðun um breytingu á störfum ráðsmanns eða honum veitt lausn frá störfum skal ráðsmanni og skjólstæðingi hans tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti. Hafi ráðsmanni verið veitt lausn frá störfum skal dómsmálaráðuneyti tilkynnt um það með sama hætti.

2. Hafi orðið breyting á stöðu eða störfum ráðsmanns skv. 46.–48. gr. laganna skal yfirlögráðandi sjá til þess svo fljótt sem við verður komið að það sé tilkynnt og skráð með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 40. gr.

3. Réttaráhrif breytinga á stöðu eða störfum ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr.

Gjöld.

50. gr.

1. Fyrir skipun ráðsmanns og breytingar á störfum hans skal greiða 5.000 kr. er renni í ríkissjóð. Sama gjald skal greiða þegar ráðsmanni er veitt lausn frá störfum að ósk skjólstæðings hans.

2. Gjöld skv. 1. mgr. skulu greidd af skjólstæðingi ráðsmanns.

V. KAFLI
Lögráðamenn.

Lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir æsku sakir.

51. gr.

1. Foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga og lögum um vernd barna og ungmenna.

2. Foreldrar barns, sem fara með forsjá þess, eða aðrir þeir sem falin hefur verið forsjá barns samkvæmt barnalögum fara með fjárhald þess. Foreldrar barns, sem fóru með forsjá þess er það varð sjálfráða, eða aðrir þeir sem falin hafði verið forsjá barns samkvæmt barnalögum, fara með fjárhald þess þar til það verður fjárráða.

3. Ef fjárhaldsmenn barns eru tveir fara þeir sameiginlega með fjárhald þess. Annar fjárhaldsmanna getur veitt hinum umboð til þess að fara einn með fjárhaldið. Umboð má veita til tiltekins tíma eða takmarka við sérstakt erindi. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

4. Nú eru fjárhaldsmenn barns tveir og getur annar þeirra þó tekið við fjármunum þeim sem fjárhaldsmaður hefur lögum samkvæmt heimild til að veita viðtöku þannig að fullt gildi hafi gagnvart þriðja manni, nema hinn fjárhaldsmaðurinn hafi tilkynnt þriðja manni að slíkt sé óheimilt. Ef annar fjárhaldsmanna barns er tímabundið hindraður í að gegna fjárhaldinu eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um fjárhaldið gildar. Ágreining fjárhaldsmanna barns um fjárhaldið má bera undir yfirlögráðanda.

5. Yfirlögráðandi skal skipa þeim sem ófjárráða er fyrir ásku sakir fjárhaldsmann ef fjárhaldsmanns skv. 2. mgr. nýtur eigi við eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og ef fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

6. Yfirlögráðandi getur skipað þeim sem ófjárráða er fyrir ásku sakir sérstakan fjárhaldsmann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, ef þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur fjárhaldsmaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

7. Yfirlögráðandi skal gefa barni, sem náð hefur tólf ára aldri, kost á að tjá sig um mál áður en fjárhaldsmaður skv. 5. mgr. eða sérstakur fjárhaldsmaður skv. 6. mgr. er skipaður nema slíkt sé talið barni til tjóns eða þýðingarlaust fyrir niðurstöðu máls. Enn fremur er rétt að gefa yngra barni kost á að tjá sig um mál ef það þykir hafa aldur og þroska til þess.

8. Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu fjárhaldsmaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann fjárhaldsmann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins eða mælt sé fyrir um fjárhaldið í lögum.

Lögráðamenn lögræðissviptra manna o.fl.

52. gr.

1. Nú er maður með dómsúrskurði sviptur sjálfræði eða fjárræði, eða hvoru tveggja, og hverfa þá lögráðin til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn lögræðissvipti á lögheimili í. Ef hinn lögræðissvipti hefur fastan dvalarstað í öðru umdæmi hverfa lögráðin þó til yfirlögráðanda í því umdæmi. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta hverfa lögráðin til yfirlögráðandans í Reykjavík.

2. Yfirlögráðandi skal skipa hinum lögræðissvipta lögráðamann svo fljótt sem verða má eftir að honum berst staðfest endurrit úrskurðar um lögræðissviptinguna.

3. Ákvæði laga þessara um lögráðmenn eiga einnig við um lögráðmenn þeirra sem sætt hafa takmarkaðri lögræðissviptingu skv. 5. gr., nema annað sé tekið fram.

Sérstakir lögráðamenn.

53. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

Hæfi lögráðamanna.
54. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

2. Enginn verður skipaður lögráðamaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Málsmeðferð.
55. gr.

1. Yfirlögráðandi skal gefa hinum lögræðissvipta kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði lögráðamaður hans nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust.

2. Óski hinn lögræðissvipti eftir því að tiltekinn maður verði skipaður lögráðamaður hans skal skipa hann lögráðamann, nema hagsmunir hins lögræðissvipta krefjist annars.

3. Ef hinn lögræðissvipti er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um val á lögráðamanni. Sama á við um sambúðarmaka.

Ákvörðun um skipun lögráðamanns.
56. gr.

1. Ákvörðun um skipun lögráðamanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði koma þar fram.

a. Nafn hins ólögráða, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er lögráðamaður.
c. Hvar og hvenær viðkomandi var sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og hvort um sé að ræða tímabundna sviptingu. Ef svipting er tímabundin skal koma fram hvenær hún fellur úr gildi. Ef um fjárræðissviptingu er að ræða, sem einungis nær til tiltekinna eigna, skulu þær nákvæmlega tilgreindar.
d. Þóknun lögráðamanns og fyrirkomulag á greiðslu hennar.

2. Yfirlögráðandi skal, að tekinni ákvörðun skv. 1. mgr., gefa út skipunarbréf til lögráðamanns þar sem getið skal þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og c-liðum 1. mgr.

3. Skipun lögráðamanna er ótímabundin, nema um tímabundna sviptingu sé að ræða.

Tilkynning um skipun lögráðamanns og skráning lögráðamanna.
57. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda lögráðamanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi lögráðamanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir skipaða lögráðamenn.

Heimildir lögráðamanns o.fl.
58. gr.

1. Lögráðamaður sjálfræðissvipts manns hefur heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi hins sjálfræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Lögmæt ákvörðun lögráðamanns bindur sjálfræðissviptan mann svo sem sjálfráða hefði hann gert.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hins svipta sé hætta búin að mati læknis. Lögráðamaður getur þá ákveðið að hinn sjálfræðissvipti verði vistaður á stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra eða heimili eða stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna. Lögráðmaður skal tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðun sína. Um flutning manns á stofnun samkvæmt þessari málsgrein og meðferð hans þar gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr., 25., 26., 27. og 28. gr., eftir því sem við á.

3. Lögráðamaður ófjárráða manns ræður yfir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Hafi maður einungis verið sviptur fjárræði varðandi tilteknar eignir ræður lögráðamaður aðeins fyrir þeim eignum hans. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann svo sem fjárráða hefði hann gert.

Réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun um vistun á stofnun undir dómstóla.

59. gr.

1. Heimilt er sjálfræðissviptum manni að bera ákvörðun lögráðamanns síns um vistun hans á stofnun, sbr. 2. mgr. 58. gr., undir dómstóla.

2. Dómari skal kalla lögráðamann fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana.

3. Um meðferð mála skv. 1. mgr. fyrir dómi gilda að öðru leyti ákvæði 31. gr. laganna, eftir því sem við á.

Starfsskyldur lögráðamanns.

60. gr.

1. Lögráðamaður skal hafa samráð við hinn ólögráða um framkvæmd starfa síns, eftir því sem við verður komið, nema um minni háttar ákvarðanir sé að ræða.

2. Lögráðamaður skal haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni.

3. Lögráðamanni er skylt að fara að fyrirmælum yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytis.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Skaðabótaskylda lögráðamanns.

61. gr.

Lögráðamaður skal bæta ólögráða manni tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

Þóknun og útlagður kostnaður skipaðs lögráðamanns.

62. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal ávallt eiga rétt á endurgreiðslu á nauðsynlegum útlögðum kostnaði vegna starfans. Yfirlögráðandi getur ákveðið að lögráðamaður skuli fá sanngjarna þóknun fyrir störf sín. Útlagðan kostnað og þóknun skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða. Yfirlögráðandi getur þó ákveðið að fé þetta skuli greitt úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

2. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þóknun lögráðamanna.

Skýrslugjöf lögráðamanns.

63. gr.

1. Lögráðamaður manns, sem ófjárráða er fyrir ásku sakir, skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald hins ófjárráða ef verðmæti eigna hans er 500.000 kr. eða þar yfir. Ef þeim sem ófjárráða er fyrir ásku sakir hefur verið skipaður fjárhaldsmaður fer þó um skýrslugjöf skv. 3. mgr.

2. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal, þegar eftir að hann hefur verið skipaður, taka saman skýrslu um eignir og skuldir hins svipta og senda hana yfirlögráðanda. Þetta á þó ekki við ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

3. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins fjárræðissvipta.

4. Nú áskotnast ófjárráða manni verðmæti í gjöf, vinning í happdrætti eða á annan hátt, sem nemur 500.000 kr. eða meira, og skal þá lögráðamaður þegar tilkynna yfirlögráðanda um það. Þetta á þó ekki við um fjárræðissviptan mann ef hann hefur aðeins verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

5. Ef fjárhald lögráðamanns er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir við lögráðamann að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi ákveðið að kostnaður af slíkri endurskoðun skuli greiddur úr ríkissjóði.

6. Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum varðandi fjárhaldið hvenær sem hann krefst þess.

7. Þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

8. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um skýrslugjöf samkvæmt þessari grein.

Lausn skipaðs lögráðamanns frá störfum.

64. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa skipaðan lögráðamann frá störfum óski hann þess. Lögráðamaður skal þó jafnan gegna áfram starfi sínu þar til skipaður hefur verið nýr lögráðamaður.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita skipuðum lögráðamanni lausn frá störfum hafi hann vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði laga um almennt hæfi sem lögráðamaður.

3. Við andlát skjólstæðings skipaðs lögráðamanns fellur sjálfkrafa niður skipun lögráðamanns.

Tilkynning um lausn lögráðamanns frá störfum og skráning.

65. gr.

Um tilkynningu um lausn lögráðamanns frá störfum og skráningu um lausn hans fer skv. 57. gr.

VI. KAFLI
Meðferð á fjármunum ófjárráða manna.

Gildissvið.

66. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um meðferð á fjármunum þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir og þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Varðveisla og ávöxtun eigna ófjárráða manns.

67. gr.

1. Eignir ófjárráða manns skulu varðveittar tryggilega og þær ávaxtaðar eins og best er á hverjum tíma.

2. Eignir ófjárráða manns, sem eru að verðmæti yfir 500.000 kr., skulu varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns við yfirlögráðanda.

3. Lögráðamaður skal ávallt halda peningum og viðskiptabréfum ófjárráða manns aðgreindum frá eigin fjármunum.

4. Yfirlögráðandi getur, ef hann telur ástæðu til, tekið í sínar vörslur fjármuni í eigu hins ófjárráða. Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé hins ófjárráða sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

5. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. Þegar um er að ræða fjárræðissviptingu varðandi tilteknar eignir á þetta þó aðeins við um þær eignir sem sviptingin tekur til.

6. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varðveislu og ávöxtun fjármuna ófjárráða manna.

Tekjur og arður af eignum o.fl.

68. gr.

1. Lögráðamaður skal sjá til þess að tekjur og arður af eignum ófjárráða manns nýtist í þágu hins ófjárráða.

2. Lögráðamaður getur, ef hann telur ástæðu til og slíka ráðstöfun í samræmi við hagsmuni hins ófjárráða, afhent honum hæfilegt fé til eigin nota af tekjum hans eða arði. Lögráðamaður getur á sama hátt með leyfi yfirlögráðanda, sbr. 5. mgr. 67. gr., afhent hinum ófjárráða fjármuni af höfuðstól hans til eigin nota ef tekjur hans hrökkva ekki til.

Kaup og sala á eignum o.fl.

69. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis, svo og atvinnufyrirtækis hans. Sama gildir ef ófjárráða manni eru afhentar slíkar eignir án þess að endurgjald komi fyrir. Eignir samkvæmt þessari málsgrein skulu eigi látnar af hendi, nema hinum ófjárráða sé auðsjáanlega hagur að því.

2. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að leigusamningur um fasteign ófjárráða manns sé gildur ef leigusamningur er til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

3. Samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til allra ráðstafana varðandi fjárhald ófjárráða manns sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, miðað við efni hins ófjárráða, svo sem kaup eða sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Veðsetningar og önnur eignarhöft.

70. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign, loftfar, skráningarskylt skip, skráningarskylt ökutæki eða atvinnufyrirtæki í eigu ófjárráða manns. Sama gildir um lagningu veðbanda eða annarra eignarhafta á viðskiptabréf og bankainnstæður og lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að ræða. Samþykki yfirlögráðanda skal því aðeins veitt að hinum ófjárráða sé hagur af ráðstöfuninni.

2. Yfirlögráðanda er einungis heimilt að veita samþykki til ráðstafana skv. 1. mgr. til tryggingar skuldum hins ófjárráða. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi þó samþykkt veðsetningu til tryggingar skuldum lögráðamanns.

3. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Ábyrgð fyrir þriðja mann.

71. gr.

1. Óheimilt er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

2. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

Lán fjármuna.

72. gr.

1. Óheimilt er að lána fé ófjárráða manna nema með samþykki yfirlögráðanda. Lán skal aðeins veita gegn tryggu veði í fasteign. Lánsfjárhæðin má ekki fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar. Yfirlögráðandi veitir því aðeins samþykki sitt að hinum ófjárráða sé hagur af ráðstöfuninni.

2. Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana og má þá krefjast nauðungarsölu veðsins án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

3. Ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir eiga ákvæði þessarar greinar aðeins við þær eignir.

Tilkynningarskylda til yfirlögráðanda.

73. gr.

1. Skylt er öllum þeim sem inna af hendi fjárgreiðslu til lögráðamanns ófjárráða manns, sem er eign hins ófjárráða, að tilkynna yfirlögráðanda ef greiðslan er að fjárhæð 500.000 kr. eða þar yfir.

2. Tilkynningu skv. 1. mgr. skal beina til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn ófjárráða maður á lögheimili í.

VII. KAFLI
Löggerningar ólögráða manna.

Gildissvið.

74. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við bæði þegar maður er ólögráða fyrir ásku sakir og þegar maður hefur verið sviptur lögræði, nema annað leiði af lögum þessum. Hafi maður verið sviptur fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir eiga ákvæði þessa kafla aðeins við um þær eignir.

Ráðstöfunarréttur ófjárráða manns.

75. gr.

1. Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg.

2. Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

3. Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með töldum dánargjöfum, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á um. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

4. Ófjárráða maður ræður einnig með sama hætti því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar.

5. Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla eða fari hinn ófjárráða ráðlauslega með féð getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

6. Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé, svo og verðmætis er í stað þess kemur.

7. Ákvæði þessarar greinar heimila hvorki ófjárráða manni að stofna til skulda né veðsetja þá fjármuni sem þau taka til.

Löggerningar ólögráða manns.

76. gr.

1. Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

2. Nú hefur maður verið sviptur fjárræði, án þess að fjárræðissvipting sé bundin við tilteknar eignir, og binda hann þá ekki löggerningar sem fara í bága við fjárræðissviptinguna og hann gerir eftir birtingu úrskurðar í Lögbirtingablaði. Ef ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. eru gerðar áður en úrskurður er birtur miðast réttaráhrif sviptingarinnar, varðandi eignir sem þar eru greindar, við þær ráðstafanir.

3. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem einungis tekur til tiltekinna eigna, gagnvart grandlausum aðilum, miðast við að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 14. gr.

Riftun samnings ólögráða manns.
77. gr.

1. Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning sem hann skorti heimild til að gera og getur þá hinn aðili samningsins rift honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

2. Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi og getur hann þá ekki rift samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar. Sama gildir ef afla þarf samþykkis yfirlögráðanda.

3. Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar getur hann ekki rift samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

4. Ákvörðun um riftun samnings skal bæði tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum og lögráðamanni hans.

Skilaskylda samningsaðila við ógildingu samnings vegna lögræðisskorts o.fl.
78. gr.

1. Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings og skal þá hvor aðili skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans eftir því sem hér segir:

a. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans sem fyrir hendi voru þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
b. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

2. Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar hans að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

3. Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

Fullnusta í eignum sem fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. tekur til.
79. gr.

Nú stofnar maður, sem sviptur hefur verið fjárræði að því er varðar tilteknar eignir skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara, til skulda eða tekur á sig ábyrgð fyrir þriðja mann, eftir að ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafa verið gerðar, og verður þá ekki leitað fullnustu í þeim eignum hans sem sviptingin tekur til.

VIII. KAFLI
Yfirlögráð.

Yfirlögráðendur.

80. gr.

Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi.

Hlutverk yfirlögráðenda.

81. gr.

1. Yfirlögráðendur skipa lögráðamenn og ráðsmenn.

2. Yfirlögráðendur hafa eftirlit með störfum skipaðra lögráðamanna og ráðsmanna samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir.

3. Yfirlögráðendur sinna enn fremur þeim störfum er þeim eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Gerðabækur yfirlögráðenda.

82. gr.

1. Yfirlögráðendur halda gerðabækur sem hafa að geyma ákvarðanir þeirra samkvæmt lögum þessum

2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslur yfirlögráðenda í gerðabækur.

Málskot.

83. gr.

Stjórnvaldsákvörðun yfirlögráðanda samkvæmt lögum þessum má skjóta til dómsmálaráðherra innan 30 daga frá birtingu hennar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Verðbreytingar.

84. gr.

Fjárhæðir þær sem getið er í 1. mgr. 50. gr., 1. og 4. mgr. 63. gr., 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 73. gr. eru grunnfjárhæðir og er heimilt að láta þær taka árlega sömu hlutfallslegu breytingum og vísitala neysluverðs, í fyrsta skipti 1. janúar 1999. Dómsmálaráðherra skal þá tilkynna um breytingarnar með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Gildistaka.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Brottfallin lög.

86. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lögræðislög, nr. 68/1984, með áorðnum breytingum.

Lagaskil.

87. gr.

1. Kröfu um nauðungarvistun, lögræðissviptingu eða niðurfellingu lögræðissviptingar, sem sett var fram í gildistíð laga nr. 68/1984 og ekki hefur verið leyst úr við gildistöku laga þessara, skal leysa úr samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984, nema sá er kröfu setti fram óski eftir því að úr máli skuli leyst samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. Skyldur lögráðamanna, sem skipaðir hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 eða eldri laga, eru þær sem greinir í lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af dómsmálaráðherra 15. mars 1993. Í nefndinni eiga sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, formaður, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Ritari nefndarinnar er Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá hafa lögfræðingarnir Bragi Björnsson og Stefán Eiríksson aðstoðað nefndina.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að hlutverk hennar sé heildarendurskoðun gildandi lögræðislaga, nr. 68/1984.

Nefndarmenn hafa rætt við fjölmarga um efni frumvarpsins og fengið margvíslegar gagnlegar ábendingar. Sérstaklega ber að nefna að Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari hefur farið yfir frumvarpið í heild sinni og gefið ýmsar ábendingar sem teknar hafa verið til greina. Þá hafa dr. Gunnar Guðmundsson prófessor, sem er trúnaðarlæknir ráðuneytisins skv. 17. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984, og Sigmundur Sigfússon geðlæknir farið yfir III. kafla frumvarpsins um nauðungarvistanir og lýst jákvæðu viðhorfi til þeirra reglna er hann hefur að geyma og gefið gagnlegar ábendingar sem felldar hafa verið í athugasemdir um einstakar greinar kaflans.

Nefndin hafði ráðgert að senda frumvarp þetta fullbúið til umsagnar ýmsum aðilum sem vænta má að hefðu veitt ábendingar um efni þess, en þar sem fyrirsjáanlegt er að slíkt hefði orðið til að tefja framlagningu frumvarpsins á Alþingi gat ekki af því orðið. Nefndin gerir á hinn bóginn ráð fyrir að þetta komi ekki að sök þar sem búast megi við að allsherjarnefnd Alþingis berist umsagnir um frumvarpið.

I. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í II. kafla um sviptingu lögræðis eru mun ítarlegri reglur um meðferð lögræðismála fyrir dómstólum en í gildandi lögum, m.a. með það að markmiði að tryggja betur réttarstöðu þeirra sem krafist er að verði sviptir lögræði. Önnur helstu nýmæli kaflans eru að gert er ráð fyrir að lögræðissvipting geti verið tímabundin og að hún geti eingöngu tekið til tiltekinna eigna þegar um fjárræðissviptingu er að ræða. Eru þessar reglur á því byggðar að ekki sé gengið lengra við sviptingu lögræðis en þörf er á hverju sinni. Þá er nýmæli að unnt sé að svipta mann lögræði til bráðabirgða.
2. Reglur um nauðungarvistanir í III. kafla frumvarpsins eru mun ítarlegri en reglur samsvarandi kafla í gildandi lögum. Meginmarkmið endurskoðunar þeirra reglna er að tryggja betur réttarstöðu nauðungarvistaðs manns en nú er. Lagðar eru til reglur sem eiga að tryggja að vistuðum manni sé kynnt réttarstaða sín, færslu ákvarðana sem hann varða í sjúkraskrá, skipun ráðgjafa honum til handa og meðferð hans í sjúkrahúsi. Enn fremur er mælt fyrir um rétt sjálfráða manns sem vistaður er á sjúkrahúsi til að bera ákvörðun dómsmálaráðuneytis eða læknis og aðrar ákvarðan-

ir um meðferð sem hann er þvingaður til að sæta undir dómstóla. Þá er kveðið á um rétt nauðungarvistaðs manns til bóta ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar o.fl.

3. Í IV. kafla er að finna mikilvæg nýmæli frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að fjárráða menn, sem eiga óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, geti óskað eftir því við yfirlögráðanda að þeim verði skipaður ráðsmaður. Þar er einnig mælt fyrir um nánari skilyrði þessa, um eignir sem afhentar verða ráðsmanni til umsjónar, um réttaráhrif skipunar ráðsmanns, málsmeðferð, hæfi ráðsmanna, heimildir þeirra og skyldur o.fl.
4. Í V. kafla er að finna reglur um lögráðamenn, bæði svonefnda lögborna lögráðamenn og lögráðamenn þeirra sem sviptir hafa verið lögræði. Eru reglur þessar að ýmsu leyti ítarlegri en í gildandi lögum, einkum reglur frumvarpsins um lögborna lögráðamenn.

Í athugasemdum við einstaka kafla, svo og í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, er gerð ítarlegri grein fyrir þeim nýmælum sem þar er að finna.

II. Erlend lögræðislöggjöf.

Nefndin hefur kynnt sér erlenda lögræðislöggjöf, einkum á Norðurlöndunum, og tekið mið af henni. Meginmunurinn á gildandi lögræðislögum hér á landi og hliðstæðum lögum í nágrannaríkjunum er sá að löggjöf þeirra ríkja er mun sveigjanlegri og býður upp á fjölbreytilegri úrræði en íslensk lög. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð byggjast lögræðislög m.a. á eins konar aðstoðarmannskerfum þar sem gert er ráð fyrir að þeir sem ekki geta annast sjálfir um fjármál sín geti fengið sér skipaðan aðstoðarmann. Í slíkum tilvikum er yfirleitt ekki gert ráð fyrir að viðkomandi verði sviptur lögræði og þurfa ráðstafanir sem gerðar eru yfirleitt samþykki hans. Full lögræðissvipting kemur þá aðeins til þegar önnur mildari úrræði eru ekki talin koma að gagni. Í gildandi íslenskum lögræðislögum er aftur á móti byggt á hefðbundinni lögræðissviptingu, eingöngu sjálfræðissviptingu eða eingöngu fjárræðissviptingu, eða hvoru tveggja. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum úrræðum sem skemmra ganga. Um erlenda löggjöf á þessu sviði er nánar fjallað í athugasemdum um IV. kafla.

III. Helstu markmið nefndarinnar.

Það er sjónarmið nefndarinnar að meginókostur gildandi lögræðislaga sé skortur á úrræðum til aðstoðar þeim sem ekki geta annast um mál sín sjálfir. Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er leitast við að skapa aukið svigrúm til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir í ríkari mæli en skilyrði eru til samkvæmt gildandi lögum. Þetta kemur fram í þrennu. Í fyrsta lagi í því að gert er ráð fyrir að unnt sé að tímabinda lögræðissviptingu þannig að hún standi ekki lengur en þörf er á hverju sinni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, þegar um fjárræðissviptingu er að ræða, að hún geti tekið til tilgreindra eigna. Með því er stefnt að því að svipting gangi aldrei lengra en nauðsynlegt er hverju sinni og að viðkomandi haldi fjárræði sínu að öðru leyti. Í þriðja lagi er miðað við að sá sem á óhægt með að ráða málum sínum sjálfur geti fengið sér skipaðan ráðsmann til að annast um fjármál sín.

Sé ráðsmannsúrræðið borið saman við þau aðstoðarmannskerfi sem löggjöf Norðurlandanna er reist á er á því nokkur munur. Hann felst í meginatriðum í því að verði einstaklingi skipaður ráðsmaður er á því byggt í frumvarpinu að viðkomandi einstaklingur missi gerhæfi sitt vegna þeirra eigna sem ráðsmanni verða faldar til umsjónar. Ástæðan

fyrir þessu er sú að reynslan í nágrannaríkjum okkar hefur sýnt að upp geta komið vandamál og ágreiningur um heimildir til ráðstöfunar þegar ráðstöfunarheimildir eru á fleiri en einni hendi eða reglur um slíkar heimildir eru óljósar. Telur nefndin æskilegra að hafa reglur um ráðstöfunarheimildir skýrar og ótvíræðar. Þá lítur nefndin svo á að reglur um hrein aðstoðarmannakerfi, sem ekki geri ráð fyrir neins konar skerðingu á gerhæfi þeirra sem þeirra njóta, eigi ekki heima í lögræðislögum heldur sé þar um að ræða félagsleg úrræði sem heyri undir félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld. Slík aðstoð sé eðli sínu samkvæmt hluti af félags- og heilbrigðisþjónustu hins opinbera eins og hún er skilgreind á hverjum tíma.

IV. Sögulegur bakgrunnur gildandi löggjafar.

Fyrstu heildarlög um lögræði hér á landi voru lög nr. 60 14. nóvember 1917. Í frumvarpi til þeirra laga er ítarlega rakinn sögulegur bakgrunnur þeirra (sbr. Alþingistíðindi A 1917). Er að nokkru stuðst við það sögulega yfirlit hér.

a. Reglur um lögræði fyrir gildistöku laga nr. 60/1917.

Elstu íslensku lagaákvæði um lögráð er að finna í Grágás. Samkvæmt ákvæðum Grágásar urðu karlar fjárráða 16 ára og konur 20 ára. Með lögtöku Járnsíðu var aldurstakmarkið fyrir karla lækkað í 15 ár. Ákvæði Jónsbókar frá 1281 voru síðan gildandi réttur hér á landi í um fimm og hálfa öld, eða nánar tiltekið þar til tilskipun 21. desember 1831, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, tók gildi hér á landi.

Eftir ákvæðum Jónsbókar urðu menn sjálfráðir (persónulega myndugir) 16 ára gamlir (sbr. t.d. kvennagiftingar 16 og Réttarbót 1294, 17) og fjárráða (fjárhagslega myndugir) 20 ára (t.d. kvennagiftingar 2 og 26). Samkvæmt reglum Jónsbókar voru menn annaðhvort að öllu leyti fjár síns ráðandi eða alls ekki.

Samkvæmt Jónsbók var svokallað „hálfræði" óþekkt. Síðar var það innleitt með fyrrgreindri tilskipun frá 21. desember 1831. Með tilskipuninni voru innleidd ákvæði 17. kap. 3. bókar dönsku laga Kristjáns V. Fullræðisaldur um fjármál varð þá 25 ár. Í tilskipuninni var þó gert ráð fyrir að veita mætti körlum leyfi til að verða fullmyndugir um fjármál 22 ára, en þá með tilsjónarmanni. Á þeim tíma sem tilskipun þessi var í gildi hér á landi voru send hingað tvö lagaboð um þessi efni. Hið fyrra var tilskipun 18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra en hið síðara opið bréf 4. janúar 1862 um innkallanir á búum. Í fyrrnefnda lagaboðinu var að finna reglur um meðferð á fjármunum ómyndugra. Þá var að finna ákvæði sem að lögráðum lúta í lögum nr. 3/1900, um fjármál hjóna, og lögum nr. 17/1905, um lögaldursleyfi handa konum. Samkvæmt síðarnefndu lögunum mátti eftirleiðis veita konum lögaldursleyfi með sömu skilmálum og körlum.

b. Lög nr. 60/1917.

Með lögræðislögunum frá 1917 voru gerðar tvær meginbreytingar á íslenskri lögræðislöggjöf. Í fyrsta lagi var þar gert ráð fyrir lækkun fullræðisaldurs um fjármál (fjárræðisaldurs) úr 25 árum í 21 ár og í öðru lagi afnámi hálfræðis. Hið fyrrnefnda var byggt á því að fjárræðisaldurinn væri fullhár. Í fyrsta lagi þótti sem yngra fólk væri fullfært um að annast sjálft fjármál sín, en auk þess væri þetta í samræmi við reglur í nágrannalöndunum. Hið síðara var byggt á því að framkvæmd reglna um tilsjónarmenn hefðu ekki gefist vel. Úrræðið var lítið notað, en enn fremur var vísað til þess að tilsjónarmenn hefðu oft hagað sér sem forráðamenn og með því oftar en ekki spillt eignum viðkomandi í stað þess að varðveita þær. Þá þótti eftirlit með tilsjónarmönnum erfitt.

Auk þeirra tveggja meginbreytinga sem nú voru nefndar voru gerðar aðrar veigaminni breytingar. Má þar nefna að tekin voru upp tvö nýyrði „lögræði“ og „sjálfræði“. Þá var farið að nota orðið „fjárræði“ um þá sem voru fjár síns ráðandi. Þá voru mál til sviptingar lögræðis lögð til dómstólanna, en áður höfðu þau verið í höndum ráðherra.

c. Lögræðislög, nr. 95/1947.

Á árinu 1946 var Þórði Eyjólfssyni þáverandi hæstaréttardómara falið að semja frumvarp til nýrra lögræðislaga. Þótti lögunum frá 1917 í ýmsu ábótavant. Í greinargerð með frumvarpi því sem Þórður samdi (Alþingistíðindi A, 1947) sagði að fyrirmæli þeirra laga, einkum réttarfarsákvæðin, væru óglögg. Þá vantaði í lögin ýmis ákvæði sem sett höfðu verið í lögræðislög annarra landa, svo sem um gildi samninga sem ólögráða maður gerði o.fl. Þá þótti vanta í lögin ákvæði til að tryggja réttarstöðu þeirra sem af hálfu aðstandenda eða almannavalds væru settir til langdvalar á sjúkrahús eða á heilsuhæli þar sem það væri stundum gert gegn vilja viðkomandi manns eða án þess að um vilja hans væri vitað.

Meðal nýmæla í lögum nr. 95/1947 voru nánari ákvæði um skilyrði fyrir sviptingu lögræðis. Sérstök ástæða er til að nefna ákvæði 4. tölul. 5. gr. þar sem sett var sérstök heimild til að svipta mann lögræði, ef talin var nauðsyn á að vista hann á sjúkrahúsi, án samþykkis hans eða á heilsuhæli vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni. Ákvæði af þessu tagi voru þó þekkt í íslenskum rétti fyrir, án þess að sérstök ákvæði væri að finna til tryggingar réttarstöðu vistaðra manna. Má þar nefna lög nr. 57/1909, sbr. lög nr. 3/1898, um aðgreiningu holdsveikra manna frá öðrum mönnum, lög nr. 91/1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, og berklavarnarlög, nr. 66/1939. Í 31. gr. laga nr. 95/1947 var að finna nánari fyrirmæli um framkvæmd nauðungarvistunar. Þar kom fram að auk sjálfræðissviptingar þyrfti fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins til þess að maður, eldri en 16 ára, yrði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja, eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, sbr. 1. mgr. Skv. 3. mgr. mátti dvöl í sjúkrahúsi eða á hæli ekki haldast lengur en þörf krafði.

d. Lögræðislög, nr. 68/1984.

Á árinu 1980 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd til að endurskoða lögræðislög, nr. 95/1947. Í skipunarbréfi þeirrar nefndar var lögð áhersla á að við endurskoðunina yrði sérstaklega hugað að lagareglum í II. kafla laganna um sviptingu lögræðis og brottnám lögræðissviptingar, svo og að réttarstöðu þess sem sætir slíkum aðgerðum. Í því samhengi átti nefndin einnig að athuga reglur 31. gr. laga nr. 95/1947, um nauðungarvistun.

Við endurskoðunina að þessu sinni voru gerðar margvíslegar breytingar á lögunum. Helstu nýmæli komu fram í III. kafla þeirra um nauðungarvistun. Í greinargerð með frumvarpinu kom fram að framkvæmd nauðungarvistunar hafði ekki orðið með þeim hætti sem lögin gerðu ráð fyrir. Var framkvæmdin sú að sviptingarbeiðnin ein var látin nægja, ásamt vottorði læknis og samþykkis dómsmálaráðuneytisins, en dómari tók málið ekki strax til meðferðar, nema sjúklingur óskaði þess sérstaklega. Meginástæðan fyrir þessu var sögð vera tillitssemi við sjúklinginn. Töldu margir að það væri óþarflega harkalegt að aðstandendur þyrftu að láta svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til þess að unnt væri að koma honum á sjúkrahús. Meginverkefni nefndarinnar var að semja reglur sem heimiluðu vistun manns á sjúkrastofnun gegn vilja hans án þess að til sjálfræðissviptingar þyrfti að koma strax. Ákvæði þessa efnis er að finna í III. kafla gildandi laga eins og fyrr segir. Að öðru leyti voru reglur laga nr. 68/1984 um sviptingu lögræðis og skilyrði svipt-

ingar að mestu leyti óbreytt frá því sem lögin frá 1947 gerðu ráð fyrir. Þá voru reglur um löggerninga ólögráða og lögráðamenn lítt breyttar.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í fyrsta kafla frumvarpsins er að finna ákvæði um inntak lögræðis, sjálfræðis og fjárræðis. Þar er jafnframt kveðið á um það hvenær menn öðlast sjálfræði og fjárræði og þar með lögræði.

Á undanförnum árum hefur farið fram talsverð umræða um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir. Skömmu eftir að nefndin tók til starfa árið 1993 óskaði hún eftir umsögnum nokkurra stofnana, félaga og samtaka varðandi þetta álitaefni og óskaði eftir því að rök með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár yrðu reifuð. Svör bárust frá félagsmálastofnunum Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar, Geðlæknafélagi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, Sálfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, barna- og unglingageðdeild Landspítala Íslands og Foreldrasamtökunum. Tveir framangreindra umsagnaraðila tóku beina afstöðu til þess í svörum sínum hvort hækka ætti sjálfræðisaldurinn en fjölmörg rök með og á móti hækkun hans komu fram. Þar sem störf nefndarinnar drógust á langinn var framangreindum aðilum skrifað bréf árið 1996 og þeim gefinn kostur á, ef þeir hefðu einhverju við fyrri umsagnir að bæta, að koma því á framfæri. Þá var auk þess ritað bréf til stofnana og samtaka sem ekki hafði verið leitað álits hjá í upphafi eða höfðu ekki svarað og þeim gefinn kostur á að gefa umsögn varðandi þetta álitaefni. Um er að ræða Barnaheill, Barnaverndarráð, Barnaverndarstofu, Dómarafélagið, Samtökin heimili og skóli, Hið íslenska kennarafélag, Kennarafélag Íslands, Lögmannafélagið, lögreglustjórann í Reykjavík, Samfok, Sýslumannafélagið, umboðsmann barna og unglingaheimili ríkisins. Svör bárust frá Landssamtökunum heimili og skóli, Barnaheillum, Barnaverndarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagsmálastofnun Akureyrarbæjar, Geðlæknafélagi Íslands, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Barnageðlæknafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Kennarasambandi Íslands, félagsmálaráðuneytinu, Lögmannafélaginu, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar. Meiri hluti umsagnaraðila mælti með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og enginn mælti gegn þeirri hækkun.

Athyglisvert er þegar bornar eru saman umsagnir þær sem óskað var eftir árið 1993 og þær sem óskað var eftir 1996 að mun fleiri stofnanir og samtök taka nú afstöðu með hækkun sjálfræðisaldurs.

Auk þess hafði nefndin undir höndum fjölmörg önnur gögn þar sem fram komu rök með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs, til að mynda ýmsar blaðagreinar, umræður á Alþingi um þessi mál, frumvörp til laga um hækkun sjálfræðisaldurs sem lögð voru fram á 120. löggjafarþingi, minnisblað fulltrúa Íslands sem sátu fundi nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og skýrslu og tillögur verkefnisstjórnar til dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum. Hér á eftir verða reifuð helstu rök sem fram hafa komið sem talin eru mæla með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs.

Rök með hækkun sjálfræðisaldurs.

Fram kemur í mörgum af þeim umsögnum sem nefndinni bárust að þjóðfélagsaðstæður hafi breyst mjög á síðustu áratugum. Þorri íslenskra ungmenna búi í foreldrahúsum fram undir tvítugt og njóti stuðnings foreldra sinna. Fyrir þennan stóra hóp hafi sjálfræðið fyrst og fremst táknrænt gildi.

Þá er á það bent að með breyttum tímum, minnkandi atvinnumöguleikum ungmenna og lengri skólagöngu hafi aðstæður þeirra breyst og fæst séu fær um að framfæra sig á eigin spýtur eða reka heimili. Atvinnu, húsnæði og tekjur skorti og þörfin fyrir að ungmenni undirbúi framtíð sína með starfsmenntun eða annarri menntun hafi aukist. Oft hafi ungmenni ekki skilning á þessari nauðsyn og reki sig síðan illilega á það á vinnumarkaðinum.

Á það er bent að hið íslenska fyrirkomulag sé ekki í samræmi við löggjöf í nágrannalöndum okkar, auk þess sem rétt sé að fylgja skilgreiningu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri séu skilgreindir sem börn.

Þá er á það bent að forsjárskyldur falli niður við 16 ára aldur barna, en framfærsluskylda haldist hins vegar til 18 ára aldurs. Þetta misræmi sé óeðlilegt. Einnig er nefnt að á grundvelli barnaverndarsjónarmiða sé rétt að hækka sjálfræðisaldur þar sem barnaverndarnefndir geti ekki haft afskipti af málefni unglings sem náð hefur 16 ára aldri nema með samþykki hans. Þannig geti meðferðarstarf, sem hafið sé fyrir 16 ára aldur, glatast þar sem unglingar rjúfi oft öll tengsl við meðferðaraðila í krafti fengins sjálfræðis. Þá sé auðveldara að beita viðeigandi stuðningsúrræðum í barnaverndarmálum ef sjálfræðisaldurinn verði hækkaður.

Hvað varðar afbrot og vímuefnaneyslu ungmenna á aldrinum 16–18 ára er það nefnt að hækkun sjálfræðisaldurs geri það að verkum að auðveldara verði að ná til og grípa í taumana hjá einstaklingum á þessum aldri ef sjálfræðisaldur verði hækkaður.

Meginrökin fyrir hækkun sjálfræðisaldurs samkvæmt þessu eru breyttar þjóðfélagsaðstæður, þörf fyrir menntun ungmenna og samræmingarsjónarmið hvað varðar alþjóðlega sáttmála og löggjöf í nágrannaríkjum. Þá má nefna barnaverndarsjónarmið og sjónarmið varðandi meðferð ungra vímuefnaneytenda og afbrotamanna.

Rök gegn hækkun sjálfræðisaldurs.

Fram kemur hjá ýmsum sem leitað var álits hjá að með því að hækka sjálfræðisaldur sé verið að svipta stóran hóp ungmenna rétti til að takast á við sjálfsábyrgð og það muni mæta verulegri andstöðu hjá unglingum þar sem ungt fólk vilji taka ákvarðanir í eigin málum. Einnig eru sett fram þau rök að með hækkun sjálfræðisaldurs sé einkum verið að reyna að ná til hóps unglinga sem sé á villigötum vegna neyslu vímuefna eða vegna afbrota, en þetta sé lítill hópur og ekki vænlegt að skerða réttindi allra á þessu aldursskeiði vegna fárra einstaklinga.

Einnig kemur fram að skólaskyldu barna ljúki við 16 ára aldur, og ekki sé óeðlilegt að sjálfræði og skólaskylda fari saman. Þá er það einnig talið hafa ákveðna kosti að ungmenni öðlist sjálfstæði stig af stigi, þ.e. fái fyrst sjálfræði 16 ára og síðan fjárræði og þar með lögræði 18 ára. Það hafi sýnt sig í starfi með ungmennum að oftar en ekki hafi 16 ára aldurinn í för með sér aukna ábyrgð, á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Loks er talið til að skjólstæðingahópur barnaverndarnefnda muni stækka í hlutfalli við auknar skyldur barnaverndaryfirvalda og því þurfi að mæta með fjölgun starfsmanna og úrræða fyrir aldurshópinn 16–18 ára. Fram kemur í umsögn félagsmálaráðuneytisins að búast megi við auknum útgjöldum ríkisins til barnaverndarmála, einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila.

Meginrökin gegn hækkun sjálfræðisaldurs samkvæmt framangreindu eru þessi: Stór hópur einstaklinga verði sviptur réttindum vegna vandamála hjá tiltölulega fáum ungmennum á þessum aldri. Verið sé að koma í veg fyrir að unglingar læri að taka ábyrgð á eigin lífi, í áföngum. Skólaskylda og sjálfræði haldist ekki lengur í hendur. Skjólstæðingahópur barnaverndarnefnda muni stækka sem hafi í för með sér aukinn kostnað.

Önnur atriði.

Í byrjun árs 1996 fóru fulltrúar íslenskra stjórnvalda til fundar við nefnd sem starfar samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna) til þess að ræða fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samningsins hér á landi. Á fundum fulltrúa íslenskra stjórnvalda og nefndarinnar urðu nokkrar umræður um hugtakið „barn“ samkvæmt íslenskum rétti þar sem m.a. kom fram að samkvæmt gildandi lögræðislögum yrðu einstaklingar sjálfráða 16 ára gamlir. Nefndin kom þeim tilmælum til íslensku fulltrúanna að við endurskoðun lögræðislaga yrði sjálfræðisaldur hækkaður í 18 ár. Ekki er hins vegar vikið að þessu í skýrslu nefndarinnar sem hún sendi síðar frá sér.

Í júní 1996 skilaði verkefnisstjórn dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum skýrslu og tillögum sínum til dómsmálaráðherra. Í skýrslunni segir um þetta atriði:

„Mikið hefur verið rætt um þörfina á því að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár, ekki síst þar sem erfiðlega reynist að fá ungmenni 16–18 ára í fíkniefnameðferð nema með þvingunaraðgerðum. Í langflestum nágrannalöndum okkar er sjálfræðisaldurinn 18 ár. Verkefnisstjórnin hefur rætt hver sjálfræðisaldur skuli vera og er sammála þeim sem leggja til að aldurinn verði hækkaður í 18 ár.“

Tillögur verkefnisstjórnarinnar eru í átta liðum. Í tillögu 4 er vikið að breytingum sem gera þurfi á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þar segir um gildandi lögræðislög:

„Dómsmálaráðherra beini þeim tilmælum til nefndar sem vinnur að endurskoðun lögræðislaga, nr. 68/1984, með síðari breytingum, að hún undirbúi breytingar á lögunum þannig að sjálfræðisaldur og fjárræðisaldur verði hinn sami, 18 ár. Lagabreytingartillögur nefndarinnar liggi fyrir strax í haust svo að dómsmálaráðherra megi leggja tillögu um hækkun sjálfræðisaldurs fyrir haustþing 1996.“

Eins og að framan er reifað hafa mikilvæg rök verið fram borin bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs. Nefndin tekur ekki afstöðu til þessa álitaefnis og taldi því rétt að ganga þannig frá málinu að semja tvö frumvörp sem eru efnislega eins að öðru leyti en því er varðar þetta álitaefni. Í þessu frumvarpi er miðað við að sjálfræðisaldur verði óbreyttur, þ.e. að hann miðist við 16 ár. Þar sem nefndinni er kunnugt um að skiptar skoðanir eru á Alþingi um hvort hækka beri sjálfræðisaldurinn eða ekki eru hér reifaðar hugmyndir nefndarinnar um þær lagabreytingar sem hún telur eðlilegt að hugað verði að við skoðun á því hvort hækka beri sjálfræðisaldur í 18 ár.

Breytingar á ákvæðum laga ef hækkun sjálfræðisaldurs verður lögfest.

Nefndin telur ekki *nauðsynlegt* ef svo fer að sjálfræðisaldur verði hækkaður að gera breytingar á öðrum lögum. Hins vegar telur nefndin *eðlilegt* ef svo verður að tekin verði til athugunar nokkur atriði í löggjöfinni sem þessu tengjast. Nefndin telur með tilliti til markmiða breytingar á sjálfræðisaldri, ef af verður, að einnig verði tekið til athugunar hvort ekki séu samsvarandi efnisrök til breytinga á ákvæðum eftirfarandi laga:

I. Að 6. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, verði breytt á þann veg að börn verði sjálfstæðir skattaðilar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er.
II. Foreldrum verði greiddar barnabætur til 18 ára aldurs, sbr. 69. gr. laga nr. 75/1981.
III. Ákvæði 3. gr. laga nr. 18/1975, um trúfélög, verði þannig að einstaklingar 18 ára og eldri geti tekið ákvörðun um að ganga í trúfélag.
IV. Réttur til atvinnuleysisbóta miðist við 18 ára aldur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993.
V. Ýmis réttindi til bóta samkvæmt almannatryggingalögum miðist við 18 ára aldur, svo sem réttur til örorkulífeyris, réttur til slysabóta vegna íþróttaiðkunar og réttur barnatil að vera sjúkratryggð með foreldrum sínum og réttur til endurgreiðslu kostnaðar af almennum tannlækningum.

Eftirfarandi lagaákvæðum telur nefndin ekki ástæðu til að breyta í tengslum við hækkun sjálfræðisaldurs, ef af verður, enda tengjast aldursmörk í viðkomandi lögum ekki endilega sjálfræðisaldri:

I. Ákvæði um aldur í lögum um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, nr. 25/1975, og í lögum nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.
II. Ákvæði um aldur varðandi rétt til upplýsinga hjá lækni, sbr. 10. gr. læknalaga, nr. 53/1988.
III. Ákvæði um aldur varðandi rétt til að stjórna bifreið, sbr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.
IV. Ákvæði um aldur varðandi rétt barna til að tjá sig, sbr. ákvæði barnalaga, nr. 20/1992, laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, og laga um mannanöfn, nr. 45/1996.
V. Ákvæði um aldur varðandi rétt barns til þess að fulltrúi eða starfsmaður barnaverndarnefndar sé viðstaddur yfirheyrslur yfir því, sbr. ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, og 4. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.
VI. Ákvæði um sakhæfisaldur, sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. segir að sjálfráða verði menn 16 ára og í 2. mgr. að fjárráða verði menn 18 ára. Þá segir í 3. mgr. að maður sem er sjálfráða og fjárráða sé lögráða. Ákvæði þessi eru í samræmi við 1. gr. gildandi lögræðislaga.

Í 4. mgr. kemur fram að stofni ólögráða maður til hjúskapar sé hann lögráða upp frá því. Ákvæði þetta er í samræmi við 2. gr. gildandi lögræðislaga. Í 7. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, segir að karl og kona megi stofna til hjúskapar þegar þau hafi náði 18 ára aldri, en dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti veitt yngra fólki leyfi til að ganga í hjúskap. Ákvæði 4. mgr. var fyrst í lögræðislögum, nr. 95/1947. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum segir að það verði að teljast óeðlilegt að hjón séu undir forráðum foreldra sinna eða annarra. Í 4. mgr. er tekið

fram að þetta eigi við um þá sem ólögráða eru fyrir aldurs sakir, en það þýðir að ef maður, sem sviptur hefur verið lögræði, gengur í hjónaband öðlast hann ekki lögræði á ný við giftinguna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. er samhljóða 12. gr. gildandi lögræðislaga. Í því felst meginreglan um inntak sjálfræðis. Samkvæmt því ræður sjálfráða maður öðru en fé sínu, þ.e. persónulegum högum sínum. Af því leiðir enn fremur þá meginreglu að hann ræður ekki meðferð og ráðstöfun þeirra eigna sinna sem teljast hafa fjárgildi.

Með fyrirvaranum um að lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg er í fyrsta lagi vísað til heimilda í lögræðislögum um nauðungarvistun, án sviptingar sjálfræðis, og í öðru lagi til ákvæða lögræðislaga um heimildir ófjárráða manna til að ráða sjálfsaflafé sínu og gjafafé. Rétt er þó að fram komi að þær síðarnefndu eru ekki bundnar við að maður sé sjálfráða.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. er samhljóða 20. gr. gildandi lögræðislaga. Í því felst meginreglan um að fjárráða maður ráði fé sínu. Hér er því lögmælt hæfi fjárráða manns til að ráða sjálfur meðferð og ráðstöfun eigna sinna. Nánar felst í þessu tvennt: Í fyrsta lagi að hann ræður sjálfur með hvaða hætti hann notar eða nýtir sér eignir sínar án löggernings, lausar eða fastar, og í öðru lagi ræður hann ráðstöfun þeirra með löggerningi í lifanda lífi. Fyrirvarinn í ákvæðinu um að lög mæli sérstaklega á annan veg vísar til tvenns. Í fyrsta lagi almennt til lagaákvæða sem setja eignarráðum manna takmörk. Slík ákvæði eru víða í lögum og ekki ástæða til að tíunda þau hér. Lagaákvæði af þessu tagi setja eigendum margvíslegar skorður varðandi nýtingu og ráðstöfun eigna sinna. Þessar takmarkanir eru almennar og eru óháðar því hvort maður er fjárráða eða ekki. Í öðru lagi er hér vísað til ákvæða í frumvarpi þessu um ráðsmenn þar sem mögulegt er að setja nýtingar- og ráðstöfunarrétti manns skorður að því er varðar eignir sem afhentar hafa verið ráðsmanni til umsjónar þótt viðkomandi sé ekki sviptur fjárræði.

Um II. kafla.

Í II. kafla er fjallað um sviptingu lögræðis. Kaflinn er að stofni til svipaður II. kafla gildandi lögræðislaga, en í frumvarpinu er einnig að finna mikilsverðar nýjungar auk þess sem málsmeðferðarreglur þess eru mun ítarlegri en málsmeðferðarreglur gildandi laga.

Samkvæmt gildandi lögum er unnt að svipta mann lögræði, sjálfræði eða fjárræði einu sér eða hvoru tveggja, að uppfylltum þeim skilyrðum sem rakin eru í 3. gr. Hvorki er hins vegar að finna heimild í gildandi lögum til að svipta mann fjárræði sínu einungis varðandi tilteknar eignir, né er unnt að svipta mann lögræði, sjálfræði eða fjárræði, tímabundið.

Í samræmi við það meginmarkmið sem stefnt er að með frumvarpi þessu, að aldrei skuli gengið lengra en nauðsyn þykir bera til við skerðingu þeirra mannréttinda hvers manns að fara með sjálfræði sitt og fjárræði, er lagt til að heimilt verði að svipta mann fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir hans og enn fremur að unnt verði að svipta mann lögræði, sjálfræði eða fjárræði, tímabundið. Hvílir því á dómara skylda til að meta mál hvers einstaklings sérstaklega og að ganga aldrei lengra við sviptingu lögræðis en nauðsyn þykir bera til hverju sinni. Nánar er fjallað um þetta efni í athugasemdum um 5. gr. hér á eftir.

Í frumvarpinu er einnig að finna mun ítarlegri reglur um meðferð lögræðissviptingarmáls fyrir dómi en eru í gildandi lögum. Ekki er þó gert ráð fyrir að um veigamiklar breytingar verði að ræða á framkvæmd þessara mála fyrir dómi.

Lögð er áhersla á að með sviptingu lögræðis manns, hvort sem um er að ræða sjálfræði eða fjárræði, er það grundvallarsjónarmið að sviptingin og síðan skipun lögráðamanns eigi að vera hinum svipta til farsældar og vernda hagsmuni hans.

Um 4. gr.

Greinin er að talsverðu leyti samhljóða 3. gr. gildandi lögræðislaga. Fyrirmynd þess ákvæðis var í 5. gr. lögræðislaganna frá 1947. Þó hafa verið gerðar eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum:

Í upphafi greinarinnar er sérstaklega tekið fram að maður verði aðeins sviptur lögræði með úrskurði dómara. Þetta er að sjálfsögðu í samræmi við gildandi lög, en er nú tekið fram á skýran og ótvíræðan hátt.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 3. gr. gildandi laga er fellt brott. Samkvæmt því er heimilt að svipta mann lögræði ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir sem eru í umráðum hans. Þetta ákvæði hefur aldrei verið notað sem grundvöllur lögræðissviptingar svo vitað sé. Þykir því ekki vera þörf fyrir það auk þess sem deila má um hvort sú breytni sem þar er lýst eigi ein og sér að geta verið grundvöllur sviptingar, án þess að önnur ákvæði sem varða andlegt eða líkamlegt heilbrigði eigi við um viðkomandi.

Ákvæði c-liðar 1. mgr. 3. gr. gildandi laga er einfaldað, sbr. b-lið 4. gr. Hér er lagt til að eingöngu sé miðað við að viðkomandi sé ekki fær um vegna ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Fellt er brott ákvæði um að viðkomandi sé öðrum til byrði, vanræki framfærsluskyldur sínar eða raski þráfaldlega opinberum hagsmunum. Þetta telst úrelt og ekki eiga að geta verið grundvöllur lögræðissviptingar. Er því lagt til að þetta verði fellt úr lögræðislögum.

Ákvæði 4. gr. er að öðru leyti að mestu í samræmi við 3. gr. gildandi laga. Þar er gert ráð fyrir að unnt sé að svipta mann lögræði að öllu leyti, eingöngu sjálfræði eða eingöngu fjárræði.

Um einstaka liði 4. gr.:

A-liður 4. gr. er að mestu leyti samhljóða a-lið 1. mgr. 3. gr. gildandi laga. Samkvæmt þessum lið geta ástæður lögræðissviptingar verið andlegir annmarkar, þ.e. andlegur vanþroski, ellisljóleiki, geðsjúkdómur eða annars konar alvarlegur heilsubrestur. Með lokaorðum a-liðar 4. gr. „annars konar alvarlegs heilsubrests“, sem er nýmæli í lögræðislögum, er átt við ýmiss konar sjúkdóma eða ástand sjúklings, svo sem vegna heilablæðingar eða heilarýrnunar, eða annars konar heilasköddunar af völdum slyss eða sjúkdóms. Lögræðissvipting verður ekki reist á þessum ástæðum nema fyrir liggi vottorð læknis um andlegt heilsufar þess sem krafa um lögræðissviptingu beinist gegn, nema í algjörum undantekningartilvikum. Auk þess hvílir sjálfstæð rannsóknarskylda á dómara við meðferð lögræðissviptingarmála ef þörf krefur samkvæmt öllum töluliðum þessarar greinar eins og nánar er reifað aftar í þessum kafla.

B-liður er að nokkru leyti samhljóða c-lið 1. mgr. 3. gr. gildandi laga sem aftur er að rekja til 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. lögræðislaganna frá 1947. Samkvæmt því getur ofneysla og fíkn manns í áfengi eða ávana- og fíkniefni verið grundvöllur sviptingar. Lestir þessir verða að vera á því stigi að maður sé af þeirra völdum ófær um að ráða sjálf-

ur persónulegum högum sínum eða fé. Til grundvallar sviptingu skal ef þess er nokkur kostur liggja vottorð læknis og eftir atvikum lögregluskýrslur.

C-liður er samhljóða e-lið 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, sbr. og 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna frá 1947. Í þessu ákvæði er byggt á því að maður eigi vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda óhægt með að ráða högum sínum og óski sjálfur eftir sviptingu af þeim sökum. Þrátt fyrir að maður óski sjálfur eftir sviptingu fer fram sjálfstæð könnun á því hvort skilyrðum ákvæðisins er að öðru leyti fullnægt.

D-liður er samhljóða d-lið 1. mgr. 3. gr. gildandi laga. Nefndin íhugaði að fella niður heimild til að svipta menn lögræði á þessum grundvelli þar sem í frumvarpi til sóttvarnarlaga sem lagt var fram á 120. löggjafarþingi, 160. máli, þingskjali 194, var að finna sérstaka heimild til að flytja menn, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum, nauðuga á sjúkrastofnun til einangrunar. Það frumvarp hefur hins vegar ekki náð fram að ganga og því ekki talið rétt að fella þessa heimild úr lögræðislögum að svo stöddu.

Þörf lögræðissviptingar.

Maður verður ekki sviptur lögræði sínu, hvorki sjálfræði né fjárræði, nema þörf sé sviptingar. Þetta er nú skýrt tekið fram í upphafi 4. gr. en við það mun hafa verið miðað í lögræðissviptingarmálum fram til þessa þótt það hafi ekki verið orðað sérstaklega í lögræðislögum.

Meta ber þörf lögræðissviptingar í hverju einstöku tilviki. Það mat er upphaflega hjá þeim sem átt geta aðild að lögræðissviptingarmáli og síðan, ef krafa um sviptingu er borin fram við dómstól, hjá dómara þeim sem með málið fer. Alkunna er að ekki eru allir þeir sviptir lögræði sem uppfylla skilyrði 3. gr. gildandi lögræðislaga þar sem ekki er talin þörf sviptingar í öllum tilvikum. Ekki er t.d. víst að þörf sé á fjárræðissviptingu þótt maður sé ófær um að ráða fé sínu, t.d. vegna ellisljóleika, ef eignir hans eru tiltölulega litlar og ekki er þörf á staðgöngumanni til að gera löggerninga fyrir hans hönd. Sama á við ef maður, sem uppfyllir sömu skilyrði til fjárræðissviptingar, hefur gefið öðrum gilt umboð til að fara með fjármál sín og skiptir þá ekki máli hvort eignir hans eru litlar eða miklar. Þegar litið er til þeirra sem ekki eru færir um að ráða persónulegum högum sínum, vegna t.d. andlegs vanþroska, má fullyrða að þeir njóta í mörgum tilvikum aðstoðar og aðhlynningar náinna vandamanna eða hjúkrunarfólks eða annars starfsfólks á stofnunum sem þeir eru vistaðir á með samþykki sínu. Við þessar aðstæður er oft ekki þörf á sjálfræðissviptingu.

Ekki er unnt að afmarka þörf lögræðissviptingar í lögum og getur hún jafnvel tekið breytingum miðað við það hvaða þjónusta og annar aðbúnaður er í boði af hálfu hins opinbera fyrir þá sem minni máttar eru. Reynslan verður því að leiða í ljós hvernig dómstólar meta skilyrði 4. gr. frumvarpsins um þörf lögræðissviptingar.

Vanhæfi þess sem krafist er að verði sviptur lögræði sínu til þess að ráða persónulegum högum sínum eða fé.

Til viðbótar því skilyrði að þörf sé á lögræðissviptingu verður þeim skilyrðum að vera fullnægt í málum skv. a- og b-liðum 4. gr. að viðkomandi sé ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum í málum vegna kröfu um sjálfræðissviptingu og ekki fær um að ráða fé sínu í málum til fjárræðissviptingar.

Mat á því hvort hæfi viðkomandi er svo skert að lögræðissviptingar sé þörf er að sjálfsögðu einnig í höndum dómara sem með mál fer. Ekki er nauðsynlegt að viðkomandi sé algjörlega ófær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, en gera verður þá

kröfu að um veruleg frávik frá eðlilegu ástandi sé að ræða. Þá verður ekki gerð ófrávíkjanleg krafa um að ástand viðkomandi sé samfellt með þeim hætti að hann sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé. Þannig getur til dæmis verið réttlætanlegt og í þágu sjúklings að svipta hann sjálfræði sínu vegna alvarlegs geðsjúkdóms til þess að koma megi við nauðsynlegri læknishjálp meðan á alvarlegum og tíðum geðsveiflum stendur þótt heilsa hans sé betri og hann fær um að ráða persónulegum högum sínum þess á milli.

Við sviptingu fjárræðis eru einkum tvö sjónarmið sem að baki búa. Annars vegar er það verndarsjónarmið gagnvart hinum svipta, þ.e. einkum til að koma í veg fyrir að óvandaðir samferðamenn notfæri sér veikleika hans í því skyni að hafa af honum fé, og reyndar einnig verndarsjónarmið sem lúta að grandlausum viðsemjendum hans. Hins vegar er það sjónarmið að bæta úr þörf sem skapast þegar taka þarf lögmætar ákvarðanir um fjármuni manns sem ekki er fær um að gera það sjálfur, t.d. að selja hús hans eða reka fyrirtæki hans.

Ef maður óskar sjálfur eftir að verða sviptur lögræði skv. c-lið 4. gr. er slakað á kröfum þeim sem gerðar eru til vanhæfis hans til að ráða persónulegum högum sínum eða fé, sbr. orðalagið „á óhægt með“. Með því að lögleiða ráðsmannsskipan skv. IV. kafla má ætla að sjaldgæft verði að menn óski eftir að verða sviptir fjárræði sínu fyrir dómi, eins og nánar er fjallað um annars staðar í athugasemdum þessum, og sjaldgæft er að menn óskir sjálfir eftir að vera sviptir sjálfræði sínu, sbr. töflu VI. Engu að síður þykir rétt að halda því úrræði í lögræðislögum að menn geti sjálfir borið fram slíkar kröfur, enda geta þeir átt ríka hagsmuni af því að fá sér skipaða lögráðamenn.

Vanheilsa þess sem krafist er að verði sviptur lögræði.

Til þess að tryggja réttaröryggi og í því skyni að dómsúrlausnir í lögræðissviptingarmálum verði samræmdar er lagt til að eftir sem áður skuli lögræðissvipting bundin við ákveðin læknisfræðileg skilyrði.

Með orðunum „andlegur vanþroski“ í a-lið 4. gr., sem er óbreytt orðalag a-liðar 3. gr. gildandi lögræðislaga, er einkum átt við alvarlega þroskahefta menn.

Geðsjúkdómar eru algengar ástæður lögræðissviptinga. Varðandi geðsjúkdóma vísast til þess sem um þá segir í athugasemdum með III. kafla um nauðungarvistanir í sjúkrahúsum. Á það er þó bent að geðsjúkdómur þarf ekki að vera á jafnalvarlegu stigi til þess að geta verið grundvöllur lögræðissviptingar og til þess að vera grundvöllur samþykkis dómsmálaráðuneytisins til nauðungarvistunar, enda segir í 2. mgr. 19. gr. um skilyrði nauðungarvistunar að til þurfi að koma „alvarlegur geðsjúkdómur“ o.s.frv. Ástæður þessa eru þær að ákvarðanir ráðuneytisins eru stjórnvaldsákvarðanir sem taka ber svo fljótt sem við verður komið, enda er sjúklingur oft talinn sjálfum sér og öðrum hættulegur og ávallt í brýnni þörf fyrir læknismeðferð þegar í stað. Þeim úrræðum sem við verður komið fyrir dómi til rannsóknar lögræðissviptingarmáls er þannig fæstum fyrir að fara í nauðungarvistunarmálum. Um þetta er nánar fjallað í athugasemdum um 11. gr. og III. kafla frumvarpsins.

Eins og fram kemur í b-lið 4. gr. er lagt til að eftir sem áður verði unnt að svipta mann lögræði vegna ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna. Áður er fram komið að lestir þessir verða að vera á háu stigi og hefur reynslan sýnt að þörf getur verið sviptingar af þessum ástæðum til þess að skipa megi viðkomandi lögráðamann til að gæta hagsmuna hans.

Þegar maður óskar sjálfur eftir að verða sviptur lögræði skv. c-lið 4. gr. er ekki aðeins slakað á kröfunni um vanhæfi hans til að ráða persónulegum högum sínum eða fé, heldur eru einnig gerðar minni kröfur til hinna læknisfræðilegu skilyrða. Vanheilindi samkvæmt þessum lið geta bæði verið af líkamlegum og andlegum toga, en ávallt verður að gera þá kröfu að viðkomandi geri sér grein fyrir þýðingu sviptingarinnar.

Eins og að framan hefur verið reifað og rétt er að leggja sérstaka áherslu á verður lögræðissviptingu manns, að ósk annars en hans sjálfs, ekki við komið nema öllum skilyrðum 4. gr. sé fullnægt, þ.e. þörfinni á lögræðissviptingu, vanhæfi hans til þess að ráða persónulegum högum sínum eða fé og að hið læknisfræðilega skilyrði sé til staðar. Hér gilda þó sérreglur ef krafa um lögræðissviptingu er reist á d-lið 4. gr.

Til fróðleiks fylgja hér þrjár töflur með tölfræðilegum upplýsingum. Í fyrstu töflunni er að finna tölur um fjölda dómsmála tímabilið 1. júlí 1984 til 31. desember 1995, þar sem menn hafa verið sviptir sjálfræði, fjárræði eða lögræði. Í annarri töflunni koma fram ástæður sviptingar skv. 1. mgr. 3. gr. gildandi lögræðislaga og í þeirri þriðju er að finna tilgreindar ástæður sviptingar skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. gildandi lögræðislaga:

TAFLA I
Fjöldi dómsmála.

Ár	Sjálfræði	Fjárræði	Lögræði	Samtals
1984	1	3	0	4
1985	5	5	3	13
1986	7	2	1	10
1987	4	8	2	14
1988	5	12	4	21
1989	6	12	2	20
1990	12	9	2	23
1991	7	15	3	25
1992	5	16	4	25
1993	9	15	5	29
1994	7	11	4	22
1995	7	12	5	24
Samtals	**75**	**120**	**35**	**230**

TAFLA II
Ástæður sviptingar skv. 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

Ár	a-liður	b-liður	c-liður	d-liður	e-liður	u. vantar[1]
1984	4	0	0	0	0	0
1985	11	0	0	1	1	1
1986	8	1	1	0	2	0
1987	12	2	1	1	0	1
1988	17	1	3	0	1	1
1989	18	1	1	0	0	0
1990	20	2	5	0	1	0
1991	22	0	1	0	3	0
1992	21	2	3	0	1	0
1993	23	0	7	0	0	0
1994	20	2	1	0	1	0
1995	19	0	5	1	1	0
Samtals[2]	**195 -78%**	**11 - 4,5%**	**28 - 11%**	**3 - 1%**	**11 - 4,5%**	**3 - 1%**

[1] Upplýsingar vantar.

[2] Í mörgum tilfellum er í úrskurði vísað í fleiri en einn lið í 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga. Hér er því samtalan 251 en heildarfjöldi mála er 230.

TAFLA III
Ástæður sviptingar skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

Ár	andl. vanþ.	ellisljóleiki	geðsjúkd.	annað	samtals*
1984	0	2	2	0	4
1985	6	0	5	0	11
1986	2	1	6	0	9
1987	4	2	3	3	12
1988	5	7	3	2	17
1989	6	3	5	5	19
1990	2	3	13	4	22
1991	4	9	7	4	24
1992	7	6	7	2	22
1993	7	3	7	7	24
1994	3	3	5	9	20
1995	3	7	4	6	20
Samtals*	**49**	**46**	**67**	**42**	**204***

* Niðurstaðan í þessum lið stemmir ekki við niðurstöðutölur úr fyrri töflu þar sem fram kemur að vísað hafi verið í a-lið í 195 úrskurðum af þeim 230 sem upp voru kveðnir á umræddu tímabili. Hér er talan önnur, þ.e. 204, þar sem fyrir kemur að vísað er í tvo undirliði í greininni, t.d. bæði andlegan vanþroska og geðsjúkdóm. Undir liðinn annað falla aðrar tilvísanir en þær sem klárlega rúmast í upptalningunni í a-lið 1. mgr. 3. gr. lögræðislaga, t.d. heilabilun, heiladrep, hrörnunarsjúkdómur, líkamleg fötlun, heilablóðfall, blinda, heilaæðasjúkdómur, áfall, heilsuskortur og áverkar eftir slys (höfuðhögg og blæðingar).

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. er nýmæli. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að svipta megi mann lögræði tímabundið og í 2. mgr. er að finna heimild til að svipta mann fjárræði einungis varðandi tilteknar eignir. Ákvæði 1. mgr. tekur bæði til sviptingar sjálfræðis og fjárræðis.

Í gildandi lögræðislögum er byggt á því að lögræðissvipting, hvort sem um er að ræða eingöngu sjálfræðissviptingu, eingöngu fjárræðissviptingu eða hvort tveggja, sé ávallt ótímabundin. Í samræmi við það fá lögræðissviptir einstaklingar ekki lögræði aftur nema dómari felli lögræðissviptingu niður samkvæmt beiðni. Telja verður að gild rök hnígi að því að sett verði í lög ákvæði sem heimila að lögræðissvipting verði tímabundin eins og áður hefur verið vikið að. Nefna má að ótímabundin svipting lögræðis felur í sér mjög afdrifaríka skerðingu á grundvallarréttindum fulltíða einstaklings til að ráða sér og málefnum sínum sjálfur. Með því að heimila að hægt verði að tímabinda lögræðissviptingu er dómara skapað svigrúm til að ákveða að sviptingin skuli ekki standa lengur en nauðsynlegt virðist vera á þeim tíma sem úrskurður er kveðinn upp. Heimild til tímabundinnar sviptingar felur því í sér mildara úrræði en svipting til frambúðar og aukið réttaröryggi fyrir þann sem krafa um sviptingu beinist gegn. Einnig má nefna að lögræðissvipting, og þá sérstaklega sjálfræðissvipting, er oft liður í því að skapa grundvöll til að koma mönnum í meðferð á sjúkrastofnunum, t.d. vegna geðsjúkdóms, ofdrykkju eða misnotkunar ávana- og fíkniefna. Við þessar aðstæður getur verið heppilegra að ákveða að svipting skuli tímabundin þar sem í mörgum tilfellum má gera ráð fyrir að viðkomandi verði samvinnuþýðari í meðferðinni ef hann sér fyrir endann á vist sinni og fyrir liggur að hann muni fá lögræði sitt sjálfkrafa að nýju að þeim tíma liðnum sem ákveðinn hefur verið. Leggja ber áherslu á að skilyrði tímabundinnar lögræðissviptingar eru nákvæmlega þau sömu og ótímabundinnar. Möguleikinn á að tímabinda sviptingu á því ekki að fela í sér að slakað verði á kröfum um að skilyrði fyrir sviptingu séu örugglega uppfyllt. Þar sem um er að ræða afdrifaríka skerðingu á grundvallarmannréttindum leiða almenn lögskýringarviðhorf til þess að ákvæðin ber að skýra þröngt. Rétt þykir að sömu reglur gildi um sóknaraðild þótt eingöngu sé krafist tímabundinnar sviptingar.

Í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir að tímabundin svipting sé ekki ákveðin styttri en sex mánuðir í senn. Með því er lögð áhersla á að úrræðinu verði almennt ekki beitt nema fyrirsjáanlegt sé að þess sé þörf um einhvern tíma. Hér er einnig höfð hliðsjón af sex mánaða reglunni sem fram kemur í 1. mgr. 9. gr. gildandi laga, sbr. 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

Rétt þykir að taka sérstaklega fram í ákvæðinu að maður, sem sviptur hefur verið lögræði tímabundið, öðlist sjálfkrafa lögræði að þeim tíma liðnum sem ákveðinn hefur verið í úrskurði. Ef talin er þörf á að framlengja lögræðissviptingu verður það ekki gert nema með annaðhvort ótímabundnum eða tímabundnum úrskurði dómara í nýju lögræðissviptingarmáli. Um rekstur slíks máls gilda sömu reglur og um rekstur lögræðismála endranær. Um niðurfellingu tímabundinnar sviptingar með úrskurði dómara gilda sömu reglur og þegar um ótímabundna sviptingu er að ræða, enda verði hennar ekki lengur talin þörf. Sérreglu er að finna í 2. mgr. 15. gr. varðandi niðurfellingu tímabundinnar sviptingar sem ákveðin er í tólf mánuði eða skemur, en þar segir að dómara sé óskylt að taka kröfu um niðurfellingu til meðferðar nema helmingur tímans sé liðinn hið skemmsta.

Í 2. mgr. 5. gr. er lagt til að heimilað verði að svipta mann fjárræði einungis varðandi tilteknar eignir hans. Hér er einnig um nýmæli að ræða. Varðandi skýringar á þeim eignum sem taldar eru upp í a-, b- og c-liðum 2. mgr. er vísað til þess er segir um eign-

ir þessar í athugasemdum um 35. gr. er mælir fyrir um heimild til að fela ráðsmanni umsjón sams konar eigna. Röksemdir fyrir þessu nýmæli eru af svipuðum meiði og raktar hafa verið varðandi tímabundna lögræðissviptingu. Hér er um vægara úrræði að ræða en allsherjarsviptingu fjárræðis. Benda má á að skv. 3. mgr. 14. gr. er ráð fyrir því gert að niðurstöðu úrskurðar dómara um sviptingu fjárræðis, sem ekki er bundin við tilteknar eignir, skuli birta í Lögbirtingablaði eins og lögskylt er samkvæmt gildandi lögræðislögum, en þegar um sviptingu fjárræðis varðandi tilteknar eignir er að ræða, til að mynda fasteign, er einungis skylt að þinglýsa úrskurði dómara á viðkomandi eign eða grípa til annarra þeirra ráðstafana sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 14. gr. Svipting lögræðis skal ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni, sbr. 1. mgr. 12. gr., og getur hann því úrskurðað að fjárræðissvipting taki aðeins til nánar tilgreindra eigna þótt krafist hafi verið allsherjarsviptingar fjárræðis eða að svipting verði tímabundin þótt krafist hafi verið ótímabundinnar sviptingar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 5. gr. skapa ákveðið svigrúm til að haga sviptingu að því er varðar umfang hennar og tímalengd til samræmis við þarfir í hverju einstöku tilfelli. Með því móti er tekið tillit til megingagnrýni á núverandi kerfi sem þótt hefur ósveigjanlegt og ekki til þess fallið að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir.

Réttaráhrif takmarkaðrar fjárræðissviptingar eru þau að hlutaðeigandi einstaklingur er sviptur rétti til þess að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem fjárræðissviptingin tekur til. Að öðru leyti heldur hann fjárræði sínu og ræður því einn öðru fé sínu.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Með 6. gr. er lagt til það nýmæli að svipta megi mann lögræði til bráðabirgða þar sem reynslan hefur sýnt að þörf er á að unnt sé að beita slíku úrræði.

Í 1. mgr. er tekið fram, að skilyrði lögræðissviptingar skv. 4. gr. þurfi að þykja vera fyrir hendi og að brýn þörf sé á lögræðissviptingu þegar í stað. Enn fremur er nauðsynlegt að krafa hafi verið borin fram fyrir sama dómstóli um lögræðissviptingu sem ekki er ætlað að vera til bráðabirgða, en sú krafa getur hvort sem er lotið að sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis, tímabundinnar eða ótímabundinnar, eða einungis að sviptingu fjárræðis að því er varðar tilteknar eignir. Með þessu á að vera tryggt að máli verði fram haldið með þeim hætti sem í frumvarpinu er mælt fyrir um svo fljótt sem verða má þannig að svipting til bráðabirgða standi ekki lengur en nauðsynlegt er.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ákvæði II. kafla skuli gilda um mál til sviptingar lögræðis til bráðabirgða með þeim undantekningum sem þar greinir. Til þess að ákvæði 6. gr. nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að unnt sé að víkja frá þeim reglum ef nauðsyn krefur.

Ákvæði 3. mgr. um að ákvörðun um sviptingu lögræðis til bráðabirgða skuli tekin með úrskurði sem skjóta megi til Hæstaréttar er til áréttingar um þessi atriði þar sem þetta heyrir einnig undir 1. málsl. 2. mgr. Þykir rétt til áherslu að taka þetta fram í ákvæðinu.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um með hvaða hætti lögræðissviptingu til bráðabirgða ljúki. Eðli málsins samkvæmt er nauðsynlegt að skýrar reglur gildi um brottfall úrskurðar um lögræðissviptingu til bráðabirgða og er ekki þörf frekari skýringa um þetta efni.

Í 5. mgr. er kveðið á um að réttaráhrif lögræðissviptingar eigi við um lögræðissviptingu til bráðabirgða og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Ákvæði 7. gr. er að mestu leyti samhljóða 5. gr. gildandi lögræðislaga, en hún var aftur að mestu leyti samhljóða 7. gr. lögræðislaganna frá 1947.

Helstu breytingarnar eru þær að í 1. og 2. mgr. 7. gr. eru hugtökin varnaraðili og sóknaraðili í lögræðissviptingarmáli skilgreind. Þá er c-liður 1. mgr. 5. gr. gildandi laga felldur brott, ráðsmanni aðila, sbr. IV. kafli frumvarpsins, bætt við sem hugsanlegum sóknaraðila, og sóknaraðild dómsmálaráðherra skv. f-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga er þrengd, sbr. e-lið 2. mgr. 7. gr., en sóknaraðild félagsmálastofnunar eða sambærilegs fulltrúa sveitarstjórnar víkkuð að sama skapi. Að öðru leyti eru greinarnar samhljóða. Í ákvæðinu eru taldir upp þeir sem sett geta fram kröfu um lögræðissviptingu. Í athugasemdum þessum er að nokkru stuðst við athugasemdir sem fram komu í greinargerð með frumvarpi til lögræðislaganna frá 1947.

Í *a-lið* 2. mgr. eru taldir upp nánir vandamenn varnaraðila sem vegna tengsla sinna við hann og gæslu eiginhagsmuna eiga að hafa rétt til að setja fram kröfu. Ef hjón eru skilin fellur rétturinn niður. Orðið systkin tekur einnig til hálfsystkina.

Í *b-lið* er gert ráð fyrir að lögráðamaður, hvort sem hann er lögborinn eða skipaður, geti sett fram kröfu um lögræðissviptingu. Þetta getur átt við t.d. ef ætlunin er að koma í veg fyrir að maður öðlist lögræði þegar hann hefur aldur til, ætlunin er að framlengja tímabundna sviptingu eða þegar aðili hefur aðeins verið sviptur fjárræði eða aðeins sjálfræði, en ætlunin er að svipta hann frekara lögræði. Einnig er gert ráð fyrir að ráðsmaður varnaraðila, sbr. IV. kafla, geti sett fram kröfu um lögræðissviptingu. Í 2. mgr. 48. gr. segir að sú skylda hvíli á ráðsmanni að vekja athygli yfirlögráðanda á því ef skjólstæðingur ráðsmanns uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem kveðið er á um í 33. gr. Yfirlögráðandi skal þá taka ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli þá þegar veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli. Þykir rétt í ljósi þessa ákvæðis, sem og þess að ráðsmaður hefur oft mikil tengsl við skjólstæðing sinn og því oft á tíðum vel bær til að meta hvort nauðsynlegt sé að svipta hann lögræði, að ráðsmaður geti verið sóknaraðili í lögræðissviptingarmáli.

C-liður tekur til útarfa er næstir standa til arfs vegna þess að nánari skyldmenni eru ekki til, svo og bréferfingja þegar erfðaskrá er ekki afturtæk, annaðhvort sökum þess að arfleifandi hefur skuldbundið sig til þess að taka erfðaskrá ekki aftur eða hann er ekki lengur hæfur til að afturkalla hana, t.d. vegna ellisljóleika, geðveiki eða af öðrum ástæðum. Eins og fram kemur í þeim upplýsingum, sem er að finna í töflu VI hér á eftir hefur ekki komið til að sóknaraðild hafi verið byggð á b- eða c-lið 5. gr. gildandi lögræðislaga. Þrátt fyrir það telur nefndin að ástæða sé til að hafa þær heimildir í lögræðislögum.

Í *d-lið* er kveðið á um heimild félagsmálastofnunar eða samsvarandi fulltrúa sveitarstjórnar til að setja fram kröfu um lögræðissviptingu þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt. Ákvæðið um sóknaraðild félagsmálastofnunar eða samsvarandi fulltrúa sveitarstjórnar var nýmæli í gildandi lögum. Einkum hefur reynt á þetta ákvæði þegar ekki hefur verið til að dreifa öðrum sóknaraðilum eða aðstandendur hafa ekki treyst sér til að standa að kröfu um lögræðissviptingu. Eins og áður sagði er sóknaraðild félagsmálayfirvalda rýmkuð. Skv. f-lið 1. mgr. 5. gr. gildandi laga er unnt að beina tilmælum til dómsmálaráðuneytisins um að það standi að slíkum málum, en hér er gert ráð fyrir að slíkum tilmælum verði beint til félagsmálayfirvalda í sveitarfélagi varnaraðila. Nefndin telur rétt að heimild til sóknaraðildar dómsmálaráðueytis-

ins verði bundin við þau tilvik þegar gæsla almannahags gerir þess þörf þar sem ráðuneytið annast yfirstjórn mála samkvæmt lögræðislögum. Unnt er að kæra ákvarðanir yfirlögráðenda til ráðuneytisins og gegnir það jafnframt veigamiklu hlutverki í sambandi við nauðungarvistanir sjálfráða manna í sjúkrahúsi. Nefndin telur hins vegar að áfram eigi að vera í lögum ákvæði sem geri ráð fyrir að unnt sé að beina því til opinberra aðila að standa að lögræðissviptingarmáli. Meginhugmyndin að baki heimildinni í f-lið gildandi laga er sú að lögræðissviptingarmál geti verið afar viðkvæm mál fyrir aðstandendur varnaraðila, ekki síður en fyrir hann sjálfan. Með því að setja fram kröfu geti aðstandendur varnaraðila bakað sér óvild hans sem geti haft mjög óheppileg áhrif á samskipti varnaraðila við þá sem næstir honum standa, ekki síst honum sjálfum til tjóns. Munu aðstandendur í mörgum tilfellum veigra sér við því að setja fram kröfu, jafnvel í tilfellum þar sem þess er augljóslega þörf. Í slíkum tilfellum getur verið heppilegt að viðkomandi aðstandendur geti snúið sér til félagsmálayfirvalda í sveitarfélagi varnaraðila og beðið þau um að hlutast til um að reka málið. Þessu til viðbótar gerir ákvæðið ráð fyrir að aðrir aðilar sem þekkja vel til haga varnaraðila, en eiga ekki sóknaraðild, geti borið upp tilmæli við félagsmálayfirvöld um að hlutast til um málarekstur. Félagsmálayfirvöld geta einnig hafist handa um málsókn þótt ekki hafi verið beint til þeirra tilmælum um það ef þau telja skilyrði vera fyrir hendi.

Í *e-lið* er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja fram kröfu um lögræðissviptingu. Heimild þessi er þrengri samkvæmt frumvarpinu en gildandi lögum því að hér er gert ráð fyrir að slík krafa verði einungis sett fram þegar gæsla almannahags gerir þess þörf, sbr. framangreint. Eins og fram kemur í töflu VI hefur einungis sjö sinnum reynt á þessa heimild í gildistíð gildandi lögræðislaga.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að maður geti sjálfur óskað eftir því að verða sviptur lögræði, enda eigi c-liður 4. gr. við um hagi hans. Er þetta óbreytt 2. mgr. 5. gr. gildandi lögræðislaga.

Í töflum þeim sem hér fylgja er í fyrsta lagi að finna upplýsingar um aldur varnaraðila í málum til sviptingar lögræðis tímabilið 1. júlí 1984 til 31. desember 1995. Í öðru lagi eru upplýsingar um kyn varnaraðila og í þriðja lagi um sóknaraðila skv. 5. gr. gildandi lögræðislaga:

TAFLA IV
Aldur varnaraðila.

Aldur*	Fjöldi	Hlutfall
16-20 ára	18	7,8%
21-30 ára	40	17,4%
31-40 ára	31	13,5%
41-50 ára	27	11,7%
51-60 ára	19	8,3%
61-70 ára	22	9,6%
71-80 ára	29	12,6%
81-90 ára	36	15,6%
91-100 ára	8	3,5%
Samtals	**230**	**100%**

*Aldur er reiknaður miðað við fæðingarár varnaraðila, ekki við fæðingardag. Þar af leiðandi geta verið skekkjur í töflunni. Yngstu varnaraðilar í málunum voru 16 ára. Elsti varnaraðili í lögræðissviptingarmáli var 94 ára gamall.

TAFLA V
Kyn varnaraðila.

Ár	Karl	Kona	Samtals
1984	3 (75%)	1 (25%)	4
1985	7 (54%)	6 (46%)	13
1986	5 (50%)	5 (50%)	11
1987	7 (50%)	7 (50%)	14
1988	9 (43%)	12 (57%)	21
1989	11 (55%)	9 (45%)	20
1990	11 (48%)	12 (52%)	23
1991	14 (56%)	11 (44%)	25
1992	14 (56%)	11 (44%)	25
1993	18 (62%)	11 (38%)	29
1994	10 (45%)	12 (55%)	22
1995	12 (50%)	12 (50%)	24
Samtals	**121 (52,6%)**	**109 (47,4%)**	**230**

TAFLA VI
Sóknaraðilar skv. 5. gr. lögræðislaga, nr. 68/1984.

Ár	a-liður	b-liður	c-liður	d-liður	e-liður	f-liður	2.mgr.	uppl.v.*
1984	4	0	0	0	0	0	0	0
1985	10	0	0	0	0	2	0	1
1986	7	0	0	0	1	1	1	0
1987	11	0	0	0	1	0	2	0
1988	18	0	0	0	0	2	1	0
1989	17	0	0	2	1	0	0	0
1990	17	0	0	1	3	0	2	0
1991	19	0	0	0	3	0	2	1
1992	16	0	0	1	6	1	1	0
1993	24	0	0	1	1	1	2	0
1994	18	0	0	1	3	0	0	0
1995	19	0	0	0	4	0	1	0
Samt.	**180**	**0**	**0**	**6**	**23**	**7**	**12**	**2**

* Upplýsingar vantar.

Um 8. gr.

Í greininni er mælt fyrir um form og efni kröfu. Krafa skal ávallt vera skrifleg. Í kröfu á að tilgreina sérstaklega hvort krafist er lögræðissviptingar að öllu leyti eða aðeins fjárræðis- eða sjálfræðissviptingar. Einnig skal tilgreina hvort krafist er tímabundinnar sviptingar og ef um kröfu um fjárræðissviptingu er að ræða skal tilgreina hvort hún taki til allra eigna viðkomandi eða nánar tilgreindra eigna.

Gert er ráð fyrir að sóknaraðili leggi ávallt fram læknisvottorð með kröfu um lögræðissviptingu ef því verður við komið að afla slíks vottorðs, annaðhvort heimilislæknis varnaraðila eða sérfræðings sem hefur annast hann. Ef ekki reynist unnt að afla slíks vottorðs getur dómari við rannsókn máls aflað læknisvottorðs eins og nánar er reifað í athugasemdum um 11. gr. Er því lagt til að með kröfu um lögræðissviptingu fylgi upplýsingar um heimilislækni varnaraðila og þá sérfræðinga, oftast geðlækna, sem hann kann að hafa leitað til ef sóknaraðili hefur vitneskju um slíkt. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef vottorð heimilislæknis eða sérfræðings fylgir kröfu um lögræðissviptingu. Einnig er lagt til að í kröfu sé getið um nöfn og heimilisföng maka varnaraðila eða sambúðarmaka, lögráða barna hans og foreldra og upplýsinga um hvort þessum aðilum sé kunnugt um kröfuna um lögræðissviptingu. Það að þessar upplýsingar liggi fyrir við upphaf málsmeðferðar er til þess fallið að auðvelda dómara rannsókn málsins og flýta meðferð þess, auk þess sem vænta má að dómari tilkynni nánum aðstandendum varnaraðila um kröfuna ef þeim er ókunnugt um hana. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Mál til sviptingar lögræðis eru rekin fyrir héraðsdómi. Um varnarþing gildir sú meginregla samkvæmt þessari grein að bera skuli upp kröfu fyrir héraðsdómara í umdæmi þar sem sá er krafa beinist gegn á lögheimili. Ef lögheimili og fastur dvalarstaður fara ekki saman skal þó bera fram kröfu í þeirri þinghá þar sem varnaraðili dvelst. Fram kemur í 1. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21/1990, að lögheimili manns sé sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Í 3. mgr. sömu greinar segir hins vegar að dvöl í gistihúsi, fangelsi, vinnuhæli, sjúkrahúsi, athvarfi, heimavistarskóla, verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði, sem jafna megi til þessa, sé ekki ígildi fastrar búsetu. Þá kemur fram í 4. mgr. 4. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 35/1994, að manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, sé heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður. Ljóst má vera að oft muni maður, sem krafist er að verði sviptur lögræði, heyra undir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laganna um dvöl í sjúkrahúsi eða ákvæði 4. mgr. 4. gr. um dvalarheimili aldraðra. Þegar þannig hagar til er augsýnilega heppilegra að reka málið í þeirri þinghá þar sem varnaraðili hefur fastan dvalarstað ef hann er annar en þar sem lögheimili hans er. Ef svo ólíklega vill til að hvorki er kunnugt um lögheimili varnaraðila né fastan dvalarstað skal bera kröfu upp við héraðsdóm Reykjavíkur.

Í töflum VII og VIII, sem hér fylgja, koma fram upplýsingar fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 31. desember 1995 um annars vegar búsetu varnaraðila, þ.e. hvort viðkomandi bjó á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni, og hins vegar upplýsingar um það hvort viðkomandi dvaldi á heimili sínu eða stofnun þegar krafa var sett fram:

TAFLA VII
Búseta varnaraðila.

Ár	Höfuðborg.svæðið	Landsbyggðin	Samtals
1984	3 (75%)	1 (25%)	4
1985	9 (69%)	4 (31%)	13
1986	10 (100%)	0	10
1987	6 (43%)	8 (57%)	14
1988	19 (90%)	2 (10%)	21
1989	10 (50%)	10 (50%)	20
1990	20 (87%)	3 (13%)	23
1991	19 (76%)	6 (24%)	25
1992	18 (72%)	7 (28%)	25
1993	22 (76%)	7 (24%)	29
1994	10 (45%)	12 (55%)	22
1995	15 (63%)	9 (38%)	24
Samtals	**161 (70%)**	**69 (30%)**	**230**

TAFLA VIII
Dvalarstaður varnaraðila.

Ár	Heimili	Stofnun	Samtals
1984	1 (25%)	3 (75%)	4
1985	3 (23%)	10 (77%)	13
1986	3 (30%)	7 (70%)	10
1987	6 (43%)	8 (57%)	14
1988	5 (24%)	16 (76%)	21
1989	6 (30%)	14 (70%)	20
1990	12 (52%)	11 (48%)	23
1991	6 (24%)	19 (76%)	25
1992	8 (32%)	17 (68%)	25
1993	11 (39%)	17 (61%)	28*
1994	5 (23%)	17 (77%)	22
1995	6 (25%)	18 (75%)	24
Samtals	**72 (31,5%)**	**157 (68,5%)**	**229***

* Upplýsingar vantar um dvalarstað í einu tilfelli.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að mál til sviptingar lögræðis sæti almennri meðferð einkamála, sbr. lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með þeim frávikum sem í frumvarpinu greinir.

Í 2. mgr. er lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfu fyrir svo fljótt sem unnt er. Er þetta í samræmi við ákvæði 6. mgr. um hraða málsmeðferð.

Í 3. mgr. er fjallað um skipun verjanda. Lagt er til að varnaraðili skuli ávallt njóta liðsinnis verjanda, og sé dómara því skylt að skipa honum verjanda samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála nema varnaraðili hafi sjálfur ráðið sér lögmann til að gæta réttar síns. Hér er um að ræða ríkari skyldur til skipunar verjanda en ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi lögræðislaga mælir fyrir um. Þykir þetta í betra samræmi við ákvæði 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en ákvæði 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Hlutverk verjanda er að koma fram fyrir hönd varnaraðila í lögræðissviptingarmálinu og veita honum liðsinni sitt. Því er gert ráð fyrir að verjandi kynni sér af eigin raun ástand skjólstæðings síns og hafi samráð við hann eftir því sem unnt er. Ef verjandi samþykkir kröfu um lögræðissviptingu eða mótmælir henni a.m.k. ekki hefur sú afstaða hans eflaust áhrif á sönnunarfærslu í sviptingarmálinu, en leysir dómara þó ekki undan rannsóknarskyldu sinni.

Í niðurlagi 3. mgr. er að finna það nýmæli að dómari getur skipað sóknaraðila talsmann ef hann óskar eftir því. Með talsmanni er hér átt við lögmann og er lagt til í 17. gr. að þóknun honum til handa skuli greidd úr ríkissjóði. Krafa um lögræðissviptingu er oftast borin fram af nánum aðstandanda þess sem krafist er að verði sviptur lögræði eins og fram kemur í töflu VI að framan. Slík mál eru undantekningarlítið ákaflega viðkvæm fyrir aðstandendur, ekki síður en varnaraðila sjálfan, eins og reifað er í athugasemdum um 7. gr., og því erfitt fyrir þá að koma fram í dómi, stundum augliti til auglitis við varnaraðila sjálfan. Af þeim sökum aðallega er lagt til að dómari geti skipað sóknaraðila talsmann ef hann óskar eftir því.

Í 4. mgr. segir að munnlegur málflutningur fari ekki fram í máli til sviptingar lögræðis nema dómari telji þess þörf og ákveði að svo skuli vera. Að öðrum kosti skuli dómari gefa lögmanni varnaraðila kost á að leggja fram skriflega vörn áður en mál er tekið til úrskurðar. Með þessu ákvæði er það lagt í mat dómara hvort munnlegur málflutningur skuli fara fram. Slíkt er í mörgum tilvikum óþarft, t.d. þegar varnaraðili fellst á kröfu sóknaraðila eða verjandi telur engum vörnum við verða komið vegna ástands varnaraðila. Ákvörðun sína tekur dómari eftir samráð við aðila máls, ef því verður við komið. Dómari hefur þannig mjög frjálsar hendur við ákvarðanatöku um meðferð máls þar sem nauðsynlegt er að henni verði hagað með þeim hætti að niðurstaða lögræðissviptingarmáls liggi fyrir svo fljótt sem verða má, enda er kveðið á um í 6. mgr. að hraða beri meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er.

Í 5. mgr. er kveðið á um að þinghöld í máli til sviptingar lögræðis skuli fara fram fyrir luktum dyrum. Mál til sviptingar lögræðis eru persónuleg og mjög viðkvæm og því ástæða til að lögfesta slíkt ákvæði til að hlífa aðilum og vandamönnum þeirra.

Í 6. mgr. er kveðið á um að dómara beri að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er. Ljóst er að manni, sem krafist er að verði sviptur þeim mannréttindum að fara sjálfur með lögráð sín, er brýn þörf á að niðurstaða máls liggi fyrir svo fljótt sem kostur er. Einnig er ljóst að ef skilyrði lögræðissviptingar eru fyrir hendi ber

nauðsyn til að skipa megi þeim sem svipta þarf lögræði lögráðamann svo fljótt sem við verður komið.

7. mgr. er óbreytt 3. mgr. 6. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Ákvæði 11. gr. fela í sér umtalsverð frávik frá almennum reglum um meðferð einkamála þar sem gert er ráð fyrir töluverðum afskiptum dómara við gagnaöflun og rannsókn máls ef þörf krefur. Er beinlínis tekið fram í 1. mgr. að dómara beri að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð sinn. Dómari getur því ekki reist úrskurð eingöngu á gögnum sem sóknaraðili leggur fram, nema hann telji jafnframt að málið sé nægjanlega upplýst samkvæmt þeim gögnum. Rannsókn dómara lýtur að því að kanna hvort öllum skilyrðum til lögræðissviptingar, sem reifuð eru í athugasemdum með 4. gr., sé fullnægt. Ákvæðum 2., 3., 4. og 6. mgr. þessarar greinar, sem nánar er fjallað um hér á eftir, er ætlað að tryggja að dómari hafi þau úrræði sem nauðsynleg eru til rannsóknar máls. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að niðurstaða máls til sviptingar lögræðis sé byggð á traustum grunni.

Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram að dómari geti sjálfur aflað sönnunargagna, svo sem læknisvottorðs, ef slíkt vottorð hefur ekki fylgt kröfu um lögræðissviptingu, og annarra gagna sem hann telur þörf á. Er því gert að skilyrði að ávallt skuli í máli til sviptingar lögræðis liggja fyrir vottorð læknis um hin læknisfræðilegu skilyrði 4. gr. ef því verður við komið. Ljóst er að læknisvottorð eru að jafnaði mikilvægustu sönnunargögnin í málum til sviptingar lögræðis. Eins og áður greinir skal í læknisvottorði gerð grein fyrir því hvort varnaraðili er haldinn einhverjum þeim sjúkdómi eða í slíku ástandi sem er skilyrði lögræðissviptingar skv. 4. gr., ásamt sjúkdómsgreiningu, ef unnt er, eða ítarlegri lýsingu á ástandi varnaraðila. Einnig er rétt að komi fram ef ástand varnaraðila er með þeim hætti að tilgangslaust sé að kalla hann fyrir dóm í því skyni að kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana, sbr. 2. málsl. 2. mgr. Þrátt fyrir að hlutverk læknis þess er vottorð gefur sé fyrst og fremst að lýsa því sem að framan greinir hafa læknisvottorð einnig oft að geyma lýsingu á því hvort varnaraðili er að mati læknisins fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé.

Ekki er talið rétt að gera þá kröfu að læknisvottorð sé ávallt gefið af sérfræðingi, t.d. geðlækni, þótt um geðsjúkdóm sé að ræða. Heimilislæknir varnaraðila er sá læknir sem oftast þekkir best til ástands hans og gera verður ráð fyrir að oft verði leitað til heimilislæknis til útgáfu vottorðs.

Þegar litið er til þess á hvaða grundvelli læknisvottorð byggist verður að gera þá kröfu að læknir hafi nýlega skoðað eða a.m.k. rætt við varnaraðila, ef því verður við komið, og í langflestum tilvikum er ekki við vanda að stríða hvað þetta snertir. Eins og fram kemur í töflu VIII að framan dvaldi varnaraðili á stofnun í 68,5% tilfella í lögræðissviptingarmálum á tímabilinu frá 1. júlí 1984 til 31. desember 1995 og í flestum öðrum tilvikum en þeim er varnaraðili dvelst á stofnun má búast við að hann reynist samvinnufús um læknisskoðun, eftir atvikum fyrir tilstilli verjanda síns. Ef varnaraðili hins vegar neitar alfarið að hlíta læknisskoðun verður að byggja á eldri læknisfræðilegum gögnum, t.d. sjúkraskrám sjúkrahúss sem hann hefur dvalið á eða upplýsingum heimilislæknis hans frá fyrri tíð. Ef svo ólíklega vill til að engin læknisfræðileg gögn eru til um varnaraðila og hann hafnar læknisskoðun verður dómari að byggja niðurstöðu sína í máli til sviptingar lögræðis á öðrum gögnum en læknisvottorði.

Rétt er að taka fram að dómari er að sjálfsögðu ekki bundinn af því sem fram kemur í læknisvottorði, t.d. mati læknis á því hvort varnaraðili er fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, þótt efni læknisvottorðs, einkum um skilgreiningu sjúkdóms, sé afar mikilvægt sönnunargagn í máli til sviptingar lögræðis. Ef dómari telur rétt getur hann kallað eftir vottorði annars læknis eða sérfræðings, ef heimilislæknir varnaraðila hefur gefið vottorð, og einnig getur hann kallað lækni fyrir dóm til skýrslugjafar og fyllingar á fyrirliggjandi vottorði. Skylda lækna til að veita dómstóli upplýsingar um varnaraðila byggist á í 6. mgr. þessarar greinar.

Vegna kostnaðar við útgáfu læknisvottorða er bent á ákvæði 1. mgr. 17. gr. þar sem fram kemur að sá kostnaður skuli greiddur úr ríkissjóði.

Varðandi læknisvottorð, sem gefin eru út vegna mála til sviptingar lögræðis, er loks tekið fram að gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið, að höfðu samráði við heilbrigðisráðuneytið, muni gefa út eyðublöð til notkunar við gerð slíkra vottorða eins og gert hefur verið vegna nauðungarvistana manna í sjúkrahúsum og nánar er fjallað um í athugasemdum við III. kafla.

Með öðrum gögnum í 1. málsl. 2. mgr. er átt við önnur skrifleg gögn en læknisvottorð sem dómari telur þörf á að kalla eftir við rannsókn máls. Hér undir mundi t.d. heyra vottorð frá stofnun fyrir aldraða sem varnaraðili dvelur á. Starfsfólk slíkra stofnana þekkir að jafnaði vel til vistmanna sem þar dvelja og hefur oftast traustan grundvöll til að byggja umsögn um þá á og getur slík umsögn því verið dómara mikilvægt gagn við rannsókn máls. Einnig er hér átt við skrifleg gögn frá ýmsum stofnunum o.fl. sem fjallað er um í athugasemdum um 6. mgr.

Skv. 2. málsl. 2. mgr. skal dómari kalla varnaraðila fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana, nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði læknis að það sé tilgangslaust. Gert er ráð fyrir að dómari gefi varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans í sama þinghaldi, sbr. 3. mgr. 10. gr. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. gildandi lögræðislaga að öðru leyti en því að í stað þess að gera kröfu um að vottorð stafi frá yfirlækni á sjúkrahúsi eða öðrum embættislækni er nægilegt að fyrir liggi vottorð ótilgreinds læknis, t.d. heimilislæknis varnaraðila. Er það talið nægilegt þegar litið er til hinnar ríku skyldu dómara til að kynna sér ástand varnaraðila af eigin raun á dvalarstað hans ef ekki er unnt að kveðja hann fyrir dóm, sbr. 4. mgr.

Boðun varnaraðila fyrir dóm skal fara fram svo fljótt sem við verður komið eftir að dómstóli berst krafa um lögræðissviptingu, sbr. 2. mgr. 10. gr. Varnaraðili á að sjálfsögðu rétt á að tjá sig um málið en rannsóknartilgangur þess að boða hann fyrir dóm er tvíþættur. Í fyrsta lagi er hann sá að unnt sé að kanna afstöðu varnaraðila til sviptingarkröfunnar þar sem afstaða hans getur haft áhrif á frekari meðferð málsins, einkum sönnunarfærslu, þótt dómari sé ekki bundinn af afstöðu varnaraðila eins og áður er fram komið. Í öðru lagi er tilgangurinn sá að dómari geti af eigin raun kynnt sér ástand varnaraðila. Í niðurlagi 2. mgr. segir loks að dómari skuli kveðja sóknaraðila og vitni fyrir dóm ef þess er þörf. Nauðsynlegt kann að vera að afla frekari upplýsinga hjá sóknaraðila en fram koma með kröfu hans um lögræðissviptingu varnaraðila og einnig kann að bera nauðsyn til að kveðja til vitni vegna rannsóknar máls.

Í 3. mgr. segir að sinni varnaraðili ekki kvaðningu dómara um að koma fyrir dóm geti dómari leitað liðsinnis lögreglu við að sækja hann, og er lögreglu skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara. Er hér einkum átt við þau tilvik er varnaraðili er fullfær um að mæta sjálfur fyrir dómi, en skirrist við slíkt af einhverjum ástæðum. Er talið

nauðsynlegt að unnt sé að færa varnaraðila fyrir dómara, jafnvel nauðugan, þegar þannig hagar til, í því skyni að skapa traustan grundvöll að niðurstöðu dómara í jafnmikilvægu máli og mál til sviptingar lögræðis er. Þegar á allt er litið er það einnig í þágu varnaraðila sjálfs að dómari eigi kost á að kanna afstöðu hans til kröfu um lögræðissviptingu og meta ástand hans.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ef ekki sé unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm skuli dómari fara á þann stað þar sem varnaraðili dvelur og kynna sér ástand hans af eigin raun. Setur dómari þá þing á dvalarstað varnaraðila og færir nauðsynlegar upplýsingar í þingbók. Gert er ráð fyrir að dómari kalli annaðhvort aðila fyrir dóm eða fari á þann stað þar sem hann dvelur, nema í algjörum undantekningartilvikum þegar dómari telur ótvírætt að slíkt þjóni engum tilgangi. Þótt ákvæði þessa efnis hafi ekki verið í lögum fram að þessu er það í samræmi við algenga framkvæmd við rekstur þessara mála. Ákvæðið er liður í því að mál verði vandlega upplýst áður en úrskurður er kveðinn upp.

Í 5. mgr. segir að dómari geti ef hann telur þess þörf mælt svo fyrir um að varnaraðila sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf sóknaraðila og vitnisburð vitna, að nokkru eða öllu leyti. Slík ákvörðun dómara getur t.d. byggst á því að telja megi að upplýsingar um varnaraðila geti reynst honum sjálfum óbærilegar, t.d. lýsing á sjúkdómi sem hann er haldinn eða að nærvera varnaraðila geti orðið sóknaraðila eða vitni sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Ákveði dómari að varnaraðila sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf eða vitnaleiðslur fyrir dómi er nauðsynlegt að hann kynni varnaraðila ávallt hvað fram hafi komið við skýrslugjöfina eða vitnisburðinn sem máli skiptir, nema slíkt sé auðsýnilega tilgangslaust eða stríði gegn þeim hagsmunum sem leiddu til ákvörðunar dómara.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um skyldu allra þeirra sem vegna starfa sinna geta veitt upplýsingar um varnaraðila sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrslit málsins til að veita honum þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem dómari krefst. Hér undir heyra opinberar stofnanir og aðrar stofnanir, t.d. viðskiptabankar, sparisjóðir, skattyfirvöld, lögregla, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir og enn fremur einstaklingar, t.d. sjálfstætt starfandi sérfræðingar eins og læknar, sálfræðingar, lögmenn og löggiltir endurskoðendur.

Um 12. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal svipting lögræðis ekki ganga lengra en dómari telur þörf á í hverju einstöku máli. Dómari getur þannig komist að þeirri niðurstöðu að aðeins skuli svipta mann sjálfræði eða fjárræði, enda þótt krafist hafi verið fullrar lögræðissviptingar. Þá getur hann ákveðið að tímabinda sviptingu þótt krafist hafi verið ótímabundinnar sviptingar, og enn fremur getur hann ákveðið að svipting skuli standa skemur en krafist er. Dómari getur einnig ákveðið að fjárræðissvipting nái einungis til nánar tilgreindra eigna þótt krafist hafi verið ótakmarkaðrar fjárræðissviptingar. Ákvæðið byggir á meðalhófsreglu og á að tryggja að dómari beiti ekki þyngra úrræði en telja má að nægi til að ná markmiðum sviptingarinnar eins og reifað er í almennum athugasemdum um efni II. kafla. Tekið skal fram að dómari getur aldrei gengið lengra í skerðingu persónuréttinda varnaraðila en sóknaraðili krefst.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að dómari skuli leggja úrskurð á mál áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá því að mál var tekið til úrskurðar. Um form og efni úrskurðar fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála, sbr. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Í lögum um meðferð einkamála segir í 3. mgr. 112. gr. að úrskurður skuli vera skriflegur og skráður í þingbók eða dómabók. Í 4. mgr. 112. gr. segir að feli úrskurður í sér lokaniðurstöðu skuli forsendur fylgja úrskurðarorði með sama hætti og ef um dóm væri að ræða, en um það er fjallað í 114. gr. laganna. Samkvæmt henni skulu koma fram í dómi heiti og númer máls, svo og hvar og hvenær dómur er upp kveðinn, og síðan skal í forsendum greina hvenær mál var höfðað og dómtekið, nöfn og heimili aðila, kröfur aðila, stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því, helstu málsástæður aðila og réttarheimildir sem þeir byggja á, rökstudda niðurstöðu um sönnunaratriði og lagaatriði, athugasemdir um rekstur máls og réttarfarssektir, málskostnað og loks nöfn dómenda og hver sé dómsformaður ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.

Í töflu IX er að finna upplýsingar um þann tíma sem leið frá því að beiðni um sviptingu sjálfræðis, fjárræðis eða lögræðis kom fram og þar til úrskurður var kveðinn upp, fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 31. desember 1995.

TAFLA IX
Tímalengd frá því að beiðni kom fram þar til úrskurður var upp kveðinn.

Vikur	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
1		1		3	2	2	4	5	6	1	1	4
2						2		3	2	6	3	3
3			3	2	3	3	4	2	2	4		3
4		1	2		5	4	2	3	4	3	2	3
5		1		1	2	2	3	3	2			
6	3	2	1	1	2	1	3	1	2	3	2	1
7		1	1		1	1		1	1	2	4	
8		2	3	1				1	2	2	3	3
9			1		2				1		1	1
10		1					1					2
11		1		1				1		1		
12		2			1		2	1		1		1
13							1			1	1	
14				1		1				1		
15												
16									1		1	
17						1						1
18		1					1		1			
19		1										
20	1					1		1		1	1	
21												
22								1				
23				1						1		
24												
25												
26					1							
36										1		
? *		1		1	1	2	2	2	1		3	2

* Í umræddum tilvikum komu ekki fram í dómi upplýsingar um hvenær beiðni um sviptingu kom fram eða hvenær mál var þingfest.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er að finna ákvæði um þau tímamörk sem réttaráhrif lögræðissviptingar teljast frá. Skv. 1. mgr. teljast réttaráhrif sjálfræðissviptingar frá uppkvaðningu úrskurðar um sviptingu. Frá þessari reglu eru engar undantekningar. Af því leiðir að þetta á einnig við um grandlausa viðsemjendur sjálfræðissvipts manns. Þessi fortakslausa regla er í samræmi við þann skilning sem lagður hefur verið í 2. mgr. 22. gr. gildandi lögræðislaga. Í 2. og 3. mgr. 13. gr. er kveðið á um réttaráhrif fjárræðissviptingar. Í því tilfelli teljast réttaráhrif úrskurðar frá uppkvaðningu hans gagnvart hinum fjárræðissvipta sjálfum og þeim sem vissu eða máttu vita um sviptinguna. Um réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart grandlausum viðsemjendum, sbr. 3. mgr., fer samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 76. gr.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er að finna mun ítarlegri reglur um birtingu og skráningu úrskurðar um lögræðissviptingu en eru í gildandi lögum.

Fram kemur í 1. mgr. að ekki megi birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem fram hefur komið í máli til sviptingar lögræðis en úrskurðinn. Er þetta í samræmi við ákvæðið í 5. mgr. 10. gr. um að þinghöld í máli til sviptingar lögræðis skuli fara fram fyrir luktum dyrum. Bæði eru ákvæði þessi til verndar varnaraðila og aðstandendum hans.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu verjanda varnaraðila til þess að kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara í máli til sviptingar lögræðis. Skylda verjanda er óháð því hver niðurstaða dómara er í málinu. Með undantekningunni í niðurlagi 2. mgr. er átt við að ekki sé nokkrum vafa undirorpið að varnaraðili geti ekki gert sér grein fyrir þýðingu úrskurðarins, t.d. ef hann er rænulaus eða í dái.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að dómari skuli svo fljótt sem við verður komið senda staðfest endurrit úrskurðar um sviptingu lögræðis með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggan hátt til dómsmálaráðuneytisins. Jafnframt skal dómari senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili eða þar sem hann hefur fastan dvalarstað, ef dvalarstaður er annar en þar sem hann á lögheimili, með sama hætti, ásamt þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að yfirlögráðandi geti sinnt skyldum sínum skv. 4. mgr. Loks segir að ef hvorki sé kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta skuli senda staðfest endurrit úrskurðar til yfirlögráðandans í Reykjavík sem er í samræmi við varnarþingsákvæði 9. gr. Ákvæðið um tryggan sendingarmáta er í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 1084/1994. Þar segir m.a.:

„Í lögum nr. 68/1984, ásamt síðari breytingum, kemur hvorki fram, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skuli halda skrá um skipan lögráðamanna né heldur að úrskurðir um lögræðissviptingu skuli sendir á tryggilegan hátt, svo sem í ábyrgðarpósti, til sýslumanns. Þá kemur ekki fram í 8. gr. laganna, hvort dómari skuli senda úrskurð um lögræðissviptingu til sýslumanns í því umdæmi, þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili, eða þar sem úrskurðurinn gengur.

Með tilliti til mikilvægis þess, að lög, sem kveða á um íhlutun um persónuréttindi manna, mæli með skýrum hætti fyrir um framkvæmd þeirra mála, tel ég rétt, að um ofangreind atriði verði tekin skýr ákvæði í lög. Mælist ég því til þess, að framangreind atriði verði tekin til athugunar við samningu frumvarps til nýrra lögræðislaga.“

Í 3. mgr. er enn fremur mælt fyrir um að niðurstöðu úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem ekki er bundin við tilteknar eignir, skuli birta í Lögbirtingablaði svo fljótt sem við verði komið. Í þessu felst að ef um sviptingu fjárræðis er að ræða, sem einungis tekur til tilgreindra eigna, ber ekki að birta niðurstöðuna í Lögbirtingablaði. Ef einstaklingur er sviptur lögræði, þ.e. bæði sjálfræði og fjárræði, skal einungis birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um að viðkomandi hafi verið sviptur fjárræði.

Í 4. mgr. er kveðið á um til hvaða ráðstafana yfirlögráðanda ber að grípa þegar honum hefur verið tilkynnt um úrskurð dómara um fjárræðissviptingu.

Í *a-lið* segir að þinglýsa skuli úrskurði um fjárræðissviptingu ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi fasteignar, loftfars eða skráningarskylds skips eða ökutækis. Hér er um að ræða eignir sem skylt er að skrá opinberlega. Þinglýsing úrskurðar um fjárræðissviptingu hefur þau áhrif að ráðstöfunarheimildir hins fjárræðissvipta yfir viðkomandi eign eru takmarkaðar gagnvart grandlausum viðsemjendum, sbr. 13. og 76. gr.

Í *b-lið* segir að yfirlögráðandi skuli skrá athugasemd um fjárræðissviptingu á viðskiptabréf sem hinn fjárræðissvipti er eigandi að við sviptinguna og að hið sama gildi um viðskiptabréf sem lögráðamaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn. Yfirlögráðandi skal að jafnaði sjá til þess sjálfur að skrá umrædda athugasemd, en ef bréfið er í vörslum lánastofnana ætti tilkynning með tryggum hætti og beiðni um slíka skráningu að nægja.

Í *c-lið* segir síðan að reki hinn fjárræðissvipti atvinnu sem geta ber eða getið er á firmaskrá skuli skrá athugasemd um úrskurðinn í firmaskrá.

Í *d-lið* er mælt fyrir um tilkynningu til ýmissa fjármálastofnana ef hinn fjárræðissvipti á fjármuni á innlánsreikningum eða í verðbréfasjóðum og til stjórna félaga sem hann kann að eiga hlut í, t.d. hlutafélags, sameignarfélags eða samvinnufélags. Tilkynning um fjárræðissviptingu með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti er nægileg og þarf yfirlögráðandi ekki að grípa til frekari ráðstafana. Brýnt er að gripið verði til þeirra ráðstafana sem hér greinir svo fljótt sem verða má, enda geta réttaráhrif fjárræðissviptingar verið bundin við að þær hafi verið gerðar, sbr. 13. og 76. gr.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

6. mgr. er í samræmi við niðurlag 1. mgr. 8. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Ákvæði 15. gr. um niðurfellingu lögræðissviptingar felur í sér umtalsverðar breytingar frá 9. gr. gildandi lögræðislaga um sama efni, einkum að því er varðar aðild að málum til niðurfellingar sviptingar. Lagt er til í 1. mgr. að allir þeir sem aðild geta átt að máli til lögræðissviptingar skv. 7. gr. geti einnig borið fram kröfu um niðurfellingu sviptingarinnar. Þykir hagsmuna hins lögræðissvipta betur gætt með rýmkaðri heimild til aðildar og einnig verður að telja eðlilegt að nánir aðstandendur hins svipta geti borið fram slíka kröfu þótt þeir hafi ekki átt aðild að lögræðissviptingarmálinu, enda eru það oftast þeir sem mest tengsl hafa við hinn svipta og því best til þess bærir að meta ástand hans.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega óbreytt frá gildandi lögræðislögum, með þeim viðbótum þó sem leiða af nýjum heimildum til að tímabinda lögræðissviptingu.

Ákvæði 3. mgr. er að mestu leyti efnislega óbreytt frá gildandi lögræðislögum, þó með þeirri breytingu að ekki er gert að algjöru skilyrði að kröfu um niðurfellingu skuli fylgja gögn um breyttar aðstæður hins svipta eða í ákveðnum tilvikum læknisvottorð. Þykir rétt að gera hér sambærilegar kröfur um framlagningu fylgigagna með kröfu um niðurfellingu lögræðissviptingar og gerðar eru í 2. mgr. 8. gr. Skylda til framlagningar gagna, ef unnt er, kemur reyndar fram í 4. mgr. þessarar greinar, þar sem m.a. er vísað til 8. gr., en rétt þykir að þetta komi skýrt fram í texta ákvæðisins, einkum í ljósi þess að oft er krafa um niðurfellingu lögræðissviptingar borin fram af ólöglærðum án aðstoðar lögmanns.

Í 4. mgr. er tekið fram að þar greind ákvæði II. kafla um sviptingu lögræðis skuli einnig gilda um mál til niðurfellingar lögræðissviptingar. Um er að ræða 8. gr. um form og efni kröfu um lögræðissviptingu og fylgigögn með henni, eins og að framan greinir, 9. gr. um varnarþing og 1.–6. mgr. 10. gr. um málsmeðferð. Ekki er talið rétt að ákvæði 7. mgr. 10. gr. gildi um mál til niðurfellingar lögræðissviptingar og getur því sá sem kröfu um niðurfellingu bar fram ekki afturkallað þá kröfu eftir að hún hefur borist dómstóli. Einnig gildir rannsóknarregla 11. gr. um niðurfellingarmál og 12. gr. um úrlausn máls. Enn fremur gildir 1. mgr. 14. gr. um bann við því að birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem fram hefur komið í máli en úrskurðinn, án leyfis dómara, og 2. mgr. 14. gr. um skyldu talsmanns hins lögræðissvipta, ef hann hefur sjálfur borið fram kröfu, til að kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara. Loks gilda 1., 3. og 4. mgr. 16. gr. um málskot og 17. gr. um málskostnað.

Í 5. mgr. er að lokum kveðið á um birtingu og skráningu úrskurðar dómara í máli til niðurfellingar lögræðissviptingar ef sá úrskurður breytir eða fellir úr gildi úrskurð um lögræðissviptingu. Ljóst er að ekki er þörf þeirra tilkynninga og skráninga sem mælt er fyrir um í 3.–6. mgr. 14. gr. ef dómari tekur kröfu um lögræðissviptingu ekki til greina að neinu leyti.

Mikilvægt er að lögræðislög geri ráð fyrir tiltölulega greiðum leiðum og hafi að geyma skýrar reglur um niðurfellingu lögræðissviptingar séu ástæður sviptingar ekki taldar vera til staðar lengur. Byggist það á því að lögræðissvipting er jafnan íþyngjandi ráðstöfun fyrir þann sem henni þarf að sæta og að rétt er að hún standi ekki lengur eða sé víðtækari en þörf krefur.

Í töflu X koma fram upplýsingar um niðurfellingu sviptinga sjálfræðis, fjárræðis eða lögræðis:

TAFLA X
Niðurfelling lögræðissviptingar.

Ár	Sjálfræði	Fjárræði	Lögræði	Samtals
1984	0	0	0	0
1985	0	0	0	0
1986	1	0	0	1
1987	2	0	0	2
1988	0	0	0	0
1989	2	1	0	3
1990	0	1	0	1
1991	1	1	1	3
1992	2	0	0	2
1993	3	0	0	3
1994	2	0	0	2
1995	2	0	0	2
Samtals	**15**	**3**	**1**	**19**

Um 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. 16. gr. er í samræmi við 1. mgr. 10. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki skýringa.

Ákvæði 2. mgr. 16. gr. er nokkuð breytt frá 2. mgr. 10. gr. gildandi laga. Í frumvarpinu er skýrt tekið fram að ákvæði 2. mgr. um að málskot fresti ekki réttaráhrifum úrskurða dómara eigi einungis við um úrskurði um lögræðissviptingu. Um aðra úrskurði dómara, t.d. er varða meðferð máls, gilda almennar reglur um meðferð einkamála. Reglan í 2. mgr. hefur í för með sér að úrskurður öðlast þegar gildi og skipa ber hinum svipta, ef um það er að ræða, lögráðamann þegar í stað þótt málshöfðunarfrestur sé ekki liðinn eða úrskurði héraðsdómara hafi verið skotið til Hæstaréttar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að hraða beri meðferð máls í Hæstarétti svo sem kostur er. Ákvæðið er í samræmi við 6. mgr. 10. gr. um hraða meðferð máls fyrir héraðsdómi.

Ákvæði 4. mgr. er efnislega óbreytt 3. mgr. 10. gr. gildandi lögræðislaga með þeim breytingum þó sem leiða af 3.–5. mgr. 14. gr. frumvarpsins.

Frá 1. júlí 1984 til ársloka 1995 var níu málum um sviptingu lögræðis skotið til Hæstaréttar. Í töflu XI koma fram upplýsingar um dóma Hæstaréttar í kærumálum vegna kröfu um sviptingu sjálfræðis eða lögræðis:

TAFLA XI
Kærur til Hæstaréttar.

Hæstaréttardómur	Tegund máls	Niðurstaða
1985:411	Sjálfræðissvipting	Frávísun
1985:962	Sjálfræðissvipting	Frávísun
1987:924	Sjálfræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur
1990:1232	Lögræðissvipting	Frávísun héraðsd. staðfest
1991:236	Sjálfræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur
1991:718	Sjálfræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur
1992:515	Lögræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur
1993:276	Sjálfræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur
1993:485	Sjálfræðissvipting	Héraðsdómur staðfestur

Um 17. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við 11. gr. gildandi lögræðislaga, sbr. 79. gr. laga nr. 92/1991, að öðru leyti en því að hér er lagt til að kostnaður við öflun læknisvottorða og annarra gagna sem talin er þörf á við rannsókn máls skuli greiddur úr ríkissjóði. Sama skuli eiga við um þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila. Telja verður óeðlilegt að sóknaraðili, sem oftast er náinn aðstandandi þess sem krafist er að verði sviptur lögræði, þurfi að bera kostnað af læknisvottorði og öðrum rannsóknargögnum. Sama á við um þóknun til skipaðs talsmanns.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um nauðungarvistun sjálfráða manns í sjúkrahúsi vegna alvarlegs geðsjúkdóms eða ofneyslu ávana- og fíkniefna. Kaflinn er að stofni til svipaður III. kafla gildandi lögræðislaga, en í frumvarpinu er jafnframt að finna mikilsverðar breytingar frá gildandi lögum sem hafa það að markmiði að tryggja sem best réttarstöðu þeirra sem sviptir eru frelsi með þessum hætti. Breytingar þessar eiga einnig að tryggja að ákvæði lögræðislaga um nauðungarvistanir séu í samræmi við íslensk stjórnskipunarlög og alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt eða veitt lagagildi.

Ákvæði um nauðungarvistun manna í sjúkrahúsi var í 31. gr. lögræðislaga, nr. 95 frá 1947. Samkvæmt þeirri grein þurfti að svipta mann sjálfræði í tengslum við nauðungarvistun auk þess sem samþykki dómsmálaráðuneytisins var einnig krafist. Þó var heimilt að svipta mann frelsi til bráðabirgða, en slík frelsisskerðing mátti ekki vara lengur en í tvo sólarhringa án þess að krafa væri gerð fyrir dómi um sjálfræðissviptingu. Í greinargerð með gildandi lögræðislögum, nr. 68/1984, sem tóku við af lögum nr. 95/1947, segir að framkvæmd þessara mála hafi ekki orðið á þann veg sem lögin mæltu fyrir um, heldur sú að sviptingarbeiðnin ein var látin nægja ásamt vottorði læknis og samþykki dómsmálaráðuneytis, en dómari tók málið ekki strax til meðferðar nema sjúklingurinn óskaði sérstaklega eftir því. Aðalástæðan fyrir þeirri framkvæmd var tillitssemi við sjúklinginn. Í greinargerðinni sagði að allir þeir sem sinntu þessum málum væru sammála um að það væri ómannúðlegt að íþyngja sjúklingum með því að láta þá þurfa að sæta lögræðissviptingu, auk þess sem það virtist óþarflega harkalegt að aðstandendur þyrftu að svipta bráðveikan geðsjúkling sjálfræði til að hægt væri að koma honum í sjúkrahús. Þessu var því breytt með lögum nr. 68/1984 og tekin upp sú regla að ekki má nauðung-

arvista mann vegna alvarlegs geðsjúkdóms eða ofneyslu ávana- og fíkniefna lengur en í tvo sólarhringa, nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins. Vistun sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti lýkur þegar yfirlæknir telur hennar ekki lengur þörf, og eigi síðar en 15 sólarhringum frá því að hún hófst, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að viðkomandi verði sviptur sjálfræði.

Gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi að sú regla, sem mótuð var með lögum nr. 68/1984, gildi að meginstefnu til áfram, enda hefur hún að margra mati gefið góða raun, þ.e. að nauðungarvistun standi ekki lengur en í 48 klst. nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytis, og vistun sem samþykkt hefur verið af ráðuneytinu standi aldrei lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og að henni skuli ljúka eigi síðar en 15 sólarhringum frá því að hún hófst.

Nýmælin sem felast í þessu frumvarpi eru eins og áður sagði einkum þau að réttarstaða nauðungarvistaðs manns er gerð skýr og ótvíræð. Er það m.a. gert með því að mæla fyrir um rétt hans í öllum tilvikum til að bera nauðungarvistun undir dóm, rétt hans til að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahússdvalarinnar auk þess sem skýr ákvæði er að finna um að þvinguð meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi sé háð ákvörðunum yfirlæknis nema í neyðartilvikum og að slíka ákvörðun yfirlæknis sé unnt að bera undir dómstóla. Þá má og nefna að í frumvarpinu er að finna reglur um skráningu ýmissa upplýsinga í sjúkraskrá og fleira.

Ýmsar breytingar sem lagt er til að verði gerðar á gildandi lögum með þessum kafla miða að því að gera reglurnar um nauðungarvistun skýrar og aðgengilegar þeim sem eftir þeim starfa. Þær breytingar, sem miða að því að tryggja sem best mannréttindi frelsissvipts manns, má bæði rekja til ákvæða í nýjum mannréttindakafla í stjórnarskrá Íslands og til alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að. Hér er einkum um að ræða 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995, 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 9. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Umrædd ákvæði fjalla um réttindi og réttarstöðu manns sem sviptur hefur verið frelsi með einum eða öðrum hætti og eru ákvæði III. kafla frumvarps þessa í samræmi við þau.

Nefndin, sem samdi frumvarpið að gildandi lögræðislögum, íhugaði að taka úr lögræðislögum ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi án þeirra samþykkis og semja sérstakt frumvarp um slíka vistun en komst að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að ákvæði um þess háttar frelsisskerðingu væru í lögræðislögum. Í greinargerð með lögunum var m.a. á það bent að athugasemdir frá Geðlæknafélagi Íslands hafi borið það með sér að félagið væri eindregið mótfallið því að sett yrðu sérlög um geðveika menn.

Í öðrum norrænum ríkjum eru í gildi sérlög sem fjalla um nauðungarvistanir geðsjúkra í sjúkrahúsum. Í Danmörku er fjallað um þetta í lögum nr. 331 frá 1989, „Lov om frihedsberøvelse og anden tvang i psykiatrien“, í Svíþjóð í lögum nr. 1991:1128, „Lov om psykiatrisk tvångsvård“, og í Noregi í lögum nr. 2/1961 „Lov om psykisk helsvern“. Þessi lög fjalla hins vegar eingöngu um nauðungarvistun geðsjúkra en ekki nauðungarvistanir manna vegna ofneyslu ávana- og fíkniefna eins og heimilt er samkvæmt gildandi lögræðislögum hér á landi og frumvarpi þessu.

Nefnd sú sem samið hefur þetta frumvarp telur ekki rétt að ákvæði um nauðungarvistanir verði sett í sérlög. Ástæðan er fyrst og fremst sú að hér eru til umfjöllunar grundvallarmannréttindi, réttur manna til frelsis, og því rétt að ákvæði um frelsisskerðingu séu í lögræðislögum. Lögin heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem skv. 3. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, fer með mál er varða mannréttindi. Hins veg-

ar er gert ráð fyrir því að ýmis nánari útfærsla á ákvæðum frumvarpsins um nauðungarvistaða menn heyri undir heilbrigðisráðherra, þ.e. setning reglna um hvaða sjúkrahús hafi heimild til að veita þeim mönnum móttöku sem vistaðir eru nauðungarvistun, setning reglna um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns, um skráningu í sjúkraskrá og um meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er skýrt hvað átt er við með nauðungarvistun. Þar kemur fram að bæði er átt við það þegar maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar, og þegar manni, sem dvalið hefur í sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja, er haldið þar nauðugum. Hið fyrrnefnda má kalla nauðungarinnlögn og hið síðarnefnda nauðungarhald, en rétt er að árétta að nákvæmlega sömu skilyrði eru fyrir nauðungarinnlögn og nauðungarhaldi; í báðum tilvikum er um að ræða nauðungarvistun samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Um 19. gr.

Í 19. gr. kemur fram hver skilyrði nauðungarvistunar eru. Í 1. mgr. kemur fram sú meginregla að sjálfráða maður verði ekki vistaður í sjúkrahúsi gegn vilja sínum.

Í 2. mgr. er að finna undantekningar frá þessari reglu. Þar kemur fram að læknir geti ákveðið að sjálfráða maður skuli færður í sjúkrahús og vistaður þar nauðugur ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er með þeim hætti að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna.

Fyrsta undantekningin frá meginreglunni í 1. mgr. er sú að maður sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Hugtakið geðsjúkdómur er samheiti yfir marga mismunandi sjúkdóma eða raskanir sem fela í sér sjúklegar breytingar á hugarstarfi, hátterni og sjálfsstjórn. Alvarlegur geðsjúkdómur er samheiti yfir geðraskanir sem einkennast af verulegum hugsanatruflunum og dómgreindarbresti, samsvarar nokkurn veginn hugtakinu geðrof (psychosis) sem í íslensku máli er einnig nefnt geðveiki eða brjálsemi. Sem dæmi um alvarlega geðsjúkdóma má nefna geðklofa (schizophrenia), aðsóknargeðrof (paranoid psychosis), geðlægð (depressio) með geðrofseinkennum, geðhæð (mania) með geðrofseinkennum og óráð (delirium) vegna fráhvarfs geðvirkra efna, sýkinga, heilaskaða og ýmissa líkamssjúkdóma. Fyrir utan þetta hugtak falla hins vegar t.d. hugraskanir og streitutengdar raskanir sem einkennst geta af kvíða, fælni og þráhyggju, enn fremur persónuleikaraskanir og þroskahefting. Hent getur að sá sem haldinn er hugröskun, persónuleikaröskun eða þroskaheftingu sýni jafnframt sjúkdómseinkenni sem bent gætu til alvarlegs geðsjúkdóms, og má þá vista hann gegn vilja sínum á sjúkrahúsi til rannsóknar og meðferðar ef læknir telur það óhjákvæmilegt, samanber það sem segir hér á eftir.

Í öðru lagi er heimilt að vista mann nauðugan í sjúkrahúsi ef verulegar líkur eru taldar á að hann sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Er það nýmæli í lögræðislögum. Er það á því byggt að oftar en ekki þegar um bráðageðveiki er að ræða er ógjörningur að koma við nákvæmri greiningu á ástandi hlutaðeigandi áður en honum verður komið í sjúkrahús. Því þykir rétt að heimild sé til staðar til að vista mann sem verulegar líkur eru á að haldinn sé alvarlegum geðsjúkdómi til þess að við megi koma nauðsynlegri rannsókn og veita megi honum þá meðferð sem brýn er að mati lækna.

Í þriðja lagi er heimilt að nauðungarvista mann ef ástand hans er með þeim hætti að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms, og er það einnig nýmæli. Hér er fyrst og fremst átt við alvarlegt sjúklegt ástand einstaklings sem fellur ekki undir hugtakið geðsjúkdómur. Nefna má sem dæmi meiri háttar geðshræringu, sjúkleg viðbrögð við neyslu áfengis eða lyfja sem ekki tengist áfengissýki, viðbrögð í kjölfar alvarlegs flogaveikikasts og lystarstol (anorexia nervosa) á lífshættulegu stigi. Þess konar ástand ber vott um andlegan sjúkleika sem í hefðbundnum skilningi fellur ekki undir hugtakið alvarlegur geðsjúkdómur. Nauðsyn þess að nauðungarvista einstakling í þess konar ástandi getur verið rík og nauðsynleg til verndar lífi hans eða heilsu og er því talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í lögræðislögum að það sé heimilt. Reglur frumvarpsins um nauðungarvistun eru fyrst og fremst í þágu þess einstaklings sem á að vista, og eiga þær að tryggja að veita megi honum nauðsynlega læknishjálp.

Í fjórða lagi er skv. 2. mgr. heimilt að færa mann í sjúkrahús til afeitrunar ef hann á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Til þess að þessi heimild verði notuð verður að vera um að ræða alvarlega misnotkun framangreindra efna.

Nauðungarvistun skv. 2. mgr. má ekki standa lengur en 48 klst. en sú meginregla gildir einnig skv. 29. gr. að nauðungarvistun megi aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf. Þessi tímamörk eru þau sömu og samkvæmt gildandi lögum. Reynsla er komin á þessi tímamörk og ekki talin ástæða til að breyta þeim.

Tekið er sérstaklega fram í 2. mgr. að ákvæði 18. gr. stjórnsýslulaga um frestun máls gildi ekki við meðferð mála samkvæmt málsgreininni. Eins og nánar er rakið í athugasemdum með 22. gr. verður, vegna séreðlis þessara mála og nauðsynjar á að afgreiða þau án tafar, ekki hjá því komist að afnema þá frestunarheimild sem 18. gr. stjórnsýslulaga felur í sér.

Í 3. mgr. kemur fram að með samþykki dómsmálaráðuneytisins megi vista mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar, að uppfylltum sömu skilyrðum og um getur í 2. mgr. og að nauðungarvistun sé óhjákvæmileg að mati læknis. Rétt er að vekja athygli á því að orðalagið „með samþykki dómsmálaráðuneytisins“ gefur til kynna að hér er ekki um eiginlega ákvörðun að ræða sem skylt er að hlíta, heldur er það eftir sem áður undir yfirlækni komið hvenær eða hvort nauðungarvistun lýkur innan þeirra tímamarka sem samþykktri nauðungarvistun eru sett. Fram kemur í 29. gr. hvenær nauðungarvistun skuli ljúka, en þar gildir sú meginregla að hún skuli ekki haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf, hvort heldur sem um er að ræða vistun skv. 48 klst. reglunni eða vistun sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneytinu. Rétt er að árétta að samþykki dómsmálaráðuneytis samkvæmt þessari málsgrein verður ekki framlengt. Ef nauðsynlegt reynist að halda manni lengur í sjúkrahúsi en í þá 15 sólarhringa sem heimilt er með samþykki ráðuneytisins er nauðsynlegt að gera kröfu fyrir dómi um að hann skuli svipur sjálfræði sínu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

Í 4. mgr. er að finna nýmæli, en þar segir að lögreglu sé skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú að reynslan hefur sýnt að stuðningur sé af því að hafa slíkt ákvæði í lögum. Bæði er um að ræða réttaröryggi fyrir þá sem að þessum málum koma auk þess sem ákvæðinu er ætlað að skapa skýra heimild fyrir lögreglumenn til afskipta og aðstoðar í þessum málum. Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að læknir skuli fylgja manninum ef nauðsyn þykir bera til. Í ákveðnum tilvikum kann að vera nauðsynlegt með tilliti til hins nauðungarvistaða að læknir fylgi honum í sjúkrahús, fylgist með ástandi

hans og veiti honum þá hjálp sem hann kann að þurfa á að halda. Mat á nauðsyn læknisfylgdar heyrir að jafnaði undir þann lækni sem óskar eftir aðstoð lögreglu.

Samkvæmt 5. mgr. ákveður heilbrigðisráðherra með reglugerð hvaða sjúkrahús hafi heimild til að taka við þeim mönnum sem vistaðir verða á grundvelli 2. og 3. mgr. Þetta ákvæði er nýmæli. Ljóst er að gera verður ríkar kröfur um góða faglega umönnun og aðbúnað á þeim sjúkrahúsum sem vista má menn í, einkum á grundvelli 3. mgr., og þykir rétt að heilbrigðisráðherra meti hvaða sjúkrahús uppfylli þær kröfur. Gert er ráð fyrir að fleiri sjúkrahúsum verði veitt heimild til að taka við mönnum sem vistaðir eru skv. 2. mgr., en slík vistun má ekki standa lengur en 48 klst., heldur en sjúkrahúsum sem taka við vistuðum mönnum á grundvelli 3. mgr., þar sem slík vistun getur staðið allt að 15 sólarhringa, og lengur ef krafa um sjálfræðissviptingu viðkomandi hefur verið borin upp við dómstóla.

Í töflum XII, XIII og XIV koma fram upplýsingar um nauðungarvistanir fyrir tímabilið 1. júlí 1984 til 31. desember 1995, í fyrsta lagi um aldur og fjölda þeirra sem þá voru vistaðir í sjúkrahúsi, í öðru lagi um kyn nauðungarvistaðra manna og í þriðja lagi um ástæður nauðungarvistunar.

TAFLA XII

Aldur	Fjöldi	Hlutfall
16-17 ára	25	2.9%
18-20 ára	45	5.2%
21-30 ára	250	28.8%
31-40 ára	196	22.6%
41-50 ára	148	17.0%
51-60 ára	105	12.1%
61-70 ára	66	7.6%
71-80 ára	28	3.2%
81-90 ára	5	0.6%
91-100 ára	0	0.0%
Samtals	**868**	**100%**

TAFLA XIII

Ár	Karl	Kona	Samtals
1984	27(56.3%)	21(43.7%)	48
1985	59(68.6%)	27(31.4%	86
1986	41(55.4%)	33(44.6%)	74
1987	34(56.7%)	26(43.3%)	60
1988	52(67.5%)	25(32.5%)	77
1989	37(52.1%)	34(47.9%)	71
1990	42(60.0%)	28(40.0%)	70
1991	55(72.4%)	21(27.6%)	76
1992	43(58.9%)	30(41.1%)	73
1993	42(56.0%)	33(44.0%)	75
1994	46(59.0%)	32(41.0%)	78
1995	45(56.3%)	35(43.7%)	80
Samtals	**523(60.2%)**	**345(39.8%)**	**868**

TAFLA XIV

Ár	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	Samt.
1984	32	5	3	4	0	3	1	48
1985	68	8	3	0	0	5	2	86
1986	59	10	3	0	1	0	1	74
1987	40	13	1	2	1	3	0	60
1988	51	14	4	3	2	2	1	77
1989	48	12	3	1	3	3	1	71
1990	50	9	5	3	1	2	0	70
1991	52	17	2	3	1	1	0	76
1992	51	11	0	5	2	3	1	73
1993	49	12	4	5	2	3	0	75
1994	59	7	2	4	0	4	2	78
1995	49	11	2	5	4	6	3	80
Samt.	**608**	**129**	**32**	**35**	**17**	**35**	**12**	**868**

*Skilgreining á töflu: 1. Alvarlegur geðsjúkdómur. 2. Ofnautn áfengis. 3. Ofnautn ávana- og fíkniefna. 4. Bæði liður 1. og 2. 5. Bæði liður 1. og 3. 6. Bæði liður 2. og 3. 7. Liðir 1., 2. og 3.

Um 20. gr.

Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 14. gr. gildandi lögræðislaga. Einungis maki þess sem óskað er eftir að sæti nauðungarvistun, ættingjar hans í beinan legg og systkini, lögráðamaður hans eða ráðsmaður og félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað hans geta lagt fram beiðni um samþykki dómsmálaráðuneytisins til nauðungarvistunar.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er mælt fyrir um form, efni og fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun. Hér er um að ræða sömu atriði og nú þegar er óskað eftir að veittar verði upplýsingar um á stöðluðu eyðublaði sem dómsmálaráðuneytið hefur látið útbúa. Eyðublað þetta hefur verið notað um árabil í ráðuneytinu og komin reynsla á notkun þess. Fram kemur í 1. mgr. að beiðni skuli að jafnaði rituð á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té.

Í 2. mgr. er rakið hvaða atriði skuli koma fram í beiðninni og þarfnast þau ekki skýringa.

Í 3. mgr. er fjallað um læknisvottorð sem ávallt skal fylgja beiðni. Vottorðið skal að jafnaði ritað á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té. Líkt og með beiðni er ekki gert að ófrávíkjanlegu formskilyrði að vottorð sé ritað á slíkt eyðublað. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðuneytið sjái um að senda þessi eyðublöð og eyðublöð þau sem getið er um í 1. mgr. á viðeigandi sjúkrahús, og að þau liggi jafnframt frammi hjá lögreglustjórum, sýslumönnum og heilsugæslustöðvum. Vottorð má ekki vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu nema alveg sértaklega standi á. Sú verklagsregla hefur mótast hjá læknum, ef um er að ræða einstakling sem vistaður er skv. 48 klst. reglunni í sjúkrahúsi, að kallað er eftir utanaðkomandi lækni, oftast eftir geðlækni af öðru sjúkrahúsi, til að skoða hinn vistaða og skrifa umrætt læknisvottorð. Þykir mikilvægt fyrir áframhaldandi meðferð sjúklingsins og traust milli hans og þeirra lækna sem annast hann að læknar á þeirri stofnun sem hann er vistaður í komi ekki með formlegum hætti að beiðni um nauðungarvistun. Ekki þykir að svo stöddu ástæða til að lögfesta slíka reglu, en henni er nú þegar fylgt af læknum og hennar því getið hér til upplýsingar.

Í 4. mgr. er fjallað um kostnað af læknisvottorði en hann fellur á ríkissjóð.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er fjallað um þá meðferð sem mál, er snerta nauðungarvistun, skulu hljóta í dómsmálaráðuneytinu.

Í 1. mgr. og 3. mgr. er áréttuð málshraðaregla og rannsóknarregla stjórnsýsluréttarins sem fram koma í 9. og 10. gr. stjórnsýslulaga. Lögð er áhersla á að málum þessum sé hraðað svo sem kostur er. Ef ekki er unnt að afgreiða mál á grundvelli beiðni og meðfylgjandi læknisvottorðs getur ráðuneytið til að mynda kallað eftir umsögn trúnaðarlæknis ráðuneytisins, sbr. 23. gr.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gildi ekki við meðferð mála um nauðungarvistun. Þessar lagagreinar stjórnsýslulaga fjalla um andmælarétt aðila máls, tilkynningu til hans um meðferð máls og heimild hans til þess að fá máli frestað til þess að kynna sér gögn þess og tjá sig um það. Vegna séreðlis þessara mála verður ekki hjá því komist að þau sæti að hluta til afbrigðilegri málsmeðferð.

Í stað ákvæða 14. gr. stjórnsýslulaga er svo um hnútana búið að læknir sá, er læknisvottorð ritar skv. 3. mgr. 21. gr., kynni sjúklingi að fyrirhugað sé að leggja fram beiðni um nauðungarvistun hans.

Í stað ákvæða 13. gr. stjórnsýslulaga er mælt svo fyrir að lækni beri að inna sjúkling eftir afstöðu hans til beiðni um nauðungarvistun og skrá niður viðhorf hans til hennar í læknisvottorð, sbr. e-lið 3. mgr. 21. gr. Með þessu á að vera tryggt að viðhorf sjúklings liggi ávallt fyrir í þeim málum sem koma til kasta ráðuneytisins sé sjúklingur heilsu sinnar vegna þess umkominn að lýsa viðhorfum sínum til beiðninnar.

Í 18. gr. stjórnsýslulaga er mælt fyrir um heimild málsaðila til þess að fá máli frestað uns honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn þess og gera grein fyrir afstöðu sinni. Vegna séreðlis þessara mála og nauðsynjar á að afgreiða þau án tafar verður ekki hjá því komist að afnema þá frestunarheimild sem 18. gr. stjórnsýslulaga felur í sér. Ella er hætta á að nauðungarvistun verði gagnslaus sem skilvirkt neyðarúrræði. Hið sama gildir um þá læknismeðferð sem nauðungarvistun er ætlað að tryggja sjúklingi og afstýra þar með yfirvofandi hættu fyrir heilsu sjúklingsins eða annarra sem hann gæti skaðað.

Um 23. gr.

Í 23. gr. er að finna ákvæði um trúnaðarlækni dómsmálaráðuneytisins. Ákvæðið er að mestu leyti samhljóða 17. gr. gildandi lögræðislaga, en hér er þó að finna það nýmæli að trúnaðarlæknir hefur jafnan heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða. Hlutverk trúnaðarlæknis er að gefa ráðuneytinu umsögn ef þörf krefur áður en ákvörðun er tekin um hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki. Til þess að sú umsögn verði sem best úr garði gerð verður trúnaðarlæknirinn að hafa heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða. Reglur um sjúkraskrár eru í reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1989, sbr. reglugerð nr. 545/1995.

Rétt er að taka fram að samkvæmt gildandi lögum hvílir sú skylda á trúnaðarlækni ráðuneytisins að sjá um að nauðungarvistuðum manni sé gerð grein fyrir þeim rétti sínum að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun. Skv. 1. mgr. 25. gr. frumvarpsins hvílir sú skylda á vakthafandi sjúkrahúslækni og ber yfirlæknir ábyrgð á að henni sé framfylgt, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er að finna ákvæði um ákvörðun dómsmálaráðuneytisins vegna beiðni um nauðungarvistun og birtingu hennar. Ákvæði 24. og 25. gr. fela í sér afbrigði frá birtingu og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda sem fram kemur í 20. gr. stjórnsýslulaga. Þannig er ákvörðun, ef beiðni er samþykkt, send yfirlækni á hlutaðeigandi sjúkrahúsi. Það er síðan á ábyrgð yfirlæknis að sjúklingi sé leiðbeint um ástæður nauðungarvistunar og fleiri atriði, sbr. 25. gr. Ákvörðun dómsmálaráðuneytis um hvort nauðungarvistun skuli heimiluð skal vera skrifleg og rökstudd. Þar skal geta þess hvenær beiðni kom fram og að hverjum hún lúti o.fl. Miðað er við að rökstuðningur verði stuttur með skírskotun til lagaheimilda og með vísun til læknisvottorðs og eftir atvikum til annarra málsatvika. Greinin er hliðstæð 2. mgr. 16. gr. gildandi laga, en hér er þó að finna það nýmæli að ljósrit af læknisvottorði því er fylgdi beiðni skuli fylgja ákvörðun þegar hún er send yfirlækni á hlutaðeigandi sjúkrahúsi. Slíkt getur skipt máli og er til hjálpar þeim sem taka á móti viðkomandi einstaklingi. Þessari reglu hefur verið fylgt í dómsmálaráðuneytinu um árabil og er lagt til að um lögfestingu á þeirri framkvæmd verði að ræða.

Hægt er að afturkalla beiðni um nauðungarvistun allt þar til ákvörðun hefur verið tekin. Eftir að dómsmálaráðuneytið hefur veitt samþykki sitt er það á valdsviði yfirlæknis hvort hinum nauðungarvistaða verður haldið í sjúkrahúsinu í allt að 15 daga eða lok nauðungarvistunar ákveðin fyrr í samræmi við meginreglu 29. gr.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er fjallað um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal kynna nauðungarvistuðum manni án tafar þau atriði sem greind er í a-, b-, c- og d-liðum 1. mgr., nema slíkt sé bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands hans. Skv. 2. mgr. hefur yfirlæknir eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt. Heilbrigðisráðherra er heimilt að setja nánari reglur um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns samkvæmt þessari grein.

Um 26. gr.

Í 26. gr. er ákvæði um skráningu í sjúkraskrá á ýmsum atriðum er tengjast nauðungarvistun. Í 1. mgr. kemur fram hvaða atriði skrá skuli í sjúkraskrá nauðungarvistaðs manns, eftir því sem við á hverju sinni. Skal skráning fara fram svo fljótt sem verða má eftir komu hins nauðungarvistaða manns í sjúkrahúsið. Vakthafandi sjúkrahúslæknir sér um að skrá þessi atriði, en yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á skráningunni skv. 2. mgr. Ákvæði þetta er hliðstætt ákvæðum reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, sbr. reglugerð nr. 545/1995. Heilbrigðisráðherra hefur heimild til að setja nánari reglur um skráningar samkvæmt þessari grein.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er að finna nýmæli. Þar er kveðið á um rétt nauðungarvistaðs manns til að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar. Mikilsvert er að maður sem sviptur er frelsi með þessum hætti eigi rétt á ráðgjöf og stuðningi hlutlauss aðila sem fylgst getur með því að réttindi hins nauðungarvistaða séu virt og eftir atvikum aðstoðað hann við kröfugerð skv. 30. gr. Gert er ráð fyrir að starfi ráðgjafa samkvæmt þessari grein sinni maður með fagmenntun á sviði félagsráðgjafar eða sálfræði eða á öðrum sambærilegum sviðum. Líkur eru á að hlutastarf sé nægilegt, en þar sem hér er um nýmæli að ræða verður reynslan að leiða í ljós hve rík þörf verður fyrir vinnuframlag ráðgjafans.

Vakthafandi læknir skal tilkynna nauðungarvistuðum manni þegar í stað um rétt hans samkvæmt þessari grein, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr., og skal hann hafa samband við ráðgjafann óski hinn nauðungarvistaði eftir því, sbr. 2. mgr. 27. gr. Þar er einnig mælt fyrir um rétt nauðungarvistaðs manns til að ræða við ráðgjafa sinn einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega. Sá varnagli er þó sleginn að takmarka megi þetta ef ástand hins nauðungarvistaða er þannig að það hafi enga þýðingu. Einnig er mælt fyrir um að ráðgjafinn skuli hafa aðgang að sjúkraskrá hins nauðungarvistaða.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um þagnarskyldu ráðgjafa um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna þess og um refsingu fyrir brot á þagnarskyldu. Þörf er á sérstöku ákvæði um þagnarskyldu ráðgjafa þar sem gera má ráð fyrir að ráðgjafi sinni því starfi sem hlutastarfi og því ekki tryggt að þagnarskylda hvíli á honum samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, sbr. niðurlag 1. mgr. 1. gr. laganna.

Í 4. mgr. segir að þóknun ráðgjafa, sem sérstaklega skal ráðinn til þess að veita nauðungarvistuðum mönnum aðstoð, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Skv. 5. mgr. skal dómsmálaráðherra setja nánari reglur um ráðningu ráðgjafa samkvæmt þessari grein, um réttindi hans og skyldur og þóknun honum til handa. Þykir rétt að dómsmálaráðherra setji reglur þessar fremur en heilbrigðisráðherra, m.a. til þess að

tryggja sjálfstæði og hlutleysi ráðgjafans gagnvart heilbrigðisyfirvöldum.

Um 28. gr.

Ákvæði 28. gr. er nýmæli. Þar er mælt fyrir um hvers konar meðferð unnt er að þvinga nauðungarvistaðan mann til að sæta.

Með þvingaðri lyfjagjöf er átt við alla lyfjagjöf, hvort sem hún tengist beint þeim geðsjúkdómi eða því ástandi sem leiddi til nauðungarvistunarinnar eða öðru. Eðli máls samkvæmt er hér fyrst og fremst um að ræða nauðsynlega lyfjagjöf vegna þess sjúkdóms eða ástands sem vistunin byggist á, en annað gæti einnig komið til. Samkvæmt því væri hægt að þvinga nauðungarvistaðan mann til að taka sýklalyf ef slíkt væri nauðsynlegt. Taka má sem dæmi einstakling sem haldinn er geðsjúkdómi og reynt hefur að svipta sig lífi. Hann getur í kjölfarið fengið sýkingu sem gæti reynst banvæn, en neitað að taka inn sýklalyf. Í slíkum tilvikum væri yfirlækni heimilt að beita þvingaðri lyfjagjöf. Með þvingaðri meðferð er átt við alla þá meðferð sem nauðsynleg kann að vera nauðungarvistuðum manni.

Fram kemur í 1. mgr. að maður, sem nauðungarvistaður er í sjúkrahúsi án þess að samþykki dómsmálaráðuneytis liggi fyrir, skuli hvorki sæta þvingaðri lyfjagjöf né annarri þvingaðri meðferð nema skilyrðum 3. mgr. sé fullnægt.

Í 2. mgr. segir að maður, sem nauðungarvistaður er til meðferðar í sjúkrahúsi með samþykki dómsmálaráðuneytis, skuli einungis sæta þvingaðri lyfjagjöf samkvæmt ákvörðun yfirlæknis, og sama á við um aðra þvingaða meðferð. Undantekningarákvæði 3. mgr. getur þó átt við eftir atvikum.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að vakthafandi læknir geti tekið ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð þegar hinn nauðungarvistaði er sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða lífi hans eða heilsu yrði annars stefnt í voða. Gildir þetta hvort heldur um er að ræða nauðungarvistun á grundvelli 48 klst. reglunnar, sbr. 2. mgr. 19. gr., eða vistun sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Ákvörðun vakthafandi læknis um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð skal bera svo fljótt sem verða má undir yfirlækni og skal hann taka ákvörðun um frekari meðferð.

Samkvæmt 4. mgr. getur heilbrigðisráðherra sett nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð samkvæmt þessari grein.

Um 29. gr.

Í 29. gr. er fjallað um lok nauðungarvistunar. Þar kemur sú meginregla fram að nauðungarvistun megi aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf. Ef um er að ræða nauðungarvistun skv. 2. mgr. 19. gr. má hún aldrei haldast lengur en 48 klst, nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Nauðungarvistun skv. 48 klst. reglunni getur einnig lokið ef lögmæti hennar hefur verið borið undir dómstóla og dómari kemst að þeirri niðurstöðu að hún skuli falla niður. Það er hins vegar álitamál hvort vistun á grundvelli 48 klst. reglunnar skuli falla niður ef leitað hefur verið eftir samþykki dómsmálaráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr. og ráðuneytið ákveður áður en 48 stundir eru liðnar frá því að vistunin hófst að áframhaldandi vistun verði ekki samþykkt. Í þessum tilvikum verður að líta svo á að vistun í allt að 48 klst. standi ef yfirlæknir metur ástand hins vistaða manns svo að hennar sé þörf.

Vistun sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti lýtur sömu lögmálum og 48 klst. vistunin að því leyti að hún má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf. Hámarkstíminn er hins vegar 15 sólarhringar frá dagsetningu ákvörðunar ráðuneytisins. Heildartími nauðungarvistunar samkvæmt frumvarpi þessu getur því orðið allt að 17 sólarhringar ef hlutaðeigandi hefur fyrst verið vistaður á grundvelli 48 klst. reglunnar og síðan á grundvelli samþykkis dómsmálaráðuneytis.

Í 2. mgr. segir að framlengja megi nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði sínu. Skylda hvílir á dómara að tilkynna yfirlækni á sjúkrahúsi um kröfuna og skal það gert með símskeyti eða öðrum tryggilegum hætti. Er þetta í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 928/1993. Í álitinu segir m.a.:

„Svo sem fram kemur í bréfi dómstjórans í Reykjavík til mín 15. ágúst 1994, verður ekki leitt af ákvæðum lögræðislaga nr. 68/1984, að héraðsdómi sé skylt að tilkynna lækni, að beiðni um sjálfræðissviptingu sjúklings, sem hefur verið lagður inn gegn vilja sínum, hafi verið lögð fyrir dómstólinn. Ég lít svo á, að sú framkvæmd sé á engan hátt fullnægjandi eða í samræmi við sjónarmið um réttaröryggi sjúklinga, sem þannig eru vistaðir á sjúkrahúsi, að það hvíli á aðstandendum þeirra að koma því til skila til hlutaðeigandi yfirlæknis, að gerð hafi verið krafa fyrir héraðsdómi um sjálfræðissviptingu. Tryggara væri að setja það skilyrði fyrir áframhaldandi vistun sjúklings á grundvelli 2. mgr. 19. gr. lögræðislaga, að yfirlækni á viðkomandi deild sjúkrahúss bærist staðfesting frá héraðsdómi um það, að slík krafa hafi verið gerð fyrir dómstólnum. Ég tel einnig rétt, miðað við núverandi framkvæmd, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið taki til athugunar, hvort ekki sé ástæða til að mæla fyrir um þetta atriði í lögræðislögum, þannig að héraðsdómur sendi yfirlækni viðkomandi deildar, þar sem sjúklingurinn er vistaður, staðfestingu á því, að krafa hafi verið gerð fyrir dómstólnum um sjálfræðissviptingu sjúklingsins."

Ákvörðun um framlengingu vistunar í þessum tilvikum tekur yfirlæknir.

Um 30. gr.

Í 30. gr. er mælt fyrir um skilyrðislausan rétt nauðungarvistaðs manns til að leita úrlausnar dómstóla um vistunina, hvort sem hún byggist á 2. eða 3. mgr. 19. gr. Einnig er þar kveðið á um rétt þess sem gert hefur verið að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. að bera þá ákvörðun undir dómstóla.

Samkvæmt gildandi lögum á maður sem vistaður er í sjúkrahúsi gegn vilja sínum með samþykki dómsmálaráðuneytis rétt á leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina, en ekki er vikið að því í lögunum hvort heimilt sé að bera ákvörðun um vistun skv. 48 klst. reglunni undir dómstóla. Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um að réttur inn til að bera nauðungarvistun undir dómstóla gildi í öllum tilvikum.

Réttur til að bera lögmæti nauðungarvistunar undir dómstóla er tryggður í 4. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, svo og í 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 4. mgr. 5. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 97/1995. Ákvæði stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Hver sá sem er af öðrum ástæðum sviptur frelsi á rétt á að dómstóll kveði á um lögmæti þess svo fljótt sem verða má. Reynist frelsissvipting ólögmæt skal hann þegar látinn laus."

Í greinargerð með áðurnefndri 5. gr. stjórnarskrárinnar segir að þetta ákvæði snúi sérstaklega að aðstöðu þar sem maður er sviptur frelsi af öðrum ástæðum en með handtöku vegna gruns um refsiverða háttsemi. Undir þetta geti t.d. átt tilvik þar sem frelsissvipting er studd við heimild í lögræðislögum, nr. 68/1984. Sá munur sé hins vegar á þessu ákvæði og ákvæðinu um réttarstöðu handtekinna manna að í fyrrnefnda tilvikinu sé fortakslaus skylda að leiða mann alltaf fyrir dómara ef hann er ekki látinn laus í kjölfar handtöku. Síðan segir orðrétt:

„Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins gildir þetta á hinn bóginn ekki um stöðu þess sem er sviptur frelsi af öðrum ástæðum, heldur er ráðgert að hann skuli alltaf eiga kost á að bera lögmæti frelsissviptingarinnar undir dómstóla ef hann óskar eftir því. Ástæðan fyrir þessum mun er einkum sú að í tilvikum sem falla undir 4. mgr. er frelsissvipting að öðru jöfnu reist á stjórnsýsluákvörðun sem fer eftir reglum um málsmeðferð í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Aðgangur að dómara í þeim tilvikum þjónar því einkum tilgangi málskots til endurskoðunar á stjórnvaldsákvörðun. Vert er að benda á að reglan í 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins getur falið í sér sjálfstæðan rétt til að fá máli um frelsissviptingu skotið til dómstóla þótt ekki sé kveðið á um slíkan rétt í sérlögunum sem geyma heimild til frelsissviptingarinnar. Þá er ástæða til að vekja athygli á að í 4. mgr. 5. gr. er ekki mælt fyrir um að frelsissviptur maður eigi rétt á að fá úrlausn dómstóls um mál sitt innan ákveðinna tímamarka, heldur er sagt að þetta verði að gerast svo fljótt sem verða má. Þessi orð getur þurft að skýra með hliðsjón af eðli frelsissviptingar hverju sinni, en ætla má að kröfur yrðu að öðru jöfnu gerðar til þess að ekki yrði farið í þessum efnum fram úr viðmiðunarmörkunum skv. 3. mgr. 5. gr. sem rædd voru að framan nema viðhlítandi ástæður þættu réttlæta það. Um 4. mgr. 5. gr. má að endingu vekja athygli á að í síðari málslið ákvæðisins er ráðgert að maður skuli látinn laus ef dómstóll kemst að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting sé ólögmæt og bæri að fylgja slíkri ákvörðun þegar í stað."

Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 11. janúar 1996 í málinu nr. 1265/1994 er fjallað um rétt aðila til að bera lögmæti nauðungarvistunar skv. 48 klst. reglunni undir dómstóla. Í áliti sínu gerir umboðsmaður grein fyrir því að í gildandi lögræðislögum sé einungis gert ráð fyrir því að heimilt sé að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytis um nauðungarvistun, en ekki sé vikið að slíkum rétti í sambandi við vistun á grundvelli 48 klst. reglunnar. Reglan í 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar geti aftur á móti falið í sér sjálfstæðan rétt til þess að fá máli um frelsissviptingu skotið til dómstóla, enda þótt ekki sé kveðið á um slíkan rétt í lögunum. Umboðsmaður segir síðan orðrétt í umræddu áliti:

„Með tilliti til mikilvægis þess, að lög, sem kveða á um íhlutun um persónuréttindi manna, mæli með skýrum hætti fyrir um framkvæmd þeirra mála, tel ég þó rétt, að um ofangreind atriði verði tekin skýr ákvæði í lögræðislög, en þar er, svo sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, að finna reglur um nauðungarvistun einstaklinga á sjúkrahúsum, m.a. um skilyrði fyrir slíkri vistun og málsmeðferð. Ég tel því, að eðlilegt sé að í þeim lögum komi fram þær reglur, sem leiða má samkvæmt framansögðu af 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig yrði kveðið á um, að einstaklingur, sem sviptur hefur verið frelsi sínu og vistaður á sjúkrahúsi, sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga, ætti rétt á því að bera lögmæti þeirrar frelsissviptingar undir dómstóla og kveðið á um skjóta meðferð slíkra mála fyrir dómstólum, svo sem 3. mgr. 18. gr. laganna mælir fyrir um, að því er snertir ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt 3. mgr. 13. gr., sbr. 14.–17. gr. laganna."

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Þar er mælt fyrir um rétt manns, sem gert hefur verið að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr., til að bera þá ákvörðun undir dómstóla. Um nánari skilgreiningu á hugtökunum þvinguð lyfjagjöf og þvinguð meðferð vísast til athugasemda um 28. gr.

Ekki er skilyrði að ákvörðun um nauðungarvistun skuli jafnframt tekin til athugunar, ef ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð er borin undir dómstóla, og öfugt. Hér er um tvær sjálfstæðar ákvarðanir að ræða, en vissulega getur það komið til að maður beri bæði ákvörðun um nauðungarvistun og þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að krafa skv. 1. eða 2. mgr. skuli vera skrifleg og að ráðgjafi skuli aðstoða við kröfugerð, ef þess er óskað, og sjá um að dómstóli berist krafan þegar í stað.

Um 31. gr.

Í 31. gr. er fjallað um málsmeðferð fyrir dómi.

Mælt er fyrir um í 1. mgr. að kröfu skv. 30. gr. skuli taka fyrir án tafar. Dómari skipar síðan þeim sem kröfu ber fram talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur eftir að hafa gefið honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði.

Ef um er að ræða kröfu um niðurfellingu vistunar skv. 2. mgr. 19. eða ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skal dómari skv. 2. mgr. tilkynna yfirlækni viðkomandi deildar um kröfuna og skal hann þegar í stað láta dómaranum í té athugasemdir sínar þar sem gerð er grein fyrir ástæðum vistunar eða þvingaðrar lyfjagjafar eða meðferðar.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti skuli ráðuneytið láta viðkomandi dómstóli í té öll gögn sem vistunin er reist á, ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta.

Í 4. mgr. er vísað til II. kafla um sviptingu lögræðis eftir því sem við á. Þau mál, eins og mál samkvæmt þessari grein, sæta afbrigðilegri meðferð einkamála eins og nánar er reifað í athugasemdum um þann kafla.

Ákvæði 5. mgr. mælir fyrir um hraða málsmeðferð þar sem brýna nauðsyn ber til skjótrar úrlausnar dómara um kröfur skv. 30. gr. Dómari úrskurðar um hvort ákvörðunin sem borin er undir dómstól skuli standa eða hún felld úr gildi.

Í 6. mgr. kemur fram að þegar óskað er eftir samþykki dómsmálaráðuneytis til nauðungarvistunar manns, sem dvelur nauðugur á sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun læknis skv. 2. mgr. 19. gr., og sú ákvörðun hefur verið borin undir dómstól, skuli ráðuneytið án tafar tilkynna viðkomandi dómstóli um kröfuna og um lyktir málsins er það hefur hlotið afgreiðslu í ráðuneytinu. Þá kemur þar einnig fram að meðferð máls fyrir dómi fresti ekki málsmeðferð í ráðuneytinu.

Um 32. gr.

Ákvæði 1. mgr. 32. gr. mælir fyrir um skyldu til að dæma sjálfráða manni bætur úr ríkissjóði vegna nauðungarvistunar hans ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni hefur verið staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra skilyrða sem rakin eru í 19. gr. Ákvæði þetta er í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. stjórnskipunarlög, nr. 97/1995. Þar segir í 5. mgr. 5. gr. að maður, sem sviptur hefur verið frelsi að ósekju, skuli eiga rétt til skaðabóta. Í greinargerð með frumvarpi því til stjórnskipunarlaga sem varð að lögum nr. 97/1995 kemur fram að gert sé ráð fyrir að nánari reglur um bótarétt manns vegna frelsissviptingar verði settar í almenn lög og þar verði að taka afstöðu til atriða varðandi m.a. skilyrði fyrir bótaréttinum. Þar kemur einnig fram að bótaréttur geti fallið brott ef maður telst sjálfur hafa átt sök á því að gripið hafi verið til sviptingar frelsis hans eða frelsissvipting hafi orðið svo löng sem raun ber vitni. Segir jafnframt að slíkar reglur verði þó að sjálfsögðu að samrýmast ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ákvæðið í 32. gr. frumvarpsins tekur mið af 176. gr., sbr. og 2. mgr. 175. gr., laga um meðferð opinberra mála.

Í 2. mgr. kemur fram að bæta skuli fjártjón og miska ef því er að skipta.

Í 3. mgr. er síðan áréttað að almennar reglur skaðabótaréttarins gildi að öðru leyti og er þar átt við reglur um réttaráhrif eigin sakar, samþykkis o.fl.

Um IV. kafla.

Ákvæði IV. kafla eru nýmæli í íslenskum lögum. Þar er gert ráð fyrir því að fjárráða maður, sem óhægt á með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, geti óskað eftir því að honum verði skipaður aðstoðarmaður sem í frumvarpi þessu er nefndur ráðsmaður. Hægt er að fela ráðsmanni umsjón tiltekinna eigna skjólstæðings síns. Ráðsmaður er undir opinberu eftirliti yfirlögráðanda og ber honum að hafa samráð við skjólstæðing sinn eftir því sem við verður komið. Skjólstæðingur ráðsmannsins glatar við skipun ráðsmanns gerhæfi sínu yfir þeim eignum sem faldar hafa verið ráðsmanni til umsjónar, en getur hvenær sem er óskað eftir niðurfellingu ráðsmennskunnar og að honum verði á ný fengin umráð eigna sinna. Skal yfirlögráðandi verða við þeirri ósk nema ákvæði 48. gr. eigi við. Í merkingu ákvæða frumvarpsins er hugtakið ráðsmaður nýtt í íslensku lagamáli en orðið sjálft hefur þekkst hér um aldir. Ráðsmaður er í þeim skilningi sá sem ráðinn er til að standa fyrir búi og segja fyrir verkum í forföllum og fjarveru húsbónda síns. Hinn almenni skilningur fellur því að vissu marki vel að notkun hugtaksins í frumvarpinu.

Úrræði sem þetta hefur ekki verið í íslenskri löggjöf til þessa, en þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Það kerfi sem lagt er til að lögfest verði hér á landi er þó mun einfaldara og skýrara en fyrirkomulag svonefndrar ráðsmennsku (samværgemål á dönsku, god mans institut á sænsku og hjelpeverger á norsku) í nágrannalöndum okkar.

Í Danmörku getur einstaklingur óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður (samværge), sbr. 7. gr. dönsku lögræðislaganna frá 1995. Ráðsmaður og skjólstæðingur hans skulu samkvæmt því ákvæði standa saman að gerð löggerninga varðandi þau fjármál skjólstæðingsins sem ráðsmanninum hafa verið falin. Skipun ráðsmanns hefur þó ekki þau réttaráhrif að sá sem óskar eftir skipun ráðsmanns sér til aðstoðar glati gerhæfi sínu. Geta því löggerningar skjólstæðingsins, sem hann stendur einn að og löggerningar þeir sem hann og ráðsmaðurinn standa saman að stangast á. Þetta fyrirkomulag getur því valdið óvissu um réttaráhrif slíkra löggerninga. Ráðsmaðurinn er ekki undir opinberu eftirliti líkt og lögráðamaður og ekki skal tilkynna um skipun hans með þinglýsingu á sama hátt og um sviptingu lögræðis væri að ræða.

Í Svíþjóð er boðið upp á tvenns konar opinber úrræði áþekk ráðsmennsku, en hefðbundin lögræðissvipting var afnumin með lagabreytingum þar árið 1988. Ákvæði um þetta er að finna í Föräldrabalken frá 1949. Þar er fyrst til að nefna svokallað „God mans institut" sem á íslensku mætti nefna tilsjónarmannskerfi. Samkvæmt því er hægt að skipa manni, sem þarf aðstoð vegna heilsufarsástæðna, þroskahafta eða annarra svipaðra atvika, tilsjónarmann (god man). Tilsjónarmaðurinn er eins konar ráðunautur eða aðstoðarmaður skjólstæðingsins, en hefur engar formlegar heimildir til að ráðstafa eða sjá um eignir skjólstæðings síns. Sé tilsjón ekki nægilegt úrræði er möguleiki á því að skipa viðkomandi ráðsmann „förvaltere" sem hefur einkavald yfir þeim málefnum sem undir hann eru sérstaklega lögð. Tilsjón er komið á með dómsathöfn og þeir sem krafist geta skipunar tilsjónarmanns eru yfirlögráðandi, lögráðamaður ef viðkomandi hefur ekki náð lögaldri, aðilinn sjálfur hafi hann náð 16 ára aldri og loks maki viðkomandi eða nánustu ættingjar. Hlutverk tilsjónarmanns er fyrst og fremst að reka og ávaxta eignir og tekjur skjólstæðings síns á arðbæran og öruggan hátt, en í því getur einnig falist aðstoð við skjólstæðinginn í málefnum er við koma persónulegri velferð hans. Tilsjónarmaður er undir eftirliti yfirlögráðanda og dómara og ber að veita þeim þær upplýsingar varðandi tilsjónina sem þeir fara fram á. Þar sem skjólstæðingurinn glatar ekki við skipun tilsjónarmanns gerhæfi sínu er það meginregla að tilsjónarmaður verður að hafa samþykki skjólstæðings síns til þeirra löggerninga sem hann gerir. Því ber tilsjónarmanni að bera allar ákvarðanir sínar undir skjólstæðing sinn um mikilvæg málefni sem eru tilsjóninni viðkomandi, enda þótt ekki sé um að ræða eiginlega löggerninga. Skortur á samþykki skjólstæðings tilsjónarmanns gerir það að verkum að löggerningurinn bindur hann almennt ekki. Skipun tilsjónarmanns er ekki birt opinberlega og ekki er um það að ræða að henni sé þinglýst á þær eignir sem undir tilsjón falla.

Ráðsmennsku (förvaltarskap) er í Svíþjóð komið á með dómsathöfn og á árinu 1988 kom hún í stað hefðbundinnar lögræðissviptingar. Skilyrði skipunar ráðsmanns eru þau að viðkomandi einstaklingur geti ekki annast málefni sín sjálfur vegna andlegrar eða líkamlegrar vanheilsu. Kröfu um skipun ráðsmanns geta sett fram þeir sömu og krafist geta skipunar tilsjónarmanns, en að auki getur tilsjónarmaður aðila krafist þess að honum verði skipaður ráðsmaður. Meginreglan er sú að ráðsmaður ræður einn síns liðs til hvaða ráðstafana hann grípur vegna skjólstæðingsins, innan þeirra marka sem ráð er fyrir gert í skipun hans. Þrátt fyrir það á ráðsmaður almennt að bera hugmyndir sínar og fyrirætlanir undir skjólstæðinginn. Hversu víðtæk ráðsmennska er fer eftir þörfum hvers og eins. Tilkynningu um skipun ráðsmanns skal birta í lögbirtingablaði og þinglýsa sem hafti á þær eignir sem undir skipunarbréf ráðsmannsins falla. Auk þess skal ráðsmaður tilkynna bankastofnunum um ráðsmennsku ef undir hana falla inneignir í banka og tilkynna skal um ráðsmennsku til hlutafélagsstjórnar ef skjólstæðingur hans er hluthafi.

Í Noregi kallast ráðsmennska „hjelpevergeordning" og ákvæði um hana er að finna í lögum nr. 3 frá 1927, um „vergemål for umyndige". Líkt og í tilsjónarmannskerfi Svía glatar viðkomandi einstaklingur ekki gerhæfi sínu þótt honum sé skipaður ráðsmaður (hjelpeverge). Hlutverk ráðsmanns samkvæmt norskum rétti er fyrst og fremst það að sjá um fjármál viðkomandi og vera löglegur staðgengill hans. Markmiðið með norska fyrirkomulaginu er ekki einkum það að koma í veg fyrir að skjólstæðingur ráðsmanns fari óskynsamlega með fjármuni sína, líkt og er þegar viðkomandi er sviptur lögræði, heldur frekar að fá utanaðkomandi aðila til að koma reglu á fjármál hans.

Hér á landi gera gildandi lögræðislög einungis ráð fyrir því að yfirlögráðandi geti skipað einstaklingi lögráðamann sé hann sviptur sjálfræði eða fjárræði. Aðstæður hjá mörgum þeim sem á aðstoð þurfa að halda til þess að annast fjármál sín eru þannig að andlega teljast þeir fullfrískir, en vegna veikinda eða líkamlegrar fötlunar eiga þeir óhægt um vik með að sjá um fjárhagsmálefni sín svo vel sé. Fjárræðissvipting og það sem henni fylgir er ekki æskilegur kostur fyrir þennan hóp manna, og þörfin fyrir mildara úrræði er því til staðar þótt ekki sé ljóst hversu mikil hún er. Þó má gera ráð fyrir því að eftirspurnin eftir slíku úrræði aukist á næstu árum. Meðal þeirra sem búast má við að mundu notfæra sér þetta úrræði eru aldraðir, og spár, sem liggja fyrir um fjölgun í hópi aldraðra á næstu árum og áratugum, gefa til kynna að þörf fyrir slíkt úrræði fari vaxandi.

Oft fylgja því sárindi, bæði hjá viðkomandi einstaklingi og ættingjum hans, að þurfa að ganga í gegnum ferli fjárræðissviptingar, ekki síst þegar viðkomandi einstaklingur er bærilega á sig kominn andlega, og margir telja það niðurlægjandi. Svipting fjárræðis í slíkum tilvikum gengur oftar en ekki lengra en nauðsynlegt er. Ráðsmennska mætir a.m.k. að nokkru marki þörfum þess hóps einstaklinga sem þannig er ástatt um.

Það kerfi sem lagt er til að tekið verði upp í IV. kafla byggist á því að einstaklingur, sem er fjárráða og á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, geti óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður, enda geri hann sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar. Þegar manni hefur verið skipaður ráðsmaður glatar hann gerhæfi sínu yfir þeim eignum sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar, en skipun ráðsmanns er bundin við tilteknar eignir og eru þær eignir sem mögulegt er að fela ráðsmanni umsjón yfir tæmandi taldar í 35. gr. Skipun ráðsmanns er ótímabundin en skjólstæðingur hans getur hvenær sem er óskað eftir því að hann verði leystur frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný. Ráðsmaður er undir opinberu eftirliti, sem m.a. felst í því að honum ber að skila yfirlögráðanda skýrslu ár hvert um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á síðasta almanaksári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns, auk þess sem meiri háttar ráðstafanir eigna, svo sem sala eða langtímaleiga, eru háðar samþykki yfirlögráðanda. Eins og fram kemur í 33. gr. er það einungis einstaklingurinn sjálfur sem getur farið fram á skipun ráðsmanns, og er sú krafa gerð að viðkomandi geri sér grein fyrir þýðingu þess. IV. kafli er á því byggður og geti hann ekki gert sér grein fyrir þýðingu slíkrar beiðni bæri að hafna beiðni sem fram kæmi um skipun ráðsmanns. Reynist nauðsynlegt í slíku tilviki að skipa viðkomandi staðgöngumann er ekki um annað að ræða en að fara fram á sviptingu fjárræðis, þá eftir atvikum að hluta. Þessu kerfi sem hér hefur stuttlega verið lýst svipar um margt til þeirra kerfa sem við lýði eru í nágrannalöndum okkar, en það á sér þó ekki beina hliðstæðu. Við smíði ráðsmannskerfisins, sem getur að líta í IV. kafla, hefur verið leitast við að hafa það einfalt og skýrt, ekki síst til að gera þennan kost aðgengilegan fyrir þá sem á því þurfa að halda, auk þess sem þarfir viðskiptalífsins mæla með því að skýrar reglur gildi á þessu sviði.

Kjarni þess kerfis, sem hér er lagt til að verði tekið upp, er sá að hægt verði að koma á svipuðu fyrirkomulagi með frjálsum umboðssamningi. Munurinn á því og ráðsmannskerfinu er hins vegar sá að ráðsmaðurinn er settur undir opinbert eftirlit yfirlögráðanda og umsýslu ráðsmannsins þar með komið á fastari grundvöll. Slíkt eftirlit getur í mörgum tilvikum verið æskilegt, ekki síst ef viðkomandi einstaklingur er kominn á efri ár og hætta er á óeðlilegum afskiptum erfingja af fjármálum hans. Auk eftirlits yfirlögráðanda hefur einstaklingurinn sjálfur eftirlit með ráðsmanni sínum og getur hvenær sem er, eftir skipun ráðsmanns, krafist þess að ráðsmaður verði leystur frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný.

Um 33. gr.

Í 33. gr. eru tilgreind þau skilyrði sem uppfylla þarf til að yfirlögráðandi megi skipa einstaklingi ráðsmann. Fyrsta skilyrði þess að einstaklingi verði skipaður ráðsmaður er að viðkomandi sé fjárráða. Þeir sem sviptir hafa verið fjárræði eiga því ekki kost á þessu úrræði, enda hafa þeir sér til fulltingis skipaðan lögráðamann. Þeir sem eru ófjárráða fyrir æsku sakir eiga heldur ekki kost á þessu úrræði.

Annað skilyrði skipunar ráðsmanns er að viðkomandi einstaklingur eigi óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar. Hvers konar líkamleg veikindi koma til álita í þessu samhengi, sem og elli o.fl. Andleg veikindi geta einnig orðið grundvöllur skipunar ráðsmanns, en þau mega þó ekki vera á því stigi að viðkomandi einstaklingur geri sér ekki grein fyrir þýðingu skipunar ráðsmanns, en það er þriðja skilyrði skipunar ráðsmanns. Í því skilyrði felst að viðkomandi þarf að vera það heill heilsu andlega að hann geri sér grein fyrir því hvað felist í skipun ráðsmanns, t.d. að hann geti ekki ráðstafað þeim eignum sem undir ráðsmann heyra o.fl., sbr. 41. gr. Þeir sem haldnir eru geðsjúkdómum geta í mörgum tilvikum, þrátt fyrir sjúkdóm sinn, gert sér ljósa grein fyrir þýðingu slíkrar ráðstöfunar sem skipun ráðsmanns er, og sama er hægt að segja um stóran hluta þeirra sem teljast þroskaheftir.

Í 2. mgr. 48. gr. greinir að verði ráðsmaður þess var að heilsufar skjólstæðings hans breytist þannig að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 33. gr. skuli ráðsmaðurinn vekja athygli yfirlögráðanda á því. Yfirlögráðandi tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli þegar í stað veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í lögræðissviptingarmáli, sbr. athugasemdir með umræddri grein. Það kerfi sem hér er lagt til að verði tekið upp felur í sér eftirlit af hálfu viðkomandi einstaklings og opinbert eftirlit eins og áður sagði. Ekki er á hinn bóginn með þessu ætlast til að stjórnvöld veiti atbeina sinn til eftirlits með öðrum ráðsmönnum en þeim sem sinna störfum fyrir einstaklinga sem sökum veikinda eða fötlunar eiga óhægt með að sjá um eignir sínar sjálfir. Því ber yfirlögráðanda að veita ráðsmanni lausn frá störfum ef mat yfirlögráðanda er það að skjólstæðingur ráðsmanns hafi á ný náð heilsu og geti því sinnt fjármálum sínum sjálfur. Einnig er ráð fyrir því gert í 2. mgr. 48. gr. að hraki skjólstæðingi ráðsmanns svo að hann geri sér ekki lengur grein fyrir þýðingu skipunar ráðsmanns beri yfirlögráðanda að veita ráðsmanni lausn frá störfum eða bíða úrskurðar í lögræðissviptingarmáli. Kerfið byggir eins og áður sagði á tvíþættu eftirliti, og geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki sinnt því eða gert sér grein fyrir þýðingu skipunar ráðsmanns er forsenda fyrir ráðsmennskunni brostin.

Um 34. gr.

Í 34. gr. er fjallað um form og efni umsóknar um skipun ráðsmanns. Gert er ráð fyrir að sækja skuli um skipun ráðsmanns á sérstöku eyðublaði sem yfirlögráðandi í hverju umdæmi lætur í té. Á því blaði skal óskað eftir því að umsækjandi geri grein fyrir þeim atriðum sem talin eru upp í a–e-liðum 2. mgr. og öðru því sem umsækjandi telur rétt að fram komi. Í a-lið er gert ráð fyrir að umsækjandi gefi helstu persónulegar upplýsingar og í b-lið er farið fram á að nafn maka sé gefið upp eða sambúðarmaka ef honum er til að dreifa. Mikilvægt er að þetta komi fram, enda öðru hjóna heimilt að fara fram á skipun ráðsmanns þótt hitt geri það ekki. Afstaða maka til umsóknar skiptir þó máli, enda gert ráð fyrir því í 5. mgr. 37. gr. að maka umsækjanda eða sambúðarmaka skuli veitt sérstakt færi á að tjá sig um málið. Í c-lið er tekið fram að geta eigi ástæðna þess að skip-

unar ráðsmanns er óskað, en þar er átt við hvaða veikindi eða fötlun, sbr. 33. gr., valdi því að umsækjandi eigi óhægt með að sjá um fjármál sín. Í d-lið er farið fram á að þær eignir sem ráðsmanni er ætlað að sjá um séu taldar nákvæmlega upp. Í 35. gr. er tekið fram að einungis sé hægt að fela ráðsmanni umsjón tiltekinna eigna og því nauðsynlegt að fram komi strax í umsókninni hvaða eignir umsækjandi hefur í huga. Loks er tekið fram í e-lið að óski umsækjandi eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skuli þess getið í umsókn. Uppfylli sá sem umsækjandi tilgreinir þau hæfisskilyrði sem gerð eru til ráðsmanna, sbr. 38. gr., og aðrir annmarkar eru ekki á umsókninni, ber yfirlögráðanda að skipa þann mann ráðsmann umsækjanda.

Í 3. mgr. er mikilsvert ákvæði, en þar er kveðið á um að umsókn skuli fylgja læknisvottorð þar sem grein er gerð fyrir heilsufari umsækjandans og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu ráðstöfunar skv. 33. gr. Læknir sá sem skoðar umsækjanda þarf því ekki aðeins að gera grein fyrir veikindum hans eða fötlun, heldur einnig því hvort hann telji, með hliðsjón af veikindum umsækjanda eða öðru, að hann geri sér grein fyrir hvaða þýðingu skipun ráðsmanns hefur. Yfirlögráðandi hefur læknisvottorðið síðan til hliðsjónar við mat á því hvort skilyrðum 33. gr. er fullnægt, en leggur jafnframt sjálfstætt mat á viðkomandi umsækjanda, sbr. skýr fyrirmæli í 3. málsl. 3. mgr. 37. gr.

Um 35. gr.

Í 35. gr. er mælt fyrir um hvaða eignir það eru sem heimilt er að fela ráðsmanni umsjón með. Þetta ákvæði á sér ekki hliðstæðu í nágrannalöndum okkar þar sem það er ekki takmörkunum bundið hvaða eignir geta fallið undir umsjón ráðsmanns eða tilsjónarmanns. Helsta ástæðan fyrir því að ekki er lagt til að veitt verði heimild til að fela ráðsmanni umsjón allra eigna sem einstaklingur telur sig ekki geta annast svo viðeigandi sé er sú að rétt þykir að fara hægt af stað í byrjun. Þær eignir sem 35. gr. gerir ráð fyrir að hægt sé að fela ráðsmanni umsjón með eru eignir þar sem tiltölulega auðvelt er að koma við skráningu þannig að grandlausum viðsemjendum megi vera kunnugt um takmörkun á ráðstöfunarheimildum viðkomandi. Í 40. gr., sem vikið verður að hér á eftir, er kveðið á um skyldu yfirlögráðanda til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að grandlaus þriðji maður geti öðlast réttindi yfir þeim eignum sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar.

Í a-lið 35. gr. er mælt fyrir um að hægt sé að fela ráðsmanni umsjón fasteigna, loftfara, skráningarskyldra ökutækja og skráningarskyldra skipa. Með skráningarskyldum skipun er átt við sérhvert það skip sem skylt er að skrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985. Þær eignir, sem hér eru taldar upp eru allar háðar opinberri skráningu og því auðvelt að tilkynna viðeigandi skráningaryfirvöldum ef umsjón með þeim er falin ráðsmanni. Gert er ráð fyrir því í a-lið 2. mgr. 40. gr. að skipun ráðsmanns skuli þinglýst á þær eignir sem skipunin tekur til.

Í b-lið 35. gr. er heimild til að fela ráðsmanni umsjón viðskiptabréfa. Vísað er til reglna kröfuréttarins um það hvaða bréf teljist viðskiptabréf. Í flestum tilvikum yrði væntanlega um að ræða ýmiss konar skuldabréf, víxla og hlutabréf. Traustfangsreglur um viðskiptabréf eru víðtækar og gerir 40. gr. ráð fyrir að yfirlögráðandi sjái til þess að ritað verði um skipun ráðsmanns á þau viðskiptabréf sem honum hafa verið falin til umsjónar.

Í c-lið er veitt heimild til þess að fela ráðsmanni umsjón fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum og enn fremur inneigna hjá verðbréfasjóðum. Átt er við hvers konar innlánsreikninga sem viðkomandi stofnanir bjóða upp á.

Allar þær eignir sem taldar eru upp hér að framan eiga það sammerkt að auðvelt er að skrásetja hver fer með forræði yfir þeim. Eins og áður hefur verið vikið að mæla hagsmunir viðskiptalífsins með því að yfirráð yfir eignum sem faldar eru ráðsmanni til umsjónar séu skýr, og komið er til móts við þá hagsmuni með því að haga málum með framangreindum hætti.

Um 36. gr.

Í 36. gr. kemur fram að umsókn um skipun ráðsmanns skuli bera upp við yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur.

Rétt er að taka fram að unnt er að leggja umsókn fram hvort heldur sem er hjá yfirlögráðanda í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili í eða þar sem hann dvelur, en þetta fer að jafnaði saman, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, nr. 21 frá 1990. Rétt er talið að bjóða upp á þessa tvo kosti, enda má búast við því að einhver hluti þeirra sem óska eftir að þeim verði skipaður ráðsmaður dveljist þegar umsóknir eru lagðar fram á sjúkrahúsum eða dvalarheimilum aldraðra fjarri lögheimili sínu, en dvöl í sjúkrahúsi er ekki ígildi fastrar búsetu, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um lögheimili, og getur lögheimili manns því ekki verið þar, sbr. 1. mgr. sömu greinar. Þá er manni, sem flyst á dvalarheimili aldraðra, heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður, sbr. 4. mgr. 4. gr. laganna. Það er því til hægðarauka fyrir umrædda einstaklinga að veita yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem viðkomandi dvelur heimild til að afgreiða umsókn um skipun ráðsmanns.

Um 37. gr.

Í 37. gr. er mælt fyrir um þær grundvallarmálsmeðferðarreglur sem gilda eiga um afgreiðslu yfirlögráðanda á umsóknum um skipun ráðsmanns.

Í 1. mgr. er kveðið á um að umsókn skuli taka til afgreiðslu án ástæðulausra tafa, sbr. og 9. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um málshraða.

Í 2. mgr. er kveðið á um leiðbeiningarskyldu yfirlögráðanda, sbr. og 7. gr. stjórnsýslulaga um leiðbeiningarskyldu.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga um rannsóknarreglu stjórnvalda. Í 2. málsl. málsgreinarinnar er hnykkt á því að yfirlögráðandi geti lagt fyrir aðila að afla frekari gagna eða aflað þeirra sjálfur, en þetta felst að sjálfsögðu í rannsóknarreglunni. Í 3. málsl. 3. mgr. er mikilvægt ákvæði um að yfirlögráðandi skuli kynna sér af eigin raun hvort umsækjandi uppfylli skilyrði 33. gr. Í þessu felst að yfirlögráðandi skuli auk athugunar á læknisvottorði því, sem mælt er fyrir um að fylgja eigi umsókn, og eftir atvikum á öðrum gögnum, leggja sjálfstætt mat á hvort skilyrðum 33. gr. er fullnægt með því að ræða við viðkomandi umsækjanda.

Í 4. mgr. kemur fram að ráðsmaður skuli valinn í samráði við umsækjanda hafi hann ekki farið fram á að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður. Í þessu felst að yfirlögráðandi skal bera undir umsækjanda tillögur sínar um hvern skipa eigi ráðsmann. Það er mikilvægt að umsækjandi sé hafður með í ráðum við val á ráðsmanni í þessum tilvikum þar sem góð samskipti ráðsmanns og umsækjanda hljóta að vera grundvöllur þess að vel takist til með ráðsmennskuna.

Í 5. mgr. kemur fram að yfirlögráðandi skuli veita maka umsækjanda eða sambúðarmaka hans kost á að tjá sig um málið áður en skipun ráðsmanns fer fram. Gert er ráð fyrir því að annað hjóna geti óskað eftir skipun ráðsmanns, og er því eðlilegt að maki fái að tjá sig um það, þar á meðal um val á ráðsmanni, enda má búast við því að samstarf ráðsmanns og maka umsækjanda verði náið. Meginreglan varðandi andmælarétt aðila stjórnsýslumáls er sú að hann verði sjálfur að hafa frumkvæði að því að kynna sér gögn og tjá sig um mál. Hér er gert ráð fyrir undantekningu frá þeirri meginreglu því yfirlögráðandi skal samkvæmt málsgreininni gefa maka sérstakt færi á því að tjá sig um málið. Yfirlögráðandi skal því hafa samband við maka eða sambúðarmaka umsækjanda og veita honum ákveðinn frest til að kynna sér gögn og tjá sig um málið, og eftir það er undir honum komið hvort hann nýtir sér þennan rétt.

Í 6. mgr. er mælt fyrir um rétt manna til að afturkalla umsókn sína á hvaða stigi málsmeðferðar sem er þar til ráðsmaður hefur verið skipaður. Vilji menn afturkalla umsókn eftir skipun ráðsmanns fer um lausn hans frá störfum eftir reglum 47. og 48. gr.

Um 38. gr.

Í 38. gr. er í 1. mgr. vísað í 53. og 54. gr. varðandi almennt og sérstakt hæfi ráðsmanna og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Í 2. mgr. er vikið að þeirri meginreglu að enginn verði skipaður ráðsmaður, nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt. Eins og vikið er að síðar er ekki talið fært að gera það að borgaralegri skyldu að taka að sér lögráðamennsku fyrir einstaklinga sem sviptir hafa verið lögræði, og enn síður er hægt að gera ráðsmennsku að borgaralegri skyldu.

Um 39. gr.

Í 39. gr. er mælt fyrir um ákvörðun um skipun ráðsmanns o.fl. Þar kemur fram í 1. mgr. að séu skilyrði 33. gr. uppfyllt skuli yfirlögráðandi skipa umsækjanda ráðsmann. Síðari málsliður málsgreinarinnar er til leiðbeiningar um að heimilt sé að skipa hjónum eða sambúðarmökum sama ráðsmann.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að ráðsmanni skuli ekki falin umsjón annarra eigna en nauðsynlegt er miðað við þarfir umsækjandans. Þau sjónarmið sem búa að baki þessari reglu eru þau að koma í veg fyrir að ráðsmaður sé skipaður að þarflausu. Úrræðið er hugsað fyrir þá sem þurfa á þessu að halda vegna veikinda eða fötlunar sem kemur í veg fyrir að viðkomandi geti sinnt fjárhagslegum málefnum sínum sem skyldi, og hið opinbera eftirlit og umgjörðin öll á að tryggja að hagsmunir skjólstæðinga ráðsmanna séu ekki fyrir borð bornir. Aðrir sem fullfrískir teljast en hafa engu að síður áhuga á því að fela öðrum umsýslu eigna sinna geta gert það með samningum eftir reglum samningaréttarins, en reglum þessa frumvarps er ekki ætlað að stofna til opinbers eftirlits með slíkum samningum.

Í 3. mgr. er veitt heimild til þess að skipa sama einstaklingi fleiri en einn ráðsmann ef sérstaklega stendur á, en það skilyrði sett að þeir fari þá ekki með umsjón sömu eigna. Í ákveðnum tilvikum gæti það reynst heppilegt að fela fleiri en einum manni umsjón með eignum umsækjanda, t.d. þegar um miklar eignir er að ræða og/eða ólíkar.

Í 4. mgr. er kveðið á um að ákvörðun um skipun ráðsmanns skuli vera skrifleg og síðan er rakið í fimm liðum hvað fram skuli koma í henni. Nauðsynlegt er að skipunin sé skrifleg og þau atriði komi fram sem ákvæðið mælir fyrir um því skipun ráðsmanns felur í sér skerðingu á gerhæfi umsækjanda og því er mikilvægt að festa sé í framkvæmd og að ekki leiki vafi á að ákvörðun um skipun ráðsmanns hafi verið tekin og hvers efn-

is hún er. Ákvörðun um skipun ráðsmanns skal færa í gerðabók yfirlögráðanda, sbr. 82. gr. Ákvörðun mun í flestum tilvikum verða í samræmi við þá umsókn sem umsækjandi lagði fram ef frá er talið það atriði sem nefnt er í e-lið 4. mgr. Þar er mælt fyrir um að þóknun ráðsmanns og greiðslufyrirkomulag hennar skuli koma fram í ákvörðun um skipun. Mikilvægt er að kveðið sé skýrt á um þetta, en nánar er mælt fyrir um þóknun ráðsmanns í 44. gr. Þar kemur fram að þóknun skuli greidd af umsækjanda, en ákvörðun um fjárhæð hennar og greiðslufyrirkomulag er í höndum yfirlögráðanda. Ekki er gert ráð fyrir því að ráðsmaður geti krafið skjólstæðing sinn um hærri þóknun fyrir ráðsmennskuna en kveðið er á um í skipuninni. Þó má nefna að sinni ráðsmaðurinn öðrum störfum fyrir skjólstæðing sinn en umsjón með þeim eignum sem honum voru falin til ráðsmennsku, til að mynda umsjón með eignum sem ekki er hægt að fela ráðsmanni umsjón yfir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins getur hann krafið skjólstæðinginn um sérstaka greiðslu fyrir það.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli gefa út skipunarbréf til ráðsmanns þar sem fram komi þau atriði sem talin eru upp í a-, b- og d-liðum 4. mgr. Þau atriði sem ekki eiga að koma fram í skipunarbréfi eru upplýsingar um þóknun ráðsmanns og ástæður skipunar ráðsmannsins. Gert er ráð fyrir að endurrit skipunarbréfsins verði síðan eftir því sem við á notað við þinglýsingu skipunar ráðsmanns á viðkomandi eignir og við aðrar tilkynningar um skipun hans, sbr. 40. gr.

Í 6. mgr. segir að skipun ráðsmanns sé ótímabundin. Slíkt fyrirkomulag hefur ótvíræða kosti, ekki síst eru það hagsmunir viðskiptalífsins sem mæla með því. Festa í framkvæmd er viðskiptalífinu í hag og tímabundin ráðsmennska gæti haft hamlandi áhrif á viðskipti með þær eignir sem undir ráðsmennsku heyra. Rétt er að benda á að skjólstæðingur ráðsmanns getur hvenær sem er óskað eftir því að ráðsmaðurinn verði leystur frá störfum og honum fengin umráð viðkomandi eigna sinna á ný.

Um 40. gr.

Í 40. gr. er er að finna reglur um tilkynningu um skipun ráðsmanns og um skráningu ráðsmanna.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hvernig tilkynna skuli ráðsmanni, skjólstæðingi hans og dómsmálaráðuneytinu um skipunina og er greinin í samræmi við 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti en því að hér er mælt fyrir um tryggilegri birtingu, þ.e. með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti.

Í 2. mgr. er fjallað um með hvaða hætti veita skuli öðrum upplýsingar um ákvörðun um skipun ráðsmanns. Mælt er fyrir um þinglýsingu varðandi þær eignir sem háðar eru opinberri skráningu, skráningu á viðskiptabréf sem falin eru ráðsmanni til umsjónar og tilkynningu til innlánsstofnana og verðbréfasjóða hafi ráðsmanni verið falin umsjón fjármuna skjólstæðings síns á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum eða inneigna í verðbréfasjóðum. Yfirlögráðanda er ætlað það hlutverk að sjá um þetta og skal hann gera það svo fljótt sem við verður komið.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skyldu dómsmálaráðuneytisins til þess að halda skrá yfir ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra. Er þetta í samræmi við ákvæði 6. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 57. gr. um skrá yfir lögræðissvipta menn og lögráðamenn þeirra.

Um 41. gr.

Um réttaráhrif skipunar ráðsmanns er fjallað í 41. gr.

Í 1. mgr. segir að þegar tilkynning sé komin til umsækjanda um að honum hafi verið skipaður ráðsmaður glati hann rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar. Hann glatar því gerhæfi sínu yfir þeim eignum. Löggerningar skjólstæðings ráðsmanns, sem varða þær eignir sem skipun ráðsmannsins tekur til, eru því ekki bindandi fyrir hann, nema eftir því sem fyrir er mælt um í frumvarpi þessu. Munurinn á venjulegum umboðssamningi og skipun ráðsmanns kemur skýrt fram í þessari grein, en við gerð umboðssamnings þar sem öðrum er falin meðferð tiltekinna eigna annars manns glatar hann ekki gerhæfi sínu yfir þeim eignum sem um ræðir, líkt og er þegar ráðsmaður er skipaður. Það er að mörgu leyti heppilegra fyrir hagsmuni viðskiptalífsins að einungis einn aðili fari með gerhæfi yfir tiltekinni eign. Eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. glatar skjólstæðingur ráðsmanns ekki heimildum sínum til að ráðstafa þeim eignum sem faldar hafa verið ráðsmanni til umsjónar, með erfðaskrá eða öðrum dánargerningum, svo sem dánargjöf sem ekki er ætlast til að komi til framkvæmdar fyrr en að gefandanum látnum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um við hvaða tímamark réttaráhrif skipunar ráðsmanns miðast gagnvart grandlausum aðilum. Þar segir að þau séu háð því að ráðstafanir þær sem greindar eru í 2. mgr. 40. gr. hafi farið fram. Hafi slíkt ekki verið gert geta grandlausir viðsemjendur skjólstæðings ráðsmanns unnið rétt fyrir traustnám.

Í 3. mgr. er að finna hliðstætt ákvæði og er í 1. mgr. 23. gr. gildandi lögræðislaga. Þar kemur fram að löggerningar skjólstæðings ráðsmanns um eign, sem fara í bága við 1. mgr., bindi hann ekki, nema löggerningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af ráðsmanni, og eftir atvikum yfirlögráðanda, eða honum verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir skjólstæðinginn. Eins og áður sagði er hliðstætt ákvæði í gildandi lögræðislögum um samninga ólögráða í 1. mgr. 23. gr. laganna þótt orðalagið sé ekki eins. Þar segir að hafi ólögráða maður gert samning sem hann skorti heimild til að gera, þá geti hinn aðili samningsins rift honum nema samningurinn hafi verið staðfestur af lögráðamanni eða fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann. Sambærilegt ákvæði má fyrst finna í lögræðislögum, nr. 95 frá 1947, og í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að þeim lögum segir að átt sé við þau tilfelli, er samningsaðili hins ólögráða manns er grandlaus um heimild hans til að gera samning, þ.e. hann annaðhvort vissi ekki um ólögræðið eða hafði ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns væri fyrir hendi. Þegar svo stendur á geti samningsaðilinn þegar rift samningnum með tilkynningu til hins ólögráða manns sjálfs eða lögráðamanns hans, nema lögráðamaðurinn hafi þá þegar staðfest samninginn eða honum hafi verið fullnægt svo bindandi sé fyrir hinn ólögráða mann. Getur þar komið til greina að ófjárráða maður hafi goldið fé, sem ekki verði aftur heimt vegna reglna um traustnám, eða fé sé goldið af sjálfsaflafé eða gjafafé, sem ófjárráða maður má ráðstafa. Staðfesting ráðsmanns eins nægir að sjálfsögðu ekki þegar um gerninga er að ræða sem samþykki yfirlögráðanda þarf til.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að um löggerninga skjólstæðings ráðsmanns og meðferð ráðsmanns á fjármunum hans gildi, auk ákvæða IV. kafla, reglur 1. og 3. mgr. 67. gr., 1. mgr. 68. gr., 1., 2. og 4. mgr. 77. gr. og 78. gr. Er í því sambandi vísað til athugasemda við þessar greinar hér að aftan.

Um 42. gr.

Í 42. gr. er mælt fyrir um heimildir ráðsmanns. Meginreglan er sú að hann hefur sömu heimildir yfir þeim eignum sem honum hefur verið falin umsjón með og skjólstæðingur hans hafði fyrir skipun hans. Í 2. og 3. mgr. eru varnaglar slegnir og þar er að finna undantekningar frá þeirri reglu. Í 2. mgr. er það skilyrði sett að yfirlögráðandi skuli veita skriflegt samþykki ef binda á skjólstæðing ráðsmanns við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann og enn fremur ef selja eða veðsetja á eignir þær sem tilgreindar eru í 3. mgr., og að það sama gildi um útleigu slíkra eigna til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara. Ráðstafanir þær sem hér greinir geta í mörgum tilvikum verið skynsamlegar og æskilegar og ekki er ætlunin að koma í veg fyrir þær, heldur að tryggja hagsmuni skjólstæðings ráðsmanns sem best, enda teljast þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. oftast til mikils háttar ráðstafana varðandi eignir. Afskipti yfirlögráðanda af slíkum mikils háttar ráðstöfunum er einnig hluti af því eftirliti sem ætlunin er að koma á fót með þessu kerfi.

Um 43. gr.

Í 43. gr. er fjallað um starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskyldu og er í 1. mgr. mælt fyrir um að um þessi efni gildi ákvæði 1.–3. mgr. 60. gr. og 61. gr. Um skýringar á framangreindum ákvæðum er vísað til þess er fram kemur í athugasemdum um þau hér að aftan.

Í 2. mgr. er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um störf og starfsskyldur ráðsmanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Um 44. gr.

Í 44. gr. kemur fram í 1. mgr. að yfirlögráðandi skal við skipun ráðsmanns ákveða þóknun hans fyrir starfann. Í þessu felst að ráðsmaður getur ekki krafist frekari greiðslu fyrir ráðsmennskuna en yfirlögráðandi ákveður. Taki ráðsmaður að sér önnur störf fyrir skjólstæðing sinn en ráðsmennsku yfir þeim eignum sem honum var falið í skipunarbréfi er honum heimilt að krefja skjólstæðinginn um greiðslu fyrir það, en slíkar greiðslur falla fyrir utan eftirlit yfirlögráðanda. Fjárhæð þóknunar skal, eins og segir í ákvæðinu, miðast við eðli og umfang starfans. Mikilvægt er að samræmi sé við ákvarðanir yfirlögráðenda um þóknanir og eðlilegt að almennar viðmiðunarreglur verði mótaðar í dómsmálaráðuneytinu og yfirlögráðendur leitist við að fara eftir þeim.

Í 2. mgr. er kveðið á um að þóknun ráðsmanns skuli greidd af skjólstæðingi hans. Ekki er gert ráð fyrir því að ríkið eigi í neinum tilvikum að hlaupa undir bagga, sbr. hins vegar ákvæði 62. gr. um greiðslu fyrir lögráðamennsku.

Í 3. mgr. er ákvæði um að ráðsmaður og skjólstæðingur hans geti hvor um sig krafist endurskoðunar á fjárhæð þóknunar ráðsmannsins. Umsvif ráðsmennsku geta aukist eða minnkað og því nauðsynlegt að gefa aðilum kost á því að geta krafist endurskoðunar á þessum þætti skipunar ef ástæða er til.

Um 45. gr.

Mælt er fyrir um skýrslugjöf ráðsmanns til yfirlögráðanda um framkvæmd ráðsmennskunnar í 45. gr. Eftirlit það sem yfirlögráðandi skal hafa með ráðsmönnum er viðamikið, og felst bæði í því að fylgjast náið með þeim skýrslum sem ráðsmenn gefa og öðru eftirliti sem nauðsynlegt kann að vera í hverju tilviki fyrir sig.

Skýrslugjöf ráðsmanns er mikilvægur þáttur í eftirliti yfirlögráðanda og nauðsynlegt að skýrslur séu eins ítarlegar og kostur er á og öll nauðsynleg gögn fylgi. Í skýrslu samkvæmt 1. mgr. skal gera grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið á fyrra almanaksári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings ráðsmanns.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um rétt yfirlögráðanda til að fá fjárhaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda á kostnað skjólstæðings ráðsmanns. Þessi heimild er nauðsynleg til að gera eftirlitið nægilega virkt og er henni einnig ætlað að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif.

Ákvæði 3. mgr. tengist 1. mgr., en í 3. mgr. felst það að yfirlögráðandi getur hvenær sem er kallað eftir upplýsingum frá ráðsmanni. Á þessu ákvæði sést að frumkvæðisskylda yfirlögráðanda er rík, og vakni grunsemdir hjá honum um að ráðsmaður sinni ekki sem skyldi starfsskyldum sínum ber honum að krefjast upplýsinga um fjárhald og eignaumsýslu eða annað sem ráðsmennskunni tengist.

Í 4. mgr. er loks kveðið á um að þegar ráðsmaður fær lausn frá störfum skuli hann gefa yfirlögráðanda skýrslu um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns. Um er að ræða sams konar skýrslu og nefnd er í 1. mgr., en hún mundi væntanlega alltaf taka yfir styttra tímabil, þ.e. frá því tímabili sem hin árlega skýrsla endar og til lausnardags. Skýrslu þessari skal skila án tillits til þess með hvaða hætti lausn ráðsmanns bar að, sbr. 47. gr.

Um 46. gr.

Í ljósi þess að ráðsmennska er hugsuð sem úrræði fyrir einstaklinga, sem vegna veikinda eða fötlunar eiga óhægt með að sjá um fjármál sín, má búast við því að breyting geti orðið á því ástandi einstaklingsins. Þær breytingar geta orðið í hvora áttina sem er, mönnum getur hrakað með þeim afleiðingum að nauðsynlegt reynist að fela ráðsmanni umsýslu fleiri eigna en upphaflega var gert ráð fyrir, eða mönnum getur batnað með þeim afleiðingum að ekki er ástæða til að hafa ráðsmennskuna eins víðtæka og hún þurfti að vera í upphafi. Í 1. mgr. 46. gr. er mælt fyrir um heimild skjólstæðings ráðsmanns til að fara fram á breytingar á því hvaða eignir faldar eru ráðsmanni til umsjónar.

Samkvæmt 2. mgr. er ætlast til að um meðferð slíkra mála fari eftir sömu reglum og gilda um skipun ráðsmanns, eftir því sem við getur átt, og vísast í því sambandi til athugasemda með því ákvæði hér að framan.

Um 47. gr.

Í 47. gr. er fjallað um það hvernig fara skuli með lausn ráðsmanns frá störfum. Ráðsmaður eða skjólstæðingur hans geta hvor um sig óskað eftir því að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og auk þess getur yfirlögráðandi að eigin frumkvæði leyst ráðsmann frá störfum.

Í 1. mgr. er fjallað um það þegar ráðsmaður óskar eftir því að vera leystur frá störfum. Á honum hvílir þó sú skylda að gegna áfram starfa sínum þar til nýr ráðsmaður hefur verið skipaður, sé þess þörf. Yfirlögráðandi metur þá þörf.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli af eigin frumkvæði leysa ráðsmann frá störfum verði hann þess áskynja að skjólstæðingur hans uppfylli ekki lengur skilyrði 33. gr. Sama á við ef ráðsmaður vanrækir starfa sinn, gerist brotlegur í starfi eða uppfyllir ekki lengur almenn hæfisskilyrði. Á þetta getur reynt hvort heldur sem ráðsmaður brýtur gegn þeim starfsskyldum sem mælt er fyrir um í 43. gr. eða gerist með öðrum hætti brotlegur í starfi. Leysi yfirlögráðandi ráðsmann frá störfum skal hann gera það með

formlegum hætti og tilkynna um lausnina með þeim hætti sem segir í 49. gr.

Í 3. mgr. segir að óski skjólstæðingur eftir því að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný skuli yfirlögráðandi verða við þeirri ósk nema ákvæði 48. gr. eigi við.

Loks er í 4. mgr. fjallað um það að við andlát eða gjaldþrot skjólstæðings eða gjaldþrot ráðsmanns hans falli sjálfkrafa niður réttaráhrif skipunar ráðsmanns. Gjaldþrot miðast við uppkvaðningu úrskurðar dómara um að bú viðkomandi skuli tekið til gjaldþrotaskipta. Í öllum þeim tilvikum sem hér um ræðir skal yfirlögráðandi sjá um að koma því til skila til viðeigandi aðila að ráðsmanni hafi verið veitt lausn frá störfum, sbr. 49. gr. Þá segir að verði skjólstæðingur ráðsmanns sviptur fjárræði falli skipun ráðsmanns niður við skipun lögráðamanns. Þó svo að möguleiki sé á því að tveir ráðsmenn starfi samhliða við umsýslu eigna eins manns, sbr. 3. mgr. 39. gr., kemur aldrei til þess að ráðsmaður og lögráðamaður séu starfandi samtímis fyrir einn og sama einstakling. Hins vegar má gera ráð fyrir því að ráðsmaður verði í mörgum tilvikum skipaður lögráðamaður ef til sviptingar fjárræðis kemur hjá skjólstæðingi hans.

Um 48. gr.

Í 48. gr. er að finna eins konar úrræði til öryggis. Í 4. gr. frumvarpins er mælt fyrir um í hvaða tilvikum heimilt er að svipta mann lögræði og rétt þykir, ef aðstæður skjólstæðings ráðsmanns eru taldar vera með þeim hætti sem þar greinir, að yfirlögráðandi veiti þeim aðilum er málið kann að varða frest til að íhuga hvort ástæða sé til að krefjast sviptingar fjárræðis ef viðkomandi sækir um niðurfellingu eða breytingu á skipan ráðsmanns. Um þetta er kveðið á í 1. mgr. Þegar beiðni kemur fram um breytingu á eða brottfall ráðsmennsku skal yfirlögráðandi haga meðferð málsins eftir þeim reglum sem gilda um skipan ráðsmanns. Hann skal því m.a. kynna sér af eigin raun hvort skjólstæðingur ráðsmanns uppfylli enn skilyrði 33. gr. Í þeim tilvikum sem skjólstæðingur ráðsmanns óskar eftir niðurfellingu ráðsmennsku ætti yfirlögráðandi með sama hætti að kynna sér ástand umsækjanda af eigin raun til að ganga úr skugga um að ekki sé ástæða til að ætla að högum hans sé ekki svo farið sem segir í 4. gr.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði sem tekur á því ástandi sem skapast þegar heilsa skjólstæðings ráðsmanns breytist með þeim hætti að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 33. gr. Ráðsmanni ber í þeim tilvikum að vekja athygli yfirlögráðanda á því og tekur yfirlögráðandi í kjölfarið afstöðu til þess hvort veita skuli ráðsmanni lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli. Skilyrði skipunar ráðsmanns skv. 33. gr. eru þrenns konar. Fyrsta skilyrðið er að um fjárráða einstakling sé að ræða, en vikið er að því í 4. mgr. 47. gr. að skipun ráðsmanns falli niður við skipun lögráðamanns í kjölfar fjárræðissviptingar. Ákvæði 2. mgr. tekur aftur á móti til þess þegar skjólstæðingur uppfyllir ekki annars vegar skilyrði 33. gr. um veikindi eða fötlun og hins vegar að gera sér grein fyrir þýðingu skipunar ráðsmanns. Varðandi hið fyrrnefnda þá er vikið að því hér að framan að fyrirkomulagið sem hér er lagt til að tekið verði upp sé einvörðungu ætlað þeim einstaklingum sem vegna veikinda eða fötlunar eiga óhægt um vik með að stjórna fjármálum sínum með viðunandi hætti. Þegar þau veikindi eða fötlun sem upphaflega voru grundvöllur skipunar ráðsmanns eru ekki lengur til staðar er grundvöllur skipunar hans þar með brostinn og skal yfirlögráðandi í slíkum tilvikum veita ráðsmanni lausn frá störfum og fela skjólstæðingi hans aftur umsýslu eigna sinna. Um hið síðarnefnda gildir hið sama, breytist heilsufar skjólstæðings ráðsmanns til hins verra sem hefur þær afleiðingar að hann getur hvorki gert sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar

sem skipun ráðsmanns er né sinnt eftirliti með störfum ráðsmanns ber ráðsmanni að tilkynna það yfirlögráðanda. Það er síðan mat yfirlögráðanda hvað hann gerir í þeim tilvikum, hvort hann veitir ráðsmanni lausn frá störfum eða bíður úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli. Í þeim tilvikum sem yfirlögráðandi veitir ráðsmanni lausn frá störfum skal hann jafnframt vekja athygli þeirra sem aðild eiga að lögræðissviptingarmáli á ástandi skjólstæðingsins.

Um 49. gr.

Í 49. gr. er gerð grein fyrir því með hvaða hætti tilkynna skuli um lausn ráðsmanns frá störfum eða um breytingar á störfum hans. Samsvarandi reglur gilda og um getur í 40. gr. um tilkynningu um skipun ráðsmanns og um skráningu ráðsmanna. Réttaráhrif breytinga á störfum ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru miðuð við að sömu ráðstafanir hafi farið fram og þær sem nauðsynlegar eru til að skipun ráðsmanns hafi réttaráhrif gagnvart grandlausum aðilum, sbr. 2. mgr. 40. gr.

Um 50. gr.

Í 50. gr. er gerð grein fyrir þeim gjöldum sem innheimta skal vegna skipunar ráðsmanns og breytingar á störfum hans. Gjöld þessi renna í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir því að þau skuli, líkt og þóknun ráðsmanns, greiðast af skjólstæðingi hans.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um lögráðamenn. Hér gætir verulegra nýmæla frá gildandi lögum, þar á meðal um lögborna lögráðamenn, eins og fram kemur í athugasemdum með einstökum greinum, einkum 51. gr. frumvarpsins.

Um skipaða lögráðamenn eru ítarlegri reglur í frumvarpinu en í gildandi lögum, m.a. um skipun lögráðamanns og tilkynningu um skipun hans, skýrslugjöf lögráðamanns til yfirlögráðanda o.fl. Þá er það nýmæli að yfirlögráðandi getur ákveðið að þóknun til skipaðs lögráðamanns skuli greidd úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Meginreglan um þóknun skipaðs lögráðamanns er þó sú að hún skuli greidd af eignum hins ólögráða.

Í kaflanum er enn fremur kveðið á um mikilvægar breytingar á heimildum lögráðamanna sjálfræðissviptra manna til að vista þá nauðuga á stofnunum, sem þar er nánar mælt fyrir um, og um skilyrði þess að slíkum vistunum verði komið við. Enn fremur er mælt sérstaklega fyrir um rétt sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun lögráðamanns síns um vistun á stofnun undir dómstóla. Að öðrum nýmælum í V. kafla er nánar vikið í athugasemdum um einstakar greinar.

Um 51. gr.

Í 51. gr. er fjallað um lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir æsku sakir. Langoftast er um að ræða svokallaða lögborna lögráðamenn, þ.e. foreldra ólögráða barna og ungmenna.

Ákvæði 1. mgr. er til skýringar. Í því er vísað til þess að sá þáttur lögráða barns eða ungmennis sem lýtur að persónulegum högum þess og nefnist forsjá heyri undir barnalög og lög um vernd barna og ungmenna. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 25. gr. gildandi lögræðislaga að öðru leyti en því að hér er, auk þess að vísa til barnalaga, vísað til laga um vernd barna og ungmenna sem m.a. geyma reglur um sviptingu forsjár af hálfu stjórnvalda.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að foreldrar barns sem fara með forsjá þess, eða aðrir þeir sem falin hefur verið forsjá barns samkvæmt barnalögum, fari með fjárhald þess. Þá er einnig mælt fyrir um að sama eigi við um fjárhald ungmenna á aldursbilinu frá því að þau verða sjálfráða þar til þau verða fjárráða, þ.e. á aldursskeiðinu frá 16–18 ára. Þetta er nýmæli í lögræðislögum en gildandi lög hafa verið túlkuð með þessum hætti. Viðkomandi foreldri eða aðrir verða sjálfir að vera fjárráða, eins og nánar er fjallað um í athugasemdum við 5. mgr. Ákvæði 2. mgr. samsvarar 26. gr. gildandi lögræðislaga. Hér skal þó tekið fram, að með orðalaginu „foreldrar barns sem fara með forsjá þess“ er vísað til þess að það séu einungis kynforeldrar barnsins, sem með forsjána fara, sem fari með fjárhaldið. Getur þá hvort sem er verið um að ræða einstætt foreldri, foreldra í hjúskap eða óvígðri sambúð eða foreldra sem samið hafa um sameiginlega forsjá. Er því ekki gert ráð fyrir að stjúpforeldri eða sambúðarmaki foreldris fari með fjárhald barnsins. Verður að telja slíkt fyrirkomulag of þungt í vöfum og flókið, auk þess sem ekki verður séð að þörf sé á slíkum reglum. Á hinn bóginn er ekkert því til fyrirstöðu að t.d. stjúpforeldri verði skipað fjárhaldsmaður barns skv. 5. mgr. ef skipunar fjárhaldsmanns er þörf og ákvæðum laganna að öðru leyti fullnægt. Þegar vísað er til annarra þeirra sem falin hefur verið forsjá barns samkvæmt barnalögum er t.d. átt við þá sem foreldrar hafa falið forsjá barns síns með samningi, sbr. 3. mgr. 33. gr. laganna.

Ef forsjá barns hefur verið skipað samkvæmt barnaverndarlögum, þ.e. ef foreldri hefur verið svipt forsjá eða barn verður forsjárlaust, skal skipa því lögráðamann, sbr. 26. gr. þeirra laga. Hér mun átt við fjárhaldsmann þar sem forsjá barnsins er annaðhvort hjá barnaverndarnefnd eða þeim sem nefndin hefur falið forsjána.

Ákvæði 3. mgr. um að séu fjárhaldsmenn barns tveir fari þeir sameiginlega með fjárhaldið er nýmæli í lögræðislögum, en þessa reglu má þó leiða af 25. gr. gildandi laga. Þykir rétt að taka þetta fram með ótvíræðum hætti í lögræðislögum. Þá segir í 3. mgr. um umboð annars fjárhaldsmanns til hins, en hér á landi getur verið sérstaklega brýn nauðsyn á veitingu slíks umboðs vegna langra fjarvista annars foreldris frá heimili fjölskyldunnar, oftast föður.

Í 1. og 2. málsl. 4. mgr. er öðrum af tveimur fjárhaldsmönnum barns veittar þær heimildir sem þar greinir. Ákvæðið stendur í tengslum við ákvæði 3. mgr. og er þess einkum þörf þegar umboð samkvæmt þeirri grein hefur ekki verið veitt eða er takmarkað við sérstakt erindi. Í niðurlagi 4. mgr. er loks mælt fyrir um að ef fjárhaldsmenn barns greinir á um fjárhaldið megi bera ágreininginn undir yfirlögráðanda.

Ákvæði 5. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 27. gr. gildandi lögræðislaga. Þar er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli skipa þeim sem ófjárráða er fyrir ræsku sakir fjárhaldsmann í þrenns konar tilvikum. Í fyrsta lagi þegar fjárhaldsmanns skv. 2. mgr. nýtur eigi við. Hér getur t.d. hagað svo til að foreldri sem fer eitt með forsjá barns eða báðir foreldrar séu ófjárráða fyrir ræsku sakir eða hafi verið sviptir forsjá barns á grundvelli barnaverndarlaga. Varðandi fyrrgreinda tilvikið er bent á að það er viðurkennd regla í persónurétti að lögborinn lögráðamaður verður sjálfur að vera fjárráða til þess að geta verið fjárhaldsmaður barns síns, enda er ófjárráða maður jafnóhæfur til að ráða yfir fé annarra sem sjálfs síns. Tilvik sem þetta tengist einnig niðurlagi 5. mgr. Í síðarnefnda tilvikinu samsvarar þetta ákvæði 26. gr. barnaverndarlaga sem áður var vísað til. Í öðru lagi skal yfirlögráðandi skipa fjárhaldsmann ef hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar. Getur hér hvort heldur er verið um andleg eða líkamleg vanheilindi lögráðamanns að ræða eða langar fjarvistir hans frá heimili sínu. Í þriðja lagi skal yfirlögráðandi skipa fjárhaldsmann ef fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í hönd-

um þess sem fjárhaldinu gegnir. Mundi svo ávallt vera ef fjárhaldsmaður hefur sjálfur verið sviptur fjárræði, en fleira getur komið til. Þá getur umsókn um skipun ráðamanns verið vísbending um þörf á skipun lögráðamanns. Ef yfirlögráðandi fær með öðrum hætti ábendingu um að þörf kunni að vera á skipun lögráðamanns af þessum ástæðum ber honum að taka málið til rannsóknar og haga meðferð þess að öðru leyti í samræmi við reglur stjórnsýslulaga og að því loknu taka þá ákvörðun sem best hentar viðkomandi barni. Ef fjárhaldsmenn barns eru tveir og aðeins annar þeirra æskir lausnar frá störfum eða fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans er ekki þörf skipunar fjárhaldsmanns í hans stað.

Ákvæði 6. mgr. um skipun sérstaks fjárhaldsmanns (ad hoc fjárhaldsmanns) þeim til handa sem ófjárráða er fyrir æsku sakir til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann ef þess gerist þörf og að það skuli jafnan gert er fastur fjárhaldsmaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur er í samræmi við hið almenna ákvæði 53. gr. um sérstaka lögráðamenn. Það ákvæði er hins vegar óbreytt 28. gr. gildandi laga. Segja má að heimildir þær sem 6. mgr. veitir yfirlögráðanda felist einnig í ákvæði 53. gr., en til skýringar þykir rétt að hafa sérstakt ákvæði um þetta í 51. gr. sem fjallar eingöngu um lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir æsku sakir.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um að gefa skuli barni, sem náð hefur 12 ára aldri, kost á að tjá sig um mál áður er fjárhaldsmaður skv. 5. mgr. eða sérstakur fjárhaldsmaður skv. 6. mgr. er skipaður, nema slíkt sé talið barni til tjóns eða þýðingarlaust fyrir niðurstöðu máls. Enn fremur sé rétt að gefa yngra barni kost á að tjá sig um mál ef það þykir hafa aldur og þroska til þess. Ákvæði þetta er m.a. í samræmi við reglur barnalaga um rétt barns til að tjá sig í forsjár- og umgengnismálum og enn fremur í samræmi við mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að, m.a. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Ákvæði 8. mgr., sem mælir fyrir um að hafi foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu fjárhaldsmaður barns sem það hefur forsjá fyrir skuli skipa hann fjárhaldsmann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins eða mælt sé fyrir um fjárhaldið í lögum, er að nokkru marki í samræmi við ákvæði 2. mgr. 29. gr. gildandi lögræðislaga. Sú breyting er þó gerð að í 8. mgr. er aðeins fjallað um fjárhaldsmann barns en ekki lögráðamann, sbr. 29. gr. gildandi laga. Ástæða þess er sú að í frumvarpi þessu eru einungis reglur um þann þátt lögráða barna er felst í fjárhaldi þeirra. Reglur um hinn þátt lögráðanna er fela í sér rétt og reyndar einnig skyldur til að ráða persónulegum högum barns, þ.e. um forsjá barna, eru í barnalögum. Er því lagt til að fellt verði í barnalög samsvarandi ákvæði um forsjá barna og 8. mgr. geymir um fjárhald þeirra. Þess ber þó að geta að forsjá og fjárhald barns eru oftast á hendi sama eða sömu einstaklinga, en þetta tvennt kann þó að verða skilið að eins og vikið hefur verið að fyrr í athugasemdum með þessari grein. Einnig er ljóst að yfirlýsingar foreldris um það hver skuli að því látnu taka við forsjá barns eða fjárhaldi þess hafa einungis gildi að því leyti sem lög mæla ekki fyrir um hvernig um þessi lögráð skuli fara og að því tilskildu að þær séu í samræmi við hagsmuni barns.

Um 52. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að lögráð manns, sem sviptur hefur verið lögræði, hverfi til yfirlögráðanda við sviptinguna. Ákvæðið er nýmæli í lögræðislögum, en litið hefur verið svo á að þessi regla hafi gilt fram til þessa. Þrátt fyrir að yfirlögráðandi skuli skipa lögræðissviptum manni lögráðamann svo fljótt sem verða má eftir að honum berst stað-

fest endurrit úrskurðar um sviptinguna, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr., getur liðið nokkur tími þar til hæfur lögráðamaður finnst. Eru lögráð hins lögræðissvipta manns þá hjá yfirlögráðanda þeim sem nánar er greint frá í 1. mgr. frá því að úrskurður um sviptinguna er kveðinn upp þar til lögráðamaður hefur verið skipaður. Þótt þess sé ekki getið í greininni ber að túlka hana svo að við andlát lögráðamanns hverfi lögráð hins svipta til yfirlögráðanda og séu í hans höndum þar til nýr lögráðamaður hefur verið skipaður. Nánar er fjallað um lögráðamenn í athugasemdum um 62. gr. um þóknun og útlagðan kostnað skipaðra lögráðamanna.

Með 3. mgr. er sérstaklega tekið fram að ákvæði laganna um lögráðamenn eigi einnig við um lögráðamenn þeirra sem sætt hafa takmarkaðri lögræðissviptingu, nema annað sé tekið fram.

Um 53. gr.

Ákvæðið er samhljóða 28. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 29. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki skýringa. Í 2. mgr. er hnykkt á því að lögráðamennska er ekki borgaraleg skylda, heldur verður skipaður lögráðamaður að gefa samþykki sitt fyrir skipun. Hætt er við að sá sem þvingaður yrði til að taka að sér lögráðamennsku mundi ekki sinna henni með þeim hætti sem tilhlýðilegur er. Um skipaða lögráðamenn er nánar fjallað í athugasemdum við 62. gr.

Um 55. gr.

Í 55. gr. er mælt fyrir um þær málsmeðferðarreglur sem gilda eiga um skipun lögráðamanns.

Í 1. og 2. mgr. kemur fram að lögráðamaður skuli valinn í samráði við hinn lögræðissvipta með þeim hætti að óski hann eftir því að tiltekinn maður verði skipaður lögráðamaður hans skuli skipa þann mann lögráðamann, nema hagsmunir hins lögræðissvipta krefjist annars.

Í 3. mgr. kemur fram að yfirlögráðandi skuli veita maka umsækjanda eða sambúðarmaka hans kost á að tjá sig um málið áður en skipun lögráðamanns fer fram. Yfirlögráðandi skal hafa samband við maka umsækjanda eða sambúðarmaka og veita honum ákveðinn frest til að kynna sér gögn og tjá sig um málið, og eftir það er undir honum komið hvort hann nýtir sér þennan rétt.

Um 56. gr.

Í 56. gr. er mælt fyrir um ákvörðun um skipun lögráðamanns.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ákvörðun um skipun lögráðamanns skuli vera skrifleg og síðan er rakið í fjórum liðum hvað fram skuli koma í henni. Ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein færir yfirlögráðandi í gerðabók embættisins, sbr. 82. gr.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli, að tekinni ákvörðun skv. 1. mgr., gefa út skipunarbréf til lögráðamanns þar sem fram komi þau atriði sem talin eru upp í a-, b- og c-liðum 1. mgr. Er því ekki ætlast til að getið sé um þóknun lögráðamanns og fyrirkomulag á greiðslu hennar í skipunarbréfi lögráðamanns, enda ekki ólíklegt að þóknun lögráðamanns taki breytingum frá einum tíma til annars. Ákvarðanir um breytingar á þóknun lögráðamanns færir yfirlögráðandi hins vegar í gerðabók embættisins.

Í 3. mgr. segir að skipun lögráðamanns sé ótímabundin nema um tímabundna lögræðissviptingu sé að ræða.

Um 57. gr.

Í 57. gr. er er að finna reglur um tilkynningu um skipun lögráðamanns og um skráningu lögráðamanna.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um hvernig tilkynna skuli lögráðamanni, skjólstæðingi hans og dómsmálaráðuneyti um ákvörðunina og er greinin í samræmi við 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti en því að hér er mælt fyrir um tryggilegri birtingu, þ.e. með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti.

Í 2. mgr. segir að dómsmálaráðuneytið haldi skrá yfir skipaða lögráðamenn sem er í samræmi við skyldu ráðuneytisins til að halda skrá yfir lögræðissvipta menn, sbr. 6. mgr. 14. gr. Ákvæði þetta er einnig í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis í málinu nr. 1084/1994 sem reifað er í athugasemdum um 14. gr.

Um 58. gr.

Í 58. gr. er fjallað um heimildir lögráðamanna o.fl. Í 1. og 2. mgr. er mælt fyrir um heimildir lögráðamanna sjálfræðissviptra manna, en í 3. mgr. um heimildir lögráðamanna fjárræðissviptra manna.

Reglur um heimildir lögráðamanna sjálfræðissviptra manna eru samkvæmt gildandi lögræðislögum mjög rúmar og lítt afmarkaðar. Segir þar að lögráðamaður skuli ráða persónulegum högum skjólstæðings síns, sbr. 31. gr. laganna, og sérstaklega tekið fram að það eigi m.a. við um vistráð og vinnusamninga. Er það í reynd nánast sama regla og gildir um lögborna lögráðamenn þeirra sem eru ósjálfráða fyrir æsku sakir, sbr. 25. gr. gildandi lögræðislaga. Þegar um er að ræða lögráðamenn þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði er þó hvorki ástæða til né eðlilegt að hafa heimildir lögráðamanna jafnrúmar og þegar um lögborna lögráðamenn er að ræða. Er því í 1. mgr. leitast við að afmarka heimildir lögráðamanna sjálfræðissviptra manna og eru þær takmarkaðar verulega frá því sem gildandi lögræðislög mæla fyrir um. Í 1. mgr. segir að lögráðamaður sjálfræðissvipts manns hafi heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi hins sjálfræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Þar sem tilvikin geta verið afar mismunandi er erfitt að setja nákvæmari reglur um þessar heimildir. Leggja ber áherslu á orðalagið „nauðsynlegar ákvarðanir“. Með því er fyrst og fremst átt við þær ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til þess að sjálfræðissviptingin nái tilgangi sínum. Lögmæt ákvörðun sem lögráðamaður tekur innan ramma þeirra heimilda sem hann hefur bindur hinn sjálfræðissvipta eins og hann hefði hana sjálfur gert.

Í 2. mgr. er byggt á þeirri meginreglu, að lögráðamaður sjálfræðissvipts manns geti ekki ákveðið að skjólstæðingur hans skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum. Frá þessu er þó gerð undantekning ef læknir metur ástand hins svipta þannig að lífi hans eða heilsu sé hætta búin. Þá getur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns tekið slíka ákvörðun. Það er mat nefndarinnar að nauðsynlegt sé að hafa þess konar heimild í lögræðislögum, enda eiga ákvæði III. kafla um nauðungarvistun aðeins við um þá sem eru sjálfráða. Ljóst er þó að heimildin verður að sæta takmörkunum og henni ber að beita af varúð. Er það því gert að skilyrði að fyrir liggi mat læknis um að nauðsyn sé á vistun til verndar lífi eða heilsu hins svipta. Heimildin er einnig bundin við stofnanir sem reknar eru á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eða heimili eða stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna, nr.

58/1992. Vistun á síðastgreindu stofnununum getur þó einungis átt við ungmenni á aldrinum 16–18 ára. Lögráðamanni ber að tilkynna um slíka ákvörðun til yfirlögráðanda. Er það í samræmi við eftirlitshlutverk yfirlögráðenda með störfum lögráðamanna. Um framkvæmd ákvörðunar fer skv. 4. mgr. 19. gr. og 25.–28. gr. eftir því sem við á.

Í 3. mgr. er sett fram meginreglan um að lögráðamaður fjárræðissvipts manns ráði fé skjólstæðings síns, nema lög mæli á annan veg. Ákvæðið er óbreytt frá 1. málsl. 32. gr. gildandi lögræðislaga. Með fyrirvaranum um að lög mæli á annan veg er í fyrsta lagi vísað til þeirra takmarkana sem ráðstöfunarréttur sætir að því er varðar tilteknar eignir og tilteknar ráðstafanir, sbr. nánar ákvæði VI. kafla. Þá er í öðru lagi vísað til þess að hinn ófjárráða getur gert vissar ráðstafanir sjálfur þannig að bindandi sé fyrir hann. Þar er einkum höfð í huga heimild hins ófjárráða til að ráða sjálfur sjálfsaflafé og gjafafé með þeim takmörkunum sem nánar er mælt fyrir um í 75. gr. Í þriðja lagi kann yfirlögráðandi að hafa tekið sjálfur í vörslur sínar fjármuni, sbr. 4. mgr. 67. gr., og hefur lögráðamaður þá ekki ráðstöfunarrétt yfir því fé. Í fjórða lagi ræður ófjárráða maður því fé sem lögráðamaður hefur látið hann hafa til umráða skv. 4. mgr. 75. gr. Í 3. mgr. er enn fremur tekið fram að þegar um er að ræða fjárræðissviptingu, sem aðeins tekur til tiltekinna eigna, taki heimildir lögráðamanns aðeins til þeirra eigna sem sviptingin tekur til.

Um 59. gr.

Í 1. mgr. 59. gr. er tryggður réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun lögráðamanns skv. 2. mgr. 58. gr. undir dómstóla. Þetta ákvæði er hliðstætt 30. gr. þar sem mælt er fyrir um rétt sjálfráða manns sem vistaður hefur verið nauðugur í sjúkrahúsi samkvæmt ákvæðum III. kafla til að bera þá ákvörðun undir dómstóla. Þótt staðið sé að ákvörðunum þessum sem ólíkum hætti, eiga þau sjónarmið um vernd mannréttinda og réttaröryggi sem búa að baki ákvæði 30. gr. einnig að mestu leyti við um ákvarðanir lögráðamanna skv. 2. mgr. 58. gr. Þykir því eðlilegt að gera ráð fyrir að sjálfræðissviptur maður geti með sama hætti borið ákvörðun lögráðamanns síns um vistun á stofnun undir dómstóla.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að dómari skuli kalla lögráðamann hins sjálfræðissvipta fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ákvæði 31. gr. skuli að öðru leyti gilda um meðferð mála skv. 1. mgr. eftir því sem við á. Er hér einkum átt við ákvæði 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 31. gr.

Um 60. gr.

Í 60. gr. er kveðið á um almennar starfsskyldur lögráðamanna. Ákvæði 60. gr. tekur bæði til skipaðra lögráðamanna og lögborinna, en þó að sjálfsögðu einungis að því er varðar fjárhald þeirra síðarnefndu. Þegar um er að ræða skipaða lögráðamenn gildir ákvæðið jafnt um lögráðamenn sjálfræðissviptra manna og fjárræðissviptra.

Í 1. mgr. er lagt fyrir lögráðamann að hafa samráð við hinn ólögráða um framkvæmd starfa sinna, eftir því sem við verður komið, nema um minni háttar ákvarðanir sé að ræða. Þegar mælt er fyrir um samráð, eftir því sem við verður komið, verður að líta til aldurs og þroska ungmennis sem ófjárráða er fyrir ætlu sakir en skylda til samráðs eykst eftir því sem ungmenni eldist og þroskast. Þegar um er að ræða sjálfræðis- eða fjárræðissviptan mann fer um skyldu til samráðs við hann fyrst og fremst eftir ástandi hans og þar með möguleikum á að tjá sig um þau störf lögráðamanns sem um er að tefla hverju sinni. Ákvæðið ber að skýra svo að lögráðamaður beri ríkar skyldur til samráðs við hinn ólög-

ráða og að frávik frá þeirri reglu eigi einungis við þegar augljóst er að tilgangslaust er að reyna að koma samráði við, annaðhvort vegna ástands hins ólögráða eða vegna þess að ekki reynist unnt að ná til hans. Þá er það frávik frá samráði tilgreint í 1. mgr. að þess sé ekki þörf þegar um minni háttar ákvarðanir er að ræða. Hér getur margt komið til og má til dæmis nefna greiðslur ýmissa reikninga fyrir ófjárráða mann sem lögskylt er að greiða. Þykir ekki rétt að lögráðamaður þurfi ávallt að hafa samráð við hinn ólögráða þegar þannig hagar til.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu lögráðamanns til að haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið á um skyldu lögráðamanns til að fara að fyrirmælum yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytisins. Ákvæði þetta er samhljóða 2. mgr. 30. gr. gildandi lögræðislaga. Um hlutverk yfirlögráðenda er m.a. mælt fyrir í 2. og 3. mgr. 81. gr. og hlutverk dómsmálaráðuneytis er að fara með yfirstjórn þeirra mála er snerta lögráð, sbr. 13. tölul. 3. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands.

Mælt er fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að setja nánari reglur um störf og starfsskyldur lögráðamanna og eftirlit yfirráðenda með þeim í 4. mgr. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 40. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 61. gr.

Ákvæði 61. gr. um skaðabótaskyldu lögráðamanns er óbreyttur 2. málsl. 33. gr. gildandi lögræðislaga og þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr.

Í 62. gr. er mælt fyrir um greiðslu þóknunar til skipaðs lögráðamanns og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði hans. Ákvæðið tekur einungis til skipaðra lögráðamanna þar sem ekki er gert ráð fyrir að lögbornir lögráðamenn njóti slíkra greiðslna, hvorki úr hendi hins ólögráða né úr ríkissjóði.

Nokkurra nýmæla gætir í þessu ákvæði. Í gildandi lögum er ekki vikið að endurgreiðslu á útlögðum kostnaði lögráðamanns, en í 2. mgr. 40. gr. laganna segir að yfirlögráðandi geti ákveðið lögráðamanni þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið. Ekki virðist gert ráð fyrir að lögráðamanni sjálfræðissvipts manns verði greidd þóknun og ekki er að finna heimild í lögunum til að yfirlögráðandi geti ákveðið að þóknun lögráðamanns verði greidd úr ríkissjóði.

Í 1. mgr. 62. gr. er lagt til að lögráðamaður skuli ávallt eiga rétt á endurgreiðslu á nauðsynlegum útlögðum kostnaði vegna starfans. Yfirlögráðandi metur hvort útlagður kostnaður hafi verið nauðsynlegur, ef því er að skipta. Útlagðan kostnað skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða en yfirlögráðandi getur þó ákveðið að hann skuli greiddur úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Í 1. mgr. er enn fremur lagt til að yfirlögráðandi geti ákveðið að lögráðamaður skuli fá sanngjarna þóknun fyrir störf sín. Með sanngjarnri þóknun er átt við að hún skuli ákveðin í samræmi við eðli og umfang starfans. Meginreglna er sú að þóknun lögráðamanns skuli greidd af eignum hins ólögráða en yfirlögráðandi getur þó ákveðið að hún

skuli greidd úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

Í 2. mgr. segir að dómsmálaráðherra skuli setja nánari reglur um þóknun yfirlögráðenda.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að gildandi lögræðislögum er bent á að ákaflega erfitt hafi verið að fá menn til að taka að sér lögráðamennsku en jafnframt sé ljóst að nauðsynlegt sé að manni verði skipaður lögráðamaður strax og hann hafi verið sviptur lögræði. Starf lögráðamanns geti oft á tíðum verið mjög erfitt, sérstaklega ef um geðsjúkan mann er að ræða. Það sé því skiljanlegt að menn kinoki sér við slíku starfi. Í athugasemdunum kemur enn fremur fram að nefndin hafi íhugað hvort taka skyldi í frumvarpið ákvæði um að það væri borgaraleg skylda fyrir vissa aðila, þ.e. tiltekna vandamenn og lögmenn, að vera lögráðamenn, en taldi þann kost ekki tiltækan að svo stöddu.

Samkvæmt upplýsingum, sem borist hafa frá yfirlögráðandanum í Reykjavík og fleiri yfirlögráðendum, er enn erfitt að fá menn til þess að taka að sér lögráðamennsku í mörgum tilvikum. Á þetta einkum við um lögráðamennsku fyrir alvarlega geðsjúka menn og áfengis- og fíkniefnaneytendur.

Nefnd sú er samdi frumvarp það sem nú er lagt fram er þeirrar skoðunar að með öllu sé óverjandi að lögræðissviptum manni verði ekki skipaður lögráðamaður svo fljótt sem við verður komið eftir sviptingu, hvort sem um er að ræða sjálfræðis- eða fjárræðissviptingu. Til þess að tryggja að svo megi verða eru tvö úrræði tiltæk. Annars vegar að gera lögráðamennsku að borgaralegri skyldu fyrir vissa aðila og hins vegar að heimila greiðslu þóknunar úr ríkissjóði til handa lögráðamanni ef annar kostur er ekki fyrir hendi. Fyrra úrræðið telur nefndin ekki koma til álita. Hætt er við að þeir sem þvingaðir yrðu til að taka að sér lögráðamennsku mundu ekki sinna því starfi með tilhlýðilegum hætti. Eins má benda á að í löndum þar sem lögráðamennska hefur verið borgaraleg skylda er greinileg tilhneiging til þess að fella hana niður og má t.d. benda á að í nýjum lögræðislögum í Danmörku, sem gildi tóku 1. janúar sl., var borgaraleg skylda til lögráðamennsku afnumin. Er því ekki annað úrræði tiltækt en leggja til að yfirlögráðanda verði heimilt að ákveða þóknun til lögráðamanns úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru ekki nægilegar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Gert er ráð fyrir að þóknanir úr ríkissjóði þurfi þó einungis til að koma í undantekningartilvikum, sbr. það sem hér segir um skipaða lögráðamenn.

Nánir ættingjar sem lögráðamenn.

Mjög hefur tíðkast að nánir ættingjar séu skipaðir lögráðamenn lögræðissviptra manna, t.d. uppkomin börn aldraðra foreldra, foreldrar þeirra sem sviptir hafa verið lögræði eða systkin. Þetta verður að teljast eðlilegt fyrirkomulag og að fáum standi nær að sinna lögráðamennsku fyrir hinn svipta. Gert er ráð fyrir að nánum ættingjum verði yfirleitt ekki greidd þóknun fyrir lögráðamennsku, nema um sé að ræða óvenjulega umfangsmikil störf henni fylgjandi. Slíkt mundi einkum koma til vegna verulegrar eignaumsýslu lögráðamanns, og má þá ætla að þóknun yrði í langflestum tilvikum greidd af eignum hins svipta. Ekki er þó hægt að útiloka að þóknun verði greidd nánum ættingjum sem sinna lögráðamennsku, úr ríkissjóði, hvort heldur sem er um sjálfræðis- eða fjárræðissviptingu að ræða.

Venslamenn sem lögráðamenn.

Hér er átt við vini, fjarskyldari ættingja en að framan greinir eða aðra þá sem tengjast hinum svipta persónulegum böndum. Í vissum tilvikum getur verið heppilegt að fela slíkum einstaklingum lögráðamennsku, einkum ef nánum ættingjum er ekki til að dreifa eða þeir treysta sér ekki til að sinna lögráðamennsku fyrir hinn svipta. Í þessum tilvikum verður að ætla að oftar komi til greiðslu þóknunar en þegar nánir ættingjar taka að sér lögráðamennsku, en slíkt verður að ráðast af eðli og umfangi starfans.

Sérfræðingar sem lögráðamenn.

Til þess getur komið að þörf sé á því að sérfræðingi verði falin lögráðamennska, en slíkt ætti að heyra til undantekninga, og þá helst ef um óvenjulega mikla og flókna eignaumsýslu fjárræðissvipts manns er að ræða eða þegar ekki reynist unnt að skipa sjálfræðissviptum manni lögráðamann úr röðum náinna ættingja eða venslamanna. Hér er t.d. átt við lögmenn, löggilta endurskoðendur eða félagsráðgjafa. Við þessar aðstæður mun oftast verða þörf á greiðslu þóknunar til lögráðamannsins og gildir þá að sjálfsögðu meginreglan um að þóknun verði greidd af eignum hins svipta en aðeins í undantekningartilvikum úr ríkissjóði.

Eins og að framan greinir er í 2. mgr. mælt fyrir um að dómsmálaráðherra skuli setja nánari reglur um þóknun lögráðamanna. Eins og áður er einnig fram komið er miðað við að þóknun lögráðamanns skuli vera sanngjörn miðað við eðli og umfang starfa hans. Hér er bæði átt við þóknun sem greidd er af eignum eða tekjum hins lögræðissvipta og þóknun er greiðist úr ríkissjóði. Til greina kemur t.d. að setja reglur um ákveðin viðmiðunarmörk, þannig að þóknun skuli greiða af eignum eða tekjum hins svipta ef þær eru yfir ákveðnum nánar tilgreindum fjárhæðum. Við mat á því hvað teljist sanngjörn þóknun miðað við eðli og umfang starfa skipaðs lögráðamanns, ber að líta til þess að sem best samræmi verði í ákvarðanatökum í öllum tilvikum. Hagsmuni beggja aðila, þ.e. hins svipta og lögráðamannsins, ber að hafa í huga við gerð reglna um þóknun til lögráðamanna. Gert er ráð fyrir að yfirlögráðandi meti með reglulegu millibili hvort þóknun lögráðamanns er sanngjörn miðað við eðli og umfang starfa hans með hliðsjón af skýrslugjöf lögráðamanns skv. 63. gr.

Um 63. gr.

Í 63. gr. er mælt fyrir um skýrslugjöf lögráðamanns til yfirlögráðanda. Skýrslugjafir lögráðamanna er mikilvægur þáttur í eftirliti yfirlögráðenda með störfum lögráðamanna og nauðsynlegt að þær séu ítarlegar og öll nauðsynleg skjöl fylgi.

Ákvæði þessarar greinar eru mun ítarlegri en ákvæði gildandi lögræðislaga um skýrslugjafir lögráðamanna, en um þær segir í 1. mgr. 40. gr. laganna. Hér er m.a. mælt fyrir um árlegar skýrslugjafir lögráðamanna, með þeirri undantekningu sem um getur í 1. mgr., skýrslugjafir við upphaf og lok skipaðrar lögráðamennsku o.fl.

Í 1. mgr. er lagt fyrir lögráðamenn barna og ungmenna sem ekki hafa náð fjárræðisaldri, en það eru oftast foreldrar þeirra, að gefa yfirlögráðanda árlega skýrslu um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhaldið ef verðmæti eigna barnsins eða ungmennisins er 500.000 kr. eða þar yfir. Ekki þykir rétt að leggja til skýrslugjafir þegar um tiltölulega litlar eignir er að ræða. Ber þá hvort tveggja til, að þörf fyrir skýrslugjöf og eftirlit yfirlögráðanda er ekki eins brýn og eins hitt að óheyrilegt álag mundi fylgja því ef yfirlögráðendum væri gert skylt að fylgjast með eignaumsýslu allra barna og ungmenna. Hins vegar er lagt til að ákvæði 3. mgr. um fortakslausa skýrslugjöf skuli

gilda ef barni eða ungmenni undir fjárræðisaldri hefur verið skipað fjárhaldsmaður, sbr. 5. og 6. gr. 51. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu skipaðs lögráðamanns fjárræðissvipts manns til þess að taka saman skýrslu um eignir og skuldir hins svipta og senda hana yfirlögráðanda, nema einungis sé um að ræða sviptingu fjárræðis varðandi tilteknar eignir, sbr. 2. mgr. 5. gr. Ákvæðið byggir á því að bæði er skipuðum lögráðamanni nauðsynlegt að hafa vitneskju um eignir og skuldir skjólstæðings síns, til þess að geta sinnt skyldum sínum sem lögráðamaður og eins er yfirlögráðanda nauðsynlegt að búa yfir sömu vitneskju til þess að geta sinnt eftirlitsskyldum sínum.

Ákvæði 3. mgr. um árlega skýrslugjöf lögráðamanns fjárræðissvipts manns er ætlað að tryggja eftirlit yfirlögráðenda með störfum skipaðra lögráðamanna. Er hér átt við skýrslugjöf allra skipaðra lögráðamanna þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði.

Ákvæði 4. mgr. um að lögráðamanni ófjárráða manns sé skylt að tilkynna yfirlögráðanda ef hinum ófjárráða áskotnast verðmæti sem nemur 500.000 kr. eða meira á bæði við um lögráðamenn þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir og þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði. Ákvæðið tengist 73. gr. um tilkynningarskyldu til yfirlögráðanda og er ætlað að vera til öryggis ef misbrestur verður á tilkynningarskyldu samkvæmt þeirri grein. Einnig tengist ákvæðið 1. mgr. þessarar greinar og er m.a. ætlað að tryggja eftirlit yfirlögráðenda með fjárhaldi þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um rétt yfirlögráðanda til að fá fjárhaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda á kostnað hins ófjárráða ef fjárhaldið er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til. Þessi heimild er nauðsynleg til að gera eftirlitið nægilega virkt og er henni ætlað að hafa bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif þannig að lögráðamenn geti búist við þess háttar endurskoðun og að hún verði framkvæmd ef þörf er á. Þegar mælt er fyrir um heimild yfirlögráðanda til þess að ákveða að kostnaður af slíkri endurskoðun skuli greiddur úr ríkissjóði er einkum átt við þau tilvik þegar fjárhagsstaða hins ófjárráða er bágborin, en slíkt mun sjaldan koma til ef þörf er endurskoðunar löggilts endurskoðanda.

Ákvæði 6. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 40. gr. gildandi lögræðislaga. Á þessu ákvæði sést að frumkvæðisskylda yfirlögráðanda er rík, og vakni grunsemdir hjá honum um að lögráðamaður sinni ekki sem skyldi starfsskyldum sínum ber honum að krefjast upplýsinga um fjárhald og eignaumsýslu lögráðamannsins eða annað sem umsýslu hans tengist.

Í 7. mgr. er loks kveðið á um að þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skuli hann gefa yfirlögráðanda skýrslu um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns. Um er að ræða sams konar skýrslu og nefnd er í 3. mgr., en hún mundi væntanlega alltaf taka yfir styttra tímabil, þ.e. frá því tímabili sem hin árlega skýrsla endar og til lausnardags.

Í 8. mgr. er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um skýrslugjöf lögráðamanna samkvæmt þessari grein og þarfnast hún ekki skýringa.

Um 64. gr.

Í 64. gr. er fjallað um það hvernig fara skuli með lausn skipaðs lögráðamanns frá störfum.

Í 1. mgr. er fjallað um það þegar lögráðamaður óskar sjálfur eftir því að vera leystur frá störfum. Á honum hvílir þó sú skylda að gegna áfram starfa sínum þar til nýr lögráðamaður hefur verið skipaður.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að yfirlögráðandi skuli af eigin frumkvæði leysa lögráðamann frá störfum vanræki hann starfa sinn eða gerist brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði laga um almennt hæfi sem lögráðamaður. Á þetta getur reynt hvort heldur sem lögráðamaður brýtur gegn þeim starfsskyldum sem mælt er fyrir um í 60. gr. eða gerist með öðrum hætti brotlegur í starfi.

Í 3. mgr. segir loks að við andlát skjólstæðings skipaðs lögráðamanns falli sjálfkrafa niður skipun lögráðamannsins. Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 65. gr.

Ákvæði 65. gr. um tilkynningu um lausn lögráðamanns frá störfum og skráningu um lausn hans vísar til 57. gr. Um skýringar við þessa grein er vísað til athugasemda um 57. gr.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla eru reglur um meðferð á fjármunum ófjárráða manna og eiga þær við hvort sem um er að ræða fjárræðisskort vegna æsku hins ófjárráða eða vegna fjárræðissviptingar hans. Reglurnar gilda einkum um meðferð lögráðamanna á fjármunum ófjárráða manna en eiga einnig við um meðferð yfirlögráðenda eftir því sem við á.

Kafli þessi hefur að geyma ýmsar reglur sem eru í V. kafla gildandi lögræðislaga, lítt breyttar, sbr. t.d. ákvæði 1. málsl. 33. gr. og 1. mgr. 38. gr. laganna um varðveislu og ávöxtun eigna ófjárráða manns, ákvæði 35. gr. um bann við því að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann, ákvæði 36. og 37. gr. um nauðsyn á samþykki yfirlögráðanda til kaupa og sölu á eignum ófjárráða o.fl. og ákvæði 2. mgr. 38. gr. um takmarkanir á heimildum lögráðamanns til að lána fé ófjárráða manns. Þá er í þessum kafla frumvarpsins efnislega óbreytt 39. gr. laganna.

Framangreindar reglur hafa verið í íslenskum lögum alllengi og á svipuðum reglum hefur verið byggt í lögræðislögum nágrannalandanna.

Framsetning reglna gildandi laga hefur verið breytt í VI. kafla frumvarpsins í því skyni að gera þær aðgengilegri og skýrari og einnig eru sumar þeirra ítarlegri en samsvarandi ákvæði gildandi laga.

Í kafla þessum gætir enn fremur nokkurra nýmæla sem reifuð eru í athugasemdum um einstakar greinar kaflans.

Um 66. gr.

Í greininni er skýrlega kveðið á um að reglur kaflans um meðferð á fjármunum þeirra sem eru ófjárráða eigi við hvort sem fjárræðisskort má rekja til ungs aldurs eða sviptingar fjárræðis.

Um 67. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að eignir ófjárráða manns skuli varðveittar tryggilega og ávaxtaðar eins og best er á hverjum tíma. Í þessu felst að lögráðamaður skuli fyrst og fremst hafa að leiðarljósi hagsmuni hins ófjárráða þegar teknar eru ákvarðanir um varðveislu og ávöxtun fjármuna hans. Í þessu felst jafnframt að lögráðamaður skuli stuðla að því að fé hins ófjárráða beri þann arð sem eðlilegt má telja og eignum sé haldið við þannig að verðgildi þeirra rýrni ekki, að leitað sé jafnvægis milli hæfilegrar ávöxtunar fjár og áhættu. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 1. málsl. 33. gr. gildandi lögræðislaga.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Þar er mælt svo fyrir að séu eignir ófjárráða manns að verðmæti 500.000 kr. eða þar yfir skuli lögráðamaður hafa samráð við yfirlögráðanda um varðveislu þeirra og ávöxtun. Ákvæðið miðar að því að veita lögráðamanni aukið aðhald um fjárhald sitt fyrir hinn ólögráða. Eru ekki síst hafðir í huga lögbornir lögráðamenn þeirra sem eru ófjárráða fyrir æsku sakir þótt ákvæðið sé ekki bundið við þá.

Í 3. mgr. er mælt svo fyrir að lögráðamaður skuli ávallt halda peningum og viðskiptabréfum hins ófjárráða aðgreindum frá eigin fjármunum. Þetta ákvæði er sett til frekari tryggingar hagsmunum hins ófjárráða og þarfnast ekki nánari skýringa.

Í 4. mgr. er kveðið á um að yfirlögráðandi geti tekið í sínar vörslur fjármuni í eigu hins ófjárráða ef hann telur ástæðu til. Hefur lögráðamaður þá ekki ráðstöfunarrétt á því fé. Í gildandi lögum er ekki beint mælt fyrir um sérstaka heimild fyrir yfirlögráðanda í þessu efni. Ljóst er þó að yfirlögráðandi hefur slíka heimild, sbr. 34. gr. laganna, en það ákvæði á sér fyrirmynd í eldri lögum.

Í 5. mgr. er gert ráð fyrir að samþykki yfirlögráðanda þurfi til að ganga á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. Að baki ákvæðinu býr sú hugsun að þegar um er að ræða þá sem eru ófjárráða fyrir æsku sakir eiga þeir ávallt framfærslurétt á hendur öðrum. Eru hér einkum höfð í huga ákvæði barnalaga um framfærsluskyldur foreldra. Við þær aðstæður ætti sjaldnast að vera þörf á að ganga á eignir hins ófjárráða til framfærslu hans. Einnig er hér á því byggt að eignir ófjárráða manns fyrir æsku sakir skuli varðveittar eftir því sem kostur er þar til hann verður fjárráða. Nokkuð öðru máli gegnir um eignir þess sem sviptur hefur verið fjárræði og þótt meginsjónarmiðið sé hið sama, þ.e. að varðveita skuli eignir hans og nýta fremur tekjur og arð af þeim til framfærslu hans, ef á þarf að halda, má ljóst vera að ekki er ávallt jafnbrýn þörf fyrir varðveislu eigna hans óskertra, einkum ef hinn fjárræðissvipti er kominn á efri ár. 5. mgr. er í samræmi við lokamálslið 36. gr. gildandi lögræðislaga.

Í 6. mgr. er dómsmálaráðherra veitt heimild til að setja nánari reglur um varðveislu og ávöxtun fjármuna ófjárráða manna.

Um 68. gr.

Í 1. mgr. er orðuð sú almenna regla að lögráðamaður skuli sjá til þess að tekjur og arð af eignum ófjárráða manns skuli nýta í þágu hins ófjárráða. Reglan er í samræmi við þá grundvallarreglu að lögráðamaður skuli haga ákvörðunum sínum um ráðstöfun fjármuna hins ófjárráða, þar með taldra tekna eða arðs af eignum hans, með hagsmuni skjólstæðingsins að leiðarljósi. Liður í því er að tryggja að tekjur eða arður af fé hans nýtist í hans þágu. Sé um að ræða menn sem sviptir hafa verið fjárræði ber m.a. að nýta slíkar tekjur eða arð til framfærslu þeirra, að svo miklu leyti sem þörf er á því.

Samkvæmt 2. mgr. getur lögráðamaður, ef hann telur slíka ráðstöfun samræmast hagsmunum hins ófjárráða, afhent honum hæfilegt fé til eigin nota af tekjum hans eða arði. Fjárhæð ber að meta eftir aðstæðum og efnum hins ófjárráða. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði þessa efnis, en almennt verður þó að líta svo á að lögráðamanni sé þetta heimilt engu að síður. Hér er því tæpast um nýmæli að ræða. Sjálfsagt þykir þó að taka af skarið í þessu efni í lögræðislögum. Í 2. mgr. er jafnframt tekið fram að lögráðamanni sé heimilt að ganga á höfuðstól hins ófjárráða í þessu skyni ef tekjur hans hrökkva ekki til, en í því tilfelli þurfi þó samþykki yfirlögráðanda. Gert er ráð fyrir að yfirlögráðandi veiti aðeins í undantekningartilvikum samþykki sitt til þess að gengið verði á eignir þess sem ófjárráða er fyrir æsku sakir.

Um 69. gr.

Í 69. gr. er fjallað um kaup og sölu eigna ófjárráða manns o.fl. Svipuð ákvæði eru í 36. og 37. gr. gildandi lögræðislaga. Þessar reglur má að stofni til rekja til ákvæða 7. gr. tilskipunar frá 18. febrúar 1847.

Samkvæmt 1. mgr. er skylt að leita samþykkis yfirlögráðanda til kaupa eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips og ökutækis og jafnframt atvinnufyrirtækis. Skiptir ekki máli hvort ráðstöfun telst mikils háttar eða óvenjuleg miðað við efni hins ófjárráða. Sama gildir ef ófjárráða manni eru afhentar slíkar eignir án þess að endurgjald komi fyrir. Nokkuð hefur þótt bera á því að lögbornir lögráðamenn, þ.e. foreldrar barna og ungmenna, hafi fært eignarrétt að fasteign eða bifreið yfir á barn sitt að því er virðist til þess að forðast aðför skuldheimtumanna. Þar sem margs konar skyldur hvíla á eigendum þeirra eigna sem tilgreindar eru í málsgreininni þykir rétt að yfirlögráðandi meti hvort hinn ófjárráða hafi hag af eignatilfærslunni og er því lagt til að samþykki hans þurfi til að koma þegar þannig hagar til. Ákvæðið um að samþykki yfirlögráðanda þurfi til að ófjárráða maður megi eiga skráningarskylt ökutæki er hér lagt til samkvæmt tilmælum umboðsmanns barna sem lýst hefur áhyggjum sínum yfir nokkrum fjölda barna og ungmenna sem skráð eru eigendur bifreiða, en við könnun á ástandi þessara mála kom í ljós að 18. september 1995 voru 372 bifreiðar skráðar á börn yngri en 15 ára. Svipuð tilmæli hafa borist dómsmálaráðuneytinu frá embætti tollstjórans í Reykjavík. Sérstaklega skal þó tekið fram að eignarhald ófjárráða ungmennis á skráningarskyldu ökutæki getur átt fullan rétt á sér og má þá búast við að yfirlögráðandi veiti samþykki sitt til þess. Í niðurlagi 1. mgr. er áréttað að eignir skv. 1. mgr. skuli ekki látnar af hendi nema hinn ófjárráða hafi hag af því. Hér er lögð áhersla á að ráðstöfun þjóni hagsmunum hins ófjárráða.

Í 2. mgr. er kveðið á um að samþykkis yfirlögráðanda sé einnig þörf þegar um er að ræða leigusamning um fasteign til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

Skv. 3. mgr. er samþykkis yfirlögráðanda enn fremur þörf til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, miðað við efni hins ófjárráða, svo sem kaup eða sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Upptalning ráðstafana í ákvæðinu er einungis í dæmaskyni.

Í 4. mgr. kemur fram að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda og þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Um 70. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar ákvæði í 37. gr. gildandi laga. Það má rekja allt aftur til tilskipunarinnar frá 1847 sem fyrr er getið. Með öðrum eignarhöftum (kvöðum) er átt við afnotaréttindi, ítaksréttindi, afgjaldsskyldur, forkaupsrétt, kauprétt og önnur takmörkuð og óbein eignarréttindi sem með einum eða öðrum hætti takmarka afnot eða ráðstöfunarheimildir eiganda þeirra eigna sem í ákvæðinu eru taldar.

Í 2. mgr. er tekið fram að þegar um veðbönd er að ræða skuli samþykki bundið við að veðsetning sé til tryggingar skuldum hins ófjárráða. Þó er einnig tekið fram, ef sérstaklega stendur á, að heimilt sé að veita heimild til veðsetningar til tryggingar skuldum lögráðamanns. Hér er fyrst og fremst átt við lögborna lögráðamenn þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir. Um ráðstafanir samkvæmt þessari grein gildir sá almenni fyrirvari að ráðstöfun þjóni hagsmunum hins ófjárráða.

Ákvæði 3. mgr. er hliðstætt ákvæði 4. mgr. 69. gr. og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 71. gr.

Samkvæmt 35. gr. lögræðislaganna frá 1947 var óheimilt með öllu að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann. Sagði í greinargerð að löggerningar af því tagi gætu verið mjög varhugaverðir, en sjaldnast til hagsbóta fyrir hinn ófjárráða. Ákvæðið var tekið óbreytt upp í 1. mgr. 35. gr. gildandi laga. Í 2. mgr. þeirrar greinar var þó upphaflega tekið fram að dómsmálaráðherra gæti veitt undanþágu frá banni 1. mgr. þegar sérstaklega stæði á vegna hagsmuna hins ófjárráða. Með 79. gr. laga nr. 92/1991 var þessu hins vegar breytt í yfirlögráðanda. Er hér lagt til óbreytt ákvæði 35. gr. gildandi laga og á það bent að gert er ráð fyrir að undanþáguheimild 2. mgr. verði beitt með ýtrustu varfærni.

Um 72. gr.

Í 1. mgr. er það gert að skilyrði að ekki megi lána fé ófjárráða manna nema með samþykki yfirlögráðanda. Er þá tilskilið að lán skuli aðeins veitt gegn tryggu veði í fasteign. Ákvæði um að lánsfjárhæð skuli ekki fram fram úr tilteknum hluta af fasteignamati eignar er sambærilegt þeim reglum sem finna má í 2. mgr. 38. gr. lögræðislaganna frá 1947 og 2. mgr. 38. gr. gildandi lögræðislaga. Hugsanlegt er að trygging verði ekki metin nægilega traust þótt lánsfjárhæð sé innan marka ⅔ hluta af fasteignamati eignar, einkum þar sem raunverulegt markaðsverð eignar getur verið mun lægra en fasteignamat. Ber yfirlögráðanda að hafa þetta í huga þegar hann metur hvort veð teljist fullnægjandi. Reglur þessar miða að öruggri endurheimtu þess fjár sem lánað er af fjármunum ófjárráða manna. Yfirlögráðandi skal því aðeins veita samþykki sitt að hinum ófjárráða sé hagur af ráðstöfuninni.

Ákvæði 2. mgr. er í samræmi við 39. gr. gildandi lögræðislaga, sbr. lög nr. 90/1991.

Í 3. mgr. er tekið fram að hafi maður einungis verið sviptur fjárræði að því er varðar tilteknar eignir eigi ákvæði þessarar greinar aðeins við um þær eignir.

Um 73. gr.

Reglan, sem fram kemur í þessari grein, er nýmæli. Fyrir kemur að börnum, ungmennum eða þeim sem sviptir hafa verið fjárræði áskotnast fé fyrir gjöf, happdrætti, vegna bóta o.fl. Í slíkum tilfellum þykir rétt að leggja þá skyldu á herðar þeim sem greiðslur þessar inna af hendi að tilkynna um það til yfirlögráðanda í umdæmi þar sem hinn ófjárráða á lögheimili. Er það liður í því að tryggja, eftir því sem kostur er varðveislu fjárins og ávöxtun. Ef svo vill til að lögráð hins ófjárráða manns heyra undir annan yfirlögráðanda en þann þar sem hinn ófjárráða maður á lögheimili, t.d. ef fastur dvalarstaður hans er annar en þar sem hann á lögheimili, ber yfirlögráðanda sem berst tilkynning samkvæmt þessari grein að framsenda þeim yfirlögráðanda tilkynninguna. Þessu til skýringar er bent á athugasemdir um 9. gr. og jafnframt vísað til ákvæða 3. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 52. gr. frumvarpsins. Verklag þetta er einnig í samræmi við 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga.

Um VII. kafla.

Reglur þær sem fram koma í 75.–78. gr. í þessum kafla eru í öllum aðalatriðum samhljóða ákvæðum 20.–24. gr. gildandi lögræðislaga. Áður voru sambærilegar reglur í 16.–21. gr. lögræðislaganna frá 1947.

Framangreindar reglur varða inntak sjálfræðis og fjárræðis að því er varðar heimild ólögráða manns (ósjálfráða og/eða ófjárráða) til að gera löggerninga, kveða á um riftun samninga og um skilaskyldu og bætur.

Ákvæði 74. gr. um gildissvið VII. kafla og 79. gr. um takmörkun á fullnustu í eignum sem fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. tekur til eru nýmæli sem nánar eru skýrð í athugasemdum með þeim.

Um 74. gr.

Í ákvæðinu er gildissvið kaflans afmarkað. Tekið er fram berum orðum að reglurnar eigi við hvort sem ástæða lögræðisskorts er ungur aldur eða svipting lögræðis, nema annað sé tekið fram. Hliðstætt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Sjálfsagt þykir að taka af allan vafa um gildissvið reglnanna að þessu leyti.

Um 75. gr.

Ákvæði 2.–3. og 5.–7. mgr. 75. gr. frumvarpsins eru efnislega óbreytt 21. gr. gildandi lögræðislaga. Ákvæði 1. og 4. mgr. eru nýmæli. Greinin í heild er reist á þeirri grunnreglu sem fram kemur í 1. mgr. að ófjárráða maður ráði ekki fé sínu, nema lög mæli á annan veg. Sú regla er grundvallarregla um réttaráhrif fjárræðisskorts. Í 2.–4. mgr. er mælt fyrir um undantekningar frá þeirri reglu. Þessar undantekningar eru þrenns konar. Í fyrsta lagi hefur ófjárráða maður ráðstöfunarrétt yfir sjálfsaflafé sínu, sbr. 2. mgr., í öðru lagi á gjafafé, sbr. 3. mgr. og í þriðja lagi á því fé sem lögráðamaður hefur látið skjólstæðing sinn hafa til eigin ráðstöfunar, sbr. 4. mgr.

Með sjálfsaflafé er fyrst og fremst átt við það fé sem hinn ófjárráða hefur unnið sér inn með persónulegri vinnu sinni. Með gjafafé er átt við fé sem hinum ófjárráða hefur áskotnast fyrir gjöf, hvort sem um er að ræða lífsgjafir eða dánargjafir. Þá er enn fremur gerð undantekning varðandi það fé sem lögráðamaður hefur látið skjólstæðing sinn hafa til eigin ráðstöfunar. Í því tilfelli mundi sjaldnast vera um svo mikið fé að ræða að raunhæft sé að gera ráð fyrir að ákvæði 5. mgr. gæti tekið til þess. Þessi regla hefur verið talin gilda þótt hún hafi ekki verið lögfest. Rétt þykir að reglan komi beinlínis fram í lögum.

Ráðstöfunarréttur hins ófjárráða á fjármunum sem falla undir 2.–4. mgr. er ekki bundinn við að maður hafi náð sjálfræðisaldri. Þá skiptir heldur ekki máli hve gamall maður var þegar fjárins var aflað eða það fengið að gjöf. Skv. 6. mgr. tekur ráðstöfunarréttturinn einnig til arðs af þessu fé og til þess verðmætis sem í stað þess kemur.

Ráðstöfunarréttur hins ófjárráða sætir þó vissum takmörkunum. Í fyrsta lagi tekur hann aðeins til fjár sem þegar hefur verið aflað eða fengið að gjöf. Maður getur því ekki ráðstafað með löggerningi fé sem hann á eftir að afla, t.d. vinnulaunum. Í öðru lagi getur ófjárráða maður ekki ráðstafað því fé sem þegar hefur verið aflað eða fengið, ef það er gert með löggerningi sem efna á síðar. Þetta leiðir af 7. mgr., þar sem fram kemur að ófjárráða manni er beinlínis óheimilt að stofna til skuldar eða veðsetja eignir sínar, og meginreglunni í 1. mgr. 76. gr. um að löggerningar ófjárráða manna séu ekki bindandi fyrir þá. Í þriðja lagi sætir ráðstöfunarréttur ófjárráða manna á sjálfsaflafé og gjafafé takmörkunum ef um tiltölulega mikið fé er að ræða. Í slíkum tilfellum getur yfirlögráðandi

tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu. Í fjórða lagi er almennt hægt að takmarka þennan rétt ef sýnt þykir að hinn ófjárráða maður fari ráðlauslega með fé sitt. Þessi takmörkun er ekki bundin við að um mikið fé sé að ræða, en hefur að sjálfsögðu meiri þýðingu í slíkum tilfellum.

Í fræðilegri umfjöllun hefur einnig verið litið svo á að ólögráða maður geti komið fram fyrir sjálfs síns hönd, svo bindandi sé fyrir hann, eftir reglum um óbeðinn erindisrekstur.

Um 76. gr.

Í 1. mgr. er sett fram meginreglan um að löggerningar ólögráða manna, sem þeir hafa ekki heimild til að gera, bindi þá ekki. Þetta er grundvallarreglan um áhrif lögræðisskorts á hæfi manna til að baka sér skuldbindingar. Hún á bæði við löggerninga ósjálfráða manna og ófjárráða manna.

Reglan er bundin við að um sé að ræða löggerninga sem varða ráðstöfun þar sem hinn ólögráða tekur að einhverju leyti á sig skyldur sem hann er ófær um að taka á sig vegna sjálfræðis og/eða fjárræðisskorts. Lögræðisskortur hefur aftur á móti almennt ekki áhrif á hæfi manns til að taka við réttindum, t.d. gjöfum, þannig að skuldbindandi sé fyrir gefandann. Leggja má áherslu á að greinin tekur fyrst og fremst til löggerninga sem fela í sér ráðstöfun fjárverðmæta og stofnun fjárhagsskuldbindinga og varðar þar af leiðandi fyrst og fremst áhrif fjárræðisskorts á löggerninga. Hún tekur þó einnig til þess þegar ósjálfráða maður gerir samninga sem sjálfræði þarf til að gera, svo sem vinnusamninga.

Samkvæmt hefðbundnum viðhorfum í persónu- og fjármunarétti eru viðurkenndar undantekningar frá meginreglunni um að löggerningar ólögráða manna, sem þeir hafa ekki heimild til að gera, bindi þá ekki. Þannig er almennt litið svo á að viðsemjandi hins ólögráða geti unnið rétt samkvæmt reglum um traustnám þegar um er að ræða afhendingu peninga eða viðskiptabréfa.

Í 2. mgr. er að finna ákvæði um réttaráhrif sviptingar fjárræðis gagnvart grandlausum viðsemjendum. Að öðru leyti gilda ákvæði 13. gr. Þegar um er að ræða fjárræðissviptingu sem ekki er bundin við tilteknar eignir teljast réttaráhrif úrskurðar gagnvart grandlausum viðsemjendum frá birtingu úrskurðar í Lögbirtingablaði. Þó geta réttaráhrifin komið fram fyrr að því er varðar einstakar eignir ef ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafa verið gerðar að því er þær eignir varðar. Þess má geta að reglan, að því er fjárræðissviptingu varðar sem ekki er bundin við tilteknar eignir, er nokkuð breytt frá því sem gildandi lögræðislög gera ráð fyrir, sbr. 2. mgr. 22. gr. þeirra laga. Samkvæmt þeirri grein teljast réttaráhrif fjárræðissviptingar frá uppkvaðningu úrskurðar ef úrskurður er birtur í Lögbirtingablaði innan tveggja vikna frá uppkvaðningu hans. Við þær aðstæður hefur birting úrskurðarins afturvirk áhrif og getur leitt til ógildingar löggerninga sem gerðir voru fyrir birtinguna.

Í 3. mgr. 76. gr. er sérregla um réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu sem tekur aðeins til tiltekinna eigna. Þegar um slíka sviptingu er að ræða er ekki birt tilkynning um úrskurðinn í Lögbirtingablaði. Sú regla á aðeins við þegar maður hefur verið sviptur fjárræði að öllu leyti, tímabundið eða ótímabundið. Því er þörf sérreglu þegar sviptingin tekur aðeins til tiltekinna eigna. Meginreglan um réttaráhrif fjárræðissviptingar kemur fram í 2. mgr. 13. gr. og gildir hún gagnvart hinum svipta sjálfum og gagnvart þeim sem vissu eða máttu vita um sviptinguna. Samkvæmt sérreglunni í 3. mgr. 76. gr. miðast réttaráhrif fjárræðissviptingar, sem einungis tekur til tiltekinna eigna, gagn-

vart grandlausum aðilum við það að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem nefndar eru í 4. mgr. 14. gr.

Um 77. gr.

Ákvæðið er að mestu leyti óbreytt frá því sem fram kemur í 23. gr. gildandi lögræðislaga, sbr. áður 20. gr. laga nr. 95/1947.

Greinin fjallar um samninga með gagnkvæmum samningsskuldbindingum sem ólögráða maður hefur gert án samþykkis lögráðamanns. Þótt samningurinn bindi ekki þann ólögráða getur hann bundið hinn aðila samningsins að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu.

Í 1. mgr. er átt við þau tilfelli þegar samningsaðili hins ólögráða manns er grandlaus um heimildaskort viðsemjanda síns, þ.e. hann vissi ekki um lögræðisskortinn eða hafði ástæðu til að ætla að hinn ólögráða hefði samþykki lögráðamanns. Við þær aðstæður getur samningsaðilinn þegar rift samningnum með tilkynningu til hins ólögráða og lögráðamanns hans, nema lögráðamaður hafi þegar staðfest samninginn eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða. Hið síðarnefnda getur komið til hafi hinn ólögráða maður t.d. þegar unnið verk, eða hann hafi afhent fjármuni sem viðsemjandi hans getur unnið rétt yfir á grundvelli reglna um traustnám, eða fé greitt af fjármunum sem ákvæði 75. gr. tekur til. Ef sjálfráða maður, en ófjárráða, á að inna af hendi bæði vinnu og fjárgreiðslur nægir að fjárskuldbindingunni hafi verið fullnægt með greindum hætti. Eftirfarandi staðfesting lögráðamanns nægir að sjálfsögðu ekki þegar um er að ræða ráðstafanir sem þurfa einnig staðfestingu yfirlögráðanda.

Í 2. mgr. er fjallað um það þegar samningsaðila hins ólögráða manns er kunnugt um fjárræðisskortinn og hefur ekki ástæðu til að ætla að heimild frá lögráðamanni sé fyrir hendi. Við þær aðstæður þykir rétt að hann sé bundinn þar til hinn ólögráða maður hefur átt þess kost að leita samþykkis lögráðamanns. Hafi verið tiltekinn frestur til þess í samningi verður samningnum ekki rift fyrr en sá frestur er liðinn, ella verður að bíða í hæfilegan tíma. Má þar hafa hliðsjón af ákvæðum samningalaga, nr. 7/1936, sbr. einkum 3. gr. Ekki verður lögð sú skylda á samningsaðila hins ólögráða manns að leita samþykkis lögráðamanns að eigin frumkvæði.

Hafi maður ráðið ósjálfráða mann í vinnu og haft vitneskju um að hann væri ósjálfráða, og ekki haft ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns væri fyrir hendi, getur hann ekki rift samningnum á meðan hinn ósjálfráða fullnægir samningnum af sinni hendi, sbr. 3. mgr.

Í 4. mgr. er gerð undantekning frá þeirri meginreglu að viðskiptatilkynningar til ófjárráða manna hafi ekki gildi. Hér er einnig mælt fyrir um að ákvörðun um riftun samnings skuli bæði tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum og lögráðamanni hans.

Um 78. gr.

Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. 24. gr., sbr. áður 21. gr. laga nr. 95/1947.

Í ákvæðinu er fjallað um skyldu samningsaðila til að skila aftur verðmætum og um bótaskyldu þegar samningur verður ógildur vegna lögræðisskorts annars samningsaðila.

Meginreglan er sú að sé sá hlutur (verðmæti) enn við lýði sem annar aðili hefur fengið í hendur frá hinum beri að skila honum. Ef þetta er ekki unnt, t.d. vegna þess að hlutur hefur eyðilagst, eða honum hefur verið ráðstafað til þriðja manns, þannig að hann verði ekki heimtur aftur vegna reglna um traustnám, ber viðkomandi að greiða verð hlutarins

samkvæmt því sem segir í a- og b-liðum 1. mgr. Þessi greiðsluskylda er ekki reist á reglum um skaðabætur. Til verndar hinum ólögráða manni er lögð rík skylda á samningsaðila hans til að greiða verð hlutarins, hvort sem hann er grandlaus um lögræðisskortinn eða ekki, þegar hann fékk hlutinn í hendur. Honum er gert skylt að greiða fégjald, jafnvel þótt hluturinn hafi farist af hendingu. Þó er gerð undantekning ef hlutnum átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, og hann hefur farist vegna eiginleika hans sem voru fyrir hendi þegar hann var afhentur. Ef aðili hefur fengið hlutinn að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni mundi þessi stranga greiðsluskylda oft verða ósanngjörn, og er því heimiluð lækkun greiðslu bóta eftir því sem sanngjarnt þykir. Um skyldu hins ólögráða manns til að greiða verð hlutar sem ekki verður skilað segir í b-lið 1. mgr. Honum ber aðeins að greiða fégjald að því leyti sem hluturinn eða verðmætið hefur orðið honum að notum. Hér er því um að ræða nokkurs konar auðgunarkröfu á hendur honum sem einkum miðast við það hvort eign hans hefur aukist vegna þess að hann fékk hlutinn í hendur eða hvort honum hafi við það sparast nauðsynleg útgjöld.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. miðast við það að maður hafi ekki gerst sekur um réttarbrot í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd hans. Ef hann hefur aftur á móti, við gerð samningsins, villt á sér heimildir, skýrt rangt frá aldri sínum eða samþykki lögráðamanns, afhent hættulega muni er tjóni geta valdið eða á annan hátt gerst sekur um réttarbrot, ber honum að greiða fébætur eftir 2. mgr. Ekki er þó um efndabætur að tefla, heldur ber hinum ólögráða manni að bæta samningsaðila sínum tjón það er hann hefur beðið vegna samningsgerðarinnar. Hafi hinn ólögráða maður af ásetningi eða gáleysi rýrt eða eyðilagt hlutinn eða ráðstafað honum til þriðja manns, þannig að hann verði ekki af honum heimtur, og um hlut er að ræða sem samkvæmt samningnum bar að skila aftur (lán til afnota, geymsla, leiga, handveð o.s.frv.) eða skilaskyldan er til orðin vegna riftunar samningsaðila á samningnum, sbr. 77. gr. er hinum ófjárráða manni skylt að greiða bætur sem oftast mundu ákveðnar eftir reglum um skaðabætur utan samninga. Ávallt má færa bætur niður þegar þær eru metnar skv. 2. mgr.

Í 3. mgr. er átt við að refsivert brot hafi sannast í opinberu máli. Þá nýtur hinn ólögráða maður ekki góðs af lækkunarheimildum 2. mgr.

Um 79. gr.

Í 79. gr. er gert ráð fyrir að eignir, sem takmörkuð fjárræðissvipting tekur til, verði undanþegnar aðför skuldheimtumanna, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Er áskilið að þetta gildi eingöngu um skuldbindingar hins svipta sem hann stofnar til eftir að ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafa verið gerðar. Þörfin fyrir þessa reglu er byggð á því að þegar fjárræðissvipting tekur aðeins til tiltekinna eigna heldur viðkomandi fjárræði sínu að öðru leyti. Þar með er ekkert sem kemur í veg fyrir að hann geti stofnað til frekari skuldbindinga eða gengið í ábyrgð fyrir þriðja mann. Er ljóst að við þessara aðstæður getur úrræði þetta haft takmarkaða þýðingu til verndar hinum svipta gegn eigin ráðstöfunum ef þær eignir sem hann hefur ekki ráðstöfunarheimildir yfir standa án frekari takmörkunar til fullnustu þeim skuldum hans sem hann hefur stofnað til eftir sviptinguna. Þykir þó rétt að þessi undanþága sæti þeim takmörkunum að ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafi verið gerðar. Aðrar eignir hins svipta, sem fjárræðissviptingin tekur ekki til, standa að sjálfsögðu þessum skuldum hans til fullnustu. Undanþága sú, sem hér er mælt fyrir um, á sér að nokkru hliðstæðu í 50. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989, að því er skilyrði undanþágunnar varðar. Þar er mælt fyrir um að fjárnám verði ekki gert í eign sem gefin hefur verið gerðarþola með fyrirmælum um að hún verði undanþegin aðför. Áskil-

ið er að gerðarþola sé sjálfum óheimilt að ráðstafa eigninni og að gjafagerningi hafi verið þinglýst. Rétt er að taka fram að ekki er gert ráð fyrir að undanþága þessi taki til krafna á hendur hinum svipta sem hægt er að rekja til bótaskyldrar háttsemi hans.

Um VIII. kafla.

Ákvæði VIII. kafla fjalla um yfirlögráðendur og hlutverk þeirra.

Nýmæli um gerðabækur yfirlögráðenda er í þessum kafla og um að dómsmálaráðherra geti sett nánari reglur um færslur í þær.

Loks er í kaflanum almennt ákvæði um málskot á stjórnvaldsákvörðunum yfirlögráðenda til dómsmálaráðherra.

Um 80. gr.

Í 80. gr. er mælt fyrir um að sýslumenn séu yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi sem er óbreytt regla gildandi lögræðislaga, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 30. gr. Varðandi umdæmismörk yfirlögráðenda er vísað til reglugerðar nr. 57/1992, um skiptingu landsins í stjórnsýsluumdæmi.

Yfirlögráðendur heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem fer með yfirstjórn mála er varða persónurétt og þar með lögráð, sbr. 13. tölul. 3. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands.

Um 81. gr.

Í 81. gr. er kveðið á um helstu hlutverk yfirlögráðenda í 1. og 2. mgr., þ.e. skipun lögráðamanna og ráðsmanna og eftirlit með störfum þeirra, svo og eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir.

Í 3. mgr. er til fyllingar kveðið á um að yfirlögráðendur sinni enn fremur þeim störfum sem þeim eru falin samkvæmt lögræðislögum eða öðrum lögum.

Um 82. gr.

Ákvæði 82. gr. um gerðabækur þarfnast ekki skýringa.

Um 83. gr.

Ákvæði 83. gr. um málskot er í samræmi við 2. málsl. 1. mgr. 30. gr. gildandi lögræðislaga, svo og 27. gr. stjórnsýslulaga að öðru leyti en því að kærufrestur er 30 dagar sem er styttri frestur en hinn almenni kærufrestur stjórnsýslulaga. Rétt þykir að úrlausn mála er snerta mikilsverð fjárhags- og persónumálefni manna gangi almennt hratt fyrir sig. Að því er varðar útreikning kærufrests gilda að öðru leyti ákvæði 8. og 27. gr. stjórnsýslulaga.

Um IX. kafla.

Í kaflanum er fjallað um verðbreytingar á grunnfjárhæðum í tilteknum greinum frumvarpsins, gildistöku, brottfallin lög og lagaskil.

Um 84. gr.

Ákvæðið veitir heimild til að breyta þeim grunnfjárhæðum sem um er getið í þar greindum ákvæðum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Skal dómsmálaráðherra þá tilkynna um breytingarnar með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Um 85. gr.

Í 85. gr. er gert ráð fyrir að lögin, ef frumvarp þetta nær fram að ganga, öðlist gildi 1. janúar 1998. Er nauðsynlegt að nokkur tími gefist til að semja þær reglur sem gert er ráð fyrir í ýmsum greinum að settar verði, en einkum má búast við að gerð reglna skv. 2. mgr. 62. gr. um þóknun skipaðra lögráðamanna þarfnist rækilegs undirbúnings.

Um 86. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 87. gr.

Í 87. gr. er mælt fyrir um lagaskil.

Í 1. mgr. er kveðið á um meðferð krafna um nauðungarvistun, lögræðissviptingu og niðurfellingu lögræðissviptingar, sem settar hafa verið fram í gildistíð gildandi lögræðislaga en ekki hafa hlotið úrlausn við gildistöku nýrra lögræðislaga. Meginreglan er þá sú að úr máli skuli leysa samkvæmt eldri lögræðislögum, en þó má veita úrlausn samkvæmt nýjum lögræðislögum ef sá er kröfu setti fram óskar eftir því. Er gert ráð fyrir að þeir er kröfu settu fram njóti leiðbeininga dómara eða starfsmanna dómsmálaráðuneytis um þann möguleika.

Þrátt fyrir að ákvæði 87. gr. taki bæði til krafna um nauðungarvistun, lögræðissviptingu og niðurfellingu lögræðissviptingar verður að telja afar ósennilegt að krafa um nauðungarvistun verði óafgreidd í dómsmálaráðuneytinu við gildistöku nýrra lögræðislaga þar sem slík mál hljóta ávallt eins skjóta afgreiðslu og við verður komið, oftast samdægurs og krafa er fram sett.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um að skyldur lögráðamanna, sem skipaðir hafa verið fyrir gildistöku nýrra lögræðislaga, séu þær sem í þeim lögum greinir. Gert er ráð fyrir að yfirlögráðendur leiðbeini lögráðamönnum um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt nýjum lögræðislögum eftir því sem þörf er á og jafnfram er gert ráð fyrir að dómsmálaráðherra kynni helstu nýmæli laganna fyrir almenningi hið fyrsta eftir gildistöku þeirra.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til lögræðislaga.

Frumvarpið er samið af nefnd er skipuð var af dómsmálaráðherra til að endurskoða gildandi lögræðislög, nr. 68/1984. Að mati fjármálaráðuneytis geta eftirfarandi þættir frumvarpsins haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs:

1. Í II. kafla eru ákvæði um sviptingu lögræðis og er um nokkur nýmæli að ræða. Erfitt er að áætla kostnaðarauka vegna þeirra þar sem framtíðarumfang er ekki ljóst.
   a. Kveðið er á um tímabundna lögræðissviptingu. Hugsanlegt er að lögræðismálum í dómskerfinu fjölgi með þessum möguleika þar sem margir hafa veigrað sér við að leita eftir lögræðissviptingu samkvæmt ákvæðum núgildandi laga. Á síð-

ustu 12 árum hefur að meðaltali verið óskað eftir lögræðissviptingu 20 einstaklinga á ári.

b. Veitt er heimild til að skipa talsmann fyrir sóknaraðila og er þar um að ræða lögmann. Ætla má að nánir aðstandendur mundu helst nýta sér þennan möguleika. Samkvæmt upplýsingum í greinargerð frumvarpsins hafa að meðaltali verið rekin 15–16 mál á ári síðastliðin 12 ár þar sem aðstandendur hafa verið sóknaraðilar. Ekki er hægt að spá fyrir um hve margir mundu nýta sér þennan rétt en ljóst er að útgjöld ríkissjóðs aukast vegna þessa ákvæðis. Meðalþóknun til skipaðs verjanda var 25–35 þús. kr. á árinu 1996. Ef gert er ráð fyrir að þóknun til talsmanns sé svipuð og að um helmingur aðstandenda mundu nýta sér þennan rétt getur árlegur kostnaður verið á bilinu 0,4–0,6 m.kr.

c. Annar málskostnaður greiðist einnig úr ríkissjóði, þ.e. kostnaður við læknisvottorð og aðrar sérfræðiskýrslur. Læknisvottorð eru í flestum tilvikum lögð fram en aðrar sérfræðiskýrslur eru sjaldgæfari. Greiðsla fyrir læknisvottorð getur numið 10–15 þús. kr. eða jafnvel meira ef skoðun er umfangsmikil. Ef miðað er við framangreindar forsendur og núverandi fjölda mála, þ.e. 20 á ári að meðaltali, verður árlegur kostnaður af læknisvottorðum 0,2–0,3 m.kr.

2. III. kafli tekur til nauðungarvistana en þar er helsta nýmælið að kveðið er á um ráðgjafa nauðungarvistaðs manns. Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu eru afgreidd u.þ.b. 80 nauðungarvistunarmál á ári. Ef miðað er við að um hámarkstíma sé að ræða í flestum tilvikum, þ.e. tvær vikur, er heildarfjöldi vikna á ári 160. Það jafngildir því að í hverri viku sé að meðaltali þrír nauðungarvistaðir einstaklingar sem geta farið fram á aðstoð ráðgjafa. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að starfi ráðgjafa sinni maður með fagmenntun á sviði félagsráðgjafar, sálfræði eða á öðru sambærilegu sviði. Sé t.d. miðað við félagsráðgjafa í 0,5–1 starfi getur árlegur kostnaður orðið á bilinu 1,2–3 m.kr. Læknisvottorð skulu greiðast úr ríkissjóði og miðað við 80 mál á ári getur sá kostnaðarauki numið 0,8–1,2 m.kr. Að lokum skal getið ákvæða í 32. gr. sem taka til skaðabóta ef lögmæt skilyrði til nauðungarvistunar hafa ekki verið uppfyllt. Kostnaðarauki þessa þáttar er væntanlega lítill þar sem verður að ætla að slík mál séu mjög sjaldgæf.

3. Möguleikar fjárráða manns til að óska eftir að skipaður verði ráðsmaður honum til aðstoðar er nýmæli í íslenskum lögum. Gert er ráð fyrir að skjólstæðingur ráðsmanns greiði honum þóknun fyrir störf hans og hefur þetta því ekki útgjaldaauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Þessi nýja skipan eykur þó vinnu yfirlögráðenda, þ.e. sýslumanna, sjá nánar 5. tölul. hér á eftir. Skjólstæðingi ráðsmanns er skylt að greiða fyrir skipun ráðsmanns, breytingar á störfum hans og lausnarbréf. Í 50. gr. kveðið á um að greiðslan skuli nema 5.000 kr. og renna í ríkissjóð. Í 84. gr. er kveðið á um verðlagshækkun þessa gjalds.

4. Í V. kafla er fjallað um lögráðamenn og eru ákvæði ítarlegri en í núgildandi lögum. Leitast er við að skipa aðstandendur lögráðamenn og þeim ber ekki þóknun nema í undantekningartilfellum. Sé um þóknun að ræða til skipaðs lögráðamanns er meginreglan að skjólstæðingur beri kostnað af starfi hans en það er nýmæli að í undantekningartilfellum getur yfirlögráðandi ákveðið að þóknun til skipaðs lögráðamanns skuli greiðast úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þóknun til skipaðra lögráðamanna og ekki er gerlegt að spá fyrir um hve oft slíkur kostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði. Yfirlögráðandi skal hafa eftirlit með skipuðum lögráðamönnum og

getur ákveðið að endurskoðun löggilts endurskoðanda skuli greidd úr ríkissjóði. Væntanlega kemur þó sjaldan til þess þar sem vart verður talin ástæða til þess þegar eignir ólögráða manns eru litlar.

5. Frumvarpið felur í sér auknar skyldur yfirlögráðanda, þ.e. sýslumanna. Þeir skulu hafa eftirlit með störfum ráðsmanna sem er nýmæli en einnig er gert ráð fyrir auknu eftirliti með skipuðum lögráðamönnum. Sýslumenn skulu gefa út skipunarbréf og lausnarbréf, fara yfir árlegar skýrslur ráðsmanna og lögráðamanna og frumkvæðisskylda þeirra er rík. Þetta mun leiða til aukinnar vinnu hjá sýslumönnum en að hvaða marki það verður er erfitt að áætla. Á heildina litið eru þetta ekki mjög mörg mál á ári og ætti þetta að geta fallið innan núverandi fjárveitingaramma sýslumannsembætta. Reynslan verður þó að leiða það í ljós. Á móti aukinni vinnu kemur greiðsla fyrir skipunarbréf ráðsmanna o.fl. en hún rennur í ríkissjóð.
6. Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá yfir nauðungarvistaða menn, ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra og skipaða lögráðamenn og skjólstæðinga þeirra. Flest er þetta gert nú þegar í einhverju formi og ætti ekki að leiða til aukinnar vinnu í dómsmálaráðuneyti.

Alls telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið muni hafa í för með sér a.m.k. 2,5–5 m.kr. útgjaldaauka en rétt er að ítreka að hér að framan er gerð grein fyrir nokkrum þáttum sem ekki er unnt að meta í fjárhagslegu tilliti og verður að ætla að tala þessi geti orðið hærri.

708. Tillaga til þingsályktunar [411. mál]

um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Flm.: Svanfríður Jónasdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við banni við hvalveiðum yrðu hluti þeirra ráðstafana.

Greinargerð.

Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en samþykkti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann. Vera Íslands utan Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur ekki orðið til þess að hvalveiðar yrðu hafnar hér við land að nýju.

Þrátt fyrir að Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum (NAMMCO) hafa hvalveiðar ekki hafist. Í raun virðast minni möguleikar á því ef Ísland stendur utan Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC). NAMMCO hefur ekki orðið sá vettvangur sem vonir voru bundnar við m.a. vegna þess að Norðmenn hafa áfram starfað innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og hafa nú í skjóli þess hafið hrefnuveiðar. Ekki eru líkur á að Norðmenn yfirgefi IWC, enda virðast þeir telja að staða þeirra til veiða yrði mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um breytingar á afstöðu innan ráðsins að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu

Norðmanna virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig innan ráðsins. Japanir stunda einnig hvalveiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í IWC og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum. Á sama tíma hafa Íslendingar ekki veitt neinn hval.

Það kom fram í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar að eftirlitsreglur tækju óhjákvæmilega mið af þeirri umfjöllun sem ætti sér stað og þeim ákvörðunum sem teknar væru innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Bæði í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríki skuli „starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og [skuli] hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim“.

Það er jafnframt ljóst að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þótt við hæfum veiðar á meðan við stöndum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess. Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru því harla léttvæg orðin þegar við verðum við allar okkar ákvarðanir að taka tillit til þeirrar stefnumótunar sem þar fer fram, hversu óvísindaleg sem okkur kann að finnast hún. Við erum bundin af ákvörðunum ráðsins hvort sem við erum utan þess eða innan. Möguleikar okkar til að hafa áhrif á þá stefnumótun eru mestir ef við eigum þar sæti.

Innganga Íslendinga í Alþjóðahvalveiðiráðið, og þar með í samfélag þeirra þjóða sem í raun ráða úrslitum um hvalveiðar í heiminum, mun undirstrika vilja okkar til að undirgangast alþjóðlegar samþykktir í náttúruverndarmálum. Því telja flutningsmenn rétt að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið, þrátt fyrir þá staðreynd að afstaða ráðsins til hvalveiða sé ekki einungis byggð á vísindalegum forsendum heldur einnig pólitískum.

Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni, en slíkur fyrirvari hefði þýtt að Ísland hefði ekki verið bundið af henni. Sem lið í þeirri ákvörðun að ganga í ráðið aftur yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, mótmæla banni við hvalveiðum, og yrði það þáttur í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér.

709. Svar [235. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um tekjur ríkissjóðs af skráningu tiltekinna skipa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hverjar voru tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum af afsölum og veðböndum við nýskráningu ms. Brúarfoss og ms. Helgu RE 49?

Samkvæmt upplýsingum frá embætti sýslumannsins í Reykjavík eru tekjur ríkissjóðs af afsölum og veðböndum við nýskráningu framangreindra skipa þessar (upphæðir í kr.):

	Þinglýsingargjald	Stimpilgjald
Ms. Brúarfoss		
Skipasmíðaskírteini (engu formlegu afsali þinglýst)	1.000	
Ms. Helga RE 49		
Skipasmíðaskírteini	1.000	
Fimm veðbréf	5.000	7.579.770

710. Svar [312. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um ástand flórgoðastofnsins.

Á vegum stofnana umhverfisráðuneytisins hafa verið í gangi tvíþættar athuganir á útbreiðslu og ástandi flórgoðastofnsins. Annars vegar hefur Náttúrufræðistofnun Íslands stundað rannsóknir og tekið saman upplýsingar um dreifingu og fjölda flórgoða á landinu í heild. Hins vegar hefur Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn fylgst með fjölda og dreifingu flórgoða á og við Mývatn í rúmlega tuttugu ár.

Athugun á flórgoðastofninum á árunum 1990–92 benti til þess að einungis um 300 pör væru í landinu í heild. Í kjölfar þessarar athugunar fól umhverfisráðuneytið Náttúrufræðistofnun Íslands að kanna ítarlegar stöðu stofnsins í landinu og gera tillögur um verndaraðgerðir. Jafnframt voru rannsóknir á flórgoðastofninum á Mývatni auknar vegna tengsla á milli dreifingar flórgoða í ætisleit á Ytriflóa í Mývatni og kísilgúrdælingar úr vatninu. Ráðuneytið taldi mikilvægt að fylgjast með þessu sambandi þar sem 60–70% af stofninum heldur sig við Mývatn.

Umhverfisráðuneytið leitað til þessara tveggja stofnana ráðuneytisins og fylgja svör þeirra hér á eftir, annars vegar eru svör Náttúrufræðistofnunar Íslands við spurningum sem settar eru fram í fyrirspurninni og hins vegar er greinargerð frá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn.

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þróun stofnstærðar flórgoða?

A. Á árunum 1990–92 var í fyrsta sinn gerð heildarúttekt á íslenska flórgoðastofninum og fólst hún í talningu fugla á öllum þekktum varpstöðum. Talningin var gerð að frumkvæði Dr. Ólafs K. Nielsen og naut hann aðstoðar liðsmanna Fuglaverndarfélags Íslands og nemenda og kennara við líffræðiskor Háskóla Íslands. Í kjölfar þessarar úttektar fékkst í fyrsta sinn öruggt mat á stofnstærð tegundarinnar hér á landi. Í ljós kom að flórgoðum hafði fækkað mikið í öllum landshlutum en alls reyndist varpstofninn um 300 pör. Árið 1975 taldi Dr. Arnþór Garðarsson að íslenski flórgoðastofninn væri um 500 pör. Sú tala byggðist fyrst og fremst á góðu stofnmati frá Mývatni en Arnþór taldi að þar væru heimkynni um helmings stofnsins.

B. Auk heildartalningar hafa fuglar verið taldir stopult á einstökum varpstöðum. Frá fáeinum stöðum eru þó til meira eða minna samfelldar talningar sem ná til margra ára. Til dæmis eru til upplýsingar um ástand flórgoðastofnsins á Mývatni allt frá 1958, þar af samfellt frá 1975, og frá Ástjörn við Hafnarfjörð síðan 1955. Samkvæmt stofnvísi-

tölum sem byggðar eru á árvissum talningum Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn hefur flórgoðum fjölgað við Mývatn á allra síðustu árum, eftir samfellda og marktæka fækkun 1975–90. Fyrrgreindar talningar á Mývatni benda jafnframt til mikillar fækkunar flórgoðahreiðra við Ytriflóa á síðustu 20 árum. Brýnt er að fylgjast betur með fjölda varppara við Mývatn, t.d. með árvissum talningum á völdum svæðum við vatnið.

C. Upplýsingar frá fuglaskoðurum, fuglafróðum heimamönnum o.fl. veita vísbendingar um hvar flórgoðar urpu áður fyrr og hversu algengir þeir voru og gefa grófa mynd af stofnbreytingum. Þessi gögn ná í flestum tilvikum aðeins nokkra áratugi aftur í tímann en sums staðar allt að 60–70 ár. Ofangreindar upplýsingar benda eindregið til mikillar fækkunar flórgoða í öllum landshlutum.

D. Á vegum Náttúrufræðistofnunar hefur flórgoða verið leitað í Skagafirði og víðar til að meta hvort útbreiðslutölur eru of- eða vanmetnar á svæðum þar sem erfitt getur verið að finna fuglinn. Nú er verið að vinna út þessum upplýsingum í tengslum við gerð verndaráætlunar fyrir flórgoða (sjá síðar).

2. *Hvar á landinu er hann nú að finna?*

Í byrjun þessarar aldar urpu flórgoðar á láglendi um land allt, en voru þó afar strjálir á Vestfjörðum og Austfjörðum. Um 90% af flórgoðastofninum verpa nú á Norður- og Austurlandi, þar af eru um 2/3 hlutar stofnsins við Mývatn. Talsvert varp er í Skagafirði, við Víkingavatn í Kelduhverfi og á Héraði (tugir para á hverju svæði). Annars er flórgoðinn afar strjáll varpfugl og verpa nú einungis um 20–30 pör á öllu svæðinu frá Héraði suður, vestur og norður um til Skagafjarðar. Á meðfylgjandi korti er sýnd útbreiðsla tegundarinnar skv. 10x10 km reitakerfi. Gerður er greinarmunur á þeim stöðum þar sem flórgoði verpur í dag (fylltir hringir) og þar sem hann hefur hætt varpi (opnir hringir). Tekið skal skýrt fram að þekking á fyrri útbreiðslu flórgoðans er brotakennd og hefur hann án efa verið mun útbreiddari en kortið gefur til kynna.



3. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um þróun stofnsins á Suðurlandi?

Á fyrri hluta þessarar aldar var flórgoði talinn algengur varpfugl á Suðurlandsundirlendi, allt frá Ölfusi austur í Landbrot. Stofnstærð flórgoðans á Suðurlandi á þeim tíma er óþekkt en hefur að öllum líkindum verið mörg hundruð pör í byrjun þessarar aldar. Ekki er vitað hvenær flórgoða fór að fækka á Suðurlandi en hann var orðinn sjaldgæfur varpfugl þar um 1960. Fækkunin hefur haldið áfram og nú verpa einungis 5–10 pör á öllu þessu svæði. Eini þekkti varpstaður flórgoðans frá Hreppum í Árnessýslu að Borgarfirði er við Ástjörn sunnan Hafnarfjarðar. Þar verpa 4–5 pör árlega.

4. Hverjar telja sérfræðingar ráðuneytisins vera helstu skýringar á fækkun tegundarinnar?

Skýringar á fækkun flórgoðans hér á landi eru ekki þekktar með vissu en sterkar vísbendingar eru um að framræsla og minkur hafi átt þar stærstan hlut að máli. Nám kísilgúrs í Mývatni, netaveiði og fleiri atriði koma einnig við sögu.

Framræsla hófst í stórum stíl upp úr 1940. Hún hefur gjörbreytt lífsskilyrðum flórgoðans víða um land, einkum þó á Suðurlandsundirlendi og í Borgarfirði. Margir fyrrverandi varpstaðir flórgoðans hafa verið eyðilagðir með framræslu, víðáttumikil votlendissvæði eru nú þurrlendi og tjarnir verið skertar með því að „hleypa" úr þeim eða þær verið mengaðar með því veita í þær vatni úr framræsluskurðum. Það getur varla talist tilviljun að flórgoði heldur enn velli í þeim héruðum þar sem hvað mest er eftir af óskertu votlendi (í Mývatnssveit, Skagafirði og Héraði) en er nánast útdauður á Suðurlandi þar sem búið er að raska yfir 90% votlendis með framræslu. Sömu sögu má reyndar segja frá Vesturlandi.

Á svipuðum tíma og framræsla hófst af fullum þunga fór *minkur* að breiðast um landið. Þessir tveir þættir gjörbreyttu íslensku votlendi og lífsskilyrðum fugla á næstu 30 árum. Eftir því sem þrengt var að flórgoðum með framræslu hafa afföll á flórgoðum vegna minks sennilega aukist. Vitað er að minkur stendur flórgoðum fyrir þrifum á nokkrum stöðum, minkdrepnir fuglar hafa fundist og varp misfarist ár eftir ár. Þó skal tekið fram að ekkert bendir til þess að minkur sé flórgoða sérstaklega skeinuhættur í Mývatnssveit, enda hefur tekist að halda mink þar í skefjum. Þá fækkaði flórgoða á Sléttu fyrir daga minks og framræslu.

Aðalsvæði flórgoðans við Mývatn er við Ytriflóa en þar hefur *kísilgúr* verið dælt úr botni vatnsins um 30 ára skeið. Flórgoðahreiðrum við Ytriflóa hefur fækkaði mikið á þessum tíma (77%) og hlutfallslega miklu meira en annars staðar við Mývatn (talningar Jon Feldså 1970–75 og Ólafs K. Nielsen 1990). Dreifing flórgoða í fæðisleit á Ytriflóa var kortlögð nákvæmlega árin 1993, 1995 og 1996 á vegum Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Þær athuganir sýndu ótvírætt að flórgoðar halda sig mest á svæðum sem kísilgúr hefur ekki verið dælt af. Jafnframt kom í ljós að hluti af þýðingarmesta flórgoðasvæðinu er á fyrirhuguðu dælingarsvæði.

Sums staðar farast flórgoðar í *silunganetum*, til dæmis drukkna nokkrir tugir fugla í netum á Mývatni ár hvert og einnig talsvert í Vestmannsvatni í Aðaldal. Notkun nælonneta til silungsveiða hófst skömmu fyrir 1960 eða á sama tíma og ríkisstyrkt framræsla stóð í hvað mestum blóma og minkur breiddist óðfluga út.

Hugsanlegt að breytingar á lífsskilyrðum flórgoðans við Mývatn, sem sennilega hefur ávallt verið höfuðvígi hans hér á landi, endurspeglist í stofnsveiflum annars staðar á landinu. Þannig mætti hugsa sér að góð viðkoma flórgoða á Mývatni hafi leitt til þess að hann breiddist út til jaðarsvæða þar sem skilyrði til varps hafi ekki verið eins góð og á Mývatni. Þegar skilyrði á Mývatni versnuðu hefur útflutningur fugla þaðan dregist saman og í kjölfarið hefur fuglum fækkað utan Mývatns. Þessi kenning er ósönnuð en með vöktun stofnsins má fara nærri um hvort hún reynist á rökum reist.

Flórgoðinn er að mestu leyti farfugl og dvelst hér frá því í apríl fram í september. Vetrarstöðvarnar eru ekki þekktar með vissu vegna þess hversu fáir fuglar hafa verið merktir hér á landi. Ósennilegt er að skýringa á fækkun flórgoðans sé að leita á vetrarstöðvum þar sem flórgoðastofnar í nágrannalöndum (Noregi og Skotlandi) hafa vaxið á undanförnum áratugum.

5. *Er fyrirhugað að rannsaka sérstaklega áhrif minks á viðkomu tegundarinnar?*

Í drögum að verndaráætlun sem Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að fyrir ráðuneytið er lagt til að halda mink í skefjum á þeim varpstöðum flórgoðans þar sem talið er að minkur standi varpi fyrir þrifum. Gert er ráð fyrir að meta árangur aðgerða með því að fylgjast samhliða með varpárangri fuglanna.

6. *Hvaða aðrar rannsóknir eru fyrirhugaðar á flórgoða?*

Stofnvísitala flórgoða í aðalheimkynnum hans hér á landi (við Mývatn) verður metin með árlegum talningum, eins og undanfarin 20 ár. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um aðrar rannsóknir en vísað er til væntanlegrar verndaráætlunar (sbr. 7. lið).

7. *Er fyrirhugað að gera sérstaka verndaráætlun fyrir tegundina, og sé svo, hvenær er áætlað að hún liggi fyrir?*

Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur nú að viðamikilli samantekt á þekktum heimildum um ástand og þróun flórgoðastofnsins hér á landi. Jafnframt hefur stofnunin lagt drög að verndaráætlun fyrir flórgoða sem byggð er á þessum heimildum og niðurstöðum rannsókna. Samráð er haft við Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn um gerð verndaráætlunarinnar. Í áætluninni er gerð grein fyrir búsvæðavali og þeim breytingum á varpsvæðum flórgoðans og hættum sem skýrt gætu hnignun stofnsins. Bent er á hugsanlegar verndaraðgerðir á einstökum varpsvæðum sem m.a. munu fela í sér tillögur um endurheimt votlendis, friðun einstakra svæða og umgengnisreglur á varptíma. Þá er gerð áætlun um frekari vöktun flórgoðastofnsins og fæðudýra hans. Þessari tillögu að verndaráætlun verður skilað til umhverfisráðuneytisins nú í vor.

Greinargerð um ástand flórgoðastofnsins á Mývatni og Víkingavatni.

Inngangur.

Tilefni þessarar greinargerðar er fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar á Alþingi (312. mál 121. löggjafarþings) um ástand flórgoðastofnsins og bréf Umhverfisráðuneytisins (dags. 7. febrúar 1997) til Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Hér verður leitast við að svara fyrirspurninni hvað snertir rannsóknasvæði stöðvarinnar, en þar eru tvö stærstu flórgoðavörp á Íslandi. Náttúrufræðistofnun mun gera sjálfstæða grein fyrir ástandi flórgoðastofnsins í heild.

Rannsóknir.

Eftirfarandi rannsóknir eru nú stundaðar á flórgoðastofninum við Mývatn og Víkingavatn:

1. Fjöldi fugla á vorin (Mývatnssveit, Víkingavatn).
2. Fjöldi unga og fullorðinna fugla síðsumars (Mývatnssveit, Víkingavatn).
3. Dreifing flórgoða í ætisleit á Ytriflóa Mývatns.
4. Þéttleiki og árgangastærð hornsílis í Mývatni og Víkingavatni.

Fuglatalningar í Mývatnssveit.

Síðan 1975 hafa vatnafuglar verið taldir í Mývatnssveit á hverju vori. Farið er um öll votlendissvæði og skráðir þeir vatnafuglar sem sjást. Ekki sjást allir flórgoðarnir, en vegna þess að talningaraðferðir eru staðlaðar og ná til alls svæðisins er hægt að nota tölurnar sem mælikvarða á langtímabreytingar (1. mynd). Talningar eru endurteknar í byrjun ágúst.



1. mynd. Fjöldi flórgoða sem sást í vatnafuglatalningum í Mývatnssveit vorin 1975–96.

Flórgoða fækkaði á árunum 1975–91, en hefur síðan fjölgað aftur. Fjöldinn var í hámarki síðastliðið ár (1996), en þá sáust 255 fuglar. Talning Ólafs K. Nielsen á flórgoðahreiðrum í Mývatnssveit árið 1990 (munnl. uppl.) bendir til þess að um 42% flórgoðanna sjáist í vatnafuglatalningunni, a.m.k. þegar stofninn er lítill, en það hlutfall gæti breyst með stækkandi stofni. Vortala flórgoða er um 60% af fjölda fullorðinna fugla sem sjást í byrjun ágúst (tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi fullorðinna flórgoða í Mývatnssveit í talningum tveggja ára.

Ár	*Vor (þar af á Ytriflóa %)*	*Ágúst (þar af á Ytriflóa %)*
1995	240 (22,5)	383 (66,0)
1996	255 (38,8)	422 (73,5)

Norðmaðurinn Jon Fjeldså birti upplýsingar um staðsetningu 170 flórgoðaóðala í hluta Mývatnssveitar á árunum 1970–75. Af þeim voru 90 við Ytriflóa. Ólafur K. Nielsen fór um sama svæði árið 1990, heimsótti 163 óðalanna, og fann hreiður á 109 þeirra. Bendir það til a.m.k. þriðjungs fækkunar. Fækkunin var nær bundin við Ytriflóa og nam þar 77% (Skýrsla sérfræðinganefndar um Mývatnsrannsóknir 1991). Hreiður hafa ekki verið talin eftir að fjölgaði í stofninum, en fyrirhugað er að gera það næsta vor.

Talningar á Víkingavatni.

Mikil flórgoðabyggð er á Víkingavatni í Kelduhverfi. Reglubundnar talningar hófust þar 1993 og hreiður voru kortlögð árið 1995. Fjöldi fugla hefur verið afar breytilegur, mest um 90 vorið 1993 en minnst 37 vorið 1995. Of snemmt er að segja til um langtímabreytingar á flórgoðavarpinu á Víkingavatni, en ætlunin er að fylgjast vel með því næstu árin, enda aðstæður hvergi betri til flórgoðarannsókna.

Dreifing flórgoða á Ytriflóa.

Dreifing flórgoða í ætisleit á Ytriflóa var kortlögð nákvæmlega með hornamæli árin 1993, 1995 og 1996. Flórgoðar halda sig mest á svæðum sem kísilgúr hefur ekki verið dælt af, en sum þýðingarmestu flórgoðasvæðin eru á fyrirhuguðu dælingarsvæði (sjá 2. mynd, sjá einnig skýrslu Árna Einarssonar um dreifingu fugla á Ytriflóa 1993). Fylgst verður náið með dreifingu flórgoðanna á þennan hátt á Ytriflóa næstu árin.



2. mynd. Dreifing flórgoða í ætisleit á Ytriflóa Mývatns.

Hornsíli.

Hornsíli er aðalfæða flórgoðans. Fylgst er með hornsílastofninu í Mývatni með veiðum í gildrur tvisvar á sumri, þ.e. fyrir og eftir hrygningu. Gögn eru til um ástand hornsílastofnsins allt frá árinu 1989, en ekki hefur verið reynt að bera þau saman við tölur um fjölda flórgoða enn sem komið er. Mjög miklar sveiflur eru í fjölda hornsíla í Mývatni. Í Víkingavatni hefur verið fylgst með hornsílastofninum með gildrum einu sinni á ári í þrjú ár samfleytt. Fjöldi hornsíla og flórgoða hefur enn ekki verið borinn saman, enda gagnarunan varla nógu löng ennþá. Fyrirhugað er að halda hornsílavöktun áfram í báðum vötnunum.

2. mynd sýnir dreifingu flórgoða í ætisleit á Ytriflóa Mývatns samkvæmt athugunum sumarið 1996. Endanleg mörk kísilgúrnámu í Mývatni samkvæmt námaleyfi útg. 7. apríl 1993 eru einnig sýnd.

Orsakir breytinga í Mývatni.

Sveiflur í fiska- og fuglastofnum Mývatns má yfirleitt rekja til breytinga í átuskilyrðum í Mývatni og Laxá. Þessar sveiflur eru mjög miklar, en orsakir þeirra eru enn ókunnar. Einstakar hæðir og lægðir verða varla raktar til umsvifa mannanna, en sá möguleiki er talinn fyrir hendi að hið sveiflótta ástand tengist á einhvern hátt umhverfisbreytingum af manna völdum í vatninu. Orsakasamhengi er ekki ljóst, en núverandi sveiflumynstur er talið hafa byrjað árið 1970.

Kísilgúr er nú dælt af því svæði sem kalla má kjarna íslenska flórgoðastofnsins. Hin mikla fækkun flórgoðahreiðra við Ytriflóa Mývatns, þar sem kísilgúrdælingin fer fram, vekur athygli. Nærtækast er að ætla að samband sé þar á milli enda hafa lífsskilyrði í Ytriflóa breyst mjög mikið við kísilgúrdælinguna. Aðrar mögulegar skýringar á fækkun flórgoða á Ytriflóa, sem ræddar hafa verið, ss. minkur og landris, fá ekki staðist. Nákvæm kortlagning á því hvar flórgoðar kafa eftir æti í Ytriflóa gefur til kynna að fuglarnir kafi helst á grunnum svæðum sem kísilgúr hefur ekki enn verið dælt af. Á næstu árum mun kísilgúr verða dælt af svæði í sunnanverðum Ytriflóa sem mikið er sótt af flórgoðum í ætisleit.

Að lokum er rétt að benda á að upplýsingar um eðli og ástand lífríkis í Mývatni er að finna á vefsíðum Náttúrurannsóknastöðvarinnar.

Slóðin er http://www.hi.is/HI/Stofn/Myvatn/

Samantekt.

Flórgoða fækkaði við Mývatn árin 1975–90, en hefur fjölgað síðan. Flórgoðavarp hefur minnkað óvenju mikið við Ytriflóa Mývatns samanborið við 1970–75 og er kísilgúrtaka úr flóanum líklegasti orsakavaldur, enda heldur flórgoðinn sig nú einkum utan dælingarsvæðanna. Ítarlega er fylgst með þróun flórgoðastofnsins og ætis fyrir hann í Mývatni og Víkingavatni í Kelduhverfi.

711. Svar [352. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um gjöld einstaklinga utan trúfélaga.

Ráðuneytið leitaði til Háskóla Íslands um upplýsingar um gjöld einstaklinga utan trúfélaga.

1. *Hver er heildarupphæð gjalda sem einstaklingar utan þjóðkirkju og skráðra trúfélaga greiddu til Háskólasjóðs árin 1988–96 samkvæmt lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.?*

Sóknargjöld greidd í Háskólasjóð 1988–96.

Ár	Kr.
1988	9.081.274,00
1989	10.221.127,00
1990	11.521.277,00
1991	14.991.553,00
1992	19.705.204,00
1993	19.997.836,00
1994	20.938.450,00
1995	22.070.694,00
1996	23.994.801,00

2. *Hver er tilgangur Háskólasjóðs og hvernig er stjórn sjóðsins skipuð?*

Tilgangur Háskólasjóðs er tíundaður í stofnskrá sjóðsins sem samþykkt var á fundi háskólaráðs 4. apríl 1974 og fer hér á eftir:

Á fundi háskólaráðs 4. apríl 1974 var samþykkt svofelld skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð:

A. Sjóðurinn heitir Háskólasjóður og kemur í stað þess sjóðs sem nefndur hefur verið Prófgjaldasjóður. Tekur sjóðurinn við eignum Prófgjaldasjóðs og tekjustofnum.

B. Tekjur sjóðsins eru: Gjöld utansafnaðarmanna, prófgjöld stúdenta, gjöld fyrir kandídatsvottorð og doktorsskjöl, greiðslur fyrir seldar Árbækur, svo og gjafir sem Háskólanum kunna að berast án þess að tiltekið sé hvernig þeim skuli varið.

C. Fénu skal varið til að efla menningarstarfsemi innan Háskólans, svo sem útgáfustarfsemi, fyrirlestrahald fyrir almenning, tónleikahald og til annarrar menningarviðleitni sem verðug er að mati háskólaráðs. Einnig skal heimilt að leita til sjóðsins vegna óvæntra fjárþarfa Háskólans sem upp kunna að koma þannig að ekki gefist ráðrúm til að afla fjár eftir venjulegum leiðum.

D. Háskólaráð fer með stjórn sjóðsins, tekur ákvarðanir um ávöxtun eigna hans og úthlutar fé í samræmi við 3. lið.

E. Reikning sjóðsins skal birta ár hvert í Árbók Háskólans.

Samkvæmt D-lið stofnskrár fyrir Háskólasjóð fer háskólaráð með stjórn sjóðsins.

3. *Hver var staða Háskólasjóðs í árslok 1996 og hverjar aðrar tekjur hefur sjóðurinn?*

Staða Háskólasjóðs 31. desember 1996.

	Kr.
Verðbréfaeign	33.494.721,00
Hlutabréf í Tæknigarði hf.	6.350.000,00
Inneign á bankareikningum	1.483.268,00
Heildareignir	**41.327.989,00**

Aðrar tekjur en sóknargjöld eru svo til eingöngu verðhækkun verðbréfa og vextir af bankareikningum.

4. Hvernig varði Háskólasjóður þessum gjöldum árin 1988–96?

Hér á eftir eru rekstraryfirlit Háskólasjóðs 1988–1996. Þau sýna nákvæmlega styrki og aðrar greiðslur úr sjóðnum í kr. á þessu tímabili.

Rekstraryfirlit fyrir árið 1996.

Tekjur:	
Söknargjöld	23.994.801,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum	139.020,00
Verðhækkun verðbréfa	2.238.522,00
Bætur fyrir vatnstjón	71.170,00
Aðrar tekjur	4.873,00
Alls	**26.448.386,00**
Gjöld:	
Greidd laun fyrir söngstjórn og endurskoðun sjóða	1.017.630,00
Launatengd gjöld	95.813,00
Veittir styrkir	20.217.392,00
Kostnaður vegna útgáfu Sjóðabókar HÍ	44.563,00
Prentun eyðublaða	12.450,00
Kostnaður vegna verðbréfakaupa	17.494,00
Annar kostnaður	50.599,00
Tekjur umfram gjöld	4.992.445,00
Alls	**26.448.386,00**

Yfirlit yfir styrki úr Háskólasjóði 1996.

1.	Ferðastyrkur; Sigrún Stefánsdóttir lektor vegna kostnaðar við kynnisferð til fjölmiðlafyrirtækja í London með nemendum í fjölmiðlafræði	60.000,00
2.	Styrkur; Félag hagfræðinema	60.000,00
3.	Styrkur; Stúdentaleikhúsið	400.000,00
4.	Styrkur til jarð- og landafræðiskorar vegna kostnaðar við námskeiðið „Eldfjallafræði fyrir erlenda stúdenta“	160.000,00
5.	Styrkur; Stúdentaráð Háskóla Íslands vegna „Kynlegir dagar“	50.000,00
6.	Styrkur; Stúdentaráð Háskóla Íslands vegna kostnaðar við ferð fulltrúa á kvennaráðstefnu stúdenta í Osló	40.000,00
7.	Styrkur; útlendingahljómsveit erlendra nema við Háskóla Íslands	36.000,00
8.	Styrkur; vegna ferðar laganema á málþing laganema í Róm	75.000,00
9.	Styrkur; tónleikanefnd Háskólans	40.000,00
10.	Styrkur; kynningarnefnd Háskóla Íslands	3.000.000,00
11.	Styrkur; Kennsluvarp Háskóla Íslands	2.341.000,00
12.	Styrkur; María Þorsteinsdóttir dósent vegna framhaldsmenntunar í sjúkraþjálfun	134.211,00
13.	Ferðastyrkur; Steinunn Hrafnsdóttir, fastráðin stundakennari	18,000,00
14.	Ferðastyrkur; dr. Unnur Dís Skaptadóttir, fastráðin stundakennari	75.000,00
15.	Ferðastyrkur; Brynhildur Brynjólfsdóttir, deildarstjóri í Nemendaskráningu	130.000,00

16.	Styrkur vegna kennslu í tölfræði fyrir nemendur í meistaranámi í iðjuþjálfun	183.312,00
17.	Ferðastyrkur; Gylfi Már Gíslason prófessor	75.000,00
18.	Ferðastyrkur; Margrét Jónsdóttir, kennari í kennslufræði félagsgreina	65.000,00
19.	Styrkur; Þorgeir Örlygsson prófessor vegna kostnaðar við þátttöku í ráðstefnu við Harvard-háskóla	150.000,00
20.	Styrkur; Háskólakórinn	350.000,00
21.	Styrkur; Iðjuþjálfafélag Íslands vegna kostnaðar við undirbúning tillögu um kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands	298.000,00
22.	Styrkur; Hafþór Guðjónsson vegna kostnaðar við þátttöku í „Naturfagdage“ í Ósló	60.000,00
23.	Styrkur; Siðfræðistofnun Háskóla Íslands	1.200.000,00
24.	Styrkur; Félag læknanema (IMSIC)	100.000,00
25.	Ferðastyrkur; dr. Magnús S. Magnússon	40.000,00
26.	Ferðastyrkur; Þórólfur Matthíasson, viðskipta- og hagfræðideild	100.000,00
27.	Ferðastyrkur; Kolbeinn Árnason vegna þáttöku í norrænu sumarnámskeiði í kortagerð	100.000,00
28.	Styrkur; Sagnfræðistofnun	150.000,00
29.	Ferðastyrkur; Rannveig Tryggvadóttir lektor	90.000,00
30.	Styrkur; Stofnun Sigurðar Nordals	300.000,00
31.	Styrkur; AIESEC	100.000,00
32.	Styrkur vegna kostnaðar við norræna ráðstefnu um jafnréttismál	100.000,00
33.	Styrkur; Studia Islandica	100.000,00
34.	Styrkur; Rannsóknastofa í kvennafræðum	300.000,00
35.	Styrkur; Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum	100.000,00
36.	Styrkur; alþjóðaskrifstofa háskólastigsins	140.830,00
37.	Styrkur; tónleikanefnd Háskólans	375.000,00
38.	Styrkur vegna ferðar stjórnmálafræðinema	27.000,00
39.	Styrkur; Margrét Hermanns-Auðardóttir vegna ferðar til að kynnast fyrirkomulagi rannsókna og kennslu í fornleifafræði við Háskólann í Tromsö	63.000,00
40.	Styrkur vegna komu prófessors Terry Eagletons	130.000,00
41.	Styrkur; Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	200.000,00
42.	Styrkur; Logi Jónsson, prófessor	25.480,00
43.	Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	3.031.559,00
44.	Hollvinasamtök Háskóla Íslands	1.974.000,00
45.	Kennslumálasjóður	2.670.000,00
46.	Styrkur vegna hlutafjárkaupa í INTÍS	1.000.000,00
	Alls	**20.217.392,00**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1995.

Tekjur:	
Sóknargjöld	22.070.694,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum	169.023,92
Verðhækkun verðbréfa	1.541.105,00
Seld listaverkakort	4.800,00
Endurgreiddur styrkur	90.943,00
Aðrar tekjur	22.726,00
Alls	**23.899.291,92**
Gjöld:	
Greidd laun fyrir söngstjórn og endurskoðun	1.212.384,00
Launatengd gjöld	8.043,00
Veittir styrkir	18.722.976,00
Kostnaður vegna útgáfu Sjóðabókar Háskólans	57.983,00
Kostnaður vegna vatnstjóns	77.907,00
Lögfræðikostnaður vegna gerðar skipulagsskrár Eggertssjóðs o.fl.	33.117,00
Tölvukostnaður	19.245,00
Greitt fyrir áskrift að tímariti	14.629,00
Keypt húsgögn	68.339,00
Annar kostnaður	96.967,00
Tekjur umfram gjöld	3.587.701,92
Alls	**23.899.291,92**

Yfirlit yfir styrki úr Háskólasjóði.

1.	Styrkur til NESU (Nordiska Ekonomie Studerendes Union)	50.000,00
2.	Styrkur; Stúdentaleikhúsið.	250.000,00
3.	Styrkur; stúdentaskiptasamtökin IAESTE, Íslandi	100.000,00
4.	Styrkur; Guðrún Ólafsdóttir, dósent	65.000,00
5.	Styrkur; Félag stjórnmálafræðinema vegna kostnaðar við átakið „Ungt fólk, takið afstöðu“	200.000,00
6.	Styrkur til stuðnings uppbyggingu kennslusafna í náttúrufræðum við raunvísindadeild	150.000,00
7.	Styrkur til að ljúka gerð handrits að sögu Stúdentaráðs Háskóla Íslands	150.000,00
8.	Styrkur til stofnunar fyrirtækis um líftæknistarfsemi	400.000,00
9.	Styrkur til útgáfu á bókmenntafyrirlestrum Steingríms J. Thorsteinssonar, fyrrverandi prófessors	3.578.000,00
10.	Styrkur; kynningarnefnd	3.578.000,00
11.	Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	2.294.000,00
12.	Styrkur; dr. Magnús S. Magnússon	245.000,00
13.	Styrkur; Rannveig Traustadóttir lektor	241.758,00
14.	Styrkur; Þór Whitehead prófessor	200.000,00
15.	Styrkur til AIESEC vegna umsjónar með sumarstarfi erlendra stúdenta á Íslandi	140.000,00

16. Styrkur; „Studia Islandica“	100.000,00
17. Styrkur; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, kennslustjóri í námsráðgjöf	90.000,00
18. Styrkur til „Multi-Disciplinary Fiend Course“ sem er samvinnuverkefni á sviði umhverfismála	250.000,00
19. Styrkur; Magnús M. Kristjánsson fræðimaður	60.000,00
20. Styrkur; Ólöf Garðarsdóttir sérfræðingur	210.000,00
21. Styrkur; Kennslumálasjóður	
22. Styrkur vegna kostnaðar við alþjóðlega ráðstefnu í minningu um Jón Eyþórsson veðurfræðing	
23. Styrkur; Vilhjálmur Árnason dósent	70.000,00
24. Styrkur; tónleikanefnd Háskólans	325.000,00
2S. Styrkur; Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands	300.000,00
26. Styrkur; Rannsóknastofa í kvennafræðum	250.000,00
27. Styrkur; Tímarit þjóðfélagsfræðinema	30.000,00
28. Styrkur; Siðfræðistofnun Háskóla Íslands	600.000,00
29. Styrkur; Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands	500.000,00
30. Styrkur; dr. Guðleifur Kristmundsson verkfræðingur	200.000,00
31. Styrkur vegna lokafrágangs heimildarmyndar um ævi hugvitsmannsins Eggerts V. Briem	300.000,00
32. Styrkur vegna aðstoðar við fatlaða 1994–95	1.436.000,00
33. Styrkur; „Opið hús“	159.000,00
34. Styrkur vegna útgáfu „Sæmundar á Selnum“	657.000,00
35. Styrkur vegna „Styrktarlínu 1995“	165.000,00
36. Styrkur vegna Hagfræðirannsóknastofnunar Háskóla íslands	600.000,00
37. Styrkur; Sigrún Klara Hannesdóttir prófessor	65.000,00
38. Styrkur; Magnús Magnússon prófessor	80.000,00
39. Styrkur; Háskólakórinn	40.000,00
40. Styrkur; Einar B. Pálsson prófessor	57.218,00
41. Styrkur; Pálmi Jóhannesson skrifstofustjóri	120.000,00
Alls	**18.722.976,00**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1994.

Tekjur:	
Sóknargjöld	20.938.450,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum	66.906,70
Verðhækkun verðbréfa	608.254,00
Seld listaverkakort	20 800,00
Alls	**21.634.410,70**
Gjöld:	
Greidd laun fyrir söngstjórn og endurskoðun	708.800,00
Launatengd gjöld	51.249,00
Veittir styrkir	17.001.902,00
Útgáfa listaverkakorta	120.140,00
Kostnaður vegna útgáfu Sjóðabókar Háskólans	60.509,00
Greitt fyrir prentun	34.860,00

Kostnaður vegna verðbréfakaupa	40.935,00
Greitt fyrir áskrift að tímariti	43.887,00
Annar kostnaður	88.028,00
Tekjur umfram gjöld	3.484.100,70
Alls	**21.634.410,70**

Yfirlit yfir styrki úr Háskólasjóði.

1.	Styrkur; Kvikmyndafélag Íslands vegna heimildarmyndar um Eggert V. Briem	100.000,00
2.	Styrkur; verkfræðideild Háskóla Íslands vegna endurskoðunar náms í verkfræði	300.000,00
3.	Styrkur; Siðfræðistofnun	1.200.000,00
4.	Styrkur; Alþjóðamálastofnun	500.000,00
5.	Styrkur Guðrún Ólafsdóttir dósent	75.000,00
6.	Styrkur; Rannsóknastofa í kvennafræðum	200.000,00
7.	Styrkur; Gæðastjórnarfélag Íslands	75.000,00
8.	Styrkur vegna alþjóðlegrar ráðstefnu um málefni fatlaðra	300.000,00
9.	Styrkur; Hannes Hólmsteinn Gissurarson	75.000,00
10.	Styrkur vegna norrænnar ráðstefnu nýjatestementisfræðinga	300.000,00
11.	Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	1.306.301,00
12.	Styrkur; „Fyrirtæki innan HÍ um líftækni“	800.000,00
13.	Styrkur; „Studia Islandica“	100.000,00
14.	Styrkur; Háskólakórinn	500.000,00
15.	Styrkur til ráðstefnunnar „IX International congress on Circumpolar Health“	447.601,00
16.	Styrkur; Steinunn Hrafnsdóttir	25.000,00
17.	Styrkur; Margrét Jónsdóttir	86.000,00
18.	Styrkur; níunda alþjóðlega fornsagnaþingið	300.000,00
19.	Styrkur; kynningarnefnd	3.342.000,00
20.	Námskynningar	1.319.000,00
21.	Opið hús	751.000,00
22.	Auglýsingar	204.000,00
23.	Styrkur til kaupa á málverki af Birni M. Olsen, fyrsta rektor Háskólans	225.000,00
24.	Styrkur vegna undirbúnings kennslumálaráðstefnu á vegum Orators, félags laganema	150.000,00
25.	Styrkur vegna kostnaðar við gerð afsteypu af brjóstmynd Jóns Helgasonar fyrrverandi háskólarektors	170.000,00
26.	Styrkur; tónleikanefnd	325.000,00
27.	Styrkur; Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands	100.000,00
28.	Styrkur; Stúdentaráð Háskóla Íslands til vinnu við þjóðarátak til söfnunar á fé til bókakaupa fyrir Landsbókasafn Íslands	500.000,00
29.	Styrkur; kennslumálasjóður	3.190.000,00
30.	Aðrir styrkir	36.000,00
	Alls	**17.001.902,00**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1993.

Tekjur:	
Sóknargjöld	19.997.863,32
Vextir og verðbætur af bankareikningum	113.189,73
Arður af hlutafé	38.838,00
Verðhækkun verðbréfa	2.771.973,00
Seld listaverkakort	32.600,00
Alls	**22.954.464,05**
Gjöld:	
Greidd laun fyrir söngstjórn og endurskoðun	900.554,00
Launatengd gjöld	140.998,00
Styrkir:	
Matvælarannsóknir Kristbergs Kristbergssonar	274.099,00
Íslensk málstöð	211.474,00
Stúdentaleikhúsið	250.000,00
Efnafræðistofa Raunvísindastofnunar Háskólans	180.000,00
Stúdentaráð	100.000,00
AISEC, Félag viðskiptafræðinema	100.000,00
Háskólakórinn	330.000,00
Háskólabókasafn	70.000,00
Gísli Jónsson, vegna ljóstæknirannsókna	150.000,00
Júlíus Sólnes, vegna rannsókna í Chile	60.000,00
Opið hús	732.000,00
Studia Islandica	100.000,00
Vegna ráðstefnu „Slow infection of the Central Nervous System" The legacy of dr. Björn Sigurðsson	150.000,00
Stúdentar við læknadeild Háskóla Íslands	60.000,00
Rannsóknastofa í kvennafræðum	250.000,00
Stefán Már Stefánsson prófessor	109.978,00
Jón Daníelsson lektor, til að sækja ráðstefnu	100.000,00
Stærðfræðiskor Raunvísindastofnunar Háskólans	150.000,00
Thor Aspelund stúdent, til að sækja ráðstefnu	50.000,00
Halldór Ármann Sigurðsson dósent, vegna þings í Gautaborg	75.000,00
Trausti Valsson lektor, vegna ferðar til Brussel	120.000,00
Siðfræðistofnun	600.000,00
Háskólaútgáfan	75.000,00
Tónleikanefnd	300.000,00
Heimildarmynd um ævi Eggerts V. Briem	400.000,00
Kynningarnefnd	4.756.000,00
Kennslumálasjóður	3.019.000,00
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	2.614.294,00
Aðrir styrkir	205.000,00
Útgáfa listaverkakorta	145.033,00
Sjóðabók Háskóla Íslands	72.397,00
Bankakostnaður og kostnaður við verðbréfakaup	50.309,00

Keypt ljósritunarvél	19.225,00
Prentun eyðublaða	26.506,00
Annar kostnaður	84.008,00
Tekjur umfram gjöld	5.923.589,05
Alls	**22.954.464,05**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1992.

Tekjur:		
Sóknargjöld		19.705.204,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum		126.974,54
Arður af hlutafé		70.160,00
Framlag í sjóðinn „Snorrasjóður“		33.698,36
Seld listaverkakort		122.600,00
Alls		**20.058.636,90**
Gjöld:		
Laun fyrir söngstjórn		436.840,00
Gengistap		944.666,00
Styrkir:		
Háskólakórinn	70.000,00	
Siðfræðistofnun	600.000,00	
Alþjóðamálastofnun	500.000,00	
Tónleikanefnd	300.000,00	
Styrkur vegna framlags Háskólans til Genís hf.	870.000,00	
Styrkur vegna vetnissýningar	105.225,00	
Vegna atvinnumálaráðstefnu stúdenta	100.000,00	
Vegna Íslandskynningar í Bergen	180.000,00	
Styrkur; Halldór Ármann Sigurðsson	130.000,00	
Styrkur; Þorvaldur Gylfason	90.000,00	
Styrkur; Gísli Már Gíslason	70.000,00	
Styrkur; Rannsóknastofa í kvennafræðum	35.816,00	
Listaverkakaup	300.000,00	
Hlutur Háskólans í skýrslu á vegum OECD	366.667,00	
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	2.973.000,00	
Kynningarnefnd	1.135.000,00	
Opið hús	2.288.000,00	
Kennslumálasjóður	4.277.000,00	
Aðrir styrkir	103.000,00	14.443.708,00
Útgáfa listaverkakorta		135.291,00
Sjóðabók Háskóla Íslands		65.197,00
Bankakostnaður og kostnaður við verðbréfakaup		13.850,00
Tryggingargjald		3.495,00
Annar kostnaður		70.270,00
Tekjur umfram gjöld		3.895.319,90
Alls		**20.058.636,90**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1991.

Tekjur:		
Sóknargjöld		14.991.553,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum		166.034,95
Verðhækkun verðbréfa		2.156.766,73
Sala listaverkakorta		12.820,00
Alls		**17.327.174,68**
Gjöld:		
Laun fyrir söngstjórn		878.878,00
Styrkir:		
Stúdentaleikhúsið	570.000,00	
Siðfræðistofnun	1.200.000,00	
Vegna mannfræðiráðstefnu í Iowa	307.550,00	
Vegna afmælisrits Magnúsar Stefánssonar	100.000,00	
Studia Islandica	100.000,00	
Vegna ritsins „Nám erlendis“	150.000,00	
Tónleikanefnd	300.000,00	
Vegna ljóðasamkeppni á vegum stúdentaráðs	100.000,00	
Rannsóknastofa í kvennafræðum	50.000,00	
Þátttaka í alþjóðasambandi háskólamanna um íþróttir	320.000,00	
Útgáfa blaðs um 80 ára afmæli Háskólans	100.000,00	
Stofnun Sigurðar Nordals	500.000,00	
Fréttabréf í hjúkrunarfræði	100.000,00	
Stúdentaráð Háskóla Íslands	228.697,00	
Vegna kaupa á brjóstmynd af Þorvaldi Skúlasyni	450.000,00	
Vegna rits um fræðistörf við HÍ	1.200.000,00	
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands	4.505.000,00	
Kynningarnefnd	3.382.000,00	
Tækjakaup vegna matvælafræði	1.200.000,00	
Opið hús	2.462.000,00	
Háskólasjónvarpsnefnd	2.000.000,00	
Styrkur; Íslandsdeild ELSA	50.456,00	
Styrkur; Dimitri Pershin	17.500,00	19.393.203,00
Keypt tölva fyrir sjóði HÍ		99.980,00
Sjóðabók Háskóla Íslands		110.954,00
Innlausn og kaup verðbréfa		84.497,00
Útgáfa listaverkakorta		36.028,00
Tryggingargjald		24.000,00
Annar kostnaður		50.060,00
Tekjur umfram gjöld		3.350.425,32
Alls		**17.327.174,68**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1990.

Tekjur:		
Sóknargjöld		11.521.277,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum		134.794,60
Verðhækkun spariskírteina		126.626,00
Verðhækkun annarra verðbréfa		1.886.281,00
Verðhækkun fjárvöxtunar		230.842,00
Sala listaverkakorta		52.885,00
Alls		**13.952.704,60**
Gjöld:		
Styrkir:		
Bók um fiskveiðistjórnun		200.000,00
Háskólakórinn		150.000,00
Háskólafréttir	76.371,00	
Undirbúningsfélag lífefnavinnslu	430.000,00	
Vegna ritunar sögu Stúdentaráðs	150.000,00	
Tónleikanefnd	250.000,00	
Ferðakostnaður; Einar B. Pálsson	198.500,00	
Vegna útgáfu afmælisrits til heiðurs Pétri M. Jónssyni prófessors	150.000,00	
Til að vinna úr dagbók og öðrum gögnum Sigurðar Þórarinssonar prófessors	165.240,00	
Fréttabréf í hjúkrunarfræði	100.000,00	
Listahátíð í Reykjavík	100.000,00	
Styrkur; Robert Cook	85.000,00	2.055.111,00
Laun fyrir söngstjórn		549.100,00
Styrktarsjóðir Háskóla Íslands		2.510.000,00
Framlag til kennslumálasjóðs		2.500.000,00
Opið hús		1.448.000,00
Kynningarmyndir um Háskóla Íslands		1.042.000,00
Samskrá um erlend tímarit		375.000,00
Vegna ritaskrár um fræðistörf í Háskóla Íslands		800.000,00
Kostnaður vegna útgáfu jóla- og listaverkakorta		174.121,00
Greitt fyrir Sjóðabók		72.216,00
Ýmis kostnaður		57.423,50
Tekjur umfram gjöld		2.369.733,10
Alls		**13.952.704,60**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1989.

Tekjur:	
Sóknargjöld	10.221.127,00
Verðbætur og vextir af bankareikningum	350.675,54
Verðhækkun spariskírteina	186.051,00
Verðhækkun annarra verðbréfa	3.116.219,00

Verðhækkun fjárvöxtunar		292.593,00
Seld listaverkakort		21.754,00
Alls		**14.188.419,54**

Gjöld:
Styrkir:

Styrkur til „Fjarkennslu“	1.000.000,00	
Styrkur; Háskólakórinn	200.000,00	
Styrkur vegna útgáfu á vísindaritum Björns Sigurðssonar	350.000,00	
Styrkur; tónleikanefnd	200.000,00	
Styrkur vegna útgáfu doktorsritgerðar; Atli Dagbjartsson	100.000,00	
Styrkur; „Studia Islandica“	50.000,00	2.000.000,00
Greidd laun fyrir söngstjórn		441.973,00
Greitt fyrir kynningarmyndir um Háskóla Íslands		4.393.000,00
Framlag til Tímarits Háskóla Íslands		1.838.000,00
Framlag til kennslumálasjóðs		1.500.000,00
Greitt fyrir „Opið hús“		427.000,00
Keyptar bækur til gjafa, skrifstofa háskólarektors		280.000,00
Keypt húsgögn		100.000,00
Kostnaður vegna útgáfu jóla- og listaverkakorta		87.759,00
Kostnaður vegna Sjóðabókar		78.258,00
Ýmis kostnaður		61.202,31
Tekjur umfram gjöld		2.981.227,23
Alls		**14.188.419,54**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1988.

Tekjur:

Sóknargjöld		9.081.274,00
Tekjur af sölu listaverkakorta		118.265,00
Vextir og verðbætur af bankareikningum		626.819,20
Verðhækkun spariskírteina		126.138,20
Verðhækkun annarra verðbréfa		1.293.373,00
Verðhækkun fjárvöxtunar		247.123,00
Fengin afföll		247.432,00
Alls		**11.740.424,40**

Gjöld:
Styrkir:

Tónleikanefnd	209.830,00	
Háskólakórinn	170.000,00	
Tölvunarfræðinemar	50.000,00	429.830,00
Kvikmynd um verkfræðideild		550.000,00
Kvikmynd um nám í hjúkrun		200.000,00
Kvikmynd um Björn Sigfússon		98.000,00
Kvikmynd um lagadeild		40.400,00

Kostnaður við útgáfu listaverkakorta	103.230,00
Kostnaður við gerð Sjóðabókar	67.558,00
Keypt ljósritunarvél	50.003,00
Innlausnar- og stimpilgjöld af verðbréfum	35.658,00
Greidd laun fyrir söngstjórn	373.229,00
Annar kostnaður	64.170,00
Tekjur umfram gjöld	9.728.346,40
Alls	**11.740.424,40**

712. Nefndarálit [346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra og Guðmund V. Óskarsson frá Landssambandi slökkviliðsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að mál, er varða brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins, flytjist frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

4. gr. orðist svo:

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

Alþingi, 6. mars 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Árni R. Árnason.	Svanhildur Kaaber.
Kristján Pálsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

713. Frumvarp til laga [412. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Við 61. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum með það að markmiði að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála,

m.a. með sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til innlendra og erlendra aðila og vegna rannsóknar- og þróunarverkefna. Til að stofna eða eiga hlut í fyrirtækjum þarf heimild ráðherra hverju sinni. Áður en ráðherra veitir slíka heimild skal leitað álits fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að stofna eða kaupa hlut í félögum með það meðal annars að markmiði að ná með sem skilvirkustum hætti að nýta þá þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til eflingar útflutnings á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs og til eflingar atvinnulífs í landinu. Hafa Rafmagnsveiturnar, bæði einar sér og í samstarfi við aðra, staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum en ástæða er til að opna fyrir þann möguleika einnig að Rafmagnsveiturnar geti stofnað félög eða tekið þátt í félögum um tiltekin verkefni, bæði vegna samstarfs við aðra aðila og ekki síður til takmörkunar á áhættu þar sem það á við. Þá er það einnig mikilvægt að Rafmagnsveiturnar geti staðið að og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum með sama hætti.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður Rafmagnsveitum ríkisins heimilt að hagnýta þá sérþekkingu og þann búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til útflutnings sem ekki eingöngu nýtist fyrirtækinu sjálfu heldur einnig þeim öðrum aðilum sem eru og hafa verið í samstarfi við Rafmagnsveiturnar. Sem dæmi um slíkt er þróun og uppbygging fjarmæli- og aflgæslubúnaðar þar sem Rafmagnsveiturnar hafa á undanförnum áratug haft frumkvæði að því að byggja upp búnað og kerfi sem nýtast þeim og öðrum sambærilegum fyrirtækjum vel. Að því verki hafa einnig komið rafeinda- og hugbúnaðarfyrirtæki og á þann hátt hafa Rafmagnsveiturnar stuðlað að þróun hátæknibúnaðar á Íslandi. Rafmagnsveiturnar hafa einnig haft frumkvæði að því að þreifa fyrir sér með útflutning á umræddum búnaði og kerfum. Á öðrum sviðum tæknimála hefur fyrirtækið á sama hátt stutt íslenskar verkfræðistofur í verkefnaöflun erlendis, m.a. í Eystrasaltsríkjunum.

Fyrirtækinu verður heimilað að selja tækniþekkingu og aðra sérþekkingu til aðila hér á landi og erlendis með því að stofna og eiga hlut í félögum. Í því sambandi má nefna að fyrirtækið hefur rekið rafmagnsverkstæði sem er sérhæft í viðgerð spenna og ræður yfir búnaði sem ekki er til á öðrum rafmagnsverkstæðum í landinu. Vegna þessa hefur verkstæðið tekið að sér viðgerðir á spennum fyrir önnur raforkufyrirtæki og fleiri aðila. Rafmagnsveiturnar telja þetta fyrirkomulag óheppilegt og hafa því óskað eftir heimild til að fá að stofna hlutafélag til þess að taka yfir starfsemi verkstæðisins. Gera má ráð fyrir að hlutafélagið verði fyrst í stað alfarið í eigu Rafmagnsveitnanna, en stefnt er að því að fleiri aðilar komi að því þótt það kunni að verða síðar.

Gert er ráð fyrir að verkefni, sem fyrirtækið ræðst í á grundvelli lagaheimildarinnar, stuðli að hagkvæmari rekstri fyrirtækisins og skili því arði. Í því sambandi er einnig rétt að nefna að samkvæmt samningi ríkissjóðs og Rafmagnsveitnanna frá 9. janúar 1995 er gert ráð fyrir að hluta af arði þess verði varið til rannsóknar- og þróunarverkefna. Er gert ráð fyrir að sú heimild, sem fyrirtækinu er veitt með þessari grein, nýtist því meðal annars í slíkum verkefnum. Þar sem Rafmagnsveiturnar eru ríkisfyrirtæki og lúta umsjón ráðherra samkvæmt orkulögum er talið rétt að leita þurfi hverju sinni heimildar hans til að

stofna félög eða kaupa hlut í félögum. Jafnframt þykir rétt til að stuðla að samræmi að leitað sé álits fjármálaráðherra hverju sinni.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins verði heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum til að hagnýta þekkingu sína og starfsreynslu á sviði orkumála. Í greinargerð kemur fram að sérþekking fyrirtækisins á ýmsum sviðum hátækni geri það vel í stakk búið til að takast á við ýmis verkefni á markaðinum og því sé eðlilegt að stofnað verði fyrirtæki utan um slíka starfsemi.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

714. Frumvarp til laga [413. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Helgi Sveinn Heimisson, nemi á Egilsstöðum, f. 16. desember 1979 á Egilsstöðum.
2. Jessen, Peter Winkel, byggingatæknir í Reykjavík, f. 15. október 1948 í Danmörku.
3. Karaolanis, Antonis, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 20. maí 1964 í Grikklandi.
4. Mamelin, René, verkamaður í Keflavík, f. 20. ágúst 1946 í Frakklandi.
5. Mankowska, Bozena Marja, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 25. mars 1953 í Póllandi.
6. Pehrsson, Linda Elisabeth, húsmóðir á Þórshöfn, f. 21. ágúst 1970 í Noregi.
7. Pilkington, Brian Charles, teiknari í Reykjavík, f. 20. júlí 1950 í Englandi.
8. Steinmann, Erika, verkakona á Egilsstöðum, f. 28. maí 1948 í Sviss.
9. Walker, Kristín Sybil, starfsstúlka á Akureyri, f. 25. janúar 1944 í Englandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allsherjarnefnd Alþingis 21. febrúar 1995.

Frumvarp þetta er síðara frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem borið er fram á 121. löggjafarþingi.

Við gildistöku laga um mannanöfn nr. 45 17. maí 1996 1. janúar 1997 féll niður sú krafa að erlendur ríkisborgari aðlagi nafn sitt íslenskum reglum um mannanöfn. Því er ekki tekið upp í frumvarp þetta ákvæði um nafnbreytingu þeirra sem lagt er til að veittur verði ríkisborgararéttur.

715. Frumvarp til laga [414. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem flutt er að beiðni stjórnar Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, er lagt til að leyfi Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að reka happdrætti á þann hátt sem verið hefur frá 1954 verði framlengt um tíu ár, þ.e. til ársloka 2007.

Leyfi til rekstursins var síðast framlengt með lögum nr. 24/1987 og þá til ársloka 1997.

Nýtt happdrættisár hefst 1. maí 1997 og þarf því að liggja fyrir heimild til áframhaldandi happdrættisreksturs fyrir þann tíma. Því er lagt til í 2. gr. að lögin öðlist gildi 30. apríl 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengja leyfi happdrættisins um 10 ár, þ.e. til ársloka 2007. Ekki verður séð að frumvarpið hafi í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

716. Svar [357. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um laun og starfskjör starfsmanna Pósts og síma.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver eru heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Pósts og síma hf., þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra og forstöðumanna sviða, stöðvarstjóra, deildarstjóra og annarra stjórnenda, svo og heildarlaun og starfskjör sömu eða sambærilegra yfirmanna á ári sl. þrjú ár, 1994–96, áður en Pósti og síma var breytt í hlutafélag?*
   Svar óskast sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum.
2. *Hvaða reglur gilda um risnu, ferða- og dvalarkostnað og bílafríðindi fyrrgreindra starfsmanna fyrir og eftir breytinguna og hverjar eru áætlaðar fjárhæðir í því sambandi?*
3. *Sitja eða sátu fyrrgreindir starfsmenn í stjórnum fyrirtækja eða stofnana sem tengjast starfsemi Pósts og síma eða Pósts og síma hf. og hvaða greiðslur hafa þeir þegið fyrir slík störf?*
4. *Hver eru heildarlaun og starfskjör stjórnarmanna hjá Pósti og síma hf. og hver tók ákvörðun um þau?*
   Svar óskast sundurliðað eftir launum formanns og annarra stjórnarmanna.

Hinn 1. janúar 1997 tók til starfa hlutafélagið Póstur og sími á grundvelli laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Með stofnun Pósts og síma hf. rofnuðu öll stjórnsýslutengsl milli ráðuneytis og félagsins sem áður voru milli ráðuneytis og Póst- og símamálastofnunar og hefur ráðuneytið nú ekki skipunarvald í málefnum Pósts og síma hf. Engu breytir þótt allt hlutafé sé í eigu íslenska ríkisins og samgönguráðherra fari með eignaraðild ríkissjóðs í Pósti og síma hf.

Stjórn félagsins, sem var kosin á stofnfundi þess 27. desember 1996, ræður starfsmenn og ákveður kjör þeirra. Samgönguráðuneytið hefur engin afskipti af gerð ráðningarsamninga við starfsmenn Pósts og síma hf. Ráðningar og starfskjör starfsmanna Pósts og síma hf. teljast trúnaðarmál milli stjórnar félagsins og starfsmanna. Ráðuneytið hef-

ur því ekki þær upplýsingar sem um er beðið í fyrirspurninni að því er varðar Póst og síma hf. og telur sér ekki fært að krefjast þeirra.

Öðru máli gegnir um Póst- og símamálastofnun og fer hér á eftir svar við spurningum um launakjör yfirmanna Póst- og símamálastofnunar árin 1995 og 1996. Aðgangur að launagreiðslum ársins 1994 er ekki fyrir hendi, hvorki hjá Pósti og síma né fjármálaráðuneyti.

Yfirmenn Póst- og símamálastofnunar röðuðust þannig í launaflokka árin 1995 og 1996:

Launaflokkur	Starfsheiti	Fjöldi
160	Aðstoðarpóst- og símamálastjóri	1
158	Framkvæmdastjóri, umdæmisstjóri	5
157	Aðalendurskoðandi, aðstoðarframkvæmdastjóri, yfirverkfræðingur, umdæmisstjóri	10
156	Yfirverkfræðingur, yfirviðskiptafræðingur, umdæmisstjóri	9
155	Póstmálafulltrúi, yfirtæknifræðingur, yfirviðskiptafræðingur, umdæmisstjóri	17
154	Yfirtæknifræðingur, yfirverkfræðingur, skólastjóri	7
153	Deildarstjóri, deildarverkfræðingur, starfsþróunarstjóri, upplýsinga- og blaðafulltrúi, verkefnastjóri, yfirviðskiptafræðingur	14
152	Deildartæknifræðingur, deildarverkfræðingur	8
151	Deildarstjóri, deildarverkfræðingur, deildarviðskiptafræðingur, yfirviðskiptafræðingur	9
150	Deildarstjóri, deildartæknifræðingur, verkefnastjóri	7
149	Alþjóðafræðingur, deildarstjóri, deildarviðskiptafræðingur, verkefnastjóri	7
147	Deildarviðskiptafræðingur	1
455	Aðalféhirðir	1
452	Birgðastjóri, deildarstjóri, forstöðumaður, skrifstofustjóri, yfirdeildarstjóri	12
451	Póstrekstrarstjóri	1
450	Skrifstofustjóri, yfirdeildarstjóri	6

Dagvinnulaun framgreindra eru frá 91.123 kr. til 156.547 kr. á mánuði, eða að meðaltali 123.835 kr. á mánuði. Yfirvinna þeirra var að meðaltali 1.046.373 kr. á hvern starfsmann árið 1995 og 1.215.854 kr. árið 1996.

Póst- og símamálastjóri fékk greidd laun samkvæmt launaflokki 171 og að meðaltali 50 klst. yfirvinnu á mánuði.

Fjöldi og röðun stöðvarstjóra á Póst- og símastöðvum 31. desember 1996 var þannig:

Launaflokkur	Fjöldi	
453	1	
452	4	
451	9	
450	2	
449	12	
448	13	
447	1	
446	18	
445	18	
444	9	
443	6	(hlutastöðvar)
	93	

Laun fyrir dagvinnu samkvæmt ofangreindum launaflokkum eru frá 80.724 kr. til 119.431 kr. á mánuði, eða að meðaltali 100.078 kr. á mánuði.

Yfirvinna stöðvarstjóra nam alls 39.133.000 kr. árið 1995, eða 420.785 kr. að meðaltali, og 45.617.000 kr. árið 1996, eða 490.505 kr. að meðaltali.

Engir starfsmenn njóta risnuhlunninda.

Greiðsla fyrir bifreiðanotkun í árslok 1996 er samkvæmt reglum bílanefndar ríkisins, þ.e. að hámarki 2.000 km á ári, eða samkvæmt akstursdagbók.

Greiðsla fyrir ferða- og gistikostnað er samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar.

Skólanefnd Póst- og símaskólans var eina launaða nefnd stofnunarinnar. Í henni voru sjö nefndarmenn. Fyrir setu í skólanefnd fékk hver nefndarmanna 54.744 kr. ársgreiðslu á árinu 1996.

Laun stjórnarmanna hjá Pósti og síma hf. voru ákveðin á stofnfundi félagsins 27. desember 1996 og fær hver stjórnarmaður 41.734 kr. í laun á mánuði, en formaður tvöfalda þá fjárhæð. Þetta eru heildarlaun stjórnarmanna.

717. Fyrirspurn [415. mál]

til umhverfisráðherra um úrskurð um umhverfisáhrif landgræðsluverkefnis á Hólasandi.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hvaða stofnanir ráðuneytisins eiga að koma að mati á umhverfisáhrifum landgræðsluverkefnisins á Hólasandi og hvert er álit þeirra á úrskurði skipulagsstjóra frá 8. ágúst 1996? Er úrskurður ráðherra frá 25. febrúar sl. í samræmi við það álit? Ef ekki, á hverju byggist úrskurður ráðherra?
2. Hvaða alþjóðlegt samstarf sem Ísland á aðild að og hvaða alþjóðlegir samningar sem undirritaðir hafa verið fyrir hönd Íslands varða þetta mál? Var tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga við afgreiðslu málsins?
3. Hver er afstaða sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til úrskurðar skipulagsstjóra frá 8. ágúst 1996? Er úrskurður ráðherra frá 25. febrúar sl. í samræmi við það álit?
4. Hvers vegna úrskurðaði ráðherra ekki í málinu innan tilskilins tíma, þ.e. átta vikna frá því að kæra barst, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum?
5. Telur ráðherra að þörf sé á að stærri landgræðslu- og skógræktarverkefni fari alltaf í mat á umhverfisáhrifum áður en ráðist er í framkvæmdir? Ef ekki, hver geta rökin verið?

Skriflegt svar óskast.

718. Fyrirspurn [416. mál]

til samgönguráðherra um úrbætur í öryggismálum sjómanna.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við og bæta úr því ástandi í öryggismálum sjómanna sem fram kemur í skýrslu Siglingastofnunar Íslands um stöðugleika íslenskra fiskiskipa?
2. Verða settar reglur um stöðugleika fiskiskipa sem gilda um öll skip, ný og gömul?
3. Verður tryggt fé til að ljúka þeirri úttekt á stöðugleika fiskiskipa sem unnin var á árunum 1988–1993?

719. Fyrirspurn [417. mál]

til samgönguráðherra um hæfniskröfur skipahönnuða og skipasmiða.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hvaða reglur gilda um hæfniskröfur til þeirra sem hanna og smíða skip hér á landi?

720. Fyrirspurn [418. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldþrotakröfur.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

Liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga 18–30 ára sem lýstir hafa verið gjaldþrota að kröfu viðskiptabankanna 1990 til og með 1996?

Ef svo er, hversu marga einstaklinga er um að ræða á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum:

a. að kröfu Landsbanka,
b. Búnaðarbanka,
c. Íslandsbanka,
d. sparisjóðanna,
e. Gjaldheimtunnar eða sýslumanna?

Skriflegt svar óskast.

721. Fyrirspurn [419. mál]

til iðnaðarráðherra um hættumat vegna virkjanaframkvæmda.

Frá Margréti Frímannsdóttur.

1. Hefur ráðuneytið, Landsvirkjun eða aðrir aðilar látið meta hugsanlegar afleiðingar þess að stíflumannvirki við uppistöðulón bresta? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkt mat verði framkvæmt? Hefur ráðuneytið upplýsingar um afleiðingar slíkra atburða í öðrum löndum?
2. Er hættumat framkvæmt sem hluti af undirbúningsrannsóknum vegna virkjanaframkvæmda? Ef svo er, hver er niðurstaða þess mats sem framkvæmt hefur verið vegna væntanlegra virkjanaframkvæmda? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkt mat verði framkvæmt?

722. Fyrirspurn [420. mál]

til viðskiptaráðherra um útilokun fyrirtækja frá markaði.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Telur ráðherra að fyrirtæki hafi heimild til þess samkvæmt samkeppnislögum að útiloka önnur fyrirtæki frá markaði með sérstökum dreifingarsamningum eða hliðstæðum samningum?
2. Eru þess dæmi að slíkir samningar hafi verið gerðir og hefur farið fram sérstök rannsókn á þeim?
3. Hafi slíkir samningar verið gerðir, hvaða fyrirtæki hafa gert þá og hver hafa afskipti Samkeppnisstofnunar verið af þeim?
4. Hyggst Samkeppnisstofnun reyna að koma í veg fyrir að slíkir samningar verði gerðir og telur stofnunin að hún hafi lagaheimildir til að koma í veg fyrir þá?

723. Tillaga til þingsályktunar [421. mál]

um rannsókn á brennsluorku olíu.

Flm.: Gísli S. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera rannsókn á orsökum þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegnum svokallaðan orkuplúsbrennsluhvata.

Greinargerð.

Mælingar hafa verið gerðar á mismunandi brennsluvélum, bæði hér á landi og erlendis og sýnt hefur verið fram á með nokkrum rökum að bruni olíunnar er betri þegar brennsluhvati er notaður. Sumar mælingar hafa sýnt fram á 3–7% olíusparnað.

Vísindamenn telja að mælingar sem gerðar hafa verið á brennsluvélum skýri ekki fullkomlega hvað er að gerast og því þurfi að framkvæma rannsóknir til þess að geta skýrt breytingarnar með eðlis- og efnafræðilegum rökum.

Brennsluhvatinn er í nokkrum fiskiskipum og telja margir að um góðan árangur hafi verið að ræða, m.a. minni sótmengun, hreinni vélar og betri bruna. Nokkrir vöru- og fólksflutningabílar hér á landi nota búnaðinn með góðum árangri. Yfirvöld í nokkrum borgum víða um heim hafa látið setja brennsluhvatann í samgöngutæki borganna sem knúin eru dísilvélum til að minnka mengun.

Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er u.þ.b. 4 milljarðar kr. á ári; ef 5% sparnaður næst er um verulega fjármuni að ræða og þótt prósentan væri lægri er til mikils að vinna.

Keppikefli okkar Íslendinga er samkvæmt margyfirlýstri stefnu að draga úr ónauðsynlegri mengun. Eðlilegur þáttur í þeirri viðleitni hlýtur að vera að veita fé til rannsóknar af því tagi sem hér um ræðir.

Líklegt er að meðalskuttogari noti um 1,5 milljónir lítra af eldsneyti á ári. Samsvarandi olíukostnaður er um 16–23 millj. kr. á ári, og sparnaður um 4–5% gæfi því 700–1.100 þús. kr. lækkun á olíureikningi fyrir skuttogara.

Minnkun koltvíildis í útblæstri er talin verða töluverð við notkun brennsluhvata. Mikil nauðsyn er að fram fari rannsókn af því tagi sem hér um ræðir ef unnt er með notkun slíks búnaðar að ná fram virkni gegn gróðurhúsáhrifum á skjótan hátt eins og líkur benda til.

Fullyrða má að hagræn áhrif geta orðið mikil ef niðurstöður verða þær sem vísbendingar gefa ástæðu til að ætla.

Umhverfisáhrif eru slík af minnkun eldsneytisnotkunar að ályktа ber að rannsókn sem hér um ræðir verði að fara fram hið fyrsta.

Fylgigögn með þessari greinargerð vitna um það sem sett er fram sem rök fyrir því að þingsályktunartillaga þessi fái skjóta afgreiðslu.

Fylgiskjal I.

Umsögn tveggja prófessora við verkfræðideild Háskóla Íslands um orkuplúsbrennsluhvata.

Við undirritaðir prófessorar við Háskóla Íslands lýsum yfir samstarfsvilja við Formex ehf. um rannsóknir á því að greina orsakir þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegnum orkuplúsbrennsluhvata. Nýlega var gert samkomulag við Formex ehf. um rannsóknarverkefni sem lýst er í fylgiriti. Rannsóknir þær sem við leggjum til að verði gerðar er að reyna að greina hugsanlegar orsakir efnabreytinga sem geta orðið á brennsluefninu þegar það streymir í gegnum orkuplúsefnahvatann og með þeim hætti reyna að meta hversu mikil breyting verði á gerðum brennsluefnisins.

Sá hluti, sem við leggjum til að gerður verði við Háskóla Íslands, er að greina breytingar á efni með sýnatöku, bæði fyrir og eftir efnahvatann, og mæla með nákvæmum mælitækjum þessar breytingar.

Uppsetning tækja er tiltölulega auðveld og flest nauðsynleg mælitæki eru til staðar við Háskóla Íslands. Þó má reikna með að nauðsynlegt sé að kaupa rekstrarvörur fyrir um 300 þús. kr. Helsti kostnaður er þó launakostnaður rannsóknarmanna, áætlaður í 7–9 mánuði sem 1,3–1,5 millj. kr.

Mælingar hafa verið gerðar á ýmsum brennsluvélum, bæði hér á landi og erlendis og sýnt hefur verið fram á það með nokkrum rökum að bruni olíunnar er betri þegar brennsluhvati er notaður og hafa ýmsar mælingar sýnt um 3–7% olíusparnað, án þess að undirritaðir geti metið þær með nokkrum áreiðanleika, enda ekki viðstaddir þessar tilraunir. Hins vegar teljum við að allar svona mælingar á brennsluvélum skýri ekki fullkomlega hvað er að gerast og því þurfi að framkvæma rannsóknir til þess að geta skýrt einhverjar breytingar frá náttúrufræðilegum rökum.

Valdimar K. Jónsson.
Bragi Árnason.

Fylgiskjal II.

Umsögn umhverfisráðuneytis.
(21. desember 1995.)

Í ljósi nýrra upplýsinga frá umhverfisstofnun Bandaríkjanna, EPA, sem bárust fyrr á þessu ári fór ráðuneytið þess á leit við Hollustuvernd ríkisins að stofnunin léti ráðuneytinu í ljós álit sitt og umsögn um brennsluhvata sem byggjast á tinkúlum og seglum.

Fram hefur komið að EPA hefur viðurkennt slíkan búnað „The Fithch Fuel Catalyst". Hollustuvernd ríkisins sendi erindi til EPA þar sem spurst er fyrir um hvað sé fólgið í umræddri viðurkenningu stofnunarinnar.

Helstu niðurstöður eru að:

— EPA viðurkennir „The Fithch Fuel Catalyst" sem útblásturstengdan búnað,
— búnaðurinn hefur ekki skaðleg áhrif á mengunarvarnabúnað bifreiða,
— ábyrgð bifreiðaframleiðenda helst á upphaflega útblástursbúnaðinum ef viðurkenndur viðbótabúnaður er settur í bílinn,
— viðurkenning EPA gildir fyrir allar bensínknúnar bifreiðar, sem uppfylla lágmarkskröfur í Bandaríkjunum um mengandi efni í útblæstri til og með árgerð 1995, og dísilknúnar bifreiðar sem knúnar eru vélum sem sérstaklega eru ætlaðar í bifreiðar,
— þessar kröfur eru þær sömu og bifreiðar þurfa að uppfylla samkvæmt viðauka 6 A í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Hollustuvernd ríkisins hafa verið kynntar upplýsingar frá framleiðendum um niðurstöður mengunarmælinga í útblæstri bifreiða sem búnar eru með þeim búnaði sem hér um ræðir. Stofnunin hefur ekki tök á því að meta þau gögn sérstaklega eða taka afstöðu til búnaðarins umfram það sem fram kemur í viðurkenningu EPA.

Að lokum vill ráðuneytið ítreka að það er ekki hlutverk ráðuneytisins og stofnana þess að fjalla um gæði og/eða virkni einstakra framleiðsluvara sem bjóðast á almennum markaði, heldur að gera kröfur um tiltekin lágmörk eða hámörk eftir því sem við á samkvæmt lögum og reglugerðum.

Fyrir hönd ráðuneytisins,

Ingimar Sigurðsson.
Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal III.

Fréttatilkynning frá verkefnisstjórn samstarfsverkefnis LÍÚ, TFF og Vélskóla Íslands.

Jákvæð niðurstaða af notkun Cleanburn-brennsluhvata.

Síðustu missiri hafa ýmis bætiefni og búnaður, sem ætlað er að draga úr eldsneytisnotkun, komið á markaðinn hérlendis. Notkun þeirra er hafin í fiskiskipum hérlendis í mjög litlum mæli. Útgerðarmenn hafa haldið að sér höndum, eða hafa ákveðnar efasemdir um ágæti bætiefna og búnaðar. Því var talin full ástæða til að gera faglega og eins nákvæma úttekt og unnt er hérlendis af óháðum aðilum til að fá svör við ýmsum spurningum þessu viðkomandi.

Því var það að LÍÚ, tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðisjóðs Íslands (TFF) og Vélskóli Íslands réðust í samstarfsverkefni, sem hafði það að markmiði að kanna sem flesta þætti notkunar á bætiefnum og búnaði, í náinni samvinnu við útgerðarfélög. Fyrsta hlutaverkefnið í þessu samstarfsverkefni var prófun á Cleanburn í samvinnu við Granda hf., þar sem gerðar voru samanburðarmælingar á stórri hjálparvél í Snorra Sturlusyni RE 219. Um var að ræða tvíþættar mælingar, annars vegar mælingar á eldsneytiseyðslu og hins vegar mengandi snefilefnum í útblæstri.

Hvað viðkemur ávinningi í olíunotkun þá mælist hann enginn við um 20% álag, en jafnt vaxandi eftir það og mældist um 2,6% við 43% álag. Ekki reyndist unnt að fá marktækar mælingar á hærra álagi, en leiða má að því líkur að við 64% álag náist allt að 5% ávinningur í olíunotkun. Samanburðarmælingar á eldsneytisnýtingu voru tvíþættar, annars vegar skráningar í veiðiferðum og hins vegar mælingar í höfn. Hvor aðferðin sem er styður hina og eru samfallandi. Mælingar á mengandi snefilefnum sýndu merkjanlega lækkun þeirra.

Umrædd samanburðarmæling er aðeins fyrsta skrefið í samstarfsverkefninu, en styrkveiting frá umhverfisráðuneytinu varð til þess að því var hleypt af stað. Framhaldið ræðst af því hvort frekari styrkveitingar fáist.

Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum á ári. Ef til dæmis 5% olíusparnaður næst með notkun bætiefna og búnaðar er um verulegar upphæðir að ræða, og jafnvel þótt sparnaðarprósentan sé lægri, en á móti einhver kostnaður við kaup á bætiefnum og búnaði. Einnig hefur verið bent á minni viðhaldskostnað á vélbúnaði við notkun bætiefna og búnaðar. Þá hlýtur það einnig að vera keppikefli sérhverrar þjóðar að draga sem mest úr mengunaráhrifum nú á tímum vaxandi tillits til umhverfissjónarmiða.

Ekki er langt frá lagi að meðalskuttogari noti um 1,5 milljónir lítra af eldsneyti á ári og tilheyrandi olíukostnaður er um 16–23 millj. kr. eftir því hvaða eldsneyti er notað. Olíusparnaður á bilinu 4–5% gæti þá samkvæmt þessu gefið 650–1.150 þús. kr. lækkun á olíureikningi fyrir meðalskuttogara.

Fylgiskjal IV.

Útdráttur úr skýrslu frá Fiskifélagi Íslands.

Skýrsla þessi gerir grein fyrir samanburðarmælingum á hjálparvél í Snorra Sturlusyni RE 219, þar sem áhrif svonefnds Cleanburn-brennsluhvata voru könnuð með tilliti til eldsneytisnýtingar. Umrætt verkefni er liður í samstarfsverkefni sem hleypt var af stokkunum fyrr á þessu ári en að því standa tæknideild LÍÚ, tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands og Vélskóli Íslands.

Umrædd samanburðarmæling var unnin í náinni samvinnu aðila verkefnisins, útgerðar Granda hf. og vélstjóra skipsins, kostuð af þessum aðilum og styrkt sérstaklega af umhverfisráðuneytinu.

Samanburðarmælingar byggja einkum á nákvæmum mælingum á olíunotkun og rafmagnsálagi fyrir og eftir ísetningu búnaðar, bæði í veiðiferðum og mælingum í höfn. Þungamiðja mælinganna er á sviðinu 200–400 KW í rafmagnsálagi, sem svarar til 23–43% álags á hjálparvél. Á þessu sviði mældist ávinningur í olíunotkun 0,4–2,6%, jafnt vaxandi með álagi. Með allgóðri vissu má framlengja upp í hærra álag og hefur verið reiknaður út 5,2% ávinningur í olíunotkun við 64% álag á vél.

Ekki reyndist unnt að mæla við hærra álag, né heldur að fá marktækar skráningar á hærra álagi í veiðiferðum, og er það annmarki. Því væri æskilegt að gera frekari mælingar á vélum þar sem unnt er að ná 100% lestun.

Fylgiskjal V.

Úr skýrslu Eimskipa um orkunotkun í Sundahöfn.

Brennsluhvati (Cleanburn).

Brennsluhvati er tæki sem sett er inn í olíulögn milli síu og olíuverks dísilvélar. Þetta tæki hefur þau áhrif á eldsneytið að það brennur betur, sem leiðir til betri nýtingar og minni mengunar. Sjá nánari lýsingu á tækinu í fskj. nr. 6.

Gæðalið 22 ákvað í tengslum við hugsanlegan olíusparnað að gera tilraunir með þetta tæki og var í framhaldi af því ákveðið að kaupa tvö. Annað var sett í dráttarbíl en hitt í gámalyftara.

Fyrir valinu urðu Scania R 143 HL. dráttarbíll og tæki nr. 22–181 sem er Hyco Boss 145 gámalyftari.

Áður en brennsluhvatanum var komið fyrir í viðkomandi vél var gerð nákvæm mæling bæði á olíueyðslu og mengun í útblæstri og eru þær tölur eftirfarandi:

Scania R 143 HL. dráttarbíll.

M. í útblæstri	Fyrir ísetn.	E. 30 mín.	E. 3.000 km	%
NOx	300	200	200	-33,3
HC	50	50	30	-40,0
CO_2	0,01	0,01	0,02	0,0
Eldsneytiseyðsla hefur minnkað um u.þ.b. 8%				

Hyco Boss 145 gámalyftari.

M. í útblæstri	Fyrir ísetn.	E. 50 stundir	E. 550 stundir.	%
NOx	500	400	350	-30,0
HC	105	100	100	-4,8
CO	2	1,5	2	0,0
Eldsneytiseyðsla hefur minnkað um u.þ.b. 7%.				

Gæðaliðið hefur gert ráðstafanir til þess að brennsluhvati verði settur í eyðslufrekustu tækin á næstu mánuðum.

Fylgiskjal VI.

Upplýsingar frá ÍSAGA ehf. um brennsluhvata CEU 100 A.

(13. febrúar 1997.)

Markmiðið með að nota brennsluhvatann var að minnka sótmagnið í reykgasinu frá gufukatli þar sem við brennum svartolíu. Brennsluhvatinn er í hringdælukerfi þar sem svartolían er hituð upp í 80°C.

Við höfum nú notað brennsluhvatann frá áramótum í kolsýruverksmiðju okkar í Þorlákshöfn og er árangurinn mjög góður. Áður en brennsluhvatinn var settur upp var sóttalan um og yfir þrír, en með brennsluhvatanum er sótið nú rétt rúmlega tveir. Miðað er við Bosch-skala. Þessi minnkun á sóti lengir tímabilið milli hreinsana verulega, úr einum mánuði í þrjá, og hefur mikinn sparnað í för með sér. Nýtni ketilsins hefur aukist um 5–8%.

Guðmundur Ásgeirsson,
tæknilegur framkvæmdastjóri.

724. Svar [322. mál]

frá viðskiptaráðherra við fyrispurn Guðmundar Hallvarðssonar og Péturs H. Blöndals um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða innstæður (fjárupphæðir) eru inni á reikningum banka og sparisjóða, öðrum en tékkareikningum, sem bera lægri vexti en sem nemur meðalverðbólgu síðasta árs og hver var raunávöxtun þessara reikninga?

Svar óskast sundurliðað eftir reikningstegundum.

Að undanskildum tékkareikningum voru það einungis almennar sparisjóðsbækur sem báru neikvæða raunvexti hjá innlánsstofnunum á síðasta ári.

Á almennum sparisjóðsbókum voru samtals 14.770 millj. kr. í árslok 1996, eða 8,4% af innlánum. Innlán í bankakerfinu skiptust þannig í árslok 1996 í millj. kr.:

Tékkareikningar	37.033
Almennar sparisjóðsbækur	14.770
Annað óbundið sparifé	44.987
Orlofsreikningar	2.176
Önnur verðtryggð innlán	51.983
Annað bundið sparifé	13.048
Gjaldeyrisreikningar	12.066
Gengisbundnir krónureikningar	77
Innlán alls	**176.140**

Vaxtakjör og form almennra sparisjóðsbóka eru svipuð hjá innlánsstofnunum. Almennar sparisjóðsbækur báru að meðaltali 0,8% nafnvexti á síðasta ári. Meðalverðbólga á síðasta ári var 2,1%. Raunvextir á almennum sparisjóðsbókum voru því neikvæðir um 1,3% á síðasta ári. Í vissum tilfellum bera sparisjóðsbækur hærri vexti en auglýst kjör segja til um. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umfang slíkra viðskipta.

Í lok síðasta árs skiptust innlán á almennar sparisjóðsbækur og heildarinnlán þannig á innlánsstofnanir í millj. kr.:

	Sparisjóðsbækur	Heildarinnlán
Landsbanki	5.669	61.249
Íslandsbanki	2.425	39.183
Búnaðarbanki	2.945	36.752
Sparisjóðir	1.437	36.179
Innlánsdeildir kaupfélaga	2.294	2.294
Póstgíróstofa	0	484

Þess ber að geta að margir viðskiptavina innlánsstofnana kjósa að nota almenna sparisjóðsbók sem veltureikning frekar en tékkareikning. Því er mikil hreyfing á fjölmörgum þessara reikninga og ekki mikill munur á tékkareiknings- og sparisjóðsbókarforminu að þessu leyti. Reynsla einstakra innlánsstofnana sýnir að allt upp í 85% af innstæðum almennra sparisjóðsbóka er veltufé. Þetta reikningsform er gamalt og hefur verið að víkja fyrir reikningum með betri ávöxtun sem jafnframt eru ódýrari í rekstri fyrir bankastofnanir.

Mun meira fé liggur inni á öðrum óbundnum og óverðtryggðum sparireikingum. Nær öll ný óverðtryggð innlán fara inn á þessa reikninga. Þessir reikningar eru margs konar en uppbygging þeirra þó oft á þann veg að vextir hækka ef innstæða hefur staðið óhreyfð í ákveðinn tíma. Nafnvextir allra þessara reikninga eru hærri en verðbólga en þeirra er getið hér því að í vissum tilfellum reiknast almennir sparisjóðsvextir á úttekna fjárhæð ef tekið er út skömmu eftir innlegg.

Meðfylgjandi upplýsingar um kjör og form einstakra óbundinna sparireikninga frá 1. febrúar 1997 eru fengnar frá Seðlabankanum. Um alla reikningana gildir að úttektargjald er ekki tekið af vöxtum sem færðir hafa verið á höfuðstól undangengin tvö vaxtatímabil. Vextir eru færðir á höfuðstól 30. júní og 31. desember hjá Landsbanka og Íslandsbanka (Sparileið 2(3)) en 31. desember hjá Búnaðarbanka, sparisjóðum og Íslandsbanka (Uppleið).

Landsbanki Íslands:
Kjörbók, nafnvextir 3,8%. Þegar innstæða hefur staðið óhreyfð í 24 mánuði bætast við fyrri ávöxtun 0,6%, sem gilda frá innleggsdegi. Ef tekið er út innan 60 daga frá því að lagt var inn, reiknast almennir sparibókarvextir á úttekna fjárhæð í stað Kjörbókarvaxta.

Íslandsbanki:
Uppleið, nafnvextir 2,75%. Óhreyfð innstæða fær stighækkandi óafturvirka vaxtahækkun á 6 mánaða fresti, fyrst 2,25% og síðan 0,5% hækkun þar til 36 mánuðum er náð. Samtals nemur hækkun vaxtanna 4,75%. Innstæðan er ávallt laus án úttektargjalds.
Sparileið 2 (3), nafnvextir 3,15%. Úttektargjald er 0,2% af úttekinni fjárhæð en fellur niður þegar innstæða hefur staðið óhreyfð í 12 mánuði.

Búnaðarbanki Íslands:
Gullbók, nafnvextir 3,5%. Við vexti óhreyfðrar innstæðu á árinu leggst 0,5% vaxtaábót. Innstæðan er ávallt laus. Ef úttektir í mánuði eru fleiri en ein reiknast 0,1% úttektargjald. *Metbók*, nafnvextir 4,75%. Við vexti óhreyfðrar innstæðu á árinu leggst 0,5% vaxtaábót. Úttektargjald er 0,2% af úttekinni fjárhæð en fellur niður þegar liðnir eru þrír mánuðir frá því að lagt var inn.

Sparisjóðirnir:
Trompbók, laus, nafnvextir 3,9%. Úttekin fjárhæð fær sparibókarvexti í úttektarmánuði.

725. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 10. mars.)

1. gr.

Fyrri málsliður 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 133/1993, orðast svo: Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evr-

ópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt, þjónustustarfsemi eða fjármagnsflutninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

726. Frumvarp til laga [422. mál]

um bann við kynferðislegri áreitni.

Flm.: Guðný Guðbjörnsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Össur Skarphéðinsson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 28/1991.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk og nemar verði ekki fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt til kynna að viðkomandi hegðun sé óvelkomin.

2. gr.

Á eftir 13. gr. laganna (sem verður 14. gr.), í lok IV. kafla, kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Vinnuveitendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

3. gr.

C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga.

III. KAFLI
Gildistaka.
4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kynferðisleg áreitni hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetningar, fræðsluherferðar eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og/eða í lögum um vinnuvernd, t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. 28/1991, segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í sænsku jafnréttislöggjöfinni eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, sbr. 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433), sem hefur orðið til þess að stofnanir hafa í vaxandi mæli sett sér starfsreglur um það hvernig beri að stemma stigu við og taka á kynferðislegri áreitni.

Ekki þykir nauðsynlegt að svo stöddu að setja sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni, en tímabært þykir að setja ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög og í vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur slík lögfesting haft þau áhrif að stofnanir hafa orðið að taka á þessum málum af meiri festu en áður. Þegar slík ákvæði hafa verið lögfest verður brýnt að stofnanir komi sér upp skipulagðri meðferð eða leiðbeinandi starfsreglum fyrir mál af þessum toga og að markviss fræðsla um kynferðislega áreitni verði í boði, sbr. fyrirliggjandi þingsályktunartillögu á 121. löggjafarþingi. Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt bæði fyrirbyggjandi tilgang og er ætlað að leysa þau mál sem upp koma og ekki eru kærð.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð samkvæmt íslenskum lögum með breytingu á 198. gr. almennra hegningarlaga í lögum nr. 40/1992, en í lok greinarinnar segir: „Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum.“

Ekki er að finna í lögum nr. 40/1992 eða í greinargerð með þeim nánari skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Hennar er hins vegar þörf. Ekki er gerð tillaga hér um að breyta þessu ákvæði almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu á hvernig þetta ákvæði nýtist. Þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til munu hins vegar skilgreina kynferðislega áreitni frekar og væntanlega verður sú skilgreining þá lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessa ákvæðis almennra hegningarlaga. Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á 198. gr. hegningarlaganna. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Kynferðisleg áreitni hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu einstaklingsins, sjálfsvirðingu hans og sjálfsímynd. Í skilgreiningunni á kynferðislegri áreitni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt til kynna að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar (liður 2.3.2). Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þessi könnun hefur nú verið gerð og ekki þykir ástæða til að bíða lengur með að lögfesta bann við og skilgreiningu á kynferðislegri áreitni eins og hér er lagt til.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst við og hér er lagt til að svo verði gert.

727. Tillaga til þingsályktunar [423. mál]

um afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Flm.: Svanhildur Kaaber, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa sérstaklega afmælisár Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2000 er hljómsveitin verður 50 ára.

Greinargerð.

Aldamótaárið, 2000, verður Sinfóníuhljómsveit Íslands 50 ára. Sinfóníuhljómsveitin skipar nú viðurkenndan sess í þjóðlífinu; engum dettur lengur í hug að taka á vanda ríkissjóðs með því t.d. að flytja á Alþingi beinar tillögur um að skera niður fjármagn til hljómsveitarinnar þannig að þar fækki hljóðfæraleikurum eða hljómleikum eins og forðum kom stundum fyrir. Þó hefur hinn hljóðláti niðurskurður því miður unnið á fjárhag hljómsveitarinnar þannig að á síðustu tveimur árum hefur framlag til sveitarinnar lækkað. Íslensk stjórnvöld hafa engu að síður sýnt um árabil að þau telja hljómsveitina betri fulltrúa Íslands en flest annað á erlendum vettvangi. Má nefna mörg dæmi því til sönn-

unar. Því gefst sannarlega viðeigandi og kjörið tækifæri árið 2000, þegar hljómsveitin verður 50 ára, til þess að efla hana að marki með beinum stjórnvaldsákvörðunum. Vissulega duga þær þó skammt því að mestu skiptir hæfni hljómsveitarinnar, innri samstarfsandi og menningarlegur styrkur hennar.

Í þessari tillögu er ekki átt við það sem hljómsveitin sjálf hlýtur að gera fyrir þjóðina alla á afmælisárinu; eins og venjulega er gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut að hljómsveitin skili sínu og vel það. Má segja að í þeirri afstöðu felist ávísun á venjulegt vanþakklæti í garð hljómsveitarinnar; það er þó vissulega ekki ætlunin. Hér er gerð tillaga um að gefa þjóðinni kost á að þakka fyrir sig á afmælisárinu. Þó er ekki um að ræða margrómað hús sem ekki er til og er vissulega frægasta húsleysi á Íslandi fyrr og síðar, og er þá sannarlega langt til jafnað í þessu húslausa landi. Verður það mál rætt annars staðar, en hljómleikahús verður að rísa og það mun rísa á þeirri stundu þegar menningarlegur metnaður og fjárhagsleg geta hittast til frjórra samfunda. Flutningsmenn spá því að svo verði fyrr en varir og munu ganga eftir því máli sérstaklega á Alþingi.

Aðaltilgangur tillögunnar er að vekja jákvæðar umræður um málefni hljómsveitarinnar á Alþingi og að opna fyrir hugmyndir sem kunna að leynast með þingmönnum til eflingar hljómsveitinni. Hér verður aðeins vikið að sjálfsögðum hlutum eins og þeim að í tilefni afmælisins verði gerð áætlun um eflingu hljómsveitarinnar þannig að hljóðfæraleikarar verði 80 talsins eða svo á aldamótaárinu, en þeir eru núna 72 talsins. Til þess að ná þessu marki þarf því að fjölga þeim um þrjá á ári fram að afmælinu. Þá má nefna að í tilefni afmælisins mætti gera ítarlega úttekt á hljómsveitinni og verkum hennar í samanburði við aðrar hljómsveitir og hyggja flutningsmenn að úttektin mundi sanna að afrek hljómsveitarinnar eru ótrúleg á alþjóðlegan mælikvarða. Ekki væri það síður vel til fundið að bera rekstrarkostnað hljómsveitarinnar saman við það sem annars staðar gerist með hliðstæðar hljómsveitir, en með „hliðstæðum hljómsveitum“ er átt við hljómsveitir sem jafnan eru valdar til að vera fremstar á stærstu þjóðhátíðum eða til að taka á móti erlendum þjóðhöfðingjum. Loks mætti hugsa sér að bera saman starfsaðstöðu sinfóníuhljómsveita, en vinnu- og æfingaaðstaða hljómsveitarinnar hér er hrakleg og heilsuspillandi. Mætti hugsa sér að vinnuaðstaðan yrði endurbætt strax að lokinni slíkri endurskoðun.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur unnið merkilegt starf að ekki sé meira sagt. Hún er dóttir Ríkisútvarpsins og hefur þróast við hlið þess á athyglisverðan hátt. Áhrif hennar sjást líka í tónlistarkennslunni á Íslandi hvort sem er í tónlistarskólum eða grunnskólum, að ekki sé minnst á ótal tónleika allan ársins hring og tugþúsundir áheyrenda. Miklu skiptir og að hljómsveitin hefur lagt áherslu á að rækta íslenska tónlist með flutningi nýrra verka og eldri verka úr íslenskri tónlistarsögu. Þá má benda á að hljómsveitin hefur reynt að koma skipulega til móts við mismunandi tónlistarsmekk landsmanna. Síðast en ekki síst verður hér nefnt mikilvægi þess að hljómsveitin hefur ferðast um landið víða og hefur þannig komið sér á framfæri við landsmenn alla. Má einnig minna á hljómleika fyrir skólanemendur, og margt fleira mætti nefna. Má nú heita svo að hljómsveitin sé orðin sameign þjóðarinnar allrar fremur en í upphafi er lagt var af stað.

Tónleikaferðir hljómsveitarinnar til útlanda hafa skipt hana sjálfa miklu máli. Tónleikaferðir eru öllum sinfóníuhljómsveitum mikilvægar, ekki síst hljómsveitum sem segja má að búi við landfræðilega einangrun. Í slíkum ferðum gefst oft tækifæri á að leika í bestu tónleikasölum heims og fá alþjóðlega umfjöllun og umsagnir ásamt því að fá góða kynningu þegar vel gengur. Þá er viðbúið að sjálfstraustið vaxi og staðreynd er, segja kunnugir, að ávallt kemur betri hljómsveit til baka en þegar lagt var af stað. Mætti hugsa

sér að í tilefni afmælisins yrði tekin ákvörðun um fasta fjárveitingu til hljómleikaferða sem hljómsveitin færi með reglulegu millibili en fjármögnun þessara ferð hefur oft orðið sveitinni erfið.

Hljómsveitin hefur verið talin góður „sendiherra“ Íslands á alþjóðlegum vettvangi og hafa stjórnvöld jafnvel átt frumkvæði að hljómleikaferðum. Hér má nefna hljómleikaferðina til Bandaríkjanna í febrúar/mars 1996 þar sem hljómsveitin hlaut fádæma góða dóma. Þá má nefna til hljómleikaferð til Kaupmannahafnar 1996 og svo til Nuuk á þessu ári.

Hljómsveitin hefur verið að gefa út geisladiska í samvinnu við alþjóðlegu hljómplötufyrirtækin Chandos, BIS og Naxos. Plöturnar hafa hlotið mikla athygli og mjög jákvæða umfjöllun og dóma. Fjallað hefur verið um þær í virtustu tónlistartímaritum heims, svo sem Gramophone, CD Classic, BBC Music Magazine, The Times o.s.frv. Hljómsveitin hefur m.a. fengið þá umsögn að vera ein af þeim bestu í Evrópu, ein plata var valin ein af 10 bestu plötum ákveðins mánaðar í Gramophone og platan með Sögusinfóníunni eftir Jón Leifs var í fyrra valin ein af þremur bestu plötum ársins í öllum heiminum af The Times.

Sinfóníuhljómsveitin er ekki aðeins tónlist; hún er líka rekstur og fjármunir. Ríkisendurskoðun hefur staðfest hvað eftir annað að mikil hagræðing hefur náðst í öllum rekstri og sparnaður eftir því. Því miður hefur hljómsveitin ekki uppskorið fyrir sparnað og hagræðingu, en vel mætti hugsa sér að í tilefni afmælisins yrðu teknar nýjar heildarákvarðanir um fjárhag hljómsveitarinnar sem auðvelduðu fjárhagslegan rekstur hennar.

728. Frumvarp til laga [424. mál]

um Lánasjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn veitir lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands skulu tilnefna tvo menn í stjórnina en þrír skulu skipaðir af landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra skipar formann og varaformann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnar.

4. gr.

Verkefni stjórnar Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að ráða framkvæmdastjóra,
b. að setja almennar reglur um lánveitingar og lánakjör,
c. að ákveða rekstrar- og starfsáætlun sjóðsins,
d. að samþykkja ársreikninga,
e. að taka ákvörðun um lántöku samkvæmt heimild í lánsfjárlögum ár hvert,
f. að semja við aðrar stofnanir um einstaka rekstrarþætti í starfsemi sjóðsins þyki það hagkvæmt.

5. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að stjórna og bera ábyrgð á daglegum rekstri,
b. að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag,
c. að gera tillögur um rekstur og starfsáætlun,
d. að gera tillögur um lánareglur,
e. að gera tillögur að lántökum sjóðsins,
f. að gera tillögu um framlag í afskriftarsjóð,
g. að ráða starfsmenn,
h. að taka ákvörðun um einstakar lánveitingar á grundvelli almennra reglna sem stjórnin setur, sbr. b-lið 4. gr.

6. gr.

Tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins eru:

a. vaxtatekjur og þjónustugjöld,
b. 1,1% af stofni búnaðargjalds.

7. gr.

Sjóðurinn veitir lán til eftirtalinna verkefna:

a. til jarðakaupa,
b. til ræktunar, útihúsa og hvers konar annarra bygginga er varða landbúnað, þar með talið lax- og silungseldi,
c. til vatns- og varmaveitna,
d. til bústofns- og vélakaupa,
e. til verkefna er leiða til hagræðingar og framleiðniaukningar,
f. til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

8. gr.

Um ákvörðun útlána skal hafa hliðsjón af því hverjar rekstrarforsendur viðkomandi búgreina eru og hversu há veðlán hvíla á eigninni og skal eigi veita lán ef ástæða er til að ætla að búrekstur á jörðinni geti ekki staðið undir auknum lánum.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Lán er heimilt að veita í áföngum.

9. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær,
b. veði í þeim húsum sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur,
c. veði í þeim vélum sem keyptar eru,
d. ábyrgð sveitarsjóðs vegna eigin framkvæmda.

10. gr.

Lánstími skal vera 5–25 ár eftir lánaflokkum. Lán til nýrra bygginga, jarðakaupa og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda, sem varanlegar teljast, en 5–12 ár til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu. Skal nánar kveðið á um í lánareglum hve langur lánstími má vera í hverjum lánaflokki.

Heimilt er að lán til jarðakaupa og húsbygginga séu afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

11. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins skal varðveita raungildi eigin fjár síns. Arð af eigin fé skal einungis heimilt að nota til að greiða niður vexti á útlánum sjóðsins, sbr. ákvæði í 4. gr., nema raungildi eigin fjár hafi rýrnað.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Lánasjóður landbúnaðarins tekur frá og með 1. janúar 1998 við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal landbúnaðarráðherra þegar skipa stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins skv. 3. gr. og skal hún undirbúa starfsemi sjóðsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í framhaldi af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða ákvað landbúnaðarráðherra 12. janúar 1996 að skipa þriggja manna nefnd sem skyldi undirbúa lagafrumvarp um sjálfstæðan og óháðan lánasjóð til að sinna þörfum landbúnaðarins og um leið taka yfir Stofnlánadeild landbúnaðarins. Nefndina skipuðu þeir Ólafur Friðriksson, rekstrarhagfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Guðmundur Malmquist forstjóri og Þórólfur Sveinsson bóndi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins starfar samkvæmt I. kafla laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og reglugerð nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Enn fremur gilda um deildina lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Samkvæmt lögum er Stofnlánadeild landbúnaðarins deild í Búnaðarbanka Íslands. Stofnlánadeildin er því í nánu stjórnunar- og starfslegum tengslum við Búnaðarbankann sem eðlilegt er að breyta. Einnig eru uppi hugmyndir um að breyta bankanum í hlutafélag og því er vilji stjórnvalda fyrir hendi til að skilja deildina frá rekstri bankans.

Tilgangurinn með nefndarstarfinu var að semja lagafrumvarp um Stofnlánadeildina þar sem hlutverk hennar yrði tryggt. Markmiðið var að aðlaga reksturinn breyttum tímum, endurskoða sjóðagjöld og útlánavexti, tryggja lágmarksrekstrarkostnað og viðhalda sterkri eiginfjárstöðu.

Auk venjulegrar gagnasöfnunar hefur nefndin m.a. rætt við marga aðila er tengjast Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þeir eru Pálmi Jónsson formaður og Leifur Kr. Jóhannesson, framkvæmdastjóri deildarinnar, Stefán Pálsson, bankastjóri Búnaðarbankans, Ari Teitsson formaður og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Auk þess skrifaði nefndin einstökum búgreinafélögum og gaf þeim kost á að koma á framfæri ábendingum eða samþykktum og/eða eftir atvikum að koma á fund nefndarinnar og ræða um þau málefni er Stofnlánadeildina varða. Þá hefur nefndin einnig fundað með Eiríki Tómassyni lagaprófessor og fengið álit hans á einstökum efnisatriðum frumvarpsins.

Samhliða nauðsynlegri gagnasöfnun og viðtölum leit nefndin á það sem forgangsverkefni að láta fara fram reikningslega úttekt á stöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins næstu árin, byggða á mismunandi forsendum. Sér til aðstoðar við úttekt þessa fékk nefndin þá Lárus Finnbogason, löggiltan endurskoðanda, og Sigurð Pál Hauksson, viðskiptafræðing frá Endurskoðun Sig. Stefánssonar hf. Þá hefur Bjarki Bragason, hagfræðingur frá Byggðastofnun, einnig unnið að úttektinni. Sett var upp áætlunarlíkan fyrir Stofnlánadeildina, byggt á almennum forsendum auk sértækra forsendna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpinu er lagt er til að sjóðurinn heiti Lánasjóður landbúnaðarins og sé í eigu ríkisins, enda hefur ríkissjóður borið ábyrgð á öllum skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og er gert ráð fyrir að svo verði áfram með Lánasjóð landbúnaðarins. Rétt er að benda á að eigið fé Stofnlánadeildar landbúnaðarins var orðið neikvætt í árslok 1978. Þá var ákveðið að byggja það upp að nýju, ekki einungis með beinu framlagi úr ríkissjóði heldur einnig með hækkun sjóðagjalda úr 1% í 2% af heildsöluverðmæti. Auk þessa héldu greiðslur framleiðendagjalds áfram til deildarinnar eins og verið hafði, en þær greiðslur hafa alltaf verið reiknaðar af verði til bóndans og ekki komið fram í búvöruverði. Síðast var greitt framlag úr ríkissjóði til Stofnlánadeildar landbúnaðarins árið 1986. Árið 1996 námu sjóðagjöld samtals rúmum 392 millj. kr. en þau voru 348,5 millj. kr. árið 1995.

Um 2. gr.

Skilgreint hlutverk sjóðsins nú er eðlilega svipað hlutverki Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Heimildir eru nokkuð rýmkaðar varðandi útlán til framkvæmda bænda og ekki lengur takmarkaðar við framkvæmdir á lögbýlum.

Um 3. gr.

Almennt séð er gert ráð fyrir meira sjálfstæði sjóðsins. Ráðherra skipar þrjá menn í sjóðstjórn án tilnefningar og tvo menn eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Stjórnin er því ábyrg gagnvart ráðherra. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem er ábyrgur gagnvart stjórn og framkvæmdastjóri ræður síðan starfsmenn sem eru ábyrgir gagnvart honum. Að öðru leyti er hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreint svo sem kostur er.

Um 4. og 5. gr.

Rétt þykir að skilgreina með upptalningu hver séu helstu verkefni stjórnar sjóðsins, þó svo að það sé gert með almennum hætti í lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Á sama hátt var talið rétt að skilgreina í stuttu máli hver væru helstu verkefni framkvæmdastjóra Lánasjóðs landbúnaðarins. Að öðru leyti vísast til laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 6. gr.

Hér eru lagðar til veigamiklar breytingar frá lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Aðalbreytingin er fólgin í því að horfið verður frá innheimtu 1% neytendagjalds og 1% jöfnunargjalds á heildsöluverð seldra landbúnaðarvara. Þess í stað renni hluti búnaðargjalds til sjóðsins, þ.e. 1,1% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvörueframleiðendum, sbr. frumvarp til laga um álagningu og innheimtu búnaðargjalds. Ætlunin er að leggja það frumvarp fram á Alþingi samhliða þessu frumvarpi. Gert er ráð fyrir að tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins af lánajöfnunargjaldi verði á bilinu 165–170 millj. kr. á ári og er þá miðað við veltu í landbúnaði 1995. Árið 1996 nam samanlögð innheimta neytenda- og jöfnunargjalds rúmum 366 millj. kr. Í frumvarpinu um álagningu og innheimtu búnaðargjalds er miðað við að svokallað stofnlánadeildargjald verði einnig lagt niður, en það var hluti af búnaðarmálasjóðsgjaldinu samkvæmt gildandi lögum sem var 0,1–0,2%. Árið 1996 nam þessi fjárhæð rúmum 26 millj. kr. Samanlögð gjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins voru því rúmar 392 millj. kr. árið 1996 þannig að heildarlækkun á sjóðagjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins/Lánasjóðs landbúnaðarins nemur u.þ.b. 225 millj. kr. á ári. Forsenda fyrir framangreindri lækkun gjaldsins er að lægstu útlánavextir nýrra útlána verði hækkaðir a.m.k. úr 2% í 3%, auk annarra minni háttar tilfærslna útlána milli vaxtaflokka. Það verður hins vegar hlutverk stjórnar sjóðsins að fylgja þeirri breytingu eftir með ákvörðun um lána- og vaxtakjör sjóðsins.

Um 7. gr.

Í þessari grein er gengið út frá svipuðum útlánaverkefnum og verið hafa í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þó er sérstaklega getið um að sjóðurinn veiti lán til verkefna er leiða til hagræðingar og framleiðniaukningar í landbúnaði og er það sett í vald stjórnar sjóðsins að meta slíkt hverju sinni.

Um 8. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir auknu sjálfstæði stjórnarinnar varðandi lánveitingar og lánakjör og ekki þarf lengur staðfestingu landbúnaðarráðherra á útlánareglunum eins og í eldri lögum. Aukin áhersla er lögð á faglegt mat við ákvörðun útlána og útlánastefnu. Við útlán skal m.a. höfð hliðsjón af rekstrarforsendum og markaðsaðstæðum viðkom-

andi búgreina. Engu að síður er gengið út frá því að sjóðurinn gefi út lánareglur.

Um 9. gr.

Lán, sem má veita gegn veðtryggingum, eru svipuð og í eldri lögum. Nýmæli er að nú er heimilt að veita lán gegn ábyrgð sveitarsjóðs vegna eigin framkvæmda án þess að til komi fasteignaveð. Með eigin framkvæmdum sveitarsjóðs er m.a. átt við byggingu fjárrétta og leitarmannaskála.

Um 10. gr.

Ekki eru neinar efnislegar breytingar frá núgildandi lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Um 11. gr.

Eitt af meginmarkmiðunum er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu Lánasjóðs landbúnaðarins þrátt fyrir brottfall neytendagjalds og hlutdeildar Stofnlánadeildar landbúnaðarins í búnaðarmálasjóðsgjaldi sem uppi eru hugmyndir um. Þetta markmið þykir rétt að árétta í þessari grein þar sem talað er um að varðveita raungildi eigin fjár. Ákvæðið um að arð af eigin fé skuli einungis heimilt að nota til að lækka vexti á útlánum sjóðsins er sett vegna þess að eigið fé er byggt upp með gjöldum sem annars vegar hafa verið lögð á búvöruframleiðendur og hins vegar á búvöruframleiðsluna, sjá nánar athugasemdir við 1. gr.

Um 12. gr.

Miðað er við að frumvarp þetta öðlist gildi 1. janúar 1998. Frá þeim tíma tekur Lánasjóður landbúnaðarins við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Með skuldbindingum er m.a. átt við lífeyrisskuldbindingar og önnur þau réttindi sem starfsfólk Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur öðlast gegnum árin.

Um leið og Alþingi hefur samþykkt frumvarpið um Lánasjóð landbúnaðarins getur landbúnaðarráðherra skipað stjórn sjóðsins og stjórnin síðan hafið strax undirbúning að starfsemi hans, þó svo að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1998 er nauðsynlegt talið að stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins verið skipuð svo fljótt sem kostur er til að undirbúa starfsemi sjóðsins, svo sem ráðningu framkvæmdastjóra, lánareglur og ákvörðun útlánavaxta.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins.

Frumvarp þetta fjallar um Lánasjóð landbúnaðarins og er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og bygging-

ar í sveitum. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur verið deild í Búnaðarbanka Íslands og því verið í nánum stjórnunar- og starfslegum tengslum við bankann. Markmiðið með þessu frumvarpi er að aðlaga rekstur Stofnlánadeildarinnar breyttum tímum, endurkoða sjóðagjöld og útlánavexti, stuðla að lágmarksrekstrarkostnaði og viðhalda sterkri eiginfjárstöðu. Verði frumvarpið að lögum þarf að gera breytingar á reglugerð nr. 536/1990 um innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á tekjum sjóðsins frá því sem nú gildir. Þar er lagt til að horfið verði frá innheimtu 1% neytendagjalds en haldið áfram að innheimta 1% jöfnunargjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara. Á árinu 1995 gaf neytendagjaldið Stofnlánadeildinni 161 m.kr. í tekjur. Til þess að bæta sjóðnum upp þetta tekjutap að hluta er áformað að hækka lægstu vexti nýrra útlána úr 2% í 3% auk þess að færa til útlán milli vaxtaflokka.

Vakin er athygli á að ákvæði um útlánareglur eru einfölduð í frumvarpinu frá því sem er í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þannig er ekki gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra þurfi að staðfesta útlánareglur sjóðsins.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér beinan kostnað fyrir ríkissjóð.

729. Frumvarp til laga [425. mál]

um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót, 8.531 kr. á mánuði. Sé um aðra heimilismenn að ræða skulu bæturnar greiddar enda séu þeir undir 20 ára aldri. Heimilt er einnig að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef sýnt þykir að hann hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýli við aðra heimilismenn. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar lækkar heimilisuppbótin eftir sömu reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tveimur nýjum málsliðum, 2. og 3. málsl., verði bætt við 1. mgr. 9. gr. Þannig er kveðið á um að greiða skuli einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur, heimilisuppbót þrátt fyrir að um aðra heimilismenn sé að ræða, enda séu þeir undir 20 ára aldri. Þá verði einnig heimilt að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef sýnt þykir að hann hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýli við aðra heimilismenn.

Í framkvæmd er núgildandi ákvæði túlkað á þann veg að sá einn eigi rétt á heimilisuppbót sem býr einn í íbúð. Öllum sem eru ásamt öðrum í heimili er synjað um heimilisuppbót þó svo að þeir hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu. Nefna má sem dæmi einstæða móður sem verður öryrki. Hún fær ekki heimilisuppbót þar sem hún býr með barni sínu. Ekkja eða ekkill, ellilífeyrisþegi eða öryrki, sem enn er með barn heimilisfast hjá sér og er t.d. í námi, fær ekki heimilisuppbótina þótt hún eða hann hafi engan framfærslueyri annan en bæturnar frá Tryggingastofnun.

Ákvæði fyrri málsliðarins sem bætt er við gerir mögulegt að einhleypir lífeyrisþegar með barn eða börn á framfæri geti fengið heimilisuppbótina. Miðað er við tuttugu ára aldur barna sem er í samræmi við annað í lögunum. Þá hættir barn t.d. að fá greiddan menntunarbarnalífeyri og/eða menntunarmeðlag.

Ekki er sanngjarnt að líta á meðlagsgreiðslur, barnalífeyri og mæðralaun sem fjárhagslegt hagræði fólks af sambýli við börn sín eins og nú er gert við framkvæmd laganna. Verði frumvarpið samþykkt ætti einhleypur lífeyrisþegi í sambýli við börn sín undir 20 ára aldri að geta notið heimilisuppbótar, uppfylli hann önnur skilyrði sem sett eru í lögunum. Það var áreiðanlega ekki tilgangurinn með lagasetningunni í upphafi að einstæðir foreldrar bæru hér skarðan hlut frá borði.

Ákvæði síðari málsliðarins sem bætt er við opnar fyrir möguleika á því að greiða tekjulágum lífeyrisþegum, sem búa með öðrum í íbúð, heimilisuppbót í þeim tilvikum er það þykir sannað að þeir hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu. Sem dæmi um þetta má nefna að ellilífeyrisþegi sem hefur sjúkling sem þarfnast umönnunar búandi á heimili sínu, t.d. dóttur eða son, hefur oftar fjárhagslega byrði en hagræði af sambýlinu.

730. Fyrirspurn [426. mál]

til viðskiptaráðherra um áhrif breytinga á ríkisviðskiptabönkunum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hefur farið fram úttekt vegna áforma um hlutafélaga- og einkavæðingu bankakerfisins þar sem kemur fram mat á áhrifum þeirra breytinga á fjármagnsmarkaðinn og ríkisbúskapinn, svo sem á markaðsvexti, erlend lánskjör, fákeppni og/eða einokunartilhneigingar í bankakerfinu, afnám ríkisábyrgðar, stöðu tryggingarsjóðs til að mæta skakkaföllum og öryggi innstæðna? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður þeirrar úttektar?
2. Hafi framangreind eða sambærileg úttekt á helstu áhrifum breytinganna ekki farið fram, er þá ráðherra reiðubúinn að láta slíka úttekt fara fram áður en frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands verður afgreitt frá Alþingi þar sem áhrif breytinganna á eftirfarandi þætti yrðu metin:
   a. markaðsvexti,
   b. erlend lánskjör þjóðarinnar,
   c. markaðshlutdeild innlendra banka,
   d. lánastefnu viðskiptabankanna og byggða- og atvinnulegar afleiðingar hennar bæði til skamms og langs tíma,
   e. fákeppni og/eða einokunartilhneigingu í bankakerfinu,
   f. streymi sparifjár úr landi,

g. líkur á trúnaðarhruni í bankakerfinu og efnhagslegum afleiðingum þess,
h. líkur á fækkun banka eða yfirtöku þeirra af erlendum aðilum,
i. líkur á hagkvæmari rekstri bankanna,
j. samkeppnisstöðu bankanna,
k. þjónustu við innlenda viðskiptavini,
l. starfsöryggi og atvinnustig í bankakerfinu,
m. öryggi innstæðna,
n. skattgreiðslur og ríkisbúskap?

3. Tekur ráðherra undir sjónarmið ráðgjafarfyrirtækisins Spicer & Oppenheim sem veitti Seðlabankanum það álit árið 1991, um áhrif breytinga ríkisviðskiptabankanna í hlutafélagabanka, að afnám ríkisábyrgðar mundi bæði auka lántökukostnað og draga úr aðgangi ríkisviðskiptabanka að erlendu lánsfé, jafnvel þótt ríkið héldi meirihlutaeign sinni í bönkunum?
4. Tekur ráðherra undir það álit bankastjórnar Seðlabankans frá 1991 að vafasamt sé að afnám ríkisábyrgðar á viðskiptabönkunum mundi firra ríkið ábyrgð á skuldbindingum þeirra ef í harðbakka slægi? Hvernig hefur reynslan verið annars staðar á Norðurlöndum?
5. Ef farið verður í útboð á nýju hlutafé í væntanlegum hlutafélagabönkum, hvernig verður framkvæmdinni háttað, t.d. varðandi dreifða eignaraðild og þak á henni, og hver má áætla áhrif hennar á vexti, fjármagnsmarkað og afkomu ríkissjóðs? Er erlend eignaraðild að bönkunum æskileg eða möguleg að áliti ráðherra?
6. Hvað má áætla að markaðurinn gæti tekið við miklu af nýju hlutafé, í ljósi álits ráðgjafarfyrirtækisins Spicer & Oppenheim fyrir Seðlabankann árið 1991 um að möguleikar markaðarins til að taka við nýju hlutafé væri þá á bilinu 500–1.000 millj. kr.?
7. Hvernig er staða Tryggingarsjóðs bankanna til að mæta skakkaföllum í bankakerfinu og hverjar eru nú beinar og óbeinar skuldbindingar ríkisviðskiptabankanna?

Skriflegt svar óskast.

731. Fyrirspurn [427. mál]

til utanríkisráðherra um kjarnavopn á Íslandi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað er hæft í því sem haft er eftir fyrrverandi starfsmanni sænsku utanríkisþjónustunnar, Leif Leifland, í sænskum fjölmiðlum nýverið (Dagens Nyheter 1. mars 1997) að kjarnavopn hafi verið geymd í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli?
2. Hefur utanríkisráðherra látið kanna heimildir er varða samskipti Íslands og Bandaríkjanna fyrr á árum með tilliti til flutnings eða geymslu kjarnavopna hérlendis, m.a. í ljósi þess sem fram hefur komið að undanförnu um kjarnavopn á Grænlandi?
3. Hafa íslensk stjórnvöld krafið bandarísk stjórnvöld eða hermálayfirvöld NATÓ svara við því hvort einhvern tíma hafi verið flutt kjarnavopn á vegum bandaríkjahers og/eða NATÓ til Íslands eða um íslenskt yfirráðasvæði? — Hafi slíkar spurningar verið bornar fram, hver voru þá svörin?

732. Fyrirspurn [428. mál]

til menntamálaráðherra um verkmenntun.

Frá Magnúsi Aðalbjörnssyni.

1. Telur ráðherra að þarfir verkmenntagreina í námi til kennararéttinda í uppeldis- og kennslufræðum í grunn- og framhaldsskólum séu vanmetnar? Ef svo er, til hvaða úrbóta hyggst ráðherra grípa?
2. Mun ráðherra beita sér fyrir því að tæknimennt verði gerð að skyldunámsgrein í efstu bekkjum grunnskóla?

733. Fyrirspurn [429. mál]

til dómsmálaráðherra um fíkniefnamál.

Frá Magnúsi Aðalbjörnssyni.

1. Verða myndir af fíkniefnasölum inni á þeirri málaskrá sem dómsmálaráðuneytið er að vinna og verður hún tölvutengd þannig að lögreglan um land allt hafi aðgang að henni?
2. Hverjar eru starfsvenjur lögreglunnar varðandi upplýsingagjöf til foreldra, skólayfirvalda og vinnuveitenda um grunsemdir varðandi fíkniefnaneyslu eða fíkniefnasölu ungs fólks? Telur ráðherra rétt að skylda lögreglu til að upplýsa þessa aðila?

734. Fyrirspurn [430. mál]

til menntamálaráðherra um úthlutunarreglur dreifbýlisstyrkja.

Frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

1. Hve miklum peningum hefur verið varið árlega í dreifbýlisstyrki fyrir framhaldsskólanemendur á síðustu tíu árum?
2. Eftir hvaða úthlutunarreglum er farið?
3. Njóta nemendur, sem búa í mestri fjarlægð frá framhaldsskólum, sérstöðu þegar til úthlutunar kemur?
4. Er á döfinni að breyta úthlutunarreglunum? Ef svo er, þá hvernig?

735. Tillaga til þingsályktunar [431. mál]

um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Flm.: Pétur H. Blöndal.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um hvernig náð verði niður erlendum skuldum þjóðarinnar fyrir árið 2015.

Greinargerð.

Samanlagðar hreinar erlendar skuldir allra þjóða heims eru núll. Þær þjóðir sem eiga inni hjá öðrum þjóðum njóta vaxtanna en þær þjóðir sem skulda lenda í því að verja einhverjum hluta þjóðartekna sinna til greiðslu vaxta og það kemur niður á lífskjörum þeirra.

Skuldir þjóða eru af ýmsum toga. Sumar eru með ábyrgð opinberra aðila, aðrar eru teknar á ábyrgð fyrirtækja eða einstaklinga. Ekki er eðlismunur á slíkum skuldum fyrir hag þjóðarbúsins í heild nema hvað fyrirtæki og einstaklingar geta flutt af landi brott og skuldirnar með þeim og eins geta skuldir þeirra tapast ef þeir verða gjaldþrota.

Lánum hefur ýmist verið varið til fjárfestinga eða neyslu. Vextir af erlendum lánum sem varið hefur verið til neyslu koma niður á lífskjörum þjóðarinnar þar til lánin eru að fullu greidd. Slík neyslulán, hvort sem þau eru notuð til einka- eða samneyslu, bæta lífskjörin um stundarsakir þegar lánin eru tekin en rýra þau það síðan í frá.

Þær erlendu skuldir, sem hafa verið teknar til að standa undir fjárfestingum, má greina í tvennt. Ef fjárfestingin gefur af sér arð sem er hærri en vextirnir sem greiða þarf af skuldinni bæta fjárfestingin og skuldin hag þjóðarinnar. Ef arðurinn stendur ekki undir vöxtunum er fjárfestingin til skaða fyrir hag þjóðarinnar.

Á undanförnum áratugum höfum við Íslendingar farið út í fjölmargar fjárfestingar sem ekki skila arði, hvað þá að þær geti staðið undir vöxtum af erlendum lánum sem tekin voru til þeirra. Enn fremur hefur bæði einkaneysla og samneysla verið fjármögnuð með erlendum lánum. Þessi óráðsía gerir það að verkum ásamt öðru að lífskjör eru hér miklu lakari en ella. Sérstaklega var þetta áberandi á verðbólguáratugnum 1970–80 þegar milljarðatugir voru fluttir frá sparifjáreigendum til skuldara sem notuðu féð í vonlausar fjárfestingar sem sýndu eigandanum verðbólgugróða en skiluðu þjóðarheildinni stórtapi. Einnig hefur verið ráðist í opinberar stórframkvæmdir sem ekki hafa staðið undir vöxtum af erlendum lánum. Nægir þar að nefna Kröfluvirkjun og Blönduvirkjun.

Sömu grundvallaratriði gilda um fjármál heimila og þjóða. Það getur verið skynsamlegt að stofna til skulda til þess að ráðast í skynsamlegar og arðbærar fjárfestingar. Hins vegar er mikilvægt að nota ekki lántökur til daglegrar neyslu (nema hjá námsmönnum sem eru að fjárfesta) og það kemur niður á lífskjörum að fara út í fjárfestingar sem skila litlum eða engum arði. Einnig er mikilvægt að raunvextir og skattalög séu þannig að heimilum sé umbunað fyrir að gæta aðhalds og ráðdeildar í hvívetna og þess sé jafnframt gætt í opinberum rekstri.

Vergar erlendar skuldir þjóðarinnar eru um 225 milljarðar kr. eða 860 þús. kr. á hvern Íslending, börn og gamalmenni meðtalin. Tillagan gerir ráð fyrir að þessar skuldir lækki um 13 milljarða kr. á ári að jafnaði. Þegar tekið hefur verið tillit til u.þ.b. 2% erlendrar verðbólgu sem rýrir skuldirnar um 4,5 milljarða kr. fyrstu árin þyrfti að greiða niður erlendar skuldir með 8–9 milljarða kr. jákvæðum viðskiptajöfnuði á hverju ári að jafnaði. Vextir, sem þjóðin greiðir af erlendum lánum, eru um 17 milljarðar kr. og þeir munu

lækka þegar skuldin lækkar þannig að e.t.v. má fara hægar í sakirnar til að byrja með.

Nokkur úrræði má nota til þess að grynnka á erlendum skuldum án þess að skerða innlenda fjárfestingu um of. Hafa nokkur þeirra þegar verið tekin í gagnið:

1. Frjáls fjármagnsflutningur til útlanda og uppbygging innlends verðbréfamarkaðar sýnir hvaða fjárfesting stendur undir þeim vöxtum sem greiða þarf.
2. Einkavæðing og minni ríkisforsjá og ríkisábyrgð leiða til betri fjárfestinga því að hinn erlendi lánveitandi verður að treysta því og tryggja sér að fjárfestingin skili honum þeim vöxtum sem hann krefst en getur ekki snúið sér til ríkisins í skjóli ríkisábyrgðar.
3. Stór hluti af erlendum skuldum þjóðarinnar eru skuldir ríkissjóðs eða 137 milljarðar kr. af 225 milljörðum kr. Þessum skuldum má ná niður með tekjuafgangi sem þyrfti að vera 7 milljarðar kr. á hverju ári ef ekkert annað kæmi til.
4. Með skattalögum má með skattfrelsi auka innlendan sparnað og mynda þannig mótvægi við erlendar skuldir og enn fremur má treysta meira á innlendan sparnað við opinberar framkvæmdir.

   Stöðva má og jafnvel snúa við skuldasöfnun heimilanna með því að leggja niður vaxtabótakerfið sem hvetur einstaklinga til skuldasöfnunar og eyðileggur verðskyn þeirra gagnvart vöxtum. Styrk til húsbyggjenda má hafa í öðru formi.
5. Með fræðsluherferð má gera fólki grein fyrir gildi sparnaðar og mikilvægi þess fyrir einstaklinginn og heimili að láta vexti vinna með sér en ekki á móti.
6. Þvingaður sparnaður einstaklinga með lífeyrissjóðunum mun hjálpa til við að ná þessu marki, en sjóðsöfnun innan þeirra mun halda áfram fram yfir 2015.

Varast ber að lækka erlendar skuldir með því að minnka arðbæra innlenda fjárfestingu. Þess í stað er hægt að minnka samneyslu og einkaneyslu með auknu aðhaldi og sparnaði.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að gerð verði langtímaáætlun um afkomu ríkissjóðs og jafnframt verði gerðar áætlanir og stefnumörkun um það hvernig því marki verði náð að þjóðin eignist erlendis inneignir umfram skuldir upp úr árinu 2015.

736. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um endurskoðun kennsluhátta.

Flm.: Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal, Ísólfur Gylfi Pálmason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða kennsluhætti í skólum landsins. Í nefndinni sitji fulltrúar kennarasamtaka, skólastjórnenda, samtaka nemenda, samtaka foreldra, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og menntamálaráðuneytis.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur orðið ör þróun í samskiptatækni á ýmsum sviðum. Skal þar bent á tölvur, alnetið, myndbönd og fleira. Þessi nýja tækni felur m.a. í sér möguleika fyrir einstaklinga til að stunda nám á eigin vegum. Námsmöguleikar hafa með öðrum orðum breyst og aukist frá því sem var fyrir tiltölulega fáum árum. Hin nýja tækni felur í sér að einstaklingur getur leitað sér fanga í námi sínu á öðrum tímum og með öðrum hætti

en lengi tíðkaðist. Námsfólk þarf ekki að vera bundið af stað eða tíma við ýmiss konar nám.

Ýmsir halda því fram að kennsluhættir í skólum hafi lítið breyst frá tímum forn-Grikkja þegar karlar stóðu á kassa og messuðu yfir lýðnum. Ekki skal tekin afstaða til þeirrar skoðunar en í alla staði er eðlilegt að velta því fyrir sér með hvaða hætti nám fer fram. Benda má á að í daglegu umhverfi flestra barna er mikið af upplýsingum, sumar þeirra settar fram á lifandi hátt. Þegar svo nemendur koma inn í skólastofurnar blasir allt annað umhverfi við. Segja má að skólar og skipulag þeirra hafi um margt ekki náð að fylgja eftir þeirri þróun sem orðið hefur í umhverfinu hvað varðar tækni. Margt veldur en niðurstaðan er sú að námsumhverfi skólanna er ekki í takt við annað umhverfi nemenda. Skipulag skóla er í grundvallaratriðum enn byggt á hefðbundnum kennsluháttum en ekki þeirri tækni sem rutt hefur sér til rúms. Þetta skipulag gerir í raun ráð fyrir því að nám fari tæpast fram án nærveru kennara. Tillagan gerir ráð fyrir því að nefndin endurskoði kennsluhætti og skipulag skóla í þessu ljósi og skili tillögum til breytinga. Í þessu sambandi þarf hugsanlega að endurskilgreina hlutverk og starf kennara sem og samband þeirra við foreldra. Jafnframt verður að sinna félagslega þættinum en hin nýja tækni felur í sér hættu á félagslegri einangrun. Af framansögðu er ljóst að mikilvægt er að sem flestar stéttir er tengjast námi barna taki þátt í því starfi sem nefndinni er ætlað að sinna.

737. Lög [218. mál]

um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 11. mars.)

Samhljóða þskj. 725.

738. Frumvarp til laga [346. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu.

(Eftir 2. umr., 11. mars.)

1. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. gr. laganna kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 1. og 2. málsl. 11. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: ráðuneytinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

739. Fyrirspurn [433. mál]

til dómsmálaráðherra um endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður undirbúningi að endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar?
2. Er þess að vænta að samið verði um smíði á nýju varðskipi á þessu ári?
3. Hefur verið eða verður kannað sérstaklega hvort innlendar skipasmíðastöðvar geti annast smíði á nýjum gæslu- og björgunarskipum fyrir Landhelgisgæsluna?

740. Fyrirspurn [434. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun slysabóta sjómanna.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvenær var skipuð nefnd samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí 1994 til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns og hverjir eru í nefndinni?
2. Hvert er verkefni nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi?
3. Hvað líður störfum nefndarinnar og hvenær er áætlað að hún skili af sér?
4. Liggur fyrir á þessari stundu hvert verði meginefni tillagna nefndarinnar og ef svo er, hvert er það?

741. Skýrsla [435. mál]

dómsmálaráðherra til Alþingis um stöðu umferðaröryggismála.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Í þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á Alþingi 28. febrúar 1996 segir m.a.

„Dómsmálaráðherra kynni Alþingi í byrjun hvers árs stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki. Starfs- og framkvæmdaáætlun verði endurskoðuð árlega.“

Umferðaröryggisáætlun þarf að vera í stöðugri endurskoðun og markvisst starf má ekki falla niður ef markmiðum hennar skal fylgt eftir og náð.

Til að vinna að framgangi áætlunarinnar skipaði ég vinnuhóp til að endurskoðaverkefni áætlunarinnar og til að gefa ráðherra og Alþingi árlega upplýsingar umhvernig henni vindur fram svo og til að gera nýjar tillögur um áherslur og verkefni. Í nefndina voru skipaðir: Þórhallur Ólafsson, formaður Umferðarráðs, formaður, Georg Kr. Lárusson, sýslumaður og Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni. Auk þeirra hafa starfað með nefndinni þeir Óli H. Þórðarson, Sigurður Helgason og Örn Þorvarðarson starfsmenn Umferðarráðs.

Nefndin hefur skilað áliti þar sem m.a kemur fram að á árinu 1996 fækkaði skráðum umferðarslysum meira en áætlunin gerði ráð fyrir og er það fagnaðarefni. Markmiðin eru nú skilgreind með öðrum hætti en var í umferðaröryggisáætluninni frá síðasta ári. Stefnt er nú að því að fyrir árslok 2000 verði alvarlega slasaðir og látnir færri en 200 á ári. Vonandi verður unnt að endurskoða þessi markmið á næsta ári ef slysum heldur áfram að fækka eins og raun varð á 1996.

Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra árin 1991-1996



Stefnt er að því að alvarlega slasaðir og látnir verði færri en 200 fyrir árslok 2000

Auk þessara meginmarkmiða setur nefndin fram lista yfir einstök verkefni sem ólokið er frá umferðaröryggisáætluninni, auk tillagna um önnur ný.

Í skýrslunni er hegðun vegfarenda talin vera lykilatriði. Aðalverkefnið er að koma markvissum skilaboðum til einstakra vegfarendahópa og hafa áhrif á þá, þannig að umferðin verði öruggari. Það á að vera sjálfsagt að umferðin sé örugg og slysalaus.

Nefndin álítur að besta leiðin til að ná árangri sé að einbeita sér að fáum lykilatriðum og forgangsraða verkefnum og að unnið sé á breiðum grundvelli með þátttöku margra aðila.

Lögð verður áhersla á fjögur meginviðfangsefni:
— ökuhraða,
— unga ökumenn,
— bílbelti og
— gatnamót.

Lögð er áhersla á að sem flestir taki þátt í verkefninu og að aðgerðir verði samræmdar samanber eftirtalin fjögur atriði:
— að virkja sem flesta til starfa að umferðaröryggismálum
— að beita sér fyrir að allir málsaðilar marki sér skýra starfsáætlun
— að hvetja til samstarfs sem getur leitt til árangurs
— að beina athyglinni að vegfarendum og umferðarháttum þeirra.

Lögð er áhersla á fá og afmörkuð verkefni á tímabilinu. Tekin eru fyrir þau svið sem ætla má að geti skilað mestum árangri til að fækka slysum. Virkja þarf sem flesta sem starfa að umferðaröryggismálum og auka samstarf að ákveðnum verkefnum. Hvetja þarf til enn markvissari og faglegri vinnubragða til að ná settum markmiðum.

Umferðaröryggisstarfið er að mörgu leyti í föstum skorðum og hefur tekið litlum breytingum frá ári til árs. Það á meðal annars við um sveitarfélög og aðra veghaldara, sem leggja áherslu á að fækka til dæmis „svartblettum“ á gatna- og vegakerfinu. Umferðareftirlit lögreglu lýtur að mörgu leyti sömu lögmálum.

Sömu sögu má segja um upplýsinga- og fræðslustarfið, meðal annars í tengslum við upphaf skólaárs.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gert úttekt á samfélagslegum kostnaði vegna umferðarslysa. Helstu niðurstöður eru þessar:

Ætla má að árlegur heildarkostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi á næstu 2–3 árum nemi u.þ.b. 11–15 milljörðum króna, að öllu óbreyttu. Þetta jafngildir 3–4% af áætlaðri landsframleiðslu 1996.

SAMFÉLAGSKOSTNAÐUR
Meðaltal áranna 1980–1995
(milljarðar á verðlagi 1995).

	Neðri mörk	Efri mörk
Einstaklingsbundið slysatjón	4	6
Samfélags slysatjón	7	9
Samtals	11	15

Umferðaröryggisáætluninni er ætlað að vera eins konar leiðarljós í umferðaröryggisstarfinu. Henni þarf hins vegar að fylgja eftir með aðgerðum og samvinnu fjölmargra aðila. Sé henni ekki fylgt eftir með markvissu starfi með tilheyrandi verk- og tímaáætlunum, mati á þörf fyrir aðgerðir á einstökum sviðum og forgangsröðun, hefur hún lítil áhrif.

Þeir aðilar sem þurfa að gera áætlanir eru m.a.:
— stjórnvöld
— sveitarfélög
— vátryggingafélög
— ökukennarar
— samtök atvinnubifreiðastjóra
— samtök vegfarendahópa

Mikilvægt er að fylgjast með þróun mála á næstu árum. Þá þarf t.d. að fylgjast með áhrifum einstakra aðgerða, reyna að meta breytingar á hegðunarmynstri vegfarenda, þróun umferðar o.s.frv. Þannig þurfa að liggja fyrir með reglulegu millibili áfangaskýrslur um stöðu mála og árangur af starfinu.

Takist að ná settu markmiði mun þeim sem slasast alvarlega eða látast árlega í umferðarslysum hafa fækkað um 30 í lok tímabilsins.

Þrátt fyrir fækkun alvarlega slasaðra á undanförnum árum er framtíðarsýnin að sjálfsögðu sú að enginn látist eða slasist í umferðinni. Þó það virðist fjarlægt takmark er það samt sem áður það markmið sem Íslendingar hljóta að stefna að í umferðaröryggisstarfinu. Það er ekki ásættanlegt að gert sé ráð fyrir að það sé einskonar náttúrulögmál að milli 10–20 manns látist í umferðinni árlega og yfir 200 manns slasist alvarlega.

En er þetta raunhæft markmið? Það mun tíminn leiða í ljós. Á síðasta ári slasaðist 221 alvarlega í umferðarslysum hér á landi og 10 létust. Leita þarf allt aftur til ársins 1968 til þess að finna jafn lága tölu um fjölda látinna.

Markmið okkar á þessu ári er að bæta þennan árangur, en það verður einungis gert með sameiginlegu átaki allra landsmanna. Til þess að svo megi verða þarf hugarfarsbreytingu ökumanna og annarra í umferðinni. Allir bera ábyrgð, stjórnmálamenn, stjórnvöld, ökumenn og aðrir vegfarendur. Til þess að ná sem bestum árangri þarf vilja, eldmóð og samvinnu allra sem að umferðarmálum koma. Vonandi erum við að taka fyrstu skrefin í átt að því markmiði.

UMFERÐAR RÁÐ

Fjöldi látinna í umferðarslysum á Norðurlöndum á hverja 100 þúsund íbúa árin 1986-1995



742. Skýrsla [20. mál]

forsætisráðherra um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Í októbermánuði á sl. ári óskuðu Ragnar Arnalds og fleiri þingmenn eftir skýrslu frá forsætisráðherra um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996. Forsætisráðuneytið óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun að stofnunin annaðist gerð slíkrar skýrslu og fara svör við spurningum, er fram koma í skýrslubeiðninni, hér á eftir.

Inngangur.

Á árunum 1991–1996 skipti mjög í tvö horn hvað hagvöxt varðar. Á fyrri hluta tímabilsins var samdráttur á kvarða þjóðartekna á mann um 5% 1992 og 1,8% 1993. Hins vegar glæddist hagvöxtur árin 1994 og 1995 og þjóðartekjur á mann jukust um 2,5% hvort árið og um 4% árið 1996. Í lok tímabilsins stóðu þjóðartekjur á mann hærra en í upphafi þess sem nemur 2,9%. Flestar hagstærðir mótuðust mjög af þessari þróun, þar á meðal kaupmáttur einstaklinga eins og rakið er síðar í þessari skýrslu.

Tafla 1. Nokkrar þjóðhagsstærðir 1990–1996.
Magnvísitölur á mann 100=1990.

Ár	Einkaneysla	Landsframleiðsla	Þjóðartekjur
1990	100,0	100,0	100,0
1991	102,9	100,1	101,4
1992	97,1	95,6	95,8
1993	91,9	95,4	94,1
1994	92,7	98,0	96,5
1995	96,4	99,5	98,9
1996	102,1	104,1	102,9

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Í þeim kjarasamningum sem gengið var til í febrúar 1990 náðist víðtæk samstaða milli samtaka launafólks, atvinnurekenda, ríkisvalds, banka og samtaka bænda og voru samningarnir kenndir við þessa samstöðu og nefndir þjóðarsáttarsamningar. Markmið samninganna var að tryggja kaupmátt og halda verðbólgu í skefjum. Samningarnir kváðu á um tiltölulega litlar launahækkanir, að dregið yrði úr gjaldskrárhækkunum opinberra fyrirtækja og að verð á búvörum skyldi haldast óbreytt um tiltekið skeið. Sá stöðugleiki í efnahagsmálum sem í kjölfarið fylgdi er vafalítið grunnur að þeim hagvexti sem nú hefur orðið og má í því sambandi sérstaklega horfa til áhuga erlendra fjárfesta.

Mikil umskipti urðu í efnahagsstjórn á þessu tímabili. Hornsteinn þjóðarsáttarinnar var fast gengi krónunnar og var með þeirri stefnu lagður grunnur að hjöðnun verðbólgu. Umgjörð efnahagsákvarðana var einnig breytt og þær taka í dag mun meiri mið af markaðsaðstæðum en áður var. Þetta hefur m.a. haft í för með sér að aðhald í ríkisfjármálum og peningamálum hefur orðið mikilsverðara en áður var.

Árangur af þessum umbótum í efnahagsmálum þjóðarinnar er umtalsverður og bent skal á það hér að þrátt fyrir allt var fórnarkostnaðurinn minni hérlendis en víða annars staðar. Atvinnuleysi jókst vissulega hröðum skrefum með minnkandi hagvexti og náði hámarki 1995 er atvinnuleysi nam 5% af vinnuafli. Atvinnuleysi er þó til muna minna hér á landi en erlendis og örugg teikn eru um að það fari enn minnkandi. Kaupmáttur minnkaði vissulega verulega, en þá þarf að hafa í huga að kaupmáttarfallið er ekki meira en gerst hefur á fyrri samdráttartímabilum.

1. Hvernig hefur kaupmáttur launa á Íslandi þróast á þessu tímabili?

Tölur um laun og kaupmátt launa einstakra stétta á Íslandi eru takmarkaðar að mörgu leyti, einkum skortir á að upplýsingar séu samhæfðar og lítt eða ekkert er birt um laun og launakjör ýmissa stétta. Nefna má að engar tölur eru gefnar út um laun stjórnenda á einkamarkaði, en í úrtaki kjararannsóknarnefndar er öllum starfsmönnum á skrifstofu sem bera starfsheiti sem endar á „-stjóri" sleppt. Engar reglulegar upplýsingar eru birtar um laun bankamanna og sama má segja um farmenn, svo tvær fjölmennar stéttir séu nefndar. Kjararannsóknarnefndir starfa bæði á samningssviði ASÍ og á opinbera markaðinum og birta þær báðar launaupplýsingar með reglulegum hætti. Hins vegar eru upplýsingarnar settar fram með ólíkum hætti og einnig er þeirra aflað með mismunandi aðferðum.

1.1 Kaupmáttur dagvinnulauna.

Kaupmáttur dagvinnulauna þeirra stétta sem kjararannsóknarnefndirnar fjalla um er dreginn saman í töflu 2. Tekið skal fram að árið 1996 er áætlað og gildir það einkum fyrir ASÍ-hópinn.

Tafla 2. Kaupmáttur dagvinnulauna miðað við neysluverðsvísitölu.
Vísitölur 1990=100.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	Áætlun 1996
Launavísitala	100,0	101,5	100,7	98,1	97,8	100,5	104,6
Lágmarkslaun	100,0	98,9	102,0	98,7	98,2	102,5	106,8
ASÍ	100,0	101,3	103,3	100,4	99,7	102,2	106,2
Verkamenn	100,0	101,6	101,7	99,6	100,0	103,2	105,0
Verkakonur	100,0	105,5	103,0	104,3	102,5	105,6	105,9
Iðnaðarmenn	100,0	100,3	102,4	99,3	96,6	98,0	97,9
Afgreiðslukarlar	100,0	103,2	108,2	104,0	102,6	102,8	107,2
Afgreiðslukonur	100,0	100,1	103,8	100,0	98,2	100,3	106,3
Skrifstofukarlar	100,0	99,4	103,4	98,1	96,6	100,2	110,9
Skrifstofukonur	100,0	101,5	107,9	105,1	109,0	111,3	126,2
BSRB	100,0	100,6	101,6	100,7	100,3	103,1	108,4
BHM	100,0	100,9	100,8	99,1	99,6	100,7	105,8
KÍ	100,0	100,1	100,3	98,6	98,0	102,9	108,7

Heimild: Kjararannsóknarnefndir og Þjóðhagsstofnun.

1.2 Kaupmáttur ráðstöfunartekna; sundurliðaður eftir helstu atvinnustéttum.

Ráðstöfunartekjur ráðast af margvíslegum þáttum öðrum en atvinnutekjum. Hér má nefna hjúskaparstöðu, hvernig tekjur skiptast milli hjóna, fjölda barna og vaxtagjöldum

af húsnæðislánum. Loks þarf að taka tillit til annarra tekna fólks en af atvinnu og þess hvernig fólk nýtir ýmsa frádráttarliði sem bjóðast samkvæmt skattalögum.

Hugtakið ráðstöfunartekjur er óskýrt í þessu samhengi. Það verður hér skilgreint sem atvinnutekjur að frádregnum tekjusköttum og viðbættum barnabótum og barnabótaauka. Nokkur vandkvæði eru með vaxtabætur (húsnæðisbætur í upphafi tímabilsins). Að því marki sem vaxtabætur aukast vegna hærri vaxtagjalda er vafasamt að álykta að ráðstöfunartekjur hafi aukist. Það er þó gert hér og þar fylgt gamalli hefð.

Tafla 3 sýnir sundurliðun á ráðstöfunartekjum eftir hjúskapartöðu. Taflan er byggð á upplýsingum úr skattframtölum. Tekjuskattstofn er fenginn úr skattframtölum. Vaxtabætur eru samkvæmt álagningu og vaxtagjöldin eru áætluð eftir vaxtabótum.

Tafla 3. Tekjur, skattar og ráðstöfunartekjur á mánuði eftir hjúskaparstöðu.
Krónur á verðlagi hvers árs.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Hjón með 2 börn							
Tekjuskattstofn	202.342	223.063	225.792	226.800	230.833	239.583	258.750
Tekjuskattur	41.844	46.679	46.836	50.719	53.508	56.368	64.340
Barnabætur	9.738	10.597	6.200	6.251	6.295	6.379	6.340
Vaxtagjöld	19.442	21.317	22.825	23.108	23.383	23.658	24.317
Vaxtabætur	8.533	9.267	9.775	9.933	9.775	10.475	10.558
Ráðstöfunartekjur	178.769	196.248	194.930	192.266	193.396	200.069	211.308
Skattbyrði, % af tekjuskattstofni	11,7%	12,0%	13,7%	15,2%	16,2%	16,5%	18,3%
Einstætt foreldri með eitt barn							
Tekjuskattstofn	83.953	92.558	92.917	90.558	91.283	94.667	102.240
Tekjuskattur	9.488	12.917	13.060	12.120	12.409	13.757	16.775
Barnabætur	10.060	10.827	10.830	10.526	10.783	11.085	11.390
Vaxtagjöld	11.875	13.017	14.017	14.200	14.563	14.925	15.333
Vaxtabætur	6.767	7.550	8.167	8.267	8.308	9.225	9.425
Meðlag	6.814	7.315	7.509	10.300	10.300	10.712	10.794
Ráðstöfunartekjur	98.106	105.333	106.363	107.531	108.266	111.932	117.074
Skattbyrði, % af tekjuskattstofni	-8,7%	-5,9%	-6,4%	-7,4%	-7,3%	-6,9%	-4,0%
Einhleypir							
Tekjuskattstofn	71.936	79.310	79.617	78.725	79.583	81.083	87.570
Tekjuskattur	11.923	13.453	13.060	13.526	14.263	15.200	18.335
Vaxtagjöld	10.525	11.517	12.617	12.875	12.983	13.092	13.600
Vaxtabætur	5.017	5.483	6.033	6.217	5.975	6.450	6.708
Ráðstöfunartekjur	65.030	71.341	72.590	71.416	71.295	72.334	75.943
Skattbyrði, % af tekjuskattstofni	9,6%	10,0%	9,3%	10,4%	8,8%	10,8%	13,3%

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Ekki er hægt að skoða ráðstöfunartekjur eftir stéttum á neinn marktækan hátt þar sem skattframtölin gefa ekki færi á greiningu á tekjum einstakra stétta.

1.3 Kaupmáttur atvinnuleysisbóta.

Atvinnuleysisbætur er jafnar kauptaxta Verkamannasambands fyrir fiskvinnslufólk með sjö ára starfsreynslu og er kaupmáttur þeirra því í aðalatriðum eins og kaupmáttur launa, eins og fram kemur í töflu 4.

Tafla 4. Atvinnuleysisbætur og kaupmáttur þeirra.

	Atvinnuleysisbætur		Kaupmáttur	
	Kr./mán.	Vísitala 1990=100	M.v. neyslu-verðsvísitölu 1990=100	Þróun m.v. launavísitölu
1990	42.023	100,0	100,0	100,0
1991	45.101	107,3	100,5	99,0
1992	46.296	110,2	99,4	98,8
1993	46.554	110,8	96,1	98,0
1994	46.554	110,8	94,6	96,8
1995	49.588	118,0	99,1	98,6
1996	52.894	125,9	103,4	98,9

Heimild: Atvinnuleysistryggingasjóður og Þjóðhagsstofnun.

Atvinnuleysisbætur eru lægri en skattleysismörk öll árin. Rétt er að vekja athygli á margvíslegum breytingum sem orðið hafa á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð á þessu tímabili sem hafa mikil áhrif á lífskjör atvinnulauss fólks. Með breytingum er gerðar voru við endurskoðun laganna árið 1993 öðluðust þeir sem standa utan stéttarfélaga rétt til bóta og með sömu lögum fengu sjálfstætt starfandi einstaklingar rétt til bóta. Þá voru bætur að nokkru tengdar tekjum. Ef tekjur viðkomandi síðustu 6 mánuði fyrir skráningu eru hærri að meðaltali en nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði, frestast þá réttur til bóta þar til meðaltekjur eru orðnar jafnháar tvöföldum bótum.

1.4 Kaupmáttur grunn elli- og örorkulífeyris.

Vægi grunnlífeyris hefur farið minnkandi á síðari árum miðað við aðrar bætur sem elli- og örorkulífeyrisþegum stendur til boða. Kaupmáttur grunnlífeyris hefur þróast sem segir í töflu 5.

Tafla 5. Grunnlífeyrir aldraðra og öryrkja og kaupmáttur hans.

	Elli- og örorku-lífeyrir	Kaupmáttur elli- og örorku-lífeyris	Þróun elli- og örorkulífeyris m.v. laun
1990	11.125	100,0	100,0
1991	11.943	100,5	99,1
1992	12.260	99,5	98,8
1993	12.329	96,1	98,0
1994	12.329	94,7	96,8
1995	12.822	96,8	96,3
1996	13.373	98,8	94,4

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun.

Grunnlífeyrir varð tekjutengdur árið 1992. Tekjutengingin gildir þó aðeins gagnvart tekjum af öðru en lífeyri og tekjur maka skerða ekki lífeyri. Í töflunni að ofan er miðað við óskertan lífeyri. Jafnframt er í töflunni sýnd þróun grunnlífeyris miðað við launavísitölu Hagstofu Íslands. Sá samanburður leiðir í ljós að grunnlífeyrir hefur ekki hækkað í takt við launaþróun, sem rekja má til þess m.a. að ýmsar eingreiðslur hafa verið greiddar sem uppbót á tekjutryggingu og heimilisuppbætur en ekki á grunnlífeyri.

1.5 Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris.

Miðað er við einhleypan ellilífeyrisþega sem er með fulla tekjutryggingu og nýtur bæði almennra og sérstakra heimilisuppbóta. Til þess að eiga rétt á fullri sérstakri heimilisuppbót þarf viðkomandi lífeyrisþegi að vera alveg tekjulaus og búa einn.

Tafla 6. Elli- og örorkulífeyrir með tekjutryggingu og uppbót.

	Kaupmáttur m.v. neysluverðsvísitölur		Lífeyrir m.v. þróun launavísitölu	
	Ellilífeyrir með tekjutryggingu og heimilis-uppbótum	Örorkulífeyrir með tekjutryggingu og heimilis-uppbótum	Ellilífeyrir með tekjutryggingu og heimilis-uppbótum	Örorkulífeyrir með tekjutryggingu og heimilis-uppbótum
1990	100,0	100,0	100,0	100,0
1991	102,0	102,0	100,6	100,6
1992	101,2	102,4	100,5	101,7
1993	100,9	102,3	102,9	104,3
1994	98,8	100,2	101,0	102,4
1995	99,9	101,2	99,4	100,7
1996	101,6	103,0	97,1	98,4

Heimild: Tryggingastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun.

Tekjutrygging var jafnhá fyrir elli- og örorkulífeyrisþega fram til 1. febrúar 1992 en frá þeim tíma er tekjutrygging öryrkja 2,8% hærri en til ellilífeyrisþega.

2. Hvaða breytingar hafa orðið á lífskjörum aldraðra, öryrkja og sjúklinga með breytingum á lögum, reglugerðum, lyfjakostnaði og þjónustugjöldum á fyrrnefndu tímabili?

Engin tök eru á heildstæðri úttekt á lífskjörum þeirra hópa sem nefndir eru í spurningunni. Undir liðum 1.4 og 1.5 hér að framan er fjallað um kaupmátt lífeyris. Hér verða taldar til helstu breytingar sem gerðar hafa verið á lyfjakostnaði og þjónustugjöldum sjúkrastofnanna. Loks er yfirlit yfir helstu lög er varða bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins árin 1991 til 1996.

2.1. Lyfjakostnaður.

Verulegar breytingar hafa verið gerðar í lyfjamálum á því tímabili sem hér er miðað við og hefur markmið þessara aðgerða verið að reyna að draga úr mjög ört vaxandi kostnaði samfélagsins. En lyfjakostnaður utan sjúkrahúsa nam 0,89% af landsframleiðslu árið 1990 og 0,98% árið 1995, eða um 4,5 milljörðum króna.

Árið 1991 var fastagjald fyrir lyf hækkað umtalsvert. Lyf voru flutt milli greiðsluflokka. Með þessari tilfærslu fjölgaði mjög þeim lyfjum sem sjúklingar greiða sjálfir fyrir.

Í ágúst 1992 var gerð sú breyting að fastagjald var lagt niður en í staðinn teknar upp hlutfallsgreiðslur lyfjakaupenda. Læknar voru hvattir til að ávísa á sem ódýrust lyf. Í janúar 1993 var hlutfallsleg greiðsluþátttaka sjúklinga vegna lyfjakaupa aukin. Það var gert þannig að tiltekin var lágmarksgreiðsluþátttaka fyrir lyf, auk þess sem fjölgað var lyfjum sem sjúklingar greiða að fullu fyrir. Hlutdeild lyfjakaupenda var hækkuð lítillega 1. febrúar 1996.

Á móti þessu hefur álagning lyfja verið lækkuð. Heildsöluálagning var lækkuð í febrúar 1993 og cif og fob kostnaðarstuðlar í júní 1993 og þá var álagning í heild- og smásölu lækkuð í desember 1994.

Á þessu árabili hefur hlutdeild lyfjakaupenda hækkað úr u.þ.b. 18% af útsöluverði í um 31–32% sem raunar er meðalgreiðsluhlutfall í Evrópulöndum. Þá hefur virk verð- og vörustýring leitt til þess að dregið hefur umtalsvert úr notkun sýklalyfja og í auknum mæli hefur neysla færst frá 6dýrum lyfjum til ódýrari lyfja. Með þessu hefur dregið úr lyfjaútgjöldum þjóðarinnar.

Tafla 7. Lyfjaverð.

	Lyfjaverð	Neysluverð vísitala	Lyfjaverð umfram alm. verðbreytingu
1991	100,0	100,0	100,0
1992	118,2	103,7	113,9
1993	147,8	108,0	136,9
1994	152,0	109,6	138,7
1995	152,3	111,5	136,6
1996	164,0	114,0	143,9

Heimild: Hagstofa Íslands.

Lyfjaverð til notenda hefur hækkað umtalsvert á þessum árum og langt umfram almennt verðlag. Þetta er sýnt í töflu 7, sem byggð er á verði lyfja í grunni neysluverðsvísitölu.

2.2 Þjónustugjöld.

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á skipan heilbrigðismála á þessu tímabili og hafa þær miðað að því að auka kostnaðarhlutdeild notenda. Áætlað er að til heilbrigðismála hafi þjóðin varið 38,8 milljörðum kr. árið 1996, þar af er gert ráð fyrir að notendur hafi greitt 16,5% en samsvarandi hlutfall árið 1990 var 13,4%. Útgjöld til þessa málaflokks hafa aukist að magni um sem nemur 3,7% á mann frá 1990 til 1996 og sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld til þessa málaflokks nánast staðið í stað.

Í töflu 8 er grein gerð fyrir helstu breytingum á hlutdeild sjúkratryggðra í læknis-kostnaði árin 1991–1996.

Tafla 8. Hlutdeild sjúkratryggðra í lækniskostnaði 1991-1996

	Almennt gjald				Gjald elli - og örorkulífeyrisþega			
	Á dag-tíma	Að kvöldi eða um helgi	Á dag-tíma	Að kvöldi eða um helgi	Á dag-tíma	Að kvöldi eða um helgi	Á dag-tíma	Að kvöldi eða um helgi
15. febrúar 1990								
Heimilislæknar	0	500	400	1.000	0	500	400	1.000
Sérfræðingar	900				300			
Rannsóknir	300				100			
15. febrúar 1992								
Heimilislæknar	600	1.000	1.000	1.500	200	350	350	500
Heimilislæknar eftir þak			400	900			150	300
Sérfræðingar	1.500				500			
Sérfræðingar eftir þak	0				0			
Rannsóknir	600				200			
Rannsóknir eftir þak	0				0			
25. janúar 1993								
Heimilislæknar	600	1.000	1.000	1.500	200	400	400	600
Heimilislæknar eftir þak	200	600	600	900	0	200	200	300
Sérfræðingar	1.200+40%				1/3 af almennu gjaldi			
Sérfræðingar eftir þak	1/3 af almennu gjaldi				1/9 af almennu gjaldi			
Rannsóknir	900				300			
Rannsóknir eftir þak	300				100			
1. febrúar 1996								
Heimilislæknar	700	1100	1100	1600	300	500	400	600
Heimilislæknar eftir þak	300	700	700	1000	100	300	300	400
Sérfræðingar	1.400+40%				500 + 1/3 af 40%			
Sérfræðingar eftir þak	500 + 1/3 af 40%				1/9 af almennu gjaldi, þó a.m.k. 300			
Rannsóknir	1.000				300			
Rannsóknir eftir þak	400				100			

Heimild: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Frá 15. janúar 1992 hefur verið í gildi þak á greiðslur hvers sjúkratryggðs einstaklings sem nemur 12.000 kr. á hverju almanaksári vegna heimsókna á heilsugæslustöðvar, eða til heimilislæknis, vitjana lækna og sérfræðilæknishjálpar. Þak á greiðslum elli- og örorkulífeyrisþega var þó lægra eða 3.000 kr. á ári. Þann 1. júní 1992 gekk í gildi reglugerð sem m.a. kvað á um að að börn eldri en 6 ára og greitt er umönnunarbætur vegna greiða eins og lífeyrisþegar. Frá 1. júlí njóta þeir sem verið hafa atvinnulausir í a.m.k. 6 mánuði sömu kjara og lífeyrisþegar.

2.3 Helstu breytingar á lögum er varða bótaþega Tryggingarstofnunar ríkisins 1991–96.

a. Lög nr. 29 27. mars 1991, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971. Kveðið var á um breytingu á reglum um greiðslu vasa- og sjúkradagpeninga.

b. Lög nr. 79 23. desember 1991, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Með lögunum var komið á umönnunarbótum til forráðamanna sjúkra og fatlaðra barna.

c. Lög nr. 1 24. janúar 1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og varða breytingu á á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Lögin fólu í sér margvíslegar breytingar:
Ákvæði var um skerðingu elli- og örorkulífeyris vegna tekna, slysaörorka er þó undanskilin.
Ákvæði var um hækkun tekjutryggingar örorkulífeyrisþega umfram ellilífeyrisþega.
Endurgreiðsla vegna tannréttinga takmörkuð og bundin við alvarleg tilfelli.
Ákvæði var um að þátttaka sjúkling í læknis- og lyfjakostnaði geti verið samkvæmt hlutfallsgjaldi.
Breytingar voru gerðar á ákvæðum um tannlæknakostnað:
Endurgreiðslur vegna barna 5 ára og yngri hækkuðu úr 75% af kostnaði í 85%.
Í stað þess að skólatannlækningar væru gjaldfrjálsar var krafist 15% kostnaðargreiðslu foreldra.

d. Lög nr. 104 28. desember 1992, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Barnalífeyrir var hækkaður verulega, en á móti voru mæðra/feðralaun lækkuð verulega. Meðlag hækkaði eins og barnalífeyrir.
Endurgreiðsla vegna tannlækninga barna og unglinga undir 15 ára aldri voru lækkaðar úr 85% af kostnaði í 75%. Börn og unglingar fengu þó rétt á einni skoðun á ári án endurgjalds.
Endurgreiðsla vegna tannlækninga lífeyrisþega með skerta tekjutryggingu var lækkuð úr 75% í 50% af kostnaði. En endurgreiðslur tannlæknakostnaðar annarra lífeyrisþega voru felldar niður, en áður námu þær 50% kostnaðar.

e. Lög nr. 74 19. maí 1993, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Með lögunum var heimilað að endurgreiða sjúklingi útlagðan kostnað vegna læknishjálpar og lyfja.

f. Lög nr. 148 30. desember 1994, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og varða breytingu á á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Ákvæði var um að húsaleigubætur skyldu ekki skerða lífeyrisbætur.
Ákvæði var um að árleg endurskoðun á frítekjumarki tekjutryggingar skyldi ganga í gildi 1. september ár hvert í stað 1. júlí svo sem áður var.

Ákvæði var í lögunum að bætur skyldu greiddar 1. virka dag hvers mánaðar en ekki 3. virka dag.
Gildandi reglur um skerðingu sérstakrar heimilisuppbótar voru felldar inn í lögin.

g. Lög nr. 144 28. desember 1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og varða breytingu á á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.

h. Ákvæði var um að helmingur fjármagnstekna bótaþega skyldu koma til skerðingar á bótum.
Skerðing grunnlífeyris var hækkuð úr 25% af tekjum umfram frítekjur í 30%.
Með lögunum fékkst heimild til að reikna þeim sem ekki höfðu sinnt lagaskyldu til að greiða til lífeyrissjóðs tekjur, jafnar þeim sem hann hefði fengið úr lífeyrissjóði.
Ákvæði var um að fella niður greiðslur sjúkradagpeninga til fyrirtækja er þau greiða starfsfólki laun í veikindum.
Tenging bótaupphæða í almannatryggingalögum við laun í almennri verkamannavinnu var afnumin.
Mæðra/feðralaun voru lækkuð.
Ekkjulífeyrir var felldur niður, en þeim sem nutu hans þá þegar verður greiddur hann þar til lífeyrisþegi nær 67 ára aldri.
Heimilað var að greiða dánarbætur til ekkju vegna barna undir 18 ára aldri frá 12 í 48 mánuði til viðbótar við 6 mánaða dánarbætur ekkju.

i. Lög nr. 95 14. júní 1996, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Heimilað að hækka tekjuviðmiðun örorkulífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku við útreikning tekjutengdra bóta.

j. Lög nr. 100 14. júní 1996 um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971.
Með lögunum var styrkur til kaupa á næringarefnum heimilaður.

3. Hvaða breytingar hafa orðið á skuldastöðu heimilanna á fyrrnefndu tímabili?
Skuldir heimila við lánastofnanir eru settar fram í eftirfarandi töflu.

Tafla 9. Skuldir heimila 1990–1996.

	Skuldir heimila í lok tímabils í milljónum króna		
	Á verðlagi hvers árs	Á verðlagi í jan. 1997	Hlutfall skulda og ráðstöfunartekna
1990	170.726	201.893	75,2%
1991	211.270	232.093	85,9%
1992	237.367	256.745	100,4%
1993	262.518	275.711	112,8%
1994	289.054	299.813	118,9%
1995	316.227	322.754	123,7%
1996, sept.	342.880	341.712	127,1%

Heimild: Seðlabanki Ísland og Þjóðhagsstofnun.

Reiknað á föstu verði í janúar 1997 hafa skuldir heimilanna aukist um tæplega 110 milljarða króna. Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum hefur aukist um 41% prósentustig. Hér er eingöngu litið á skuldir heimilanna og þróun þeirra. Hin hlið málsins er auðvitað eignir sem á móti standa, svo sem peningalegar eignir og fasteignir. Í þessu sambandi er eign heimilanna í lífeyrissjóðum hvað mikilvægust, en sjóðirnir hafa mjög styrkst, m.a. vegna þess að greitt er af öllum launum á almennum vinnumarkaði.

4. Hver er fjöldi nauðungaruppboða á húseignum einstaklinga og fjöldi gjaldþrota á þessum árum?

4.1 Nauðungaruppboð.

Ekki eru til heildstæðar tölur um nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði. Upplýsingar fengust um fjölda uppboða að kröfu Húsnæðisstofnunar.

Tafla 10. Nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði einstaklinga að kröfu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

	1992	1993	1994	1995	1996
Byggingasjóður ríkisins	236	266	249	253	172
Húsbréfadeild	39	121	179	233	28
Byggingasjóður verkamanna	55	77	112	142	181
Samtals	**330**	**464**	**540**	**628**	**611**

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

4.2 Gjaldþrot einstaklinga.

Úr málaskrám héraðsdómsstóla má lesa fjölda gjaldþrota. Málaskrárnar eru hins vegar ekki til á tölvutæku formi fyrr en frá og með 1993. Úrskurðir um gjaldþrot á hendur einstaklingum hefur verið sem hér segir.

Tafla 11. Gjaldþrot einstaklinga 1993–1995.

	1993	1994	1995
Fjöldi gjaldþrota	414	722	871

Heimild: Landshagir 1996.

Til samanburðar má nefna að árunum 1982 til 1990 voru kveðnir um 400 gjaldþrotaúrskurðir að meðaltali á ári.

5. Hver er fjöldi nýbyggðra íbúða þessi ár?

Þjóðhagsstofnun safnar ítarlegum upplýsingum um byggingu íbúðarhúsnæðis á landinu öllu hjá byggingarfulltrúum. Samkvæmt þeim tölum var fjöldi fullgerðra íbúða þessi ár eins og greint er frá í töflu 12.

Tafla 12. Fullgert íbúðarhúsnæði 1991–1996.

	Ár	Fjöldi íbúða M^3 (þús.)
1991	1.611	698
1992	1.596	745
1993	1.600	702
1994	1.718	746
1995	1.231	522
1996 Áætlun	1.285	545
Meðaltal	**1.506**	**660**

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Meðaltalið um 1.500 íbúðir á ári er talið um það bil nægja til að fullnægja þörf landsmanna fyrir viðbótarhúsnæði. Til samanburðar má nefna að á tímabilinu 1986–1990 voru árlega byggðar 1.664 íbúðir að jafnaði.

6. Hver hafa vanskil hjá Húsnæðisstofnun ríkisins verið á þessum árum?

Frá og með 1994 skilgreinir Húsnæðisstofnun ríkisins vanskil sem ógreiddar gjaldfallnar greiðslur sem eru þriggja mánaða og eldri. En fyrir þann tíma voru allar gjaldfallnar greiðslur talin til vanskila. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að greiðsluáskoranir eru fyrst sendar til skuldara þremur mánuðum eftir gjalddaga. Yfirlit Húsnæðisstofnunar ríkisins miðast við stöðuna 1. janúar ár hvert. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar voru vanskil í öllum sjóðum er undir Húsnæðisstofnun heyra sem segir í töflu 13.

Tafla 13. Vanskil hjá Húsnæðisstofnun ríkisins 1991–1996.

	Gömul skilgreining			Ný skilgreining		
	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Fjárhæðir í millj. kr.						
Útlán alls	78.200	106.500	123.800	141.900	159.800	176.800
Vanskil	610	720	828	1.289	2.002	2.100
Hlutfall lána í vanskilum	0,8%	0,7%	0,7%	0,9%	1,2%	1,2%
Fjöldi lántakenda						
Fjöldi lántakenda í heild			52.551	53.622	55.410	56.904
Fjöldi lántakenda í vanskilum			3.315	5.017	7.220	6.697
Hlutfall lántakenda í vanskilum			6,3%	9,4%	13%	11,8%

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins.

7. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á barnabótum, vaxtabótum og tekjuskattslögum á árunum 1991–1996?

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar hafa verið á lögum um tekju- og eignarskatt einstaklinga, lögum um greiðslur til barnafólks og greiðslur til fólks vegna húsnæðis. Í nokkrum tilvikum er einnig minnst á breytingar á öðrum lögum ef þær breytingar tengjast með beinum eða óbeinum hætti breytingum á ofangreindum lögum.

Einungis er farið yfir almennar breytingar á þessum lögum en ekki er fjallað um ýmsar sérstakar breytingar, svo sem breytingar sem tengjast skattlagningu einstaklinga í atvinnurekstri. Ekki er fjallað um almennar breytingar sem gerðar hafa verið á fjárhæðum og hlutföllum á milli ára, en þeim eru gerð skil í töflum A–J í viðauka.

Yfirlitinu er skipt upp í kafla eftir málaflokkum og þær fjárhæðir sem þar koma fram eru þær sem notast var við í fyrsta skipti sem lögin tóku gildi og þurfa því ekki að vera sömu fjárhæðir og komu fram í lagatextanum. Í yfirlitinu er gert ráð fyrir að lesandinn hafi einhverja þekkingu á þessum lögum því yfirleitt er einungis fjallað um breytingar frá fyrri lögum og ekki farið nákvæmlega út í það hvernig einstök lög eru í heild sinni.

1. Tekjuskattur.

1.1 Skatthlutfall.

a. Frá og með álagningu 1991 (staðgreiðslu 1990) hækkaði tekjuskattshlutfallið úr 30,8% í 32,8% en á móti var persónu- og sjómannaafsláttur einnig hækkaður (4.–6. gr. laga nr. 117/1989).
b. Við álagningu 1994 (staðgreiðslu 1993) hækkaði tekjuskattshlutfallið úr 32,8% í 34,3% (8. gr. laga nr. 111/1992).
   Ástæðan fyrir þessari hækkun var niðurfelling aðstöðugjalds á árinu 1993 (lög nr. 113/1992). Í lögunum var kveðið á um að sveitarfélög fái sérstakt framlag úr ríkissjóði. Framlag ríkissjóðs svaraði til 80% af álögðu aðstöðugjaldi gjaldaárið 1993 sem hefði fallið til hvers sveitarfélags ef ekki hefði komið til niðurfelling gjaldsins. Þetta ákvæði gilti einungis við álagningu 1993.
c. Við álagningu 1994 og 1995 var lagður á sérstakur 5% tekjuskattur á tekjur umfram 2.440.080 kr. hjá einhleypingi og 4.880.160 kr. hjá hjónum (álagning 1994) (23. gr. laga nr. 111/1992).
   Þessi sérstaki skattur hefur verið framlengdur þannig að hann var einnig í gildi við álagningu 1996 (18. gr. laga nr. 147/1994) og mun verða í gildi við álagningu 1997 (25. gr. laga nr. 145/1995) og 1998 (20. gr. laga nr. 137/1996).
d. Við álagningu 1995 (staðgreiðslu 1994) lækkaði tekjuskattshlutfallið úr 34,3% í 33,15% (6. gr. laga nr. 122/1993). Á móti var hámarksútsvar sveitarfélaga hækkað úr 7,5% í 9,2% og einnig var sett ákvæði um lágmarksútsvar 8,4% (6. gr. laga nr. 124/1993). Jafnframt voru lög um aðstöðugjald felld brott (7. gr. laga nr. 124/1993).
e. Frá og með álagningu 1996 hækkuðu viðmiðunarmörk vegna hins sérstaka tekjuskatts í 2.805.840 kr. hjá einstaklingi og í 5.611.680 kr. hjá hjónum (við álagningu 1995 voru þessar fjárhæðir 2.494.080 kr. og 4.988.160 kr.) (18. gr. laga nr. 147/1994).

1.2 Frádráttur frá tekjum.

a. Við álagningu 1990 hækkaði hámarksfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri úr 75 þús. kr. (við álagningu 1989) í 115 þús. kr. hjá einstaklingi úr 150 þús. kr. í 230 þús. kr. hjá hjónum (1. gr. laga nr. 118/1989).
b. Við álagningu 1991 hækkaði hámarksfrádráttur vegna arðs af hlutabréfum úr 10% í 15% af nafnverði (2. gr. laga nr. 63/1990).
c. Við álagningu 1992 lækkaði hámarksfrádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri úr 125.925 kr. (við álagningu 1991) í 94 þús. kr. hjá einstaklingi og úr 251.850 kr. í 188 þús. kr. hjá hjónum (3. gr. laga nr. 85/1991).
d. Við álagningu 1994 lækkaði frádráttur vegna innlegs á húsnæðissparnaðarreikning úr 25% í 20%. Frádrátturinn lækkaði síðan um 5% á hverju ári uns hann féll niður og nýtist í síðasta skipti við álagningu 1997 (30. gr. og 32. gr. laga nr. 111/1992).

e. Frá og með álagningu 1995 lækkaði hámarksfrádráttur vegna arðs af hlutabréfum úr 15% í 10% af nafnverði (2. gr. laga nr. 111/1992).
f. Vegna álagningar 1995 og 1996 var frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnurekstri lækkaður í 80% af fjárhæðinni. Frádrátturinn átti síðan að lækka í 50% við álagningu 1997 og 1998 og falla svo niður frá og með álagningu 1999 (2. gr. og 23. gr. laga nr. 111/1992).
Síðar var hætt við að lækka frádráttinn í 50% og að fella hann niður (2.gr. laga nr. 147/1994).
g. Frá og með álagningu 1995 var þeim sem höfðu leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teldist vera atvinnurekstur, heimilt að draga allt að 80% frá þeim tekjum, þó eigi hærri fjárhæð en 25.980 kr. fyrir hvern mánuð sem húsnæðið er í leigu í stað þess að skila inn rekstraryfirliti vegna húsnæðisins (2. gr. laga nr. 147/1994).
h. Við álagningu 1996 (staðgreiðslu 1995) var þeim sem voru 70 ára eða eldri heimilt að draga frá tekjum 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum (2. gr. laga nr. 147/1994).
i. Frá og með 1. apríl 1995 var heimilt að draga 50% af framlagi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda í lífeyrissjóð frá tekjum til skatts. Hlutfallið átti að hækka í 75% frá og 1. júlí 1996 og frá og með 1. júlí 1997 átti framlagið að vera að fullu frádráttarbært, þó að hámarki 4% af launum (2. gr. og 6. gr. laga nr. 30/1995).
Hlutfallið var hækkað í 75% frá og með 1. janúar 1996 og frá og með 1. júlí 1996 varð framlagið að fullu frádráttarbært (22. gr. laga nr. 145/1995).
Jafnframt var felld niður heimild ellilífeyrisþega til að draga frá tekjum 15% af greiddum lífeyri úr lífeyrissjóðum, sbr. h-lið hér að framan (4. gr. laga nr. 145/1995).

2. Eignarskattur.

a. Við álagningu 1990 bættist við nýtt skattþrep. 1,5% sem lagðist á eignarskattsstofn umfram 8.050.000 kr. (16. gr. laga nr. 97/1988).
b. Frá og með álagningu 1991 var gerð sú breyting á hærra skattþrepinu, sbr. a-lið hér að ofan, að skatthlutfallið var lækkað í 0,75% og ef tekjuskattsstofn var undir 1.839.600 kr. þá lækkaði skatturinn hlutfallslega þar til að hann féll að fullu niður ef tekjuskattsstofn var undir 919.800 kr. (12. gr. laga nr. 117/1989).
c. Frá og með álagningu 1995 var hærra skattþrepið fellt niður (8. gr. laga nr. 147/1994).
d. Frá og með álagningu 1996 var heimilt að færa niður verð bifreiða um 10% af því verði sem þær voru taldar til eignar hjá framteljenda árið áður (10. gr. laga nr. 145/1995).

3. Greiðslur með börnum.

a. Frá og með 1992 voru barnabætur lækkaðar en á móti voru grunnfjárhæðir barnabótaauka hækkaðar. Lækkun barnabóta náði þó ekki til viðbótar vegna barna yngri en 7 ára, sjá nánar töflur D–F í viðauka. (11. og 12. gr. laga nr. 85/1991.)
b. Frá og með 1993 voru gerðar verulegar breytingar á greiðslum vegna barna einstæðra foreldra. Mæðra- og feðralaun voru lækkuð en á móti voru meðlag/barnalífeyrir og grunnfjárhæð barnabótaauka einstæðra foreldra hækkuð. Einnig voru tekjumörk vegna barnabótaauka lækkuð, sjá nánar töflu F og töflur I–J í viðauka, varðandi breytingar á fjárhæðum. (10. gr. laga nr. 111/1992 og 2. gr. 104/1992.)

c. Frá og með álagningu 1996 var tekjutenging barnabótaaukans rýmkuð. Í stað þess að skerðingin væri 7% fyrir fyrsta barn, 6% fyrir annað barn, 5% fyrir þriðja barn og 4% fyrir hvert barn umfram þrjú verða skerðingarhlutföllin 6% fyrir eitt barn, 11% fyrir tvö börn og 15% með þremur börnum eða fleiri. (9. gr. laga nr. 145/1995.)

4. Greiðslur vegna íbúðarhúsnæðis.

4.1 Vaxtabætur.

a. Frá og með álagningu 1990 voru teknar upp vaxtabætur og frá sama tíma voru húsnæðisbætur aflagðar, þó voru bráðabirgðaákvæði sem kváðu á um að ef framteljandi hafði fengið húsnæðisbætur samkvæmt eldri lögum átti hann rétt á þeim til og með ársins 1993. (Lög nr. 79/1989 og 9. gr. laga nr. 117/1989.)

b. Við álagningu 1994 voru vaxtabætur reiknaðar út frá 90% vaxtagjalda í stað þess að vera reiknaðar út frá öllum vaxgjöldum. Einnig breyttist eignaskerðingin, þannig að efri skerðingarmörkin voru nú 60% hærri en neðri skerðingarmörkin í stað þess að vera tvöföld neðri mörkin.

c. Frá og með álagningu 1995 voru gerðar þær breytingar að vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum vegna íbúðarhúsnæðis eins og þær eru í árslok. Einnig var útvíkkað hvaða vaxtatekjur dragast frá vaxtagjöldum og nær það ákvæði nú til flestallra vaxtatekna.
Reglur um eignaskerðingu sem giltu við álagningu 1994 gilda áfram. (9. gr. laga nr. 122/1993 og 7. gr. laga nr. 147/1994.)

4.2 Húsaleigubætur.

a. Frá og með 1. janúar 1995 voru teknar upp húsaleigubætur. (Lög nr. 100/1994).

Viðauki.
Yfirlit fjárhæða samkvæmt skattalögum 1990–1996.

Tafla A. Persónu- og sjómannaafsláttur

	Persónuafsláttur			Sjómannaafsláttur	
Tekjuár	1/1 - 30/6 kr./mán.	1/7 - 31/12 kr./mán.	kr./ár	1/1 - 30/6 kr./dag	1/7 - 31/12 kr./dag
1990	20.850	22.114	257.784	575	610
1991	22.831	23.922	280.518	630	660
1992	23.922	24.013	287.610	660	663
1993	23.611	23.911	285.132	663	671
1994	23.915	23.944	287.154	671	672
1995	24.444	24.544	293.928	686	689
1996	24.544	24.544	294.528	689	689

Tafla B. Skatthlutfall og skattleysismörk í staðgreiðslu

	Skatthlutfall				
	Tekju-			Skattleysismörk	
Tekjuár	skattur	Útsvar	Samtals	kr./ár	kr./mán.
1990	32,80%	6,99%	39,79%	647.861	53.988,4
1991	32,80%	6,99%	39,79%	704.996	58.749,7
1992	32,80%	7,05%	39,85%	721.731	60.144,3
1993	34,30%	7,04%	41,34%	689.724	57.477,0
1994 [1]	33,15%	8,69%	41,84%	686.315	57.193,0
1995	33,15%	8,78%	41,93%	700.997	58.416,4
1996	33,15%	8,79%	41,94%	702.260	58.521,7

[1] Útsvarsprósenta í janúar 1994 var 8,64% en 8,69% febrúar til desember.
Skattleysismörk miðast við útsvarsprósentu í febrúar til desember.

Tafla C. Sérstakur tekjuskattur

		Skatturinn leggst á tekjuskattsstofn umfram			
		Einhleypir		Hjón	
Álagningarár	Skatthlutfall	Kr./ár	Kr./mán	Kr./ár	Kr./mán
1994	5%	2.440.080	203.340	4.880.160	406.680
1995	5%	2.494.080	207.840	4.988.160	415.680
1996	5%	2.805.840	233.820	5.611.680	467.640

Tafla D. Barnabætur hjóna (kr./ár)

	Með fyrsta barni		Með börnum umfram eitt		Viðbót vegna barna yngri en 7 ára	
	1/1-30/6	31/7-31/12	1/1-30/6	31/7-31/12	1/1-30/6	31/7-31/12
1990	25.204	26.732	37.808	40.096	25.204	26.732
1991	27.598	28.917	41.399	43.378	27.598	28.917
1992	8.886	8.920	27.564	27.672	28.917	29.026
1993	8.920	9.032	27.669	28.024	29.027	29.400
1994	9.032	9.048	28.024	28.064	29.400	29.440
1995	9.232	9.272	28.648	28.768	30.048	30.176
1996	9.272	9.272	28.768	28.768	30.176	30.176

Tafla E. Barnabætur einstæðra foreldra (kr./ár)

	Með fyrsta barni		Með börnum umfram eitt		Viðbót vegna barna yngri en 7 ára		Lágmarksbætur einstæðra foreldra	
	1/1-30/6	31/7-31/12	1/1-30/6	31/7-31/12	1/1-30/6	31/7-31/12	1/1-30/6	31/7-31/12
1990 [1]							75.616	80.196
1991 [1]							82.797	86.755
1992 [1]							66.723	66.977
1993	66.977	67.828	71.211	72.116	29.027	29.400		
1994	67.837	67.920	72.126	72.212	29.400	29.440		
1995	69.340	69.624	73.720	74.024	30.048	30.176		
1996	69.624	69.624	74.024	74.024	30.176	30.176		

[1] Barnabætur einstæðra foreldra voru tvöfalt hærri en barnabætur hjóna 1988 - 1992, þó var í gildi ákveðið lágmark.

Tafla F. Barnabótaauki (kr./ár)

	Óskertur barnabótaauki		Tekjuviðmiðun vegna tekjuskerðingar [1]	
	Hjón	Einstæðir foreldrar	Hjón	Einstæðir foreldrar
1990	63.488	63.488	920.000	613.000
1991	68.680	68.680	1.007.400	671.235
1992	89.623	89.623	1.098.000	732.000
1993	90.761	98.386	1.102.172	551.086
1994	90.884	98.518	1.116.337	558.168
1995	93.164	100.990	1.141.042	570.521
1996	93.164	100.990	1.141.042	570.521

[1] Skerðingin er reiknuð eftir tekjum ársins áður.

Tafla G. Hámarksvaxtabætur við álagningu (kr./ár)

	Einhleypir	Einstæðir foreldrar	Hjón
1990	113.484	148.484	184.544
1991	122.765	160.628	199.637
1992	123.467	161.612	200.760
1993	125.035	163.664	203.310
1994	125.204	163.885	203.584
1995	140.903	181.212	233.015
1996	140.903	181.212	233.015

Tafla H. Húsnæðisbætur við álagningu (kr./ár)

1990	56.636
1991	61.268
1992	61.834
1993	62.619

Tafla I. Mæðra- og feðralaun

	Kr. / ár			Kr. / mánuð		
	1 barn	2 börn	3 börn o.fl.	1 barn	2 börn	3 börn o.fl.
1990	51.236	134.252	238.115	4.270	11.188	19.843
1991	55.003	144.119	255.618	4.584	12.010	21.302
1992	56.468	147.948	262.420	4.706	12.329	21.868
1993	12.000	60.000	129.600	1.000	5.000	10.800
1994	12.000	60.000	129.600	1.000	5.000	10.800
1995	12.480	62.400	134.780	1.040	5.200	11.232
1996	–	37.728	98.088	–	3.144	8.174

Tafla J. Meðlag / Barnalífeyrir á barn

	Kr. / ár	Kr. / mán.
1990	81.765	6.814
1991	87.776	7.315
1992	90.108	7.509
1993	123.600	10.300
1994	123.600	10.300
1995	128.540	10.712
1996	129.528	10.794

743. Skýrsla [22. mál]

forsætisráðherra um samanburð á lífskjörum hérlendis og í Danmörku, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Inngangur.

Forsætisráðherra lagði fyrir síðasta þing skýrslu um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar. Sú skýrsla var gerð að beiðni þingflokks Alþýðubandalags og óháðra og var að stofni til svör við spurningum sem settar voru fram í skýrslubeiðninni. Í framhaldi af þeirri skýrslu óskuðu Rannveig Guðmundsdóttir o.fl. þingmenn með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis eftir viðbótarskýrslu. Í beiðninni kemur fram að tilfinnanlega hafi skort á að reynt væri að finna orsakir þess mismunar lífskjara í löndunum sem greint er frá. Rétt er að taka skýrt fram að fyrri skýrsla var alls 46 blaðsíður, enda var hún byggð á mjög víðfeðmum spurningum skýrslubeiðenda. Þetta efni er vitaskuld afar viðamikið og útilokað að gera því tæmandi skil í því tiltölulega knappa formi sem skýrslur fyrir þing eru.

Hér verður leitast við að svara þeim helstu spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. En tekið skal fram að þrátt fyrir ágætt samstarf við innlenda sem erlenda aðila hafa ekki borist upplýsingar um alla þætti, sem æskilegt hefði verið að skoða í þessu samhengi.

1. Samanburður á matvælaverði.

OECD hefur birt ítarlegan samanburð á verðlagi allra landa innan OECD fyrir árið 1994. Þessi samanburður lá ekki fyrir er skýrsla Þjóðhagsstofnunar var samin sl. vor, en til voru slíkar tölur fyrir árið 1993. Þann 1. janúar 1994 var virðisaukaskattur af matvælum lækkaður á Íslandi úr 24,5% í 14%. Vegna þessa var sú mynd sem fékkst af verðlagi matvæla á Íslandi fyrir árið 1993 ekki sanngjörn.

Samkvæmt þessum tölum OECD var verð á matvælum árið 1994 jafnhátt í löndunum, en það var um 8% lægra í Danmörku árið áður. Þetta er sýnt nánar í eftirfarandi töflum, en í viðauka er nánari tafla sem sýnir samanburð á verðlagi milli landanna. Viðmiðunin er hér 15 ríki Evrópusambandsins og er grunntala vísitölunnar í töflunni meðalverðlag í þeim löndum.

Tafla 1. Verðlag á Íslandi og í Danmörku árið 1994
Meðalverð í 15 ESB löndum = 100

	Danmörk	Ísland	Verð á Íslandi m.v. verð í Danmörku
Einkaneysla	129,9	112,8	-13,2%
Matvara, drykkjarvörur, tóbak	138,9	148,4	6,8%
Fatnaður og skófatnaður	107,0	119,0	11,2%
Húsnæðiskostnaður, eldsneyti og orka	128,2	73,1	-43,0%
Húsbúnaður o.fl.	114,5	106,4	-7,1%
Lyf og læknishjálp	134,4	142,3	5,9%
Flutningatæki og samgöngur	132,5	101,0	-23,8%
Tómstundir, menntun og menningarmál	122,1	135,4	10,9%
Ýmsar vörur og þjónusta	138,5	131,6	-5,0%

Verðlag einkaneyslu var 13,2% lægra á Íslandi en í Danmörku árið 1994, en árið áður var munurinn rúmlega 9%.

Þótt verð matvara sé jafnhátt í löndunum eru áfengir drykkir það miklu hærri á Íslandi að liðurinn matvara, drykkjarvörur og tóbak er tæpum 7% dýrari á Íslandi. Það er í aðalatriðum tveir útgjaldaliðir sem eru miklu ódýrari hérlendis en ytra, það er húsnæðiskostnaðurinn, þar með talið eldsneyti og orka, og flutningatæki og samgöngur. Bílar bera mjög háa skatta í Danmörku, en Danir leggja vaxandi áherslu á „græna skatta" og hafa þeir nýverið lækkað tekjuskatta og hækkað skatta á bíla og bensín í staðinn.

Matarkostnaður vegur æ minna í heildarútgjöldum heimila á Vesturlöndum. Í Danmörku námu útgjöld til kaupa á mat og drykk 14,9% af heildarneysluútgjöldum árið 1994 og samsvarandi hlutdeild var 19% á Íslandi. Það er mikil fylgni milli almenns verðlags og matarverðs. Nær hvarvetna þar sem verðlag er hátt er matarverð einnig hátt. Þetta á ekki síst við um landbúnaðarvörur. Hátekjulönd eru líklegri til að vernda sinn landbúnað, m.a. þar sem þau leitast við að tryggja bændum svipaðar tekjur og aðrar stéttir hafa.

Tafla 2 sýnir verðlag matvöru, drykkjarvöru og tóbaks í mestu sundurliðun sem OECD birtir. Myndin af verðlagi matvara sem þessi tafla dregur upp er skýr og kemur ekki á óvart: landbúnaðarvörur eru dýrari á Íslandi en í Danmörku. Danskar landbúnaðarvörur eru þó langt í frá að vera ódýrar miðað við önnur Evrópulönd.

Tafla 2. Verðlag matvara, drykkjarvöru og tóbaks á Íslandi og í Danmörku árið 1994
Meðalverð í 15 ESB löndum = 100

	Danmörk	Ísland	Mismunur
Matvara	136,5	135,7	-0,6%
Brauð- og kornvörur	138,7	121,0	-12,8%
Kjöt	130,9	144,4	10,3%
Fiskur	123,7	79,8	-35,5%
Mjólkurvörur, ostar og egg	114,8	134,9	17,5%
Matarolía og feitmeti	113,3	124,2	9,6%
Ávextir, grænmeti og kartöflur	163,5	138,1	-15,5%
Aðrar matvörur	152,4	164,0	7,6%
Drykkjarvörur	141,7	236,6	67,0%
Óáfengir drykkir	165,6	164,4	-0,7%
Áfengir drykkir	136,5	287,9	110,9%
Tóbak	154,2	127,1	-17,6%

Íslenskur landbúnaður nýtur mikillar verndar. Til að sjá áhrif verndar sem landbúnaður nýtur á hag neytandans má líta til hins svokallaða „Consumer Subsidy Equivalent" sem sýnir hvað greiða þarf neytandanum þannig að kaupmáttur hans héldist óbreyttur þótt ákveðnum stuðningi við landbúnað yrði hætt. Samkvæmt tölum OECD nam CSE á Íslandi 41%, sem þýðir að greiða þyrfti íslenskum neytendum fjárhæð sem svarar til 41% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Þessi stærð er aðeins reiknuð fyrir ESB í heild en ekki einstök aðildarríki eins og Danmörku, en niðurstaðan fyrir ESB í heild er 34%. Til samanburðar má nefna að CSE-gildið fyrir OECD í heild er 30%. Sviss og Noregur eru lægst með 56% og 54%.

Þegar litið er á ESB-löndin kemur í ljós að þrátt fyrir sameiginlega landbúnaðarstefnu er mikill munur á verðlagi landbúnaðarvara til neytenda innan þeirra. Þannig er matarverð hæst í Danmörku meðal ESB-landanna, 36% hærra en meðaltal aðildarríkjanna, en lægst í Portúgal 20% undir meðaltali. Ekki er að sjá að minni frávik séu í verðlagi meðal ESB-landa en meðal hinna OECD-ríkjanna.

Það vekur nokkra athygli að verð grænmetis, ávaxta og kartaflna skuli vera lægra á Íslandi en í Danmörku. Nánari sundurliðun liggur ekki fyrir, en þessi niðurstaða mun stafa af því að ávextir eru ódýrir hér á landi miðað við mörg Evrópulönd. Hins vegar er íslenskt grænmeti dýrt. Þetta má rekja til þess að ávextir eru ekki ræktaðir hér á landi. Sama ástæða liggur að baki því að brauð og kornvörur eru ódýrari hér landi. Það er í raun freistandi að draga þá ályktun að ef varan er framleidd í viðkomandi landi þá sé verð hennar hærra en ef varan er innflutt.

Almennt er verðlag hátt á öllum Norðurlöndum. Rannsóknir sýna að verðlag og tekjur fylgjast að, þannig að í löndum þar sem tekjur eru háar er líklegt að verðlag sé hátt og öfugt.[1] Framleiðni er mikil í útflutnings- og samkeppnisgreinum þessara landa sem gerir þeim kleift að standa undir háum launum. Það leiðir að sínu leyti til hás verðs á ýmiss konar þjónustu í greinum sem ekki eiga í samkeppni.

[1] Sjá t.d. Robert E. Lipsey og Birgitta Swedenborg; „The high cost of eating: Causes of international differences in consumer prices", *The Review of Income and Wealth*, júní 1996.

2. Samningsbundin réttindi hér og í Danmörku.

Ýmis réttindi launafólks eru ákveðin í kjarasamningum, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, t.d. þegar lög kveða á um lágmarksrétt en hægt er að semja um betri rétt í kjarasamningum. Sem dæmi má nefna að lífeyrissjóðum er upphaflega komið á með kjarasamningum hérlendis og í kjarasamningum er oft kveðið á um betri orlofsrétt en í orlofslögum. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að félagslegum réttindum sem eru samningsbundin hér á landi sé skipað með sama hætti í Danmörku. Einfalt dæmi um þetta eru réttur launafólks til að vera heima með veikum börnum, sem er samningsbundinn réttur hér á landi en ekki að því er virðist í Danmörku. Þá er einnig mikil munur frá einum kjarasamningi til annars. Og loks er mikill munur á hvort um er að ræða samninga opinberra starfsmanna eða á einkamarkaði.

3. Samanburður á kostnaðarþáttum í heilsugæslu, svo sem lyfjakostnaði o.fl.

Í skýrslu forsætisráðherra frá sl. vori kom fram að engin gjaldtaka er í dönskum sjúkrastofnunum og ekki ástæða til að fjalla frekar um það hér. Hins vegar var lyfjamálum ekki gerð viðunandi skil. Hér verður bætt úr því. Fyrst verður fjallað um heildsöluverð lyfja, í framhaldi smásöluverð og lok um greiðsluþátttöku hins opinbera í lyfjakostnaði.

3.1 Heildsöluverð lyfja.

Danmörk.

Í Danmörku er heildsöluverð frjálst og ákveða framleiðendur og innflytjendur það sjálfir. Samkeppnisráðið (*Konkurrencerådet*) hefur þó vald til að grípa inn í ef um óhóflegt verð er að ræða. Á síðustu 10 árum hefur Samkeppnisráðið efnt til umræðu um verðlagningu lyfja en ekki haft nein bein afskipti af einstaka verði.

Þegar heildsöluverð hefur verið ákveðið er það tilkynnt opinberum aðilum. Þar með er verðið orðið fast og ófrávíkjanlegt, með öðrum orðum: það er bæði hámarks- og lágmarksverð.

Lyfjaheildsalar í Danmörku eru eingöngu dreifingaraðilar og þar sem heildsöluverð er fast þá hafa heildsölurnar enga möguleika til að keppa í verði, samkeppni þeirra á milli birtist fyrst og fremst í boði um bætta eða aukna þjónustu til apótekanna. Danskir lyfjaheildsalar fá ákveðna fasta meðaltals prósentu af heildarsöluverðmæti sem er nú 7,2%.

Ísland.

Lyfjaverðsnefnd ákveður heildsöluverð lyfseðilsskyldra lyfja. Um hámarksverð er að ræða, þannig að heildsölum er frjálst að selja lyf á lægra verði en á skráðu heildsöluverði.

Lyfjaverðsnefnd gerir kröfu um að innkaupsverð lyfja hingað til lands sé í samræmi við verð til heildsala í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Bretlandi.

Við ákvörðun á hámarksverði í heildsölu er tekið mið af:

1. Kostnaðarstuðlum sem áætlað er að nái til þess kostnaðar sem til fellur við að flytja vöruna hingað til lands:
   9,8% ef lyfið er flutt hingað til lands með fob-skilmálum.
   5,5% ef lyfið er flutt hingað til lands með cif-skilmálum.
2. Stiglækkandi heildsöluálagningu sem leggst ofan á kostnaðarverð vörunnar.

Kostnaðarverð	*Heildsöluálagning*
0–1.000 kr.	15%
1.001–3.000 kr.	13%
> 3.000 kr.	10%

Þessi álagningarskali tók gildi um síðustu áramót en fyrir þann tíma var tekið mið af flatri 13% álagningu við ákvörðun um hámarksverð í heildsölu.

Íslenskir lyfjaheildsalar eru bæði innflytjendur og dreifingaraðilar, þannig að heildsöluálagningu hér á landi er ætlað að ná til fleiri þátta en danska heildsöluálagningin.

Samanburður.

Í dönsku lyfjaverðskránni sem gildir fyrir febrúar 1997 eru skráð 7.798 vörunúmer en í þeirri íslensku sem gildir fyrir sama mánuð eru skráð 3.569 vörunúmer.[2] Þegar skrárnar voru bornar saman kom í ljós að 1.811 vörunúmer eru samanburðarhæf.

Af samanburðarhæfum vörunúmerum er íslenskt heildsöluverð í 40% tilvika lægra en það danska en í 60% tilvika hærra.[3]

Myndin hér fyrir neðan sýnir hversu mörg samanburðarhæf vörunúmer eru hlutfallslega ódýrari eða dýrari hér á landi m.v. í Danmörku. Þannig eru 107 vörunúmer með heildsöluverð sem er á bilinu 0–5% lægra hér en í Danmörku og 156 vörunúmer sem er með heildsöluverð 0–5% hærra hér en í Danmörku.

Miðað við þær verðlagningarreglur sem hér hafa gilt er ekki óeðlilegt að heildsöluverð sumra lyfja á Íslandi sé um 15% hærra en í Danmörku. Einnig ber að hafa í huga að skráð íslenskt heildsöluverð er hámarksverð en skráð heildsöluverð í Danmörku er bæði hámarks- og lágmarksverð.



[2] Heimild: *Specialitets takst* uge 07–08 1997, København, Lægemiddelstyrelsen. Lyfjaverðskrá 1. febrúar 1997, Reykjavík, lyfjaverðsnefnd.

[3] Við útreikninga á dönsku heildsöluverði var notað lyfjaverðskrárgengi 1. janúar – 31. mars 1997 (DKK = 11,3657).

3.2 Smásöluverð lyfja.

Danmörk.

Danska heilbrigðisráðuneytið ákvarðar smásöluálagningu lyfja í samráði við danska apótekarafélagið.

Tafla 3. Verðlagning á lyfseðilsskyldum lyfjum í Danmörku *) **)

Heildsöluverð	*Smásöluálagning*
0 – 30 DKK	46,08% + 1,38 DKK
30 – 60 DKK	30,72% + 5,99 DKK
> 60 DKK	15,36% + 15,21 DKK

*) Á lyfseðilsskyld lyf bætist gjald að upphæð 6,15 DKK án vsk.
**) Lyfjabúðum er heimilt að taka gjald að upphæð 12 DKK án vsk. fyrir hverja lyfjaávísun sem afgreidd er í næturvörslu.

Virðisaukaskattur 25% er lagður á öll lyf. Verðlagning lausasölulyfja er frjáls.

Ísland.

Lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð lyfja í smásölu sem grundvallað er á eftirfarandi reglum:

Tafla 4. Verðlagning á lyfseðilsskyldum lyfjum á Íslandi.*)

Hámarksheildsöluverð	*Smásöluálagning*
0 – 1.000 kr.	70% + 50 kr.
1.001 – 3.000 kr.	25% + 500 kr.
3.001 – 6.000 kr.	20% + 650 kr.
6.001 – 12.000 kr.	15% + 950 kr.
> 12.000 kr.	10% + 1.550 kr.

*) Lyfjabúðum er heimilt að taka gjald að upphæð 61 kr. með vsk. fyrir hverja lyfjaávísun sem afgreidd er í næturvörslu.

Tafla 5. Verðlagning lyfja sem einungis má nota á spítaladeildum eða afgreiða frá sjúkrahúsapótekum á Íslandi.

Hámarksheildsöluverð	
0 – 10.000 kr.	15% smásöluálagning
> 10.000 kr.	1.500 kr. þjónustugjald.

Virðisaukaskattur 24,5% er lagður á öll lyf. Verðlagning lausasölulyfja er frjáls.

Samanburður.

Samanburður á skráðu lyfjaverði í Danmörku og á Íslandi getur verið villandi, þar sem skráð verð í Danmörku er fast og gildir því bæði sem hámarks- og lágmarksverð. Á Íslandi er skráð verð hámarksverð, sem apótekurum er heimilt að víkja frá.

Línuritið hér fyrir neðan sýnir mismun á milli smásöluálagningar í Danmörku og á Íslandi miðað við þær reglur sem gilda um skráð verð og greint er frá hér að framan.

Við 24.500 kr. heildsöluverð er íslenska smásöluálagningin orðin lægri en sú danska og stefnir á 10% á meðan sú danska stefnir á 15%.

Hafa ber í huga að aukin samkeppni hér á undanförnum mánuðum hefur lækkað lyfjaverð, þannig að öllum líkindum er íslenska smásöluálagningarkúrfan mun nær þeirri dönsku heldur en fram kemur á myndinni.



3.3 Greiðsluþátttaka hins opinbera í lyfjakostnaði.

Danmörk.

Ákvörðun um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga er tekin af sérstakri nefnd. Hvert lyf er metið og er ákvörðunin tekin á grundvelli meðferðarlegs gildis og í auknum mæli á verði lyfsins.

Sjúkratryggingar greiða:

74,7% af verði lyfseðilsskyldra lyfja sem eru nauðsynleg gegn vel skilgreindum og lífshættulegum sjúkdómum.

49,8% af verði lyfseðilsskyldra lyfja sem hafa þýðingarmikil áhrif.

Insúlín er eini lyfjaflokkurinn sem sjúkratryggingar greiða að fullu.

Lyf sem eru að fullu sambærileg, svokölluð samheitalyf, eru sett á viðmiðunarverðskrá og er viðmiðunarverðið fundið sem meðalverð tveggja ódýrustu samsvarandi samheitalyfjapakkninganna og miðast þá greiðsluþátttaka sjúkratrygginga við það verð.

Í sumum tilfellum eru lyf ekki endurgreidd vegna óásættanlegs verðs, sérstakrar notkunar eða dreifingar en hægt er að sækja um endurgreiðslu þessara lyfja fyrir einstaklinga. Algengast er að lyf sem endurgreidd eru með þessum hætti séu gegn astma, of háu

kólesterólmagni í blóði, kvefi og hósta, einnig tilheyra kynhormónar og steinefni þessum flokki.

Hægt er að sækja um 49,8% eða 74,7% endurgreiðslu fyrir lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld ef læknir hefur sérstaklega mælt með notkun lyfsins og þá aðeins til ellilífeyrisþega og sjúklinga sem hafa ólæknandi sjúkdóma.

Ísland.

Greiðsluþátttaka almannatrygginga í lyfjakostnaði er ákveðin með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyts nr. 158/1996 með síðari breytingum. Lyf eru flokkuð í fjóra meginflokka.

**-merkt lyf — lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri.*

Tryggingastofnun ríkisins greiðir lyfið að fullu.

B-merkt lyf — lyf sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri.

Sjúkratryggðir greiða:

Fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins.
24% af verði umfram 800 kr.
Að hámarki 1.500 kr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða:

Fyrstu 250 kr. af smásöluverði lyfsins.
12% af verði umfram 250 kr.
Að hámarki 400 kr.

E-merkt lyf.

Sjúkratryggðir greiða:

Fyrstu 800 kr. af smásöluverði lyfsins.
40% af verði umfram 800 kr.
Að hámarki 3.000 kr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða:

Fyrstu 250 kr. af smásöluverði lyfsins.
20% af verði umfram 250 kr.
Að hámarki 800 kr.

0-merkt lyf

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í lyfjakostnaði.

Tryggingastofnun ríkisins er er heimilt að gefa út lyfjaskírteini sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka, sbr. 6. gr. reglugerð. nr. 158/1996.

Lyf sem eru að fullu sambærileg, þ.e. svokölluð samheitalyf eru sett á viðmiðunarverðskrá og er viðmiðunarverðið fundið útfrá ódýrustu samsvarandi samheitalyfjapakkningunni. Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggðir þann aukakostnað sem til fellur.

Nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins ákveður greiðslutilhögun nýskráðra sérlyfja.

Um sl. áramót var gerð breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði, þannig að greiðsluhlutfall sjúklinga í verði lyfja var hækkað með því að breyta hlutfalli í greiðsluflokkum B og E. Hámarksgreiðsluþök sjúklinga voru ekki hækkuð heldur greiðslugólf og greiðsluhlutföll. Þessi aðgerð miðaði að því að halda hlutfalli al-

mannatryggingar og sjúklinga í lyfjaverði óbreyttu, þar sem aukin samkeppni apótekanna hefur lækkað verulega hlut sjúklings í lyfjakostnaði en almannatryggingar ekki notið þeirrar lækkunnar að sama skapi.

Samanburður.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um hver hlutur sjúklings og almannatrygginga er, en samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er áætlað að hlutur sjúklings hér á landi sé u.þ.b. 35% í lyfjakostnaði en hlutur sjúklings í Danmörku sé yfir 55%.

4. Samanburður á skiptingu þjóðartekna.

Þjóðhagsreikningar gefa gott færi til að greina skiptingu þjóðartekna (þáttatekna) á milli launa og hagnaðar. Samanburður á hlut launa í þáttatekjum hér á landi og í Danmörku sýnir að hlutur launa er mjög svipaður í þessum löndum. Nýjustu tölur sem fyrir liggja fyrir bæði löndin taka til ársins 1994. Samkvæmt þeim tölum var hlutur launa 60,9% af vergum þáttatekjum í Danmörku og 61,7% á Íslandi. Yfir árabilið 1982–1994 var hlutur launa að meðaltali 64% í Danmörku og 63,7% á Íslandi. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir fer hlutur laun í báðum löndunum heldur lækkandi á þessu tímabili. Miklu meiri sveiflur eru á hlut launa á Íslandi en í Danmörku. Frá 1994 hefur hlutur launa aukist á Íslandi og árið 1996 er talið að hann hafi numið rúmlega 65%.



5. Ástæður þess að danskir vinnuveitendur geta greitt hærri laun en íslenskir vinnuveitendur.

Í skýrslu forsætisráðherra frá sl. vori kom skýrt fram að ástæða launamunar milli Danmerkur og Íslands er að framleiðni er mun meiri í Danmörku. Þetta kom meðal annars fram í áætlunum um landsframleiðslu á vinnustund. Í ljós kom að Ísland var í svipuðu sæti meðal OECD-ríkja bæði þegar tímakaup var skoðað og áætluð landsframleiðslu á unna klukkustund.

Engin tök eru á því að gera mismun á framleiðni milli landanna tæmandi skil. Hér verður lögð áhersla á 3 þætti sem vafalítið eru mikilvægar skýringar á lágri framleiðni á Íslandi.

1. *Stærð hagkerfisins.* Íslenska hagkerfið er lítið og jafnframt langt frá öðrum löndum. Það gefur því augaleið að hagkvæmni stærðar verður ekki viðkomið í jafn ríkum mæli og annars staðar. Þetta á við í mismiklum mæli á öllum stigum hagkerfisins frá frumfamleiðslu til stjórnkerfis. Fámennið og fjarlægðin frá öðrum löndum er einfaldlega dýr. Þannig er t.d. augljóst að smár heimamarkaður gefur ekki eins mikla möguleika á mikilli framleiðni og stór.
2. *Stöðugleiki og lítil verðbólga* eru afgerandi fyrir alla stjórnun og skipulagningu í rekstri. Þessar aðstæður hafa ekki ríkt hér nema í stuttan tíma. Því má slá föstu að framleiðni í íslenskum fyrirtækjum væri nú meiri en hún er, hefði stöðugleiki og lág verðbólga ríkt hér á landi í sama mæli og í samkeppnislöndum okkar m.a. Danmörku. Há verðbólga og neikvæðir raunvextir leiða til rangrar fjárfestingar. Þessi viðsnúningur mun bera ávöxt í meiri framleiðni er fram í sækir. Í þessu sambandi er þó rétt að leggja áherslu á að það tekur tíma að festa stöðugleikann nægilega vel í sessi til að tryggja vaxtastig hér á landi sem næst því sem gerist í helstu viðskiptalöndum.
3. *Samkeppni.* Íslendingar eru skemmra á veg komnir í að virkja markaðsöflin en aðrar þjóðir í fremstu röð. Fyrir vikið er minni samkeppni í ýmsum greinum en annars staðar og hlutverk hins opinbera stærra. Þetta á m.a. við um fjármálastarfsemi, orkubúskapinn og fjarskiptakerfið. Takmörkun á samkeppni torveldar hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta. Enginn vafi er á því að efnahagsgerðin getur skipt miklu máli um hagsæld þjóða og því er ástæða til að beina athyglinni í ríkari mæli að slíkum þáttum en gert hefur verið.

Hér hefur einungis verið gripið á nokkrum þáttum. Margt þarf að skoða nánar í þessu efni, m.a. menntun vinnuafls og skiptingu hennar eftir atvinnugreinum, launamál, bæði tilhögun yfirvinnu og launaákvarðana, sem um margt virðist óskilvirkari hér en annars staðar, stjórnun fyrirtækja og fleira sem tengist vinnumarkaði og atvinnulífi.

Í skýrslubeiðninni er vikið að þeim möguleika að launamunarins gæti verið að leita m.a. í skilvirkni og kostnaði íslenska og danska fjármagnsmarkaðarins fyrir atvinnulífið. Sú spurning snýr í raun að framleiðni fjármagnsmarkaðarins og ljóst er að á Íslandi hefur framleiðni þess markaðar mjög liðið fyrir skort á samkeppni, ríkisafskipti og sveiflukennda og mikla verðbólgu. Þetta hefur leitt til lágrar framleiðni og mikils fjármagnskostnaðar sem hefur verið borinn af viðskiptavinum, bæði fjármagnseigendum og skuldurum.

Fyrir liggur samanburður á ýmsum þáttum í rekstri viðskiptabanka og sparisjóða á Íslandi og í öðrum OECD-ríkjum þar á meðal Danmörku.[4] Í töflu 6 eru settar fram nokkrar samanburðatölur úr rekstri viðskiptabanka og sparisjóða á Íslandi og í Danmörku. Þar kemur fram að rekstrarkostnaður er töluvert meiri hér en ytra, eða 5% á móti 2,4% af efnahagsreikningi. Framlög í afskriftareikning eru hærri en í Danmörku, eða 1,9% af niðurstöðu efnahagsreiknings hér miðað við 1,4% þar. Hreinar vaxtatekjur eru hærra hlutfall af efnahagsreikningi hér á landi, en einnig er athyglisvert hversu vaxtatekjur eru lítill hluti af tekjum þessara stofnana hér á landi og þjónustugjöld þeim mun meiri.

Fyrirvara þarf að vísu að hafa á svona samanburði, m.a. vegna þess að mörkin milli viðskiptabanka og annar fjármálastofnana eru mismunandi milli landa.

---

[4] Sjá *Bank Profitability. Financial statements of banks 1985–1995*, París 1996. Efninu er einnig gerð skil í forustugrein í Hagtölum mánaðarins, desember 1996.

Tafla 6. Nokkrar tölur úr rekstri viðskiptabanka og sparisjóða á Íslandi og í Danmörku.

	Hlutföll af efnahagsreikningi, %				Hlutföll af tekjum, %		
	Hreinar vaxta-tekjur	Heildar-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Framlag í afskrifta-reikning	Hreinar vaxta-tekjur	Rekstrar-kostnaður	Framlag í afskrifta-reikning
Danmörk	3,4	3,6	2,4	1,4	96,6	67,2	39,6
Ísland	5	7,1	5,1	1,9	70,4	71,9	26,8

Enginn vafi er á því að þær skipulagsumbætur sem gerðar hafa verið á lánakerfinu á undanförnum árum og þær ráðstafanir sem eru í bígerð á þessu sviði munu efla íslenska fjármagnsmarkaðinn. Það er hins vegar vafasamt að setja fjármálakerfið sérstaklega í brennidepil umræðu um lága framleiðni á Íslandi. Ástæður hennar er víða að leita í skipan efnahags- og atvinnumála hérlendis eins og fram hefur komið hér á undan.

Þessu viðamikla máli verða ekki gerð hér frekari skil. En iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur nú skipað nefnd um framleiðni á Íslandi og er henni falið að leita leiða til að auka framleiðni. Jafnframt má benda á að nýlega hafa menn tekist á við spurningu af þessu tagi á ráðstefnu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um bætta samkeppnisstöðu Íslands sem haldin var í september síðastliðnum. Þá skilaði nefnd á vegum fjármálaráðherra skýrslu um þetta efni í apríl í fyrra.

Viðauki.

Verðlag á Íslandi og í Danmörku árið 1994
Meðalverð í 15 ESB löndum = 100

	Danmörk	Ísland	Verð á Íslandi m.v. verð í Danmörku
Einkaneysla	**129,9**	**112,8**	**-13,2%**
Matvara, drykkjarvörur, tóbak	**138,9**	**148,4**	**6,8%**
Matvara	136,5	135,7	-0,6%
Brauð- og kornvörur	138,7	121,0	-12,8%
Kjöt	130,9	144,4	10,3%
Fiskur	123,7	79,8	-35,5%
Mjólkurv. ostar og egg	114,8	134,9	17,5%
Matarolía og feitmeti	113,3	124,2	9,6%
Ávextir, grænmeti og kartöflur	163,5	138,1	-15,5%
Aðrar matvörur	152,4	164,0	7,6%
Drykkjarvörur	141,7	236,6	67,0%
Óáfengir drykkir	165,6	164,4	-0,7%
Áfengir drykkir	136,5	287,9	110,9%
Tóbak	154,2	127,1	-17,6%
Fatnaður og skófatnaður	**107,0**	**119,0**	**11,2%**
Fatnaður og fataviðgerðir	106,0	121,1	14,2%
Skór og skóviðgerðir	111,5	107,8	-3,3%
Húsnæðiskostnaður, eldsneyti og orka	**128,2**	**73,1**	**-43,0%**
Húsnæðiskostnaður	123,7	79,5	-35,7%
Eldsneyti og orkukostnaður	148,3	51,3	-65,4%

	Danmörk	Ísland	Verð á Íslandi m.v. verð í Danmörku
Húsbúnaður o.fl.	**114,5**	**106,4**	**-7,1%**
Húsgögn, gólfefni og viðgerðir	103,9	105,2	1,3%
Húsbúnaður úr vefnaðarvörum	111,5	99,4	-10,9%
Heimilistæki og viðgerðir	108,3	128,5	18,7%
Annar húsbúnaður og þjónusta	127,9	106,8	-16,5%
Lyf og læknishjálp	**134,4**	**142,3**	**5,9%**
Flutningatæki og samgöngur	**132,5**	**101,0**	**-23,8%**
Einkafarartæki	177,1	123,3	-30,4%
Rekstur flutningatækja	123,0	91,7	-25,4%
Kaup á flutningaþjónustu	137,2	130,3	-5,0%
Fjarskiptaþjónusta	96,0	60,6	-36,9%
Tómstundir, menntun og menningarmál	**122,1**	**135,4**	**10,9%**
Tómstundavörur	114,1	140,2	22,9%
Tómstundaiðja menningarstarfsemi	108,8	107,6	-1,1%
Bækur blöð og tímarit	146,6	260,0	77,4%
Menntun	160,0	105,4	-34,1%
Ýmsar vörur og þjónusta	**138,5**	**131,6**	**-5,0%**
Hótel og veitingahús	135,3	141,4	4,5%
Aðrar vörur og þjónusta	140,6	118,3	-15,9%

744. Svar [371. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað af ráðstefnu einkavæðingarnefndar.

Að mati stjórnvalda er mikilvægt að kynna einkavæðingu og þann ávinning sem af henni leiðir fyrir almenning. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins 1991–94, sem kom út í nóvember 1994, kemur fram að stofnunin telur kynningu á einkavæðingu æskilega ef fá á almenning til að kaupa hlutabréf í einkavæddum fyrirtækjum. Með ráðstefnu um einkavæðingu, sem haldin var 19. febrúar 1997, var leitast við að kynna almenningi einkavæðingu. Stærstur hluti ráðstefnunnar var sýndur í beinni útsendingu í sjónvarpi og umfjöllun annarra fjölmiðla um ráðstefnuna var nokkuð ítarleg.

1. Hver er áætlaður heildarkostnaður af ráðstefnu einkavæðingarnefndar sem haldin var í Perlunni 19. febrúar sl., sundurliðaður í fundarkostnað, ferðalög, veitingar og aðra helstu útgjaldaliði?

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu og samtök verðbréfafyrirtækja gerðu samkomulag við almenningstengslafyrirtækið Menn og málefni um að standa fyrir ráðstefnu um einkavæðingu. Samkomulagið fól í sér að Menn og málefni önnuðust allan undirbúning ráðstefnunnar annan en að útvega fyrirlesara. Einkavæðingarnefnd og verðbréfafyrirtækin yrðu skráð fyrir ráðstefnunni og fengju í staðinn 40 aðgöngumiða, miða umfram það yrðu þau að kaupa. Ráðstefnuhaldari bar því fjárhagslega ábyrgð á útkomunni.

Áætlað er að heildarkostnaður einkavæðingarnefndar af miðakaupum sé um 500 þús. kr. Var litið svo á að flestir miðanna færu til opinberra gesta sem sóttu ráðstefnuna og voru í fylgdarliði forsætisráðherra Tékklands, Vaclav Klaus. Auk þess þótti við hæfi að

bjóða forsvarsmönnum stjórnmálaflokka og formönnum fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Ekkert var greitt fyrir komu fulltrúa Alþjóðabankans á ráðstefnuna og Jónasi Haralz var ekki greitt fyrir ræðu sína. Kostnaður við heimsókn tékknesku gestanna var að öðru leyti en því sem getið er um að framan greiddur af forsætisráðuneytinu svo sem venja er þegar erlendir ríkisstjórnaroddvitar eru boðnir í heimsókn hingað til lands.

2. *Hverjir greiddu kostnað sem ekki var borinn uppi af þátttökugjöldum?*
Sjá svar við 1. spurningu.

3. *Hve mikið greiddu ráðuneyti og opinberar stofnanir í þátttökugjöld, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?*
Ekki liggur fyrir hversu mikið opinberar stofnanir og ráðuneyti greiddu í þátttökugjöld. Allir þeir sem ekki voru á vegum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og samtaka verðbréfafyrirtækja á ráðstefnunni keyptu miða af Mönnum og málefnum.

745. Frumvarp til laga [436. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 1. mgr. 23. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar;

a. 2. málsl. orðast svo: Nái heildarverðmæti verksins þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 22. gr. er skylt að bjóða út einstaka verkáfanga á Evrópska efnahagssvæðinu.
b. Við bætist nýr málsliður sem orðast svo: Ekki þarf þó að bjóða út einstaka áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessara áfanga ekki 20 % af áætuðu heildarverðmæti verksins.

2. gr.

Í stað 25.–31. gr. laganna kemur ný grein sem orðast svo og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því:

Um meðferð kæru, úrræði vegna kæru, bótaskyldu, valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og skýrslugerð fer skv. 13.–19. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup.

3. gr.

35. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

II. KAFLI
Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

4. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun (Ríkiskaup) sem starfar samkvæmt ákvæðum 1. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „Innkaupastofnun ríkisins“ í 1. málsl. 5. gr. laganna og orðsins „Innkaupastofnunin“ í 1. málsl. 6. gr. og í 1. málsl. 7. gr. laganna kemur: Ríkiskaup.

6. gr.

Á 1. mgr. 10. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:

a. Á eftir orðinu „vörum“ í 1. málsl. kemur: og þjónustu.
b. 2. tölul. orðast svo: 137.537 ECU vegna innkaupa á vörum á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana í eigu ríkisins sem fengið hafa heimild skv. 3. gr. til að bjóða út enda sé ekki um að ræða stofnanir sem falla undir 3. og 4. tölul. Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU samkvæmt þessum lið breytist í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 1998.
c. 2. málsl. 4. tölul. fellur brott.

7. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma sjö nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (13. gr.)

Fjármálaráðherra skipar kærunefnd útboðsmála. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Í kærunefnd útboðsmála sitja þrír menn og jafnmargir til vara. Hæstiréttur tilnefnir formann og varamann hans sem jafnframt er varaformaður. Þeir skulu uppfylla hæfisskilyrði héraðsdómara. Samtök í atvinnulífi skulu tilnefna ein aðalmann og varamann hans. Komi þau sér ekki saman um tilnefningu innan hæfilegs frests skal Hæstiréttur tilnefna fyrir þau. Einn nefndarmanna og varamaður hans skulu skipaðir án tilnefningar. Nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði útboðs- og viðskiptamála.

b. (14. gr.)

Nú telur bjóðandi að kaupandi, sem lög þessi taka til, hafi tekið ákvörðun í tengslum við undirbúning innkaupa, framkvæmd útboðs eða gerð samnings um innkaup sem felur í sér brot á ákvæðum laga þessara, laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, laga nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, eða reglna EES-samningsins um opinber innkaup og getur hann þá kært þá ákvörðun til kærunefndar útboðsmála. Ágreiningur verður ekki borinn undir dómsstóla fyrr en kærunefndin hefur fjallað um hann, sbr. 16. gr.

Heimild til að vísa máli til kærunefndar útboðsmála hefur hver sá sem hefur hagsmuna að gæta í viðkomandi útboði eða innkaupum. Ráðherra getur heimilað samtökum og opinberum aðilum að vísa málum til kærunefndar án þess að þeir séu aðilar máls.

Kæra skal vera skrifleg og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Í henni skal koma fram hvert sé ágreiningsefnið, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni. Kæran skal berast innan átta vikna frá því að hin kærða ákvörðun var tekin. Kærunefndinni er heimilt að krefja kæranda og þann sem kæra beinist að um frekari upplýsingar af hún telur ástæðu til.

Þegar kæra er afhent skal kærandi greiða sérstakt kærugjald, 50.000 kr., sem skal endurgreitt ef kæran er að mati kærunefndar réttmæt.

c. (15. gr.)

Kærunefnd útboðsmála getur, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, mælt svo fyrir að fjármálaráðuneytið skuli grípa til eftirfarandi aðgerða fram að þeim tíma er tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt:

1. stöðva um stundarsakir útboð og gerð samnings,
2. breyta ákvörðun kaupanda, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, breyta útboðsauglýsingum, útboðsgögnum og útboðsskilmálum.

Auk þeirra úrræða sem kveðið er á um í 1. og 2. tölul. 1. mgr. getur nefndin úrskurðað um bótaskyldu, bótafjárhæð og málskostnað.

Úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

d. (16. gr.)

Nú vill aðili ekki una úrskurði kærunefndar útboðsmála og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð kærunefndar.

e. (17. gr.)

Kaupandi er bótaskyldur samkvæmt almennum reglum vegna þess tjóns sem brot á ákvæðum laga þessara hefur í för með sér fyrir bjóðanda.

f. (18. gr.)

Telji Eftirlitsstofnun EFTA áður en tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt að við undirbúning innkaupa, framkvæmd útboðs eða undirbúning samnings hafi verið brotið gegn ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa getur hún hafið rannsókn á meintu broti.

Eftir að kaupanda hefur borist tilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA eða fjármálaráðuneyti um að stofnunin telji að um brot hafi verið að ræða skal kaupandi innan viku frá því að fyrri tilkynningin berst senda fjármálaráðuneyti:

1. staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu eða
2. rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

Fjármálaráðherra getur beitt heimildum þeim sem getið er um í 1. mgr. 15. gr. ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt að hún telji að um brot hafi verið að ræða.

g. (19. gr.)

Kaupanda er skylt að senda fjármálaráðuneytinu skýrslu um þá samninga sem hann hefur gert á því formi sem ráðuneytið ákveður.

Bjóðendur skulu halda skýrslur um einstök útboð sem senda skal Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt beiðni stofnunarinnar. Í reglugerð skal nánar kveðið á um það hvaða upplýsingar skulu koma fram í skýrslunni.

8. gr.

13. og 14. gr. laganna falla brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

9. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda, val á tilboðum og starfsemi Ríkiskaupa.

10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

11. gr.

Viðauki við lögin fellur brott.

III. KAFLI

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa sífellt verið gerðar strangari kröfur til opinberra aðila um hvernig staðið skuli að innkaupum vöru, þjónustu og framkvæmda. Er það í samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Einnig hefur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gert strangari kröfur um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Þrátt fyrir þetta má segja að fyrirkomulag innkaupa ríkisins hafi verið gott miðað við önnur lönd. Hér á landi fer snemma að tíðkast notkun útboða við innkaup og formfastar reglur í gildi um tilhögun þeirra. Má að nokkru leyti þakka það því að auk þess að leita fyrirmynda í Evrópu var á sínum tíma einnig fylgst með því sem Bandaríkjamenn voru að fást við á þessu sviði.

Þau lög, sem nú eru í gildi og varða innkaup ríkisins, eru annars vegar lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og hins vegar lög nr. 52/1987, um opinber innkaup. Breytingar voru gerðar á þessum lögum með lögum nr. 55/1993 vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en í þeim samningi eru gerðar miklar kröfur um hvernig haga skuli innkaupum opinberra aðila.

Í maí 1993 samþykkti þáverandi ríkisstjórn útboðsstefnu ríkisins og var hún þáttur í því umbótastarfi sem stjórnvöld hafa verið að vinna að til að koma á nýskipan í rekstri ríkisins. Gerðar voru kröfur til aukinna útboða á vegum ríkisins og að skýrar reglur giltu um útboð þannig að jafnræðis væri gætt milli þeirra sem bjóða ríkinu viðskipti. Jafnframt var það markmið útboðsstefnunnar að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni í einkageiranum. Nokkur reynsla er nú komin af þeim tilmælum sem fólust í stefnunni. Útboð hafa aukist verulega og gætir ánægju með það hjá seljendum vöru, þjónustu og framkvæmda.

Á svipuðum tíma og útboðsstefnan var samþykkt gaf stjórn opinberra innkaupa út reglur um innkaup ríkisins. Þeim var ætlað að skýra samskipti og skapa traust milli kaupenda og seljenda. Jafnframt gaf stjórnin út handbók um innkaup innan Evrópska efnahagssvæðisins og var henni ætlað að vera opinberum aðilum leiðsögn í þeirri skyldu sem

aðild að EES hafði í för með sér varðandi opinber innkaup. Nýlega voru reglur um innkaup ríkisins og ýmis atriði útboðsstefnunnar fest í sessi með því að sameina ákvæði þeirra reglugerð um opinber innkaup í reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Með þessu lagafrumvarpi er ætlunin að styrkja í sessi útboð í opinberum innkaupum með því að treysta réttarstöðu þeirra sem taka þátt í útboðum á vegum opinberra aðila. Það kemur stöku sinnum fyrir að kaupendur og seljendur greinir á um hvernig túlka skuli þær reglur sem gilda um innkaup og útboð á vegum opinberra stofnana. Í slíkum tilfellum verður að vera leið fyrir báða aðila til að leita réttar síns. Bjóðendur verða hverju sinni að geta treyst því að kærumál þeirra fái efnislega og hlutlausa meðferð. Skipuð verði kærunefnd útboðsmála sem hafi það hlutverk að fjalla um kærur sem berast vegna útboða á vegum ríkisins og útboða sveitarfélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin hafi heimild til að grípa inn í útboðsferilinn til að tryggja að farið sé eftir öllum leikreglum. Þetta er álitin vera mikilvæg réttarbót fyrir þá sem í hlut eiga. Jafnframt hefur Eftirlitsstofnun EFTA leitað eftir því við fjármálaráðuneytið að meðferð kærumála er varða opinber innkaup verði betrumbætt. Að áliti stofnunarinnar er það ekki hafið yfir allan vafa að fjármálaráðuneytið, sem hingað til hefur farið með meðferð kærumála, sé hlutlaus aðili. Er það m.a. skýrt með því að ráðuneytið fari með yfirstjórn opinberra innkaupa og málefni Ríkiskaupa.

Ráðgert er að á komandi mánuðum fari fram heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup. Einnig er til skoðunar að Ísland gerist aðili að þeim kafla GATT-samningsins sem fjallar um opinber innkaup en slíkt mundi kalla á frekari lagasetningu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru lagðar til breytingar sem kveða með skýrari hætti en nú á um hvenær skylt er að bjóða út einstaka verkáfanga. Núgildandi lagaákvæði eru óskýr og ekki í nægjanlegu samræmi við þau ákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup sem þau eru byggð á.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um það að ákvæði laga um opinber innkaup skuli gilda um atriði eins og meðferð kæru, úrræði vegna kæru, valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og úrræði vegna athugasemda stofnunarinnar. Því er lagt til að þessi ákvæði séu felld brott úr lögunum um skipan opinberra framkvæmda. Eðlilegt er að þessi ákvæði séu í einum lögum og þykir heppilegra að þau séu í lögunum um opinber innkaup.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum eru tvær reglugerðarheimildir, þ.e. í 35. og 36. gr. Er lagt til að önnur þeirra falli brott enda óþörf.

Um 4. og 5. gr.

Árið 1993 var í daglegu tali farið að kalla Innkaupastofnun ríkisins Ríkiskaup. Það heiti hefur fest sig í sessi sem nafn stofnunarinnar. Lagt er til að ákvæðum laga sem vísa beint í heiti stofnunarinnar verði breytt í samræmi við það.

Um 6. gr.

Í 10. gr. laganna er kveðið á um hvenær skylt er að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu en það er eingöngu skylt þegar innkaupin fara upp fyrir ákveðin viðmiðunarmörk.

Í þessari grein eru lagðar til tvenns konar breytingar á þessum viðmiðunarmörkum. Annars vegar er með skýrum hætti kveðið á um að kaup á þjónustu eigi að bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu en lægstu viðmiðunarmörkin vegna slíkra innkaupa eru 200.000 ECU án virðisaukaskatts. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 2. tölul. 1. mgr. en þar er fjallað um vörukaup á vegum Ríkiskaupa og stofnana ríkisins sem fengið hafa leyfi til að bjóða út sjálfar. Lagt er til að tilvísun í viðauka við lögin falli niður enda hefur viðauki þessi ekki lengur raunhæfa þýðingu. Þá er lagt til að viðmiðunarmörkin hækki um rúmlega 7.000 ECU og breytist framvegis með hliðsjón af breytingum á gengi ECU gagnvart SDR á tveggja ára fresti. Í eldri tilskipun um vörukaup kom fram að viðmiðunarmörkin vegna þeirra vörukaupa sem féllu undir svokallað GATT-samkomulag um opinber innkaup væru 130.000 ECU. Í núgildandi tilskipun er engin slík tilgreining heldur eingöngu vísað í samkomulagið. Ísland er ekki aðili að þessu samkomulagi eða því samkomulagi sem gert var um opinber innkaup í Úrúgvæ viðræðunum og kemur í stað eldri samkomulagisins. Ísland er engu að síður bundið af þeim almennu viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í samkomulaginu og er því lagt til að mörkin í ECU breytist með sama hætti og innan Evrópusambandsins.

Um 7. gr.

Um a-lið (13. gr.).

Í greininni er kveðið á um að stofnað skuli til kærunefndar útboðsmála.

Þar sem að kærunefnd útboðsmála er ætlað að kveða upp úrskurði er geta haft íþyngjandi áhrif á starfsemi þeirra sem hlut eiga að máli er talið við hæfi að formaður nefndarinnar og varamaður hans uppfylli hæfisskilyrði dómara. Jafnframt er kveðið á um að Hæstiréttur skuli tilnefna formann nefndarinnar. Leitað verður eftir sameiginlegri tilnefningu samtaka í atvinnulífi á einum aðalmanni og varamanni hans. Ástæða þess að ekki er tilgreint nákvæmar um tilnefningaraðila er að ýmis samtök, svo sem Verslunarráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Félag íslenskra stórkaupmanna, koma að málum er varða opinber innkaup og vegna stærðar kærunefndarinnar er ekki möguleiki á að fleiri en einn nefndarmaður sé tilnefndur með þessum hætti.

Til að tryggja óhlutdrægni í störfum nefndarinnar þykir við hæfi að fulltrúar þeirra tveggja aðila sem helst koma að þessum málum, þ.e. kaupendur og seljendur, skipi hvor sinn fulltrúa í nefndina. Um hæfi nefndarmanna fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um b-lið (14. gr.).

Nokkuð hefur færst í vöxt að seljendur kvarti yfir því að þeir telji að einstakar stofnanir ríkisins og aðrir þeir sem starfa að innkaupum ríkisins fari ekki eftir settum leikreglum. Fram til þessa hafa þessi kærumál verið afgreidd í fjármálaráðuneytinu enda í samræmi við gildandi lög. Þessu er þó ástæða til að breyta til að taka af allan vafa um að fyllsta hlutleysis sé gætt við meðferð slíkra mála. Til að gera það er lagt til að sérstök kærunefnd fái það hlutverk að annast um kærumál. Er það í samræmi við það sem tíðkast varðandi ýmis önnur svið stjórnsýslunnar.

Í 1. mgr. er fjallað um úrskurðarvald nefndarinnar. Hún getur eingöngu fjallað um kærur vegna brota kaupanda sem lögin taka til á reglum um innkaup. Ágreiningur stjórnvalds við bjóðendur eða seljendur vegna túlkunar samnings, samningsbrota eða brota á lögum yrði því ekki borinn undir nefndina, svo sem ágreiningur vegna galla á verki. Þá yrði ágreiningur tveggja einkaaðila ekki borinn undir nefndina. Nefndin getur hins vegar ekki eingöngu fjallað um brot á þessum lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, heldur einnig um brot á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 65/1993, um framkvæmd útboða. Loks getur nefndin fjallað um brot á EES-samningnum á þessu sviði hvort sem um er að ræða brot á ákvæðum sem lögfest eru í löggjöf um opinber innkaup, reglugerðum eða meginreglum EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993, um lögfestingu meginmáls samningsins.

Auk þeirra sem beinna hagsmuna hafa að gæta í kærumáli er ráðherra heimilt að veita samtökum eða opinberum aðilum heimild til að vísa málum þangað. Er þar m.a. átt við samtök atvinnurekenda eða launamanna, svo og opinberar stofnanir á borð við Samkeppnisstofnun. Að veita samtökum í atvinnulífi slíkan rétt getur m.a. átt við þegar útboð snertir fleiri en eitt fyrirtæki eða einhverra hluta vegna er æskilegt að gæta nafnleyndar einstakra seljenda.

Upplýsingaskylda í málum sem þessum er rík á báða bóga. Bæði er mikilvægt að kærandi veiti sem gleggstar upplýsingar en einnig að sá sem kæra beinist að sé skyldugur til að upplýsa um allt það sem varpað geta ljósi á málið.

Það er nýlunda að heimila að taka gjald af þeim sem kærir. Þetta er gert til að draga úr fjölda tilhæfulausra kærumála. Kærunefnd er ætlað að skera úr um hvaða mál reynast tilefnislaus.

Um c-lið (15. gr.).

Eftir sem áður fer fjármálaráðuneytið með stjórnsýslu er varðar opinber innkaup. Ráðuneytið mun því sjá um að framfylgja ákvörðunum kærunefndar. Í þessari grein er fjallað um þau úrræði sem grípa má til berist kæra. Kærunefndin getur mælt svo fyrir að útboð og gerð samnings skuli stöðvað um stundarsakir eða að ákvörðun kaupanda skuli breytt. Með þessum úrræðum er hægt að koma í veg fyrir að ólögmætar aðgerðir kaupanda valdi kæranda tjóni. Jafnframt er lagt til að nefndin geti fjallað um bætur og bótaskyldu, sbr. e-lið (17. gr.) og málskostnað en nefndin yrði í úrskurði sínum að meta hvað teldist hæfilegur kostnaður af rekstri viðkomandi máls. Loks er lagt til að úrskurðir nefndarinnar verði aðfararhæfir en það er talið nauðsynlegt til þess að unnt sé að framfylgja þeim.

Um d-lið (16. gr.).

Í þessari grein er fjallað um málsskot til dómstóla en í b-lið (14. gr.) kemur fram að ágreiningsmál, sem kærunefndin hefur lögsögu yfir, verða ávallt fyrst að fara til nefndarinnar. Bæði kærandi og kærði geta skotið úrskurðum nefndarinnar til dómsstóla. Sambærileg ákvæði eru í 56. og 58. gr. samkeppnislaga þar sem fjallað er um málsskot á úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Um e-lið (17. gr.).

Hér er fjallað um bótaskyldu og bótafjárhæðir. Um bótaskylduna fer samkvæmt almennum reglum og verða því skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu að vera fyrir hendi til þess að um bótaskyldu geti verið að ræða. Bótafjárhæðin er ekki takmörkuð. Bjóðandi gæti því auk útlagðs kostnaðar fengið bætur vegna tapaðs ávinnings enda væru líkur fyrir því að samið hefði verið við hann hefðu reglur ekki verið brotnar. Kærunefndin mundi í úrskurðum sínum leggja mat á öll þessi atriði.

Í núgildandi lögum eru bætur takmarkaðar við kostnað bjóðanda við að taka þátt í útboði. Það hefur ekki verið talið nægjanlegt þar sem kostnaður bjóðenda við að taka þátt í útboði er ekki verulegur. Raunverulegt tjón bjóðenda getur verið meira, m.a. vegna tapaðra viðskipta sem leiðir af því að fá ekki umrædd viðskipti.

Um f-lið (18. gr.).

Í þessari grein er kveðið á um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði opinberra innkaupa og úrræði ráðuneytisins vegna athugasemda stofnunarinnar. Sams konar ákvæði er í gildandi lögum en það er byggt á bókun 2 við samninginn um stofnun Eftirlitsstofnunar og dómstóls. Eftirlitsstofnunin getur bæði hafið rannsókn að eigin frumkvæði og samkvæmt kæru en dæmi um hvort tveggja eru til hér á landi.

Um g-lið (19. gr.).

Í þessara grein er fjallað um skýrslugjöf en nú er ákvæði um þetta atriði í 30. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, sbr. 14. gr. laga nr. 52/1987, um opinber innkaup. Lagt er til að skyldan verði víðtækari og taki til allra samninga sem lögin taka til en ekki eingöngu til þeirra samninga sem eru yfir viðmiðunarmörkum EES-reglnanna.

Um 8. gr.

Ákvæði gildandi laga um meðferð kærumála eru feld úr gildi þar sem ný og ítarlegri ákvæði eru sett í lög.

Um 9. og 10. gr.

Í núgildandi lögum eru tvær reglugerðarheimildir, þ.e. í 15. og 16. gr. Er lagt til að önnur þeirra falli brott enda óþörf. Þar sem gert er ráð fyrir að viðauki við lögin falli brott, sbr. 11. gr., er lagt til að heimildir ráðherra til breytinga á viðaukanum falli niður.

Um 11. gr.

Viðauki er óþarfur og er því lagt til að hann falli brott, sbr. skýringu á 4. gr.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að útboð í opinberum innkaupum verði gerð skýrari og réttarstaða þáttakenda í þeim treyst. Kærunefnd úboðsmála sem getið er í 6. gr., er

þegar fyrir hendi þannig að enginn viðbótarkostnaður hlýst af henni. Hér er aðeins lagt til að tilvist hennar verði lögfest.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

746. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 10. tölul. 3. mgr. orðast svo: Þjónusta banka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja og annarra lánastofnana sem falla undir lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Innheimta krafna í eigu annarra er þó skattskyld, svo og fjármálaráðgjöf, bókhaldsþjónusta og önnur þjónusta sem innt er af hendi í samkeppni við skattskylda aðila.
2. 5. mgr. orðast svo:

   Góðgerðarstarfsemi er undanþegin skattskyldu, enda renni hagnaður af henni að öllu leyti til líknarmála. Skilyrði fyrir undanþágu er að starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagslega áhættu aðila og hann hafi fengið staðfestingu skattstjóra um að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eftirtalin starfsemi telst góðgerðarstarfsemi samkvæmt ákvæðinu:

   1. basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala góðgerðarfélaga, enda vari starfsemin ekki lengur en í þrjá daga í hverjum mánuði eða í fimmtán daga sé um árlegan atburð að ræða,
   2. söfnun og sala verðlítilla notaðra muna, enda sé einungis selt til skattskyldra aðila,
   3. sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið afhenta án endurgjalds.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr. Jafnframt skulu aðilar sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, þar með talið viðhald og endurbætur, greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu, vinnu starfsmanna og efnis- og tækjanotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota. Eigin vinna byggingaraðila er þó ekki skattskyld þegar aðili byggir eingöngu til eigin nota, enda noti hann ekki vinnuafl launþega við hönnun eða framkvæmdir og vinnan er ekki í iðn- eða sérfræðigrein hans eða sambærilegri grein. Þá skulu ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu vegna eigin nota, enda sé ekki um að ræða vinnu eða þjónustu skv. 3. mgr. 42. gr. sem innt er

af hendi utan sérstaks fyrirtækis eða þjónustudeildar. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, þar með talið um það hvenær starfsemi geti verið í samkeppni við atvinnufyrirtæki, skattverð, bókhald o.fl.

3. gr.

Í stað orðanna „framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum“ í 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

1. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.
2. Við bætast nýir töluliðir sem orðast svo:
   9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
   10. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé hún að öllu leyti nýtt erlendis.
3. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

5. gr.

Á eftir orðunum „villandi gögn,“ í 4. málsl. 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: eða tilkynnt skattrannsóknarstjóra ríkisins grun um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga skv. 6. mgr. 26. gr.

6. gr.

Við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá skal aðili sæta álagi ef endurgreiðsla skv. 1., 2. og 4. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. hefur verið of há.

7. gr.

Í stað tölunnar „45“ í 5. mgr. 28. gr. laganna kemur: 15.

8. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Aðili, sem kaupir skattskylda þjónustu erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi, skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Sama gildir um þjónustu erlends aðila sem veitt er hér á landi, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðili sem skráður er skv. 5. gr. undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. Þetta gildir þó ekki þegar þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 3. mgr. orðast svo:

   Innflutningur á rituðu máli, sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds, er undanþeginn greiðslu virðisaukaskatts, án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni. Sama gildir um ritað mál sem öðrum aðilum er sent án endurgjalds, enda fari fob-verð sendingar ekki yfir 5.000 kr. og innflutningurinn sé ekki í viðskiptaskyni.
2. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Vörur, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., eru undanþegnar virðisaukaskatti ef fob-verð sendingar nemur ekki hærri fjárhæð en 1.500 kr. Áfengir drykkir og tóbak eru þó ekki undanþegin virðisaukaskatti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um undanþágu virðisaukaskatts samkvæmt þessu ákvæði.

10. gr.

Í stað „5. mgr.“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: 7. mgr.

11. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á eftirtalinni þjónustu eða vöru:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.

12. gr.

Í stað orðanna „og 1. mgr. 24. gr.“ í 45. gr. kemur: 1. mgr. 24. gr. og 3. og 4. mgr. 36. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum virðisaukaskattslaganna. Breytingar þær sem lagðar eru til miða fyrst og fremst að því að kveða með skýrari hætti en nú um afmörkun skattskyldu í lögunum í einstökum tilvikum. Lagt er til að ákvæði laganna verði gerð ítarlegri og að kveðið verði á um ýmis atriði í þeim sem hingað til hefur verið fjallað um í reglugerðum. Telja verður að lögin verði heildstæðari við

þessar breytingar en þau eru nú og jafnframt verði framkvæmd laganna styrkt og réttaröryggi borgaranna betur tryggt en áður.

Í fyrsta lagi er lagt til í frumvarpinu að skattskylda verði afmörkuð skýrar en nú. Í 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að skattamálum skuli skipað með lögum og að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í ýmsum ákvæðum virðisaukaskattslaganna er skattskylda ekki skýrt afmörkuð. Í slíkum tilvikum hafa stjórnvöld síðan afmarkað skattskylduna nánar í reglugerðum. Til þess að gera virðisaukaskattslögin heildstæðari er í frumvarpi þessu lagt til að skattskyldan verði afmörkuð í lögunum með því að gera heimildarákvæði varðandi skattskyldu, undanþágur og endurgreiðslur skýrari. Dæmi um framangreint er að lagt er til að heimild fjármálaráðherra til að ákveða með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum hvort eigin þjónusta fyrirtækja og opinberra aðila sé skattskyld verði felld niður. Í stað þess verði tekið á því í lögunum að eigin þjónusta, að því leyti sem um er að ræða að skattskyld vara eða þjónusta er innt af hendi til eigin nota, sé skattskyld.

Í öðru lagi er lagt til að undanþáguákvæði laganna er snýr að bankastarfsemi verði gert skýrara með það að markmiði að styrkja gildandi framkvæmd. Leitast er við að skilgreina hvaða þjónusta er skattskyld í starfsemi banka og sparisjóða.

Í þriðja lagi er lagt til að vörur sem skattskyldur aðili flytur til landsins, séu undanþegnar virðisaukaskatti ef heildarverðmæti þeirra nemur ekki meira en 1.500 kr. Þessi undanþága nær þó hvorki til áfengis né tóbaks. Þessari reglu er ætlað að einfalda innflutning á ýmsum smávörum sem fluttar eru til landsins en hafa lítið verðgildi og heimilt er að innskatta. Auk þess miðar reglan að því að tryggja að gjaldtaka af smásendingum verði ætíð hin sama, óháð því með hvaða hætti hún er flutt til landsins.

Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar sem lúta að því að styrkja þau málsmeðferðarákvæði sem nú eru fyrir hendi í lögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er annars vegar lagt til að 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna verði gerður skýrari og afdráttarlausari. Hins vegar er lagt til að kveðið verði á um það í lögunum að góðgerðarstarfsemi sé undanþegin skattskyldu í stað þess að fjármálaráðherra hafi ákvörðunarvald um það.

Undanþágur banka og annarra fjármálastofnana er gerð skýrari og ítarlegri en í núgildandi ákvæði. Í gildandi ákvæði er kveðið á um að þjónusta banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, svo og verðbréfamiðlunar, sé undanþegin virðisaukaskatti. Við túlkun ákvæðisins hefur aðallega verið horft til þess hvaða þjónusta teljist bankastarfsemi, enda ekki tilgangur þess að undanþiggja starfsemi innan fjármálastofnana sem er skattskyld hjá öðrum aðilum. Þess ber að geta að bankastarfsemi er almennt undanþegin virðisaukaskatti í löndum þar sem virðisaukaskattur er lagður á og stafar það af tæknilegum örðugleikum við að ákvarða skattstofninn, en megintekjustofn banka ræðst af vaxtamun útlána og innlána. Sala fjármálastofnana á ýmissi annarri þjónustu en þeirri sem háð er starfsleyfi þeirra er hins vegar sem fyrr segir skattskyld að því leyti sem hún er í samkeppni við aðra aðila. Þannig er til dæmis ýmis innheimtustarfsemi skattskyld, önnur en innheimta á eigin kröfum, þar með talin útgáfa og dreifing á reikningum fyrir aðra aðila.

Í 2. tölul. er gerð tillaga um breytingu á ákvæði 5. mgr. varðandi undanþágu vegna góðgerðarstarfsemi. Þessi breyting lýtur að því að kveða með skýrum hætti á um skattskyldu í lögunum en núgildandi ákvæði felur fjármálaráðherra í hendur vald til þess að ákveða hvort um sé að ræða skattskylda starfsemi eða ekki. Efnislega er ekki um að ræða breytingu frá gildandi framkvæmd, enda miðast orðalag ákvæðisins við reglugerð fjármálaráðherra nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi.

Um 2. gr.

Í þessari grein er lagt til að afnumin verði heimild fjármálaráðherra til að ákveða hvenær um sé að ræða skattskyldu vegna eigin þjónustu og hún ákveðin skýrt í lögunum sjálfum. Svo sem fram kemur í almennum athugasemdum við frumvarp þetta miðar það m.a. að því að festa í lögum helstu ákvæði reglugerða sem ráðherra hefur gefið út á grundvelli lagaákvæðisins.

Í 2. mgr. 3. gr. virðisaukaskattslaga er ráðherra heimilað að ákveða með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota. Slík skattlagning er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að innheimta virðisaukaskatts af atvinnufyrirtækjum og öðrum skattskyldum aðilum verði til þess að óskráðir aðilar leggi óeðlilega áherslu á að vera sjálfum sér nógir um rekstraraðföng sem að öðrum kosti væri hagkvæmara að kaupa af öðrum. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. gildandi laga hefur þann tilgang að tryggja samkeppnisstöðu þeirra sem selja sambærilega vöru og þjónustu og eigin not óskráðra aðila lúta að.

Fjármálaráðherra hefur gefið út þrjár reglugerðir um þetta efni, reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, reglugerð nr. 576/1989, um virðisaukaskatt af byggingarstarfsemi, og reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Ekki hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á þessum reglugerðum frá því þær voru gefnar út og má ætla að framkvæmd þeirra sé í nokkuð föstum skorðum. Í meginatriðum gerir tillagan ráð fyrir óbreyttri framkvæmd. Leitast er við að orða megininntak þessara reglugerða, þó er gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði með reglugerð bæði um eigin framleiðslu og þjónustu sem skattskyld telst samkvæmt ákvæðinu og um stofn til virðisaukaskatts (skattverð), bókhald og önnur atriði sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar þess. Ekki er gert ráð fyrir að neinar breytingar verði á skattskyldu vegna eigin starfsemi frá því sem gilt hefur samkvæmt fyrrgreindum reglugerðum.

Í 1. málsl. er kveðið á um skyldu þeirra sem hafa með höndum starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti til að reikna og standa skil á virðisaukaskatti af eigin þjónustu og framleiðslu. Með þessum ákvæðum er mælt fyrir um almenna skyldu til að standa skil á virðisaukaskatti af eigin þjónustu og framleiðslu í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða almenna skrifstofuvinnu og hliðstæða starfsemi sem ekki verður talin vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki á viðkomandi sviði. Líta ber svo á að skattskylda þessara aðila taki m.a. til sömu þátta og getið er í reglugerð nr. 562/1989, en þar eru sérstaklega nefnd m.a. smíði, viðhald og viðgerðir véla, rekstur þvottahúss, rekstur prentstofu, rekstur mötuneytis, ræsting, þjónusta þar sem krafist er iðnmenntunar, sérfræðiþjónusta og öryggisgæsla. Önnur sambærileg starfsemi er jafnframt skattskyld.

Við mat á því hvenær eigin þjónusta er í samkeppni við atvinnufyrirtæki ber að líta til þess að skattskyldan taki ekki til almennrar skrifstofuþjónustu og hliðstæðrar starfsemi sem ekki verður almennt talin vera í samkeppni við skattskylda aðila. Til að mynda má nefna að ekki ber að reikna virðisaukaskatt af eigin tölvu- og bókhaldsþjónustu af því tagi sem almenn er og venjuleg í fyrirtækjum og stofnunum, en öðru gegnir um forritun. Sama gildir um ræstingu innan tiltekinna marka sem ekki hefur verið talin skattskyld eigin þjónusta samkvæmt reglugerð nr. 562/1989, enda sé ræstingin nauðsynlegur og óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi og um að ræða tiltölulega lítið húsnæði og umfangslitla ræstingarvinnu. Áhersluatriðið í þessu sambandi er það hvort samkeppnisaðstæður raskist með almennum hætti sökum virðisaukaskatts, enda er reglan miðuð við það að vernda samkeppnisstöðu fyrirtækja sem láta í té hliðstæða vöru og þjónustu sem skattskyld er.

Í 2. og 3. málsl. er að finna reglur um skyldu þeirra sem byggja eða reisa hús eða önnur mannvirki fyrir eigin reikning til að reikna virðisaukaskatt af byggingarstarfseminni. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er skattskyld samkvæmt almennum ákvæðum laganna, en nauðsynlegt er að kveða sérstaklega á um skattgreiðslur byggingaraðila sem byggja á eigin kostnað þar sem hvorki er um það að ræða að virðisaukaskattur sé innheimtur af sölu fasteigna né er fasteignaleiga skattskyld starfsemi. Skattskyldan gildir bæði í þeim tilvikum þegar aðili byggir á eigin kostnað til leigu eða sölu og þegar hann byggir til eigin nota eða nota fyrirtækis síns. Andstætt því sem gildir almennt varðandi skattlagningu á þjónustu til eigin nota, sbr. að framan, tekur skattskylda vegna byggingarstarfsemi á eigin kostnað bæði til þeirra sem hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem ekki er skattskyld. Er því skráðum aðila, sem byggir fasteign til nota fyrir virðisaukaskattsskylda starfsemi sína, skylt að reikna virðisaukaskatt af byggingarvinnunni þó sá skattur teljist jafnframt til innskatts. Stafar þetta af reglum um skyldu til leiðréttingar innskatts verði breyting á notkun varanlegra rekstrarfjármuna, þar á meðal fasteigna, sbr. 2. mgr. 16. gr. virðisaukaskattslaga.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til smávægileg orðalagsbreyting til samræmis við gildandi framkvæmd. Þegar 5. gr. laganna var breytt með lögum nr. 40/1995 láðist að gera ráð fyrir að aðilar ættu þess kost á að fá svokallaða fyrirfram skráningu vegna þjónustustarfsemi. Aðeins var gert ráð fyrir að aðilar gætu fengið fyrirfram skráningu vegna framleiðslu á vöru til sölu á síðari rekstrarárum. Með þessari breytingu er tryggt að aðilar sem fjárfesta í þjónustugreinum eigi jafnan rétt og aðilar sem fjárfesta í framleiðslugreinum til að fá skráningu þrátt fyrir að tekjur verði ekki af starfseminni strax í upphafi.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna varðandi undanþegna veltu.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjarskiptaþjónusta teljist ekki veitt erlendis ef kaupandi hennar er annaðhvort með búsetu eða fasta starfsstöð hér á landi. Þykir óeðlilegt að innlendir aðilar, sem kaupa þessa þjónustu af íslensku fyrirtæki, greiði ekki virðisaukaskatt af henni einungis vegna þess að þeir eru staddir í öðru landi þegar þeir þiggja þjónustuna, en dæmi um slíkt er þegar aðili búsettur hér á landi notar GSM-síma erlendis. Sér í lagi er litið til þess að íslenska fyrirtækið, sem kaupir fjarskiptaþjónustu erlendis til endursölu gagnvart innlendum aðilum, getur í flestum tilvikum fengið erlendan virðisaukaskatt endurgreiddan þannig að enginn virðisaukaskattur hvíli á þessari þjónustu sem íslenskir neytendur kaupa af innlenda fyrirtækinu. Er tillagan sett fram í þeim tilgangi

að ekki eigi að skipta máli með tilliti til virðisaukaskatts hvar innlendur aðili fær slíka þjónustu.

Í öðru lagi er lagt til að fellt verði brott heimildarákvæði fjármálaráðherra til að ákveða undanþágur vegna þjónustu sem veitt er hér á landi til aðila sem hafa heimilisfesti erlendis. Í staðinn verði lögákveðið að sala á þjónustu til erlendra aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi sé undanþegin skattskyldri veltu í þeim tilvikum sem þjónustan er að öllu leyti nýtt erlendis. Í þessu felst sú efnisbreyting að horfið er frá heimild til undanþágu í tilvikum þar sem erlendur rekstraraðili gæti, ef starfsemi hans væri skráningarskyld hér á landi, talið greiddan virðisaukaskatt til innskatts. Þess í stað geta erlendir rekstraraðilar sem kaupa viðkomandi þjónustu hér á landi fengið virðisaukaskatt af henni endurgreiddan samkvæmt reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Þetta er þó með þeirri undantekningu að lagt er til að undanþága vegna þjónustu sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi verði áfram í gildi. Rökin fyrir þessu eru þau að oftast nær væri örðugt fyrir þessa aðila að sækja um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 288/1995 þar sem fiskiskip staldra stutt við í landi.

Þegar virðisaukaskattslög voru sett var heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra aðila takmörkuð við virðisaukskatt sem þeir höfðu greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi. Síðan var ákvæðið rýmkað lítillega með 7. gr. laga nr. 106/1990 á þann veg að endurgreiðsluheimildin tók jafnframt til þess tilviks þegar erlend fyrirtæki höfðu selt vöru hingað til lands og átti breytingin þá að ná til greiðslu virðisaukaskatts þessara aðila vegna ábyrgðarviðgerða sem framkvæmdar voru hér á landi. Með 8. gr. laga nr. 40/1995 var ákvæðið rýmkað þannig að nú tekur heimild ráðherra til þess að endurgreiða allan virðisaukaskatt af þjónustu og vöru sem erlent fyrirtæki greiðir hér á landi, enda sé um að ræða virðisaukaskatt af aðföngum sem heimilt er að telja til innskatts skv. 15. og 16. gr. laganna. Þessi heimild var nýtt með útgáfu reglugerðar nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja. Því er tryggt samkvæmt núgildandi endurgreiðslureglum að erlendir aðilar, sem uppfylla framangreind skilyrði, geta sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts þó svo að þjónusta sem þeir kaupa með virðisaukaskatti af innlendum aðilum teljist vera nýtt hér á landi.

Um 5. gr.

Lagt er til í þessari grein að lögfest verði heimild fyrir skattstjóra til að fresta endurgreiðslu virðisaukaskatts í þeim tilvikum sem skattstjóri telur að um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga sé að ræða. Heimild þessi er bundin því skilyrði að skattstjóri hafi tilkynnt skattrannsóknarstjóra ríkisins að hann telji að um skattsvik eða refsivert brot sé að ræða, sbr. 6. mgr. 26. gr. laganna. Með þessu er verið að tryggja að skattstjóri geti stöðvað útgreiðslur úr ríkissjóði á meðan mál eru í rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að lögbundið verði að aðilar, sem fá of háa endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli 1., 3. og 4. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. laganna skuli sæta álagi. Þar sem beiting álags er íþyngjandi er lagt til að skýr heimild til álagsbeitingar verði lögfest.

Um 7. gr.

Lagt er til í þessari grein að styttur verði sá frestur sem skattskyldur aðili fær til að að ráða bót á tekjuskráningarkerfi sínu og bókhaldi þegar skattrannsóknarstjóri ríkissins beinir fyrirmælum til hans um úrbætur. Í dag er þessi frestur of langur og samkvæmt upplýsingum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur ákvæðið nánast verið gagnslaust af þeim sökum. Lagt er til að fresturinn verði styttur úr 45 dögum í 15 daga.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að greiða skuli virðisaukaskatt af þjónustu sem keypt er erlendis frá og nýtt hér á landi. Í gildandi lögum er það lagt í vald ráðherra að kveða á um greiðsluskylduna í reglugerð. Í reglugerð nr. 194/1990, sem fjallar um þetta efni, er talin upp sú þjónusta sem skylt er að greiða virðisaukaskatt af við þessar aðstæður. Hér er lagt til að greiða skuli virðisaukaskatt af allri erlendri þjónustu sem nýtt er hér á landi, enda sé hún skattskyld hérlendis. Til viðbótar þessu þykir rétt að kveða á um það að ef erlendir aðilar veita skattskylda þjónustu hér á landi beri kaupanda að greiða virðisaukaskatt af henni, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hérlendis. Ákvæði 8. gr. umræddrar reglugerðar er sama efnis og við setningu þess ákvæðis var litið til ákvæða laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, um ábyrgð á skattgreiðslum en í 3. mgr. 114. gr. þeirra kemur fram að þeir sem greiða erlendum aðilum gjald fyrir þjónustu bera ábyrgð á sköttum viðtakenda.

Jafnframt er tekið fram í 2. mgr. að ef kaupandi þjónustunnar er skráður aðili og getur talið virðisaukaskatt af þjónustunni til innskatts fellur greiðsluskyldan niður. Í síðasta lagi er svo tekið fram að niðurfelling greiðsluskyldu hjá skráðum aðilum eigi ekki við ef þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning vöru, enda beri þá að greiða virðisaukaskatt af slíkum innflutningi við tollafgreiðslu. Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 4. gr. umræddrar reglugerðar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er í fyrsta lagi lagt til að lögákveðið verði að ritað mál sem berst til landsins án endurgjalds sé undanþegið greiðslu virðisaukaskatts, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni. Í því sambandi er gert ráð fyrir að regla þessi gildi án tillits til þess í hvaða formi efnið berst til landsins. Tillaga þessi er í samræmi við gildandi framkvæmd, sbr. reglugerð nr. 71/1993. Efni sem einkum er átt við er skýrslur, upplýsingarit og annað ritað mál sem berst til landsins endurgjaldslaust til vísindastofnana, bókasafna og annarra aðila.

Í öðru lagi er lagt til að vörur, sem fluttar eru til landsins af virðisaukaskattsskyldum aðilum verði undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning, sé tollverð þeirra 1.500 kr. eða lægra. Reglan nær þó ekki til tóbaks og áfengra drykkja. Nokkuð er um að ýmiss konar smávarningur, t.d. bæklingar og sýnishorn, sé fluttur til landsins. Unnt er að einfalda tollmeðferð slíks smávarnings með því að undanþiggja hann virðisaukaskatti við innflutning.

Telja verður að síðarnefnd breyting hefði ein og sér óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs, þar sem innflytjanda væri ella heimilt að draga greiddan virðisaukaskatt af vörunum frá sem innskatt í virðisaukaskattsuppgjöri sínu. Hins vegar skal bent á að samkvæmt reglugerð nr. 327/1990, um tollafgreiðslu hraðsendinga, er í dag innheimt sérstakt gjald af slíkum sendingum ef verðmæti þeirra er undir 20 SDR, þ.e. 2.000 kr. Gjald þetta kem-

ur í stað aðflutningsgjalda á vörurnar, en þar væri að öðrum kosti oftast einungis um virðisaukaskatt að ræða. Ekki er hægt að draga gjaldið frá sem innskatt, á sama hátt og virðisaukaskatt. Tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi námu tæpum 9 millj. kr. á síðasta ári. Því má telja að ríkissjóður verði í framtíðinni af þeim tekjum sem hann hefur haft af gjaldi af verðlitlum hraðsendingum. Á móti kæmu einhverjar tekjur af tollum og vörugjaldi af slíkum sendingum, svo og af virðisaukaskatti af vörum sem sendar eru einstaklingum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er lagt til að felld verði brott heimild fjármálaráðherra skv. 3. mgr. 42. gr. laganna til að endurgreiða ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á skattskyldri vöru eða þjónustu. Í stað heimildarákvæðisins er lagt til að sú þjónusta og vara, sem er endurgreiðsluhæf skv. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, verði talin upp með tæmandi hætti í ákvæðinu. Tillagan er í samræmi við aðrar breytingar í frumvarpinu þar sem leitast er við að gera lögin heildstæðari og afdráttarlausari, en tillagan tengist einnig breytingu á 2. mgr. 3. gr. laganna og vísast til athugasemda við hana um frekari skýringar. Ekki er gert ráð fyrir efnislegri breytingu á framkvæmd utan þess að lagt er til að endurgreiðslan nái ekki til vinnu við sérstök verkefni sveitarfélaga, eða á ábyrgð þeirra, sem efnt er til með styrk Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að fjölga atvinnutækifærum.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru einkum lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum virðisaukaskattslaganna, sem miða fyrst og fremst að því að kveða með skýrari hætti en nú er á um afmörkun skattskyldu í lögunum í einstökum tilvikum. Einnig er lagt til að undanþáguákvæði laganna er snýr að bankastarfsemi verði gert skýrara. Þá er lagt til að heimild fjármálaráðherra til að ákveða með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum hvort eigin þjónusta fyrirtækja og opinberra aðila sé skattskyld verði felld niður og þess í stað kveðið á

um að skattskyld vara eða þjónusta sem innt er af hendi til eigin nota sé skattskyld. Enn fremur er lagt til að virðisaukaskattur af vörum, öðrum en áfengi og tóbaki sem skattskyldur aðili flytur til landsins séu undanþegnar virðisaukaskatti ef heildarverðmæti þeirra nemur ekki meira en 1.500 kr.

Fjármálaráðuneytið fyrirhugar að framangreindum breytingum verði komið við innan óbreyttts fjárlagaramma.

747. Frumvarp til laga [438. mál]

um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Almennt.

1. gr.

Gjaldendum, sem eru í vanskilum með söluskatt og launaskatt, svo og tekjuskatt og eignarskatt vegna tekjuársins 1989 eða fyrri ára, er heimilt að gera upp þessar skuldir við ríkissjóðs með greiðslu eða afhendingu skuldabréfs með þeim skilmálum sem í lögum þessum greinir og að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar eru sett. Heimild þessi gildir til 31. desember 1997.

Heimild til skuldbreytingar samkvæmt ákvæðum þessara laga nær ekki til skattkrafna sem til eru komnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.

Sé gjaldandi, sem er í vanskilum með tekjuskatt eða eignarskatt skv. 1. mgr., einnig í vanskilum með útsvar eða aðstöðugjald til sveitarsjóðs er skuldbreyting vangoldins tekjuskatts og eignarskatts bundin því skilyrði að sambærileg skuldbreyting verði gerð á vangoldnu útsvari og aðstöðugjaldi.

Skilyrði skuldbreytingar.

2. gr.

Hafi verið gert fjárnám til tryggingar skuldum skv. 1. gr. skal sú eign sem tekin hefur verið fjárnámi sett að veði til tryggingar fullnustu skuldarinnar, enda telji innheimtumaður ríkissjóðs eignina fullnægjandi tryggingu fyrir fullnustu á skuldinni. Ef ekki hefur verið gert fjárnám, eða sú eign sem tekin hefur verið fjárnámi telst ekki vera fullnægjandi trygging fyrir fullnustu skuldarinnar, skal það vera skilyrði skuldbreytingar að gjaldandi greiði í reiðufé við afhendingu skuldabréfs 20% af reiknuðum höfuðstól skv. 3. gr.

Höfuðstóll skuldar.

3. gr.

Ef gjaldandi ákveður að greiða með reiðufé eða afhenda skuldabréf til greiðslu þeirra skatta sem í 1. gr. greinir skal höfuðstóll skuldarinnar ákveðinn þannig að við álagningu viðkomandi skatts og útlagðan kostnað innheimtumanns ríkissjóðs skal bætt ársvöxtum sem skulu vera 2% hærri en breyting á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka hvers árs. Vexti á skuldina skal reikna frá upphaflegum gjalddaga og til uppgjörsdags. Hafi skuldari greitt upp í skuld sína skal reikna vexti á hverja innborgun með sama hætti og að framan greinir frá innborgunardegi til uppgjörsdag og hún ásamt vöxtum dregin frá skuldinni. Ef þannig reiknaðar innborganir eru hærri en uppreiknaðir skattkröfur samkvæmt

framangreindri reglu telst skattkrafan að fullu greidd, en skal ekki leiða til inneignar gjaldanda hjá ríkissjóði. Þannig reiknaður höfuðstóll að teknu tilliti til innborgunar skv. 2. gr. skal vera höfuðstóll skuldabréfsins.

Skuldaskilmálar.

4. gr

Skuldabréf, sem gefin eru út til greiðslu á skattaskuld, sbr. 3. gr., skulu vera með jöfnum afborgunum og ekki vera til lengri tíma en fjögurra ára. Skuldir samkvæmt bréfunum skulu verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Skuldabréfin skulu bera 6%. Þó skal sá hluti skuldar sem gerður er upp innan tveggja ára frá útgáfudegi bera 5% vexti og vera án verðtryggingar.

Skilmálar skuldabréfa skulu að öðru leyti vera þeir sömu og tíðkast í lánsviðskiptum, svo sem um heimild til nauðungarsölu veðs án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, heimild til fjárnáms án undangengis dóms eða sáttar og um gjaldfellingu skuldar vegna vanskila.

Afhending skuldabréfs.

5. gr.

Gjaldandi, sem vill nýta sér uppgjörsheimild laga þessara, skal snúa sér til innheimtumanns ríkissjóðs og láta honum í té upplýsingar um tryggingar skv. 2. gr. Innheimtumaður ríkissjóðs skal, telji hann skilyrðum laga þessara fullnægt, reikna út höfuðstól skuldarinnar, sbr. 3. gr., og tilkynna hann gjaldanda. Gjaldandi skal þá greiða hana með reiðufé eða skuldabréfi sem hann útbýr og lætur þinglýsa. Gjaldandi greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun skuldabréfs.

Reglugerð.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur laga samkvæmt frumvarpi þessu er að gera þeim sem enn skulda skatta frá árunum fyrir 1990 kleift að gera þá upp með greiðslum og skuldabréfum.

Eftirstöðvar skatta frá þessum tíma eru ekki miklar og má reikna með að þær séu þegar að mestu tapaðar. Gengið hefur verið eftir greiðslu þeirra með tiltækum ráðum. Þrír fjórðu hlutar krafnanna eru gagnvart aðilum sem eru í gjaldþrotaskiptum og fjárnám hefur verið gert fyrir fimmtungi þeirra til viðbótar. Verði frumvarpið að lögum eru nokkrar horfur á því að takast megi að innheimta hluta skulda sem ekki hefðu fengist greiddar að öðrum kosti og að komist verði hjá kostnaði sem fylgt hefði árangurslausum innheimtuaðgerðum.

Í skýrslu fjármálaráðherra um afskriftir af skattskuldum, sem lögð var fram á 120. löggjafarþingi, kom fram að hluti af þeim skattkröfum til innheimtu er mjög gamalt og hluti þeirra er vegna skatta sem lagðir hafa verið niður, svo sem söluskattur og launaskattur. Einnig var bent á að enn væru til innheimtu opinber gjöld er féllu til áður

en staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp 1988. Í skýrslunni var boðað að til athugunar yrði að þeim gjaldendum, sem enn eru í vanskilum af þessum toga, yrði gefinn kostur á að gera þær upp með sérstökum samningum. Í því efni þyrfti að athuga sérstaklega dráttarvexti af skuldum þessara aðila með tilliti til þess að hluta af þeim tíma sem um er að ræða voru dráttarvextir að raungildi mikið hærri en síðar varð og nú er.

Samkvæmt yfirliti á fylgiskjali I eru enn ógreiddar kröfur vegna söluskatts, launaskatts og opinberra gjalda frá tekjuárinu 1989 og fyrr samtals 1.492 milljónir króna. Þar af er upphaflegur höfuðstóll 478 milljónir króna en dráttarvextir eru 995 milljónir króna og innheimtukostnaður er 19 milljónir króna. Greiðslur inn á skuldir fara til greiðslu á vöxtum og kostnaði áður en þær koma til lækkunar á höfuðstól skuldar. Séu reiknaðir dráttarvextir á höfuðstól skuldanna eftir gildandi reglum frá miðju ári 1989 til miðs árs 1996 væri sú fjárhæð um 1.295 milljónir króna. Má því ætla að innborganir, sem gengið hafa upp í dráttarvexti af þessum skuldum, hafi verið a.m.k. 300 milljónir króna séu þær framreiknaðar til 1996 með sama hætti og skuldirnar. Að hluta til eru þessar innborganir tilkomnar með skuldajöfnun bóta og annarra endurgreiðslna

Kröfur þessar eru bæði á einstaklinga og lögaðila. Af höfuðstól skuldanna hvíla 162 milljónir króna á einstaklingum en 316 milljónir króna á lögaðilum. Þær eru eins og að framan greinir vegna söluskatts, lauanaskatts og opinberra gjalda. Höfuðstólinn skiptist þannig á gjaldaflokka í milljónum króna:

	Einstaklingar	Lögaðilar	Samtals
Söluskattur	11	120	131
Launaskattur	9	45	54
Opinber gjöld	142	151	293
Samtals	162	316	478

Innifalið í opinberum gjöldum eru auk tekjuskatts útsvar til sveitarfélaga og aðstöðugjald. Á fylgiskjali I er nánari sundurliðum á skuldum þessum með dráttarvöxtum og áföllnum innheimtukostnaði.

Kröfur þessar hafa verið til meðferðar hjá innheimtumönnum ríkissjóðs frá því að til þeirra stofnaðist án þess að fullur árangur hafi náðst með tiltækum innheimtuúrræðum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu höfuðstóls m.t.t. innheimtuferils í milljónum króna:

	Einstaklingar	Lögaðilar	Samtals
Greiðsluáskorun o.fl.	11	10	21
Fjárnám	47	48	95
Gjaldþrotaskipti	104	258	362
Samtals	162	316	478

Eins og tafla þessi ber með sér hefur í flestum tilvikum verið gripið til þeirra innheimtuúrræða sem tök hafa verið á. Um 75% skuldakrafnanna eru í bú sem tekin hafa verið til skiptameðferðar. Fjárnám hefur verið gert til tryggingar á um 20% krafnanna til viðbótar án þess að enn hafi komið til skipta. Vegna rúmlega 4% krafnanna hefur ekki komið til fjárnáms eða skiptakröfu en innheimta hefur verið sótt með greiðsluáskorunum, afdrætti af launum, skuldajöfnun o.s.frv.

Reynsla er fyrir því að lítið hefst upp úr gjaldþrotaskiptum og má reikna með að mestur hluti þeirra krafna, sem eru í bú í skiptum sé glataður. Einnig má ætla að verulegur hluti krafna sem fjárnám hefur verið gert fyrir séu tapaðar vegna þess að fjárnámsandlagið hafi þegar verið selt án þess að krafan hafi fengist greidd, fjárnámið hafi verið árangurslaust eða andlag fjárnámsins sé ófullnægjandi trygging. Má því gera ráð fyrir því að stærstur hluti þessara krafna muni tapast á næstu árum með afskriftum í kjölfar gjaldþrotaskipta eða sé fyrndur.

Á því tímabili sem um ræðir, þ.e. 1989 til 1996 hafa dráttavextir verið háir eða um 14–36% á ári. Voru þeir allt að 20% hærri en svarar til breytinga á vísitölu neysluverðs á sama ári á fyrstu árum tímbilsins en 12-13% hærri á síðustu árunum. Að meðaltali voru dráttarvextir frá miðju ári 1989 til miðs árs 1996 um 20,6%. Skuld með dráttarvöxtum hefur því vaxið um 271% á því tímabili. Hækkun neysluverðs á sama tímabili var um 40%. Hækkun skuldarinnar umfram vísitölu neysluverðs hefur því verið um 165% sem jafngildir tæplega 15% raunávöxtun.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skuldurum þessara krafna verði gefinn kostur á skuldbreytingu þeirra. Verði skuldbreytingin miðuð við höfuðstól skuldanna með vöxtum sem miðist við 2% til viðbótar við hækkun vísitölu neysluverðs. Skuld sem staðið hefur óhreyfð frá miðju ári 1989 til miðs árs 1996, yrði samkvæmt þessu 60% hærri en upphaflegur höfuðstóll í stað þess að hafa vaxið um 271% með dráttarvaxtareikningi, sbr. framangreint. Gert er ráð fyrir að innborganir, sem komið hafa á tímabilinu, verði meðhöndlaðar með sama hætti, þ.e. á þær verði reiknaðir sömu vextir og þær komi þannig til frádráttar frá uppreiknuðum höfuðstól. Ekki er útilokað að í einstaka tilviki verði uppreiknaðar innborganir hærri en uppreiknuð skuld. Telst skuldin þá að fullu greidd en mismunur verður ekki til greiðslu.

Í frumvarpinu er það gert að skilyrði að skuldin sé ekki tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda vegna skattsvika. Með skattsvikum í skilningi þessa frumvarps er átt við að skuldir séu ekki tilkomnar vegna þess að skattyfirvöld hafi endurákvarðað gjöld gjaldanda á þeim grundvelli að skattstofnar hafi af ásetningi eða gáleysi verið verulega vanáætlaðir. Rísi ágreiningur um áskilnað þennan er það fjármálaráðherra sem sker úr um það hvort þessu skilyrði er fullnægt.

Samkvæmt frumvarpinu nær skuldbreyting einvörðungu til hlutar ríkissjóðs í opinberum gjöldum. Í þeim tilfellum sem útsvar og aðstöðugjald eru hluti vangoldinna opinberra gjalda er það gert að skilyrði fyrir skuldbreytingu að viðkomandi sveitarfélag hafi fallist á samsvarandi skuldbreytingu á útsvarinu og aðstöðugjaldinu.

Gera má ráð fyrir að skuldbreyting sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, leiði ekki til verulegs tekjutaps hjá ríkissjóði. Þær eftirstöðvar skatta, sem um er að ræða, eru ekki háar og innheimta þeirra mikilli óvissu háð. Með skuldbreytingu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, verður hins vegar unnt að hreinsa verulega til í innheimtukerfinu með því að fella út skuldir vegna skatta sem ekki eru lengur lagðir á og mjög gamlar skattaskuldir. Enn fremur verður komist hjá fjölda tilgangslítilla innheimtuaðgerða og gjaldþrotaskipta sem litlu skila í ríkissjóð en hafa í för með sér kostnað og fyrirhöfn fyrir innheimtuaðila og skuldara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild gjaldenda til að semja um vangoldnar skattaskuldir. Heimildin nær til launaskatts og söluskatts, svo og tekjuskatts og eignarskatts sem lagður var á vegna tekjuársins 1989 og fyrr. Launaskattur var síðast lagður á 1991 vegna launa á árinu 1990 en var leystur af hólmi með tryggingagjaldi sem innheimt hefur verið frá og með 1991. Söluskattur var síðast lagður á veltu ársins 1989. Lagt er til að miða lokatímamörk vegna opinberra gjalda við árslok 1989 til samræmis við aðra skatta í stað þessa miða við upptöku staðgreiðslu eins og einnig kom til álita. Ákvæðið felur því það í sér að ef gjaldandi kýs að greiða skuldina með skuldabréfi og ef skilyrðum frumvarpsins er að öðru leyti fullnægt ber ríkissjóði að taka við skuldabréfinu sem greiðslu.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að skuldir samkvæmt skuldabréfum, sem notuð verða til að greiða skattaskuldirnar, verði tryggð sömu tryggingum og skuldirnar hafa í dag. Ef þær tryggingar teljast ekki vera fullnægjandi til að fullnusta kröfunnar sé tryggð eða fjárnám hefur ekki verið gert í neinum eignum er það sett sem skilyrði skuldbreytingar að gjaldandi greiði 20% af reiknuðum höfuðstól skuldar skv. 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum er talið rétt að taka sérstakt tillit til þess að dráttarvextir, sem fallið hafa á kröfurnar, hafa verið mjög háir að raungildi og voru um og fyrir 1990 mun hærri en síðar varð og nú er. Því er lagt til að höfuðstóll kröfunnar ásamt útlögðum kostnaði vegna innheimtu hennar verði endurreiknaður. Í endurreikningnum verði gert ráð fyrir að skuldin verði verðtryggð með vísitölu neysluverðs frá upphaflegum gjalddaga og til uppgjörsdags og jafnframt reiknaðir 2% vexti á ári. Við ákvörðun höfuðstóls skulu innborganir gjaldanda teknar til greina og metnar með sama hætti og skuldin. Þótt niðurstaða þessa útreiknings kunni að leiða til þess að gjaldandinn hafi greitt meira en sem nemur endurreiknaðri kröfu ásamt vöxtum skal það ekki leiða til inneignar gjaldanda heldur skal krafan þá teljast uppgreidd.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að meginregla um skilmála skuldabréfa til lúkningar á skattaskuldum verði þeir að bréfin verði til allt að fjögurra ára, skuldin verði verðtryggð með viðmiðun við vísitölu neysluverðs og hún beri 6% vexti til viðbótar en það eru nokkru hærri vextir en eru nú á skuldabréfum ríkissjóðs. Þó er gert ráð fyrir því fráviki að sá hluti skuldar, sem gerður verði upp með skuldabréfi til skemmri tíma en tveggja ára,verði óverðtryggður og beri 5% vexti. Er það m.a. gert í því augnamiði að hvetja gjaldendur til að ljúka uppgjöri á sem skemmstum tíma. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að skilmálar verði eins og tíðkast í skuldabréfum.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um hvernig að uppgjöri skattaskulda með skuldabréfi verði staðið.

Um 6. og 7. gr.

Í greinunum er kveðið á um gildistöku og heimild til að setja nánari ákvæði í reglugerð.

Fylgiskjal I.

Skattskuldir vegna 1989 og fyrri ára.

A. Skipt eftir skatttegund.

Upphæðir í þús. kr.	Höfuðstóll	Dráttarvextir	Kostnaður	Samtals	% af heild	Fjöldi
Gjaldflokkur						
Launaskattur	53.846	152.975	2.589	**209.409**	14,04%	223
Söluskattur	130.641	388.729	722	**520.092**	34,86%	80
Opinber gjöld 1990 og eldri	293.328	453.539	15.575	**762.443**	51,10%	534
Samtals:	**477.815**	**995.243**	**18.886**	**1.491.944**	100,00%	**837**

B. Innheimtustaða.

Einstaklingar.

Upphæðir í þús. kr.	Höfuðstóll	Dráttarvextir	Kostnaður	Samtals	% af heild	Fjöldi
Samtals: Launaskattur, söluskattur og opinber gjöld						
Gjaldflokkur						
Launaskattur	9.241	19.317	1.353	**29.911**	7,30%	103
Söluskattur	10.413	23.625	332	**34.370**	8,39%	34
Opinber gjöld 1990 og eldri	142.108	194.971	8.532	**345.611**	84,32%	416
Samtals:	**161.761**	**237.913**	**10.217**	**409.892**	100,00%	**553**
Launaskattur						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar	158	171	10	**338**	1,13%	3
Krafa tryggð með fjárnámi	3.003	6.579	573	**10.155**	33,95%	48
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	6.080	12.567	771	**19.418**	64,92%	52
Samtals:	**9.241**	**19.317**	**1.353**	**29.911**	100,00%	**103**
Söluskattur						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar	-25	0	0	**-25**	-0,07%	3
Krafa tryggð með fjárnámi	4.402	9.623	179	**14.204**	41,33%	14
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	6.035	14.002	153	**20.191**	58,75%	17
Samtals:	**10.413**	**23.625**	**332**	**34.370**	100,00%	**34**
Opinber gjöld 1990 og eldri						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar	10.534	15.093	115	**25.743**	7,45%	56
Krafa tryggð með fjárnámi	39.403	55.206	2.614	**97.223**	28,13%	135
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	92.171	124.672	5.802	**222.645**	64,42%	225
Samtals:	**142.108**	**194.971**	**8.532**	**345.611**	100,00%	**416**

Samtals: Launaskattur, söluskattur og opinber gjöld						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar .	10.667	15.264	125	**26.056**	6,36%	62
Krafa tryggð með fjárnámi	46.808	71.408	3.366	**121.582**	29,66%	197
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	104.287	151.242	6.726	**262.254**	63,98%	294
Samtals:	**161.761**	**237.913**	**10.217**	**409.892**	100,00%	**553**
				Hlutur einstaklinga í heild:	**27,47%**	

B. Innheimtustaða.

Lögaðilar.

Upphæðir í þús. kr.	Höfuðstóll	Dráttarvextir	Kostnaður	Samtals	% af heild	Fjöldi
Samtals: Launaskattur, söluskattur og opinber gjöld						
Gjaldflokkur						
Launaskattur	44.605	133.657	1.236	**179.498**	16,59%	120
Söluskattur	120.229	365.103	390	**485.722**	44,89%	46
Opinber gjöld 1990 og eldri	151.220	258.568	7.043	**416.832**	38,52%	118
Samtals:	**316.054**	**757.329**	**8.669**	**1.082.052**	100,00%	**284**
Launaskattur						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar .	46	23	3	**72**	0,04%	5
Krafa tryggð með fjárnámi	6.613	15.875	420	**22.908**	12,76%	36
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	37.946	117.760	813	**156.518**	87,20%	79
Samtals:	**44.605**	**133.657**	**1.236**	**179.498**	100,00%	**120**
Söluskattur						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar .	-544	3.700	3	**3.159**	0,65%	5
Krafa tryggð með fjárnámi	14.829	37.334	148	**52.311**	10,77%	10
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	105.944	324.069	239	**430.252**	88,58%	31
Samtals:	**120.229**	**365.103**	**390**	**485.722**	100,00%	**46**
Opinber gjöld 1990 og eldri						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar .	10.593	20.736	128	**31.457**	7,55%	12
Krafa tryggð með fjárnámi	26.416	19.233	1.085	**46.734**	11,21%	33
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	114.211	218.600	5.830	**338.641**	81,24%	73
Samtals:	**151.220**	**258.568**	**7.043**	**416.832**	100,00%	**118**
Samtals: Launaskattur, söluskattur og opinber gjöld						
Innheimtustaða						
Greiðsluáskorun og fl., án tryggingar .	10.095	24.459	134	**34.688**	3,21%	22
Krafa tryggð með fjárnámi	47.857	72.442	1.653	**121.952**	11,27%	79
Krafa á gjaldendur í gjaldþrotaskiptum	258.102	660.429	6.882	**925.412**	85,52%	183
Samtals:	**316.054**	**757.329**	**8.669**	**1.082.052**	100,00%	**284**
				Hlutur lögaðila í heild:	**72,53%**	

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti.
Ekki er gert ráð fyrir að frumvarp þetta leiði til aukinna útgjalda ríkissjóðs.

748. Lög [346. mál]

um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu.

(Afgreidd frá Alþingi 13. mars.)

Samhljóða þskj. 738.

749. Fyrirspurn [439. mál]

til dómsmálaráðherra um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað hafa margir einstaklingar leitað heimildar til nauðasamninga á árunum 1990–95, að báðum árum meðtöldum?
2. Hversu margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá því að lögin tóku gildi?
3. Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt?

Skriflegt svar óskast.

750. Fyrirspurn [440. mál]

til félagsmálaráðherra um kynningu á réttaraðstoð við þá sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að kynna almenningi réttaraðstoð sem ríkinu er heimilað að veita þeim sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum samkvæmt lögum nr. 65/1996?

Skriflegt svar óskast.

751. Fyrirspurn [441. mál]

til félagsmálaráðherra um samninga um lækkun meðlagsskulda.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar hafa leitað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða að öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli laga nr. 71/1996, um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga?
2. Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar?
3. Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt umsóknanna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.

Skriflegt svar óskast.

752. Fyrirspurn [442. mál]

til fjármálaráðherra um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvað hafa margir einstaklingar leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts og/eða tekjuskatts skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamnings við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá því að lögin tóku gildi?

2. Hversu margir samningar hafa verið gerðir samkvæmt lögum nr. 64/1996 síðan þau tóku gildi, sundurliðað skv. 3. mgr. og 4. mgr. 1. gr. laganna?
3. Hverjar eru fjárhæðir sem samið hefur verið um? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.

Skriflegt svar óskast.

753. Fyrirspurn [443. mál]

til fjármálaráðherra um störf jaðarskattanefndar.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Er fyrirhugað að jaðarskattanefnd ljúki störfum og ef svo er, hvenær er þess þá að vænta?
2. Verða hugmyndir og tillögur nefndarinnar kynntar á yfirstandandi þingi?
3. Er þess að vænta að frumvarp verði lagt fram á yfirstandandi þingi um sérstakar aðgerðir til þess að draga úr jaðarskattsáhrifum tekjutengingar í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja, t.d. að því er varðar tekjutengingu heimilisuppbótar, sérstakrar heimilisuppbótar og annarra slíkra bótagreiðslna?

754. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um Flugskóla Íslands hf.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Kristján Þorbergsson hdl. Þá komu á fund Ísleifur Ottesen og Arnar Hákonarson frá Leiguflugi/Flugmennt og Guðlaugur Sigurðsson frá Flugskólanum Flugtaki og frá Félagi íslenskra einkaflugmanna komu Þorkell Guðnason, Höður Guðlaugsson og Guðmundur Þór Björnsson. Nefndinni bárust umsagnir frá Flugleiðum, Félagi íslenskra einkaflugmanna, Flugskóla Helga Jónssonar ehf., Flugtaki hf. og Leiguflugi/Flugmennt.

Frumvarp um stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla var lagt fram á 120. þingi og bárust þá allmargar umsagnir um málið. Frumvarpið hefur nú sætt nokkrum breytingum frá fyrri gerð, m.a. með hliðsjón af framkomnum athugasemdum.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands. Ástæða þess að slíkt rekstrarform er valið er sú að með því er aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að honum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Engum einum aðila öðrum en ríkinu er þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár samkvæmt frumvarpinu.

Markmiðið með starfsemi Flugskóla Íslands hf. er að veita nemendum bestu menntun sem völ er á hverju sinni og stefnt er að því að nemendur útskrifist með skírteini sem viðurkennd verði af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu, Joint Aviation Authorities (JAA).

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnfund hlutafélagins skuli halda samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra í samráði við þá sem hann kveður til samstarfs. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að tryggja að allir eigi jafna möguleika á að sækja stofnfund og að fundurinn verði auglýstur opinberlega. Með því er átt við að fundurinn verði auglýstur í blöðum eða á annan sannanlegan hátt. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsliður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: Samgönguráðherra skal auglýsa opinberlega fund um stofnun hlutafélags um rekstur Flugskóla Íslands.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. mars 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm. Magnús Stefánsson. Egill Jónsson.

Stefán Guðmundsson. Kristján Pálsson.

755. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um Flugskóla Íslands hf.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund allmarga umsagnaraðila.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands. Ástæða þess er sögð sú að með því sé aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að honum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Engum einum aðila öðrum en ríkinu sé þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár samkvæmt frumvarpinu.

Auðvelt virðist að gefa hagsmunaaðilum kost á að hafa áhrif á stjórn skólans án þess að breyta skólanum í hlutafélag, t.d. mætti skipa þá í skólaráð eða skólanefnd ásamt fulltrúum ráðuneyta, kennara og nemenda. Almennt virðist það heldur hæpin stefna í skólamálum að hagsmunaðilar og fyrirtæki geti keypt sér áhrif í skólum með hlutafjárframlögum.

Þá er rétt að benda á að frumvarpið er mjög umdeilt og mikilvægur umsagnaraðili, Félag íslenskra einkaflugmanna, mælir eindregið gegn samþykkt þess.

Að þessu athuguðu telur minni hluti nefndarinnar rétt að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til endurskoðunar.

Alþingi, 12. mars 1997.

Ragnar Arnalds, frsm. Guðmundur Árni Stefánsson. Ásta R. Jóhannesdóttir.

756. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í stað „15%“ í 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. laganna kemur: 8%.

2. gr.

Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 6. gr. laganna kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það.
b. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 3. tölul., er verði 2. tölul., kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

4. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. getur aðili óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum, tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Úrskurður gerðardóms er bindandi. Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

Sjávarútvegsráðherra getur sett reglur um starfsemi gerðardóms samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna: „Fiskveiðasjóður Íslands“ kemur: Lífeyrissjóður sjómanna.
b. Orðin „Stofnfjársjóðs fiskiskipa og“ falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðilar greiðslumiðlunar skv. 8. og 9. gr. skulu koma sér saman um skiptingu kostnaðar sem leiðir af umsýslu Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir greiðslumiðlunina. Náist ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar skal ráðherra setja reglugerð um slíka skiptingu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu veðbréfa sjóðanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt frumvarpi til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins er gert ráð fyrir að starfsemi Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs verði sameinuð 1. janúar 1998. Af þeim sökum er nauðsynlegt að gera breytingar á gildandi lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Lífeyrissjóði sjómanna verði falið að annast miðlun á því fé sem runnið hefur til sérstaks greiðslumiðlunarreiknings hjá Stofnfjársjóði. Þá er með frumvarpinu lagt til að tveir sjóðir, sem hafa verið vistaðir hjá Fiskveiðasjóði, verði lagðir niður. Er það annars vegar Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og hins vegar Framkvæmdasjóður.

Samkvæmt gildandi lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins er 15% af hráefnisverði þilfarsskipa 10 brl. og stærri haldið eftir af veðsetningu eða gjaldeyrisskilum og sú upphæð lögð inn á sérstakan bankareikning. Fénu er því ráðstafað með þrennum hætti: Í fyrsta lagi greiðast 7% af hráefnisverði fiskiskipa inn á stofnfjársjóðsreikning viðkomandi skips hjá Fiskveiðasjóði Íslands og rennur það fé til greiðslu afborgana og vaxta af veðlánum skipsins. Í öðru lagi greiðast 6% inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna til greiðslu tryggingariðgjalda. Í þriðja lagi greiðast 2% af hráefnisverði inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa. Á árinu 1996 námu þessar greiðslur til Stofnfjársjóðs fiskiskipa um 1.079 millj. kr. Fyrir opna báta og báta minni en 10 brl. er haldið eftir 10% af hráefnisverði og það fé lagt inn á greiðslumiðlunarreikninginn hjá Stofnfjársjóði.

Heildargreiðslur vegna þessara báta námu um 392 millj. kr. á árinu 1996. Því fé, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning, er síðan skipt mánaðarlega í samræmi við ákvæði 8. og 9. gr. laganna til greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða, iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu og félagsgjalda til samtaka sjómanna og útgerðarmanna. Samtals miðlaði greiðslumiðlunarreikningur Stofnfjársjóðs því um 1.471 millj. kr. á árinu 1996. Af þeirri fjárhæð fóru 1.192 millj. kr. til Lífeyrissjóðs sjómanna en sjóðurinn endurmiðlaði um 35% af þeirri fjárhæð eða rúmlega 400 millj. kr. til annarra lífeyrissjóða.

Með frumvarpi um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins er gert ráð fyrir að bankinn yfirtaki allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs Íslands. Í því felst m.a. að bankinn mun innheimta útistandandi lán Fiskveiðasjóðs vegna fiskiskipa. Ekki þykir eðlilegt að þessi innheimta verði tryggð með sérstökum lögum eftir að fjárfestingarbankinn hefur tekið til starfa enda er að því stefnt með lagasetningunni að afnema þann greinarmun sem gerður hefur verið á milli einstakra atvinnugreina. Í frumvarpinu um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er lagt til að lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa verði afnumin. Í framhaldi af þeirri tillögu er með þessu frumvarpi lagt til að niður verði felld sú lagaskylda sem hvílt hefur á viðskiptabönkum að halda eftir 7% af hráefnisverði fiskiskipa í samræmi við 5. gr. gildandi laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun.

Hins vegar er með frumvarpi þessu gert ráð fyrir að greiðslumiðlunarþátturinn í starfsemi Stofnfjársjóðs fiskiskipa haldi áfram óbreyttur frá því sem verið hefur. Ekki þykir hins vegar eðlilegt að láta fjárfestingarbankann annast þá þjónustu og er því lagt til að Lífeyrissjóði sjómanna verði falið það hlutverk enda fær sjóðurinn um 50% þeirra fjármuna sem miðlað er með þessum hætti.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að reka þessa greiðslumiðlun. Samkvæmt áætlun Fiskveiðasjóðs nam heildarkostnaður sjóðsins á árinu 1996 um 10,7 millj. kr. vegna greiðslumiðlunarinnar. Á sama tíma voru vaxtatekjur sjóðsins af greiðslumiðlunarreikningnum áætlaðar um 3,7 millj. kr. Kostnaður umfram tekjur var því áætlaður um 7 millj. kr. á árinu 1996. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að aðilar greiðslumiðlunarinnar komi sér saman um skiptingu kostnaðar af þessari starfsemi.

Hjá Fiskveiðasjóði Íslands eru vistaðir tveir sjóðir sem stofnaðir voru með lögum nr. 55/1942, um Framkvæmdasjóð ríkisins. Með lögum nr. 9/1944, um nýbyggingu fiskiskipa, var tekin ákvörðun um að veita fé úr Framkvæmdasjóði í sérstakan sjóð er nefnist Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa. Hlutverk þess sjóðs hefur verið að veita lán vegna tímabundinna og óvæntra áfalla í útgerð. Á undanförnum árum hafa þessi lán einkum verið veitt til eigenda smábáta. Hafa lánin numið mest 300 þús. kr. og eru þau tryggð með veði í viðkomandi báti. Lánin hafa verið veitt til fimm ára og með vöxtum sem nema 70% af meðalvöxtum viðskiptabankanna. Heildareignir Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa nema um 17 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru útlán sjóðsins um helmingur.

Á árunum 1945 til 1948 veitti ríkissjóður fé til Framkvæmdasjóðs en þessi sjóður veitti lán til útgerðarfyrirtækja allt fram til ársins 1974. Frá þeim tíma hafa eignir sjóðsins verið varðveittar á bankareikningum. Eignir sjóðsins nema nú rúmlega 1,5 millj. kr. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þessir sjóðir verði lagðir niður og að eignum þeirra verði ráðstafað til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að viðskiptabankarnir haldi einungis eftir 8% af hráefnisverði fiskiskipa við veðsetningu eða gjaldeyrisskil í stað 15% samkvæmt gildandi lögum.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um að Lífeyrissjóður sjómanna taki við greiðslumiðlunarhlutverki Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Eins og rakið var í almennum athugasemdum hér að framan er þessi tillaga gerð þar sem stærstum hluta þeirra fjármuna sem fara um greiðslumiðlun Stofnfjársjóðs fiskiskipa er miðlað til Lífeyrissjóðs sjómanna. Því þykir eðlilegt að Lífeyrissjóði sjómanna verði falið þetta hlutverk.

Um 3. gr.

Með þessari grein er lagt til að 1. tölul. 5. gr. verði felldur brott en þar er kveðið á um að 7% af hráefnisverði fiskiskipa renni til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Röð síðari töluliða greinarinnar breytist í samræmi við það.

Um 4. gr.

Á árinu 1996 var alls miðlað um 1.470.729 þús. kr. af greiðslumiðlunarreikningi hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa. Í samræmi við ákvæði 8. og 9. gr. gildandi laga var þeim fjármunum skipt á eftirfarandi hátt milli einstakra aðila:

1. Lífeyrissjóður sjómanna	1.192.000	þús. kr.
2. Slysa- og tryggingariðgjöld smábáta	184.111	þús. kr.
3. Landssamband smábátaeigenda	19.586	þús. kr.
4. Sjómannasamband Íslands, Alþýðusamband Austfjarða og Alþýðusamband Vestfjarða	22.622	þús. kr.
5. Vélstjórafélag Íslands	5.027	þús. kr.
6. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	10.054	þús. kr.
7. Landssamband íslenskra útvegsmanna	37.703	þús. kr.
Samtals	1.470.729	þús. kr.

Af því fé sem miðlað er til Lífeyrissjóðs sjómanna af greiðslumiðlunarreikningi endurmiðlar sjóðurinn um 35% til annarra lífeyrissjóða eða sem svarar til rúmlega 400 millj. kr. miðað við árið 1996. Eins og áður hefur verið rakið er gert ráð fyrir að þessi starfsemi verði óbreytt að öðru leyti en því að Lífeyrissjóði sjómanna verði falið að miðla þessum fjármunum í stað Stofnfjársjóðs fiskiskipa.

Í 2. og 3. mgr. er kveðið á um skiptingu fjár milli Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða annars vegar og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands hins vegar. Er lagt til að meginreglan verði sú að þessi félög skuli koma sér saman um skiptinguna og að við þá skiptingu verði tekið mið af fjölda félagsmanna sem starfa við fiskveiðar. Náist ekki samkomulag um skiptinguna er lagt til að hver aðili um sig geti óskað eftir því að skipaður verði gerðardómur. Er þetta breyting frá gildandi lögum en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra geti sett reglur um skiptingu fjárins. Lagt er til að formaður verði skipaður af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur. Niðurstaða gerðardóms verður

bindandi fyrir báða aðila og kostnaður af starfi hans greiðist af aðilum máls. Að öðru leyti eru ekki lagðar til ítarlegar leiðbeiningar um starfsemi gerðardómsins en hann hlýtur eðli máls samkvæmt að starfa eftir almennum reglum sem gilda um slíka dóma. Þó er gert ráð fyrir að ráðherra geti sett slíkar reglur reynist það nauðsynlegt.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eins og rakið var í almennum athugasemdum má búast við að Lífeyrissjóður sjómanna muni hafa nokkurn kostnað af því að annast greiðslumiðlun í samræmi við ákvæði 8. og 9. gr. laganna. Því er með c-lið greinarinnar lagt til að aðilar greiðslumiðlunarinnar komi sér saman um skiptingu kostnaðar. Ekki eru settar leiðbeiningar í frumvarpinu um það hvernig eigi að standa að slíkri kostnaðarskiptingu. Náist ekki samkomulag milli aðila er lagt til að ráðherra setji reglugerð um skiptingu kostnaðar er mundi þá taka mið af kostnaði Lífeyrissjóðs sjómanna við að annast greiðslumiðlunina og hlutdeild einstakra aðila í greiðslumiðlunarkerfinu.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1998 eða á sama tíma og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur til starfa og lög um Fiskveiðasjóð Íslands og Stofnfjársjóð fiskiskipa falla úr gildi skv. 19. gr. frumvarps til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Undanfarið hafa málefni er varða umgengni um auðlindir hafsins fengið aukna athygli. Má nefna lög um umgengni um auðlindir sjávar sem samþykkt voru á síðasta ári en að undirbúningi þeirrar lagasetningar vann sérstök nefnd sem sjávarútvegsráðherra skipaði. Nefnd þessi starfar enn og eitt af verkefnum hennar er að fjalla um gerð og búnað veiðarfæra og notkun þeirra.

Rannsóknir á veiðarfærum og hönnun þeirra með tilliti til þess að einungis veiðist þeir fiskar sem sóst er eftir, er mikilvægt verkefni. Mikil þróun hefur átt sér stað á þessu sviði undanfarin ár. Hafrannsóknastofnunin hefur kannað ýmsar leiðir til að auka kjörhæfni veiðarfæra, má þar nefna seiðaskiljur og smáfiskaskiljur, leggpoka, leggglugga o.fl. Ráðuneytið hefur mikinn áhuga á að slíkar rannsóknir verði efldar og bindur miklar vonir við að þróun á þessu sviði skili miklum árangri í betri umgengni um auðlindina. Nú er almenn skylda að nota seiðaskilju við úthafsrækjuveiðar og hefur sú stefna verið mörkuð að opna lokuð svæði fyrir veiðum ef smáfiskaskilja er notuð í vörpunni. Þrátt fyrir að þessum áfanga sé náð er ljóst að enn má ná betri árangri við að auka kjörhæfni veiðarfæra, með frekari þróun ýmissa tegunda af skiljum og öðrum breytingum á veiðarfærum. Gildir það ekki einungis fyrir togveiðarfæri þótt mest áhersla hafi verið lögð á að auka kjörhæfni þeirra. Rannsóknir á veiðarfærum eru dýrar m.a. vegna þess að þær verður að mestu leyti að framkvæma á sjó og oft er um tiltölulega dýran búnað að ræða. Myndarlegt átak í þessum efnum getur komið Íslendingum í fremstu röð á þessu sviði og ekki einungis fært umgengni um fiskstofnana til betri vegar heldur komið íslenskum framleiðendum slíks búnaðar til góða, ekki síst með tilliti til útflutnings. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að eignum þessara tveggja sjóða sem verið hafa í vörslu Fisk-

veiðasjóðs verði varið til átaks í þessum efnum samkvæmt sérstakri verkefnaáætlun sem unnin verður af Hafrannsóknastofnuninni.

Lagt er til að heimilt verði að semja við fjármálastofnanir um vistun á þessu fé. Hér er fyrst og fremst átt við innheimtu á útistandandi veðlánum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa en þau eru um helmingur af eignum sjóðsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Stofnfjársjóður fiskiskipa verði lagður niður og þær innheimtur sem hann hefur annast verði lækkaðar og þeim komið annars staðar fyrir. Breyting þessi er lögð til í tengslum við fyrirhugaðan samruna Fiskveiðasjóðs inn í Fjárfestingarbanka atvinnuveganna.

Í fyrsta lagi verði gjald það er til þessa hefur runnið til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og numið 15% lækkað í 8%. Lækkunin felst í því að hætt verður að innheimta 7% af hráefnisverði fiskiskipa til að greiða afborganir og vextir af veðlánum skipsins. Þau 8% sem eftir eru munu áfram skiptast þannig að 6% verði lögð inn á vátryggingareikning hjá LÍÚ til greiðslu tryggingaiðgjalda og 2% inn á greiðslumiðlunarreikning sem verði hjá Líf-eyrissjóði sjómanna í stað Stofnfjársjóðs fiskiskipa sem ætlað er að leggja niður.

Í öðru lagi verða tveir sjóðir, sem hættir eru starfsemi að mestu, Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og Framkvæmdasjóður ríkisins, lagðir niður og eftirstöðvum af eignum þeirra, samtals um 18–19 m.kr., varið til rannsókna á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar.

Ekki verður séð að breytingar þessar muni hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

757. Frumvarp til laga [445. mál]

um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við hlutafélag og stofnanda þess (stofnandinn), en félagið verður stofnað samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum og þessum lögum í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið).

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, stofnandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemi þess, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun félagsins.

Samningur sá, sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samkvæmt lögum þessum, um meginatriði varðandi verkefnið, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagið skal rekið í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Verkefnið.

Verkefnið, sem þessi lög heimila, felur í sér að félagið byggir verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þar með talin stækkun hafnarmannvirkja eins og nánar verður um samið í samningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli iðnaðarráðherra og félagsins og hafnarsamningi milli félagsins og hafnarsjóðs Grundartangahafnar. Álverið skal í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu.

3. gr.

Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa eins og þær eru ákveðnar í samningi, auk efnda hafnarsjóðs Grundartangahafnar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.

4. gr.

Undanþágur frá lögum.

Stofnandi (stofnendur) félagsins skv. 1. gr. skal teljast hæfur til að vera stofnandi slíks félags, án tillits til ákvæða 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Fjöldi og búseta stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal vera óháður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, um að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettur hér á landi.

Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur að skilyrði að ⅔ hlutafjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

5. gr.

Skattlagning.

Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, sem heimilar frádrátt er nemur 7% af nafnverði hlutafjár frá skattskyldum tekjum, skal ekki eiga við.
   b. Þrátt fyrir 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 skal skattur ekki lagður á eða dreginn frá arði, sem úthlutað er til hluthafa sem búsettir eru í OECD-ríki, að því tilskildu að hluthafinn uppfylli skilyrði i) og ii) liðar b-liðar 2. mgr. 12. gr. samnings milli Bandaríkjanna og Íslands til að koma í veg fyrir tvísköttun, nr. 22/1975, sem birtur er í Stjórnartíðindum.
   c. Fastafjármunir vegna byggingar bræðslunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á bræðslunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrningu skal hagað í samræmi við 5. tölul. þessarar greinar.
   d. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981.
   e. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár. Fé, sem verið hefur í fjárfestingarsjóði og notað er til fjárfestinga í fyrnanlegum eignum innan sex ára frá því að það var lagt inn, skal telja til skattskyldra tekna félagsins á því ári sem fjárfestingin á sér stað. Félaginu skal heimilt að auka fyrningu eigna um sömu fjárhæð á því ári.
   Fé í hinum sérstaka fjárfestingarsjóði, sem ekki hefur verið notað til fjárfestinga eða til að vega upp á móti rekstrartapi innan framangreindra tímamarka, skal telja til skattskyldra tekna og það skattlagt með skatthlutfalli þess árs þegar það var lagt inn. Það sama skal eiga við ef félagið er leyst upp.
2. Félagið skal undanþegið eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sérstökum eignarskatti skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 83/1989.
3. Félagið skal vera undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með áorðnum breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
4. Sérákvæði 1., 2. og 3. tölul. að framan skulu gilda fyrsta samningstímabilið (eins og það er skilgreint í samningnum) eða þar til kemur til fyrri uppsagnar á samningnum skv. 1. gr. Verði gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981 skal félagið eiga rétt á að sérákvæði verði endurskoðuð í þeim tilgangi að tryggja að ekki séu lagð-

ir á félagið þyngri skattar en ef það væri skattlagt samkvæmt lögunum, án hinna áðurnefndu sérstöku ákvæða.

5. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
6. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, og sérstaks fasteignaskatts á fasteignir, sem nýttar eru til verslunarreksturs eða skrifstofuhalds, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga.
7. Stimpilgjöld skulu, þegar þeirra yrði krafist í samræmi við lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, vera 0,15% af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og af fjárfestingarlánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu bræðslunnar og hafnarbúnaðar, sem og af öllum stimpilskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun félagsins. Lán, sem tekin eru í stað fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjaldi.
8. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð til Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt lögum nr. 54/1978 og gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og umsamda fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalda samkvæmt lögum nr. 19/1964.
9. Samningar, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, mega kveða á um meginreglur um endurskoðun skattlagningar félagsins þannig að heildarskattbyrði þess á Íslandi haldist óbreytt.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið.

Á fyrsta samningstímabilinu getur félagið valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um það. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní árið áður en breytingarnar eiga að taka gildi. Slík breyting á fyrirkomulagi skatta getur fyrst átt sér stað árið 2000 en á hverju ári þar eftir.

6. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi varðandi félagið. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slíkt ákvæði

má fela í sér undanþágu frá 10., 36. og 53. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, og öðrum ákvæðum laga sem ekki eru í samræmi við slíkt fyrirkomulag.

7. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt skal að vísa ágreiningi til gerðardóms ef aðilar eru því samþykkir.

8. gr.

Innflutningur og útflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis, á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðjuna og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skal vera undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar bræðslunnar.

9. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins á samningnum.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra fyrir hennar hönd verði veitt heimild til að semja við Columbia Ventures Corporation (Columbia) eða aðra aðila um nýtt álver á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við aðila um stofnun hlutafélags hér á landi til að reisa og reka álver sem verði í upphafi byggt til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári. Kveðið er á um að hlutafélagið verði stofnsett og starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga, þar með töldum ákvæðum frumvarpsins.

Í öðru lagi er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að tryggja efndir af hálfu hreppsnefndanna tveggja og hafnarsjóðs Grundartangahafnar.

Í þriðja lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álversins en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum er helgast af sérstöðu fyrirtækisins.

Í fjórða lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla, en í sérstökum tilvikum um stað gerðardóms. Einnig að íslensk lög verði ráðandi um túlkun og skýringu samninga um nýtt álver.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir: aðdraganda samninga (1), Columbia Ventures Corporation (2), væntanlegu álveri á Grundartanga (3), samningum (4), umhverfismálum (5) og mati á þjóðhagslegum áhrifum framkvæmdanna (6). Í fylgiskjölum er gerð grein fyrir helstu ákvæðum fjárfestingarsamnings (I), lóðarsamnings (II),

hafnarsamnings (III), meginatriðum varðandi orkuöflun og orkusölu (IV) og fyrirhuguðu álveri (V). Auk þess er greinargerð Hollustuverndar ríkisins, dags. 11. nóvember 1996, með tillögu að starfsleyfi (VI) og greinargerð Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álversins (VII).

1. Aðdragandi samninga.

Á vegum íslenskra stjórnvalda hafa á síðustu rúmlega tveimur árum farið fram athuganir á aukinni álframleiðslu á Íslandi með flutningi á hluta af búnaði úr álverksmiðju Vereinigte Aluminium Werke (VAW) í Töging í Þýskalandi til Íslands. Töging-álverið var reist árið 1980 og rekið til ársins 1993 en þá var rekstri hætt vegna erfiðra markaðsaðstæðna, hás raforkuverðs og mikils flutningskostnaðar á aðföngum og afurðum. Í fyrstu miðuðust athuganir við að nýta þennan búnað til að auka álframleiðslu í Straumsvík, hugsanlega með öðrum eignaraðilum en Alusuisse-Lonza. Í lok ársins 1994 voru fulltrúum Alusuisse-Lonza kynntar þessar hugmyndir. Snemma á árinu 1995 lýsti fyrirtækið yfir áhuga á að kanna þennan kost nánar með íslenskum stjórnvöldum. Jafnframt því ákvað Alusuisse að gera samanburð á hagkvæmni þess að nýta þennan búnað eða stækka álverið með eigin tækni. Þessum athugunum sem unnar voru af Alusuisse Engineering Limited (ALESA) og markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) lauk í aprílmánuði 1995 og varð niðurstaðan sú að Alusuisse-Lonza ákvað að stækka ÍSAL með eigin tækni. Framkvæmdum mun ljúka á þessu ári.

Þegar þessi niðurstaða var fengin var ákveðið að kanna aðra möguleika á að nýta búnað úr Töging-álverinu með því að reisa nýtt álver hér á landi í upphafi með 60.000 tonna ársframleiðslu. Hagkvæmniathuganir sýndu að slíkt álver gæti orðið arðsamt, jafnframt því sem það gæti hentað vel íslenskum þjóðarbúskap og orkuöflun. Þessi hugmynd var talin mjög áhugaverð fyrir fyrirtæki sem vildu fjárfesta í slíkum búnaði þar sem hægt væri að stytta framkvæmdatíma um tæplega eitt ár. Jafnframt stillti VAW verði búnaðar í hóf þar sem fyrirtækið hafði áhuga og hagsmuni af því að tæknin, sem nýtt er við álframleiðsluna og er í eigu þess, yrði notuð áfram.

Vorið og sumarið 1995 voru þessar hugmyndir kynntar nokkrum erlendum aðilum. Meðal annars hittu fulltrúar MIL og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins Kenneth D. Peterson, sem þá var forstjóri Columbia Aluminum Corporation (CAC), um miðjan maí. Hann sýndi hugmyndinni strax mikinn áhuga. Í ágúst keypti CAC hluta af búnaði Töging-álversins af VAW og í framhaldi af því kannaði fyrirtækið möguleika á að nýta þennan búnað í nýju álveri í Kanada, Venesúela og við Persaflóa auk Íslands.

Fulltrúar CAC komu til Íslands fyrir atbeina MIL í september og október 1995 og kynntu sér aðstæður til þess að reisa álver. Farið var yfir ýmsa staði sem talið var að gætu komið til greina. Það varð niðurstaða fyrirtækisins að staðsetning á Grundartanga hentaði best áformum þess. Góð hafnaraðstaða réði þar miklu.

Áætlanir fyrirtækisins miðuðust við mjög skjóta uppbyggingu og átti að hefja framleiðslu í árslok 1996. Varð fljótlega ljóst að valið stæði milli þess að reisa álverið í Venesúela eða á Grundartanga á Íslandi.

Til þess að Ísland væri í myndinni vegna hins knappa tíma ákvað stjórn MIL að láta vinna mat á umhverfisáhrifum allt að 180 þúsund tonna álvers á Grundartanga. Var það verk falið Hönnun hf. o.fl. ráðgjöfum. Með bréfi, dags. 22. nóvember 1995, óskaði CAC eftir því að MIL leitaði eftir úrskurði skipulagsstjóra ríkisins um mat á umhverfisáhrifum og jafnframt að sótt yrði um starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga til Hollustuverndar ríksisins fyrir þess hönd. MIL varð við þessum óskum.

Í desember 1995 kom upp ágreiningur milli helstu eigenda CAC, þ.e. lífeyrissjóðs starfsmanna og Kenneth D. Peterson, um framtíðarstefnu fyrirtækisins, m.a. um hvort hefja skyldi starfsemi utan Bandaríkjanna. Meðan á þeirri deilu stóð varð hlé á undirbúningi fyrirtækisins við að reisa nýtt álver til að nýta búnaðinn úr Töging-álverinu. Í maí 1996 tókst samkomulag milli þessara aðila sem fól m.a. í sér að lífeyrissjóður starfsmanna keypti hlutabréf Peterson í CAC, jafnframt því sem hann hélt eftir Columbia Ventures Corporation (Columbia) með úrvinnslufyrirtækjunum auk búnaðarins úr Töging-álverinu.

Eftir að samkomulagið hafði náðst einbeitti Columbia sér fyrst að því að kanna til hlítar aðstæður til að reisa álverið í Venesúela, enda hafði það fengið mjög hagstætt tilboð þaðan. Samningaviðræður gengu hægt og í ágúst var fyrirtækið tilbúið til að hefja að nýju könnunarviðræður við íslensk stjórnvöld. Settu íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun fram hugmyndir um samningsgrundvöll og tímaáætlun sem ekki var fjarri áformum fyrirtækisins. Í framhaldi af könnunarviðræðunum ákvað Columbia í byrjun september að hefja viðræður um að reisa álverið hér á landi þrátt fyrir að því byðust mjög hagstæð skilyrði í Venesúela, m.a. mjög lágt orkuverð.

Ákvörðun Columbia byggðist m.a. á þeirri undirbúningsvinnu sem hafði farið fram annars vegar á vegum sveitarfélaganna og hins vegar MIL í samráði við Columbia. Í því sambandi má nefna eftirfarandi:

Í fyrsta lagi lá fyrir svæðisskipulag (aðalskipulag) fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem samþykkt hafði verið af umhverfisráðherra 26. apríl 1994. Í skipulaginu er gert ráð fyrir auknum orkufrekum iðnaði á Grundartanga.

Í öðru lagi lá fyrir vegna góðrar hafnaraðstöðu á Grundartanga að ekki þyrfti að ráðast í mjög kostnaðarsamar og tímafrekar viðbótarframkvæmdir.

Í þriðja lagi hafði farið fram mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga og samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra, dags. 20. júní 1996, var fallist á byggingu álversins með tilteknum skilyrðum.

Í fjórða lagi hafði verið sótt um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins í desember 1995 og var vinna við gerð starfsleyfistillagna hafin.

Í fimmta lagi hafði ríkissjóður keypt hluta af landi jarðarinnar Vestra-Kataness sem fyrirhugað álver mun nýta.

Í sjötta lagi hafði Landsvirkjun kannað með hvaða hætti unnt yrði að mæta orkuþörf álversins á þeim tíma sem fyrirtækið áformaði að hefja rekstur.

Í september sl. hófust skipulegar viðræður annars vegar milli fulltrúa íslenskra stjórnvalda, Landsvirkjunar og sveitarfélaganna þar sem gert er ráð fyrir að álverið rísi og hins vegar fulltrúa Columbia. Ekki var skipuð formleg viðræðunefnd, en að samningaviðræðum af hálfu stjórnvalda hafa komið: Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóri og Jón Ingimarsson skrifstofustjóri frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti; Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Skarphéðinn Berg Steinarsson deildarstjóri frá fjármálaráðuneyti; og Garðar Ingvarsson framkvæmdastjóri og Andrés Svanbjörnsson yfirverkfræðingur frá MIL. Jón Sveinsson hrl. hefur verið lögfræðilegur ráðunautur. Ólafur Kristinsson endurskoðandi hefur veitt ráðgjöf varðandi reikningsskil og dr. Páll Jensson prófessor við útreikning á arðsemi o.fl.

Af hálfu Landsvirkjunar hafa Halldór Jónatansson forstjóri og Jóhann Már Maríusson aðstoðarforstjóri tekið þátt í viðræðunum. Lögfræðilegur ráðunautur Landsvirkjunar hefur verið Baldur Guðlaugsson hrl. Auk þess hafa Robin Adams hjá RSI og James King veitt ráðgjöf varðandi álverðsspár o.fl. og fulltrúar fjármálafyrirtækisins J.P. Morgan varðandi fjármögnun verkefnisins.

Af hálfu sveitarfélaganna tveggja hafa tekið þátt í viðræðunum Marinó Tryggvason oddviti og Guðlaugur Hjörleifsson af hálfu Skilmannahrepps og Jón Valgarðsson oddviti og Jónas Guðmundsson af hálfu Hvalfjarðarstrandarhrepps. Lögfræðilegur ráðunautur þeirra hefur verið Jónas Aðalsteinsson hrl.

Hafnarstjórn Grundartangahafnar hefur tekið þátt í viðræðum vegna hafnarsamnings, en í henni eiga sæti: Marinó Tryggvason, formaður, Friðrik Kristinsson, Herdís Þórðardóttir, Jónas Guðmundsson og Þórir Jónsson sem varamaður Jóns Böðvarssonar. Enn fremur hafa komið að samningsgerðinni af hálfu hafnarstjórnarinnar Aðalsteinn Jónasson hdl., Jónas Aðalsteinsson hrl., Pétur Baldursson hafnarstjóri og Stefán Reynir Kristinsson, fjármálastjóri hafnarinnar.

2. Columbia Ventures Corporation (Columbia).

Columbia Ventures Corporation (Columbia) var stofnað sem eignarhaldsfélag árið 1988 af Columbia Aluminum Corporation en er nú í eigu Kenneths D. Peterson. Columbia hefur keypt eða reist fimm úrvinnslufyrirtæki auk tveggja endurvinnslna. Auk þess á Columbia markaðs- og sölufyrirtæki. Fjögur úrvinnslufyrirtækjanna eru í Kaliforníu og eitt í Texas. Samtals er framleiðslugeta þessara fyrirtækja rúmlega 50.000 tonn af álvörum á ári. Fyrirtækin hafa sérhæft sig í yfirborðsmeðhöndlun áls, lökkun og þess háttar. Endurvinnsla á vegum fyrirtækisins á áli fer fram í Oregon, Kaliforníu, Texas og Kentucky. Fyrirtæki Columbia geta samtals endurunnið um 90.000 tonn af áli á ári.

Þar sem Columbia er hlutafélag í einkaeign og ekki skráð á hlutabréfamarkaði er bókhald fyrirtækisins ekki opinbert. Þó hefur verið upplýst að eigið fé sé vel á annað hundrað milljónir dollara og eiginfjárhlutfall yfir 90%. Sala fyrirtækisins er áætluð um 12 milljarðar á ári. Starfsmenn eru um 750. Fyrirtækið hefur veitt stjórnvöldum frekari upplýsingar í trúnaði um fjárhag sinn sem staðfestar eru af endurskoðendum þess (Coopers & Lybrand).

Heimilisfang Columbia er:

Columbia Ventures Corporation
1220 Main Street, Suite 200
Vancouver
Washington 98660
USA

3. Lýsing á fyrirhuguðu álveri á Grundartanga.

Álverið verður staðsett á rúmlega 80 ha svæði á landi úr jörðunum Klafastöðum í Skilmannahreppi og Katanesi (Vestra-Katanesi) í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Það verður búið rafgreiningartækni frá VAW, svokallaðri CA 180kA tækni og er gert ráð fyrir að það muni framleiða um 60 þúsund tonn af hrááli á ári í upphafi. Gert er ráð fyrir að unnt sé að auka framleiðslu álversins síðar með því að stækka það og er í mati á umhverfisáhrifum miðað við 180 þúsund tonna framleiðslu á ári. Columbia hefur gert samning við VAW varðandi ráðgjöf í tæknilegum málum sem tryggir að VAW mun veita álverinu

þjónustu bæði við uppsetningu á búnaði sem keyptur var af VAW sem og við gangsetningu álversins.

Fjárfestingarkostnaður við að reisa 60.000 tonna álverið er áætlaður rúmlega 11 milljarðar króna. Árlegt útflutningsverðmæti er um 100 milljónir bandaríkjadala sem jafngildir um 7 milljörðum króna miðað við gengi í febrúar 1997 og álverð 1.650 USD/tonn. Gert er ráð fyrir að 110–135 starfsmenn muni starfa við álverið í upphafi, en líklegt er að þeim fjölgi í um 150 innan fárra missira.

Hráefni til álvinnslunnar er einkum súrál og kolaskaut úr koksi og biki. Hráefnisþörf álvers með 60.000 árstonna framleiðslu er:

Súrál	120.000 tonn á ári
Kolaskaut	33.000 tonn á ári
Steypujárn, olíur, gas o.fl.	5.000 tonn á ári

Við framleiðsluna falla til um 7.000 tonn á ári af skautaleifum sem nýtast við framleiðslu á kolaskautum.

Columbia hefur tryggt sér aðföng vegna framleiðslunnar sem og sölu á hrááli sem framleitt verður í álverinu. Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu vegna samkomulags við VAW Aluminium í Þýskalandi um að fyrirtækið láti álverinu á Grundartanga í té kolaskaut. Samkomulagið er til 10 ára. Skautin verða framleidd í Neuss-álverinu sem er í nágrenni við Düsseldorf í Þýskalandi. VAW mun einnig taka við notuðum skautaleifum og endurvinna þær. Columbia hefur sömuleiðis gert samning til 10 ára við Billiton Marketing and Trading BV um kaup á súráli. Billiton mun jafnframt kaupa allt hrááll sem framleitt verður í álverinu á Grundartanga. Billiton sem er hollenskt að uppruna er dótturfyrirtæki Gencor, fjölþjóðlegs málm- og námavinnslufyrirtækis í Suður-Afríku. Fyrirtækið á hlut í álverum í Suður-Ameríku og báxitnámur og súrálsvinnslur í Ástralíu, Surinam og Brasilíu.

Álverinu og framkvæmdum vegna þess er nánar lýst í fylgiskjali V.

4. Samningar.

Samkomulag við Columbia og hlutafélag þess um álbræðslu á Grundartanga felur í sér fjóra samninga, þ.e. fjárfestingarsamning, lóðarsamning, hafnarsamning og rafmagnssamning. Samningar þessir munu að stofni til byggja á sömu grundvallaratriðum, m.a. varðandi lausn ágreiningsmála, óviðráðanleg ytri öfl, samningstíma, framlengingu samnings, framsal réttinda, uppsögn, breytingar og endurskoðun. Í hafnarsamningi eru þó nokkur ákvæði með öðrum hætti en í hinum samningunum. Samningarnir eru í upphafi miðaðir við 20 ára rekstur, en gert er ráð fyrir framlengingu þeirra og er kveðið á um að aðilar skuli áður en um þrjú ár eru eftir af samningstímanum hafa lokið viðræðum um framlengingu í ekki minna en 10 ár. Ákvæði í lóðarsamningi tryggir þó hlutafélaginu einhliða rétt til að framlengja samninginn. Hér verður þessum samningum lýst í örstuttu máli, en nánari lýsingu á þeim er að finna í fylgiskjölum I til IV.

Í fyrsta lagi verður gerður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Columbia og hlutafélags, sem það hefur stofnað hér á landi, Norðuráls hf., hins vegar. Lagafrumvarp þetta er nauðsynleg forsenda þess að unnt verði að gera þennan samning. Í fylgiskjali I er meginatriðum fjárfestingarsamningsins lýst. Fjárfestingarsamningurinn mun verða birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Í öðru lagi lóðarsamningur milli ríkissjóðs og Norðuráls hf. Samkvæmt samningnum leigir ríkissjóður hlutafélaginu rúmlega 80 hektara landsspildu úr landi jarðanna Klafastaða og Kataness (Vestra-Kataness) undir bræðsluna. Samningnum er lýst í fylgiskjali II.

Í þriðja lagi hafnarsamningur milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls hf. Samningurinn kveður m.a. á um rétt hlutafélagsins til að nota höfnina, hafnarlandið og hafnarmannvirki, og um greiðslur fyrir þessi not. Samningnum er lýst í fylgiskjali III.

Í fjórða lagi rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. Gert er ráð fyrir að raforkuþörf álversins verði 930 GWh á ári, 90% á tryggðum grundvelli (forgangsorka) og 10% á ótryggðum grundvelli. Í samningnum mun hlutafélagið skuldbinda sig til þess að greiða Landsvirkjun fyrir stærstan hluta þessarar orku óháð því hvort fyrirtækið nýtir orkuna eða ekki. Miðað við að einum ofni verði bætt við hjá Íslenska járnblendifélaginu, svo og til að fullnægja hinni árlegu aukningu í raforkueftirspurn hins almenna markaðar, er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum vegna orkuöflunar og orkuflutnings á vegum Landsvirkjunar:

Stækkun Kröfluvirkjunar,
aflaukningu í Búrfellsvirkjun,
gerð Hágöngumiðlunar,
byggingu Sultartangavirkjunar,
Sultartangalínu 1 (Sultartangi – Búrfell) og
Búrfellslínu 3A (Búrfell – Sandskeið).

Auk þessara framkvæmda mun Hitaveita Reykjavíkur reisa Nesjavallavirkjun (tveir áfangar) og leggja háspennulínu frá Nesjavöllum að Korpu. Samtals er gert ráð fyrir að fjárfesting í orkumannvirkjum nemi um 22 milljörðum króna án vaxta á framkvæmdatíma.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðan rafmagnssamning er í fylgiskjali IV. Í henni kemur fram að áætlað er að núvirtur hagnaður af orkusölunni geti verið um 1.300 milljónir króna miðað við grundvallarforsendur en það svarar til um 6,8% innri vaxta að raungildi af nauðsynlegri fjárfestingu.

5. Umhverfismál.

5.1. Almennt.

Viðhorf til umhverfismála í heiminum hafa breyst mikið á síðustu áratugum, einkum í kjölfar starfa Bruntlandsnefndarinnar svokölluðu og heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfis- og þróunarmál sem haldin var í Ríó de Janeiro árið 1992. Breytt viðhorf hafa leitt til þess að margar þjóðir hafa endurskoðað stefnu sína og löggjöf í umhverfismálum.

Hér á landi hafa verið gerðar miklar breytingar á löggjöf á sviði umhverfismála á síðustu árum. Meðal annars hafa verið sett lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, nr. 21/1993, og lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Með þessum breytingum hefur almenningi verið veittur greiðari aðgangur að upplýsingum um umhverfismál. Jafnframt er kveðið á um að áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér skuli kynna framkvæmdina og almenningi gefinn kostur á að gera athugasemdir sem skipulagsstjóri skuli taka tillit til þegar hann úrskurðar hvort framkvæmd skuli leyfð. Meðal framkvæmda sem lögin um mat á umhverfisáhrifum taka til eru orkufrek iðjuver, orkuver og háspennulínur.

Undirbúningur álvers á Grundartanga hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa áhrif á undirbúningsstigi. Undirbúningurinn hefur jafnframt farið fram á grundvelli aðalskipulags fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem staðfest var snemma á árinu 1994. Hér verður gerð nokkur grein fyrir þessu skipulagi, mati á umhverfisáhrifum og undirbúningi starfsleyfis.

5.2. Skipulag.

Í árslok 1988 óskuðu forsvarsmenn sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur og Skilmannahreppur, eftir því við Skipulag ríkisins að gert yrði svæðisskipulag sem næði til allra þessara sveitarfélaga. Í samræmi við ákvæði skipulagslaga var skipuð samvinnunefnd sveitarstjórna og Skipulagsstjórnar ríkisins til að hafa umsjón með verkefninu. Nefndin réð Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt til að annast skipulagsvinnuna. Henni til aðstoðar voru Magnús Ólafsson arkitekt og VT-teiknistofan á Akranesi, auk þess sem leitað var aðstoðar fjölmargra sérfræðinga og stofnana.

Tillaga að svæðisskipulagi fyrir svæðið sunnan Skarðsheiðar var auglýst samkvæmt skipulagslögum 24. september 1993 og lá frammi almenningi til sýnis í öllum sveitarfélögunum til 4. nóvember 1993 eins og lög mæla fyrir um. Frestur til að gera athugasemdir rann út 19. nóvember 1993 og höfðu fyrir lok hans borist 19 athugasemdir. Samvinnunefndin fjallaði um athugasemdirnar eftir að sveitarstjórnir einstakra sveitarfélaga höfðu tekið þær til meðferðar og lokið umfjöllun sinni um þær. Í skipulaginu kemur fram að tekið var tillit til fjölmargra athugasemda, en öðrum hafnað. Í riti, sem samvinnunefndin gaf út um skipulagið í október 1994, er gerð grein fyrir helstu atriðum sem athugasemdir voru gerðar við. Ekki er vikið að iðnaðarsvæðinu á Grundartanga í þeirri upptalningu.

Á fundi samvinnunefndarinnar 31. janúar 1994 undirritaði samvinnunefndin uppdrætti og samþykkti að óska eftir staðfestingu umhverfisráðherra á svæðisskipulagsáætluninni. Skipulagsstjórn ríkisins tók málið til lokaafgreiðslu 2. febrúar 1994, undirritaði uppdrætti og afgreiddi þá ásamt greinargerð til staðfestingar í umhverfisráðuneytinu með fyrirvara vegna ráðgerðrar veglagningar yfir Leggjabrjót. Þann 24. apríl 1994 staðfesti umhverfisráðherra skipulagsáætlunina.

5.3. Helstu ákvæði svæðisskipulags.

Í 2. kafla svæðisskipulagsgreinargerðarinnar er fjallað um helstu forsendur. Kafli 2.3.5.4, sem ber heitið iðnaður og byggingarstarfsemi, er tvískiptur: *„A: Stóriðja, orkufrekur iðnaður“* og *„B: Annar iðnaður“*. Undir þeim síðarnefnda er fjallað um sementsframleiðslu, byggingariðnað, málm- og skipasmíði, prentiðnað og prjóna- og saumaiðnað. Undir þeim fyrrnefnda er fjallað um iðnaðarsvæðið á Grundartanga og núverandi starfsemi á Grundartanga. Um iðnaðarsvæðið á Grundartanga segir svo:

„Iðnaðarsvæðið á Grundartanga býður að mörgu leyti upp á ákjósanleg skilyrði fyrir frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Flutningsgeta núverandi raforkukerfis til svæðisins er t.d. 300 MW, en járnblendiverksmiðjan nýtir aðeins um 70 MW. Þá getur núverandi Grundartangaveita flutt mun meira vatnsmagn en nú er nýtt. Hafnaraðstaða er fyrir hendi á Grundartanga, sem þjónað getur frekari iðnaðarstarfsemi en þar er nú og stækkun hafnarinnar er mjög auðveld.

Samgönguæðar á landi að og frá svæðinu eru greiðfærar, þannig að fólk af öllu svæðinu getur auðveldlega notfært sér atvinnutilboð á Grundartanga. Nýr vegur frá Brennimel að Grundartanga mundi gera aðgengið að iðnaðarsvæðinu enn betra. Veggöng undir Hvalfjörð mundu og tengja þetta svæði enn betur höfuðborgarsvæðinu og trúlega gera það að fýsilegasta kostinum fyrir stóriðju og orkufrekan iðnað sem völ er á hérlendis.

Þegar tekin er afstaða til stóriðju og orkufreks iðnaðar verður að sjálfsögðu að gæta þess að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og að framkvæmdir séu felldar vel að landi og umhverfi. Einnig þarf að líta til þess hvaða félagsleg áhrif starfsemin leiðir af sér. Sennilegt er að frekar ætti að sækjast eftir minni en fleiri fyrirtækjum inn á svæðið þar sem starfsmannafjöldinn væri á bilinu 10–50 manns. Hættan á félagslegri röskun er þá minni ef fyrirtæki hættir starfsemi og fjölbreytni í starfsemi hugsanlega meiri."

Í 3. kafla greinargerðarinnar er gerð grein fyrir meginniðurstöðum, stefnumörkun og markmiðum. Þar er meðal annars bent á að Grundartangasvæðið verði með tilkomu Hvalfjarðarganga með best staðsettu iðnaðarsvæðum landsins. Undir liðnum „*Atvinnumál*" segir meðal annars: „*34. Stefnt er að öflugri kynningu á Grundartangasvæðinu og kostum þess sem iðnaðarsvæðis.*" Og undir liðnum „*Staðsetning einstakra landnotkunarflokka*" segir meðal annars: „*48. Lóðum undir iðnaðarstarfsemi er fyrst og fremst ætlaður staður á Akranesi og Grundartanga, en svæðið við Litla-Sand og Miðsand getur þó þróast sem sérhæfður atvinnukjarni.*"

Í fjórða kafla skipulagsgreinargerðarinnar er skipulagstillögunni lýst og gerð grein fyrir fyrirhugaðri framtíðarlandnotkun á svæðinu. Á skipulagsuppdrætti kemur fram að stórt svæði á Grundartanga er ætlað sem atvinnusvæði til annars en landbúnaðar. Um þetta segir meðal annars í kaflanum:

„*Gerð er tillaga um að iðnaðarsvæðið á Grundartanga verði stærra en nú er og hafa mörk þess á uppdrætti verið færð til austurs inn í Hvalfjarðarstrandarhrepp. Þetta er gert vegna þess að svæðið hentar vel sem iðnaðarsvæði og þar hefur nú þegar verið varið miklum fjármunum t.d. í hafnaraðstöðu sem nýst gæti öflugu athafnasvæði mjög vel. Því er gott að tryggja nú þegar möguleika á meira landsvæði fyrir slíka starfsemi. Ganga þarf út frá því að mat á umhverfisáhrifum fari fram í tengslum við ákvörðun um ný iðnfyrirtæki þar.*"

Á grundvelli þessa skipulags mátti ætla að álver á Grundartanga félli að þeirri stefnumörkun um þróun sveitarfélaganna sem mótuð var á fyrri hluta þessa áratugar og kynnt var íbúum þeirra fyrir rúmlega þremur árum um leið og þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir.

5.4. Mat á umhverfisáhrifum álvers.

Eftir að fulltrúar Columbia höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þeir mundu óska eftir að reisa álverið á Grundartanga, ef ákveðið yrði að það yrði byggt á Íslandi, var málið kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar á fundi sem MIL boðaði til og haldinn var á Akranesi 5. október 1995. Af hálfu heimamanna var málinu vel tekið og ekki komu fram nein andmæli. Í framhaldi af þessum fundi var Hönnun hf. ráðin til þess að vinna að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, og reglugerð nr. 179/1994. Lögformlegum umsagnaraðilum voru send bréf í byrjun október og þeim gefið tækifæri til að gera athugasemdir þegar í upphafi vinnu að matinu. Haldinn var fundur með full-

trúum aðliggjandi sveitarfélaga í Fannahlíð í Skilmannahreppi 6. nóvember 1995 þar sem ráðgjafar framkvæmdaraðila kynntu fyrirhugaðar framkvæmdir. Þær voru jafnframt kynntar á borgarafundi að Hlöðum 28. nóvember 1995. Á þeim fundi voru frummælendur, auk ráðgjafa framkvæmdaraðila, fulltrúar frá Skipulagi ríkisins og Hollustuvernd ríkisins.

Tilkynning um fyrirhugað álver á Grundartanga var formlega móttekin hjá skipulagsstjóra ríkisins 14. desember 1995 ásamt skýrslu Hönnunar: *„ÁLVER Á GRUNDARTANGA. Mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers, lagningar háspennulína og stækkunar Grundartangahafnar. Frumathugun.“* Skipulagsstjóri birti tilkynningu um framkvæmdina opinberlega með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 22. desember 1995 og í Morgunblaðinu og í auglýsingablaðinu Pésanum 20. desember s.á. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 22. desember 1995 til 29. janúar 1996 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík, Teiknistofu Magnúsar H. Ólafssonar, Akranesi, Bókasafni Akraness og á skrifstofum Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Leirár- og Melahrepps eftir samkomulagi við viðkomandi oddvita. Sex athugasemdir bárust á kynningartíma. Skipulagið leitaði einnig umsagna hjá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði, Vita- og hafnamálastofnun, Veiðimálastofnun, sveitarstjórnum Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandahrepps og Leirár- og Melahrepps og loks hjá Íslenska járnblendifélaginu hf.

Skipulagsstjóri kvað upp úrskurð 19. febrúar 1996 þar sem fallist var á byggingu fyrsta áfanga álvers á Grundartanga með 60.000 tonna ársframleiðslu og annars áfanga með stækkun í allt að 180.000 tonna ársframleiðslu, ásamt hafnarmannvirkjum og háspennulínum, eins og þeim er lýst í frummatsskýrslunni með tilteknum skilyrðum í sex liðum.

Sjö aðilar kærðu úrskurð skipulagsstjóra til umhverfisráðherra. Umhverfisráðuneytið kvað upp úrskurð sinn 20. júní 1996 þar sem úrskurður skipulagsstjóra ríkisins um að fallist væri á framkvæmdina var staðfestur með nokkrum breytingum.

5.5. Starfsleyfi.

Þann 6. desember 1995 sótti markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fyrir hönd Columbia um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir álver á Grundartanga miðað við 180.000 tonna framleiðslu á ári.

Starfsmenn Hollustuverndar unnu að gerð starfsleyfistillagna í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum. Í fylgiskjali VI er greinargerð stofnunarinnar, dags. 11. nóvember 1996, með tillögu að starfsleyfi fyrir álverið. Opinber auglýsing um starfsleyfistillögurnar var birt í Lögbirtingablaðinu 6. nóvember 1996. Upphaflega áttu tillögurnar að liggja frammi til kynningar á hreppsskrifstofum Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps og afgreiðslu Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis í sex vikur eða frá 11. nóvember 1996 til 23. desember s.á. og var frestur til að skila athugasemdum til Hollustuverndar ríkisins til þess dags. Hinn 12. desember 1996 var skilafrestur á skriflegum athugasemdum framlengdur til 13. janúar 1997. Starfsleyfistillögurnar lágu því frammi til kynningar í níu vikur. Hinn 9. janúar 1997 hélt heilbrigðisnefnd Akranessvæðisins opinn fund í Heiðarborg í Leirár- og Melahreppi um starfsleyfistillögurnar. Á fundinum kynnti Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnasviðs hjá Hollustuvernd ríkisins, tillögurnar og Trausti Baldursson hjá Náttúruvernd ríkisins gerði grein fyrir líklegum athugasemdum stofnunarinnar við tillögurnar.

Alls bárust Hollustuvernd ríkisins 54 athugasemdir (margar þeirra samhljóða) við tillögurnar. Starfsmenn stofnunarinnar hafa kannað málið í ljósi þessara athugasemda og lagt fyrir stjórn Hollustuverndar endurskoðaða tillögu að starfsleyfi. Stjórn Hollustuverndar samþykkti á fundi 21. febrúar 1997 starfsleyfistillögu sem send hefur verið til umhverfisráðherra sem gefur út starfsleyfi fyrir fyrirtæki af þeirri stærð sem hér um ræðir. Jafnframt hefur stofnunin gert þeim sem sendu inn athugasemdir grein fyrir niðurstöðu sinni.

6. Áhrif á þjóðarhag.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif byggingar álvers Columbia Ventures Corporation á Grundartanga, Norðuráls hf., með 60.000 tonna framleiðslugetu á ári (sjá fylgiskjal VII). Í athugun stofnunarinnar er miðað við áætlanir Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur um framkvæmdir til orkuöflunar og við flutningslínur og áætlanir frá Columbia um álversframkvæmdir.

Í greinargerð stofnunarinnar eru borin saman tvö tilvik, þ.e. með og án stóriðjuframkvæmda. Hafa ber í huga að mat stofnunarinnar er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru í greinargerð stofnunarinnar. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir árin 1997–2000 og nái hámarki árið 1998. Alls er gert ráð fyrir að fjárfesting án vaxta á byggingartíma verði um 30 milljarðar króna. Til samanburðar var fjárfesting hér á landi árið 1996 um 91 milljarður króna.

Gert er ráð fyrir að ársverk við framkvæmdirnar verði alls um 1.300. Búist er við að þar verði að mestu um innlent vinnuafl að ræða.

Eftir að rekstur er hafinn er gert ráð fyrir tæplega 150 frambúðarstörfum við álver og raforkuvinnslu. Auk þess koma til afleidd störf.

Gert er ráð fyrir að álverið verði rekið á fullum afköstum árið 1999 og útflutningur þess nemi þá um 6,8 milljörðum króna á ári, eða 3,5% af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Heildarútflutningur stóriðjuafurða áætlast þá verða um 14% af útflutningi í stað 11%.

Áhrifin á hagsveifluna á næstu 3–4 árum verða töluvert mikil ef af þessu verkefni verður. Þannig aukast fjárfestingar í heild um 12% meira en ella á þessu ári og allt að 21% árið 1998. Hagvöxtur 1997 verður tæp 3,5% í stað rúmlega 2,5%, eða 1% meiri en ella. Áhrif fjárfestinganna fjara út árin 1999–2000, en samtímis hefst álframleiðsla.

Eftir að tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til framleiðslu áls má ætla að eftir standi um 3,5 milljarðar króna á ári sem eru um 0,6% af landsframleiðslunni. Varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar vegna þessara verkefna er um 0,8% eða sem svarar rúmlega 4 milljörðum króna á ári.

Til lengri tíma litið má reikna með að erlendar vaxta- og arðgreiðslur vegna framkvæmdanna verði að jafnaði um 2 milljarðar króna árlega. Eftir standa því rúmlega 1,5–2 milljarðar króna, eða um 0,3% af vergri þjóðarframleiðslu, sem beint framlag til viðskiptajafnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu. Með traustri hagstjórn á framkvæmdaskeiðinu, eins og gert er ráð fyrir í áliti stofnunarinnar, telur hún að varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslunnar geti orðið um 0,5%.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er iðnaðarráðherra heimilað að ganga til samninga á grundvelli frumvarps þessa við hlutafélag og stofnanda þess, en hlutafélagið verður stofnað samkvæmt íslenskum lögum í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu hér á landi. Gert er ráð fyrir að félagið verði í eigu Columbia Ventures Corporation. Í samningi við félagið skal kveðið á um skuldbindingar ríkisins og félagsins sem hin fyrirhugaða starfsemi gefur tilefni til. Þar skal einnig fjallað um framkvæmd ákvæða laganna, eftir því sem nauðsynlegt er talið. Í samningnum skal kveðið á um gildistíma ákvæða hans sem ekki skal vera skemmri en 20 ár. Er í því efni miðað við sambærilegan gildistíma og fram kemur í öðrum áþekkum samningum sem gerðir hafa verið af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Gert er ráð fyrir að samningur um verkefnið verði birtur í B-deild Stjórnartíðinda að undirskrift lokinni. Þá skal hlutafélagið starfrækt samkvæmt íslenskum lögum og reglum með þeim frávikum sem í frumvarpi þessu greinir.

Um 2. gr.

Í greininni er kveðið á um verkefni það sem lögin heimila, en því er ítarlega lýst í almennum athugasemdum. Verkefnið er skilgreint sem bygging verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahreppi, til framleiðslu á áli og skyldri starfsemi, stækkun hafnarmannvirkja og hafnarbúnaðar, og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu, eins og nánar verður um samið í samningi sem gerður verður innan ramma þessara laga annars vegar á milli iðnaðarráðherra og félagsins og hins vegar á milli félagsins og hafnarsjóðs Grundartangahafnar. Álverið verður hannað til að framleiða í upphafi um það bil 60.000 tonn af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu.

Um 3. gr.

Í samningum, sem gerðir verða innan ramma þessa frumvarps, er m.a. kveðið á um ýmsar skuldbindingar sem aðilar hafa gengist undir í tengslum við verkefnið. Efndir þessara skuldbindinga eru með þeim hætti að ekki er óeðlilegt að félagið njóti tryggingu þegar um er að ræða aðra aðila en ríkið sjálft. Er því eðlilegt að ríkið taki á sig ábyrgð í sambandi við ákveðnar efndir í tengslum við verkefnið. Þær ábyrgðir sem hér um ræðir eru annars vegar vegna skuldbindinga Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps varðandi ákvörðun um gjöld til sveitarfélaganna og hins vegar vegna skuldbindinga hafnarsjóðs Grundartangahafnar í tengslum við kostnað við viðbótarhafnaraðstöðu í þágu bræðslunnar, en heimild Alþingis vegna hins síðarnefnda liggur þegar fyrir í nýsamþykktum lánsfjárlögum. Gerðir verða sérstakir samningar af hálfu ríkisins við sveitarfélögin tvö og hafnarsjóð Grundartangahafnar í sambandi við framangreint.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir, með tilliti til aðildar hins erlenda aðila að hlutafélagi því sem ráðgert er að stofna vegna reksturs álversins og annarra aðstæðna, að ekki séu lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu. Á sama hátt er eðlilegt að heimila frávik frá þeim ákvæðum hlutafélagalaga, iðnaðarlaga og laga um verslunaratvinnu er fjalla um persónu stofnenda eða þjóðerni. Samkvæmt gildandi lögum er það á færi viðkomandi ráðherra að veita undanþágur en með tilliti til þess að um stórverkefni er að ræða þykir eðlilegt að fjalla um þessar undanþágur í frumvarpi þessu. Enn fremur er nauðsynlegt að heimila frávik frá lögum um eignarrétt erlendra aðila að fasteignum hér á landi og ákvæðum um

skyldutryggingar fasteigna með tilliti til brunatjóns og viðlaga. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði tryggðar á þann hátt sem venjulegt telst í álframleiðslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein samningsins er að finna ákvæði um skattamál félagsins. Ólíkt fyrri samningnum um álframleiðslu og aðra stóriðju hér á landi er nú ekki samið um heildstæða sérmeðferð á sköttum félagsins heldur eru íslensk skattalög lögð til grundvallar og gilda um starfsemi félagsins með tilteknum frávikum sem nauðsynlegt var að gera. Ákvæði íslenskra skattalaga hafa verið að breytast í átt til samræmis við það sem almennt er í nálægum löndum sem ásamt stöðugleika í efnahagslífinu hefur dregið úr þörf á sérstakri skattalegri meðferð fyrirtækja í eigu erlendra aðila, enda er ekki samið um hana nema í undantekningartilvikum.

Ástæðurnar fyrir því að taka þurfti ákvæði um skatta í samninga vegna þess félags sem hér um ræðir eru tvíþættar. Annars vegar var nauðsynlegt að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins vegna sérstaks ákvæðis í íslenskum skattalögum um frádrátt arðs frá skattskyldum tekjum og hins vegar eiga ákvæði um smágjöld og markaða tekjustofna, svo og fasteignagjöld, illa við um stórfyrirtæki sem njóta takmarkaðrar þjónustu.

Ákvæði tekjuskattslaganna um að hlutafélögum sé heimilt að draga útborgaðan arð, allt að 7% af nafnverði hlutafjár, frá skattskyldum tekjum kemur illa við hagsmuni ríkisins þegar um er að ræða erlendan eignaraðila að hlutafélagi hér á landi. Getur það leitt til þess að verulegur hluti af rekstrarhagnaði af starfseminni sleppi að fullu við skattlagningu hér á landi. Er það reyndar svo að oft kemur þessi skattaívilnun ekki viðkomandi félagi eða eigendum þess til góða heldur því landi þar sem þeir hafa heimilisfestu. Not innlendra eigenda af þessu ákvæði eru takmarkaðri þar sem móttekinn arður myndar skattskyldar tekjur hjá þeim sem borið geta skatt og hækkun á nafnverði hlutabréfa í þeim tilgangi að ná út skattfrjálsum arði leiðir til eignarskattlagningar hjá hlutafjáreigendunum. Af þessum ástæðum var samið við félagið um að það mundi ekki geta notað þessa frádráttarheimild. M.a. vegna skuldbindinga í tvísköttunarsamningum um jafnræði við skattalega meðferð varð að jafna þetta gagnvart fyrirtækinu með öðrum hætti eins og fram kemur í greininni og eru tilslakanir í öðrum liðum gerðar með tilliti til þess. Í heild var við það miðað að skattlagning félagsins yrði nokkurn veginn sú sama og hún hefði orðið samkvæmt almennum reglum íslenskra skattalaga.

Í upphafi 5. gr. er sett fram sú aðalregla að félagið greiði alla almenna skatta og opinber gjöld hér á landi vegna álbræðslunnar samkvæmt lögum sem gilda á hverjum tíma með þeim sérákvæðum sem í greininni eru tilgreind. Önnur ákvæði greinarinnar eru því tæmandi upptalning á frávikum frá aðalreglunni.

Í 1. tölul. 1. mgr. er að finna ákvæði um tekjuskatt félagsins. Félagið mun greiða 33% tekjuskatt, óháð því hvort breyting verður gerð á skatthlutfalli laganna síðar. Er þetta m.a. gert með tilliti til þess að breyting á skatthlutfallinu í lögunum kynni að tengjast breytingum sem eru í samningnum, svo sem afnámi frádráttarheimildarinnar sem félagið hefur fengið uppbætt með öðrum hætti. Félagið á hins vegar skv. 4. tölul. rétt á endurskoðun skattaákvæðanna komi til breytinga á tekjuskattslögunum.

Meginfrávik frá almennum skattlagningarreglum lögaðila er í a-lið 1. tölul. Þar er afnumin gagnvart félaginu heimild til að draga útborgaðan arð frá skattskyldum tekjum. Eins og að framan greinir er þetta gert til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs sem hefði getað orðið fyrir miklu tekjutapi að öðrum kosti. Til að bæta þetta upp eru félaginu veittar ívilnanir í öðrum atriðum sem ekki skipta ríkið eins miklu fjárhagslega. Þau eru und-

anþága frá staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til erlendra eigenda, sbr. b-lið, skattfrjálst framlag í fjárfestingarsjóð, sbr. e-lið, undanþága frá eignarskatti, sbr. 2. tölul., og undanþága frá því að greiða iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald og markaðsgjald.

Samkvæmt tvísköttunarsamningi Íslands og Bandaríkjanna hefði Ísland haft heimild til að leggja 5% staðgreiðsluskatt á arð sem greiddur yrði úr landi til eigenda hérlends félags, væri eignaraðildin 10% eða meira. Í nýrri tvísköttunarsamningum hefur verið farin sú leið að fella þennan staðgreiðsluskatt niður í samræmi við þá meginreglu að réttur til tekjuskattlagningar sé hjá búsetulandinu. Fyrrnefnd regla um arðsfrádrátt hefur gert það að verkum að af Íslands hálfu hefur verið sérákvæði í tvísköttunarsamningunum þess efnis að þetta skattfrelsi ætti ekki við um hagnað sem notið hefði ívilnunar samkvæmt þeirri reglu. Með því að félagið hefur ekki þessa frádráttarheimild þótti eðlilegt að falla frá staðgreiðsluskattinum og láta það ná til hluthafa sem búsettir eru í OECD-ríkjum en Ísland hefur tvísköttunarsamninga við mörg þeirra ríkja og hefur einnig beitt þeim gagnvart öðrum. Er ákvæði um þetta í b-lið.

Í c-lið er ákvæði um fyrningargrunn eigna. Um hann gilda ákvæði skattalaganna en til einföldunar er gert ráð fyrir að í upphafi verði samið um föst hlutföll á milli bygginga og tækja til að miða afskriftir við.

Í d-lið er heimild að draga rekstrartap frá skattskyldum tekjum í allt að átta ár eins og nú er þegar heimilt samkvæmt skattalögunum.

Í stað 7% reglunnar kemur að hluta ákvæði í e-lið sem heimilar félaginu að fresta skattlagningu á fé sem lagt er í fjárfestingarsjóð, allt að 4% af nafnverði hlutafjár. Með þessu frestast skattlagning í allt að sex ár eða þar til sú fjárfesting, sem fénu er varið til, hefur verið afskrifuð. Einnig er kveðið á um heimildir til að jafna tap með fé úr sjóðnum og skattlagningu við úttekt úr honum til annars en fjárfestinga.

Í 2. tölul. 1. mgr. er félagið undanþegið eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981 og sérstökum eignarskatti skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 83/1989. Með tilliti til þess að nafnverð hlutafjár kemur til frádráttar frá eignarskattsstofni og að gert er ráð fyrir að hlutafé verði hátt hlutfall af eigin fé við stofnsetningu hefði eignarskattur aðeins lagst á uppsafnaðan hagnað í félaginu.

Félagið er undanþegið eftirtöldum gjöldum skv. 3. tölul. 1. mgr.: iðnlánasjóðsgjaldi samkvæmt lögum um Iðnlánasjóð, nr. 76/1987, iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990. Þótti það eðlilegt þar sem um er að ræða markaðar tekjur til verkefna sem félagið hefur ekki not af.

Í 4. tölul. 1. mgr. er hinum sérstöku ákvæðum í 1.–3. tölul. markaður gildistími. Ákvæðin skulu gilda fyrir fyrsta samningstímabil samningsins eða þar til til uppsagnar kemur. Enn fremur er félaginu veittur réttur til að krefjast endurskoðunar á hinum sérstöku ákvæðum um skattlagningu ef breytingar verða gerðar á lögum nr. 75/1981. Er þetta ákvæði eðlilegt í ljósi þess að skattlagning félagsins á að vera sambærileg skattlagningu samkvæmt almennum reglum íslenskra skattalaga.

Í 5. tölul. 1. mgr. er vikið að fyrningarreglum varðandi eignir félagsins. Annars vegar getur það valið að afskrifa eign í hlutfalli við notkunartíma á fyrsta ári hennar í stað þess að nota fulla ársafskrift. Í öðru lagi er félaginu heimilað að afskrifa eignir að fullu í stað þess að bókfæra skrapvirði eins og lögin kveða á um.

Í 6. tölul. 1. mgr. kemur fram að í stað fasteignaskatts og sérstaks fasteignaskatts skuli félagið greiða Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahreppi 0,85% skatt af umsömdu verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum samninga sem gerðir verða innan ramma þessara laga.

Í 7. tölul. 1. mgr. er stimpilgjald af ákveðnum tegundum stimpilskyldra skjala ákveðið 0,15%.

Í 8. tölul. 1. mgr. er veitt heimild til að ákveða að greiða skuli umsamda fjárhæð í stað byggingarleyfisgjalds, gatnagerðargjalds og skipulagsgjalda.

Í 9. tölul. 1. mgr. er gert ráð fyrir að aðilar geti samið um meginreglur við endurskoðun á skattlagningarreglunum með tilliti til þess að halda skuli heildarskattlagningu á félagið óbreyttri.

Félagið verður háð almennum reglum íslenskra laga varðandi skattframtal, álagningu, viðurlög og málskot.

Í greininni kemur loks fram að á fyrsta samningstímabilinu sé félaginu heimilt að velja að almenn ákvæði íslenskra skattalaga gildi um það. Beiðni um slíkt er þó fyrst hægt að leggja fram skriflega eigi síðar en 1. júní ári áður en breytingarnar eiga að taka gildi. Slík breyting getur þó fyrst átt sér stað fyrir tekjuárið 2000 en á hverju ári eftir það.

Um 6. gr.

Í greininni er ákveðið að aðilar geti samið um sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og undanþágum sem taldar eru viðeigandi varðandi félagið. Heimila má félaginu að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum, í samræmi við reglur alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Reglur þessar geta falið í sér undanþágu frá notkun verðbreytingarstuðuls við ákvörðun söluhagnaðar skv. 10. gr. tekjuskattslaganna, fyrningargrunns skv. 36. gr. og verðbreytingarfærslu skv. 53. gr.

Um 7. gr.

Gengið er út frá því að farið verði að íslenskum lögum við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma laganna. Heimild til að vísa ágreiningi til gerðardóms er víðtækari en tíðkast hefur í sambærilegum samningum. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í viðskiptum og samningagerð við erlenda aðila.

Um 8. gr.

Samkvæmt tollalögum er heimilt að fella niður tolla og vörugjöld af hráefnum og efnivörum til iðnaðarframleiðslu, svo og af vélum og tækjum til framleiðslunnar. Engin gjöld eru nú á hráefnum og efnivörum. Eins er um fjárfestingarvörur sem fluttar eru inn frá EES-ríkjum og öðrum löndum sem fríverslunarsamningar eru við. Í fyrri málslið greinarinnar er við það miðað að felldir verði niður tollar og vörugjöld af innflutningi og kaupum félagsins á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðju félagsins og tengd mannvirki, sem kunna að verða flutt inn frá öðrum löndum og bera tolla eða vörugjöld. Í síðari málslið greinarinnar er veitt heimild til að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar bræðslunnar.

Um 9. gr.

Í greininni kemur fram að semja megi um að félaginu sé heimilt að framselja samninginn. Nánar er í honum vikið að slíku framsali sem komið getur til við sérstakar aðstæður og með tilteknum takmörkunum.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lýsing á meginatriðum í drögum að fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures Corporation og Norðuráls hf.

1.0. Inngangur.

Samkomulag um álbræðslu á Grundartanga, felur í sér fjóra samninga. Í fyrsta lagi fjárfestingarsamning, sem verður aðalsamningur verkefnisins, milli ríkisstjórnar Íslands, Columbia Ventures Corporation (hér eftir nefnt Columbia) og hlutafélags (hér eftir nefnt félagið) sem Columbia stofnar hér á landi. Í öðru lagi gerir félagið rafmagnssamning við Landsvirkjun. Í þriðja lagi verður gerður lóðarsamningur um staðsetningu álbræðslunnar, milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og félagsins. Loks verður í fjórða lagi um að ræða hafnarsamning, milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og félagsins.

Markmið verkefnisins er að reisa og starfrækja álbræðslu með upphaflegri framleiðslugetu sem nemur u.þ.b. 60.000 tonnum af áli á ári.

Hér á eftir fer lýsing á hinum svokallaða fjárfestingarsamningi, en hann er alls 24 greinar.

2.0. Lýsing á einstökum ákvæðum fjárfestingarsamningsins.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Í 2. gr. er fjallað um uppbyggingu verkefnisins, markmið félagsins og undanþágur frá lögum. Í greininni kemur fram að Columbia skuli stofna hlutafélag hér á landi um rekstur álbræðslunnar í samræmi við íslensk lög. Í greininni er enn fremur kveðið á um að markmið félagsins.

Þá er og fjallað um stofnanda félagsins og þær undanþágur sem honum skulu veittar frá lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Þá er í 2. gr. einnig kveðið á um undanþágu frá lögum nr. 19/1966, um eignar- og afnotarétt fasteigna. Samkvæmt henni má veita félaginu heimild til að eiga og hafa afnot af fasteignum hér á landi.

Í 2. gr. kemur fram að félaginu skuli veitt undanþága frá ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, og lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, en það skilyrði jafnframt sett að félagið sjái um að eignirnar séu tryggðar á þann hátt sem teljist venjulegur í álframleiðslu.

Loks er kveðið á um útgáfu iðnaðar- og verslunarleyfa til félagsins.

Í 3. gr. er fjallað um framsal hluta í hlutafélaginu. Þar er kveðið á um að þar til álbræðslan hefur framleiðslu geti yfirfærsla hluta í félaginu ekki átt sér stað nema með samþykki ráðherra. Ekki skal synja um slíkt samþykki með ósanngjörnum hætti þegar um er að ræða (a) framsal til samstarfsaðila stofnanda sem hefur aðsetur í OECD-landi eða (b) ef hlutabréf hafa verið sett að veði til tryggingar láni sem félagið hefur tekið til fjármögnunar á verkefninu. Í greininni er einnig kveðið á um að framselja megi minni hluta hlutabréfa ef framsalshafi hefur aðsetur í OECD-ríki.

Í greininni kemur loks fram að ef ekki er á annan hátt um samið milli aðila geti hluthafar í félaginu, eftir að byggingu álbræðslunnar er lokið, frjálst selt hluti sína í því til annars félags sem hefur aðsetur í öðru OECD-ríki. Einnig er kveðið á um að félag, sem eignast hluti í félaginu með þeim hætti sem nánar er um rætt í greinum 3.1 og 3.2, skuli talið aðili samningsins.

Í 4. gr. samningsins er fjallað um verkframkvæmdir og leyfisveitingar vegna þeirra. Í greininni er kveðið á um að félagið skuli hefja framkvæmdir í samræmi við samninganna með það fyrir augum að vinnsla geti hafist á árinu 1998.

Í 5. gr. samningsins er fjallað um umhverfismál. Í henni kemur fram að álbræðslan og starfsemi félagsins við höfnina skuli rekin í samræmi við starfsleyfi sem umhverfisráðherra gefur út til félagsins.

Í 6. gr. er fjallað um meginreglur skattlagningar. Þar segir að félaginu skuli skylt að greiða þá skatta og gjöld sem lögð eru á samkvæmt íslenskum lögum á hverjum tíma, nema öðruvísi sé um samið í samningnum.

Í 7. gr. er fjallað um skatta sem ríkið leggur á. Í greininni kemur fram að þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt skuli félagið greiða 33% tekjuskatt samkvæmt ákveðnum sérákvæðum sem talin eru upp í samningnum. Helstu atriði sérákvæðanna eru:

(a) Ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 um að draga megi 7% af nafnverði hluta frá skattskyldum tekjum skal ekki eiga við um félagið.

(b) Þrátt fyrir ákvæði laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal skattur ekki lagður á arð erlendra hluthafa sem uppfylla tiltekin skilyrði.

(c) Fastafjármunir samanstanda af byggingum, vélum og tækjum í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um.

(d) Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári það tap sem orðið hefur á undangengnum átta árum.

(e) Félaginu er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan fjárfestingarsjóð upphæð sem samsvarar 4% af nafnverði hlutafjár.

Í greininni kemur einnig fram að félagið skuli vera undanþegið bæði eignarskatti og sérstökum eignarskatti.

Þá er og kveðið á um að félagið skuli vera undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi, iðnaðarmálagjaldi og markaðsgjaldi.

Einnig kemur þar fram að þrátt fyrir hugsanlegar breytingar á lögum nr. 75/1981 skuli hin sérstöku ákvæði hér að framan vera í gildi fyrir upphafstímabil samningsins, þ.e. til ársins 2018. Þá segir enn fremur að verði breytingar á lögunum skuli félagið eiga rétt á endurskoðun skattaákvæða samningsins í því skyni að félagið verði ekki skattlagt umfram það sem það yrði samkvæmt lögunum án sérákvæða samningsins.

Í greininni er kveðið á um að félagið megi skrá viðskipti sín í bandaríkjadölum. Þá er einnig kveðið á um að til útreiknings á skattskyldum hagnaði félagsins skuli umbreyta fjárhæðum á fjárhagsyfirlitum úr bandaríkjadölum í íslenskar krónur í samræmi við tilteknar reglur.

Í 8. gr. er fjallað um fasteignaskatta sveitarfélaga og gatnagerðargjöld. Í greininni er kveðið á um að félagið skuli greiða 0,85% í fasteignaskatt til sveitarfélaganna af öllum byggingum, aðstöðu og mannvirkjum sem félagið á eða leigir á grundvelli umsamdrar fjárhæðar og byggingarvísitölu fyrir desember undangengins árs.

Enn fremur er kveðið á um að félagið skuli hvorki greiða gatnagerðargjöld samkvæmt lögum nr. 17/1996 til sveitarfélaganna vegna upphaflegrar framleiðslugetu né aðra skatta, gjöld eða þóknun sem kunna að verða lögð á í stað þeirra.

Í 9. gr. samningsins er fjallað um byggingarleyfisgjald. Þar kemur fram að sveitarfélögin muni gefa út byggingarleyfi til byggingar bræðslunnar og nauðsynlegra mannvirkja í samræmi við byggingarreglugerð.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um gjöld á innflutning og útflutning. Þar segir að innflutningur eða kaup innan lands, sé undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987.

Í greininni kemur einnig fram að félaginu verði veittur frestur samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt á greiðslu virðisaukaskatts þar til endurgreiðsla hvers uppgjörstímabils er gjaldfallin.

Í 11. gr. er fjallað um aðra skatta og gjöld. Í greininni er kveðið á um að stimpilgjöld af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og af fjárfestingarlánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu og rekstur bræðslunnar skuli vera 0,15%. Einnig er kveðið á um að öll skjöl í sambandi við endurfjármögnun félagsins og hluti í því skuli undanþegin stimpilgjöldum.

Einnig er kveðið á um að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð vegna skipulagsgjalda fyrir upphaflega framleiðslugetu upp á u.þ.b. 60.000 tonn.

Í 12. gr. er fjallað um reikningsskilareglur. Þar kemur fram að við gerð fjárhagsyfirlita í bandaríkjadölum skuli beita þeim reikningsskilareglum sem gefnar eru út af „International Accounting Committee", enda séu þær ekki í andstöðu við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur segir að félaginu sé heimilt að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í bandaríkjadölum.

Í greininni er einnig kveðið á um að almenn ákvæði íslenskrar löggjafar skuli gilda um skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu og aðrar uppgjörsreglur vegna tekjuskatts, virðisaukaskatts og gjalda sem sveitarfélög leggja á.

Í 13. gr. er fjallað um endurskoðun skattfyrirkomulags. Í greininni er kveðið á um að á samningstímabilinu geti félagið valið að íslensk skattalög gildi um það. Slík beiðni þurfi að vera skrifleg og verði að vera komin fram fyrir 1. júní, ári áður en slíkar breytingar eiga að koma til framkvæmda. Slík breyting getur fyrst átt sér stað vegna tekna ársins 2000.

Í 14. gr. er fjallað um þjónustu sveitarfélaganna. Í greininni er kveðið á um að þar sem sveitarfélögin veiti félaginu ákveðnar undanþágur frá sköttum og gjöldum skv. 8. og 9. gr. samnings þessa veiti sveitarfélögin enga þjónustu nema félagið og sveitarfélögin séu sammála um það.

Í 15. gr. er fjallað um lagalega stöðu samninganna. Þar er kveðið á um að samningurinn skuli birtur í heild sinni á íslensku og ensku í B-deild Stjórnartíðinda, en tekið fram að samningurinn öðlist gildi samkvæmt ákvæðum sínum óháð birtingunni.

Í 16. gr. er fjallað um ábyrgðir ríkisstjórnarinnar. Þar segir að ríkisstjórnin skuli gera allt sem nauðsynlegt er til að tryggja að stofnandinn og félagið njóti allra þeirra réttinda og hlunninda sem þeim eru veitt samkvæmt þessum samningi og að ekkert verði gert sem takmarki eða á annan hátt hafi óhagstæð áhrif á framkvæmd verkefnisins, rekstur félagsins eða stofnandans.

Í greininni er enn fremur kveðið á um að ríkisstjórnin ábyrgist efndir og skyldur sveitarfélaganna og hafnarsjóðs í samræmi við ákvæði þar að lútandi í hafnarsamningnum.

Í 17. gr. er fjallað um lög þau sem farið skal eftir og lausn deilumála. Þar segir að samningurinn fari að íslenskum lögum, nema kveðið sé á um annað í samningnum.

Í greininni segir að sérhvern ágreining skuli aðeins bera undir íslenska dómstóla, nema annar hvor aðilanna kjósi að vísa máli til gerðardóms.

Þrátt fyrir ofangreint getur hvor aðilinn sem er vísað máli til gerðardóms sem leysir úr því á grundvelli gerðardómsreglna „Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce“ eins og þær eru þegar samningur þessi er undirritaður. Gerðardómur skal skipaður þremur dómendum, einum tilnefndum af sækjanda, öðrum af varnaraðila og einum tilnefndum af aðilunum sameiginlega, en hann skal gegna stöðu formanns. Ef annar hvor aðilinn neitar að tilnefna dómendur skal hinn aðilinn leita til héraðsdóms Reykjavíkur sem tilnefnir gerðardómsmann. Ef þessir tveir gerðardómsmenn geta ekki komið sér saman um þriðja gerðardómsmanninn skal hann einnig tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Hann skal hvorki vera af sama þjóðerni og aðilarnir né heldur Columbia Ventures eða annarra hluthafa í félaginu. Dómendur skulu uppfylla skilyrði í 6. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Gerðardómsmálið skal fara fram í Reykjavík en tungumál gerðardómsins er enska.

Enn fremur segir að aðilarnir skuldbindi sig til að hlíta niðurstöðum gerðardóms án tafar og afsali sér rétti til hvers konar áfrýjunar að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað. Aðilarnir eru sammála um að niðurstöður gerðardóms skuli vera endanlegar og bindandi frá þeim degi sem þær eru gerðar.

Í 18. gr. er fjallað um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra á ábyrgð aðila vegna vanefnda af völdum slíkra atvika. Er þar kveðið á um hvers konar atvik teljist til óviðráðanlegra atvika.

Enn fremur er kveðið á um að sá sem heldur því fram að brest á efndum megi rekja til slíkra atvika hafi sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu.

Loks er kveðið á um að gildistími samningsins skuli lengjast um þann tíma sem samsvarar töf vegna óviðráðanlegra afla.

Í 19. gr. er fjallað um samningstíma og framlengingu samningsins. Þar segir að 6.–14. gr. samningsins skuli teljast gildar sama dag og rafmagnssamningur Landsvirkjunar og félagsins tekur gildi frá þeim degi er félagið var stofnað. Aðrar greinar samningsins teljast hafa gildi frá því að rafmagnssamningurinn er undirritaður.

Enn fremur segir að ef samningurinn taki gildi skuli hann gilda til 31. október 2018 (fyrsta samningstímabilið) og falli þá úr gildi án tilkynningar. Innan 17 ára frá undirritun samningsins skulu aðilar hafa lokið viðræðum um framlengingu samningsins til ekki skemmri tíma en 10 ára frá lokum upphaflega samningstímans.

Loks segir í greininni að ef rafmagnssamningnum er af einhverjum ástæðum sagt upp á fyrsta samningstímabili samningsins skuli félagið hafa möguleika á að segja þessum samningi upp með skriflegri tilkynningu þar um til gagnaðilanna.

Í 20. gr. er fjallað um viðurkennda texta samningsins. Samningurinn er bæði á ensku og íslensku og hafa báðir jafnt gildi. Þó er tekið fram að ef ósamræmis eða árekstra gæti milli textanna skuli tekið tillit til þess að samningaviðræður fóru fram á ensku.

Í 21. gr. er fjallað um framsal réttinda. Þar kemur fram að hvers konar framsal réttinda og skyldna allra aðila samkvæmt samningnum sé háð samþykki aðilanna. Samþykkja skal framsal án ástæðulauss dráttar.

Í greininni er einnig kveðið á um að þrátt fyrir ofangreint skuli félaginu heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum án samþykkis ríkisstjórnarinnar til fjármögnunaraðila sem tryggingu vegna fjármögnunar á verkinu. Það er þó háð því samkomulagi sem gera á milli ríkisstjórnar og fjármögnunaraðila.

Í 22. gr. er fjallað um breytingar og endurskoðun samningsins. Þar kemur fram að aðeins sé heimilt að breyta samningnum með skriflegum viðaukasamningi.

Einnig er þar að finna ákvæði um gagnkvæma sanngirni samningsaðila við framkvæmd samningsins og breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar á honum vegna breyttra aðstæðna. Hvorugur samningsaðila getur þó beitt þessu ákvæði fyrir 1. júní 2008 og ekki oftar en einu sinni á samningstímabilinu.

Í 23. gr. er fjallað um tilkynningar vegna samningsins.

Í 24. gr. er fjallað um fjölda samningseintaka, lögfræðiálit aðila og tilkynningu ríkisstjórnarinnar til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fylgiskjal II.

Lýsing á drögum að lóðarsamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands og Norðuráls hf.

1. Inngangur.

Einn þeirra samninga sem gera verður vegna verkefnisins er lóðarsamningur vegna lands undir væntanlega álbræðslu. Slíkur lóðarsamningur verður milli ríkissjóðs Íslands og Norðuráls hf. (hér eftir nefnt félagið).

Samningurinn er 11 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á drögum að fjárfestingarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum atriðum lóðarsamningsins.

Í 1. gr. samningsdraganna eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði samningsins.

Í 2. gr. er kveðið á um leigu á lóð undir bræðsluna. Í greininni kemur m.a. fram að ríkissjóður samþykki að leigja félaginu 82,2 hektara landrými í landi jarðanna Klafastaða og Kataness (Vestra-Kataness) undir bræðsluna.

Þá kemur einnig fram í greininni að lóðin sé leigð út af fjármálaráðuneytinu, að ríkissjóður ábyrgist að eiga landið, það sé fallið til þeirra nota sem því eru ætluð og að það sé ekki háð neinum takmörkunum eða kvöðum.

Í greininni segir að landsvæði verði afhent félaginu án allra kvaða eða veðbanda og í því ástandi sem það var þegar það var selt ríkissjóði. Í greininni er kveðið á um að félagið taki að sér allan nauðsynlegan undirbúning á lóðinni sem ríkissjóður á, fjármagnar og útvegar, eins og nánar er kveðið á um í sérstökum viðauka með samningnum.

Þá er og kveðið á um að til fjármögnunar á undirbúningsframkvæmdum sem félagið tekur að sér fyrir ríkissjóð skuli ríkissjóður greiða félaginu fjárhæð, að hámarki 7 milljónir bandaríkjadala, með fjórum jöfnum greiðslum. Enga greiðslu skal þó inna af hendi fyrr en rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og félagsins hefur tekið gildi.

Í greininni er einnig fjallað um hvernig ríkissjóður muni fjármagna undirbúningsframkvæmdir á svæðinu. Þar segir að ríkissjóður taki þrjú lán til næstu 23 ára. Fyrsta lánið er til tíu ára, frá 1. júlí 1997, annað frá árinu 2007 til næstu tíu ára og þriðja lánið frá 2017 til síðustu þriggja áranna. Félagið skuli síðan endurgreiða ríkissjóði leigu fyrir undirbúningskostnaðinn með vöxtum og kostnaði eins og hér segir:

a) Höfuðstóll og vextir samkvæmt b-lið skulu greiddir með jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum á tuttugu ára tímabili frá 1. júlí árið 2000.
b) Vextir skulu vera þeir sömu og vextir af láni sem ríkissjóður mun taka til að fjármagna verkefnið, auk greiðslu 0,35% þóknunar vegna kostnaðar og ríkisábyrgðargjalds.

Greiðslum félagsins er nánar lýst og þær áætlaðar í leigu- og greiðsluáætlun í viðauka D sem fylgir lóðarsamningnum.

Í greininni er einnig kveðið á um lagalegar skyldur félagsins og rétt þess til að fjarlægja allar byggingar og mannvirki af hinu leigða landi án ábyrgðar félagsins gagnvart ríkissjóði, svo framarlega sem slíkt samrýmist starfsleyfinu.

Þá er kveðið á um að félagið taki við vörslu leigulóðarinnar við undirritun samningsins og haldi þeim og afnotum af henni meðan lóðarsamningurinn er í gildi. Einnig kemur fram í greininni hver afnot félaginu skuli heimilt að hafa af lóðinni.

Í greininni segir enn fremur að félagið skuli á eigin kostnað sjá um að halda lóðinni og öllum endurbótum, sem á henni verða gerðar, í góðu ástandi og í samræmi við starfsleyfi, auk tilheyrandi laga og reglugerða meðan á leigutímanum stendur.

Í greininni er að finna ákvæði um rétt félagsins til að færa út starfsemi sína á lóðinni, að fengnum tilskildum leyfum.

Þá er einnig fjallað um leigugreiðslur. Þar kemur fram að félagið skuli árlega greiða ríkissjóði 15.000 bandaríkjadali. Leigugjald skal samkvæmt greininni reiknast frá 1. júlí 1997, en leigugjaldið skal greitt 2. janúar ár hvert. Fyrsta greiðsla vegna tímabilsins frá 1. júlí 1997 til 30. júní 1998 gjaldfellur 2. janúar 1998.

Í greininni er auk þessa kveðið á um forkaupsrétt félagsins á leigulóðinni. Undantekningu er þó að finna varðandi hugsanlega sölu til sveitarstjórna Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahrepps eða hafnarsjóðs Grundartangahafnar.

Í greininni er kveðið á um rétt félagsins til að leggja rör, leiðslur, strengi og rafmagnslínur um hafnarsvæðið, eftir því sem þörf krefur vegna starfrækslu bræðslunnar, að fengnu samþykki hafnarsjóðs hvað varðar gerð og staðsetningu slíkra mannvirkja. Þá er einnig kveðið á um rétt félagsins til að taka vatn úr sjó og flytja til bræðslulóðarinnar yfir hafnarsvæðið, að fengnu samþykki hafnarsjóðs. Þessi réttindi skulu ekki háð greiðslu af hálfu félagsins, en allar framkvæmdir vegna þeirra skulu á kostnað þess.

Þá er einnig vikið að ábyrgð ríkissjóðs gagnvart hugsanlegum kröfum á hendur félaginu. Í greininni segir að ríkissjóður skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur félaginu í tengslum við bræðslulóðina, hvort sem þær eru til staðar fyrir eða eftir undirritun samningsins, vegna þess sem gert er eða reynt að gera fyrir undirritun og hefur á einhvern hátt áhrif á lóðina.

Í greininni er einnig vikið að ábyrgð félagsins gagnvart ríkissjóði. Þar segir að félagið skuli ábyrgjast allar kröfur sem kunna að rísa á hendur ríkissjóði í tengslum við vanrækslu félagsins á að viðhalda bræðslulóðinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis og/eða önnur svipuð leyfi sem kunna að verða veitt til viðbótar eða í staðinn fyrir starfsleyfið.

Loks er í greininni kveðið á um að ríkisstjórnin skuli útvega eða afla félaginu:

a) öll ítök, leigusamninga eða önnur eignarréttindi sem nauðsynleg eru til flutnings á hráefni með færibandi frá höfninni til bræðslunnar,
b) nægilegan aðgang að bræðslulóðinni frá næsta almenningsvegi, þar með talin lagning nýrra vega ef nauðsynlegt verður talið, og
c) öll ítök, leigusamninga eða önnur eignarréttindi vegna hafnarsvæðisins til bræðslulóðarinnar sem nauðsynleg eru til að félagið hafi meðal annars óheftan aðgang að rafmagni, vatni og eldsneyti sem nauðsynlegt er til að félagið geti framkvæmt verkefnið.

Í 3. gr. er fjallað um uppsögn samningsins. Þar er kveðið á um að ef samningi þessum sé af einhverjum ástæðum sagt upp af hálfu félagsins skuli það greiða ríkissjóði að fullu og í samræmi við skuldbindingar þess og ábyrgðir samkvæmt samningnum allar fjárhæðir sem það hefur fengið, bæði höfuðstól og áfallna vexti sem ekki eru þegar greiddir þegar samningnum er sagt upp.

Í greininni kemur einnig fram að ef um endanlega stöðvun á starfrækslu er að ræða skuli ekki gerðar neinar kröfur um lagfæringar eða endurbætur á bræðslunni eða bræðslulóðinni, að því tilskildu að félagið eða sá aðili, sem tekið hefur við starfseminni, ábyrgist að öll hættuleg úrgangsefni frá bræðslunni verði fjarlægð. Félaginu skal ekki skylt að hreinsa urðaðan úrgang af svæðinu að svo miklu leyti sem slíkur úrgangur var meðhöndlaður í samræmi við starfsleyfið. Þá er félaginu gert skylt að fjarlægja innan sanngjarnra tímamarka bræðsluna og tilheyrandi mannvirki en að öðrum kosti flytjist eignarráð yfir slíkum mannvirkjum til ríkissjóðs. Í greininni segir einnig að ríkissjóður geti sagt upp samningnum ef greiðslur, sem félagið átti að inna af hendi samkvæmt samningnum, hafa ekki verið greiddar innan 90 daga frá gjalddaga. Í greininni er loks gert að skilyrði að ríkissjóður sendi afrit af tilkynningu um uppsögn til fulltrúa lánveitanda. Lánveitandinn hefur 60 daga til að inna af hendi greiðslur fyrir hönd félagsins, en með greiðslu lánveitanda fellur réttur ríkissjóðs til uppsagnar úr gildi.

Hvað varðar 4. gr. (lög sem farið skal eftir og lausn deilumála) og 5. gr. (um óviðráðanleg öfl) vísast til lýsingar á 17. og 18. gr. í fjárfestingarsamningi sem eru efnislega samhljóða.

Í 6. gr. er fjallað um samningstímann. Samkvæmt greininni öðlast samningurinn gildi við undirskrift aðilanna og heldur gildi til 1. júlí 2020 en rennur þá úr gildi án uppsagnar. Í greininni er skilyrði gildistöku að rafmagnssamningur félagsins og Landsvirkjunar hafi tekið gildi fyrir 1. júní 1997, nema skriflegt samkomulag sé milli ríkissjóðs og félagsins um annað. Þá er einnig kveðið á um rétt félagsins til að framlengja samninginn til tíu ára í senn. Slíkar framlengingar lúta sömu skilyrðum og ákvæðum og gilda um upprunalega samningstímann, nema að leiga skal ákveðin í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$R_i = \frac{15{,}000 \times LME_{i-1}}{1{,}650}$$

þar sem
R_i = leigan í bandaríkjadölum á ári „i“,
LME_{i-1} = meðalverð fyrir eitt tonn af hrááli í bandaríkjadölum með lágmarkshreinleika upp á 99,7 prósent og þriggja mánaða afhendingarfresti, eins og það er uppgefið af Metal Bulletin fyrir árið á undan „i“.

7. gr. fjallar um viðurkenndan texta, en þar er kveðið á um að íslenski og enski textinn skuli hafa jafnt gildi. Þó er tekið fram að ef ósamræmis eða árekstra gæti milli textanna skuli tekið tillit til þess að samningaviðræður fóru fram á ensku.

Hvað varðar 8. gr. (framsal), 9. (breytingar og endurskoðun samningsins), 10. (tilkynningar) og 11. gr. (ýmis ákvæði) vísast til umfjöllunar um 21., 22., 23. og 24. gr. í fjárfestingarsamningnum sem eru efnislega samhljóða þessum greinum.

Samningnum fylgja einnig fjórir viðaukar, þ.e. bræðslulóðarkort (A), afsöl (B), framkvæmdaáætlun (C) og leigu- og greiðsluáætlun (D).

Fylgiskjal III.

Lýsing á drögum að hafnarsamningi milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls hf.

1. Inngangur.

Vegna verkefnisins þarf að gera samning um stækkun og breytingu á aðstöðu við höfnina á Grundartanga. Sá samningur verður á milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls hf. (hér eftir nefnt félagið).

Samningsdrögin eru 19 greinar og fer hér á eftir lýsing á helstu atriðum samningsins. Til hægðarauka er látið nægja að vísa í lýsingu á drögum að fjárfestingarsamningi þegar um sameiginleg ákvæði er að ræða.

2. Lýsing á einstökum ákvæðum.

Í 1. gr. samningsins eru skýrð ýmis aðilaheiti, önnur heiti og hugtök, með tilliti til þess hvaða merkingu beri að leggja í þau í samningnum. Einnig er að finna útlistun á því hvernig skýra beri hin ýmsu atriði varðandi samninginn.

Í 2. gr. er fjallað um höfnina og hafnarmannvirki. Í greininni kemur fram að hafnarsjóður skuli á eigin kostnað sjá um að viðhalda höfninni og hafnarmannvirkjum. Þá er enn fremur kveðið á um skyldur hafnarsjóðs, vegna tjóns eða eyðileggingar sem kann að verða á höfninni eða hafnarmannvirkjum.

Í 3. gr. er fjallað um búnað, sem félagið kann að þurfa að setja upp vegna starfsemi sinnar, notkun á honum og fjármögnun. Í greininni er kveðið á um að félagið hafi heimild til að setja upp og starfrækja á eigin kostnað búnað, eins og tilgreint er í viðauka C, en félagið hafi einnig fullt eignarhald á hafnarbúnaði sínum og sé heimilt að fjarlægja hann hvenær sem er. Þegar gildistími samningsins er runninn út eða samningnum sagt upp skal félagið fjarlægja hafnarmannvirki sín eða eignarráð slíkra mannvirkja flytjast yfir til hafnarsjóðsins enda samþykki hafnarsjóðurinn það.

Í greininni er einnig kveðið á um heimild hafnarsjóðs til að nota krana þá, sem félagið setur upp, í þágu annarra notenda hafnarinnar, með samþykki félagsins.

Í greininni segir að félagið skuli ekki greiða lóðarleigu eða önnur sambærileg gjöld til hafnarsjóðs fyrir afnot af hafnarlandinu undir hafnarbúnað sinn.

Einnig er kveðið á um að hafnarsjóður skuli lána félaginu upphæð, sem nemur allt að þremur milljónum bandaríkjadala, til að mæta kostnaði við byggingu hafnarbúnaðarins. Í greininni er einnig kveðið á um endurgreiðslur félagsins til hafnarsjóðs af lánunum.

Loks segir í greininni að til að fjármagna kostnað við byggingu hafnarbúnaðar félagsins muni hafnarsjóðurinn taka tvö lán með ríkisábyrgð til 15 ára. Hið fyrra mun fjármagna þessar greiðslur þar til 1. júlí 2000, en seinna lánið frá 1. júlí 2000 til tólf ára. Félagið skal síðan endurgreiða hafnarsjóðnum kostnaðinn með vöxtum og kostnaði miðað við eftirfarandi skilmála:

a) Vextir fyrra lánsins skv. c-lið hér að neðan skulu leggjast við höfuðstól lánsins árlega.
b) Afborganir og vextir skv. c-lið skulu greiddar í jöfnum ársfjórðungslegum greiðslum í tíu ár frá 1. júlí 2000.
c) Vextir skuli ákveðnir í samræmi við vexti af lánum sem hafnarsjóður tekur til að fjármagna verkefnið auk 0,35% þóknunar til greiðslu kostnaðar og ríkisábyrgðargjalds.
d) Lánin skulu tiltekin í bandaríkjadölum eða öðrum gjaldmiðli sem aðilarnir eru sammála um.

Nánar er fjallað um endurgreiðslur félagsins í viðauka með samningnum.

Í 4. gr. er fjallað um afnot félagsins af höfn og hafnarmannvirkjum. Í greininni er kveðið á um fullan aðgang og afnot af höfninni og hafnarmannvirkjum, að teknu tilliti til forgangsréttinda Íslenska járnblendifélagsins hf. Þá er einnig kveðið á um forgangsrétt félagsins næst á eftir Íslenska járnblendifélaginu hf., til afnota og aðgangs umfram aðra notendur, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Þá er og kveðið á um að félagið skuldbindi sig til þess að nota aðeins höfnina til alls venjulegs innflutnings á helstu hráefnum til bræðslunnar og til alls útflutnings á áli sem framleitt er í bræðslunni, enda séu hafnargjöld samkeppnishæf við gjöld sem lögð eru á í öðrum höfnum við Faxaflóa.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að félagið skuli gæta almennra reglna um öryggi og góða reglu í afnotum sínum af höfninni.

Í 5. gr. er fjallað um skipulag og rekstur hafnarinnar. Samkvæmt greininni er höfnin og hafnarmannvirki í eigu og umsjón hafnarsjóðsins. Höfnin er rekin sem almenn höfn í samræmi við hafnarlög. Í greininni kemur einnig fram að stjórnun og rekstur hafnarinnar er í höndum hafnarstjórnar, fyrir hönd og á ábyrgð fulltrúaráðs eigenda hafnarsjóðsins. Hafnarstjóri sér um daglegan rekstur hafnarinnar fyrir hönd hafnarstjórnar.

Í greininni er kveðið á um að rekstur hafnarinnar af hálfu hafnarsjóðs nái hvorki til lestunar og losunar skipa í þágu félagsins, né reksturs eða viðhalds á búnaði sem félagið reisir á eigin ábyrgð.

Í greininni er að endingu kveðið á um að félagið skuli leggja til starfsfólk sem sjái um afgreiðslu skipa sem til hafnarinnar koma á vegum félagsins.

Í 6. gr. er kveðið á um samráð. Í greininni segir að samhliða undirritun samningsins sé gert samkomulag milli hafnarsjóðsins, Íslenska járnblendifélagsins hf. og félagsins þar sem tekið sé á eftirfarandi atriðum:

a) Aðgangi og afnotum af höfninni og hafnarmannvirkjum með það fyrir augum að draga úr hættu á hugsanlegum árekstrum notenda hafnarinnar.
b) Fyrirkomulagi búnaðar sem félögunum er heimilt að reisa og reka á hafnarsvæðinu.
c) Hvernig og við hvaða aðstæður skuli standa að framkvæmdum við stækkun hafnarinnar og búnað.
d) Stofnun samráðsnefndar sem fjalla skuli um sameiginleg málefni samkomulagsaðilanna er tengjast höfninni.

Í 7. gr. er fjallað um hafnagjöld. Þar kemur fram að hafnagjöld (skipagjöld og vörugjöld) vegna nota félagsins af höfninni skuli ákveðin í samræmi við hafnagjaldskrána og þessa grein.

Samkvæmt greininni skulu skipagjöld vegna skipa á vegum félagsins ekki vera hærri eða víðtækari en tíðkast í öðrum höfnum á Íslandi.

Í greininni segir einnig að vörugjöld skuli vera þau sömu og Íslenska járnblendifélagið hf. greiðir samkvæmt samningi þess við hafnarsjóð.

Í 8. gr. samningsins er fjallað um stækkun hafnarinnar. Í greininni segir að ef ekki næst samkomulag um þau grundvallaratriði sem sett eru fram í 6. gr. til að mæta þörfum bræðslunnar skuli hafnarsjóður stækka höfnina og hafnarmannvirkin.

Þá segir enn fremur í greininni að báðir aðilar hafi áhuga á stækkun hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna og séu sammála um að tekin skuli skref til að hafa áhrif á stækkun hafnarinnar, þegar flutningur um höfnina nemur meiru en 700.000 tonnum á ári og/eða ef vart verður við truflanir á umferð um hana.

Í 9. gr. er kveðið á um útvegun á vatni til hafnarinnar. Þar segir að hafnarsjóður muni afhenda vatn handa skipum og til annarrar notkunar. Þá segir einnig að gjöld skuli ákvörðuð með eðlilegri hliðsjón af kostnaði hafnarsjóðs af fyrirkomulaginu.

Í 10. gr. er fjallað um önnur réttindi félagsins. Í greininni er kveðið á um rétt félagsins til að leggja rör, leiðslur, strengi og rafmagnslínur um hafnarsvæðið og höfnina að fengnu samþykki eiganda hafnarlandsins og að áskildu samþykki hafnarsjóðs. Þá er einnig kveðið á um að félagið skuli eiga rétt til að taka vatn úr sjó og flytja það til bræðslulóðarinnar yfir hafnarsvæðið og byggja dælustöð fyrir sjó á hafnarsvæðinu.

Auk áðurgreinds kemur einnig fram í greininni að félagið eigi rétt til að losa skolp og affallsvatn auk vatns frá framleiðslutækjum yfir hafnarsvæðið og í sjó út fyrir utan höfnina, að því tilskildu að fylgt sé til hlítar lögum, reglugerðum og starfsleyfi félagsins.

Þá er einnig kveðið á um að réttindi sem félaginu eru veitt samkvæmt þessari grein skuli vera án greiðslu til hafnarsjóðs.

Í 11. gr. er að finna uppsagnarákvæði. Samkvæmt greininni skal félagið greiða hafnarsjóði innan þrjátíu daga frá uppsögn, að fullu og í samræmi við þær skuldbindingar og ábyrgðir sem það hefur gengist undir samkvæmt samningnum, allar þær upphæðir sem félagið hefur fengið hjá hafnarsjóði (samkvæmt 3. gr) auk ógreiddra hafnargjalda.

Í greininni er enn fremur kveðið á um frágang félagsins ef til endanlegrar stöðvunar á starfrækslu bræðslunnar kemur. Þá er einnig kveðið á um að félagið skuli fjarlægja innan sanngjarnra tímamarka hafnarmannvirki sín eða eignarráð yfir slíkum mannvirkjum flytjast til hafnarsjóðsins samkvæmt skilyrðum sem báðir aðilar samþykkja.

Í greininni segir einnig að hafnarsjóður geti sagt upp samningnum með því að gefa félaginu skriflega tilkynningu með 90 daga fyrirvara ef greiðslur, sem félagið á að inna af hendi samkvæmt samningnum, hafa ekki verið inntar af hendi innan 90 daga frá gjalddaga.

Í greininni er loks gert að skilyrði að hafnarsjóður sendi afrit af tilkynningu um uppsögn til fulltrúa lánveitanda. Lánveitandinn hefur 60 daga til að láta af hendi greiðslur fyrir hönd félagsins, en með greiðslu lánveitanda fellur réttur hafnarsjóðs til uppsagnar úr gildi.

Í 12. gr. er kveðið á um lög þau sem farið skuli eftir og lausn deilumála. Í greininni segir að um samning þennan og skýringu á honum skuli farið eftir íslenskum lögum.

Í greininni kemur fram að ágreining í sambandi við samninginn skuli farið með fyrir íslenskum dómstólum, nema annar aðilanna vísi málinu til gerðardóms og tilkynni hinum aðilanum um það skriflega.

Þrátt fyrir framangreint er mögulegt að vísa öllum deilumálum til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur gerðarmönnum, einum tilnefndum af sóknaraðila, öðrum af varnaraðila og þriðja gerðarmanninum af aðilunum sameiginlega. Ef aðilar tilnefna ekki gerðarmann skal héraðsdómur Reykjavíkur tilnefna gerðarmann. Gerðarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 6. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Málflutningur fyrir gerðardómi skal fara fram í Reykjavík og á íslensku.

Í greininni segir enn fremur að aðilarnir samþykki að framfylgja gerðardómi og afsala sér rétti til hvers konar áfrýjunar á grundvelli staðreynda eða laga, að svo miklu leyti sem slíkt afsal getur átt sér stað. Enn fremur segir að aðilarnir samþykki að gerðardómur sé endanlegur og bindandi frá þeim degi sem þeir eru uppkveðnir.

Hvað varðar lýsingu á 13. gr. (um óviðráðanleg öfl) vísast til lýsingar á sambærilegum ákvæðum í 18. gr. í fjárfestingarsamningi sem eru efnislega samhljóða þessari grein.

Í 14. gr. er fjallað um samningstíma sem er í megindráttum samhljóða 6. gr. lóðarsamnings.

Í 15. gr. er fjallað um viðurkenndan texta. Í greininni segir að samningurinn skuli vera á íslensku og ensku. Þó er tekið fram að ef ósamræmis eða árekstra gæti milli textanna skuli íslenski textinn gilda.

Hvað varðar 16.–19. gr. (um framsal, breytingar og endurskoðun, tilkynningar og ýmis ákvæði) vísast til lýsingar á sambærilegum ákvæðum í 21., 22., 23. og 24. gr. í fjárfestingarsamningi.

Hafnarsamningnum skulu fylgja fimm viðaukar, bræðslulóðarkort (A), hafnaráætlun (B), hafnarbúnaðurinn (C), greiðsluáætlun – endurgreiðsluáætlun (D) og stækkun hafnarinnar (E).

Fylgiskjal IV.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðan rafmagnssamning Landsvirkjunar og Columbia Ventures Corporation.

Á fundi sínum hinn 22. janúar 1997 samþykkti stjórn Landsvirkjunar fyrirhugaðan rafmagnssamning Landsvirkjunar og óstofnaðs dótturfélags Columbia Ventures Corporation vegna rafmagnssölu til álvers með 60.000 tonna árlegri afkastagetu sem Columbia Ventures Corporation hyggst reisa á Grundartanga.

Hér á eftir fer lýsing á meginatriðum hins fyrirhugaða rafmagnssamnings.

Rafmagnsafhending

Kveðið er á um það hversu mikið rafmagn Landsvirkjun beri að hafa tiltækt á tryggðum (forgangsorka) og ótryggðum (afgangsorka) grundvelli. Þó er tekið fram að allt samningsbundið rafmagn sem látið er í té til 1. janúar 1999 skuli vera á tryggðum grundvelli.

Fyrsti afhendingardagur skal vera 1. júní 1998, en kaupandi getur þó frestað fyrsta afhendingardegi allt til 1. október 1998, ef hann tilkynnir Landsvirkjun það eigi síðar en 1. nóvember 1997. Annar afhendingardagur er 1. janúar 1999.

Miðað er við að frá fyrsta til annars afhendingardags verði tiltækt afl (meðaltal á klst.) 58 MW og orka á ársgrundvelli 500 GWst (hvort tveggja á tryggðum grundvelli), en frá öðrum afhendingardegi verði tiltækt afl á tryggðum grundvelli 96 MW (meðaltal á klst.) og á ótryggðum grundvelli 11 MW, en orka á ársgrundvelli á tryggðum grundvelli 837 GWst og á ótryggðum grundvelli 93 GWst.

Landsvirkjun hefur rétt til að skerða afl og orku sem í té er látin á ótryggðum grundvelli með sambærilegum hætti og samkvæmt núgildandi samningum við Íslenska járnblendifélagið og Isal.

Kaupandi skuldbindur sig til að kaupa eða greiða Landsvirkjun að lágmarki sem svarar til 85% af samningsbundnu rafmagni að meðaltali á hverju tveggja ára tímabili.

Samningurinn kveður á um það að ef svo fer innan eins árs fyrir fyrsta afhendingardag að byggingarframkvæmdir (þar með talin verkfræðivinna og afhending á tækjum) við álbræðsluna eða við þau mannvirki Landsvirkjunar eða Hitaveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum sem á þarf að halda til afhendingar á samningsbundnu rafmagni til bræðslunnar, verði fyrir töfum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure) og kaupandi eða Landsvirkjun, eftir því sem við á, geti ekki komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum ráðum sem eðlileg mega teljast, geti viðkomandi aðili að því marki og í þann tíma sem við á dregið úr eða frestað skuldbindingu sinni til orkukaupa eða orkuafhendingar, þó ekki lengur en í 12 mánuði. Er kveðið á um að skuldbindingar Landsvirkjunar til orkuafhendingar samkvæmt núgildandi rafmagnssamningum skuli þá ganga fyrir á þessu tímabili, en

Landsvirkjun skuli þó áður en hún skerðir eða rýfur orkuafhendingu til kaupanda gefa honum kost á þeirri orku sem, að teknu tilliti til skuldbindinga Landsvirkjunar samkvæmt núgildandi samningum, kann að vera tiltæk í samtengdu kerfi Landsvirkjunar og orku sem framleidd yrði fyrir allt að 2,5 milljónir bandaríkjadala í orkuverum sem nýta olíu sem eldsneyti, svo fremi sem Landsvirkjun hefur ekki þörf fyrir slík orkuver til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt núgildandi samningum.

Rafmagnsverð

Á ofangreindum fundi stjórnar Landsvirkjunar var samþykkt að fara skyldi með ákvæði um rafmagnsverðið sem viðskiptaleyndarmál í samræmi við þá skoðun stjórnarinnar að það geti verið til þess fallið að veikja samningsstöðu Landsvirkjunar að því er varðar samninga um orkusölu til stóriðju að viðsemjendur hafi aðgang að verðákvæðum áðurgerðra rafmagnssamninga.

Samkvæmt þessu er eigi unnt að greina frá orkuverðsákvæðunum í einstökum atriðum. Þó er hægt að greina frá því að raforkuverðið verður tengt álverði og að fyrstu þrjú rekstrarár álbræðslunnar en þó ekki lengur en til 31. október 2001 er gert ráð fyrir að raforkuverðið geti orðið eitthvað undir meðalverði yfir allan samningstímann en mismunurinn greiddur upp á tímanum frá þessum tíma til loka samningstímabils með rafmagnsverði sem yrði yfir meðalverðinu á samsvarandi hátt.

Almenn ákvæði

Kveðið er á um skyldur beggja aðila til að reisa og reka mannvirki sín og halda þeim við í samræmi við bestu viðurkenndu venjur, um gagnkvæma takmörkun bótaábyrgðar og um óviðráðanleg atvik (force majeure) og áhrif þeirra.

Kveðið er á um að samningurinn öðlist gildi þann dag sem fjármögnun á byggingu og verklokum álbræðslunnar, þ.m.t. ábyrgðir á verklokum álbræðslunnar, hefur verið tryggð þannig að ásættanlegt sé fyrir kaupanda og Landsvirkjun, þó þannig að hafi samningurinn ekki öðlast gildi 1. mars 1997 eða annan þann dag sem aðilar verði ásáttir um, skuli hann ekki öðlast gildi, nema bæði Landsvirkjun og kaupandi samþykki það skriflega. Eftir að samningurinn gengur í gildi skal hann haldast í gildi til 31. október 2018, en fellur þá úr gildi án uppsagnar. Engu að síður skulu aðilar áður en 17 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns hafa lokið viðræðum um framlengingu samningsins í ekki minna en 10 ár með skilmálum sem báðir geti fellt sig við.

Samningurinn hefur að geyma endurskoðunargrein sem veitir hvorum aðila um sig rétt til þess að óska viðræðna um breytingar á samningnum (og gerðardómsúrlausnar ef samkomulag tekst ekki), ef atburðir, aðrir en atburðir á valdi aðila sjálfra verða sem aðilar hafa ekki leitt huga að og ekki var réttilega unnt að ætlast til að séðir yrðu fyrir, þar á meðal að grundvallarbreytingar verði innan áliðnaðarins, og þessir atburðir raski jafnvægi samningsins í grundvallaratriðum, þannig að öðrum hvorum aðilanum sé íþyngt með ósanngjörnum hætti. Hvorugur samningsaðila getur þó borið fyrir sig sanngirnisákvæðið fyrir 1. júní 2008 eða oftar en einu sinni á samningstímanum.

Kveðið er á um það að um samninginn skuli fara samkvæmt íslenskum lögum. Deilur skal útkljá fyrir íslenskum dómstólum, nema annar hvor eða báðir aðilar kjósi fremur að vísa málinu til gerðardómsmeðferðar. Skal hvor aðila um sig þá tilnefna einn gerðardómsmann og gerðardómsmennirnir sameiginlega þriðja manninn. Tilnefni aðili ekki gerðardómsmann eða náist ekki samkomulag milli gerðardómsmanna aðila um oddamann skal viðkomandi gerðardómsmaður tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að um málsmeðferð fari samkvæmt reglum gerðardómsstofnunar verslunarráðsins í Stokkhólmi.

Þá er í samningnum kveðið á um lágmarks hlutfall hlutafjár kaupanda miðað við byggingarkostnað álbræðslunnar og er miðað við sama hlutfall og lánveitendur gera kröfur til.

Kveðið er á um þá meginreglu að hvorugur samningsaðili geti framselt réttindi og skuldbindingar samkvæmt samningnum án samþykkis hins aðilans. Þó getur kaupandi án samþykkis Landsvirkjunar framselt réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til lánastofnana sem tryggingu fyrir fjármögnun álbræðsluverkefnisins. Ef fjármálastofnanir ganga að tryggingunni er gert ráð fyrir að Landsvirkjun samþykki framsal samningsins til nýs aðila að því áskildu að áður séu gerðir beinir samningar milli Landsvirkjunar og viðkomandi fjármálastofnunar.

Loks er að nefna ákvæði samningsins um tungumál, en þar segir að opinber tungumál samningsins skuli vera íslenska og enska og séu bæði jafnrétthá. Ef misræmi reynist milli hins íslenska og enska texta skuli þó taka mið af því að samið hafi verið um samninginn á ensku.

Áhrif á fjárhag

Fjármála- og markaðsdeild Landsvirkjunar og þróunardeild fyrirtækisins hafa metið hagkvæmni orkusölunnar til Columbia Ventures Coporation samkvæmt rafmagnssamningi þeim sem nú liggur fyrir í lokadrögum. Er þá gert ráð fyrir eftirtöldum orkuöflunar-aðgerðum sem jafnframt mundu nýtast í þágu fyrirhugaðrar orkusölu til Íslenska járnblendifélagsins hf. miðað við stækkun járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn svo og til að fullnægja hinni árlegu aukningu í raforkueftirspurn hins almenna markaðar:

Stækkun Kröfluvirkjunar
Aflaukning Búrfelli
Bygging Hágöngumiðlunar
Bygging Sultartangavirkjunar
Orkukaup frá Nesjavöllum
Sultartangalína 1
Búrfellslína 3A

Samkvæmt þessu mati verður núvirtur hagnaður af orkusölunni um 1.300 m.kr. miðað við grundvallarforsendur en það svarar til um 6,8% innri vaxta að raungildi af nauðsynlegri fjárfestingu. Þótt um verulega lækkun áverðs yrði að ræða frá grunnspá yfir samningstímabilið nær Landsvirkjun engu að síður þeirri arðgjöf sem talin er tryggja fyrirtækinu fullnægjandi skaðleysi. Það er því sameiginlegt mat okkar að sá samningur sem hér um ræðir sé Landsvirkjun hagstæður og hafi jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Reykjavík, 21. febrúar 1997.

Halldór Jónatansson,
forstjóri.

Jóhann Már Maríusson,
aðst.forstjóri.

Orkujöfnuður

Álver Columbia Ventures Corporation 1998
Stækkun járnblendiverksmiðju 1999



Fskj. 2.

Raforkukerfið 1999

Álver Columbia Ventures Corporation 1998
Stækkun járnblendiverksmiðju 1999



Fylgiskjal V.

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar:

Lýsing á fyrirhugðu álveri á Grundartanga.

1. Inngangur

Í ársbyrjun 1995 varð að samkomulagi milli Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar og Alusuisse-Lonza að vinna sameiginlega að tæknilegri samanburðarathugun á því að stækka Ísal um 60.000 árstonn. Skoðaðir voru 2 möguleikar. Annars vegar að flytja nýlegt álver í eigu þýska álfyrirtækisins Vereinigte Aluminium Werke með VAW CA-180 kA tækni frá Töging í Þýskalandi til Straumsvíkur og hins vegar að byggja þriðja kerskála á lóð ÍSAL með svokallaðri EPT 13 tækni frá Alusuisse-Lonza. Niðurstöður leiddu í ljós að báðir þessir möguleikar virtust vera álíka hagkvæmir. Alusuisse-Lonza ákvað að stækka álverið í Straumsvík með eigin tækni og standa framkvæmdir nú yfir.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir um mitt ár 1995 voru hugmyndir um flutning þýska álversins til Íslands kynntar fyrir fulltrúum bandaríska álfyrirtækisins Columbia Aluminium Corporation (CAC). Skömmu síðar festi CAC kaup á hluta af framleiðslubúnaðinum og hefur síðan unnið að því að finna álverinu nýjan stað. Fljótlega kom í ljós að iðnaðarsvæðið á Grundartanga mundi henta vel fyrir álverið og var gengið í það á s.l. vetri að meta umhverfisáhrif af slíkum iðnaði. Í júní s.l. felldi umhverfisráðherra úrskurð um að fallist væri á byggingu álvers á Grundartanga með 60.000 tonna upphafsframleiðslu á ári með stækkunarmöguleikum í allt að 180.000 tonn á ári. Hinn 6. nóvember s.l. lagði Hollustuvernd ríkisins fram til kynningar tillögur að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga. Stjórn Hollustuverndar samþykkti starfsleyfið í febrúar 1997 að teknu tilliti til athugasemda sem bárust. Columbia Ventures Corporation (CVC), eins og fyrirtækið heitir nú, verður stofnaðili verksmiðjunnar, en rekstraraðili verður íslenskt hlutafélag, Norðurál hf, í eigu Columbia Ventures Corporation.

Í eftirfarandi greinargerð er lýst staðháttum á Grundartanga, framleiðslutækni verksmiðjunnar, helstu mannvirkjum, mengunarvörnum og fyrirhugaðri framkvæmdaáætlun. Yfirlit yfir helstu kennistærðir verksmiðjunnar er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Helstu kennistærðir fyrir fyrsta áfanga álvers á Grundartanga.

Rafgreiningartækni:	
Búnaður	VAW CA-180 kA
Straumstyrkleiki	180.000 Amper
Straumnýtni	92 - 94 %
Raforkunotkun (rafgreining)	13.800 - 14.000 kWh/t áls (jafnstraumur)
" (öll verksmiðjan)	um 14.500 kWh/t áls (riðstraumur)
Fjöldi kerskála	2
Fjöldi rafgreiningarkera	120
Ársframleiðsla	60.000 tonn
Hráefnisþörf:	
Súrál	120.000 t/ári
Kolaskaut	33.000 t/ári
- skautleifar	7.000 t/ári
Steypujárn, olíur, gas o.fl.	5.000 t/ári
Raforkuþörf skv. drögum að raforkusamningi:	
Afl (hámarksálag við tengivirki)	115 MW
Orka	930 GWh/ári
Flutningslínur	2 x 220 kV háspennulínur
Vatnsnotkun:	
Neysluvatn	2 l/sek
Iðnaðarvatn	óljóst að svo stöddu

2. Staðhættir á Grundartanga

Eftir athugun á mögulegri staðsetningu álversins hér á landi varð það niðurstaða CAC að Grundartangi væri hagkvæmasti staðurinn. Kom þar ýmislegt til. Skammur tími til undirbúnings krafðist þess að iðnaðarlóðin væri tilbúin til byggingar með stuttum fyrirvara og hafnaraðstaða varð að vera fyrir hendi. Álverið er lítið í fyrsta áfanga og flutningar vegna þess myndu ekki standa undir stofnkostnaði nýrrar hafnar. Á Grundartanga er fullbúin höfn, iðnaðaraðstaða sem samþykkt er í svæðisskipulagi og stutt í tengivirki Landsvirkjunar að Brennimel. Í grennd við iðnaðarsvæðið er nægilegt vinnuafl, auk þess sem veðuraðstæður eru þar ákjósanlegar til iðnaðarreksturs af þessu tagi.

Fyrirhugað álver á Grundartanga mun rísa innan marka skipulagðs iðnaðarsvæðis m.a. fyrir orkufrekan iðnað samkvæmt svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar á landi sem er í eigu íslenska ríkisins (mynd 1). Iðnaðarsvæðið er í tveimur hreppum, Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi. Hluti þess er þegar nýttur af Íslenska Járnblendifélaginu hf. Fyrirhuguð lóð undir álver CVC er um 82 ha. Í fyrsta áfanga er ráðgert að nota um 20 ha. af lóðinni. Iðnaðarsvæðið á Grundartanga er að mestu leyti móar og mýrlendi með stökum melaflákum. Landinu hallar lítið eitt upp frá ströndinni, en aðdýpi sjávar er mikið. Samkvæmt vindmælingum eru austlægar vindáttir ríkjandi á Grundartanga. Engar friðlýstar minjar eru þekktar innan iðnaðarsvæðisins.

Samgöngur eru auðveldar og er svæðið í heild tiltölulega snjólétt. Akranes er í um 17 km og Borgarnes í um 30 km fjarlægð. Nú eru um 100 km til höfuðborgarsvæðisins frá Grundartanga en með tilkomu jarðganga undir Hvalfjörð styttist sú vegalengd í um 48 km. Fjarlægðir frá iðnaðarsvæðinu til þéttbýlisstaða í nágrenni þess og til Reykjavíkur áður en og eftir að jarðgöng undir Hvalfjörð hafa verið fullgerð eru sýndar í töflu 2.

Tafla 2. Fjarlægðir milli nokkurra staða í grennd við Grundartanga fyrir/eftir jarðgöng undir Hvalfjörð (km).

	Akranes	Borgarnes	Grundartangi	Reykjavík
Akranes	—	38	17	108/48
Borgarnes	38	—	30	116/74
Grundartangi	17	30	—	100/48
Reykjavík	108/48	116/74	100/48	—

3. Hafnaraðstaða

Flutningar aðfanga og afurða vegna álversins munu fara um Grundartangahöfn. Aðal viðlegukantur hafnarinnar er 120 m langur og með 7,5 m viðlegudýpi, sem útilokar aðgang skipa af þeirri stærð sem venjulega eru notuð til súrálsflutninga. Við ytri enda hafnarmannvirkisins er viðlegudýpi hins vegar 10 m en lengd kantsins aðeins um 55 m.

Hafnarmannvirkin að Grundartanga eru í eigu Hafnarsjóðs Grundartangahafnar, sem starfrækir þau og heldur þeim við. Höfnin er rekin sem almenn höfn í samræmi við hafnarlög og reglugerð. Gert er ráð fyrir að Norðurál hf eigi rétt á að reisa, halda og reka einn eða fleiri hafnarkrana á bryggjunni á eigin kostnað, sem og losunarbúnað, færibönd, súrálsgeymi og vinnuskýli fyrir hafnarstarfslið. Gert er ráð fyrir því að gerður verði hafnarsamningur milli Norðuráls hf og hafnarsjóðsins og sérstakur samningur milli sjóðsins, félagsins og Íslenska járnblendifélagsins um sameiginlega nýtingu hafnarinnar. Fyrirhugað er að bæta hafnaraðstöðuna síðar.

4. Flutningar.

Miklir flutningar eiga sér stað í tengslum við álverið. Á móti hverju tonni af áli framleiddu til útflutnings þarf að flytja til landsins um 2,6 tonn af hráefni. Vegur þar þyngst súrál, sem er um 120.000 tonn á ári en auk þess koma til kolaskaut um 33.000 tonn á ári, olíur, gas og fleira. Samtals verða því árlega flutt inn um 158.000 tonn af hráefnum og út verða flutt um 67.000 tonn af álhleifum og skautleifum. Heildarverðmæti árlegs innflutnings er áætlað 3,3 milljarðar króna og heildarverðmæti árlegs útflutnings er áætlað um 7,3 milljarðar króna. Allir þessir flutningar munu fara um Grundartangahöfn.

5. Vatnsöflun

Vatnsnotkun í álverinu má skipta í tvo aðalþætti, neysluvatn og iðnaðarvatn. Neysluvatnsnotkun er einkum við sturtuböð og aðra hreinlætisaðstöðu og mötuneyti fyrir starfsfólk. Yfir standa viðræður við fulltrúa Íslenska Járnblendifélagsins hf um kaup á neysluvatni úr núverandi kerfi járnblendiverksmiðjunnar.

Öðru máli gegnir um iðnaðarvatn. Helsta notkunin er til kælingar með varmaskiptum í aðveitustöð og afriðlum. Í fyrstu var áætlað að nota opið kælikerfi eins og gert er í álveri ÍSAL í Straumsvík. Möguleikum í vatnsöflun

fyrir kælikerfi voru gerð allgóð skil í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum og sýnt fram á strax á því stigi að leita þyrfti annarra lausna en að nota opið kælikerfi. Nú er verið að leita tæknilegra leiða til að draga úr kælivatnsþörf. Má þar nefna ýmsa möguleika eins og loftkælingu rafbúnaðar, kælingu með sjó og fleira kemur til greina. Með slíkum ráðstöfunum er áætlað að vatnsþörf upphafsáfanga álversins verði lítil. Auðvelt yrði að útvega þetta vatnsmagn á svæðinu án þess að fara inn á vatnasvæði Laxár í Leirársveit, t.d. í landi Skilmannahrepps í norðanverðu Akrafjalli.

Í þessum málum er verið að vinna þegar þetta er skrifað (febrúar 1997) og því er erfitt að gefa upplýsingar, eins og t.d. um endanlega kælivatnsþörf, þar sem þær liggja ekki fyrir að svo stöddu.

6. Raforkuflutningur.

Landsvirkjun mun sjá álverinu fyrir raforku. Af öryggisástæðum verða tvær 220 kV raflínur tengdar frá spennistöð Landsvirkjunar við Brennimel í Hvalfirði í um 4 kílómetra fjarlægð frá Grundartanga. Línurnar munu liggja meðfram núverandi háspennulínu, sem sér járnblendiverksmiðjunni fyrir rafmagni. Háspennulínurnar voru samþykktar af umhverfisráðherra í júní s.l. að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

Með 60.000 tonna ársframleiðslu þarf álverið að jafnaði 107 MW í rafafli við tengivirki og um 930 GWh á ári af raforku. Mesta aflþörf er áætluð 115 MW. Til að mæta þessu álagi er fyrirhugað að setja upp tvo gufuhverfla í Nesjavallavirkjun og annan gufuhverfil til viðbótar við þann sem fyrir er í Kröfluvirkjun. Auk þess er stefnt að byggingu Sultartangavirkjunar og miðlunarlóns við Hágöngur, sem eykur árlega raforkuvinnslugetu allra vatnsaflsvirkjana á Tungnaár-/ Þjórsársvæðinu.

7. Rafgreiningartækni.

Ál er unnið úr súráli með rafgreiningu. Álvinnslan fer fram í sérstökum kerum, þar sem rafstraumur klýfur súrálið annars vegar í súrefni sem gengur í efnasamband við kolefni í rafskautum og hins vegar ál sem sekkur til botns í kerinu og er síðan sogað upp í deiglu. Mismunandi aðferðir hafa verið þróaðar hjá hinum ýmsu stærri álframleiðendum en allar byggja þær á sömu grunnaðferð rafgreiningarinnar. Sú tækni sem notast verður við í álverinu á Grundartanga er þróuð af þýska álfyrirtækinu Vereinigte Aluminium Werke og nefnis hún VAW CA-180 kA. Hún byggir á svokallaðri CWPB rafgreiningartækni (Center-Worked Pre-Bake) sem gefur til kynna að rafskaut

séu forbökuð og að súrálsmötun eigi sér stað í lokuðu kerfi. Tæknin þótti mjög fullkomin þegar álverið í Töging í Bæjaralandi í Þýskalandi var byggt 1980 og var það enn í fremstu röð nútímanlegra álvera þegar ákveðið var að hætta álframleiðslu þar af samkeppnisástæðum 1993. VAW hefur endurbætt tækni þessa á síðari árum sem álverið á Grundartanga mun nýta til fulls.

Lágt verð á áli, mjög hár flutningskostnaður til og frá álverinu og hátt raforkuverð lögðust á eitt um að gera reksturinn óhagkvæman, og var álverinu lokað þrátt fyrir mótmæli heimamanna. Mynd 2 sýnir fyrirkomulag í kerskála í Töging. Columbia Aluminum Corporation keypti hluta af búnaði álversins um mitt ár 1995 með það fyrir augum að endurnýja hann og reisa aftur í nýju og hagkvæmara umhverfi. Að endurnýjun lokinni verður búnaðurinn jafngóður og nýr og þeir hlutar sem mestu máli skipta, þ.e. rafgreiningarkerin og hreinsivirkið, verða alfarið nýir og ónotaðir.

Rafgreiningarker. Rafgreiningin fer fram í 120 kerum sem raðað er saman hlið við hlið í tveimur kerskálum eftir þeim endilöngum. 180 kA jafnstraumur flæðir í gegnum raðtengd kerin, hvert af öðru, á milli forbakaðra kolarafskauta. Sjálf kerkápan er úr stáli, en er fóðruð með hitaþolnum múrsteinum og forbökuðum kolaskautum, sem nefnast bakskaut. Bilið milli bakskautanna er fyllt með deigi úr sama efni, þannig að samfelld klæðning er innan í kerinu. Yfir kerunum er sterk yfirbygging úr stáli sem heldur uppi straumleiðurum og búnaði, sem tengist forskautunum. Á stálgrindina eru einnig festir skautlásar, sem festa skautgafflana, geymar fyrir súrál og hreyfanlegir meitlar, sem gera gat á skurnina í miðjum kerunum til þess að hægt sé að bæta hráefni í raflausnina. Hvert ker hefur þétta, hreyfanlega þekju úr álplötum, sem unnt er að opna þegar komast þarf að kerunum. Rýmið undir þekjunni tengist afsogsbúnaði, sem sér um að soga megnið af lofttegundunum, sem myndast við rafgreininguna, út í gegnum pokasíur og hreinsar úr þeim ryk og flúoríð áður en þær fara út í andrúmsloftið.

Straumleiðarar. Raforkan er flutt frá afriðlum við enda kerskálanna til keranna eftir aðalstraumleiðurum úr áli. Tenging er milli fastra straumleiðara og skautbrúa á hverju keri með svokölluðum straumleiðaraböndum úr sveigjanlegum álþynnum. Unnt er að aftengja hvert ker fyrir sig.

Framleiðslustýring. Stýring á hverju keri fer fram með sjálfvirkum örtölvubúnaði, sem tengdur er tveimur aðaltölvum. Önnur tölvan er í stöðugri notkun en hin í viðbragðsstöðu. Ennfremur er unnt að handstýra framleiðslu hvers kers fyrir sig frá stjórntölvu við kerið. Aðaltölvukerfið er í aðalstjórnstöð sem staðsett er við hlið kerskálanna ásamt skrifstofu framleiðslustjóra.

Kerþjónustutæki. Í hvorum kerskála eru tvö fjarstýrð kerþjónustutæki innbyggð í kranabrýr, sem ganga á kranateinum hátt yfir gólfi eftir skálunum endilöngum. Kranabrýrnar eru með sérstökum búnaði til þess að skipta um forskaut, brjóta baðskurnir og þekja kolaskautin með súráli. Kerþjónustutækin eru og búin lyftibúnaði til þess að flytja sogdeiglur og annað það sem hífa þarf.

Súrálsmötunarkerfi. Hlaðið súrál frá lofthreinsibúnaðinum, sem er blanda af nýju súráli og flúoríðryki frá pokasíum, er flutt með flæðibúnaði í geyma sem eru staðsettir á svæðinu milli kerskálanna, en þaðan er súrálinu dreift í kerin.

Mulin baðefni eru flutt með sérstökum flutningatækjum til þess staðar sem kerþjónustutækin ná til þeirra og dreifa þeim á kerin eftir þörfum.

Álsogdeiglur. Sérstaklega gerðar deiglur úr stáli eru notaðar til þess að flytja fljótandi ál frá kerunum í steypuskála. Deiglur þessar eru fóðraðar að innan með hitaþolnu múrefni og geta rúmað allt að 7 tonnum af fljótandi áli. Deiglurnar eru með loftþéttu loki og sogröri. Þær eru tengdar lofttæmingarkerfi en við það rennur fljótandi ál upp í deiglurnar þar sem þær hanga í kerþjónustutækjunum. Sérstaklega gerðar deiglur til þess að flytja raflausn eru einnig fyrir hendi.

Krani á teinabraut. Sérstakur grindarkrani verður settur á braut er gengur eftir millibyggingu þvert á kerskálana í öðrum enda þeirra. Þessi krani getur flutt kerþjónustutæki og einstök ker ásamt yfirbyggingu þeirra á viðgerðar- og endurnýjunarverkstæði sem fyrirhugað er til hliðar við kerskálana.

Kerflutningakranar. Tveir sérbúnir kranar hvor með 80 tonna lyftigetu til þess að hífa og flytja einstök ker ásamt baðfyllingu og fóðringu, þegar þarf að endurnýja þau, eru sem og aðrir kranar hluti þess búnaðar sem fluttur verður til álversins frá Töging.

8. Helstu byggingar og mannvirki

Áður en kemur að því að reisa byggingar og önnur mannvirki fer fram umfangsmikil jarðvinna á lóðinni. Vegna byggingar fyrsta áfanga álversins þarf að fjarlægja um 285.000 m^3 af moldarjarðvegi og klöpp og setja um 230.000 m^3 af burðarhæfu fyllingarefni til jöfnunar undir mannvirki og plön. Einnig verða lagðar vatns- og fráveitur ásamt jarðskautsbúnaði um svæðið í þeim verkáfanga.

Helstu byggingar og mannvirki eru eftirfarandi: Reistir verða tveir 415 m langir kerskálar og tengivirki og er gólfflötur þeirra samtals um 24.000 m^2. Í upphafi verða einnig reist um 1.000 m^2 vöruskemma og 600 m^2 starfsmannahús, um 3.000 m^2 skautsmiðja og 1.500 m^2 steypuskáli. Byggingar verða flestar stálgrindarhús á steinsteyptum undirstöðum með álklæðningu á þaki og veggjum. Einnig verður hluti byggginganna með plastklæðningu er hleypir inn dagsbirtu. Öll undirbygging kera í kerskálum ásamt undirstöðum verður úr staðsteyptri steinsteypu. Forsteyptar einingar verða notaðar í neðri hluta útveggja kerskála og hugsanlega í meginsúlur hússins upp í hæð kranabrautar. Af öðrum mannvirkjum skal nefna þurrhreinsibúnað, löndunarbúnað, stálgeyma fyrir súrál og tank fyrir neyslu- og brunavatn.

Aðkomuvegir, helstu vinnuvegir og athafnasvæði innan lóðarmarka, s.s. geymslusvæði fyrir álhleifa, verða með bundnu slitlagi. Umhverfis lóðina verður iðnaðargirðing með læsanlegum hliðum sem öryggisverðir stjórna.

9. Starfsmannafjöldi.

Þegar álverið hefur starfsemi á miðju ári 1998 mun Norðurál hf ráða 110 til 135 fasta starfsmenn til starfa á Grundartanga. Auk þess fá um 25 manns tímabundna ráðningu meðan verið er að koma rekstrinum á skrið. Líklegt er að föstum starfsmönnum fjölgi í um 150 innan fárra missera með auknu viðhaldi. Um þriðjungur starfsfólks mun starfa við stjórnunar-, tækni- og skrifstofustörf en tveir þriðju hlutar við framleiðslustörf.

10. Mengunarvarnir.

Stefna CVC er að verksmiðjur þess samræmist að öllu leyti kröfum sem settar eru með lögum og reglugerðum um umhverfismál á hverjum stað. Í tillögum að starfsleyfi, sem kynnt voru almenningi með auglýsingu Hollustuverndar ríkisins í Lögbirtingarblaðinu, 6. nóvember s.l., er kveðið á um mengunarvarnir sem ber að viðhafa við rekstur álversins. Samkvæmt starfsleyfistillögunum skal farið í einu og öllu eftir gildandi mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 varðandi verndun lífríkis, lofts, láðs og lagar. Auk þess eru gerðar strangar kröfur varðandi varnir gegn mengun af völdum flúoríðs, en mengunarvarnareglugerðin tekur ekki til slíkra efna og efnasambanda. Hluta af greinargerð Hollustuverndar ríkisins með starfsleyfistillögunum er að finna í fylgiskjali VI með frumvarpinu.

Útblástur. Hreinsun útblásturs frá álverinu fer fram í nútímalegu þurrhreinsivirki sem búið er pokasíum og endurvinnslubúnaði fyrir flúoríð og ryk. Hreinsivirkni verður meiri en 99,5 %. Á mynd 3 er einföld skýringarmynd af þurrhreinsibúnaðinum til fróðleiks.

Þurrhreinsun byggist á því að kerum er lokað og kerreykurinn er sogaður inn í hreinsistöð þar sem flúoríðefnasambönd eru hreinsuð úr reyknum með súráli. Gasstraumurinn rífur súrálið, sem rennur á móti gastraumnum, með sér og súrálið bindur flúoríðið í kerreyknum. Súrál, sem hefur bundið flúorgas og er blandað ryki, er kallað hlaðið súrál. Hlaðið súrál og ryk er síðan hreinsað úr kerreyknum með pokasíum og hlaðna súrálið notað sem hráefni til frekari vinnslu áls. Á þennan hátt eru flúoríðefnasambönd endurunnin í stað þess að sleppa þeim út í andrúmsloftið. Tvennt er gert samtímis, dregið er úr loftmengun og um leið er sparað hráefni. Gert er ráð fyrir að heildarmagn flúoríðs og ryks í útblæstri verði í samræmi við tillögur PARCOM (Oslo and Paris Commissions 94/1) um bestu fáanlega tækni varðandi ný álver. Útblæstri brennisteinstvísýrings verður haldið í skefjum með því að takmarka magn brennisteins í skautkolum.

Ryk sem þyrlast upp við vinnu í álverinu er sogað burt í gegnum ryksíur.

Urðun og endurnýting. Meðhöndlun alls úrgangs er háð starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að urðun á þeim fasta úrgangi sem til fellur verði í sérstökum flæðigryfjum sem komið verður fyrir í fjörunni. Endanleg ákvörðun um staðsetningu verður tekin í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Flæðigryfja verður byggð úr stórgrýti og hún síðan fyllt með kerbrotum. Veggir flæðigryfjunnar hindra að fínar, tiltölulega léttar, fastar rykagnir gruggi sjóinn og mengi hann. Hins vegar mun sjórinn vegna áhrifa flóðs og fjöru og rigningarvatns smám saman skola uppleysanlegum efnum úr kerbrotunum. Megnið af kerbrotsefnunum eru óuppleysanleg eða torleysanleg efni í sjó eða vatni og eru einkum mársteinar, bakskautskol, kolaryk frá skautsmiðju og gjallryk ásamt fleiri efnum í óverulegu magni. Þegar flæðigryfja hefur verið fyllt með úrgangsefnum verður hún hulin jarðvegi sem fellur að umhverfinu.

Skautleifar verða endurunnar og notaðar við framleiðslu á forskautum og kragasalla. Þar sem endurvinnsla skautleifa fer fram erlendis má vænta þess að mestur hluti þeirra verði sendur utan.

Frárennsli. Frárennsli frá álverinu verður í samræmi við ákvæði um losun úrgangsefna í sjó í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari

breytingum. Forvarnir gegn olíumengun verða samkvæmt reglugerð nr. 35/1994 um ráðstafanir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Allur hreinsibúnaður verður í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins eða viðurkenndur af Hollustuvernd og Heilbrigðiseftirliti Akranessvæðisins.

11. Framkvæmdir, mannafli og stofnkostnaður

Forsvarsmenn CVC fyrirtækisins er hafa reynslu í að reka álver munu sjá um og stjórna byggingu þess með aðstoð sérráðgjafa. Undirbúningur framkvæmda og eftirlit verður í höndum íslenskra og breskra ráðgjafarverkfræðinga. Einnig mun VAW, fyrrum eigandi álversins í Töging, leggja til sérfræðinga með þekkingu á sviði rafgreiningar og verða þeir einnig til ráðgjafar um uppsetningu og rekstur þess búnaðar sem að rafgreiningunni lýtur. Fyrirhugað er að skipta framkvæmdum eftir því sem kostur er í verkþætti af viðráðanlegri stærð fyrir íslenskan verktakamarkað til þess að tryggja að íslensk verktækni og reynsla nýtist sem best og þekking verði eftir í landinu þegar framkvæmdum við fyrsta áfanga lýkur. Framleiðsla og uppsetning ýmiss sérhæfðs búnaðar verður boðin út á alþjóðlega vísu.

Til þess að standast tímaáætlun hefur CVC látið hefja verkfræðilegan undirbúning framkvæmda þótt ákvörðun um þær liggi ekki fyrir. Stefnt er að því að jarðvinna geti hafist seint í mars 1997. Síðan hefst hver verkþátturinn á fætur öðrum, steypuvinna í kerskálum í apríl, bygging starfsmannahúss, skautsmiðju og vörugeymslu í maí, uppsetning stálgrinda yfir kerskála í júlí, klæðning kerskála í september og þannig koll af kolli.

Áætlanir gera ráð fyrir gangsetningu álversins í júlí 1998. Til þess að svo megi verða þarf raforka til álversins að vera til reiðu í júní 1998. Ágrip fyrirhugaðrar framkvæmdaáætlunar er sýnt á mynd 4.

Þörf á mannafla við undirbúning og stjórnun framkvæmdanna hefur verið áætluð þannig, að mest verði um 65 manns við þau störf, þar af um helmingur innlendur. Við sjálfar framkvæmdirnar er gert ráð fyrir að á mesta álagstíma verði um 350 menn að störfum, þar af um 300 innlendir.

Heildarstofnkostnaður álversins að meðtöldu rekstrarfé er áætlaður um 12.000 milljónir kr. og teljast þar af um 3.000 milljónir kr. innlendur kostnaður og 9.000 milljónir kr. erlendur kostnaður.

Dreifing mannafla og stofnkostnaðar á byggingartíma er sýnd á mynd 5, og sýna súlur á ritunum áætluð meðaltöl í hverjum ársfjórðungi.





Mynd 2 Myndin sýnir búnað í kerskála í álverinu í Töging í Þýskalandi sömmu áður en álframleiðsla þar var lögð niður, 1993.


1
2
3
A
B
C
D
101
28.3 HA
B
12
4
7
+5.6
+5.6
+7.8
11
+7.8
9
106
ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ HF
HNITASKRÁ
NR. X Y
101 682919.39 434441.23
102 682089.52 435356.72
103 681713.21 435015.61
104 681547.60 434722.74
105 682183.89 434363.45
106 682485.05 434043.06
N
0 100 200 300 400 500m
Y=434000
X=682000
REFERENCES
Dwg. No.
No.
Date
REVISION
Des.
Chk.
Appr.


HÁSPENNULÍNA, 220 kV
SKILMANNAHREPPUR
HVALFJARÐARSTRANDARHREPPUR
102
53,9 HA
103
104
105
+5,6
SKÝRINGAR:
FRAMKVÆMDIR 1. ÁFANGA
1 SVÆÐI FYRIR GRAFIÐ EFNI
2 STJÓRNUNAR OG STARFSMANNAAÐSTAÐA
3 SKAUTSMIÐJA
4 TENGIVIRKI
5 STÖÐ FYRIR LOFTÞJÖPPUR
6 KERSKÁLAR
7 KRANAVIÐGERÐIR
8 ÞURRHREINSIBÚNAÐUR
9 STEYPUSKÁLI
10 VÖRUGEYMSLUR OG VERKSTÆÐI
FRAMTÍÐARSTÆKKUN
11 VIÐGERÐ KERA
12 TENGIVIRKI
13 KERSKÁLAR
14 FORSKAUT
MYND 1
hönnun hf CONSULTING ENGINEERS
Rafhönnun CONSULTING ENGINEERS
VST VST Consulting Engineers Ltd.
COLUMBIA VENTURES CORPORATION
ÁLVER Á GRUNDARTANGA
YFIRLITSMYND
Date 26. FEB. 1997
Drawing No. 10-C100

Álver á Grundartanga

Skýringamynd af þurrhreinsibúnaði



Mynd 3

ÁLVER CVC Á GRUNDARTANGA
ÁGRIP FRAMKVÆMDAÁÆTLUNAR



Mynd 4


Áætlaður mannafli við undirbúning og stjórnun
70
60
50
40
30
20
10
0
3. '96
1. '97
2. '97
3. '97
4. '97
1. '98
2. '98
3. '98
4. '98
Erlendur
Innlendur
Samtals
Áætlaður mannafli við framkvæmdir
350
300
250
200
150
100
50
0
3. '96
1. '97
2. '97
3. '97
4. '97
1. '98
2. '98
3. '98
4. '98
Erlendur
Innlendur
Samtals
Áætluð dreifing stofnkostnaðar í Mkr
3.000
2.500
2.000
1.500
1.000
500
0
3. '96
1. '97
2. '97
3. '97
4. '97
1. '98
2. '98
3. '98
4. '98
Erlendur
Innlendur
Samtals

Mynd 5

Fylgiskjal VI.

Hollustuvernd ríkisins:

Greinargerð með tillögu að starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð fyrir 180.000 tonn/ár álver á Grundartanga.
(11. nóvember 1996.)

1. Inngangur

Þann 6. desember 1995 sótti Markaðsskrifstofa Iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fyrir hönd Columbia Aluminum Corporation um starfsleyfi fyrir 180.000 tonn/ár álver á Grundartanga. Samkvæmt 72. gr. mengunarvarnareglugerðar afgreiðir Hollustuvernd ríkisins endanlegar starfsleyfistillögur til umhverfisráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda.

Hér eru lagðar fram til kynningar tillögur að starfsleyfi fyrir álframleiðslu á Grundartanga. Columbia Ventures Company er stofnaðili verksmiðjunnar, en rekstraraðili verksmiðjunnar verður íslenskt hlutafélag sem Columbia Ventures Company mun koma á fót. Starfsleyfi fyrir 180.000 tonn/ár álver á Gundartanga verður gefið út af umhverfisráðherra á nafn rekstraraðila þegar hann hefur tekið formlega til starfa.

Starfsleyfistillögurnar eru byggðar á eftirfarandi atriðum:
- Starfsleyfum sem unnin hafa verið fyrir annan sambærilegan rekstur hérlendis.
- Upplýsingum frá Columbia Ventures Company um tækjabúnað væntanlegs álvers og tryggingar framleiðanda á virkni búnaðarins.
- Upplýsingum sem safnað var vegna undirbúnings álverksmiðju á Keilisnesi.
- Upplýsingum um áhrif mengunar frá álframleiðslu í Straumsvík á gróður, sem safnað hefur verið árlega frá því að áður en framleiðsla hófst þar árið 1969.
- Mengunarmælingum sem fram hafa farið á Hvaleyrarholti frá október 1989 til ársloka-1990, frá október 1994 til desember 1995, og nú frá maí 1996
- Mati á umhverfisáhrifum álvers á Gundartanga, en skýrslu um frumathugun var skilað inn til Skipulagsstjóra ríkisins í desember 1995.
- Mengunarmælingar á Grundartanga og útreikningar Vatnaskila h.f byggðir á þeim sem birtir voru með skýrslu um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga ásamt frekari útreikningum Vatnaskila h.f fyrir Hollustuvernd ríkisins.
- PARCOM Recommendation 94/1 og drögum að bakgrunnsskýrslu um mengun frá álverum sem unnin hefur verið vegna þeirrar vinnu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir mengun frá álframleiðslu, hver losun mengunarefna verður frá álframleiðslunni á Grundartanga, áhrif mengunarefna frá álframleiðslu í umhverfinu, mengun á Grundartanga og loks verður fjallað um innihald nokkurra greina í starfsleyfistillögunum.

2. Mengun frá álframleiðslu

Ál er framleitt með rafgreiningu í stálkerum. Helstu hráefni til álframleiðslu eru súrál, krýolít eða álflúoríð, kolarafskaut og svo rafmagn. Kerin og einangrunin í þeim ganga einnig úr sér og þarf að endurnýja þau á nokkurra ára fresti.

Sú mengun sem kemur frá álframleiðslu er fyrst og fremst loftmengun, og föst úrgangsefni. Þar sem eru notuð forbökuð rafskaut, eins og krafist er í öllum nýjum álverum, er mengunin nær eingöngu flúoríð, ryk, og brennisteinstvíoxíð, sem myndast vegna brennisteinsinnihalds í kolarafskautunum. Flúoríðmengun er sú mengun, sem skapar langmesta hættu fyrir gróður og grasbíta og lögð hefur verið höfuðáhersla á að minnka. Með bestu tækni hefur verið náð verulegum árangri við að takmarka þá mengunarhættu og einnig rykmengun. Flúoríðmengun og rykmengun frá álframleiðslu er aðeins hægt að takmarka með því að hreinsa flúoríð og ryk úr útblæstri frá framleiðslunni.

Besta tækni til þeirrar hreinsunar er svonefnd þurrhreinsun með fullnægjandi virkni í hreinsibúnaði. Í þurrhreinsibúnaði er súrálið, sem álið er framleitt úr, notað til þess að binda flúoríð úr útblæstrinum. Rykið frá framleiðslunni blandast þá einnig inn í súrálið. Súrálsryk frá þurrhreinsibúnaðinum er svo síað frá útblæstrinum með pokasíum. Ryk og flúoríð er síðan endurnýtt í rafgreiningarkerjunum. Virkni er skilgreind á þrjá vegu: Í fyrsta lagi sem virkni búnaðarins til að ná flúoríðum og ryki sem myndast í kerunum inn í hreinsibúnaðinn. Í öðru lagi virkni búnaðarins til að binda gaskennt flúoríð á súrálið og í þriðja lagi að fjarlægja svo rykið úr útblæstrinum.

Þar sem notuð eru rafskaut með háu brennisteinsinnihaldi og brennisteinstvíoxíðsmengun í lofti er vandamál, má nota vothreinsibúnað til að skola brennisteintvíoxíð út í sjó. Þá er útblásturinn þveginn með kalkblönduðu vatni eða sjó og er brennisteinstvíoxíð bundið sem kalsíumsúlfat (gifs). Einnig er flúoríð bundið að hluta sem kalsíumflúoríð. Þessi búnaður var víða notaður til flúorhreinsunar og tjöruhreinsunar úr útblæstri. Þar sem vothreinsibúnaður var eingöngu hefur nú verið bætt þurrhreinsibúnaði líka. Nú eru þurrhreinsibúnaður og forbökuð skaut viðurkennd sem besta fáanlega tækni við framleiðslu áls og hreinsunar flúoríða, og vothreinsibúnaður ekki settur upp nema þar sem brennisteinstvíoxíðsmengun í andrúmslofti er vandamál. Tjörumengun (PAH efni) er mjög lítil frá álverum sem nota forbökuð rafskaut.

Fastur úrgangur tengdur álframleiðslu eru einkun kerbrot og skautleifar, auk ýmis konar úrgangs frá álsteypunni og ryk.

Önnur hættuleg efni s.s. þungmálmar og lífræn leysiefni tengjast ekki frumframleiðslu á áli og því er ekki fjallað nánar um þau hér.

Þar sem eingöngu er notaður þurrhreinsibúnaður, eins og gert er ráð fyrir á Grundartanga, er eina frárennslið sem er beint tengt framleiðslunni kælivatn frá afriðlum og steypskála.

3. Losun mengunarefna frá álveri á Grundartanga

Útblástur mengunarefna frá álveri á Grundartanga verður í samræmi við PARCOM Recommendation 94/1 um bestu tækni fyrir álver með þurrhreinsibúnaði. Þar er gert ráð fyrir að heildarmagn flúoríðs í útblæstri verði undir 0,6 kg/tonn af framleiddu áli og að ryk verði minna en 1 kg/tonn af framleiddu áli. Sérstaklega skal bent á að gaskennt flúoríð (HF), sem talið er hættulegast fyrir gróður, verður líklega innan við helmingur þessa útblástur sé miðað við rekstrarforsendur framleiðanda tækjanna og ábyrgðir framleiðanda hreinsibúnaðarins. Heildarflúoríðútblástur frá 180.000 tonn/ár álveri er því innan við 110 tonn/ár og gaskennt flúoríð líklega um 50 tonn/ár. Fyrir fyrsta áfangann (60.000) er áætlaður útblástur flúoríða því 36 tonn/ár og gaskennt flúoríð um 17 tonn/ár.

Ryk í útblæstri og upp um þak kerskála, er einkum áloxíð með nokkru flúoríði. Það má verða að hámarki um 180 tonn fyrir 180.000 tonna álver eða um 60 tonn fyrir fyrsta 60.000 tonna áfangann. Hætta á verulega auknum útblæstri flúoríða og ryks er lítil. Reykhreinsibúnaður er hannaður úr nokkrum samhliða einingum og full virkni er miðuð við að alltaf sé ein eining ekki í sambandi vegna viðhalds eða hreinsunar. Ef tvær einingar bila er samt mikill meirihluti hreinsibúnaðarins enn virkur og hreinsivirkni verður yfir 85% af hönnunarvirkni.

Samanburður á hámarki leyfilegra mengunarefna í útblæstri væntanlegs 180.000 tonn/ár álvers á Grundartanga við núverandi álver í Straumsvík er sýndur í töflu 1. Eingöngu síðustu ár og væntanleg stækkun í Straumsvík eru samanburðarhæf þar sem áður var ekki nægilega skilvirkur hreinsibúnaður til staðar í álverinu í Straumsvík.

Tafla 1. Áætluð losun mengunarefna frá álframleiðslu í Straumsvík **og á Grundartanga**

Ár	Framleitt ál (tonn)	Flúoríð (kg/tonn ál)	Flúoríð (tonn)	Ryk (tonn)	Brennisteinstvíoxíð (tonn)
			Straumsvík		
1992	90045	1,05	95	70	1558
1993	94152	1,30	122	49	1610
1994	98595	1,41	139	50 (leyft 296)	1680 (leyft 2070)
Leyft í ÍSAL eftir stækkun					
1998	170000	1,20	204	255 (áætlað 100)	3570 (áætlað 2550)
			Grundartangi		
1999	**60000**	**0,6**	**36**	**60**	**1260**
20xx	**180000**	**0,6**	**108**	**180**	**3780**

Miðað við reynslu undanfarinna ár þá hefur gaskennt flúoríð verið milli 80 og 90% flúoríða sem fara út í andrúmsloftið frá álverinu í Straumsvík, en eins og áður segir er gaskennt flúoríð áætlað innan við helmingur flúoríða frá álveri á Grundartanga. Reynsla frá álverinu í Straumsvík sýnir að rykmengun hefur verið mjög lítil. Framleiðendur þess búnaðar sem notaður verður á Grundartanga hafa ekki treyst sér til að ábyrgjast að

rykmengun verði jafn lítil og náðst hefur í álverinu í Straumsvík. Það skal tekið fram að Íslenska álfélagið h.f. stefnir að því að flúormengun í kg/tonn ál minnki á næstu árum og þá verður sá munur sem hér kemur fram ekki lengur til staðar í sama mæli.

Föstum úrgangi verður komið fyrir í flæðigryfju við sjó á sambærilegan hátt og við Straumsvík undanfarna áratugi. Magn þessa úrgangs fer minnkandi með lengri líftíma kera, stærri kerum, betri nýtingu hráefna og aukinni endurvinnslu. Fyrstu árin myndast lítill fastur úrgangur sem fer í kerbrotagryfjur, en síðar má áætla að nokkur þúsund tonn á ári falli til sem fari í kerbrotagryfjur. Helstu efnisþættir eru kerbrot, þ.e. múrsteinar og skautleifar, óendurvinnanlegur álsori, kola- og súrálsryk, auk byggingarúrgangs.

4. Áhrif mengunarefna í umhverfinu.

Fylgst hefur verið með flúoríðmengun frá álverinu í Straumsvík, í gróðri á völdum sýnatökustöðum, frá árinu 1968 og fara þær mælingar enn fram með sambærilegum hætti. Gert er ráð fyrir sambærilegri mæliáætlun vegna álversins á Grundartanga. Mynd 1 er tekin úr árskýrslunni 1995 þar sem eru sýndar niðurstöður mælinga og þær bornar saman við fyrri ár. Eins og sést á myndinni þá er sá meðalflúoríðstyrkur sem mælist á sýnatökustöðunum árin 1992 til 1995 sambærilegur við meðalflúoríðstyrk sem mældist 1968 áður en framleiðsla hófst. Breytingar vegna aukins flúoríðsútblástur frá Straumsvík vegna breytinga í framleiðslugetu síðustu ára hafa eingöngu komið fram á þeim stöðum sem næst eru álverinu. Þar sem heildarflúoríðútblástur frá álveri á Grundartanga verður um helmingur þess sem kemur frá Straumsvík og gaskennt flúoríð væntanlega rúmlega fjórðungur þá verða sýnatökustöðvar fyrir gróður vegna vöktunar við Grundartanga að vera nærri iðnaðarsvæðinu, t.d. í 2 og 4 km radíus, og síðan undan aðalvindáttum með Akrafjalli. Gert er ráð fyrir sýnatökustöðvum innar við Hvalfjörð og sunnan fjarðar. Miðað við renslu frá Straumsvík er ekki búist við að marktæk breyting á styrk flúoríðs mælist nema á mælistöðunum næst álverinu. Einnig er gert ráð fyrir að mæla flúor og fleiri þætti s.s. sýrustig og brennistein í yfirborðsvatni og úrkomu í nágrenni Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar hafa mælt styrk flúoríðs og brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti á Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð. Fyrst á vegum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar frá 1989 til 1990, áður en endurbætur voru gerðar á mengunarvarnabúnaði, og síðar á vegum Hollustuverndar ríkisins, eftir endurbætur, frá október 1994 (með hléi fyrri parts árs 1996). Styrkur flúoríðs fór yfir norsk viðmiðunarmörk 2 sólarhringa á öllu mælitímabilinu árið 1990, en meðalstyrkur flúoríðs og brennissteinstvíoxíðs var langt undir viðmiðunarmörkum. Frá október 1994 hafa staðið yfir mælingar á Hvaleyrarholti að nýju. Styrkur hefur mælst langt undir viðmiðunarmörkum allan tímann.

Miðað er við að sett verið upp ein föst mælistöð við Grundartanga vestan við iðnaðarsvæðis til að fylgjast með loftmengun til langs tíma, auk annarra stöðva vegna bakgrunnsmælinga.

Gerð hefur verið dreifingarspá fyrir loftmengun frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga miðað við aukna starfsemi þar með álveri og hugsanlega stækkun járnblendiverksmiðjunnar. Út frá henni er ljóst að flúoríð mun dreifast í litlu magni út fyrir sjálft iðnaðarsvæði. Það er helst lítið svæði norðvestan við iðnaðarsvæðið þar sem flúoríð getur orðið yfir viðmiðunarmörkum eftir að stækkun í 180.000 tonn hefur átt sér stað. Fylgjast þarf sérstaklega með flúoríði í gróðri þar.

Sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs er nú yfir íslenskum viðmiðunarmörkum á nokkuð stóru svæði samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið á Grundartanga og útreikningum Verkfræðistofunnar Vatnaskil byggðum á þeim mælingum. Þessi mörk er sett með tilliti til viðkvæms gróður. Áhrif álvers á Grundartanga á stærð þessa svæðis eru lítil sem engin. Hins vegar mun ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs vestan og suðvestan iðnaðarsvæðisins aukast með tilkomu álversins. Svæðið þar sem ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs fer yfir viðmiðunarmörk verður hins vegar minna en það svæði sem nú er yfir viðmiðunarmörkum miðað við sólarhringsmeðaltal.

Kannað hefur verið af Líffræðistofnun Háskólans hvort mengun frá flæðigryfjum fyrir fastan úrgang hefði áhrif á lífríkið í sjónum við Straumsvík. Ekki greindust nein áhrif í þeirri könnun sem fram fór, en frekari könnun er nú í gangi. Gert er ráð fyrir sambærilegri könnun við flæðigryfjur á Grundartanga. Jafnframt er fylgst með þeim möguleikum sem eru í aukinni endurnýtingu þessa úrgangs.

5 Bakgrunnsmælingar

Nú þegar Grundartangi hefur verið skilgreindur sem mesta stóriðnaðarsvæði landsins er nauðsynleg að fara yfir, endurtaka, og bæta við þær bakgrunnsmælingar á mengun sem þegar hafa farið fram á svæðinu. Galli við flestar þessar mælingar er að þær fóru fram aðeins einu sinni og lítill eða enginn samanburður hefur verið gerður. Þær reglulegu mælingar sem nú er áætlað að koma á við iðnaðarsvæðið eru: ryk, flúor, brennisteinn, og sýrustig í loft, úrkomu, vatni og gróðri; lífríkisathuganir við kerbrotagryfjur og hávaðaúttektir. Til samanburðar við þessar mælingar þarf að gera ítarlegri bakgrunnsathuganir á þessum þáttum.

Auk þessara þátta, sem beint tengjast álverinu og reyndar líka járnblendiverksmiðjunni að stórum hluta, þá þarf að gera almennar grunnmælingar á svæðinu áður en meiri háttar breytingar eru fyrirhugaðar og bera þær saman við eldri mælingar þar sem þær liggja fyrir. Eðlilegt er að miða við að slíkur samburður sé endurtekinn að einhverju leyti þegar starfsleyfi er endurnýjað. Helstu þættir sem skulu athugaðir komu fram í mati á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga.

Fylgiskjal VII.

Þjóðhagsstofnun:

Þjóðhagsleg áhrif álvers Columbia Ventures Corporation.
(7. mars 1997.)

Að beiðni iðnaðarráðherra hefur Þjóðhagsstofnun metið þjóðhagsleg áhrif byggingar álvers Columbia Ventures Corporation (CVC) á Grundartanga með 60.000 tonna framleiðslugetu á ári. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta mat er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um, en að þeim gefnum eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Framkvæmdirnar standa yfir árin 1997-2000 með hámarki árið 1998. Alls verður fjárfest fyrir um 30 milljarða króna og um 1300 ársverk þarf til framkvæmdanna á þessum árum. Álverið verður rekið á fullum afköstum árið 1999 og útflutningur þess nemur þá um 6,8 milljörðum á ári, eða 3½% af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Heildarútflutningur stóriðjuafurða nemur þá um 14% af útflutningi í stað 11%.

- Áhrifin á hagsveifluna á næstu 3-4 árum verða töluvert mikil ef verður af þessum verkefnum. Þannig aukast fjárfestingar í heild um 12% frá því sem annars hefði orðið nú í ár og allt að 21% árið 1998. Miðað við núverandi áætlanir aukast þá fjárfestingar um samanlagt 47% árin 1996-1997. Hagvöxtur 1997 verður rúmlega 3½% í stað rúmlega 2½%, eða 1% meiri en ella. Þessi áhrif fjárfestinganna fjara síðan út 1999-2000, en samtímis hefst álframleiðsla.

- Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til framleiðslu álsins, má ætla að eftir standi um 3½ milljarður króna á ári, sem eru um 0,6% af landsframleiðslunni. Tæplega 150 frambúðarstörf bætast við í álveri og raforkuvinnslu. Varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar vegna þessara verkefna er um 0,8%, eða sem svarar rúmlega 4 milljörðum króna.

- Til lengri tíma litið má reikna með að erlendar vaxta- og arðgreiðslur vegna fram-kvæmdanna verði að jafnaði um 2 milljarður króna árlega. Eftir standa því 1½-2 milljarðar króna, eða um 0,3% af vergri þjóðarframleiðslu, sem beint framlag til viðskiptajafnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu. Það má samt ætla að með traustri hagstjórn á framkvæmdaskeiðinu, eins og hér er gert ráð fyrir, geti varanleg heildaraukning þjóðar-framleiðslunnar orðið um 0,5%.

- CVC hefur áform um að stækka verksmiðju sína á Grundartanga ef vel gengur með það verkefni sem nú er ætlunin að ráðast í. Þetta þýðir að endanleg áhrif þessara framkvæmda þegar allt er talið kunna að verða meiri í lengd en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar þarf í þessu sambandi að gæta að því að Íslendingar eru aðilar að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og nú standa yfir samningar um aðgerðir sem miða að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Þessir samningar munu því takmarka heildarlosun slíkra lofttegunda hér í framtíðinni.

Hér með fylgja nokkrar myndir sem sýna áhrif umræddra framkvæmda á fjárfestingar, mannafla, landsframleiðslu og viðskiptajöfnuð á næstu árum. Á fyrstu myndinni eru til hliðsjónar sýndar þær fjárfestingar sem koma til viðbótar ef ráðist verður í stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga.




Mannafli vegna CVC
Mannár
700
600
500
400
300
200
100
0
-100
1996
1997
1998
1999
2000
2001
Framkvæmdir
Rekstur og viðhald


Hlutfallsleg aukning heildarfjárfestingar vegna álvers CVC
Frávik í % frá grunndæm
25
20
15
10
5
0
-5
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
Afleidd áhrif
Bein áhrif


Hlutfallsleg aukning landsframleiðslu vegna álvers CVC
Frávik í % frá grunndæm
1,8
1,6
1,4
1,2
1
0,8
0,6
0,4
0,2
0
Afleidd áhrif
Bein áhrif
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004


Breyting viðskiptajafnaðar og erlendra skulda vegna álvers CVC
mælt í % af vergri landsframleiðslu
% af vergri landsframleiðsl
3
2
1
0
-1
-2
-3
Erlendar skuldir
Innfl. á fjárfestingarvörum v. framkvæmda
og vöruskipti CVC
Heildaráhrif
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004

Fylgiskjal VIII.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að veitt verði heimild til samninga við Columbia Ventures Corporation um byggingu álvers á Grundartanga.

Í 3. gr. er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilt að tryggja efndir af hálfu hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa samkvæmt samningnum. Hér er átt við að fasteignaskattur og byggingarleyfisgjald sveitarfélaganna tveggja skuli ekki vera annað en það sem getið er í 6. og 8. tölul. 5. gr. frumvarpsins. Ábyrgð ríkissjóðs felst í því að þessi tvö ákvæði frumvarpsins gangi eftir. Hreppamir taka ekki að sér neinar framkvæmdir í tengslum við byggingu álversins.

Í sömu grein ábyrgist ríkissjóður efndir hafnarsjóðs Grundartangahafnar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi. Hafnarsjóður tekst á hendur að lána félaginu þrjár milljónir dollara til að mæta kostnaði við byggingu hafnarbúnaðar. Á móti tekur hafnarsjóður lán með ríkisábyrgð og eiga endurgreiðslur félagsins að ganga á móti endurgreiðslum hafnarsjóðs.

Hliðstætt ákvæði er að finna í lóðarsamningi milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Norðuráls hf. þar sem ríkissjóður lánar félaginu 7 milljónir dollara. Útlánsvextir til félagsins eru í báðum tilfellum jafnháir lántökuvöxtum að viðbættri 0,35% þóknun vegna kostnaðar og ríkisábyrgðargjalds. Heimild er fyrir hvorutveggja láninu í lánsfjárlögum 1997.

Ríkissjóður hefur þegar keypt land undir álverið og nemur kaupverðið 18,8 m.kr.

Ekki verður séð að aðrir þættir þessa frumvarps né samninga þeirra er því fylgja hafi áhrif á kostnaðarhlið ríkissjóðs. Fjallað er um skattahlið frumvarpsins í greinargerð þess.

758. Frumvarp til laga [446. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

43. gr. orðast svo:

Í fjármálaráðuneytinu skal haldin skrá yfir viðurkennda bókara. Öðrum en þeim sem teknir hafa verið á skrá er óheimilt að kalla sig viðurkenndan bókara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þeir hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

Sá sem óskar að fá viðurkenningu sem bókari og verður tekinn á skrá skv. 1. mgr. skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vera heimilisfastur hér á landi.
2. Vera lögráða og hafa forræði á búi sínu.
3. Hafa staðist próf skv. 3. mgr.

Fjármálaráðherra skal hlutast til um að reglulega séu haldin námskeið og próf fyrir þá sem vilja fá viðurkenningu sem bókarar. Í viðurkenningu ráðherra felst að viðkomandi aðili hefur staðist próf í bókfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum um skattskil.

Til að annast námskeið og próf skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd. Ráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, falið öðrum að annast námskeið og próf samkvæmt lögum þessum. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinar og kennslu, svo og námskeiða- og prófagjöld skulu sett í reglugerð. Við ákvörðun á fjárhæð þeirra skal við það miðað að þau séu eigi hærri en kostnaður við námskeið og próf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Engin ákvæði eru í íslenskum lögum um starfsemi þeirra sem hafa atvinnu af því að færa bókhald og annast gerð reikningsskila og skattskila fyrir fyrirtæki. Þannig eru engar kröfur gerðar í lögum til menntunar eða hæfni þeirra sem selja slíka þjónustu. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að búin verði til ný lögverndуð stétt manna heldur er gert ráð fyrir að stjórnvöld hlutist til um að haldin verði námskeið og síðan próf þar sem þeir sem þess óska geta sannreynt fagþekkingu sína í bókfærslu, reikningsskilum og skattarétti og fengið síðan opinbera staðfestingu á þeirri þekkingu. Ef þeir þannig standast þær kröfur sem gerðar eru og fullnægja að öðru leyti almennum hefðbundnum hæfisskilyrðum fá þeir sérstaka viðurkenningu ráðherra á faglegri hæfni sinni. Jafnframt eru þeir teknir á sérstaka skrá sem gert er ráð fyrir að haldin sé í fjármálaráðuneytinu yfir þá einstaklinga sem hlotið hafa viðurkenningu sem bókarar með þessum hætti.

Sá kostur er ekki valinn í frumvarpi þessu að kveða á um sérstaka lögverndun, með sama hætti og gildir til að mynda um endurskoðendur, fasteignasala og bifreiðasala. Ástæðan er sú að verkefni þau sem hér um ræðir eru núna framkvæmd af hópi manna sem alls ekki er samstæður eða sambærilegur innbyrðis. Þykir því rétt að fara varlega í lögverndun á þessu stigi. Má í þessu sambandi nefna sem dæmi að ekki mun vera óalgengt að bændur víða um land taki að sér í hjáverkum að þjónusta nágranna sína á

þessu sviði og mundi lögverndun í mörgum tilvikum koma í veg fyrir það fyrirkomulag.

Með frumvarpinu er fyrst og fremst horft til þeirra sem kaupa bókhaldsþjónustu. Með þeirri opinberu viðurkenningu sem hér er lögð til má gera ráð fyrir að sá sem vill kaupa þjónustu af hæfum aðila geti gengið að því vísu að fá slíka þjónustu ef fyrir liggur að viðkomandi þjónustuaðili hefur staðist þau próf sem lögð eru til í þessu frumvarpi. Þannig má ætla að viðskipti á þessu sviði færist til þeirra sem hlotið hafa opinbera staðfestingu á faglegri þekkingu sinni. Þær breytingar sem hér eru lagðar til koma þó fleirum til góða, þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hver sem þess æskir geti sótt námskeið og tekið próf til að fá viðurkenningu sem bókarar. Má gera ráð fyrir að auk þeirra sem reka bókhaldsfyrirtæki muni margir þeirra sem vinna sem launþegar við færslu bókhalds hjá fyrirtækjum nýta þetta tækifæri til að sannreyna þekkingu sína og bæta við hana eftir atvikum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna prófnefnd sem sjái um námskeið og próf. Jafnframt er opnað fyrir þann möguleika að þetta hlutverk verði falið öðrum aðila. Þannig má t.d. hugsa sér að Háskóla Íslands yrði falið að annast námskeiðshald og umsjón prófa.

Frumvarpið felur það í sér að hver sá er vill geti fengið viðurkenningu eða staðfestingu á faglegri þekkingu sinni og þar með fengið heimild til að nota menntunarheitið „viðurkenndur bókari“. Heitið „viðurkenndur bókari“ felur það í sér að ráðherra hefur staðfest að bókarinn hefur staðist próf þar sem reyndi á þekkingu í bókfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglugerðum varðandi skattskil. Viðurkenning ráðherra er þannig staðfesting á því að viðkomandi hefur fullnægt ákveðnum almennum hæfisskilyrðum, þ.e. að viðkomandi sé heimilisfastur hér á landi, lögráða og hafi forræði á búi sínu, auk þess að hafa staðist próf þau sem hér er kveðið á um. Er gert ráð fyrir að öðrum en þeim sem uppfylla framangreind skilyrði og færðir hafa verið á sérstaka skrá sem haldin verður í ráðuneytinu verði óheimilt að kalla sig viðurkennda bókara.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins munu þeir sem vilja öðlast opinbera viðurkenningu sem bókarar þreyta til þess sérstakt próf í reikningshaldi og greiða sjálfir allan kostnað við námskeið og próftöku. Er því ekki gert ráð fyrir að frumvarp þetta hafi í för með sér viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð.

759. Tillaga til þingsályktunar [447. mál]

um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýtir ál við framleiðslu sína.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson,
Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að beita sér fyrir átaksverkefni til að efla og auka iðnað er nýtir ál sem hráefni eða aðvinnsluefni.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að gert verði átak til að efla og auka iðnað er notar ál sem hráefni eða aðvinnsluefni.

Allt frá því að álverið í Straumsvík hóf starfsemi sína hafa vonir staðið til þess að hér á landi hæfist framleiðsla á vörum úr áli eða framleiðsla sem nýtir ál við vinnslu annarra hráefna. Þótt liðnir séu um þrír áratugir eru hugmyndir um þess konar framleiðslu enn að mestu óljósar og framleiðsla af þessu tagi afar lítil. Ál framleitt á Íslandi er enn sem komið er, líkt og flestar aðrar afurðir Íslendinga, hráefni fullvinnsluiðnaðar annarra landa.

Ál er notað sem hráefni í margvíslega framleiðslu, og vörur úr áli eða álblöndum eru gríðarlega fjölbreyttar. Hluti framleiðslunnar hefur þróast á þann veg að um mjög stórtæka starfsemi er að ræða, t.d. völsun. Hugsanlegt er að ýmsar þess háttar framleiðslugreinar geti verið samkeppnisfærar ef miðað er við lítil eða meðalstór umsvif, og þarf að athuga til hlítar slíka möguleika. Til þess að þróun íslensks áliðnaðar geti hafist fyrir alvöru virðist ljóst að vinna þurfi skipulega við að byggja upp þekkingu á notkunarmöguleikum, aðferðum og tækni, markaðsmöguleikum og öðrum grundvallaratriðum. Þá þekkingu þarf síðan að gera aðgengilega m.a. með því að bjóða upp á nám á þessu sviði. Aðeins á grunni slíkrar þekkingar getur hugkvæmni manna og athafnavilji beinst að iðnaðarframleiðslu úr áli sem hráefni eða aðvinnsluefni.

Það er skoðun flutningsmanna að nauðsynlegt sé að skapa möguleika á að slíkur iðnaður geti þróast hér á landi, hann geti hér sem annars staðar orðið arðvænleg viðbót fyrir þjóðarbúið og eftirsóknarverður til þess að dreifa fjárhagslegri áhættu. Hjá ÍSAL er til staðar mikil þekking á álmörkuðum. Fyrirtækið hefur byggt upp búnað og aðstöðu til efnagreininga á áli sem er einstæð hérlendis, og hefur lýst sig reiðubúið til að veita nokkra aðstoð við þess háttar undirstöðustarf. Einn af kostum framleiðslu úr áli hérlendis er nálægð álvers sem getur afhent hráefnið bráðið beint í vinnsluferil sé framleiðslan innan 5–6 klst. akstursfjarlægðar frá álveri. Þannig sparast kostnaður við endurbræðslu álsins sem mun vera umtalsverður. Ljóst er að fleiri slíkir möguleikar eru fram undan, jafnvel að hér rísi stóriðjuver í bræðslu annarra málma sem mest eru notaðir ásamt áli í framleiðslu fjölbreyttra iðnaðarafurða.

Til þess að þetta geti orðið þarf að greina möguleikana, hvernig og í hvaða umfangi er líklegt að þeir geti orðið tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir og hvaða þekkingu þarf til að nýta þá. Fræðslu um þessi atriði verður að bjóða fram á námsbrautum iðn- og tæknigreina svo og í endurmenntunarferlum þeirra. Að auki þarf að kynna hvað þarf til að hefja slíka iðnframleiðslu og hvað þarf til starfsemi hennar. Tillagan gerir ráð fyrir að átaksverkefnið byggist á grunnrannsóknum á þessu sviði og sú þekking sem þannig verði til verði sem aðgengilegust. Átaksverkefnið verði til þess að gefa áliðnaði aukna áherslu

og styðji þannig iðnað, iðnþróun og nýsköpun hér á landi og virki sem öflug hvatning til þess að til verði iðnaður sem nýti ál sem hráefni og aðvinnsluefni. Í slíku verkefni gæti væntanlega nýst sú þekking sem aflast hefur með nokkrum þróunarverkefnum á sviði áliðnaðar sem Iðntæknistofnun hefur á undanförnum árum átt aðild að. Líklegt má telja að vel sé til árangurs fallið að fá til þátttöku í slíku grundvallarstarfi aðila sem starfrækja hér stóriðju í álframleiðslu og í framtíðinni aðila sem starfrækja hér annars konar stóriðju.

Undirbúningsfélag hefur undanfarin missiri unnið að athugunum á byggingu og starfsemi magnesíumvers á Reykjanesi. Niðurstöður hagkvæmniathugunar liggja væntanlega fyrir á næstu vikum. Í slíku starfi sem hér er lagt til að verði unnið þarf að kanna sérstaklega þá möguleika sem fólgnir kunna að vera í byggingu og starfsemi magnesíumvers hérlendis. Magnesíum er léttur og sterkur málmur, léttari en ál og sterkari en járn og því mjög hentugt til blöndunar við ál til að steypa mjög fjölbreyttar framleiðsluvörur. Hvati að verulega aukinni magnesíumframleiðslu í heiminum eru ákvæði bandarískra laga um minni eldsneytisnotkun bifreiða sem koma til framkvæmda á næstu árum. Helsta leið bifreiðaframleiðenda til að fullnægja þeim ákvæðum er að létta bifreiðar með því að nota í mikinn hluta þeirra ál- og magnesíumblöndur. Árangurinn er minni mengun, einkum verulega minna magn gróðurhúsalofttegunda í útblæstri bifreiða. Ef af byggingu magnesíumvers verður á Reykjanesi er mjög líklegt að fýsilegt þyki að staðsetja þar málmsteypu sem framleiði hluta fyrir bifreiðaframleiðslu. Það gæti orðið góður kostur af hagrænum og tæknilegum ástæðum svo sem nálægð við álver, magnesíumver, orkulindir og útflutningshafnir. Aðild okkar að EES gæti einnig gert staðsetningu hér fýsilega, t.d. fyrir bandarískar bílaverksmiðjur sem hyggja á markaðssetningu í Evrópu eða bílaverksmiðjur sem hyggja á markaðssetningu á meginlöndunum beggja vegna Atlantshafsins. Af þessum ástæðum er brýn nauðsyn að hefja nú þegar undirbúning að námsefni og fræðslu um tækni, aðferðir, markaðsmál og hvers konar möguleika sem þessu kunna að fylgja. Ef vel tekst til gæti samsetning atvinnuvega Íslendinga gjörbreyst og atvinnulíf orðið fjölbreyttara og ekki síst gefið enn fleiri möguleika og tækifæri til að nýta menntun og hugkvæmni uppvaxandi kynslóða og byggja upp tækniþekkingu sem er okkur nú fjarlæg og ókunn. Rétt eins og störf í álverum og magnesíumverum mundu störf í þeim greinum sem hér er átt við verða að taka mið af mengunarvörnum og umhverfisvernd.

760. Tillaga til þingsályktunar [448. mál]

um athugun á nýtingarmöguleikum gróðurhúsalofttegunda.

Flm.: Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson,
Sigríður A. Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal.

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta athuga til hlítar möguleika á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er lagt til að athugað verði til hlítar hverjir möguleikar eru á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.

Að undanförnu hefur orðið mikil almenn umræða um útstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis og hvers muni að vænta miðað við fyrirætlanir og ráðagerðir um aukna stóriðju og orkuframleiðslu. Vísað hefur verið til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og nauðsynjar á að vernda umhverfi og náttúru og að verjast mengun með árangursríkum hætti.

Í svari umhverfisráðherra, í þingskjali nr. 513 frá þessu þingi, birtust upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á undanförnum árum og áætlun um það í nálægri framtíð. Þar kom m.a. fram að reiknað í koltvíoxíð-ígildum (CO_2) var útstreymið:

— Árið 1990 samtals 2.860 þús. tonn, þar af koltvíoxíð (CO_2) 2.147 þús. tonn eða 75,1%,
— árið 1995 samtals 2.744 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 2.282 þús. tonn eða 83,2% og
— árið 2000 áætlað samtals 3.036 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 2.457 þús. tonn eða 80,9%,

og var þá tekið tillit til stækkunar álvers ÍSAL við Straumsvík.

Þá kom og fram spá um aukningu þessa útstreymis ef verður af þeim hugmyndum um stóriðju sem nú eru uppi, þ.e. um álver og stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga, álver á Keilisnesi og magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Sú spá gerði ráð fyrir aukningu, reiknaðri í koltvíoxíð-ígildum, um 3.706 þús. tonn. Samtals yrði útstreymi því 6.743 þús. tonn, þar af koltvíoxíð 3.712 þús. tonn eða 55%. Þess ber þó að geta að í því skjali gætti ónákvæmni varðandi upplýsingar um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og raunhæfar upplýsingar breyta talsverðu um niðurstöðu þessarar spár. Enn fremur kom fram að Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og er í hópi ríkja sem hafa sameiginlega skuldbundið sig til að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði árið 2000 ekki meiri en hún var árið 1990. Nú er talið að til þess þurfi þau sameiginlega að draga úr útstreyminu um 50% frá því sem nú er.

Af hálfu stjórnvalda er unnið að ýmsum aðgerðum sem ætlað er að hvetja til orkusparnaðar og notkunar eldsneytis sem losi minna af þessum lofttegundum við brennslu. Til umfjöllunar er áætlun um stóraukna landgræðslu og skógrækt, bæði í þeim tilgangi að styrkja og auka gróðurþekju landsins og þeim að auka koltvíoxíðbindingu í gróðri um 100 þús. tonn fram til ársins 2000. Ekki er ljóst um heildarárangur af þessum aðgerðum, en þess er vart að vænta að hann muni vega upp á móti framangreindri aukningu útstreymis. Af þeim sökum er fullkomin ástæða til að kanna til hlítar alla möguleika sem kunna að vera til að nýta þessar lofttegundir. Skulu hér nefnd nokkur dæmi um möguleika sem athuga þarf:

— Fram hefur komið að koltvíoxíð má nýta ásamt vetni til framleiðslu metanóls sem er hentugt eldsneyti fyrir bíla og skip í stað bensíns og olíu. Metanól er hentugra en vetnið sjálft og brennur með minni losun gróðurhúsalofttegunda en bensín og olíur. Ef verður af magnesíumverksmiðju á Reykjanesi mun vetnisframleiðsla hérlendis, sem nú er lítil og því ekki hagkvæm, verða nægileg til að ná hagkvæmni. Frá stóriðju og jarðvarmavirkjunum má væntanlega fá mikið af koltvíoxíði. Því er ástæða til að rannsökuð verði framleiðsla á metanóli, hvaða nýjungar hafi komið fram í framleiðsluaðferðum, hvort slík hagkvæmni náist að metanól gæti orðið samkeppnisfært við bensín og brennsluolíur, og þá með tilliti til þess að koltvíoxíðútstreymi kann að verða skattlagt vegna mengunar. Slík gjaldtaka er orðin meira en hugsanleg.
— Fyrirtækið Íslenskt, sem m.a. Iðntæknistofnun og Hitaveita Suðurnesja eiga aðild að, hefur kannað möguleika á nýtingu ýmissa gróðurhúsalofttegunda frá jarðvarmavirkjunum í nokkrum iðnaðarferlum. Þær athuganir hafa leitt í ljós margvíslega möguleika á þessu sviði sem ástæða er til að verði kannaðir til hlítar.

— Margar gróðurhúsalofttegundir eru fluttar inn til fjölbreytilegra nota. Rétt er að ganga úr skugga um hverjar þeirra megi framleiða hér innan lands, t.d. sem aukaafurðir annarrar starfsemi eða með því að vinna þær úr útblæstri.

761. Fyrirspurn [449. mál]

til sjávarútvegsráðherra um afla línubáta.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hver var afli línubáta á hinu svokallaða „línutvöföldunartímabili“ í nóvember til febrúar fiskveiðiárin:
   a. 1993/1994,
   b. 1994/1995,
   c. 1995/1996,
   d. 1996/1997?
   Svar óskast sundurliðað eftir tegundum.
2. Hvernig skiptist þessi afli eftir verstöðvum?
3. Hvert var hlutfall þess afla af heildarafla einstakra tegunda?

Skriflegt svar óskast.

762. Fyrirspurn [450. mál]

til dómsmálaráðherra um björgunarlaun Landhelgisgæslunnar.

Frá Svanhildi Árnadóttur.

Hver voru björgunarlaun Landhelgisgæslunnar sl. sex ár?
Hvað er það hátt hlutfall af heildartekjum Landhelgisgæslunnar?
Hvernig er þessum fjármunum ráðstafað?

Skriflegt svar óskast.

763. Fyrirspurn [451. mál]

til fjármálaráðherra um virðisaukaskatt af vöruflutningum.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að leiðrétta þá mismunun sem fram kemur í lögum um virðisaukaskatt um að greiða skuli 24,5% virðisaukaskatt af almennum vöru-

flutningum innan lands en engan virðisaukaskatt af innanlandsflutningi þegar flutt er beint til eða frá landinu (samsettir flutningar)?

Skriflegt svar óskast.

764. Svar [274. mál]

sjávarútvegsráðherra við Einars K. Guðfinnssonar um útflutning á ferskum fiski.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið var flutt út af ferskum fiskflökum á árunum 1994–96? — Svar óskast sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi.*
2. *Hvernig skiptist þessi útflutningur eftir fisktegundum og markaðslöndum, sundurliðað eftir magni og verðmæti á sambærilegu verðlagi?*
3. *Hve miklar voru heildartollgreiðslur af þessum útflutningi?*
4. *Hvaða áhrif hafa GATT-samkomlagið og EES-samningurinn haft á tollgreiðslur af þessum útflutningi?*

Forsendur sem notaðar eru í svarinu eru eftirfarandi:

1. Verðmæti eru á föstu verði og er miðað við verðlag í desember 1996. Neysluverðsvísitala er notuð við framreikninga.
2. Við útreikning á fob-verði er notað meðalgengi í desember 1996. Áður en áætlaðir álagðir tollar eru reiknaðir er fob-verðið hækkað um 10% sem er algeng viðmiðun á meðalkostnaði við útflutning á vöru.
3. Embætti ríkistollstjóra tókst ekki að fá upplýsingar um tolla í Hong Kong og Singapúr en tollskrár þessara landa eru hvorki til hjá embættinu né í fjármálaráðuneytinu.

Taka verður fram að tollar til Bandaríkjanna eru frábrugðnir tollum hinna landanna að því leyti að þeir eru ákveðin upphæð á hvert kg af innfluttum fiski en ekki hundraðshluti og að Svíþjóð, Finnland og Austurríki gengu í Evrópusambandið 1995.

GATT-samkomulagið hefur ekki áhrif á tollgreiðslur af þessum útflutningi. EES-samningurinn hefur aftur á móti áhrif til lækkunar heildargreiðslna tolla. Miðað við framangreindar forsendur í útreikningum á áætluðum álögðum tollum lækka heildargreiðslur tolla um 373.034.484 kr. Áhrif EES-samningsins eftir tegundum þessi þrjú ár sem spurt er um má sjá í eftirfarandi töflu:

Tegund — fersk flök	Lækkun tolla í kr.
Ýsa	37.601.053
Þorskur	145.661.022
Ufsi	5.076.571
Síld	engin áhrif
Loðna	engin áhrif
Karfi	134.348.708
Langa	114.910
Keila	6.616
Annar bolfiskur	30.776.843
Grálúða	3.182.410
Lúða	5.327.723
Annar flatfiskur	9.009.017
Lax	engin áhrif
Silungur	1.631.855
Annar fiskur	297.756
Samtals	**373.034.484**

Rétt er að geta þess að síðasti áfangi EES-samningsins um tollalækkanir gekk í gildi 1. janúar sl.

Upplýsingar sem óskað er eftir í 1.–3. lið fyrirspurnarinnar koma fram í eftirfarandi töflum.

Tollnúmer 3041011 Fersk ýsuflök

	1994			1995			1996		
	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur
Land	Kg	ÍKR		Kg	ÍKR		Kg	ÍKR	
Bandaríkin	1.963.076	882.653.887	4.134c/kg	1.851.172	755.580.911	4.134c/kg	2.044.859	794.036.005	4.134c/kg
Belgía	6.303	1.737.443	0,0%	7.959	1.972.654	0,0%	3.413	661.598	0,0%
Bretland	278.114	105.460.581	0,0%	130.392	42.914.464	0,0%	137.031	34.431.425	0,0%
Danmörk	748	228.008	0,0%	240	88.925	0,0%	170	58.521	0,0%
Frakkland	0	0	0,0%	98	7.855	0,0%	717	153.820	0,0%
Holland	0	0	0,0%	1.146	386.690	0,0%	0	0	0,0%
Kanada	0	0	0,0%	1.838	748.969	0,0%	29.273	9.217.669	0,0%
Lúxemborg	346	49.675	0,0%	367	78.540	0,0%	780	209.345	0,0%
Noregur	250	53.920	0,0%	260	55.447	0,0%	1.042	209.217	0,0%
Singapúr	10	522	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	3	751	vantar uppl.
Spánn	0	0	0,0%	20	10.253	0,0%	0	0	0,0%
Svíðþjóð	149	58.523	0,0%	3.888	802.793	0,0%	722	267.979	0,0%
Sviss	0	0	0,0%	0	0	0,0%	10	3.478	0,0%
Þýskaland	66	19.171	0,0%	0	0	0,0%	886	364.570	0,0%
Samtals	**2.249.062**	**990.261.730**	**5.441.647**	**1.997.380**	**802.647.501**	**5.131.449**	**2.218.906**	**839.614.378**	**5.668.349**

Tollnúmer 3041012 Fersk þorskflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Austurríki	0	0	0,0%	380	168.968	0,0%	7.549	2.527.598	0,0%
Bandaríkin	711.354	281.032.265	4,134c/kg	1.186.491	439.561.773	4,134c/kg	1.280.646	465.837.638	4,134c/kg
Belgía	262.877	88.678.365	0,0%	254.812	83.073.874	0,0%	374.341	120.125.713	0,0%
Bretland	373.073	122.505.304	0,0%	327.405	108.340.177	0,0%	212.062	70.756.606	0,0%
Danmörk	690	222.985	0,0%	105	34.248	0,0%	119.059	44.945.990	0,0%
Finnland	10	3.762	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Frakkland	24.658	9.283.380	0,0%	32.972	12.932.762	0,0%	6.803	2.131.538	0,0%
Holland	15.943	5.515.404	0,0%	3.973	1.418.341	0,0%	3.680	1.443.612	0,0%
Írland	1.203	439.499	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Ítalía	110	52.793	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	23.200	7.196.600	0,0%
Lúxemborg	49.577	11.889.382	0,0%	14.295	3.526.937	0,0%	14.066	3.815.588	0,0%
Noregur	25	5.176	0,0%	20	4.095	0,0%	125	46.257	0,0%
Singapúr	10	522	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.
Spánn	0	0	0,0%	0	0	0,0%	450	148.378	0,0%
Svíðþjóð	899	416.017	0,0%	6.199	2.498.968	0,0%	3.165	1.262.021	0,0%
Sviss	20	7.310	0,0%	2.547	1.079.470	0,0%	1.992	960.825	0,0%
Þýskaland	38.247	13.338.960	0,0%	62.072	24.584.335	0,0%	0	0	0,0%
Samtals	**1.478.696**	**533.391.123**	**1.971.873**	**1.891.271**	**677.223.949**	**3.288.953**	**2.047.138**	**721.198.364**	**3.549.951**

Tollnúmer 3041013 Fersk ufsaflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Austurríki	0	0	0,0%	70	30.672	0,0%	291.099	54.247	0,0%
Bandaríkin	114.967	23.121.753	4,134c/kg	131.428	28.287.205	4,134c/kg	58.097	14.825.844	4,134c/kg
Belgía	8.131	1.595.916	0,0%	5.925	1.271.826	0,0%	7.073	1.328.945	0,0%
Bretland	926	204.463	0,0%	0	0	0,0%	1.845	136.624	0,0%
Danmörk	21	2.111	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Frakkland	7.498	1.767.032	0,0%	804	221.109	0,0%	4.820	174.805	0,0%
Holland	1.610	437.000	0,0%	4	1.159	0,0%	0	0	0,0%
Írland	1.270	223.623	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	195	41.427	0,0%
Lúxemborg	8.447	972.680	0,0%	2.164	349.812	0,0%	1.290	246.573	0,0%
Svíðþjóð	0	0	0,0%	10	1.968	0,0%	0	0	0,0%
Sviss	0	0	0,0%	0	0	0,0%	5	910	0,0%
Þýskaland	18.193	3.255.327	0,0%	7.106	2.238.057	0,0%	44.392	11.125.300	0,0%
Samtals	**161.063**	**31.579.905**	**318.688**	**147.511**	**32.401.809**	**364.318**	**408.816**	**27.934.674**	**161.045**

Tollnúmer 3041014 Fersk síldarflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Belgía	0	0	18,0%	10	4.002	18,0%	0	0	18,0%
Holland	12.690	686.096	18,0%	0	0	18,0%	0	0	18,0%
Japan	0	0	10,0%	25.920	1.509.269	10,0%	25.920	1.489.940	10,0%
Noregur	0	0	0,0%	0	0	0,0%	60	22.820	0,0%
Þýskaland	21.555	1.032.609	18,0%	0	0	18,0%	2.280	502.315	18,0%
Samtals	**34.245**	**1.718.705**	**340.303**	**25.930**	**1.513.271**	**166.812**	**28.260**	**2.015.074**	**263.352**

Tollnúmer 3041015 Fersk loðnuflök

	1994			1995			1996		
Land	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur
Austurríki	0	0	0,0%	0	0	18,0%	50	16.548	18,0%
Frakkland	300	94.922	18,0%	0	0	18,0%	0	0	18,0%
Samtals	**300**	**94.922**	**18.795**	**0**	**0**	**0**	**50**	**16.548**	**3.276**

Tollnúmer 3041016 Fersk karfaflök

	1994			1995			1996		
Land	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur
Austurríki	0	0	0,0%	206	89.186	10,4%	466	261.421	7,9%
Bandaríkin	270.373	70.878.090	4.134c/kg	413.321	110.520.112	4.134c/kg	271.280	75.572.186	4.134c/kg
Belgía	258.640	72.698.997	12,9%	359.745	110.898.262	10,4%	529.501	157.296.157	7,9%
Bretland	154	37.152	12,9%	164	55.389	10,4%	18.149	1.847.976	7,9%
Danmörk	780	231.174	12,9%	18.644	5.878.700	10,4%	3.500	1.256.516	7,9%
Finnland	1.969	600.619	0,0%	310	80.312	10,4%	0	0	7,9%
Frakkland	15.649	5.302.866	12,9%	163.435	49.609.528	10,4%	116.381	34.521.558	7,9%
Holland	26.143	7.163.901	12,9%	53.440	17.609.269	10,4%	48.078	16.481.852	7,9%
Kanada	0	0	0,0%	1.170	369.041	0,0%	69	14.833	0,0%
Lúxemborg	26.008	5.985.114	12,9%	50.636	10.293.475	10,4%	91.337	20.536.530	7,9%
Noregur	0	0	0,0%	110	34.812	0,0%	1.025	477.071	0,0%
Singapúr	12	522	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	3	751	vantar uppl.
Spánn	5	1.621	12,9%	0	0	10,4%	0	0	7,9%
Víðþjóð	9.076	3.888.834	0,0%	8.346	3.574.842	10,4%	16.445	6.387.166	7,9%
Sviss	2.645	1.087.638	0,0%	6.478	2.873.702	10,4%	12.305	5.728.605	0,0%
Þýskaland	695.616	172.131.939	12,9%	1.186.947	306.086.501	10,4%	1.586.403	458.209.464	7,9%
Samtals	**1.307.070**	**340.008.467**	**38.147.611**	**2.262.952**	**617.973.132**	**59.152.150**	**2.694.942**	**778.592.088**	**61.303.636**

Tollnúmer 3041017 Fersk lönguflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Bandaríkin	344	179.352	0,0%	0	0	0,0%	860	331.778	0,0%
Belgía	2.403	478.026	12,9%	588	165.348	10,4%	1.808	516.630	7,9%
Bretland	213	45.250	12,9%	0	0	10,4%	275	8.011	7,9%
Frakkland	283	63.266	12,9%	180	42.141	10,4%	0	0	7,9%
Noregur	0	0	0,0%	0	0	0,0%	15	6.191	0,0%
Sviss	0	0	0,0%	0	0	0,0%	4	1.158	0,0%
Þýskaland	352	90.235	12,9%	0	0	10,4%	178	11.788	7,9%
Samtals	**3.595**	**856.129**	**96.035**	**768**	**207.489**	**23.737**	**3.140**	**875.556**	**46.616**

Tollnúmer 3041018 Fersk keiluflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Bandaríkin	18	7.073	0,0%	0	0	0,0%	5	2.085	0,0%
Bretland	183	18.976	12,9%	0	0	10,4%	252	3.685	7,9%
Frakkland	103	26.736	12,9%	0	0	10,4%	0	0	7,9%
Noregur	0	0	0,0%	0	0	0,0%	25	10.374	0,0%
Svíþjóð	81	18.588	0,0%	0	0	10,4%	20	7.516	7,9%
Sviss	0	0	0,0%	0	0	0,0%	5	1.041	0,0%
Þýskaland	0	0	12,9%	35	15.419	10,4%	328	13.663	7,9%
Samtals	**385**	**71.374**	**6.487**	**35**	**15.419**	**1.764**	**635**	**38.363**	**2.161**

Tollnúmer 3041019 Önnur fersk bolfiskflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Austurríki	0	0	0,0%	264	130.163	10,4%	20	14.554	7,9%
Bandaríkin	26.779	15.022.635	0,0%	16.047	9.842.234	0,0%	12.325	6.649.308	0,0%
Belgía	74.557	23.435.043	12,9%	141.430	50.224.827	10,4%	289.594	102.053.974	7,9%
Bretland	11.071	4.194.065	12,9%	7.653	1.742.880	10,4%	3.492	840.293	7,9%
Danmörk	22.122	7.339.179	12,9%	18.517	5.693.822	10,4%	9.380	2.675.685	7,9%
Frakkland	18.938	6.224.490	12,9%	16.697	5.743.500	10,4%	33.681	12.358.516	7,9%
Holland	11.244	3.850.125	12,9%	28.800	7.849.908	10,4%	41.721	16.299.750	7,9%
Hong Kong	0	0	vantar uppl.	20	9.607	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.
Írland	0	0	12,9%	307	219.393	10,4%	0	0	7,9%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	10	3.160	0,0%
Lúxemborg	13.907	3.758.154	12,9%	6.584	1.478.790	10,4%	17.364	5.032.673	7,9%
Noregur	20	4.314	0,0%	25	6.693	0,0%	120	39.729	0,0%
Singapúr	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	41	20.643	vantar uppl.
Spánn	0	0	12,9%	332	192.707	10,4%	250	84.068	7,9%
Svíþjóð	18.963	8.704.295	0,0%	29.893	10.643.656	10,4%	56.693	24.957.455	7,9%
Sviss	1.161	523.009	0,0%	2.593	1.180.061	0,0%	6.513	3.756.703	0,0%
Þýskaland	5.765	2.408.582	12,9%	24.566	9.863.232	10,4%	39.676	16.274.692	7,9%
Samtals	**204.527**	**75.463.891**	**7.266.648**	**293.728**	**104.821.472**	**10.728.761**	**510.880**	**191.061.203**	**15.693.415**

Tollnúmer 3041021 Fersk grálúðuflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Bandaríkin	21.741	8.048.439	0,0%	8.925	3.922.686	0,0%	4.077	1.901.391	0,0%
Belgía	2.135	625.305	0,0%	782	293.056	0,0%	623	243.889	0,0%
Bretland	335	88.451	0,0%	0	0	0,0%	13.060	2.283.608	0,0%
Danmörk	22	6.656	0,0%	3.936	1.661.720	0,0%	0	0	0,0%
Frakkland	5.060	2.126.478	0,0%	15.189	6.675.337	0,0%	0	0	0,0%
Holland	410	170.025	0,0%	780	363.695	0,0%	130	53.151	0,0%
Japan	6.226	1.326.039	5,0%	0	0	5,0%	6.348	6.322.512	5,0%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	1.389	665.449	0,0%
Lúxemborg	0	0	0,0%	0	0	0,0%	50	23.075	0,0%
Þýskaland	3.480	1.458.333	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Samtals	**39.409**	**13.849.725**	**72.932**	**29.612**	**12.916.494**	**0**	**25.677**	**11.493.074**	**347.738**

Tollnúmer 3041022 Fersk lúðuflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Bandaríkin	27.825	14.448.843	0,0%	5.244	2.632.158	0,0%	8.089	4.403.038	0,0%
Belgía	16	16.410	0,0%	30	22.606	0,0%	37	24.897	0,0%
Bretland	17.942	7.071.799	0,0%	39.090	14.682.835	0,0%	1.818	871.453	0,0%
Danmörk	387	264.264	0,0%	0	0	0,0%	47	25.773	0,0%
Frakkland	630	262.857	0,0%	0	0	0,0%	1	279	0,0%
Holland	0	0	0,0%	100	35.499	0,0%	0	0	0,0%
Hong Kong	0	0	vantar uppl.	10	5.277	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.
Ítalía	6	3.598	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	3.179	1.531.680	0,0%
Lúxemborg	20	7.382	0,0%	0	0	0,0%	0	0	0,0%
Noregur	0	0	0,0%	400	246.608	0,0%	0	0	0,0%
Spánn	0	0	0,0%	0	0	0,0%	54	49.455	0,0%
Svíþjóð	70	43.397	0,0%	113	41.491	0,0%	2.501	1.700.078	0,0%
Sviss	5	2.165	0,0%	0	0	0,0%	24	14.232	0,0%
Þýskaland	35	18.253	0,0%	0	0	0,0%	4.705	1.808.764	0,0%
Samtals	**46.936**	**22.138.969**	**0**	**44.987**	**17.666.473**	**0**	**20.455**	**10.429.650**	**0**

Tollnúmer 3041029 Önnur fersk flatfiskflök

Land	1994 Magn Kg	1994 Fob verðmæti ÍKR	1994 Tollur	1995 Magn Kg	1995 Fob verðmæti ÍKR	1995 Tollur	1996 Magn Kg	1996 Fob verðmæti ÍKR	1996 Tollur
Bandaríkin	14.593	6.017.269	0,0%	155.965	76.679.561	0,0%	260.269	134.815.728	0,0%
Belgía	2.087	839.118	12,9%	13.836	6.183.468	10,4%	33.838	14.733.622	7,9%
Bretland	15.589	4.535.961	12,9%	28.674	9.158.733	10,4%	122.821	36.609.181	7,9%
Danmörk	108	41.667	12,9%	0	0	10,4%	1.505	365.463	7,9%
Frakkland	0	0	12,9%	4.000	1.728.293	10,4%	402	76.756	7,9%
Holland	5.060	528.791	12,9%	3.749	1.698.003	10,4%	9.288	2.888.387	7,9%
Hong Kong	8	2.966	vantar uppl.	55	22.989	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.
Ítalía	108	55.164	12,9%	0	0	10,4%	0	0	7,9%
Lúxemborg	60	47.258	12,9%	0	0	10,4%	35	24.598	7,9%
Spánn	0	0	12,9%	0	0	10,4%	1.810	890.382	7,9%
Svíþjóð	1.249	447.186	0,0%	2.011	993.155	10,4%	150	79.176	7,9%
Sviss	20	7.734	0,0%	50	26.956	0,0%	1.169	441.916	0,0%
Þýskaland	575	290.027	12,9%	3.099	1.670.986	10,4%	11.878	6.093.804	7,9%
Samtals	**39.457**	**12.813.141**	**899.360**	**211.439**	**98.162.144**	**2.451.894**	**443.165**	**197.019.011**	**5.367.063**

Tollnúmer 3041031 Fersk laxaflök

	1994			1995			1996		
Land	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur	Magn Kg	Fob verðmæti ÍKR	Tollur
Bandaríkin	26.107	7.885.670	0,0%	8.805	6.228.597	0,0%	4.724	1.990.210	0,0%
Belgía	471	317.332	2,0%	482	323.386	2,0%	831	430.313	2,0%
Bretland	0	0	2,0%	484	270.611	2,0%	3.006	846.768	2,0%
Danmörk	0	0	2,0%	0	0	2,0%	1.170	531.412	2,0%
Frakkland	1.905	636.414	2,0%	0	0	2,0%	0	0	2,0%
Holland	0	0	2,0%	0	0	2,0%	50	51.092	2,0%
Hong Kong	26	17.868	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.
Ítalía	0	0	2,0%	1.007	457.583	2,0%	14	1.756	2,0%
Lúxemborg	144	102.097	2,0%	32	21.799	2,0%	0	0	2,0%
Noregur	0	0	0,0%	0	0	0,0%	1.665	573.399	0,0%
Singapúr	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	52	14.723	vantar uppl.
Svíþjóð	0	0	0,0%	913	506.280	2,0%	0	0	2,0%
Sviss	1.470	1.039.285	0,0%	50	37.611	0,0%	1.651	782.210	0,0%
Þýskaland	7.585	4.149.994	2,0%	7.153	4.167.836	2,0%	13.757	6.306.965	2,0%
Samtals	**37.708**	**14.148.660**	**114.528**	**18.926**	**12.013.703**	**126.445**	**26.920**	**11.528.849**	**179.703**

Tollnúmer 3041032 Fersk silungsflök

	1994			1995			1996		
	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur
Land	Kg	ÍKR		Kg	ÍKR		Kg	ÍKR	
Austurríki	0	0	0,0%	10	4.800	6,9%	0	0	5,2%
Bandaríkin	2.514	1.224.997	0,0%	486	309.340	0,0%	1.773	597.747	0,0%
Belgía	934	606.528	8,6%	545	369.067	6,9%	187	113.994	5,2%
Bretland	517	148.278	8,6%	70	31.970	6,9%	147	36.621	5,2%
Danmörk	0	0	8,6%	1.340	841.565	6,9%	141	59.195	5,2%
Frakkland	65	34.655	8,6%	50	37.372	6,9%	645	290.781	5,2%
Holland	3.958	2.513.071	8,6%	4.038	2.370.258	6,9%	9.886	5.136.817	5,2%
Kanada	0	0	0,0%	0	0	0,0%	306	93.237	0,0%
Lúxemborg	15	10.652	8,6%	0	0	6,9%	195	155.198	5,2%
Noregur	20	184	0,0%	39.330	10.065.167	0,0%	52.935	11.740.445	0,0%
Singapúr	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	4	722	vantar uppl.
Spánn	0	0	8,6%	0	0	6,9%	10	3.927	5,2%
Svíþjóð	0	0	0,0%	20	13.699	6,9%	103	76.236	5,2%
Sviss	3.974	3.359.993	0,0%	2.926	2.308.716	0,0%	11.568	8.861.425	0,0%
Þýskaland	4.917	3.688.439	8,6%	7.022	4.705.235	6,9%	10.392	6.162.188	5,2%
Samtals	**16.914**	**11.586.796**	**662.353**	**55.837**	**21.057.189**	**635.584**	**88.292**	**33.328.532**	**688.399**

Tollnúmer 3041039 Önnur fersk fiskflök

	1994			1995			1996		
	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur	Magn	Fob verðmæti	Tollur
Land	Kg	ÍKR		Kg	ÍKR		Kg	ÍKR	
Austrurríki	0	0	0,0%	0	0	10,4%	30	18.304	7,9%
Bandaríkin	178	62.577	0,0%	32	15.370	0,0%	18	10.526	0,0%
Belgía	166	56.760	12,9%	3.270	1.063.922	10,4%	5.010	1.601.643	7,9%
Bretland	40	9.686	12,9%	20	12.672	10,4%	37	13.767	7,9%
Frakkland	105	19.813	12,9%	25	4.814	10,4%	276	70.278	7,9%
Holland	0	0	12,9%	0	0	10,4%	20	5.895	7,9%
Singapúr	0	0	vantar uppl.	0	0	vantar uppl.	2	361	vantar uppl.
Spánn	149	48.305	12,9%	148	108.051	10,4%	10	851	7,9%
Svíðþjóð	85	24.816	12,9%	12	8.430	10,4%	0	0	7,9%
Sviss	0	0	0,0%	0	0	0,0%	35	4.860	0,0%
Samtals	**723**	**221.956**	**22.616**	**3.507**	**1.213.260**	**137.039**	**5.438**	**1.726.484**	**148.664**

765. Svar [296. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um atvinnuleyfi útlendinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptust veitt atvinnuleyfi útlendinga eftir kynjum árið 1996, greint eftir löndum:

a. óbundin leyfi,

b. tímabundin leyfi?

Tveir aðilar taka saman upplýsingar um veitingu atvinnuleyfa á Íslandi: félagsmálaráðuneytið og útlendingaeftirlitið. Á því er vakin athygli að tölum þessara aðila ber ekki saman að öllu leyti. Tölur félagsmálaráðuneytisins byggja á veittum atvinnuleyfum. Tölur útlendingaeftirlitsins veita upplýsingar um útlendinga sem raunverulega komu hingað til lands til að vinna. Eitthvað mun vera um það að útlendingar, sem heimilað hefur verið að vinna hérlendis, koma ekki til landsins. Rétt er að vekja athygli á því að ríkisborgarar búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa ekki atvinnuleyfi hér á landi.

Óbundin atvinnuleyfi.

Útlendingur, sem uppfyllir skilyrði 8. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, getur sótt um óbundið atvinnuleyfi þegar hann hefur öðlast ótímabundinn dvalarrétt hér á landi sem að öllu jöfnu er veittur eftir þriggja ára samfellda dvöl á Íslandi. Á árinu 1995 var samtals veitt 401 óbundið atvinnuleyfi. Í yfirliti yfir veitt atvinnuleyfi á því ári var lögð á það áhersla að óbundin atvinnuleyfi væri ný tegund atvinnuleyfa sem byrjað var að veita í ársbyrjun 1995. Búist var við því að útgáfa á óbundnum leyfum yrði mikil fyrsta árið en síðar drægi úr eftirspurninni. Þetta hefur reynst rétt. Í töflu 1 kemur fram að á árinu 1996 voru samtals veitt 154 óbundin leyfi.

Tafla 1. Yfirlit yfir veitingu óbundinna atvinnuleyfa eftir ríkisfangi og kyni 1996.

	Karlar	Konur	Samtals
Bandaríkjamenn	3	7	10
Filippseyingar	2	19	21
Júgóslavar	3	2	5
Kínverjar	1	5	6
Króatar	2	2	4
Pólverjar	5	20	25
Rússar		1	67
Svisslendingar	1	3	4
Tælendingar	1	17	18
Aðrir	7	47	54
Samtals	**26**	**128**	**154**

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

Eins og á árinu 1995 hafa ríkisborgarar í fjórum ríkjum nokkra sérstöðu er varðar óbundin atvinnuleyfi. Á árinu 1996 voru flest óbundin leyfi veitt Pólverjum (25), Filippseyingum (21) og Tælendingum (18). Enn fremur eru Bandaríkjamenn hlutfallslega fjölmennir. Í 128

tilvikum var konum veitt óbundið atvinnuleyfi en körlum í 26 tilvikum. Fjöldi leyfa sem veitt eru konum frá Filippseyjum (21), Póllandi (25) og Tælandi (18) vekur athygli.

Tímabundin atvinnuleyfi.

Tímabundið atvinnuleyfi felur í sér heimild til atvinnurekanda að ráða útlending í tiltekið starf.

Samkvæmt gögnum félagsmálaráðuneytisins var gefið út 361 nýtt tímabundið atvinnuleyfi og 377 leyfi voru framlengd árið 1995. Samtals voru því veitt 738 tímabundin atvinnuleyfi á árinu. Í töflu 2 er yfirlit yfir tímabundin atvinnuleyfi eftir kyni og ríkisfangi. Fram kemur að árið 1996 fjölgaði verulega tímabundnum atvinnuleyfum. Alls fengu 1.016 slík leyfi. Ný leyfi voru 691, framlengd 325. Athygli vekur að árið 1996 voru í 70 tilvikum gefin út tvö atvinnuleyfi vegna sama einstaklingsins. Skýringin er sú að fyrst er veitt tímabundið atvinnuleyfi með gildistíma sem er innan almanaksársins. Þetta tímabundna atvinnuleyfi er síðan framlengt fyrir árslok. Hliðstæð tala fyrir árið 1995 hefur ekki verið tekin saman.

Tafla 2. Tímabundin atvinnuleyfi eftir kyni og ríkisfangi 1996.

	Karlar	Konur	Samtals
Bandaríkjamenn	58	17	75
Búlgarar	2	6	8
Filippseyingar	14	88	102
Júgóslavar	22	2	24
Kanadamenn	12	10	22
Kínverjar	6	18	24
Litáar	5	4	9
Marokkóbúar	3	14	17
Nýsjálendingar	1	5	6
Pólverjar	143	252	395
Rúmenar	3	11	14
Rússar	18	17	35
Slóvenar	4	0	4
Tékkar	5	3	8
Tælendingar	5	41	46
Ungverjar	2	8	10
Aðrir	48	169	217
Samtals	**351**	**665**	**1.016**

Heimild: Félagsmálaráðuneytið.

Ríkisborgarar sömu ríkja og áður er getið skera sig einnig úr að því er varðar tímabundin atvinnuleyfi. Þó hafa Pólverjar sérstöðu eins og árið 1995. Árið 1996 var í samtals 395 tilvikum veitt leyfi til að ráða Pólverja til vinnu hér á landi. Hliðstæð tala fyrir árið 1995 var 215. Heimild var veitt til að ráða Filippseyinga í 102 tilvikum, Bandaríkjamenn í 75 tilvikum og Tælendinga í 46 tilvikum. Samtals var atvinnurekendum heimilað í 665 tilvikum að ráða erlendar konur tímabundið til starfa hérlendis en karla í 351 tilviki. Konur frá Filippseyjum (88), Póllandi (252) og Tælandi (41) eru hlutfallslega margar. Samtals koma 217 útlendingar frá 25 öðrum ríkjum en þeim sem talin eru upp í töflu 2.

Fjöldi útlendinga með gild atvinnuleyfi 31. desember 1996.

Ekki er hægt að veita nákvæmar upplýsingar um fjölda útlendinga sem höfðu gild atvinnuleyfi 31. desember 1996. Áður hefur komið fram að nokkur fjöldi útlendinga, sem heimilað er að vinna hér á landi, kemur ekki til landsins. Einnig ber að hafa í huga að gildistími atvinnuleyfa er mjög mismunandi. Algengt er að ný leyfi fyrir íþróttamenn og þjálfara séu veitt til nokkurra mánaða. Við framlengingu er heimilt að veita leyfi til allt að tveggja ára. Á árunum 1995 og 1996 voru veitt 555 óbundin atvinnuleyfi. Framlengd voru 377 leyfi árið 1995 en ný leyfi og framlengd á árinu 1996 voru samtals 1.016. Ársskýrsla útlendingaeftirlitsins fyrir árið 1996 um heildarfjölda erlendra ríkisborgara á Íslandi liggur ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum útlendingaeftirlitsins mun heildarfjöldi erlendra ríkisborgara frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er að störfum hér á landi í árslok 1996 vera innan við 1.500.

766. Frumvarp til laga [452. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Vilhjálmur Egilsson.

1. gr.

Í stað orðanna „hvorki tekjuskatt né eignarskatt“ í 4. gr. laganna kemur: ekki tekjuskatt.

2. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú rís ágreiningur um mat á eignum skv. 1.–7. tölul. 1. mgr. og skal þá eiganda heimilt að krefjast þess að ríkissjóður kaupi viðkomandi eign á 85% matvirðis ríkissjóðs gegn staðgreiðslu.

3. gr.

Á eftir orðinu „skattaðila“ í 1. málsl. 1. mgr. 76 gr. laganna kemur: þó ekki skuldbindingar skv. 75. gr.

4. gr.

Á eftir orðunum „nafnskráð stofnfé“ í 77. gr. laganna kemur: enda teljist þau til eignar hjá hluthafa eða stofnfjáreiganda.

5. gr.

78. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Í stað orðanna „77. og 78. gr.“ í 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: og 77. gr.

7. gr.

Síðari málsliður 1. mgr. 82. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Eignarskattur skal vera 0,35% af eignarskattsstofni. Þó skal eignarskattur manna, dánarbúa, sbr. 5. tölul. 2. gr., og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. reiknast þannig: Af fyrstu 3.651.749 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 3.651.749 kr. greiðist 0,35%.

Eigi skal tvígreiða skatt af neinni eign.

9. gr.

84. gr. laganna fellur brott.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., eftirfarandi verðbréf, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi: Markaðsverðbréf gefin út af ríkissjóði, ríkisvíxla, ríkisbréf, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbréf gefin út af Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi verðbréf þessi verið gefin úr fyrir gildistöku laga þessara. Enn fremur þann hluta hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, sem myndaður er af framangreindum skuldaviðurkenningum. Heimild þessi gildir til ársloka 2002.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að eignarskattar á einstaklinga og fyrirtæki verði lækkaðir umtalsvert og að tekin verði upp heilsteypt skattlagning á allar eignir, t.d. eignir lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, sjálfseignarstofnana, opinberra fyrirtækja og eignir líknarfélaga. Horfið verði frá eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna. Allar eignir verði skattlagðar með sama hætti. Þó verði hluti af eign fólks skattfrjáls eða 3,7 millj. kr. hjá einstaklingi og 7,3 millj. kr. hjá hjónum. Svarar það til skuldlausrar meðalíbúðar.

Eignarskattar hér á landi eru með því hæsta sem gerist í OECD–ríkjum. Aðeins Noregur er með hærri eignarskatta. Auk þess eru stærstu eignir í landinu undanþegnar skattskyldu og er þar átt við opinberar eignir ríkis og sveitarfélaga, lífeyrissjóðina og spariskírteini ríkissjóðs. Í flestum ríkjum OECD eru fyrirtæki undanþegin eignarskattlagningu.

Líta má á eignarskatta sem kröfu um arðsemi eigna. Eignir eru skattlagðar án tillits til þess hvort þær gefa af sér arð eða ekki. Ef eignin gefur ekki af sér arð verður eigandinn að borga með eigninni. Þannig veldur eignarskattur því að eigandinn geri kröfu til eignarinnar að hún gefi af sér arð. Stór hluti eigna hefur ekki verið eignarskattsskyldur og því hefur skort á að gerð sé krafa til arðsemi, t.d. bankainnstæður. Annar hluti hefur verið ofskattaður og því lækkað í verði. Nauðsynlegt er að gerð sé sama og hógvær krafa um arðsemi allra eigna.

Háir eignarskattar hafa lengi verið rökstuddir með því að tekjur af eignum væru skattfrjálsar. Það hefur átt við um stærsta hluta eignatekna, vexti og arð undir frítekjumörkum. Aðrar eignatekjur, leiga og söluhagnaður, hafa verið skattskyldar. Nú þegar allar tekjur af eignum hafa verið skattaðar er rökrétt að lækka eignarskatta umtalsvert. Það er því lagt til í þessu frumvarpi.

Núgildandi reglur um skattfrelsi spariskírteina og ríkisvíxla án tillits til skulda gera það að verkum að eigendur mikilla eigna geta komist hjá því að greiða eignarskatt. Þeir þurfa einungis að kaupa spariskírteini með því að taka lán með veði í þeim sömu spariskírteinum. Vaxtamunurinn er minni en eignarskatturinn. Þessu gati verður að loka hið fyrsta. Það er gert með fyrirliggjandi frumvarpi.

Þá felst í eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna óæskileg stýring á fjármagni frá atvinnulífinu til banka og ríkisins. Þannig verður hlutabréfaeign að gefa 1,45% hærri ávöxtun en spariskírteini að öðru jöfnu vegna eignarskattanna. Þessi stýring veldur því að íslensk fyrirtæki byggja frekar á lánsfé en áhættufé (hlutafé). Afleiðingin er hættulega veik eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja sem gerir þeim erfitt fyrir í alþjóðlegri samkeppni og veldur því að þau þola mjög illa mótbyr og verða fljótt gjaldþrota.

Háir eignarskattar undangenginna ára hafa valdið verðfalli á eignum til mikils tjóns fyrir eigendur þeirra en einnig hefur verðfallið valdið veðhöfum og sveitarfélögum tjóni. Færa má rök fyrir því að lækkun eignarskatts geti stöðvað verðlækkunina.

Að meðaltali á hver vinnandi Íslendingur 2 millj. kr. hlut í lífeyrissjóði. Ekki verður séð hvaða rök eru fyrir því að þessi eign skuli vera eignarskattsfrjáls en ekki aðrar eignir. Því er hér lagt til að eignir lífeyrissjóða verði skattskyldar. Sama á við um eignir sjúkrasjóða og annarra sjálfseignarfélaga. Hér er lagt til að þessar eignir verði skattaðar og gerð til þeirra arðsemiskrafa eins og til annarra eigna.

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og annarra lífeyrissjóða ríkisins munu í reynd ekki verða skattlagðar þar sem réttindin eru fastákveðin en iðgjald ríkisins breytilegt. Þannig mun ríkið bera byrðar af eignarskattlagningunni en ekki opinberir starfsmenn. Sjóðfélagar annarra lífeyrissjóða munu hins vegar bera þessa eignarskattlagningu að fullu. Hér er enn aukið á mun á milli þessara hópa og hækkar því launaígildi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna enn frekar. Ekki er hægt að komast hjá þessu en þetta ætti að koma til skoðunar við ákvörðun á launakostnaði ríkisins.

Líknarfélög eru orðin mjög umsvifamikil í eign á íbúðarhúsnæði. Eru þau stærstu íbúðaeigendur á landinu. Þau eru í samkeppni við einkaaðila um útleigu á húsnæði. Fjöldi fólks með bágar aðstæður greiðir eignarskatta. Á það sérstaklega við um eldra fólk sem býr í eigin húsnæði en hefur lágar tekjur. Ekki verður séð af hverju það á að greiða eignarskatta á meðan aðrir geta búið í húsnæði sem fellur ekki undir eignarskattlagningu. Enda má spyrja sig hvort líknarfélög eigi að safna eignum sem enginn á.

Engin rök, hvorki réttlætis- né jafnréttisrök, eru fyrir því að eignir erlendra sendiráðsmanna eða forseta Íslands séu undanþegnar skattskyldu.

Mjög fá lönd leggja eignarskatta á eignir fyrirtækja. Sennilega er hugsunin sú að mikilvægt sé að byggja upp eigið fé í fyrirtækjum til þess að þau verði betur fær um að taka á erfiðleikum. Þetta hefur líka óneitanlega áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja á milli landa og það skerðir möguleika íslenskra fyrirtækja í samkeppni við erlend hvað eignarskattar eru háir hér á landi. Ekki er þó lagt til í frumvarpi þessu að eignarskattar fyrirtækja verði felldir niður heldur er gert ráð fyrir að þeir verði lækkaðir umtalsvert og að fyrirtæki greiði sama eignarskatt og allir aðrir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 4. gr. laganna eru taldir upp þeir aðilar sem núna greiða hvorki eignarskatt né tekjuskatt. Þeir eru forseti Íslands og maki hans, ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, svo og Fiskifélag Íslands, sýslu- og sveitarfélög og fyrirtæki og stofnanir þeirra, erlend ríki og alþjóðastofnanir vegna fasteigna sinna hér á landi, lögaðilar sem verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla, félög, sjóðir og stofnanir og sjálfseignarstofnanir sem ekki reka atvinnu og aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að stofn til eignarskatts verði altækur og nái til allra. Eignarskatturinn verði almennur og þannig náist sú lækkun á skatthlutfallinu sem að er stefnt. Ekki verður heldur sýnt með réttlætis- eða jafnréttisrökum að framangreindir aðilar séu verr til þess fallnir að greiða lágan skatt af eignum sínum en einstaklingar sem búa við mjög misjöfn kjör og hafa jafnvel mjög lágar tekjur til þess að greiða skattinn.

Um 2. gr.

Hið opinbera framkvæmir mat á eignum fólks og leggur síðan á það skatta og skyldur. Þó að ákvæði hafi verið um það að taka skuli mið af markaðsvirði eigna og annarra þátta til þess að vernda einstaklinginn fyrir ofríki ríkisvaldsins eru engin afdráttarlaus úrræði sem skattborgarinn getur gripið til sér til varnar. Hér er lagt til úrræði sem er sanngjarnt og ætti að koma í veg fyrir of hátt mat á eignum.

Lagt er til að kaupverðið sé 85% af matsvirði vegna þess að eignin er staðgreidd og eigandinn getur tekið ákvörðun um kaupskyldu ríkisins einhliða. Eins má reikna með nokkrum kostnaði ríkisins af því að selja eignina aftur.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um það að kröfur, sem t.d. sjóðfélagi á til lífeyris hjá lífeyrissjóði, teljist ekki til eignar hjá honum og í samræmi við það ekki til skuldar hjá lífeyrissjóðnum. Þannig verði tryggt að þessar eignir verði skattaðar einu sinni. Það yrði mjög flókið mál að reikna út allar slíkar kröfur og því er þessi leið farin til einföldunar. Skattskyldan flyst frá sjóðfélaganum til lífeyrissjóðsins en jafnframt leiðir þessi aðferð til þess að greiddur er eignarskattur af eign manna sem eru undir fríeignamörkum, sbr. 7. gr.

Um 4. gr.

Hér er skilgreint nánar hvaða hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé lögaðilum er heimilt að draga frá eignum sínum en það eru eignir sem taldar eru til eignar hjá eigendum sínum, hluthöfum eða stofnfjáreigendum lögaðilanna. Þetta er í samræmi við það að eignarskattinum er ætlað að vera altækur en jafnframt er komið í veg fyrir tvísköttun þessara eigna.

Um 5. gr.

Hér lagt til að bankainnstæður og hlutabréfaeign umfram skuldir, sem nú eru skattfrjálsar, verði eignarskattsskyldar. Enn fremur að spariskírteini, ríkisvíxlar og húsbréf, sem eru skattfrjáls óháð skuldum, verði eignarskattsskyld. Eins og áður hefur verið nefnt er markmið frumvarps þessa að eignarskattlagningin verði almenn og að greiddur verði eignarskattur af öllum eignum jafnt, þ.e. sama arðsemiskrafa sé gerð til allra eigna, líka til bankainnstæðna og ríkisverðbréfa. Enn fremur er verið að loka löglegri leið til þess að komast hjá

því að greiða eignarskatt sem er til staðar í dag með því að kaupa húsbréf eða spariskírteini og taka til þess lán.

Ríkisverðbréf, sem þegar hafa verið gefin út, eiga þó að halda eignarskattsfrelsi til ársloka 2002, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Vegna þess að spariskírteini og húsbréf hafa verið seld með tilvísun til eignarskattsfrelsis er gert ráð fyrir að þau bréf sem útgefin hafa verið haldi eignarskattsfrelsi sínu næstu fimm árin.

Um 6. gr.

Felld er niður tilvísun í 78. gr. sem felld hefur verið brott, sbr. 5. gr.

Um 7. gr.

Felld er niður tilvísun í 78. gr. sem felld hefur verið brott, sbr. 5. gr.

Um 8. gr.

Eignarskattur verði 0,35% af eignarskattsstofni. Þó skulu einstaklingar og dánarbú hér eftir sem hingað til njóta skattfrelsis vegna eigna sem eru undir ákveðnum mörkum, fríeignarmörkum.

Miðað við upplýsingar, sem fjármálaráðuneytið hefur veitt, má gera ráð fyrir að heildareign Íslendinga hafi árið 1995 numið (í milljörðum króna):

Fjármunaeign (fixed assets)	1.429
Erlendar eignir	55
Eignir lífeyrissjóða	262
Peningalegar eignir einstaklinga	um 200
Peningalegar eignir annarra aðila	um 50
Samtals	um 2.000

Til frádráttar komi skuldir en samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu eignir (útlán) lánakerfisins að meðtöldum erlendum skuldum 827 milljörðum kr. í árslok 1995. Nettóeign einstaklinga undir fríeignarmörkum, þ.e. 3,7 millj. kr. á einstakling, nam samtals 300 milljörðum kr. í árslok 1995. Miðað við þessar tölur er nýr eignarskattsstofn (= nettóeign þjóðarinnar) um 900 milljarðar kr.

Ef gert er ráð fyrir að ⅔ af áætluðum tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti verði varið til þess að lækka eignarskatta lítur dæmið þannig út:

Samkvæmt ríkisreikningi nam eignarskattur og sérstakur eignarskattur á einstaklinga og fyrirtæki alls 3.562 millj. kr. 1995. ⅔ af áætluðum tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti árið 1998 (en þá kemur hann fyrst til greiðslu sem og þessi nýi eignarskattur) verða um 500 millj. kr. Þannig verður hinn nýi eignarskattur að gefa um 3,1 milljarð kr. sem er 0,344% af áætluðum stofni.

Gera má ráð fyrir að lægri eignarskattur laði fram betri skil á eignum. Hins vegar mun áframhaldandi skattfrelsi húsbréfa og spariskírteina lækka skatttekjurnar eitthvað til að byrja með.

Síðari málsgreinin, um að ekki skuli tvígreiða skatt af neinni eign, er til að koma í veg fyrir tvísköttun og undirstrika jafnframt að skattur er altækur.

Um 9. gr.

Ekki er talin ástæða til þess að hafa sérstök ákvæði um eignarskatt einstaklinga og lögaðila. Er hvort tveggja skilgreint í 83. gr. Því er lagt til að 84. gr. laganna falli brott.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi. Eignarskattar samkvæmt þeim verða því lagðir á og greiddir seinni hluta árs 1998 á sama tíma og fyrsta álagning fjármagnstekjuskattsins. Fyrsta almenna staðgreiðslan mun eiga sér stað í ársbyrjun 1998 og skattur á söluhagnað er fyrst lagður á seinni hluta ársins 1997. Því er samræmi á milli upptöku eignartekjuskatta og lækkunar eignarskatta, sjá umfjöllun um 7. gr. Þá er lagt til að við gildistöku laganna falli úr gildi lögin um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, í stað þess að þau falli úr gildi 31. desember 1999.

Um ákvæði til bráðbirgða.

Hér er gert ráð fyrir að ríkisverðbréf, sem þegar hafa verið gefin út, verði eignarskattsfrjáls næstu fimm ár. Sjá umfjöllun um 5. gr.

767. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI

Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingu.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna:

a. meðgöngu og fæðingar,
b. frumættleiðingar barns yngra en fimm ára eða
c. töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að sex mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Skipti foreldrar með sér þessu fæðingarorlofi verður samanlagt orlof þeirra aldrei lengra en en sex mánuðir.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi.

Upphaf sex mánaða fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 2. gr., miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi móður þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með 21 dags fyrirvara, nema sérstakar aðstæður geri það ókleift. Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún á sama hátt tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna atvinnurekanda það með sama fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

5. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 27.758 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, sbr. þó 2. mgr. og ákvæði þessarar greinar um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Að jafnaði skal móðir eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

c. 5. mgr. orðast svo:

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Heimilt er að framlengja greiðslu fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 2. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða

alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

d. 6. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal greiddur foreldri vegna frumættleiðingar og fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fóstur í sex mánuði frá þeim tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi móður þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að hún fái barn til ættleiðingar. Nú eru fleiri börn en eitt ættleidd eða tekin í fóstur í einu og skal þá framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. a-liðar koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.

b. G-liður orðast svo: Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á, sbr. ákvæði laga um fæðingarorlof, fellur greiðsla fæðingardagpeninga niður fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

c. Í stað orðanna „einn mánuð“ í h-lið kemur: þrjá mánuði.

d. I-liður orðast svo: Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingardagpeninga um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan tíma. Heimilt er að framlengja fæðingarorlof um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 1. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

e. 3. og 4. málsl. l-liðar orðast svo: Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.

f. M-liður orðast svo: Ættleiðandi foreldrar vegna frumættleiðingar og fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára í fóstur, sbr. og 6. mgr. 15. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um frekari framlengingu fæðingarorlofs skulu gilda um foreldra sem voru í fæðingarorlofi 1. janúar 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpinu þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi ákvæðum um fæðingarorlof. Breytingarnar miða allar að því að rýmka rétt til fæðingarorlofs frá því sem nú er.

Nýmæli frumvarpsins eru:

1. Fæðingarorlof vegna töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur er lengt um einn mánuð úr fimm mánuðum í sex. Með lögum nr. 129/1995, um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra, var fæðingarorlof vegna frumættleiðingar barns lengt með sama hætti.
2. Lenging fæðingarorlofs vegna fjölburafæðinga verður þrír mánuðir fyrir hvert barn umfram eitt í stað eins mánuðar samkvæmt gildandi lögum. Þetta þýðir að kona sem fæðir tvíbura á rétt á níu mánaða fæðingarorlofi og kona sem fæðir þríbura á rétt á eins árs fæðingarorlofi. Foreldrar, sem ættleiða eða taka í fóstur fleiri en eitt barn, njóta sömu lengingar.
3. Fæðingarorlof lengist um þann tíma umfram sjö daga sem barn dvelur á sjúkrahúsi í beinu framhaldi af fæðingu, allt að fjóra mánuði.
4. Heimild til lengingar fæðingarorlofs vegna alvarlegs sjúkleika barns er lengd úr einum mánuði í allt að þrjá mánuði.
5. Heimilt verður að lengja fæðingarorlof um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu.
6. Skilgreining á andvanafæðingu er færð til samræmis við skilgreiningu Ríkisspítala og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

Hér er því um að ræða talsverðar réttarbætur í fæðingarorlofsmálum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, eins og þeim var breytt með lögum nr. 129/1995.

Um 1. gr.

Lagt er til nýtt orðalag á 1. gr. laganna og fæðingarorlof þar skilgreint. Fæðingarorlof merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar, ættleiðingar barns yngra en fimm ára eða töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur. Meginreglan verður því sú að fæðingarorlof reiknast frá þeim tíma sem barn fæðist eða kemur á heimili. Samkvæmt gildandi lögum er fæðingarorlof vegna fósturs miðað við að barn sé yngra en fimm ára. Ekkert slíkt ákvæði er um aldur barna við ættleiðingu. Eðlilegt þykir að samræma þetta þannig að í báðum tilfellum sé miðað við börn yngri en fimm ára.

Um 2. gr.

Ekki er um að ræða efnisbreytingu heldur eru ákvæði um fjögurra og fimm mánaða fæðingarorlof, sem fallin eru úr gildi samkvæmt ákvæðinu, felld út úr textanum. Þá er bætt inn tilvísun í 15. og 16. gr. laga um almannatryggingar varðandi lengingu fæðingarorlofs í sérstökum tilvikum.

Um 3. gr.

Hér er gerð tillaga um nánari ákvæði um sex mánaða fæðingarorlof, sbr. 2. gr.

Í 2. mgr. 3. gr. er fjallað um sex mánaða fæðingarorlof vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Í báðum tilvikum er fæðingarorlofsrétturinn bundinn því skilyrði að barnið sé yngra en fimm ára. Hér miðast upphaf fæðingarorlofs við komu barnsins á heimilið, sbr. þó ákvæði um heimild til að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar ef barn sem ættleiða á er sótt til útlanda.

Um 4. gr.

Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu, en ákvæði um tilkynningu til atvinnurekanda, sem nú eru í 5. gr. eru flutt í 4. gr.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir að 5. gr. núgildandi laga um fæðingarorlof falli brott, enda ekki lengur þörf á sérákvæðum um rétt fósturforeldra.

Um 6. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, en tilvísun í númer almannatryggingalaga fellt brott.

Um II. kafla.

Í II. kafla frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum almannatryggingalaga um fæðingarorlof. Ákvæði almannatryggingalaga um greiðslur í fæðingarorlofi byggjast aðallega á lögum um fæðingarorlof. Þar til viðbótar eru ákvæði í almannatryggingalögum um margvíslegar heimildir til lengingar fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar eru greiðslur í fæðingarorlofi tvískiptar, fæðingarstyrkur sem greiddur er öllum konum sem fæða barn hér á landi og átt hafa lögheimili hér síðustu 12 mánuði á undan og fæðingardagpeningar sem greiddir eru í hlutfalli við atvinnuþátttöku fyrir fæðingu. Fæðingarstyrkur er nú 27.758 kr. á mánuði og fæðingardagpeningar eru 1.164 kr. á dag.

Heimavinnandi konur fá greiddan fæðingarstyrkinn en konur sem starfað hafa á vinnumarkaði fyrir fæðingu fá fullan fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga, annaðhvort að hálfu eða fullu, eftir atvinnuþátttöku. Greiðsla í fæðingarorlofi til konu sem á fullan rétt er rúmlega 63 þús. kr. á mánuði.

Um 7. gr.

Hér eru lagðar til nokkrar breytingar á 15. gr. laga um almannatryggingar sem fela fyrst og fremst í sér aukinn rétt til lengingar á fæðingarorlofi við sérstakar aðstæður, svo sem vegna fjölburafæðinga, fyrirbura, sjúkra barna og veikinda móður.

Skal nú vikið að einstökum breytingum á ákvæðinu.

1. Í a-lið er gerð tillaga að breytingu á 1. mgr. Hér er fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða. Þá er lögð til sú breyting að kona skuli að jafnaði eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna í stað fortakslauss ákvæðis í greininni. Samkvæmt ákvæðum 18. gr. reglugerðar EBE nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og Norðurlandasamnings um almannatryggingar eru í gildi ýmis frávik frá fyrrgreindum skilyrðum, sbr. reglugerð nr. 655/1994 um framkvæmd almannatryggingalaga. Því þykir rétt að heimilt verði að setja nánari reglur um lögheimilisskilyrði í reglugerð.
2. Í b-lið er gerð tillaga um breytingu á skilgreiningu andvanafæðingar og fósturláts í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er á Ríkisspítölum, en hún er byggð á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þar er miðað við að eftir fullar 22 vikur meðgöngu sé um að ræða andvanafæðingu, en fyrir þann tíma fósturlát.

   Samkvæmt lögum um almannatryggingar er andvanafæðing skilgreind eftir 28 vikna meðgöngu, en þegar þau mörk voru sett var talið að börn gætu almennt ekki lifað utan móðurkviðar ef þau fæddust fyrr. Þetta misræmi í skilgreiningu hefur valdið vandræðum þegar foreldrar, sem sagt hefur verið á sjúkrastofnun að barn hafi verið andvana fætt, hafa sótt um greiðslur í fæðingarorlofi og þá verið sagt að aðeins hafi verið um fósturlát að ræða. Þetta hefur skapað foreldrum óþarfa sárindi og óþægindi sem hægt væri að koma í veg fyrir með því að samræma skilgreiningu laganna skilgreiningu sjúkrahúsa og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Um er að ræða 5–6 börn á ári sem fæðast andvana eftir 22–27 vikna meðgöngu.

   Þá er lagt til að greiddur sé fæðingarstyrkur vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu í stað 20 í gildandi lögum. Við ómskoðun á 18.–20. viku meðgöngu koma stöku sinnum í ljós alvarlegir fósturgallar sem leiða til fóstureyðingar. Langan tíma tekur fyrir konur að ná sér líkamlega og andlega eftir aðgerð til að framkalla fósturlát eftir svo langa meðgöngu. Sé fósturlát framkallað á 19.–20. viku meðgöngu skapar það engan rétt til greiðslna samkvæmt gildandi lögum. Hér er aðeins um að ræða örfáar konur á ári, en breyting sú, sem lögð er til, mundi tryggja betur rétt þeirra.
3. Í c-lið er gert ráð fyrir breytingu á 5. mgr. og fæðingarorlof lengt vegna fjölburafæðinga, alvarlegra veikinda barns og alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu.

   Ef fyrst er vikið að fjölburafæðingum hefur það lengi verið ósk foreldra sem eignast fjölbura að fæðingarorlof lengist meir en gildandi ákvæði gera ráð fyrir, þ.e. um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Ýmislegt mælir með því að koma frekar til móts við þá foreldra sem eiga fjölbura en nú er gert. Því er lagt til að fæðingarorlof lengist um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Þetta þýðir að tvíburamóðir á rétt á níu mánaða fæðingarorlofi eftir fæðingu og þríburamóðir á 12 mánaða fæðingarorlofi. Tvíburafæðingum og þríburafæðingum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum og er það helst rakið til starfsemi glasafrjóvgunardeildar. Hér á eftir fer tafla um fjölda fjölburafæðinga á síðustu árum.

	Tvíburafæðingar	Þríburafæðingar
1985	47	3
1986	35	0
1987	31	0
1988	40	1
1989	41	1
1990	48	1
1991	67	0
1992	71	4
1993	62	4
1994	79	6
1995	82	2
Samtals	*603*	*22*

Heimild: Hagstofa Íslands.

Í c-lið er einnig gert ráð fyrir því nýmæli að fæðingarorlof lengist um þann tíma, umfram sjö daga, sem barn þarf að dvelja á sjúkrahúsi í beinu framhaldi af fæðingu. Þessi lenging getur þó aldrei orðið meiri en fjórir mánuðir. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga fyrirburar, en ákvæðið tekur þó einnig til annarra barna sem þurfa að dvelja á sjúkrahúsi í beinu framhaldi af fæðingu. Hér er um að ræða sjálfstæðan rétt sem skerðir ekki rétt til lengingar fæðingarorlofs vegna alvarlegs sjúkdóms skv. 3. málsl. 5. mgr. greinarinnar. Samkvæmt upplýsingum fæðingardeildar Ríkisspítala má gera ráð fyrir að börn sem fæðast fyrir lok 34 vikna meðgöngu séu um 4% af heildarfjölda fæddra barna. Afleiðingar fyrirburafæðingar eru misalvarlegar. Fjöldi fæðinga á síðustu árum hefur verið á bilinu 4.731 árið 1990 niður í 4.202 árið 1995. Hér er um að ræða verulega réttarbót fyrir foreldra fyrirbura og sjúkra barna.

Þá er gert ráð fyrir að lenging fæðingarorlofs vegna alvarlegs sjúkleika barns verði allt að þrír mánuðir í stað eins áður. Hér getur bæði verið um að ræða alvarlega meðfædda sjúkdóma, svo og alvarlegar afleiðingar fæðingar fyrir tímann.

Loks er gert ráð fyrir að framlengja megi fæðingarorlof um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þetta er nýmæli sem ekki hefur áður verið í lögum um almannatryggingar. Samkvæmt upplýsingum fæðingardeildar Ríkisspítala eru alvarleg veikindi móður eftir fæðingu tiltölulega sjaldgæf en gera má ráð fyrir að 15–20 konur á ári verði alvarlega veikar eftir fæðingu.

4. Í d-lið er fjallað um breytingu á 6. mgr. sem segir til um greiðslu fæðingarstyrks til ættleiðandi foreldra vegna frumættleiðingar og fósturforeldra vegna töku barns yngra en fimm ára í fóstur. Þessar greiðslur skulu vara í sex mánuði eftir að barn kemur á heimili. Þó er heimilað að hefja greiðslu frá þeim tíma sem ættleiðandi móðir fer til útlanda að sækja barn til ættleiðingar. Nýmæli er að fæðingarorlof lengist um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt sem ættleitt er eða tekið í fóstur samtímis.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um breytingar á 16. gr. laga um almannatryggingar en í greininni eru ákvæði um greiðslu fæðingardagpeninga. Breytingarnar eru allar sambærilegar við þær sem þegar hefur verið vikið að varðandi 15. gr. laganna.

Í a-lið er lögð til breyting á 1. málsl. a-liðar greinarinnar þess efnis að foreldrar skuli eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins til að eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga. Er þessi breyting til samræmis við ákvæði 1. mgr. 15. gr., en lögheimili hér á landi við fæðingu barns hefur verið skilyrði greiðslu fæðingarstyrks og í framkvæmd einnig skilyrði greiðslu fæðingardagpeninga. Þá er lagt til að sömu breytingar verði gerðar á lögheimilisskilyrðum og lagðar eru til í 7. gr. frumvarpsins og vísast til umfjöllunar um hana. Loks er tilvísun til frumættleiðingar felld brott en ákvæði um hana flutt í m-lið.

Í b-lið er gerð sú breyting á g-lið greinarinnar að vísað er til laga um fæðingarorlof varðandi rétt til fæðingarorlofs. Að öðru leyti er ákvæðið efnislega óbreytt.

Í c-lið er gerð breyting á h-lið greinarinnar til að lengja greiðslu fæðingardagpeninga vegna fjölburafæðinga.

Í d-lið er gerð breyting á i-lið varðandi framlengingu fæðingarorlofs vegna dvalar barns á sjúkrahúsi í framhaldi af fæðingu, alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður.

Í e-lið er gerð sú breyting á 3. og 4. málsl. l-liðar að skilgreiningu andvanafæðingar og fósturláts er breytt til samræmis við þá skilgreiningu sem notuð er á Ríkisspítölum, þ.e. að um sé að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngutíma í stað 28 í núgildandi ákvæði. Jafnframt er lagt til að fæðingardagpeningar séu greiddir konu vegna fósturláts eftir 28 vikna meðgöngu í stað 20 í gildandi ákvæði.

Í f-lið er bætt við m-lið tilvísun í 6. mgr. 15. gr. til að tryggja að ættleiðandi foreldrar og fósturforeldrar njóti sömu lengingar á greiðslu fæðingardagpeninga og sú málsgrein tryggir varðandi greiðslu fæðingarstyrks.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er gert ráð fyrir að foreldrar sem voru í fæðingarorlofi 1. janúar 1997 geti fengið framlengingu fæðingarorlofs ef skilyrði til lengingar samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. almannatryggingalaga, með þeim breytingum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru fyrir hendi. Þannig gæti t.d. kona sem fæddi tvíbura á síðasta ári og hafði ekki lokið fæðingarorlofi samkvæmt núgildandi ákvæðum 1. janúar 1997 fengið lengingu fæðingarstyrks um tvo mánuði. Á sama hátt gæti hún fengið lengingu fæðingardagpeninga um tvo mánuði, enda hafi hún lagt niður launuð störf og launagreiðslur fallið niður þann tíma.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um fæðingarorlof.

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof, og laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Ákvæði laga um fæðingarorlof eiga við um alla þá sem eiga lögheimili á Íslandi og gegna launuðu starfi, en ákvæði laga um almannatryggingar eiga við um greiðslur fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga til annarra en þeirra sem samið hafa um greiðslur í kjarasamningum. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að fæðingarorlof vegna töku barns í fóstur er lengt til samræmis við almennt fæðingarorlof, þá er fæðingarorlof vegna fjölburafæðinga lengt og loks er heimilt að lengja fæðingarorlof vegna veikinda móður eða barns.

Í eftirfarandi kostnaðarumsögn er eingöngu metinn kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna þeirra sem lögin ná til og áætluð áhrif á útgjöld ríkissjóðs sem launagreiðanda, en ekki hugsanleg áhrif á kostnað annarra.

Samanlagt má gera ráð fyrir að árlegur kostnaðarauki Tryggingastofnunar ríkisins af frumvarpinu verði 35 m.kr. Kostnað af lengingu fæðingarorlofs vegna alvarlegs sjúkleika barns má áætla um 20 m.kr. og af lengingu fæðingarorlofs vegna fjölburafæðinga og fæðingarorlofs vegna varanlegs fósturs um 10 m.kr. Loks er áætlað að lenging fæðingarorlofs vegna alvarlegra veikinda móður og sjúkrahúslegu kosti 4–5 m.kr. árlega.

Beinn kostnaður ríkissjóðs sem launagreiðanda er áætlaður um 5–10 m.kr. árlega vegna alvarlegs sjúkleika barns eða móður og vegna fjölburafæðinga.

Samtals má gera ráð fyrir að frumvarpið valdi 40–45 m.kr. árlegum kostnaðarauka fyrir ríkissjóð verði það að lögum.

768. Fyrirspurn [454. mál]

til heilbrigðisráðherra um reglugerð um ferðakostnað sjúklinga.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hver hefur verið reynslan af framkvæmd reglugerðar nr. 185/1996, um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?
2. Hver er ástæða þess að tilgreindir eru ákveðnir sjúkdómar í reglugerðinni, þar sem ferðakostnaður er endurgreiddur, en öðrum sleppt?
3. Mun ráðherra endurskoða reglugerðina með tilliti til reynslunnar af framkvæmd hennar?

769. Fyrirspurn [455. mál]

til heilbrigðisráðherra um ferðakostnað sjúklinga.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hversu margar ferðir sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands hafa verið greiddar af Tryggingastofnun frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?
2. Hversu margar kærur hafa borist til tryggingaráðs vegna úrskurða Tryggingastofnunar um ferðakostnað sjúklinga innan lands frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?
3. Hversu mörgum kærum á úrskurðum Tryggingastofnunar um ferðakostnað sjúklinga innan lands hefur tryggingaráð hafnað frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?

Skriflegt svar óskast.

770. Fyrirspurn [456. mál]

til landbúnaðarráðherra um hættu af dönskum landbúnaðarafurðum.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Ágústi Einarssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Telur ráðherra að bann við innflutningi á tilteknum landbúnaðarafurðum frá Danmörku, sem þó er heimill frá ýmsum öðrum löndum, standist GATT-samninginn, sem bannar viðskiptahindranir og mismunun milli aðila að honum, en samkvæmt ummælum háttsettra starfsmanna í stjórnsýslunni er þessi innflutningur bannaður af heilbrigðisástæðum?
2. Ef svo er ekki, hvaða tilvik benda til þess að danskar landbúnaðarafurðir séu hættulegar íslenskum landbúnaði, Íslendingum eða neytendum af öðru þjóðerni?
3. Bendi svar ráðherra við framangreindum spurningum til þess að sérstakrar varúðar þurfi að gæta við neyslu á dönskum landbúnaðarafurðum, til hvaða ráðstafana hyggst hann þá grípa til að vernda íslenska ferðamenn í Danmörku og þær þúsundir íslenskra ríkisborgara sem þar eru búsettir?

771. Fyrirspurn [457. mál]

til utanríkisráðherra um framkvæmd GATT-samningsins.

Frá Ágústi Einarssyni, Sighvati Björgvinssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

1. Hver hefur verið innflutningur á landbúnaðarvörum, sem skuldbindingar í GATT-samningnum um lágmarksmarkaðsaðgang taka til, frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina tók gildi 1. júlí 1995 til 31. desember 1996? Óskað er upplýsinga um hverja árshelft um sig.
   a. Hvert er innflutningsmagn og innflutningsverð á vörum sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og IVA með tollalögunum, sundurliðað eins og þar er gert:
      1. með tolli skv. 1. mgr. 6. gr. A tollalaga, þ.e. 32% af grunntolli, eða lægri tolli,
      2. með tolli sem lækkaður hefur verið skv. 3. mgr. 6. gr. A tollalaga,
      3. með fullum tollum?
   b. Hver var hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu sömu vöruflokka?
   c. Hvernig svarar hlutdeild innflutnings skv. a-lið til þeirra skuldbindinga GATT-samningsins að tryggja innflutning á tilteknu lágmarki af landbúnaðarvörum, 3–5% af meðalinnanlandsneyslu, sbr. álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við afgreiðslu GATT-samningsins á Alþingi (þingskjal 69 í 27. máli á 119. löggjafarþingi)?
2. Hver hefur verið innflutningur á landbúnaðarvörum í 6. og 7. kafla tollskrár, sem skuldbindingar í GATT-samningnum um ríkjandi markaðsaðgang taka til, frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina tók gildi 1. júlí 1995 til 31. desember 1996? Óskað er upplýsinga um hverja árshelft um sig.
   a. Hvert er innflutningsmagn og innflutningsverð á vörum úr 6. og 7. kafla tollskrár sem tilgreindar eru í viðaukum IIIB og IVB með tollalögunum, sundurliðað eins og þar er gert:
      1. með 30% tolli skv. 2. mgr. 6. gr. A tollalaga eða lægri tolli,
      2. með tolli sem lækkaður hefur verið skv. 4. mgr. 6. gr. A tollalaga,
      3. með fullum tollum?
   b. Hver var innflutningur á sömu vörutegundum á tímabilinu 1. júlí 1993 til 1. júlí 1995?
   c. Hver var hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu sömu vöruflokka?
   d. Hvernig svarar innflutningur skv. a-lið til þeirra skuldbindinga Íslands í GATT-samningnum að tryggja að aðgangur fyrir innflutning á þessum vörum að markaði hér á landi verði ekki verri en hann var áður?
3. Hverjar voru tolltekjur ríkisins og tekjur af sölu tollkvóta af þeim vörum sem um er fjallað í 1.–2. lið, flokkaðar með sama hætti og þar er gert?

Skriflegt svar óskast.

772. Fyrirspurn [458. mál]

til fjármálaráðherra um tekjuskatt og bótagreiðslur.

Frá Árna M. Mathiesen.

1. Hve margir framteljendur greiða skatt umfram mótteknar bætur (barnabætur, barnabótaauka, vaxtabætur)?
2. Hve margir fá meira út úr skattkerfinu í formi bóta en þeir greiða í tekjuskatt?
3. Hve margir greiða engan tekjuskatt og fá engar bætur?
4. Hver eru skattleysismörkin hér á landi miðað við skattleysismörk hjá öðrum þjóðum?
5. Hve miklar tekjur af staðgreiðslunni (nettó) ganga til ríkis og hve miklar til sveitarfélaganna og hvernig hefur þetta hlutfall breyst frá upphafi staðgreiðslunnar?
6. Hvert er hlutfall tekjuskatta af heildartekjum ríkis og sveitarfélaga hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir?
7. Hvert er hlutfall tekjuskatts (að teknu tilliti til barnabóta) af heildartekjum hjá einstaklingum, einstæðum foreldrum og hjónum fyrir og eftir fyrirhugaðar skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar? Hvernig hafa jaðaráhrifin breyst hjá þessum hópum?
8. Hver eru hlutföll tekjuskatts hér á landi miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum?
9. Hvað kostar 1% í tekjuskattslækkun miðað við óbreytt skattleysismörk og hvað kostar hækkun skattleysismarka um 1.000 kr. á mánuði?
10. Hvernig hafa heildarskatttekjur ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu þróast á árunum 1988–96?

Skriflegt svar óskast.

773. Fyrirspurn [459. mál]

til viðskiptaráðherra um hlutafjáreign ríkisbankanna.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Í hvaða fyrirtækjum hafa ríkisbankarnir keypt hlutabréf á síðustu fimm árum? Hvert var kaupverðið í hverju einstöku tilviki?
2. Hversu mikinn arð hafa bankarnir fengið af þessu hlutafé? — Svar óskast sundurliðað eftir einstökum fyrirtækjum.
3. Í hvaða fyrirtækjum eiga bankarnir nú hlutafé? Hvert er nafnverð þeirra og bókfært verðmæti? Hversu stór hlutur er það af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækis?
4. Hver var ávöxtun hlutafjár í eigu ríkisbankanna á síðasta ári?

Skriflegt svar óskast.

774. Fyrirspurn [460. mál]

til dómsmálaráðherra um gerð björgunarsamninga.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Hver er stefna Landhelgisgæslunnar og dómsmálaráðuneytisins í gerð björgunarsamninga?

775. Frumvarp til laga [461. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það sem hér er lagt fram miðar að því að lagfæra vankanta á því ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt sem lýtur að samnýtingu skattkorta.

776. Svar [366. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um skiptingu bóta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig skiptust bætur árið 1996 milli skattumdæma, greint milli hjóna annars vegar og einhleypinga hins vegar, með og án barna, hlutfallslega og í heildarupphæðum:

a. barnabætur,
b. barnabótaauki,
c. vaxtabætur?

Eftirfarandi töflur sýna skiptingu barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta á árinu 1996 eftir skattumdæmum og greint er á milli hjóna og sambúðarfólks annars vegar og einhleypra hins vegar. Ekki voru tiltækar upplýsingar um vaxtabætur eftir því hvort bótaþegi var með eða án barns.

Barnabætur.

	Hjón og sambúðarfólk		Einhleypir		Samtals	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	683.707	34,1	338.034	53,1	1.021.741	38,7
Reykjanesumdæmi	563.942	28,1	157.028	24,7	720.971	27,3
Vesturlandsumdæmi	113.055	5,6	19.703	3,1	132.758	5,0
Vestfjarðaumdæmi	78.013	3,9	12.013	1,9	90.026	3,4
Norðurlandsumdæmi vestra	81.510	4,1	13.699	2,2	95.209	3,6
Norðurlandsumdæmi eystra	212.515	10,6	45.138	7,1	257.653	9,8
Austurlandsumdæmi	104.062	5,2	14.663	2,3	118.725	4,5
Suðurlandsumdæmi	127.780	6,4	27.049	4,3	154.829	5,9
Vestmannaeyjaumdæmi	41.358	2,1	8.818	1,4	50.177	1,9
Samtals	**2.005.943**	**100,0**	**636.144**	**100,0**	**2.642.087**	**100,0**

Barnabótaauki.

	Hjón og sambúðarfólk		Einhleypir		Samtals	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	391.692	30,7	410.933	49,7	802.625	38,2
Reykjanesumdæmi	337.007	26,4	206.486	25,0	543.494	25,9
Vesturlandsumdæmi	84.020	6,6	28.584	3,5	112.605	5,4
Vestfjarðaumdæmi	44.598	3,5	17.478	2,1	62.075	3,0
Norðurlandsumdæmi vestra	64.160	5,0	23.137	2,8	87.297	4,2
Norðurlandsumdæmi eystra	144.492	11,3	68.295	8,3	212.787	10,1
Austurlandsumdæmi	73.202	5,7	24.489	3,0	97.691	4,6
Suðurlandsumdæmi	118.944	9,3	35.618	4,3	154.562	7,4
Vestmannaeyjaumdæmi	17.674	1,4	11.591	1,4	29.265	1,4
Samtals	**1.275.790**	**100,0**	**826.611**	**100,0**	**2.102.401**	**100,0**

Vaxtabætur.

	Hjón og sambúðarfólk		Einhleypir		Samtals	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	894.193	39,9	580.587	54,7	1.474.780	44,7
Reykjanesumdæmi	767.063	34,3	267.150	25,2	1.034.213	31,3
Vesturlandsumdæmi	88.472	4,0	30.125	2,8	118.598	3,6
Vestfjarðaumdæmi	37.293	1,7	17.768	1,7	55.061	1,7
Norðurlandsumdæmi vestra	55.769	2,5	16.908	1,6	72.677	2,2
Norðurlandsumdæmi eystra	185.562	8,3	75.274	7,1	260.836	7,9
Austurlandsumdæmi	80.121	3,6	28.544	2,7	108.664	3,3
Suðurlandsumdæmi	99.179	4,4	33.677	3,2	132.856	4,0
Vestmannaeyjaumdæmi	31.339	1,4	11.842	1,1	43.181	1,3
Samtals	**2.238.991**	**100,0**	**1.061.874**	**100,0**	**3.300.865**	**100,0**

777. Fyrirspurn [462. mál]

til samgönguráðherra um hvíldar- og þjónustustaði fyrir ökumenn flutningabifreiða.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Eru fyrirhugaðar framkvæmdir við gerð „útskota“ (hvíldar- og þjónustustaða) fyrir flutningabifreiðar við helstu þjóðvegi landsins?

778. Fyrirspurn [463. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu þungaskatts.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Hvaða árangur hefur náðst í innheimtu þungaskatts af stórum bifreiðum með tilkomu ökurita?

779. Frumvarp til laga [152. mál]

um Flugskóla Íslands hf.

(Eftir 2. umr., 18. mars.)

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að beita sér fyrir stofnun hlutafélags um rekstur flugskóla sem nefnast skal Flugskóli Íslands hf.

Í þessu skyni er ráðherra heimilt að leggja fram í reiðufé allt að 4 millj. kr. sem hlutafé í hinu nýja félagi og kveðja aðra aðila til samstarfs um stofnun þess. Auk þess skal ráðherra heimilt að leggja félaginu til þann búnað sem Flugmálastjórn hefur nýtt til flugkennslu og verði hann metinn til hlutafjár.

2. gr.

Markmið skólastarfsins skal vera að veita menntun sem gerir nemendur hæfa til að taka að sér störf í þágu atvinnuflugs í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um skírteini atvinnuflugmanna og áritanir á þau. Samkvæmt því skal skólinn veita kennslu til undirbúnings prófa í atvinnuflugi.

Kennsla sú sem skólinn veitir skal miðast við öll stig atvinnuflugnáms og miða að því að búa nemendur undir próf loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til öflunar atvinnuflugréttinda í samræmi við gildandi reglur á hverjum tíma.

Flugskóli Íslands hf. skal leita samvinnu og samstarfs við aðra flugskóla um ákveðna kennsluþætti, einkum þá verklegu. Skulu nemendur eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flugskóla um afnot flugvéla, eða leggja til eigin vélar, enda verði skilyrðum skólans að öllu leyti fullnægt.

Skólinn skal sinna endurmenntun atvinnuflugmanna eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Þeir einir geta hafið nám í Flugskóla Íslands hf. sem:

1. uppfylla lágmarkskröfur um aldur og menntun, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð,
2. fullnægja skilyrðum um andlegt og líkamlegt heilbrigði til að fá útgefið skírteini eða áritun atvinnuflugmanns.

Heimilt er að halda inntökupróf í Flugskóla Íslands hf. og gera tiltekinn prófárangur að skilyrði fyrir að geta hafið nám.

4. gr.

Þriggja manna stjórn, sem kosin skal á aðalfundi ár hvert, fer með yfirstjórn skólans.

Samgönguráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu.

Stjórn skólans skipuleggur skólastarfið, ákvarðar tilhögun kennslu, undirbýr námskeið og stundaskrár og ákveður námsefni. Auk þess hefur stjórnin með höndum yfirstjórn annars þess sem varðar rekstur skólans. Hún ræður skólastjóra sem auk kennslu skal, sem framkvæmdastjóri, framfylgja ákvörðunum stjórnar. Stjórnin ræður kennara að skólanum í samráði við skólastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum.

Auk fjárframlaga samkvæmt samningi skólans við ríkið skal rekstur hans fjármagnaður með skólagjöldum nemenda. Stjórn skólans ákveður upphæð þeirra skólagjalda sem nemendum er gert að greiða.

Tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, heldur skal rekstrarafgangi varið til frekari uppbyggingar skólastarfsins og skulu samþykktir félagsins innihalda ákvæði þess efnis.

6. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að selja hluti ríkisins í félaginu. Engum einum aðila, öðrum en ríkinu, skal þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár.

7. gr.

Samgönguráðherra skal auglýsa opinberlega fund um stofnun hlutafélags um rekstur Flugskóla Íslands. Fyrir stofnfundinn skal m.a. leggja drög að samþykktum félagsins.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um stofnun og starfsemi Flugskóla Íslands hf. eftir ákvæðum hlutafélagalaga.

8. gr.

Heimilt er samgönguráðherra að kveða nánar á um fyrirkomulag á kennslu til prófa í atvinnuflugi og um próftöku með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

780. Viðbótarskýrsla [20. mál]

forsætisráðherra um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Meinlegar villur reyndust vera í útreikningi á sköttum, barnabótum o.fl. í töflu 3 á blaðsíðu 3 í skýrslu um þróun launa og lífskjara á Íslandi á árunum 1991–1996 sem útbýtt var á Alþingi 12. mars 1997 (þskj. 742). M.a. voru barnabætur ekki rétt reiknaðar og eins var forsenda frádráttar lífeyrisiðgjalds röng. Vegna þessara villna var sú mynd, sem gefin var af skattbyrði í skýrslunni, röng og sýndi mun meiri hækkun en raun var á. Leiðrétt tafla fylgir hér með.

Tafla 3. Tekjur, skattar og ráðstöfunartekjur á mánuði eftir hjúskaparstöðu.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Hjón með 2 börn[1]							
Atvinnutekjur	197.750	216.500	221.400	222.400	227.500	241.500	260.820
Tekjuskattur[2]	40.017	44.068	45.086	48.900	52.113	55.653	61.380
Barnabætur	7.574	8.242	5.458	5.503	5.542	5.664	5.685
Vaxtagjöld	19.442	21.317	22.825	23.108	23.383	23.658	24.317
Vaxtabætur	8.533	9.267	9.775	9.933	9.775	10.475	10.558
Ráðstöfunartekjur	173.840	189.941	191.546	188.936	190.704	201.986	215.683
Tekjuskattsbyrði, hlutfall af atvinnutekjum	12,1%	12,3%	13,5%	15,0%	16,2%	16,4%	17,3%

Einstætt foreldri með eitt barn[3]							
Atvinnutekjur	70.000	76.500	78.100	79.500	80.500	83.200	89.856
Tekjuskattur	6.371	7.063	7.155	8.954	9.752	9.868	11.823
Barnabætur	10.940	11.804	11.954	13.998	14.009	14.408	14.668
Vaxtagjöld	11.875	13.017	14.017	14.200	14.563	14.925	15.333
Vaxtabætur	6.767	7.550	8.167	8.267	8.308	9.225	9.425
Meðlag	6.814	7.315	7.509	10.300	10.300	10.712	10.794
Ráðstöfunartekjur	88.150	96.106	98.575	103.110	103.366	107.676	112.921
Bætur umfram tekjuskatt, hlutfall af atvinnutekjum	-16,2%	-16,1%	-16,6%	-16,7%	-15,6%	-16,5%	-13,7%
Einhleypir							
Atvinnutekjur	68.200	74.500	73.400	71.900	72.900	76.100	82.188
Tekjuskattur	6.371	7.063	7.155	8.954	9.752	9.868	11.823
Barnabætur	0	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld	10.525	11.517	12.617	12.875	12.983	13.092	13.600
Vaxtabætur	5.017	5.483	6.033	6.217	5.975	6.450	6.708
Ráðstöfunartekjur	66.846	72.920	72.278	69.163	69.123	72.682	77.074
Tekjuskattsbyrði, hlutfall af atvinnutekjum	2,0%	2,1%	1,5%	3,8%	5,2%	4,5%	6,2%
Til samanburðar							
Vísitala kaupmáttar ráðstöfunartekna	100,0	102,5	100,1	94,1	94,1	97,4	101,8

[1] Annað barnið er yngra en 7 ára, hitt eldra.
[2] Annað hjónanna aflar allra teknanna og nýtir 80% af persónuafslætti hins.
[3] Barnið er yngra en 7 ára.

Hér er miðað við meðalatvinnutekjur fremur en tekjuskattsstofn eins og gert var í skýrslunni. Er það gert til einföldunar. Á því tímabili sem skýrslan tekur til voru gerðar ýmsar breytingar á heimildum til frádráttar frá tekjum, svo sem hlutabréfafrádrætti, frádrætti vegna hluta lífeyrissjóðstekna o.fl., sem hefur í för með sér að tekjuskattsstofn er ekki góður kvarði á tekjuþróun. Jafnframt er flókið að gera þeim áhrifum skil í meðaltölum.

Eins og fram kemur í töflunni að framan eykst skattbyrði hjóna með tvö börn úr 12,1% í 17,3% eða um 5,2 prósentustig, en ekki um 6,6 stig eins og stóð í skýrslunni.

Þegar aukning skattbyrðar á þessu tímabili er metin er nauðsynlegt að hafa þrennt í huga. Í fyrsta lagi breytingar sem gerðar voru á álagningu óbeinna skatta samhliða breytingum á tekjusköttum. Árið 1993 var aðstöðugjald fellt niður og skatthlutfall hækkað um 1,5 prósentustig, en ríkissjóður greiddi tekjutap sveitarfélaga með þeim hætti. Tilgangur þessara breytinga var að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins, auka atvinnu og lækka verðlag. Árið 1994 var síðan útsvarshlutfall í staðgreiðslu hækkað um 1,6 prósentustig og tekjuskattshlutfall lækkað á móti um 1,15 prósentustig. Ástæða þess að tekjuskattshlutfallið lækkaði ekki meira var sú að virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður úr 24,5% í 14% frá og með 1. janúar 1994. Á móti var tekjuskattshlutfallið hækkað um 0,35%. Loks var heimilaður frádráttur vegna hluta launamanns í iðgjaldi til lífeyrissjóða og varð sú breyting á árunum 1995 og 1996. Á móti þeim breytingum var persónuafsláttur o.fl. fryst á árinu 1996.

Í öðru lagi hafa reglur um barnabætur og barnabótaauka breyst á þessu tímabili. Meginbreytingin felst í tilfærslu frá barnabótum yfir í tekju- og eignatengdan barnabótaauka og kom sú breyting til framkvæmda á árinu 1992. Þá var tekjuskerðingarhlutfall barnabótaaukans lækkað á árinu 1996 til að draga úr jaðaráhrifum hans á afkomu tekjulágra fjölskyldna. Þessar breytingar hafa hins vegar engin áhrif á skattbyrði þeirra hjóna sem stillt er upp í meðfylgjandi töflu, þar sem tekjur þeirra eru fyrir ofan tekjuviðmiðun

barnabótaaukans, en lækka að sama skapi skattbyrði tekjulægri barnafjölskyldna.

Í þriðja lagi er rétt að hafa í huga að uppbygging tekjuskattskerfisins hér á landi, þar sem saman fer eitt skatthlutfall og hár persónuafsláttur sem breytist í takt við verðlag fremur en laun, veldur því að skattbyrði hækkar þegar efnahagslífið er í uppsveiflu en lækkar á samdráttartímabilum. Þetta þarf að hafa í huga þegar skattbyrði er borin saman milli ára.

781. Frumvarp til laga [464. mál]

um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson,
Margrét Frímannsdóttir, Hjálmar Jónsson.

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Legstaður horfins manns er hluti af lögmætum kirkjugarði og fer eftir ákvæðum 4. gr. um hver sá kirkjugarður er. Óheimilt er að færa lík úr þeim legstað nema innan kirkjugarðs og þá til greftrunar eða brennslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði er varða lík týndra eða horfinna manna. Þau teljast utan kirkjugarðs og þar með ekki í vígðum reit. Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt og á þann hátt að legstaður horfinna manna teljist hluti af lögmætum kirkjugarði. Aðstandendum er þá sú huggun harmi gegn að líkin hvíla í vígðum reit og unnt verður að koma upp minnismerki um hinn látna innan kirkjugarðs. Finnist lík verður heimilt að færa það til greftrunar eða brennslu innan þess kirkjugarðs sem það liggur í.

Gert er ráð fyrir því að finnist lík horfins manns á landi verði það undantekningarlaust fært til greftrunar, en sé það á hafsbotni verði ekki skylt heldur fari eftir aðstæðum hvort svo verði gert og geti þá legstaður verið áfram vígður reitur þótt fundinn sé.

782. Svar [365. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur um skiptingu skattgreiðslna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptust skattgreiðslur milli skattumdæma árið 1996 á grundvelli tekna ársins 1995, hlutfallslega og í heildarupphæðum, greint eftir kynjum eftir því sem við á:*
   a. tekjuskattur einstaklinga,

b. tekjuskattur fyrirtækja,
c. virðisaukaskattur,
d. tryggingagjald?

2. *Hversu margir einyrkjar greiddu tryggingagjald árið 1996, hversu há var heildarupphæðin og hvernig skiptist hún milli skattumdæma og kynja?*

Eftirfarandi töflur sýna tekjuskatt og útsvör einstaklinga, tekjuskatt fyrirtækja og tryggingagjald samkvæmt álagningu 1996 og virðisaukaskatt ársins 1996 skipt milli skattumdæma. Greint er á milli karla og kvenna þegar um er að ræða gjöld á einstaklinga. Fjárhæðir í svarinu eru í þúsundum króna og jafnframt er sýnd hlutfallsleg skipting milli skattumdæma. Umbeðnar upplýsingar um tryggingagjald einyrkja eru ekki til staðar en tafla 1. d sýnir m.a. álagningu þess á einstaklinga skipt eftir kyni.

1. a Tekjuskattar einstaklinga.

Tekjuskattur	Karlar		Konur		Samtals	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	9.836.728	39,8	3.394.877	50,5	13.231.606	42,1
Reykjanesumdæmi	7.182.679	29,1	1.820.867	27,1	9.003.545	28,6
Vesturlandsumdæmi	1.159.789	4,7	229.631	3,4	1.389.420	4,4
Vestfjarðaumdæmi	950.547	3,8	174.968	2,6	1.125.514	3,6
Norðurlandsumdæmi vestra	754.782	3,1	151.585	2,3	906.367	2,9
Norðurlandsumdæmi eystra	2.197.273	8,9	417.545	6,2	2.614.817	8,3
Austurlandsumdæmi	1.092.371	4,4	195.480	2,9	1.287.851	4,1
Suðurlandsumdæmi	989.704	4,0	248.768	3,7	1.238.472	3,9
Vestmannaeyjaumdæmi	553.881	2,2	83.442	1,2	637.322	2,0
Samtals	**24.717.753**	**100,0**	**6.717.163**	**100,0**	**31.434.915**	**100,0**

Útsvar einstaklinga	Karlar		Konur		Samtals	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	5.210.483	36,6	3.219.697	42,6	8.430.180	38,7
Reykjanesumdæmi	3.959.895	27,8	1.963.370	26,0	5.923.265	27,2
Vesturlandsumdæmi	759.657	5,3	359.411	4,8	1.119.068	5,1
Vestfjarðaumdæmi	572.707	4,0	235.532	3,1	808.239	3,7
Norðurlandsumdæmi vestra	514.886	3,6	255.054	3,4	769.941	3,5
Norðurlandsumdæmi eystra	1.449.516	10,2	696.764	9,2	2.146.279	9,9
Austurlandsumdæmi	725.423	5,1	319.512	4,2	1.044.935	4,8
Suðurlandsumdæmi	720.253	5,1	399.117	5,3	1.119.371	5,1
Vestmannaeyjaumdæmi	306.358	2,2	106.867	1,4	413.225	1,9
Samtals	**14.219.179**	**100,0**	**7.555.323**	**100,0**	**21.774.502**	**100,0**

Tekjuskattur og útsvar einstaklinga	Karlar Þús. kr.	%	Konur Þús. kr.	%	Samtals Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	15.047.212	38,6	6.614.574	46,3	21.661.786	40,7
Reykjanesumdæmi	11.142.574	28,6	3.784.236	26,5	14.926.810	28,1
Vesturlandsumdæmi	1.919.446	4,9	589.042	4,1	2.508.488	4,7
Vestfjarðaumdæmi	1.523.254	3,9	410.499	2,9	1.933.753	3,6
Norðurlandsumdæmi vestra	1.269.668	3,3	406.640	2,8	1.676.308	3,2
Norðurlandsumdæmi eystra	3.646.788	9,4	1.114.308	7,8	4.761.097	8,9
Austurlandsumdæmi	1.817.794	4,7	514.992	3,6	2.332.785	4,4
Suðurlandsumdæmi	1.709.958	4,4	647.885	4,5	2.357.843	4,4
Vestmannaeyjaumdæmi	860.239	2,2	190.308	1,3	1.050.547	2,0
Samtals	**38.936.932**	**100,0**	**14.272.485**	**100,0**	**53.209.417**	**100,0**

1. b Tekjuskattur lögaðila.

	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	3.380.211	65,1
Reykjanesumdæmi	904.248	17,4
Vesturlandsumdæmi	70.325	1,4
Vestfjarðaumdæmi	184.383	3,5
Norðurlandsumdæmi vestra	76.005	1,5
Norðurlandsumdæmi eystra	337.562	6,5
Austurlandsumdæmi	83.866	1,6
Suðurlandsumdæmi	114.428	2,2
Vestmannaeyjaumdæmi	43.944	0,8
Samtals	**5.194.972**	**100,0**

1. c Virðisaukaskattur.

	Útskattur þús. kr.	%	Innskattur þús. kr.	%	Álagning þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	66.120.938	47,7	48.203.762	53,3	17.917.176	37,1
Reykjanesumdæmi	17.488.314	12,6	14.828.250	16,4	2.660.065	5,5
Vesturlandsumdæmi	4.160.409	3,0	3.898.090	4,3	262.319	0,5
Vestfjarðaumdæmi	2.575.669	1,9	3.184.463	3,5	-608.794	-1,3
Norðurlandsumdæmi vestra	2.694.878	1,9	3.232.167	3,6	-537.289	-1,1
Norðurlandsumdæmi eystra	7.830.485	5,6	7.615.734	8,4	214.751	0,4
Austurlandsumdæmi	3.253.538	2,3	3.707.602	4,1	-454.064	-0,9
Suðurlandsumdæmi	4.886.757	3,5	4.362.842	4,8	523.915	1,1
Vestmannaeyjaumdæmi	1.242.487	0,9	1.343.713	1,5	-101.227	-0,2
Utan skattstofa	1.945	0,0	1.366	0,0	579	0,0
Vsk. á innflutning í tolli	28.463.574	20,5	0	0,0	28.463.574	58,9
Samtals	**138.718.995**	**100,0**	**90.377.988**	**100,0**	**48.341.007**	**100,0**

Varast verður að draga ályktanir af skiptingu álagðs virðisaukaskatts á milli umdæma þar sem samsetning skattskyldrar veltu er mjög misjöfn og leiðir til þess að álagning er neikvæð þar sem útflutningur er tiltölulega mikill.

1. d Tryggingagjald.

	Karlar		Konur		Lögaðilar	
	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%	Þús. kr.	%
Reykjavíkurumdæmi	405.786	34,6	65.083	37,1	6.338.694	64,1
Reykjanesumdæmi	360.879	30,8	53.101	30,3	1.290.523	13,1
Vesturlandsumdæmi	80.449	6,9	8.189	4,7	330.925	3,3
Vestfjarðaumdæmi	40.939	3,5	5.266	3,0	277.525	2,8
Norðurlandsumdæmi vestra	39.942	3,4	8.882	5,1	227.059	2,3
Norðurlandsumdæmi eystra	90.641	7,7	14.624	8,3	684.717	6,9
Austurlandsumdæmi	51.028	4,3	7.543	4,3	300.359	3,0
Suðurlandsumdæmi	78.959	6,7	9.527	5,4	290.124	2,9
Vestmannaeyjaumdæmi	24.867	2,1	3.220	1,8	141.892	1,4
Samtals	**1.173.491**	**100,0**	**175.435**	**100,0**	**9.881.818**	**100,0**

783. Svar [353. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Marðar Árnasonar um skotvopn í opinberri eigu.

1. *Hver er skotvopnaeign:*
   a. *lögreglu,*
   b. *landhelgisgæslu?*
   Svar óskast sundurliðað eftir fjölda og tegundum.

Til þessa hafa þær upplýsingar sem fyrirspyrjandi biður um talist til löggæsluupplýsinga sem af öryggisástæðum er ekki greint frá opinberlega. Af þeim sökum telur ráðuneytið ekki rétt að svara spurningunni.

2. *Hvaða reglur gilda um þessi skotvopn skv. 2. gr. laga nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda?*

Þessar reglur eru til og voru settar af ráðuneytinu 22. maí 1987. Af sömu ástæðum og fyrr voru nefndar hafa þær ekki verið birtar opinberlega heldur notaðar sem innanhússreglur hjá lögreglu. Lögregluskólinn hefur unnið að endurskoðun reglnanna. Ekki eru sjáanleg nein rök sem mæla með því að reglurnar verði nú gerðar opinberar.

3. *Hvaða reglur gilda um innflutning sérstaklega hættulegra tegunda skotvopna, þar á meðal sjálfvirkra skotvopna skv. 7. gr. fyrrnefndra laga? Hvernig eru reglur ráðuneytisins um viðskipti með þessi vopn sem samkvæmt lagagreininni er óheimilt að flytja til landsins?*

Skv. 21. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 20. janúar 1978, er innflutningur eftirtalinna tegunda skotvopna bannaður:

— Skotvopn sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði.
— Sjálfvirk skotvopn.
— Hálfsjálfvirkir rifflar.

Enn fremur hefur ráðuneytið fellt undir þetta bann önnur skotvopn og hluta þeirra, enda verði talið að slíkur búnaður sé sérstaklega hættulegur. Hefur m.a. alfarið verið bannað að flytja hljóðdeyfa til landsins á grundvelli þess.

Ráðuneytið hefur heimild til þess að veita undanþágu frá banninu, enda sé brýn nauðsyn á því. Hafa slíkar undanþágur verið veittar stöku sinnum á umliðnum árum, einkum lögreglu sem talið hefur rétt að fara eftir skotvopnalögum að þessu leyti þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13 maí 1977.

Með vísan til almennra reglna skotvopnalöggjafarinnar þarf samþykki ráðuneytisins alltaf að koma til áður en eigendaskipti geta átt sér stað á fyrrgreindum skotvopnum. Ekki hefur komið til þess á umliðnum árum að slíkt samþykki hafi verið veitt.

4. *Hver er skotvopnaeign annarra stofnana sem heyra undir dómsmálaráðuneytið og hvaða reglur gilda um meðferð þeirra skotvopna ef til eru?*

Ekki er kunnugt um að skotvopn séu í eigu stofnana sem heyra undir ráðuneytið, annarra en lögreglu og landhelgisgæslu.

Verði þess óskað mun ráðuneytið veita allsherjarnefnd Alþingis upplýsingar í trúnaði um 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.

784. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um helgidagafrið.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Benedikt Bogason og Þórhall Ólafsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Elínu Vígdísi Hallvarðsdóttur, fullrúa lögreglustjórans í Reykjavík, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Jónas Hvannberg frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Björn Inga Hrafnsson frá Sambíóunum og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Félagi starfsfólks í veitingahúsum og Valbirni Steingrímssyni. Einnig studdist nefndin við umsagnir sem henni bárust um málið á 120. löggjafarþingi.

Frumvarpið felur í sér allnokkra rýmkun á heimildum til ýmiss konar starfsemi á helgidögum og hefur verið rætt ítarlega um það í nefndinni hversu rúmar slíkar heimildir eigi að vera og á hvaða dögum þær eigi að gilda. Komu þar helst fram þau sjónarmið að leitast við að tryggja friðhelgi heimila og helgihald jólanna eins og frekast væri unnt, en hafa víðtækari heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska, en það er sá tími sem algengt er að fjölskyldur nýti til ferðalaga og afþreyingar.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali:

1. Með breytingartillögu við 2. gr. er lagt til að jóladagur til kl. 6.00 að morgni næsta dags falli undir 3. tölul. 2. gr. ásamt aðfangadegi í stað 2. tölul. áður. Jafnframt er lagt til að mun þrengri undanþágur frá helgidagafriði verði heimilaðar á þessum helgidögum þjóðkirkjunnar en á helgidögum skv. 2. tölul.
2. Nokkrar breytingar eru lagðar til við 5. gr. frumvarpsins. Miða þær m.a. að því að þrengja undanþágur á aðfangadegi jóla og jóladegi. Vegna þessa er lagt til að þær undanþágur sem fram koma í 1. mgr. nái aðeins til helgidaga skv. 2. tölul. og jafnframt að ný málsgrein bætist við greinina þar sem taldar eru undanþágur frá helgi-

dagafriði á aðfangadag og jóladag. Þær undanþágur heimila lágmarksgrunnþjónustu og er þar sérstaklega tekið mið af þörfum ferðamanna. Með þessari breytingartillögu er verið að tryggja helgihald jólanna, en þær víðtæku undanþágur sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 5. gr. þykja ekki samræmanlegar því markmiði.

Í 1. tölul. 5. gr. er lagt til að felld verði niður heimild til að hafa verslanir með neyðarbúnað opnar, en ekki þykir ljóst við hvaða verslanir er átt.

Loks er lagt til að undanþága 3. tölul. 5. gr. verði ekki bundin við listviðburði sem hafa sígilt listrænt gildi, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Mat á gildi listviðburða er væntanlega mjög erfitt í framkvæmd og hætta á að misræmi skapist milli byggðarlaga, auk þess sem ekki þykir ástæða til að gera tegundum listsköpunar mishátt undir höfði. Einnig þykir nefndinni rétt að undanþágan nái einnig til kvikmyndasýninga þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að leiksýningar verði heimilaðar og ekki þykja rök fyrir því að gera upp á milli þessara listgreina.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1997.

Valgerður Sverrisdóttir, varaform., frsm.	Hjálmar Jónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason,	Jón Kristjánsson.	Ögmundur Jónasson.
Kristján Pálsson.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

785. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til l. um helgidagafrið.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „Jóladagur og“ í 2. tölul. falli brott.
   b. Við 3. tölul. bætist: og jóladagur til kl. 6.00 að morgni næsta dags.
2. Við 5. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Á helgidögum skv. 2. tölul. 2. gr. er eftirfarandi starfsemi undanþegin banni því er greinir í 4. gr.
   b. Orðin „verslana með neyðarbúnað“ í 1. tölul. 1. mgr. falli brott.
   c. 3. tölul. 1. mgr. orðist svo: Listsýningar, tónleikar, leiksýningar og kvikmyndasýningar eða sams konar sýningar. Einnig má halda og veita aðgang að sýningum er varða vísindi eða er ætlað að gegna almennu upplýsingahlutverki, svo og að hafa opin listasöfn og bókasöfn. Starfsemi þessi má ekki hefjast fyrr en kl. 15.00.
   d. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo: Á helgidögum skv. 3. tölul. 2. gr. er starfsemi lyfjabúða, bifreiðastöðva, gisti- og veitingastarfsemi undanþegin því banni er greinir í 4. gr.

786. Fyrirspurn [465. mál]

til fjármálaráðherra um réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða reglur — samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum — gilda um launagreiðslur, lífeyrisgreiðslur, starfsaldurshækkanir og aðra réttindaávinnslu, lengd orlofs, rétt feðra og annað sem máli skiptir í fæðingarorlofi, hjá
   a. ríki,
   b. sveitarfélögum,
   c. bönkum,
   d. öðrum?
2. Hvað voru greiðslurnar háar á síðasta ári vegna starfa hjá
   a. hinu opinbera,
   b. bönkum,
   c. öðrum?
3. Hve margar fæðingar var um að ræða og hver er áætlaður launatengdur kostnaður að meðaltali í hverju tilviki? Hver var heildarkostnaðurinn á hvert fæðingarorlof að meðaltali, annars vegar útlagður kostnaður og hins vegar að meðtöldum tengdum kostnaði?
4. Hve mikill mundi kostnaðurinn verða á ári ef réttindi yrðu samræmd þannig að allir nytu bestu réttinda?

Skriflegt svar óskast.

787. Fyrirspurn [466. mál]

til dómsmálaráðherra um akstur lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða.

Frá Hjálmari Árnasyni.

1. Hversu mörg slys eða óhöpp hafa orðið hér á landi síðustu fimm árin vegna aksturs lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða í útköllum? Hafa bílstjórar umræddra farartækja í einhverjum þessara tilvika sætt refsingum eða öðrum viðurlögum fyrir ógætilegan akstur? Hvernig er bótarétti og bótaskyldu starfsmanna háttað þegar óhöpp verða?
2. Hversu oft á síðustu fimm árum hafa lögreglumenn þurft að beita þvingunaraðgerðum til að stöðva akstur ökumanna sem brotið hafa af sér? Hafa hlutaðeigandi lögreglumenn í einhverjum tilvikum sætt refsingum eða öðrum viðurlögum fyrir ógætilegan akstur? Hvernig er bótarétti og bótaskyldu lögreglumanna háttað í þessum tilvikum?

3. Hvaða öryggiskröfur eru í gildi um farartæki sem skilgreind eru sem neyðarbílar (lögreglu-, sjúkraflutninga- eða slökkviliðsbifreiðar)?

Skriflegt svar óskast.

788. Fyrirspurn [467. mál]

til fjármálaráðherra um opinberar framkvæmdir.

Frá Pétri H. Blöndal.

Hefur verið farið út í opinberar framkvæmdir á vegum ríkisins þar sem ekki hafa legið fyrir áætlanir um hvenær viðkomandi fjárfestingar yrðu teknar í notkun?

Ef svo er, um hvaða framkvæmdir er að ræða, hvenær hófust þær, hve mikið hefur þegar verið fjárfest, hver er áætluð heildarfjárfesting og hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður eftir að framkvæmdum er lokið?

Svar óskast miðað við framkvæmdir þar sem áætlaður heildarkostnaður er meiri en 100 millj. kr. á verðlagi ársins 1997.

Skriflegt svar óskast.

789. Fyrirspurn [468. mál]

til iðnaðarráðherra um rannsóknir Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu norðan Vatnajökuls.

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á vegum Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu norðan Vatnajökuls sl. fjögur ár?
2. Munu þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hugsanlega leiða til breytinga á hönnun virkjunar Jökulsár í Fljótsdal, öðru nafni Fljótsdalsvirkjunar?

Skriflegt svar óskast.

790. Svar [398. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um framkvæmd laga um fangelsi og fangelsisvist.

Á landinu eru 138 fangapláss í fimm fangelsum. Þau eru:
1. Fangelsið Litla-Hrauni: 87 fangapláss.
2. Hegningarhúsið í Reykjavík: 16 fangapláss.
3. Fangelsið Kópavogsbraut 17, Kópavogi: 12 fangapláss.
4. Fangelsið Kvíabryggju: 14 fangapláss.
5. Fangelsisdeildin í lögreglustöðinni á Akureyri: níu fangapláss.

1. *Hvernig er staðið að framkvæmd 14. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að fangi skuli eiga kost á að stunda nám? Hversu margir fangar stunduðu nám árin 1995 og 1996 og hversu margir áttu þess ekki kost, sundurliðað eftir fangelsum?*

Það er einungis í fangelsinu Litla-Hrauni sem boðið er upp á reglubundið nám. Fjölbrautaskóli Suðurlands rekur þar sérstaka deild fyrir fanga. Óski karlfangi í upphafi afplánunar að stunda nám er yfirleitt unnt að verða við því með því að hann afpláni refsingu sína á Litla-Hrauni. Allir fangar á Litla-Hrauni eiga kost á að stunda nám svo framarlega að þeir séu komnir í fangelsið í síðasta lagi u.þ.b. mánuði eftir upphaf skólaannar. Á vorönn 1995 stunduðu 24 fangar nám við skólann og á haustönn voru þeir 26. Á vorönn 1996 stundaði 21 fangi nám og 35 á haustönn.

Þá hefur föngum á Litla-Hrauni með reglubundnum hætti verið boðið upp á að sækja grunnnámskeið í stjórnun og meðferð þungavinnuvéla og námskeið í siglingafræði til 30 tonna skipstjórnarréttinda.

Kvenfangar afplána refsingu sína í fangelsinu Kópavogsbraut 17, Kópavogi. Að jafnaði eru 2–6 konur í afplánun. Í einstökum tilvikum hefur Fangelsismálastofnun í samráði við menntamálaráðuneytið fengið kennara til að kenna einstökum föngum í fangelsinu. Á árunum 1995 og 1996 fékk einn kvenfangi slíka kennslu. Komið hefur fyrir að fangar á Kvíabryggju hafi fengið kennslu með sambærilegum hætti.

Karl- og kvenfangar sem eiga kost á að ljúka afplánun á áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19 í Reykjavík geta fullnægt skilyrðum um slíka vistun með því að stunda fullt nám.

Auk framanritaðs kemur það fyrir að fangar sem eru í námi fyrir afplánun reyni að halda því námi áfram utan skóla meðan á afplánun stendur.

2. *Hversu margir fangar hafa á síðustu fimm árum*
   a. stundað nám á verknámsbraut,
   b. lokið slíku námi,
   c. stundað nám á bóknámsbraut,
   d. lokið slíku námi,
   á meðan á refsivist stóð?

Á tíu skólaönnum á tímabilinu 1992–96 hafa 216 fangar samtals verið innritaðir í skólann á Litla-Hrauni. Oft er um það að ræða að sömu fangarnir innritist á fleiri en eina önn, en ekki eru tiltækar upplýsingar um það hversu margir einstaklingar hafi stundað þar nám.

Á þessu tímabili hafa 177 fangar lokið prófum upp á 866 einingar. Auk þess hafa margir fangar lokið einingalausu fornámi. Ekki er hægt að greina á milli verknáms- og bóknámsbrauta. Fangar eru almennt ekki komnir lengra í námi en það að þær námseiningar sem þeir ljúka nýtast þeim á báðum brautum. Tveir fangar hafa lokið stúdentsprófi á framangreindu tímabili.

3. *Hver var heildarkostnaður við nám fanga innan og utan fangelsa á sama tímabili, annars vegar kostnaður ríkisins og hins vegar kostnaður fanga?*

Kostnaður við laun kennara og akstur þeirra til Litla-Hrauns er greiddur af Fjölbrautaskóla Suðurlands. Árið 1995 var þessi kostnaður 4.351.863 kr. og árið 1996 6.166.736 kr.

Fangelsið á Litla-Hrauni greiðir kostnað við tækjabúnað og námsgögn og nam sá kostnaður 417.498 kr. árið 1995 og 1.223.000 kr. árið 1996. Árið 1996 er meðtalinn kostnaður við að koma upp aðstöðu vegna kennslu í málmsuðu sem bættist við námsgreinarnar á árinu. Fangelsisyfirvöld hafa ekki upplýsingar um kostnað fanga við að stunda nám á Litla-Hrauni. Til að hvetja fanga til að stunda nám í fangelsinu fá þeir greidd fangalaun fyrir skólagöngu.

4. *Hvernig er staðið að framkvæmd 15. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að fanga skuli séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana og líkamsþjálfunar? Í hvaða fangelsum er slík aðstaða og hvernig er hún? Í hvaða fangelsum er ekki slík aðstaða? Má þar vænta úrbóta og ef svo er, hvenær?*

Á Litla-Hrauni var nýlega tekinn í notkun nýr, tæplega 200 m^2 íþróttasalur sem búinn er mjög fullkomnum tækjum til þrekæfinga, boltaleikja o.fl. Á svæðinu er einnig fótboltavöllur utan húss. Þá eru í fangelsinu fjögur billjardborð. Sjónvarpstæki eru í sameiginlegu rými á öllum deildum. Þar hafa allir fangar aðgang að ríkissjónvarpinu og Stöð 2. Á sumum deildum er aðgangur að sex sjónvarpsrásum. Fangar hafa heimild til að hafa eigin sjónvarpstæki í klefum sínum og sama gildir um hljómflutningstæki. Þá fá margir fangar að hafa eigin tölvu í klefum sínum. Sérstakur íþróttafulltrúi var ráðinn til starfa á Litla-Hrauni á árinu 1996 og hefur hann umsjón með íþrótta- og tómstundastarfi fanga, auk þess sem hann sinnir almennum gæslustörfum. Þá er nokkuð um að tónlistarmenn og aðrir listamenn komi og heimsæki fangelsið og hafi ofan af fyrir föngum og einnig koma hópar valinkunnra manna og leika knattspyrnu við fanga.

Í Hegningarhúsinu hafa fangar aðgang að sérstöku herbergi þar sem eru áhöld til líkamsræktar, svo sem fjölnota æfingabekkur og þrekhjól. Í fangagarðinum er lítill völlur sem unnt er að nota til körfubolta- og fótboltaæfinga. Í sameiginlegu rými er sjónvarp sem unnt er að tengja við myndbandstæki á varðstofu. Þá geta fangar almennt fengið að hafa eigin sjónvarpstæki og tölvur í klefum sínum. Föngum er séð fyrir spilum og búnaði til skákiðkunar.

Í fangelsinu Kópavogsbraut 17, Kópavogi hafa fangar aðgang að sérstöku herbergi þar sem eru áhöld til líkamsræktar, svo sem fjölnota æfingabekkur og þrekhjól. Fangavörður sem hefur umsjón með vinnu fanga liðsinnir einnig föngum við tómstundaiðkun. Haldin eru námskeið í handavinnu og föndri. Í fangelsisgarði er aðstaða til iðkunar boltaleikja og fleiri útiíþrótta.

Á Kvíabryggju er aðstaða innan húss þar sem fangar hafa aðgang að æfingartækjum. Þá hafa þeir aðgang að billjardborði, spilum og búnaði til skákiðkunar. Sjónvarps- og myndbandstæki eru í sameiginlegu rými og fangar geta fengið að hafa eigin sjónvarps-

tæki og tölvur í klefum. Lóð fangelsisins er stór og geta fangar notað hana alla til útiveru og íþróttaæfinga. Á staðnum er golfvöllur.

Í fangelsisdeildinni á Akureyri er sérstakt herbergi með fullkomnu æfingatæki til líkamsræktar. Í fangelsisgarði er aðstaða til iðkunar boltaleikja og fleiri útiíþrótta. Föngum eru útveguð spil og búnaður til skákiðkunar. Sjónvarpstæki er í sameiginlegri aðstöðu og unnt er að tengja það við myndbandstæki á varðstofu. Fangar geta fengið að hafa eigin sjónvarpstæki og tölvur í klefum.

Eins og að framan er rakið er aðstaðan allt frá því að vera viðunandi upp í það að vera mjög góð og eru ekki uppi frekari áætlanir um endurbætur á þessu sviði, en gert er ráð fyrir stígandi þróun í takt við tíðarandann.

791. Svar [399. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um framkvæmd laga um fangelsi og fangavist.

Á landinu eru 138 fangapláss í fimm fangelsum. Þau eru:

1. Fangelsið Litla-Hrauni: 87 fangapláss.
2. Hegningarhúsið í Reykjavík: 16 fangapláss.
3. Fangelsið Kópavogsbraut 17, Kópavogi: 12 fangapláss.
4. Fangelsið Kvíabryggju: 14 fangapláss.
5. Fangelsisdeildin í lögreglustöðinni á Akureyri: níu fangapláss.

1. Hvernig er staðið að framkvæmd 13. gr. laga um fangelsi og fangavist þar sem kveðið er á um að í fangelsum skuli vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu? Hvernig er aðstaðan í hverju fangelsi fyrir sig?

Í fangelsinu á Litla-Hrauni er aðstaða til vinnu góð eftir að nýr vinnuskáli var tekinn í notkun og eldra atvinnuhúsnæði endurbætt. Helstu þættir fangavinnunnar eru steypuvöruframleiðsla, bílnúmeragerð, framleiðsla á vörubrettum, samsetning og glerjun glugga, öskjuframleiðsla, kortagerð úr endurunnum pappír, járnsmíði, skrúfubútaframleiðsla og línuuppsetning, auk starfa við ræstingu, þvotta og viðhald húsa og lóðar.

Í Hegningarhúsinu í Reykjavík er engin sérstök aðstaða til vinnu.

Í fangelsinu Kópavogsbraut 17, Kópavogi er aðstaða til vinnu. Þar er m.a. þvottahús sem annast þvotta fyrir fangelsin í Reykjavík. Þá er unnið að ýmsum smáverkefnum.

Í fangelsinu Kvíabryggju er góð aðstaða til vinnu.

Í fangelsisdeildinni á lögreglustöðinni á Akureyri er engin sérstök aðstaða til vinnu.

2. Hversu margir fangar stunda fulla vinnu eða vinna hluta úr degi?

Á Litla-Hrauni stunduðu 42 fangar vinnu þann 11. mars 1996.

Í Hegningarhúsinu hafa tveir fangar vinnu við ræstingar, þrif og önnur tilfallandi störf í fangarými.

Í fangelsinu Kópavogsbraut 17, Kópavogi voru sjö vinnandi fangar 11. mars 1997.

Á Kvíabryggju vinna allir fangar.

Í fangelsisdeildinni á Akureyri starfar einn fangi við þrif á sameiginlegu fangarými.

3. *Hversu margir fangar eru án vinnu*
   a. *vegna veikinda eða annarra persónulegra ástæðna,*
   b. *vegna þess að aðstæður eru ekki fyrir hendi í fangelsum til að standa við umrætt ákvæði laganna?*

Þann 11. mars 1997 voru afplánunarfangar 118, gæsluvarðhaldsfangar tíu og þrír afplánuðu vararefsingu fésekta. Af þeim stunduðu um 80 vinnu eða nám í fangelsunum. Sex fangar voru utan fangelsa í vinnu, fjórir í áfengismeðferð og tveir á sjúkrahúsi. Um 70% fanga voru því í vinnu, námi eða á sjúkrastofnun. Sumir fangar eru ekki vinnufærir og öðrum er ekki haldið til vinnu vegna agabrota í fangelsinu. Atvinnuástand er verst í fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Þann 11. mars 1997 var 31 fangi vistaður í þessum fangelsum. Af þeim voru tíu með einhverja vinnu og einn á sjúkrastofnun. Miðað við að allir aðrir sem vistaðir eru í fangelsunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri séu vinnufærir vantar vinnu fyrir 20 fanga. Þótt atvinnuástand sé almennt þokkalegt á Litla-Hrauni og Kvíabryggju koma tímabil þar sem erfitt er að finna vinnu við hæfi hvers og eins. 11. mars 1997 voru 18 fangar á Litla-Hrauni án vinnu af persónulegum ástæðum eða vegna þess að þeir voru óvinnufærir eða gátu ekki unnið vegna agabrota. Í því fangelsi er algengt að tveir til fjórir fangar séu ekki í vinnu fyrstu dagana eftir komu í fangelsið þar sem ekki eru ávallt í boði störf við hæfi hvers og eins.

4. *Hvernig er staðið að launagreiðslum til refsifanga, annars vegar hvað varðar greidd laun á vinnustund og hins vegar skil á launatengdum gjöldum af greiddum launum?*

Á Litla-Hrauni er tímakaup fanga 175–250 kr. og er þá tekið mið af arðsemi vinnunnar og vinnuhæfni fanga. Þeim föngum sem stunda nám eru einnig greidd laun.

Í Hegningarhúsinu í Reykjavík og fangelsinu Kópavogsbraut 17, Kópavogi er tímakaup fanga 175 kr. á klst.

Á Kvíabryggju er vinnan að hluta til ákvæðisvinna og geta fangar þá haft á bilinu 350–700 kr. á tímann. Þegar ekki er ákvæðisvinna er tímakaup 200 kr.

Í fangelsum er ekki staðið skil á launatengdum gjöldum, en á Kvíabryggju er greitt gjald til verkalýðsfélagsins á staðnum.

792. Svar [400. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um framkvæmd laga um fangelsi og fangavist.

Á landinu eru 138 fangapláss í fimm fangelsum. Þau eru:

1. Fangelsið á Litla-Hraun: 87 fangapláss.
2. Hegningarhúsið í Reykjavík: 16 fangapláss.
3. Fangelsið að Kópavogsbraut 17, Kópavogi: 12 fangapláss.
4. Fangelsið á Kvíabryggju: 14 fangapláss.
5. Fangelsisdeildin í lögreglustöðinni á Akureyri: 9 fangapláss.

1. Hvernig er staðið að framkvæmd 5. tölul. 2. gr. laga um fangelsi og fangavist (um sérhæfða þjónustu) hvað varðar sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf? Hversu margir fangar fengu þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og fjölda þeirra skipta sem hver einstaklingur fékk þjónustuna? Var þörfinni fyrir þessa þjónustu fullnægt? Ef ekki, hversu mörgum beiðnum var synjað?

Hjá Fangelsismálastofnun starfar einn sálfræðingur. Árið 1996 var ráðinn sérstakur sálfræðingur til starfa á Litla-Hrauni, en hann lét af störfum eftir fjóra mánuði og í framhaldi af því var auglýst eftir sálfræðingi til starfa en án árangurs. Stefnt er að því að auglýsa á ný eftir sálfræðingi til starfa á Litla-Hrauni. Í töflunni eru tölulegar upplýsingar um veitta þjónustu sálfræðings Fangelsismálastofnunar, þ.e. fjölda viðtala og heimsókna í fangelsin.

Fangelsi/staður	Ferðir í fangelsi		Einstaklingar[1]		1–5 viðtöl		6 viðtöl og fleiri		Viðtöl alls	
	1995	1996	1995	1996	1995	1996	1995	1996	1995	1996
Fangelsismálastofnun	-	-	31	41	23	32	8	9	153	178
Hegningarhúsið	33	25	34	22	31	20	3	2	86	43
Fangelsið, Litla-Hrauni	23	13	29	26	19	24	10	2	166	52
Fangelsið, Kópavogi	25	11	22	14	19	14	3	-	63	23
Fangelsið, Kvíabryggju	7	5	14	15	14	15	-	-	32	34
Fangelsið í Síðumúla[2]	21	10	12	7	11	5	1	2	27	19
Fangelsið á Akureyri	2	3	5	3	5	3	-	-	5	3
Réttargeðdeildin, Sogni	-	4	-	2	-	2	-	-	-	4
Annar sálfræðingur .	-	?	-	46	-	?	-	?	-	288
Samtals	**111**	**71**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**-**	**532**	**644**

[1] Hér er um að ræða fjölda einstaklinga á hverjum stað. Fangar eru oft færðir á milli fangelsa og nokkrir koma til viðtals á skrifstofu Fangelsismálastofnunar, bæði fyrir og eftir afplánun.

[2] Síðumúlafangelsinu var lokað í maí 1996.

Í framhaldi af því að félagsráðgjafi sem starfaði hjá Fangelsismálastofnun lét af störfum árið 1993 var ákveðið að færa þau störf, sem félagsráðgjafi sinnti, út í fangelsin að hluta og til þess ætlast að þeim væri sinnt af starfsmönnum fangelsanna. Árið 1995 var gerður samningur við Félagasamtökin Vernd m.a. um að þau sinntu að hluta til félagslegri þjónustu við fanga og þá sem hlotið hafa skilorðsbundna reynslulausn úr fangelsi. Starfsmaður Verndar heimsækir fangelsin reglulega. Í ársbyrjun 1997 hófst samstarf félagsmálastofnunar Reykjavíkur, Fangelsismálastofnunar og félagasamtakanna Verndar um aukna félagslega þjónustu við þá fanga sem ljúka afplánun í áfengis- og vímuefnameðferð eða fara í slíka meðferð strax að lokinni afplánun. Þá sinna einstakar félagsmálastofnanir erindum fanga, svo og starfsmenn Fangelsismálastofnunar, auk starfsmanna fangelsanna eins og áður segir. Tölulegar upplýsingar um veitta félagslega þjónustu við fanga eru ekki til né heldur upplýsingar um hve mörgum, ef nokkrum, hefur verið synjað um þjónustu.

Haustið 1996 hófst samstarf Fangelsismálastofnunar og Rauða kross Íslands um svonefndar vinaheimsóknir þeirra síðarnefndu í fangelsið að Litla-Hrauni. Sérþjálfaðir sjálfboðaliðar Rauða krossins heimsækja fanga á meðan á afplánun stendur með það að markmiði að styðja við bakið á þeim þegar þeir halda á ný út í lífið að lokinni refsivist.

Fangelsismálastofnun hefur ekki reynt að skilgreina við hvað eigi að miða þegar metin er þörf á þjónustu sálfræðinga eða félagslegri þjónustu við fanga. Eins og áður er fram komið er stefnt að því að auglýsa eftir sálfræðingi til starfa og er ástæðan sú að talin er brýn þörf á að auka slíka þjónustu. Að svo stöddu er ekki fyrirhugað að ráða félagsráðgjafa til starfa hjá Fangelsismálastofnun heldur að þróa frekar og bæta þá þjónustu sem ætlast er til að fangelsin veiti föngum á þessu sviði til viðbótar við þá þjónustu sem félagasamtökin Vernd veita.

2. *Hvernig er staðið að almennri læknis- og hjúkrunarþjónustu í fangelsum annars vegar og sérhæfðri læknisþjónustu, þar með talinni þjónustu geðlækna, hins vegar? Hversu margir þurftu á þessari þjónustu að halda árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og fjölda þeirra skipta sem hver einstaklingur fékk þjónustuna? Var þörfinni fyrir þessa þjónustu fullnægt? Ef ekki, hversu mörgum beiðnum var hafnað eða ekki sinnt?*

Í einstökum fangelsum er almennri læknisþjónustu sinnt með eftirfarandi hætti:

Á Litla-Hrauni er samningur við lækni sem sinnir almennri læknisþjónustu og hefur hann viðtalstíma í fangelsinu tvisvar í viku.

Almennri læknisþjónustu í Hegningarhúsinu í Reykjavík og fangelsinu að Kópavogsbraut 17, Kópavogi, er sinnt af heilsugæslustöðinni í Lágmúla samkvæmt sérstökum samningi. Við þessi fangelsi starfa auk þess tveir hjúkrunarfræðingar í 25% starfi hvor. Læknar og hjúkrunarfræðingar koma reglubundið í Hegningarhúsið tvisvar í viku og einu sinni í viku í fangelsið að Kópavogsbraut 17.

Í fangelsinu á Kvíabryggju og í lögreglustöðinni á Akureyri er læknisþjónustu sinnt samkvæmt beiðni hverju sinni.

Við komu í fangelsi eru allir fangar skoðaðir af lækni auk þess sem hjúkrunarfræðingar ræða við þá um þörf fyrir læknisþjónustu og gefa kost á á blóðrannsóknum til að athuga hvort þeir eru með sjúkdóma. Þá sinna hjúkrunarfræðingar ýmiss konar fræðslustarfsemi fyrir fanga og fangaverði.

Það er mat Fangelsismálastofnunar að almennri læknisþjónustu við fanga og sérfræðiþjónustu sé sinnt með fullnægjandi hætti.

3. *Hvernig er staðið að greiðslum fyrir sérhæfða heilbrigðisþjónustu sem fanga er veitt utan fangelsis? Hver var heildarkostnaður við þessa þjónustu árin 1995 og 1996, sundurliðað eftir fangelsum og greiðendum?*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um útgjöld fangelsanna við svokallaða sérhæfða heilbrigðisþjónustu utan fangelsanna árin 1995 og 1996, auk þess sem ekki er ljóst hvað fyrirspyrjandi á við með notkun þessa hugtaks eða hvað hann á við með greiðendum.

793. Svar [186. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar um lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stjórnmálaflokkanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða lífeyrisskuldbindingar hvíla á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna starfs-

manna stjórnmálaflokkanna, hvers um sig og samtals? Hve margir starfsmenn eiga í hlut hjá hverjum flokki, hver er meðaltalsfjárhæð skuldbindingarinnar og meðalstarfstíminn? Hve mikið af lífeyrisskuldbindingum verður innheimt hjá stjórnmálaflokkunum?

Eftirfarandi svar er byggt á upplýsingum sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tók saman að ósk ráðuneytisins.

Í árslok 1995 voru áfallnar skuldbindingar vegna starfsmanna stjórnmálaflokka 145 millj. kr. samkvæmt mati tryggingafræðings sjóðsins. Við þennan útreikning var miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Vinnu við tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 1996 er ekki lokið og því eru hér tilgreindar skuldbindingar miðað við árslok 1995. Skuldbindingar þessar eru vegna níu einstaklinga sem nú fá greiddan lífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 52 sjóðfélaga sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri.

Ofangreind fjárhæð er skuldbinding vegna fimm stjórnmálaflokka, þ.e. Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins-Jafnaðarmannaflokks Íslands, Bandalags jafnaðarmanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Lífeyrissjóðurinn hefur hins vegar ekki sundurliðun á skuldbindingum einstakra stjórnmálaflokka eða einstakra sjóðfélaga.

Þegar lífeyrisskuldbindingar eru reiknaðar eru annars vegar reiknaðar áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sem byrjaðir eru að taka lífeyri og hins vegar áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sem ekki hafa byrjað töku lífeyris. Hér á eftir verður gerð grein fyrir réttindum núverandi og fyrrverandi starfsmanna stjórnmálaflokka samkvæmt þeirri sundurliðun.

Upplýsingar um lífeyrisþega.

Alls fá nú átta fyrrverandi starfsmenn stjórnmálaflokka greiddan lífeyri frá LSR og að auki er greiddur makalífeyrir frá sjóðnum eftir einn fyrrverandi starfsmann hjá stjórnmálaflokki. Meðaltalslífeyrisprósenta þessara níu lífeyrisþega er 45,38%, en fyrir hvert ár í fullu starfi ávinna sjóðfélagar sér 2% lífeyrisrétt.

Þrír fyrrverandi starfsmenn Sjálfstæðisflokksins fá nú lífeyrisgreiðslur frá LSR. Meðaltalslífeyrisprósenta þeirra er 48,33%. Fjórir fyrrverandi starfsmenn Framsóknarflokksins fá lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum og er meðaltalslífeyrisprósenta þeirra 53,57%. Loks fær einn fyrrverandi starfsmaður Alþýðubandalagsins auk maka eins fyrrverandi starfsmanns flokksins lífeyrisgreiðslur frá LSR. Meðaltalslífeyrisprósenta þessara tveggja einstaklinga er 24,58%.

Upplýsingar um sjóðfélaga sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri.

Alls hafa 52 núlifandi einstaklingar áunnið sér réttindi hjá LSR vegna starfa hjá stjórnmálaflokkum án þess að vera byrjaðir að taka lífeyri frá sjóðnum. Sjóðfélagar þessir eru ýmist í starfi í dag hjá flokkunum eða eiga geymd réttindi hjá sjóðnum vegna þessara starfa. Þessir sjóðfélagar hafa að meðaltali áunnið sér 14,48% lífeyrisrétt hjá LSR og meðalstarfstími á bak við þessi réttindi er 7,33 ár.

Átta núverandi og fyrrverandi starfsmenn Alþýðubandalagsins, sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, eiga réttindi hjá LSR. Meðalstarfstími á bak við réttindi vegna starfa hjá flokknum er 6,15 ár og meðaltalslífeyrisprósenta 11,74%.

Sjö núverandi og fyrrverandi starfsmenn Alþýðuflokksins-Jafnaðarmannaflokks Íslands, sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, eiga réttindi hjá LSR. Meðalstarfstími á bak við réttindi vegna starfa hjá flokknum er 2,04 ár og meðaltalslífeyrisprósenta 3,67%.

Tveir fyrrverandi starfsmenn Bandalags jafnaðarmanna, sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, eiga réttindi hjá LSR. Meðalstarfstími á bak við réttindi vegna starfa hjá flokknum er 0,71 ár og meðaltalslífeyrisprósenta 1,42%.

Sautján núverandi og fyrrverandi starfsmenn Framsóknarflokksins, sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, eiga réttindi hjá LSR. Meðalstarfstími á bak við réttindi vegna starfa hjá flokknum er 9,60 ár og meðaltalslífeyrisprósenta 19,07%.

Átján núverandi og fyrrverandi starfsmenn Sjálfstæðisflokksins, sem ekki eru byrjaðir að taka lífeyri, eiga réttindi hjá LSR. Meðalstarfstími á bak við réttindi vegna starfa hjá flokknum er 8,50 ár og meðaltalslífeyrisprósenta 17%.

Lífeyrisskuldbindingar sem verða innheimtar hjá stjórnmálaflokkum.

Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, eiga launagreiðendur sem tryggt hafa starfsmenn sína hjá sjóðnum að endurgreiða lífeyrissjóðnum þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem er hækkun á áður úrskurðuðum lífeyri. Launagreiðendur greiða þannig í reynd allar hækkanir sem verða á lífeyrisgreiðslum. Hversu stór hluti af lífeyrisskuldbindingum verður innheimtur hjá launagreiðendum fer því eftir hækkunum á lífeyrisgreiðslum í framtíðinni.

Í árslok 1995 voru endurmetnar bókfærðar eignir LSR um 20% af áföllnum skuldbindingum sjóðsins. 80% af áföllnum skuldbindingum hvíldu því á ríkissjóði og öðrum launagreiðendum sem greitt höfðu iðgjald til sjóðsins. Að hluta til hvíla þessar skuldbindingar á einstökum launagreiðendum, þar á meðal hlutfallslega á einstökum stjórnmálaflokkum, en að hluta til á ríkissjóði vegna bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum sjóðsins.

Um margra ára skeið hefur fjármálaráðuneytið verið krafið um og greitt reikninga vegna lífeyrishækkana hjá fyrrverandi starfsmönnum stjórnmálaflokka. Áfallnar skuldbindingar hafa hins vegar verið skráðar á stjórnmálaflokkana.

Eins og fram hefur komið ræðst það af launaþróun um hversu stóran hluta af lífeyrisskuldbindingum launagreiðendu verða krafðir. Er því ekki hægt með vissu að segja fyrir um hve mikið af framangreindum lífeyrisskuldbindingum launagreiðendur verða krafðir um eða í þessu tilviki fjármálaráðuneytið.

794. Svar [458. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um tekjuskatt og bótagreiðslur.

1. *Hve margir framteljendur greiða skatt umfram mótteknar bætur (barnabætur, barnabótaauka, vaxtabætur)?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra var heildarfjöldi framteljenda rúmlega 200.000 árið 1995. Þá eru hjón talin sem tveir einstaklingar. Þar af greiðir um helmingur, eða 103.000 einstaklingar, tekjuskatt til ríkisins að frádregnum persónuafslætti og öðrum frádráttarliðum, þ.e. lífeyrisiðgjöldum, hlutafjárafslætti, innleggi á húsnæðissparnaðarreikninga o.fl. Hins vegar greiðir aðeins réttur þriðjungur skatt umfram mótteknar bætur, eða tæplega 70.000 einstaklingar, sé einnig tekið tillit til barnabóta og vaxtabóta.



2. *Hve margir fá meira út úr skattkerfinu í formi bóta en þeir greiða í tekjuskatt?*

Nálægt 40.000 einstaklingar fá endurgreiðslu frá ríkinu í formi bóta umfram álagningu tekjuskatts til ríkisins.

3. *Hve margir greiða engan tekjuskatt og fá engar bætur?*

Nálægt 90.000 einstaklingar greiða hvorki tekjuskatt til ríkisins né njóta vaxta- eða barnabóta. Stór hluti þeirra eru námsmenn, sem oftast vinna aðeins hluta úr ári, og ellilífeyrisþegar. Rétt er að taka fram að talsverður hluti þessara einstaklinga greiðir útsvar til sveitarfélaga.

4. *Hver eru skattleysismörkin hér á landi miðað við skattleysismörk hjá öðrum þjóðum?*

Hár persónuafsláttur veldur því að skattleysismörk tekjuskatts á einstaklinga eru óvíða hærri en hér á landi. Í ársbyrjun 1996 voru skattleysismörkin liðlega 60 þús. kr. á mánuði en í Sviss og Lúxemborg, sem koma næst, voru mörkin rúmlega 40 þús. kr. á mánuði, sbr. meðfylgjandi töflu. Rétt er að taka fram að hér er bæði horft til ríkis og sveitarfélaga.

Tekjuskatthlutföll og skattleysismörk einstaklinga í Evrópuríkjum OECD árið 1996.

	Fjöldi þrepa	Lægsta þrep %	Hæsta þrep %	Skattleysismörk Þús. kr.[1]
Ísland, ríki	2	33	38	60
Ísland, sveitarfélög, meðalskattur	-	9	9	60
Danmörk, ríki	4	12	34,5	28
Danmörk, sveitarfélög, meðalskattur	-	30	30	28
Finnland, ríki	6	7	39	51
Finnland, sveitarfélög, meðalskattur	1	22	22	0
Noregur, ríki	2	9,5	14	190
Noregur, sveitarfélög, meðalskattur	1	28	28	8
Svíþjóð, ríki	1	25	25	184
Svíþjóð, sveitarfélög, meðalskattur	1	30	30	10
Belgía, ríki	7	25	55	34
Belgía, sveitarfélög, meðalskattur	-	7	7	34
Sviss, ríki	10	1	12	44
Sviss, sveitarfélög, meðalskattur	1	15	15	-
Austurríki	5	10	50	5
Bretland	3	20	40	33
Frakkland	6	12	57	24
Grikkland	4	5	40	2
Holland	3	7	60	22
Írland	2	27	48	23
Ítalía	7	10	51	-
Lúxemborg	17	10	50	42
Portúgal	4	15	40	-
Spánn	17	20	56	21
Þýskaland[2]	?	6	34	21

[1] Hér hefur ekki verið leiðrétt fyrir PPP.
[2] Í Þýskalandi byggist álagning tekjuskatts á sérstakri formúlu en ekki ákveðnum fjölda þrepa.

Heimild: OECD Tax Data Base, 1996.

5. *Hve miklar tekjur af staðgreiðslunni (nettó) ganga til ríkis og hve miklar til sveitarfélaganna og hvernig hefur þetta hlutfall breyst frá upphafi staðgreiðslunnar?*

Þegar staðgreiðslan var tekin upp í ársbyrjun 1988 var staðgreiðsluhlutfallið 35,2%. Þar af var hlutur sveitarfélaga 6,7%, en hlutur ríkis 28,5%. Þetta segir þó ekki alla söguna því að á móti hlut ríkisins vega persónuafsláttur og bótagreiðslur, auk greiðslu sóknar- og kirkjugarðsgjalda, en þau eru innheimt sem hluti af staðgreiðslu. Að þessum liðum frátöldum nam hlutur ríkisins aðeins 4,6% á árinu 1988.

Hlutur ríkis og sveitarfélaga í tekjuskattlagningu einstaklinga 1988 og 1997.

	1988 %	1997 %	Áætlun 1997 Milljarðar
Tekjuskattur og útsvar, brúttó	35,2	42,0	118
Nýttur persónuafsláttur	-20,5	-20,2	-55
Sóknar- og kirkjugarðsgjöld	-0,5	-0,6	-2
Barnabætur, vaxtabætur o.fl.	-2,9	-4,2	-13
Tekjuskattar, nettó	11,3	17,0	48
Útsvar sveitarfélaga	6,7	11,3	32
Tekjuskattur ríkisins – afslættir og bætur	4,6	5,7	16

Í byrjun árs 1997 var staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts á einstaklinga orðið tæplega 42% og hefur því hækkað um tæplega 7% frá upptöku staðgreiðslunnar. Tekjuskattar, nettó, hafa hins vegar hækkað minna, eða um tæplega 6%. Þar af hefur hlutur sveitarfélaga, þ.e. útsvarið, hækkað um liðlega 4,5% en hlutur ríkis um rúmlega 1%. Þessa þróun þarf hins vegar að skoða í samhengi við aðrar skattabreytingar sem komið hafa til framkvæmda á framangreindu tímabili og tengjast breytingum á tekjuskatts- og útsvarshlutföllum. Þar ber fyrst að telja afnám aðstöðugjalds árið 1993, en á móti var útsvar sveitarfélaga hækkað um 1,6%. Í öðru lagi var tekjuskattur ríkisins hækkaður um 0,35% þegar virðisaukaskattur á matvælum var lækkaður í ársbyrjun 1994. Í þriðja lagi var tekjutapi ríkisins, þegar lífeyrisiðgjöld voru gerð skattfrjáls, að hluta mætt með því að halda fjárhæðarmörkum tekjuskatts óbreyttum árið 1996. Síðast en ekki síst var hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskattlagningu einstaklinga aukin um 2,74% af tekjuskattsstofni í byrjun þessa árs vegna yfirtöku þeirra á rekstri grunnskólans.

6. *Hvert er hlutfall tekjuskatta af heildartekjum ríkis og sveitarfélaga hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir?*

Á árinu 1994 var hlutur tekjuskatta ríkis og sveitarfélaga í skattheimtu aðildarríkja OECD tæplega 28%, en samsvarandi hlutfall fyrir Evrópuríkin er 25,5%. Hér á landi var þetta hlutfall tæplega 31%. Sé skattbyrðin hins vegar metin sem hlutfall af landsframleiðslu er íslenska hlutfallið lítillega undir meðaltali OECD-ríkjanna, eða 10% sem er svipað og í Evrópuríkjunum, samanborið við tæplega 11% í öllum OECD-ríkjunum. Við þennan samanburð er þó rétt að hafa þann fyrirvara að víða í aðildarríkjum OECD er að finna álagningu tryggingagjalds á einstaklinga sem er í mörgum tilvikum ígildi tekjuskatts og lagt er á öll laun án frádráttar. Ekki er tekið tillit til þess í tölunum hér að framan. Þá er einnig rétt að árétta að alþjóðlegur samanburður af þessu tagi er vandmeðfarinn, einkum vegna þess hversu mismunandi fjármögnun er á tryggingakerfum einstakra ríkja. Þá skiptir tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga einnig máli, auk þess sem skattstofn og/eða frádráttarliðir kunna að vera mismunandi milli ríkja.

Íslenska skattkerfið samanborið við önnur lönd.[1]

Hlutfallsleg skipting, %	Ísland		Evrópuríki OECD		Norðurlöndin[2]	
	1985	1994	1985	1994	1985	1994
Tekjuskattar	22,6	33,3	34,6	32,7	45,4	44,6
Einstaklingar	19,5	30,8	27,7	25,5	38,2	38,5
Fyrirtæki	3,1	2,5	6,9	7,2	7,2	6,1
Eignarskattar	7,3	9,4	4,1	4,4	2,8	2,9
Launa- og tryggingagjöld	6,0	8,1	27,5	29,2	18,0	21,1
Launþegar/einstaklingar	0,2	0,4	8,3	8,9	1,9	4,0
Atvinnurekendur	5,8	7,7	19,2	20,3	16,1	16,1
Skattar á vörur og þjónustu	61,1	49,2	33,0	32,8	33,1	31,8
Aðrir skattar	3,0	-	0,8	0,8	0,7	0,6
Heildarskatttekjur hins opinbera[1]	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Sem hlutfall af VLF, %	28,4	30,9	38,3	40,8	45,5	47,8

[1] Ríki og sveitarfélög.
[2] Án Íslands.

7. *Hvert er hlutfall tekjuskatts (að teknu tilliti til barnabóta) af heildartekjum hjá einstaklingum, einstæðum foreldrum og hjónum fyrir og eftir fyrirhugaðar skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar? Hvernig hafa jaðaráhrifin breyst hjá þessum hópum?*

Hinn 10. mars sl. kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um aðgerðir í skattamálum. Meginefni þeirra er lækkun tekjuskatts um 4% fram til ársins 1999, hækkun skattleysismarka um 2,5% á ári 1998–2000, hækkun á sérstökum tekjuskatti úr 5% í 7% auk breytinga á viðmiðunarmörkum og sameining ótekjutengdra barnabóta og barnabótaauka í eitt tekjutengt kerfi samhliða lækkun á tekjuskerðingarhlutföllum.

Heildaráhrif þessara tillagna eru áætluð 5,2 milljarðar kr. til lækkunar á tekjum ríkissjóðs, þegar skattalækkunin verður að fullu komin til framkvæmda. Þetta jafngildir u.þ.b. 2% aukningu á kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna þegar á heildina er litið. Aukningin er hlutfallslega mest hjá fólki með meðaltekjur, enda greiðir lágtekjufólk tiltölulega litla skatta, bæði í krónum talið og í hlutfalli við tekjur. Hins vegar lækka skattgreiðslur hlutfallslega mest hjá lágtekjufólki. Í meðfylgjandi töflu eru sýnd dæmi um áhrif þessara breytinga á einstaklinga eftir hjúskaparstöðu og ráðstöfunartekjum, enn fremur jaðaráhrif breytinganna þegar þær eru allar komnar fram.

Tillögur að breyttu tekjuskattskerfi – mánaðartölur.

	Atvinnutekjur	Tekjuskattur – barnabætur Fyrir breyt. Þús. kr.	Eftir breyt. Þús. kr.	Hækkun ráðstöfunartekna %	Jaðaráhrif %
I. Einstaklingur:	75.000	6,9	5,7	1,2	-4
	100.000	17,4	15,2	2,2	-4
	150.000	38,4	34,2	3,8	-4
II. Einstætt foreldri:	75.000	-5,7	-7,6	2,4	-5
	100.000	6,3	3,2	3,4	-5
	150.000	30,3	24,7	4,7	-5
III. Hjón:	150.000	-1,3	-5,6	2,8	-6
	225.000	38,5	29,6	4,7	-6
	400.000	113,1	106,4	2,4	-4

8. *Hver eru hlutföll tekjuskatts hér á landi miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum?*

Það er einkum tvennt sem greinir íslenska tekjuskattskerfið frá því sem tíðkast í öðrum löndum. Annars vegar eru skattþrepin færri hér en annars staðar. Hins vegar, sem tengist vitaskuld fyrra atriðinu, er lægra skattþrepið hér hærra en í flestum öðrum löndum. Aðeins eitt ríki innan OECD er með hærra hlutfall, eða Danmörk, en þar er lægsta þrepið 43%. Á hinn bóginn eru flest ríkjanna með hærra hlutfall á efra/efsta þrepi. Þar trónir Danmörk reyndar einnig á toppnum með 65%. Frekari sundurliðun er sýnd í töflu á bls. 2 hér að framan.

9. *Hvað kostar 1% í tekjuskattslækkun miðað við óbreytt skattleysismörk og hvað kostar hækkun skattleysismarka um 1.000 kr. á mánuði?*

Lækkun tekjuskatts um eitt prósentustig að óbreyttum skattleysismörkum kostar ríkissjóð 1,3 milljarða kr. á ári. Hækkun skattleysismarka um 1.000 kr. á mánuði kostar ríkissjóð um 800 millj. kr. árlega. Loks má geta þess að lækkun tekjuskatts um eitt prósentustig að óbreyttum persónuafslætti kostar ríkissjóð um 2,3 milljarða kr. á ári.

10. *Hvernig hafa heildarskatttekjur ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu þróast á árunum 1988–96?*

Í meðfylgandi töflu er að finna upplýsingar um þróun heildarskatttekna ríkisins samanborið við landsframleiðslu á framangreindu árabili. Þar sést að hlutfall skatttekna af landsframleiðslu var 23,7% að meðaltali á þessu tímabili. Árið 1996 var þetta hlutfall heldur hærra, eða 24,1%, en það er sama hlutfall og mælist fyrir árin 1989 og 1992. Hækkun milli áranna 1995 og 1996 má alfarið rekja til áhrifa aukins kaupmáttar heimilanna og almennra umsvifa í efnahagslífinu, en hvort tveggja skilar sér í auknum skatttekjum ríkissjóðs.

Skatttekjur ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu.

1988	23,6
1989	24,1
1990	23,7
1991	23,6
1992	24,1
1993	23,4
1994	23,4
1995	23,3
1996	24,1
Meðaltal 1988–1996	**23,7**

795. Tillaga til þingsályktunar [469. mál]

um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich,
Pétur H. Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa einstaklingar tekið vaxandi þátt í hlutabréfakaupum hér á landi og er það mjög í samræmi við alþjóðlega þróun. Enginn vafi er á því að nú er stærri hluti sparnaðar fólks bundinn í hlutabréfaeign en áður.

Þessi þróun er afar æskileg. Með þátttöku í atvinnulífinu aukast áhrif almennings og stuðlar hún jafnframt að þeirri valddreifingu sem flestir telja æskilega. Enginn vafi er heldur á því að vaxandi eignarhlutdeild almennings í fyrirtækjum veitir stjórnendum aðhald og krafan um upplýsingar eykst.

Reynslan frá Bretlandi.

Víða er þátttaka almennings í atvinnulífinu orðin mjög almenn. Bretland er gott dæmi um það. Einkavæðing stórra ríkisfyrirtækja hefur opnað fólki þar leið til þátttöku í atvinnulífinu af þessu tagi. Eignatekjur eru þess vegna orðnar mun stærri hluti af tekjuöflun almennings en áður var.

Þessi þróun er litin jákvæðum augum af stjórnvöldum í Bretlandi og hafa þau stuðlað að henni á ýmsan hátt, svo sem með skattalegum aðgerðum líkt og raunar hefur verið gert hér á landi. Jafnframt hefur verið komið á margs konar sparnaðarformum til þess að auðvelda almenningi að eignast hlutabréf. Á það ekki síst við starfsfólk einstakra fyrirtækja. Sérstaklega hefur verið hugað að því að starfsfólk einkavæddra ríkisfyrirtækja eigi þess kost að eignast hlutabréf í fyrirtækjunum sem það vinnur hjá. Víðast hvar hefur þetta gengið vel og eru dæmi um að allt að 98% starfsmanna eigi hlut í því fyrirtæki sem þeir starfa hjá. Sú aðferð sem hér er gert ráð fyrir að verði tekin upp hefur einmitt verið reynd í Bretlandi með mjög góðum árangri.

Þrátt fyrir að tekist hafi verið á um einkavæðingu í Bretlandi er enginn vafi á því að almenn sátt er um þá stefnu að auka hlutdeild almennings í atvinnulífinu með hlutafjárkaupum.

Æskileg þróun.

Þessi þróun er afar æskileg. Fyrir því má nefna margs konar rök:

1. Með auknu hlutafé batnar efnahagur fyrirtækjanna enda er hægt að nýta það til þess að greiða niður skuldir eða efla fyrirtækið á annan máta.
2. Eignadreifing verður meiri. Þetta á ekki síst við í stórum fyrirtækjum með markaðsráðandi stöðu.
3. Sparnaður í þjóðfélaginu eykst en á því er mikil þörf hér á landi.

Til styrktar atvinnulífinu.

Það fer ekki á milli mála að íslenskt atvinnulíf er að jafnaði of skuldugt. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að hér á landi standa fyrirtækin á afar veikum grunni og geta því illa brugðist við breytilegum aðstæðum. Fyrirtækjarekstur er í eðli sínu áhættusamur og kallar því á að fyrirtækin séu öflug og geti tekist á við óvænt mótlæti og það sem ekki er síður mikilvægt, að fjárfesta í nýrri tækni og nýjum tækifærum. Áhyggjuefni er að fjárfestingar atvinnulífsins hafa dregist mikið saman, raunar svo mjög að um tíma vógu þær varla upp á móti heildarafskriftum. Nú horfir heldur betur að þessu leyti.

Ljóst er að fjárfrekar fjárfestingar eru fram undan ef hér á að vera unnt að halda uppi lífskjörum sem við getum sætt okkur við. Af þessari fjárfestingu getur hins vegar ekki orðið nema til komi aukið áhættufjármagn inn í fyrirtækin í formi hlutafjár.

Stærri fyrirtæki — aukin valddreifing.

Flest bendir til þess að fyrirtæki muni stækka hér á landi sem annars staðar. Alþjóðleg samkeppni sem ekki þekkir nein landamæri fer vaxandi. Stöðugt aukast kröfur um Ýtrustu hagræðingu og lækkun kostnaðar. Svar fyrirtækjanna felst meðal annars í auknum samruna er leiðir til lægri kostnaðar og öflugri eininga. Hér á landi sjáum við glögg merki um þetta í langflestum atvinnugreinum. Þannig hafa einingarnar stækkað mjög í sjávarútvegi og umræður um óeðlilega samþjöppun kvótaeignar hafa að sama skapi aukist á undanförnum mánuðum. Svipaða sögu er að segja af fjármagnsmarkaðnum og á sviði fjölmiðlunar. Jafnframt þessu eru hefðbundin skil á milli atvinnugreina að þurrkast út.

Fyrirtæki í einni atvinnugrein hasla sér völl í öðrum greinum atvinnulífsins og bendir allt til þess að sú þróun verði enn örari á næstunni. Þá gerir tæknin það einfaldlega að verkum að skilin á milli fjölmiðlunar og fjarskipta verða óskýr og þess vegna augljóst að á þeim sviðum muni að öllu óbreyttu verða um að ræða verulegan samruna eininga.

Ein leiðin til þess að stuðla að aukinni vald- og eignadreifingu er því sú að örva fleira fólk til þátttöku í atvinnulífinu. Þannig verður minni hætta á því að eignir og völd safnist á hendur fáeinna fyrirtækja, sjóða og samsteypa. Sú leið sem hér er hvatt til gæti verið liður í því að dreifa valdi og eignum, til dæmis í sjávarútvegi, fjármálamarkaði og fjölmiðlum.

Aukinn sparnaður — forsenda aukinnar fjárfestingar.

Sparnaður hér á landi var mikill lengst af, sbr. línurit sem birtust í skýrslu Seðlabanka Íslands sem út kom síðasta haust og fjallar um þróun, horfur og stefnu í peningamálum. Nú hefur orðið breyting á því. Í alþjóðlegu samhengi er ljóst að innlendur sparnaður er lítill. Eftirtektarvert er að þetta gerist þrátt fyrir að raunvextir séu hærri en almennt þekkist. Þetta er vissulega mjög alvarlegt. Innlendur sparnaður er vitaskuld ein forsenda þess að unnt sé að örva bráðnauðsynlega fjárfestingu í atvinnulífinu. Það gengur auðvitað ekki til lengdar að fjármagna fjárfestingu með erlendu lánsfé. Íslenskur sparnaður þarf að aukast og peningunum þarf að veita út í atvinnulífið.

Þetta er mun brýnna nú en áður, þar sem ýmis þenslumerki sjást í efnahagslífinu. Innflutningur neysluvöru hefur aukist gríðarlega sem og skuldir heimilanna. Aukinn kaupmáttur virðist fremur skila sér í auknum kaupum á neysluvörum en til almenns sparnaðar. Margt bendir til þess að fleiri sparnaðarform gætu verið svarið við þessu.

Jákvæð þróun.

Hér á landi hefur almenningur tekið æ meiri þátt í kaupum á hlutafé. Fyrir um áratug keyptu sárafáir einstaklingar hlutabréf en árið 1990 varð hins vegar veruleg breyting og um 16 þúsund einstaklingar nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa. Síðan dró úr þessum kaupum næsta ár á eftir. Frá þessum tíma má segja að hraður og öruggur stígandi hafi verið í þessum kaupum. Þannig keyptu um 16 þúsund einstaklingar hlutabréf á árinu 1995 og á síðasta ári keyptu um 20 þúsund manns hlutabréf í hinum ýmsu fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði skattayfirvalda um frádráttarbærni vegna hlutabréfakaupa. Þetta sést vel á meðfylgjandi súluriti.

Athyglisvert getur verið að velta fyrir sér hvað þetta þýðir í raun. Talið er að um 150 þúsund manns séu framtalsskyldir. Af þeim greiðir um þriðjungurinn tekjuskatt, eða um 50 þúsund manns. Miðað við þær upplýsingar sem hér er stuðst við lætur því nærri að um það bil 40 prósent þeirra sem greiddu tekjuskatt hafi á síðasta ári keypt hlutabréf í skráðum félögum.

Góðærið til fólksins — með arðgreiðslum.

Margt hefur verið ritað um mikilvægi þess að almenningur eignist hlut í atvinnulífinu. Fyrir því má færa margvísleg rök, auk þeirra sem að framan eru rakin. Einkanlega er þó ástæða til þess að nefna að aukin þátttaka almennings í atvinnurekstri gefur fólki tækifæri til þess að fá beinan arð af fyrirtækjunum þegar vel gengur. Þannig mun góðæri í atvinnulífinu skila sér til alls almennings. Jafnframt þessu eykst gagnkvæmur skilningur á milli vinnuveitenda og launþega, sem vitaskuld er gríðarlega þýðingarmikið, og tryggir þar með efnahagslegan stöðugleika, til lengri tíma litið. Þannig má færa fyrir því rök að þessi aðferð skapi atvinnulífinu stöðugra og betra starfsumhverfi sem muni skila sér í bættum lífskjörum þegar fram í sækir.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar úr greinargerð Seðlabanka Íslands um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

(29. október 1996.)









Fylgiskjal II.

Fjöldi þeirra sem nýttu sér skattalegt hagræði hlutabréfakaupa á undanförnum árum.
(Spá Kaupþings hf.)



796. Skýrsla [470. mál]

um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga.

Frá umhverfisnefnd.

I. INNGANGUR

Á fundi umhverfisnefndar, 3. febrúar 1997, var samþykkt, með vísan til 26. gr. þingskapalaga, að taka til umfjöllunar í nefndinni drög að starfsleyfistillögum fyrir álver á Grundartanga. Aðdragandinn var að 6. desember 1995 sótti markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fyrir hönd Columbia Aluminium Corporation um starfsleyfi fyrir 180.000 tonn/ár álver á Grundartanga. Voru tillögur að starfsleyfi lagðar fram til kynningar og umsagnar þann 11. nóvember 1996. Tillögurnar gera ráð fyrir að starfsleyfið gildi fyrir framleiðslu allt að 180.000 tonnum af fljótandi áli á ári í kerskálum álvers á Grundartanga og fyrir vinnslu í steypuskála álvers sem reist verður í þremur áföngum, 60.000, 30.000 og 90.000 tonn/ár.

Hefur málið verið rætt á tíu fundum auk þess sem farin var vettvangsferð á Grundartanga þar sem aðstæður voru skoðaðar og fundað með hagsmunaaðilum. Nefndin hefur fengið fjölda gesta á sinn fund og ítarlegra gagna hefur verið aflað, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

II. YFIRLIT YFIR GESTI SEM KOMIÐ HAFA Á FUND NEFNDARINNAR

Nefndin hefur fengið á sinn fund um málið Hermann Sveinbjörnsson, Ingunni S. Svavarsdóttur og Ólaf Pétursson frá Hollustuvernd ríkisins, Eyjólf Árna Rafnsson og Tómas Má Sigurðsson frá verkfræðistofunni Hönnun, Snorra Pál Kjaran frá verkfræðistofunni Vatnaskilum, Guðbrand Hannesson, oddvita Kjósarhrepps, Jónas Vigfússon, sveitarstjóra Kjalarneshrepps, Gísla Gíslason bæjarstjóra á Akranesi, Val Þorvaldsson og Kristján Oddsson frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Guðmund Sigurðsson og Guðbrand Brynjólfsson frá Búnaðarsambandi Borgarfjarðar, Ólaf Magnússon, Halldór Jónsson, Arnór Hannibalsson og Ólaf Oddsson frá Samtökum um óspillt land í Hvalfirði, Stefán Thors og Ásdísi Hlökk Theódórsdóttur frá Skipulagi ríkisins, Ingimar Sigurðsson, Magnús Jóhannesson og Tryggva Felixson frá umhverfisráðuneyti, Kristján Geirsson og Trausta Baldursson frá Náttúruvernd ríkisins, Garðar Ingvarsson og Andrés Svanbjörnsson frá markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, Jón Ingimarsson og Halldór Kristjánsson frá iðnaðarráðuneyti, Magnús Oddsson ferðamálastjóra, Dagmar Völu Hjörleifsdóttur, Georg Janusson og Sigurjón Þórðarson frá heilbrigðiseftirliti Akranesbæjar, Halldór Runólfsson og Þorstein Narfason frá heilbrigðiseftirliti Kjósarhrepps, Magnús Jónsson og Flosa Hrafn Sigurðsson frá Veðurstofu Íslands, Sigurð Má Einarsson frá Veiðimálastofnun, Jón Gunnar Ottósson forstöðumann Náttúrufræðistofnunar Íslands, Gísla Má Gíslason, forstöðumann Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og Agnar Olsen og Helga Bjarnason frá Landsvirkjun. Þá fór nefndin í vettvangsferð ásamt Stefáni Thors frá Skipulagi ríkisins, Sigurbjörgu Sæmundsdóttur frá umhverfisráðuneytinu, Jóni Sigurðssyni, forstjóra Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, Guðbrandi Hannessyni, oddvita Kjósarhrepps og Jónasi Vigfússyni, sveitarstjóra Kjalarneshrepps. Ekið var um Hvalfjörð, aðstæður og lóð undir fyrirhugað álver kannaðar, járnblendiverksmiðjan heimsótt og fundað með sérfræðingum hennar. Loks var haldið til fundar á Akranesi þar sem sam-

an voru komnir, auk nefndarinnar og fylgdarliðs hennar, fulltrúar Akranesbæjar, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Skilmannahrepps og Innri-Akraneshrepps, fulltrúi Samtaka um óspillt land í Hvalfirði og fulltrúar íbúa á Akranesi og í nágrenni sem berjast fyrir því að álver verði reist á Grundartanga.

III. GÖGN SEM NEFNDIN HEFUR HAFT TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ MEÐFERÐ MÁLSINS

Nefndin hefur kallað eftir ýmsum upplýsingum frá fjölmörgum aðilum varðandi starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga. Fer hér á eftir listi yfir helstu gögn sem nefndin hafði til hliðsjónar við meðferð málsins.

1. Starfsleyfistillögur fyrir álver Columbia Ventures Company á Grundartanga, dags. 11. nóvember 1996, Hollustuvernd ríkisins.
2. Frumathugun. Álver á Grundartanga. Mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers, lagningar háspennulína og stækkunar Grundartangahafnar. Unnið af Hönnun hf. fyrir markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar og Columbia Aluminium Corporation.
3. Mat á umhverfisáhrifum vegna álvers á Grundartanga; bygging álvers, lagning háspennulína og stækkun Grundartangahafnar. Niðurstöður frumathugunar og úrskurður skipulagsstjóra ríkisins.
4. Úrskurður umhverfisráðherra vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir álver á Grundartanga.
5. Greinargerð Högna Hanssonar líffræðings um fyrirhugað álver á Grundartanga.
6. Athugasemdir umhverfisráðuneytisins við greinargerð Högna Hanssonar um umhverfismat fyrir álver á Grundartanga, dags. 27. janúar 1997.
7. Starfsleyfi til handa Íslenska járnblendifélaginu hf. til reksturs járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, dags. 4. maí 1977. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
8. Skýrsla umhverfisnefndar Alþingis um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi, 493. mál, þskj. 774 á 115. löggjafarþingi.
9. Álit umhverfisnefndar Alþingis um stækkun álbræðslu í Straumsvík, fylgiskjal nefndarálits iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse-Lonza Holding Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, 171. mál, þskj. 369 á 120. löggjafarþingi.
10. Gróðurbreytingar við álverið í Straumsvík. Hörður Kristinsson.
11. Umsögn um möguleg umhverfisáhrif stóriðju á Grundartanga á veiðivötn í næsta nágrenni, nóvember 1996. Sigurður Már Einarsson.
12. PARCOM Recommendation 94/1 on Best Available Techniques for New Aluminium Electrolysis Plants.
13. Minnispunktar, unnir af Hönnun hf. að beiðni umhverfisnefndar Alþingis, um kröfur sem gerðar eru til álvera.
14. Grasafræðirannsóknir við Hvalfjörð, 1983. Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Hörður Kristinsson, Bergþór Jóhannesson og Eyþór Einarsson.

15. Upplýsingar um mengun frá járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Íslenska járnblendifélagið hf.
16. Minnisblað frá umhverfisráðuneyti um rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.
17. Greinargerð markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, svör við spurningum er fram komu á fundi með umhverfisnefnd vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga, dags. 28. febrúar 1997.
18. Greinargerð Landsvirkjunar, svör við spurningum er fram komu á fundi með umhverfisnefnd vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga, dags. 10. mars 1997.
19. Greinargerð um stöðu vatnsmála á svæðinu sunnan Skarðsheiðar vegna fyrirhugaðrar byggingar álvers á Grundartanga, dags. 14. febrúar 1997. Bæjarstjórn Akraness.
20. Lögfræðiálit unnið fyrir Kjósarhrepp um stöðu markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar, dags. 10. febrúar 1997.
21. Upplýsingar um vindhraða á Grundartanga. Jón Hálfdánarson.
22. Vindmælingar að Klafastöðum. Veðurstofa Íslands.

Þá bárust nefndinni erindi frá bæjarstjóranum á Akranesi, Arnóri Hannibalssyni, ábúendum og eigendum lögbýlisins Svarfhóls í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Árna Finnssyni, Brandi Jónssyni, bónda í Katanesi, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Kristjáni Oddssyni, Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti Akranessvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, hreppsnefnd Kjósarhrepps, Kjalarneshreppi, Líffræðifélagi Íslands, Oddi Benediktssyni og Sól, samtökum um óspillt land í Hvalfirði.

IV. NIÐURSTÖÐUR

a. Álit Ólafs Arnar Haraldssonar, Árna M. Mathiesen, Gísla S. Einarssonar, Tómasar Inga Olrich, Ísólfs Gylfa Pálmasonar og Kristjáns Pálssonar.

Almennt.

Gert er ráð fyrir að bygging og rekstur álversins verði í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerða settum samkvæmt þeim. Miðað er við að bygging og rekstur álvers sé í samræmi við bestu fáanlegu tækni sem völ er á í kerskálum og þurrhreinsivirkjum, sbr. PARCOM Recommendation 94/1, auk sérstakra skilyrða sem sett eru í starfsleyfinu.

Í starfsleyfistillögunum er einnig að finna endurskoðunarákvæði þar sem kveðið er á um að komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós skuli Hollustuvernd ríkisins í samráði við Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis halda fund með Columbia Ventures Company og leita sameiginlega mögulegra lausna.

Einnig kemur fram í starfsleyfistillögum að þynningarsvæði álvers vegna loftmengunar skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

Nokkur reynsla er komin á undirbúning og aðdraganda að gerð starfsleyfa hér á landi. Liggur reynsla þessi hjá ráðuneytum, viðkomandi stofnunum ríkisins, vísindamönnum og sérfræðifyrirtækjum. Þá hefur umhverfisnefnd Alþingis komið að vinnslu starfsleyfa fyrir álver og fjallað um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi og stækkun álversins í Straumsvík. Hefur þekking og reynsla allra þessara aðila komið að miklum notum við umfjöllun umhverfisnefndar um drög að starfsleyfi álvers á Grundartanga.

Áhugi og vitund almennings um sambúð stórframkvæmda og umhverfisverndar er stöðugt meiri. Fagnar meiri hlutinn auknum áhuga landsmanna á umhverfismálum og telur að sú mikla umræða sem orðið hefur vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga reynist til mikils gagns bæði fyrir almenning, fyrirtæki og stjórnvöld.

Um leið og þekking og reynsla á þessu sviði hefur vaxið, hafa viðhorf og kröfur í umhverfismálum breyst ört. Ekki hefur oft reynt á undirbúningsferil að starfsleyfi fyrir stóriðju sem þessa. Meiri hluti umhverfisnefndar telur að ferli það sem felur í sér mat á umhverfisáhrifum og gerð starfsleyfistillagna svo og kynning á matinu og tillögunum sé mikilvægt tækifæri sem löggjafanum gefst til þess að meta virkni núverandi löggjafar og hvað má betur fara, og nýta niðurstöðuna við lagasetningu í framtíðinni. Má í því sambandi nefna að frumvarp til skipulags- og byggingarlaga er nú til umfjöllunar í nefndinni. Þá er hafin endurskoðun á náttúruverndarlögum á vegum umhverfisráðuneytisins og í undirbúningi er endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Virkjun orku og staðsetning stóriðju.

Hrein og endurnýjanleg orka Íslands er ein af tiltölulega fáum auðlindum landsins og nýting hennar er ein af undirstöðum þjóðarbúsins. Jafnframt geta Íslendingar boðið orku sem veldur minni mengun en sú sem fengin er með brennslu jarðefnaeldsneytis. Um leið og þetta er ljóst, blasir sú staðreynd við að staðbundin og hnattræn mengun stafar einnig frá rekstri stóriðjuvera ekki síður en ýmissi annarri atvinnustarfsemi. Virkjun orkunnar og nýting hennar til stóriðju hefur óhjákvæmileg áhrif á náttúru og ásýnd landsins og starfsskilyrði annarra atvinnugreina svo sem ferðaþjónustu og landbúnaðar auk áhrifa á sumarhúsabyggð og skilyrði til útivistar. Í ljósi þessa og athugunar sem umhverfisnefnd gerði á skipulagi og virkjunarmöguleikum á miðhálendinu síðastliðið haust telur meiri hluti nefndarinnar ljóst að marka þarf heildarstefnu í virkjunar-, stóriðju- og umhverfismálum bæði til lengri og skemmri tíma litið og hafa þá m.a. í huga þá ímynd sem hvert svæði eða sveitarfélag vill skapa sér. Þarf í því sambandi bæði að hafa hliðsjón af virkjunarmöguleikum og staðsetningu stóriðju sem velja þarf stað með tilliti til þess að almennt er betra að stóriðja sé staðsett við sjávarsíðuna þar sem ríkjandi vindar standa af landi á haf út. Enn fremur þarf að taka tillit til atvinnuhátta í nágrenni stóriðju svo sem landbúnaðar og ferðaþjónustu. Einnig er æskilegt í þessu sambandi að leggja áherslu á umhverfisstefnu, markmið um sjálfbæra þróun, auk þess sem huga þarf að sambúð atvinnugreina með andstæða hagsmuni svo og ímynd og ásýnd landsins. Mikilvægt er að stefnumótunin byggist á áreiðanlegum rannsóknum á náttúrufari þannig að mat á umhverfisáhrifum ráðist ekki einvörðungu af alþjóðlegum stöðlum heldur ekki síður af sérstæðu náttúrufari Íslands. Hvetur meiri hluti nefndarinnar til að slík heildarstefnumótun fari fram og lýsir sig reiðubúna til þátttöku í þeirri stefnumótun og bendir jafnframt á nauðsyn þess að haft verði náið og víðtækt samráð við almenning, sveitarstjórnir og atvinnulíf. Í þessu sambandi minnir meiri hlutinn á tillögur umhverfisráðuneytis í framhaldi af umhverfisþingi sem haldið var í nóvember 1996.

Mengunarmörk starfsleyfistillögu.

Við yfirferð yfir málið kynnti nefndin sér þær mengunarviðmiðanir og skuldbindingar sem Íslendingar hafa gengist undir í alþjóðlegu samstarfi hvað stóriðju varðar og þær viðmiðanir sem gilda í nágrannalöndunum, má þar nefna PARCOM o.fl. Þau viðmiðunarmörk sem gert er ráð fyrir í starfsleyfistillögum fyrir álver á Grundartanga eru strangari en miðað var við fyrir álver á Keilisnesi og starfsleyfi álversins í Straumsvík. Raun-

ar eru kröfur sem settar eru fram í starfsleyfistillögunum strangari en þær kröfur sem gerðar eru til sambærilegrar starfsemi nýja hlutans í álverinu í Straumsvík. Álver á Grundartanga verður í hópi þeirra álvera á Norðurlöndum sem strangastar kröfur eru gerðar til. Þannig telur meiri hlutinn að viðmiðanir Íslands séu fullnægjandi og er þá einnig tekið tillit til sérstakra aðstæðna hér á landi svo sem veðurfars og þeirrar reynslu sem draga má af rekstri tveggja stóriðjuvera hérlendis bæði í Straumsvík og á Grundartanga. Reynslan af rekstri álvera erlendis og í Straumsvík sýnir að álver geta náð betri árangri í mengunarvörnum en mörk starfsleyfis þeirra segja til um, enda setja þau sér þess háttar markmið. Meiri hlutinn hvetur til þess að slík markmið verði sett við rekstur fyrirhugaðs álvers á Grundartanga.

Umhverfisnefnd fjallaði sérstaklega um það hvort gera ætti kröfur um uppsetningu vothreinsibúnaðar við fyrirhugað álver á Grundartanga. Mat Hollustuverndar er að ekki þurfi vothreinsibúnað. Miðað við fyrirliggjandi áætlanir um loftmengun getur meiri hluti nefndarinnar fallist á þá niðurstöðu en telur að endurskoða þurfi starfsleyfið hvað mengunarvarnarkröfur og hreinsibúnað varðar ef í ljós kemur að áætlanir um loftmengun standast ekki.

Rannsóknir á lífríki í tengslum við stóriðju.

Á undanförnum árum hefur verið gert mikið átak í mengunarvörnum í álverinu í Straumsvík og er mengun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga innan leyfilegra marka. Því miður hafa ekki verið gerðar nægilega ítarlegar rannsóknir á lífríki í nágrenni stóriðju hér á landi, ef undan eru skildar reglubundnar rannsóknir á flúormagni í gróðri, í beinum sauðfjár og í vatni í nágrenni við álverið í Straumsvík, en þær hófust árið 1968. Í þeim athugunum sem gerðar hafa verið hafa ekki komið fram vísbendingar um að verksmiðjurnar valdi skaða á lífríki eftir að mengunarvarnabúnaður komst í gott lag eftir 1992 en flúoríð er nú um það bil 1,2 kg á hvert tonn af áli, en fer niður fyrir 1 kg með tilkomu nýs hluta álvers. Flúoríðmagn var hins vegar um 17–25 kg á hvert framleitt tonn af áli við upphaf reksturs verksmiðjunnar, enda var hún þá án flúorhreinsibúnaðar. Óbirt rannsókn, sem gerð var um miðjan níunda áratuginn áður en fullkominn hreinsibúnaður var settur upp, bendir til þess að mengun frá álverinu hafi þá haft greinileg áhrif á tiltekinn gróður. Þannig hafi mosi, fléttur og lynggróður, annar en krækilyng, látið nokkuð á sjá næst álverinu og í allt að þriggja kílómetra fjarlægð. Í þessu sambandi ber einnig að líta á það að verulegar breytingar hafa orðið á hreinsibúnaði álversins í Straumsvík á þeim tólf árum síðan rannsóknin var gerð. Þannig er nú t.d. um að ræða um 80% minni losun á flúor og 90% minni ryklosun. Eins og áður er getið hafa árlega frá árinu 1968 verið gerðar mælingar á flúoríði í grasi og trjágróðri í nágrenni verksmiðjunnar á vegum flúornefndar. Niðurstöður þessara mælinga sýna að frá og með árinu 1992 er styrkur flúoríða í þessum gróðri í svipuðu magni og hann var áður en verksmiðjan tók til starfa. Einnig hafa rannsóknir á þungmálmum í lífríki sjávar sýnt það að ekki er hærra gildi í þungmálmum í kræklingum í Straumsvík en á almennt umhverfis landið. Loks má geta þess að súrnun grunnvatns af völdum brennisteins hefur ekki mælst í grunnvatni í Straumsvík og ekki hafa komið fram neinar upplýsingar sem benda til að kerbrotin frá álverinu í Straumsvík hafi mengað.

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga.

Í umfjöllun sinni um forsendur og umsókn um starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga hefur meiri hlutinn nokkuð staldrað við mengunarvarnir og eftirlit með mengun í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, en nauðsynlegt er að líta á mengun frá stóriðju á svæðinu í samhengi. Járnblendiverksmiðjan starfar nú eftir tuttugu ára gömlu starfsleyfi og er mengun frá verksmiðjunni innan þeirra marka sem koma fram í því. Þó hafa nokkrar kvartanir borist vegna sleppinga á reyk frá járnblendiverksmiðjunni. Bárust umhverfisnefnd upplýsingar um að óvenjutíðar sleppingar stöfuðu af bilunum og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í verksmiðjunni og að rekstrartími reykhreinsivirkja hefði á árinu 1996 verið 99,28% á reykhreinsivirki 1 og 98,97% á reykhreinsivirki 2. Samkvæmt upplýsingum frá járnblendiverksmiðju og Hollustuvernd ríkisins er sá reykur sem sést frá verksmiðjunni ryk sem ekki veldur meiri mengun en ryk almennt. Hinar mengandi lofttegundir eru hins vegar ekki sjáanlegar. Eftir athuganir á málinu telur meiri hlutinn ljóst að eftirlit Hollustuverndar með mengun frá járnblendiverksmiðjunni hafi ekki verið nægilegt og hefur það komið fram á fundum nefndarinnar með fyrirsvarsmönnum Hollustuverndar ríkisins að stofnunin hafi ekki burði til að sinna því eftirliti sem henni er ætlað. Meiri hluti nefndarinnar telur eftirlit með mengunarvörnum og umhverfisvöktun í Hvalfirði og nágrenni mjög mikilvæga og nauðsynlega til að unnt sé að fylgjast með því hvort áætlanir um loftmengun vegna álversins reynist réttar og hver áhrif mengunar frá því eru á umhverfið. Í ljósi þessa leggur meiri hlutinn mikla áherslu á að búið verði betur að Hollustuvernd ríkisins og að stofnunin sinni sínu hlutverki m.a. með því að innheimta þau gjöld af atvinnustarfsemi sem hún á rétt á til eftirlits.

Vatnsöflun.

Í umræðunni um álver hefur nokkuð verið rætt um vatnstökumál á svæðinu sunnan Skarðsheiðar. Akraneskaupstaður tekur allt vatn til vatnsveitu Akraness úr Akrafjalli, en járnblendifélagið hefur fengið vatn til sinnar starfsemi frá Tungu í Svínadal. Ekki er um að ræða annars konar skipulega vatnstöku á svæðinu. Meiri hlutinn telur ljóst að rannsaka þurfi betur þau svæði sem í svæðisskipulagi eru merkt sem vatnsverndarsvæði í því skyni að tryggja íbúum sunnan Skarðsheiðar og á Akranesi neysluvatn. Í því sambandi er vísað til viljayfirlýsingar sveitarfélagana á svæðinu þar sem fram kemur að stefnt sé að samvinnu við iðnaðarráðuneytið um öflun vatnsréttinda sem gætu nýst við framtíðaruppbyggingu á Grundartangasvæðinu og fyrir vatnsveitu hreppanna sunnan Skarðsheiðar og Akraneskaupstað. Leggur meiri hlutinn áherslu á að gengið verði tryggilega frá þessum málum. Samkvæmt upplýsingum umhverfisnefndar er enn ekki afráðið hvernig kælikerfi verksmiðjunnar verður og kemur m.a. til greina að nota lokað kælikerfi, en við notkun þess þarf mjög takmarkað magn af vatni.

Skipulag og mat á umhverfisáhrifum.

Nefndin fjallaði nokkuð um skipulag svæðisins og mat á umhverfisáhrifum og telur meiri hlutinn að lærdóm megi draga af því ferli sem nú hefur farið fram við undirbúning álvers á Grundartanga. Þannig beri að stefna að því að auka þátttöku og ábyrgð almennings í skipulagsvinnunni sem og þátttöku annarra sveitarfélaga en þeirra sem aðild eiga að skipulaginu. Mun meiri hlutinn hafa þessar upplýsingar til hliðsjónar við vinnu sína að frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga á yfirstandandi þingi svo og þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum koma til nefndarinnar en endurskoðun þeirra er í undirbúningi eins og áður kom hér fram.

Lokaorð.

Niðurstaða meiri hluta umhverfisnefndar er sú að þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfistillögum fyrir álver á Grundartanga séu nægilegar. Meiri hlutinn bendir þó jafnframt á að orðalag starfsleyfistillögu mætti í mörgum tilfellum vera afdráttarlausara þannig að eftirlit og aðhald stjórnvalda yrði auðveldara. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að eftirlit með stóriðju og rannsóknir á áhrifum stóriðju á lífríki landsins verði efld til muna. Skiptar skoðanir komu fram í nefndinni hversu ákjósanleg staðsetning álversins á Grundartanga væri en enginn taldi hana beinlínis hættulega. Loks bendir meiri hlutinn á slæma þróun koldíoxíðsmengunar í heiminum, en gróðurhúsaáhrif vegna slíkrar mengunar eru sívaxandi vandamál. Þó að rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar feli ekki í sér lagalega skuldbindingu fyrir einstök ríki hvetur meiri hluti nefndarinnar ríkisstjórnina til að taka koldíoxíðslosun á Íslandi föstum tökum. Í því sambandi minnir meiri hlutinn á framkvæmdaráætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og á ráðstefnu ríkjanna sem eru aðilar að samningnum í Kyoto í desember 1997.

b. Álit Hjörleifs Guttormssonar og Kristínar Halldórsdóttur.

1. Útdráttur.

Það er skoðun minni hluta umhverfisnefndar að afar illa hafi verið staðið að undirbúningi vegna álbræðslu sem ráðgert er að reisa á Grundartanga. Grunnrannsóknir vantar á lífríki og fleiri umhverfisþáttum í Hvalfirði. Málsmeðferð hefur verið slæm á flestum stigum undirbúnings af hálfu stjórnvalda, m.a. við mat á umhverfisáhrifum og við undirbúning að starfsleyfi. Sérstaklega virðist hlutur markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar tortryggilegur og óvíst að farið hafi verið að lögum þegar um er að ræða hlut MIL í mati á umhverfisáhrifum. Þá er þáttur umhverfisráðuneytis í málsmeðferð vegna tillagna að starfsleyfi afleitur og birtist m.a. ítrekað í lögleysu við breytingar á mengunarvarnareglugerð.

Tillögur að starfsleyfi ganga í mörgum atriðum gegn því sem réttmætt getur talist og taka ekki mið af eðlilegum kröfum um umhverfisvernd. Starfsleyfi er fyrirhugað að veita fyrir þrjá ráðgerða byggingaráfanga verksmiðjunnar og gildistími þess er mun lengri en vera ætti. Mörk fyrir losun flúoríðs eru óhæfilega rúm og engin hreinsun er ráðgerð á brennisteinstvíoxíði. Með verksmiðjunni í fullri stærð eykst losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 373 þúsund tonn á ári sem svarar til 13% aukningar miðað við losun á árinu 1990. Aðstaða Hollustuverndar ríkisins til eftirlits með stóriðjurekstri er allsendis ófullnægjandi. Aukin stóriðja á Grundartanga stefnir hag annarra atvinnugreina á svæðinu og útivistarhagsmunum í mikla tvísýnu. Með tilkomu álbræðslu á Grundartanga vex mengunarálag á Faxaflóasvæðinu og loftgæðum mun hraka. Lokið er lofsorði á einarða og málefnalega framgöngu fjölda heimamanna í byggðarlögunum við Hvalfjörð. Fagnað er vakningu meðal almennings í þágu umhverfisverndar.

2. Fyrri atrennur umhverfisnefndar svipaðs eðlis.

Það starf sem fram hefur farið í umhverfisnefnd frá því í janúar sl. við að afla vitneskju og ræða um umhverfisþætti fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga á sér nokkra hliðstæðu í fyrri störfum nefndarinnar. Ber þar sérstaklega að geta skýrslu um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi sem lögð var fram sem 493. mál á 115. löggjafarþingi 1992. Að henni stóð þáverandi umhverfisnefnd í heild, en skiptist um niðurstöð-

ur í meiri hluta og minni hluta. Að minnihlutaáliti stóðu þá Hjörleifur Guttormsson, Kristín Einarsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Valgerður Sverrisdóttir. Í þeirri skýrslu er að finna margháttaðan fróðleik, sem enn er í góðu gildi. Síðar hefur umhverfisnefnd m.a. tekið til athugunar umdeildan iðnrekstur eins og kísilgúrverksmiðju við Mývatn með tilliti til starfsleyfis og efnisnáms úr Mývatni svo og stækkun álbræðslu Ísals í Straumsvík. Í vinnu nefndarinnar nú var um margt hægt að byggja á fyrri málstökum svipaðs eðlis. Þótt niðurstöður séu skiptar nú sem áður telur minni hlutinn þessa yfirferð hafa verið gagnlega og væntir að með henni fáist betri sýn til umhverfisþátta er snerta ráðgert álver á Grundartanga.

3. Forsaga CVC-álbræðslu. Fyrirspurnir á Alþingi.

Sú álbræðsla sem nú er rætt um að koma upp á Grundartanga í Hvalfirði á rætur í notaðri þýskri álbræðslu sem upphaflega var reist um 1920. Fulltrúar markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) fengu augastað á þessari verksmiðju í tengslum við hugmyndir Alusuisse-Lonsa um áramótin 1994–95 um að flytja hana til Straumsvíkur. Sumarið 1995 kynntu MIL og iðnaðarráðuneytið forstjóra bandaríska fyrirtækisins Columbia Aluminium Corporation (CAC) þá hugmynd að flytja þessa þýsku álbræðslu til Íslands og varð að ráði að CAC keypti hana. Spurst var fyrir um málið á Alþingi veturinn 1995–96 og liggja fyrir tvö skrifleg svör iðnaðarráðherra við fyrirspurnum Hjörleifs Guttormssonar sem 203. og 511. mál á 120. löggjafarþingi. Var af þeim og umræðum ljóst að mikil ferð var á verksmiðjumálinu og undirbúningi virkjana á vegum Landsvirkjunar.

4. Verksmiðja sem styrr stóð um í Þýskalandi.

Verksmiðjan sem gert er ráð fyrir að reisa á Grundartanga er eins og áður segir að stofni til notuð verksmiðja frá Vereinigte Aluminiumwerke (VAW) og stóð í bænum Töging í Bayern í Þýskalandi, sem upphaflega var byggð um 1920 en endurbyggð um 1980. Hún keypti raforku frá vatnsorkuveri í ánni Inn, sem rennur í Dóná. Miklar deilur urðu ítrekað milli fyrirtækisins sem rak verksmiðjuna og bænda í nágrenni hennar vegna mengunar, einkum á tímabilinu 1950–80, m.a. vegna verulegra skemmda á skóglendi, rykmengunar og sýkingar búfjár af völdum flúormengunar. Stóðu málaferli út af þessu milli bænda og VAW allt til ársins 1995 að þeim lauk með dómsátt fyrir Landgericht í Bonn. Þá hafði verið ákveðið að loka verksmiðjunni og borið við háum orku- og flutningskostnaði.

Ekki hefur fengist upplýst í einstökum atriðum hvað notað verði af búnaði Töging álbræðslunnar í verksmiðju CVC á Grundartanga. Í svari MIL við fyrirspurn umhverfisnefndar segir m.a. um þetta: „MIL er ekki kunnugt um smáatriði varðandi tæknilegan búnað verksmiðjunnar né heldur hvað kemur frá verksmiðjunni í Töging. Hér er um að ræða trúnaðarmál seljanda og kaupanda.“ Hið sama kemur fram í svari verkfræðistofunnar Hönnunar hf. til nefndarinnar, en vísað er til þess sem fram kom við mat á umhverfisáhrifum að einkum verði notaður búnaður frá Töging með langan afhendingartíma svo sem keryfirbyggingar, kranar, deiglur og ýmis rafbúnaður. Þetta er ekki sérlega traustvekjandi m.a. með tilliti til mengunarvarna. Ljóst er að hér er að stofni til verið að flytja til landsins notaða verksmiðju og hætt við að fleiri slíkar fylgi í kjölfarið.

5. Skipulagsmál iðnaðarsvæðis á Grundartanga.

Nokkrar deilur hafa staðið um skipulagsvinnu og ákvarðanir um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og um aðal- og deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Grundartanga. Óheppilegt verður að telja að svæðisskipulag skuli ekki hafa verið unnið samtímis fyrir Hvalfjarðarsvæðið í heild, þ.e. að Kjósarhreppur skuli ekki hafa átt hlutdeild í svæðisskipulaginu. Hvalfjörður er ein óskipt heild m.a. með tilliti til stórframkvæmda í formi orkufreks iðnaðar. Umhverfisnefnd kynnti sér stöðu skipulagsvinnu og helstu ágreiningsefni, en hér er ekki tekin afstaða til þeirra.

6. Mat á umhverfisáhrifum, þáttur MIL og úrskurður umhverfisráðherra.

Gera verður alvarlegar athugasemdir við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum vegna álbræðslu Columbia Venture Corporation (CVC) á Grundartanga. Á það sérstaklega við um þátt MIL og úrskurð umhverfisráðherra. Vafasamt verður að telja að aðild MIL að málinu standist lög. Verður það hér rökstutt nánar.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 segir: „Framkvæmdaraðili sér um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum *og ber kostnað af því.*“ (9. gr.) Framkvæmdaraðili er skilgreindur svo: „Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur *er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.*“ (2. gr.) Í 7. gr. segir m.a.: „Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd...“ „Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skal hann kynntur framkvæmdaraðila...“ (11. gr.) „Áður en umhverfisráðherra kveður upp úrskurð sinn skal hann leita umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitenda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli.“ (14. gr.)

Af framkomnum gögnum í umhverfisnefnd er ljóst að MIL hefur í þessu máli að öllu leyti komið í stað væntanlegs framkvæmdaraðila, þ.e. í fyrstu Columbia Aluminium Corporation, sem fól MIL umboð sitt með bréfi 22. nóvember 1995 til að leggja fram skýrslu um frumathugun vegna mats á umhverfisáhrifum (Mat á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers, lagningar háspennulína og stækkunar Grundartangahafnar. Frumathugun.) og sækja um starfsleyfi fyrir álbræðslu. Í framhaldi af þessu kom síðan MIL að öllu leyti í stað framkvæmdaraðila inn í ferli vegna mats á umhverfisáhrifum, veitti umsagnir, stóð að kærum og veitti umsagnir um kærur annarra. Fulltrúar Columbia Aluminium Corporation (CAC) „komu til Íslands fyrir atbeina MIL í september og október 1995“ (tilvitnanir í erindi MIL til umhverfisnefndar dags. 28. september 1997). „Allt starf að undirbúningi málsins hefur verið í höndum MIL... Kostnaður MIL hefur verið greiddur af sérstöku framlagi eigenda sem skiptist jafnt milli Landsvirkjunar og Iðnaðarráðuneytisins.“ Um er að ræða kostnað að upphæð rúmlega 24 millj. kr., þar af tæpar 8 millj. kr. vegna mats á umhverfisáhrifum sem samið var um að MIL fengi endurgreiddar ef álverið yrði reist á Íslandi. Um 16 millj. kr. af útlögðum kostnaði MIL og aðstandenda voru hins vegar ekki endurkræfar frá CAC.

Ætla mætti að sem ráðgjafi stjórnvalda „við samningagerð ríkisins og Landsvirkjunar um sölu á orku til stóriðjufyrirtækja“ bæri MIL að vera óháð væntanlegum kaupanda raforku af Landsvirkjun og halda sig í hæfilegri fjarlægð þegar hagsmunir hans eru annars vegar. Allt annað er hér uppi á teningnum. MIL gerist beinn erindreki orkukaupandans og tengist honum auk þess fjárhagslega með því að leggja út fyrir kostnaði sem því aðeins kemur til endurgreiðslu að framkvæmdin, þ.e. bygging álbræðslu, verði að veruleika. Ekki verður annað séð af gögnum en MIL sé jafnframt hinn raunverulegi gerandi

í stað framkvæmdaraðilans við mat á umhverfisáhrifum og væntanlegur framkvæmdaraðili komi þar í reynd lítið sem ekkert við sögu. Slíkt fær tæpast staðist samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. m.a. 2. og 9. gr. Jafnframt verður allt matsferlið að skrípamynd þegar síðan MIL er komin allt í kringum borðið sem umsagnar- og kæruaðili til viðbótar við Landsvirkjun. Um þau atriði hljóta m.a. að koma til álita ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum, eins og bent er á í áliti Almennu málflutningsstofunnar til Kjósarhrepps, dags. 10. febrúar 1997.

Ekkert var því til fyrirstöðu að hið erlenda fyrirtæki eða annar formlegur en óháður lögaðili í þess nafni kæmi fram sem framkvæmdaraðili við mat á umhverfisáhrifum. Sú var ekki reyndin og vegna annmarka á því að Markaðskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar tæki að sér hlutverk framkvæmdaraðila verður að vefengja að staðið hafi verið að matsferlinu í samræmi við eðlilega lagatúlkun.

7. Úrskurður umhverfisráðherra.

Sjö aðilar kærðu úrskurð skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum álbræðslu á Grundartanga til umhverfisráðherra, þar á meðal markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) og Landsvirkjun. Í aðalatriðum féllst umhverfisráðherra á kæruatriði þessara framkvæmdaraðila og ógilti meginatriðin í úrskurðarorðum skipulagsstjóra ríkisins. Sá síðarnefndi hafði í úrskurðarorðum m.a. kveðið á um að óheimilt væri að hefja framkvæmdir við hvorn áfanga álbræðslunnar fyrir sig fyrr en fyrir lægi niðurstaða úr mati á umhverfisáhrifum á „matsskyldum framkvæmdum þeim tengdum", m.a. virkjunarframkvæmdum og háspennulínum. Þannig skyldi liggja fyrir mat á heildaráhrifum orkuöflunar og orkuiðnaðar, eins og eðlilegt verður að telja. Í umsögn skipulagsstjóra vegna framkominna kæruatriða sagði m.a.:

„Það er mat embættis skipulagsstjóra ríkisins að ekkert nýtt hafi komið fram er breyti fyrri úrskurði embættisins. Mikilvægt er að litið sé á úrskurð skipulagsstjóra sem eina heild. *Verði skilyrðum breytt og/eða þau alfarið felld úr gildi breytast forsendur úrskurðar sem kallað gæti á endurskoðun á málinu í heild...* "

Þessum aðvörunum embættis skipulagsstjóra var í engu sinnt og hafnaði ráðuneytið því sjónarmiði „að tengja allar framkvæmdir saman og takmarka eina framkvæmd við aðra...", eins og það er orðað í niðurstöðu ráðuneytisins. Þetta verður að telja ranga niðurstöðu, og með henni er skapað afar varhugavert fordæmi. Geta menn séð til hvers það leiðir, ef hafnar eru t.d. framkvæmdir við verksmiðju án þess að búið sé að fjalla um og tryggja orkuöflun til hennar. Þannig skapast óeðlilegur þrýstingur á málsmeðferð við mat á þeirri framkvæmd sem síðar kemur röðin að í mati.

8. Tillaga að starfsleyfi.

Í nóvember 1995 sótti MIL fyrir hönd Columbia Aluminium Corporation um starfsleyfi fyrir allt að 180 þúsund tonna álbræðslu á Grundartanga „enda málið þá á frumstigi og enginn fulltrúi starfandi hér á landi fyrir þess hönd." Þann 11. nóvember 1996 auglýsti Hollustuvernd ríkisins tillögur að starfsleyfi fyrir 180.000 tonna verksmiðju CVC, „sem reist verður í þremur áföngum, 60.000, 30.000 og 90.000 tonn/ár...". Frestur til athugasemda var í fyrstu gefinn til 23. desember 1996 en síðan framlengdur til 13. janúar 1997. Athugasemdir bárust frá 54 aðilum sem er langtum meira en gerst hefur í hliðstæðum tilvikum. Endurspeglar fjöldi athugasemda eflaust víðtæka tortryggni og andstöðu við staðsetningu og rekstur álverksmiðjunnar á Grundartanga. Fyrirhugaður rekstr-

araðili álbræðslunnar heitir nú Norðurál hf. en eigandi er Columbia Venture Corporation (CVC).

9. Málsmeðferð í uppnámi.

Margt er að athuga við embættisfærslu umhverfisráðuneytis í sambandi við undirbúning starfsleyfis fyrir álbræðslu á Grundartanga. Þann 3. júlí 1996 gaf Guðmundur Bjarnason umhverfisráðherra út reglugerð nr. 394/1996 sem breytti vissum atriðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, m.a. 65. gr. sem kveður á um málsmeðferð vegna athugasemda við starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins. Með breytingunni afnam ráðherra rétt almennings til að vísa athugasemdum vegna tillagna um starfsleyfi fyrirtækja, m.a. fyrirtækja í orkufrekum iðnaði, til sérstakrar úrskurðarnefndar. Einnig var í reglugerðinni ekki vísað til stjórnar Hollustuverndar ríkisins sem úrskurðaraðila. Þetta hvoru tveggja var gert þrátt fyrir skýlaus ákvæði 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Þann 11. desember 1996 svaraði umhverfisráðherra á Alþingi fyrirspurn frá Hjörleifi Guttormssyni um umrædda reglugerð, þar sem m.a. var spurt með hvaða stoð í lögum reglugerðin væri sett. Fullyrti fyrirspyrjandi að við setningu reglugerðarinnar væri ekki farið að lögum. Þessu andmælti umhverfisráðherra mjög eindregið.

Þann 12. desember 1996 skrifaði Hjörleifur bréf til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og bað um álit hennar á því hvort nefnd reglugerðarbreyting „sé að mati stjórnar Hollustuverndar ríkisins í samræmi við ákvæði laga...“ Svar barst frá stjórn Hollustuverndar, dagsett 24. janúar 1997, þar sem fram kom m.a. eftirfarandi:

„Á fundi stjórnar Hollustuverndar ríkisins með umhverfisráðherra þann 20. janúar sl. var upplýst að ráðuneytið muni á næstu dögum gera viðhlítandi viðbótarbreytingar á mengunarvarnareglugerð. Það er álit stjórnar Hollustuverndar ríkisins að með þessu sé málið komið í eðlilegan farveg þannig að tryggt verði samræmi laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnareglugerðar.“

Umhverfisráðherra gaf út nýja reglugerð nr. 26/1997 þann 22. janúar 1997. Ekki tókst þar betur til en svo að enn verður að telja að óvíst sé að mengunarvarnareglugerð sé í samræmi við lög nr. 81/1988 með síðar breytingum. Af því tilefni sendi Hjörleifur Guttormsson bréf til stjórnar Hollustuverndar ríkisins, dags. 13. mars 1997 með athugasemdum í þremur liðum við málsmeðferð og óskaði úrskurðar stjórnarinnar þar að lútandi. Þegar þetta er ritað þann 20. mars 1997 hefur úrskurður ekki fallið, en á honum getur m.a. hvílt frekari málsmeðferð um starfsleyfistillögur fyrir álbræðslu á Grundartanga.

10. Ágreiningur í stjórn Hollustuverndar um starfsleyfistillögur.

Stjórn Hollustuverndar ríkisins sendi 7. mars 1997 frá sér til umhverfisráðherra tillögur að starfsleyfi eftir að hafa farið yfir framkomnar athugasemdir. Stjórnin varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hluti stjórnar stóð að tillögunni, en einn stjórnarmaður, Kristín Einarsdóttir, lagði til við ráðherra veigamiklar breytingar á starfsleyfistillögu meiri hlutans. Segir í rökstuðningi við breytingartillögur hennar til ráðherra m.a.:

„Því miður eru í starfsleyfistillögu meiri hlutans ekki gerðar fullnægjandi kröfur um mengunarvarnir svo sem nauðsynlegt er að gera fyrir mengandi iðnað eins og þann sem hér um ræðir. Þar eð hér er um nýtt starfsleyfi að ræða ætti að vera sjálfsagt að krefjast þess að notuð sé fullkomnasta tækni til mengunarvarna sem völ er á eins og krafist er í nágranna- og samkeppnislöndum. Ég tel óforsvaranlegt að slaka á mengunarvörnum ef leyfa á byggingu stórs iðjuvers eins og umrædds álvers hér á landi.“

Hér á eftir gerir minni hluti umhverfisnefndar athugasemdir við starfsleyfið, eins og tillagan hljóðar frá meiri hluta stjórnar Hollustuverndar. Einnig eru gerðar alvarlegar athugasemdir við málsmeðferð af hálfu umhverfisráðuneytis.

11. Starfsleyfi fyrir þrjá áfanga.

Fráleitt og ástæðulaust verður að telja að ætla nú að veita starfsleyfi fyrir þrjá byggingaráfanga verksmiðjunnar, en enginn veit nú hvort eða hvenær tveir síðari áfangar verða reistir. Sérstaklega er það varhugavert að því er varðar viðmiðanir og mörk fyrir losun mengandi efna. Varnagli sem sleginn er í grein 1.4 í starfsleyfistillögu er óljós og ófullnægjandi. Engin rök eru til þess að gefa út starfsleyfi nema fyrir 1. áfanga verksmiðjunnar.

12. Gildistími starfsleyfis.

Í tillögum meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi er gert ráð fyrir að starfsleyfi verksmiðjunnar gildi í tíu ár frá því starfsemi hefst í kerskála eða taki gildi eigi síðar en 1. maí 1999. Þetta er allt of langur tími miðað við öra tækniþróun og þá óvissu sem einstök ákvæði starfsleyfisins geta verið háð. Minni hluti stjórnar Hollustuverndar gerir þá tillögu til ráðherra að starfsleyfið gildi aðeins í fjögur ár, eins og Hollustuvernd lagði til árið 1995 vegna starfsleyfis fyrir Ísal. Þetta hefur líka verið reglan um starfsleyfi sem Hollustuvernd sjálf gefur út. Minni hluti umhverfisnefndar tekur einnig undir sjónarmið minni hluta stjórnar Hollustuverndar og Náttúruverndar ríkisins þess efnis „að starfsleyfið skuli endurskoðað ef Íslendingar gerast aðilar að alþjóðasamþykktum um strangari mengunarvarnir og ef nýjar íslenskar reglur eru settar".

13. Ekki fylgt bestu fáanlegri tækni.

Andstætt því sem reynt er að halda fram er í starfsleyfi álbræðslu CVC ekki gert ráð fyrir bestu fáanlegri tækni, eins og hún gerist best í álverksmiðjum. Þetta verður ljóst þegar litið er til viðmiðana um losun mengunarefna skv. 2.1.6 í starfsleyfi sem sumpart eru langt frá því að endurspegla bestu tæknilegar mengunarvarnir.

14. Losun mengunarefna.

Í grein 2.1.6. í starfsleyfi er kveðið á um að Norðurál skuli „á hverjum tíma gera ráðstafanir til að draga eftir mætti úr losun mengunarefna" og sett mörk fyrir losun heildarflúoríðs, ryks og brennisteinstvíoxíðs. Verður hér á eftir fjallað um þessi mörk með hliðsjón af því sem eðlilegt hefði verið að setja í starfsleyfi miðað við bestu reynslu og fáanlega tækni í nágrannalöndum og víðar. Í því sambandi er ástæða til að andmæla harðlega þeirri endileysu sem haldið er fram af ýmsum um þessi efni, m.a. af verkfræðistofunni Hönnun hf. í svari við fyrirspurnum frá umhverfisnefnd.

15. Heildarflúoríð.

Heildarflúoríðlosun samkvæmt heimiluðum mörkum svarar til þess að allt að 108 tonn af flúoríði berist árlega frá verksmiðjunni. Full rök eru hins vegar til að heimila ekki meiri losun heildarflúoríðs frá verksmiðjunni en 0,4 kg/tAl í stað 0,6 kg/tAl, þ.e. þrengja losunarmörkin um 50% frá því sem starfsleyfi gerir ráð fyrir. Raunar hefði mátt ganga lengra ef gengið væri út frá besta árangri sem vitað er um erlendis í þessu efni, þ.e. 0,3 kg/tAl. PARCOM-viðmiðunin frá 1994 sem fylgt er í starfsleyfi er málamiðlun aðila að

samþykktinni og lágmarkskröfur, en Norðmenn lögðu til að miðað væri við 0,4 kg/tAl að hámarki þegar beitt er vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun.

Í skýrslu umhverfisnefndar um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi (493. mál, þingskjal 774 á 115. löggjafarþingi) árið 1992 voru rakin mörg dæmi um losunarmörk í álbræðslum fyrir flúor og brennisteinstvíoxíð sem eru nálægt því sem hér er lagt til. Jafnframt voru þar hraktar marghátttaðar rangar staðhæfingar sem haldið var fram um losunarmörk, m.a. af talsmönnum umhverfisráðuneytis. Um þetta vísast m.a. til álits minni hluta umhverfisnefndar í skýrslunni og fylgiskjala XII, XIII og XIV með nefndarálitum. Þessu til viðbótar má benda á greinargerð Högna Hanssonar forstöðumanns hollustu- og heilbrigðiseftirlits í Landskrona í Svíþjóð um losun frá álverinu í Sundsvall, en þar var flúoríðlosun árið 1995 0,3 kg/tAl árið 1995.

16. Rykmengun.

Þótt í starfsleyfi sé miðað við að ryk sé ekki yfir 1,0 kg/tAl, eins og mörk eru sett sem hámark samkvæmt PARCOM 94/1, kemur fram í greinargerð með tillögunum frá Hollustuvernd að „framleiðendur þess búnaðar sem notaður verður á Grundartanga hafa ekki treyst sér til að ábyrgjast að rykmengun verði jafnlítil og náðst hefur í álverinu í Straumsvík." Munar þarna miklu og því óráðlegt að setja svo hátt gildi sem gert er. Af þessu má einnig sjá hversu óráðlegt það er að ætla nú að gefa út starfsleyfi fyrir meira en 1. áfanga verksmiðjunnar.

17. Brennisteinstvíoxíð – engin hreinsun!

Tillaga meiri hluta stjórnar Hollustuverndar að starfsleyfi gerir ekki ráð fyrir neinni hreinsun á brennisteinstvíoxíði frá verksmiðjunni. Tilgreind mörk skv. 2.1.6, 21 kg/tAl, byggja á því að brennisteinsinnihald í forskautum fari ekki yfir 2%. Verði það hærra gildir ákvæði greinar 2.1.10 sem hljóðar svo: „Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk samkvæmt 2.1.6 eru ekki fáanleg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði skal þetta starfsleyfi endurskoðað." Sú endurskoðun getur ekki verið nema í eina átt, þ.e. að heimila vaxandi mengun, nema menn hafi í huga að krefjast vothreinsunar!

Minni hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins gerir hins vegar tillögu til umhverfisráðherra um vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun og bendir á að með því takist ekki aðeins að hreinsa brennisteinstvíoxíð heldur náist einnig betri hreinsun á flúoríði. Einnig bendir minni hluti stjórnar Hollustuverndar á hversu mikilvægt sé að hreinsa brennisteinssambönd, einnig í ljósi alþjóðasamþykkta. Óverjandi sé að líta aðeins á það hvort mengun hefur staðbundin áhrif. Minni hluti stjórnar Hollustuverndar tekur undir með meiri hluta stjórnarinnar að nauðsynlegt sé að afla gagna um mengun af völdum brennisteinstvíoxíðs hér á landi, en ekki þurfi að bíða eftir slíkri úttekt til að gera kröfu til vothreinsunar. Undir framangreind sjónarmið er hér tekið af minni hluta umhverfisnefndar.

Tilgreind losunarmörk fyrir brennisteinstvíoxíð eru 10–20 falt hærri en tíðkast í starfsleyfum álbræðsla á Norðurlöndum þar sem hvarvetna utan Íslands er notuð vothreinsun auk þurrhreinsunar. Full rök eru fyrir því að beita sömu aðferð hérlendis, nema menn vilji kalla yfir sig vandamál vegna sýringar af völdum brennisteinssambanda. Með vothreinsun er jafnframt unnt að draga enn frekar úr flúoríðmengun. Röksemdir sem haldið er fram gegn vothreinsun eru að mati minni hluta umhverfisnefndar ekki haldbærar og unnt að koma í veg fyrir hugsanlega skaðlega mengun í sjó af hennar völdum.

Einnig ber að hafa í huga að Hollustuvernd ríkisins hefur á fyrri stigum tekið undir að nauðsynlegt geti verið að hreinsa brennisteinstvíoxíð frá álbræðslum sem rætt hefur verið um hérlendis, sbr. álit umhverfisnefndar um starfsleyfistillögur fyrir álver á Keilisnesi þar sem vitnað er til Ólafs Péturssonar forstöðumanns mengunarvarnasviðs á fundi með nefndinni 11. september 1991 sem hér greinir: „Varðandi afstöðu til vothreinsi- eða þurrhreinsibúnaðar tók Ólafur fram að engar reglur væru gildandi um að ávallt þyrfti að setja upp vothreinsibúnað vegna álbræðslu þótt margt mælti með að sett væri afdráttarlaus regla um þetta atriði. Taldi Ólafur ekki þörf á vothreinsibúnaði miðað við aðstæður á Keilisnesi en ef reist væri álver í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfu um vothreinsibúnað. Fram kom þó hjá honum að með tilliti til brennisteinstvísýrings (SO_2) er sjóþvottur til viðbótar við þurrhreinsun til bóta út frá mengunarvarnasjónarmiði.“ Menn spyrja eðlilega hvers Hvalfjörður eigi að gjalda sem landbúnaðarhérað í þessu samhengi.

Vakin er athygli á því sem stendur í greinargerð með starfsleyfi frá 11. nóvember 1996 (bls. 5/9): „Sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs er nú yfir íslenskum viðmiðunarmörkum á nokkuð stóru svæði samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið á Grundartanga og útreikningum verkfræðistofunnar Vatnaskila byggðum á þeim mælingum. Þessi mörk eru sett með tilliti til viðkvæms gróðurs. Áhrif álvers á Grundartanga á stærð þessa svæðis eru lítil sem engin. Hins vegar mun ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs vestan og suðvestan iðnaðarsvæðisins aukast með tilkomu álversins.“

Framangreind ummæli minna á það sambýli stóriðjuvera sem nú er stefnt að á Grundartanga. Í skýrslu Skipulags ríkisins vegna mats á umhverfisáhrifum, dags. 19. febrúar 1996 (bls. 25) segir m.a.: „Ef ná ætti einhverjum árangri með vothreinsun útblásturs á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, væri nauðsynlegt að setja slíkan búnað einnig á útblástur frá verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.“. Í sömu umsögn kemur og fram að rannsóknir á hugsanlegum áhrifum brennisteinstvíoxíðmengunar frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga „eru mjög takmarkaðar“.

Eðlileg viðbrögð við þessum aðstæðum eiga ekki aðeins að felast í að setja vothreinsun sem skilyrði í starfsleyfi álbræðslu CVC, heldur gera jafnframt kröfu til Íslenska járnblendifélagsins hf. um vothreinsun á útblæstri frá járnblendiverksmiðjunni í tengslum við endurskoðun á starfsleyfi hennar sem nú er hafin. Í því sambandi er rétt að benda á það sem stendur í skýrslu Skipulags ríkisins vegna mats á umhverfisáhrifum álbræðslu á Grundartanga (bls. 30) þar sem segir:

„Ef framhald verður á hugmyndum um stækkun verksmiðjunnar (þ.e. járnblendiverksmiðjunnar) þá þarf að vinna nýtt starfsleyfi. Í ljósi þróunar sem hefur orðið á magni brennisteins í hráefni verksmiðjunnar er líklegt að Hollustuvernd ríkisins muni fara fram á að mörk brennisteins í hráefni verði endurskoðuð í samræmi við hana. Fyrir fram er ekkert hægt að segja um hver niðurstaðan gæti orðið úr slíkri endurskoðun.“

Rétt er að minna á að Ísland gerðist í maí 1983 aðili að samningnum um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, en umhverfisráðuneytið hefur hvorki skipað framkvæmdaraðila né staðfest einstakar bókanir við samninginn, þrátt fyrir að Hollustuvernd ríkisins hafi hvatt umhverfisráðuneytið til þess 14. febrúar 1994 að undirrita bókunina um takmörkun á losun brennisteinsdíoxíðs, sbr. svar umhverfiráðherra við fyrirspurn (þskj. 78, 120. löggjafarþing) á Alþingi 29. nóvember 1995.

18. Losun koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda.

Í skriflegu svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi 28. janúar 1997 um losun gróðurhúsalofttegunda kemur fram að frá 180 þúsund tonna álbræðslu á Grundartanga komi 373 þúsund tonn CO_2-ígilda árlega, en það þýðir um 13% viðbót við losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis miðað við losun á árinu 1990 sem grunnviðmiðun. Til samanburðar má geta þess að það átak sem kynnt hefur verið í landgræðslu og skógrækt í krafti viðbótarfjárveitingar að upphæð 450 millj. kr. er áætlað að muni árlega binda sem svarar 22 þúsund tonnum af gróðurhúsalofttegundum eða aðeins 1/17 hluta af því magni sem losnar frá ráðgerðri álbræðslu á Grundartanga. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða og ef til vill þá mengun sem erfiðast er að réttlæta í alþjóðlegu samhengi. Í þeim viðræðum sem nú standa yfir um frekari skuldbindingar aðila að alþjóðasamningum um loftslagsbreytingar er lagt til grundvallar álit sérfræðinga um að skera þurfi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum niður um minnst 50% í áföngum fyrir árið 2030. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð lagalega skuldbindandi ákvæða við samninginn í Kyoto í desember 1997 um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hefur Ísland tekið undir það markmið. Evrópusambandið hefur fyrir hönd aðildarríkja sinna þegar lagt fram tillögu um 15% minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2010, og þau ríki sem mest eiga undir vegna hækkunar sjávarstöðu vilja ganga mun lengra í skuldbindandi niðurskurði. Þá kom fram hjá framkvæmdastjóra ESB á umhverfissviði, Ritt Bjerregaard, í heimsókn hennar hingað til lands 14.–16. mars 1997, að Evrópusambandið gæti ekki tekið undir þá stefnu að viðskipti með leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda (tradeable permits) yrðu stunduð landa á milli og viðurkennd sem aðferð í aðþjóðasamningnum. Halda mætti að íslenska ríkisstjórnin hafi í framkvæmdaáætlun sinni frá í nóvember 1995 viljað treysta á slíkar „lausnir" að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda frá orkufrekum iðnaði eða þá vísa til þess að Íslendingar hefðu fram að færa „vistvæna orku" til slíks iðnaðar. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar segir orðrétt um þetta:

„Helstu markmið ríkisstjórnarinnar eru að efla orkusparnað og auka notkun hreinna orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis, og að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði svo það verði ekki meira árið 2000 en það var árið 1990. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar að þess skuli gætt að þetta markmið komi ekki í veg fyrir að hinar hreinu orkulindir landsins verði nýttar t.d. í nýjum stóriðjufyrirtækjum, jafnvel þótt fyrirtækin stundi starfsemi sem óhjákvæmilega felur í sér aukið útstreymi koltvíoxíðs eða annarra gróðurhúsalofttegunda vegna iðnaðarferla."

Það verður að teljast afar ábyrgðarlaust framferði að ætla nú að veita starfsleyfi til stóriðjufyrirtækja eins og stækkunar járnblendiverksmiðju og álbræðslu, sem til samans munu auka losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis um nær 19% litlu áður en samningum á að ljúka um skuldbindingar þjóðríka í þessu efni. Eftir sem áður verður árið 1990 viðmiðun sem ekki verður undan vikist og getur það því lent á annarri starfsemi hérlendis að axla þann samdrátt í losun sem orðið getur samningsniðurstaða í Kyoto.

19. Hávaði.

Nauðsyn ber til að endurskoða reglugerðarákvæði að því er varðar hávaða frá stóriðju, m.a. að því er varðar löndun hráefna. Hafa ber hliðsjón af reynslu frá Straumsvík um það efni. Ástæða er til að ætla að hávaði frá starfsemi á Grundartanga geti valdið truflun ekki aðeins í næsta nágrenni verksmiðjunnar heldur einnig á suðurströnd Hvalfjarðar.

Ekki verður séð að ákvæði starfsleyfistillagna samkvæmt grein 3.1, síðustu efnisgrein, séu í fullu samræmi við úrskurðarorð skipulagsstjóra ríkisins, lið 3.8, vegna mats á umhverfisáhrifum frá 19. febrúar 1996 að því er varðar eftirlit með hávaða og kortlagningu og endurskoðun hámarkshljóðstigs, þar sem segir:

„Í starfsleyfi verði...

3.8 Kveðið á um hvernig standa skuli að eftirliti með hávaða frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Í framhaldi af fyrstu mælingum verði kortlögð *mörk leyfilegs hámarkshljóðstigs* frá fyrirtækjum á iðnaðarsvæðinu, samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum. *Þessi mörk verði síðan endurskoðuð ef þörf krefur.*"

Enn fremur segir í skýrslu Skipulags ríkisins um hávaða:

„Í kyrru veðri og undan vindi getur hávaði borist víða, einkum ef hann berst yfir hart yfirborð eða vatnsflöt. Hávaði mun óhjákvæmilega fylgja framkvæmdum á byggingartíma álvers og starfsemi þess eftir að rekstur hefst, hreinsibúnaði og uppskipun... Svæði sem skilgreina þarf sem áhrifasvæði vegna hávaða frá iðnaðarsvæðum er oft stærra en þynningarsvæði vegna loftmengunar."

20. Föst úrgangsefni.

Í grein 2.3.2 í starfsleyfi er að finna heimild til „að koma sérstökum föstum úrgangi, sem ekki verður nýttur, fyrir í fyllingum (flæðigryfjum) við ströndina í nágrenni verksmiðjunnar. Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurnýjanlegur málmsori, kola- og súrálsryk og byggingarefni."

Í skýringum með starfsleyfistillögum kemur fram að eftir nokkur ár „má áætla að nokkur þúsund tonn á ári falli til sem fari í kerbrotagryfjur." — Aðeins er gert ráð fyrir að meta hugsanleg áhrif kerbrotagryfja á lífríki „a.m.k. tvisvar á áætluðum notkunartíma hverrar gryfju og a.m.k einu sinni eftir að notkun lýkur." Minni hluti stjórnar Hollustuverndar telur kerbrotaförgun sem þessa neyðarlausn og telur nauðsynlegt að setja sérstaklega inn endurskoðunarákvæði varðandi þetta atriði, nema fallist verði á að starfsleyfið gildi aðeins í fjögur ár.

21. Sjónmengun.

Ljóst er að verksmiðjan ef byggð verður mun rista sjónrænt afar tilfinnanlega inn í það umhverfi sem fyrir er við norðanverðan Hvalfjörð. Þegar fram fór mat á umhverfisáhrifum álbræðslu á Grundartanga á grundvelli skýrslu framkvæmdaraðila vakti Hollustuvernd ríkisins sérstaka athygli á að í skýrslunni var ekkert fjallað um sjónræna þáttinn. Í úrskurðarorðum sínum vegna mats á umhverfisáhrifum 19. febrúar 1996 setti skipulagsstjóri m.a. sem skilyrði að „á skipulagsuppdrætti verði kveðið á um litaval bygginga álversins."

22. Vatnsöflun.

Í niðurstöðum sínum í skýrslu vegna frumathugunar um mat á umhverfisáhrifum 19. febrúar 1996 fjallar skipulagsstjóri allítarlega um vatnsöflun fyrir álbræðsluna og byggir m.a. á aðvörunarorðum Hollustuverndar ríkisins um það efni. Á bls. 37 í nefndri skýrslu segir m.a. um vatnsöflun fyrir álbræðslu á Grundartanga:

„Ljóst er að vatnsöflunarmál fyrir álverið hafa enn ekki verið leyst þegar til langs tíma er litið, hvorki fyrir 60.000 né 180 þúsund tonna ársframleiðslu, hvort sem um opið eða lokað kælikerfi er að ræða. Bent er á hugsanleg vatnsöflunarsvæði án þess ljóst sé hvort þau eru nýtanleg og standi til boða."

Í úrskurðarorðum skipulagsstjóra segir m.a. í tölulið 2: „Ekki verður fallist á að notað sé opið kælikerfi fyrir álverksmiðjuna fyrr en ljóst er hvort til er nægjanlegt vatn, sem nýta má til þessarar starfsemi.“ — Starfsleyfið gerir ráð fyrir opnu kælikerfi, sbr. grein 2.2.1–2.2.3.

Í erindi til umhverfisnefndar frá Verkfræðistofunni Hönnun hf. í mars 1997 kemur m.a. fram um vatnsþörf álbræðslunnar: „Í þessum málum er verið að vinna núna og því erfitt að gefa endanlegar upplýsingar, eins og t.d. um nákvæmt vatnsmagn, þar sem þær liggja einfaldlega ekki fyrir og einnig að ýmsir tæknilegir kostir eru í stöðunni sem verið er að athuga.“

23. Ófullnægjandi aðbúnaður Hollustuverndar til eftirlits.

Það hefur komið berlega í ljós að undanförnu að þannig er búið að Hollustuvernd ríkisins að þessi aðaleftirlitsstofnun með mengunarvörnum í landinu er engan veginn í stakk búin að rækja hlutverk sitt. Á þessu hafa forsvarsmenn stofnunarinnar ítrekað vakið athygli, þetta er niðurstaðan úr úttektum stjórnskipaðra aðila og þessi alvarlega staða hefur nú í orði verið viðurkennd af umhverfisráðherra, sbr. skriflegt svar hans 28. febrúar 1997 við fyrirspurn um umhverfismál járnblendiverksmiðju í Hvalfirði (328. mál). Þar segir ráðherra m.a.: „Stofnunin hefur hins vegar vegna mannfæðar ekki getað sinnt eftirlitinu sem skyldi. Ástæðan er sú að verkefni á stofnuninni hafa aukist verulega á undanförnum árum, ekki síst með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu... Ástæðan fyrir því að starfsleyfi verksmiðjunnar hefur ekki enn verið endurskoðað er sú að Hollustuvernd ríkisins hefur ekki komist yfir að sinna öllum nauðsynlegum verkefnum á undanförnum árum.“

Rétt er að vekja athygli á að það eitt nægir ekki að stofnunin hafi heimild til að innheimta gjöld af atvinnurekstri, þar á meðal stóriðjufyrirtækjum, fyrir skoðun og mælingar. Ákveðin grunnaðstaða, þekking og þjálfað starfslið verður að vera til staðar hjá Hollustuvernd til að unnt sé að rækja slíkt. Í því sambandi má minna á nýlegt álit, sem ekki hefur verið vefengt, að algjört lágmark sé að stofnunin fái hið fyrsta heimild til 21 nýs stöðugildis.

Öllum ætti að vera ljóst hversu ábyrgðarlaust og hættulegt það er að tryggja ekki fullnægjandi aðstæður til eftirlits með settum reglum, ekki síst með mengandi fyrirtækjum eins og hér um ræðir.

24. Grunnúttekt og rannsóknir vantar á lífríki Hvalfjarðar.

Ein af þeim grunnforsendum sem vantar til að hægt sé að meta staðsetningu og áhrif af rekstri orkufreks iðnaðar í Hvalfirði er viðhlítandi úttekt, kortlagning og rannsóknir á lífríki Hvalfjarðar, bæði á landi og í sjó, ekki síst við strönd fjarðarins. Vitneskja um lífríkið áður en mengandi atvinnustarfsemi hefst er forsenda þess að hægt sé með óyggjandi hætti að meta breytingar vegna slíks atvinnurekstrar.

Í lögum nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, segir m.a. í 11. gr.: „Áður en framleiðsla hefst skal gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið. Ríkisstjórnin ákveður tilhögun athugunarinnar að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, og skal hlutafélagið greiða allan kostnað við framkvæmd hennar.“ — Lítils háttar viðleitni var til að sinna þessum fyrirmælum um það leyti sem verksmiðjan var að hefja rekstur, en tillögum að víðtækri rannsóknaráætlun og eftirliti var síðan ekki fylgt eftir. Staðan er því afleit þar eð vísindalegan grunn vantar og verður það enn tilfinnanlegra eftir því sem iðnaðarumsvif aukast

á svæðinu. Þó er full ástæða til að kortleggja núverandi stöðu til að skapa samanburðargrunn í framtíðinni. Þurfa rannsóknir að þessu leyti að taka yfir stórt svæði og lúta að könnun ekki einungis á lífríki heldur einnig m.a. efnaeiginleikum ferskvatns og jarðvegs.

25. Umdeilt og óæskilegt staðarval.

Það er skoðun minni hluta umhverfisnefndar að mjög hafi verið hrapað að staðarvali fyrir álbræðslu á Grundartanga. Í því efni bera stjórnvöld mikla ábyrgð, bæði iðanaðar- og umhverfisráðuneyti og sá furðulegi bastarður MIL sem miklu virðist hafa ráðið um það hvernig til tókst.

Svæðið á Grundartanga og Hvalfjörður sem heild var illa undir það búið að taka við frekari stóriðju. Á það bæði við um almennar rannsóknir sem forsendu ákvarðana um staðarval sem og sambýli orkufreks iðnaðar við það atvinnulíf sem fyrir er beggja megin Hvalfjarðar. Þar er m.a. um að ræða viðkvæma þætti fyrir hvers konar mengun svo sem landbúnað, alveg sérstaklega lífrænan landbúnað, sem og útivistarhagsmuni hvers konar og ferðaþjónustu, en allt þetta hefur verið í vexti undanfarin ár.

26. Öflugt viðnám heimafólks.

Mikla athygli hefur vakið einörð og öflug framganga fjölda heimamanna í byggðarlögunum við Hvalfjörð til varnar hagsmunum sínum vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga. Andstaðan hefur í senn verið málefnaleg og gagnrýni vel og skipulega sett fram á vegum áhugasamtakanna Samtakanna óspillt land (SÓL) í Hvalfirði. Fulltrúar þessara samtaka og hagsmunasamtaka bænda komu á fund umhverfisnefndar og kynntu henni sjónarmið sín. Það gerðu einnig fulltrúar heilbrigðiseftirlits Akraness og Kjósarsvæðis. Að mati minni hluta umhverfisnefndar er afar óskynsamlegt og ósiðlegt að ætla að hundsa viðhorf fjölda fólks sem á heima nálægt vettvangi fyrirhugaðrar stóriðju, eins og virðist vera ásetningur ríkisstjórnarinnar.

Andstaðan sem aðallega er í dreifbýlinu við Hvalfjörð hefur að hinu leytinu kallað fram viðbrögð af hálfu ýmissa sveitarstjórnarmanna og almennings, aðallega á Akranesi, sem hafa önnur viðhorf til uppbyggingar á Grundartanga. Þar ræður hagnaðarvon og sókn eftir atvinnu mestu og er hvoru tveggja á sinn hátt skiljanlegt. Má finna hliðstæðu slíkra átaka víða af svipuðu tilefni. Hlutverk stjórnvalda ætti hins vegar að vera að lægja slíkar öldur fremur en magna þær, eins og hér hefur gert.

27. Átök um atvinnustefnu, umhverfisgæði og ímynd Íslands.

Stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar leiðir óhjákvæmilega til átaka. Margir spyrja hvort skynsamlegt sé að veðja á hraða uppbyggingu orkufreks iðnaðar með tilheyrandi virkjunum og staðsetja fjölda slíkra fyrirtækja á einu landshorni, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og í grennd þess. Með því er verið að breyta ímynd landsins og tefla í mikla tvísýnu þeim gæðum sem felast í lítt menguðu umhverfi. Loftgæði á höfuðborgarsvæðinu eru þegar farin að láta á sjá, ekki síst vegna mengunar frá mikilli bílaumferð, en iðnaður leggur þar einnig sitt af mörkum. Með stóriðju á þessu svæði er teflt enn frekar í tvísýnu, að ekki sé talað um þegar slakað er á eðlilegum kröfum um mengunarvarnir. Minni hluti umhverfisnefndar varar eindregið við þessari öfugþróun og telur afar brýnt að snúið verði af þeirri braut sem vörðuð er með vanhugsuðum skyndiframkvæmdum á borð við álbræðslu á Grundartanga. Áhrifa þeirra gætir víða, m.a. í virkjunarframkvæmdum eins og Hágöngumiðlun, sem telja verður til stórslyss. Með henni er gripið inn í áður ósnortna

heild á öræfasvæði við vestanverðan Vatnajökul sem tvímælalaust átti að friðlýsa og halda utan við mannvirkjagerð.

Allt er þetta í hróplegu ósamræmi við hástemmdar yfirlýsingar ráðamanna í ræðu og riti um það hvert stefna beri í umhverfismálum. Í skýrslu umhverfisráðuneytisins „Ástand og þróun umhverfismála“ sem gefin var út á árinu 1995 stendur m.a. í kafla um viðfangsefni og framtíðaráherslur:

„Lögð er áhersla á að Ísland verði um næstu aldamót fyrirmynd annarra vestrænna ríkja í umhverfismálum eða með öðrum orðum að Ísland verði þá án nokkurs vafa hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu.“

Gott væri að geta tekið undir slík orð, en við núverandi aðstæður hljóma þau sem háð. Sú vakning og umræða sem orðið hefur að undanförnu um umhverfismál og önnur gildi en nú ráða mestu í landstjórninni vekur þó vonir um betri tíð.

V. LOKAORÐ

Skýrsla þessi er samin með heimild í 26. gr., sbr. 31. gr., þingskapa og hefur nefndin kosið að skila henni til þingsins áður en umræða hefst um 445. mál á þskj. 757 (Álbræðsla á Grundartanga).

Katrín Fjeldsted, varamaður Láru Margrétar Ragnarsdóttur sem sæti á í nefndinni, tók ekki þátt í umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson, varaform.
Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristján Pálsson.
Hjörleifur Guttormsson.		Kristín Halldórsdóttir.

Fylgiskjal I.

Hollustuvernd ríkisins: TILLÖGUR

STARFSLEYFI

FYRIR ÁLVER COLUMBIA VENTURES COMPANY Á GRUNDARTANGA

Umhverfisráðherra gefur út skv. 72. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 180.000 tonnum af fljótandi áli á ári í kerskálum álvers Columbia Ventures Company (CVC) á Grundartanga og fyrir vinnslu í steypuskála álvers sem reist verður í þrem áföngum, 60.000, 30.000, og 90.000 tonn/ár, sbr. grein 1.4 í starfsleyfi þessu.

1.2. Bygging og rekstur álversins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með breytingu skv. lögum nr. 28/1990, og ákvæði reglugerða settum samkvæmt þeim. Bygging og rekstur álvers CVC skal hannað í samræmi við bestu fáanlega tækni sem völ er á í kerskálum og þurrhreinsivirkjum (sbr. PARCOM Recommendation 94/1) og til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi þessu. Þegar þessar kröfur kveða á um að CVC skuli senda tilkynningar og skýrslur skulu þær sendar Hollustuvernd ríkisins (Hvr) og afrit til Heilbrigðiseftirlits Akranessvæðis (HAs).

1.3. Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta, sem ekki var áður ljós, skal Hvr, að höfðu samráði við HAs, halda fund með CVC og leita í sameiningu mögulegra lausna. Starfsleyfi þetta skal endurskoða í framhaldi af slíkum viðræðum ef þörf er á.

1.4. Við síðari áfanga álversins, stækkun úr 60.000 tonnum/ár í allt að 180.000 tonn/ár, skal yfirfara og endurskoða grein 2.1.6 í starfsleyfinu ef CVC eða Hvr fara fram á það.

1.5 Ef CVC hefur í hyggju umtalsverða aukningu á framleiðslu fljótandi áls umfram 180.000 tonn á ári í kerskálum álversins skal CVC sækja um starfsleyfi til Hvr, sem gerir þá tillögur til umhverfisráðherra um nýtt starfsleyfi.

1.6. Að minnsta kosti 7 dögum fyrir takmörkun á málmframleiðslu, ef stjórnunarleg ákvörðun hefur verið tekin fyrir þann tíma, skal tilkynna Hvr ef fyrirhugað er að stöðva eða minnka starfsemi verksmiðjunnar eða hluta hennar til að draga úr framleiðslu fljótandi áls.

1.7. CVC skal tilnefna fulltrúa sem ber ábyrgð á mengunarvörnum innan fyrirtækisins.

1.8 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.9 Þynningarsvæði CVC vegna loftmengunar, sbr. 30. gr. mengunarvarna-reglugerðar nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994,536/1994 og 394/1996, skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. LOFT

2.1.1. Rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum (punktuppsprettum), að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði þar sem ákvæði greinar 2.1.6 gilda, skal vera minna en 50 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.1.2. Rafgreiningarker skulu búin þéttum þekjum og nægilega skilvirku afsogi til að hindra eftir því sem unnt er að kergas sleppi út í kerskálana. Einungis eru notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.

2.1.3. Súrálsflutningar og mötun á ker skulu fara fram með þeim hætti að lágmarksryk sleppi út í andrúmsloft kerskálanna og stýrt þannig að útblástur til umhverfisins verði í lágmarki, sbr. grein 2.1.6, svo og spennuris.

2.1.4. Reyksöfnunarkerfið skal rekið með nægilegum afköstum til að unnt sé að auka sog á þeim kerum þar sem kerþekja er opnuð. Reglubundin þjónustuáætlun kera skal ekki vera umfangsmeiri en nemur hannaðri umframgetu reyksöfnunarkerfis viðkomandi skála.

2.1.5. Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skulu hreinsuð með súráli og pokasíum. Súráli er hringrásað til vinnslu. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.1.6 jafnvel þótt ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi.

2.1.6. CVC skal á hverjum tíma gera ráðstafanir til draga eftir mætti úr losun mengunarefna. Að loknu fyrsta starfsári hvers áfanga skal magn mengunarefna í útblásturslofti frá kerskálum (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstiloft frá kerskála) ekki vera yfir eftirgreindum mörkum miðað við venjulega framleiðslu í álverinu:

Mengunarefni	Ársmeðaltal kg/t Al	Skammtímameðaltal kg/t Al
Heildarflúoríð	0,6	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinstvíoxíð	21,0	28,0

Halda ber útblástursmörkum miðað við skammtímameðaltal á þeim tímabilum sem meðaltal er tekið fyrir eins og þau eru skilgreind í grein 3.1. (í kaflanum um eftirlit) eða samkvæmt viðurkenndri rekstraráætlun.

2.1.7. Ef flúoríðmengun mælist yfir skammtímameðaltali í þrjá mánuði í röð, eða í eitt almanaksár yfir ársmeðaltali skal CVC, innan eins mánaðar, gera áætlun, í samráði við Hvr, um það hvernig draga megi úr útblástursmengun. Ef útblástur uppfyllir ekki enn skilyrði gr. 2.1.6 er Hvr heimilt að krefjast aðgerða til úrbóta og fylgja þeim eftir samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.

2.1.8. Á tímabilinu frá 1. maí til 1. október á ári hverju (vaxtar- og beitartíma) í venjulegum rekstri skal reglubundin endurnýjun og gangsetning kera vera í samræmi við gr. 2.1.6. Ef almenn gangsetning eða endurgangsetning ónýttrar framleiðslugetu fer fram á þessum tíma skal gangsetning kera takmarkast af útblástursmörkum í gr. 2.1.6, sem miðast við full afköst eins og þau verða að lokinni gangsetningu eða endurgangsetningu.

2.1.9. Innihald brennisteins í olíu skal vera í samræmi við gæði olíu sem seld er á íslenskum markaði á hverjum tíma.

2.1.10. CVC ber að senda Hvr árlega skýrslu um innihald brennisteins í rafskautum og olíu sem fyrirtækið notar.

2.2. VATN

2.2.1. Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum í reglugerðum nr. 478/1994,536/1994 og 394/1996 og ákvæði í lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um ráðstafanir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Allur hreinsibúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar Hvr eða hafa hlotið viðurkenningu Hvr og HAs.

2.2.2. Eðju í hreinsibúnaði fráveitu skal fjarlægja eftir þörfum og henni komið fyrir á viðurkenndum förgunarstað.

2.2.3 Kælivatn frá afriðlum og steypuskála má leiða til sjávar, enda uppfylli það eftirfarandi skilyrði:

Olía og feiti < 15 mg/l

Leita ber samþykkis Hvr á kemískum efnum sem notuð eru í kælikerfum. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra iðnaðarnota og veita aftur í hafið. Fráveitur með sjó skulu uppfylla allar losunarkröfur vatns. Ferskvatn sem nýtt er til kælingar má veita aftur í ferskvatn í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996.

2.2.4 Kælivatn leitt frá lokuðu kælikerfi má leiða til sjávar og skal auk þess uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

pH		6-9
ál	<	100 mg/l
flúoríð	<	100 mg/l
svifagnir	<	200 mg/l

2.3. ÚRGANGUR SEM FELLUR TIL VIÐ FRAMLEIÐSLUNA OG ANNAR ÚRGANGUR

2.3.1. CVC skal gera sitt besta til að nýta allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, þar með talið brotajárn, einangrun úr kerum, bakskautum og forskautum og úrgang sem inniheldur ál í miklum mæli.

2.3.2. Leyfilegt er að koma sérstökum föstum úrgangi, sem ekki verður nýttur, fyrir í fyllingum (flæðigryfjum) við ströndina í nágrenni verksmiðjunnar. Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurnýtanlegur málmsori, kola- og súrálsryk og byggingarefni. Staðsetning slíkra fyllinga skal ákveðin í samráði við Hvr og

hafnaryfirvöld á staðnum. Fyllingin skal varin ágangi sjávar. Hlutar af fyllingu, þar sem förgun er lokið, skulu huldir þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Sérstakan úrgang, sem getur dreifst með vindi, skal þekja án tafar eða honum fargað með öðrum hætti. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað.

2.3.3. Sorpi, umbúðum og þess konar framleiðsluúrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir sorp. Opin brennsla til förgunar hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.3.4 Öllum spilliefnum, sem verða til við vinnsluna og starfsemi henni tengdri og nauðsynlegt er að farga, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku nema að um annað hafi verið samið sérstaklega.

2.4. HÁVAÐI

2.4.1. CVC skal eftir fremsta megni leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni, og tryggja að hávaði sé í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996.

3. MÆLINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

3.1. CVC skal framfylgja eftirfarandi mæliáætlun til eftirlits með mengun:

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Loftkennt flúoríð	Hreinsað kergas	Mánuður	kg F/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Hreinsað kergas	Mánuður	kg/t Al	Stöðugt í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Brennisteins-tvíoxíð	Hreinsað kergas	Mánuður	kgSO_2/t Al	Stöðugt í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft frá kerskála	Mánuður	kg F/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg mæling á marktækum breytum og útreikningar	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk annað en frá þurrhreinsi-búnaði	Punkt-uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm^3	Tilfallandi
Kælivatn	Afriðlar og steypuskáli	Marktæk mæling	mg /l	Tvisvar á ári

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitt ár er liðið frá því að þær tóku gildi og síðan á tveggja ára fresti eftir það ef annar hvor aðili óskar eftir slíkri endurskoðun.

CVC skal, í samvinnu við Hvr, láta taka viðmiðunarsýni af völdum lífverum í fjöruborði við kerbrotagryfjur til að meta hugsanleg áhrif kerbrotagryfju á lífríki a.m.k. tvisvar á áætluðum notkunartíma hverrar kerbrotagryfju.

CVC skal, í samvinnu við Hvr, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða utan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem fer fram úr hávaðamörkum skv. grein 2.4.1. Ef meiriháttar breytingar, sem geta haft áhrif á hávaða, eru gerðar skal endurmeta dreifingu hávaða frá álverinu.

3.2. Til þess að mæla stöðugt loftkennd flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð skal koma fyrir sjálfvirkum mælitækjum í minnst einum reykháfi í hverri hreinsunarstöð. Hanna ber viðunandi aðstöðu til mælinga á ræstilofti úr kerskála.

3.3. Komið skal upp viðunandi aðstöðu til að hafa eftirlit með mengunarmælingum. CVC ber ábyrgð á mælingum skv. grein 3.1., og, þar sem við á, grein 5.1.

3.4. CVC skal tilkynna Hvr ef niðurstöður mælinga samkvæmt 3.1. eru ekki í samræmi við þessar kröfur og staðfesta slíkar upplýsingar skriflega innan 7 daga frá því að niðurstöður hafa verið sannreyndar. Niðurstöður mælinga og efnagreininga skulu varðveittar í minnst eitt ár og vera aðgengilegar Hvr. Ef skráningarblöð fyrir sjálfvirk, síritandi mælitæki eru ekki varðveitt skal færa samantekt yfir mælinganiðurstöður í skrá sem er varðveitt með sama hætti og aðrar niðurstöður mælinga.

3.5. Hvr skal yfirfara niðurstöður mælinga á útblæstri frá álverinu og mæliaðferðir CVC. Slíkt endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en árlega. Hvr eða viðurkenndur þriðji aðili skal framkvæma nákvæma úttekt á losun mengunarefna frá verksmiðjunni í samráði við CVC, samkvæmt ákvæðum 5. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996.

3.6. Ársfjórðungslega skal CVC senda Hvr niðurstöður mælinga á útblæstri í samræmi við gr. 3.1. Niðurstöður mælinga skulu birtar í kg/t Al.

3.7. Forráðamenn CVC skulu a.m.k. árlega efna til fundar með Hvr og HAs til þess að gera grein fyrir niðurstöðum mengunarmælinga samkvæmt gr. 3.1. og rekstri þurrhreinsibúnaðar og öðrum málum tengdum mengunarvörnum.

4. EFTIRLIT MEÐ REKSTRI

4.1. Rekstur, þjónusta og viðhald kera, þekja og þurrhreinsibúnaðar skal vera í samræmi við áætlanir CVC sem aðgengilegar eru fyrir Hvr

4.2. Eftirlitsherbergi skal vera til staðar fyrir eftirlit með þurrhreinsistöðvum.

4.3. Hvr skal tilkynnt innan 24 klukkustunda um hvers konar bilun eða stöðvun í þurrhreinsibúnaði fyrir kergas sem varir lengur en 1 klukkustund og kemur í veg fyrir að búnaðurinn geti sogað og hreinsað a.m.k 80% af kergasi frá

hverjum kerskála. Ef talið er að mengun vegna slíkrar bilunar eða stöðvunar fari á einni viku fram úr skammtímameðaltali samkvæmt ákvæðum í gr. 2.1.6 reiknað fyrir einn mánuð er Hvr heimilt að krefjast úrbóta og fylgja þeim eftir í samræmi við 27. gr. laga nr. 81/1988, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.

4.4. Viðmiðunarmörk fyrir hávaða og losun mengunarefna í vatn og loft skulu gilda við eðlilegar rekstraraðstæður, þ.m.t. tilfallandi mengunartoppar sem fyrir koma í rekstrinum. Þau skulu einnig gilda um önnur frávik, sem teljast til eðlilegra sveiflna í rekstrinum, þ.m.t. þegar notað er óheppilegt hráefni. Kröfurnar gilda einnig þegar upphafleg virkni búnaðar, sem dregur á úr mengun, hefur minnkað vegna slits.

5. MÆLINGAR Á MENGUN Í UMHVERFINU

5.1. CVC skal standa fyrir samfelldum mælingum á styrk flúoríðs í andrúmslofti og árlegum mælingum á flúoríði í vatni og gróðri (grasi, laufi og barri) í nágrenni álversins. CVC skal, ásamt öðrum hlutaðeigandi aðilum á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, taka þátt í reglubundum mælingum á: SO_2 og ryki í andrúmslofti; SO_4^{2-} og sýrustigi (pH) í úrkomu, vatni og jarðvegi. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem Hvr hefur samþykkt.

5.2 Aðrar mælingar, eins og lagt er til í skýrslu CVC um mat á umhverfisáhrifum, skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli Hvr og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.

5.3 CVC skal semja og senda Hvr árlega skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt gr. 5.1.

6. GJÖLD OG KOSTNAÐUR.

6.1. CVC skal greiða Hvr árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hvr. Álver eru flokkuð í 1. flokk samkvæmt viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996.

6.2. CVC skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt gr. 3.1 og 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Framkvæmd mælinganna skal vera í höndum aðila sem Hvr hefur samþykkt.

6.3 CVC skal greiða gjald vegna útgáfu og kynningar á þessu starfsleyfi samkvæmt gjaldskrá Hvr. Álver teljast vera í 1. flokki skv. viðauka 9 í mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994 með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996.

7. GILDISTAKA

7.1. Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt. 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með breytingum nr. 378/1994, 536/1994 og 394/1996, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar starfsemi hefst í kerskála álversins og gildir í 10 ár frá þeim degi. Starfsleyfið skal þó ekki taka gildi síðar en 1. maí 1999

Greinargerð með tillögu að starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð fyrir 180.000 tonn/ár álveri á Grundartanga.
(11. nóvember 1996.)

1. Inngangur

Þann 6. desember 1995 sótti Markaðsskrifstofa Iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar fyrir hönd Columbia Aluminum Corporation um starfsleyfi fyrir 180.000 tonn/ár álver á Grundartanga. Samkvæmt 72. gr. mengunarvarnareglugerðar afgreiðir Hollustuvernd ríkisins endanlegar starfsleyfistillögur til umhverfisráðuneytisins í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda.

Hér eru lagðar fram til kynningar tillögur að starfsleyfi fyrir álframleiðslu á Grundartanga. Columbia Ventures Company er stofnaðili verksmiðjunnar, en rekstraraðili verksmiðjunnar verður íslenskt hlutafélag sem Columbia Ventures Company mun koma á fót. Starfsleyfi fyrir 180.000 tonn/ár álver á Gundartanga verður gefið út af umhverfisráðherra á nafn rekstraraðila þegar hann hefur tekið formlega til starfa.

Starfsleyfistillögurnar eru byggðar á eftirfarandi atriðum:
- Starfsleyfum sem unnin hafa verið fyrir annan sambærilegan rekstur hérlendis.
- Upplýsingum frá Columbia Ventures Company um tækjabúnað væntanlegs álvers og tryggingar framleiðanda á virkni búnaðarins.
- Upplýsingum sem safnað var vegna undirbúnings álverksmiðju á Keilisnesi.
- Upplýsingum um áhrif mengunar frá álframleiðslu í Straumsvík á gróður, sem safnað hefur verið árlega frá því að áður en framleiðsla hófst þar árið 1969.
- Mengunarmælingum sem fram hafa farið á Hvaleyrarholti frá október 1989 til ársloka-1990, frá október 1994 til desember 1995, og nú frá maí 1996
- Mati á umhverfisáhrifum álvers á Gundartanga, en skýrslu um frumathugun var skilað inn til Skipulagsstjóra ríkisins í desember 1995.
- Mengunarmælingar á Grundartanga og útreikningar Vatnaskila h.f byggðir á þeim sem birtir voru með skýrslu um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga ásamt frekari útreikningum Vatnaskila h.f fyrir Hollustuvernd ríkisins.
- PARCOM Recommendation 94/1 og drögum að bakgrunnsskýrslu um mengun frá álverum sem unnin hefur verið vegna þeirrar vinnu.

Hér á eftir er gerð grein fyrir mengun frá álframleiðslu, hver losun mengunarefna verður frá álframleiðslunni á Grundartanga, áhrif mengunarefna frá álframleiðslu í umhverfinu, mengun á Grundartanga og loks verður fjallað um innihald nokkurra greina í starfsleyfistillögunum.

2. Mengun frá álframleiðslu

Ál er framleitt með rafgreiningu í stálkerum. Helstu hráefni til álframleiðslu eru súrál, krýolít eða álflúoríð, kolarafskaut og svo rafmagn. Kerin og einangrunin í þeim ganga einnig úr sér og þarf að endurnýja þau á nokkurra ára fresti.

Sú mengun sem kemur frá álframleiðslu er fyrst og fremst loftmengun, og föst úrgangsefni. Þar sem eru notuð forbökuð rafskaut, eins og krafist er í öllum nýjum álverum, er mengunin nær eingöngu flúoríð, ryk, og brennisteinstvíoxíð, sem myndast vegna brennisteinsinnihalds í kolarafskautunum. Flúoríðmengun er sú mengun, sem skapar langmesta hættu fyrir gróður og grasbíta og lögð hefur verið höfuðáhersla á að minnka. Með bestu tækni hefur verið náð verulegum árangri við að takmarka þá mengunarhættu og einnig rykmengun. Flúoríðmengun og rykmengun frá álframleiðslu er aðeins hægt að takmarka með því að hreinsa flúoríð og ryk úr útblæstri frá framleiðslunni.

Besta tækni til þeirrar hreinsunar er svonefnd þurrhreinsun með fullnægjandi virkni í hreinsibúnaði. Í þurrhreinsibúnaði er súrálið, sem álið er framleitt úr, notað til þess að binda flúoríð úr útblæstrinum. Rykið frá framleiðslunni blandast þá einnig inn í súrálið. Súrálsryk frá þurrhreinsibúnaðinum er svo síað frá útblæstrinum með pokasíum. Ryk og flúoríð er síðan endurnýtt í rafgreiningarkerjunum. Virkni er skilgreind á þrjá vegu: Í fyrsta lagi sem virkni búnaðarins til að ná flúoríðum og ryki sem myndast í kerunum inn í hreinsibúnaðinn. Í öðru lagi virkni búnaðarins til að binda gaskennt flúoríð á súrálið og í þriðja lagi að fjarlægja svo rykið úr útblæstrinum.

Þar sem notuð eru rafskaut með háu brennisteinsinnihaldi og brennisteinstvíoxíðsmengun í lofti er vandamál, má nota vothreinsibúnað til að skola brennisteintvíoxíð út í sjó. Þá er útblásturinn þveginn með kalkblönduðu vatni eða sjó og er brennisteinstvíoxíð bundið sem kalsíumsúlfat (gifs). Einnig er flúoríð bundið að hluta sem kalsíumflúoríð. Þessi búnaður var víða notaður til flúorhreinsunar og tjöruhreinsunar úr útblæstri. Þar sem vothreinsibúnaður var eingöngu hefur nú verið bætt þurrhreinsibúnaði líka. Nú eru þurrhreinsibúnaður og forbökuð skaut viðurkennd sem besta fáanlega tækni við framleiðslu áls og hreinsunar flúoríða, og vothreinsibúnaður ekki settur upp nema þar sem brennisteinstvíoxíðsmengun í andrúmslofti er vandamál. Tjörumengun (PAH efni) er mjög lítil frá álverum sem nota forbökuð rafskaut.

Fastur úrgangur tengdur álframleiðslu eru einkun kerbrot og skautleifar, auk ýmis konar úrgangs frá álsteypunni og ryk.

Önnur hættuleg efni s.s. þungmálmar og lífræn leysiefni tengjast ekki frumframleiðslu á áli og því er ekki fjallað nánar um þau hér.

Þar sem eingöngu er notaður þurrhreinsibúnaður, eins og gert er ráð fyrir á Grundartanga, er eina frárennslið sem er beint tengt framleiðslunni kælivatn frá afriðlum og steypskála.

3. Losun mengunarefna frá álveri á Grundartanga

Útblástur mengunarefna frá álveri á Grundartanga verður í samræmi við PARCOM Recommendation 94/1 um bestu tækni fyrir álver með þurrhreinsibúnaði. Þar er gert ráð fyrir að heildarmagn flúoríðs í útblæstri verði undir 0,6 kg/tonn af framleiddu áli og að ryk verði minna en 1 kg/tonn af framleiddu áli. Sérstaklega skal bent á að gaskennt flúoríð (HF), sem talið er hættulegast fyrir gróður, verður líklega innan við helmingur þessa útblástur sé miðað við rekstrarforsendur framleiðanda tækjanna og ábyrgðir framleiðanda hreinsibúnaðarins. Heildarflúoríðútblástur frá 180.000 tonn/ár álveri er því innan við 110 tonn/ár og gaskennt flúoríð líklega um 50 tonn/ár. Fyrir fyrsta áfangann (60.000) er áætlaður útblástur flúoríða því 36 tonn/ár og gaskennt flúoríð um 17 tonn/ár.

Ryk í útblæstri og upp um þak kerskála, er einkum áloxíð með nokkru flúoríði. Það má verða að hámarki um 180 tonn fyrir 180.000 tonna álver eða um 60 tonn fyrir fyrsta 60.000 tonna áfangann. Hætta á verulega auknum útblæstri flúoríða og ryks er lítil. Reykhreinsibúnaður er hannaður úr nokkrum samhliða einingum og full virkni er miðuð við að alltaf sé ein eining ekki í sambandi vegna viðhalds eða hreinsunar. Ef tvær einingar bila er samt mikill meirihluti hreinsibúnaðarins enn virkur og hreinsivirkni verður yfir 85% af hönnunarvirkni.

Samanburður á hámarki leyfilegra mengunarefna í útblæstri væntanlegs 180.000 tonn/ár álvers á Grundartanga við núverandi álver í Straumsvík er sýndur í töflu 1. Eingöngu síðustu ár og væntanleg stækkun í Straumsvík eru samanburðarhæf þar sem áður var ekki nægilega skilvirkur hreinsibúnaður til staðar í álverinu í Straumsvík.

Tafla 1. Áætluð losun mengunarefna frá álframleiðslu í Straumsvík og á Grundartanga

Ár	Framleitt ál (tonn)	Flúoríð (kg/tonn ál)	Flúoríð (tonn)	Ryk (tonn)	Brennisteinstvíoxíð (tonn)
			Straumsvík		
1992	90045	1,05	95	70	1558
1993	94152	1,30	122	49	1610
1994	98595	1,41	139	50 (leyft 296)	1680 (leyft 2070)
Leyft í ÍSAL eftir stækkun					
1998	170000	1,20	204	255 (áætlað 100)	3570 (áætlað 2550)
			Grundartangi		
1999	**60000**	**0,6**	**36**	**60**	**1260**
20xx	**180000**	**0,6**	**108**	**180**	**3780**

Miðað við reynslu undanfarinna ár þá hefur gaskennt flúoríð verið milli 80 og 90% flúoríða sem fara út í andrúmsloftið frá álverinu í Straumsvík, en eins og áður segir er

gaskennt flúoríð áætlað innan við helmingur flúoríða frá álveri á Grundartanga. Reynsla frá álverinu í Straumsvík sýnir að rykmengun hefur verið mjög lítil. Framleiðendur þess búnaðar sem notaður verður á Grundartanga hafa ekki treyst sér til að ábyrgjast að rykmengun verði jafn lítil og náðst hefur í álverinu í Straumsvík. Það skal tekið fram að Íslenska álfélagið h.f. stefnir að því að flúormengun í kg/tonn ál minnki á næstu árum og þá verður sá munur sem hér kemur fram ekki lengur til staðar í sama mæli.

Föstum úrgangi verður komið fyrir í flæðigryfju við sjó á sambærilegan hátt og við Straumsvík undanfarna áratugi. Magn þessa úrgangs fer minnkandi með lengri líftíma kera, stærri kerum, betri nýtingu hráefna og aukinni endurvinnslu. Fyrstu árin myndast lítill fastur úrgangur sem fer í kerbrotagryfjur, en síðar má áætla að nokkur þúsund tonn á ári falli til sem fari í kerbrotagryfjur. Helstu efnisþættir eru kerbrot, þ.e. múrsteinar og skautleifar, óendurvinnanlegur álsori, kola- og súrálsryk, auk byggingarúrgangs.

4. Áhrif mengunarefna í umhverfinu.

Fylgst hefur verið með flúoríðmengun frá álverinu í Straumsvík, í gróðri á völdum sýnatökustöðum, frá árinu 1968 og fara þær mælingar enn fram með sambærilegum hætti. Gert er ráð fyrir sambærilegri mæliáætlun vegna álversins á Grundartanga. Mynd 1 er tekin úr árskýrslunni 1995 þar sem eru sýndar niðurstöður mælinga og þær bornar saman við fyrri ár. Eins og sést á myndinni þá er sá meðalflúoríðstyrkur sem mælist á sýnatökustöðunum árin 1992 til 1995 sambærilegur við meðalflúoríðstyrk sem mældist 1968 áður en framleiðsla hófst. Breytingar vegna aukins flúoríðsútblástur frá Straumsvík vegna breytinga í framleiðslugetu síðustu ára hafa eingöngu komið fram á þeim stöðum sem næst eru álverinu. Þar sem heildarflúoríðútblástur frá álveri á Grundartanga verður um helmingur þess sem kemur frá Straumsvík og gaskennt flúoríð væntanlega rúmlega fjórðungur þá verða sýnatökustöðvar fyrir gróður vegna vöktunar við Grundartanga að vera nærri iðnaðarsvæðinu, t.d. í 2 og 4 km radíus, og síðan undan aðalvindáttum með Akrafjalli. Gert er ráð fyrir sýnatökustöðvum innar við Hvalfjörð og sunnan fjarðar. Miðað við renslu frá Straumsvík er ekki búist við að marktæk breyting á styrk flúoríðs mælist nema á mælistöðunum næst álverinu. Einnig er gert ráð fyrir að mæla flúor og fleiri þætti s.s. sýrustig og brennistein í yfirborðsvatni og úrkomu í nágrenni Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar hafa mælt styrk flúoríðs og brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti á Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð. Fyrst á vegum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar frá 1989 til 1990, áður en endurbætur voru gerðar á mengunarvarnabúnaði, og síðar á vegum Hollustuverndar ríkisins, eftir endurbætur, frá október 1994 (með hléi fyrri parts árs 1996). Styrkur flúoríðs fór yfir norsk viðmiðunarmörk 2 sólarhringa á öllu mælitímabilinu árið 1990, en meðalstyrkur flúoríðs og brennissteinstvíoxíðs var langt undir viðmiðunarmörkum. Frá október 1994 hafa staðið yfir mælingar á Hvaleyrarholti að nýju. Styrkur hefur mælst langt undir viðmiðunarmörkum allan tímann.

Miðað er við að sett verið upp ein föst mælistöð við Grundartanga vestan við iðnaðarsvæðis til að fylgjast með loftmengun til langs tíma, auk annarra stöðva vegna bakgrunnsmælinga.

Gerð hefur verið dreifingarspá fyrir loftmengun frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga miðað við aukna starfsemi þar með álveri og hugsanlega stækkun járnblendiverksmiðjunnar. Út frá henni er ljóst að flúoríð mun dreifast í litlu magni út fyrir sjálft iðnaðarsvæði. Það er helst lítið svæði norðvestan við iðnaðarsvæðið þar sem flúoríð getur orðið yfir viðmiðunarmörkum eftir að stækkun í 180.000 tonn hefur átt sér stað. Fylgjast þarf sérstaklega með flúoríði í gróðri þar.

Sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs er nú yfir íslenskum viðmiðunarmörkum á nokkuð stóru svæði samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið á Grundartanga og útreikningum Verkfræðistofunnar Vatnaskil byggðum á þeim mælingum. Þessi mörk er sett með tilliti til viðkvæms gróður. Áhrif álvers á Grundartanga á stærð þessa svæðis eru lítil sem engin. Hins vegar mun ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs vestan og suðvestan iðnaðarsvæðisins aukast með tilkomu álversins. Svæðið þar sem ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs fer yfir viðmiðunarmörk verður hins vegar minna en það svæði sem nú er yfir viðmiðunarmörkum miðað við sólarhringsmeðaltal.

Kannað hefur verið af Líffræðistofnun Háskólans hvort mengun frá flæðigryfjum fyrir fastan úrgang hefði áhrif á lífríkið í sjónum við Straumsvík. Ekki greindust nein áhrif í þeirri könnun sem fram fór, en frekari könnun er nú í gangi. Gert er ráð fyrir sambærilegri könnun við flæðigryfjur á Grundartanga. Jafnframt er fylgst með þeim möguleikum sem eru í aukinni endurnýtingu þessa úrgangs.

5 Bakgrunnsmælingar

Nú þegar Grundartangi hefur verið skilgreindur sem mesta stóriðnaðarsvæði landsins er nauðsynleg að fara yfir, endurtaka, og bæta við þær bakgrunnsmælingar á mengun sem þegar hafa farið fram á svæðinu. Galli við flestar þessar mælingar er að þær fóru fram aðeins einu sinni og lítill eða enginn samanburður hefur verið gerður. Þær reglulegu mælingar sem nú er áætlað að koma á við iðnaðarsvæðið eru: ryk, flúor, brennisteinn, og sýrustig í loft, úrkomu, vatni og gróðri; lífríkisathuganir við kerbrotagryfjur og hávaðaúttektir. Til samanburðar við þessar mælingar þarf að gera ítarlegri bakgrunnsathuganir á þessum þáttum.

Auk þessara þátta, sem beint tengjast álverinu og reyndar líka járnblendiverksmiðjunni að stórum hluta, þá þarf að gera almennar grunnmælingar á svæðinu áður en meiri háttar breytingar eru fyrirhugaðar og bera þær saman við eldri mælingar þar sem þær liggja fyrir. Eðlilegt er að miða við að slíkur samburður sé endurtekinn að einhverju leyti þegar starfsleyfi er endurnýjað. Helstu þættir sem skulu athugaðir komu fram í mati á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga.

6 Athugasemdir við einstakar greinar starfsleyfistillagnanna.

6.1 Grein 1.1 og titill starfsleyfis
Hér eru lagðar fram til kynningar tillögur að starfsleyfi fyrir álframleiðslu á Grundartanga. Columbia Ventures Company er stofnaðili verksmiðjunnar, en rekstraraðili verksmiðjunnar verður íslenskt hlutafélag sem Columbia Ventures Company mun koma á fót. Starfsleyfi fyrir 180.000 álver á Gundartanga verður gefið af umhverfisráðherra út á nafn rekstraraðila þegar hann hefur tekið formlega til starfa.

6.2 Grein 1.2
Álverið verður byggt í samræmi við bestu tækni sem völ er á í kerskálunum. Ker eru ekki jafnstór og þau ker sem stærst eru í álverum, en allur búnaður í samræmi við það sem best gerist. Þurrhreinsivirki verður byggð eftir bestu tækni og mun skila mjög góðri hreinsun á gaskenndu flúoríði úr útblæstri. Ekki er gert ráð fyrir vothreinsun á eftir þurrhreinsun til hreinsunar á brennisteini. Álverið er byggt í samræmi við PARCOM Recommendation 94/1 um bestu tækni í nýjum álverum, sem öll lönd Vestur-Evrópu hafa samþykkt nema Bretar og Þjóðverjar.

6.3 Grein 1.4
Við seinni áfanga álverins, það er stækkun úr 60.000 í 180.000 tonn/ár má endurskoða mörkin í 2.1.6 ef þörf er á að færa þau til betri vegar.

6.4 Grein 1.9
Hér er þynningarsvæði verksmiðjunnar skilgreint það sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Þar sem stærð svæðisins ákvarðast af efni sem fleiri fyrirtæki blása út í andrúmsloftið er nauðsynlegt að hafa þynningarsvæðið eitt. Á því svæði má loftmengun fara upp fyrir viðmiðunarmörk. Nú hafa hafist viðræður við Íslenska Járnblendifélagið um endurskoðun starfsleyfis. Þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga verður skilgreint samhliða þeirri endurskoðun.

6.5 Grein 2.1.4
Öll þjónusta við ker er rekið með krönum í lofti. Í hvorum skála verða 2 kranar, sem þjóna einu keri í einu. Auk þess geta menn við eftirlit eða mælingar opnað ker. Miðað er við að einungis 3 ker í hvorum skála verði opnuð í einu og þá aðeins 2 þekjur að hámarki þegar skipt er um skaut, en annars einungis 1 þekja af 22. Þegar þekja er opnuð er sogið á ker tvöfaldað til að tryggja að sem minnst ryk sleppi út í skálann.

6.6 Grein 2.1.6
Mengunarmörkin í tillögunum eru sett í samræmi við PARCOM Recommendation 94/1 um bestu tækni í nýjum álverum. Mörkin fyrir brennistein eru eins og þau hafa verið sett hérlendis áður í sambærilegri vinnslu.

6.7 Grein 2.2.3 og 2.2.4
Til kælingar má nota ferskvatn og sjó. Ferskvatni má skila aftur í ferskvatn í samræmi við ákvæði reglugerðar. Endurnýtt kælivatn þar sem byggst getur upp styrkur áls, flúoríðs eða svifagna, sem getur helst gerst þar sem kælivatn í steypskála er endurnýtt, skal uppfylla kröfur um það skv. gr. 2.2.4 áður en því er veitt til sjávar. Þessar kröfur byggjast á kröfum sem unnar voru fyrir álver á Keilisnesi.

6.8 Grein 3.1 og 3.2
Gert er ráð fyrir að mælt sé stöðugt frá hverri þurrhreinsistöð gaskennd flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð. Árlega verði gerð tölfræðilega marktæk könnun og útreikningar á flúoríði í ryki frá einum reykháfi og kerskálaþaki. Gert er ráð fyrir að hönnuð verði viðunandi aðstaða til mælinga á gaskenndu flúoríði og verði það mælt samfellt á dæmigerðum stöðum í kerskála. Ekki er gert ráð fyrir að mæla brennisteinstvíoxíð í kerskálaþaki enda er reiknað með að yfir 98,5% af því fari út um skorsteina reykhreinsivirkis. Þessa mæliáætlun má endurskoða á tveggja ára fresti.

6.9 Grein 4.3
Ef svo ólíklega vill til að meiriháttar bilun verði í þurrhreinsivirki, en rekstur kerskála er óbreyttur getur Hollustuvernd strax gripið til aðgerða, en þarf ekki að bíða eftir að skammtímameðaltal hafi verið 3 mánuði yfir viðmiðunarmörkum sbr. grein 2.1.6. Aðgerðir sem grípa má til eru áminning, áminning með fresti um úrbætur, og takmörkun framleiðslu.

6.10 Grein 5.1
Reglubundar mælingar bundnar í starfsleyfi eru samkvæmt grein 3.1 og 5.1. Í grein 3.1 er fjallað um það sem er gert við tiltekna uppsprettu, en í grein 5.1 er tekið á mælingum í umhverfinu. Þar sem þar er tiltekið skal mælast reglubundið á gildistíma starfsleyfisins. Dæmi um áætlun er í töflunni hér fyrir neðan:

Staður	þáttur	tíðni	fjöldi punkta
Loft	Flúoríð	samfellt	1
	Brennisteinstvíoxíð	samfellt	1
	Ryk	samfellt	1
Úrkoma	Súlfat	mánaðarsýni	1
	Flúoríð	mánaðarsýni	1
	pH	mánaðarsýni	1
Gróður	Flúoríð	2 á ári	15-20
Vatn	Súlfat	2 á ári	4
	Flúoríð	2 á ári	4
	pH	2 á ári	4
Jarðvegur	Súlfat og heildar S	árlega	4
	pH	árlega	4

6.11 Grein 5.2

Hér er kveðið á um að fyrirtækið skuli taka þátt í öðrum mælingum á svæðinu, eins og lagt var til í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Hér má tiltaka þætti sem ekki tengjast álveri beint eins og þungmálmamælingar í vatni, gróðri, kræklingi og seti. Skoðun á gróðurfari á samanburðarstöðum. Þessar rannsóknir verða gerðar samkvæmt sérstöku samkomulagi hlutaðeigandi aðila. Hollustuvernd ríkisins telur eðlilegt að miða við að slíkar rannsóknir fari fram áður en meiri háttar breytingar verði á starfssemi á svæðinu eða við endurnýjun starfsleyfis.

Mynd 1. Meðalstyrkur flúors í gróðri. Úr skýrslu um flúrorrannsóknir í gróðri í nágrenni ISAL 1995.




Mörk iðnaðarsvæðis
Viðmiðunarmörk
þynningarsvæðis
Eiðisvatn
Holmavatn
Hvalfjörður
Akrafjall
Jaðar vatnsverndarsvæðis
Klafastaðir
0,15
0,2
0,3
0
1 km
2

Fylgiskjal II.

Hönnun hf.
verkfræðistofa:

Nokkrir minnispunktar um kröfur sem gerðar eru til álvera.

PARCOM Recommendation 94/1 - ANNEX 5

PARCOM Recommendation um Best Available Techniques (BAT) fyrir nýjar álverksmiðjur var afgreitt um mitt ár 1994. Þessi tilmæli áttu sér all langan aðdraganda en megin niðurstaðan er sú sem rakin er hér á eftir.

- Aðal mengunarþættir álvera sem nota "forbakaða skautatækni" (prebake technology) eru heildarflúor (F_t) sem innifelur loftkenndan flúor (HF), ryk og brennisteinsdíoxíð (SO_2). Nú upp á síðkastið hafa bæst við í þennan hóp, vegna hugsanlegra gróðurhúsaáhrifa, flúorcarbon gös (CF gös) og koldíoxíð (CO_2).
- Að auki kemur frá álverum sem nota Söderberg tækni fjölhringa kolefnis sambönd (PAH). Söderberg tækni, sem notuð er í flestum álverum Noregs og í Sundsvall álverinu í Svíþjóð, er úrelt tækni og er ekki skilgreint sem BAT.
- Álvinnsla er þurrt ferli í eðli sínu og því er einungis um að ræða útblástur út í andrúmsloftið nema þegar vothreinsun vegna SO_2 hreinsunar er framkvæmd.

BAT vinnsluferill fyrir áliðnað innifelur eftirtalin atriði:

- Forbökuð skaut og lokuð ker sem hönnuð eru til að ná miklu magni (high collection efficiency) af ryki og hefur lágmarks opnunartíma kera, þ.e. lítið af keryfirbyggingunni er opið þegar skipta á um skaut.
- Súrálsmötun fer fram yfir miðju kerinu.
- Sjálfvirkur stýribúnaður fylgist með samsetningu raflausnarefnisins og heldur svokölluðum risum innan marka.
- Rykið sem myndast í kerinu er hreinsað með því að súrál dregur að sér flúoríðin og síðan er súrálið endurnotað. Þetta fer fram í lokuðum búnaði.
- Öruggur og skilvirkur rekstur og viðhald.
- Mælingar á samsetningu og magni útblásturs með stöðugum sýnatökum eða samfelldum mælingum.

Nota skal forskaut með lágu brennisteinsinnihaldi til að draga úr SO_2 útblæstri. Ef ekki er hægt að fá skaut með lágu brennisteinsinnihaldi, eða ef notkun slíkra skauta hefur ekki skilað tilskyldum árangri, má setja upp sérstaka hreinsun aftan við þurrhreinsibúnaðinn, þ.e. eftir að þurrhreinsun hefur farið fram.

Tilmæli um meðaltals útblástur mengunarefna yfir 12 mánaða tímabil frá nýjum álverum sem nota BAT vinnsluferil eru þessi:

kg/unnið áltonn

F_t	0,6
HF	0,4
Ryk	1,0

Frjálst val er hvort notuð er krafa um hámarks F_t eða HF útblástur. Ekki er gerð sérstök krafa um hámarks SO_2 útblástur því það er ekki talið vera eins mengandi fyrir umhverfið eins og flúor og ryk.

Innlegg Norðmanna frá janúar 1994 við ákvörðun um tilmæli PARCOM

Til samanburðar við það sem rakið er hér á undan fylgja hér tillögur sem Norðmenn lögðu fram við gerð PARCOM samkomulagsins um meðaltals útblástur mengunarefna.

Tillaga Norðmanna um meðaltals útblástur mengunarefna yfir 6-12 mánaða tímabil (Achiveable long term emission levels), í stað 12 mánaða tímabils sem varð ofan á og er strangara, frá nýjum álverum sem nota BAT vinnsluferil án vothreinsunar var þessi:

kg/unnið áltonn

F_t	0,5
HF	0,3
SO_2	32,0
Ryk	0,8

Þegar vothreinsun hefur verið bætt við var tillagan um meðaltals útblástur mengunarefna yfir 6-12 mánaða tímabil frá nýjum álverum sem nota BAT vinnsluferil þessi:

kg/unnið áltonn

F_t	0,4
HF	0,25
SO_2	4,0
Ryk	0,8

Tillaga þeirra um meðaltals útblástur mengunarefna yfir 6-12 mánaða tímabil frá Söderberg álverum sem eru í rekstri voru eftirfarandi, með vothreinsun:

kg/unnið áltonn

F_t	1,3
HF	0,7
SO_2	3,0
Ryk	5,0

Nánast öll álver Norðmanna eru að grunni til byggð á Söderberg tækni, þó hægt og bítandi séu þeir að fara yfir í forbakaða skaut tækni við stækkun og/eða endurnýjun álvera. Því skýtur svolítið skökku við hversu rúm mörk þeir ætla sjálfum sér við reksturinn.

Norðmenn tóku fram í sínum tillögum að í nýjum BAT álverum næðist mestur árangur með því að setja vothreinsun á eftir þurrhreinsibúnaðinum. Þeir tóku einnig sérstaklega fram að hvort fara ætti fram á vothreinsun vegna umhverfisins færi eftir aðstæðum hverju sinni. Með öðrum orðum, í Noregi er ekki talið sjálfsagt mál að fara fram á vothreinsun ef BAT vinnsluferill er notaður.

Opinberar kröfur í Noregi um útblástur álvera

Erfitt er að fá upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar til útblásturs álvera. Sendar hafa verið fyrirspurnir til Noregs en þá fékkst einungis persónuleg skoðun þess sem spurður var en þegar beðið var um opinberar kröfur virtist dýpra á upplýsingarnar. Einu upplýsingarnar sem við höfum getað aflað eru frá Aluminiumindustriens Miljøsekretariat (AMS) sem hafa aðalskrifstofur í Noregi. Samkvæmt upplýsingum frá þeim, sem eru frá desember 1993, voru kröfur ýmissa landa þá fyrir ný eða nýleg álver sem hér segir:

	kg/unnið áltonn			
Land	**F_t**	**HF**	**SO_2**	**Ryk**
Noregur	~ 0,7		4,0-6,0	2,5-5,0
Svíþjóð			2,5	
Þýskaland		0,5	Engin	5,0
Frakkland	0,7		Aðstæður	2,5
U.S.A.	< 0,9		Engin	2,5

Þegar sagt er "Engin" er átt við að engin opinber krafa er gerð um viðkomandi þátt. Með "Aðstæður" er átt við að aðstæður ráða hvort og hvaða kröfur eru gerðar.

Með tilvísan í BAT álvinnsluferil samkvæmt tilmælum PARCOM (PC) þá var talið af AMS að eftirfarandi tafla myndi gilda um ný álver fram til ársins 2013. Athuga skal að á þessum tíma voru norsku álframleiðendurnir að gefa sér hvaða tilmæli yrðu sett fram í PARCOM samkomulaginu.

	kg/unnið áltonn			
Land	**F_t**	**HF**	**SO_2**	**Ryk**
Norðurlönd	0,5			
- Forbökuð skaut			Aðstæður	1,0
- Söderberg			Aðstæður	3,0
Þýskaland	PC		Engin	
Frakkland	PC		Aðstæður	
U.S.A.	PC		Engin	

Með tilvísan í BAT álvinnsluferil samkvæmt tilmælum PARCOM (PC) þá var talið af AMS að eftirfarandi tafla myndi gilda um gömul álver fram til ársins 2013. Hafa skal hugfast að á þessum tíma voru norsku álframleiðendurnir að gefa sér hvað PARCOM samkomulagið myndi leiða til.

	kg/unnið áltonn			
Land	**F_t**	**HF**	**SO_2**	**Ryk**
Norðurlönd	1,0			
- Forbökuð skaut			Aðstæður	3,0
- Söderberg			Aðstæður	5,0
Þýskaland	PC		Engin	
Frakkland	PC		Aðstæður	
U.S.A.	PC		Engin	

Mengunarkröfur til álvers á Grundartanga

Í drögum að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga gerir Hollustuvernd ríksins eftirfarandi kröfur um meðaltals útblástur mengandi efna yfir 12 mánaða tímabil:

kg/unnið áltonn

F_t	0,6
SO_2	21,0
Ryk	1,0

Hér er miðað við PARCOM samkomulagið að öllu leiti með þeirri undantekningu að gerð er krafa um hámarks útblástur SO_2. Við höfum að sjálfsögðu ekki séð öll starfsleyfi eða allar kröfur sem gerðar eru til álvera í heiminum en við vitum ekki um neitt álver sem býr við jafn strangar kröfur og hér eru settar fram fyrir væntanlegt álver á Grundartanga. Í þessu sambandi vísum við til meðfylgjandi umsagnar (sjá aftast) breska verkfræðifyrirtækisins ICF Kaiser um PARCOM tilmælin. ICF Kaiser er trúnaðarráðgjafi fjármögnunaraðila álvers á Grundartanga.

Þegar vitnað er í kröfur til álvera í Noregi eða Svíþjóð ber oft á að ruglað sé saman þeim gildum sem álverin stefna á að ná, svokölluðum "target values" og þeim kröfum sem opinberir aðilar gera í starfsleyfum. Stundum ná viðkomandi álver að komast nálægt sínum "target" gildum en stundum "keyra" þau allt árið alveg við hámarkið sem leyft er samkvæmt starfsleyfi. Ef álver fara að ná sínum "target" gildum að jafnaði, með bættum þurrhreinsibúnaði eða þá að tækninni hefur fleytt fram við hreinsunina, eru mörkin í starfsleyfum oft þrengd til að halda ákveðnum þrýstingi á fyrirtækinu að standa sig. Segja má að þetta sé aðlögun að bættri tækni.

Staða hvað varðar vatnsþörf álversins

Í fyrstu var áætlað að nota opið kælikerfi eins og gert er í álveri ISAL í Straumsvík. Nú er verið að leita tæknilegra leiða til að draga úr kælivatnsþörf. Má þar nefna ýmsa möguleika eins og loftkælingu rafbúnaðar, kælingu með sjó og fleira kemur til greina. Með slíkum ráðstöfunum er áætlað að vatnsþörf upphafsáfanga álversins verði lítil. Í gangi eru nú viðræður við Íslenska Járblendifélagið um að nýta þeirra vatnsveitu. Þess ber einnig að geta að útvega má þetta vatnsmagn á svæðinu án þess að fara inn á vatnasvæði Laxár í Leirársveit, t.d. í landi Skilmannahrepps í norðanverðu Akrafjalli.

Í þessum málum er verið að vinna núna og því erfitt að gefa endanlegar upplýsingar, eins og t.d. um nákvæmt vatnsmagn, þar sem þær liggja einfaldlega ekki fyrir og einnig að ýmsir tæknilegir kostir eru í stöðunni sem verið er að athuga.

Möguleikum í vatnsöflun fyrir opið kælikerfi voru gerð allgóð skil í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum og sýnt fram strax á því stigi að leita þyrfti annarra lausna en að nota opið kælikerfi.

Hvað keypti CVC frá VAW

Hér er um trúnaðarmál seljanda og kaupanda að ræða. Hinsvegar er Jim Hensel, aðstoðarforstjóri CVC, tilbúinn til að fara í trúnaðarsamtali yfir lista um þá hluti sem voru keyptir af VAW með þeim er sérstaklega óskar eftir því. Eins og áður hefur komið fram var einkum keyptur búnaður með langan afhendingartíma og má þar nefna keryfirbyggingar, kranar, deiglur og ýmsan rafbúnað.

Fylgiskjal III.

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar:

Spurningar til markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar lagðar fram á fundi umhverfisnefndar 13. febrúar 1997.
(28. febrúar 1997.)

1. Eftir hvaða lögum og/eða reglum starfar MIL?

Svar: MIL starfar á grundvelli stofnskjals sem eigendur skrifstofunnar iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun undirrituðu þann 10. maí 1988. Í hjálagðri fréttatilkynningu frá 10. maí 1988 er nánar gerð grein fyrir stofnun og tilurð MIL (fylgiskjal 1).

2. Hvaða stefnumörkun í stóriðjumálum er lögð til grundvallar í starfi MIL?

Svar: Í starfi sínu framfylgir MIL stefnu eigenda sinna eins og hún er mörkuð hverju sinni. Stefnu núverandi ríkisstjórnar í stóriðjumálum er að finna í stjórnarsáttmála hennar sem birtur var 23. apríl 1995. Stjórn MIL útfærir stefnuna nánar en framkvæmdastjóri stjórnar daglegum rekstri.

3. Hvaða kostir í orkufrekum iðnaði eru í athugun nú á vegum MIL?

Svar: Frá því MIL tók til starfa 1988 hafa allmargir iðjukostir komið til athugunar. Má skipta þeim í 5 eftirfarandi flokka eftir umfangi undirbúningsvinnu og árangri:

Í fyrsta lagi eru það athuganir sem leitt hafa til orkusölusamninga og fjárfestingar. Í þennan flokk fellur stækkun álversins í Straumsvík.

Í öðru lagi eru iðjukostir þar sem undirbúningsvinnan er langt á veg komin og samningar standa yfir. Í þennan flokk fellur álver á Grundartanga.

Í þriðja lagi er um að ræða iðjukosti þar sem lokið var við frumhagkvæmniathugun í samvinnu við hugsanlega fjárfesta og málin nú annað hvort í frekari vinnslu eða í biðstöðu eftir hagstæðari ytri aðstæðum. Í þennan flokk fara verkefni eins og álver á

Keilisnesi, stækkun á járnblendiverksmiðju, endurreisn stálverksmiðju í Hafnarfirði, magnesíumverksmiðja á Suðurnesjum, kísilmálmverksmiðja og slípiefnaverksmiðja.

Í fjórða lagi eru iðjukostir sem skoðaðir hafa verið með hugsanlegum erlendum og innlendum áhugaaðilum án þess að komið hafi til sameiginlegrar hagkvæmniathugunar eða annarra kostnaðarsamra aðgerða.

Til 5. flokks teljast síðan iðjukostir sem enn eru tæplega meira en á hugmyndastigi eða hætt hefur verið við af ýmsum ástæðum, a.m.k. að sinni.

4. Hvernig réðist það að álbræðslu Columbia var valin staður á Grundartanga? Hver átti frumkvæðið af þeirri staðsetningu?

Svar: Á fyrstu starfsárum MIL voru skilgreind 4 svæði á landinu sem hentuðu betur en önnur fyrir stór álver. Grundartangi var þar á meðal. Ýmsar aðgerðir sem í dag heyra undir mat á umhverfisáhrifum voru framkvæmdar þegar á árunum 1989 og 1990 fyrir öll þessi svæði meðal annars áætlanir um lóðar- og hafnarframkvæmdir, mat á áhrifum á búsetu og vinnumarkað og loftdreifingarútreikningar fyrir mismunandi stærðir álvera.

Fulltrúar Columbia Aluminum Corporation (CAC), eins og fyrirtækið hét þá, komu til Íslands fyrir atbeina MIL í september og október 1995 og kynntu sér aðstæður til þess að reisa hér álver með framleiðslutækni frá þýska álfyrirtækinu Verenigte Aluminiumwerke A.G. (VAW). Ætlun CAC var að hefja framleiðslu í desember 1996 á nýjum stað.

Eftir athugun á mögulegri staðsetningu álversins hér á landi varð það niðurstaða CAC að Grundartangi væri hagkvæmasti staðurinn. Kom þar ýmislegt til. Skammur tími til undirbúnings krafðist þess að iðnaðarlóðin væri tilbúin til byggingar með stuttum fyrirvara og góð hafnaraðstaða varð að vera fyrir hendi. Álverið er lítið í fyrsta áfanga og flutningar vegna þess myndu ekki standa undir stofnkostnaði nýrrar hafnar. Á Grundartanga er fullbúin höfn, iðnaðarsvæði samkvæmt samþykktu svæðisskipulagi og stutt er í tengivirki Landsvirkjunar að Brennimel. Í grennd við iðnaðarsvæðið er nægilegt vinnuafl, auk þess sem veðuraðstæður eru þar ákjósanlegar til iðjureksturs af þessu tagi.

5. Hvað er fyrirhugað um staðarval ef reistar verða fleiri álbræðslur?

Svar: Byggt á niðurstöðum af vinnu staðarvalsnefndar (lokaskýrsla dagsett júlí 1986) hefur MIL haldið áfram athugunum á nokkrum þeirra staða sem staðarvalsnefnd hafði athugað. Þær framhaldsathuganir sem gerðar hafa verið, hafa verið í samvinnu við heimamenn á hverjum stað. Keilisnes á Reykjanesi má telja full rannsakað og telst það vera ákjósanlegur staður fyrir nýtt álver. Aðrir staðir sem hugsanlega gætu komið til greina en eru ekki að fullu rannsakaðir eru á Reykjanesi, í Eyjafirði og í Reyðarfirði. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um að byggðar verði fleiri álbræðslur á Íslandi og því hafa engar ákvarðanir verið teknar um staðarval. Höfð verður samvinna við heimamenn (sveitarstjórnir) ef og þegar þar að kemur.

6. Hvernig er samvinnu MIL við umhverfisráðuneytið og stofnanir þess háttað vegna undirbúnings álbræðslu á Grundartanga?

Svar: CAC óskaði eftir því við MIL þegar í október 1995, að fyrir hönd CAC færi fram mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðs álvers með allt að 180.000 tonna ársafkastagetu á Grundartanga. Að beiðni fyrirtækisins sótti MIL jafnframt um starfsleyfi fyrir verksmiðjuna, enda málið þá á frumstigi og enginn fulltrúi starfandi hér á landi fyrir þess hönd. En þetta staðfest í hjálögðu bréfi CAC dags. 22. nóv. 1995 (fylgiskjal 2). Samið var um að CAC endurgreiddi allan kostnað MIL við þessa vinnu ef álverið yrði reist á Íslandi. Að öðrum kosti yrði þessi vinna eign MIL til ráðstöfunar t.d. vegna annarra verkefna á Grundartanga. Svipaður háttur var hafður á við umhverfismat vegna stækkunar álversins í Straumsvík.

MIL réði ráðgjafarfyrirtæki og sérfræðinga til aðstoðar undir forystu verkfræðistofunnar Hönnunar hf til að gera frummatsskýrslu í samræmi við lög nr. 63/1993 og reglugerð nr. 179/1994 um mat á umhverfisáhrifum. Farið var að leiðbeiningum Skipulags ríkisins varðandi einstök atriði og um endanlegan frágang skýrslunnar eins og venja er við mat á umhverfisáhrifum. Leitað var álits allmargra einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um hugsanlega áhrifaþætti byggingar álversins svo sem á umhverfi, náttúrufar og skipulag svæðisins. Er þar helst að nefna Náttúruverndarráð, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis, Þjóðminjasafn Íslands, sveitarstjórnir Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps, Vegagerðina, Hafnarstjórn Grundartangahafnar, Veiðimálastofnun, Vita- og hafnamálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Siglingamálastofnun og Íslenska Járnblendifélagið h.f. Svör þessara aðila er að finna í viðauka með matsskýrslu Hönnunar, dags. í nóvember 1995.

Skýrslan var send Skipulagi ríkisins hinn 6. desember 1995, tilkynnt formlega þann 14. desember 1995 og kynnt almenningi með auglýsingu í fjölmiðlum 22. desember 1995. Athugasemdir gerðu 6 aðilar.

Skipulagsstjóri ríkisins heimilaði framkvæmdina með tilteknum fyrirvörum í úrskurði sínum 19. febrúar 1996.

Að ósk og fyrir hönd CAC sbr. meðfylgjandi beiðni fyrirtækisins í bréfi til MIL, dags. 12. mars 1996 (fylgiskjal 3), og með vísan til 14.gr. laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum, hafði MIL milligöngu um að kæra þennan úrskurð til umhverfisráðherra. Þar var þess krafist að úrskurðinum yrði breytt í nokkrum atriðum sem rakin voru sérstaklega í bréfi og greinargerð MIL til umhverfisráðherra, dags. 19. mars 1996.

Ráðuneytinu bárust alls 7 kærur og felldi umhverfisráðherra úrskurð sinn hinn 20. júní 1996.

Fyrstu drög að starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins lágu fyrir í júní 1996. Upplýsingagjöf framkvæmdaraðila (CVC) varðandi umsóknina var á vegum hans sjálfs og ráðgjafa fyrirtækisins (Hönnun h.f.) en MIL kom við sögu í fyrstu sem áheyrnar- og milligönguaðili. Endanleg drög voru auglýst almenningi til umsagnar í nóvember 1996.

7. Hvenær hófust fyrstu athuganir vegna álbræðslu Columbia á vegum MIL? Hvenær er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi verksmiðjunar komist í rekstur?

Svar: Fyrstu athuganir á vegum MIL um hagkvæmni þess að flytja álverið frá Töging til Íslands hófust í desember 1994. Ástæðan var sú að álver af þessari stærð er talið henta mun betur íslensku þjóðarbúi heldur en álver sem er með upphafsafkastagetu sem nemur 200.000 tonnum á ári vegna minna álags á atvinnulíf og efnahagsstarfsemi í landinu. Athugunum á þessum möguleika var síðan haldið áfram í samstarfi við Alesa, verkfræðifyrirtæki Alusuisse-Lonza og lauk þeim í apríl 1995. Þegar ljóst var að Alusuisse-Lonza myndi nota sína eigin tækni til að stækka álverið í Straumsvík voru hugmyndir að sjálfstæðu 60.000 tonna álveri kynntar fyrir ýmsum aðilum þar á meðal fyrir forstjóra Columbia Aluminium Corporation í maí 1995. Fyrstu athuganirnar beinlínis tengdar Columbia hófust síðan í tengslum við heimsókn J. Hensel, aðstoðarforstjóra fyrirtækisins til Íslands í september 1995. Gert er ráð fyrir að álver Columbia, ef af verður, hefji rekstur 1. júní 1998.

8. **Hversu miklu hefur verið kostað til af hálfu MIL eða þeim sem að MIL standa vegna undirbúnings álbræðslu á Grundartanga sundurliðað vegna;**
   a) tæknilegs undirbúnings og áætlana?
   b) mats á umhverfisáhrifum?
   c) annarra þátta?

Svar: Allt starf að undirbúningi málsins hefur verið í höndum MIL að frátöldum útlögðum kostnaði eigenda vegna samningagerðar við fyrirtækið. Útlagður kostnaður aðila (MIL og eigenda) við undirbúning þessa máls hefur verið sem hér segir:

a) Tæknilegur undirbúningur og áætlanir	kr.	4.098 þús.
b) Mat á umhverfisáhrifum	kr.	7.924 þús.
c) Aðrir þættir	kr.	12.138 þús.

Kostnaður MIL hefur verið greiddur af sérstöku framlagi eigenda sem skiptist jafnt milli Landsvirkjunar og Iðnaðarráðuneytisins. Aðrir innlendir aðilar hafa ekki borið kostnað af þessu máli. Svo sem áður er getið mun Columbia Ventures Corporation endurgreiða MIL útlagðan kostnað vegna mats á umhverfisáhrifum.

9. **Hvernig verður tæknilega háttað byggingu fyrsta áfanga verksmiðju CVC? Hvað kemur frá verksmiðjunni í Töging og hvað er nýtt í búnaði verksmiðjunnar? Á hvaða tækni er byggt við álbræðsluna og í hreinsivirkjum?**

Svar: MIL er ekki kunnugt um smáatriði varðandi tæknilegan búnað verksmiðjunnar né heldur hvað kemur frá verksmiðjunni í Töging. Hér er um að ræða trúnaðarmál seljanda og kaupanda.

Sú bræðslutækni CA 180 kA sem notuð verður í álverinu á Grundartanga er þróuð af þýska álfyrirtækinu VAW. Tæknin þótti mjög fullkomin þegar álverið í Töging í Bæjaralandi í Þýskalandi var byggt 1980 og var það enn í fremstu röð nútímalegra álvera þegar ákveðið var að hætta álframleiðslu þar af samkeppnisástæðum 1993. VAW hefur endurbætt tækni þessa á síðari árum og nýtur álverið á Grundartanga góðs af þeirri þróun.

Um er að ræða svokallaða CWPB bræðslutækni (Center-Worked Pre-Bake), sem gefur til kynna að rafskaut séu forbökuð og að súrálsmötun eigi sér stað í lokuðu kerfi. Rafgreiningin fer fram í 120 kerum sem raðað er saman hlið við hlið í tveimur kerskálum eftir þeim endilöngum.

180 kA jafnstraumur flæðir í gegnum raftengd kerin, hvert af öðru, á milli forbakaðra rafskauta.

Hreinsun útblásturs frá álverinu fer fram í nútímalegu þurrhreinsivirki sem búið er pokasíum og endurvinnslubúnaði fyrir flúoríð og ryk. Hreinsivirkni verður meiri en 99,5 %.

Þurrhreinsun byggist á því að kerum er lokað og kerreykurinn er sogaður inn í hreinsistöð þar sem flúoríðsefnasambönd eru hreinsuð úr reyknum með súráli. Gasstraumurinn rífur súrálið, sem rennur á móti gasstraumnum, með sér og súrálið bindur flúoríðið í kerreyknum. Súrál, sem hefur bundið flúorgas og er blandað ryki, er kallað hlaðið súrál. Hlaðið súrál og ryk er síðan hreinsað úr kerreyknum með pokasíum og hlaðna súrálið notað sem hráefni til frekari vinnslu áls. Á þennan hátt eru flúoríðsefnasambönd endurunnin í stað þess að sleppa þeim út í andrúmsloftið. Tvennt er gert samtímis, dregið er úr loftmengun og um leið er sparað hráefni. Útblæstri brennisteinstvísýrings verður haldið í skefjum með því að takmarka magn brennisteins í kolaskautum.

10. **Hafa farið fram athuganir á vothreinsibúnaði? Hvað myndi slíkur búnaður kosta umfram þurrhreinsibúnað? Eru annmarkar á því að tengja vothreinsibúnað við þurrhreinsibúnað nú eða eru möguleikar á að tengja slíkan búnað við síðar?**

Svar: Þegar mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga fór fram var leitað álits sérfróðra manna um þörf á vothreinsibúnaði, þar á meðal Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins mat það svo, að ekki myndi vera þörf á vothreinsibúnaði til viðbótar við þurrhreinsibúnað fyrir álver af þessari stærð á þessum stað. Einnig var leitað álits Guðjóns Jónssonar, þá deildarstjóra hjá Iðntæknistofnun, og vísast í umsögn hans "Könnun á áhrifum brennisteinsdíoxíðsmengunar frá álverum á lífríki" frá nóvember 1995, sem er fskj. 2 með frummatsskýrslu.

Engar nýlegar athuganir hafa farið fram varðandi stofnkostnað á vothreinsibúnaði fyrir álver á Grundartanga þar sem ekki var talin þörf á slíkum búnaði.

Eftir því sem best er vitað er ekkert því til fyrirstöðu tæknilega séð að tengja vothreinsibúnað við þurrhreinsibúnað eftir að álverið hefur tekið til starfa, svo framarlega sem það stendur nálægt söltum sjó. Mikil og stöðug sjódæling á sér stað við notkun vothreinsibúnaðar og reksturskostnaður, einkum raforkukostnaður við dælingu, er umtalsverður.

11. Hver er staðan í vatnsöflunarmálum vegna álbræðslunnar?

Svar: Verið er að fullhanna verksmiðjuna um þessar mundir, þar á meðal kælibúnað hennar og því ekkert hægt að segja á þessu stigi um endanlega kælivatnsþörf. MIL er þó kunnugt um að ráðunautar CVC eru að leita tæknilegra leiða til þess að draga úr kælivatnsþörf auk þess sem nýtanleg vatnsból verða rannsökuð í samvinnu við fulltrúa aðliggjandi sveitarfélaga.

12. Hverjir eru umboðsaðilar eða talsmenn CVC hérlendis? Hvenær er gert ráð fyrir að CVC stofni dótturfélag hérlendis?

Svar: CVC hefur ekki sérstakan umboðsaðila á Íslandi. Talsmaður CVC fram til þessa gagnvart íslenskum aðilum hefur verið J. Hensel, aðstoðarforstjóri fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur ráðið ýmsa ráðgjafa. Árni Vilhjálmsson, hrl. hjá A & P Lögmönnum er lögfræðilegur ráðunautur CVC á Íslandi og er talsmaður CVC þegar J. Hensel er ekki viðlátinn. Fyrirtækið hefur ennfremur ráðið ýmsa ráðgjafa, verkfræðilega og aðra til starfa fyrir sig. Endurskoðunarmiðstöðin Coopers & Lybrand eru endurskoðendur fyrirtækisins.

Einkahlutafélagið Norðurál ehf var skrásett þann 17. febrúar s.l. Fyrirtækið er til heimilis að Borgartúni 24 og stofnandi, stjórnarformaður og prókúruhafi er Árni Vilhjálmsson hrl (fylgiskjal 4). Fyrirtækinu verður breytt í hlutafélag á næstu dögum í samræmi við 107. gr. laga nr.138 1994 um einkahlutafélög sbr. lög nr. 2 1995 um hlutafélög, og hlutabréfin framseld CVC um leið og tilskilin leyfi eru fengin.

Fylgiskjal IV.

Landsvirkjun:

Svör við spurningum er fram komu á fundi með umhverfisnefnd.

Hverjir eru helstu virkjunarkostir fyrir mismunandi uppbyggingu stóriðju á Grundartanga.

Sjá meðfylgjandi mynd, er sýnir orkujöfnuð fyrir 180.000 tonna álver Columbia Ventures og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar um allt að 3 ofna.

Eins og kunnugt er hefur verið ráðist í eftirtaldar framkvæmdir vegna stækkunar álversins í Straumsvík, sem hefja rekstur á árinu 1997:

Stækkun Blöndulóns	-	165 GWh/a
Aflaukning í Búrfellsvirkjun	60 MW	85 -
Stækkun Kröfluvirkjunar, 1. áf.	15 -	120 -
5. áfangi Kvíslaveitu	-	290 -
Samtals:	**75 MW**	**660 Gwh/a**

Ekki þarf að reisa flutningslínur vegna ofangreindra framkvæmda, en reist verður þéttavirki á Sandskeiði til að auka flutningsgetu Búrfellslínu 2 frá Þjórsársvæðinu að aðveitustöð í Hamranesi við Straumsvík.

Vegna orkuþarfar 60.000 tonna álvers Columbia Ventures Corporation, er hæfi rekstur á árinu 1998 og stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar um tvo ofna, sem hæfu rekstur árið 1999 þarf að ráðast í eftirtaldar framkvæmdir:

Hágöngumiðlun	-	200 GWh/a
Stækkun Kröflu, 2. áf.	15 MW	120 -
Nesjavallavirkjun, 1. áf.	30 -	220 -
Nesjavallavirkjun, 2. áf.	30 -	220 -
Sultartangavirkjun	120 -	880 -
Samtals:	**195 MW**	**1640 GWh/a**

Vegna áætlana um stækkun álvers CVC um 30.000 tonn/ári, sem hæfi rekstur á árinu 2000 og stækkunar Járnblendifélagsins um þriðja ofninn árið 2001 eru eftirtaldar virkjanir fyrirhugaðar:

Vatnsfellsvirkjun, 1. áfangi	70 MW	400 GWh/a
Hækkun stíflu við Laxá	5 -	40 -
Búðarhálsvirkjun	115 -	660 -
Samtals:	**190 MW**	**1100 GWh/a**

Verði af áformum um frekari stækkun álvers CVC á Grundartanga um allt að 90.000 tonn, sem hæfi rekstur á árinu 2002 er áformað að eftirtaldir virkjunarkostir yrðu nýttir:

Stækkun Vatnsfellsvirkjunar	70 MW	215 GWh/a
Norðlingaölduveita	-	570 -
Gufuvirkjun Svartsengi	30 -	240 -
Gufuvirkjun á Reykjanesi	20 -	165 -
Gufuvirkjun Bjarnarflagi 1. áf.	20	165 -
Samtals:	**140 MW**	**1355 GWh/a**

Gera verður fyrirvara á vali virkjana, sem hér að ofan eru tilgreindar fyrir stækkun álversins um 90.000 tonn og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar. Ýmsir þættri kunna að valda breytingum á virkjanaröð áður en kemur að endanlegri ákvörðun um val þeirra.

Vegna ofangreindra framkvæmda þarf að reisa eftirtaldar meginflutningslínur:

a) Búrfellslínu 3A (Búrfellsvirkjun-Sandskeið)
b) Sultartangalína 1 (Sultartangavirkjun-Búrfellsvirkjun)
c) Grundartangalína 1 og 2 (Brennimelur- Grundartangi)

Tengilínur virkjana:

a) Nesjavallalína (Nesjavellir-Korpa)
b) Vatnsfellslína (Vatnsfellsvirkjun-Sigölduvirkjun)
c) Búðarhálslína (Búðarhálsvirkjun-Sultartangavirkjun)
d) Reykjaneslína (Tenging gufuvirkjunar við Suðurnesjalínu)
e) Bjarnarflagslína (Bjarnarflag-Kröfluvirkjun)

Verði af ofangreindum áformum um stækkun álversins þarf einnig að reisa nýja flutningslínu frá Þjórsársvæðinu að Brennimel að mestu samsíða núverandi Hrauneyjafosslínu.

Lauslegt yfirlit um umhverfisþætti virkjana.

Mat á umhverfisáhrifum Hágöngumiðlunar og Sultartangavirkjunar hefur farið fram og fallist hefur verið á þær framkvæmdir. Umhverfisráðuneytið hefur úrskurðað að leyfi til framleiðslu á 70-80 MW raforku á Nesjavöllum í tengslum við framleiðslu hitaorku hafi legið fyrir með lögum nr 60/1981 og nr. 74/1990 og falli því ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Setja þarf lög um stækkun Laxárvirkjunar og fá leyfi Náttúruverndar ríkisins fyrir hækkun inntaksstíflunnar samkvæmt lögum um friðun Laxár og Mývatns. Ekki er skylt skv. lögum að gera mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdinni.

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum Vatnsfellsvirkjunar og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki vorið 1997. Vinnu við verkhönnun Búðarhálsvirkjunar mun ljúka á árinu 1997 og mat á umhverfisáhrifum verður væntanlega unnið á árinu 1998.

Vinna er ekki hafin við mat á umhverfisáhrifum Norðlingaöldulóns, en nauðsynlegum rannsóknum og undirbúningi er að verulegu leyti lokið. Stefnt er að því að ljúka mati á umhverfisáhrifum árinu 1998.

Mat á umhverfisáhrifum virkjunar í Bjarnarflagi hefur verið unnið, en var dregið til baka í lok s.l. árs vegna óvissu um þær heimildir, sem Landsvirkjun yfirtók frá ríkinu með kaupum á jarðvarmaveitu og nýtingarrétti jarðhita á svæðinu. Líklegt er að endurskoðað mat verði að nýju lagt fram þegar frekari upplýsingar um málið liggja fyrir.

Búrfellslína 3 var staðfest í skipulagi viðkomandi sveitarfélaga á árinu 1991 og fellur því ekki undir mat á umhverfisáhrifum. Hið sama á við um Sultartangalínu 1, sem er hluti af fyrri Búrfellslínu 4, er staðfest var í skipulagi vorið 1994.

Mat á umhverfisáhrifum fyrir Grundartangalínu hefur farið fram samhliða mati fyrir álverið á Grundartanga. Unnið er um þessar mundir að mati á umhverfisáhrifum fyrir Nesjavallalínu. Mat á umhverfisáhrifum tengilína virkjana verður unnið sem hluti af mati fyrir viðkomandi virkjanir.

Hvernig lítur spá Landsvirkjunar um þróun álverðs út, sem fyrirtækið notar við útreikninga sína.

Við áætlunargerð í tengslun við orkusamsninga við Columbia Ventures hefur Landsvirkjun fengið spár um álverð á samningstímanum frá tveimur aðilum, það er Resource Strategies Inc. (RSI) og J.F.King. Það meðalverð, sem þessir aðilar telja að verði yfir samningstímann er:

RSI:	1570 $/tonn
J.F. King:	1660 $/tonn

Er Landsvirkjun með einhverja baktryggingu vegna fjármögnunar álvers CVC á Grundartanga?

Columbia Ventures vinnur nú að fjármögnun álvers síns á Grundartanga. Samningur um raforkusölu tekur ekki gildi fyrr en fjármögnun er í höfn á ásættanlegan hátt fyrir Landsvirkjun.

ORKUJÖFNUÐUR

Álver CVC 60.000 t árið 1998 (930 GWh/ári), stækkun um 30.000 t árið 2000 (465 GWh/ári) og 90.000 t árið 2002 (1395 GWh/ári)

Stækkun járnblendiverksmiðju árið 1999 (820 GWh/ári) og 2001 (370 GWh/ári)



28.2.97/i.\sam\orkujofn\C3F3-1i.PRS/VK/Rán

Fylgiskjal V.

Bréf frá umhverfisráðuneyti til umhverfisnefndar.
(25. febrúar 1997.)

Vísað er til fundar með umhverfisnefnd Alþingis í gær þar sem m.a. var fjallað um skuldbindingar Íslands skv. Rammasamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Fram kom beiðni á fundinum um að þær upplýsingar sem ráðuneytið veitti munnlega yrðu staðfestar skriflega.

./. Þar sem vikið var nokkrum orðum að stefnu og áhersluatriðum íslenskra stjórnvalda í samningaviðræðum um loftslagsbreytinfar í aðdraganda Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun, fylgir hjálagt til fróðleiks stöðuskjal sem íslensk stjórnvöld lögðu fram á síðasta undirbúningsfudni ráðstefnunnar í mars 1992. Í skjalinu koma fram þau sjónarmið sem íslensk stjórnvöld lögðu þá áherslu á að þyrfti að meta sérstaklega, þegar gerð yrði heildstæð áætlun fyrir einstök ríki um aðgerðir til þess að draga úr losun koltvíildis. Það var mat íslenskra stjórnvalda á þessum tíma að með ákvæði 4.2 (a) í Rammasamningi um loftslagsbreytingar sem gerir ráð fyrir því að stefnumið einstakra ríkja taki mið af mismunandi upphafsstöðu og tökum viðkomandi ríkja á vandamálinu, hagkerfum og auðlindagrunni, þörfinni að viðhalda öflugum og sjálfbærum hagvexti, þeirri tækni sem tiltæk er og öðrum kringumstæðum eins og segir m.a. í greininni, væri komið til móts við stefnu og forgangsatriði íslenskra stjórnvalda á þessum tíma eins og þau voru fram sett í meðfylgjandi skjali.
Að öðru leiti vill ráðuneytið vísa til ákvæða Rammasamningsins um loftslagsbreytingar, þar sem fjallað er um skuldbindingar íslenska ríkisins.

Í 4. gr. Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar er fjallað um þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld tóku á sig þegar samningurinn var staðfestur. Í grein 4.1 er fjallað um almennar skuldbindingar og í grein 4.2 er fjallað um skuldbindingar sem sérstaklega eiga við vestræn iðnríki, hin svokölluðu Annex I ríki, en Ísland er að sjálfsögðu í þeim hópi. Grein 4.2 (b) fjallar sérstaklega um útstreymi gróðurhúsalofttegunda en þar segir:

"Til þess að stuðla að framförum í þessu skyni skal hver aðili senda, innan sex mánaða frá gildistöku samningsins gagnvart honum og reglulega eftir það og í samræmi við 12. gr. nákvæmar upplýsingar um stefnumið hans og aðgerðir sem getið er um í staflið (a) hér að framan sem og um áætlað útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum, sem ekki er undir eftirliti Montreal bókunarinnar, eftir uppsprettum og fjarlægingu þeirra eftir viðtökum, á því tímabili sem getið er um í staflið (a), í þeim tilgangi að hverfa aftur, hver fyrir sig eða sameiginlega, að því útstreymismagni sem var 1990 á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegunum af manna völdum, sem ekki eru undir eftirliti Montreal bókunarinnar. Þessar upplýsingar mun þing aðila skoða á fyrsta fundi sínum og reglulega eftir það, í samræmi við 7.gr."

Túlkun íslenskra stjónvalda á þessari grein var kynnt í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Rammsamningsins sem lögð var fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi 1992-93. Þar segir m.a. "Þess ber að geta að ofangreint markmið sem vísað er til í samningnum felur ekki í sér lagalega skuldbindingu." Þessi túlkun íslenskra stjónvalda er í samræmi við túlkun flestra annarra Annex I ríkja á þessum ákvæðum samningsins og hefur skrifstofa samningsins ekki gert athugasemdir við hana, en nýlokið er úttekt á framkvæmdaáætlun íslenskra stjórnvalda vegna samningsins á vegum skrifstofunnar. Þannig hafa íslensk stjórnvöld litið svo á að rammasamningurinn sé fyrst og fremst sameiginleg skuldbinding allra Annex I ríkjanna um að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði ekki meiri árið 2000 en hún var frá þessum ríkjum sameiginlega árið 1990 og að ríkin beri sameiginlega ábyrgð á að þessu marki verði náð. Við nánari útfærslu aðgerða að þessu marki, sem samið yrði um sérstaklega milli ríkjanna, þyrfti að taka tillit til sérstakra aðstæðna einstakra ríkja, sbr. grein 4.2 (a) í samningnum.

F.h.r.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal VI.

Bréf bæjarstjórans á Akranesi til umhverfisnefndar.
(14. febrúar 1997.)

Efni: Vatnstökumál á svæðinu sunnan Skarðsheiðar.

Með vísan til beiðni umhverfisnefndar um að fá nokkrar upplýsingar um stöðu vatnsmála á svæðinu sunnan Skarðsheiðar m.t.t. hugsanlegs álvers á svæðinu, þá fer hér á eftir stutt greinargerð um þau mál.

Akraneskaupstaður tekur allt vatn til vatnsveitu Akraness úr Akrafjalli. Vatnið er geislað áður en það fer til neytenda og fyrirtækja. Hámarksnotkun er um 80-90 sek./lítrar og hefur heldur dregið úr notkun á köldu vatni á síðustu árum. Járnblendifélagið hefur fengið vatn til sinnar starfsemi frá Tungu í Svínadal. Að öðru leyti er ekki hægt að segja að vatnstaka sé skipuleg, en vatnsveita þjónar þó þéttbýliskjörnum í hreppunum sunnan Skarðsheiðar og lindir og brunnar eru notaðar til vatnstöku á sveitabæjum.

Í samþykktu svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar er kafli um vatnsverndarsvæði og er þar gert ráð fyrir ströngum forgangi þeirra mála umfram aðra landnýtingu. Ýmis svæði eru í skipulaginu felld undir vatnsverndarreglur og þeim skipt í fjóra flokka.

Til framtíðar litið er nauðsynlegt að rannsaka betur en gert hefur verið þau svæði sem vatnsverndin nær til í því skyni að neysluvatn íbúa sunnan Skarðsheiðar þ.m.t. Akraness verði tryggð. Áhugi er á því hjá sveitarstjórnum á svæðinu að kanna hvort unnt sé að leggja vatnsveitu um svæðið sem tryggt getur gott neysluvatn. Með auknum umsvifum m.a. á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga er ljóst að taka þarf þessu mál til ítarlegrar skoðunar og hafa sveitarstjórnir undirritað eftirfarandi viljayfirlýsingu:

"Sveitarfélögin eru sammála um að leita eftir því við iðnaðarráðuneytið að ráðuneytið láti rannsaka í samvinnu við sveitarfélögin og í samræmi við fyrirliggjandi svæðisskipulag hvaða kostir eru fyrir hendi varðandi framtíðar vatnsveitu fyrir sveitarfélögin. Rannsóknunum verði ætlað að leiða í ljós hvar hagkvæmast er að afla vatnsréttinda sem nýst gætu fyrir framtíðar uppbyggingu á Grundartangasvæðinu og fyrir vatnsveitu hreppanna sunnan Skarðsheiðar og Akraneskaupstað. Með yfirlýsingu þessari er það vilji sveitarfélaganna að undirbúa samkvæmt nánara samkomulagi sameiginlega vatnstöku þar sem rannsóknir leiða í ljós að hagkvæmast þyki og leggja stofnlögn vatnsveitu þar sem hentugt mun þykja og samkomulag verður um. Sveitarfélögin lýsa yfir vilja sínum til að vinna sameiginlega að lausn þessara mála, gera um einstaka þætti nánara samkomulag og grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að tryggja framgang málsins á hverjum tíma. "

Samkvæmt framangreindu er ljóst að unnið verður sameiginlega að lausnum vegna vatnsmála á svæðinu en ítrekað, að áhersla er lögð á að tryggja öruggt og gott neysluvatn til manneldis og matvælagerðar.

Virðingarfyllst,

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

797. Svar [429. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Aðalbjörnssonar um fíkniefnamál.

1. *Verða myndir af fíkniefnasölum inni á þeirri málaskrá sem dómsmálaráðuneytið er að vinna og verður hún tölvutengd þannig að lögreglan um land allt hafi aðgang að henni?*

Um þessar mundir er verið að vinna að því að koma í gagnið málaskrá lögreglunnar, þar sem er að finna upplýsingar um öll lögreglumál. Um 18 embætti af 28 eru nú tengd við þessa skrá sem er miðlæg og vistuð í tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Í skránni er m.a. að finna upplýsingar um kærumál og allan feril slíkra mála. Þar er hins vegar ekki að finna myndir af grunuðum brotamönnum. Hins vegar er í smíðum svokallað persónulýsingakerfi, en þar er ætlunin að hafa ítarlegar upplýsingar um grunaða og dæmda afbrotamenn í miðlægu kerfi. Þær upplýsingar, þar með taldar myndir af dæmdum eða grunuðum brotamönnum, yrðu aðgengilegar öllum lögregluembættum í samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóri mundu móta. Slíkt miðlægt persónulýsingakerfi á tölvutæku formi hefur að sjálfsögðu marga kosti og getur reynst lögreglunni um allt land ómetanlegt við lausn brotamála. Eftir er að móta nánar hvaða reglur eigi að gilda um þær upplýsingar sem þar verði að finna, hverjir hafi aðgang að þeim og fleiri atriði.

Heimild til töku, meðferðar og geymslu ljósmynda hjá lögreglu er nú að finna í reglugerð nr. 152/1979. Þá reglugerð þarf að aðlaga og breyta í samræmi við breyttar aðstæður áður en framangreindu persónulýsingakerfi verður hleypt af stokkunum.

2. *Hverjar eru starfsvenjur lögreglunnar varðandi upplýsingagjöf til foreldra, skólayfirvalda og vinnuveitenda um grunsemdir varðandi fíkniefnaneyslu eða fíkniefnasölu ungs fólks? Telur ráðherra rétt að skylda lögreglu til að upplýsa þessa aðila?*

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík byggjast starfsvenjur lögreglu hvað þetta snertir á ákvæði 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, þar sem segir að löggæslumanni sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis. Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldrum barns ef mál sem varðar barnið er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Í starfsvenjum lögreglu felst að fái lögreglan vitneskju um afbrot eða aðfinnsluverða hegðan barns, eða hvorttveggja beinist gegn barni, rita lögreglumenn skýrslu um málsatvik. Ef málið fer í rannsókn fer meðferð þess samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi hverju sinni. Í öllum tilvikum fær forvarnafulltrúi afrit af skýrslunni. Hann fer með afrit til viðkomandi barnaverndaryfirvalda, sem bregst við í samræmi við venjur og reglur. Ef barn eða ungmenni hefur verið uppvíst að neyslu áfengis eða annarra vímuefna, hefur brotið ákvæði um bann við útivist, unnið skemmdarverk, verið staðið að hnupli eða öðru slíku broti, eru foreldrum þess jafnan send boð um að hringja eða koma til viðtals á lögreglustöð á tilteknum tíma. Þar er fyrir fulltrúi barnaverndaryfirvalda, sem ræðir mál barnsins við foreldrið. Í samráði við hann er síðan tekin ákvörðun um framhald málsins, sem fyrst og fremst á að taka mið af því að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Samstarf lögreglu við skólayfirvöld hefur aukist á síðari árum. Yfirleitt er samhliða því haft samstarf við viðkomandi félagsmálayfirvöld, sem einnig hefur aukist verulega á síðari árum. Oftar en ekki er um að ræða samstarf vegna ákveðinna viðfangsefna sem tengjast börnum og ungmennum, en í undantekningartilvikum er um að ræða samstarf í málum tiltekinna einstaklinga. Með upplýsingar vegna þess fer samkvæmt ákvæðum laga, svo sem varðandi þagnarskyldu. Samstarf þetta miðast að því að ná skjótari og betri árangri í einstökum viðfangsefnum og einnig að því að aðstoða og styrkja tiltekna einstaklinga, gerist þess þörf, samkvæmt þeim úrræðum sem lög og reglur kveða á um og heimila.

Lögregla gefur ekki upplýsingar um fíkniefnaneyslu einstaklinga til óviðkomandi aðila, en í þann flokk falla til að mynda vinnuveitendur viðkomandi. Ef ástæða er til að upplýsa þá aðila um mál þarf slík upplýsingagjöf að eiga sér skýra lagastoð.

Mat ráðherra er að starfsvenjur lögreglu hvað þetta snertir séu eðlilegar og í samræmi við lög. Á lögreglunni hvílir skylda til að upplýsa barnaverndarnefnd um það þegar mál barns eða ungmennis er til meðferðar hjá lögreglu, barnaverndarnefnd upplýsir síðan viðkomandi foreldra og í tilteknum tilvikum ræðir lögreglan ásamt barnaverndaryfirvöldum beint við foreldra. Upplýsingaskylda lögreglu er að þessu leyti skýr og ótvíræð, og ekki verður talið eðlilegt að ríkari skylda verði lögð á lögreglu eða aðra aðila til að gefa upplýsingar um meint afbrot ungmenna, til að mynda skólum eða vinnuveitendum, meðal annars með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum. Slík upplýsingagjöf er að sjálfsögðu ekki heimil nema á grundvelli skýrra lagaheimilda.

798. Fyrirspurn [471. mál]

til sjávarútvegsráðherra um steinbítsveiðar.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvers vegna voru veiðar á steinbít felldar undir aflamarkskerfi laga um stjórn fiskveiða og hvernig er gætt jafnræðisreglu í ljósi þess að allmargir bátar voru við ákvörðunina undanþegnir takmörkun á veiði á steinbít?

799. Fyrirspurn [472. mál]

til viðskiptaráðherra um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hver á sameignarsjóð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands? — Svar um eignarhluti (%) óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.
2. Hvað hefur sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins BÍ vaxið mikið á hverju ári frá stofnun vegna
   a. ávöxtunar,
   b. andláts einstaklinga og slits lögaðila?

3. Hvert er eigið fé sameignarsjóðs Eignarhaldsfélagsins BÍ um hver áramót frá stofnun?
4. Hvert er eigið fé Eignarhaldsfélagsins BÍ um síðustu áramót?
5. Hverjir eru eigendur Eignarhaldsfélagsins BÍ? — Svar um fjölda og eignarhluta (%) óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.
6. Hafa eigendur fengið greiddan arð? Hvernig og hvenær geta þeir nálgast eign sína?

Skriflegt svar óskast.

800. Fyrirspurn [473. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðileyfi smábáta.

Frá Gísla S. Einarssyni.

Voru einhverjir bátar með krókaleyfi árin 1990–92 sem eins var ástatt um, m.a. af svipaðri stærð, og bátarnir Elías Már ÍS 99, Rakel María ÍS 199, Vismin ÁR 12 og Marteinn KE 200?

Hvaða bátar voru það? Hve miklum afla lönduðu þeir í heild og hve miklu landaði hver bátur?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Hinn 27. júní 1995 féll í héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli þriggja útgerðarmanna smábáta gegn ríkinu („brúttótonnsmálið“) þar sem ríkið var dæmt til að greiða útgerðarmönnum verulegar bætur (samtals um 20 millj. kr.). Sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra áfrýjuðu til Hæstaréttar. Málið snerist um úthlutun veiðileyfa til útgerðarmannanna fyrir tímabilið 1. janúar 1991 samkvæmt nýjum lögum um stjórn fiskveiða (nr. 38/1990) og reglugerð nr. 465/1990, um veiðar í atvinnuskyni. Útgerðarmennirnir töldu sig eiga rétt til krókaveiðileyfa en sjávarútvegsráðuneytið úthlutaði þeim meðaltalsaflahlutdeild báta í sama stærðarflokki. Umboðsmaður Alþingis fékk málið til umfjöllunar og gerði athugasemdir við afgreiðslu ráðuneytisins; fengu bátarnir því krókaleyfi haustið 1991. Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu og sýknaði ríkið af kröfum útgerðarmannanna.

801. Frumvarp til laga [474. mál]

um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim.

Rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í lögum þessum er einungis heimil verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

rafbréf: framseljanlegt rafrænt eignarskráð verðbréf,

eignarskráning: útgáfa á rafbréfum í verðbréfamiðstöð og skráning eignarréttinda yfir þeim; slík eignarskráning að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar veitir skráðum eiganda lögformlega sönnun fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að, sbr. IV. kafla þessara laga, um réttaráhrif skráningar,

verðbréfamiðstöð: hlutafélag sem annast eignarskráningu rafbréfa,

reikningsstofnun: félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð,

lokafærsla: endanleg prófun og færsla eignarskráninga í verðbréfamiðstöð samkvæmt tilkynningum til hennar,

reikningur: skrá um lokafærslur yfir rafbréf í verðbréfamiðstöð.

3. gr.

Viðskiptaráðherra veitir verðbréfamiðstöð starfsleyfi að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Slík leyfi verða aðeins veitt skráðum hlutafélögum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. innborgað hlutafé sé að lágmarki 65 milljónir króna, og er fjárhæð þess bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara,
2. fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun, svo og öryggis- og skipulagslýsing,
3. að uppfyllt sé skilyrði 30. gr. laga þessara um ábyrgðarsjóð.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd. Verðbréfamiðstöð er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið að fullu greitt.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem kveðið er á um í lögum þessum eða er í eðlilegum tengslum við hana.

4. gr.

Stjórnarmenn í verðbréfamiðstöð skulu vera þrír hið fæsta og skulu þeir vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

5. gr.

Einstaklingar og lögaðilar skulu tilkynna bankaeftirliti Seðlabankans beina eða óbeina þátttöku í verðbréfamiðstöð sem nemur að minnsta kosti 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn hlutafélagsins, svo og um hve mikil eign þessi er.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í verðbréfamiðstöð sem segir í 1. mgr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur verðbréfamiðstöðvarinnar getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir verðbréfamiðstöðina að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

6. gr.

Verðbréfamiðstöð ber að tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans ef hún verður þess áskynja eða grunar að lög þessi eða reglugerð sett samkvæmt þeim hafi verið brotin.

7. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal setja sér starfsreglur. Í starfsreglum skal meðal annars kveðið á um að stjórnin taki afstöðu til skipulags félagsins, til dæmis hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit, tölvukerfi, fjárhagsáætlanir og hvernig hagað sé reglubundnu eftirliti með ákvörðunum stjórnar um þau atriði og með hvaða hætti slíkar ákvarðanir skuli endurskoðaðar.

Breytingar á stjórn verðbréfamiðstöðvar skal tilkynna til bankaeftirlits Seðlabankans innan tveggja vikna frá því að breytingin er gerð.

Samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag er óheimill nema með fengnu samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabankans. Hið sama gildir um skiptingu hennar í tvö eða fleiri félög.

8. gr.

Stjórn, endurskoðendum og framkvæmdastjóra, svo og öðrum starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar, er óheimilt að skýra frá nokkru því sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða stöðu sinni samkvæmt um hagi verðbréfamiðstöðvarinnar og viðskiptamanna hennar án undangengins dómsúrskurðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði 1. mgr. hindrar þó ekki að verðbréfamiðstöðin geri samstarfssamning við annað félag sem stundar hliðstæða starfsemi og veiti þeim aðila upplýsingar, enda gildi sambærileg ákvæði um þagnarskyldu hans.

9. gr.

Endurskoðaður ársreikningur, staðfestur af stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar, ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabankans innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri verðbréfamiðstöðvar að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um félagið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn verðbréfamiðstöðvar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfamiðstöðvar fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hana. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

II. KAFLI
Aðild að eignarskráningu.

10. gr.

Rétt til þess að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð hafa:

1. Seðlabanki Íslands,
2. viðskiptabankar og sparisjóðir,
3. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimildir til fjárvörslu.
4. lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.

11. gr.

Þeir aðilar, sem nefndir eru í 10. gr. og 1.–3. tölul. 2. mgr. 12. gr., skulu gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og er það skilyrði þess að þeir hafi heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera aðildarsamning við útgefendur markaðsverðbréfa um heimild þeirra til að hafa milligöngu um eignarskráningu í verðbréfamiðstöð á útgáfu og fyrsta framsali rafbréfa útgefinna af viðkomandi aðila í samræmi við starfsheimildir þeirra á fjármagnsmarkaði.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar er einnig heimilt að veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi.

12. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, er heimilt að ákveða:

1. nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignarskráningar, svo og með hvaða hætti einstaklingar, sem eru starfsmenn verðbréfamiðstöðvar eða reikningsstofnunar, skuli framkvæma þau verkefni sem tengjast skráningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni,
2. nánari reglur um skráningu takmarkaðra eignarréttinda að rafbréfum,
3. heimildir verðbréfamiðstöðvar til gjaldtöku fyrir umsýslu með rafbréf og skráningu í tengslum við þau.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórna verðbréfamiðstöðva sem starfa á grundvelli þessara laga, er heimilt að ákveða:

1. að erlendum verðbréfamiðstöðvum og erlendum viðskiptabönkum, sparisjóðum, fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu og öðrum lánastofnunum en viðskiptabönkum og sparisjóðum með heimild til fjárvörslu, sem hafa heimild til að starfa hér á landi og eru undir opinberu eftirliti, sé heimilt að hafa milligöngu um eignarskráningar í verðbréfamiðstöð með þeim réttaráhrifum sem getið er um í IV. kafla að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans,
2. að verðbréfamiðstöð sé heimilt, að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að annast milligöngu um eignarskráningu í erlendum og innlendum verðbréfamiðstöðvum,
3. að veita megi aðilum, öðrum en reikningsstofnunum, rétt til að sækja upplýsingar varðandi eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvar á grundvelli aðildarsamnings sem hlutaðeigandi aðilar gera við verðbréfamiðstöðina.

III. KAFLI
Skráningarstarfsemi.

13. gr.

Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber ábyrgð á því að fyllsta öryggis sé gætt í starfsemi hennar og reksturinn fari fram á hagkvæman hátt. Stjórn verðbréfamiðstöðvar setur nánari reglur um hvaða verðbréf er unnt að taka til skráningar sem rafbréf. Reglur þessar skulu tryggja jafnræði allra hlutaðeigandi og skulu birtar opinberlega. Rafbréf í sama verðbréfaflokki verða aðeins skráð í einni verðbréfamiðstöð.

14. gr.

Verðbréfamiðstöð er óheimilt að veita upplýsingar um skráð réttindi, sbr. þó ákvæði II. kafla um aðild að verðbréfamiðstöð.

15. gr.

Seðlabanki Íslands tekur við innlánum frá reikningsstofnunum sem aðild eiga að verðbréfamiðstöð og annast efndalok (nettun) viðskipta þeirra með rafbréf. Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

Skipa skal samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands skipar tvo fulltrúa í nefndina og verðbréfamiðstöðvar, sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum þessum, skipa tvo fulltrúa. Seðlabanki Íslands fer með formennsku í nefndinni. Hlutverk samráðsnefndar er að fjalla um samskipti verðbréfamiðstöðva og Seðlabankans í tengslum við efndalok viðskipta.

Seðlabankinn getur beitt reikningsstofnanir viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

IV. KAFLI
Réttaráhrif skráningar o.fl.

16. gr.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð skal gagnvart skuldara jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu.

Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Réttaráhrif eignarskráningarinnar teljast vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur átt sér stað hjá verðbréfamiðstöð.

Reikningsstofnun er skylt án tafar að tilkynna verðbréfamiðstöð um beiðnir um eignarskráningar, enda framvísi viðkomandi aðili viðhlítandi gögnum um grundvöll beiðninnar.

17. gr.

Telji reikningsstofnun að vafi leiki á um staðreyndir eða atriði sem áhrif hafa á lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni, eða á rétt þeirra sem skráningin hefur þýðingu fyrir, og að skráning kunni að brjóta rétt á þriðja aðila ber henni að hafa milligöngu um að réttindin verði einungis eignarskráð til bráðabirgða.

Verðbréfamiðstöð tekur endanlega ákvörðun um hvort réttindi sem skráð hafa verið samkvæmt þessari grein skuli færð í eignarskrá hennar.

Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd bráðabirgðaeignarskráningar samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Reikningsstofnun skal tilkynna öllum hlutaðeigandi um sérhverja skráningu réttinda sem hún hefur haft milligöngu um. Einnig skal hún tilkynna ef vandkvæði eru á skráningu þeirra. Breytingu og afmáningu réttinda ber reikningsstofnunum að tilkynna hlutaðeigandi aðilum með sama hætti eftir því sem við getur átt.

Rétthafi skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta óskað eftir því á grundvelli reglna, sem verðbréfamiðstöð setur að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabankans, að tilkynningar til þeirra séu sendar með jöfnu millibili, svo og afþakkað að hluta til eða öllu leyti að þeim verði sendar tilkynningar um breytingar á réttindum. Samkomulag um hvaða háttur skuli hafður á tilkynningum skal skrá á reikning hlutaðeigandi rétthafa.

Reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar er heimilt að gera samning um að verðbréfamiðstöð sendi þær tilkynningar sem um ræðir í 1. mgr. Bankaeftirlit Seðlabankans skal staðfesta samninga samkvæmt þessari málsgrein.

19. gr.

Eftir að lokafærsla á sér stað í verðbréfamiðstöð verða réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Við eignarskráningu í verðbréfamiðstöð glatast þó ekki mótbárur sem lúta að meiri háttar nauðung eða fölsun.

20. gr.

Verðbréfamiðstöð setur reglur um millifærslu fjármuna og réttinda í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. og ákvæði 15. gr. þessara laga.

Verðbréfamiðstöð hefur milligöngu um millifærslu fjármuna og réttinda fyrir hönd útgefanda rafbréfs til þess sem hefur rétt til að taka við greiðslu samkvæmt skráningu í miðstöðinni. Hún ber enga ábyrgð þrátt fyrir að viðtakanda skorti rétt til þess að taka við greiðslu eða hann sé ólögráða, enda hafi hún ekki vitað né mátt vita að svo væri háttað

aðstæðum viðtakanda. Þetta á þó ekki við ef krafa skráðs rétthafa er byggð á samningi sem er ógildur vegna þess að hann er byggður á fölsun eða meiri háttar nauðung.

21. gr.

Um stofnun réttinda yfir rafbréfum fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum eftir almennum reglum laga.

22. gr.

Hafi reikningsstofnun orðið þess áskynja að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu, þá skal hún gera verðbréfamiðstöðinni viðvart og óska leiðréttingar. Áður en til leiðréttingar kemur er skylt að veita þeim er leiðrétting kann að varða kost á að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

23. gr.

Verðbréfamiðstöð er heimilt að afmá réttindi sem augljóslega eru ekki lengur til staðar.

Telji verðbréfamiðstöð að á reikningi séu skráð réttindi sem telja má að hafi ekki lengur þýðingu eða um er að ræða réttindi sem eru 20 ára gömul eða eldri og sem telja verður að séu sannanlega úr gildi fallin eða sannanlega hefur enginn rétthafi fundist að réttindunum getur hún birt innköllun í Lögbirtingablaðinu til þeirra sem telja sig eiga rétt til hinna skráðu réttinda og skal innköllunarfrestur vera þrír mánuðir. Hafi enginn gefið sig fram áður en innköllunarfrestur er liðinn skal verðbréfamiðstöðin afmá réttindin.

Í reglugerð er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr.

V. KAFLI
Reikningsyfirlit.

24. gr.

Á reikning í verðbréfamiðstöð skal eignarskrá rafbréf viðskiptamanns. Á hvern reikning skal skrá reikningsstofnun eða reikningsstofnanir sem hafa heimild til eignarskráningar á reikninginn. Verðbréfamiðstöð skal gefa út reikningsyfirlit um þau réttindi sem þar eru skráð.

Reikningsyfirlit skulu gefin út með jöfnu millibili handa eigendum rafbréfa. Á reikningsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir þau rafbréf sem viðkomandi reikningseigandi er skráður eigandi að við dagsetningu yfirlitsins. Samsvarandi yfirlit skulu gefin út til eiganda takmarkaðra eignarréttinda yfir rafbréfi. Reikningsstofnun er heimilt að senda skráðum rétthafa aukareikningsyfirlit, enda hafi hann óskað eftir því.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal setja nánari reglur um gerð reikninga og útgáfu reikningsyfirlita skv. 1. mgr., svo og hvaða atriði skulu koma fram á yfirlitinu.

VI. KAFLI
Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.

25. gr.

Kæra vegna ágreinings sem kann að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöð eða önnur atriði sem falla undir gildissvið laganna skal send til úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðvar. Þetta á þó ekki við um skaðabótakröfur.

Ráðherra skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til þess að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á rafrænni skráningu eignarréttinda. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna sem greiðist úr ríkissjóði.

Kæra skv. 1. mgr. skal send til úrskurðarnefndar innan 12 vikna frá því að skráning fór fram í verðbréfamiðstöð. Úrskurðarnefnd er heimill aðgangur að öllum gögnum hjá verðbréfamiðstöð og reikningsstofnun og sem tengjast kærumáli.

Úrskurðarnefnd fellir rökstuddan úrskurð í kærumáli og skal hann tilkynntur aðilum málsins.

Úrskurðarnefnd getur í sérstökum tilvikum tekið mál til úrskurðar eftir að kærufrestur skv. 3. mgr. er runninn út.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um störf úrskurðarnefndar. Heimilt er að setja reglur um greiðslu kostnaðar fyrir meðferð kærumáls og um birtingu úrskurða sem úrskurðarnefnd fellir.

26. gr.

Kæruaðilar skv. 25. gr. geta verið:

1. sérhver aðili sem telja verður að hafi nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu,
2. reikningsstofnun þegar hún dregur í efa ákvarðanir verðbréfamiðstöðvar skv. 17., 22. og 23. gr., svo og
3. verðbréfamiðstöð þegar hún dregur í efa tilkynningar reikningsstofnunar vegna skráningar í miðstöðinni.

27. gr.

Heimilt er að bera úrskurð úrskurðarnefndar undir dómstóla með venjulegum hætti innan fjögurra vikna frá því að hann er uppkveðinn.

Mál, sem skv. 25. og 26. gr. er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, verða ekki borin undir dómstóla nema að undangenginni kærumeðferð skv. 1. mgr.

VII. KAFLI
Skaðabætur.

28. gr.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð vegna þess tjóns sem rakið verður til starfsemi hennar í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni þrátt fyrir að saknæmri háttsemi sé ekki til að dreifa. Bótaábyrgð nær þó hvorki til tjóns vegna glataðra viðskiptatækifæra, né til tjóns vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeur).

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella niður skaðabætur til hans.

Verðbréfamiðstöð ber skaðabótaábyrgð gagnvart þeim aðilum sem grandlausir verða fyrir tjóni vegna ákvæða 2. málsl. 19. gr. fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Samanlagðar skaðabætur fyrir tjón vegna sama tjónsatburðar geta ekki orðið hærri en sem nemur helmingi fjárhæðar ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr.

29. gr.

Reikningsstofnun er skaðabótaskyld fyrir því tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni, svo og greiðslum út af slíkum reikningi, þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika.

Hafi tjónþoli af ásetningi eða gáleysi átt þátt í því að tjón varð er heimilt að lækka eða fella brott skaðabætur til hans.

30. gr.

Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 milljónum króna í formi ábyrgða eða á annan hátt.

Nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skv. 1. mgr. skal setja í samþykktir hennar.

VIII. KAFLI
Eftirlit.

31. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi verðbréfamiðstöðvar sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal bankaeftirliti Seðlabankans þess vegna heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi verðbréfamiðstöðva og reikningsstofnunar sem það telur nauðsyn á. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands og lög um verðbréfaviðskipti.

Verðbréfamiðstöð skal bera þann kostnað er leiðir af opinberu eftirliti samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

Telji bankaeftirlit Seðlabankans reikningsstofnun hafa brotið ítrekað eða með alvarlegum hætti gegn ákvæðum laga þessara, laga um verðbréfaviðskipti eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða að háttsemi reikningsstofnana sé að öðru leyti ekki eðlileg, traust eða heilbrigð, er því heimilt að svipta hlutaðeigandi aðila rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð.

IX. KAFLI
Viðurlög.

33. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðila að sæta sviptingu starfsréttinda.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar samkvæmt almennum hegningarlögum.

X. KAFLI
Gildistaka o.fl.

34. gr.

Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar og vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf.

35. gr.

Sé rafbréf gefið út og skráð samkvæmt lögum þessum sem víxill skal fylgja þeim lagareglum sem um víxla gilda eftir því sem við getur átt.

36. gr.

Hafi verðbréf verið tekin til rafrænnar eignarskráningar í verðbréfamiðstöð ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þegar verðbréfamiðstöð samkvæmt lögum þessum hefur starfsemi sína skal stefna að því að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum eftirtöldum verðbréfum, sem þá verða í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga, fyrir árslok 2000:

1. spariskírteinum ríkissjóðs,
2. ríkisbréfum,
3. ríkisvíxlum,
4. húsbréfum og húsnæðisbréfum,
5. hlutabréfum félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
6. skuldabréfum og víxlum sem útgefnir eru af bönkum, sparisjóðum, sveitarfélögum og öðrum ótilgreindum aðilum og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands,
7. öðrum verðbréfum sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar, sbr. ákvæði 13. gr. laga þessara.

II.

Útgefendur verðbréfa, sem greind eru í ákvæði I til bráðabirgða og ákveðið hefur verið að eignarskrá með rafrænum hætti samkvæmt lögum þessum, skulu innkalla öll viðkomandi verðbréf. Í stað innkallaðra verðbréfa skal útgefandinn eignarskrá eignarréttindi yfir þeim og ógilda jafnframt hið áþreifanlega verðbréf. Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal kveða nánar á um tilhögun innköllunar og eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Almennt.

Allt frá byrjun þessa áratugar hefur verið áhugi á því að koma á fót tölvuskráningu verðbréfa hér á landi sem leysa mundi af hólmi áþreifanleg verðbréf líkt og gerst hefur í nágrannalöndum okkar. Hér er um að ræða verkefni sem leiða mun til mikillar hagræðingar og sparnaðar fyrir aðila á fjármagnsmarkaði auk þess sem verkefnið telst vera umhverfisvænt þar sem það dregur mjög úr notkun pappírs.

Í október 1991 skilaði nefnd á vegum viðskiptaráðuneytis áliti um tölvuskráningu verðbréfa á Íslandi. Í nefnd þessa voru skipuð Bjarni Ómar Jónsson, tilnefndur af Reiknistofu bankanna, Ólafur Örn Ingólfsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sveinn E. Sigurðsson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, Vilborg Lofts, tilnefnd af Verðbréfaþingi Íslands, Vilhjálmur Egilsson, tilnefndur af Verslunarráði Íslands, og Tryggvi Axelsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneytinu, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Í áliti nefndarinnar um fyrstu aðgerðir var bent á tvær leiðir án þess þó að afstaða væri tekin til þess hvora þeirra væri æskilegt að fara:

1. Að helstu aðilar á íslenskum fjármagnsmarkaði stæðu sameiginlega að stofnun verðbréfamiðstöðvar og miðað yrði við að arður, sem hlytist af starfrækslu hennar, yrði ekki greiddur út heldur rynni til verðbréfamiðstöðvarinnar sjálfrar.

2. Að ríkissjóður Íslands setti á stofn verðbréfamiðstöð og markmiðið í byrjun yrði eingöngu að taka upp tölvuskráningu á markaðsverðbréfum ríkissjóðs, svo sem ríkisskuldabréfum, húsbréfum og ríkisvíxlum. Í fyllingu tímans mundi starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar síðan taka til allra markaðsverðbréfa á fjármagnsmarkaðnum.

Málinu var ekki þokað lengra áleiðis fyrr en 9. febrúar 1993 þegar viðskiptaráðherra skipaði starfshóp er fékk það verkefni að „semja drög að frumvarpi til laga um skráningarmiðstöð fyrir eignarhald á verðbréfum". Í starfshópinn voru skipuð Páll Ásgrímsson frá viðskiptaráðuneyti, sem jafnframt var formaður, Jóhann Albertsson, bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Pétur Kristinsson, Lánasýslu ríkisins, Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, og Selma Filippusdóttir, Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja.

Við samningu þessa frumvarps var gert ráð fyrir að fyrri leiðin hér að framan yrði farin, þannig að helstu aðilar á íslenskum fjármagnsmarkaði stæðu saman að stofnun verðbréfamiðstöðvar í formi sjálfseignarstofnunar. Með hliðsjón af skipunarbréfi tók starfshópurinn ekki afstöðu til þess í einstökum atriðum hvernig framkvæmd einstakra þátta yrði hagað, svo sem hvernig staðið skyldi að kaupum á hugbúnaði o.s.frv. Þó var bent á að sá möguleiki væri fyrir hendi að þjónustan við tölvuskráningu verðbréfa yrði að öllu leyti keypt erlendis frá og upplýsingar sendar um fjarvinnslubúnað sem settur yrði upp hér á landi. Fram kom að vilji var fyrir hendi af hálfu forráðamanna dönsku verðbréfamiðstöðvarinnar til þess að athuga þennan möguleika.

Það sem næst gerist í þessu efni er að iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipar 28. apríl 1994 verkefnisstjórn til þess að gera hagkvæmnisathugun á starfsemi verðbréfamiðstöðvar á Íslandi. Verkefnisstjórnina skipuðu Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, formaður (tilnefndur af Seðlabanka Íslands), Einar Sigurjónsson, fjármálaráðuneyti (tilnefndur af fjármálaráðuneyti og viðskiptaráðuneyti), Jón Ragnar Höskuldsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna (tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka og Sambandi íslenskra sparisjóða), Selma Filippusdóttir, Verðbréfamarkaði Íslandsbanka (tilnefnd af Sambandi íslenskra verðbréfafyrirtækja og Verðbréfaþingi Íslands), og Valgarður Sverr-

isson, Lífeyrissjóði verslunarmanna (tilnefndur af Húsnæðisstofnun, Landssambandi lífeyrissjóða og Sambandi almennra lífeyrissjóða). Hagkvæmnisathugun var lokið í febrúar 1995 með útgáfu skýrslu þar sem bornir voru saman eftirgreindir þrír valkostir:

Leið A: Hönnun á nýju tölvukerfi fyrir íslenskan markað.

Leið B: Kaup á tilbúnu kerfi erlendis frá sem starfrækt yrði hér á landi.

Leið C: Notkun erlends tölvukerfis í verðbréfamiðstöð erlendis.

Áætlaðan kostnað við stofnun og rekstur verðbréfamiðstöðvar á Íslandi, miðað við þær þrjár leiðir sem að framan eru greindar, má draga saman í eftirfarandi töflu:

Heildarkostnaður.
(Í millj. kr.)

Valkostir	Rekstrar-kostnaður	Stofn-kostnaður	Fyrstu fimm árin
Leið A	34	29	165
Leið B	53	400	612
Leið C	61	6	250

Af þessu má sjá að stofnkostnaður er lægstur sé leið C farin, en rekstrarkostnaður er lægstur ef leið A er valin. Kostur B er augljóslega lakasti kosturinn, einkum þar sem stofnkostnaður er afar hár.

Þegar litið er til lengri tíma er það rekstrarkostnaður sem ræður úrslitum þegar valið er á milli þessara kosta. Ef litið er á heildarkostnað fyrstu fimm árin, þ.e. stofnkostnað og rekstrarkostnað fyrstu fjögur starfsárin, er leið A til muna hagkvæmust.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að árlegur kostnaður vegna umsýslu með verðbréf sé 215–226 m.kr. Þannig er augljóslega hagkvæmt að koma á fót verðbréfamiðstöð á Íslandi og er rekstrarkostnaður hennar samkvæmt leið A aðeins 20% af þeim kostnaði sem áætlað er að nú falli til árlega vegna umsýslu með verðbréf og félli að mestu niður við stofnun verðbréfamiðstöðvar.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu fól verkefnisstjórnin VSÓ – Rekstrarráðgjöf hf. að kanna nánar og áætla af sem mestri nákvæmni hvað kostaði að hanna nýtt tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöð. Vinnu þessari lauk með því að lögð var fram skýrsla um forgreiningu á hugbúnaðarkerfi fyrir slíka miðstöð og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað þess. Í skýrslunni, sem lögð var fram í nóvember 1995, er að finna forgreiningu á tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöð.

Í skýrslunni er gagnaflæðirit, einindavenslarit, lausleg lýsing á verkliðum og greinargerð um almennar kröfur til hugbúnaðarins. Í henni er að finna skilgreiningu á starfsemi verðbréfamiðstöðvar og þeim verkliðum sem tölvukerfi slíkrar miðstöðvar þarf að geta ráðið við. Í þessari skilgreiningu er gert ráð fyrir að kerfið geti annast skráningu á eignarhaldi og útreikninga á greiðslum allra þeirra tegunda markaðsverðbréfa sem nú eru þekkt á innlendum verðbréfamarkaði. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að kerfið muni hlutast til um allar greiðslur afborgana og arðs vegna verðbréfa með beintengingu við viðskiptabanka og sparisjóði um Reiknistofu bankanna sem annist millifærslur á milli bankareikninga.

VSÓ – Rekstrarráðgjöf og verkefnisstjórn höfðu samvinnu um skilgreiningu á starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Á grundvelli hennar gerði Bjarni Júlíusson tölvunarfræðingur áætlun um stofn- og rekstrarkostnað tölvu- og hugbúnaðarkerfis verðbréfamiðstöðvar.

Í framhaldi af því að verkefnisstjórnin skilaði af sér tveimur framangreindum skýrslum skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra 23. febrúar 1996 undirbúningsnefnd um stofnun verðbréfamiðstöðvar. Í henni áttu sæti Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, formaður, Einar Sigurjónsson, fjármálaráðuneyti, Sveinn E. Sigurðsson, Seðlabanka Íslands, Stefán Halldórsson, Verðbréfaþingi Íslands, Jón Ragnar Höskuldsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna (tilnefndur af Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða), Valgarður Sverrisson, Lífeyrissjóði verslunarmanna (tilnefndur af Landssambandi lífeyrissjóða, Sambandi almennra lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnun ríkisins), Gísli Heimisson, Landsbréfum hf. (tilnefndur af Samtökum ísl. verðbréfafyrirtækja).

Jafnframt skipun undirbúningsnefndarinnar voru 11. mars 1996 Sveinbjörn Hafliðason, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands, og Tryggvi Axelsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, skipaðir af viðskiptaráðherra í vinnuhóp til þess að semja frumvarp til laga um verðbréfamiðstöð og skyldu þeir vinna að frumvarpinu í samráði við undirbúningsnefndina.

Undirbúningsnefndin vann að gerð útboðsgagna á grundvelli framangreindrar forgreiningarskýrslu. Gerðar voru nokkrar breytingar á skýrslunni til að einfalda kerfi verðbréfamiðstöðvar. Þar má nefna að í útboðslýsingu er ekki gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöð sjái um að reikna út greiðslur af skuldabréfum heldur sjái reikningsstofnun útgefanda um útreikninginn og komi boðum til verðbréfamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir að hún taki til starfa á árinu 1998. Kostnaður við verðbréfamiðstöð þar til tekjur fara að myndast er áætlaður 80 millj. kr. Hann skiptist í kostnað vegna vél- og hugbúnaðar, 29 millj. kr., og ýmsan undirbúnings- og kynningarkostnað, 51 millj. kr. Undirbúnings- og kynningarkostnaður greinist í launakostnað starfsmanna á undirbúningstíma, kynningar- og þjálfunarkostnað og annan rekstrarkostnað. Rekstrarkostnaður er metinn um 34 millj. kr. á ári þegar starfsemin er komin í fullan rekstur.

Undirbúningsnefnd efndi til forvals og lokaðs útboðs að forvali loknu. Forval var auglýst í Morgunblaðinu og Evrópska útboðsbankanum, TED, 21. apríl 1996. Forvalsgögn voru opnuð hjá Ríkiskaupum 20. júní 1996. Tíu hugbúnaðarhús lögðu inn forvalsgögn, þar af eitt erlent hugbúnaðarhús í samstarfi við íslenskt. Undirbúningsnefndin valdi þrjú hugbúnaðarhús til að taka þátt í lokuðu útboði. Það voru Tölvumyndir hf., Verk- og kerfisfræðistofan hf. og samstarfsaðilarnir Nýherji hf. og EFA frá Kanada. Tilboð voru opnuð 11. nóvember 1996. Tölvumyndir hf. áttu lægsta tilboð í verkið, 9.760.500 kr., með afhendingu í desember 1997. Frá Tölvumyndum kom einnig frávikstilboð upp á 8.784.450 kr. með afhendingu í nóvember 1997. Verk- og kerfisfræðistofan gerði tilboð upp á 10.288.000 með afhendingu í desember 1997. Nýherji og EFA gerðu aðaltilboð upp á 685.685 USD með afhendingu 12 mánuðum frá undirritun verksamnings og frávikstilboð upp á 449.525 USD með afhendingu sex mánuðum frá undirritun verksamnings.

Til þess að greina sem ítarlegast frá tilgangi, stærð og starfsemi verðbréfamiðstöðvar þykir eðlilegt að taka orðrétt upp þriðja þátt útboðslýsingar á hugbúnaðarkerfi verðbréfamiðstöðvar (Ríkiskaup – útboð 10673 – 27. sept. 1996):

3. Forgreining - kerfislýsing.

Í kafla þessum er að finna forgreiningu á tölvukerfi fyrir verðbréfamiðstöðina. Hér er lýsing sem inniheldur gagnaflæðirit, einindavenslarit, lauslega lýsingu á verkliðum og almennar kröfur til hugbúnaðarins. Verkliðalýsingar í skýrslunni eru einfaldaðar þar sem um er að ræða forgreiningu en ekki eiginlega kerfisgreiningu. Útfærsla lágmarksskjámynda er að vali verktaka, þó í samráði við verkkaupa. Endanlegar skilgreiningar gagnasafns munu framkvæmdar af verktaka en byggðar á einindavenslariti forgreiningarskýrslu. Almennar kröfur til hugbúnaðarins hafa verið skilgreindar af undirbúningsnefnd og í framhaldi af því voru fyrstu stigs gagnaflæðiritin unnin, þá verkliðalýsingar og loks einindavenslarit ásamt gagnaskrárlýsingum. Skráning verðbréfa í verðbréfamiðstöð verður eina lögformlega skráningin á eignarhaldi þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og hún kemur þannig í stað verðbréfanna sjálfra. Því þarf tölvukerfi verðbréfamiðstöðvar að halda skrá yfir alla eigendur þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og eignarhlut hvers og eins (nafnlausir reikningar þó meðhöndlaðir sérstaklega). Fyrirhugað er að skrá einungis markaðsverðbréf í verðbréfamiðstöðinni, þ.e. mörg einsleit verðbréf sem gefin eru út í ákveðnum flokkum. Kerfið heldur ekki utan um önnur verðbréf.

Allir eigendur verðbréfa sem skráð eru í verðbréfamiðstöðinni þurfa að stofna reikning í verðbréfamiðstöðinni fyrir milligöngu reikningsstofnunar[1]. Slíkur eigandi getur verið einstaklingur eða lögaðili, íslenskur ríkisborgari eða erlendur. Sami aðili getur átt marga verðbréfareikninga. Á hverjum reikningi geta verið margar tegundir og flokkar verðbréfa. Kerfið geymir nafnverðseign per flokk og allar hreyfingar á flokknum, þ.e. við kaup og sölu[2] á verðbréfum er staða reiknings uppfærð.

Sérhver flokkur verðbréfa er skráður í verðbréfamiðstöðina fyrir milligöngu reikningsstofnana. Þannig verður til skrá yfir alla útgefendur markaðsverðbréfa auk þeirra verðbréfaflokka sem þeir gefa út. Við stofnun nýrra flokka er stofnaður útgáfureikningur útgefanda og verðbréfaeignin færist yfir á eigendur verðbréfanna eftir því sem þau seljast.

Kaup og sala á verðbréfum fer alfarið í gegnum reikningsstofnanir. Reikningsstofnanir kaupenda og seljenda tilkynna síðan viðskiptin á rafrænu formi til verðbréfamiðstöðvarinnar. Þegar verðbréfamiðstöðin hefur fengið tilkynningar frá báðum aðilum, framkvæmt endanlega prófun og sannreynt viðskiptin, gengur verðbréfamiðstöðin frá viðskiptunum. Slíkur frágangur innifelur eignabreytingar á verðbréfareikningum og peningafærslur milli reikninga reikningsstofnana í Seðlabanka. Að frágangi loknum sendir verðbréfamiðstöðin staðfestingu á afgreiðslu viðskiptanna til reikningsstofnunar kaupanda og seljanda. Staðfestingin er framsett á þann máta að hún sé sannanlega komin frá verðbréfamiðstöðinni, t.d. með kótakerfi sambærilegt við heimildanúmer rafrænna greiðslukorta. Ef viðskiptavinir reikningsstofnunar óska eftir að fá afrit staðfestingar þá mun reikningsstofnun sjá um það en sú staðfesting/sending er utan þess kerfis sem hér er lýst.

Hlutverk verðbréfamiðstöðvar er enn fremur að millifæra peningagreiðslur frá útgefendum verðbréfa til eigenda þeirra með beiðni til viðskipta- eða seðlabanka og sparisjóða. Þessar greiðslur eru m.a. arðgreiðslur eftir ákvörðun aðalfundar hlutafélaga, greiðslur vegna útdráttar húsbréfa og greiðslur á gjalddaga skuldabréfa.

3.1 Notendur

Samskipti verðbréfamiðstöðvar eru að langmestu leyti við reikningsstofnanir. Reikningsstofnanir sjá um skráningu grunnupplýsinga um nýja reikninga og verðbréfaflokka og tilkynna verðbréfamiðstöð um viðskipti með verðbréf. Reikningsstofnanir sjá um að þjónusta reikningseigendur. Reikningseigendur hafa því engin bein samskipti við verðbréfamiðstöðina heldur eru þeir tengdir reikningsstofnun sinni. Aðrir notendur, svo sem útgefendur verðbréfa, geta hins vegar kallað eftir takmörkuðum upplýsingum er varða þá sérstaklega. Að

---

[1] Með reikningsstofnun er átt við verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir, viðskiptabanka, sparisjóði, Seðlabanka Íslands og sambærilegar stofnanir innan EES sem hlotið hafa staðfestingu bankaeftirlitsins um starfsemi hér á landi.

[2] Þó hér sé rætt um kaup og sölu verðbréfa skal tekið fram að eigendaskipti geta orðið með öðrum hætti, t.d. gjöf, arfur o.s.frv. Miða skal allar aðgerðir við eigendaskipti.

auki er um nokkurs konar innri notendur að ræða, þ.e. starfsmenn verðbréfamiðstöðvarinnar sem hafa umsjón með kerfinu og rekstri þess.

Notendur kerfisins hafa mismunandi aðgang að kerfinu, enda notkun þeirra á kerfinu með mismunandi hætti. Flokka má helstu notendur í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar í eftirtalda hópa:

Reikningsstofnanir:

Almenna reglan er sú að reikningsstofnanir hafa aðgang að upplýsingum um öll sín viðskipti og alla reikninga sem stofnaðir eru hjá þeim. Það er gert til þess að reikningsstofnanir geti gefið viðskiptavinum sínum upplýsingar um stöðu á reikningum þeirra, sent þeim yfirlit o.s.frv. Þannig hefur verðbréfamiðstöðin ekki bein samskipti við reikningseigendur[3] varðandi upplýsingar um stöðu reikninga, enda geta reikningsstofnanir betur sinnt mismunandi þörfum þeirra, t.d. varðandi tíðni yfirlita. Þegar viðskiptavinur opnar reikning í verðbréfamiðstöðinni hjá reikningsstofnun er þó gert ráð fyrir að hann geti skilgreint hverjir hafi aðgang að upplýsingum varðandi reikninginn. Þannig getur hann heimilað öðrum reikningsstofnunum aðgang eða útilokað alla frá upplýsingaaðgangi, þar á meðal þá reikningsstofnun sem hann stofnar reikninginn hjá.

Hlutafélög og verðbréfasjóðir:

Almenningshlutafélög geta fengið upplýsingar um hluthafa og eignarhlut þeirra. Slíkar upplýsingar yrðu aðgengilegar á prentuðu eða tölvutæku formi. Aðilarnir eru þó ekki tengdir tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar beint. Hugsanlega fara samskipti og gögn á milli verðbréfamiðstöðvar og hlutafélaga með tölvupósti. Aðrar útfærslur eru þó mögulegar. Verðbréfasjóðir geta með sama hætti fengið upplýsingar um eigendur hlutdeildarskírteina.

Útgefendur skuldabréfa:

Útgefendur skuldabréfa hafa ekki aðgang að upplýsingum um eigendur bréfanna. Þeir munu hins vegar geta fengið, með milligöngu reikningsstofnunar, upplýsingar um hversu mikið hefur verið selt af hverjum flokki verðbréfa sem þeir gefa út.

Upplýsingamiðstöðvar/-veitur:

Hér er átt við aðila sem miðla upplýsingum eða vinna frekar úr þeim. Þessir aðilar munu fá tölfræðilegar upplýsingar um kaup og sölu á einstökum verðbréfaflokkum sem þó verður á engan hátt hægt að tengja við einstaka eigendur. Leggja þarf mikla áherslu á verndun persónuupplýsinga við alla meðferð og vinnslu upplýsinga úr verðbréfamiðstöðinni. Slík upplýsingagjöf er ekki hluti af kerfi verðbréfamiðstöðvar. Ekki verður nánar skilgreindur hér aðgangur þessara aðila að upplýsingum frá verðbréfamiðstöðinni, enda hlýtur hann

[3] Reikningseigendur eru eigendur verðbréfa sem hafa reikninga í verðbréfamiðstöðinni, hvort sem um er að ræða einstaklinga, stærri fjárfesta eða reikningsstofnanir.

að fara eftir lögum um verndun og meðferð persónuupplýsinga svo og þeim lögum sem sett yrðu um starfsemi verðbréfamiðstöðvar.

Erlendar verðbréfamiðstöðvar:
Gera verður ráð fyrir að erlendar verðbréfamiðstöðvar muni tengjast kerfinu.[4]

Lífeyrissjóðir og stærri fjárfestar:
Þeir munu ekki hafa bein samskipti við verðbréfamiðstöðina frekar en aðrir reikningseigendur. Hins vegar er gert ráð fyrir að þeir muni hafa lesaðgang að upplýsingum um eigin verðbréfareikninga í gegnum reikningsstofnanir. Gert er ráð fyrir að reikningseigendur geti slegið inn sérstakt leyninúmer við stofnun reiknings (eða síðar) sem loki fyrir skoðunaraðgang allra reikningsstofnana. Reikningsstofnun er það síðan í sjálfsvald sett hvaða skilyrði hún setur við opnun slíkra reikninga og á hvaða stigi hún geti krafist opnunar. Það á þó aðeins við um þær reikningsstofnanir sem bera ábyrgð á viðkomandi verðbréfareikningi.

3.2 Starfsumhverfi.

Gert er ráð fyrir að hjá verðbréfamiðstöðinni verði alls 5 stöðugildi, þar af tveir starfsmenn sem yrðu í þjónustu við notendur Einn starfsmaður annast daglegan rekstur tölvukerfisins og annar starfsmaður yrði hugsanlega við þróun og viðhald kerfisins. Á fyrsta starfsári verðbréfamiðstöðvarinnar er jafnframt gert ráð fyrir kennslu og þjálfun fyrir notendur kerfisins.
Gert er ráð fyrir að notendur kerfisins geti verið allt að 300 talsins og samtímanotendur á bilinu 100 til 200 á miklum álagstímum.

Þeir notendur sem gert er ráð fyrir að tengist verðbréfamiðstöðinni reglulega eru á listanum hér fyrir neðan:

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu :	*Fjöldi staða*	*Áætlaður fjöldi notenda*
Verðbréfafyrirtæki	7	50
Verðbréfamiðlanir	10	10
Bankar:		
Seðlabanki Íslands	1	
Búnaðarbanki Íslands	30	
Landsbanki Íslands	60	
Íslandsbanki hf.	26	
Sparisjóðirnir	26	
Útibú samtals	143	150
Reikningsstofnanir alls:	**160**	**210**

[4] Verktaki skal gera ráð fyrir að aðrir aðilar geti tengst kerfinu á sem auðveldastan máta þegar fram líða stundir og skal ganga þannig frá uppbyggingu kerfisins að slíkar tengingar verði sem einfaldastar í framkvæmd og unnt verði að útfæra þær með lágmarkstilkostnaði.

Aðrir - (tengjast gegnum reikningsstofnanir):		
Hlutahafaskrár	50-70	50-70
Upplýsingaveitur	10	10
Heild:	**220-240**	**270-290**

3.3 Öryggiskröfur.

Miklar kröfur eru gerðar til öryggismála, bæði hvað vélbúnaðinn og umhverfi hans varðar, en ekki síður til gagna og aðgangstakmarkana notenda að gögnum. Verktaki skal tryggja að útfærsla hans á hugbúnaði verði í samræmi við þær kröfur sem hér er lýst.

3.3.1 Öryggi vélbúnaðar.

Gert er ráð fyrir að auk aðaltölvu verði í höfuðstöðvum verðbréfamiðstöðvar varatölva sem taki yfir vinnslu kerfisins ef bilun verður í aðaltölvu, þannig að starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar haldi áfram án truflunar. Diskar aðaltölvu verði speglaðir og varatölvan er síðan tengd diskastæðunni þannig að bilun aðaltölvu hafi engin áhrif á varðveislu gagna og rekstur verðbréfamiðstöðvar. Gert er ráð fyrir sjálfvirkri afritatöku. Til að tryggja rekstur kerfisins enn frekar er auk þessa gert ráð fyrir að gögn séu spegluð á þriðju tölvuna, sem staðsett yrði annars staðar. Sú tölva gæti annast rekstur kerfisins kæmi til þess að aðaltölva og varatölva yrðu óstarfhæfar, t.d. eftir eldsvoða.

3.3.2 Aðgangs- og gagnaöryggi.

Gerðar verða miklar öryggiskröfur hvað varðar gagnaleynd og aðgang mismunandi aðila að upplýsingum. Þannig verður aðgangur hvers og eins notanda að kerfinu skilgreindur sérstaklega og aðgangur að upplýsingum bundinn við það sem reikningseigandi heimilar við stofnun reiknings.

Tengingum við verðbréfamiðstöðina verður þannig háttað að fyllsta öryggis sé gætt. Hugsanlega verður um fastlínutengingar, háhraðanetstengingar eða samnetstengingar (ISDN) notenda við verðbréfamiðstöð að ræða. Gert er ráð fyrir öruggum TCP samskiptum, t.d. „secure socket layer“ eða sambærilegt, þ.e. gagnabrenglun er notuð í samskiptunum sjálfum. Líklega verður um tölvupóstsamskipti að ræða við ýmsa aðila, t.d. hlutafélög og verðbréfasjóði vegna upplýsingagjafar um hluthafaskrár. Fyllsta öryggis skal gætt ef til slíks kemur, t.d. má gera ráð fyrir að pósttenging sé einangruð frá neti verðbréfamiðstöðvarinnar sem verði síðan varið með netvörn. Líklegt er að notkun kerfisins muni tengjast internetinu í náinni framtíð. Þá þarf að huga enn frekar að öryggismálum.

Verðbréfamiðstöð geymir gífurlega viðkvæm og mikilvæg gögn. Gera verður ráð fyrir þeim kosti að kerfið nýti sér gagnabrenglunarmöguleika gagnasafnskerfis að einhverju leyti.

3.3.3 Rekjanleiki upplýsinga.

Allar breytingar á gögnum verði skráðar sérstaklega, þannig að eldri útgáfa gagnanna haldi sér og unnt verði að rekja sig áfram færslu fyrir færslu og skoða breytingar sem gerðar eru á hverju stigi. T.d. er ólöglegt að breyta færslum í bókhaldi samkvæmt íslenskum bókhaldslögum en bakfærslur og millifærslur eru notaðar þess í stað. Í kerfinu skal því að finna verkliði sem gefa kost á endurskoðun slíkra breytinga.

3.3.4 Kvittun breytinga.

Í hvert sinn sem aðgerð er gerð í kerfinu sem hefur í för með sér einhverja breytingu á gögnum kerfisins, þá er kvittað fyrir hver framkvæmdi aðgerðina og á hvaða tíma aðgerðin var framkvæmd. Í kerfinu skal að finna verkliði er leyfa könnun slíkra breytinga.

3.3.5 Aðgangskröfur.

Sérstakar aðgangsheimildir þarf til að skoða viðkvæm gögn, aðrar heimildir þarf til að breyta gögnum o.s.frv. Byggt verði á „stigveldi" lykilorða, þ.e. sumir notendur hafa heimildir til rýmri aðgerða innan kerfisins en aðrir. Kerfið skal gefa kost á utanumhaldi slíks lykilorðakerfis.

3.4 Kerfislýsing.

3.4.1 Kröfulýsing fyrir hugbúnað.

Eftirfarandi atriði eru samantekt á almennum kröfum til hugbúnaðarins. Kröfum er skipt í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi eru verkþættir er varða skráningu og meðhöndlun verðbréfa. Í öðru lagi verkliðir er varða frágang viðskipta. Í þriðja lagi verkliðir er varða kerfisumsjón.

3.4.1.1 Skráning verðbréfa.

- Haldið utan um hverjir eigi einstök verðbréf á hverjum tíma. Eignin er skráð á nafnverði.
- Annast nýskráningar allra verðbréfa og verðbréfaflokka. Unnt sé að bæta við útgáfu verðbréfaflokka.
- Tekið við upplýsingum við stofnun reikninga og skráðar allar eignir reikningseigenda á nafnverði.

  Utanumhald með veðsetningu bréfa og veðsettum bréfum. Ekki mega fara fram eignarbreytingar á veðsettum bréfum. Eigendur veðsettra bréfa eiga sérstaka reikninga fyrir bréfin og eru þeir merktir: læstir.
- Gefinn kostur á skráningu umboðsmanns eiganda vegna tiltekinnar verðbréfaeignar.
- Tekið við upplýsingum um eigendaskipti verðbréfa frá reikningsstofnunum. Fjöldi kaupenda og seljenda þarf ekki að standast á.

- Skráning jöfnunarhlutabréfa hlutafélaga, skráning niðurfærslu hlutafjár, skráning gjaldþrota. Skráning getur leitt til þess að öll verðbréf er tengjast útgefandanum flytjist á sérstaka reikninga, t.d. við gjaldþrot.

3.4.1.2 Utanumhald og frágangur viðskipta

- Útgreiðsla arðgreiðslna af skuldabréfum á gjalddögum. Þegar gjalddagi nálgast skal kerfið aðvara hlutaðeigandi reikningsstofnun og minna á að upplýsingar um greiðslur þurfi að berast í tæka tíð.
- Gengið frá greiðslum milli reikningsstofnana eftir að viðskipti hafa farið fram með því að senda beiðni um millifærslu á milli reikninga reikningsstofnana (nettófjárhæðir millifærðar í lok hvers tímabils). Taka tillit til þess að eignabreyting getur átt sér stað án þess að peningar færist á milli (t.d. gjafir, arfur o.fl.).
- Sjálfvirk uppfærsla í hluthafaskrám.
- Veita upplýsingar úr hluthafaskrám á tölvutæku formi til almenningshlutafélaga[5].
- Annast útgreiðslu afborgana, vaxta og verðbóta. (Reikningsstofnanir munu í umboði útgefenda, senda upplýsingar til verðbréfamiðstöðvarinnar um rétt greiðsluhlutföll, þ.e. nafnverðsafborgun, vaxtagreiðslur, verðbætur o.fl.)
- Sér um staðfestingu á eignarskiptum til reikningsstofnunar (reikningsstofnun sér síðan um að staðfesta viðskiptin til kaupenda og seljenda ef þeir óska eftir slíku). Heimilisföng geti verið skráð í kerfinu eða sótt í þjóðskrá.
- Utanumhald um viðskiptaverð milli reikningsstofnana.
- Utanumhald vegna nettunar[6]. Nettun á sér stað í lok dags. Kerfið þarf að geta útbúið sérstakar aðvaranir yfir daginn ef innistæða er ekki næg á reikningi reikningsstofnunar.
- Gefinn kostur á að merkja verðbréf sem reikningsstofnanir hafa að láni.

3.4.1.3 Kerfisumsjón.

- Stjórnun aðgangs að upplýsingum eftir réttindum þess sem tengist kerfinu (lesréttindi, réttindi til að framkvæma breytingar á færslum, viðbætur o.s.frv.).
- Reiknar út eigin tekjur sem innheimtar eru hjá reikningsstofnunum. Unnt skal vera að setja upp verðskrá og breyta forsendum hennar.
- Hægt sé að rekja allar hreyfingar gagna, þ.e allar breytingar á gögnum eru skráðar sérstaklega, þannig að eldri útgáfa gagnanna haldi sér og unnt sé að rekja sig áfram, færslu fyrir færslu og skoða breytingar sem gerðar eru á hverju stigi [7].

---

[5] Hér er um hliðarvinnslu að ræða.
[6] Nettun, uppgjör á öllum viðskiptum sem reiknistofnanir hafa átt sín á milli yfir tiltekið tímabil.
[7] Færslur verði tímastimplaðar niður á 1/10 úr sekúndu.

- Hægt sé að rekja öll viðskipti, þ.e. hver framkvæmdi viðskiptin og hvenær þau fóru fram. Slíkar upplýsingar yrðu geymdar í sérstökum dagfærsluskrám.

- Fullnægt skal ýtrustu kröfum um gagnaleynd og aðgangstakmarkanir. Sérstakar aðgangsheimildir þarf til að skoða viðkvæm gögn, aðrar heimildir þarf til að breyta gögnum o.s.frv. Byggt er á „stigveldi" lykilorða, þ.e. sumir notendur hafa heimildir til rýmri aðgerða innan kerfisins en aðrir.
- Boðið skal upp á vinnslu með allar töflur kerfisins í stöðluðum hjálpartækjum, t.d. vegna uppflettinga og útprentana, þó þannig að kröfum um gagnaleynd sé fullnægt.
- Ýmsar tölfræðilegar vinnslur t.d. vegna ársskýrslugerðar.
- Skráning, utanumhald og breytingar á helstu forsendum (sjá forsenduskrá).

3.4.1.4 Sérstakar takmarkanir.

Vert er að taka eftirfarandi takmarkanir fram:

- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin skrái önnur verðbréf en markaðsverðbréf, þ.e. einungis mörg einsleit verðbréf sem gefin eru út í ákveðnum flokkum.
- Verðbréfamiðstöðin mun ekki halda utan um viðskiptaverð á verðbréfareikningum, þó skráð sé viðskiptaverð við sölu, heldur eingöngu eignir á nafnverði.
- Hætt var við að leyfa tengingu stærri fjárfesta með takmörkuðum lesaðgangi.
- Upplýsingar um viðskiptaverð verða eingöngu í dagfærsluskrám/söguskrám sem miða að því að geta gengið frá viðskiptum á milli reikningsstofnana.
- Verðbréfamiðstöð mun ekki annast útreikninga á vöxtum, verðbótum eða afborgunum skuldabréfa, né heldur á arðgreiðslum hlutafjár. Reikningstofnanir munu senda verðbréfamiðstöð þessar upplýsingar í umboði útgefenda. Þó skal áréttað að kerfið þarf að kalla eftir upplýsingunum og heldur utanum hvort þær hafa borist.
- Útgefendur skuldabréfa munu ekki hafa aðgang að upplýsingum um eigendur skuldabréfanna.
- Verðbréfamiðstöðin mun ekki bjóða hlutafélögum upp á þá þjónustu að prenta út hlutafjármiða, atkvæðaseðla fyrir aðalfundi o.s.frv. Þess í stað getur hlutafélagið, eða reikningsstofnun fyrir hönd þess, fengið hluthafaskrána á tölvutæku formi frá verðbréfamiðstöðinni og annast sjálft alla frekari úrvinnslu.
- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin muni annast sérvinnslu gagna eða útgáfu tölfræðilegra upplýsinga. (Hugsanlega þó í takmörkuðu mæli t.d. vegna ársskýrslugerðar). Þess í stað er gert ráð fyrir að reikningsstofnanir

eða aðrir aðilar sem tengdir eru verðbréfamiðstöðinni geti annast slíka úrvinnslu í gegnum fyrirspurnaaðgang sinn. Enginn mun hafa aðgang að upplýsingum um einstaka eigendur verðbréfa.

- Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin muni senda reikningseigendum yfirlit. Slík þjónusta verður alfarið á hendi reikningsstofnana.
- Ekki er gert ráð fyrir því að kerfið haldi utan um númer einstakra verðbréfa. Vegna þessa er gert ráð fyrir að við útdrátt húsbréfa verði ákveðinn fjöldi grunneininga greiddur út, en ekki ákveðin húsbréfanúmer eins og nú er gert. Við útdrátt eru grunneiningar dregnar út eftir slembiaðferð. Þessi aðferð við útdrátt er viðhöfð í Danmörku og í Noregi. Á þennan hátt hefur verið hægt að losna undan númeraskráningu.

3.4.2 Kerfismynd

Eftirfarandi kerfismynd (context diagram) er gerð fyrir kerfið. Myndin sýnir þátttakendur í verðbréfamiðstöð og tengsl þeirra á milli.



3.4.3 1. stigs gagnaflæðirit.

Gagnaflæðiritið lýsir því hvernig viðskipti eiga sér stað og hvernig þau tengjast verðbréfamiðstöðinni. Á myndinni má sjá hvaða verkliðir heyra beint undir verðbréfamiðstöðina og hverjir koma frá þeim sem eiga viðskipti með verðbréfin.



3.4.4 2. stigs gagnaflæðirit og kerfislýsing.

Eftirfarandi gagnaflæðirit er unnið út frá 1. stigs gagnaflæðiritinu og fylgir síðan nánari lýsing á einstökum verkliðum.



1. KAUP, SALA OG SKRÁNING GRUNNUPPLÝSINGA.

1.1 Skráning grunnupplýsinga og stofnun verðbréfareikninga.

1.1.1 Upplýsingar eru skráðar um útgefanda (nafn, heimili, kennitala, skuldfærslureikningur[8]), ákvæði verðbréfs (afborganir/ vaxtagreiðslur/jafngreiðslur/ útdráttarfyrirkomulag), heildarfjárhæð útgáfu, verðtrygging eða gengisviðmiðun, mynt, grunneining, tegund vaxtaútreiknings, útgáfudagur, útgáfugengi/vísitala, fyrsti gjalddagi vaxta, tími á milli gjalddaga og afborgana, breytanleg ákvæði eða uppgreiðsluákvæði, jöfnun hlutabréfa og arðgreiðslur. Þær upplýsingar sem þarf að slá inn eru háðar tegund þess bréfs sem valið er.
Einnig er æskilegt að kerfið sé sjálfvirkt þannig að nægjanlegt sé að færa inn upplýsingar um kennitölu útgefanda ef hann er til fyrir í kerfinu. Kæmu þá fram grunnupplýsingar um viðkomandi sem til eru fyrir þar.
Hverjum verðbréfaflokki er síðan gefið ákveðið númer, sem ýmist getur verið samkvæmt ISIN[9]-staðli eða annað númer samkvæmt ákvörðun verðbréfamiðstöðvarinnar. Upplýsingar um ný verðbréf berast eingöngu frá reikningsstofnunum.

1.1.2 Stofnun verðbréfareikninga fer fram hjá reikningsstofnunum. Skráðar upplýsingar eru: Nafn, kennitala, heimili, bankareikningur og reikningsstofnun. Séu fastar upplýsingar, svo sem heimilisfang, ekki skráðar, er gert ráð fyrir að þeirra sé aflað úr þjóðskrá. Einnig yrðu skráðar upplýsingar um hvaða reikningsstofnanir hafa aðgang að reikningnum. Jafnframt yrðu skráðar upplýsingar um þá einstaklinga sem mega ráðstafa eignum á reikningnum, t.d. maka, fjárhaldsmann, umboðsmann o.s.frv. Heimilt er að stofna nafnlausa reikninga. Þá yrði mögulegt að skrá inn á reikninga veðsetningu einstakra verðbréfa. Ekki yrði hægt að eiga viðskipti með veðsett verðbréf. Einnig þarf að vera hægt að merkja sérstaklega verðbréf sem reikningsstofnanir hafa að láni frá fjárfestum og hafa því ráðstöfunarrétt yfir. Reikningsstofnanir geta breytt stofnupplýsingum að beiðni reikningseiganda.

1.2 Reikningsstofnun seljanda sendir tilkynningu um viðskipti í verðbréfamiðstöð.

1.2.1 Tilkynningin berst með beintengingu við reikningsstofnun. Hverjum viðskiptum þarf að fylgja númer sem yrði ákvarðað í viðskiptum reikningsstofnana. Með þessu móti er hægt að athuga hvort allar upplýsingar passi saman hjá kaupanda og seljanda. Hér eru því færðar upplýsingar um reikningsstofnun kaupanda, reikningsstofnun seljanda, nafn og kennitala seljanda, nafnverð, númer verðbréfaflokks og kaupverð. Einnig kemur fram hvenær viðskipti fóru fram og hvaða dag

---

[8] Skuldfærslureikningur hjá reikningsstofnun er reikningur sem verðbréfamiðstöðin hefur heimild til að skuldfæra á gjalddögum.

[9] International Standard Identification Number, alþjóðlegur staðall vegna auðkenna á verðbréfum.

ganga á frá greiðslum og yfirfærslu eignarinnar frá seljanda til kaupanda (settlement date).

1.3 Reikningsstofnun kaupanda sendir tilkynningu um viðskipti í verðbréfamiðstöð.

1.3.1 Eins og 1.2.1 nema upplýsingarnar varða kaupanda verðbréfsins. Tilkynningar eru sendar bæði um kaupanda og seljanda jafnvel þótt ein og sama reikningsstofnunin sé fulltrúi beggja.

2. VIÐSKIPTAFERLIÐ.

Þegar viðskipti fara fram er gert ráð fyrir að eftirfarandi ferli fari af stað í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hversu langur ferlistíminn á að vera, en það hefur ekki áhrif á sjálft ferlið.

2.1 Viðskipti eru tengd í verðbréfamiðstöð.

2.1.1 Tilkynning um kaup er móttekin frá reikningsstofnun kaupanda. Tilkynningin er geymd í biðskrá kaupa þar til tilkynning um sölu berst frá seljanda. Í biðskránni geta að jafnaði verið mörg verðbréf sem bíða eftir staðfestingu.

2.1.2 Tekið á móti sölutilkynningu frá reikningsstofnun seljanda. Þetta getur verið sama reikningsstofnun og kaupanda. Tilkynningin er geymd í biðskrá sölu þar til tilkynning um kaup berast frá kaupanda. Eins og í 2.1.1.

2.1.3 Tilkynningar um kaup og sölu eru bornar saman. Farið er í gegnum sölutilkynningar og reynt að finna samsvarandi kauptilkynningu. Finnist hún er athugað hvort allar upplýsingar séu eins.

2.1.4 Listi yfir tilkynningar sem ekki stemma er sendur viðkomandi reikningsstofnunum.

2.1.5 Tekið á móti leiðréttingum frá reikningsstofnunum.

2.1.6 Kerfið athugar hvort verðbréfaeignin sé til eða verði til á verðbréfareikningi seljanda.

2.1.7 Ef svo er ekki er gerð athugasemd til viðkomandi reikningsstofnunar.

2.1.8 Kerfið athugar hvort peningaeign (heimild) sé eða verði til á bankareikningi reikningsstofnunar kaupanda.

2.1.9 Ef svo er ekki frystir kerfið viðkomandi aðgerð.

2.1.10 Millifært milli reikninga reikningsstofnana hjá Seðlabanka þegar kaupandi og seljandi eru hvor hjá sinni reikningsstofnuninni. Eingöngu verða færðar nettófjárhæðir allra viðskipta tímabilsins á milli reikninga reikningsstofnana í lok þess.

2.1.11 Kerfið færir verðbréfaeign viðkomandi viðskipta frá reikningi seljanda á reikning kaupanda. Þessar upplýsingar eru einnig færðar í hreyfingalista fyrir endurskoðun og eftirlit.

2.1.12 Kerfið sendir staðfestingu viðskipta til reikningsstofnunar kaupanda og seljanda.

Eftirfarandi mynd sýnir í tíma hvernig gengið er frá viðskiptum. S táknar þann tíma sem gengið er frá greiðslum og tilflutningi eignar frá seljanda til kaupanda (settlement date). Tölurnar geta táknað daga eða aðrar tímaeiningar. Tímaeiningarnar þurfa ekki að vera jafnar. Þannig getur bilið milli S-1 og S-2 verið annað en bilið á milli S-2 og S-3. Á myndinni stendur S-3 fyrir þann tíma þegar viðskiptin eru ákvörðuð (trade date).



Mynd 1.

FERLI VIÐSKIPTA - NÁNARI SKÝRINGAR VIÐ MYND 1.

Tímabil S-3 - Viðskipti

Reikningsstofnanir eiga viðskipti með verðbréf sín á milli eða á meðal viðskiptavina sinna. Viðskiptin geta ýmist verið gerð fyrir hönd viðskiptavina reikningsstofnananna eða í eigin reikningi þeirra.

Viðskiptin eru tilkynnt verðbréfamiðstöðinni með skráningu í biðskrá í kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar.

Tilkynningar um kaup og sölu berast verðbréfamiðstöðinni frá reikningsstofnunum (skráning í biðskrá viðskipta) og eru bornar saman. Tilkynningar um kaup og sölu geta borist frá einni reikningsstofnun eða fleiri. Tilkynningarnar innihalda m.a. eftirfarandi upplýsingar:

- Dagsetning viðskipta (trade date).
- Dagsetning frágangs viðskipta (settlement date)
- Númer viðskipta (sama og númer viðskipta á verðbréfaþingi eða ákvarðað í samningum á milli reikningsstofnana).
- Flokkur verðbréfs.
- Nafnverð, fjöldi grunneininga.
- Gengi.
- Viðskiptaverð (kostnaður o.fl. meðtalinn).
- Númer verðbréfareiknings kaupanda eða seljanda.
- Tegund uppgjörs (t.d. peningalegt uppgjör á grundvelli viðskiptaverðs eða verðbréfatilfærsla milli reikninga).

Þær tilkynningar sem ekki stemma eru teknar frá og verðbréfamiðstöðin sendir á rafrænu formi upplýsingar til viðkomandi reikningsstofnunar um að viðkomandi tilkynning hafi ekki stemmt.

Viðkomandi reikningsstofnun getur sent leiðrétta tilkynningu á næsta tímabili (S-2).

Hafa ber í huga að í mörgum tilfellum getur verið um að ræða einn seljanda en marga kaupendur (eða öfugt) að baki viðskiptum sem stemma þarf af.

Þegar tilkynning um sölu stemmir við tilkynningu um kaup eru viðkomandi verðbréf merkt sérstaklega sem frátekin vegna viðskipta og getur viðkomandi seljandi ekki selt þau aftur. Hins vegar getur kaupandinn þegar ráðstafað þeim aftur, enda hafa þau verið frátekin í hans nafni, jafnvel þótt greiðsla og eignayfirfærsla (settlement) hafi ekki átt sér stað.

Tímabil S-2 - Leiðréttingar

Leiðréttar tilkynningar sem ekki höfðu stefnt á S-3 eru mótteknar og leiðréttingar gerðar.

Þær tilkynningar sem ekki hafa settlement tíma S eru teknar frá. Þetta er vegna þess að í viðskiptum geta aðilar gert samkomulag um að greiðsla og eignayfirfærsla eigi sér stað á síðari tíma en S.

Tímabil S-1 - Sannreynsla

Þegar komið er að S-1 er athugað hvort seljandi viðkomandi verðbréfs sé eða verði eigandi að bréfinu á tímanum S, þ.e. hvort verðbréfið sé skráð sem eign viðkomandi eða frátekið í hans nafni, sbr. aðgerð í S-3.

Einnig er athugað hvort peningaeign sé eða verði til staðar á bankareikningi þeirrar reikningsstofnunar sem er viðskiptaaðili fyrir kaupanda. Ef peningaeignin (eða yfirdráttarheimild) er ekki til staðar er athugað hvort hún sé væntanleg vegna fyrri viðskipta sem hafa verið frátekin fyrr í ferlinu. Ef peningar eru ekki til staðar eða væntanlegir er viðkomandi reikningsstofnun tilkynnt um það og henni gefin kostur á að leiðrétta sína stöðu. Slíkar færslur færast á biðskrá. Í hvert sinn er nýjar viðskiptafærslur berast frá reikningsstofnuninni skal athugað hvort slíkar færslu leiði til jákvæðrar peningaeignar, þ.e. unnið verði úr færslum á biðskrá.

Þetta þýðir að verðbréfamiðstöðin þarf að halda skrá yfir peningalega stöðu á bankareikningum reikningsstofnana ásamt væntanlegum inn- og útgreiðslum vegna viðskipta sem eru í vinnslu.

Tímabil S - Uppgjör

Þegar viðskipti hafa gengið í gegnum fyrri stig og allar upplýsingar stemma og eru staðfestar er gengið frá uppgjöri vegna viðskiptanna (settlement). Það er framkvæmt þannig að verðbréfaeign er færð frá reikningi seljanda yfir á reikning kaupanda.

Peningar þurfa jafnframt að færast frá bankareikningi þeirrar reikningsstofnunar sem er fulltrúi kaupanda yfir á bankareikning þeirrar reikningsstofnunar sem er fulltrúi seljanda. Gert er ráð fyrir að allar reikningsstofnanir eigi peningareikning í Seðlabanka þar sem allar nettó peningafærslur vegna viðskipta í verðbréfamiðstöðinni eigi sér stað.

Millifærslur á milli þessara bankareikninga fara þannig fram að verðbréfamiðstöðin sendir á rafrænu formi millifærsluaðgerð til Reiknistofu bankanna. Gert er ráð fyrir að eingöngu séu færðar á milli bankareikninga nettófjárhæðir í viðskiptum á milli reikningsstofnana hverju sinni. Þannig er safnað saman öllum viðskiptum tímabilsins (dagsins) og mismunur reiknaður áður en millifærslubeiðni er gerð.

Tímabil S+1 - Staðfesting

Þegar gengið hefur verið frá viðskiptum (sbr. að ofan) er staðfesting um það send til viðkomandi reikningsstofnana. Þetta er gert með þeim hætti að

reikningsstofnanirnar geta á engan hátt breytt þeirri staðfestingu, enda er það mikið öryggisatriði fyrir kaupanda og seljanda viðkomandi verðbréfa.

2.2 Peningafærslur í Seðlabanka.

2.2.1 Gert er ráð fyrir að reikningsstofnanir verði allar skyldaðar til að hafa reikning í Seðlabanka. Þetta byggir á þeirri forsendu að bankinn veiti slíka heimild. Ástæða þess að reikningarnir yrðu í Seðlabanka er sú að ekki er talið rétt að verðbréfamiðlarar eigi reikninga í viðskiptabanka þar sem þeir eru í samkeppni við þá á sviði verðbréfamiðlunar.
Í lok hvers viðskiptadags lætur kerfið millifæra nettófjárhæðir í viðskiptum á milli reikningsstofnana á milli bankareikninga þeirra í Seðlabanka. Þessar upplýsingar eru einnig færðar í hreyfingalista fyrir endurskoðun og eftirlit.

2.3 Arðgreiðslur vegna hlutabréfa.

2.3.1 Verðbréfamiðstöð tekur á móti upplýsingum um númer verðbréfaflokks, gjalddaga arðgreiðslna og arðgreiðsluhlutfall frá reikningsstofnun útgefanda.

2.3.2 Verðbréfamiðstöð hefur fengið úr frumskráningu og hefur viðhaldið hluthafaskrá með færslu á kaupum og sölu og er því ávallt uppfærð. Valfrjálst er hvort greiðsla arðs miðist við hluthafaskrá eins og hún er þegar ákvörðun um arðgreiðslu er tekin á hluthafafundi eða eins og hluthafaskráin er þann dag sem arðurinn er greiddur. Ef valið er að greiða arð eða jöfnunarhlutabréf eftir stöðu hluthafaskrár á aðalfundi þarf að tilkynna það til verðbréfamiðstöðvar með fyrirvara svo hægt sé að taka frá stöðuna eins og hún er meðan á aðalfundinum stendur.

2.3.3 Arðgreiðsla er reiknuð út og skráð.

2.3.4 Fjárhæðir eru millifærðar inn á bankareikninga verðbréfaeigenda og mótfærslan í einu lagi út af bankareikningi útgefandans. Þetta verður gert fyrir milligöngu Reiknistofu bankanna.

2.4 Útgáfa jöfnunarhlutabréfa.

2.4.1 Verðbréfamiðstöð móttekur upplýsingar um hlutfall og útgáfu jöfnunarhlutabréfa samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

2.4.2 Verðbréfamiðstöð hefur upplýsingar um eigendur hlutabréfanna og hlutafjáreign þeirra.

2.4.3 Reiknaður er út hlutur eigenda og færður á verðbréfareikning þeirra.

2.5 Útdráttur húsbréfa.

2.5.1 Verðbréfamiðstöð móttekur upplýsingar um hlutfall hvers húsbréfaflokks sem draga á út. Út frá heildarfjárhæðinni sem greiða á

út fæst ákveðinn fjöldi grunneininga (nafnverðseiningar) sem greiða á upp. Grunneiningar eru síðan valdar eftir slembiaðferð og greiddar upp. Þetta er sú aðferð sem notuð er m.a. hjá verðbréfamiðstöðinni í Danmörku. Þessi aðferð kæmi í stað þess fyrirkomulags sem nú er notað hér á landi og felst í því að ákveðin númer húsbréfa eru greidd upp. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að þannig er útdrátturinn einfaldaður og kallar ekki á að verðbréfamiðstöðin haldi utan um húsbréf eftir númerum, heldur eingöngu eftir því hvað hver eigandi á margar nafnverðseiningar.

Útdráttur húsbréfa og útgreiðsla þeirra í kjölfarið fer ekki saman í tíma.

2.5.2 Verðbréfamiðstöðin hefur upplýsingar um eigendur húsbréfanna.

2.5.3 Verðbréfamiðstöð tekur á móti greiðslu til eigenda og færir eign út af verðbréfareikningi þeirra. Upplýsingar sem þarf eru númer verðbréfaflokks og upphæð.

2.5.4 Fjárhæðir eru millifærðar inn á bankareikninga verðbréfaeigenda og mótfærslan í einu lagi út af bankareikningi útgefandans. Þetta verður gert fyrir milligöngu Reiknistofu bankanna af skuldfærslureikningi útgefanda og á bankareikninga hluthafa með beiðni þar um til viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

2.6 Greiðslur af skuldabréfum.

2.6.1 Dagsetningar á gjalddögum eru meðal þeirra forsendna sem skráðar eru fyrir sérhvert skuldabréf. Þegar líða tekur að gjalddaga sendir verðbréfamiðstöðin þeirri reikningsstofnun sem annast útreikning bréfanna í umboði útgefandans, áminningu um að nú sé komið að greiðslu. Reikningsstofnunin sendir til baka upplýsingar um rétt greiðsluhlutföll, t.d. nafnverðsútborgun, vaxtaþátt og verðbætur.

2.6.2 Fjárhæðir yrðu millifærðar út af skuldfærslureikningi útgefanda inn á bankareikninga eigenda með beiðni þar um til viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Slíkar beiðnir fara í gegnum Reiknistofu bankanna.

2.7 Eignabreyting og staðfesting viðskipta.

2.7.1 Reikningsstofnun fær senda staðfestingu fyrir breytingum á reikningum frá verðbréfamiðstöð. Reikningsstofnun sér síðan um að tilkynna hlutaðeigandi aðilum viðskiptin. Þetta á bæði við um öll viðskipti svo og aðrar eignabreytingar, svo sem vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa.

2.8 Yfirlit og reikningsstaða.

2.8.1 Engin yfirlit yfir verðbréfaeign eru send frá verðbréfamiðstöðinni.

2.9 Eignabreytingar á verðbréfareikningum.

2.9.1 Upplýsingar berast ýmist frá reikningsstofnunum við viðskipti með verðbréf eða eru hluti af grunnupplýsingum sem ákvarða greiðslu á gjalddaga. Upplýsingar vegna jöfnunarhlutabréfa berast frá reikningsstofnun viðkomandi útgefanda eftir ákvörðun aðalfundar hlutafélagsins. Upplýsingarnar eru notaðar til þess að breyta reikningsstöðu eigenda.

3. EIGNABREYTING Á BANKAREIKNINGI.

3.1 Millifærslur á bankareikningum reikningseigenda.

3.1.1 Beiðni um millifærslur eru til Reiknistofu bankanna. Með beiðninni fylgja upplýsingar um upphæðir, kennitölur og reikningsnúmer. Ef millifærsla getur af einhverjum ástæðum ekki átt sér stað eru tilkynningar sendar til hlutaðeigandi aðila. Millifærslur eru framkvæmdar þegar arðgreiðslur eru greiddar frá hlutafélögum, greiðslur koma frá útgefendum skuldabréfa á gjalddögum og við útdrátt húsbréfa.

Allar greiðslur vegna viðskipta með verðbréf varða millifærslur á milli reikninga reikningsstofnana í Seðlabanka, sbr. 2.2. Reikningsstofnanir annast sjálfar greiðslur til eða frá reikningseigendum í viðskiptum sem þær hafa milligöngu um.

3.1.2 Staðfestingar á millifærslum á bankareikningum berast frá viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði og við það færast upplýsingar sjálfkrafa á hreyfingalista.

3.1.3 Ef millifærsla er ekki staðfest frá viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði er hætt við viðkomandi færslu. Hlutaðeigandi aðilar fá sendar tilkynningar um að millifærslan sé ekki staðfest og engar breytingar verða gerðar á verðbréfareikningum.

4. TEKJUR VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVAR.

4.1 Útreikningur á tekjum verðbréfamiðstöðvar.

4.1.1 Tekjur verðbréfamiðstöðvar eru reiknaðar út eftir umfangi viðskipta. Hér er ekki tekin afstaða til þess hvaða þættir ákvarða þóknun hennar, enda er það ekki talið hafa áhrif á umfang hugbúnaðarins hvaða leið yrði valin. Þóknun verðbréfamiðstöðvarinnar, sem innheimt yrði hjá reikningsstofnunum og öðrum viðskiptavinum eftir notkun þeirra á kerfinu, gæti ákvarðast af einhverjum eftirtalinna þátta: Fjölda færslna, fjárhæð viðskipta, fjárhæð eigna á reikningum, fjölda fyrirspurna, stofnun reikninga, grunnnotkun tölvukerfisins (vélatími eða diskaðgerðir), geymslurými gagna, stofnskráningu flokka, stofnun nýrra reikninga, greiðslna í kerfinu og fjölda notenda. Þessi listi er ekki tæmandi og í raun hægt að hugsa sér hvaða leið sem er til ákvörðunar á þóknun.

4.1.2 Upphæð þóknunar er reikningsfærð á viðkomandi reikningsstofnun. Reikningur tengist bókhaldskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar[10].

4.2 Innheimta frá reikningsstofnunum og öðrum notendum.

4.2.1 Við innheimtu á tekjum verðbréfamiðstöðvarinnar frá reikningsstofnunum og öðrum notendum kerfisins er notast við bókhaldskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Bókhaldskerfið er sjálfstætt og ekki hluti af því kerfi sem hér er til umfjöllunar.

5. BREYTINGAR Á HLUTHAFASKRÁ.

5.1 Upplýsingar í hluthafaskrá.

5.1.1 Upplýsingar úr hluthafaskrám eru veittar viðkomandi hlutafélagi á stöðluðum listum eða tölvutæku formi. Þessar upplýsingar eru nafn hlutafélags, nafn eiganda og nafnverðseign.

6. UPPLÝSINGAR.

6.1 Upplýsingar til upplýsingaveitna.

6.1.1 Upplýsingar takmarkast við almennar upplýsingar í samræmi við lög um verndun og meðferð persónuupplýsinga.

6.2 Upplýsingar til endurskoðanda.

6.2.1 Ótakmarkaðar upplýsingar gefnar með lesaðgangi að öllum skrám.

---

[10] Ekki hefur verið ákveðið hvaða bókhaldskerfi verður fyrir valinu. Líklegt verður þó að teljast að slíkt kerfi byggi á sama gagnasafnskerfi og væntanlegt verðbréfakerfi.

3.4.5 Einindavenslarit og gagnaskrárlýsingar.



1. Reikningseigendur:
1.1 Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.
1.2. Kennitala.
1.3. Heimili, uppfærslustýring fyrir heimili.
1.4. Bankareikningur.
1.5. Reikningsstofnun.
1.6. Aðrar reikningsstofnanir sem hafa heimild til að framkvæma viðskipti.
1.7. Veðsetning.
1.8. Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.

2. Útgefendur:

2.1 Fjárhaldsmaður/umboðsmaður.
2.2 Kennitala.
2.3. Heimili, uppfærslustýring.
2.4. Bankareikningur.
2.5. Reikningsstofnun.
2.6. Aðrar reikningsstofnanir.
2.7. Veðsetning.

3. Útgefnir verðbréfaflokkar:
3.1. Tegund.
3.2. Afborganir.
3.3. Vaxtagreiðslur.
3.4. Jafngreiðslur.
3.5. Útdráttarfyrirkomulag.
3.6. Verðtrygging/gengisviðmiðun.
3.7. Mynt.
3.8. Grunneining.
3.9. Tegund vaxtaútreiknings.
3.10 Útgáfudagur.
3.11 Útgáfugengi /-vísitala.
3.12 Fyrsti gjalddagi afborgunar og/eða vaxta.
3.13 Næsti gjalddagi, viðhaldið af reikningsstofnun.
3.14 Tími milli gjalddaga/afborgana.
3.15 Breytanleg ákvæði/uppgreiðsluákvæði.
3.16 Vísitölur.
3.17 Breytilegir vextir.
3.18 Gengi gjaldmiðla (14).
3.19 Vaxtareglur.
3.20 Tenging við aðra flokka.
3.21 Númer verðbréfaflokks.
3.22 Aðrar upplýsingar?
3.23 Reikningsstofnun.
3.24 Útgefandi.
3.25 Heildarútgefið nafnverð.

4. Arðgreiðslur:
4.1. Gjalddagar.
4.2. Hlutfall.
4.3. Hlutabréf.
4.4. Reikningseigendur (1).

5. Viðskipti:
5.1. Verðbréf.
5.2. Nafnverð.
5.3. Kaupverð.
5.4. Kaupandi (1).
5.5. Seljandi (1).

5.6. Reikningsstofnun kaupanda (11).
5.7. Reikningsstofnun seljanda (11).
5.8. Dagsetning kaupa/sölu.
5.9. Dagsetning settlement.
5.10. Verðbréfareikningur kaupanda (13).
5.11. Verðbréfareikningur seljanda (13).
5.12 Heildarverðmæti viðskipta.
5.13 Tegund viðskipta (t.d. viðskipti án peninga).
5.14 Númer viðskipta (vegna pörunar, t.d. viðskiptanúmer Verðbréfaþings).

6. Kauptilkynningar:
6.1-6.10 Sama og 5.1-5.10.
6.11 Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun.

7. Sölutilkynningar:
7.1-10 Sama og 5.1-5.10.
7.11 Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun.

8. Samþykktar tilkynningar:
8.1-8.10 Sama og 5.1-5.10.
8.11. Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun kaupanda.
8.12. Afgreiðslumaður hjá reikningsstofnun seljanda.

9. Jöfnunarhlutabréf:
9.1. Hlutabréf.
9.2. Hlutfall.
9.3. Hluthafi(10).

10. Hlutahafaskrá:
10.1. Nafn.
10.2. Heimili.
10.3. Kennitala.
10.4. Hlutafé.
10.5. Útgefandi.

11. Reikningsstofnanir og aðrir sem hafa aðgang:
11.1. Stofnun.
11.2. Aðgangstakmarkanir.
11.3. Nafn aðila.
11.4. Lykilorð (brenglað).
11.5. Tengimáti.

12. Hreyfingalisti:
Allar upplýsingar sem komið geta að gagni við endurskoðun.

13. Verðbréfareikningar:
13.1. *Verðbréf (3).*
13.2. *Reikningsstofnun (11).*
13.3. *Reikningseigendur (1).*
13.4 Staða reiknings (veðsetningar, gjaldþrot, o.fl.).
13.5 Reikningsnúmer.
13.6 Bankareikningur.

14. Almennar færslurskrár:
Söguskrár, dagfærsluskrár, o.fl.

15-20 Hjálparskrár:
T.d. gengistöflur, vaxtatöflur, vísitölur o.fl.

II. Frumvarpið.

Á grundvelli kerfislýsingar og með hliðsjón af lögum um þetta efni í nágrannalöndum okkar var hafist handa við samningu frumvarps þessa. Leitað var helst í smiðju til nágrannaþjóða okkar sem hafa lengsta reynslu af starfsemi verðbréfamiðstöðva, sérstaklega Danmerkur. Danir hafa nýlega safnað í einn lagabálk öllum ákvæðum er varða verðbréfaviðskipti (Lov om værdipapirhandel m.v. nr. 1072 20. des. 1995), þar á meðal eru ákvæði um verðbréfamiðstöðvar, sbr. IV. hluta laganna (Registrering). Einnig var litið til lagasetningar í Noregi og Svíþjóð um þetta efni.

Hér á landi hefur átt sér stað á undanförnum árum viðamikil endurskoðun á löggjöf á fjármagnsmarkaði, einkum á árinu 1992, m.a. vegna væntanlegrar þátttöku Íslands í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), og leiddi hún til umfangsmikillar lagasetningar á árinu 1993 um verðbréfaviðskipti, verðbréfasjóði og Verðbréfaþing Íslands. Á 120. löggjafarþingi hafa verið gerðar viðamiklar breytingar á flestum greindra laga vegna nýrra tilskipana frá Evrópusambandinu (ESB) og vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA).

Á vettvangi Evrópusambandsins er ekki að finna löggjöf sem tekur beinlínis til verðbréfamiðstöðva, en þörf fyrir slíkar miðstöðvar er engu að síður brýn og hagkvæm fyrir verðbréfamarkaðinn í heild eins og fram kemur í fyrri hluta athugasemda þessara. Starfsemi verðbréfamiðstöðva og rafræn skráning á eignarhaldi verðbréfa er því orðin vel þekkt innan EES og annars staðar í heiminum þar sem löng reynsla er komin á starfrækslu rótgróinna fjármálamarkaða.

Frumvarpi þessu hefur verið valið heitið „Frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa". Ákvæði þess eru nýmæli hér á landi og í því koma einnig fyrir ýmis nýyrði. Frumvarp þetta er hugsað sem almenn rammalög um þá starfsemi sem hér um ræðir. Hugmyndum um að starfsemi sem þessi nyti verndar einkaréttar var hafnað. Ákvæði frumvarpsins gera m.a. ráð fyrir að einungis þau fyrirtæki, sem uppfyllt geta lágmarksskilyrði um stofnfé og ábyrgðarsjóð, sbr. 3. og 30. gr., sbr. og skilyrði sem sett eru stjórn-

armönnum í 4. gr. frumvarpsins, hljóti starfsleyfi. Nánar er í þessu efni vísað til athugasemda um einstakar greinar hér á eftir.

Þar sem ákvæði frumvarpsins eru nýmæli og hugsuð sem rammalöggjöf þykir eðlilegt að veittar séu í frumvarpinu víðtækar heimildir til að setja reglur og reglugerðir um framkvæmd og fyrirkomulag ýmissa þátta á verksviði verðbréfamiðstöðva.

Meginefni frumvarpsins skiptist í eftirtalda kafla auk ákvæða til bráðabirgða:

I. kafli Almenn ákvæði (þar með talið form, stofnfé, stjórnun, starfsleyfi).
II. kafli Aðild að eignarskráningu.
III. kafli Skráningarstarfsemi.
IV. kafli Réttaráhrif skráningar o.fl.
V. kafli Reikningsyfirlit.
VI. kafli Úrskurðarnefnd og kærumeðferð.
VII. kafli Skaðabætur.
VIII. kafli Eftirlit.
IX. kafli Viðurlög.
X. kafli Gildistaka o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins en ákvæði þess skulu gilda um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim. Á undanförnum árum hefur útgefnum verðbréfum fjölgað mjög samhliða örri þróun og vexti hins íslenska verðbréfamarkaðar. Aukin umsvif og fjölgun verðbréfa hafa krafist sífellt meiri vinnu við umsýslu verðbréfanna, svo sem framsöl, geymslu og flutning þeirra milli kaupanda og seljanda, svo og fjárvörsluaðila. Aukin samkeppni við erlenda verðbréfamarkaði, óhagkvæmni viðskipta með pappírsverðbréf og þörf fyrir meiri hraða og aukið öryggi í verðbréfaviðskiptum eru nokkur atriði sem mæla með því að hafin verði rafræn útgáfa verðbréfa. Í nágrannaríkjum okkar hafa verið sett lög um þetta efni. Lög um rafræna útgáfu verðbréfa og skráningu eignarréttinda yfir þeim voru sett í Danmörku árið 1981, í Svíþjóð árið 1989 og í Noregi árið 1985. Í Finnlandi hafa rafræn viðskipti með verðbréf þróast þannig að sett hafa verið sérstök lög um ýmsa þætti málsins, fyrst árið 1991, en á haustþingi árið 1996 var samþykkt heildstætt frumvarp til laga um rafræna útgáfu verðbréfa. Einnig hafa verið teknir upp rafrænir viðskiptahættir með verðbréf í flestum ríkjum Evrópu, í Bandaríkjunum og í ýmsum Asíuríkjum þar sem starfa þróaðir verðbréfamarkaðir.

Í 1. mgr. er skýrt tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki til rafrænnar útgáfu á verðbréfum og skráningar á eignarhaldi og réttindum yfir þeim. Ljóst er að eitt þýðingarmesta einkenni á þeirri starfsemi sem frumvarp þetta tekur til er að hér er um að ræða skráningarstarfsemi sem nýtur sérstakrar réttarverndar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Auk þess má segja að skráningin hafi mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna á íslenskum verðbréfamarkaði, enda mun ábyrgð á varðveislu og umsýslu þeirra verðbréfa sem þar eru skráð framvegis verða þar sem réttindin eru skráð.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að rafræn útgáfa verðbréfa og skráning eignarréttinda yfir þeim skuli einungis heimil verðbréfamiðstöðvum sem uppfylla skilyrði frumvarpsins og hafa hlotið starfsleyfi. Verðbréfamiðstöð verður einungis stofnuð í formi hlutafélags, sbr. ákvæði 3. gr. frumvarpsins, og skal einnig vísað til þeirrar greinar um önnur almenn skilyrði til útgáfu starfsleyfis. Í frumvarpinu er ekki valin sú leið að veita einkarétt á þeirri

starfsemi sem frumvarp þetta tekur til. Engin ástæða er talin vera fyrir hendi til þess að veita slíkan einkarétt að lögum í þessu tilviki. Hafa verður í huga að talsverð fyrirhöfn og kostnaður fylgir því að ráðast í stofnun verðbréfamiðstöðvar. Með samstilltu átaki ýmissa aðila sem hafa ríka hagsmuni af stofnun verðbréfamiðstöðvar hér á landi hefur náðst samstaða þeirra á meðal um að stofna verðbréfamiðstöð á Íslandi. Ekki er fyrirsjáanlegt að ríkir hagsmunir séu fyrir því að stofnsett verði önnur verðbréfamiðstöð hér á landi, enda stærð verðbréfamarkaðarins tæpast slík að margir aðilar geti starfað hér að rafrænni útgáfu verðbréfa. Auk þess verður að hafa í huga að innlend verðbréfamiðstöð mun á vissan hátt eiga í samkeppni við erlendar verðbréfamiðstöðvar. Skapist hins vegar þær aðstæður hér á landi að rekstrargrundvöllur verði fyrir fleiri stöðvar þykir rétt að ákvæði laga standi ekki í vegi fyrir því með því að einum aðila sé fenginn einkaréttur á starfseminni.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna ýmsar skilgreiningar sem nauðsynlegar eru og stuðst er við í einstökum ákvæðum frumvarpsins. Sum þessara hugtaka eru þekkt, en einnig eru nýyrði í greininni og það á við um hugtakið *rafbréf*. Þegar í frumvarpinu er notað hugtakið rafbréf er það notað sem samheiti yfir öll framseljanleg og rafrænt skráð verðbréf sem tekin eru til skráningar í verðbréfamiðstöð. Við samningu frumvarpsins hefur komið í ljós að nauðsynlegt og gagnlegt er að hafa samheiti yfir slík verðbréf og hefur það einnig verið gert í dönskum lögum um þetta efni, en þar er notað hugtakið „fondsaktiv".

Með *eignarskráningu* er átt við að gefin eru út rafbréf á nafn frumeiganda þeirra, svo og eftirfarandi skráningu á réttindum til rafbréfsins í hina rafrænu skrá verðbréfamiðstöðvar. Slík eignarskráning veitir hinum skráða eiganda lögformlega sönnun fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að skv. IV. kafla frumvarpsins um réttaráhrif skráningar í verðbréfamiðstöð. Eignarskráning er því afar þýðingarmikill löggerningur sem einungis verður heimill þeim aðilum sem nefndir eru í 10. gr. frumvarpsins. Í 11. gr. kemur einnig fram að framangreindum aðilum ber skylda til að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð áður en heimild fæst til að hafa milligöngu um eignarskráningu. Aðildarsamningur hefur mikla þýðingu, enda munu þar verða gerðar nánari kröfur til þeirra sem veitt verður heimild til að hafa milligöngu um eignarskráningu, svo sem hvaða lágmarkskröfur um öryggi tölvukerfi þeirra ber að uppfylla, hvernig tengingar eru og hvaða skilyrði verðbréfamiðstöðin setur í þessu sambandi.

Í frumvarpinu eru félög sem leyfi hafa fengið til að annast rafræna eignarskráningu nefnd *verðbréfamiðstöðvar*. Við undirbúning málsins hefur orðið allnokkur umræða um hvaða samheiti skuli notað yfir þessa starfsemi og hefur niðurstaðan orðið þessi.

Reikningsstofnun telst vera félag eða stofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfum í verðbréfamiðstöð, en í 10. gr. er kveðið á um hvaða aðilar geta tekið að sér eignarskráningu í miðstöðinni.

Hugtakið *lokafærsla* eins og það er notað í frumvarpinu er skilgreint í þessari grein. Lokafærsla telst vera hin endanlega prófun og færsla skráðra eigna á reikning í verðbréfamiðstöð samkvæmt tilkynningum til hennar og í samræmi við þær reglur sem gilda um sannprófun eignarskráningar hjá verðbréfamiðstöðinni. Eftir að hún tekur til starfa munu reikningsstofnanir tilkynna henni kaup og sölu rafbréfa (eignarskrá). Í tilkynningum munu koma fram upplýsingar er varða kaupanda og seljanda. Þannig munu í tilkynningu kaupanda koma fram upplýsingar um greiðslu fyrir rafbréfið og í tilkynningu seljanda verður framsal á rafbréfinu ef skilyrði fyrir sölunni eru uppfyllt. Tölvukerfi verð-

bréfamiðstöðvar mun bera saman kaup- og sölutilkynningar og þegar gagnkvæmar tilkynningar og endanleg staðfesting hafa borist tölvukerfinu um að greiðsla sé fyrir hendi fer fram uppgjör og eignarskráning.

Loks er í þessari grein skilgreint hugtakið *reikningur* eins og það er notað í frumvarpinu. Reikningur er skilgreindur sem sérstök rafræn skrá í verðbréfamiðstöð þar sem eignarhald og réttindi yfir rafbréfum eru skráð. Reikningseigendur geta allir verið sem átt geta og borið réttindi að lögum, einstaklingar svo og lögaðilar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að verðbréfamiðstöðvar verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að hlutafélagaformið hefur á undanförnum árum sótt á sem rekstrarform fyrir ýmsan rekstur, óháð því hvort fyrirtæki eru í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Kostir hlutafélagaformsins eru ótvíræðir, svo sem að um það gilda ítarleg lög þar sem finna má ákvæði um hlutverk og ábyrgð stjórnar og réttindi hluthafa og hlutafélög eru félög sem takmarka mega ábyrgð sína.

Óheimilt er að hefja þá starfsemi sem frumvarp þetta fjallar um nema að fengnu starfsleyfi ráðherra og er skylt að leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabankans áður en leyfi er gefið út. Í 1.–3. tölul. eru nánari skilyrði fyrir útgáfu leyfisins. Í 1. tölul. er sett það skilyrði að innborgað hlutafé sé að lágmarki 65 milljónir króna. Þetta er sama skilyrði og sett er fyrir veitingu starfsleyfis til verðbréfafyrirtækja samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Telja verður eðlilegt að gerð sé krafa um lágmarksstofnfé þegar um jafnþýðingarmikla starfsemi er að ræða og kveðið er á um í frumvarpi þessu. Miðað er við að um verðbréfamiðstöð gildi svipaðar reglur og gilda um lánastofnanir almennt. Þess vegna hefur verið sett það skilyrði að fjárhæð innborgaðs hlutafjár skuli bundið við gengi evrópsku mynteiningarinnar (ecu). Í reglum nr. 348/1996, um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, eru í e-lið 2. tölul. 12. gr. nefnd þau fyrirtæki sem falla undir viðkomandi áhættuvog reglnanna. Miðað er við að um verðbréfamiðstöð gildi sömu reglur og gilda samkvæmt framangreindum e-lið 12. gr. reglnanna. Í 2. tölul. er að finna það skilyrði að umsókn um starfsleyfi beri að fylgja rekstraráætlun, svo og ítarleg öryggis- og skipulagslýsing. Í öryggis- og skipulagslýsingu skulu koma fram upplýsingar um hvernig öryggismálum verði háttað, fyrirhuguðum tengingum við reikningsstofnanir og fleira. Ljóst er að rafræn skráning á réttindum til verðbréfa, svo og sú varsla sem verðbréfamiðstöðin hefur með höndum á þeim rafbréfum sem skráð eru í miðstöðinni, verður að vera fullkomin og örugg og í samræmi við ýtrustu kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma.

Í 3. tölul. er getið um það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að eigendur leggi fram ábyrgðir í sérstakan ábyrgðarsjóð sem kveðið er á um í 30. gr. frumvarpsins. Hér er um að ræða sérstakt skilyrði sem rétt þykir að setja fyrir starfsemi verðbréfamiðstöðva, en slíkur ábyrgðarsjóður er nauðsynlegur til þess að veita viðskiptamönnum verðbréfamiðstöðvar fullnægjandi tryggingu gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir og miðstöðin ber ábyrgð á.

Í 2. mgr. er tekið fram að ráðherra beri að tilkynna umsækjanda um ákvörðun um veitingu starfsleyfis innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn hefur borist um starfsleyfi. Ákvæðið er í samræmi við samsvarandi ákvæði í öðrum gildandi lögum, til dæmis lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Í 3. mgr. er tekið fram að verðbréfamiðstöð er óheimilt að stunda aðra starfsemi en kveðið er á um í lögum þessum eða aðra starfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um fjölda stjórnarmanna og hæfi þeirra. Stjórnarmenn skulu ekki vera færri en þrír og er það í samræmi við lög nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í 1. mgr. eru sett fram ítarleg hæfisskilyrði sem gilda um stjórnarmenn verðbréfamiðstöðvar. Ákvæði þessa töluliðar er samhljóða sambærilegu ákvæði í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Hæfisskilyrði sem hér eru sett fram verður að telja eðlileg um stjórnendur fyrirtækja á fjármálamarkaði.

Í 2. mgr. er tekið fram að stjórnarmenn sem eru ríkisborgarar í EES-ríki og búsettir á hinu Evrópska efnahagssvæði eru undanþegnir búsetuskilyrðinu í 1. mgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um að tilkynna skuli bankaeftirliti Seðlabankans beina eða óbeina þátttöku sem nemur a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti í félaginu eða minna ef hún felur í sér veruleg áhrif á stjórn félagsins. Svipuð ákvæði eru í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 6. gr.

Í þessari grein er skýrt tekið fram að sú ótvíræða skylda hvíli á hlutafélaginu, þ.e. stjórn, framkvæmdastjórn og starfsmönnum þess, að tilkynna bankaeftirliti Seðlabankans ef grunur leikur á því að lög þessi, svo og reglur sem að öðru leyti gilda um starfsemina, hafi verið brotin. Hið sama gildir ef sömu aðilar verða þess beinlínis áskynja að brot hafi verið framið.

Um 7. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki eru sérákvæði í lögum um starfsemi verðbréfamiðstöðvar skulu ákvæði laga um hlutafélög eiga við. Hér þykir þó rétt að ítreka að stjórn verðbréfamiðstöðvar skuli setja sér starfsreglur. Í verðbréfamiðstöð fer fram sérstaklega þýðingarmikil starfsemi og þykir eðlilegt að í lögum sé sérstakt ákvæði um skyldu stjórnar til þess að taka á mikilvægum atriðum er varða stjórnun félagsins. Að öðru leyti þarfnast ákvæði 1. mgr. ekki skýringa.

Í 2. mgr. er lögð sú skylda á verðbréfamiðstöð að auk tilkynninga til hlutafélagaskrár um breytingar á stjórn skuli tilkynna bankaeftirliti Seðlabanka Íslands allar slíkar breytingar eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að breyting var gerð.

Samkvæmt ákvæði 3. mgr. er samruni verðbréfamiðstöðvar við annað félag, svo og skipting hennar í tvö eða fleiri félög, ekki leyfilegur nema að fengnu samþykki ráðherra.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að þagnarskylda hvíli á starfsmönnum verðbréfamiðstöðvar og er ákvæðið sambærilegt og það sem er að finna í lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 9. gr.

Um gerð ársreiknings og ársskýrslu verðbréfamiðstöðvar fer samkvæmt almennum reglum, sbr. lög nr. 144/1994, um ársreikninga. Hér er þó í 1. mgr. lögð sú skylda á félagið að senda ársreikning og ársskýrslu til bankaeftirlitsins innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Í 2. mgr. er að finna sambærilegt ákvæði og nú er að finna í lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, um skyldur endurskoðenda í sambandi við endurskoðun stofnana sem starfa á fjármagnsmarkaði.

Um 10. gr.

Í 1.–4. tölul. þessarar greinar eru taldar upp þær reikningsstofnanir sem rétt þykir að hafi heimild til þess að stunda eignarskráningu í verðbréfamiðstöð, en það eru Seðlabanki Íslands, sbr. lög nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimild til fjárvörslu, sbr. lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, svo og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 123/1993, ásamt síðari breytingum. Þeir aðilar sem gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð taka á sig ýmsar skyldur auk réttar til að hafa milligöngu um eignarskráningu. Ljóst er að ekki mun það henta öllum þátttakendum á verðbréfamarkaði að gerast reikningsstofnun í verðbréfamiðstöð. Einnig kann ýmsum öðrum aðilum en reikningsstofnunum að vera nauðsyn á því að hafa aðgang að verðbréfamiðstöð til dæmis til að sækja upplýsingar um eigin reikning eða reikninga. Í frumvarpinu er komið til móts við þá aðila sem vilja hafa aðgang að tilteknum takmarkaðri þáttum í starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar. Þannig er að finna heimild í 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. um að veita megi öðrum aðilum en reikningsstofnunum rétt til að sækja upplýsingar um eigin reikning beint til verðbréfamiðstöðvarinnar, enda hafi þeir gert sérstakan aðildarsamning um aðgang sinn að miðstöðinni. Telja verður að þetta muni einkum henta ýmsum stærri aðilum á fjármagnsmarkaði, svo sem lífeyrissjóðum.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein ber þeim aðilum sem taldir eru upp í 10. gr. frumvarpsins að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð og öðlast þeir hvorki rétt til aðgangs að miðstöðinni né heldur til þess að hafa milligöngu um eignarskráningu nema slíkur samningur hafi verið gerður. Í aðildarsamningi er kveðið nánar á um réttindi og skyldur reikningsstofnunar, svo sem nánari skilyrði um tölvutengingar og öryggismál o.fl. Stjórn verðbréfamiðstöðvar ber að annast gerð aðildarsamningsins og endurnýja hann í samræmi við ýtrustu kröfur sem gerðar eru til starfseminnar hverju sinni.

Um 12. gr.

Unnt þarf að vera að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði og tæknimál er varða eignarskráningu rafbréfa í reglugerð sem ráðherra setur. Í 1.–3. tölul. 1. mgr. eru talin upp þau atriði sem gert er ráð fyrir að nánari reglur verði settar um í reglugerð. Í 1.–3. tölul. 2. mgr. eru talin upp atriði sem kann að vera nauðsynlegt að kveða nánar á um í reglugerð að fengnum tillögum frá stjórn verðbréfamiðstöðvar, enda verða slíkar reglur vart settar nema í nánu samráði við hana.

Um 13. gr.

Í 13. gr. er kveðið svo á að stjórn verðbréfamiðstöðvar beri ábyrgð á því að starfsemi hennar fari fram á öruggan og hagkvæman hátt. Ljóst er að mikil og stöðug þróun á sér stað þegar tölvur eru annars vegar og þykir rétt að ítreka þá ábyrgð sem hvílir á stjórn verðbréfamiðstöðvar um að gæta fyllsta öryggis og búa þannig að starfseminni að öll varðveisla rafbréfa sé örugg og í samræmi við strängustu kröfur sem gerðar eru á hverjum tíma. Þá er kveðið á um að það sé á verksviði stjórnar að taka ákvörðun um það hvaða verðbréf séu tæk til skráningar í miðstöðinni. Miðað er við að hún setji reglur sem séu kunngerðar opinberlega og tryggi að jafnræði ríki milli allra hlutaðeigandi aðila sem kynnu að vilja notfæra sér þá nýjung við útgáfu verðbréfa sem frumvarp þetta fjallar um. Einnig er kveðið á um að útgefendur verðbréfa geti ekki skráð hvern flokk verðbréfa nema í einni verðbréfamiðstöð.

Um 14. gr.

Í þessari grein er ítrekað að rík þagnarskylda hvíli á verðbréfamiðstöð varðandi þá starfsemi sem þar fer fram. Rétt er að gera hliðstæðar kröfur að þessu leyti og gerðar hafa verið hingað til um starfsemi fjármálastofnana, svo sem viðskiptabanka og sparisjóða o.s.frv.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um að Seðlabanki Íslands skuli taka við innlánum frá reikningsstofnunum sem eiga aðild að verðbréfamiðstöðinni. Í miðstöðinni fer fram athugun á þeim tilkynningum um eignarskráningu sem berast frá aðilum að miðstöðinni. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðin haldi utan um viðskiptin og í kerfislýsingu er gert ráð fyrir að í lok dags (eða tiltekins tímabils) eigi sér stað nettun á viðskiptum sem fram hafa farið á tímabilinu, sbr. kafla 3.4.1.2 í kerfislýsingu í almennum athugasemdum hér að framan. Í því felst að einungis nettóniðurstaða viðskipta verður færð milli reikningsstofnana í lok hvers viðskiptadags (viðskiptatímabils). Til þess að tryggja efndalok og örugg viðskipti í verðbréfamiðstöðinni munu reikningsstofnanir opna reikninga í Seðlabanka Íslands sem hafa á eftirlit með því reikningsstofnanir uppfylli skyldur sínar að þessu leyti. Seðlabanki Íslands mun setja nánari reglur um viðskipti sín og reikningsstofnana samkvæmt þessari grein.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skipa skuli samráðsnefnd verðbréfamiðstöðva og Seðlabanka Íslands sem hafi það hlutverk að fjalla um samskipti þessara aðila í tengslum við efndalok viðskipta. Eðlilegt þykir að tengsl Seðlabankans og verðbréfamiðstöðva séu lögfest með þessum hætti. Mikil umræða hefur verið á alþjóðavettvangi um áhættu og skipulag greiðslumiðlunar. Ástæður þessa eru margvíslegar en ekki síst sú að í ljós hefur komið að mörg greiðslumiðlunarkerfi taka með ófullnægjandi hætti á ýmsum áhættuþáttum greiðslumiðlunar. Sjónum hefur ekki síst verið beint að kerfisáhættu, en með henni er átt við þá áhættu þegar greiðslufall eins aðila í greiðslumiðluninni veldur keðjuverkun á aðra aðila greiðslumiðlunarinnar þannig að uppgjör siglir í strand. Hagkvæmnissjónarmið hafa einnig verið til skoðunar í þessari umræðu og áhersla lögð á að greiðslumiðlunarkerfi séu hagkvæm. Vegna hlutverks seðlabanka hefur víðast verið litið svo á að þeim beri að stuðla að því að greiðslumiðlunarkerfi séu hagkvæm og örugg. Því er hér farin sú leið að lögskipa fjögurra manna samráðsnefnd undir forustu Seðlabanka Íslands.

Í 3. mgr. er Seðlabanka Íslands veitt sambærileg heimild og hann hefur í 41. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, til þess að beita reikningsstofnanir samkvæmt þessari grein viðurlögum ef reglum bankans og skilyrðum er ekki hlítt.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að til þess að réttindi að rafbréfum njóti réttarverndar verði þau að vera eignarskráð í verðbréfamiðstöðinni. Við frumútgáfu rafbréfs er útgefandi skráður eigandi að rafbréfi en eftirfarandi framsöl njóta því aðeins réttarverndar að þau hafi öll verið tilkynnt til eignarskráningar hjá verðbréfamiðstöðinni. Hið sama gildir um önnur réttindi sem kunna að vera takmarkaðri, til dæmis veðréttindi eða fjárnám. Jafnframt er skýrt tekið fram að óheimilt sé að gefa út og framselja skráð réttindi samkvæmt rafbréfi með áþreifanlegum hætti, þ.e. á pappír. Þannig er tryggt að skýrt sé greint milli pappírslausra viðskipta með verðbréf og hefðbundinna viðskipta með verðbréf á pappír.

Í 2. mgr. er einnig að finna ákvæði sem er nauðsynlegt til að gera stöðu skráðs rétthafa að rafbréfi skýra gagnvart skuldara. Þar er kveðið svo á að eignarskráning í verðbréfamiðstöð komi í stað handhafnar áþreifanlegs verðbréfs, en þetta þýðir m.a. að hafi skuldari greitt rétthafa sem skráður er samkvæmt eignarskráningu verðbréfamiðstöðvar er um að ræða fullgilda greiðslu af hans hálfu. Í 34. gr. frumvarpsins er einnig að finna ákvæði sem tekur af tvímæli varðandi greiðslu afborgana og/eða vaxta, sjá nánar athugasemdir við þá grein.

Í 3. mgr. er skýrt tekið fram að forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda yfir rafbréfi ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð. Um röð rétthafa fer að öllu leyti eftir því hvenær réttindi eru tilkynnt, sbr. nánar um þetta atriði í 4. og 5. mgr. þessarar greinar.

Í 4. mgr. er tekið fram að réttaráhrif skráningar teljist vera frá þeirri stundu sem lokafærsla hefur farið fram hjá verðbréfamiðstöð. Með lokafærslu er, eins og segir í 2. gr. frumvarpsins, átt við færslu sem fram fer að lokinni hinni endanlegu prófun sem fram fer í tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar á þeirri eignarskráningu sem tilkynnt hefur verið til dagbókar í verðbréfamiðstöð.

Í 5. mgr. er tekið fram að reikningsstofnun, sem fengið hefur beiðni um það, er skylt að eignarskrá réttindi án tafar í verðbréfamiðstöð enda leggi viðkomandi aðili fram viðhlítandi gögn um grundvöll beiðninnar. Reikningsstofnanir hafa rétt og jafnframt skyldu til að annast eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Mikilvægt er að alveg skýrt sé tekið fram að á þeim hvílir rík skylda til að annast þær eignarskráningar sem nauðsynlegar eru hverju sinni til dæmis vegna erfða- eða búskipta eða annarra ráðstafana sem varða réttindi yfir rafbréfum. Í hefðbundnum viðskiptum með verðbréf er greiður aðgangur fyrir slíka aðila til að framkvæma þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru hverju sinni og ber að tryggja að svo gildi einnig um rafbréf. Unnt verður að fá staðfestingu á því hvenær tilkynnt hafi verið um skráningu, en öll eignarskráning er umsvifalaust færð í dagbók verðbréfamiðstöðvar. Í tilkynningunni er að finna allar nánari upplýsingar um greiðslufyrirkomulag og þess háttar, en að öðru leyti fer um viðskiptin eftir samningi þeim sem liggur til grundvallar hverju sinni. Tölvukerfi verðbréfamiðstöðvarinnar ber saman allt sem tilkynnt hefur verið og að lokafærslu og efndalokum kemur þegar fullnægt hefur verið öllum skilyrðum fyrir viðskiptunum.

Um 17. gr.

Hér er veitt heimild til þess að eignarskrá réttindi til bráðabirgða telji reikningsstofnun að vafi leiki á um lögvarinn rétt samkvæmt skráningunni. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt heimildarákvæði, enda getur fullkominn vafi leikið á rétti þeirra sem skráningunni er ætlað að taka til, til dæmis getur verið að dómsmál hafi verið höfðað o.s.frv. Engu að síður geta aðilar haft af því ríka hagsmuni að skráningin fari fram á þeirri stundu sem þeir hafa óskað eftir og fer hún þá fram til bráðabirgða þar til óvissu er eytt. Um bráðabirgðaeignarskráningu réttinda samkvæmt þessari grein skulu gilda hliðstæðar reglur og um skráningu takmarkaðra eignarréttinda. Réttindum verður því ekki ráðstafað í andstöðu við skráningu til bráðabirgða samkvæmt þessari grein.

Um 18. gr.

Reikningsstofnun skal hafa milligöngu um að tilkynna hlutaðeigandi aðila sem réttindi eignast samkvæmt skráningunni um hana, sbr. þó heimild í 3. mgr. þessarar greinar. Hér er því ekki gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin taki að sér að senda rétthafa tilkynningu í hvert sinn sem skráning hefur átt sér stað á reikningi viðkomandi reikningseiganda. Þetta er m.a. gert til þess að tryggja að tilkynningar verði ekki sendar að óþörfu, en reikningsstofnun sem á í beinum viðskiptum við reikningseiganda getur betur annast þetta hlutverk. Rétt er þó að taka fram að skv. 24. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að einu sinni á ári sendi verðbréfamiðstöðin út reikningsyfirlit til reikningseigenda í verðbréfamiðstöðinni.

Í 2. mgr. er tekið fram að rétthafar skráðra réttinda og reikningsstofnanir geta samið um að ekki verði sérhver tilkynning um eignarskráningu send til reikningseiganda heldur fái hann tilkynningar sendar með þeim hætti sem hann telur fullnægjandi hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðin setji um þetta nánari reglur og skulu þær háðar samþykki bankaeftirlitsins. Þetta er m.a. nauðsynlegt til þess að tryggja að skilmálar reikningsstofnana að því er varðar tilkynningar um eignarskráð réttindi í verðbréfamiðstöð verði ekki of íþyngjandi fyrir reikningseigendur. Þannig gæti til dæmis reikningsstofnun ekki gert það að skilyrði fyrir stofnun reiknings að eigandi hans gangi að því að tilkynningar skuli ekki sendar nema eftir ákvörðun reikningsstofnunar. Tryggja verður einnig að reikningsstofnanir setji til dæmis ekki óeðlilega há gjöld á vissar tegundir yfirlita o.s.frv. Meginatriði er að rétthafi á að geta valið um það hversu oft reikningsstofnun sendir honum yfirlit og er henni jafnframt skylt að gera reikningseiganda grein fyrir hvaða möguleikar honum standa til boða varðandi þetta atriði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að reikningsstofnun og stjórn verðbréfamiðstöðvar geti samið um að tilkynningar til rétthafa samkvæmt eignarskráningu hennar verði sendar beint frá miðstöð til reikningseiganda án milligöngu reikningsstofnunar.

Um 19. gr.

Í þessari grein segir að eftir að lokafærsla hefur átt sér stað í verðbréfamiðstöð verði réttindi grandlauss framsalshafa ekki vefengd. Hér er um að ræða að fullt framsal réttinda fer fram við eignarskráningu réttindanna í verðbréfamiðstöð, enda hafi sá sem þeim hefur ráðstafað að öllu leyti heimild til þess að ráðstafa réttindunum. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð skal gagnvart skuldara jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu, sbr. 16. gr. frumvarpsins. Þrátt fyrir ákvæði greinarinnar er kveðið svo á að fullt mark verði eftir sem áður tekið á þeirri mótbáru að samningur sé ógildur ef hann er byggður á fölsun eða meiri háttar nauðung og er hér stuðst við svipuð sjónarmið og gilda

til dæmis um réttaráhrif þinglýsingar, sbr. lög nr. 39/1978, þinglýsingalög. Í ákvæðinu er ekki að finna heimild til að meta gildar ógildingarástæður sem varða lögræðisskort en það er í samræmi við gildandi íslenskan og norrænan rétt að um verðbréf gilda ríkari reglur um traustfang.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er tekið fram að verðbréfamiðstöð skuli setja nánari reglur um millifærslu fjármuna og réttinda. Ljóst er að til þess að uppgjör og lokafærslur á viðskiptum geti farið fram í verðbréfamiðstöð verða öll atriði sem varða viðskiptin að ganga upp. Við uppgjörsferlið þarf verðbréfamiðstöðin að bera saman tilkynningar um eignarskráningu, hvort reikningseigandi hafi fulla ráðstöfunarheimild, hvernig greitt skuli fyrir réttindin o.s.frv. Til þess að tryggja að uppgjörsferlið verði eins skilvirkt og öruggt og unnt er er eðlilegt að stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar hafi slíka heimild til þess að setja nánari reglur að þessu leyti. Jafnframt ber að taka tillit til þeirra ákvæða sem sett eru í frumvarpi þessu, ef að lögum verður, svo og reglna sem kunna að verða settar með reglugerð sem ráðherra setur eða reglna sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands setur. Hið sama gildir um reglur sem Seðlabanki Íslands kann að setja á grundvelli 15. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. kemur fram að verðbréfamiðstöð ber ekki ábyrgð á því ef viðtakanda greiðslu hefur skort rétt til þess að taka við henni, enda liggi það fyrir að viðkomandi færsla hefur verið gerð í góðri trú og miðstöðin verði á engan hátt talin hafa vitað né mátt vita að viðtakanda skorti rétt til að veita fjármununum viðtöku. Hér er staðfest að skráning í eignarskrá er yfirleitt talin fela í sér að þeir sem þar eru skráðir eigi þau réttindi til reiknings sem skráningin kveður á um. Hafi skráður eigandi verið beittur meiri háttar nauðung eða sé um svik að ræða eiga framangreind sjónarmið ekki við, sbr. ákvæði í 2. málsl.

Um 21. gr.

Í 16. gr. frumvarpsins kemur fram sú meginregla að eigi réttindi að rafbréfi að njóta réttarverndar verður að skrá þau hjá verðbréfamiðstöð sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt frumvarpinu. Hafi kröfuréttindi verið gefin út á rafrænan hátt er ekki öðrum heimildum til að dreifa um tilvist réttindanna og rétthafa til þeirra en þeim sem finna má í skráningu verðbréfamiðstöðvarinnar. Hinn nýi háttur við útgáfu og geymslu kröfuréttindanna hefur hins vegar engin áhrif á lögskipti aðila sem kunna að eiga rétt til greiðslu samkvæmt rafbréfi. Í þessari grein er því ítrekað að um stofnun réttinda yfir rafbréfum fari að öðru leyti eftir almennum reglum laga.

Um 22. gr.

Í greininni er tekið fram að reikningsstofnun er skylt að óska leiðréttingar komi í ljós að mistök hafi orðið í tengslum við skráningu í verðbréfamiðstöðinni. Mistök geta átt sér stað áður en uppgjör fer fram og kunna því að vera þess eðlis að þau valdi hlutaðeigandi aðilum ekki tjóni. Ef mistök koma ekki í ljós fyrr en síðar og eignarskráningin er e.t.v. farin að hafa réttaráhrif er eðlilegt að eiganda réttindanna sé gefinn kostur á að tjá sig um málið áður en til leiðréttingar kemur, sbr. ákvæði 2. málsl.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er verðbréfamiðstöð veitt heimild til þess að afmá réttindi sem eru augljóslega ekki lengur til staðar. Nefna má að hafi verðbréfareikningur, sem stofnaður hefur verið hjá verðbréfamiðstöðinni, aldrei verið notaður og sé þar engin rafbréf að finna væri

heimilt að loka slíkum reikningi. Líta verður svo á að einungis sé heimilt að afmá réttindi sem ótvírætt og augljóslega hafa enga þýðingu. Leiki vafi á um þetta atriði ber að varðveita réttindin og verður því að styðjast við ákvæði 2. mgr. um afmáningu þeirra.

Í 2. mgr. er um að ræða réttindi sem eru 20 ára eða eldri og hafi sannanlega enginn rétthafi fundist að þeim getur verðbréfamiðstöðin birt innköllun í Lögbirtingablaðinu. Innköllunarfrestur er þrír mánuðir og hafi enginn gefið sig fram að þeim tíma liðnum er heimilt að afmá réttindin.

Í 3. mgr. er að finna heimild til þess að setja nánari reglur um framkvæmd 2. mgr. um afmáningu réttinda ef þess gerist þörf.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um reikning sem skylt er að stofna og færa fyrir eigendur rafbréfa. Í 2. gr. frumvarpsins er hugtakið reikningur skilgreint eins og það er notað í frumvarpinu, þ.e. skrá um lokafærslur yfir verðbréf, en lokafærsla er, eins og þar segir, endanleg eignarskráning í verðbréfamiðstöð. Reikninga, þar sem færð er rafbréfaeign reikningseiganda, getur einungis reikningsstofnun stofnað í verðbréfamiðstöð. Jafnframt er hér kveðið svo á að skylt sé að skrá á reikninginn hvaða reikningsstofnun, eða reikningsstofnanir, hefur heimild eiganda til að hafa milligöngu um eignarskráningar á reikninginn. Reikningsstofnun annast samskipti við eiganda reiknings og lætur honum í té endurrit reikningsyfirlits verðbréfamiðstöðvarinnar þar sem fram kemur hver er heildareign á reikningi þegar yfirlit er gefið út, svo og upplýsingar um takmörkuð eignarréttindi sem hafa verið skráð ef það á við. Það er þýðingarmikið fyrir eiganda að fá reglulega reikningsyfirlit og hafa yfirsýn og eftirlit með þeirri eignarskráningu sem fram fer á reikningi hans. Skylt er að á reikningi komi fram upplýsingar um þann bankareikning sem verðbréfamiðstöð er rétt og skylt að greiða inn á þegar það á við. Hafi verðbréfamiðstöð haft milligöngu um afhendingu greiðslu og byggt þar á upplýsingum sem skráðar hafa verið um viðtakanda greiðslu ber hún ekki ábyrgð á því ef annmarki er á skráningunni, sbr. nánar um þetta í 20. gr. frumvarpsins. Verðbréfamiðstöð gefur út reikningsyfirlit yfir þau réttindi sem þar eru skráð. Eigendur rafbréfa eiga rétt á því að verðbréfamiðstöð gefi út staðfestingu á þeim réttindum yfir rafbréfum sem þeir eiga hjá henni. Hér er miðað við að a.m.k. einu sinni á ári gefi verðbréfamiðstöðin út reikningsyfirlit yfir þau réttindi sem skráð eru hjá henni en um einstök viðskipti og tilkynningar um þau fer skv. 18. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að skylt sé að gefa út með jöfnu millibili reikningsyfirlit til reikningseiganda. Líta verður svo á að hér sé um samningsatriði að ræða milli hans og reikningsstofnunar um hversu oft eigandi vill fá send yfirlit yfir réttindi sín, en að lágmarki mun reikningseigandi fá eitt yfirlit á ári, þ.e. í lok hvers almanaksárs. Einnig er skylt að láta eigendum takmarkaðra eignarréttinda í té staðfestingu á því að réttur þeirra til rafbréfsins hafi verið skráður. Aukayfirlit er einnig hægt að fá, þ.e. bæði yfir reikninginn í heild og tiltekna eignarskráningu, til dæmis til að ganga úr skugga um að hún sé rétt o.s.frv.

Í 3. mgr. felst heimild til ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari reglur um gerð reikningsins og yfirlitsins. Hugbúnaðargerð er ekki lokið þegar frumvarp þetta er samið og liggur því ekki fyrir neitt notendaviðmót. Það er þó ljóst að mjög mikilvægt er að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram og mun það verða tryggt með reglugerð svo sem hér er lagt til.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd til þess að úrskurða í ágreiningsmálum sem kunna að rísa í tilefni af eignarskráningu í verðbréfamiðstöðinni. Hér er farin svipuð leið og farin hefur verið bæði í Danmörku og Noregi. Í verðbréfamiðstöðinni fer fram eignarskráning sem reikningsstofnanir eða starfsmenn þeirra standa á bak við. Eignarskráning hefur réttaráhrif og geta því misfærslur eða mistök haft verulega réttarfarslega þýðingu fyrir hlutaðeigandi aðila. Nauðsynlegt er því að það sé tryggt að sá sem telur að á sér hafi verið brotið við eignarskráningu geti með skjótum hætti fengið úrskurð sérfróðra manna um ágreiningsefnið. Úrskurðarnefnd er ekki ætlað að dæma um skaðabótakröfur. Aðilum máls stendur ávallt opið að skjóta úrskurðum kærunefndar til almennra dómstóla, sbr. ákvæði 27. gr. frumvarpsins. Úr öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma í tengslum við skaðabótakröfur, skal skorið af dómstólum. Einnig er rétt að ítreka að úrskurðarnefndinni er ætlað að leysa úr ágreiningi um skráningu réttinda, en hún fjallar ekki um þau málsatvik og lagarök sem liggja til grundvallar kröfuréttindunum, svo sem hvort samningur aðila hafi verið bindandi eða sé ógildur og þess háttar. Komi upp vafi í þessu efni getur nefndin ákveðið að vísa máli alfarið til dómstóla. Þess má geta að á 15 ára starfstímabili verðbréfamiðstöðvarinnar í Danmörku hafa alls um 30 mál komið til umfjöllunar hjá kærunefnd þeirri sem þar starfar og aldrei hefur komið upp skaðabótamál þar í landi vegna starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá menn í úrskurðarnefnd og skal einn þeirra uppfylla þau skilyrði að vera skipaður héraðsdómari, sbr. 5. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Úrskurðarnefnd er ætlað að kveða á um rétt og skyldu manna í tengslum við eignarskráningar í verðbréfamiðstöð. Úrskurðir nefndarinnar teljast því til stjórnvaldsákvarðana og fer að öllu leyti um störf nefndarinnar eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993. Sem fyrr segir er ein meginástæða þess að lagt er til að sett verði á stofn úrskurðarnefnd að tryggja skjóta og örugga málsmeðferð þeirra mála sem hún hefur úrskurðarvald um. Leggja verður því ríka áherslu á að í störfum nefndarinnar verði fylgt ákvæði 9. gr. stjórnsýslulaga um að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Ekki þykir rétt að setja inn sérákvæði um þann hámarkstíma sem úrskurðarnefnd skuli hafa til að fjalla um mál sem henni berast enda kunna mál að vera misjafnlega flókin og ætti því einn almennur frestur ekki alltaf við. Áðurnefnd meginregla stjórnsýslulaga um málshraða á því að öllu leyti við um störf úrskurðarnefndar.

Í 3. mgr. er kærufrestur vegna eignarskráningar ákveðinn 12 vikur og hefur nefndin aðgang að öllum gögnum verðbréfamiðstöðvar sem tengjast máli því sem til úrlausnar er hverju sinni. Eðlilegt þykir að í tilkynningum verðbréfamiðstöðvar til eigenda skráðra réttinda sé upplýst um kærufrest samkvæmt þessari grein.

Í 4. mgr. er tekið fram að úrskurðir skuli vera rökstuddir og hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um þá.

Í 5. mgr. er veitt heimild til þess að víkja frá þeim fresti sem er ákveðinn í 3. mgr. Þetta kann að þykja sanngjarnt undir vissum kringumstæðum, til dæmis hafi skráður eigandi samið um að fá reikningsyfirlit aðeins einu sinni á ári.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir að nánari reglur verði settar um málsmeðferð og reglur um störf úrskurðarnefndar, svo og um þau gjöld sem greiða þarf til að standa undir kostnaði við málið.

Um 26. gr.

Í greininni eru taldir upp þeir aðilar sem kært geta mál til úrskurðarnefndar skv. 25. gr. Í 1. tölul. segir að sérhver aðili sem hefur nægilegra lögvarinna hagsmuna að gæta í málinu geti kært mál til úrskurðarnefndar. Hér er um að ræða sama skilyrði og almennt gildir við dómstóla samkvæmt gildandi réttarfarslögum. Í 2. tölul. er tekið sérstaklega fram að reikningsstofnun geti skotið til úrskurðarnefndar málum sem snerta ákvarðanir sem teknar eru skv. 17., 22. og 23. gr. frumvarpsins, en rétt þykir að fela úrskurðarnefnd að leysa úr ágreiningi ef vandamál koma upp. Loks er tekið fram í 3. tölul. að verðbréfamiðstöð eða stjórn hennar geti skotið til kærunefndar ágreiningi sem upp kann að koma í tengslum við tilkynningar sem sendar eru frá reikningsstofnun.

Um 27. gr.

Úrskurði úrskurðarnefndar er heimilt að skjóta til dómstóla innan fjögurra vikna frá því að úrskurður var felldur í málinu. Um stefnu og málsmeðferð fer að öllu leyti eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði. Í 2. mgr. er tekið fram að mál verði ekki borin undir dómstóla fyrr en kæruleið til úrskurðarnefndar hefur verið reynd. Ætla má að kærumál sem falla undir úrskurðarvald nefndarinnar snúist að verulegu leyti um tæknileg atriði sem tengjast eignarskráningu í verðbréfamiðstöð. Þykir því eðlilegt að úrskurðarnefndin, sem skipuð er m.a. sérfróðum mönnum á þessu sviði, fjalli um málið áður en ágreiningur er borinn undir almennan dómstól. Í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga hvílir leiðbeiningarskylda á úrskurðarnefnd um málshöfðunarfrest fyrir dómstólum.

Um 28. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skaðabótaábyrgð verðbréfamiðstöðvar vegna mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um eignarskráningu, breytingar eða afmáningu réttinda í verðbréfamiðstöðinni. Ákvæðið er að danskri fyrirmynd, eins og reyndar ákvæði kaflans í heild. Í Danmörku hafa fyrir skemmstu verið sett ný lög um þetta efni að fenginni 15 ára reynslu af eldri lögum sem hafa gilt þar í landi og þótti því rétt að taka nokkurt mið af reynslu Dana við gerð þessa frumvarps.

Brýn þörf er á því að settar séu skýrar reglur sem stuðli að því að almenningur eða fyrirtæki bíði ekki fjárhagslegt tjón ef mistök verða í starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Stuðla verður að því að reglur séu þannig að þær skapi fullt traust allra hlutaðeigandi aðila á að verðbréf verði að öllu leyti skráð með rafrænum hætti eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Ákvæði þessarar greinar, sem og önnur ákvæði þessa kafla frumvarpsins, miða að því að starfsemin sé rekin á þeim grundvelli að almenningur þurfi ekki að óttast um öryggi fjármuna sinna. Því má líta svo á að þær reglur, sem hér er lagt til að fylgt verði, séu forsenda þess að sú hagræðing sem fylgir rafrænni skráningu verðbréfa nái fram að ganga.

Eignarskráningu í verðbréfamiðstöð er í eðli sínu stjórnað af fleiri en einum þar sem um er að ræða ákveðna verkaskiptingu milli verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunarinnar. Eðlilegt þykir því að ábyrgð sé skipt þannig að hvor aðili um sig beri ábyrgð á eigin mistökum sem kunna að verða við eignarskráninguna. Áður var ábyrgðin í Danmörku alfarið á verðbréfamiðstöðinni, en sem fyrr segir hefur ábyrgðinni nú verið dreift að þessu leyti. Eins og fram kemur í ákvæðinu er ábyrgð verðbréfamiðstöðvar hlutlæg. Hún ber ekki aðeins ábyrgð á grundvelli sakarreglu heldur ber hún einnig ábyrgð á tjóni þó að orsök þess verði rakin til óhappaatvika. Reglur um skiptingu ábyrgðar milli verðbréfamiðstöðvar og reikningsstofnunar sem við er miðað í þessari grein og 29. gr. frum-

varpsins leiða til þess að afmarka verður ábyrgð hvors aðila um sig. Ekki er unnt að rekja á tæmandi hátt hvernig þessari skiptingu skuli háttað, en almennt verður að líta svo á að tilkynningar til verðbréfamiðstöðvar, svo og annar undirbúningur eignarskráningar sem fram fer í reikningsstofnun, séu á ábyrgð hennar. Um skiptingu ábyrgðar milli reikningsstofnunar og viðskiptamanna hennar fer eftir almennum reglum. Hafi útgefandi rafbréfs til dæmis tilgreint ranga vaxtaprósentu eru slík mistök á hans ábyrgð. Ef reikningsstofnun hefur við skráningu ekki skráð vaxtaprósentuna rétt, þá ber hún ábyrgð á þeim mistökum sínum.

Úrvinnsla tilkynninga sem sendar eru til verðbréfamiðstöðvar, skráningin og ábyrgð á því að tilkynningar sem sendar eru aftur þaðan til reikningsstofnunar séu réttar verður að telja að falli undir ábyrgðarsvið verðbréfamiðstöðvar. Almennt má segja að eftir að starfsemi miðstöðvarinnar hefst verði verkaskipting skýr í flestum smáatriðum og þess því ekki að vænta að í framkvæmd verði erfitt að greina á milli verkþátta reikningsstofnunar og verðbréfamiðstöðvar.

Í 2. mgr. er minnt á þá eðlilegu reglu skaðabótaréttarins að verði tjón á einhvern hátt rakið til eigin sakar tjónþola er heimilt að fella brott eða lækka skaðabætur hans. Um nánari greinargerð fyrir eigin sök vísast til fræðirita um skaðabótarétt.

Í 3. mgr. segir að verðbréfamiðstöð skuli bæta rétthafa tjón sem hann kann að verða fyrir þegar ákvæði 2. málsl. 19. gr. á við, þ.e. að ógilda þurfi viðskiptin þar eð beitt hafi verið fölsun eða meiri háttar nauðung. Hér verður að líta til þess að keðja viðskipta með verðbréf kann oft að vera allflókin og oft gæti því verið erfitt að slá föstu afdráttarlaust hver í keðjunni sé í þeirri aðstöðu sem þar er getið um. Greinin tekur mið af þessari aðstöðu og er því unnt að bæta tjónþola tjón hans óháð því hvar í framangreindri röð hann stóð, enda fáist það ekki bætt samkvæmt almennum reglum.

Í 4. mgr. er hámarksfjárhæð vegna tjóns sem rekja má til sömu mistaka af hálfu verðbréfamiðstöðvarinnar takmörkuð við helming ábyrgðarsjóðs skv. 30. gr. frumvarpsins, eða sem nemur 325 millj. kr.

Um 29. gr.

Reikningsstofnun ber samkvæmt þessari grein ábyrgð á því tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingu eða afmáningu réttinda á reikningi í verðbréfamiðstöðinni. Um verkaskiptingu milli reikningsstofnunar og verðbréfamiðstöðvar skal vísað til þess sem sagt hefur verið um þetta atriði í athugasemdum við 28. gr. Reikningsstofnun ber líka ábyrgð með sama hætti og verðbréfamiðstöð ef tjón verður rakið til óhappaatviks. Ábyrgð samkvæmt þessari grein tekur til tjóns sem verður í tengslum við tilkynningar og skráningu réttinda sem eru á hennar ábyrgð. Reikningsstofnanir munu eftir sem áður bera ábyrgð að öðru leyti samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins gagnvart viðskiptamönnum sínum hafi þeir til dæmis orðið fyrir öðru tjóni en því sem tengist störfum reikningsstofnunar að eignarskráningu rafbréfs.

Í 2. mgr. er hliðstætt ákvæði um eigin sök tjónþola og er að finna í 28. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að reikningsstofnanir beri hér eftir sem hingað til ábyrgð á eigin mistökum sem verða í tengslum við framsal og skráningu réttinda til verðbréfa.

Í nýlegum lögum í Danmörku hefur verið lagt til að auk annars skuli reikningsstofnanir mynda sérstakan sjóð til tryggingar á skaðabótagreiðslum ef einhver reikningsstofnun reynist ófær að greiða skaðabætur eins og samkvæmt þessari grein. Við undirbúning þessa frumvarps var sú tilhögun kynnt þeim sem standa að stofnun verðbréfamiðstöðv-

ar. Mikillar andstöðu gætti við slíkar hugmyndir um varasjóð og er ekki að finna fordæmi fyrir slíkum tryggingum við meðferð áþreifanlegra verðbréfa. Engin ástæða er því talin vera fyrir hendi til að taka slíkt kerfi upp hér á landi.

Um 30. gr.

Ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar skal aldrei nema lægri fjárhæð en 650 millj. kr. Hér er um að ræða tífalt hærri fjárhæð en lágmarkshlutafé skal vera, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvar, þ.e. eigið fé ásamt samanlögðum ábyrgðum eignaraðila, skal ávallt ná því lágmarki sem hér er kveðið á um. Í ákvæðinu er því sett framangreint hámark á þá ábyrgð sem þátttakendum í verðbréfamiðstöðinni kann að verða gert að standa skil á. Ábyrgðarsjóðurinn er til að standa skil á greiðslum bóta sem kunna að falla á verðbréfamiðstöðina almennt, þ.e. bæði vegna eigin mistaka og mistaka er leiða til bótaskyldu, og ekki verða lagðar á reikningsstofnun eða aðrar verðbréfamiðstöðvar. Það er gert að skilyrði að ábyrgðarsjóðurinn standi ávallt í því lágmarki sem hér er kveðið á um og verður því að bæta við ábyrgðum ef sjóðurinn minnkar af einhverjum ástæðum. Mikilvægt er að ábyrgðin sé skýrt skilgreind með þessum hætti þannig að þátttakendur geti lagt mat á þá áhættu sem henni tengist. Í dönsku verðbréfamiðstöðinni (Værdipapircentralen) er ábyrgðarsjóður upp á 12 milljarða íslenskra króna. Miðað við veltu og markaðsverðmæti verðbréfa er sá ábyrgðarsjóður sem hér er kveðið á um að verði stofnaður hlutfallslega stærri en í Danmörku. Rétt þykir þó að gera ríkari kröfur um ábyrgðarsjóð hér á landi þar sem engin reynsla er hér á landi af rafrænum verðbréfaviðskiptum auk þess sem verðbréfamarkaður er í örum vexti hérlendis.

Ábyrgðarsjóður skal vera í formi ábyrgða eða annarra fullnægjandi trygginga. Við undirbúning að stofnun verðbréfamiðstöðvar hefur komið fram að ýmsir sem að verkefninu standa telja æskilegt að aflað verði starfsábyrgðartryggingar hjá þriðja aðila að svo miklu leyti sem það er unnt. Til greina kemur að við slíka starfsábyrgðartryggingu taki þátttakendur á sig sjálfsábyrgð í hlutfalli við hlutafjárframlög sín fyrir samsvarandi fjárhæð og nemur lágmarkshlutafé stöðvarinnar. Einnig kann sú leið að verða farin að byggður verði upp sjálfstæður sjóður til að standa undir þeirri lágmarksábyrgð sem kveðið er á um í þessari grein. Ekki þykir rétt að setja nánari reglur en hér er gert um fyrirkomulag ábyrgðarsjóðsins og gefa verður aðilum kost á því að leysa það mál á sem hagkvæmastan hátt án þess að vikið sé frá þeirri lágmarksfjárhæð sem hér er gerð krafa um.

Í 2. mgr. er tekið fram að nánari reglur um ábyrgðir verðbréfamiðstöðvar skuli settar í samþykktir hlutafélagsins.

Um 31. gr.

Gert er ráð fyrir því að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva sem starfsleyfi hafa hlotið á grundvelli ákvæða þessa frumvarps. Í lögum, sem sett hafa verið um fjármagnsmarkaðinn, hefur bankaeftirlitinu verið falið eftirlit með starfsemi á sviði fjármálaþjónustu og þykir það eiga við með sama hætti um starfsemi verðbréfamiðstöðva. Bankaeftirliti Seðlabankans eru veittar sambærilegar heimildir og tíðkast hefur í hliðstæðum lagaheimildum til að hafa aðgang að upplýsingum og gögnum sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Í 2. mgr. er kveðið svo á að verðbréfamiðstöð skuli greiða þann kostnað sem leiðir af hinu opinbera eftirliti samkvæmt lögum þessum.

Um 32. gr.

Bankaeftirliti Seðlabankans er heimilt að svipta reikningsstofnun rétti til eignarskráningar í verðbréfamiðstöð brjóti hún ítrekað eða alvarlega lög eða reglugerðir sem um eignarskráningu gilda. Hið sama á við ef háttsemi reikningsstofnunar getur ekki talist eðlileg, traust eða heilbrigð. Ákvæði þetta er eðlilegt til að tryggja nauðsynleg úrræði ef atvik eru með þeim hætti sem hér er kveðið á um.

Um 33. gr.

Brot á lögum þessum kann að varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Stjórnendur lögaðila er heimilt að beita framangreindum viðurlögum hafi brot verið framið í þágu lögaðila. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 34. gr.

Reikna má með því að stór hluti þeirra verðbréfa sem eignarskráð yrðu sem rafbréf í verðbréfamiðstöð verði að formi og efni skuldabréf sem gangi kaupum og sölum á markaði, sbr. upptalningu í ákvæði I til bráðabirgða.

Fá lagaákvæði er að finna í íslenskum rétti um skuldabréf sérstaklega. Enn er þó í gildi tilskipun frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf, en hún er svohljóðandi:

„1. gr. Eins og það er skylda lánardrottins, þegar skuldunautur borgar allan höfuðstól skuldabréfs, að skila honum aftur bréfinu með áritaðri kvittun, eins á hann, þegar nokkuð er afborgað af höfuðstólnum, að hafa við höndina frumrit skuldabréfsins, og vera skyldur til, í nærveru skuldunauts eða umboðsmanns hans, að rita bæði á bréfið sjálft það, er afborgað er, og að gefa auk þess sérstaka kvittun fyrir því.

Ef lánardrottinn skorast undan að gera þetta, þá er skuldunaut (sem vottfast býður fram afborgun þá, er greiða skyldi) heimilt að fresta afborguninni, þangað til lánardrottinn gegnir fyrrgreindri skyldu sinni; og er skuldunaut eigi skylt, meðan svo stendur, að svara vöxtum af þeim hluta höfuðstólsins, sem í gjalddaga var fallinn og boðinn var fram.

2. gr. Kvittanir á lausu blaði fyrir afborgunum af höfuðstól, er skuldabréf er fyrir, skulu, ef afborganirnar eru eigi einnig ritaðar á skuldabréf sjálft, aðeins hafa gildi gagnvart þeim, sem gaf þær út, en eigi teljast gildar gagnvart öðrum, sem fyrir veðsetningu, framsal eða á annan löglegan hátt eru orðnir réttmætir handhafar skuldabréfsins.

3. gr. Þó má vaxtagreiðsla vera undanþegin þessum fyrirmælum, og sérstakar kvittanir fyrir vöxtum vera fullgildar, eigi aðeins gagnvart þeim, er út gaf kvittunina, heldur og gagnvart hverjum öðrum, sem skuldabréfið hefir síðar verið selt í hendur að veði eða til eignar.“

Með tilurð rafrænnar skráningar á eignarhaldi og réttindum yfir verðbréfum er nauðsynlegt að setja sérreglu um gildi lokafærslu verðbréfamiðstöðvar um greiðslu skuldara á afborgunum eða vöxtum inn á reikning til eignarskráðs rétthafa af rafbréfi.

Því er hér lagt til að um þetta sé sett sérstakt ákvæði.

Um 35. gr.

Eins og málum er háttað nú má búast við því að skammtímaskuldbindingar í formi víxla verði eignarskráðar sem rafbréf í verðbréfamiðstöð. Sérstaklega á þetta við um flokka ríkisvíxla, bankavíxla, víxla sveitarfélaga og annarra ótilgreindra aðila. Sammerkt með víxlum af þessu tagi er að þeir ganga kaupum og sölum á markaði og eru allir í formi eiginvíxla. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, er ákvæði um að um ríkisvíxla skuli gilda almennar reglur laga um eiginvíxla.

Með þessari grein frumvarpsins er því lagt til að ef rafbréf sem gefið er út er skráð samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sem víxill gildi ákvæði laga nr. 93/1933 (víxillög), um eiginvíxla, um slík rafbréf eftir því sem við getur átt.

Um 36. gr.

Í þessari grein er tekið fram að hafi verðbréf verið tekin til skráningar í verðbréfamiðstöð gangi ákvæði þessara laga framar ákvæðum sérlaga um útgáfu og form slíkra verðbréfa. Hér er haft í huga til að mynda ákvæði í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. til dæmis 27. gr. laganna. Nauðsynlegt er að taka á því í frumvarpinu að slík ákvæði skuli víkja til hliðar ef þau fá ekki samrýmst þeim nýmælum sem hér er kveðið á um. Ráðuneytið mun síðar skoða hvort ekki þyki ástæða til að breyta ákvæðum sérlaga sem þessara þannig að þau taki fullt tillit til ákvæða þessa frumvarps.

Um 37. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að stefnt sé að því fyrir árslok 2000 að eignarskrá með rafrænum hætti réttindi yfir öllum þeim verðbréfum sem talin eru upp í ákvæðinu og eru þá í fullu gildi eða eru innan lokagjalddaga. Taldir eru upp mikilvægustu flokkar verðbréfa sem að jafnaði ganga kaupum og sölum á markaði hérlendis og eru í flestum ef ekki öllum tilvikum skráðir á Verðbréfaþingi Íslands. Auk þess er í 7. tölul. gert ráð fyrir að rafræn eignarskráning geti náð til annarra verðbréfa sem stjórn verðbréfamiðstöðvar samþykkir til eignarskráningar á grundvelli 13. gr. frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Ákvæði þetta gerir ráð fyrir að útgefendur verðbréfa sem greind eru í ákvæði I til bráðabirgða sem ákveðið hafa að nota það hagræði sem felst í rafrænni eignarskráningu verðbréfa skuli innkalla öll verðbréf sem þar um ræðir. Í stað þeirra verðbréfa sem innkölluð verða skal útgefandinn fyrir milligöngu reikningsstofnunar eignarskrá með rafrænum hætti réttindi kröfuhafa með þeim réttaráhrifum sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir og jafnframt ógilda hið áþreifanlega verðbréf.

Þar sem hér er um að ræða mikilvæga og nýstárlega aðgerð er nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um hvernig haga skuli slíkri innköllun og eftirfarandi eignarskráningu samkvæmt ákvæði þessu og ákvæði I til bráðabirgða. Ráðgerð reglugerð tæki í fyrsta sinn hérlendis á praktískum atriðum varðandi innköllun, tímamörk, fresti og þess háttar, svo og hvernig eignarskráning skuli fara fram í verðbréfamiðstöð.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hrint verði í framkvæmd hugmynd sem lengi hefur verið unnið að. Ætlunin er að setja á stofn verðbréfamiðstöð sem skráir eigendur og viðskipti manna með hvers konar verðbréf. Hætt verði að gefa út verðbréf með tilheyrandi kostnaði og tölvutæknin verði í staðinn notuð til að skrá útgáfu, kaup, sölu og innlausn hvers konar verðbréfa.

Ætlunin er að stofna félag um rafræna verðbréfamiðstöð með 65–100 m.kr. hlutafé og þar af hyggst ríkissjóður leggja fram ⅓ hluta. Reksturskostnaður verðbréfamiðstöðvarinnar hefur verið áætlaður um 35 m.kr. á ári og stofnkostnaður um 30 m.kr. Sú áætlun var unnin af Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar í febrúar 1995.

Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa verulegan sparnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Kostnaður ríkissjóðs vegna umsýslu Seðlabankans með spariskírteini nemur um 35 m.kr. á sl. ári. Auk þess nemur prentkostnaður spariskírteina um 20 m.kr. á ári og húsbréfa rúmlega 5 m.kr. til viðbótar. Þar til viðbótar myndast talsvert hagræði í rekstri Lánasýslu ríkisins, Seðlabanka, ríkisviðskiptabanka og Húsnæðisstofnunar ríkisins við að öll verðbréf verða rafræn og ekki lengur prentuð á pappír og ekki þurfi lengur að meðhöndla viðskipti með þau í pappírsformi. Ekki er unnt að meta það hagræði til fjár. Á móti kemur að ríkissjóður og aðrir opinberir aðilar munu verða að taka þátt í reksturskostnaði með notendagjöldum í samræmi við viðskipti sín.

Samkvæmt 25. gr. er lagt til að stofnað verði til úrskurðarnefndar er felli úrskurði í ágreiningsmálum er kunna að rísa í viðskiptum verðbréfamiðstöðvarinnar. Er hér um þriggja manna nefnd að ræða og á ríkissjóður samkvæmt frumvarpinu að greiða kostnað af henni. Með hliðsjón af hliðstæðum úrskurðarnefndum er talið að nefndarlaun fyrir slíka nefnd fari ekki yfir 0,5 m.kr. og annar kostnaður verði um 0,2 m.kr.

Í 30. gr. er sagt að samanlagður ábyrgðarsjóður verðbréfamiðstöðvarinnar skuli vera 650 m.kr. hið lægsta, en sjóðnum er ætlað að mæta skaðabótakröfum sem gerðar eru til verðbréfamiðstöðvarinnar. Í greinargerð er skýrt frá að ekki sé búið að ganga frá hvernig sá sjóður verði saman settur né hverjir leggja fram fé í hann. Ein leið hljóti að vera að hluthafar leggja fram fé eða ábyrgðir í sjóðinn í samræmi við hlutafjáreign sína. Þar kann að koma til kasta ríkisábyrgðar þótt það sé enn óráðið.

802. Frumvarp til laga [475. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Síðari málsliður 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Orðin „til að eignast 55% af hlutafé í félaginu“ í 1. tölul. 3. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. að framan“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

4. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra er eftir hlutafjárhækkun í félaginu á árinu 1997 heimilt þegar á því ári að selja eignarhlut ríkisins í félaginu, þó þannig að 12% heildarhlutafjár verði ekki seld fyrr en reynt hefur á kauprétt núverandi samstarfsaðila ríkisins að verksmiðjunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Almennur inngangur.

Frumvarp þetta er samið í iðnaðarráðuneytinu og er það flutt til að afla ríkisstjórninni lagaheimildar til að unnt verði að ganga frá samningum um stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. við Elkem ASA í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan. Samningar þessir fela í sér tvö atriði sem afla þarf samþykkis Alþingis fyrir. Annars vegar lækkar eignarhlutur íslenska ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf. (hér á eftir einnig nefnt Járnblendifélagið) vegna fyrirhugaðrar hlutafjárhækkunar í tengslum við stækkun verksmiðjunnar um einn viðbótarofn (ofn III), úr 55% eignarhlut í 38,5%. Hins vegar þarf heimild til að ráðstafa þeim 38,5% eignarhlut sem ríkið heldur þá eftir. Meginmarkmið með þeim samningum sem gerðir hafa verið er að styrkja samkeppnisstöðu Járnblendifélagsins til lengri tíma litið.

Nýgerðir samningar leiða í stuttu máli til þess að settur verður upp þriðji bræðsluofninn (ofn III) í verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. á Grundartanga sem mun auka afkastagetu verksmiðjunnar um rúmlega 50%. Síðar er gert ráð fyrir að af enn frekari stækkun geti orðið með fjórða bræðsluofninum (ofni IV). Framkvæmdir við ofn III verða fjármagnaðar að nálægt þriðjungi með auknu hlutafé og leggur Elkem það til að öllu leyti. Framkvæmdakostnaður verður að öðru leyti fjármagnaður með lánsfé.

Með aukningu á hlutafé og ákvörðun um að Elkem skrifi sig fyrir öllu nýja hlutafénu breytast eignarhlutföll í félaginu þannig að hlutur Elkem eykst úr 30% í 51%, hlutur ríkisins minnkar úr 55% í 38,5% og hlutur Sumitomo minnkar úr 15% í 10,5%. Staða Elkem og Sumitomo breytist ekki að öðru leyti og halda sölusamningar Járnblendifélagsins við þessi fyrirtæki gildi sínu. Jafnhliða er þó samið um breytingu á umboðssölusamningi við Sumitomo þar sem tekið er tillit til þess mikla mismunar sem er á verðlagi á kísiljárni í Japan annars vegar og í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum hins vegar.

Nafnverð hlutafjárhækkunarinnar er 423,9 milljónir króna en fjárhæð sú sem Elkem greiðir fyrir þann hlut er 932,5 milljónir króna. Byggist fjárhæð þessi á samkomulagi hluthafa um að meta heildarverðmæti alls hlutafjár í verksmiðjunni á 2.548 milljónir króna áður en greiddur er út arður fyrir árið 1996.

Þá er samið um að félagið verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands þegar á þessu ári svo að mögulegt verði að hefja sölu hlutabréfa ríkisins í félaginu.

2. Íslenska járnblendifélagið hf.

Með lögum nr. 10 26. apríl 1975 var ríkisstjórninni veitt heimild til að stofnsetja verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. í samvinnu við bandaríska fyrirtækið Union Carbide Corporation. Sumarið 1976 gekk Union Carbide út úr samstarfinu og yfirtók ríkisstjórnin hlut þess með sérstöku samkomulagi.

Þá þegar lá fyrir að norska fyrirtækið Elkem Spigerverket A/S hafði áhuga á að koma inn í samstarfið í stað Union Carbide. Að afloknum umfangsmiklum samningaviðræðum var gengið til samstarfs við það fyrirtæki og frumvarp lagt fram um málið, sem síðar varð að lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Framleiðsla hófst snemma vors 1979 en svo sem kunnugt er gekk rekstur verksmiðjunnar ekki eins vel á fyrstu árum hennar og vonir höfðu staðið til. Stafaði það einkum af þeirri alþjóðlegu efnahagskreppu sem fylgdi í kjölfar olíuverðhækkana 1979, en einnig var fjármagnskostnaður hærri en búist hafði verið við og gengisþróun óhagstæð. Bygging verksmiðjunnar reyndist aftur á móti ódýrari en gert hafði verið ráð fyrir og í tæknilegum efnum gekk rekstur hennar vel. Efnahagskreppan leiddi hins vegar til þess að árið 1982 var nauðsynlegt að leggja meira fé í verksmiðjuna af hálfu hluthafa. Var það síðan gert bæði með nýju hlutafé og með víkjandi láni sem hluthafar veittu í hlutfalli við eign sína. Er gerð grein fyrir þessum ráðstöfunum í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga er varð að lögum nr. 45 11. maí 1982.

Málefni Járnblendifélagsins komu á ný til kasta Alþingis á árinu 1984 en það ár var lagt fram frumvarp sem miðaði að því að afla lagaheimildar til að unnt væri að endurskipuleggja fjárhag félagsins og ganga frá samningum við Sumitomo Corporation sem þá kom inn í samstarfið. Var þá víkjandi lánum frá árunum 1981–83 breytt í hlutafé en jafnframt var lagt fram nýtt hlutafé til verksmiðjunnar. Í kjölfarið var síðan hlutafé félagsins fært niður um þá fjárhæð sem uppsöfnuðu tapi nam og taprekstur undanfarinna ára þannig jafnaður. Meginmarkmið þessara aðgerða var að styrkja markaðs- og fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins til frambúðar. Hluthafar urðu á þessum tíma þeir sömu og eru enn í dag, þ.e. Elkem, en hlutur þess minnkaði úr 45% í 30%, Sumitomo sem keypti 15% hlut í félaginu og ríkið sem hélt óbreyttum 55% hlut.

Á árinu 1989 var enn samþykkt breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977 en að þessu sinni eingöngu í þeim tilgangi að heimila Járnblendifélaginu að taka þátt í öðrum rekstri en bræðslu kísiljárns. Kemur fram í greinargerð sem fylgdi frumvarpi að breytingarlögum nr. 28 9. maí 1989 að ljóst sé að fyrirtækinu hafi frá upphafi verið ætlaður vöxtur í framleiðslu á kísiljárni og að skipulag og stærð verksmiðjusvæðisins hafi verið við það miðað að verksmiðjuna mætti stækka mjög verulega. Allar forsendur hafi hins vegar breyst verulega og stækkun á þeim tíma ekki talin tímabær. Því var tilgangur félagsins víkkaður og því gert kleift að taka þátt í öðrum atvinnurekstri.

Ráðstafanirnar árið 1984 dugðu til að koma rekstri verksmiðjunnar í viðunandi horf og uppsveifla var í rekstri fyrirtækisins næstu árin þar á eftir. Alþjóðleg efnahagskreppa reið næst yfir í byrjun þessa áratugar og syrti þá enn í álinn. Varð sú lægð til þess að á árinu 1993 reyndist enn nauðsynlegt að auka hlutafé félagsins og færa það síðan niður. Var þá hlutafé lækkað úr 2 milljörðum íslenskra króna í 600 milljónir en hlutafjáraukningin nam 389 milljónum. Þannig varð núverandi nafnviði hlutafjár sem er 989 milljónir króna. Einnig var gripið til víðtækrar rekstrar- og fjárhagslegrar endurskipulagningar.

Frá endurskipulagningu árið 1993 hefur þróunin í rekstri Íslenska járnblendifélagsins hf. verið þannig samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningi (fjárhæðir í milljónum króna):

	1996	1995	1994
Rekstrartekjur	3.716,5	3.455,8	2.511,0
Rekstrargjöld	2.975,3	2.744,4	2.095,8
Fjármagnskostnaður og skattar	129,5	191,6	135,1
Hagnaður	611,7	519,8	280,1
Eignir	4.001,5	3.669,8	3.676,8
Skuldir	1.434,2	1.548,3	2.092,0
Eigið fé	2.567,3	2.121,5	1.584,8

3. Rafmagnssamningur.

Núgildandi rafmagnssamningur á milli Íslenska járnblendifélagsins hf. og Landsvirkjunar, sem dagsettur er 28. maí 1975 með breytingum dagsettum 31. desember 1976, 13. september 1984 og 9. desember 1993, fellur úr gildi án uppsagnar 31. mars 1999. Allt síðasta ár fóru fram viðræður á milli aðila um framlengingu á samningnum með skilmálum sem báðir gætu fellt sig við. Niðurstöður þeirra viðræðna lágu fyrir í stórum dráttum haustið 1996 en undirritun samningsins fór þó ekki fram fyrr en 30. janúar sl. Gerir samningurinn (hér eftir nefndur viðaukinn) ráð fyrir framlengingu rafmagnssamningsins um 20 ár frá lokum gildistíma núverandi samnings.

Samkvæmt viðaukanum skuldbindur Landsvirkjun sig til þess að láta Íslenska járnblendifélaginu hf. í té 650 gwst á ári ef þriðji bræðsluofn verksmiðjunnar verður ekki byggður, en 1.020 gwst á ári ef hann verður byggður. Árleg afhendingarskuldbinding Landsvirkjunar nemur nú 640 gwst. Þar af eru einungis 284 gwst látnar í té sem forgangsorka, en frá og með 1. apríl 1999 er gert ráð fyrir að allt samningsbundið rafmagn verði látið í té sem forgangsorka. Þá fær Járnblendifélagið ótímabundinn rétt til aukningar í einu lagi eða í áföngum um allt að 80 gwst á ári af því rafmagni sem Landsvirkjun ber að hafa tiltækt samkvæmt núgildandi samningi. Tengist það ráðagerðum félags-

ins um að bæta nýtingu núverandi bræðsluofna og gildir þessi réttur óháð því hvort þriðji bræðsluofninn verður byggður eða ekki. Þar sem samningsbundið rafmagn verður eftir breytinguna látið í té sem forgangsorka falla brott núverandi heimildir Landsvirkjunar til að skerða afhendingu afgangsrafmagns. Hins vegar er samið um tvenns konar nýjar skerðingarheimildir Landsvirkjun til handa.

Lágmarkskaupaskuldbinding Íslenska járnblendifélagsins hf., sem nú svarar til 62% af samningsbundnu rafmagni (samanlögð forgangsorka og afgangsorka) að meðaltali á hverju tveggja ára tímabili, hækkar og verður 85% af samningsbundnu rafmagni að meðaltali á hverju tveggja ára tímabili miðað við að þriðji bræðsluofninn verði ekki byggður. Verði þriðji bræðsluofninn byggður hækkar lágmarkskaupaskuldbindingin en rafmagnsverð lækkar þá jafnframt.

Rafmagnsverð samkvæmt gildandi rafmagnssamningi hækkar verulega 1. apríl 1999 samkvæmt viðaukanum. Frá sama tíma fellur niður ágóðahlutdeild Landsvirkjunar sem áður hafði verið samið um. Samkvæmt núgildandi rafmagnssamningi breytist rafmagnsverðið á fimm ára fresti sem samsvarar 60% þeirra breytinga sem orðið hafa á norsku heildsöluvísitölunni. Nú er samið um að rafmagnsverðið breytist árlega að fullu til samræmis við breytingar á vísitölu. Kveður viðaukinn nú á um framlengingu rafmagnssamningsins um 20 ár og gildir hann því með umsömdum breytingum til 1. apríl 2019.

Í viðaukanum er loks ákvæði þess efnis að ef Járnblendifélagið ákveður að byggja þriðja bræðsluofn verksmiðjunnar hækki lágmarkskaupskuldbinding félagsins úr 85% í 95% af samningsbundnu rafmagni. Á móti nýtur Járnblendifélagið við þær aðstæður tiltekinnar lækkunar rafmagnsverðs. Fyrir félagið var slíkur möguleiki á lægra raforkuverði verulegur hvati hvað varðar ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar með þriðja bræðsluofninum.

Efni framangreinds viðauka við rafmagnssamninginn var ítarlega kynnt í stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. og samningsdrög samþykkt endanlega á stjórnarfundi 9. janúar 1997. Upphaflega var gert ráð fyrir að Járnblendifélagið tæki ákvörðun um þriðja bræðsluofninn og raforkukaup samkvæmt viðaukanum fyrir árslok 1996. Vegna viðræðna eigenda og ágreinings þeirra á milli um eignarhald, verðmæti hlutafjár o.fl. gat ekki orðið af þeirri ákvörðun fyrir þann tíma. Í viðaukanum sem undirritaður var 30. janúar sl. var Járnblendifélaginu veittur réttur til tiltekinnar aukningar á aflmarki og árlegu magni samningsbundins rafmagns til og með 17. febrúar 1997. Er sá dagur rann upp og samkomulag hafði enn ekki tekist á milli eignaraðila um málið óskaði félagið eftir viðbótarfresti til nýtingar þessa réttar. Landsvirkjun veitti slíkan viðbótarfrest til 8. mars sl. Þegar sá tími kom hafði slitnað upp úr viðræðum eignaraðila. Landsvirkjun var því tilkynnt formlega að ekki yrði úr nýtingu þessa réttar. Er fyrirsjáanlegt þótti hinn 11. mars sl. að samningar mundu loks takast á milli eignaraðila var þess formlega óskað við Landsvirkjun að Járnblendifélagið fengi að nýta sér þann rétt sem um er fjallað í viðauka við rafmagnssamninginn vegna þriðja bræðsluofnsins og fallið hafði úr gildi þá skömmu áður. Samþykkti Landsvirkjun þá beiðni 12. mars sl. og skiptust samningsaðilar á bréfum því til staðfestingar þann dag.

Arðsemi Landsvirkjunar af orkusölusamningi vegna stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar um einn ofn og álvers Columbia Ventures Corporation á Grundartanga er áætluð samtals 6,7% og svipuð ef aðeins yrði af byggingu álvers. Hreinn hagnaður Landsvirkjunar miðað við stækkunina og álverið sameiginlega yrði alls um 1.772 milljónir króna á núvirði í stað um 1.300 milljóna miðað við álverið eitt sér.

4. Viðræður um stækkun járnblendiverksmiðjunnar.

4.1 Aðdragandi.

Stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. hefur verið til athugunar á vegum stjórnar félagsins í rúmt ár. Stofnkostnaður ofns III er um 260 milljónir norskra króna eða um 2,7 milljarðar íslenskra króna. Með þriðja ofninum mun árleg framleiðslugeta verksmiðjunnar aukast um 40.000 tonn, eða úr 70.000 tonnum í 110.000 tonn. Samkvæmt áætlunum sem fyrir liggja er um mjög hagkvæma stækkun að ræða sem styrkir samkeppnisstöðu verksmiðjunnar til lengri tíma litið.

Á stjórnarfundi sl. haust var reynt að fá fram afstöðu meðeigenda íslenska ríkisins til stækkunar. Þar kom fram neikvæð afstaða Sumitomo og ljóst var að Elkem mundi setja tiltekin skilyrði fyrir aðild að stækkun. Í framhaldi af þeim stjórnarfundi barst iðnaðarráðherra bréf frá Elkem þar sem boðuð var veruleg stefnubreyting, m.a. ósk um kaup á eignarhlut ríkisins í félaginu í tengslum við stækkun. Í framhaldi af því bréfi óskuðu fulltrúar Elkem og Sumitomo eftir viðræðum við íslensk stjórnvöld.

4.2 Meginsjónarmið eignaraðila.

Viðræður fóru fram 11. og 12. nóvember 1996 við Sumitomo og 18. og 19. nóvember sama ár við Elkem. Þá voru haldnir fjórir sameiginlegir viðræðufundir 30. nóvember 1996, 12. desember 1996, 8. og 9. janúar 1997 og 17. janúar 1997. Af Íslands hálfu tóku þátt í viðræðunum þeir Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneyti, Jón Sveinsson, stjórnarformaður Íslenska járnblendifélagsins hf., og dr. Jóhannes Nordal, fyrrverandi bankastjóri Seðlabanka Íslands, sem ráðgjafi ráðuneytisins. Viðræðurnar fóru fram í nánu samráði við stjórnarmenn ríkisins í félaginu, þá Sturlu Böðvarsson alþingismann, Stefán Ólafsson prófessor og Tryggva Sigurbjarnarson verkfræðing. Þá tók Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Járnblendifélagsins, einnig þátt í hluta viðræðnanna. Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur í iðnaðarráðuneyti, var ritari viðræðunefndarinnar. Loks tók Gunnar Viðar þátt í þessum viðræðum sem lögfræðilegur ráðgjafi. Eftir þessa fundi var afstaða einstakra hluthafa til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar þannig:

— Af Íslands hálfu var lögð áhersla á stækkun verksmiðjunnar og að sú ákvörðun yrði tekin sem fyrst.
— Forsvarsmenn Elkem studdu stækkun, en settu jafnframt sem skilyrði fyrir henni að Elkem eignaðist meiri hluta hlutabréfa í Járnblendifélaginu.
— Sumitomo óskaði ekki eftir því að taka þátt í hlutafjáraukningu sem tengdist stækkuninni. Forsvarsmenn Sumitomo féllust þó á að staðfesta ákvörðun um stækkun og meirihlutaeign Elkem ef breytingar yrðu gerðar á umboðssölusamningi við þá.
— Ríkið og Elkem voru á einu máli um að stækkunin yrði fjármögnuð með hlutafjáraukningu, t.d. sem næmi 25–30% af heildarfjárfestingunni en að öðru leyti með lánsfé.

4.3 Óháð mat á verðmæti eignarhlutar.

Í ljósi óska Elkem um meirihlutaeign, og með hliðsjón af því að einhver breyting á eignarhlut þyrfti að koma til í tengslum við hlutafjáraukningu, var ákveðið að ráða virtan alþjóðlegan fjárfestingarbanka, Salomon Brothers International Ltd. í London, til að meta verðmæti hlutabréfa í Íslenska járnblendifélaginu hf. Salomon Brothers er með umsvifamestu ráðgjöf í verkefnum á sviði fyrirtækjamats í heiminum. Fulltrúar bankans hófu störf í byrjun desember 1996 og bráðabirgðaálit þeirra lá fyrir snemma í janúar á þessu

ári. Matið var unnið fyrir íslenska ríkið en fulltrúar Elkem og Sumitomo komu sjónarmiðum sínum á framfæri við framkvæmd matsins. Athugun Salomon Brothers byggðist að verulegu leyti á framreiknuðu greiðslustreymi og þar með tekjuvirðisaðferð miðað við nokkrar mismunandi forsendur. Enn fremur hafði bankinn hliðsjón af markaðsvirði tveggja norrænna fyrirtækja á þessu sviði, þ.e. Elkem og Fesil í Noregi, sem bæði eru skráð á verðbréfaþingi í Ósló. Niðurstaðan var að verðmæti hlutafjár í félaginu væri á bilinu 225–250 milljónir norskra króna eða um 2.340–2.650 milljónir íslenskra króna. Þetta verðmæti miðaðist við verðmæti félagsins í byrjun árs 1997 áður en greiðsla arðs fyrir árið 1996 færi fram. Hagnaður félagsins á síðasta ári nam rúmum 600 milljónum íslenskra króna. Miðað við arðgreiðslu að fjárhæð 35 milljónir norskra króna eða 364 milljónir íslenskra króna yrði verðmæti hlutfjár 190–215 milljónir norskra króna eða um 1.980–2.240 milljónir íslenskra króna. Verðmætamatið tekur tillit til þess að hér er um mjög áhættusaman rekstur að ræða og er skemmst að minnast að á árinu 1992 lá við gjaldþroti félagsins.

Rétt var talið að fá sjálfstætt mat íslenskra verðbréfafyrirtækja á verðmæti hlutafjár í Íslenska járnblendifélaginu hf. Var leitað til Kaupþings hf. og fyrirtækjasviðs Íslandsbanka hf. til að veita slíka umsögn um matsverð Salomon Brothers.

Umsögn Kaupþings hf. byggðist aðallega á tveimur aðferðum, annars vegar núvirðingu á áætluðu frjálsu sjóðstreymi félagsins næstu 20 ár, sem grundvallaðist að mestu leyti á gögnum frá fyrirtækinu og áætlunum ýmissa fagaðila um verðþróun á járnblendi. Hins vegar var beitt samanburði á lykiltölum úr rekstri og efnahag Íslenska járnblendifélagsins hf. við félag í sömu iðngrein með þekkt markaðsvirði, svo sem Fesil A/S í Noregi. Niðurstaða þeirrar umsagnar var að verðmæti hlutafjár væri á bilinu 250–290 milljónir norskra króna eða 2.600–3.000 milljónir íslenskra króna.

Umsögn Íslandsbanka hf. byggðist á sömu aðferðum. Niðurstaða fyrirtækisins var að verðmæti hlutafjár væri á bilinu 255–280 milljónir norskra króna eða 2.650–2.900 milljónir íslenskra króna.

Rétt er að geta þess að Kaupþing hf. var fengið til að meta verðmæti hlutafjár Íslenska járnblendifélagsins hf. miðað við að ekki yrði af stækkun verksmiðjunnar. Niðurstaðan var að án stækkunar væri verðmæti hlutafjár á bilinu 180–220 milljónir norskra króna eða um 1.870–2.300 milljónir íslenskra króna.

Þegar horft er til niðurstaðna verðmætamats miðað við að ofn III verði byggður annars vegar og miðað við áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar með tveimur ofnum hins vegar, sést að verðmæti verksmiðjunnar eykst umtalsvert. Stækkun verksmiðjunnar var því mikið hagsmunamál fyrir alla eigendur. Ljóst var að ekki gæti orðið af stækkun verksmiðjunnar nema um það næðist samkomulag milli allra eigenda vegna reglna um breytingar á markaðssamningi og ýmissa minnihlutaréttinda í félaginu. Var því kapp lagt á að ná heildarsamkomulagi um málið.

4.4 Meginefni viðræðna 8. og 9. janúar 1997.

Af Íslands hálfu voru lagðar fram á fundi 8. og 9. janúar sl. tillögur um framkvæmd stækkunar á verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. Meginefni tillagnanna var að nýir hlutir í Járnblendifélaginu yrðu gefnir út miðað við markaðsverð heildarhlutabréfa að fjárhæð 2.340 milljónir króna. Gert var ráð fyrir að áskrift nýrra hluta yrði lokið fyrir lok janúarmánaðar 1997 á áætluðu markaðsverði, að frádreginni arðgreiðslu fyrir árið 1996. Með þessari hlutafjáraukningu hefði eignarhlutdeild aðila orðið þannig: Elkem 45% að nafnverði, ríkissjóður 45%, en Sumitomo 10%. Hlutur ríkisins í hlutafjáraukningunni yrði

um fjórðungur af nýjum hlutum, en hlutur Elkem þrír fjórðu. Samhliða skráningu fyrir nýjum hlutum var reiknað með að ríkisstjórnin seldi 20% af hlutafé í Járnblendifélaginu með beinni sölu til innlendra fjárfesta. Í framhaldi af slíkri sölu til íslenskra fjárfesta hefði eignaraðild Elkem orðið 45%, ríkissjóðs 25%, íslenskra fjárfesta 20% og Sumitomo 10%.

Samhliða ofangreindum breytingum var gert ráð fyrir að aðilarnir kæmu sér saman um framkvæmdaáætlun varðandi fyrirhugaðan fjórða bræðsluofn (ofn IV). Ef endanleg ákvörðun yrði tekin um að auka framleiðslugetu verksmiðjunnar um önnur 40.000 tonn á ári, með ofni IV fyrir 1. júlí 1998, fengi Elkem kauprétt á 15% heildarhlut ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf. Sumitomo öðlaðist einnig kauprétt á 3% af eftirstandandi heildarhlut ríkisins í félaginu.

Samkvæmt framangreindum tillögum var einnig gert ráð fyrir hugsanlegum fimmta ofni og að ef út í smíði hans yrði farið öðlaðist Elkem kauprétt að þeim hlutum ríkissjóðs sem eftir væru (7 eða 10%). Ef Elkem nýtti sér rétt sinn ættu íslenskir fjárfestar rétt á að fá hluti sína innleysta.

Loks var gert ráð fyrir að félagið yrði skráð á Verðbréfaþingi Íslands eigi síðar en 1. janúar 2003.

4.5 Samningaviðræðum slitið.

Á fundi í Noregi föstudaginn 28. febrúar sl. var gerð úrslitatilraun til að ná sáttum. Svo sem fram kemur hér að framan höfðu aðilar rætt um verðmæti hlutabréfa í verksmiðjunni er miðaðist við 2.340 milljónir króna en út frá ólíkum forsendum. Ágreiningur stóð einkum um tvö meginatriði, hversu mikinn arð skyldi greiða út fyrir árið 1996 og hvaða verð skyldi leggja til grundvallar ef Elkem nýtti sér kauprétt að hlutum síðar til að öðlast meiri hluta í félaginu. Hvað síðara atriðið varðar var af Íslands hálfu gerð krafa um að verðmætið yrði metið þegar þar að kæmi á meðan Elkem vildi halda sig við sama verð og lagt yrði til grundvallar við upphaflega hlutafjáraukningu, þ.e. 2.340 milljónir króna fyrir arðgreiðslu eða 1.976 milljónir króna eftir greiðslu arðs að fjárhæð 364 milljónir króna. Varð fljótlega ljóst á fundinum að aðilar gætu ekki náð samkomulagi um þennan ágreining og þegar engar tillögur komu frá forsvarsmönnum Elkem varð ljóst að ekki næðist samkomulag um stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. á grundvelli þessara hugmynda. Var viðræðum því slitið.

Í ljósi þessarar niðurstöðu tilkynnti Járnblendifélagið Landsvirkjun með bréfi 7. mars sl. að þar sem eigendur hefðu ekki náð samkomulagi um stækkun verksmiðjunnar treysti félagið sér ekki til þess að nýta sér kauprétt sinn er tengdist ofni III. Beiðni Elkem um að Járnblendifélagið óskaði enn eftir framlengingu á fresti Landsvirkjunar vegna raforkukaupanna var hafnað.

4.6 Samningaviðræður hefjast að nýju.

Helgina 8.–9. mars áttu sér stað óformlegar þreifingar milli samningamanna ríkisins og Elkem sem leiddu til þess að ákveðið var að taka upp formlegar viðræður á nýjan leik. Hófust þær viðræður mánudaginn 10. mars og lauk þeim með undirritun samninga að kvöldi miðvikudagsins 12. mars. Sú grundvallarbreyting sem gerði samninga mögulega fólst í því að Elkem var gert kleift að eignast meiri hluta í félaginu strax þannig að ekki þurfti að koma til frekara verðmats síðar. Heildarverð á hlutabréfum félagsins var jafnframt hækkað og miðað við 2.548 milljónir króna í stað 2.340 milljóna áður. Þá varð að samkomulagi að arðgreiðslur fyrir árið 1996 yrðu að fjárhæð 364 milljónir króna.

Jafnframt náðist samkomulag um nokkur mikilvæg rekstraratriði, m.a.:
— að rannsóknar- og þróunarstarf verði fest í sessi og eflt,
— að óháður mælikvarði sem byggist á viðskiptum milli óháðra aðila eigi við um öll viðskipti félagsins,
— að hver hluthafi hafi rétt til að skipa óháðan löggiltan endurskoðanda til að yfirfara slík viðskipti,
— að fyrirtækið verði rekið sem sjálfstæð rekstrareining og
— að félagið verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

5. Helstu atriði samninga um útgáfu nýrra hluta og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf.

5.1 Yfirlit.

Samningarnir sem undirritaðir voru 12. mars sl. fela í sér nokkra löggerninga og eru þeir helstu sem hér segir:
— Samningur varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. milli hluthafa (Agreement relating to the issue of shares and expansion of Icelandic Alloys Ltd.).
— Breyting á aðalsamningi (Master Agreement) milli hluthafa frá 13. september 1984.
— Samningur um breytingar á samþykktum Íslenska járnblendifélagsins hf.
— Breyting á umboðssölusamningi milli Sumitomo, Elkem og Íslenska járnblendifélagsins hf.
— Sameiginlegt minnisblað Íslenska járnblendifélagsins hf., hluthafa þess og Landsvirkjunar um sameiginlegan áhuga á eflingu orkufreks iðnaðar á Íslandi.

Frumvarp þetta snertir einungis þann þátt laganna sem snýr að eign ríkisins á meiri hluta í Járnblendifélaginu. Jafnframt er leitað heimildar til sölu á eignarhluta ríkisins á almennum markaði. Aðrar breytingar sem verða á samstarfinu kalla ekki á lagabreytingar en sérstaklega skal tekið fram að eldri samningar og gildandi lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði gera ráð fyrir að verksmiðjan stækki án þess að lagabreytingu þurfi til.

5.2 Samningur varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf.

Samningur þessi hefur að geyma ákvæði um það sem nafn hans gefur til kynna. Einstakar greinar samningsins fjalla um eftirfarandi:

Í 1. gr. er staðfest að hluthafar séu sammála um að stækka verksmiðjuna í því skyni að styrkja horfur og fjárhagslega afkomu Járnblendifélagsins þegar til lengri tíma er litið. Í ákvæðinu er því síðan lýst yfir að verksmiðjan skuli stækkuð með ofni III og jafnframt skuli stjórn félagsins kanna grundvöllinn fyrir frekari stækkun.

Í 2. gr. eru ákvæði um hækkun hlutafjár sem Elkem greiðir að fullu. Með þessu breytast eignarhlutföll í verksmiðjunni á þann hátt að eftir hækkunina mun Elkem eiga 51% hlut, íslenska ríkið 38,5% og Sumitomo 10,5%. Hluthafarnir komast með þessu ákvæði að samkomulagi um að meta verðmæti alls hlutafjár í verksmiðjunni á 2.548 milljónir króna fyrir úthlutun arðs fyrir árið 1996. Þessu næst er mælt fyrir um að arður fyrir árið 1996 skuli nema 364 milljónum króna. Nafnverð hlutafjárhækkunarinnar er ákveðið 423,9 milljónir króna en fjárhæð sú sem Elkem greiðir fyrir þann hlut er 932,5 milljónir króna sem jafngildir 2,2-földu nafnverði hlutabréfanna. Loks er mælt fyrir um að ný stjórn skuli kjörin og er gert ráð fyrir að Elkem fái fjóra menn í stjórn, ríkið tvo og Sumitomo haldi einum stjórnarmanni.

Í 3. gr. samningsins er kveðið á um nýtingu á ofni III en samkvæmt greininni er heimilt að telja hann með að fullu við útreikninga á því magni sem Elkem hefur skuldbundið sig til að taka inn í sölukerfi sitt frá Járnblendifélaginu. Kemur þessi nýting í stað þess að ofninn komi inn smám saman, eða á fjórum árum, svo sem kveðið er á um í markaðssamningi milli þessara tveggja aðila. Fyrir þetta greiðir Járnblendifélagið þóknun til Elkem sem nemur alls 156 milljónum króna sem verður greidd á árunum 2000–2002.

Í 4. gr. er fjallað um mögulega stækkun með því að bæta ofni IV við verksmiðjuna en Elkem mun bera ábyrgðina á þeirri ákvarðanatöku. Hafa aðrir hluthafar skuldbundið sig til að fylgja áliti Elkem í því efni. Sérstaklega er þó tekið fram að þetta feli ekki í sér að hluthafar séu skuldbundnir til að leggja frekara hlutafé til félagsins af þessum sökum. Ef frekari stækkun er ákveðin fyrir 1. júlí 1999 hefur Elkem rétt til að kaupa 9% hlut frá ríkinu á verði sem jafngildir 2,5-földu nafnverði eða á alls 317,9 milljónir króna. Sumitomo hefur jafnframt rétt til að kaupa 3% af ríkinu með sömu skilmálum. Jafngildir þetta því að mat á heildarhlutafé félagsins við stækkun verði um 3,6 milljarðar króna.

Í 5. gr. er fjallað um skráningu Járnblendifélagsins á Verðbréfaþingi Íslands. Með ákvæðinu er samið um að hluthafar og félagið geri sitt besta til að af skráningu geti orðið svo fljótt sem hentugt þykir. Íslenska ríkið hefur rétt til að selja hluta af eign sinni með almennu útboði. Elkem og Sumitomo samþykkja að auka ekki hlutafjáreign sína umfram það sem ákveðið er með samningnum í allt að níu mánuði eftir skráningu. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er að rétt þykir að gefa fjárfestum kost á að eiga viðskipti með bréfin án afskipta jafn stórra aðila og Elkem og Sumitomo eru á íslenskum markaði. Tekið er fram í þessari grein að íslenska ríkið verði að halda eftir nægilega stórum hluta til að efna skyldur sínar samkvæmt kaupréttarákvæðinu í 4. gr. samningsins.

Í 6. gr. er kveðið á um þá fyrirvara sem gerðir voru af hálfu aðila og eru forsenda fyrir gildistöku samningsins, sem hér segir:

— að sameiginlegt minnisblað hluthafa, Járnblendifélagsins og Landsvirkjunar sé undirritað á sama tíma og samningurinn sjálfur,
— að breytingar séu gerðar á sölusamningnum milli Járnblendifélagsins, Elkem og Sumitomo,
— að viðaukar um breytingar á aðalsamningi og breytingar á samþykktum séu undirritaðar og
— að samþykki stjórnar Elkem og Sumitomo fáist, sem og samþykki ríkisstjórnar.

Jafnframt er ljóst að samþykki Alþingis þarf að liggja fyrir til að unnt sé að framkvæma samninginn þrátt fyrir að ekki sé um greiðslur af hálfu ríkisins að ræða.

Í 7. gr. er kveðið á um að aðilum sé óheimilt að framselja samninginn til þriðja aðila án samþykkis annarra hluthafa.

Í 8. gr. er fjallað um hugtök og samband við fyrri samninga. Er þar miðað við að hugtök hafi sömu merkingu og í gildandi aðalsamningi aðilanna nema annað sé ljóst af ákvæðum samningsins. Þá er mælt svo fyrir að ef ákvæði þessa samnings eru ósamþýðanleg fyrri samningum eða samþykktum félagsins skuli ákvæði þessa samnings gilda framar. Sama regla gildir ef um leiðbeinandi lagareglur er að ræða sem vikið er frá með samningnum.

Í 9. gr. er mælt fyrir um að samningurinn skuli fara eftir íslenskum lögum og vera túlkaður í samræmi við þau. Hins vegar er mælt svo fyrir að ef deilur kunni að rísa vegna samningsins geti hver deiluaðili skotið málinu til gerðardóms í Stokkhólmi er skuli starfa samkvæmt reglum Verslunarráðs Stokkhólms. Þá er gert ráð fyrir að gerðardómsmeðferðin fari fram á ensku.

5.3 Breytingar á aðalsamningi.

Hluthafar undirrituðu jafnframt fyrsta viðauka við aðalsamning aðila um Íslenska járnblendifélagið hf., en þar er fjallað um þær breytingar sem gera þarf á aðalsamningi aðilanna. Breytingin á aðalsamningnum er viðauki I við þann samning sem lýst er í kaflanum hér á undan.

Í 1. gr. segir að nýrri grein (21) verði bætt við 1. gr. aðalsamningsins og er þar um að ræða skilgreiningu á hinum nýja samningi.

Í 2. gr. segir að grein 2 (4) í aðalsamningi skuli breytt á þann hátt að stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. skuli samanstanda af sjö stjórnarmönnum, sem kosnir eru hlutfallskosningu af hluthöfum í samræmi við hlutfjáreign þeirra, auk sjö varamanna.

Enn fremur segir að hluthafi sem á meira en 50% hlut í Íslenska járnblendifélaginu hf. geti kosið fjóra stjórnarmenn og fjóra varamenn. Einnig segir að hver núverandi hluthafi sem á meira en 10% hlut í Íslenska járnblendifélaginu hf. geti kosið einn stjórnarmann og einn varamann. Hafa ber í huga að hér er um samkomulag núverandi hluthafa að ræða en samkvæmt samþykktum félagsins eins og þær verða eftir breytingu verða ekki neinar hömlur á viðskiptum með hlutabréf. Er þessi skipan mála samþýðanleg reglum sem gilda um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands.

Í grein 2.2 og 2.3 segir að greinar 2 (6) og 2 (7) í aðalsamningi skuli felldar brott, en grein 2 (6) kveður á um að stjórn félagsins skuli samþykkja, fyrir fram og samhljóða, allar eignabreytingar í félaginu. Grein 2 (7) geymir fyrirmæli um kaupskyldu ríkisins á hlut Elkem og Sumitomo að liðnum 15 árum frá því að starfsemi verksmiðjunnar hófst.

Í grein 2.4 kemur fram að grein 2 (8) í aðalsamningi skuli breytt í heild þannig að hluthafi sem vill framselja hluti sína í Íslenska járnblendifélaginu hf., í heild eða að hluta til þriðja aðila (sem ekki er hluthafi), skuli tilkynna það hluthöfum með bréfi eða símbréfi. Í bréfinu skal getið hver skilyrði framsalsins eru.

Hluthafar hafa síðan 30 daga frá fyrsta virkum degi eftir móttöku til að tilkynna viðkomandi hluthafa um þá ætlun sína að nýta sér forkaupsrétt sinn.

Hluthafi sem kýs að nýta forkaupsrétt sinn skal ganga frá kaupum á hlutunum á grundvelli sömu skilyrða og í kauptilboði innan 60 daga, talið frá þeim degi sem tilkynning var send um að hann hyggðist nýta forkaupsrétt sinn.

Kjósi aðrir hluthafar á hinn bóginn ekki að nýta forkaupsrétt sinn getur hluthafi gengið frá sölu hlutanna til væntanlegs kaupanda innan 60 daga frá tilkynningu um tilboð, með sömu skilyrðum og tilgreind voru í tilkynningunni. Að öðrum kosti verður að endurnýja tilboð til annarra hluthafa í samræmi við ofangreint.

Ef fleiri en einn hluthafi ákveða að nýta forkaupsrétt á hlutum skal kaupunum skipt milli hluthafanna í réttum hlutföllum við hlutafjáreign þeirra.

Í grein 2.5 segir að grein 2 (9) í aðalsamningi skuli breytt í heild sinni þannig að þrátt fyrir ákvæði greinar 2 (8) í aðalsamningi skuli hver hluthafi hafa rétt til að framselja hluti sína til eigin dótturfyrirtækja og úr hendi þeirra til upprunalegs hluthafa, en þó með því skilyrði að sérhver framsalshafi afhendi stjórn Íslenska járnblendifélagsins hf. skriflegt samþykki sitt við ákvæðum og skilmálum aðalsamnings, markaðssamnings, umboðssamnings og tæknisamnings, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skulu ákvæði greinar 2 (8) ekki eiga við framsal samkvæmt greinum 5.2 og 5.3 samningsins varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. en í þeim greinum er fjallað um sölu ríkisins á hlutum áður en af skráningu á Verðbréfaþingi Íslands verður og síðan eftirleiðis með sölu á þinginu. Er þessi háttur hafð-

ur á til að ákvæðin verði samþýðanleg ákvæðum laga og reglna Verðbréfaþingsins um skilyrði fyrir skráningu hlutabréfa, en þar er einkum lagt bann við hvers konar hömlum á viðskipti með skráð hlutabréf.

Í 3. gr. samningsins er kveðið á um að grein 4 (2) í aðalsamningi skuli felld brott.

Í 4. gr. samningsins segir að grein 6 (3) í aðalsamningi skuli breytt í heild sinni á þann veg að hluthafar samþykki að Íslenska járnblendifélagið hf. skuli rekið sem sjálfstæð hagnaðareining og að allar greiðslur félagsins skuli umsamdar á grundvelli hlutlægra reglna um viðskipti sem gilda um sams konar fyrirtæki og Íslenska járnblendifélagið hf. Slíkar reglur skuli endurspegla hlutlæg viðmið byggð á viðskiptum milli óskyldra aðila og gildandi skilyrðum í alþjóðaviðskiptum milli fyrirtækja sem ekki tengjast hvort öðru.

Að því leyti sem frekari reglur eru nauðsynlegar til að ákvarða hvort ákveðnar greiðslur séu byggðar á hlutlægum reglum um viðskipti milli óskyldra aðila samkvæmt þessar grein, skulu gilda reglur OECD um Transfer Pricing Guidelines.

Hver hluthafa skal hafa rétt til að láta sjálfstæðan endurskoðanda yfirfara og staðfesta að greiðslur sem vitnað er til í þessari grein byggist raunverulega á hlutlægum reglum um viðskipti milli óskyldra aðila. Íslenska járnblendifélagið hf., Elkem og Sumitomo skuli veita óháða endurskoðandanum frekari upplýsingar um hverja greiðslu og verðútreikninga í því sambandi eftir því sem þurfa þykir.

Íslenska járnblendifélagið hf. skal starfrækt með bestu hagsmuni hluthafa þess, starfsmanna og hins íslenska þjóðfélags fyrir augum.

Í grein 4.2 segir að við 6. gr. aðalsamnings bætist ný málsgrein, 5, þar sem segir að hluthafar viðurkenni mikilvægi tækni- og rekstrarþróunar sem unnið hefur verið að af hálfu starfsfólks Íslenska járnblendifélagsins hf. og í samvinnu við íslenskar rannsóknarstofnanir.

Hluthafarnir munu tryggja að stefna Íslenska járnblendifélagsins hf. verði áfram að reka félagið með áherslu á virka rekstrar- og tækniþróun til að tryggja að félagið verði áfram í fararbroddi hvað varðar rekstur og tæknilega færni á sínu sviði.

Í 5. gr. er kveðið á um að réttindi og skyldur aðila samkvæmt þessum viðauka megi ekki framselja nema að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki allra hinna aðilanna.

Í 6. gr. segir að ef annað leiði ekki af samningnum skuli hugtök sem notuð eru í þessum viðauka 1 hafa sömu merkingu og þeim eru gefin í aðalsamningi. Skuldbindingar samkvæmt þessum viðauka skulu hafa sama gildi og svipaðar skuldbindingar samkvæmt aðalsamningi. Ákvæði aðalsamnings um óviðráðanleg öfl, vanefndir og galla, lög þau sem fara skal eftir, úrlausn ágreiningsmála og viðurkenndan texta skulu gilda um þennan viðauka. Þrátt fyrir það skulu ákvæði 9. gr. samnings varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. gilda um úrlausn ágreiningsmála að því leyti sem framkvæmd þessa viðauka tengist framkvæmd eða túlkun samnings varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf.

5.4 Breytingar á samþykktum Íslenska járnblendifélagsins hf.

Ekki þykir þörf að tíunda breytingar á samþykktum félagsins hér en þær leiðir af þeim samningum sem að framan er lýst og koma ekki til fyrr en á næsta aðalfundi félagsins.

5.5 Breytingar á umboðssölusamningi.

Eins og áður er getið er með breytingum á þessum samningi einkum verið að taka tillit til þess mikla mismunar sem er á verðlagi á kísiljárni í Japan annars vegar og Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum hins vegar. Mismunur þessi stafar einkum af því að Evr-

ópa og Bandaríkin hafa brugðist við miklu framboði af ódýru kísiljárni, einkum frá Kína, Sovétríkjunum fyrrverandi og Suður-Ameríku, með því að setja undirboðstolla á kísiljárn. Japan hefur ekki gripið til sambærilegra aðgerða og því er mikill verðmunur á þessum mörkuðum. Sumitomo hefur um talsverðan tíma liðið fyrir þennan verðmun og er með breytingunum verið að koma til móts við þarfir þeirra til að tryggja að sama markaðshlutdeild haldist og unnt sé að sinna þörfum fastra viðskiptavina þar í landi.

5.6 Sameiginlegt minnisblað um hugsanlega aukna orkusölu.

Að lokum skal getið hér sameiginlegs minnisblaðs (Joint Memorandum) sem er undirritað af Landsvirkjun, Járnblendifélaginu og hluthöfum þess. Þar lýsa þessir aðilar yfir sameiginlegum hagsmunum af frekari orkusölu til félagsins. Minnisblað þetta tekur til þess möguleika að verksmiðja Járnblendifélagsins verði stækkuð umfram þá stækkun sem nú hefur verið tekin ákvörðun um. Í minnisblaðinu er gert ráð fyrir möguleika á fjórða ofni og hugsanlega fimmta ofni í framtíðinni.

6. Elkem ASA.

Þar sem Elkem verður nú meirihlutaaðili að rekstri Íslenska járnblendifélagsins hf. er rétt að gera stuttlega grein fyrir fyrirtækinu.

Elkem ASA er norskt almenningshlutafélag og eru hluthafar um 14.000. Markaðsvirði hlutafjár nam þann 12. mars sl. 5.888 milljónum norskra króna eða u.þ.b. 60 milljörðum íslenskra króna. Félagið er skráð á verðbréfamarkaði í Ósló og Frankfurt. Markaðsvirði hluta hefur farið hækkandi á liðnum tólf mánuðum eða úr rúmum 77 norskum krónum á hlut í 122 norskar krónur á hlut. Elkem stundar vinnslu og sölu á ýmsum málmum. Elkem á, eitt sér eða í samvinnu við aðra, 25 félög og verksmiðjur í Evrópu auk Norður- og Suður-Ameríku. Auk þess hefur félagið söluskrifstofur víða um heim. Starfsmenn þess eru um 5.300.

Helstu niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreiknings áranna 1994–96 eru þessar (fjárhæðir í milljónum norskra króna):

	1996	1995	1994
Rekstrartekjur	9.334	9.320	8.719
Rekstrargjöld	7.957	8.185	8.247
Fjármagnsgjöld og skattar	641	285	179
Hagnaður	736	850	293
Eignir	8.277	8.170	8.070
Skuldir	4.577	4.964	5.377
Eigið fé	3.700	3.206	2.693

Elkem er fjárhagslega traust félag og hefur afkoma þess verið sérstaklega góð árin 1995 og 1996. Eiginfjárstaða félagsins hefur styrkst um rúman einn milljarð norskra króna á þessum tveimur árum.

7. Skráning á Verðbréfaþingi Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands, setur Verðbréfaþing Íslands reglur um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi þingsins, sbr. 11. gr. þeirra laga. Lögin gefa þó leiðbeiningu um hvað eigi að felast í slíkum reglum. Þannig segir að reglurnar eigi m.a. að fela í sér eftirfarandi atriði:

— að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf,
— að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna og
— að þingaðila sé tilkynnt um hvort bréfin fáist skráð að jafnaði innan tveggja mánaða frá því umsókn barst en þó ávallt innan sex mánaða.

Reglur Verðbréfaþings Íslands um skráningu hlutabréfa í skráningarkerfi þingsins hafa síðan að geyma frekari skilyrði og eru þau helstu þessi:
— áætlað markaðsvirði eða eigið fé skal vera minnst 83 milljónir króna eða 1 milljón ECU,
— fleiri en 200 aðilar þurfa að eiga minnst 30.000 króna hlut í félaginu af áætluðu markaðsvirði,
— viðskipti með hlutabréf félagsins skulu vera án takmarkana.

Reglurnar hafa síðan að geyma ítarleg ákvæði um þau gögn sem fylgja eiga umsókn en þau helstu eru eftirfarandi:
— samþykktir félagsins,
— endurskoðaðir ársreikningar síðustu þriggja ára og hlutaársreikningur ef ársreikningur er eldri en átta mánaða,
— útboðs- eða skráningarlýsing sem m.a. skal innihalda upplýsingar um hlutabréfin og hluthafa, útgefanda og starfsemi hans, eignir og skuldir og almennt um fjárhagslega stöðu félagsins, stjórn, framkvæmdastjórn og endurskoðendur og loks nýjustu þróun og útlit fyrir félagið og
— vottorð hlutafélagaskrár.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands getur óskað frekari gagna og upplýsinga áður en skráning fæst. Eftir að félagið hefur verið skráð er meginreglan sú að uppfæra þarf allar upplýsingar um leið og breytingar verða.

8. Starfsleyfi og mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarp þetta snertir einungis þann þátt laganna sem snýr að eign ríkisins á meiri hluta í Járnblendifélaginu. Jafnframt er leitað heimildar til sölu á eignarhluta ríkisins á almennum markaði. Aðrar breytingar sem verða á samstarfinu kalla ekki á lagabreytingar en sérstaklega skal tekið fram að eldri samningar og gildandi lög um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði gera ráð fyrir að verksmiðjan stækki án þess að lagabreytingu þurfi til. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er nauðsynlegt að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63 21. maí 1993, um mat á umhverfisáhrifum. Félagið verður hins vegar að afla starfsleyfis fyrir ofn III og í því verður kveðið á um skilmála þar að lútandi.

9. Mat á þjóðhagslegum áhrifum.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif aukningar á framleiðslugetu Íslenska járnblendifélagsins hf. um 40.000 tonn á ári og byggingar álvers Columbia Ventures Corporation á Grundartanga, Norðuráls hf., með 60.000 tonna framleiðslugetu á ári. Í athugun stofnunarinnar er miðað við áætlanir Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur um framkvæmdir til orkuöflunar og við flutningslínur, áætlanir frá Columbia um álversframkvæmdir og Járnblendifélaginu varðandi stækkun verksmiðju félagsins á Grundartanga.

Í greinargerð stofnunarinnar eru borin saman tvö tilvik, þ.e. með og án stóriðjuframkvæmda. Hafa ber í huga að mat stofnunarinnar er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru í greinargerð stofnunarinnar. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir árin 1997–2000 og nái hámarki árið 1998. Alls er gert ráð fyrir að fjárfesting án vaxta á byggingartíma verði um 36 milljarðar króna, en þar af má rekja u.þ.b. 6 milljarða til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar. Fjárfestingar skiptast þannig á milli ára: 11,6 milljarðar króna árið 1997, 18,6 milljarðar árið 1998 og 5,8 milljarðar árið 1999. Til samanburðar var fjárfesting hér á landi árið 1996 um 91 milljarður króna. Gert er ráð fyrir að um 16 milljarðar komi í hlut innlendra aðila vegna þessara framkvæmda.

Gert er ráð fyrir að ársverk við framkvæmdirnar verði alls um 1.600, þar af 300 vegna Járnblendifélagsins. Búist er við að þar verði að mestu um innlent vinnuafl að ræða. Mest verður eftirspurn eftir mannafla árin 1997 og 1998, eða 530 ársverk árið 1997 og 760 árið 1998.

Eftir að rekstur er hafinn er gert ráð fyrir tæplega 180 ársverkum samanlagt í iðjuverum og raforkuvinnslu, eða um 0,13% af áætluðum heildarmannafla. Reikna má með að um 30 frambúðarstörf skapist vegna stækkunar Járnblendifélagsins. Auk þess koma til afleidd störf.

Gert er ráð fyrir að iðjuverin verði bæði rekin á fullum afköstum árið 2000 og útflutningur þeirra nemi þá um 8,5 milljörðum króna á ári, eða 4,5% af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Hlutdeild Járnblendifélagsins í útflutningi verður 1,7 milljarðar króna. Er þá áætlað að heildarútflutningur stóriðjuafurða verði um 15% af útflutningi í stað 11% nú.

Áhrifin á hagsveifluna á næstu 3–4 árum verða töluvert mikil ef af þessum verkefnum verður. Þannig aukast fjárfestingar í heild um 14% meira en ella á þessu ári og allt að 24% árið 1998. Hagvöxtur 1997 verður tæp 4% í stað rúmlega 2,5%, eða 1,2% meiri en ella. Áhrif fjárfestinganna fjara út árin 1999–2000, en samtímis hefst framleiðsla iðjuveranna.

Eftir að tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til framleiðslu áls og járnblendis má ætla að eftir standi um 4,5 milljarðar króna á ári, sem eru um 0,9% af landsframleiðslunni. Varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar vegna þessara verkefna er um 1,1% eða sem svarar u.þ.b. 5,5 milljörðum króna á ári.

Til lengri tíma litið má reikna með að erlendar vaxta- og arðgreiðslur vegna framkvæmdanna verði að jafnaði um 2,5 milljarðar króna árlega. Eftir standa því rúmlega 2 milljarðar króna, eða um 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu, sem beint framlag til viðskiptajafnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu. Með traustri hagstjórn á framkvæmdaskeiðinu, eins og gert er ráð fyrir í áliti stofnunarinnar, telur hún að varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslunnar geti orðið um 0,7%.

Í greinargerð stofnunarinnar er bent á að erfitt sé að meta umhverfisáhrif verkefnanna á mælikvarða þjóðhagsreikninganna.

Þrátt fyrir að umtalsverð vannýtt framleiðslugeta sé til staðar í hagkerfinu og atvinnuleysi sé 4–5%, er nokkur hætta á að framkvæmdir við iðjuverin og orkuöflun geti valdið þenslu. Þegar hefur verið gripið til aðgerða til að koma í veg fyrir eða draga úr óæskilegri þenslu.

Meðfylgjandi eru tölur sem teknar voru úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers Columbia Ventures Corporation og stækkunar Íslenska járnblendifélagsins.

	Heildaráhrif	Columbia	Járnblendifélagið
Fjárfestingar	36 milljarðar króna	30 milljarðar króna	6 milljarðar króna
Ársverk vegna framkvæmda á árunum 1997–2000	1.600	1.300	300
Útflutningur	8,5 milljarðar króna	6,8 milljarðar króna	1,7 milljarðar króna
Heildarútflutningur stóriðjuafurða sem hlutfall af útflutningi	15 % í stað 11%	14% í stað 11%	12% í stað 11%
Aukning fjárfestinga í heild frá því sem annars hefði orðið	14%	12%	2%
Hagvöxtur 1997	4% í stað 2,5%	3,5% í stað 2,5%	3% í stað 2,5%
Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga stendur eftir	4,5 milljarðar króna á ári (0,9% af landsframleiðslu)	3,5 milljarðar króna á ári (0,6–0,7% af landsframleiðslu)	1 milljarður króna á ári (0,2–0,3% af landsframleiðslu)
Frambúðarstörf	180	150	30
Varanleg heildaraukning landsframleiðslu	1,1% (samsvarar u.þ.b. 5,5 milljörðum króna)	0,8% (samsvarar rúmlega 4 milljörðum króna)	0,3% (samsvarar rúmlega 1,5 milljörðum króna)
Erlendar vaxta- og arðgreiðslur árlega	2,5 milljarðar króna	2 milljarðar króna	500 milljónir króna
Eftir standa	2 milljarðar króna (0,4% af vergri þjóðarframleiðslu)	1,5–2 milljarðar króna (0,3% af vergri þjóðarframleiðslu)	500 milljónir króna (0,1% af vergri þjóðarframleiðslu)
Varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslu	0,7%	0,5%	0,2%

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er afnumin sú skylda að ríkið skuli jafnan eiga meiri hluta í verksmiðjunni og hafa meiri hluta stjórnarmanna. Með samningum þeim sem að framan er lýst er gert ráð fyrir að hlutur ríkisins minnki nú þegar niður í 38,5% og sá hlutur verði síðan seldur í áföngum á Verðbréfaþingi Íslands.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar leiðir af breytingu þeirri sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins en vísan til 55% eignarhlutar mun ekki lengur eiga við.

Um 3. gr.

Nauðsyn ber til að framkvæma þessa breytingu vegna breytingar sem gert lögð er til í 1. gr. frumvarpsins. Fellt er niður ákvæði um að stjórnarmeirihluti íslenska ríkisins megi ekki vera skipaður erlendum ríkisborgurum eða aðilum sem eru búsettir erlendis. Ákvæði þetta á ekki lengur við.

Um 4. gr.

Í greininni er ráðherra veitt heimild til að ráðstafa eignarhlut í félaginu frá ríkinu. Gert er ráð fyrir að sala fari einkum fram á Verðbréfaþingi Íslands en í ákvæðinu er sá fyrirvari gerður að ríkið verði að halda eftir 12% af heildarhlutafé þar til reynt hefur á hvort Elkem og Sumitomo vilja neyta kaupréttar síns. Kaupréttur sá sem hér um ræðir kemur fram í 4. og 5. gr. samnings varðandi útgáfu hlutabréfa og stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. Samkvæmt þeim ákvæðum getur Elkem eignast kauprétt að 9% hlut í félaginu frá ríkinu og Sumitomo getur að sama skapi eignast kauprétt að 3% hlut. Kauprétturinn sjálfur er tímabundinn á þann hátt að hann fellur niður ef ákvörðun um smíði ofns IV er ekki tekin fyrir 1. júlí 1999.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Mat Þjóðhagsstofnunar á áhrifum álbræðslu Columbia Ventures Corporation og stækkunar Járnblendifélagsins á efnahagslíf.

Að beiðni iðnaðarráðherra hefur Þjóðhagsstofnun metið þjóðhagsleg áhrif byggingar álvers Columbia Ventures Corporation (CVC) á Grundartanga með 60.000 tonna framleiðslugetu á ári og aukningu á framleiðslugetu Íslenska járnblendifélagsins (ÍJ) um 40.000 tonn á ári. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta mat er háð ýmsum forsendum sem óvissa ríkir um og raktar eru hér að aftan, en að þeim gefnum eru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Framkvæmdirnar standa yfir árin 1997-2000 með hámarki árið 1998. Alls verður fjárfest fyrir um 36 milljarða króna og um 1600 ársverk þarf til framkvæmdanna. Iðjuverin verða bæði rekin á fullum afköstum árið 2000 og útflutningur þeirra nemur þá um 8½ milljarði á ári, eða 4½% af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Heildarútflutningur stóriðjuafurða nemur þá um 15% af útflutningi í stað 11%.

- Áhrifin á hagsveifluna á næstu 3-4 árum verða töluvert mikil ef verður af þessum verkefnum. Þannig aukast fjárfestingar í heild um 14% frá því sem annars hefði orðið nú í ár og allt að 24% árið 1998. Miðað við núverandi áætlanir aukast þá fjárfestingar um samanlagt 51% árin 1996-1997. Hagvöxtur 1997 verður tæp 4% í stað rúmlega 2½%, eða 1,2% meiri en ella. Þessi áhrif fjárfestinganna fjara síðan út 1999-2000, en samtímis hefst framleiðsla iðjuveranna.

- Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga til framleiðslu áls og járnblendis, má ætla að eftir standi um 4½ milljarður króna á ári, sem eru um 0,9% af landsframleiðslunni. Tæplega 180 frambúðarstörf bætast við í iðjuverum og raforkuvinnslu. Varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar vegna þessara verkefna er um 1,1%, eða sem svarar u.þ.b. 5½ milljarði króna.

- Til lengri tíma litið má reikna með að erlendar vaxta- og arðgreiðslur vegna framkvæmdanna verði að jafnaði um 2½ milljarður króna árlega. Eftir standa því rúmlega 2 milljarðar króna, eða um 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu, sem beint framlag til viðskiptajafnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu. Það má samt ætla að með traustri hagstjórn á framkvæmdaskeiðinu, eins og hér er gert ráð fyrir, geti varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslunnar orðið um 0,7%.

- CVC hefur áform um að stækka verksmiðju sína á Grundartanga ef vel gengur með það verkefni sem nú er ætlunin að ráðast í. Þetta þýðir að endanleg áhrif þessara framkvæmda þegar allt er talið kunna að verða meiri í lengd en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar þarf í þessu sambandi að gæta að því að Íslendingar eru aðilar að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og nú standa yfir samningar um aðgerðir sem miða að því að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Þessir samningar munu því takmarka heildarlosun slíkra lofttegunda hér í framtíðinni.

Umfang framkvæmdanna

Reiknað er með að framkvæmdir við verksmiðjur og þau orkuver og önnur mannvirki sem til þarf standi yfir árin 1997-2000 með hámarki árin 1997-1998. Gert er ráð fyrir að framleiðsla CVC hefjist á árinu 1998 og að fyrirtækið verði rekið á fullum afköstum 1999. Reiknað er með að stækkun ÍJ taki til starfa á árinu 1999 og að afköst verði um 60% 1999, en 100% árið 2000.

Fjárfesting án vaxta á byggingartíma í stóriðjuverum og orkumannvirkjum vegna þessara verkefna eykst um 11,6 milljarða króna árið 1997, 18,6 milljarða 1998 og 5,8 milljarða 1999. Fjárfesting árið 2000 eykst um 200-300 milljónir króna, en í heild nemur fjárfestingin í verksmiðjum, aðstöðu þeirra vegna og virkjunum 36,2 milljörðum króna árin 1997-2000. Þar af eru um 22,2 milljarðar vegna fjárfestinga í raforkumannvirkjum, 11,3 milljarðar vegna CVC og 2,7 milljarðar vegna ÍJ. Til samanburðar var áætluð heildarfjárfesting 1996 um 91 milljarður króna. Um 44% fjárfestingarinnar er innflutt og því koma alls tæplega 16 milljarðar króna í hlut innlendra aðila vegna þessara framkvæmda.





Ársverk í framkvæmdum vegna stækkunarinnar verða alls um 1600. Búist er við að þar verði um Íslendinga að ræða að langmestu leyti. Mest verður spurn eftir mannafla 1997 og 1998, eða 530 og 760 ársverk. Ársverk í byggingarstarfsemi 1996 voru um 10.000 talsins og nemur þetta því um 5-8% aukningu eftirspurnar eftir mannafla í þeim geira á árunum 1997-1998. Að auki bætast við um 80 ársverk 1998 vegna reksturs CVC og síðan varanleg aukning sem nemur tæplega 180 ársverkum samanlagt í iðjuverum og raforkuvinnslu, eða um 0,13% af áætluðum heildarmannafla.

Utanríkisviðskipti og bein áhrif á þjóðarframleiðslu
Miðað við full afköst, álverð á LME sem nemur $1.700/tonn og verð járnblendis sem nemur $660/tonn, eykst útflutningur um 8½ milljarð á ári, eða um 4½% af útflutningi vöru- og þjónustu að óbreyttum horfum. Framleiðsla CVC verður væntanlega um 20.000 tonn árið 1998. Árið 1999 verður CVC rekið á fullum afköstum, en stækkun ÍJ um 60%. Fullum afköstum beggja iðjuveranna verður hins vegar náð árið 2000. Þegar tekið hefur verið tillit til innfluttra aðfanga, má ætla að eftir standi rúmlega 4½ milljarður króna á ári, sem eru um 0,9% af landsframleiðslunni. Þar koma um 0,7% frá CVC og 0,2% frá ÍJ. Þetta er jafnframt áætlað framlag þessara verkefna til vöruskiptajafnaðarins og vergrar landsframleiðslu. Það ber að hafa í huga að verð á afurðum og aðföngum í stóriðju er mjög sveiflukennt frá ári til árs og jafnvel litið til nokkurra ára í senn og því ber að taka þessar tölur sem langtímaáætlanir.

Áhrifin á viðskiptajöfnuð og verga þjóðarframleiðslu er erfiðara að áætla en framlag til landsframleiðslu því þá koma til frádráttar vaxtagjöld erlendra lána fyrirtækjanna sem að verkefnunum standa (þ.e.a.s. CVC, ÍJ, Landsvirkjunar og Hitaveitur Reykjavíkur) og jafnframt arðgreiðslur til erlendra eigenda þeirra í þeim tilvikum sem um slíkt er að ræða. Það er rétt að taka fram að erlendar skuldir fyrirtækjanna eru í öllum tilvikum taldar með skuldum þjóðarbúsins, enda um íslenska lögaðila að ræða. Jafnframt eru fastafjármunir þeirra taldir til þjóðarauðs Íslands. Erlend eiginfjárframlög eru hér áætluð um þriðjungur af stofnkostnaði og reiknað er með að til lengri tíma litið ætli eigendur sér ávöxtun af fé sínu sem svarar ávöxtun á hlutafjármarkaði í Bandaríkjununum. Það er hins vegar ógerningur að áætla hvernig arðgreiðslur verða frá ári til árs. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að CVC mun áforma að stækka verksmiðju sína á Grundartanga ef vel gengur með það verkefni sem nú er ætlunin að ráðast í. Þannig er í mati á umhverfisáhrifum miðað við allt að 180.000 árstonna framleiðslugetu. Þetta þýðir að raunveruleg áhrif þessara framkvæmda og greiðslustreymi vegna þeirra þegar allt er talið kunna að verða meiri í lengd en hér er gert ráð fyrir.

Það má ætla að skuldir fyrirtækjanna, að meðtöldum skuldum Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur nemi um 30-35 milljörðum króna í upphafi rekstrar. Að öllu samanlögðu má ætla að erlendar vaxta- og arðgreiðslur vegna framkvæmdanna verði að jafnaði um 2½ milljarður króna árlega. Því standa eftir rúmlega 2 milljarðar króna, eða um 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu, sem beint framlag til viðskiptajafnaðar og vergrar þjóðarframleiðslu. Það ber hins vegar að benda á að verulegur hluti þeirra lána sem fyrirtækin taka fara til kaupa á innlendri vöru og þjónustu. Því hækka skuldir þjóðarbúsins í heild ekki sem svarar lánum til verkefnanna, nema mjög illa takist til við hagstjórn, og jafnframt er endanleg breyting á vergri þjóðarframleiðslu jákvæðari en þessir reikningar gefa til kynna. Dæmi um líklega heildarniðurstöðu er sýnt hér að aftan.

Umhverfisáhrif verkefnanna er mjög erfitt að meta á heföbundinn mælikvarða þjóðhagsreikninga. Þó ætti í raun réttri að gera tilraun til að taka þau með í reikninginn. Til að meta slík áhrif þarf raunhæfa könnun á mati fólks á umhverfinu og hvað það telur að skaðinn vegna virkjanaframkvæmda og mengunar sé mikill þegar á allt er litið. Því verður einungis látið nægja að benda á þennan þátt hér. Ennfremur er rétt að benda á að losun gróðurhúsalofttegunda frá álveri CVC og stækkun ÍJ mun jafngilda um 258.000 tonnum koltvísýrings árlega, eða um 9% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 1990, en við hana er miðað í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir á vegum Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (FCCC). Því gætu þessi verkefni haft áhrif á aðra atvinnustarfsemi í framtíðinni og þarf sérstaklega að hafa þetta í huga við veitingu leyfis nú til stækkunar verksmiðjanna í framtíðinni. Þetta er hins vegar háð niðurstöðu úr áðurnefndum samningaviðræðum og benda ber á að stefna íslenskra stjórnvalda er að skuldbindingar í þessum efnum eigi ekki að koma í veg fyrir að reist verði stóriðjufyrirtæki í landinu.

Heildaráhrif

Til að gefa hugmynd um heildaráhrif framkvæmdanna að gefnum þeim forsendum sem að framan greinir hefur þjóðhagslíkan Þjóðhagsstofnunar verið beitt til framreikninga á þróuninni með og án þessara iðjukosta. Mismunur sviðsmyndanna tveggja (þ.e.a.s. dæmis með aukinni stóriðju og grunndæmis án aukinnar stóriðju) gefur þá mat á heildaráhrifum verkefnanna. Fyrirvara verður samt að hafa á slíkum reikningum því fyrir utan þá óvissu sem ríkir um forsendur varðandi verkefnin sjálf, t.d. kostnað við framkvæmdir, verð á afurðum og aðföngum og þróun vaxta og arðgreiðslna, þá eru niðurstöður mjög háðar þeim forsendum sem settar eru varðandi viðbrögð annarra aðila. Spurningin er hvernig heimili, fyrirtæki, stéttarfélög, sveitarfélög og ríki bregðast við þeim auknu tekjum sem koma til, sérstaklega á framkvæmdaskeiðinu 1997-1999.

Hér er farin sú leið að gera ráð fyrir að rekin verði mjög aðhaldssöm fjármála- og peningastefna af hálfu hins opinbera, en líkt er eftir hegðan annarra aðila með sama hætti og venjulega í líkaninu. Þannig er samneyslu og fjárfestingum hins opinbera haldið föstum milli sviðsmynda og gert er ráð fyrir að raunvextir verði um fjórðungi úr prósentustigi hærri 1997-1999 en ella. Í þessu sambandi má benda á að þegar hefur verið dregið úr framkvæmdum hins opinbera á árinu 1997-1998 til að skapa svigrúm fyrir stóriðjuframkvæmdirnar. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á útflutningstekjum utan stóriðju, nema hvað reiknað er með neikvæðum raungengisáhrifum á tekjur af ferðamönnum sem nema mest tæplega 2% á framkvæmdaskeiðinu en innan við ½% í lokin. Þessi áhrif koma til vegna þess að umrædd verkefni leiða til nokkurrar hækkunar á raungengi krónunnar, sérstaklega á framkvæmda-skeiðinu, en einnig til lengri tíma litið.

Ytri forsendur, t.d. um afla, viðskiptakjör, og erlenda vaxtaþróun eru óbreyttar milli sviðsmyndanna sem og forsendur um gengisþróun. Hins vegar eykst einkaneysla og fjárfestingar í íbúðarhúsnæði vegna aukinna tekna heimilanna og einnig aukast fjárfestingar fyrirtækja og spurn eftir mannafla vegna aukinnar framleiðslu og tekna. Því koma fram nokkur afleidd áhrif af þessum verkefnum. Þau eru hins vegar langan veg frá þeim "margföldurum" sem stundum er fleygt í umræðu um verkefni af þessu tagi og gera ráð fyrir fjór- til fimmföldun beinu áhrifanna. Að baki slíkum reikningum liggur forsenda um mikla vannýtingu framleiðslugetu hagkerfisins og fjöldaatvinnuleysi, sem á alls ekki við á Íslandi um þessar mundir.



Eins og kemur fram á myndinni að ofan er reiknað með að fjárfesting aukist í heild um 14% frá því sem ella hefði orðið á árinu 1997 og að hún verði 24% meiri en ella árið 1998. Síðan falla fjárfestingar vegna stóriðjunnar burt og eftir árið 2000 standa eftir óbein áhrif sem nema um 2% aukningu frá grunndæmi.[1] Þar sem fyrirfram var reiknað með 8% aukningu fjárfestinga 1997 þýðir þetta um 21% aukningu í heild það ár og samanlagða aukningu fjárfestinga sem nemur 51% árin 1996-1997 miðað við núverandi áætlanir.



Áhrifin á landsframleiðslu (þ.e.a.s. uppsafnaðan hagvöxt) eru sýnd á myndinni hér að ofan. Mest verða þau árið 1998, eða 2%, en áhrif í lok reikningstímabilsins árið 2004 eru um 1,1%. Mismunurinn milli sviðsmynda, mældur í %, fer minnkandi á árunum þar á eftir vegna

[1] Athugið að myndin sýnir ekki breytingar milli ára, heldur mismun í % á heildarstærðum ár frá ári milli dæmanna tveggja. Mismunurinn í lokin, mældur í %, fer minnkandi á árunum þar á eftir vegna vaxandi stærðar hagkerfisins.

vaxandi stærðar hagkerfisins. Áhrif til aukningar hagvaxtar 1997 eru um 1,2% og yrði hagvöxtur tæp þá tæp 4% miðað við núverandi áætlanir. Útflutningur 1998 eykst 1,3 % meira en ella og aftur bætast um 3% við 1999. Heildarútflutningur stóriðjuafurða nemur í lokin um 15% af útflutningi í stað 11% ella.

Hugsanleg þróun erlendra skulda og viðskiptajafnaðar er sýnd á næstu mynd, en rétt er að minna á þá fyrirvara sem settir voru varðandi þá reikninga hér að framan. Líklegt er að heildaráhrif á viðskiptajöfnuð verði neikvæð sem svarar 3% af landsframleiðslu þegar framkvæmdir eru í hámarki. Að loknu framkvæmdaskeiðinu kemst jafnvægi á á ný.



Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 18 11 maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórnin fái heimild til að ganga frá samningum um Íslenska járnblendifélagið hf. við hina erlendu hluthafa í félaginu. Samningurinn sem leitað er heimildar til að gera felur í sér að hlutur ríkisins í félaginu lækki úr 55% í 38,5% og verksmiðjan verði stækkuð með því að þriðja ofni verði bætt við. Elkem AS mun auka hlutafé sitt um 932,5 m.kr. og standa þannig fyrir allri þeirri aukningu hlutafjár sem nauðsynleg er vegna stækkunarinnar. Þannig mun hlutur Elkem aukast úr 30% í 51%.

Þá er gert ráð fyrir að greiddur verði 364 m.kr. arður af rekstri ársins 1996 og munu 200 m.kr. þar af falla í hlut ríkissjóðs. Kostnaður ríkissjóðs af samningsgerðinni nemur rúmum 2 m.kr. og verður hann greiddur af fjárveitingu iðnaðarráðuneytisins.

Ekki verður séð að annar kostnaður falli á ríkissjóð af samþykkt þessa frumvarps. Ekki verður fjallað um óbein tekjuáhrif sem fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa, svo sem þjóðhagsleg áhrif eða tekjuaukningu ríkissjóðs þar af. Augljóst er þó að þau áhrif munu verða töluverð, enda er gerð grein fyrir því í athugasemdum með frumvarpinu.

803. Frumvarp til laga [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Við útflutning sjávarafurða sem fluttar hafa verið inn til landsins til vinnslu eða umpökkunar skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum.
b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Á umbúðum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðva þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður er orðast svo: Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Innflutningur sjávarafurða**, með fjórum nýjum greinum, 19.—22. gr., og V. kafli, **Landamærastöðvar**, með fimm nýjum greinum, 23.—27. gr., og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (IV. kafli.)

a. (19. gr.)

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflytjandi sjávarafurða, sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 12. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

b. (20. gr.)

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða að meðtöldu fiskmjöli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan EES.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

c. (21. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 20. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum. Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

d. (22. gr.)

Öryggisákvæði.

Í þeim tilfellum sem sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

B. (V. kafli.)

a. (23. gr.)

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

b. (24. gr.)

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum, sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 21. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskmjöl enda sé hún laus við eiturefni. Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal aðeins fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

c. (25. gr.)

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

d. (26. gr.)

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr. Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að hækka gjöld skv. 2. mgr. ef í ljós kemur að kostnaður Fiskistofu af eftirliti með innfluttum sjávarafurðum er meiri en nemur þessum gjöldum. Gjaldið skal þá miðast við raunverulegan kostnað við eftirlitið.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

e. (27. gr.)

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Samningaviðræðum sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB um að fella inn í EES-samninginn samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir lauk með samkomulagi í nóvember 1996. Er gert ráð fyrir að þetta samkomulag verði lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina til ákvörðunar í lok apríl eða maí nk. Ísland yfirtekur þær gerðir er varða fisk, fiskafurðir, fiskmjöl, lifandi humar, lúðuseiði, barrahrogn og hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju. Ísland heldur undanþágu sinni varðandi lifandi dýr og dýraafurðir. Noregur yfirtekur hins vegar þær gerðir er varða fisk, fiskafurðir, fiskmjöl, lifandi dýr og afurðir dýra.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið árið 1992 gengust EFTA-ríkin, þar með talið Ísland, undir þá skyldu að taka upp í löggjöf sína I. kafla tilskipunar 91/493/EBE, um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu fiskafurða, tilskipun 91/492/EBE, um framleiðslu á lifandi skelfiski og tilskipun 91/67/EBE um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu eldisfisks og eldisafurða. Ákvæði þessara tilskipana eru meginefni laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, ásamt reglugerð nr. 684/1995, um meðferð og vinnslu sjávarafurða og reglugerð nr. 163/1996, um meðferð, vinnslu og sölu skelfisks.

II.

Samningaviðræður milli EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar EB um einfaldað landamæraeftirlit hófust í ársbyrjun 1994. Ástæður fyrir viðræðunum voru þær að framkvæmdastjórnin vann þá að samræmingu reglna um landamæraeftirlit gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins. Þá lá fyrir að framkvæmdastjórn EB mundi gefa út ákvörðun þess efnis m.a. að sýni yrðu tekin úr 20–50% sendinga sjávarafurða sem fluttar yrðu inn til sambandsins. Enda þótt EFTA-ríkin hefðu yfirtekið meginreglur sambandsins um fram-

leiðslu sjávarafurða var ljóst að afurðir þeirra þyrftu að sæta þessari skoðun á landamærum með tilheyrandi kostnaði, töfum og takmörkunum á innflutningshöfnum og flugvöllum. Ákvörðun framkvæmdastjórnar EB átti að taka gildi á árinu 1995 en var oft frestað. Þessar samræmdu heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og afurðir dýra, þar með taldar fiskafurðir, tóku gildi 1. janúar 1997.

Í viðræðunum voru rök EFTA-ríkjanna gagnvart framkvæmdastjórn EB þau að með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins hefðu ríkin tekið yfir samræmdar reglur ESB það er varðar meðferð, framleiðslu og dreifingu fisks og fiskafurða. Hins vegar hefðu reglur um landamæraeftirlit ekki verið yfirteknar vegna undanþágna sem veittar voru fyrir landbúnaðarafurðir. Efnisleg ástæða til heilbrigðisskoðana á sjávarafurðum á landamærum ESB væri ekki fyrir hendi þar sem sömu reglur giltu um meðferð og framleiðslu sjávarafurða t.d. á Íslandi og innan ESB.

Í fyrstu stóðu öll EFTA-ríki, sem þá áttu aðild að samtökunum, að viðræðunum. Afar erfitt var að samræma ólíka hagsmuni Austurríkis, Svíþjóðar og Finnlands gagnvart hagsmunum Íslands og Noregs vegna sérstöðu þeirra með sjávarafurðir. Þetta tafði viðræðurnar. Þá lágu viðræður að mestu niðri meðan aðildarviðræður annarra EFTA-ríkja, þó ekki Íslands, stóðu yfir. Lengstur tími fór þó í að samræma sjónarmið í Noregi eftir að Norðmenn höfnuðu inngöngu í Evrópusambandið enda tókust þar á ólíkir hagsmunir landbúnaðar og sjávarútvegs. ESB var ekki reiðubúið að ganga skemmra gagnvart Noregi en samið hafði verið um í aðildarviðræðunum, þ.e. að reglur næðu til lifandi dýra, afurða dýra og sjávarafurða.

Skriður komst á viðræðurnar þegar að gildistöku ákvörðunar um samræmt landamæraeftirlit var komið sl. sumar. Þá lögðu Svíar og Finnar þunga áherslu á að samið yrði við EFTA-ríkin sem eftir voru. Ástæða þess var sú að Svíar og Finnar sáu fram á að ríkin þyrftu að leggja út í mjög miklar fjárfestingar við skoðunarstöðvar á landamærum ríkjanna við Noreg.

Ákvörðun ESB um samræmingu reglna um heilbrigðisskoðanir á landamærum Evrópusambandsins lýtur einnig að samræmdri gjaldtöku fyrir eftirlitið. Fyrir lá tillaga um helmingi hærri gjaldtöku fyrir hverja vörusendingu en gert er ráð fyrir í dag og að aðildarríki sambandsins gætu heimilað enn hærra gjald. Var það áhyggjuefni að gjaldtakan mátti nema raunverulegum kostnaði við eftirlitið. Fyrirkomulag við eftirlitið þótti óljóst og báru flestir kvíðboga fyrir töfum flutningabíla og aukinni gjaldtöku til að standa undir fjárfestingum við byggingu nýrra skoðunarstöðva. Því til viðbótar var bent á að tilviljun réði hver lenti í úrtaki vegna skoðana og ógerningur væri að fylgjast með því að rétt væri að úrtaki staðið. Þannig yrði mun hærra hlutfall en 20% sendinga í raun skoðað.

III.

Í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var ákvæði um að endurskoðun á undanþágum ríkja skyldi fara fram árið 1995. Viðræðurnar snerust þannig annars vegar samningsbundna endurskoðun á I. viðauka við EES-samninginn og hins vegar um afnám landamæraeftirlits á EES-svæðinu.

Verði samkomulag, sem náðist í nóvember sl. meðal sérfræðinga EFTA og framkvæmdastjórnar EB, staðfest verða Ísland og Noregur að taka að sér heilbrigðiseftirlit með vörum frá ríkjum utan Efnahagssvæðisins, Ísland aðeins með sjávarafurðum en Noregur með sjávarafurðum, landbúnaðarafurðum og lifandi dýrum.

Samkomulag þetta þykir afar hagstætt Íslandi þar sem það tekur einungis til sjávarafurða. Þetta þýðir að mun minni kostnaður fellur á íslenskar sjávarafurðir sem fluttar eru á okkar stærsta markað. Erfitt er að reikna nákvæmlega í krónum þennan ávinning enda enn óljóst hvernig framkvæmd eftirlitsins verður í raun hjá ESB og hvernig ákvörðunin verður túlkuð. Þá ræðst fjárhæðin eðlilega af samsetningu útflutningsins á hverjum tíma. Í Noregi var reynt að leggja mat á þennan kostnað og var talið að hann yrði ekki undir 50 milljónum norskra króna (um 500 milljónum íslenskra króna). Það er því líklegt miðað við sömu forsendur að kostnaður af íslenskum afurðum gæti numið a.m.k. 250 milljónum króna árlega, auk fyrirhafnar, tímataps og seinkunar á afhendingu vörunnar.

IV.

Ávinningur af þessu samkomulagi er ekki eingöngu fólginn í minni kostnaði, tímasparnaði við flutning vörunnar og auknu hagræði. Má nefna að eftirleiðis er unnt að flytja sjávarafurðir frá Íslandi til hvaða hafnar eða flugvallar sem er innan ESB. Ella hefðu aðeins tilteknar hafnir og einstakir flugvellir verið heimilaðir til innflutnings til ESB.

Á grundvelli samkomulagsins hefur Ísland þegar fengið áheyrnaraðild að fastanefnd um dýraheilbrigði (Standing Veterinary Committee) en sú nefnd er framkvæmdastjórn EB til aðstoðar við mótun og framkvæmd löggjafar á þessu sviði. Þessi nefnd er sá vettvangur þar sem fjallað verður um þau vandamál sem upp kunna að koma varðandi löggjöf ESB/EES á sviði meðferðar og eftirlits með sjávarafurðum og mótaðar þær breytingar sem gera þarf á þeim reglum. Það er því mjög mikilvægt fyrir Ísland að geta tekið þátt í umfjöllun um þær reglur sem yfirtaka þarf hér á landi frá byrjun. Einnig hefur Ísland fengið aðild að undirnefndum sem gera tillögur að reglum um fisk, fiskafurðir og fiskmjöl.

Á hinn bóginn kemur til kostnaður vegna eftirlits með sjávarafurðum frá skipum sem landa hér og sigla undir fánum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, svonefndra þriðju ríkja. Hér er einkum um að ræða frystar afurðir því að afli fiskiskips sem ísaður er um borð er aðeins háður skynmatsskoðun og innflutningur á sjávarafurðum til beinnar neyslu er eðlilega mjög lítill. Lagt er til að innflytjendur greiði gjald fyrir þetta eftirlit en stofnkostnaður falli á ríkissjóð.

V.

Meginatriði þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði á lögum nr. 93/1992 eru eftirfarandi:

1. Innflutningur á fiski og fiskafurðum til Íslands verði óheimill öðrum en þeim sem uppfylla heilbrigðiskröfur ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
2. Sjávarútvegsráðuneytið haldi skrá yfir þær vinnslustöðvar og þau verksmiðjuskip og frystiskip í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES-ríkja.
3. Sérstökum landamærastöðvum verði komið á fót þar sem opinberum eftirlitsmönnum verði falið að annast eftirlit með innflutningi á fiski og fiskafurðum frá ríkjum utan EES.
4. Komi upp, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða þriðja ríki, sjúkdómur eða aðstæður, sem kunna að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, geti sjávarútvegsráðuneytið gripið til öryggisráðstafana gagnvart viðkomandi ríki. Þær aðgerðir geti ýmist verið fólgnar í algjöru innflutningsbanni eða setningu

sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fiski og fiskafurðum frá viðkomandi ríki.

5. Gerð er tillaga um gjaldtöku fyrir eftirlit með fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum þar sem til þess er ætlast að hún sé samræmd á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna og í 2. mgr. eru ákvæði um innflutning sjávarafurða. Í 3. gr. þessa frumvarps er gerð tillaga um að nýjum kafla verði bætt við lögin er fjalli um innflutning sjávarafurða. Því er þessum ákvæðum ofaukið. Núverandi 1. málsl. frumvarpsins er ekki nýmæli heldur er aðeins að finna í honum orðalagsbreytingu sem nauðsynlegt þykir að gera til samræmis við breytingar á 6. gr.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að breyting verði gerð á merkingum sjávarafurða. Breytingin felur í sér að eftirleiðis verður gerður greinarmunur á merkingum pakkaðra og ópakkaðra afurða. Ópakkaðar afurðir (búlkaðar) eru t.d. laust fiskmjöl, fiskmjöl í sekkjum eða saltfiskur á brettum. Leyfisnúmer vinnslustöðvar skal koma fram bæði á umbúðum og í fylgiskjölum með pökkuðum afurðum þannig að unnt sé að rekja uppruna þeirra til framleiðandans. Þessar upplýsingar þurfa, eðli málsins samkvæmt, einungis að koma fram í fylgiskjölum ópakkaðra afurða. Breyting þessi er gerð til samræmis við tilskipun 95/71/EBE, 7. tölul. 1. gr.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að við lögin bætist tveir nýir kaflar er verði IV. og V. kafli.

Um A (IV. kafla).

Kaflinn fjallar um innflutning sjávarafurða. Gerður er greinarmunur á innflutningi frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og innflutningi frá ríkjum utan EES eða svonefndum þriðju ríkjum. Fjallar 19. gr. um viðskipti með sjávarafurðir milli EES-ríkjanna en 20. gr. um viðskipti við þriðju ríki. Þessi kafli byggir á tilskipunum 89/662/EBE og 90/425/EBE. Tilskipun 89/662 fjallar um eftirlit með dýraafurðum sem Ísland yfirtekur eingöngu að því er varðar sjávarafurðir. Seinni tilskipunin fjallar um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og afurða. Ísland yfirtekur þessa tilskipun, eins og áður hefur komið fram, að því er varðar humar og lúðuseiði, barrahrogn, hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju.

Heilbrigðiseftirlit með sjávarafurðum á EES er að meginstefnu til í höndum útflutningsríkisins og ber það ábyrgð á því. Þeir aðilar í útflutningsríkinu, sem vilja dreifa fiskafurðum á Evrópska efnahagssvæðinu, þurfa að uppfylla þær heilbrigðiskröfur sem þar gilda. Þetta hefur í för með sér að sjávarafurðir, sem fluttar eru milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þurfa ekki að sæta heilbrigðisskoðun og landamæri eru í því tilliti afnumin. Þannig eiga íslenskar sjávarafurðir greiðari aðgang að Evrópumarkaði en áður og að sjálfsögðu gilda þá sömu reglur um innflutning til Íslands frá öðrum ríkjum EES. Það skal tekið fram að Ísland er ekki aðili að sameiginlegu tollabandalagi ESB og því er hér ávallt talað um innflutning til Íslands.

Samræmdum heilbrigðisreglum við meðferð fisks og fiskafurða var komið á hér á landi við gildistöku EES-samningsins. Þá voru lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sett til samræmis við heilbrigðisreglur EES. Öllum aðilum, sem uppfylla umræddar kröfur, er úthlutað vinnsluleyfi af Fiskistofu og slíkt leyfi þurfa allir íslenskir framleiðendur fiskafurða að hafa sem selja afurðir innan EES.

Um a-lið (19. gr.).

Í 1. mgr. er kveðið á um tilkynningarskyldu til Fiskistofu um innflutning sjávarafurða. Nauðsynlegt þykir að Fiskistofa hafi yfirlit yfir magn innflutts hráefnis sem fer til frekari vinnslu eða umpökkunar hjá vinnsluleyfishöfum sem og vegna gjaldskyldu kaupanda. Fiskistofa þarf einnig að hafa möguleika á að kanna uppruna afurða og viðurkenningu framleiðanda eða skips. Þá er áríðandi að Fiskistofa hafi upplýsingar um komu sendinga til að geta beitt skyndiskoðunum, sbr. 3. mgr., eða ef rökstuddur grunur er fyrir hendi um að heilbrigðiskröfum hafi ekki verið fullnægt.

Í 2. mgr. er vinnsluleyfishafa gert að halda skrá yfir mótteknar sendingar og að sannreyna að ekki sé misræmi milli sendinga og skilríkja sem vörunni fylgja. Eðlilegt þykir að skráningar séu hluti af innra eftirliti viðkomandi fyrirtækis sem er undir yfirumsjón Fiskistofu. Einnig er talið nauðsynlegt að slíkar skráningar séu fyrir hendi til þess að unnt sé að ganga úr skugga um að upprunareglum og reglum um aðgreiningu innflutts hráefnis frá innlendu séu virtar.

Eins og fram hefur komið í almennum athugasemdum er meginreglan sú að sýnatökur og eftirlit með fiskafurðum frá ríkjum innan EES falla niður. Fiskistofu er þó heimilt að gera skyndiskoðun telji hún ástæðu til þess. Þessum skoðunum eru þó takmörk sett. Þær verða að vera í samræmi við ákveðna áætlun sem háð er samþykki ESA. Fiskistofu ber að beita þessum skyndiskoðunum án mismununar og er óheimilt að innheimta gjöld vegna þeirra.

Í 4. mgr. i.f. er tekið fram að afla skipa frá ríkjum innan EES skuli skoða með sama hætti og afla íslenskra skipa. Þykir ástæða til að kveða skýrt á um að ekki megi mismuna íslenskum skipum og skipum frá öðrum ríkjum innan EES hvað varðar eftirlit. Fyrirkomulag við ferskfiskeftirlit hér á landi er ekki í hvívetna eftir reglum Evrópusambandsins en tryggja verður að sambærilegt eftirlit sé haft með öllum skipum frá EES-svæðinu.

Um b-lið (20. gr.).

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við tilskipanir 90/675/EBE og 91/496/EBE sem fjalla um heilbrigðiseftirlit með dýrum og afurðum þeirra sem flutt eru inn frá þriðju ríkjum. Tilskipun 90/675/EBE fjallar um eftirlit með dýraafurðum sem Ísland yfirtekur eingöngu að því er varðar sjávarafurðir. Tilskipun 91/496/EBE fjallar um eftirlit með heilbrigði lifandi dýra og afurða. Ísland yfirtekur þessa tilskipun að því er varðar humar, lúðuseiði, barrahrogn og hrogn og svil Atlantshafslax, regnbogasilungs og bleikju.

Meginreglan er sú að allan lifandi fisk og fiskafurðir, þar með talið fiskmjöl, skal skoða á landamærastöð. Hins vegar er fiskiskipum heimilt að landa afla sínum í öðrum höfnum að því tilskildu að hann sé óunninn.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir undanþágum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Hér getur verið um einstök tilvik að ræða þar sem heppilegra eða nauðsynlegt þykir að skoða vöruna utan landamærastöðva. Þá er gert ráð fyrir því í 27. gr. að ráðherra setji m.a. reglugerð um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum. Má sem dæmi nefna afurð-

ir sem ferðamenn flytja inn í persónulegum farangri sínum, litlar pakkningar til einstaklinga sem ætlaðar eru til neyslu og afurðir sem ætlaðar eru áhöfn eða farþegum til neyslu um borð í flugvélum eða skipum.

Í 3. mgr. er tiltekið að þeir aðilar einir sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES megi flytja inn fisk og fiskafurðir á Evrópska efnahagssvæðið. Er þetta til samræmis við II. kafla tilskipunar 91/493/EBE. Gefnar verða út skrár yfir þær vinnslustöðvar, verksmiðjuskip og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur en öðrum er óheimill innflutningur inn á Evrópska efnahagssvæðið.

Um c-lið (21. gr.).

Ákvörðun ráðherraráðs ESB nr. 95/408/EBE, sem er hluti þeirrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fyrirhugað er að samþykkja í apríl eða maí nk., gerir ráð fyrir að gefin sé út sérstök skrá yfir þær vinnslustöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip í þriðju ríkjum sem heimill er innflutningur inn á Evrópska efnahagssvæðið.

Hér er því lagt til að sjávarútvegsráðuneytið haldi skrá yfir þá aðila sem heimilt er að flytja fisk og fiskafurðir inn til Evrópska efnahagssvæðisins. Vilji aðili í þriðja ríki flytja þessar afurðir inn til EES óskar viðkomandi eftir því við stjórnvöld í sínu ríki að þau beri upp beiðni þess efnis við framkvæmdastjórn EB. Almennt heilbrigðisástand í ríkinu sem beiðni berst frá, heilbrigðislöggjöf þess og löggjöf, sem tryggja skal hlutleysi þarlendra eftirlitsaðila, er kannað af framkvæmdastjórn EB og EFTA/EES-ríkjunum óski þau þess. Verði niðurstaða könnunarinnar sú að ríkið uppfylli heilbrigðiskröfur EES er þarlendum stjórnvöldum falið að gera úttekt á þeim aðilum sem það telur uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Að lokinni þeirri úttekt senda stjórnvöld viðkomandi ríkis skrá yfir þarlendar starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur. Í framhaldi af því gefur framkvæmdastjórn EB út skrá, í formi ákvörðunar, yfir þá framleiðendur í þriðja ríkinu sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Er sú ákvörðun tekin á grundvelli úttektar stjórnvalda þess ríkis sem í hlut á hverju sinni. Til þess að ákvörðunin öðlist gildi í EFTA/EES-ríkjunum þarf að samþykkja hana í sameiginlegu EES-nefndinni.

Um d-lið (22. gr.).

Í inngangskafla að nýjum viðauka I við EES-samninginn er svokallað öryggisákvæði sem samningsaðilar geta gripið til í sérstökum tilfellum. Komi upp innan aðildarríkja EB eða EFTA/EES-ríkja, annarra en Íslands, tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem stofna kann heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu, getur sjávarútvegsráðuneytið gripið til öryggisráðstafana gagnvart ríki því sem sjúkdómur kemur upp í. Framkvæmdastjórn EB og önnur EFTA/EES-ríki geta gripið til sams konar aðgerða gagnvart Íslandi að sömu skilyrðum uppfylltum. Öryggisráðstafanirnar taka gildi um leið og aðrir samningsaðilar hafa verið upplýstir um að þeim hafi verið beitt. Ráðstafanirnar geta ýmist falist í algjöru innflutningsbanni eða að sett hafi verið sérstök skilyrði um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur kom upp í. Viðræður milli aðila skulu þó hefjast án tafar og ef lausn finnst ekki er heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Um B (V. kafla).

Þessi nýi V. kafli fjallar um landamærastöðvar, fyrirkomulag eftirlits og sýnatökur til rannsókna. Enn fremur er gerð tillaga um álagningu gjalda til að standa undir kostnaði við rekstur landamærastöðva og eftirlits í höfnum þar sem heimilt er að landa frystum fiski.

Um a-lið (23. gr.).

Í 1. kafla viðauka I við EES-samninginn er gert ráð fyrir að á Íslandi verði tekið upp eftirlit með sjávarafurðum, þar með töldu fiskmjöli og nokkrum lifandi fisktegundum sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni þykir nauðsynlegt að koma á fót landamærastöðvum þar sem skoðun afurða getur farið fram með fullnægjandi hætti, í höfnum og á Keflavíkurflugvelli.

Gert er ráð fyrir að Fiskistofa annist rekstur landamærastöðva þessara. Starfsmenn Fiskistofu munu að öllu jöfnu annast eftirlitið og munu þeir þannig skoða fisk sem landað er úr skipum þriðju ríkja. Í greininni er þó gert ráð fyrir, að aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar, geti annast eftirlitið. Má t.d. nefna að í vissum tilfellum er gerð krafa um ríkari sérfræðiþekkingu en eftirlitsmenn Fiskistofu hafa yfir að ráða. Hér má nefna skoðanir á fiskmjöli og lifandi fiski sem ætlaður er til eldis og krafist er að yfirdýralæknir hafi með höndum.

Í lögum nr. 93/1995, um matvæli, er gert ráð fyrir að matvælaeftirlit skiptist á milli þriggja eftirlitsaðila, þ.e. Hollustuverndar, yfirdýralæknis og Fiskistofu. Hvað sjávarafurðir varðar hefur Hollustuvernd haft eftirlit með þeim sjávarafurðum sem ætlaðar eru til neyslu hér á landi en eftirlit með sjávarafurðum, sem fluttar eru inn til umpökkunar eða frekari vinnslu hér á landi, er á hendi Fiskistofu eins og eftirlit með meðferð og framleiðslu sjávarafurða til útflutnings, sbr. lög nr. 93/1992. Yfirdýralæknir hefur haft eftirlit með innflutningi lifandi fiska sem geta lifað í fersku vatni ásamt og hrognum og svilum þeirra og verið umsagnaraðili um innflutning á sjávarfiskum. Hér er ekki gert ráð fyrir veigamiklum breytingum á þessu fyrirkomulagi.

Eðlilegt þykir að Fiskistofa hafi með höndum eftirlit með innflutningi á fiski og fiskafurðum sem ætlað er til umpökkunar eða vinnslu hér á landi, ásamt lifandi fiski, skrápdýrum, liðdýrum og lindýrum sem ætluð eru til neyslu hér á landi. Yfirdýralækni er ætlað að hafa eftirlit með lifandi fiski, skrápdýrum, liðdýrum og lindýrum sem ætlað er til eldis hér á landi. Einnig er ætlast til þess að yfirdýralæknir annist eftirlit með innfluttu fiskmjöli. Er hvort tveggja gert með tilliti til sjúkdómavarna. Fiskistofa og Hollustuvernd þurfa að koma sér saman um hver annist eftirlit með öðrum fiskafurðum en hér er getið að framan og ætlaðar eru til neyslu innan lands. Sem dæmi um innfluttar afurðir má nefna frystan fisk í neytendaumbúðum, niðursoðnar og niðurlagðar fiskafurðir.

Í 8. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, eru fyrirmæli um samstarfsráð þessara þriggja eftirlitsaðila, í daglegu tali nefnt Matvælaráð. Er kveðið á um að ráðið geri tillögu um úrlausn álitamála að því er varðar framkvæmd eftirlits með matvælum. Ákvæði 23. gr. koma því ekki í veg fyrir að þessir eftirlitsaðilar skipti með sér eftirliti á landamærastöðvum. Verður að telja eðlilegt að sá eftirlitsaðili annist það eftirlit eftir því sem hagkvæmast þykir á hverjum tíma. Það skal ítrekað að Fiskistofa annast rekstur landamærastöðvanna og tilkynningar um innflutning skulu í öllum tilvikum sendar til hennar sem ber ábyrgð á því að kalla til viðeigandi eftirlitsaðila. Efnisatriði þessa frumvarps voru kynnt fyrir Matvælaráði á fundi ráðsins 12. mars sl.

Landamærastöðvarnar skiptast í varanlegar stöðvar og stöðvar sem hafa heimild til að skoða frystan fisk fram til 31. desember 1998. Í 27. gr. er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra ákveði með reglugerð fjölda landamærastöðva og staðsetningu. Nú er fyrirhugað að settar verði upp sjö landamærastöðvar og valdar hafa verið tólf stöðvar sem fá tímabundið leyfi. Er gert ráð fyrir að þær verði á eftirtöldum stöðum:

Landamærastöðvar	**Stöðvar með tímabundið leyfi**
Reykjavík	Keflavík
Hafnarfjörður	Grundarfjörður
Ísafjörður	Patreksfjörður
Akureyri	Þingeyri
Eskifjörður	Sauðárkrókur
Vestmannaeyjar	Húsavík
Keflavíkurflugvöllur	Þórshöfn
	Vopnafjörður
	Seyðisfjörður
	Höfn
	Þorlákshöfn
	Dalvík

Þegar framangreindar landamærastöðvar voru valdar var höfð hliðsjón af því hvar innflutningur frá þriðju ríkjum hefur verið mestur undanfarin ár. Þá var ákveðið að a.m.k. ein landamærastöð væri í hverjum landsfjórðungi og sem næst útibúi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Að lokum var tekið tillit til þess hvar Fiskistofa hafi ákveðið að setja eftirlitsmann með fasta búsetu. Augljóst hagræði næst fram með því að nýta eftirlitsmenn Fiskistofu bæði við heilbrigðiseftirlit og annað eftirlit sem stofunni er falið með lögum.

Um b-lið (24. gr.).

Hér er kveðið á um fyrirkomulag eftirlits með innflutningi sjávarafurða. Eftirlit á landamærastöð verður í meginatriðum þríþætt:

a. Eftirlit með skjölum. Með því er átt við athugun á heilbrigðisvottorðum, vinnsluleyfisnúmerum og öðrum skjölum sem fylgja afurðunum.
b. Eftirlit með auðkenningu. Með því er átt við að fram fari samanburður á skjölum og afurðum og sannreynt að samræmi sé þar á milli.
c. Eftirlit með heilnæmi. Í því felst að með skynmati er kannað hvort afurðirnar uppfylli heilbrigðiskröfur EES. Sé eftirlitsmaður í vafa um niðurstöðu er honum heimilt að taka sýni til efna- eða örverugreininga.

Allar sjávarafurðir, sem heimilt er að flytja inn á EES-svæðið frá þriðju ríkjum, skulu sæta eftirliti með skjölum og auðkenningu. Fimmta hver sending skal skoðuð með tilliti til heilnæmis afurðanna. Þá skal skoða aðra hvora sendingu af skelfiski. Því er brýnt að við eftirlit sé farið eftir fyrir fram ákveðnum reglum um tíðni skoðana, umfang þeirra og sýnatökur til þess að koma í veg fyrir að framleiðendum sé mismunað.

Um c-lið (25. gr.).

Hér er lagt til að innflytjanda eða, eftir atvikum, öðrum viðtakanda sjávarafurða sé skylt að tilkynna Fiskistofu um komu sendinga, ákvörðunarstað o.fl. Augljóst er að fyrir starfsmenn Fiskistofu er mikið hagræði af því að vita um komu sendinga með góðum fyrirvara til að geta skipulagt nauðsynlegt eftirlit. Með þessu ákvæði ætti einnig að vera tryggt að eftirlitsmaður sé kominn tímanlega á ákvörðunarstað svo að komist verði hjá óþarfa töfum við losun.

Um d-lið (26. gr.).

Með þessari grein er lagt til að Fiskistofa innheimti gjald af innflytjendum sjávarafurða frá ríkjum utan EES til að standa undir kostnaði við eftirlit með afurðunum. Til þess að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli einstakra EES-ríkja við kaup á fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum þykir nauðsynlegt að gjaldtaka á svæðinu sé samræmd. Tilskipun 96/43/EBE fjallar m.a. um fjármögnun landamæraeftirlitsins. Í II. hluta III. kafla tilskipunarinnar eru ákvæði um gjaldtöku fyrir fisk og fiskafurðir sem koma frá þriðju ríkjum.

Í 2. mgr. er getið um fjárhæðir gjalda fyrir eftirlitið. Um er að ræða samræmt gjald á öllu EES-svæðinu og skal gjaldið miðast við meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Gjaldið er 405 kr. fyrir hvert tonn af innfluttum fiskafurðum. Fyrir hvert tonn umfram 100 tonn, úr sömu sendingu, skal lækka gjaldið í 202 kr. Gert er ráð fyrir enn frekari lækkun eða 121 kr. fyrir hvert tonn umfram 100 tonn fyrir heilfrystan fisk sem aðeins hefur verið slægður.

Stærsti hluti innfluttra sjávarafurða er hausaður og slægður heilfrystur fiskur af rússneskum togurum. Samkvæmt orðanna hljóðan ætti því að greiða 202 kr. fyrir hvert tonn af þeim umfram 100 tonn úr sömu sendingu. Hins vegar er álitamál hvort ekki rétt sé að miða lækkunina við slægðan fisk óháð því hvort hann sé hausaður. Þetta sjónarmið hefur verið nefnt við embættismenn framkvæmdastjórnar EB en endanlegt svar ekki fengist.

Í 4. mgr. er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að hækka gjöld vegna eftirlitsins ef sannað þykir að samræmd gjöld standi ekki undir kostnaði Fiskistofu af því. Fiskistofa verður í því tilfelli að sýna fram á með nákvæmum útreikningi að svo sé. Meðal annars er heimilt að taka tillit til eftirfarandi þátta:

Launagreiðslna og kostnaðar við tryggingar starfsmanna í tengslum við eftirlitið.

Kostnaðar við stjórnun vegna eftirlits og skoðana.

Kostnaðar vegna nauðsynlegrar þjálfunar starfsmanna til að annast tilgreindar skoðanir og eftirlit.

Ferðakostnaðar eftirlitsmanna.

Fiskistofa hefur áætlað kostnað vegna eftirlits með innfluttum sjávarafurðum frá þriðju ríkjum. Stofnkostnaður vegna landamærastöðva er talinn nema 16,3 milljónum kr. Þá hefur stofnunin einnig áætlað rekstrarkostnað fyrir síðari hluta ársins 1997 sem talin er nema 3,6 milljónum kr. en tekjur á móti eru taldar nema 1,5 milljónum kr. Áætlun um rekstrarkostnað fyrir allt árið 1998 nemur 7,3 milljónum kr. Tekjur eru taldar muni nema 3 milljónum kr.

Á landamærastöðvum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins munu eftirlitsmenn veiðieftirlits Fiskistofu sinna þessu landamæraeftirliti. Erfitt er að áætla nákvæmlega skiptingu kostnaðar milli veiðieftirlits og landamæraeftirlits og verður reynslan að leiða það í ljós. Í rekstraráætlun beggja áranna er launa- og ferðakostnaður eftirlitsmanna ekki færður til útgjalda vegna landamæraeftirlits.

Áðurnefnd tilskipun 96/43/EBE fjallar einnig um samræmda gjaldtöku fyrir heilbrigðiseftirlit innan Evrópska efnahagssvæðisins sem byggir á eftirliti samkvæmt ákvæðum tilskipunar 91/493/EBE. Sú tilskipun var lögleidd á Íslandi vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið árið 1992 með lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, og reglugerð nr. 684/1995, um meðferð og vinnslu sjávarafurða.

Í tilskipun 96/43/EBE er gert ráð fyrir gjaldi vegna sérstaks ferskfiskeftirlits. Í því felst leit að skemmdum og sníkjudýrum, ásamt efna- og örverurannsóknum. Gjaldið á að innheimta við fyrstu sölu nema það hafi verið innheimt við löndun. Gjaldið skal í öllum tilvikum innheimt hjá fyrsta kaupanda. Innheimta skal 81 kr. (1 ECU) á hvert tonn að 50 tonnum en 40 kr. (0,5 ECU) fyrir hvert tonn umfram 50.

Tilskipun 91/493/EBE gerir ráð fyrir þrenns konar eftirliti:

1. Ferskfiskeftirliti, þ.e. skynmati á gæðum og stærðarflokkun og eftir atvikum eftirlit vegna sníkjudýra, örverufræðilegu eftirliti og efnafræðilegu eftirliti, svo sem með niðurbrotsefnum, þungmálmum og fleiri mengandi efnum.
2. Innra eftirliti framleiðenda með eigin framleiðslu.
3. Eftirliti opinbers aðila með hollustuháttum, merkingum og aðstæðum við framleiðslu til að tryggja að farið sé eftir ákvæðum tilskipunarinnar.

Í meginatriðum hafa verið uppfylltar kröfur í 2. og 3. lið, þ.e. innra eftirlit framleiðenda og eftirlit opinbers aðila með framleiðslu. Fyrirkomulag við ferskfiskmat á Íslandi er með þeim hætti að framleiðendur láta starfsmenn sína meta afla sem hæfan eða óhæfan til manneldis og er það jafnan hluti af innra eftirliti fyrirtækisins en eftirlitsmenn Fiskistofu hafa heimild til að taka sýni af metnum fiski til skoðunar hvar og hvenær sem er. Gæða- og stærðarflokkunar er ekki krafist þar sem reglur ESB þykja engan veginn eiga við hér á landi.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert endurteknar athugasemdir við þessa tilhögun og talið að ekki sé fyrir hendi fullnægjandi eftirlit með ferskum fiski við löndun. ESA hefur lagt þann skilning í ákvæði tilskipunarinnar um skynmat að opinber aðili skuli skoða hvern farm af fiski sem landað er til vinnslu eða áður en fyrsta sala fer fram til að ganga úr skugga um að fiskurinn sé hæfur til manneldis.

Hér er um að ræða ágreining um túlkun sem ekki er enn til lykta leiddur. Þar sem beint opinbert ferskfiskeftirlit er ekki fyrir hendi er augljóslega ekki fært að innheimta gjald fyrir það. Því er ekki gert ráð fyrir að slík gjaldtaka verði lögfest að svo stöddu.

Einnig er í tilskipun 96/43/EB gert ráð fyrir innheimtu gjalds til að standa undir kostnaði við almennt eftirlit með vinnsluleyfishöfum, þar með töldum veiði- og vinnsluskipum sem leyfi hafa til að senda afurðir á markað á EES-svæðinu. Gjaldið er 81 kr. (1 ECU) á hvert veitt eða innvegið tonn en heimilt er að lækka gjaldið að hámarki um 55% að uppfylltum nánari skilyrðum. Gjaldið á að leggja á allar vinnslustöðvar og vinnsluskip sem leyfi hafa fengið frá Fiskistofu á grundvelli 12. gr. laga nr. 93/1992.

Fyrirkomulag almenns eftirlits með vinnsluleyfishöfum hér á landi er þríþætt. Það felst í innra eftirliti vinnsluleyfishafans sjálfs, eftirliti skoðunarstofa og eftirliti Fiskistofu. Fiskistofa innheimtir gjöld af vinnsluleyfishöfum vegna þjónustu stofnunarinnar. Auk þess greiða vinnsluleyfishafar skoðunarstofum gjald fyrir þjónustu þeirra. Þau gjöld sem vinnsluleyfishafar greiða til Fiskistofu og annarra opinberra eftirlitsaðila þykja við fyrstu sýn sambærileg við þessa gjaldtöku og því þykir ekki nauðsynlegt að innheimta nýtt gjald fyrir almennt eftirlit með vinnsluleyfishöfum fyrr en nákvæmur samanburður hefur farið fram. Slíkt fyrirkomulag er þó háð samþykki eftirlitsstofnunar EFTA. Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir gjaldtöku vegna þessa almenna eftirlits. Eðlilegt þykir að fá fyrst úr því skorið hvort ESA samþykkir þessa tilhögun.

Um e-lið (27. gr.).

Með þessari grein er sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd tiltekinna þátta. Óhjákvæmilegt þykir að setja með reglugerð ákvæði um flókin tæknileg atriði eins og efnamælingar, gerlamælingar og aðrar rannsóknir, sem og atriði sem líklegt er að breytist milli ára, svo sem sýnatökur og búnað landamærastöðva. Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1997. Sú dagsetning er við það miðuð að sameiginlega EES-nefndin samþykki ákvörðun um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn á fundi sínum í lok apríl nk.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frumvarp þetta fjallar um stofnun heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem koma á land á Íslandi. Það eftirlit er liður í samvinnu Íslands við önnur aðildarríki svæðisins um ytra landamæraeftirlit á EES-svæðinu. Í því skyni er áformað að koma upp sjö landamærastöðvum hringinn í kringum landið, þar sem slíkt eftirlit mun fara fram, auk þess sem ætlað er að 12 hafnir fái tímabundið leyfi fyrir innflutningi frystra sjávarafurða.

Áformað er að flytja veiðieftirlitsmenn frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar, Eskifjarðar og Vestmannaeyja og verða þeir framvegis búsettir þar. Munu þeir sinna verkefnum landamærastöðvanna ásamt venjubundnum eftirlitsstörfum. Þannig mun samnýting í rekstri landamærastöðvanna og veiðieftirlits verða til aukinnar hagkvæmni og kostnaði við rekstur stöðvanna verði þannig haldið í lágmarki.

Gerð hefur verið kostnaðaráætlun yfir stofnun og rekstur stöðvanna. Þar kemur fram að stofnkostnaður er talinn nema 16,3 m.kr. Reksturskostnaður á árinu 1997 er áætlaður 3,6 m.kr. en tekjur 1,5 m.kr. og er þá miðað við að starfsemi hefjist þann 1. júlí nk. Á árinu 1998 er rekstur talinn kosta 7,3 m.kr. og tekjur áætlaðar 3 m.kr. Í fjárlögum 1997 er fjárveiting til Fiskistofu til reksturs landamærastöðva 22,7 m.kr., þannig að sú fjárveiting á vel að duga til að standa undir stofnkostnaði og rekstri á því ári.

Af þessu má ætla að á þessu ári þurfi ekki neina fjárveitingu til að standa undir kostnaði sem af frumvarpi þessu leiðir, en á næsta ári verði áætlaður reksturskostnaður 4,3 m.kr. Eftir því sem sértekjur aukast má gera ráð fyrir að draga megi úr framlagi ríkissjóðs til þessa verkefnis.

804. Frumvarp til laga [477. mál]

um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

2. gr.

Lög þessi ná yfir:

a. eldi og heilbrigði sláturdýra,
b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,
c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
d. geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
e. heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum,
f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
g. heimaslátraðar afurðir,
h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

3. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturfénaði.

Sláturhús: Aðstaða sem löggilt hefur verið til slátrunar á sláturfénaði.

Sláturúrgangur: Afurðir sem falla til við slátrun sláturfénaðar og ekki eru nýttar til manneldis.

Kjötvinnslustöð: Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

Kjötskoðunarlæknir: Dýralæknir sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

Kjötmatsmaður: Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Slátrari: Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins til að starfa sem slátrari.

Villibráð: Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Yfirdýralæknir skal vera ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

5. gr.

Sláturfénaði, sem slátra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

Landbúnaðarráðherra löggildir sláturhús, kæligeymslur, frystihús og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, ef húsin eru að þeirra dómi svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturfénaði og afurðum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Hver sá sem hyggst slátra fénaði sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda landbúnaðarráðuneyti umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar og til úrvinnslu og geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu héraðsdýralæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn yfirdýralæknis og samkvæmt reglum sem hann setur.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu sláturhússtjóra, verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal starfa maður með slátraramenntun.

7. gr.

Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum þeim sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá héraðsdýralækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Yfirdýralæknir setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. Yfirdýralæknir tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um flutning kjöts og sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

9. gr.

Slösuðum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og í samráði við umhverfisráðherra.

Ekki má koma með sýnilega sjúkan fénað í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús eða frystihús.

Sláturfénað, sem kominn er í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal honum slátrað, nema til komi leyfi yfirdýralæknis.

III. KAFLI
Eftirlit.

10. gr.

Sláturfénaður má ekki vera haldinn sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um:

a. rannsóknir og eftirlit sláturfénaðar til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr búfé heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,
c. hvernig hátta skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,
d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturfénaði, kjöti og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum afurðum og úrgangi,
f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.

11. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturfénaði sem um getur í lögum þessum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og slátri af þeim sláturfénaði sem um getur í lögum þessum fara fram í sláturhúsinu áður en frysting, söltun eða önnur vinnsla fer fram og það er boðið til sölu. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og slátri að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera 2,50 kr. á hvert kíló kjöts miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1997. Ráðherra setur nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, áætlun, lögvernd og annað er lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldsins.

12. gr.

Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa næga þekkingu og þjálfun að mati yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkist ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sótthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og hleðslu flutningatækja.

Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

13. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

IV. KAFLI
Meðhöndlun og heilbrigði afurða.

14. gr.

Kjöt, sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu afurðanna.

Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, flutning og aðra meðferð kjöts og sláturafurða.

V. KAFLI
Gæðamat sláturafurða.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu meta allt kjöt og slátur af sláturfénaði er um getur í lögum þessum og flutt er á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir endurmati á kjöti og slátri og skal rökstudd beiðni þar um send kjötmatsformanni.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti og sláturafurðum að fengnum tillögum kjötmatsformanns og yfirdýralæknis er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar kjötmatsformann til fimm ára í senn. Kjötmatsformaður samræmir mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helstu sölustaða innan lands, og framkvæma yfirmat ef þurfa þykir.

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta skal vera 0,55 kr./kg kjöts sem innvegið er í afurðastöð. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

17. gr.

Nú vanrækir kjötmatsmaður starf sitt að dómi kjötmatsformanns, beitir hlutdrægni við matið eða leysir það illa af hendi á einhvern hátt, og er þá kjötmatsformanni heimilt að víkja honum frá um stundarsakir og endanlega ef um alvarlegt brot er að ræða. Heimilt er kjötmatsmanni að skjóta ákvörðun kjötmatsformanns til landbúnaðarráðherra til endanlegrar afgreiðslu.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

Ráðherra setur gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og heilbrigðisvottorð sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal miða við að tekjur standi undir útgjöldum vegna eftirlits og rannsókna.

19. gr.

Yfirdýralækni, héraðsdýralæknum eða fulltrúum þeirra skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

20. gr.

Hlíti eigandi eða umráðaaðili fyrirtækis eða sláturdýra ekki ákvörðun ráðherra samkvæmt lögum þessum er lögreglustjóra skylt að hlutast til um framkvæmd fyrirmæla ráðherra.

21. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi afurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði á árinu 1994 til þess að endurskoða lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Lögin hafa að mestu staðið óbreytt síðan þau voru sett árið 1966 og staðist nokkuð vel breytta tíma. Sambærileg löggjöf nágrannalandanna hefur nýlega verið endurskoðuð og nú hafa þau hvert af öðru, á síðustu 3–4 árum, sett sér ný lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Með þeirri endurskoðun sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst verið að aðlaga löggjöf um þetta efni að breyttum tímum og nýjum viðhorfum í þessum efnum með hliðsjón af reglum á helstu markaðssvæðum fyrir kjöt og sláturafurðir. Voru nýju lögin í Danmörku og Svíþjóð, svo og reglur ESB, höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps.

Viðhorf varðandi eftirlit með matvælum hafa talsvert breyst á undanförnum árum. Nú er lögð sífellt meiri áhersla á að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna og skoðun á tilbúinni vöru hefur fengið minna vægi. Ekki er sama áhersla lögð á auðsæjar breytingar á afurðunum, heldur hreinleg vinnubrögð og að komið sé í veg fyrir að örverur, sem valdið geta matarsýkingum, geti borist með hráefninu. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að á síðustu áratugum hafa matarvenjur breyst, t.d. hefur matreiðsla flust í meiri eða minni mæli frá heimilunum í stóreldhús eða vinnslustaði sem búa út hálftilbúna rétti til sölu í verslunum og stórmörkuðum. Einnig er mikilvægt að samfella sé í eftirliti með afurðunum. Hugtakið „frá bónda til borðs“ er sprottið af þeirri hugsun. Í samræmi við þetta er gildissvið laganna víkkað þannig að einnig sé unnt að hafa eftirlit með *eldi og heilbrigði sláturdýra*. Í eldri lögum voru ákvæði um skoðun á lifandi búfé í sláturhúsrétt, en nú er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra setji reglur um skoðun, rannsóknir og sýnatökur í hjörðum sláturfjár á framleiðslustöðunum hjá bændunum. Í raun hefur þetta þegar hafist með sýnatöku vegna salmonellu í alifuglabúum.

Önnur viðhorfsbreyting, sem lögin taka einnig til, er aukin krafa um *innra eftirlit* fyrirtækjanna sjálfra. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að settar verði reglur um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslu þeirra. Það samræmist ákvæðum í 23. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Þá verður að telja tímabært að gera breytingar á skipulagi á gæðamati kjöts, einkum að því er varðar yfirstjórn þess, til þess einkanlega að gera það skilvirkara og sveigjanlegra. Lagt er til að stöður yfirkjötmatsmanna í hverjum fjórðungi verði lagðar niður.

Nefndin, sem vann að undirbúningi þessa frumvarps, sendi spurningalista til helstu hagsmunaaðila varðandi það hvort áfram ætti að gæðameta kjöt og hvort viðhalda ætti núverandi fyrirkomulagi í sambandi við gæðamatið. Mjög skýrt kom fram í svörunum að hagsmunaðilar telja núverandi fyrirkomulag gott og að ekki sé ástæða til að breyta því.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um tilgang laganna, en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum. Tilgangur laganna er:

— að tryggja eins og kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða,
— að tryggja að sláturafurðir séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður,
— að tryggja að sláturafurðir séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu metnar.

Um 2. gr.

Gildissviði laganna er lýst í þessari grein, en það er mun rýmra en í núgildandi lögum. Eins og áður er fram komið er það nýmæli að lögunum sé einnig ætlað að gilda um ákveðna þætti í eldi sláturdýra. Sú rýmkun miðar að því að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjunni í stað þess að beina því, eins og verið hefur, að lokaafurðinni. Nokkur reynsla er af slíkum vinnubrögðum hér á landi þar sem þeim hefur verið beitt við slátrun alifugla.

Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglur um innra eftirlit í sláturhúsum og er það í samræmi við löggjöf nágrannaþjóða okkar og nýlega samþykkt lög sem fjalla um aðra matvælavinnslu og fiskvinnslu. Þá er það nýmæli að lög nái til eftirlits með afurðum af heimaslátruðu búfé og villibráð sem fer til vinnslu og manneldis.

Um 3. gr.

Í þessari grein er að finna skýringar á ýmsum orðum og hugtökum sem koma fyrir í textanum. Fleiri heiti eru nú skýrð en gert er í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um yfirstjórn samkvæmt lögunum. Gert er ráð fyrir að yfirdýralæknir sé landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna þar á meðal um gæðamat á kjöti sem er nýmæli. Hér er um að ræða nokkra einföldun og hagræðingu að því leyti að ekki er lengur gert ráð fyrir að kjötmatsformaður eða yfirkjötmatsmenn, en þeir störfuðu hver í sínum landsfjórðungi, vinni að samræmingu á kjötmati eða taki við kvörtunum vegna kjötmats, heldur verður slíkt starf hér eftir á vegum embættis yfirdýralæknis.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga, en síðasta málsgreinin er þó nýmæli og fjallar um heimaslátrun til eigin neyslu. Gert er ráð fyrir að heimaslátrun sé bundin við lögbýli og er slík takmörkun til þess fallin að draga úr hættu á útbreiðslu

smitefna. Greinin heimilar ráðherra að setja reglur um sýnatöku af heimaslátruðu búfé, en það er nauðsynlegt til að unnt sé að fylgjast með dýrasjúkdómum og hugsanlegri útbreiðslu þeirra.

Um 6. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Í síðari málsgreininni kemur þó fram það nýmæli að sett verði í reglugerð ákvæði um að í sérhverju sláturhúsi starfi slátraramenntaður starfsmaður. Nauðsynlegt er að auka verkkunnáttu við slátrun og meðferð afurða í sláturhúsum. Ákvæði um að skylt sé að hafa slátraramenntaðan starfsmann í hverju sláturhúsi mundi stuðla að því að festa í sessi unga stétt slátrara, en ráðgert er að skipulagt slátraranám hefjist við Matvælaskólann í Kópavogi haustið 1997. Þótt hér hafi lengi verið þörf fyrir slíka starfsmenntun varð fyrst grundvöllur fyrir hana þegar slátrun á nautgripum, hrossum og svínum fór að dreifast nokkuð jafnt yfir allt árið. Haldin hafa verið tvö sex vikna námskeið fyrir þá starfsmenn í sláturhúsum sem hafa mikla almenna reynslu í slátrun.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja sérstaka reglugerð um flutning á kjöti og sláturafurðum á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð á afurðunum í flutningum. Ástæða þykir til að kveða sérstaklega á um þetta atriði þar sem meðferð sláturafurða í flutningum hefur oft verið afar ábótavant og mikil þörf er á að bæta þar úr. Ekki hefur til þessa verið kveðið á um svo víðtæka heimild sem þessa, en slíkt er nauðsynlegt vegna tíðari flutninga á ferskum afurðum en áður hefur tíðkast.

Um 9. gr.

Í þessari grein er kveðið á um undanþágu frá hinni almennu skyldu að dýrum skuli slátrað í sláturhúsi ef selja á afurðirnar á markaði. Nauðsynlegt er vegna dýraverndunarsjónarmiða að veita slíka heimild. Þetta ákvæði er í samræmi við reglur nágrannalandanna og er gert ráð fyrir að settar verði reglur um slíka slátrun að höfðu samráði við umhverfisráðherra, en dýravernd heyrir undir ráðuneyti hans. Önnur ákvæði þessarar greinar er að finna í 6. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Greinin hefur að hluta til að geyma nýmæli sem eiga sér hliðstæðu í löggjöf nágrannalandanna. Þau endurspegla ný viðhorf sem vikið er að í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu. Er þar átt við ákvæðin um rannsóknir og eftirlit í hjörðum sláturfénaðar og ákvæðið um innra eftirlit í sláturhúsum.

Um 11. gr.

1. mgr. greinarinnar er samhljóða 1. mgr. 5. gr. gildandi laga. 2. mgr. er samhljóða efni laga nr. 160/1994, um breytingu á lögum nr. 30/1966, sem lögfest var til að uppfylla kröfur ESB og USA um að eftirlitsaðili fái ekki greiðslu fyrir þjónustu sína beint frá þeim aðila sem eftirlitið beinist að.

Um 12. gr.

Hér er kveðið á um að dýralæknar skuli annast heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og sláturafurðum. Fellt er brott ákvæði í gildandi lögum um að náist ekki til dýralæknis skipi ráðherra lækni til þessa starfs. Ekki er lengur talin þörf á slíku ákvæði, þar sem dýralæknum hefur fjölgað og sláturhúsum fækkað frá því sem var við gildistöku laga nr. 30/1966. Í greininni eru einnig ákvæði um að kjötskoðunarlæknar skuli annast og/eða bera ábyrgð á eftirliti með meðferð og vinnslu afurða, þrifum og sótthreinsun á húsum og búnaði og fylgjast reglulega og skipulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva. Í núgildandi lögum er í raun bæði kjötmatsmönnum og dýralæknum falið eftirlit með hreinlæti við slátrun. Áfram er ætlast til þess að dýralæknar og kjötmatsmenn hafi samvinnu um þetta eftirlit, en eðlilegast þykir að einn aðili beri ábyrgð á eftirlitinu.

Um 13. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 12. gr. gildandi laga og þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í 1. mgr., sem er efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. gildandi laga, er lagt bann við framleiðslu, sölu eða afhendingu á sláturafurðum, kjöti og unnum kjötvörum ef um óhreinar afurðir er að ræða, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt o.s.frv. Slík ákvæði er jafnframt að finna í reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum, sbr. breytingu með rg. nr. 630/1982. Ástæða þykir til að auka við efni núgildandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/1966 og er bætt við ákvæði um bann við notkun spilltra eða sýktra afurða til fóðurgerðar vegna hættu á smitdreifingu.

Þá þykir ástæða til, sbr. 3. mgr. greinarinnar, að hafa í lögum skýr ákvæði um heimild landbúnaðarráðherra til að fyrirskipa dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim. Gildir það m.a. um mengun á sláturafurðum með salmonellusýklum eða öðrum sýklum og lyfja- og efnamengun.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 1. mgr. 8. gr. gildandi laga. Nýmæli er að haft sé samráð við helstu hagsmunaaðila áður en mótaðar eru tillögur um gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum, sbr. 3. mgr. greinarinnar.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um skipan og hlutverk kjötmatsformanns og greiðslu kostnaðar af yfirmati samkvæmt lögunum. 2. mgr. er samhljóða 6. gr. laga nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997.

Um 17. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að sett verði gjaldskrá um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og heilbrigðisvottorð sem gefin eru út samkvæmt lögunum. Ekki er óeðlilegt að greitt sé fyrir þjónustu sem veitt er á grundvelli laganna, þ.e. heilbrigðiseftirlit hjá vinnsluað-

ilum og rannsóknir sem þeim tengjast. Skýrt er kveðið á um að tekjur af leyfisgjöldum standi undir kostnaði við eftirlit og rannsóknir þannig að hér er ekki um skatt eða sambærilegar álögur að ræða.

Um 19. gr.

Greinin er nýmæli. Til að eftirlit verði virkt er nauðsynlegt að eftirlitsaðilar séu ekki hindraðir í störfum sínum og er ákvæðinu ætlað að tryggja óheftan aðgang eftirlitsaðila að húsnæði og fyrirtækjum sem geyma sláturdýr og afurðir þeirra, svo og að tryggja nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem framkvæma þarf á grundvelli laganna.

Um 20. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Greinin er nýmæli. Mikilvægt er að tryggja að útflutningur kjöts og sláturafurða uppfylli kröfur sem settar eru af yfirvöldum innflutningslands þannig að þær verði ekki stöðvaðar og gerð krafa um að þeim sé eytt eða þær endursendar til upprunalands eða tilraun gerð til að selja þær þannig að til skaða verði fyrir útflutningsaðila og hagsmuni útflutningslandsins.

Um 22. og 23. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Í frumvarpinu felst endurskoðun á lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Endurskoðunin er gerð með hliðsjón af sambærilegri löggjöf í Danmörku og Svíþjóð ásamt reglum ESB. Helstu nýmæli frumvarpsins eru þau að gildissvið laganna er rýmkað þannig að þau taki til ákveðinna þátta í eldi sláturdýra. Rýmkunin miðast að því að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna, en hingað til hefur það beinst að lokaafurðunum. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um að settar verði reglur um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslu þeirra. Þá er það nýmæli að lög nái til eftirlits með afurðum af heimaslátruðum skepnum og villibráð sem unnar eru til manneldis.

Í 4. gr. er kveðið á um að yfirdýralæknir taki að sér allt er lýtur að framkvæmd laganna. Ekki er þó ætlunin að færa verkefni frá kjötmatsformanni, yfirkjötmatsmönnum og kjötmatsmönnum til yfirdýralæknis. Í 9. gr. laga nr. 30/1966 er ákvæði um að ríkissjóður beri hluta af þeim kostnaði sem hlýst af yfirmati. Í 6. gr. laga nr. 140/1997, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, er ráðherra heimilað að taka gjald af sláturleyfishöfum til greiðslu kostnaðar ríkissjóðs af yfirmati sem leiðir af lögunum um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, nr. 30/1966, með síðari breytingum. Þetta ákvæði er nú efni 16. gr. þessa frumvarps og þar með gert varanlegt.

Í 10. gr. er kveðið á um nokkra víkkun á rannsóknar- og eftirlitshlutverki yfirdýralæknis. Til að mæta kostnaði af þessu er í 2. mgr. 11. gr. kveðið á um að landbúnaðarráðherra skuli innheimta gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit dýralækna með sláturafurðum. Ekki er því um kostnaðaraukningu að ræða fyrir ríkissjóð. Þá er í 16. gr. ákvæði um að kjötmatsformaður skuli skipaður til fimm ára í senn.

Í 8. og 9. gr. er kveðið á um setningu reglugerða um flutning kjöts og sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja, meðferð afurðanna í flutningi og slátrun sjúkra og slasaðra dýra utan sláturhúsa. Gert er ráð fyrir að þessar reglur komi til með að byggjast á eldri reglum og útheimti ekki þá vinnu af ráðuneytinu að viðbótarkostnaður hljótist af.

Ekki verður séð að lögfestingu frumvarpsins fylgi kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

805. Frumvarp til laga [478. mál]

um búnaðargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Innheimta skal 2,65% búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum. Búnaðargjald er rekstrarkostnaður skv. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og frádráttarbært frá tekjum þess árs sem það reiknast af.

2. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur eru þeir sem stunda rekstur sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum, 01.4, 01.5 og 02.02. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir sem falla undir 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum, sbr. 2. gr. Til gjaldskyldrar veltu telst öll sala eða afhending vöru og þjónustu sem skattskyld er skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og enn fremur sú sala eða afhending sem undanþegin er skattskyldu skv. 12. gr. sömu laga. Heimilt er gjaldskyldum aðilum að draga frá gjaldskyldri veltu sannanlegt útlánatap sem áður hefur verið talið til gjaldstofns. Einnig er heimilt að draga frá gjaldskyldri veltu andvirði seldra rekstrarfjármuna sem talið hefur verið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.

Reki framleiðandi búvöru aðra starfsemi en gjaldskyld er skv. 2. gr. ber honum að halda þeirri starfsemi aðskildri í bókhaldi sínu eða færa hana á sérstakan rekstrarreikning utan landbúnaðarframtals.

Á framtali til búnaðargjalds ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum, samkvæmt skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu á gjalddögum virðisaukaskatts greiða í staðgreiðslu til innheimtumanna ríkissjóðs búnaðargjald af gjaldskyldri veltu. Staðgreiðsla búnaðargjalds samkvæmt þessari grein er fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sem framkvæmd er af skattstjórum. Gjalddagar staðgreiðslunnar skulu vera hinir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts hjá viðkomandi gjaldanda, sbr. 24. gr. og 31. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Greiði gjaldskyldur aðili ekki staðgreiðslu á tilskildum tíma skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilega dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er.

5. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu innan þess framtalsfrests sem kveðið er á um í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans þar sem gjaldskyldar fjárhæðir eru tilgreindar eftir búgreinum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Að loknum framtalsfresti skal skattstjóri leggja á búnaðargjald í samræmi við lög þessi og skulu um þá álagningu gilda sömu ákvæði og er að finna í X. kafla um álagningu, kærur o.fl. í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ef greiðandi búnaðargjalds telur að álagning hafi ekki verið rétt ákvörðuð getur hann kært álagninguna til skattstjóra, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá álögðu búnaðargjaldi skal draga þá fjárhæð sem gjaldskyldur aðili hefur greitt í staðgreiðslu upp í álagninguna á gjalddögum virðisaukaskatts. Álagt búnaðargjald, að frádregnu því sem greiða bar fyrir álagningu, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram. Um þann mismun sem fram kann að koma milli álagningar og staðgreiðslu skulu að öðru leyti gilda ákvæði XIII. kafla um innheimtu og ábyrgð í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Um upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir, viðurlög og málsmeðferð skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981.

6. gr.

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig:

Til Búnaðarsjóðs	1,275% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,100% af stofni
Til Framleiðsluráðs landbúnaðarins	0,275% af stofni

Hluti Búnaðarsjóðs skiptist síðan á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands. Af hluta búgreinasamtaka skal greiða til Bjargráðasjóðs fjárhæð sem getur mest verið 1% af gjaldstofni búnaðargjalds samkvæmt nánari ákvörðun félagsmálaráðherra að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Fjármálaráðherra stendur skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs.

Af óskiptum tekjum búnaðargjalds skulu 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og koma til framkvæmda við innheimtu búnaðargjalds í staðgreiðslu á því ári og álagningu þess á árinu 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 25. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vegna birgða innheimtir Framleiðsluráð landbúnaðarins 1,25% gjald af heildsöluverðmæti kindakjöts sem selt er frá afurðastöðvum mánuðina janúar til og með ágúst 1998 og af mjólkurafurðum sem seldar eru frá afurðastöðvum mánuðina janúar og febrúar 1998. Um hlutfallslega skiptingu gjaldsins fer eftir ákvæðum 1. mgr. 6. gr.

II.

Þar til álagning skv. 2. mgr. 5. gr. hefur farið fram skal fjármálaráðherra standa skil á búnaðargjaldi eins og nánar er kveðið á um í 6. gr., með hliðsjón af áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um væntanlega álagningu gjaldsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í júlí 1996 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði og gera tillögur um leiðir til einföldunar frá núverandi skipulagi.

Nefndina skipa þeir Ólafur Friðriksson, deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Gísli Karlsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands. Þá starfaði Aðalsteinn Hákonarson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG Endurskoðun hf., einnig með nefndinni.

Tilgangurinn með endurskoðun á innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði var að leita leiða til að einfalda fyrirkomulag innheimtu og gera hana öruggari. Þá er talið nauðsynlegt að beina innheimtunni á eitt stig í stað tveggja eins og nú er háttað, þ.e. annaðhvort á framleiðenda- eða heildsölustig. Athugaðar voru ýmsar leiðir í þessu sambandi, en niðurstaðan var sú að tengja innheimtu sjóðagjalda við hina almennu skattheimtu.

Rétt er að gera grein fyrir núverandi fyrirkomulagi í innheimtu sjóðagjalda og þeim gjöldum sem um er að ræða.

Búnaðarmálasjóðsgjald er innheimt samkvæmt lögum nr. 41/1990. Það er innheimt af afurðum nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla, garð- og gróðurhúsa hvers konar, auk loðdýraafurða og æðardúns. Gjaldið dregst frá verði til framleiðenda og álagningarstofn er verð til þeirra. Afurðastöðvar sjá um innheimtu þess og standa skil á því til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem síðan greiðir það til viðkomandi aðila. Álagningarprósenta gjaldsins er nokkuð mismunandi eftir afurðartegundum. Á nautgripa-, sauðfjár- og skógarafurðum og æðardúni er gjaldið 1,4%, á alifuglakjöti 1,75%, á afurðum svína 1,775%, afurðum hrossa og loðdýra 2,025%, á kartöflum og gulrófum 1,825% og á öðru grænmeti og blómum er gjaldið 1,525%. Á eggjum er gjaldið 0,85%.

Neytenda- og jöfnunargjald, 2% af heildsöluverði, er lagt á samkvæmt lögum nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Heildsöluaðilum ber að standa skil á gjaldinu og sér Framleiðsluráð landbúnaðarins um innheimtu þess. Gjaldið er hluti af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og er forsenda lágra vaxta af útlánum deildarinnar. Gjaldið er innheimt af heildsöluverðmæti sömu afurða og búnaðarmálasjóðsgjald, en þó hvorki af loðdýraafurðum né öðrum útfluttum afurðum. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Í því frumvarpi er m.a. ákvæði um að tekjur til Lánasjóðsins séu 1,1% af stofni búnaðargjalds samkvæmt þessu frumvarpi.

Framleiðsluráðsgjald, 0,25%, er samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er innheimt af heildsöluverðmæti landbúnaðarafurða með neytenda- og jöfnunargjaldi. Gjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði við Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Innheimtuferli ofangreindra gjalda er flókið og gjaldstofnar mismunandi. Greiðendur eru framleiðendur, afurðastöðvar og sölusamtök. Eftirlit með álagningu og innheimtu gjaldanna er erfitt og hætta á að gjaldstofnar skili sér ekki að fullu. Þá eru innheimtuúrræði veik. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir einum gjaldstofni og að innheimta sjóðagjalda færist alfarið yfir á framleiðendastigið undir heitinu búnaðargjald.

Til að gera innheimtuna einfalda, örugga og ódýra er með frumvarpi þessu lagt til að búnaðargjald verði lagt á með almennum þinggjöldum eins og markaðsgjald og iðnaðargjöld. Gjaldskyldum aðila, sem stundar landbúnað eða skógrækt í atvinnuskyni, ber að fylla út sérstakt framtalsblað á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gert er ráð fyrir að gjaldstofn fyrir álagningu búnaðargjalds verði hinn sami og gjaldstofn fyrir markaðsgjald að því undanskildu að eignasala myndi ekki stofn fyrir álagningu búnaðargjalds og að heimilt verði að færa sannanlegt útlánatap til frádráttar stofni.

Lagt er til að búnaðargjald verði innheimt í staðgreiðslu samhliða virðisaukaskatti og álagning og afstemming fari síðan fram árið eftir þegar framleiðandi hefur talið fram til skatts og álagning þinggjalda fer fram. Þegar búvöruframleiðandi skilar virðisaukaskatti fyllir hann út tvo reiti til viðbótar þeim sem fyrir eru á virðisaukaskattsskýrslunni eða skilar þeim upplýsingum á sjálfstæðri skýrslu eftir því sem ríkisskattstjóri ákveður. Annars vegar þarf hann að tilgreina gjaldskylda heildarveltu sína í landbúnaði á tímabilinu og hins vegar að tilgreina búnaðargjald sem honum ber að skila af þeim stofni. Hjá flestum yrði um að ræða sömu heildarveltu og fram kemur á virðisaukaskattsskýrslu. Þeir sem stunda aðra starfsemi samhliða landbúnaði og skógrækt verða að halda þeirri veltu aðgreindri.

Helstu kostir þessa nýja fyrirkomulags samkvæmt frumvarpinu eru að innheimtan verður einföld, fellur inn í hið opinbera skattkerfi og snertir eingöngu hagsmunaaðila. Gjaldstofninn liggur þegar fyrir hjá greiðendum og kostnaður þeirra er óverulegur. Leiða má að því rök að innheimtan verði skilvirkari og víst er að hún nær til fleiri aðila en í núverandi kerfi. Innheimtuúrræði verða þau sömu og gilda um opinber gjöld. Þá er ljóst að hagræðing verður hjá afurðastöðvum og sambærilegum aðilum við þessa breytingu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og fram hefur komið hér að framan eru sjóðagjöld innheimt með mismunandi hætti, ýmist á heildsöluverð eða framleiðendaverð. Sjóðagjöld landbúnaðarins eru því í raun mörg ólík gjöld, undir mismunandi nöfnum og hafa verið lögð á samkvæmt heimild í fernum lögum. Í þessari grein frumvarpsins hafa gjöldin verið sameinuð undir heitinu búnaðargjald sem skilgreint er sem rekstrarkostnaður í skilningi skattalaga nr. 75/1981.

Um 2. gr.

Gjaldskyldir aðilar eru allir þeir sem stunda landbúnað og skógrækt og falla undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 95.

Þær undanþágur sem er að finna í þessari grein eru ýmiss konar þjónusta við jarðyrkju og búfjárrækt. Undir þetta fellur t.d. starfsemi verktaka við jarðvinnslu, meðferð uppskeru, pökkun og hreinsun grænmetis, rúningur, klaufsnyrting og hundahreinsun. Einnig er undanþegin gjaldinu velta er lýtur að dýraveiðum og tengdri þjónustu, svo sem selveiðar, hreindýraveiðar og rjúpnaveiði í atvinnuskyni, svo eitthvað sé nefnt. Þá er undanþegin búnaðargjaldi þjónusta tengd skógrækt og skógarhöggi, t.d. flutningur trjábola innan skógar og eldvarnir. Ekkert af þessu er gjaldskylt samkvæmt núgildandi lögum.

Eins og í lögunum um virðisaukaskatt eru undanþegnir gjaldskyldu þeir búvöruframleiðendur er hafa minni veltu en 212.900 kr. á ári og breytist sú upphæð árlega með hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum í landinu.

Um 3. gr.

Til einföldunar þykir eðlilegt að gjaldstofn búnaðargjalds verði tengdur öðrum gjaldstofnum sem gjaldskyldir aðilar þurfa að gera skattyfirvöldum grein fyrir. Heppilegast þykir í því sambandi að miða stofninn í meginatriðum við skattskylda veltu samkvæmt ákvæðum laga um virðisaukaskatt að viðbættri undanþeginni veltu samkvæmt 12. gr. sömu laga. Þannig mynduðu bæði útflutningur og beingreiðslur stofn fyrir álagningu búnaðargjalds, en stefnt var að því að hafa stofninn sem breiðastan. Engu að síður þykir eðlilegt að heimila að útlánatap, sem áður hefur verið talið til gjaldstofns, mætti bakreikna út úr gjaldstofni þegar tapið er sannanlegt eins og kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Enn fremur er talið að heimila beri að sölu á rekstrarfjármunum sem mynda stofn til virðisaukaskatts mætti halda utan gjaldstofnsins. Var í því sambandi bent á að sala á einni dráttarvél gæti jafnvel numið ársveltu lítils sauðfjárbús.

Ljóst er að búvöruframleiðendur, eins og þeir eru skilgreindir í frumvarpinu, geta bæði verið lögaðilar og einstaklingar, einn eða fleiri saman, og starfsemi þeirra getur verið margþætt og blönduð þannig að hún sé bæði á sviði landbúnaðar og utan hans. Til þess að geta undanþegið gjaldskyldu þá veltu sem fellur utan landbúnaðar er gjaldskyldum aðilum gert að halda henni aðgreindri frá þeirri veltu sem búnaðargjald reiknast af. Bókhaldsskyldum aðilum er gert að skilja á milli gjaldskyldrar og undanþeginnar veltu í bókhaldi sínu en þeim sem ekki eru bókhaldsskyldir er gert að skila þeirri starfsemi sem undanþegin er á sjálfstæðum rekstrarreikningi með skattframtali sínu. Dæmi um starfsemi af þessu tagi á íslenskum lögbýlum getur verið ferðaþjónusta, vinnuvéla- og verktakastarfsemi, handverksiðnaður o.fl.

Bændasamtök Íslands hafa lagt á það áherslu að hægt sé að flokka gjaldstofn búnaðargjalds eftir búgreinum og sveitarfélögum til þess að hægt sé að viðhalda skiptingu tekna milli búnaðarsambanda sem eru landshlutabundin og einstakra búgreinasamtaka. Skipting eftir sveitarfélögum kemur sjálfkrafa fram við álagningu, en til þess að hægt sé að skipta gjaldstofninum eftir búgreinum verða gjaldskyldir aðilar sjálfir að annast þá skiptingu við framtalsgerð sína. Ríkisskattstjóri ákveður framtalsformið en landbúnaðarráðherra skilgreinir í reglugerð búgreinar og afurðir tengdar þeim að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Þannig má gera ráð fyrir að venjulegur framteljandi í landbúnaði þurfi að skipta gjaldstofni til búnaðargjalds í nokkra liði, t.d. 1. sölu mjólkurafurða, 2. sölu annarra nautgripaafurða, 3. sölu sauðfjárafurða o.s.frv. Á framtalseyðublaði verða að vera skýr fyrirmæli um þessa skiptingu eða sérmerktir reitir fyrir hvern afurðaflokk.

Um 4. gr.

Eitt af grundvallaratriðum frumvarpsins er að gera ráð fyrir innheimtu búnaðargjalds í staðgreiðslu en endanlegri álagningu og afstemmingu eftir á. Þannig er ætíð um samtímagreiðslu að ræða. Virðisaukaskattsskyldum aðilum ber að gera upp skatt sinn á ákveðnum gjalddögum og þar sem nánast er um sama gjaldstofn að ræða við innheimtu búnaðargjalds þótti hagkvæmt og eðlilegt að hafa gjalddaga staðgreiðslunnar þá sömu. Almenna reglan er sú að gjalddagar virðisaukaskatts eru sex á ári, í síðasta lagi 5. apríl fyrir mánuðina janúar og febrúar og í síðasta lagi 5. júní fyrir mánuðina mars og apríl o.s.frv. Í landbúnaði er þessu öðruvísi farið og aðalreglan sú að gjalddagar eru tveir á ári, í síðasta lagi 1. september vegna fyrri árshelmings og í síðasta lagi 1. mars vegna síðari árshelmings. Þrátt fyrir þessa sérreglu í landbúnaði skila margir lögaðilar og einhverjir einstaklingar skattinum eftir almennu reglunni. Þessi sérregla í landbúnaði gerir það þó að verkum að greiðslustreymi búnaðargjaldsins verður ójafnt yfir árið. Engu að síður var þessi leið talin heppilegasti kosturinn við innheimtu búnaðargjaldsins.

Ekki þykir rétt að beita viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um virðisaukaskatt á gjaldfallin ógreidd búnaðargjöld í staðgreiðslu. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að innheimtumenn reikni hæstu lögleyfðu dráttarvexti á vangoldið búnaðargjald.

Um 5. gr.

Lagt er til að búnaðargjald verði lagt á með almennum þinggjöldum eftir á og að til frádráttar álagningu komi innborgað búnaðargjald í staðgreiðslu. Gjaldskyldum aðila ber að fylla út sérstakt framtalsblað á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður og skila því til skattstjóra innan lögboðins framtalsfrests. Mismunur sem kann að koma fram við álagningu á álögðu og áður greiddu búnaðargjaldi verði síðan greiddur eða endurgreiddur með sama hætti og á sömu gjalddögum og gildir um álagningu tekjuskatts og eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981. Einnig er gert ráð fyrir að sömu reglur gildi um upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir, viðurlög og málsmeðferð og er að finna í þeim lögum.

Um 6. gr.

Búnaðargjald er samheiti fleiri gjalda sem greinast í þrjá meginflokka, búnaðarsjóðsgjald, lánajöfnunargjald og framleiðsluráðsgjald. Miðað við veltu ársins 1995 er áætlað að heildarupphæð gjaldsins verði 370–380 millj. kr.

Búnaðarsjóður skiptist síðan milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka og er gert ráð fyrir að sú skipting geti verið breytileg og sé ákveðin af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Inni í hlut búgreinasamtaka er framlag hverrar greinar til Bjargráðasjóðs. Það er síðan á valdi félagsmálaráðherra að ákveða hversu hátt bjargráðasjóðsgjaldið er að fenginni tillögu Bændasamtaka Íslands.

Samkvæmt núgildandi lögum greiða búgreinarnar mismikið til Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna. Gjaldflokkarnir eru tveir og eru greidd 0,375% af afurðum svína og alifugla en 0,825% af öðrum afurðum. Þá er heimiluð mismunandi innheimta til búgreinasamtakanna og er hún nú allt frá 0,075% og upp í 1,0%. Loks getur gjald til Bjargráðasjóðs verið allt frá 0% og upp í 1%.

Hið nýja kerfi setur þessum breytileika nokkrar skorður og þrengir innheimtumöguleika nokkurra búgreina frá því sem nú er. Sé ekki unnt að mæta því með breyttri verkaskipan og minni útgjöldum geta viðkomandi búgreinasamtök orðið að huga að öðrum tekjuöflunarleiðum.

Lánajöfnunargjald, 1,1%, kemur í stað neytenda- og jöfnunargjalds sem er 2% af heildsöluverði og einnig Stofnlánadeildarhluta búnaðarmálasjóðsgjaldsins sem er 0,1–0,2% af framleiðendaverði. Samanlögð gjöld til Stofnlánadeildar voru rúmar 392 millj. kr. árið 1996. Lánajöfnunargjald er áætlað 165–170 millj. kr. miðað við veltu ársins 1995. Þannig er dregið úr innheimtu til Stofnlánadeildar/Lánasjóðs landbúnaðarins um u.þ.b. 225 millj. kr. á ári en samkvæmt frumvarpi til laga um Lánasjóð landbúnaðarins skal miða vexti af útlánum við að eigið fé sjóðsins haldist að raungildi.

Framleiðsluráðsgjald verður 0,275% en var áður 0,25% af heildsöluverði. Álögð prósenta hækkar lítillega þar sem nú er miðað við lægri gjaldstofn en áður var. Miðað er við að svipuð krónutala haldi sér. Heildarupphæð framleiðsluráðsgjalds er áætluð rúmar 42 millj. kr. miðað við veltu ársins 1995.

Gengið er út frá því að fjármálaráðherra standi skil á gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi aðila, þó aldrei lægri fjárhæð í senn en 6,67% af álagningu síðasta árs. Ekki er nákvæmlega þekkt hvernig greiðsluflæði búnaðargjaldsins muni verða innan ársins og því hugsanlegt að um einhverja greiðslumiðlun verði að ræða.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru felld úr gildi lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og ákvæði laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, um innheimtu gjalds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Til þess að jafna kostnaðarstöðu í upphafi breytts fyrirkomulags á innheimtu sjóðagjalda er talið eðlilegt að innheimta áfram samsvarandi gjald á heildsölustigi við sölu birgða frá fyrra ári. Þetta nær þó fyrst og fremst til kindakjöts og í minna mæli til mjólkurafurða. Birgðir annarra afurða eru annaðhvort mjög litlar við áramót eða þá í eigu framleiðenda sjálfra sem greiða af þeim við sölu hið nýja búnaðargjald.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Hér er gert ráð fyrir því að greiðslustreymi til viðkomandi sjóða miðist í upphafi við tekjuáætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á meðan álagning samkvæmt nýju fyrirkomulagi hefur enn ekki farið fram.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um búnaðargjald.

Frumvarp þetta felur í sér víðtækar breytingar á innheimtu gjalda í landbúnaði en efni frumvarpsins tekur að hluta mið af þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpi til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Í frumvarpinu er lagt til að innheimt verði eitt gjald, 2,65% búnaðargjald, af búvöruframleiðendum.

Búnaðargjaldinu er ætlað að leysa af hólmi þrjú önnur gjöld: Í fyrsta lagi búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 41/1990, sem er á bilinu 0,85%–2,025% af verði til framleiðenda og fer það eftir afurðartegundum. Í öðru lagi neytenda- og jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, en það nemur 2% af heildsöluverði sömu afurða og búnaðarmálasjóðsgjald, utan útfluttra afurða. Gjaldið er hluti af tekjum Stofnlánadeildar og grundvöllur lágra vaxta af útlánum deildarinnar. Í þriðja lagi framleiðsluráðsgjald samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem nemur 0,25% af heildsöluverðmæti og er því ætlað að standa undir rekstri Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Tilgangurinn með hinu nýja búnaðargjaldi er að einfalda álagningu gjalda í landbúnaði, bæta innheimtu þeirra og styrkja innheimtuúrræði. Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Við þessa breytingu má gera ráð fyrir því að árleg innheimta sjóðagjalda lækki úr um 610 m.kr. í um 390 m.kr. miðað við núverandi veltu. Búnaðargjaldinu verður ráðstafað til Búnaðarsjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins í hlutföllum sem tilgreind eru í 6. gr. frumvarpsins. Þó munu 0,5% af óskiptum tekjum búnaðargjalds renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara eða um 2 m.kr. Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi í för með sér annan kostnað fyrir ríkissjóð.

806. Frumvarp til laga [479. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í síðari málslið 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995, kemur: 3%.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í fyrri málslið 1. mgr. 21. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 124/1995, kemur: 1,8%.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III með lögum nr. 124/1995, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum, fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á lögum nr. 93/1993 sem frumvarp þetta felur í sér eru gerðar að beiðni Bændasamtaka Íslands. Þær eru samhljóða ályktunum Búnaðarþings árið 1997. Breytingarnar fela annars vegar í sér að dregið verði úr töku verðskerðingargjalda af kindakjöti sem verja skal til almennra markaðsaðgerða og hins vegar að afnumið verði verðskerðingargjald sem innheimt er samkvæmt bráðabirgðaákvæði III með lögum nr. 124/1995, um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, með síðari breytingum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að verðskerðingargjald til markaðsaðgerða innanlands, sem tekið er af framleiðendum, verði lækkað úr 5% af grundvallarverði á kindakjöti til bænda í 3%. Áætla má að innheimta verðskerðingargjalds samkvæmt þessu muni lækka úr 72 millj. kr. í 43 millj. kr.

Um 2. gr.

Lagt er til að verðskerðingargjald til markaðsaðgerða innanlands, sem tekið er af sláturleyfishöfum, verði lækkað úr 3% af slátur- og heildsölukostnaði kindakjöts í 1,8%. Áætla má að innheimta verðskerðingargjald samkvæmt þessu muni lækka úr 29 millj. kr. í 17 millj. kr.

Um 3. gr.

Í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995 var samið um ráðstafanir til að koma birgðum kindakjöts í ásættanlegt magn. Birgðir kindakjöts í byrjun sláturtíðar haustið 1995 voru 2.225 tonn af dilkakjöti og 442 tonn af kjöti af fullorðnu fé. Æskilegar birgðir eru taldar vera um 500 tonn eða tæplega fimmti hluti fyrirliggjandi birgða. Gert var ráð fyrir að tvö ár tæki að ná þeirri birgðastöðu sem að var stefnt. Miðað var við að birgðajafnvægi skyldi komið á áður en opinber verðlagning á sauðfjárafurðum til bænda yrði aflögð haustið 1998. Því var í áðurnefndu bráðabirgðaákvæði ákveðið að innheimta árin 1996 og 1997 sérstakt 3% verðskerðingargjald af bændum og 2% verðskerðingargjald af sláturleyfishöfum til markaðsaðgerða er kæmu til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna. Jafnframt var ákveðið að ráðstafað skyldi í sama skyni fé til uppkaupa á greiðslumarki skv. 5. gr. samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða sem ekki nýttist til uppkaupa á samningstímanum.

Afsetning birgða gekk hraðar en áætlað hafði verið. Í byrjun sláturtíðar haustið 1996 voru birgðir dilkakjöts 755 tonn og birgðir af kjöti af fullorðnu 165 tonn. Því til viðbótar var framleiðsla á liðnu hausti nokkru minni en gert var ráð fyrir þegar ákvörðun um útflutningsskyldu skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 var tekin fyrir framleiðslu haustið 1996. Þetta samanlagt leiddi til þess að birgðir kindakjöts voru um síðustu áramót komnar í það horf að jafnvægi var fullkomlega náð. Birgðir kindakjöts höfðu minnkað um 1.886 tonn á árinu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á verðskerðingargjöldum í landbúnaði en þau eru innheimt í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í birgðum kindakjöts. Gjöldin eru innheimt af framleiðendum og sláturleyfishöfum og varið til markaðsaðgerða innan lands. Innheimta gjaldanna er á hendi Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fer því ekki í gegnum ríkissjóð. Áætlað er að heildarlækkun verðskerðingargjalda verði 41 m.kr. eða úr 101 m.kr. í 60 m.kr. Breytingar þessar eiga sér stoð í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 124/1995, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

807. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um Tryggingasjóð einyrkja.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Gunnar E. Sigurðsson, Elínu Blöndal, Ingvar Sverrisson og Árna Gunnarsson. Þá komu til fundar Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Unnur Sverrisdóttir og Ása Þ. Baldursdóttir frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Helga Garðarsdóttir, Jóhanna Þráinsdóttir og Veturliði Guðnason frá þýðendum, Þráinn Hallgrímsson frá Dagsbrún, Ólafur M. Jóhannesson, fyrrverandi ritstjóri blaðsins Gegn atvinnuleysi, Lúðvík Geirsson og Fríða Björnsdóttir frá Blaðamannafélagi Íslands, Hjálmar H. Ragnarsson frá Bandalagi íslenskra listamanna og Guðni Pálsson og Hilmar Björnsson frá Arkitektafélagi Íslands.

Nefndinni bárust umsagnir frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, Sjómannasambandi Íslands, Reykjavíkurborg, Bændasamtökum Íslands, Landssambandi kúabænda, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssamtökum sauðfjárbænda, Félagi sjónvarpsþýðenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Félagi þýðenda við Stöð 2, þýðendum á Stöð 3, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Reykjanesbæ, Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, Ólafi M. Jóhannessyni, Félagi framhaldsskólanema, Rithöfundasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Arkitektafélagi Íslands, Blaðamannafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra listamanna og Félagi tónskálda og textahöfunda,

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. Í fyrsta lagi að nafni sjóðsins verði breytt og að hann fái heitið Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, þ.e. í stað hugtaksins einyrki komi „sjálfstætt starfandi einstaklingur“. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sjóðfélagar geti verið fleiri en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur, þ.e. aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Með þessu er lagt til að sjóðurinn verði opnaður enn frekar þar sem menn geta verið sjálfstætt starfandi án þess að teljast einyrkjar. Fjölmargar breytingar eru síðan gerðar á frumvarpinu til samræmis við framangreint. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi í deildum samkvæmt reglum sem ráðherra setur og að í þeim reglum skuli meðal annars kveðið á um þann lágmarksfjölda einstaklinga sem þarf svo unnt verði að stofna deild. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ekki verði færri en 500 í hverri deild og að jafnframt þurfi að ákveða hvaða starfsgreinasamtök eigi aðild að viðkomandi deild og að skilgreina þurfi atvinnuleysi í hverri deild fyrir sig.
2. Með breytingum á 2. gr. er tryggt að önnur starfsgreinasamtök, sem öðlast aðild að sjóðnum og mynda deild innan hans, en eru ekki sérstaklega talin upp í greininni, eigi sæti í stjórn sjóðsins, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Í öðru lagi er lagt til að 4.–6. og 9. mgr. greinarinnar falli brott og færist fyrir í 24. gr. sem þá geymi meðal annars ákvæði um að stjórn sjóðsins skuli eftir hver áramót gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins, varasjóð og kostnað af rekstri sjóðsins. Í þriðja lagi er lagt til að fellt verði brott það ákvæði 8. mgr. að Vinnumálastofnun skuli annast útborgun bóta. Þá er í fjórða lagi lögð til breyting á fyrirsögn greinarinnar með hliðsjón af framangreindum breytingum. Aðrar breytingar eru í samræmi við breytingar á 1. gr., sbr. 1. lið.
3. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Annars vegar að sjóðfélagaskilyrði 1. mgr. verði fellt brott. Þessi breyting er sett fram með hliðsjón af breytingu á 1. gr. , sbr. 1. lið, um frekari opnun sjóðsins, en skilyrðið var viðbótarskilyrði og til takmörkunar á mögulegri aðild að sjóðnum. Hins vegar er lögð til sú breyting á greininni að fleiri starfsgreinar geti átt aðild að sjóðnum og er það í samræmi við umfjöllun í 1. lið.
4. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 1. mgr. 4. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að neðri aldursmörk þeirra sem geta átt rétt til bóta, sbr. 1. tölul., skuli vera 16 ár í stað 18 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að miða við að sjóðfélagi þurfi að hafa hætt rekstri til að uppfylla almenn bótaskilyrði frumvarpsins verði miðað við að rekstur hafi verið stöðvaður, sbr. 2. og 5. tölul. Þá er einnig lögð til breyting á 5. tölul. í samræmi við breytingu á 3. gr. Í þriðja lagi er lagt til að sá sem hefur skráð

sig atvinnulausan þurfi einungis að bíða í þrjá daga eftir að réttur hans til bóta verði virkur en ekki í tvær vikur eins og gert er ráð fyrir í 6. tölul. Þetta er einnig í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í fjórða lagi er lögð til sú breyting á 7. tölul. að í stað þess bótaskilyrðis að menn þurfi að vera tilbúnir að ráða sig í fullt starf, með undantekningum sem úthlutunarnefnd metur, verði miðað við að atvinnuleitandi skuli vera reiðubúinn að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur. Með hliðsjón af þessum breytingum á 7. tölul. eru gerðar breytingar á 17. gr., sbr. 12. lið. Aðrar breytingar á greininni leiðir af fyrrnefndri breytingu á aldursmörkum.

5. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. í samræmi við breytingar á 1. gr. á nafni sjóðsins og 4. gr. þar sem kveðið er á um stöðvun reksturs í stað þess bótaskilyrðis að hætta verði rekstri, sbr. 4. lið.
6. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Annars vegar er lagt til að felld verði niður upptalning í 1. mgr. um hvað geti talist til heimilisaðstæðna. Með þessu er þó ekki litið svo á að þessi atriði geti ekki fallið undir hugtakið heimilisaðstæður heldur geta þau öll komið til skoðunar sem og margt annað í þessu samhengi. Þau tilvik sem talin voru upp í ákvæðinu munu vera í samræmi við túlkun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á hugtakinu heimilisaðstæður og er með þessari breytingu ekki ætlunin að ganga gegn þeirri túlkun. Hins vegar er lögð til sú rýmkun á ákvæði 2. mgr. að í stað þess að sá sem fer í fæðingarorlof haldi áunnum bótarétti í allt að sex mánuði verði miðað við töku fæðingarorlofs sem getur verið lengra tímabil, t.d. vegna fjölburafæðingar. Hér er einnig um að ræða breytingar til samræmis við lög um atvinnuleysistryggingar.
7. Þá er lögð til breyting á 7. gr. til að taka af öll tvímæli um að með trúnaðarlækni í 4. mgr. sé átt við trúnaðarlækni Atvinnuleysistryggingasjóðs og er breytingin til samræmis við lög um atvinnuleysistryggingar.
8. Lagðar eru til breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi að bótaréttur þeirra sem sagt hafa starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á falli niður í 40 daga í fyrsta sinn í stað 55 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sbr. 4. og 5. tölul. Er þetta í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í öðru lagi er lagt til að stjórn sjóðsins verði heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Slíkar reglur skulu staðfestar af ráðherra. Breyting þessi er sett fram til þess að mögulegt verði í ákveðnum undantekningartilvikum að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa orðið að hætta námi fyrir lok námsannar, sbr. 6. tölul., og í samræmi við framangreind lög um atvinnuleysistryggingar. Í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að miða við að öflun bóta með sviksamlegum hætti valdi missi bótaréttar skuli miðað við athæfi sem um ræðir í V. kafla og er þetta í samræmi við breytingar á 19. gr., sbr. 13. lið.
9. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að tekjutenging bóta verði afnumin en í frumvarpinu er miðað við að tekjur einstaklings sem öðlast hefur bótarétt hafi ekki á síðustu tólf mánuðum fyrir skráningu verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði. Þannig munu tekjur einstaklings áður en hann hefur töku bóta ekki fresta rétti til bóta eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Breytingin er í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar.

10. Lagt er til að ákvæði 10. gr., sem kveður á um að þau tímabil sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum teljist hluti bótatímabils, falli brott, sbr. framangreind lög um atvinnuleysistryggingar.
11. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. er varða fjárhæð atvinnuleysisbóta og endurskoðun þeirra. Gert er ráð fyrir að lögbundin fjárhæð hámarksbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Samhljóða ákvæði eru í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Aðrar breytingar á greininni eru í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.
12. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að miða skuli við að bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skuli úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og breytingu sem rakin er í 4. lið, um að atvinnulausir skuli reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er. Þá er felld niður sú regla frumvarpsins að maður er sinnir hlutastarfi geti jafnframt því aðeins notið bóta í sex mánuði. Þessar breytingar eru í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar.
13. Lagt er til að það skilyrði 19. gr. að einungis vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 1. mgr., varði missi bótaréttar falli brott. Telja verður nægjanlegt að rangar eða villandi upplýsingar séu gefnar enda getur reynst erfitt að sanna ásetning manna í þessum efnum. Til samræmis er lagt til að orðin sviksamlegt athæfi í 3. mgr. verði fellt brott. Það orðalag kemur hins vegar sem fyrirsögn 20. gr. um sektarviðurlög.
14. Lagðar eru til þær breytingar á 21. gr. að stjórn sjóðsins skuli skipa úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn og að í henni eigi sæti fulltrúar þeirra starfsgreinasamtaka sem öðlast aðild að sjóðnum og mynda deild innan hans, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiðast úr sjóðnum og skal nefndin ákveða fyrirkomulag á greiðslu bóta.
15. Lögð er til sú breyting á 22. gr. að frestur til að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar um bætur og missi bótaréttar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta verði lengdur úr tveimur vikum í þrjá mánuði. Er það í samræmi við almennan kærufrest skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og lög um atvinnuleysistryggingar. Önnur breyting á greininni er í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.
16. Lögð er til breyting á 23. gr. sem lýtur að því að hver starfsgrein skuli njóta bóta úr sinni deild og tekjur sjóðsins frá hverri starfsgrein, sbr. 1. tölul. 1. mgr., skuli renna til viðkomandi deildar. Þá skuli fjárhagur hverrar deildar vera aðskildur. Þessi breyting er lögð til í samræmi við þá breytingu á sjóðnum sem rakin er í 1. lið, sem og aðrar breytingar á greininni.
17. Lagt er til að fjórar nýjar málsgreinar bætist við 24. gr. og er sú viðbót í samræmi við breytingar sem raktar eru í 2. lið. Önnur breyting á greininni er í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.

18. Þá er lagt til að nýtt ákvæði bætist við frumvarpið sem lýtur að aðgreiningu réttinda í Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga annars vegar og Atvinnuleysistryggingasjóði hins vegar komi upp sú staða að einstaklingur eigi réttindi í báðum sjóðunum á viðmiðunartímabili bóta. Í slíkum tilvikum er lögð til sú regla að viðkomandi taki allar bætur úr þeim sjóði sem hann á rétt til hærri bótafjárhæðar úr.
19. Þá eru loks lagðar til breytingar á ákvæðum til bráðabirgða til samræmis við aðrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins, sbr. 1. og 16. lið. Í nýju ákvæði til bráðabirgða er síðan sérstaklega kveðið á um að starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga aðrar en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur geti einnig öðlast aðild að sjóðnum að fengnu samþykki ráðherra óski samtök þeirra þess. Áður en ráðherra afgreiðir slíka umsókn um aðild að sjóðnum skal hann leita umsagna stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1997.

Siv Friðleifsdóttir, varaform., frsm. Einar K. Guðfinnsson. Magnús Stefánsson.

Arnbjörg Sveinsdóttir. Pétur H. Blöndal.

808. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um Tryggingasjóð einyrkja.

Frá meiri hluta félagsmálanefndar (SF, PHB, MS, EKG, ArnbS).

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Stofnaður skal sjóður sem ber heitið Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.
   b. Í stað orðanna „og smábátaeigendur“ í 3. mgr. komi: smábátaeigendur og aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga.
   c. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Sjóðurinn starfar í deildum samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Í þeim komi meðal annars fram sá lágmarksfjöldi einstaklinga sem til þarf svo unnt sé að stofna deild.
2. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Félagsmálaráðherra skipar stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra, fjármálaráðuneyti og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn stjórnarmann hver og einn til vara, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn stjórnarmann. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

b. 4.–6. mgr. falli brott.
c. Í stað orðanna „Tryggingasjóð einyrkja“ í 7. mgr. komi: sjóðnum.
d. Orðin „þar með talið útborgun bóta“ í 8. mgr. falli brott.
e. 9. mgr. falli brott.
f. Orðið „ráðstöfunarfé“ í fyrirsögn falli brott.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru:
1. Bændur: Þeir sem stunda búrekstur í atvinnuskyni. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt sem stundað er til tekjuöflunar, svo og eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda og þjónusta á lögbýlum er nýtir gæði jarðar eða aðra framleiðslu landbúnaðar í framangreindum tilgangi.
2. Smábátaeigendur: Útgerðaraðilar smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni.
3. Vörubifreiðastjórar: Þeir sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar samkvæmt lögum um leigubifreiðar.
4. Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gerast aðilar að sjóðnum samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur.

4. Við 4. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
a. Í stað orðanna „18 ára“ í 1. tölul. komi: 16 ára.
b. Í stað orðanna „hætt rekstri“ í 2. tölul. komi: stöðvað rekstur.
c. 1. málsl. 5. tölul. orðist svo: Hafa á síðustu tólf mánuðum áður en þeir stöðvuðu rekstur eða urðu atvinnulausir staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist, en hlutfallslega lengur hafi tekjur af rekstri verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.
d. Lokamálsliður 5. tölul. falli brott.
e. Í stað orðanna „tvær vikur“ í 6. tölul. komi: þrjá daga.
f. 7. tölul. orðist svo: Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur.

5. Við 5. gr.
a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Ef hann hefur stöðvað rekstur.
b. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ í 2. mgr. komi: sjóðsins.
c. Í stað orðanna „lok rekstrar“ í 2. mgr. komi: stöðvun rekstrar.

6. Við 6. gr.
a. Orðin „svo sem veikindum barns eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris“ í 1. mgr. falli brott.
b. Í stað orðanna „í allt að sex mánuði“ í 2. mgr. komi: meðan á töku fæðingarorlofs stendur.

7. Við 7. gr. Á eftir orðinu „trúnaðarlæknis“ í 4. mgr. komi: Atvinnuleysistryggingasjóðs.

8. Við 8. gr.
a. Í stað orðanna „55 bótadaga“ í 4. og 5. tölul. komi: 40 bótadaga.

b. Í stað síðari málsliðar 6. tölul. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.

c. 7. tölul. orðist svo: Þeir sem reynt hafa að afla bóta með athæfi er greinir í V. kafla.

9. Við 9. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Sjóðfélagi, sem öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi.

b. 2. mgr. falli brott.

10. Við 10. gr. 4. mgr. falli brott.

11. Við 11. gr.

a. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga eða ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi nægilegt fé í sjóðnum til þess að mæta skuldbindingum hans.

b. Í stað orðanna „skv. 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: skv. 1. mgr.

c. Í stað orðanna „Tryggingasjóður einyrkja“ í 4. mgr. komi: sjóðurinn.

12. Við 12. gr. Í stað orðanna „skv. 3. mgr. 11. gr.“ í 4. mgr. komi: skv. 2. mgr. 11. gr.

13. Við 13. gr. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ komi: sjóðsins.

14. Við 14. gr. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ í 3. mgr. komi: sjóðsins.

15. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

16. Við 19. gr.

a. Orðið „vísvitandi“ í 1. mgr. falli brott.

b. Í stað orðanna „sviksamlegu athæfi“ í 3. mgr. komi: því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína.

17. Við 20. gr.

a. 1. mgr. falli brott.

b. Fyrirsögn greinarinnar verði: *Sviksamlegt athæfi við öflun bóta.*

18. Við 21. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipa úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn nefndarmann hver, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann. Félagsmálaráðherra tilnefnir tvo nefndarmenn, þar af formann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

b. 3. mgr. orðist svo:

Þóknun úthlutunarnefndar greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar, svo og kostnaður sem af starfi nefndarinnar leiðir.

c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

19. Við 22. gr.
    a. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: þriggja mánaða.
    b. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ í 1. og 3. mgr. komi: sjóðsins.
20. Við 23. gr.
    a. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ í inngangsmálsgrein komi: sjóðsins.
    b. Orðin „Tryggingasjóðs einyrkja“ í 1. tölul. falli brott.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver starfsgrein skal njóta bóta úr sinni deild og tekjur sjóðsins frá hverri starfsgrein, sbr. 1. tölul. 1. mgr., renna til viðkomandi deildar. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum.

21. Við 24. gr.
    a. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ komi: sjóðsins.
    b. Við greinina bætist fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Eftir hver áramót skal stjórn sjóðsins gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn.

Minnst tíu hundraðshluta árlegra tekna sjóðsins samkvæmt lögum um tryggingagjald skal leggja í varasjóð hverrar deildar þar til hann nemur eins árs útgreiðslu bóta miðað við síðastliðið ár. Eftir þann tíma skulu að jafnaði vera fjármunir í varasjóði sem duga til eins árs útgreiðslu bóta úr viðkomandi deild miðað við greiðslur úr honum á síðastliðnum þremur árum. Óheimilt er að ráðstafa úr varasjóði nema að fengnu samþykki ráðherra.

Ef sýnt þykir að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum deilda hans.

22. Við 26. gr. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ komi: sjóðsins.
23. Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: **Tekjur sjóðsins og fjárreiður.**
24. Á undan 27. gr. komi ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Aðgreining sjóða.

Hafi einstaklingur starfað sjálfstætt í einni þeirra starfsgreina sem falla undir gildissvið þessara laga á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um bætur úr sjóðnum en jafnframt starfað sem launþegi, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal hann eiga rétt til bóta úr sjóðnum, enda eigi hann ekki rétt til hærri bótafjárhæðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði einum sér. Að öðrum kosti fer um rétt viðkomandi til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

25. Við 28. gr. (er verði 29. gr.). Í stað orðanna „Tryggingasjóði einyrkja“ í 1. og 2. mgr. komi: sjóðnum.

26. Við ákvæði til bráðabirgða I.
    a. Í stað orðanna „Tryggingasjóði einyrkja“ í fyrri málslið komi: deildum Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.
    b. Á eftir orðunum „tryggingagjaldi sjóðfélaga“ í síðari málslið komi: í viðkomandi deild.
    c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
    Öðlist samtök nýrra starfsgreina aðild að sjóðnum skal á sama hátt og greinir í 1. mgr. greiða framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði til deilda hans. Vinnumálastofnun skal sjá um útreikning framlagsins og skal það að jafnaði miðast við 18 mánaða tímabil áður en viðkomandi starfsgreinasamtök öðlast aðild að sjóðnum.
27. Við ákvæði til bráðabirgða II. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
    a. Í stað orðanna „Þeir einyrkjar“ komi: Þeir sjálfstætt starfandi einstaklingar.
    b. Í stað orðanna „Tryggingasjóðs einyrkja“ komi: Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.
28. Á eftir ákvæði til bráðabirgða III komi nýtt ákvæði, IV, svohljóðandi:
    Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur geta öðlast aðild að sjóðnum, að fengnu samþykki ráðherra, óski samtök þeirra þess. Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um aðild að sjóðnum skal hann leita umsagna stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.
29. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

809. Tillaga til þingsályktunar [480. mál]

um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að samþykkja fyrir Íslands hönd breytingar og viðbætur við I. viðauka við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið, eins og þær liggja fyrir sameiginlegu EES-nefndinni.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Samræmdar heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, þar með taldar fiskafurðir, voru teknar upp innan EB þann 1. janúar 1997. Þær fela í sér að í viðskiptum milli aðildarríkja EB með umrædd dýr og afurðir þeirra er meginreglan sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hér eftir verða nefnd þriðju ríki, eru samræmd og fela í sér ítarlegri skoðun, aukið eftirlit og hærri gjaldtöku en tíðkaðist áður í aðildarríkjum EB.

Þar sem 60–70% íslenskra fiskafurða hafa á síðustu árum verið flutt út til EB var ljóst að ef ekkert yrði að gert mundu samræmdar heilbrigðisreglur EB gagnvart þriðju ríkjum hafa miklar breytingar í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg. Eftirlit með íslensk-

um fiskafurðum hefði aukist úr litlu sem engu upp í 20–50%. Það hefði leitt til tímafrekara eftirlits á landamærum, auk þess sem einungis hefði verið heimilt að flytja fisk og fiskafurðir út til tiltekinna hafna eða flugvalla innan EB. Enn fremur hefðu umræddar breytingar haft aukinn kostnað í för með sér.

Samningaviðræðum milli EES-ríkjanna um að samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir verði hluti EES-samningsins lauk með samkomulagi sérfræðinga í nóvember 1996. Drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að samræmdar heilbrigðisreglur verði hluti EES-samningsins liggja fyrir og fyrirhugað er að sú ákvörðun verði samþykkt á fundi hennar í apríl eða maí nk. Það felur í sér miklar breytingar á 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, sem fjallar um heilbrigði dýra. Ísland tekur einungis upp þær gerðir sem varða fisk og fiskafurðir en undanþága varðandi lifandi dýr og dýraafurðir helst óbreytt. Noregur tekur hins vegar upp allan I. viðauka.

Með þeirri ákvörðun bætast 168 nýjar gerðir við þann hluta 1. kafla I. viðauka sem Ísland hefur tekið upp. Fimm gerðir, af 34 í 1. kafla eins og hann er nú, verða felldar brott. Annar kafli, um fóður, og þriðji kafli, um heilbrigði plantna, standa óbreyttir.

Af þeim 197 nýju og eldri gerðum, sem samþykktar verða með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, eru fjórar þýðingamestar og leggja grunninn að hinum hvað varðar viðskipti með fisk og fiskafurðir. Þær skiptast í tvo flokka. Annars vegar fjalla tilskipanir nr. 89/662/EBE og 90/425/EBE um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í viðskiptum milli EES-ríkja. Hins vegar fjalla tilskipanir nr. 90/675/EBE og 91/496/EBE um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru inn frá þriðju ríkjum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framangreindum gerðum og öðrum helstu þáttum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem varða Ísland.

2. Viðskipti milli EES-ríkjanna.

2.1 Almennt.

Tilskipanir nr. 89/662/EBE og 90/425/EBE gilda í viðskiptum milli EES-ríkjanna. Fyrri tilskipunin fjallar um dýraafurðir og tekur Ísland hana upp varðandi fiskafurðir. Sú síðari fjallar um viðskipti með lifandi dýr og tekur Ísland hana upp hvað varðar humar og hrogn, svil og seiði nokkurra fisktegunda. Tilskipanirnar eru byggðar upp á sams konar hátt og verður látið nægja að vísa til tilskipunar nr. 89/662/EBE í eftirfarandi umfjöllun.

2.2 Uppbygging heilbrigðiseftirlitsins.

Í I. kafla tilskipunar nr. 89/662/EBE kemur fram að heilbrigðiseftirlitið er að meginstefnu í höndum útflutningsríkisins og ber það ábyrgð á því. Þeir aðilar í útflutningsríkinu sem vilja markaðssetja fiskafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa að uppfylla þær heilbrigðiskröfur sem þar gilda. Samræmdum heilbrigðisreglum um meðferð fisks og fiskafurða var komið á hér á landi við gildistöku EES-samningsins. Þá voru lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sett til samræmis við I. kafla tilskipunar nr. 91/493/EBE og tilskipanir nr. 91/492/EBE og 91/67/EBE, sem fjalla um heilbrigðiskröfur Evrópska efnahagssvæðisins. Öllum aðilum sem uppfylla umræddar kröfur er úthlutað svokölluðu vinnsluleyfi af Fiskistofu og slíkt leyfi hafa allir íslenskir framleiðendur fiskafurða sem selja afurðir innan EES.

Þó heilbrigðiseftirlitið sé að meginstefnu í höndum útflutningsríkisins fjallar II. kafli tilskipunar nr. 89/662/EBE um heimildir sem móttökuríkið hefur til þess að gera svokallaða skyndiskoðun. Slík skoðun er þó einungis heimil innan þröngra marka. Samkvæmt 16. gr. tilskipunar nr. 89/662/EBE, sbr. tilskipun nr. 92/67/EBE, ber móttökuríkinu að senda framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA, í tilviki Íslands og Noregs, áætlun um hvernig það hyggist beita fyrrgreindum skyndiskoðunum og er áætlunin háð samþykki fyrrgreindra aðila. Móttökuríkinu ber enn fremur að beita þessum skyndiskoðunum án mismununar.

2.3 Öryggisráðstafanir.

Í inngangskafla að nýjum I. viðauka við EES-samninginn er svokallað öryggisákvæði sem samningsaðilar geta gripið til í sérstökum tilfellum. Komi upp innan aðildarríkja EB eða EFTA/EES-ríkja, annarra en Íslands, tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu geta íslensk stjórnvöld gripið til öryggisráðstafana gagnvart því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Framkvæmdastjórn EB og hin EFTA/EES-ríkin geta gripið til sams konar aðgerða gagnvart Íslandi að sömu skilyrðum uppfylltum. Hér er um sjálfstæða heimild samningsaðila að ræða, sem er óháð aðgerðum annarra og taka öryggisráðstafanirnar gildi um leið og aðrir samningsaðilar hafa verið upplýstir um beitingu þeirra. Ráðstafanirnar geta ýmist falist í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Viðræður milli aðila skulu þó hefjast án tafar og ef lausn finnst ekki er heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

2.4 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlitsins.

2.4.1 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlits samkvæmt tilskipun nr. 96/43/EB.

Til þess að tryggja að eftirlitskerfið sé rekið af hagkvæmni og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli fiskframleiðenda í einstökum EES-ríkjum, er talið nauðsynlegt að gjaldtaka á svæðinu sé samræmd. Tilskipun nr. 96/43/EB fjallar um fjármögnun heilbrigðiseftirlitsins og ákvæði um fjármögnun heilbrigðiseftirlits með fiski og fiskafurðum er að finna í III. kafla hennar.

Í þeim kafla er annars vegar mælt fyrir um gjald fyrir almennt eftirlit með þeim sem hafa fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi til vinnslu, meðferðar, pökkunar eða geymslu fiskafurða til staðfestingar á því að skilyrðum leyfisins sé fullnægt. Gjaldið er 82 kr. (1 ECU) á hvert veitt tonn, eftir atvikum innvegið, en heimilt er að lækka það um 55%.

Hins vegar er mælt fyrir um gjald fyrir svokallað sérstakt eftirlit (ferskfiskeftirlit). Það felst í eftirliti með skynmatseinkennum, eftirliti með sníkjudýrum, efnafræðilegu eftirliti og örverufræðilegu eftirliti. Gjaldið leggst á vinnsluhús og verksmiðjuskip (frystiskip). Gjaldið er innheimt við löndun eða fyrstu markaðssetningu og er 82 kr. (1 ECU) á hvert tonn að 50 tonnum en 41 kr. (0,5 ECU) á hvert tonn eftir það. Gjald vegna eftirlits með síld,
loðnu og makríl fer þó aldrei yfir 4.100 kr. (50 ECU) fyrir hvern landaðan farm.

2.4.2 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlits samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Fyrirkomulag almenns eftirlits með vinnsluleyfishöfum hér á landi er þríþætt. Það felst í innra eftirliti vinnsluleyfishafans sjálfs, eftirliti skoðunarstofa og eftirliti Fiskistofu. Fiskistofa innheimtir gjöld af vinnsluleyfishöfum vegna þjónustu stofnunarinnar. Á veg-

um sjávarútvegsráðuneytisins er verið að athuga hvort gjaldtaka vegna opinbers eftirlits með vinnsluleyfishöfum sé sambærileg við tilskipun nr. 96/43/EB sem fjallar um fjármögnun heilbrigðiseftirlitsins.

Ferskeftirlit hér á landi er með þeim hætti að framleiðendur meta sjálfir innveginn afla og er það í langflestum tilvikum hluti af innra eftirliti framleiðandans undir yfirumsjón Fiskistofu. Þannig hafa eftirlitsmenn Fiskistofu heimild til að taka sýni af metnum fiski til skoðunar, eftirlits með örverum og sníkjudýrum og efnafræðilegra athugana, hvar og hvenær sem er. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag og talið að það væri ekki í fullu samræmi við það eftirlit sem kveðið er á um í tilskipun nr. 91/493/EBE.

Hér er um að ræða ágreining um túlkun á tilskipun nr. 91/493/EBE sem ekki er enn til lykta leiddur. Þar sem beint opinbert ferskfiskeftirlit er ekki til staðar hér á landi er augljóslega ekki fært að innheimta gjald vegna þess. Því er ekki gert ráð fyrir að sérstakt gjald fyrir ferskfiskeftirlit verði lagt á framleiðendur að svo stöddu. Í Noregi er heldur ekki til staðar beint ferskfiskmat og í viðræðum við norsk stjórnvöld hefur komið fram að eftirlitsstofnun EFTA hefur gert svipaðar athugasemdir við ferskfiskmat í Noregi og hún hefur gert við ferskfiskmat hér á landi. Byggja norsk stjórnvöld á sömu túlkun og íslensk að þessu leyti.

3. Viðskipti við þriðju ríki.

3.1 Almennt.

Tilskipanir nr. 90/675/EBE og 91/496/EBE gilda um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru inn frá þriðju ríkjum. Fyrri tilskipunin fjallar um dýraafurðir og tekur Ísland hana upp varðandi fiskafurðir. Sú síðarnefnda fjallar um viðskipti með lifandi dýr og tekur Ísland hana upp hvað varðar humar og hrogn, svil og seiði nokkurra fisktegunda. Tilskipanirnar eru byggðar upp á sams konar hátt og verður látið nægja að vísa til tilskipunar nr. 90/675/EBE í eftirfarandi umfjöllun.

3.2 Uppbygging heilbrigðiseftirlitsins.

3.2.1 Almennt.

Samkvæmt II. kafla tilskipunar nr. 91/493/EBE mega einungis aðilar sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES flytja inn fiskafurðir og lifandi sjávardýr til Evrópska efnahagssvæðisins. Gefnar eru út skrár yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur og öðrum er óheimill innflutningur á Evrópska efnahagssvæðið.

3.2.2 Skrár yfir starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla heilbrigðiskröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvörðun ráðherraráðs EB nr. 95/408/EBE, sem er hluti af þeirri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fyrirhugað er að samþykkja í apríl eða maí nk., fjallar um útgáfu skráa yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip í þriðju ríkjum sem er heimill innflutningur á Evrópska efnahagssvæðið.

Vilji aðili í þriðja ríki flytja inn fisk eða fiskafurðir til Evrópska efnahagssvæðisins óskar hann eftir því við stjórnvöld í sínu ríki að þau beri upp beiðni þess efnis við framkvæmdastjórn EB. Almennt heilbrigðisástand í ríkinu sem beiðni berst frá, heilbrigðislöggjöf þess og löggjöf sem tryggja skal hlutleysi þarlendra eftirlitsaðila er kannað af framkvæmdastjórninni og EFTA/EES-ríkjunum, óski þau þess. Ef niðurstaðan úr könn-

uninni er sú að ríkið uppfyllir heilbrigðiskröfur EES er þarlendum stjórnvöldum falið að gera úttekt á þeim aðilum sem það telur uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Að lokinni þeirri úttekt senda stjórnvöld þriðja ríkis skrá yfir þarlendar starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur. Í framhaldi af því gefur framkvæmdastjórnin út skrá, í ákvörðunarformi, yfir þá aðila þriðja ríkisins sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Er sú ákvörðun tekin á grundvelli úttektar stjórnvalda þess þriðja ríkis sem í hlut á hverju sinni. Til þess að ákvörðunin öðlist gildi í EFTA/EES-ríkjunum þarf að samþykkja hana í sameiginlegu EES-nefndinni. Sjávarútvegsráðuneytið mun halda skrá yfir þá aðila sem er heimilt að flytja fisk og fiskafurðir inn til Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftirlit EES-ríkjanna með því að úttekt stjórnvalda þriðja ríkis sé framkvæmd á réttan hátt er í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Þessar stofnanir hafa víðtækar heimildir til að gera skyndikannanir hjá þeim aðilum í þriðja ríki sem þarlend stjórnvöld hafa veitt viðurkenningu.

3.2.3 Landamærastöðvar.

Til þess að Ísland geti haft eftirlit með fiskinnflutningi frá þriðju ríkjum er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum skoðunarstöðvum, sem hér eftir verða nefndar landamærastöðvar. Fiskistofa mun annast þetta eftirlit og munu starfsmenn hennar skoða fisk sem landað er úr skipum þriðju ríkja, til að mynda Rússlandi. Landamærastöðvarnar skiptast í varanlegar stöðvar og stöðvar sem hafa heimild til að skoða frystan fisk fram til 31. desember 1998. Gert er ráð fyrir að settar verði upp sjö stöðvar sem falla í fyrrgreindan flokk og tólf sem falla í þann síðarnefnda. Enn fremur er gert ráð fyrir að þær verði á eftirtöldum stöðum:

Landamærastöðvar:	**Stöðvar með tímabundið leyfi:**
Reykjavík,	Keflavík (höfn),
Hafnarfjörður,	Grundarfjörður,
Ísafjörður,	Patreksfjörður,
Akureyri,	Þingeyri,
Eskifjörður,	Sauðárkrókur,
Vestmannaeyjar,	Húsavík,
Keflavík (flugvöllur).	Þórshöfn,
	Vopnafjörður,
	Seyðisfjörður,
	Höfn,
	Þorlákshöfn,
	Dalvík.

Eftir 31. desember 1998 fellur tímabundna leyfið niður. Þá verða íslensk stjórnvöld að vera búin að ákveða hvort þau sækja um að breyta stöðvum með tímabundið leyfi í varanlegar stöðvar.

Við val á ofangreindum stöðum var m.a. reynt að hafa hliðsjón af því hvar fiskinnflutningur frá þriðju ríkjum (einkum Rússlandi) hefur verið mestur undanfarin ár. Enn fremur var þess gætt að a.m.k. ein landamærastöð væri í hverjum landsfjórðungi og að lokum var tekið mið af því á hvaða stöðum Fiskistofa hefur ákveðið að setja upp útibú. Mikið hagræði næst fram með því að nýta starfskrafta starfsmanna Fiskistofu við heilbrigðiseftirlit með fiskinnflutningi.

3.2.4 Heilbrigðiseftirlitið.

Grundvallarþáttunum í eftirlitinu má lýsa á eftirfarandi hátt:

a. Hver sending sem kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðja ríki skal sæta heilbrigðiseftirliti, án tillits til hvort notkun innihalds hennar hefur verið heimiluð af tollayfirvöldum.
b. Heilbrigðiseftirlitið skal fara fram um leið og sendingin kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið.
c. Heilbrigðiseftirlitið má eingöngu fara fram í landamærastöðvunum. Þær þurfa að vera tilgreindar í reglum Evrópska efnahagssvæðisins og vera sérstaklega búnar til að annast eftirlitið.
d. Heilbrigðiseftirlitið er þríþætt:
   i) **Eftirlit með skjölum.** Það felur í sér eftirlit á heilbrigðisvottorðum og skjölum sem fylgja afurðunum.
   ii) **Eftirlit með auðkenningu.** Það felur í sér eftirlit með því hvort afurðirnar í sendingunni séu hinar sömu og fram koma í heilbrigðisvottorðum eða öðrum skjölum sem fylgja afurðunum.
   iii) **Eftirlit með heilnæmi.** Það felst í því að kanna hvort afurðirnar uppfylli heilbrigðiskröfur EES.

Allur innflutningur á fiski og fiskafurðum til Evrópska efnahagssvæðisins frá þriðju ríkjum skal sæta eftirliti með skjölum og auðkenningu (liðum i og ii). Fimmta hver sending fiskafurða annarra en skelfiskafurða skal sæta eftirliti með heilnæmi en 50% sendinga skelfiskafurða (iii).

3.3 Öryggisráðstafanir.

Í inngangskafla að nýjum I. viðauka við EES-samninginn er svokallað öryggisákvæði, sem samningsaðilar geta í sérstökum tilfellum gripið til gagnvart þriðju ríkjum. Komi upp innan þriðja ríkis tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu geta íslensk stjórnvöld gripið til öryggisráðstafana gagnvart hlutaðeigandi þriðja ríki. Þær taka gildi um leið og íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt öðrum samningsaðilum um ráðstafanirnar. Framkvæmdastjórn EB getur tekið ákvörðun um að beita öryggisráðstöfunum gagnvart þriðja ríki. Framkvæmdastjórninni ber í slíkum tilfellum að upplýsa EFTA/EES-ríkin um slíkar aðgerðir. Þeim ber að beita samsvarandi öryggisráðstöfunum, nema þau álíti að aðgerðir þessar séu ekki réttlætanlegar. Komi upp ágreiningur um beitingu öryggisráðstafana gagnvart þriðja ríki er heimilt að vísa honum til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Öryggisráðstafanirnar eru ýmist fólgnar í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því þriðja ríki sem sjúkdómur kemur upp í.

3.4 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlitsins.

Til þess að tryggja að landamæraeftirlitið sé rekið af hagkvæmni og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli einstakra EES-ríkja við kaup á fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum er nauðsynlegt að gjaldtaka á svæðinu sé samræmd. Tilskipun nr. 96/43/EB, sem fjallar m.a. um fjármögnun landamæraeftirlitsins, er ætlað að tryggja samræmda gjaldtöku á svæðinu.

Kostnaður vegna eftirlits með fiskafurðum, sem landað er úr skipum þriðja ríkis, er 410 kr. (5 ECU) á hvert tonn og greiðist af innflytjanda. Lækka skal þá upphæð niður í 205 kr. (2,5 ECU) fyrir hvert tonn umfram 100 tonn.

4. Frumvarp sem lagt verður fram á 121. löggjafarþingi vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fyrirhugað er að samþykkja í apríl eða maí nk.

Vegna breytinga á 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, sem lýst hefur verið hér að framan, verður frumvarp um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, lagt fram á 121. löggjafarþingi.

Helstu breytingar sem frumvarpið kveður á um eru eftirfarandi:

a. Einungis þeim aðilum sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES er heimilt að flytja fisk og fiskafurðir inn til Íslands.
b. Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjuskip og frystitogara í þriðju ríkjum sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES.
c. Komi upp, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða þriðja ríki, aðstæður sem kunna að stofna heilbrigði dýra eða almannaheilbrigði í alvarlega hættu getur sjávarútvegsráðuneytið gripið til öryggisráðstafana gagnvart viðkomandi ríki. Þær eru ýmist fólgnar í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fiski og fiskafurðum frá ríkinu.
d. Settar verða á stofn landamærastöðvar víðs vegar um landið. Í þeim fer fram eftirlit með innflutningi á fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum.
e. Gjaldtaka fyrir eftirlit með fiskinnflutningi frá þriðju ríkjum verður heimiluð.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar og viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn sem fyrirhugað er að hún samþykki á fundi sínum í apríl eða maí nk.; einungis er vísað til þeirra gerða sem fyrirhugað er að Ísland taki upp:

Samningurinn um
Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. .../97
frá .../97

kemur í stað I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nefndur hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðum I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/96 frá 5. júlí 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.

Samningsaðilar að EES-samningnum hafa látið fara fram endurskoðun á I. kafla I. viðauka við samninginn í samræmi við ákvæðin í inngangi kaflans.

Í framhaldi af þeirri endurskoðun hafa samningsaðilarnir ákveðið að fella inn í I. kafla ákvæði er varða samskipti við þriðju lönd í gerðunum sem um getur í þeim kafla, svo og ákvæði er varða landamæraeftirlit og velferð dýra.

Samningsaðilarnir hafa enn fremur ákveðið að taka upp allar útistandandi EB-gerðir á sviði dýraheilbrigðis er varða EES-svæðið.

Gerðirnar sem vísað er til í núverandi I. kafla gilda ekki um Ísland, að frátöldum tilteknum gerðum er varða fisk og fiskafurðir. Gerðirnar sem vísað er til í endurskoðuðum I. kafla skulu hins vegar gilda um Ísland þegar þess er sérstaklega getið í tengslum við tiltekna gerð.

Liechtenstein hrindir ákvæðum I. kafla, sem voru í gildi fyrir gildistöku þessarar ákvörðunar, í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 2000, með fyrirvara um endurskoðun.

Ákvæði II. og III. kafla skulu uppfærð með tilliti til úrsagnar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar úr Fríverslunarsamtökum Evrópu og aðildar þeirra að Evrópusambandinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað I. viðauka við EES-samninginn.

2. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. [ ] 1997, að því tilskildu að sameiginlega EES-nefndin hafi fengið allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 1997

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

.....
XXX
forseti

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

....
G. Vik E. Gerner

[VIÐAUKI]

I. VIÐAUKI

HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

Skrá sem kveðið er á um í 17. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka hafa að geyma hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi:

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Liechtenstein skal hrinda ákvæðum I. kafla, dýr, sem voru í gildi fyrir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../97, í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 2000. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða þetta atriði á árinu 1999.

Að því er varðar afurðir sem falla undir II. kafla, fóður, og III. kafla, plöntur, er Liechtenstein heimilt að beita svissneskri löggjöf er leiðir af svæðasambandi ríkisins við Sviss á markaði í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerðanna sem um getur í köflunum.

I. DÝR

1. Ákvæði er tengjast fjárhagsráðstöfunum í gerðunum sem um getur í þessum kafla eiga ekki við. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 2000.

2. Gerðirnar sem vísað er til í þessum kafla eiga við um Ísland þegar þess er sérstaklega getið í tengslum við tiltekna gerð að hún eigi við um Ísland.

Hinir samningsaðilarnir geta áfram stuðst við eigin reglur um þriðju lönd í viðskiptum við Ísland að því er varðar þau svið sem falla ekki undir gerðirnar sem nefndar voru í síðustu undirgrein.

Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 2000.

3. Öryggisráðstafanir

a) Ef bandalagið eða EFTA-ríki hyggst grípa til öryggisráðstafana gegn öðrum samningsaðilum skal það tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar.

Viðræður milli hlutaðeigandi samningsaðila, sem fara fram að beiðni annars hvors þeirra, skulu fara fram eins fljótt og unnt til þess að finna viðeigandi lausnir án þess þó að það hafi áhrif á möguleikann á að láta ráðstafanirnar taka gildi þegar í stað.

Ef ósamkomulag verður geta hlutaðeigandi samningsaðilar vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag innan sameiginlegu EES-nefndarinnar er samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana. Slíkar ráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samningsins.

b) Ef framkvæmdastjórn EB hyggst taka ákvörðun um verndarráðstafanir er varða hluta af yfirráðasvæði bandalagsins eða þriðja lands skal hún tilkynna EFTA-ríkjunum um það án tafar.

Ef framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um verndarráðstafanir er varða hluta af yfirráðasvæði bandalagsins eða þriðja lands skal hlutaðeigandi EFTA-ríki, sem samráð hefur verið haft við og eftir að staðan hefur verið könnuð, grípa til samsvarandi ráðstafana nema það telji ráðstafanirnar ekki réttlætanlegar. Í því tilviki skal það tilkynna framkvæmdastjórn EB um það án tafar. Viðræður skulu fara fram eins fljótt og unnt er til að finna viðeigandi lausnir. Ef ósamkomulag verður skal þriðja undirgrein a-liðar gilda.

c) Ef hlutaðeigandi EFTA-ríki hyggst grípa til verndarráðstafana að því er varðar þriðja land skal það tilkynna framkvæmdastjórn EB um það án tafar. Viðræður skulu fara fram eins fljótt og unnt er til þess að finna viðeigandi lausnir án þess þó að það hafi áhrif á möguleika hlutaðeigandi EFTA-ríkis til að láta ráðstafanirnar taka gildi þegar í stað. Ef ósamkomulag verður skal þriðja undirgrein a-liðar gilda.

d) Ákvæði a-, b- og c-liða eiga við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

4. Vettvangsskoðanir

A. Evrópska efnahagssvæðið

1) Að því er EFTA-ríkin varðar ber eftirlitsstofnun EFTA ábyrgð á beitingu ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla.

2) Eftirfarandi meginreglur skulu gilda:

a) Skoðanir skulu fara fram í samræmi við áætlanir sem eru sambærilegar við áætlanir bandalagsins.

b) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa kerfi, sambærilegt og í bandalaginu, fyrir skoðun í EFTA-ríkjum.

c) Sömu viðmiðanir skulu hafðar vegna skoðananna.

d) Skoðunarmaðurinn skal vera óháður að því er tilgang skoðunarinnar varðar.

e) Þjálfun og reynsla skoðunarmannanna skal vera sambærileg.

f) Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum um skoðanir.

g) Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu samræma eftirlit eftir skoðanir.

3) Nauðsynlegar reglur er varða framkvæmd ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga, verða settar í náinni samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.

4) Reglur um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla, gilda eingöngu að því er varðar þær gerðir eða hluta þeirra gerða sem EFTA-ríkin beita.

[B. Eftirlitsstöðvar á landamærum

Skoðanir á eftirlitsstöðvum á landamærum skulu fara fram í náinni samvinnu framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.]

C. Þriðju lönd

Nauðsynlegar reglur er varða framkvæmd ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál í þriðju löndum, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla, verða settar í náinni samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og EFTA-ríkjanna.

D. Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

5. a) Tilnefning sameiginlegra tilvísunarrannsóknarstofa og samráðsstofnana

Með fyrirvara um fjárhagsskuldbindingar skulu tilvísunarrannsóknarstofur og samráðsstofnanir bandalagsins vera tilvísunarrannsóknarstofur og samráðsstofnanir fyrir alla aðila að samningnum.

Viðræður skulu fara fram milli samningsaðila með það í huga að skilgreina vinnuskilyrði.

b) Tilnefning sameiginlegs gin- og klaufaveikibóluefnabanka

Með fyrirvara um fjárhagsskuldbindingar skal gin- og klaufaveikibóluefnabanki bandalagsins vera bóluefnabanki vegna gin- og klaufaveiki fyrir alla samningsaðila.

Viðræður skulu fara fram milli samningsaðila er miða að því að:

— skipuleggja flutning úr innlendum bóluefnabönkum yfir í bóluefnabanka bandalagsins;

— leysa öll vandamál svo sem þau er varða vinnuskilyrði, fjárhagsmál, mótefnaskipti, hugsanlega notkun mótefna og skyndiskoðanir.

c) Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

6. Skrár yfir stofnanir í þriðju löndum

Á meðan beðið er ákvarðana um að sameiginlega EES-nefndin taki upp ákvarðanir varðandi skrár yfir stofnanir í þriðju löndum í þennan kafla skulu EFTA-ríkin beita sömu ákvæðum með fyrirvara um innlenda löggjöf og kröfur. Komi hins vegar upp umtalsverðir erfiðleikar varðandi einhverjar þessara ákvarðana getur EFTA-ríki vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

7. Málefni er varða stofnanir

a) **368 D 0361:** Ákvörðun ráðsins 68/361/EBE frá 15. október 1968 um að koma á fót fastanefnd um dýraheilbrigði (Stjtíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23).

Hlutaðeigandi EFTA-ríki mega hafa áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE frá 15. október 1968, þar sem fjallað er um gerðir sem vísað er til í þessum kafla. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt.

b) **377 D 0505:** Ákvörðun ráðsins 77/505/EBE frá 25. júlí 1977 um að koma á fót fastanefnd um dýrarækt (Stjtíð. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 11).

Hlutaðeigandi EFTA-ríki mega hafa áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefndarinnar um dýrarækt, sem komið var á fót með ákvörðun 77/505/EBE frá 25. júlí 1977, þar sem fjallað er um gerðir sem vísað er til í þessum kafla. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt.

c) **381 D 0651:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/651/EBE frá 30. júlí 1981 um að koma á fót vísindanefnd um dýraheilbrigði (Stjtíð. EB nr. L 233, 19. 8. 1981, bls. 32).

Framkvæmdastjórn EB tilnefnir hámenntaða vísindamenn frá EFTA-ríkjunum, auk þeirra sem mælt er fyrir um í 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 81/651/EBE, einn fyrir hvert svið sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. ákvörðunarinnar, sem taka fullan þátt í störfum vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði. Þeir greiða ekki atkvæði en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega.

8. Gerðirnar sem vísað er til í þessum kafla og eru ekki skráðar í fyrri útgáfu hans öðlast gildi 1. [ ] 1997 fyrir utan þær gerðir sem miðað er við að taki gildi síðar í aðildarríkjum sambandsins og gildir þá sú dagsetning.

I. VIÐAUKI

HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

Skrá sem kveðið er á um í 17. gr.

GERÐIR SEM EIGA VIÐ UM ÍSLAND

1. MÁLEFNI ER VARÐA EFTIRLIT

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1.1. Grunntextar

Innra eftirlit

1. **389 L 0662:** Tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13), eins og henni var breytt með:

— **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1),

— **391 L 0493:** Tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15),

— **391 L 0494:** Tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35),

— **391 L 0495:** Tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 41),

— **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991 bls. 56),

— **392 L 0045:** Tilskipun ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 (Stjtíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35),

— **392 L 0046:** Tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 (Stjtíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 1),

— **392 L 0067:** Tilskipun ráðsins 92/67/EBE frá 14. júlí 1992 (Stjtíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 73),

— **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr. eiga ekki við. Vísun til þeirrar greinar telst vera vísun til 3. mgr. í inngangínum .

2. **390 L 0425:** Tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 6), eins og henni var breytt með:

— **390 L 0539:** Tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 (Stjtíð. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6),

— **390 L 0667:** Tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51),

— **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1),

— **391 L 0174:** Tilskipun ráðsins 91/174/EBE frá 25. mars 1991 (Stjtíð. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 37,

— **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56),

— **391 L 0628:** Tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 (Stjtíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17),

— **392 L 0060:** Tilskipun ráðsins 92/60/EBE frá 30. júní 1992 (Stjtíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 75),

— **392 L 0065:** Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtíð. EB nr. L, 14. 9. 1992, bls. 54),

— **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 10. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í inngangínum.

Eftirlit í þriðju löndum

3. **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56),

— **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49),

— **392 R 1601:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/92 frá 15. júní 1992 (Stjtíð. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13),

— **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtíð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 L 0052:** Tilskipun ráðsins 95/52/EB frá 25. október 1995 (Stjtíð. EB nr. L 265, 8. 11. 1995, bls. 16),

— **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 19. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í innganginum .

b) Eftirfarandi skal bætt við í I. viðauka:

„16. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Íslands.

17. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Noregs, þó ekki Svalbarði."

4. **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56), eins og henni var breytt með:

— **391 L 0628:** Tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 (Stjtíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17),

— **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtíð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í innganginum .

5. **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvuskráningu innflutningsreglna á sviði dýraheilbrigðis (SHIFT-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE (Stjtíð. EB nr. L 243, 25.08. 1992 bls. 27), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Fjármögnun eftirlits

6. **385 L 0073:** Tilskipun ráðsins 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um að tryggja fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti sem falla undir tilskipanir 89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE (Stjtíð. EB L 32, 5. 2. 1985, bls. 14), eins og henni var breytt með og hún felld inn í:

— **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Möguleikinn sem tíundaður er í 8. mgr. I. þáttar III. kafla í viðauka A gæti átt við Ísland. Atriðið verður endurskoðað fyrir 1. júlí 1999.

1.2. Beiting

1. **391 D 0398:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398/EBE frá 19. júlí 1991 um tölvuvætt boðskiptakerfi heilbrigðisyfirvalda (Animo) (Stjtíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

2. **391 D 0585:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/585/EBE frá 4. nóvember 1991 um lágmarkssamskipan tiltekins búnaðar fyrir tölvuvætt boðskiptakerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) (Stjtíð. EB nr. L 314, 15. 11. 1991, bls. 54).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

3. **391 D 0637:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/637/EBE frá 3. desember 1991 um fyrirmynd að boði sem er sent um tölvuvædda netkerfið „Animo“ (Stjtíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 46), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0307:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/307/EC frá 16. maí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 133, 28. 5. 1994, bls. 54).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

4. **391 D 0638:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/638/EBE frá 3. desember 1991 um sameiginlega móðurstöð fyrir tölvuvædda boðskiptakerfið ANIMO (Stjtíð. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 48).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

5. **392 D 0176:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/176/EBE frá 2. mars 1992 um kort sem á að gefa út í tengslum við boðskiptakerfið ANIMO (Stjtíð. EB nr. L 80, 25. 3. 1992, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

6. **392 D 0341:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/341/EBE frá 3. júní 1992 um tölvuheimt starfsstöðva sem eru tengdar við ANIMO-kerfið (Stjtíð. EB nr. L 188, 8. 7. 1992, bls. 37), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi skal bætt við undir fyrirsögninni „Lýsing á póstákvörðunarstað“ í dálkinum „Lýsing á svæði“:

– fyrir Ísland: „Póstfang“
– fyrir Noreg: „Poststed“

7. **392 D 0373:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/373/EBE frá 2. júlí 1992 um tilnefningu móðurstöðvar fyrir ANIMO (Stjtíð. EB nr. L 195, 14. 7. 1992, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

8. **392 D 0432:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/432/EBE frá 23. júlí 1992 um ákveðin skilyrði fyrir fráviki frá meginreglunni um klíníska rannsókn á hverju dýri sem er flutt til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 237, 20. 8. 1992, bls. 29).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

9. **392 D 0486:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag samvinnu milli móðurstöðvar ANIMO og aðildarríkjanna (Stjtíð. EB nr. L 291, 7. 10. 1992, bls. 20), eins og henni var breytt með:

   — **393 D 0188:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/188/EBE frá 4. mars 1993 (Stjtíð. EB nr. L 82, 3. 4. 1993, bls. 20),

   — **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

   — **396 D 0296:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/296/EB frá 18. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 113, 7. 5. 1996, bls. 25).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

10. **392 D 0525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/525/EBE frá 3. nóvember 1992 um skilyrði fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 331, 17. 11. 1992, bls. 16).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

11. **392 D 0563:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/563/EBE frá 19. nóvember 1992 um gagnasafn yfir skilyrði bandalagsins fyrir innflutningi, eins og kveðið er á um í SHIFT-áætluninni (Stjtíð. EB nr. L 361, 10. 12. 1992, bls. 45).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

12. **393 D 0013:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/13/EBE frá 22. desember 1992 um málsmeðferð við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem fer fram á skoðunarstöðvum bandalagsins á landamærum (Stjtíð. EB nr L 9, 15. 1. 1993, bls. 33), eins og henni var breytt með:

    — **394 D 0043:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/43/EB frá 26. janúar 1994 (Stjtíð. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 33),

    — **394 D 0305:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/305/EB frá 16. maí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 133, 28. 5. 1994, bls. 50),

    — **396 D 0032:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/32/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr L 9, 12. 1. 1996, bls. 9).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

    Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

    4. mgr. 5. gr. hljóði svo:

    „4. Að því er varðar fisk sem er veiddur við sportveiðar og fluttur inn til Finnlands, Svíþjóðar, Íslands eða Noregs frá Rússlandi í persónulegum farangri ferðamanna og ætlaður til einkaneyslu þeirra eru þyngdarmörkin, sem kveðið er á um í 1. mgr., þó hækkuð í 15 kg hið mesta, eða heimilt er að flytja inn einn fisk án tillits til þyngdar.“

13. **393 D 0014:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE frá 23. desember 1992 um aðferðir við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum á tollfrjálsum svæðum, í tollfrjálsum vörugeymslum og tollvörugeymslum, og einnig meðan flutningur stendur yfir frá einu þriðja landi til annars um svæði bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 9, 15. 1. 1993, bls. 42).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

14. **393 D 0070:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE frá 21. desember 1992 um skráningarkerfi fyrir ANIMO-boð (Stjtíð. EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 34).

    — **394 D 0295:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/2957EB frá 21. mars 1994 (Stjtíð. EB nr. L 130, 25. 5. 1994, bls. 4).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

15. **393 D 0352:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE frá 1. júní 1993 um frávik frá skilyrðum fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum í höfnum þar sem fiski er landað (Stjtíð. EB nr. L 144, 16. 6. 1993, bls. 25).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

16. **393 D 0444:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/444/EBE frá 2. júlí 1993 um nákvæmar reglur um viðskipti innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til útflutnings til þriðju landa (Stjtíð. EB nr. L 208, 19. 8. 1993, bls. 4).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

17. **394 D 0338:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/338/EB frá 25. maí 1994 um nákvæmar reglur um beitingu tilskipunar ráðsins 90/425/EBE að því er varðar sýnatöku vegna dýraheilbrigðisskoðunar á viðtökustað (Stjtíð. EB nr. L 151, 17. 6. 1994, bls. 36).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

18. **394 D 0339:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/339/EB frá 25. maí 1994 um nákvæmar reglur um beitingu of 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtíð. EB nr. L 151, 17. 6. 1994, bls. 38).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

19. **394 D 0360:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB frá 20. maí 1994 um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE (Stjtíð. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41), eins og henni var breytt með:

    — **394 D 0658:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/658/EB frá 30. september 1994 (Stjtíð. EB nr. L 256, 4.10. 1994, bls. 29),

— **395 D 0054:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 28. febrúar 1995 (Stjtíð. EB nr. L 53, 9. 3. 1995, bls. 36),

— **395 D 0270:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/270/EB frá 30. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. L 165, 15. 7. 1995, bls. 24),

— **396 D 0104:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/104/EB frá 29. janúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

20. **394 D 0621:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/621/EB frá 20. september 1994 um tilteknar ráðstafanir vegna fiskafurða og samloka (tvískelja lindýra) sem eru upprunnar í og koma frá Albaníu (Stjtíð. EB nr. L 246, 21. 9. 1994, bls. 25), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0671:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/671/EB frá 14. október 1994 (Stjtíð. EB nr. L 265, 15. 10. 1994, bls. 62),

— **394 D 0702:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/702/EB frá 31. október 1994 (Stjtíð. EB nr. L 284, 1. 11. 1994, bls. 64),

— **395 D 0089:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/89/EB frá 17. mars 1995 (Stjtíð. EB nr. L 70, 30. 3. 1995, bls. 25).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

21. **394 D 0641:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/641/EB frá 8. september 1994 um reglur um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem eru fluttar inn til tiltekinna grískra eyja (Stjtíð. EB nr. L 248, 23. 9. 1994, bls. 26).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

22. **394 D 0957:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/957/EB frá 28. desember 1994 um bráðabirgðaákvæði sem skulu gilda í Finnlandi um dýraheilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum sem eru flutt inn til Finnlands frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 19).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

23. **394 D 0958:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/958/EB frá 28. desember 1994 um bráðabirgðaákvæði sem skulu gilda í Finnlandi um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn til Finnlands frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 21), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0082:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/82/EB frá 17. mars 1995 (Stjtíð. EB nr. L 66, 24. 3. 1995, bls. 26).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

24. **394 D 0970:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/970/EB frá 28. desember 1994 um bráðabirgðaákvæði sem skulu gilda í Austurríki um dýra-

heilbrigðiseftirlit með lifandi dýrum sem eru flutt inn til Austurríkis frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 41).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

25. **394 D 0971:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/971/EB frá 28. desember 1994 um bráðabirgðaákvæði sem skulu gilda í Austurríki um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn til Austurríkis frá þriðju löndum (Stjtíð. EB nr. L 371, 31. 12. 1994, bls. 44).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

26. **395 D 0119:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/119/EC frá 7. apríl 1995 um tilteknar verndarráðstafanir vegna fiskafurða sem eru upprunnar í Japan (Stjtíð. EB nr. L 80, 8. 4. 1995, bls. 56), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0537:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/537/EB frá 6. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 304, 16. 12. 1995, bls. 51).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

27. **395 D 0357:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar að því er varðar dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur um eftirlitið sem dýraheilbrigðissérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar annast og um að fella úr gildi ákvörðun 94/24/EB (Stjtíð. EB nr. L 211, 6. 9. 1995, bls. 43), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0035:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/35/EB frá 20. desember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 10, 13. 1. 1996, bls. 40),

— **396 D 0036:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/36/EB frá 20. desember 1996 (Stjtíð. EB nr. L 10, 13. 1. 1996, bls. 42),

— **396 D 0187:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/187/EB frá 19. febrúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 59, 8. 3. 1996, bls. 59),

— **396 D 0267:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/267/EB frá 1. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 91, 12. 4. 1996, bls. 76),

— **396 D 0357:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/357/EB frá 30. maí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 138, 11. 6. 1996, bls. 18),

— **396 D 0499:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/499/EB frá 10. júlí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 203, 13. 8. 1996, bls. 11).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi skal bætt við í viðaukanum:

„ÍSLAND

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
	Reykjavík	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis Fiskimjöl einungis sem dýrafóður
	Hafnarfjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Ísafjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Akureyri	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis Fiskimjöl einungis sem dýrafóður
	Eskifjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Vestmannaeyjar	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Keflavík	Flugstöð	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis Fiskeldisdýr og -afurðir

Auk þess er heimilt að landa beint frystum fiski á fyrirframákveðnum skoðunarstöðvum á landamærum til 31. 12. 1998:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
	Keflavík	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Grundarfjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Patreksfjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Þingeyri	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Sauðárkrókur	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Húsavík	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis

	Þórshöfn	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Vopnafjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Seyðisfjörður	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Höfn	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Þorlákshöfn	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis
	Dalvík	Höfn	x	x						Fiskafurðir einungis til manneldis

NOREGUR

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
	Oslo	Flugstöð	x	x	x	x	x	x	x	
		Höfn	x	x	x	x	x	x	x	
	Kristiansand	Höfn	x[6]	x						Einungis fiskafurðir
	Stavanger	Höfn	x[6]	x		x				Fiskafurðir og fiskimjöl
	Bergen	Höfn	x[6]	x		x				Fiskafurðir og fiskimjöl
	Måløy	Höfn	x[6]							Einungis fiskafurðir
	Ålesund	Höfn	x[6]							Einungis fiskafurðir
	Trondheim	Höfn	x[6]	x		x				Fiskafurðir og fiskimjöl
	Svolvær	Höfn	x[6]							Einungis fiskafurðir
	Tromsø	Höfn	x[6]	x		x				Fiskafurðir og fiskimjöl
	Hammerfest	Höfn	x[6]							Einungis fiskafurðir
	Båtsfjord	Höfn	x[6]							Einungis fiskafurðir
	Kirkenes	Höfn	x	x	x	x				
		Vegur	x	x	x	x	x	x	x	

28. **396 D 0105:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/105/EB frá 29. janúar 1996 um ný bráðabirgðaákvæði til að auðvelda breytingu yfir í skipulag dýraheilbrigðiseftirlits sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 90/675/EBE (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 32).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

29. **396 D 0276:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/276/EC frá 18. apríl 1996 um tilteknar verndarráðstafanir vegna samloka (tvískelja lindýra) frá Túnis (Stjtíð. EB nr. L 103, 26. 4. 1996, bls. 56).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

30. **396 D 0295:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. apríl 1996 um að skilgreina og skrá einingar í ANIMO-tölvunetkerfinu og um niðurfellingu á ákvörðun 92/175/EBE (Stjtíð. EB nr. L 113, 7. 5. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í inngangínum fjalla um.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi skal bætt við viðaukann:

„ÍSLAND

UNIDAD CENTRAL / CENTRAL ENHED / ZENTRALE EINHEIT / KENTRIKH MONADA / CENTRAL UNIT / UNITÉ CENTRALE / UNITÀ CENTRALE / CENTRALE EENHEID / UNIDADE CENTRAL / KESKUSYKSIKKÖ / CENTRAL ENHET / HÖFUÐSTÖÐVAR / SENTRALEHET

FISKISTOFA [17 000 00]

PUESTOS DE INSPECCION FRONTERIZOS / GRÆNSEKONTROLSTEDER / GRENZKONTROLLSTELLEN / SYNAORIAKOS STAQMOS ELEGXOY / BORDER INSPECTION POSTS / POSTES D'INSPECTION FRONTALIERS / POSTI D'ISPEZIONE FRONTALIERI / GRENS-INSPECTIEPOSTEN / POSTOS DE INSPECÇÃO FRONTEIRIÇOS / RAJATARKASTUSASEMAT / GRÄNSKONTROLLSTATIONER / LANDAMÆRASTÖÐVAR / GRENSEKONTROLLSTASJONER

Reykjavík	[17 001 99]
Hafnarfjörður	[17 002 99]
Ísafjörður	[17 003 99]
Akureyri	[17 004 99]
Eskifjörður	[17 005 99]
Vestmannaeyjar	[17 006 99]
Keflavík, flugstöð	[17 007 99]
Keflavík, höfn	[17 008 99]
Grundarfjörður	[17 009 99]
Patreksfjörður	[17 010 99]
Þingeyri	[17 011 99]
Sauðárkrókur	[17 012 99]
Húsavík	[17 013 99]
Þórshöfn	[17 014 99]
Vopnafjörður	[17 015 99]
Seyðisfjörður	[17 016 99]
Höfn	[17 017 99]
Þorlákshöfn	[17 018 99]
Dalvík	[17 019 99]

Norge

UNIDAD CENTRAL / CENTRAL ENHED / ZENTRALE EINHEIT / KENTRIKH MONADA / CENTRAL UNIT / UNITÉ CENTRALE / UNITÀ CENTRALE / CENTRALE EENHEID / UNIDADE CENTRAL / KESKUSYKSIKKÖ / CENTRAL ENHET / HÖFUÐSTÖÐVAR / SENTRALEHET

STATENS DYREHELSETILSYN [15 000 00]

UNIDADES LOCALES / LOKALE ENHEDER / ÖRTLICHE EINHEITEN / TOPIKH MONADA / LOCAL UNITS / UNITÉS LOCALES / UNITÀ LOCALI / LOKALE EENHEDEN / UNIDADES LOCAIS / PAIKALLISET YKSIKÖT / LOKALA ENHETER / ÚTSTÖÐVAR / LOKALE ENHETER

Oslo, Akershus og Østfold

Oslo	[15 001 01]

Hedmark og Oppland

Hamar	[15 002 01]

Buskerud og Vestfold

Drammen [15 003 01]

Rogaland, Aust-Agder og Vest-Agder

Sandnes [15 004 01]

Hordaland, Sogn og Fjordane

Bergen [15 005 01]

Møre og Romsdal

Molde [15 006 01]

Sør-Trøndelag og Nord-Trøndelag

Trondheim [15 007 01]

Nordland

Tjøtta [15 008 01]

Troms og Finnmark

Harstad [15 009 01]

PUESTOS DE INSPECCIÓN FRONTERIZOS / GRÆNSEKONTROLSTEDER / GRENZKONTROLLSTELLEN / SYNAORIAKOS STAQMOS ELEGXOY / BORDER INSPECTION POSTS / POSTES D'INSPECTION FRONTALIERS / POSTI D'ISPEZIONE FRONTALIERI / GRENS-INSPECTIEPOSTEN / POSTOS DE INSPECÇÃO FRONTEIRIÇOS / RAJATARKASTUSASEMAT / GRÄNSKONTROLLSTATIONER / LANDAMÆRASTÖÐVAR / GRENSEKONTROLLSTASJONER

Oslo [15 001 99]

Kristiansand [15 002 99]

Stavanger [15 003 99]

Bergen [15 004 99]

Måløy [15 005 99]

Ålesund [15 006 99]

Trondheim [15 007 99]

Svolvær [15 008 99]

Tromsø [15 009 99]

Hammerfest [15 010 99]

Båtsfjord [15 011 99]

Kirkenes [15 012 99]“

31. **396 D 0384:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/384/EB frá 21. júní 1996 um ákveðnar varúðarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í laxi í Noregi (Stjtíð. EB nr. L 151, 26. 6. 1996, bls. 35).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

32. **396 D 0490:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/490/EB frá 18. júlí 1996 um ákveðnar varúðarráðstafanir vegna *Gyrodactylus salaris* í laxfiskum (Stjtíð. EB nr. L 202, 10. 8. 1996, bls. 21).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

2. DÝRARÆKT

Engar gerðir eiga við um Ísland.

3. EFTIRLITSRÁÐSTAFANIR/SJÚKDÓMSTILKYNNINGAR

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

3.1. Grunntextar

Fisksjúkdómar

1. **393 L 0053:** Tilskipun ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum (Stjtíð. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 23), eins og henni var breytt með:

    — **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

    Þessi gerð á einnig við um Ísland.

    Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

    Eftirfarandi skal bætt við í viðauka A að því er varðar innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir fisksjúkdóma:

    „Ísland: Tilraunstöð H.Í. í meinafræði, Keldur, 112 Reykjavík

    Liechtenstein: Untersuchungsstelle für Fischkrankheiten / Institut für Tierpathologie der vet.-med. Fak. d. Universität Bern

    Noregur: Veterinæringstituttet, Oslo“

Sjúkdómar í samlokum

2. **395 L 0070:** Tilskipun ráðsins 95/70/EB frá 22. desember 1995 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum sjúkdómum sem herja á samlokur (tvískelja lindýr) (Stjtíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi skal bætt við í viðauka C að því er varðar innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir sjúkdóma í samlokum:

„Ísland: Tilraunstöð H.Í. í meinafræði, Keldur, 112 Reykjavík

Noregur: Veterinæringstituttet, Oslo“

4. HEILBRIGÐI DÝRA: VIÐSKIPTI MEÐ OG MARKAÐSSETNING Á LIFANDI DÝRUM

4.1. Grunntextar

Fiskeldi

1. **391 L 0067:** Tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og afurða (Stjtíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— **393 L 0054:** Tilskipun ráðsins 93/54/EBE frá 24. júní 1993 (Stjtíð. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 34),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 L 0022:** Tilskipun ráðsins 95/22/EB frá 22. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi greinum skal bætt við:

„28. gr. c

Óheimilt er að senda lifandi fisk og krabbadýr sem og hrogn og kynfrumur til og frá Noregi til eldis eða endurnýjunar annarra stofna en þeirra sem greint er frá hér á eftir á aðlögunartímabili sem lýkur 31. 12. 1997. Framlengja skal aðlögunartímabilið árlega ef einn af samningsaðilunum fer fram á það. Þó skal ekki framlengja aðlögunartímabilið eftir 31. 12. 2002.

Vartari; aðeins hrogn

Borri; aðeins hrogn
Lúða; aðeins seiði
Sandhverfa; seiði og hrogn
Áll:
– ungur áll
– í markaðsstærð
Humar; lifandi til manneldis

28. gr. d

Óheimilt er að senda lifandi fisk, krabbadýr og samlokur sem og hrogn og kynfrumur til og frá Íslandi nema þær tegundir sem greint er frá hér á eftir:

Stórlax: hrogn og kynfrumur
Regnbogasilungur: hrogn og kynfrumur
Vatnasilungur: hrogn og kynfrumur
Vartari: aðeins hrogn
Lúða: aðeins seiði
Humar: lifandi til manneldis

Þessa grein ber að endurskoða fyrir 1. júlí 1998."

4.2. Beiting

1. **392 D 0532:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/532/EBE frá 19. nóvember 1992 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilteknum fisksjúkdómum (Stjtíð. EB nr. L 337, 21. 11. 1992, bls. 18), eins og henni var breytt með:

   — **396 D 0240:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/240/EB frá 5. febrúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 79, 29. 3. 1996, bls. 19).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

2. **392 D 0538:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/538/EBE frá 9. nóvember 1992 um viðurkenningu Stóra-Bretlands og Norður-Írlands með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 347, 28. 11. 1992, bls. 67), eins og henni var breytt með:

   — **394 D 0817:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/817/EB frá 15. desember 1994 (Stjtíð. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 88).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

3. **393 D 0022:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/22/EBE frá 11. desember 1992 um fyrirmyndir að flutningsskýrslunum sem um getur í 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/67/EBE (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 8).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

4. **393 D 0039:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/39/EBE frá 18. desember 1992 um viðurkenningu Guernseyja með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 46).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

5. **393 D 0040:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/40/EBE frá 18. desember 1992 um viðurkenningu Manar með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 47).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

6. **393 D 0044:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/44/EBE frá 21. desember 1992 um samþykkt áætlana sem Breska konungsríkið hefur lagt fram og varða vorveiru-dreyra í vatnakarfa og um skilgreiningu viðbótarábyrgða fyrir ákveðnar fisktegundir sem á að senda til Stóra Bretlands, Norður-Írlands, Manar og Guernseyja (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 53), eins og henni var breytt með:

   — **394 D 0865:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/865/EB frá 20. desember 1994 (Stjtíð. EB nr. L 352, 31. 12. 1994, bls. 75).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

7. **393 D 0055:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/55/EBE frá 21. desember 1992 um breytingu á ábyrgðum fyrir aðflutningi lindýra til svæða þar sem samþykkt hefur verið áætlun fyrir Bonamia ostrae og Marteilia refringens (Stjtíð. EB nr. L 14, 22. 1. 1993, bls. 24), eins og henni var breytt með:

   — **393 D 0169:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/169/EBE frá 19. febrúar 1993 (Stjtíð. EB nr. L 71, 24. 3. 1993, bls. 16).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

8. **393 D 0073:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/73/EBE frá 21. desember 1992 um viðurkenningu Írlands með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 27, 4. 2. 1993, bls. 23).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. **393 D 0074:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/74/EBE frá 21. desember 1992 um viðurkenningu Danmerkur með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 27, 4. 2. 1993, bls. 35), eins og henni var breytt með:

   — **394 D 0450:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/450/EB frá 24. júní 1994 (Stjtíð. EB nr. L 187, 22. 7. 1994, bls. 8),

   — **396 D 0218:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/218/EB frá 8. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. L 72, 21. 3. 1996, bls. 39).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

10. **395 D 0124:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/124/EB frá 3. apríl 1995 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Þýskalandi (Stjtíð. EB nr. L 84, 14. 4. 1995, bls. 6), eins og henni var breytt með:

    — **396 D 0265:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/265/EB frá 1. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 91, 12. 4. 1996, bls. 72).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland.

11. **395 D 0125:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/125/EB frá 4. apríl 1995 um stöðu Frakklands með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (Stjtíð. EB nr. L 84, 14. 4. 1995, bls. 8, eins og henni var breytt með:

— **395 D 0481:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/418/EB frá 8. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 275, 18. 11. 1995, bls. 26).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

12. **395 D 0470:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/470/EB frá 27. október 1995 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Belgíu (Stjtíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 28).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

13. **395 D 0473:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/473/EB frá 27. október 1995 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Frakklandi (Stjtíð. EB nr. L 269, 11. 11. 1995, bls. 31), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0289:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/289/EB frá 16. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 109, 3. 5. 1996, bls. 23).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

14. **396 D 0233:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/233/EB frá 14. mars 1996 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku (Stjtíð. EB nr. L 77, 27. 3. 1996, bls. 33).

GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

1. **392 D 0528:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/528/EBE frá 9. nóvember 1992 um samþykki áætlana um bónamíósis og marteilíósis sem Breska konungsríkið hefur lagt fram (Stjtíð. EB nr. L 332, 18. 11. 1992, bls. 25).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

2. **393 D 0056:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/56/EBE frá 21. desember 1992 um samþykki áætlunar sem Írland hefur lagt fram og fjallar um bónamíósis og marteilíósis (Stjtíð. EB nr. L 14, 22. 1. 1993, bls. 25).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

3. **393 D 0057:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/57/EBE frá 21. desember 1992 um samþykki áætlunar sem Breska konungsríkið hefur lagt fram fyrir Jersey og fjallar um bónamíósis og marteilíósis (Stjtíð. EB nr. L 14, 22. 1. 1993, bls. 26).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

4. **393 D 0058:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/58/EBE frá 21. desember 1992 um samþykki áætlunar sem Breska konungsríkið hefur lagt fram fyrir Guernsey og fjallar um bónamíósis og marteilíósis (Stjtíð. EB nr. L 14, 22. 1. 1993, bls. 27).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

5. **393 D 0059:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/59/EBE frá 21. desember 1992 um samþykki áætlunar sem Breska konungsríkið hefur lagt fram fyrir eyjuna Mön og fjallar um bónamíósis og marteilíósis (Stjtíð. EB nr. L 14, 22. 1. 1993, bls. 28).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

6. **394 D 0722:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/722/EB frá 25. október 1994 um samþykki áætlunar sem Frakkland hefur lagt fram og fjallar um bónamíósis og marteilíósis (Stjtíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 47).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

7. **394 D 0862:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/862/EB frá 20. desember 1994 um samþykki áætlunar sem Spánn hefur lagt fram fyrir Astúríuhérað og fjallar um smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrun (Stjtíð. EB nr. L 352, 31. 12. 1994, bls. 72).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

8. **394 D 0863:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/863/EB frá 20. desember 1994 um samþykki áætlunar sem Frakkland hefur lagt fram og fjallar um smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrun á tilteknum landsvæðum (Stjtíð. EB nr. L 352, 31. 12. 1994, bls. 73).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. **395 D 0479:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/479/EB frá 7. nóvember 1995 um samþykki áætlunar sem Finnland hefur lagt fram og fjallar um smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrun á tilteknum landsvæðum (Stjtíð. EB nr. L 275, 18. 11. 1995, bls. 23).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

10. **396 D 0221:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/221/EB frá 8. mars 1996 um samþykki áætlunar sem Danmörk hefur lagt fram með tilliti til bakteríu-blóðeitrunar á tilteknum landsvæðum (Stjtíð. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 42).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland.

5. DÝRAHEILBRIGÐI: VIÐSKIPTI MEÐ OG MARKAÐSSETNING Á DÝRAAFURÐUM

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

5.1. Grunntextar

Afurðir af öðrum dýrum

1. **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49), eins og henni var breytt með:

   — **394 D 0466:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/466/EB frá 13. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 190, 26. 7. 1994, bls. 26),

   — **394 D 0723:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/723/EB frá 26. október 1994 (Stjtíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 48),

   — **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins

Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 D 0338:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/338/EB frá 26. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 35),

— **395 D 0339:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/339/EB frá 27. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 36),

— **396 D 0103:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/103/EB frá 25. janúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 28),

— **396 D 0340:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/340/EB frá 10. maí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 129, 30. 5. 1996, bls. 35),

— **396 D 0405:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/405/EB frá 21. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 165, 4. 7. 1996, bls. 40).

Ákvæði annars undirliðar í I. hluta A í 6. kafla I. viðauka eiga við um Ísland.

6. ALMANNAHEILBRIGÐI: VIÐSKIPTI MEÐ OG MARKAÐSSETNING Á DÝRAAFURÐUM

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

6.1. Grunntextar

Fiskafurðir

1. **391 L 0493:** Tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15), eins og henni var breytt með:

   — **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

   — **395 L 0071:** Tilskipun ráðsins 95/71/EB frá 22. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 40),

   — **396 L 0023:** Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

   Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Sameiginlegir markaðsstaðlar sem mælt er fyrir um í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3796/81 eiga við að því er varðar I. þátt II. hluta V. kafla við viðaukann.

2. **392 L 0048:** Tilskipun ráðsins 92/48/EBE frá 16. júní 1992 um setningu lágmarksreglna um hreinlæti fyrir fiskafurðir sem unnar eru um borð í tilteknum

skipum í samræmi við i-lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE (Stjtíð. EB nr. L 187, 7. 7. 1992, bls. 41).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Samlokur

3. **391 L 0492:** Tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Afurðir af öðrum dýrum

4. **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0466:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/466/EB frá 13. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 190, 26. 7. 1994, bls. 26),

— **394 D 0723:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/723/EB frá 26. október 1994 (Stjtíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 48),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 D 0338:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/338/EB frá 26. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 35),

— **395 D 0339:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/339/EB frá 27. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 36),

— **396 D 0103:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/103/EB frá 25. janúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 28),

— **396 D 0340:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/340/EB frá 10. maí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 129, 30. 5. 1996, bls. 35),

— **396 D 0405:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/405/EB frá 21. júní 1996 (Stjtíð. EB nr. L 165, 4. 7. 1996, bls. 40),

Ákvæði 6. kafla I. viðauka eiga við um Ísland að því er varðar unnin dýraprótín úr fiski sem ætlað er sem dýrafóður. Árið 2000 skal endurskoða málefni er varða unnin dýraprótín úr fiski sem ætlað er til manneldis.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði fyrsta undirliðar í 2. kafla II. viðauka eiga við um Noreg.

b) Að því er varðar fyrsta undirlið í 2. kafla II. viðauka hefur norsk framleiðsluáætlun verið viðurkennd sem komið var til framkvæmda með reglugerðum frá 31. janúar 1995 (nr. 107) um eftirlit með salmonellu í lifandi dýrum, reglugerðum frá 10. apríl 1995 (nr. 368) um eftirlit og ráðstafanir gegn samlonellubakteríu í nýju kjöti og nýju fuglakjöti og reglugerðum frá 9. maí 1996 (nr. 489) um eftirlit með og forvarnir gegn salmonellu í eggjum til manneldis.

6.2. Beiting

1. **392 D 0092:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/92/EBE frá 9. janúar 1992 um kröfur um búnað og innréttingar í afgreiðslu- og hreinsunarstöðvum fyrir lifandi samlokur (tvískelja lindýr) sem veita má undanþágur frá (Stjtíð. EB nr. L 34, 11. 2. 1992, bls.. 34).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

2. **393 D 0025:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/25/EBE frá 11. desember 1992 um viðurkenningu á ákveðnum aðferðum til að hindra myndun sýkla í lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) og sæsniglum (Stjtíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 22).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

3. **393 D 0051:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/51/EBE frá 15. desember 1992 um örverufræðilegar viðmiðanir við framleiðslu soðinna krabba- og lindýra (Stjtíð. EB nr. L 13, 21. 1. 1993, bls. 11).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

4. **393 D 0140:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/140/EB frá 19. janúar 1993 um nákvæmar reglur um sjónræna skoðun til að finna sníkjudýr í fiskafurðum (Stjtíð. EB nr. L 56, 9. 3. 1993, bls. 42).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

5. **393 D 0351:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/351/EBE frá 19. maí 1993 um greiningaraðferðir, sýnatökuáætlanir og hámarksmagn kvikasilfurs í fiskafurðum (Stjtíð. EB nr. L 144, 16. 6. 1993, bls. 23).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

   Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Eftirfarandi fisktegundum skal bætt við í viðaukanum:

   „Langa *(Molva molva)*
   Keila *(Brosmius brosme).*“

6. **393 D 0383:** Ákvörðun ráðsins 93/383/EBE frá 14. júní 1993 um tilvísunarrannsóknarstofur vegna eftirlits með sjávarlífeitri (Stjtíð. EB nr. L 166, 8. 7. 1993, bls. 31).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

   Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Eftirfarandi skal bætt við í viðaukanum varðandi innlendar tilvísunarrannsóknarstofur:

Ísland:	Fiskistofa
Noregur:	Norges Veterinærhøyskole, Oslo

7. **394 D 0117:** Ákvörðun ráðsins 94/117/EB frá 21. febrúar 1994 um lágmarkskröfur vegna innréttinga og búnaðar sem tiltekin lítil fyrirtæki þurfa að uppfylla til að tryggja dreifingu fiskafurða í Grikklandi (Stjtíð. EB nr. L 54, 25. 2. 1994, bls. 28).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

8. **394 D 0306:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/306 frá 16. maí 1994 um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem á að nota til að greina og staðfesta tiltekna sjúkdóma hjá lindýrum (Stjtíð. EB nr. L 133, 28. 5. 1994, bls. 51).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. **394 D 0356:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/356/EB frá 20. maí 1994 um nákvæmar reglur um beitingu tilskipunar ráðsins 91/493/EBE að því er varðar innra heilbrigðiseftirlit með fiskafurðum (Stjtíð. EB nr. L 156, 23. 6. 1994, bls. 50).

   Þessi gerð á einnig við um Ísland.

10. **395 D 0149:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/149/EB frá 8. mars 1995 um viðmiðunarmörk fyrir heildarmagn rokgjarns köfnunarefnis (TVB-N) fyrir tiltekna flokka fiskafurða og þær greiningaraðferðir sem ber að nota (Stjtíð. EB nr. L 97, 29. 4. 1995, bls. 84).

    Þessi gerð á einnig við um Ísland.

7. RÁÐSTAFANIR ER VARÐA MÖRG SVIÐ

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

7.1. Grunntextar

Skepnuúrgangur, sjúkdómsvaldar

1. **390 L 0667:** Tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE (Stjtíð. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51), eins og henni var breytt með:

— **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

Þessi gerð á einnig við um Ísland, en aðeins varðandi förgun og vinnslu fiskúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr fiskafurðum.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði iii-liðar í 7. gr. eiga ekki við.

7.2. Beiting

1. **392 D 0562:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/562/EBE frá 17. nóvember 1992 um viðurkenningu annarra hitameðferðarkerfa sem völ er á til vinnslu áhættusamra efna (Stjtíð. EB nr. L 359, 9. 12. 1992, bls. 23), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15).

Þessi gerð á einnig við um Ísland, en aðeins varðandi förgun og vinnslu fiskúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr fiskafurðum.

8. INNFLUTNINGUR FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

8.1. Grunntextar

Fiskeldi

1. **391 L 0067:** Tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (Stjtíð. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— **393 L 0054:** Tilskipun ráðsins 93/54/EBE frá 24. júní 1993 (Stjtíð. EB nr. L 175, 19. 7. 1993, bls. 34),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 L 0022:** Tilskipun ráðsins 95/22/EB frá 22. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, gilda án þess að hafa áhrif á aðlögunina sem mælt er fyrir um í 5. lið í 4. hluta.

Fiskafurðir

2. **391 L 0493:** Tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 L 0071:** Tilskipun ráðsins 95/71/EB frá 22. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 332, 30. 12. 1995, bls. 40),

— **396 L 0023:** Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 (Stjtíð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 12).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Samlokur

3. **391 L 0492:** Tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) (Stjtíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

Afurðir af öðrum dýrum

4. **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um (Stjtíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0466:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/466/EB frá 13. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 190, 26. 7. 1994, bls. 26),

— **394 D 0723:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/723/EB frá 26. október 1994 (Stjtíð. EB nr. L 288, 9. 11. 1994, bls. 48),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtíð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtíð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **395 D 0338:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/338/EB frá 26. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 35),

— **395 D 0339:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/339/EB frá 27. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 200, 24. 8. 1995, bls. 36),

— **396 D 0103:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/103/EB frá 25. janúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 28),

— **396 D 0340:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/340/EB frá 10. maí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 129, 30. 5. 1996, bls. 35),

Ákvæði annars undirliðar í I. hluta A í 6. kafla I. viðauka eiga við um Ísland.

Bráðabirgðaráðstafanir

5. **395 D 0408:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/408 frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, fyrir tiltekið tímabil, yfir starfsstöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá (Stjtíð. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 17).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

8.2. Beiting

1. **393 D 0387:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/387/EBE frá 7. júní 1993 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Marokkó (Stjtíð. EB nr. L 166, 8. 7. 1993, bls. 40), eins og henni var breytt með:

— **393 D 0530:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/530/EBE frá 15. október 1993 (Stjtíð. EB nr. L 258, 16. 10. 1993, bls. 32),

— **394 D 0767:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/767/EB frá 21. nóvember 1994 (Stjtíð. EB nr. L 305, 30. 11. 1994, bls. 36),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

2. **393 D 0436:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/436/EBE frá 30. júní 1993 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Chíle (Stjtíð. EB nr. L 202, 12. 8. 1993, bls. 31), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0164:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/164/EB frá 18. október 1995 (Stjtíð. EB nr. L 108, 13. 5. 1995, bls. 74),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6),

— **396 D 0220:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/220/EB frá 7. mars 1996 (Stjtíð. EB nr. L 74, 22. 3. 1996, bls. 35).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

3. **393 D 0437:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/437/EBE frá 30. júní 1993 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Argentínu (Stjtíð. EB nr. L 202, 12. 8. 1993, bls. 42), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0299:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/299/EB frá 19. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 74),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

4. **393 D 0494:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/494/EBE frá 23. júlí 1993 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Færeyjum (Stjtíð. EB nr. L 232, 15. 9. 1993, bls. 37), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0151:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/151/EB frá 28. apríl 1995 (Stjtíð. EB nr. L 100, 3. 5. 1995, bls. 22),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

5. **393 D 0495:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/495/EBE frá 26. júlí 1993 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Kanada (Stjtíð. EB nr. L 232, 15. 9. 1993, bls. 43), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0549:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/549/EB frá 8. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 310, 22. 12. 1995, bls. 74),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

6. **394 D 0198:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/198/EB frá 7. apríl 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Brasilíu (Stjtíð. EB nr. L 93, 12. 4. 1994, bls. 26), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

7. **394 D 0200:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/200/EB frá 7. apríl 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Ekvador (Stjtíð. EB nr. L 93, 12. 4. 1994, bls. 34), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0177:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/177/EB frá 12. maí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 117, 24. 5. 1995, bls. 30),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

8. **394 D 0205:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/205/EB frá 8. apríl 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á frosnum eða unnum diskum og öðrum skeldýrum af ættinni Pectinidae frá Japan (Stjtíð. EB nr. L 99, 19. 4. 1994, bls. 38), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0081:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/81/EB frá 17. mars 1995 (Stjtíð. EB nr. L 66, 24. 3. 1995, bls. 24).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. **394 D 0269:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/269/EB frá 8. apríl 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Kólumbíu (Stjtíð. EB nr. L 115, 6. 5. 1994, bls. 38), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0332:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/332/EB frá 26. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 192, 15. 8. 1995, bls. 42),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

10. **394 D 0323:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/323/EB frá 19. maí 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Singapúr (Stjtíð. EB nr. L 145, 10. 6. 1994, bls. 19), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

11. **394 D 0324:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/324/EBE frá 19. maí 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Indónesíu (Stjtíð. EB nr. L 145, 10. 6. 1994, bls. 23), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0034:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/34/EB frá 16. febrúar 1995 (Stjtíð. EB nr. L 44, 28. 2. 1995, bls. 67),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

12. **394 D 0325:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/325/EB frá 19. maí 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taílandi (94/325/EB) (Stjtíð. EB nr. L 145, 10. 6. 1994, bls. 30), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0178:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/178/EB frá 12. maí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 117, 24. 5. 1995, bls. 35),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

13. **394 D 0344:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/344/EB frá 27. apríl 1994 um dýraheilbrigðiskröfur og útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna innflutnings frá þriðju löndum á unnu dýraprótíni, og einnig afurðum sem innihalda það, sem er ætlað sem dýrafóður (Stjtíð. EB nr. L 154, 21. 6. 1994, bls. 45), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0461:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/461/EB frá 11. júlí 1994 (Stjtíð. EB nr. L 189, 23. 7. 1994, bls. 88),

— **394 D 0775:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/775/EB frá 28. nóvember 1994 (Stjtíð. EB nr. L 310, 3. 12. 1994, bls. 77),

— **395 D 0088:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/88/EB frá 2. mars 1995 (Stjtíð. EB nr. L 69, 29. 3. 1995, bls. 45),

— **395 D 0230:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/230/EB frá 20. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. L 154, 5. 7. 1995, bls. 19),

— **396 D 0106:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/106/EB frá 29. janúar 1996 (Stjtíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 34).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

14. **394 D 0448:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/448/EB frá 20. júní 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Nýja Sjálandi (Stjtíð. EB nr. L 184, 20. 7. 1994, bls. 16), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0310:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/310/EB frá 24. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 70),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

15. **394 D 0766:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/766/EB frá 21. nóvember 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taívan (Stjtíð. EB nr. L 305, 30. 11. 1994, bls. 31), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

16. **394 D 0777:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/777/EB frá 30. nóvember 1994 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Tyrklandi (Stjtíð. EB nr. L 312, 6. 12. 1994, bls. 35), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0275:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/275/EB frá 10. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 26),

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

17. **394 D 0778:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/778/EB frá 30. nóvember 1994 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á frystum eða unnum samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Tyrklandi (Stjtíð. EB nr. L 312, 6. 12. 1994, bls. 40), eins og henni var breytt með:

— **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtíð. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

18. **395 D 0030:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB frá 10. febrúar 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Marokkó (Stjtíð. EB nr. L 42, 24. 2. 1995, bls. 32), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0298:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/298/EB frá 19. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 48),

— **396 D 0459:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/459/EB frá 4. júlí 1996 (Stjtíð. EB nr. L 191, 1. 8. 1996, bls. 48).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

19. **395 D 0090:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/90/EB frá 17. mars 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Albaníu (Stjtíð. EB nr. L 70, 30. 3. 1995, bls. 27), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0235:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/235/EB frá 26. júní 1995 (Stjtíð. EB nr. L 156, 7. 7. 1995, bls. 82).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

20. **395 D 0173:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/173/EB frá 7. mars 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Perú (Stjtíð. EB nr. L 116, 23. 5. 1995, bls. 41), eins og henni var breytt með:

— **395 D 0311:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/311/EB frá 24. júlí 1995 (Stjtíð. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 78).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

21. **395 D 0174:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/174/EB frá 7. mars 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Perú (Stjtíð. EB nr. L 116, 23. 5. 1995, bls. 47).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

22. **395 D 0190:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/190/EB frá 17. maí 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Filipseyjum (Stjtíð. EB nr. L 123, 3. 6. 1995, bls. 20).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

23. **395 D 0328:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/328/EB frá 25. júlí 1995 um útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna fiskafurða frá þriðju löndum sem ekki hefur enn verið fjallað um í sérákvörðun (Stjtíð. EB nr. L 191, 12. 8. 1995, bls. 32).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

24. **395 D 0352:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/352/EB frá 25. júlí 1995 um kröfur um dýraheilbrigði og útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna innflutnings risaostra Crassostrea gigas frá þriðju löndum til umlagningar í sjó innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 204, 30. 8. 1995, bls. 13).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

25. **395 D 0408:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, fyrir tiltekið tímabil, yfir starfs-

stöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá (Stjtíð. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 17).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

26. **395 D 0453:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/453/EB frá 23. október 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Kóreu (Stjtíð. EB nr. L 264, 7. 11. 1995, bls. 35).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

27. **395 D 0454:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/454/EB frá 23. október 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Kóreu (Stjtíð. EB nr. L 264, 7. 11. 1995, bls. 37).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

28. **395 D 0538:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/538/EB frá 6. desember 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Japan (Stjtíð. EB nr. L 304, 16. 12. 1995, bls. 52).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

29. **396 D 0192:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/192/EB frá 19. febrúar 1996 um sérstök skyrði vegna innflutnings á niðursoðnum fiskafurðum frá Rússlandi (Stjtíð. EB nr. L 61, 12. 3. 1996, bls. 37).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

30. **396 D 0333:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/333/EB frá 3. maí 1996 um útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna lifandi samloka (tvískelja lindýra), skrápdýra, möttuldýra og sæsnigla frá þriðju löndum sem ekki er fjallað um í sérákvörðunum (Stjtíð. EB nr. L 127, 25. 5. 1995, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

31. **396 D 0355:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/355/EB frá 30. maí 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Senegal (Stjtíð. EB nr. L 137, 8. 6. 1996, bls. 24).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

32. **396 D 0356:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/356/EB frá 30. maí 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Gambíu (Stjtíð. EB nr. L 137, 8. 6. 1996, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

33. **396 D 0425:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/425/EB frá 28. júní 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Máritaníu (Stjtíð. EB nr. L 175, 13. 7. 1996, bls. 27).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. VELFERÐ DÝRA

Engar gerðir eiga við um Ísland.

Í fylgiskjali II voru þýðingarmestu gerðir vegna fyrirhugaðra breytinga og viðbóta við I. viðauka við EES-samninginn (tilskipanir ráðsins 90/425/EBE, 89/662/EBE, 91/496/EBE, 90/675/EBE, 96/43/EB, 85/73/EBE). Um þær vísast til þingskjalsins (lausaskjalsins) en þær birtast einnig í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

810. Tillaga til þingsályktunar [481. mál]

um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins.

Flm.: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Rannveig Guðmundsdóttir, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að staðfesta fyrir sitt leyti stofnskrá Vestnorræna ráðsins.

Greinargerð.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti á ársfundi sínum í Vestmannaeyjum 26.–29. júní sl. að endurnýja stofnskrá sína og vinnureglur með tilliti til breyttra áherslna í norrænu samstarfi og aukins mikilvægis svæðasamstarfs í Evrópu.

Helstu skipulagsbreytingar eru þær að framvegis verður kosið í ráðið eftir styrkleikahlutföllum þingflokka eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi þingum. Fulltrúar á hverjum ársfundi verða 18, þ.e. sex frá hverju landi. Löndin skiptast á um að hafa formennsku og árlega verður lögð fram starfsáætlun og skýrsla. Löndin greiða framvegis árgjöld til starfseminnar auk þess sem sett verður á stofn skrifstofa ráðsins.

Stofnskráin er einnig breytt að formi til og lögð er áhersla á aukin áhrif ráðsins á stjórnmálaumræðu um vestnorræn málefni. Þá verður heiti ráðsins samkvæmt tillögunni Vestnorræna ráðið.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ FYRIR VESTNORRÆNA RÁÐIÐ

INNGANGUR

Til viðurkenningar á

að Færeyjar, Grænland og Ísland, vestnorrænu löndin, eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta við varðveislu á og eftirlit með nýtingu á lifandi auðlindum og öðrum auðlindum,

að auðlindir þessar gegna veigamiklu hlutverki fyrir efnahag landanna, menningu og framtíðarþróun,

að varðveisla og eftirlit með nýtingu á lifandi auðlindum landanna hefur auk þess þýðingu fyrir öflun matvæla almennt í heiminum,

að löndin gera sér ljósa þýðingu þess að efla og þróa samvinnu á sviði menningar, viðskipta og samgangna, svo og samvinnu almennt, og

að löndin, með því að efla og þróa samvinnu sín á milli, leggi sitt af mörkum til að stuðla að skilningi og friðsamlegri sambúð í heiminum

höfum við kjörnir þingmenn á Lögþingi Færeyinga, Landsþingi Grænlendinga og Alþingi Íslendinga, á grundvelli ákvarðana á Lögþingi Færeyinga þann 27. janúar 1981, Landsþingi Grænlendinga þann 23. maí 1985 og Alþingi Íslendinga þann 19. maí 1981, á fundi í Nuuk um þingræðislega samvinnu þann 24. september 1985 fundið að formleg stofnskrá, sem setur samvinnunni reglur, er nauðsynleg.

Við samþykkjum og viðurkennum hér með stofnskrá þessa sem hefur að geyma eftirfarandi ákvæði:

1. KAFLI

1. gr.

Vestnorræna ráðið er samstarfsaðili löggjafarþinganna á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

2. gr.

Markmið ráðsins eru:

a. að starfa saman að hagsmunum Vestur-Norðurlanda,
b. að gæta í sameiningu auðlinda og menningar Norðuratlantshafssvæðisins og greiða fyrir því að hagsmuna Vestur-Norðurlanda sé gætt af ríkisstjórnum og landsstjórnum, ekki síst þegar um alvarleg málefni er að ræða sem varða nýtingu auðlinda, mengun o.fl.,
c. að fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda,
d. að vinna með Norðurlandaráði og starfa sem tengiliður fyrir hagsmuni Vestur-Norðurlanda innan norrænnar samvinnu,
e. að starfa sem þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila innan Vestur-Norðurlanda og annarra alþjóðlegra sérhagsmunahópa og ríkjasamtaka, þar með talið samstarf þjóðþinga á norðurheimskautssvæðum.

3. gr.

Markmiðum ráðsins verður náð með:

a. ályktunum og tilmælum til ríkisstjórna og landsstjórna,
b. samvinnu fagráðherra og landsstjórnarmanna,
c. virkri þátttöku í norrænu samstarfi,
d. samstarfi við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs, m.a. Vestnorræna sjóðinn og Norður-Atlantshafssamstarfsnefndina,
e. samvinnu við norðurheimskautsstofnanir og -samtök,
f. skipulagningu á ráðstefnum og fundum,
g. dreifingu á upplýsingum.

2. KAFLI

4. gr.

Lögþing Færeyinga, Landsþing Grænlendinga og Alþingi Íslendinga kjósa úr hópi þingmanna sex fulltrúa og sex varamenn í ráðið. Þingmenn skulu kosnir eftir hlutfallsstyrk stjórnmálaflokkanna, eftir gildandi reglum í hverju landi. Breytingar á skipan landsdeildanna skulu einnig fylgja reglum í viðkomandi landi.

5. gr.

Ráðið telst ályktunarbært þegar meira en helmingur fulltrúa allra þriggja landsdeildanna er á fundi.

6. gr.

Formaður ráðsins er kosinn til skiptis úr hverri landsdeild til eins árs í senn.

7. gr.

Á hverjum aðalfundi ráðsins starfar þriggja manna forsætisnefnd. Í forsætisnefndinni eru auk formanns ráðsins einn fulltrúi tilnefndur af landsdeildum hvors hinna landanna. Forsætisnefndin hefur æðsta vald í málefnum ráðsins milli aðalfunda þess.

3. KAFLI

8. gr.

Formaður boðar til aðalfundar ráðsins, og annarra funda, á þeim tíma og stað sem ráðið ákveður.

9. gr.

Meiri hluti fulltrúa í ráðinu getur með milligöngu formannsins boðað til aukaaðalfundar ráðsins og velur formaður honum stað.

10. gr.

Á fundum ráðsins má ræða sérhvert það málefni sem getur haft þýðingu fyrir samvinnu landanna.

11. gr.

Ráðið getur samþykkt ályktanir sem beint er til eins eða fleiri af löndunum skv. a-lið 3. gr. 1. kafla. Þegar ályktanir eru sendar yfirvöldum skal gera grein fyrir því með hvaða stuðningi ráðið hefur samþykkt ályktunina.

12. gr.

Á aðalfundi ráðsins gerir forsætisnefnd grein fyrir starfi ráðsins frá síðasta aðalfundi og leggur fram tillögur að starfsáætlun fyrir komandi ár.

13. gr.

Á aðalfundi ráðsins leggur forsætisnefnd fram ársreikninga, ásamt fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

4. KAFLI

14. gr.

Kostnaður við rekstur ráðsins skiptist þannig: Ísland greiðir 50%, Færeyjar greiða 25% og Grænland greiðir 25%.

15. gr.

Framlög skulu greidd aðalskrifstofu fyrir 1. febrúar ár hvert.

16. gr.

Hvert land greiðir kostnað við þátttöku fulltrúa sinna í samvinnunni. Kostnaður landsdeildanna við aðalskrifstofu greiðist einnig af hverju landi fyrir sig.

5. KAFLI

17. gr.

Ráðið ræður sér starfsmann til allt að fjögurra ára í senn. Starfsmaðurinn skal hafa aðsetur í einu af þingum landanna samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar og vinna með þeirri skrifstofu sem hefur með málefni Norðurlandaráðs og aðrar norrænar stofnanir í löndunum að gera. Gera skal samning við það þjóðþing, þar sem skrifstofan er, um skiptingu á útgjöldum til starfsemi aðalskrifstofu.

6. KAFLI

18. gr.

Semja skal fundarskapareglur fyrir fundi ráðsins með hliðsjón af markmiðum stofnskrárinnar. Fundarreglurnar skulu lagðar fram til samþykktar á aðalfundi ráðsins.

7. KAFLI

19. gr.

Stofnskrá þessi er skrifuð á dönsku, færeysku, grænlensku og íslensku og eru allir textar jafnréttháir.

20. gr.

Stofnskrána skal leggja fyrir Lögþing Færeyinga, Landsþing Grænlendinga og Alþingi Íslendinga og öðlast hún gildi er þingin hafa samþykkt hana. Sama á við um breytingar á stofnskránni.

811. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til sóttvarnalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, skrifstofustjóra frá heilbrigðisráðuneyti. Þá komu til fundar Haraldur Briem yfirlæknir, Helgi Guðbergsson læknir, Ólafur Walter skrifstofustjóri og Ragnheiður Harðardóttir lögfræðingur frá dómsmálaráðuneyti, Þorgeir Örlygsson formaður tölvunefndar og Sigrún Jóhannesdóttir ritari nefndarinnar.

Nefndinni bárust umsagnir frá héraðslækninum í Reykjavík, Landspítalanum, Samtökunum 78, landlækni, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Haraldi Briem yfirlækni og tölvunefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að auk þess að skilgreina þar hvað átt er við með smitsjúkdómum í lögunum verði almennt gildissvið laganna afmarkað í greininni en ekki í 3. gr. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá er lagt til að skilgreining á smitsjúkdómum verði rýmkuð og nái ekki einungis til sjúkdóma eða smitunar sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda heldur einnig til smitefna. Þetta er lagt til með hliðsjón af nýjum upplýsingum og þeirri staðreynd að ný tegund smitsjúkdóms er talin kunna verða að farsótt meðal manna í nánustu framtíð. Um er að ræða afbrigði af svonefndum Creutzfeldt Jakob sjúkdómi (CJD). Talið er að orsök sjúkdómsins sé smitefni sem nefnt er príon. Þetta smitefni er hins vegar ekki lífvera í þeim skilningi sem hingað til hefur verið lagður í hugtakið. Lífverur innihalda kjarnasýrur og fjölga sér með skiptingu erfðaefnis. Príon eru prótín en innihalda að því er virðist ekki kjarnasýrur og eru mjög þolin gegn hita og sótthreinsiefnum. Ekki er vitað með hvaða hætti þetta nýja sjúkdómsafbrigði smitar en getum hefur verið leitt að því að sjúkdómurinn hafi borist í menn með riðumenguðu nautakjöti. Meðgöngutími sjúkdómsins er langur og óttast menn að mörg ár kunni að líða áður en afleiðingar faraldurs verða ljósar. Því hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Evrópusambandið farið þess á leit við þjóðir heims að þær fylgist með þessum sjúkdómi. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin rétt að sjúkdómar sem smitefni valda verði taldir til smitsjúkdóma í lögunum til þess að ekki geti orkað tvímælis að Creutzfeldt Jakob sjúkdómurinn og sjúkdómsafbrigði hans falli undir lögin. Þá vill nefndin vekja athygli á að með lagatextanum er prentað fylgiskjal um flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum. Skv. 3. gr. frumvarpsins skal ráðherra ákveða með reglugerð, að fengum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir, sjá nánar 2. lið. Umrætt fylgiskjal átti að prenta sem fylgiskjal með frumvarpinu í heild til leiðbeiningar um þá sjúkdóma sem flokka ætti í reglugerð og er það því ekki fylgiskjal með lögunum. Vegna tillögu um rýmkun á skilgreiningu á hugtakinu smitsjúkdómur vill nefndin vekja athygli á að við setningu reglugerðar verði sjúkdómurinn Creutzfeldt Jakob (CJD) og sjúkdómsafbrigði hans (vCJD) flokkuð þar á meðal.
2. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að 1. mgr. verði felld brott í samræmi við þær breytingar sem raktar eru í 1. lið og í öðru lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr. Í þriðja lagi er lagt til að nýju ákvæði verði bætt við greinina þar sem skilgreint verði hvað átt er við með skráningarskyldu og tilkynningarskyldu, en ráðherra skal, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, ákveða með reglugerð hvaða smitsjúkdómar samkvæmt lögunum eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir. Samkvæmt ákvæðinu er með skráningarskyldu átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningaskyldu átt við skyldu til að senda honum persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik. Nefndin leggur áherslu á að skýrar reglur séu í lögunum um svo viðkvæmar upplýsingar sem hér um ræðir. Í fjórða lagi er lagt til að bætt verði við ákvæði 4. mgr. sem kveður á um að gæta skuli fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá sem sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir að sé haldin. Til að taka af öll tvímæli er hér lagt til að sömu reglur skuli gilda um upplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og þær upplýsingar sem fram koma í sjúkraskrám almennt. Skv. 8. gr. upplýsingalaga, nr. 50/1996, gildir sú meginregla um sjúkraskrár og skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa að þær eru undanþegnar þeirri reglu að veita skuli aðgang að þeim að liðnum 80 árum frá því að slíkar upp-

lýsingar um einkamálefni einstaklinga urðu til. Í fimmta lagi er lagt til að heimild ráðherra í 5. mgr. til að setja nánari reglur um fyrirkomulag tilkynninga og skráninga skuli felld brott úr greininni. Heimildina verði þess í stað að finna í 18. gr., sem og önnur fyrirmæli um skyldu eða heimildir ráðherra til að setja nánari reglur um einstök atriði, sbr. 5. lið.

3. Lögð er til sú breyting á 7. gr. að í stað þess að nota orðalagið sóttnæmisútbreiðsla frá sjúklingi í lokamálslið 3. mgr. verði talað um útbreiðslu smits og er þetta í samræmi við annan texta frumvarpsins.
4. Lögð er til breyting á ákvæðum 2. mgr. 15. gr. er lúta að málsmeðferð þegar einstaklingur hefur verið settur í einangrun geng vilja sínum vegna hættu á útbreiðslu smits. Komi sú staða upp að sóttvarnalæknir telji nauðsynlegt að einstaklingur skuli settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. greinarinnar, og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða, skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Orðalagið „svo fljótt sem verða má“ er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um rétt þeirra einstaklinga sem sviptir eru frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi. Í frumvarpinu er miðað við að sóttvarnalæknir skuli bera framangreinda ákvörðun undir héraðsdóm ef hann telur nauðsynlegt að einangrun vari lengur er tvo sólarhringa. Nefndin leggur áherslu á að hér gildi ótvíræðar reglur og að engin tiltekin tímamörk séu sett heldur skuli bregðast við eins fljótt og mögulegt er, sbr. framangreint. Þá er lögð til sú breyting á ákvæðinu að dómari skuli skipa þeim sem sætir einangrun talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur ef hann óskar þess og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Með þessu vill nefndin tryggja enn frekar en gert er í frumvarpinu réttarstöðu þess einstaklings sem hefur verið settur í einangrun gegn vilja sínum.
5. Lögð er til sú breyting á 18. gr. að þar verði að finna upptalningu á þeim atriðum sem ráðherra skuli setja nánari reglur um, auk heimilda ráðherra til að setja reglur, sbr. umfjöllun um 5. mgr. í 1. lið.

Guðni Ágústsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. mars 1997.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Guðmundur Hallvarðsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.
	Margrét Frímannsdóttir.	

812. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til sóttvarnalaga.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur og eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.
2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill.
   c. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
      Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar, en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda honum persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.
   d. Í stað orðanna „þar koma fram“ í lokamálslið 3. mgr. (er verði 4. mgr.) komi: fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og um aðrar sjúkraskrár.
   e. 4. mgr. falli brott.
3. Við 7. gr. Í stað orðsins „sóttnæmisútbreiðslu“ í lokamálslið 3. mgr. komi: útbreiðslu smits.
4. Við 9. gr. Í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Rannsóknastofur, sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til, skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
5. Við 12. gr. 3. mgr. falli brott.
6. Við 15. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann ef hann óskar þess samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

7. Við 16. gr. Síðar málsliður 1. mgr. falli brott.
8. Við 17. gr. Lokamálsliður falli brott.
9. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 3. gr., starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lögin taka til skv. 9. gr., opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr., starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

813. Frumvarp til laga [482. mál]

um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Einar Oddur Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson, Pétur H. Blöndal, Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Slíta skal Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Um meðferð eigna og skulda félagsins við slitin fer samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1994.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 68/1994, um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Greinargerð.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 68/1994 er einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands að taka þátt í vátryggingastarfsemi með eignaraðild að vátryggingafélögum. Með nýlegri sölu á hlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands hf. til Landsbankans hefur félagið snúið frá þessum lögbundna aðaltilgangi sínum. Því er hér lagt til að félagið verði gert upp og eignum þess, umfram skuldir, skipt á milli eigenda.

Samkvæmt 5. gr. laganna, sem 2. mgr. 16. gr. vísar í, eru eigendur félagsins fyrrum tryggingatakar hjá Brunabótafélagi Íslands ásamt sameignarsjóði félagsins. Upplýsingar um einstaka eigendur og fjárhæð eignarhluta þeirra, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna, liggja fyrir þannig að tæknilegar hindranir eiga ekki að vera því til fyrirstöðu að slíta félaginu.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu fól á árinu 1993 þeim Árna Tómassyni, löggiltum endurskoðanda, og Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni að taka saman álitsgerð um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. Niðurstöður þeirrar álitsgerðar eru birtar í fylgiskjali. Ákvæði um eignarhald félagsins voru síðan lögfest með lögum nr. 68/1994.

Fylgiskjal.

Niðurstaða Árna Tómassonar og Tryggva Gunnarssonar um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands í stuttu máli.

1. Brunabótafélag Íslands (BÍ) er ekki eign ríkisins þannig að ríkið geti í krafti eignarréttar gert kröfu til eigna félagsins við slit á því.
2. Hvorki sveitarfélögin í heild eða þau sveitarfélög, sem gert hafa samninga við BÍ um brunatryggingu fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi, teljast eigendur BÍ. Þeim sveitarfélögum, sem gert hafa samninga við BÍ um slíkar tryggingar, er hins vegar með lögum fengin aðild að stjórnun félagsins.
3. BÍ er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda og eigendur fasteigna sem tryggðar eru brunatryggingu hjá félaginu á hverjum tíma eru félagsmenn. Félagsmenn bera ábyrgð á skuldbindingum iðgjaldasjóðs félagsins eftir ákveðnum reglum. BÍ hefur með höndum lögbundna starfsemi og verður ekki slitið eða eignum þess skipt upp nema Alþingi breyti lögum um félagið eða bú þess verði tekið til skipta við gjaldþrot. Verði lög um BÍ felld úr gildi án þess að jafnframt sé mælt fyrir um í lögum hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins, ber að skipta eignum félagsins á milli þeirra sem eru félagsmenn í BÍ á þeim tíma sem lögin falla úr gildi.
4. Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar.
5. Leiða má rök að því að hrein eign BÍ nemi ekki lægri fjárhæð en 500 millj. kr. í árslok 1992. Líta ber á framangreinda fjárhæð sem vísbendingu um þau verðmæti sem um er að ræða fremur en formlegt mat sem unnt er að taka mið af við hugsanleg slit eða úthlutun á hreinni eign BÍ.

814. Tillaga til þingsályktunar [483. mál]

um hafnaáætlun 1997–2000.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 1997–2000 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

I. Ný hafnarmannvirki 1997–2000 sem ríkið styrkir samkvæmt hafnalögum.

Heildarkostnaður og ríkishluti
(Upphæðir í milljónum kr.)

Kjördæmi	1997		1998		1999 - 2000		Alls 1999 - 2000	
Höfn	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.
Vesturland								
Grundartangi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akranes	18,8	11,7	0,0	0,0	16,0	12,0	34,8	23,7
Snæfellsbær	14,9	12,9	28,4	17,8	0,0	0,0	43,3	30,7
Grundarfjörður	8,1	4,8	0,0	0,0	90,0	54,0	98,1	58,8
Stykkishólmur	2,7	1,6	30,0	18,0	6,0	3,6	38,7	23,2
	44,6	**31,0**	**58,4**	**35,8**	**112,0**	**69,6**	**215,0**	**136,4**
Vestfirðir								
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	4,9	2,9	2,7	1,6	0,0	0,0	7,6	4,5
Tálknafjörður	12,0	7,2	0,0	0,0	6,0	4,5	18,0	11,7
Bolungarvík	7,4	4,4	27,1	19,8	0,0	0,0	34,5	24,2
Ísafjarðarbær	44,9	26,9	58,8	41,7	199,6	122,6	303,3	191,2
Súðavík	23,0	13,8	0,0	0,0	8,0	6,0	31,0	19,8
Norðurfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Drangsnes	6,4	5,8	0,0	0,0	0,0	0,0	6,4	5,8
Hólmavík	2,5	1,5	0,0	0,0	10,6	6,4	13,1	7,9
	101,1	**62,5**	**88,6**	**63,1**	**224,2**	**139,5**	**413,9**	**265,1**
Norðurland vestra								
Hvammstangi	16,7	10,0	26,7	16,0	19,0	12,3	62,4	38,3
Blönduós	3,6	2,1	0,0	0,0	1,5	1,1	5,1	3,2
Skagaströnd	0,9	0,8	0,0	0,0	6,3	3,8	7,2	4,6
Sauðárkrókur	20,2	18,2	39,3	29,5	2,7	1,6	62,2	49,3
Hofsós	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Haganesvík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Siglufjörður	12,1	7,3	10,0	6,0	118,0	76,4	140,1	89,7
	53,4	**38,4**	**76,0**	**51,5**	**147,6**	**95,2**	**277,0**	**185,1**

Kjördæmi	1997		1998		1999 - 2000		Alls 1999 - 2000	
Höfn	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.
Norðurland eystra								
Hafnasamlag Eyjafjarðar	6,0	5,4	0,0	0,0	44,1	26,5	50,1	31,9
Hrísey	4,0	2,4	0,0	0,0	23,4	17,6	27,4	20,0
Hafnasamlag Norðurlands	16,3	9,9	0,0	0,0	156,1	99,1	172,4	109,0
Grímsey	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Húsavík	45,6	41,1	106,5	79,9	34,6	24,2	186,7	145,2
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópasker	0,0	0,0	3,1	1,9	4,9	3,7	8,0	5,6
Raufarhöfn	4,0	2,4	4,1	2,9	56,6	35,7	64,7	41,0
Þórshöfn	37,1	33,4	30,0	22,5	18,9	11,4	86,0	67,3
	113,0	**94,6**	**143,7**	**107,2**	**338,6**	**218,2**	**595,3**	**420,0**
Austurland								
Bakkafjörður	3,7	2,2	0,0	0,0	0,0	0,0	3,7	2,2
Vopnafjörður	24,2	18,4	0,0	0,0	65,0	42,8	89,2	61,2
Borgarfjörður eystri	24,5	22,1	0,0	0,0	0,0	0,0	24,5	22,1
Seyðisfjörður	1,8	1,1	0,0	0,0	12,7	9,0	14,5	10,1
Neskaupstaður	6,0	5,4	1,8	1,1	0,0	0,0	7,8	6,5
Eskifjörður	0,0	0,0	34,6	20,8	80,7	48,4	115,3	69,2
Reyðarfjörður	2,9	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	2,9	2,5
Fáskrúðsfjörður	13,3	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,3	8,0
Stöðvarfjörður	0,0	0,0	13,8	10,4	0,0	0,0	13,8	10,4
Breiðdalsvík	8,1	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	8,1	4,8
Djúpivogur	0,0	0,0	2,0	1,2	32,0	24,0	34,0	25,2
Hornafjörður	26,7	24,1	54,7	35,8	101,8	65,7	183,2	125,6
	111,2	**88,6**	**106,9**	**69,3**	**292,2**	**189,9**	**510,3**	**347,8**
Suðurland								
Vestmannaeyjar	41,0	31,2	89,4	54,8	212,7	127,6	343,1	213,6
Þorlákshöfn	0,0	0,0	29,6	17,8	17,9	13,5	47,5	31,3
	41,0	**31,2**	**119,0**	**72,6**	**230,6**	**141,1**	**390,6**	**244,9**
Reykjanes								
Grindavík	140,0	126,0	0,0	0,0	90,0	67,5	230,0	193,5
Sandgerði	1,4	1,3	20,2	12,1	56,5	41,4	78,1	54,8
Hafnasamlag Suðurnesja	21,4	19,3	6,0	3,6	34,4	22,3	61,8	45,2
Hafnarfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Garðabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Reykjavík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	162,8	**146,6**	**26,2**	**15,7**	**180,9**	**131,2**	**369,9**	**293,5**
Óskipt	7,0	4,7	7,9	5,3	14,9	10,0	29,8	20,0
Samtals allt landið	**634,1**	**497,6**	**626,8**	**420,5**	**1541,0**	**994,7**	**2801,9**	**1912,8**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu:
Tölur í dálkum eru áætlaður heildarkostnaður í milljónum kr. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkis.
Verðlag í áætlun miðast við nóvember 1996 (byggingarvísitala 217,4 stig).

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND				
Grundartangi				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Akranes				
Faxabryggja 1. áf.; Raflögn og lýsing	5,7			60%
Faxabryggja 1. áf.; Lagnir og steypt þekja (1.540 m²)	11,7			60%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Aðalhafnargarður, styrking á brimvörn (100 m kafli næst enda)			16,0	75%
Snæfellsbær				
Arnarstapi:				
Lengd viðlega, sprengd klöpp og grafið í 2 m dýpi við bryggju (ca. 300 m² svæði)		5,0		75%
Rifshöfn:				
Stækkun og endurb. á smábátahöfn, skjólgarður	13,1			90%
Flotbryggja bátahöfn (30 m) og rif á núv. trébryggju		7,4		60%
Löndunar og viðlegubryggja 1 áf. (30 m)		16,0		60%
Ólafsvík:				
Slitlag á tengibraut frá Norðurtanga að hafnarvog, malbik (700 m²)	1,8			60%
Grundarfjörður				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)	2,7			60%
Flotbryggja (30 m)	5,4			60%
Ný viðlegu- og löndunarbryggja fyrir togara (100 m stálþil - 1. áf.)			90,0	60%
Stykkishólmur				
Uppsátur fyrir smábáta í Skipavík (skáplan 5x30 m)	2,7			60%
Steinbryggja endurb.		30,0		60%
Hafskipabryggja, styrking landgangs			6,0	60%
	44,6	**58,4**	**112,0**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTFIRÐIR				
Reykhólahöfn				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Vesturbyggð				
Brjánslækur:				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Patreksfjörður:				
Smábátahöfn, upptökubraut fyrir báta og frágangur fláa	4,9			60%
Bíldudalur:				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)		2,7		60%
Tálknafjörður				
Steypt þekja, lagnir og lýsing (1.200 m²)	12,0			60%
Garður við smábátahöfn, hækkun og styrking (ca. 5.000 m³)			6,0	75%
Ísafjarðarbær				
Þingeyri				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Flateyri				
Endurbygging stálþils, rammað þil og st. kantur (120 m) .			63,1	60%
Endurbygging stálþils,gengið frá lögnum og steypt þekja (1.200 m²)			11,9	60%
Suðureyri				
Grjótvörn efst við Brjótinn (1.800 m³)			5,8	75%
Ísafjörður				
Raflögn og lýsing við 1.áf.Bátahöfn	5,4			60%
Stálþilsbakki m. steyptum kanti (70 m)	39,5	5,4		60%
Dýpkað Sundahöfn (75.000 m³)		37,6		75%
Dýpkað í innsiglingu við Suðurtanga (10.000 m³)		5,0		75%
Stálþilsbakki lagnir lýsing og steypt þekja (1400 m²)		10,8	5,4	60%
Endurb. Bátahöfn 2. áf. rifið þil Olíumúla og stálþil fullbúið (40 m)			40,6	60%
Bátahöfn, dýpkun (23.000 m³)			12,8	75%
Ásgeirsbakki, endurbygging 1. áf. (90 m)			60,0	60%
Bolungarvík				
Brjótur/ Grundarg: Frág. lýsing og lagnir	3,0			60%
Rif á skjólvegg við Brjót (280 m)	4,4	3,7		60%
Grundargarður: Grjótv. styrkt á ca 300 m kafla og garður breikkaður (24.000 m³)		23,4		75%
Súðavík				
Lenging harðviðarbryggju (40 m)	23,0			60%
Lenging brimvarnargar Norðurgarði (ca. 15 m fram fyrir enda)			8,0	75%

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Norðurfjörður				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Drangsnes				
Styrking grjótgarðs Kokkálsvík	6,4			90%
Hólmavík				
Slitlag á Norðurgarð og við hafnarvog (klæðning 1.100 - steypa 120 m²)	2,5			60%
Viðlegubryggja úr timbri við Norðurgarð síðari áfangi (20 m)			10,6	60%
	101,1	**88,6**	**224,2**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA				
Hvammstangi				
Endurb. á Norðurgarði stálþil rammað, fyllt og steyptur kantur (70 m)	16,7	26,7		60%
Stálþil Norðurgarði; kantur, lagnir og st. þekja (20x70 m)			13,0	60%
Dýpkun hafnar (5.000 m³)			6,0	75%
Blönduós				
Endurbætt lýsing og frág. rafm- og vatnslögn á bryggju	3,6			60%
Dýpkun, hreinsað laust efni úr dokkinni (óvisst magn)			1,5	75%
Skagaströnd				
Innsiglingarmerki á Brúnkollu	0,9			90%
Skúffugarður, lokið við kant (44 m), lýsing og malbikuð þekja (1.500 m²)			6,3	60%
Sauðárkrókur				
Lenging sandfangara (30 m)	8,5			90%
Norðurgarður, lenging brimvarnargarðs (60 m)	11,7			90%
Norðurgarður, lenging brimvarnargarðs (60 m)		39,3		75%
Tengibraut. Hafnargarður - Sandeyri (800 m²)			2,7	60%
Hofsós				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Haganesvík				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Siglufjörður				
Lagnir, lýsing og þekja á löndunarbryggju (1.200 m²)	12,1			60%
Uppsatur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		2,0		60%
Smábátadokk vestur og suðurk.; rif á bryggjum, grjóthleðsla og flotbryggja (40 m)		8,0		60%
Skjólgarður frá enda Brjótsins (33.000 m³)			37,0	75%
Bæjarbryggja endurbygging 1. áf. (100 m stálþil)			81,0	60%
	53,4	**76,0**	**147,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND EYSTRA				
Hafnasamlag Eyjafjarðar				
Ólafsfjörður:				
Dýpkað innan hafnar (5.000 m³)	6,0			90%
Dalvík:				
Suðurgarður þekja (600 m²)			4,1	60%
Norðurgarður stálþil, endurb. fremsti hluti bryggju (53 m)			40,0	60%
Árskógssandur:				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Hrísey				
Frágangur á lögnum og lýsingu við nýja stálþilið	4,0			60%
Lenging Norðurgarðs (16.000 m²)			23,4	75%
Hafnasamlag Norðurlands				
Hjalteyri:				
Viðhaldsdýpkun	0,2			90%
Akureyri:				
Krossanes: Lagnir lýsing og steypt þekja (1.180 m²).	14,1			60%
Fiskihöfn: Dýpkun (85.000 m³)			35,8	75%
Fiskihöfn: Vesturbakki, fullbúið þil með lögnum og þekju (120 m) og frág. fláa			107,0	60%
Svalbarðseyri:				
Frág. grjótfláa innan hafnar	2,0			60%
Grenivík:				
Smábátaaðstaða, flotbryggja - öldubrjótur (40 m)			11,5	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			1,8	60%
Grímsey				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Húsavík				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Brimvarnargarður frá enda Norðurgarðs (70.000 m³)	44,2			90%
Brimvarnargarður frá enda Norðurgarðs (70.000 m³)		106,5		75%
Dýpk. sv. vestan Þvergarðs og grynning utan hafnar (2.500 m³ spr. og gröftur)			23,2	75%
Norðurgarður: Rammað þil í skáa við enda, fyllt að og steyptur kantur (20 m)			11,4	60%
Tjörneshöfn				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Kópasker				
Viðlegubryggja smábáta (10 m)		3,1		60%
Skjólgarður, fljótandi öldubrjótur			4,9	75%

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Raufarhöfn				
Tengibraut Hafskipabryggja - Togarabryggja (1.800 m²)	4,0			60%
Bryggjurif Fiskavíkurbryggja		1,3		60%
Grjótgarður í stað Fiskavíkurbryggju (4.000 m³)		2,8	3,2	75%
Löndunarbryggja við Bræðslu, rammað þil og steyptur kantur (40 m)			41,4	60%
Dýpkað við Löndunarbryggju (8.000 m³ laust - 500 m³ klöpp ?)			8,2	75%
Löndunarbryggja við Bræðslu: Lagnir og lýsing			3,8	60%
Þórshöfn				
Suðurgarður, grjótgarður (32.000 m³)	37,1			90%
Norðurgarður, lenging grjótgarðs (22.000 m³)		30,0		75%
Botn milli bátabr. og togarakants, frág. grjótflái (37 m) og steypt þekja (600 m²)			6,2	60%
Hafskipakantur 13m lenging, rammað þil og st. kantur			10,1	60%
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og st. þekja (200 m²)			2,6	60%
	113,0	**143,7**	**338,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
AUSTURLAND				
Bakkafjörður				
Tengibraut á hafnarsvæði, slitlag (klæðning 2.300 m²)	3,7			60%
Vopnafjörður				
Smábátaaðstaða, skjólgarður 130m (15.000 m³)	13,0			90%
Flotbryggja (30 m)	5,2			60%
Grjótvörn á hafnarsvæði milli Miðbryggju og Verksmiðjubr. (5.000 m³)	6,0			60%
Löndunarbryggja við fiskmjölsverksmiðju			40,0	60%
Dýpkun að Löndunarbryggju			25,0	75%
Borgarfjörður eystri				
Skarfaskersgarður (15.000 m³)	24,5			90%
Seyðisfjörður				
Bryggja við Mjölhús, lýsing og frág. lagnir	1,8			60%
Fjarðarhöfn, landgangur v. ferju			9,2	75%
Smábáthöfn, lýsing og raflögn			2,0	60%
Dráttarbraut, lokafrágangur			1,5	60%
Neskaupstaður				
Dýpkun hafnar (12.600 m³)	6,0			90%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		1,8		60%
Eskifjörður				
Stálþilsbryggja m.v. 8 m dýpi, rammað þil og steyptur kantur (80 m)		26,0	33,0	60%
Dýpkun við stálþilsbryggju (18.000 m³)		8,6		60%
Stálþilsbryggja með 8 m dýpi, lagnir, lýsing og steypt þekja (20x80 m)			17,7	60%
Lenging Bræðslubryggju (20 m)			30,0	60%
Reyðarfjörður				
Dýpkun við Vöruhafnarkant	2,4			90%
Festipollar við Vöruhafnarkant	0,5			60%
Fáskrúðsfjörður				
Lenging hafskipabryggju; lagnir, lýsing og st. þekja (70x15 m)	13,3			60%
Stöðvarfjörður				
Smábátahöfn, skjólgarður (9000 m²)		13,8		75%
Breiðdalsvík				
Frág. lagnir og lokið við þekju (1080 m²)	8,1			60%
Djúpivogur				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		2,0		60%
Dýpkað í innsiglingu að hluta klapparspr. (11.100 m³)			32,0	75%
Hornafjörður				
Dýpkun við loðnubryggju klapparsprenging (1.800 m²)	21,4			90%
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (12.000m³)	5,3			90%
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (15.000m³ pr. ár)		6,4	12,8	75%
Dýpkun við leiðigarð í Ósnum		13,5		75%
Endurb. trébryggja v/vogarhús (90 m - timburbr.)		34,8		60%
Stálþil Alaugarey - Krossey; rammað þil og st. kantur (100 m)			52,6	60%
Stálþil Alaugarey - Krossey; lagnir, lýsing og st. þekja (100x15 m)			18,8	60%
Dýpkun hafnar, við stálþil Alaugarey (35.000 m³)			17,6	75%
	111,2	**106,9**	**292,2**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
SUÐURLAND				
Vestmannaeyjar				
Friðarhafnarkantur austurendi, nýbygging: Rammað þil og st. kantur (70 m)	19,0	28,0		60%
Dýpkun við austurenda Friðarh.k. (11.500 m³ - að hluta klapparspr.)	22,0			90%
Dýpkun hafnar, við stálþil Löngu (15.000 m³)		6,0		75%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur		1,4		75%
Friðarhafnarkantur austurendi: Lagnir, lýsing og steypt þekja (1.400 m²)			16,2	60%
Friðarhafnarkantur endurbygging: Rammað þil og steyptur kantur (284 m)		54,0	74,0	60%
Friðarhafnarkantur endurbygging: Lagnir, lýsing og malb. þekja (5.680 m²)			32,5	60%
Nausthamarsbryggja, endurbygging 1. áf. (150 m)			90,0	60%
Þorlákshöfn				
Miðbakkabryggja, lýsing, lagnir og þekja (2.600 m²)		29,6		60%
Dýpkun innsiglingar (20.000m³)			9,0	75%
Suðurvarargarður, brimvörn styrkt (5.000 m³)			8,9	75%
	41,0	**119,0**	**230,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1999-'00 m.kr.	Hlutur ríkissj.
REYKJANES				
Grindavík				
*) Dýpkun innsiglingarleiðar í 7 m - innri hluti (15.000 m²)	140,0			90%
**) Dýpkun innsiglingarleiðar - ytri hluti, byrjunar áf. (8.000 m²)			90,0	75%
Sandgerði				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Endurb. kant (172 m) og þekja Norðurgarði (st. 2.060 m²/ malbik 1.380 m²)		20,2		60%
Flotbryggja (40m)			6,5	60%
Dýpkað í 6 m að Norðurgarði, klappardýpkun (ca 5.000 m² svæði)			50,0	75%
Hafnasamlag Suðurnesja				
Garður:				
Grjótvörn utan á bryggju (7.000 m³)			11,1	75%
Endurbætt lýsing og innsiglingarljós á bryggjuhaus			3,3	60%
Reykjanesbær:				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Björgunarstigar á bryggjur, (Keflavík 31 stk. + Njarðvík 33 stk.)		6,0		60%
Ljósamasturshús og lagnir á Aðalhafnargarð Keflavík			5,5	60%
Þekja Helguvík (2.130 m²)			14,5	60%
Vogar:				
Grjótvörn utan á hafnargarði styrkt, 300 m kafli (ca. 15.000 m³ stórgrýti)	20,0			90%
Hafnarfjörður				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Garðabær				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Kópavogur				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Reykjavík				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
	162,8	**26,2**	**180,9**	

*) Miðað við að ríkishluti framkvæmda við dýpkun innri hluta siglingarleiðar að Grindavíkurhöfn, sem áætlað er að framkvæma árið 1997, verði fjármagnaður á árunum 1998 - 2000.

**) Ytri hluti innsiglingarleiðar er alls 31.000 m². Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að dýpka um 8.000 m² svæði.

III. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.
(Fjárhæðir í m.kr.)

Bráðabirgðalán veitt úr hafnabótasjóði 1995 greiðast upp á þremur árum nema lán til Neskaupstaðar og Þorlákshafnar sem greiðast upp 1997. Skuld við hafnasjóði, sem gerð er upp á tímabilinu, er alls 751 m.kr. að meðtöldum styrkhæfum fjármagnskostnaði. Ríkisframlag að upphæð 154 m.kr. vegna framkvæmda á árinu 1997 verður gert upp á árunum 1998-2000. Ónotuð fjárveiting, sem nýtist í framkvæmdir á tímabilinu, er 44 m.kr.

Kjördæmi	1997			1998			1999 - 2000		
Höfn	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls
Vesturland									
Grundartangi	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Akranes	11,5	3,5	15,0	0,0	3,5	3,5	12,0	7,4	19,4
Snæfellsbær	10,9	1,4	12,3	17,8	3,8	21,6	0,0	1,7	1,7
Grundarfjörður	4,8	(0,2)	4,6	0,0		0,0	54,0		54,0
Stykkishólmur	1,6	(0,1)	1,5	18,0		18,0	3,6		3,6
	28,8	**4,6**	**33,4**	**35,8**	**7,3**	**43,1**	**69,6**	**9,1**	**78,7**
Vestfirðir									
Reykhólahöfn	0,0			0,0		0,0	0,0		0,0
Vesturbyggð	2,9	5,4	8,3	1,6	4,6	6,2	0,0	4,2	4,2
Tálknafjörður	7,2	(5,9)	1,3	0,0		0,0	4,5		4,5
Bolungarvík	4,4	(3,1)	1,3	19,8		19,8	0,0		0,0
Ísafjarðarbær	26,9	6,2	33,1	41,7	5,9	47,6	122,6	11,9	134,5
Súðavík	13,8	(0,4)	13,4	0,0		0,0	6,0		6,0
Norðurfjörður	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Drangsnes	4,6	(0,8)	3,8	0,0	1,2	1,2	0,0		0,0
Hólmavík	1,5		1,5	0,0		0,0	6,4		6,4
	61,3	**1,4**	**62,7**	**63,1**	**11,7**	**74,8**	**139,5**	**16,1**	**155,6**
Norðurland vestra									
Hvammstangi	10,0		10,0	16,0		16,0	12,3		12,3
Blönduós	2,1	2,9	5,0	0,0		0,0	1,1		1,1
Skagaströnd	0,8	15,5	16,3	0,0	8,6	8,6	3,8		3,8
Sauðárkrókur	16,9	(2,3)	14,6	29,5	1,3	30,8	1,6		1,6
Hofsós	0,0	1,6	1,6	0,0		0,0	0,0		0,0
Haganesvík	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Siglufjörður	7,3	(0,5)	6,8	6,0		6,0	76,4		76,4
	37,1	**17,2**	**54,3**	**51,5**	**9,9**	**61,4**	**95,2**	**0,0**	**95,2**

Kjördæmi / Höfn	1997 Fjárv. til nýfrkv.	1997 Skuld/ (inneign)	1997 Fjárv. alls	1998 Fjárv. til nýfrkv.	1998 Skuld/ (inneign)	1998 Fjárv. alls	1999 - 2000 Fjárv. til nýfrkv.	1999 - 2000 Skuld/ (inneign)	1999 - 2000 Fjárv. alls
Norðurland eystra									
Hafnasamlag Eyjafjarðar	4,5	10,7	15,2	0,0	8,9	8,9	26,5	9,1	35,6
Hrísey	2,4	2,6	5,0	0,0	1,7	1,7	17,6	1,6	19,2
Hafnasamlag Norðurlands	9,9	30,9	40,8	0,0	28,9	28,9	99,1	52,9	152,0
Grímsey	0,0	2,4	2,4	0,0	1,8	1,8	0,0	1,7	1,7
Húsavík	41,1	(7,3)	33,8	70,9		70,9	24,2	9,0	33,2
Tjörneshöfn	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Kópasker	0,0	1,7	1,7	1,9		1,9	3,7		3,7
Raufarhöfn	2,4	0,1	2,5	2,9		2,9	35,7		35,7
Þórshöfn	27,8	2,9	30,7	22,5	5,6	28,1	11,4		11,4
	88,1	**44,0**	**132,1**	**98,2**	**46,9**	**145,1**	**218,2**	**74,3**	**292,5**
Austurland									
Bakkafjörður	2,2	(2,0)	0,2	0,0		0,0	0,0		0,0
Vopnafjörður	16,5		16,5	0,0	1,9	1,9	42,8		42,8
Borgarfjörður eystri	18,4	(1,7)	16,7	0,0	3,7	3,7	0,0		0,0
Seyðisfjörður	1,1	20,1	21,2	0,0	5,8	5,8	9,0	5,3	14,3
Neskaupstaður	4,5	4,8	9,3	1,1	6,8	7,9	0,0		0,0
Eskifjörður	0,0	0,5	0,5	20,8		20,8	48,4		48,4
Reyðarfjörður	2,5	(2,5)	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Fáskrúðsfjörður	8,0	(1,7)	6,3	0,0		0,0	0,0		0,0
Stöðvarfjörður	0,0	0,2	0,2	10,4		10,4	0,0		0,0
Breiðdalsvík	4,8	(4,8)	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Djúpivogur	0,0	4,8	4,8	1,2		1,2	24,0		24,0
Hornafjörður	20,9	(7,5)	13,4	35,8		35,8	65,7	3,2	68,9
	78,9	**10,2**	**89,1**	**69,3**	**18,2**	**87,5**	**189,9**	**8,5**	**198,4**
Suðurland									
Vestmannaeyjar	27,9	11,0	38,9	54,8	11,0	65,8	127,6	24,0	151,6
Þorlákshöfn	0,0	41,7	41,7	17,8	7,0	24,8	13,5	14,5	28,0
	27,9	**52,7**	**80,6**	**72,6**	**18,0**	**90,6**	**141,1**	**38,5**	**179,6**
Reykjanes									
Grindavík	0,0	26,0	26,0	0,0	68,0	68,0	67,5	131,9	199,4
Sandgerði	1,1	10,0	11,1	12,1	10,0	22,1	41,4	16,4	57,8
- " - afb. lán		34,4	34,4		34,4	34,4		34,4	34,4
Hafnasamlag Suðurnesja	16,1	25,1	41,2	3,6	27,0	30,6	22,3	47,1	69,4
Hafnarfjörður	0,0		0,0	0,0	4,0	4,0	0,0	15,0	15,0
Garðabær	0,0		0,0	0,0	0,1	0,1	0,0		0,0
Kópavogur	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Reykjavík	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
	17,2	**95,5**	**112,7**	**15,7**	**143,5**	**159,2**	**131,2**	**244,8**	**376,0**
Óskipt	4,7	(2,6)	2,1	5,3		5,3	10,0		10,0
Samtals allt landið	**344,0**	**223,0**	**567,0**	**411,5**	**255,5**	**667,0**	**994,7**	**391,3**	**1386,0**
SAMTALS FJÁRVEITINGAR 1997 - 2000									**2.620,0**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Í mars 1993 var hafnaáætlun, fyrir árin 1993–1996, lögð fyrir 116. löggjafarþing í formi þingsályktunartillögu.

Undirbúningur að gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1995–1998 hófst með því að sent var bréf til hafnarstjórna í janúar 1994. Óskað var eftir að þær gerðu grein fyrir framkvæmdaþörf og æskilegri forgangsröðun verkefna. Jafnframt skyldi gerð grein fyrir möguleikum hafnarsjóðs til að fjármagna sinn hluta í umbeðnum framkvæmdum. Svör bárust frá allflestum þeirra 63 hafna sem fengu send gögn. Lauslega áætlað var kostnaður við framkvæmdir, sem sveitarfélögin töldu þörf á að lokið yrði á áætlanatímabilinu, rúmir 7,7 milljarðar kr. (verðlag maí 1994).

Undirbúningsvinna við gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1995–1998 var vel á veg komin í lok ársins 1994, en af ýmsum ástæðum var ákveðið að fresta því að leggja áætlunina fram á Alþingi. Í því sambandi má nefna að þingi lauk snemma vors 1995 og ólokið var setningu reglugerðar með hafnalögum frá 1994, en í reglugerðinni skyldi kveða nánar á um greiðsluþátttöku ríkisins í einstökum verkefnum. Frestunin gaf jafnframt möguleika á að tekið yrði tillit til niðurstaðna úttektar á hafnaþörfum sem unnið var að á árunum 1994 og 1995.

Drög að hafnaáætlun fyrir árin 1996–1999 voru lögð fram og kynnt á 26. ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga, sem haldinn var á Húsavík í lok október 1995, og jafnframt voru drögin send hafnarstjórnum til umsagnar. Þar var gert ráð fyrir framkvæmdakostnaði árin 1996–1999 að upphæð 2.440 m.kr. (verðlag september 1995). Svör með athugasemdum bárust frá 29 höfnum og flest þeirra fólu í sér óskir um meiri framkvæmdir.

Farið var yfir athugasemdirnar og áætlunin endurskoðuð í ljósi þeirra. Stærsta breytingin felst í því að nú eru teknar inn í áætlunina úrbætur á innsiglingu til Grindavíkur, samtals um 230 m.kr. Þar af eru 90 m.kr vegna ytri hluta innsiglingarinnar á árunum 1999–2000. Að öðru leyti var aðeins í takmörkuðum mæli hægt að taka tillit til óska sem bárust um auknar framkvæmdir. Ekki náðist að leggja hafnaáætlun fram á vorþingi 1996 og voru drögin því enn á ný tekin til endurskoðunar og þá miðað við áætlunartímabilið 1997–2000. Eftir þessa lokayfirferð var framkvæmdakostnaður á áætlunartímabilinu kominn í 2.802 m.kr.

2. Meginþættir hafnaáætlunar.

Samkvæmt hafnaáætlun eru eftirfarandi framkvæmdir áformaðar:

Árið 1997 er áætlað að framkvæma fyrir 634 m.kr. í 33 höfnum í eigu sveitarfélaga.

Árið 1998 er áætlað að framkvæma fyrir 627 m.kr. í 21 höfn.

Árin 1999–2000 er áætlað að framkvæma fyrir 1.541 m.kr. í 29 höfnum.

Samtals er kostnaður við ríkisstyrktar hafnargerðir áætlaður 2.802 m.kr. á árunum 1997–2000. Hlutur sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum er 889 m.kr. en hlutur ríkissjóðs 1.913 m.kr. Áætlað er að skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina í árslok 1996 hafi verið 728 m.kr. en jafnframt var til geymd fjárveiting frá fyrri árum, 44 m.kr. Gert er ráð fyrir að skuld ríkissjóðs við hafnarsjóðina verði gerð upp á áætlunartímabilinu. Þá er áætlað að hlutur ríkissjóðs í styrkhæfum fjármagnskostnaði nemi 23 m.kr. á árunum 1997–2000. Samkvæmt hafnaáætlun þessari er því áformað að framlög ríkissjóðs til hafnarmannvirkja á árunum 1997–2000 nemi samtals 2.620 m.kr.

Fjárveiting á fjárlögum 1997 til hafnarmannvirkja er 567 m.kr. og nýttar verða 44 m.kr. af geymdri fjárveitingu eða samtals 611 m.kr. Af þessari upphæð fara 344 m.kr. til framkvæmda við ný hafnarmannvirki, en 267 m.kr. til uppgjörs við hafnarsjóðina. Ríkisframlag að upphæð 154 m.kr. vegna framkvæmda ársins verður gert upp á árunum 1998–2000.

Nánari sundurliðun á kostnaði og kostnaðarskiptingu við einstakar hafnir er að finna í I. og II. lið áætlunarinnar. Í III. lið er yfirlit yfir áætlaða fjárveitingaþörf, þ.e. framlag til nýframkvæmda, fjármagnskostnað og uppgjör hvert ár.

Á nokkrum stöðum á landinu eru í gangi samningaviðræður um myndun hafnasamlaga eða sameiningu sveitarfélaga. Niðurstaða þeirra gæti leitt af sér breytingar á framkvæmdaröð áætlunarinnar.

Allar kostnaðartölur í áætluninni eru á verðlagi nóvembermánaðar 1996 (byggingarvísitala 217,4 stig).

3. Uppgjör eldri framkvæmda.

Óuppgerður hluti ríkissjóðs vegna framkvæmda á árinu 1996 eða fyrr, er kemur til greiðslu af fjárveitingum 1997 eða síðar, er áætlaður 728,3 m.kr. Þessi tala byggir á bráðabirgðauppgjöri Siglingastofnunar frá í desember 1996. Miðað er við að gera upp þessar skuldir við hafnarsjóðina á áætlunartímabilinu. Nýjum framkvæmdum er stillt upp á móti áætluðum fjárveitingum á tímabilinu.

Við endurskoðun hafnaáætlunar eftir tvö ár verður gert ráð fyrir fjárveitingum á árunum 2001–2002 til þess að ljúka við dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur, en gert er ráð fyrir byrjunarfjárveitingu til verksins á árunum 1999–2000. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 14. janúar sl., þar sem segir að ráðist verið í frekari framkvæmdir við innsiglinguna, þ.e. 2. og 3. áfanga, í samræmi við hafnaáætlun áranna 1999–2002 sem væntanlega verður lögð fram haustið 1998.

Óuppgerður hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum 1996 eða fyrr hefur að hluta verið fjármagnaður með lánum þar sem fyrir liggur samþykkt um að fjármagnskostnaður sé styrkhæfur. Höfuðstóll lána með styrkhæfum fjármagnskostnaði verður í árslok 1996 samtals 135 m.kr. Hlutur ríkisins í fjármagnskostnaði er áætlaður 14 m.kr. árið 1997, 1998 er áætlað að upphæðin verði 6 m.kr. og 3 m.kr. árið 1999 eða um 23 m.kr. alls. Til uppgjörs eldri framkvæmda að meðtöldum ríkishluta í fjármagnskostnaði þarf því 751 m.kr. á áætlunartímabilinu. Í III. lið er fjármagnskostnaður innifalinn í tölum um uppgjör skulda hjá einstökum höfnum.

Fjármagnskostnaður vegna láns sem tekið var vegna dýpkunar í Sandgerði er á sérstökum fjárlagalið. Áætlað er að hann nemi 16 m.kr. árið 1997, 10 m.kr. árið 1998 og 6 m.kr. árið 1999.

4. Frumrannsóknir.

Í þjónustusamningi Vita- og hafnamálastofnunar, nú Siglingastofnunar Íslands, við samgönguráðuneytið og fjárlögum 1997 eru 36 m.kr. ætlaðar til frumrannsókna á sviði vita, hafna og sjóvarnargarða. Gert er ráð fyrir að sú upphæð haldist óbreytt út áætlunartímabilið. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir, sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Helstu verkefnaflokkar eru eftirfarandi:

Grunnkort af höfnum. Árlegur kostnaður um 4 m.kr. Áhersla verður lögð á að staðsetja hafnir (lengd og breidd) í landskerfi. Þá verða dýptarmælingar endurnýjaðar og gömul hafnarmannvirki hnitsett.

Sjávarföll og sjávarflóð. Árlegur kostnaður um 2 m.kr. Áfram verður unnið að því að ákvarða kortanúll nákvæmar en áður. Það er gert með því að mæla sjávarföll í viðkomandi höfn í minnst eitt ár. Unnið verður úr sjávarfallamælingum m.a. í þeim tilgangi að meta sjávarflóð og kvarða tölvuspár þar að lútandi. Þá verður hugað að kortlagningu lágsvæða.

Líkantilraunir. Árlegur kostnaður um 13 m.kr. Gert er ráð fyrir að vinna að líkantilraunum við Ísafjarðarhöfn (1997) og Hafnarfjarðarhöfn (1997). Markmiðið með líkantilraunum af Ísafjarðarhöfn er að kanna hvaða áhrif stækkun Sundahafnar hefur á kyrrð í höfninni og vinna að skipulagi á syðsta hluta Sundahafnar. Í Hafnarfjarðarhöfn er ætlunin að skoða áætlanir um stækkun hafnarinnar utan Suðurgarðs út með Hvaleyrinni.

Öldurannsóknir. Árlegur kostnaður um 6 m.kr. Áfram verður unnið úr gögnum frá úthafsölduduflum stofnunarinnar og unnið að undirstöðurannsóknum á sjólagi. Árið 1997 verða meðal annars öldumælingar við Ísafjarðarhöfn. Öldusveigjureikningar verða gerðir fyrir Reykjavík, Hafnarfjörð, Bolungarvík, Ísafjörð, Súðavík og Grundarfjörð.

Efnisflutningar við hafnir. Árlegur kostnaður um 4 m.kr. Fylgst verður með efnisflutningum vegna öldu og strauma í og við nokkrar hafnir. Þeir eru einna mestir á innsiglingaleiðinni til Hornafjarðarhafnar og verður metið hvort og hvenær byggja þurfi sandfangara út í Þinganessker til að draga úr efnisflutningum að austan. Jafnframt verða grynnslin utan við Ósinn rannsökuð og metið hvort þar sé raunhæft að dýpka.

Aðrar rannsóknir. Árlegur kostnaður um 7 m.kr. Þróun upplýsingakerfis um veður og sjólag mun verða haldið áfram. Hönnunaraðferðir fyrir brimvarnargarða verða þróaðar áfram. Unnið verður að botnrannsóknum í nokkrum höfnum, m.a. í innsiglingunni til Djúpavogs. Ný tækni við jarðvegsrannsóknir í lausum jarðvegi hefur verið tekin í notkun. Nauðsynlegt er að tengja saman nýjar og gamlar jarðvegsathuganir þannig að hægt sé að túlka gömul gögn með nýrri aðferð. Unnið verður að tæknilegum og hagrænum athugunum vegna hugsanlegrar hafnargerðar í Vík í Mýrdal.

5. Um áætlanir.

Undanfarna þrjá áratugi hefur Vita- og hafnamálastofnun, nú Siglingastofnun, unnið fjögurra ára áætlun, hafnaáætlun, fyrir framkvæmdir í höfnum. Áætlun þessi, sem er endurskoðuð á tveggja ára fresti, hefur í senn verið undirstaða fjárveitinga ríkisins og grunnur fyrir framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna á þessu sviði.

Áætlunin byggist á óskum hafnarstjórna um framkvæmdir sem oftast nema töluvert hærri fjárhæð en til ráðstöfunar er. Hefur framangreind vinna einkum beinst að því að skera niður listann þannig að hann sé í samræmi við fjárveitingar til málaflokksins.

Á síðari árum hefur komið fram gagnrýni á þessi vinnubrögð. Sérstaklega er bent á að hætta geti verið á að um offjárfestingar geti orðið að ræða ef fjárveitingar byggjast um of á óskum hafnarstjórnanna sjálfra, þar sem þær séu oft í beinni samkeppni um viðskiptavini. Vita- og hafnamálastofnun hefur á undanförnum þremur árum verið að móta aðrar aðferðir til að meta þörf á framkvæmdum í höfnum og líkan til að forgangsraða þeim. Verkefnið, sem gengur undir nafninu mat á hafnaþörfum, hófst með því að safnað var grunnupplýsingum um hafnirnar. Stærð og gerð kanta, dýpi og athafnarými var athugað. Enn fremur hefur umferð um hafnirnar verið skoðuð og mat lagt á þörf fyrir viðlegu- og löndunarkanta. Þessi vinna er nú svo langt komin að við gerð þessarar hafna-

áætlunar var hægt að hafa niðurstöðurnar til hliðsjónar við mat á þörf fyrir framkvæmdir. Áformað er að umrætt mat á hafnaþörfum nýtist sem grunnur að tíu ára áætlun um hafnargerðir sem ætlunin er að vinna að samhliða endurskoðun hafnaáætlunar á árinu 1998.

Áfram verður unnið að þróun líkans til að forgangsraða verkefnum og er vonast til að við gerð næstu fjögurra ára áætlunar fyrir árin 1999–2002 verði mat á hafnaþörfum ásamt þeirri forgangsröðun, sem út úr því kemur, lögð til grundvallar áætluninni.

6. Kostnaðarskipting milli ríkis og hafnarsjóða.

Í II. lið, sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum, er auk heildarkostnaðar gerð grein fyrir hluta ríkissjóðs í hverri framkvæmd.

Í 22. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, segir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skuli ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og síðan tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Jafnframt segir að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skuli tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum, þó með þeim takmörkunum um hámark sem kveðið er á um í 21. gr. laganna. Á grundvelli þessara ákvæða og hliðstæðra ákvæða í eldri lögum hafa framlög til ákveðinna framkvæmda í fáeinum höfnum verið skert um lengri eða skemmri tíma á undanförnum árum.

Við gerð þessarar hafnaáætlunar var ákveðið að leggja meiri áherslu en áður á val þeirra hafnarframkvæmda er geta notið ríkisstyrks. Í nokkrum sveitarfélögum er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki hafnarframkvæmdir á áætlunartímabilinu. Í öðrum sveitarfélögum verða einungis þær framkvæmdir, sem tilgreindar eru í áætluninni, metnar styrkhæfar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs fylgi því hámarki sem heimilt er skv. 21. gr. hafnalaga árið 1997. Hins vegar er við það miðað að ríkið greiði 75% en ekki 90% stofnkostnaðar framkvæmda sem taldar eru upp í 2. tölul. greinarinnar, þ.e. hafnargörðum, dýpkunum og siglingarmerkjum, á árunum 1998–2000. Í samræmi við ákvæði í 28. gr. hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður veiti 15% styrk til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Hlutur þessara minni sveitarfélaga í hafnargörðum og dýpkunum yrði þá áfram einungis 10% eftir breytinguna.

Fylgiskjal I.

TEKJUR OG GJÖLD ALLRA HAFNA ÁRIN 1994 OG 1995

Heimild:
Fjárhagur og gjaldskrá hafna október 1995 og 1996 /Gylfi Ísaksson verkfr.
(Ath. - nokkrar hafnir eru með bráðabirgðauppgjör)

Allar hafnir árið 1994	Aflagjald 1% (þús. kr.)	Tekjur (þús. kr.)	Gjöld (þús. kr.)	Framlegð (þús. kr.)	Vxt + afb. (þús. kr.)	Afgangur (þús. kr.)	*) Sérstakt vörugjald innh. 1994 (þús. kr.)	(hlutf.)
Grundartangi	0	23.975	3.021	20.954	541	20.413	4.785	*3,6%*
Akranes	11.474	38.761	30.127	8.634	(1.443)	10.077	3.855	*2,9%*
Borgarneshöfn	0	358	531	(173)	350	(523)	0	*0,0%*
Snæfellsbær	22.599	40.780	33.020	7.760	4.250	3.510	785	*0,6%*
Gundarfjörður	9.180	13.842	10.079	3.763	1.572	2.191	182	*0,1%*
Stykkishólmur	6.108	14.835	13.288	1.547	5.340	(3.793)	138	*0,1%*
Reykhólahöfn	0	895	1.658	(763)	0	(763)	0	*0,0%*
Vesturbyggð	4.349	18.190	23.597	(5.407)	8.100	(13.507)	306	*0,2%*
Tálknafjörður	2.348	6.908	5.185	1.723	1.940	(217)	45	*0,0%*
Þingeyri	2.162	5.404	2.634	2.770	1.185	1.585	251	*0,2%*
Flateyri	2.079	4.706	5.648	(942)	870	(1.812)	128	*0,1%*
Suðureyri	1.815	3.351	3.981	(630)	470	(1.100)	0	*0,0%*
Bolungarvík	6.703	15.000	13.698	1.302	3.566	(2.264)	756	*0,6%*
Ísafjörður	21.111	57.142	35.753	21.389	25.337	(3.948)	3.462	*2,6%*
Súðavík	3.845	4.946	1.314	3.632	760	2.872	79	*0,1%*
Norðurfjörður	200	477	167	310	0	310	12	*0,0%*
Drangsnes	813	1.208	460	748	0	748	11	*0,0%*
Hólmavík	1.793	3.882	3.532	350	870	(520)	66	*0,0%*
Hvammstangi	2.098	4.861	3.220	1.641	610	1.031	145	*0,1%*
Blönduós	1.548	2.489	2.644	(155)	2.930	(3.085)	173	*0,1%*
Skagaströnd	5.346	13.711	9.175	4.536	6.770	(2.234)	164	*0,1%*
Sauðárkrókur	5.322	15.906	10.807	5.099	2.949	2.150	1.002	*0,8%*
Hofsós	245	573	1.311	(738)	400	(1.138)	0	*0,0%*
Haganesvík	0	0	0	0	0	0	0	*0,0%*
Siglufjörður	11.182	29.122	25.421	3.701	(670)	4.371	3.117	*2,4%*
Hafnasaml. Eyjafj.	17.638	42.405	32.973	9.432	8.681	751	2.045	*1,5%*
Hrísey	586	4.829	3.001	1.828	(440)	2.268	345	*0,3%*
Hjalteyri	122	168	219	(51)	50	(101)	0	*0,0%*
Akureyri	25.060	79.082	58.476	20.606	9.262	11.344	4.625	*3,5%*
Svalbarðseyri	0	0	104	(104)	0	(104)	0	*0,0%*
Grenivík	793	1.218	1.012	206	625	(419)	9	*0,0%*
Grímsey	1.612	2.720	1.590	1.130	100	1.030	14	*0,0%*
Húsavík	7.519	24.438	15.885	8.553	13.046	(4.493)	1.775	*1,3%*
Tjörneshöfn	33	41	38	2.000	0	2.000	0	*0,0%*
Kópasker	1.018	1.280	1.316	(36)	200	(236)	0	*0,0%*
Raufarhöfn	4.133	10.115	6.910	3.205	400	2.805	1.044	*0,8%*
Þórshöfn	3.261	9.347	5.845	3.502	3.500	2	973	*0,7%*

Allar hafnir árið 1994	Aflagjald 1% (þús. kr.)	Tekjur (þús. kr.)	Gjöld (þús. kr.)	Framlegð (þús. kr.)	Vxt + afb. (þús. kr.)	Afgangur (þús. kr.)	*) Sérstakt vörugjald innh. 1994 (þús. kr.)	(hlutf.)
Bakkafjörður	1.528	3.324	3.880	(556)	150	(706)	36	*0,0%*
Vopnafjörður	3.885	10.325	3.763	6.562	3.386	3.176	729	*0,6%*
Borgarfj. - eystri	253	736	653	83	100	(17)	11	*0,0%*
Seyðisfjörður	8.375	23.266	13.692	9.574	4.560	5.014	2.228	*1,7%*
Neskaupstaður	10.757	27.905	15.710	12.195	1.000	11.195	2.206	*1,7%*
Eskifjörður	9.974	24.610	17.670	6.940	(2.679)	9.619	2.366	*1,8%*
Reyðarfjörður	3.544	14.299	7.965	6.334	4.450	1.884	1.458	*1,1%*
Fáskrúðsfjörður	4.617	12.605	8.291	4.314	925	3.389	486	*0,4%*
Stöðvarfjörður	2.382	4.774	3.128	1.646	660	986	103	*0,1%*
Breiðdalsvík	1.199	1.763	1.326	437	1.500	(1.063)	52	*0,0%*
Djúpivogur	2.944	7.043	6.178	865	2.000	(1.135)	220	*0,2%*
Höfn	14.685	44.009	39.472	4.537	1.801	2.736	1.370	*1,0%*
Vestmannaeyjar (aflagj. 0,9% frá 1/9 '93)	33.544	117.076	56.998	60.078	42.400	17.678	5.121	*3,9%*
Stokkseyri	0	0	205	(205)	0	(205)	0	*0,0%*
Þorlákshöfn	16.238	48.111	31.749	16.362	(2.500)	18.862	2.301	*1,7%*
Grindavík	18.944	38.237	39.388	(1.151)	2.600	(3.751)	846	*0,6%*
Sandgerði	22.719	41.268	28.594	12.674	10.321	2.353	220	*0,2%*
Garður	0	16	1.480	(1.464)	250	(1.714)	0	*0,0%*
Reykjanesbær (Keflav./Njarðvík)	11.684	54.162	40.723	13.439	68.000	(54.561)	2.500	*1,9%*
Vogar	0	529	2.064	(1.535)	500	(2.035)	0	*0,0%*
Hafnarfjörður	25.955	121.405	69.942	51.463	27.261	24.202	7.959	*6,0%*
Garðabær	0	99	715	(616)	0	(616)	0	*0,0%*
Kópavogur	0	2.682	7.366	(4.684)	0	(4.684)	0	*0,0%*
Reykjavík	43.483	657.842	461.790	196.052	39.048	157.004	71.872	*54,3%*
ALLAR HAFNIR 1994, ALLS	**420.805**	**1.753.051**	**1.230.382**	**524.666**	**307.854**	**216.812**	**132.376**	**100%**
ALLAR HAFNIR 1993, ALLS	**396.682**	**1.731.315**	**1.160.964**	**570.351**	**270.350**	**300.001**	**131.206**	

*) Í aftasta dálki eru tölur frá Vita- og hafnamálastofnun yfir sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sem hafnirnar hafa innheimt.
Gjaldið er 25% álag á vörugjöld önnur en aflagjöld.

Allar hafnir árið 1995	Aflagjald 1% (þús.kr.)	Tekjur (þús.kr.)	Gjöld (þús.kr.)	Framlegð (þús.kr.)	Gr.byrði lána nettó (þús.kr.)	Afgangur (þús.kr.)	*)Sérstakt vörugjald innh. 1995 (þús.kr.)	(hlutf.)
Grundartangi	0	22.180	2.022	20.158	(2.273)	22.431	4.751	3,4%
Akranes	13.628	42.467	28.188	14.279	(680)	14.959	3.839	2,8%
Borgarbyggð	0	471	317	154	280	(126)	0	0,0%
Snæfellsbær	21.609	42.731	29.940	12.791	5.600	7.191	989	0,7%
Gundarfjörður	9.051	15.741	11.209	4.532	1.005	3.527	238	0,2%
Stykkishólmur	5.993	13.784	12.743	1.041	6.525	(5.484)	87	0,1%
Reykhólar	0	792	509	283	0	283	0	0,0%
Vesturbyggð	5.636	16.556	16.900	(344)	4.486	(4.830)	422	0,3%
Tálknafjörður	2.300	6.180	5.134	1.046	3.459	(2.413)	0	0,0%
Þingeyri	2.008	5.442	3.640	1.802	1.506	296	114	0,1%
Flateyri	2.487	5.588	4.690	898	1.032	(134)	233	0,2%
Suðureyri	2.233	4.332	4.765	(433)	950	(1.383)	48	0,0%
Bolungarvík	6.663	13.496	12.069	1.427	11.000	(9.573)	523	0,4%
Ísafjörður	19.377	63.889	37.898	25.991	25.000	991	3.567	2,6%
Súðavík	3.608	4.547	1.886	2.661	750	1.911	77	0,1%
Norðurfjörður	120	492	355	137	0	137	1	0,0%
Drangsnes	909	1.256	1.235	21	0	21	4	0,0%
Hólmavík	3.076	4.370	3.881	489	662	(173)	38	0,0%
Hvammstangi	2.034	4.721	2.978	1.743	733	1.010	140	0,1%
Blönduós	1.407	2.294	2.598	(304)	3.008	(3.312)	149	0,1%
Skagaströnd	5.337	10.610	7.959	2.651	8.667	(6.016)	174	0,1%
Sauðárkrókur	5.182	16.448	10.452	5.996	3.080	2.916	1.346	1,0%
Hofsós	214	718	1.825	(1.107)	300	(1.407)	0	0,0%
Haganesvík	0	0	18	(18)	0	(18)	0	0,0%
Siglufjörður	12.307	32.642	17.454	15.188	(846)	16.034	2.191	1,6%
Hafnasamlag Eyjafj.	16.386	44.637	28.579	16.058	10.051	6.007	1.892	1,4%
Hrísey	140	3.546	2.952	594	(177)	771	41	0,0%
Hjalteyri	100	118	195	(77)	50	(127)	0	0,0%
Akureyri	27.154	90.079	50.173	39.906	41.776	(1.870)	5.978	4,3%
Svalbarðseyri	0	0	59	(59)	0	(59)	0	0,0%
Grenivík	1.197	1.646	1.037	609	500	109	8	0,0%
Grímsey	1.261	1.284	1.575	(291)	800	(1.091)	0	0,0%
Húsavík	9.513	28.051	18.451	9.600	13.290	(3.690)	2.178	1,6%
Tjörneshöfn	28	36	30	6	0	6	0	0,0%
Kópasker	1.824	2.209	1.798	411	200	211	0	0,0%
Raufarhöfn	3.662	9.455	6.883	2.572	670	1.902	841	0,6%
Þórshöfn	4.496	12.840	8.229	4.611	2.560	2.051	990	0,7%

Allar hafnir árið 1995	Aflagjald 1% (þús.kr.)	Tekjur (þús.kr.)	Gjöld (þús.kr.)	Framlegð (þús.kr.)	Gr.byrði lána nettó (þús.kr.)	Afgangur (þús.kr.)	*)Sérstakt vörugjald innh. 1995 (þús.kr.)	(hlutf.)
Bakkafjörður	1.186	2.570	5.540	(2.970)	100	(3.070)	24	0,0%
Vopnafjörður	4.095	11.772	6.509	5.263	5.000	263	1.015	0,7%
Borgarfj. - eystri	307	621	839	(218)	100	(318)	0	0,0%
Seyðisfjörður	9.452	25.320	14.084	11.236	6.763	4.473	2.568	1,8%
Neskaupstaður	11.226	28.614	12.885	15.729	6.181	9.548	2.427	1,7%
Eskifjörður	10.422	27.660	20.736	6.924	(1.773)	8.697	2.414	1,7%
Reyðarfjörður	4.689	17.168	8.366	8.802	5.000	3.802	1.716	1,2%
Fáskrúðsfjörður	7.715	18.872	9.643	9.229	811	8.418	849	0,6%
Stöðvarfjörður	1.880	4.471	3.491	980	700	280	110	0,1%
Breiðdalsvík	657	1.117	1.118	(1)	2.200	(2.201)	40	0,0%
Djúpivogur	3.578	6.907	5.675	1.232	2.800	(1.568)	85	0,1%
Höfn	14.745	46.167	37.849	8.318	1.167	7.151	2.272	1,6%
Vestmannaeyjar (aflagj. 0,9% frá 1/9 '93)	31.022	111.223	73.598	37.625	34.178	3.447	4.451	3,2%
Stokkseyri	0	0	104	(104)	0	(104)	0	0,0%
Þorlákshöfn	16.672	57.938	31.348	26.590	1.905	24.685	2.980	2,1%
Grindavík	20.127	41.460	34.043	7.417	5.995	1.422	1.099	0,8%
Sandgerði	24.006	41.999	31.250	10.749	16.021	(5.272)	304	0,2%
Garður	0	2	336	(334)	100	(434)	0	0,0%
Reykjanesbær	9.660	49.958	45.982	3.976	60.830	(56.854)	1.621	1,2%
Vogar	0	348	2.462	(2.114)	500	(2.614)	0	0,0%
Hafnarfjörður	24.383	130.599	76.874	53.725	(2.433)	56.158	8.434	6,0%
Garðabær	0	151	470	(319)	0	(319)	0	0,0%
Kópavogur	0	2.997	5.672	(2.675)	599	(3.274)	0	0,0%
Reykjavík	43.268	679.976	506.886	173.090	14.637	158.453	76.171	54,6%
ALLAR HAFNIR 1995, ALLS:	**430.030**	**1.833.558**	**1.276.386**	**557.172**	**305.345**	**251.827**	**139.439**	**100%**

*) Í aftasta dálki eru tölur frá Siglingastofnun Íslands yfir sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs, sem hafnirnar hafa innheimt.
Gjaldið er 25% álag á vörugjöld önnur en aflagjöld.

Fylgiskjal II.

UPPLÝSINGAR UM AFLA, AFLAVERÐMÆTI OG FLUTNINGA UM HAFNIR

Heimildir:

Landaður afli Tölur fyrir árin 1991 - '94 eru skv. bráðabirgðatölum Fiskifél. Ísl. (jan. hefti Útvegstalna). Tölur fyrir árið 1995 eru skv. aflatölum Fiskistofu (afli eftir löndunarhöfnum).

Aflaverðmæti Verðmæti upp úr sjó skv. virðisyfirliti Fiskifélagsins

Flutningar Upplýsingar frá höfnunum um flutninga. Útreiknað meðaltal áranna 1990 - '93

Höfn	Fj. íbúa 1. des. 1995	Landaður afli			Aflaverðmæti			Flutningar	
		Árið 1995	Meðaltal árin 1991 - '94		Árið 1995	Meðaltal árin 1991 - '94		Meðaltal '90-'93 Lestað/losað	
		(tonn)	(tonn)	(hlutf.)	(m.kr.)	(m.kr.)	(hlutf.)	(tonn)	(hlutf.)
Grundartangi		0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	268.370	*6,8%*
Akranes	5.102	82.254	62.593	*4,34%*	1.936	1.706	*3,50%*	124.305	*3,2%*
Snæfellsbær	1.882								
Arnarstapi		1.581	693	*0,05%*	108	47	*0,10%*	0	*0,0%*
Rif		12.186	11.730	*0,81%*	942	841	*1,73%*	6.006	*0,2%*
Ólafsvík		13.808	16.099	*1,12%*	970	1.147	*2,35%*	9.945	*0,3%*
Grundarfjörður	951	15.004	13.975	*0,97%*	990	889	*1,82%*	5.015	*0,1%*
Stykkishólmur	1.296	11.480	11.726	*0,81%*	606	569	*1,17%*	3.536	*0,1%*
Reykhólar	350	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Vesturbyggð	1.343								
Brjánslækur, Barðastr.		617	410	*0,03%*	34	16	*0,03%*	0	*0,0%*
Patreksfjörður		8.363	9.638	*0,67%*	586	557	*1,14%*	11.195	*0,3%*
Bíldudalur		1.799	3.206	*0,22%*	163	204	*0,42%*	2.253	*0,1%*
Tálknafjörður	327	4.212	5.646	*0,39%*	305	386	*0,79%*	7.433	*0,2%*
Þingeyri	434	4.877	6.615	*0,46%*	359	432	*0,89%*	3.300	*0,1%*
Flateyri	351	4.023	5.189	*0,36%*	287	319	*0,65%*	4.954	*0,1%*
Suðureyri	303	3.727	3.648	*0,25%*	256	225	*0,46%*	1.896	*0,0%*
Bolungarvík	1.077	31.102	30.909	*2,14%*	859	846	*1,74%*	15.350	*0,4%*
Ísafjörður	3.386	32.029	30.683	*2,13%*	2.861	2.376	*4,88%*	69.472	*1,8%*
Súðavík	283	4.089	6.439	*0,45%*	482	571	*1,17%*	4.465	*0,1%*
Norðurfjörður, Árneshr.	88	191	38	*0,00%*	14	3	*0,01%*	419	*0,0%*
Drangsnes, Kaldrananeshr.	146	846	1.129	*0,08%*	89	108	*0,22%*	222	*0,0%*
Hólmavík	532	4.572	3.915	*0,27%*	435	342	*0,70%*	3.778	*0,1%*
Hvammstangi	691	2.550	2.487	*0,17%*	276	244	*0,50%*	4.768	*0,1%*
Blönduós	1.031	1.494	1.127	*0,08%*	171	118	*0,24%*	5.750	*0,1%*
Skagaströnd	668	8.986	10.298	*0,71%*	798	859	*1,76%*	6.529	*0,2%*
Sauðárkrókur	2.763	10.134	6.554	*0,45%*	777	504	*1,04%*	33.155	*0,8%*
Hofsós	378	353	515	*0,04%*	35	40	*0,08%*	450	*0,0%*
Haganesvík, Fljótahr.	138	38	3	*0,00%*	3	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Siglufjörður	1.726	85.054	93.045	*6,45%*	1.540	1.376	*2,82%*	38.578	*1,0%*
Ólafsfjörður	1.193	14.587	16.335	*1,13%*	1.137	1.015	*2,08%*	11.416	*0,3%*
Dalvík	1.491	10.415	14.270	*0,99%*	1.133	1.148	*2,36%*	33.075	*0,8%*
Árskógss./ Haugan.	354	*)	1.914	*0,13%*	0	147	*0,30%*	0	*0,0%*
Hrísey	270	3.247	2.299	*0,16%*	314	157	*0,32%*	5.328	*0,1%*
Hjalteyri, Arnarneshr.	204	136	122	*0,01%*	9	8	*0,02%*	0	*0,0%*
Akureyri	14.922	79.660	67.543	*4,68%*	3.819	3.270	*6,71%*	154.360	*3,9%*
Svalbarðseyri	336	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Grenivík, Grýtubakkahr.	364	1.645	2.048	*0,14%*	149	138	*0,28%*	300	*0,0%*
Grímsey	117	2.043	2.789	*0,19%*	137	178	*0,37%*	1.350	*0,0%*
Húsavík	2.481	10.331	10.254	*0,71%*	1.090	883	*1,81%*	57.273	*1,5%*
Tjörneshöfn, Tjörneshr.	86	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Kópasker, Öxarfjarðarhr.	399	1.968	855	*0,06%*	207	83	*0,17%*	0	*0,0%*
Raufarhöfn	371	37.879	52.932	*3,67%*	376	448	*0,92%*	20.671	*0,5%*
Þórshöfn	483	58.245	39.845	*2,76%*	606	465	*0,95%*	13.436	*0,3%*

Höfn	Fj. íbúa 1. des. 1995	Landaður afli Árið 1995 (tonn)	Landaður afli Meðaltal árin 1991 - '94 (tonn)	Landaður afli (hlutf.)	Aflaverðmæti Árið 1995 (m.kr.)	Aflaverðmæti Meðaltal árin 1991 - '94 (m.kr.)	Aflaverðmæti (hlutf.)	Flutningar Meðaltal '90-'93 Lestað/losað (tonn)	Flutningar (hlutf.)
Bakkafjörður,	148	1.393	1.375	*0,10%*	100	93	*0,19%*	425	*0,0%*
Vopnafjörður	875	34.511	23.059	*1,60%*	565	426	*0,88%*	14.554	*0,4%*
Borgafjörður eystri	175	515	498	*0,03%*	36	34	*0,07%*	325	*0,0%*
Seyðisfjörður	830	126.051	98.009	*6,79%*	856	675	*1,39%*	42.314	*1,1%*
Neskaupstaður	1.651	107.090	89.455	*6,20%*	1.266	1.050	*2,15%*	44.934	*1,1%*
Eskifjörður	1.006	118.921	93.061	*6,45%*	1.167	1.005	*2,06%*	47.403	*1,2%*
Reyðarfjörður	699	39.929	29.038	*2,01%*	619	447	*0,92%*	36.117	*0,9%*
Fáskrúðsfjörður, Búðahr.	711	14.743	10.626	*0,74%*	754	572	*1,17%*	12.514	*0,3%*
Stöðvarfjörður	275	3.805	3.800	*0,26%*	265	226	*0,46%*	3.991	*0,1%*
Breiðdalsvík, Breiðdalshr.	337	1.349	2.466	*0,17%*	94	142	*0,29%*	3.344	*0,1%*
Djúpivogur	592	12.632	7.643	*0,53%*	338	292	*0,60%*	6.256	*0,2%*
Höfn	2.178	74.541	46.205	*3,20%*	1.419	1.472	*3,02%*	41.472	*1,1%*
Vestmannaeyjar	4.804	160.190	153.246	*10,62%*	2.929	3.392	*6,96%*	109.194	*2,8%*
Þorlákshöfn, Ölfushr.	1.630	52.270	33.873	*2,35%*	2.008	1.907	*3,92%*	25.166	*0,6%*
Grindavík	2.167	96.716	82.932	*5,75%*	2.289	2.128	*4,37%*	18.694	*0,5%*
Sandgerði	1.291	51.609	43.051	*2,98%*	2.563	2.076	*4,26%*	2.374	*0,1%*
Garður	1.152	0	231	*0,02%*	0	15	*0,03%*	0	*0,0%*
Reykjanesbær	10.340								
Hafnir		**)	192	*0,01%*	0	10	*0,02%*	0	*0,0%*
Keflavík/Njarðv.		30.051	22.128	*1,53%*	1.104	1.154	*2,37%*	69.348	*1,8%*
Vogar, Vatnsleysustr.hr.	684	68	107	*0,01%*	5	7	*0,01%*	0	*0,0%*
Hafnarfjörður /Straumsv.	17.538	43.054	44.717	*3,10%*	3.041	2.963	*6,08%*	542.170	*13,8%*
Garðabær	7.801	0	0	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Kópavogur	17.660	0	4	*0,00%*	0	0	*0,00%*	0	*0,0%*
Reykjavík	104.276	96.411	74.054	*5,13%*	6.249	3.994	*8,20%*	1.991.942	*50,5%*
Erlendis		44.333	33.534	*2,32%*	3.001	1.966	*4,04%*		
ALLAR HAFNIR, ALLS:		**1.677.763**	**1.442.811**	*100,00%*	**55.546**	**48.713**	*100,00%*	**3.940.884**	

*) Frá árinu 1993 er afli landaður á Árskógssandi skráður undir Dalvík
**) Frá árinu 1994 er afli, sem landað er í Höfnum skráður undir Keflav./Njarðv.

815. Fyrirspurn [484. mál]

til forsætisráðherra um könnun á orsökum búferlaflutninga.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig miðar könnun á orsökum búferlaflutninga á Íslandi sem samþykkt var að fram færi í starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 1996 og hvenær er niðurstaðna að vænta?
2. Hverjir hafa staðið að könnuninni og hvernig er að henni staðið?
3. Hvað er leitast við að kanna og um hvað er spurt?
4. Verði niðurstaða fengin fyrir lok yfirstandandi þings mun forsætisráðherra þá gera Alþingi grein fyrir efni könnunarinnar og helstu niðurstöðum hennar?

816. Frumvarp til laga [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði VII. kafla um starfsemi erlendra vátryggingafélaga gilda ekki um endurtryggingar sem þau vátryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr., kaupa erlendis.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar:

— *náin tengsl,* tengsl vátryggingafélags við
  a. önnur félög í félagasamstæðu sem vátryggingafélagið tilheyrir,
  b. þá sem eiga virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  c. þá sem eiga virkan eignarhlut í móðurfélagi vátryggingafélags, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  d. félög sem vátryggingafélagið á virkan eignarhlut í, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  e. félög sem vátryggingafélagið á hlut í og félagasamstæða, sem vátryggingafélagið tilheyrir, á virkan eignarhlut í, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
— *vátryggingamiðlun,*
  a. faglega starfsemi lögaðila eða einstaklings sem starfar sjálfstætt og veitir upplýsingar, faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi í frumtryggingum eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingafélagi og starfar óháður einstökum vátryggingafélögum;
  b. lögaðila sem stundar vátryggingamiðlun,
— *vátryggingamiðlari,* einstakling eða lögaðila sem stundar vátryggingamiðlun og hefur að öllu leyti frjálst val um það til hvaða félags miðlað er,

— *vátryggingaumboðsmaður,* þann sem starfar í nafni og fyrir hönd ákveðinna vátryggingafélaga, eins eða fleiri, við að kynna, gera tillögu um og undirbúa vátryggingasamninga eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, svo sem þegar tjón hefur orðið,
— *vátryggingasölumaður,* starfsmann sem starfar á vegum vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags og annast m.a. undirbúningsvinnu, kynningu vátrygginga, allt án heimildar til að skuldbinda um vátryggingu á nokkurn hátt þá sem unnið er fyrir, og innheimtu iðgjalda hafi samningur verið gerður.

3. gr.

Í stað lokamálsliðar lokamálsgreinar 8. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Stórfyrirtæki teljast þau fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða: að niðurstöðutala efnahagsreiknings nái 6,2 milljónum ecu, að ársvelta nái 12,8 milljónum ecu og að ársverk á reikningsárinu séu a.m.k. 250. Sé fyrirtæki hluti félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings. Vátryggingaeftirlitið getur heimilað að litið sé á starfsgreinasamtök, sameiginleg verkefni eða fyrirtæki sem tímabundið mynda hóp sem eitt fyrirtæki í skilningi þessarar málsgreinar.

4. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðrir en þeir sem skráðir eru í vátryggingamiðlaraskrá mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir stundi miðlun vátrygginga eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingamiðlun sé rekin.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stofnendur skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Stofnandi má hvorki hafa farið fram á eða vera í greiðslustöðvun né bú hans vera undir gjaldþrotaskiptum.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

6. gr.

Við 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna bætist: og greinargerð um önnur náin tengsl sem félagið er í.

7. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Setja skal reglugerð um réttaraðstoðarvátryggingar, greinaflokk skv. 17. tölul. 1. mgr., til þess að tryggja hagsmuni vátryggingataka í ágreiningsmáli við vátryggingafélagið sjálft.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef félag er í nánum tengslum við aðra skal einungis veita starfsleyfi ef þau tengsl hindra ekki eftirlit með starfsemi félagsins. Ef löggjöf þriðja ríkis gildir um þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við og hindrar eftirlit með starfsemi félagsins skal synja um starfsleyfi, svo og ef líklegt er að vandkvæði við framkvæmd þeirrar löggjafar geri eftirlit torvelt. Ef raunverulegar aðalstöðvar félagsins eru ekki hér á landi skal synja um starfsleyfi.

9. gr.

1. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksgjaldþol mælt í ecu skal þrátt fyrir ákvæði 30. og 31. gr. aldrei vera lægra en hér segir:

1. Í líftryggingafélagi, sbr. 23. gr.	800.000
2. Í félagi sem rekur ábyrgðartryggingar, sbr. 10.–13. tölul. 1. mgr. 22. gr., eða greiðslu- og efndavátryggingar, sbr. 14. og 15. tölul. 1. mgr. 22. gr., sjá þó 6. tölul. þessarar greinar	400.000
3. Í félagi sem rekur skaðatryggingar, sbr. 3.–8., 16. eða 18. tölul. 1. mgr. 22. gr.	300.000
4. Í félagi sem rekur slysa- og sjúkratryggingar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 22. gr.	300.000
5. Í félagi sem rekur réttaraðstoðarvátryggingar, sbr. 17. tölul. 1. mgr. 22. gr. eða aðrar eignatryggingar, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 22. gr.	200.000
6. Í félagi sem rekur greiðsluvátryggingar, sbr. 14. tölul. 22. gr., og ársiðgjöld nema að lágmarki 2.500.000 ecu eða 4% heildariðgjalda	1.400.000

10. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

11. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji Vátryggingaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum. Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra skal vera með þeim hætti að tryggt sé talið að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt.

b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

13. gr.

Í stað 2. mgr. 46. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að að gera Vátryggingaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við vitneskju um:

a. hugsanleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
b. málefni sem kunna að hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
c. athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.

Upplýsingar, sem endurskoðandi veitir Vátryggingaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

14. gr.

Á eftir 1. málsl. 6. mgr. 51. gr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Sama gildir um skipti á upplýsingum við tryggingastærðfræðinga, þá sem hafa eftirlit með starfi stjórnvalda eða sérfræðinga sem grein þessi nær til og þá sem starfa á vegum stjórnvalda að því að rannsaka brot á félagarétti.

15. gr.

4. mgr. 52. gr. orðast svo:

Vátryggingaeftirlitið leggur gjald á starfsemi vátryggingamiðlara til þess að standa undir kostnaði þess við eftirlit með starfsemi þeirra. Gjaldið skal nema 0,033% af heildarupphæð iðgjalda sem miðlað er til vátryggingafélaga á því ári, þó eigi lægri fjárhæð en 25.000 kr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga,

gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Bókhaldsgögn og önnur gögn viðvíkjandi starfsemi útibúsins skulu varðveitt í útibúinu sjálfu.

Ákveða má með samningum við eitt eða fleiri þriðju ríki að beita öðrum ákvæðum um eftirlit með starfsemi útibúsins en segir í lögum þessum að því tilskildu að hinum vátryggðu sé tryggð nægileg og sambærileg vernd. Ekki má í slíkum samningum veita útibúum félaga með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins rýmri skilyrði en útibúum vátryggingafélaga með aðalstöðvar þar. Samráð skal haft við önnur aðildarríki um samninga af þessu tagi og þau upplýst um þá áður en þeir eru gerðir.

17. gr.

Í stað 2. mgr. 72. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Félagið skal uppfylla skilyrði III. kafla um gjaldþol er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á. Það skal aldrei hafa minna gjaldþol en helming viðeigandi fjárhæðar skv. 33. gr. Skal félagið hafa hér á landi fjármuni að því marki sem lýst er í 2. mgr. 32. gr., en fjármunir þar umfram upp að lágmarksgjaldþoli skulu varðveittir í aðildarríki. Sameiginlegt eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins á Evrópska efnahagssvæðinu getur komið í stað þeirrar aðferðar sem lýst er í þessari málsgrein og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð. Gilda þá ákvæði 66. gr. um eftirlit með gjaldþoli útibúanna eftir því sem við á.

Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks sem krafist er í 1. mgr. 33. gr. skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingasamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Vátryggingaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

18. gr.

Við 1. mgr. 73. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði IV. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

19. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði X. og XI. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

20. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Sá sem hyggst stunda miðlun vátrygginga hér á landi skal senda ráðuneytinu skriflega umsókn um starfsleyfi.

Starfsleyfi vátryggingamiðlara gefið út í aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga þessara. Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi skal vátryggingamiðlari sækja um starfsleyfi og gilda þá sömu reglur og um innlenda vátryggingamiðlara.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að menn séu lögráða, fjár síns ráðandi, hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Þá er það skilyrði að menn búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til starfans, hafi engin fjárhagsleg tengsl af neinu tagi við vátryggingafélög vegna eignaraðildar eða hagsmuna, annarra en tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á og teljist að öðru leyti hæfir til þess að reka þessa starfsemi á viðhlítandi hátt. Þeir skulu einnig leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljótast af starfa þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Óheimilt er vátryggingamiðlara að hefja miðlun vátrygginga fyrr en ráðherra hefur veitt starfsleyfi eða skráning í vátryggingamiðlaraskrá hefur átt sér stað.

d. 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur nánari ákvæði með reglugerðum um skilyrði starfsleyfis, um starfsemi vátryggingamiðlara, þar með talin skil á gögnum, svo sem rekstrar- og efnahagsreikningi, um starfsábyrgðartryggingu, þar á meðal um fjárhæð vátryggingar og lágmarksskilyrði hennar, um prófnefnd og námskeið og próf til að mega stunda miðlun vátrygginga.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Vátryggingamiðlari má ekki taka við þóknun af neinu tagi frá vátryggingafélagi nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Vátryggingamiðlari má ekki taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags nema samkvæmt skriflegri heimild.

c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um þóknun sem hann þiggur vegna viðskiptanna fari þeir fram á það.

23. gr.

2. málsl. 83. gr. laganna orðast svo: Hann skal gera fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaáhættunnar til að unnt sé að gera vátryggingataka tilboð.

24. gr.

84. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í reglugerð skal kveða á um þau atriði sem skrá skal.

b. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, greiði ekki eftirlitsgjald, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem vátryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis ekki lengur uppfyllt skal Vátryggingaeftirlitið afturkalla starfsleyfi. Þó er heimilt, telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi, að veita viðvörun eða frest til úrbóta því sem úrskeiðis hefur farið. Ráðherra skal staðfesta afturköllun starfsleyfis innan sjö daga.

Sé skráningarskyld starfsemi rekin án heimildar skal Vátryggingaeftirlitið þegar í stað gera ráðstafanir til að slíkri starfsemi verði hætt.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennt.

Árið 1994 voru samþykkt ný lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Þau áttu sér nokkurn aðdraganda sem rakinn er í greinargerð með frumvarpinu sem þá varð að lögum. Meginmarkmið þeirra laga var að lögfesta ákvæði sem Íslendingar höfðu skuldbundið sig með EES-samningnum til þess að taka í íslenska löggjöf. Auk laga um vátryggingastarfsemi þurfti á árunum 1993 og 1994 að breyta mörgum sérlögum þegar EES-samningurinn öðlaðist gildi, m.a. að fella niður einkaleyfi á sviði vátrygginga. Í því frumvarpi, sem hér er lagt fram, eru eingöngu lagðar til breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi, ekki er fjallað um breytingar á sérlögum um einstakar vátryggingagreinar.

Lögin um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, hafa nú verið í gildi vel á þriðja ár. Reynsla er komin á marga þætti laganna, auk þess sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur metið hvort ákvæði EES-samningsins á sviði skaðatrygginga hafi verið lögfest með réttum og fullnægjandi hætti.

ESA sendi íslenskum stjórnvöldum athugasemdir í bréfi, dags. 23. ágúst 1996, eftir að stofnunin hafði farið yfir samanburðartöflur frá Vátryggingaeftirlitinu sem sýna hvar hvert einstakt ákvæði tilskipana um vátryggingar í EES-samningnum er að finna í íslenskum réttarheimildum.

Þann 28. ágúst 1996 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra starfshóp til þess að ljúka aðlögun íslenskrar löggjafar á vátryggingasviði að EES-samningnum. Í starfshópinn voru skipaðir Kjartan Gunnarsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu, formaður, Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri í Vátryggingaeftirlitinu, og Helgi Þórsson, deildarstjóri í Vátryggingaeftirlitinu.

Starfshópurinn hefur fjallað um breytingar á lögum um vátryggingastarfsemi sem nauðsynlegar töldust vegna EES-samningsins. Einnig hefur hann fjallað um reynslu af öðrum ákvæðum laganna og eru ýmsar breytingar lagðar til í ljósi þess.

Tekin eru upp ákvæði frumvarps sem flutt var á síðasta þingi um hæfisskilyrði en hlaut ekki afgreiðslu. IX. kafli, um miðlun vátrygginga, hefur verið endurskoðaður samhliða endurskoðun á reglugerð um miðlun vátrygginga (nr. 473/1994) sem sérstök nefnd hefur unnið að. Þá eru í frumvarpinu lagðar til fáeinar breytingar til þess að fyrirbyggja

misskilning á orðalagi laganna eða leiðrétta villur sem komið hafa í ljós án þess að ESA hafi gert við það athugasemdir.

Íslensk stjórnvöld geta brugðist á mismunandi hátt við athugasemdum ESA. Algengast er annars vegar að um sé að ræða ótvírætt misræmi sem Íslendingar verða að leiðrétta, hins vegar að betri skýringar frá íslenskum stjórnvöldum nægi til þess að sýna fram á að íslensk löggjöf sé í samræmi við ákvæði EES-samningsins. Einnig kemur fyrir að ESA telur samsvörunina óljósa þótt íslensk stjórnvöld telji hana nægilega góða. Nokkrar af þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru til þess að eyða slíkum vafa enda verður íslensk löggjöf skýrari við breytingarnar og afskiptaheimildir íslenskra stjórnvalda traustari.

Starfshópurinn telur að þær breytingar, sem hér eru lagðar til ásamt viðbótarskýringum sem íslensk stjórnvöld hafa gefið varðandi aðrar ábendingar frá ESA, séu fullnægjandi til þess að ljúka lögfestingu vátryggingahluta EES-samningsins. Þess er þó að geta að tilskipanir EES-samningsins um líftryggingar hafa ekki verið yfirfarnar með sama hætti og tilskipanir þær sem urðu tilefni til þeirra athugasemda ESA sem brugðist er við með þessu frumvarpi. Leitast hefur verið við að lögfesta ákvæði þeirra samhliða ákvæðum tilskipana um skaðatryggingar en þessir tveir flokkar tilskipana eru í flestum atriðum hliðstæðir.

Unnt er að bregðast við nokkrum af athugasemdum ESA með útgáfu reglugerða sem þegar er heimild fyrir í lögum um vátryggingastarfsemi. Var það gert með útgáfu tveggja reglugerða síðla síðasta árs, rg. nr. 612/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga og rg. nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Þá er verið að leggja lokahönd á reglugerð um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Meginefni frumvarpsins.

Meginþættir frumvarpsins, sem hver um sig hefur áhrif á nokkrar greinar laga um vátryggingastarfsemi, eru:

— starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES,
— eftirlitshættir (BCCI-tilskipunin),
— hæfisskilyrði,
— vátryggingamiðlun,
— aðrar breytingar.

Hér á eftir verður fjallað um hvern hinna fjögurra fyrsttöldu þátta fyrir sig í þeim mæli sem slíkar athugasemdir eiga ekki við einstakar greinar frumvarpsins.

Starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES.

Lög um vátryggingastarfsemi hafa að geyma ákvæði um eftirlit með útibúum frá félögum með aðalstöðvar utan EES. Lögfesta þarf tvær frávikheimildir, annars vegar um eitt gjaldþolseftirlit fyrir öll útibú sama félags á EES og hins vegar um samninga sem gerðir kunna að verða við ríki utan EES um gagnkvæma viðurkenningu eftirlits með vátryggingastarfsemi. Fjallað er um frávikheimildirnar í 16.–19. gr. frumvarpsins.

Í EES-samningnum og tilskipunum ESB sem hann vísar til eru ítarleg ákvæði um starfsleyfi vátryggingafélaga sem hafa aðalstöðvar utan svæðisins. Ekki hefur reynt á þessi ákvæði á Íslandi og voru sum þeirra því látin mæta afgangi þegar lögin um vátryggingastarfsemi voru samin. Gerði ESA athugasemdir við það. Enda þótt ekki sé nú, frekar en 1994, fyrirsjáanlegt að á ákvæðin muni reyna er æskilegt að þau séu til stað-

ar komi til þess að vátryggingafélög með aðalstöðvar utan EES leiti eftir að setja hér upp útibú.

Þessi ákvæði gilda t.d. um vátryggingafélög frá iðnríkjum utan Evrópu og frá Sviss og um vátryggingafélög frá ríkjum sem laða til sín alþjóðlega fjármálastarfsemi, svo sem frá Bahamaeyjum, Kýpur og Singapúr. Einnig gilda þau um vátryggingafélög á Ermarsundseyjum og á Mön. Þær eyjar hafa sérstaka löggjöf um vátryggingar og eru ekki aðilar að EES. Útibú vátryggingafélaga frá EES-ríkjum á þessum stöðum mega ekki stunda vátryggingastarfsemi á Íslandi, með öðrum orðum geta evrópsk vátryggingafélög ekki „hoppað“ út fyrir EES til þess að skjóta sér undan kvöðum sem lagðar eru á starfsemi þeirra á EES-svæðinu en njóta samt kosta frjálsra viðskipta með vátryggingar á því.

Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi verða vátryggingafélög með aðalstöðvar utan EES að setja upp útibú á Íslandi undir íslensku eftirliti hyggist þau stunda vátryggingastarfsemi hér. Þau njóta ekki frelsis til þjónustu án starfsstöðvar með sama hætti og félög með aðalstöðvar í öðru EES-ríki, en það frelsi byggist á samræmdum eftirlitsháttum og gagnkvæmu trausti til eftirlitsstjórnvalda. Í lögunum eru einnig ákvæði um skilyrði sem þessi útibú verða að uppfylla. Lagt er til að í samræmi við ákvæði EES-samningsins verði frávíkjanleg sú meginregla að stofna þurfi útibú sem uppfylli tiltekin skilyrði og að heimilt verði að kveða á um aðrar reglur í reglugerð til samræmis við samninga sem gerðir kunna að vera við ríki utan EES. Slíkir samningar hafa á engan hátt verið undirbúnir en reglugerðarheimildin einfaldar að taka upp samstarf við t.d. Sviss með svipuðum hætti og samstarfið er innan EES varðandi starfsleyfi vátryggingafélaga og eftirlit með þeim. Slíkur samningur, ef gerður yrði, fengi þá meðferð sem gert er ráð fyrir um milliríkjasamninga en með breytingunni, sem hér er lögð til, þyrfti ekki að breyta lögum um vátryggingastarfsemi til þess að uppfylla hann.

Fjallað er um gjaldþol íslenskra vátryggingafélaga í 29.–33. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Ekki eru ákvæði um gjaldþol félaga frá öðrum aðildarríkjum enda er eftirlit með því alfarið á hendi heimaríkis. Gjaldþolsreglur þar eiga að vera hliðstæðar þeim sem gilda um íslensk félög. Starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES hér á landi er viðfangsefni 71.–76. gr. laganna. Þar hafa íslensk stjórnvöld viðameira hlutverki að gegna en þegar félög frá aðildarríkjum EES eiga í hlut vegna þess að eftirlitshættir eru ekki samræmdir við þriðju ríki og eru m.a. gerðar sérstakar fjárhagskröfur um útibú þaðan.

Eftirlitshættir (BCCI-tilskipunin).

Í 2., 6., 8. og 10.–14. gr. frumvarpsins er fjallað um atriði sem taka þarf á vegna hinnar svokölluðu BCCI-tilskipunar.

Eftir að EES-samningurinn gekk í gildi hefur Evrópusambandið samþykkt tilskipun nr. 95/26/ESB um breytingar á fjórum tilskipunum um vátryggingar og nokkrum öðrum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu. Miða breytingarnar að því að treysta eftirlit með þessari starfsemi. Þær eru gerðar í tilefni vandræða sem orðið hafa í samstæðum fjármálafyrirtækja, einkum var gjaldþrot BCCI-bankans hvati að þessum breytingum. Tilskipun þessi hefur í umræðu manna á meðal verið nefnd BCCI-tilskipunin.

Með tilskipuninni verða sams konar breytingar á eftirliti með öllum þeim sviðum sem EES-samningurinn flokkar undir fjármálaþjónustu, þ.e. vátryggingum, bankastarfsemi og verðbréfaþjónustu. Lögum um bankastarfsemi og verðbréfaviðskipti var breytt á síðasta þingi. Lagt er til að tilskipunin verði öll tekin efnislega inn í lögin um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru:

1. Skilgreind eru náin tengsl vátryggingafélags við aðra. Það eru veikari tengsl en í t.d. félagasamstæðu og verður skylt að tilkynna þau án þess að því fylgi aðrar kvaðir (2. gr. frumvarpsins).
2. Skipulag félagasamstæðu skal vera gagnsætt, meðal annars skulu raunverulegar aðalstöðvar hvers félags vera í sama landi og skráð skrifstofa þess (6., 8., 10., 11. og 12. gr. frumvarpsins).
3. Heimilað er að láta tilteknum aðila í té trúnaðarupplýsingar sé þess þörf vegna eftirlitsins (14. gr. frumvarpsins).
4. Lögð er sú skylda á endurskoðendur að þeir láti Vátryggingaeftirlitið vita að eigin frumkvæði um tiltekin atriði sem miður kunna að fara í starfsemi vátryggingafélags eða nátengdra fyrirtækja (13. gr. frumvarpsins).

Opinbert eftirlit með vátryggingastarfsemi í þessu samhengi hefur það markmið að koma í veg fyrir gjaldþrot vátryggingafélaga sem skaðað gætu vátryggingataka eða þá sem rétt eiga á bótum. BCCI-málið beindi sjónum manna einkum að sviksamlegu athæfi stjórnenda og eigenda og er með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, verið að auka heimildir stjórnvalda til eftirlits með þeim.

Tilkynningarskylda er þegar í lögum um vátryggingastarfsemi um samstæður og virkan eignarhlut. Viðbótin varðar einungis önnur náin tengsl. Ekki er gert ráð fyrir að þessi ákvæði hafi teljandi áhrif á starf íslenskra stjórnvalda eða íslenskra vátryggingafélaga. Þau auka þó möguleika á eftirliti. Hið sama má segja um heimild einstakra stjórnvalda til þess að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Lagt er til að núverandi heimildir verði rýmkaðar en breytingin er léttvæg miðað við íslenskt umhverfi.

Þess má geta að í stofnunum ESB er til meðferðar frumvarp til tilskipunar um eftirlit með vátryggingasamstæðum sem er víðtækara en þær breytingar sem hér eru lagðar til. Óvíst er hvenær sú tilskipun verður samþykkt. Í henni er fjallað um eftirlit með fjárhag samstæðna sem felst auk eftirlits með einstökum fyrirtækjum í sérstöku eftirliti með viðskiptum milli fyrirtækja í samstæðunni.

Á alþjóðavettvangi er mikið rætt um eftirlit með fjölþættari félagasamstæðum á sviði fjármálaþjónustu. Breytingar á íslenskri löggjöf um vátryggingastarfsemi á grundvelli þess starfs eru ekki tímabærar.

Áhrif á vátryggingastarfsemi á Íslandi.

Ekki er ástæða til þess að ætla að ákvæði BCCI-tilskipunarinnar hefðu skipt neinu máli við eftirlit með vátryggingastarfsemi á Íslandi til þessa þar eð þær félagasamstæður sem starfa á vátryggingamarkaði á Íslandi eru ekki mjög flóknar og aðild útlendinga einföld. Hugsanlegt er að í framtíðinni verði stofnuð hér vátryggingafélög með veruleg tengsl við erlend fjármálafyrirtæki eða með mikil umsvif erlendis. Komi til þess verður samstarf Vátryggingaeftirlitsins við önnur stjórnvöld einfaldara vegna ákvæða tilskipunarinnar og þeirra ákvæða sem hér eru lögð til.

Yfirlit yfir náin tengsl íslenskra vátryggingafélaga innbyrðis og við aðra.

Eingöngu er hér miðað við eignatengsl en upplýsingar um samstæður og hlutdeildarfélög liggja fyrir í ársskýrslum félaganna auk þess sem virkir eignarhlutir eru tilkynntir til vátryggingafélagaskrár. Engir samningar eru í gildi sem valda því að atkvæðavægi fari yfir umrædd mörk án þess að eignarhlutur sé samsvarandi.

Félagasamstæður á íslenskum vátryggingamarkaði hafa verið einfaldar, eitt móðurfélag og bein dótturfélög þess. Stóru vátryggingafélögin eiga sum hver dótturfélög sem yfirleitt eru lítil og með sérhæfða starfsemi. Meðan Skandia rak hér starfsemi átti eitt félag í Svíþjóð þrjú dótturfélög á Íslandi. Eftir að Skandia seldi félögin í október 1996 eiga engir útlendingar aðild að félagasamstæðum sem innihalda íslensk vátryggingafélög. Móðurfélög eru eingöngu vátryggingafélög. Vátryggingaeftirlitið hefur ekki til þessa nýtt heimild í 4. gr. laga um vátryggingastarfsemi til þess að skilgreina félagasamstæðu á grunni annars en eignatengsla.

Veikari tengsl íslenskra vátryggingafélaga eru margvísleg, bæði innbyrðis og við aðra. Þar getur verið eignarhlutdeild á bilinu 20–50%, minni háttar eignarhlutir, umsjón með rekstri að öllu leyti eða hluta, sameiginlegir stjórnendur eða veruleg endurtryggingaviðskipti. Dæmi:

— Ábyrgð hf. er í nánum tengslum við eigendur sína, Ansvar í Svíþjóð og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
— Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er í nánum tengslum við Húsatryggingar Reykjavíkur hf. og Könnun hf. sem eru dótturfélög og við hlutdeildarfélögin Sameinaða líftryggingarfélagið hf. og Íslenska endurtryggingu hf. Enginn einn á yfir 20% í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
— Tryggingamiðstöðin hf. er í nánum tengslum við Sameinaða líftryggingarfélagið hf. og Íslenska endurtryggingu hf. sem hlutdeildarfélög. Félagið er einnig í nánum tengslum við Fram hf. sem á rúmlega fjórðungshlut í Tryggingamiðstöðinni hf. og við Heklu hf. en þar á Tryggingamiðstöðin hf. þriðjung.
— Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) er í nánum tengslum við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar gf. sem eiga bæði yfir 20% hlut beint. VÍS er einnig í nánum tengslum við Fjárvang hf. og Flutninga hf. sem eru dótturfélög og við Íslenska endurtryggingu hf. og Samvinnuferðir-Landsýn hf. sem eru hlutdeildarfélög. Tengsl félagsins við eignarhaldsfélögin og við Líftryggingafélag Íslands hf. hafa ekki verið talin mynda samstæðu enda fer eignarhald eins félags í öðru þar aldrei yfir 50%.
— Líftryggingafélag Íslands hf. er í nánum tengslum við Eignarhaldsfélagið Andvöku gf. og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem hvort um sig eiga 44,444% hlut í félaginu.
— Alþjóðalíftryggingarfélagið hf. er í nánum tengslum við Kaupþing hf. og Sparisjóðabankann hf. sem eiga 35% hlut hvort.

Önnur tengsl sem koma til álita við skilgreiningu á nánum tengslum.

Eftirgreind tengsl teljast ekki náin tengsl samkvæmt þeim skilningi sem hér er lagður til:

— Eigendur 20–50% hluta í öðrum félögum samstæðu en vátryggingafélaginu sjálfu eða móðurfélagi. Engin dæmi eru um þessa aðstöðu hjá íslenskum vátryggingafélögum.
— Önnur félög í eigu minnihlutaeigenda. Dæmi: Fram hf. í Vestmannaeyjum á rúman fjórðung í Tryggingamiðstöðinni hf., en getur einnig átt hlutdeild í öðrum félögum án þess að þau teljist í nánum tengslum við Tryggingamiðstöðina hf. í þeim skilningi sem hér er lagður til.

— Hlutdeildarfélög móðurfélags eða annars félags í samstæðu ef vátryggingafélagið á ekki hlut í þeim líka. Engin dæmi eru um þessa aðstöðu hjá íslenskum vátryggingafélögum þar sem ekkert vátryggingafélag er dótturfélag félags sem ekki er vátryggingafélag.
— Dótturfélög og hlutdeildarfélög hlutdeildarfélaga. Dæmi: Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS) á rúman fimmtung í Samvinnuferðum-Landsýn hf. sem aftur getur átt verulegan hlut í öðrum félögum án þess að þau teljist í nánum tengslum við VÍS.
— Meðeigendur. Dæmi: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. á tæpan helming í Sameinaða líftryggingarfélaginu hf. og Tryggingamiðstöðin hf. rúman þriðjung án þess að það teljist mynda náin tengsl milli Sjóvár-Almennra trygginga hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar hf.
— Eitt félag annist daglegan rekstur annars gegn greiðslu. Vátryggingafélag Íslands hf. rekur Líftryggingafélag Íslands hf, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. rekur Sameinaða líftryggingarfélagið hf. og þætti úr starfsemi Ábyrgðar hf. Margvísleg tengsl eru milli félaganna í hverju dæmi um sig, m.a. eru framkvæmdastjórar sameiginlegir í tveimur tilvikum.
— Veruleg viðskipti við endurtryggjendur, svo sem milli Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaganna sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni yfir 90% af áhættu sem þau taka að sér. Ekki er talin ástæða til þess að skilgreina tengslin sem náin tengsl í því samhengi sem hér er til skoðunar enda liggja upplýsingar um þetta fyrir eftir öðrum leiðum.

Hæfisskilyrði.

Um hæfisskilyrði er fjallað í 5., 12., 16. og 21. gr. frumvarpsins. Lagðar eru til breytingar á hæfisskilyrðum þeim sem eru í lögunum þannig að þau verði hliðstæð hæfisskilyrðum í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og í lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1996. Þessar tillögur eru, með einni breytingu, eins og frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995. Breyting frá fyrra frumvarpi felst í því að vanhæfi vegna dóms miðast við fimm ár en ekki þrjú. Þar var farið eftir breytingum á hliðstæðum ákvæðum í lögum um verðbréfaviðskipti sem gerðar voru í meðförum Alþingis.

Núgildandi ákvæði um fjárforræði þykja of ströng. Er því lagt til að reglum um fjárforræði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, aðalumboðsmanna og vátryggingamiðlara sé breytt með hliðsjón af hlutafélagalöggjöf þeirri sem afgreidd var frá Alþingi í árslok 1994. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á öðrum hæfisskilyrðum og búsetuskilyrðum til samræmis við hlutafélagalöggjöfina en búsetuskilyrðin snerta m.a. EES-samninginn. Refsidómaákvæði hlutafélagalöggjafarinnar er tekið upp í tengslum við hæfisskilyrði en tilvísun í löggjöf um vátryggingastarfsemi alls staðar bætt við.

Miðlun vátrygginga.

Í 2., 4., 15. og 20.–25. gr. frumvarpsins er fjallað um atriði sem snerta miðlun vátrygginga og endurskoðuð hafa verið að fenginni reynslu. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á reglum um miðlun. Tekið var m.a. mið af tilskipun ESB nr. 77/92 um umboðsmenn og vátryggingamiðlara og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 18. desember 1991 um vátryggingamiðlara. Nýmæli er að hugtakið vátryggingamiðlari er skilgreint í 2. gr. frumvarpsins og er hugtakið þrengra en í núverandi gerð laganna. Gert er ráð fyrir að ákvæði um vátryggingamiðlara skv. 2. tölul. 1. mgr. 80. gr. gildandi laga falli brott.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Endurtryggingavernd íslenskra vátryggingafélaga erlendis.

Ákvæðið fjallar um endurtryggingavernd íslenskra vátryggingafélaga erlendis og er viðbót við 2. gr. Undanskilja þarf endurtryggingar sem íslensk vátryggingafélög taka erlendis frá þeim hluta laganna sem fjallar um starfsemi erlendra vátryggingafélaga. Þannig hafa íslensk vátryggingafélög frjálsar hendur um val á endurtryggjanda eins og tíðkast hefur og tíðkast í öðrum löndum.

Hérlendis er sams konar eftirlit með endurtryggingafélögum og frumtryggingafélögum, í sumum öðrum löndum er eins farið að. Annars staðar er eftirlit með endurtryggingafélögum minna og sums staðar er ekkert sérstakt eftirlit haft með þeim. Ákvæði VII. kafla um starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi eru því vart framkvæmanleg þegar endurtryggingafélög eiga í hlut.

Tilskipun 64/225/EBE fjallar um frelsi til endurtryggingaviðskipta milli aðildarríkja. Þar eru ekki ákvæði um eftirlit með endurtryggingafélögum, öfugt við það sem er í tilskipunum um frumtryggingastarfsemi. Eðlilegt þykir því að undanþiggja erlend félög sem taka að sér endurtryggingar á áhættu íslenskra vátryggingafélaga ákvæðum VII. kafla laga um vátryggingastarfsemi hvað þau viðskipti varðar. Hagsmunir íslenskra vátryggingataka eru taldir nægilega tryggðir með eftirliti með íslensku félögunum sem kaupa sér endurtryggingaverndina enda gilda öll ákvæði laganna um íslensku félögin. Eina breytingin verður að ekki þarf að tilkynna til íslenskra stjórnvalda endurtryggingaþjónustu sem veitt er.

Annist evrópskt félag bæði endurtryggingar á áhættu íslenskra vátryggingafélaga og frumtryggingar gildir VII. kafli um frumtryggingaþátt starfseminnar. Í sumum öðrum aðildarríkjum EES er sú túlkun uppi að vátryggingafélög sem taka að sér hluta áhættu í svokölluðum samtryggingum ættu einnig að vera undanþegin ákvæðum VII. kafla um tilkynningarskyldu á sama hátt og endurtryggjendur. Slíkt er ekki lagt til hér.

Um 2. gr.

Skilgreiningar.

Greinin bætir skilgreiningum á nánum tengslum og á hugtökum sem tengjast miðlun vátrygginga við 7. gr. laga um vátryggingastarfsemi.

Hugtakið náin tengsl er notað í ákvæðum sem ætlað er að efla eftirlit og er komið úr BCCI-tilskipuninni sem fjallað er um í sérstökum kafla þessara athugasemda. Í grófum dráttum er hugmyndin að skilgreina hugtak sem nái til veikari tengsla en félagasamstæðuhugtakið og taki einnig til þeirra sem haft geta veruleg áhrif, án þess að hafa þau yfirráð sem felast í meirihlutaeign. Náin tengsl ber að tilkynna til stjórnvalda eins og kveðið er á um í síðari greinum en aðrar beinar kvaðir eru ekki lagðar á vátryggingafélagið.

Náin tengsl eru skilgreind í 2. gr. BCCI-tilskipunarinnar. Þar er lágmarksskilgreining en aðildarlöndunum er heimilt að nota víðtækari skilgreiningu. Vegna þess að íslensk vátryggingafélög eru í talsverðum stjórnunar- og eignatengslum við mörg fyrirtæki og einstaklinga þykir rétt að hafa skilgreininguna hér nákvæma. Meðan frumvarpið var undirbúið ræddi starfshópurinn ítarlega hvort víkka skyldi skilgreininguna á nánum tengslum til þess að ná yfir hvers konar varanlegar „blokkir“ fyrirtækja. Niðurstaðan varð hins vegar að halda í meginatriðum lágmarksskilgreiningunni.

Höfð er hliðsjón af 1. mgr. 39. gr. laganna þar sem tilgreind eru nokkur þrep virkrar eignaraðildar. Í BCCI-tilskipuninni er miðað við að eignarhlutur þurfi að ná 20% en virk eignaraðild sem nemur 10–20% hlutafjár er talin skipta minna máli en aðild sem nær 20%. Sama afstaða kemur m.a. fram í skilgreiningu á hlutdeildarfélögum í lögum um ársreikninga nr. 144/1994.

Skilgreining á nánum tengslum er í fimm liðum. Undir hinn fyrsta falla önnur félög í félagasamstæðu, móðurfélög, systurfélög og dótturfélög vátryggingafélagsins. Næstu tveir liðir taka til eigenda. Undir annan lið falla þeir sem eiga vátryggingafélagið að hlutdeildarfélagi. Undir þriðja liðinn falla þeir sem eiga a.m.k. 20% hlut í móðurfélagi þótt reiknaður eignarhluti þeirra í vátryggingafélaginu geti verið minni ef það er ekki að öllu leyti í eigu móðurfélagsins. Einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa ráðandi stöðu í vátryggingafélagi án þess að vera félag, falla undir annan eða þriðja lið. Tveir síðustu liðir skilgreiningarinnar taka til félaga sem vátryggingafélagið á hlut í. Undir fjórða liðinn falla þau félög sem í lögum um ársreikninga kallast hlutdeildarfélög vátryggingafélagsins. Undir síðasta lið falla þau hlutdeildarfélög samstæðu sem vátryggingafélag í samstæðunni á einhvern hlut í, sé hlutur vátryggingafélagsins eins innan við 20%.

Þrátt fyrir heitið „virkur eignarhlutur“ nær hugtakið yfir hliðstæð áhrif í krafti samninga eða aukins atkvæðisréttar þótt eignarhlutur nái ekki tilgreindum mörkum, sbr. skilgreiningu á virkum eignarhlut í 7. gr. laganna. Það er í samræmi við svokallaða 7. tilskipun ESB um félagarétt (83/349/ESB) en hún fjallar um samstæðureikninga og segir m.a. hvenær beri að gera samstæðureikninga fyrir hlutafélög. Í tilskipunum um vátryggingar sem vísa til hennar eru hliðstæðar skilgreiningar ekki takmarkaðar við ákveðin rekstrarform heldur ná skilgreiningarnar til lögaðila hvert sem félagsform þeirra er og til einstaklinga.

Skilgreind eru hugtökin vátryggingamiðlun, vátryggingamiðlari, vátryggingaumboðsmaður og vátryggingasölumaður. Stuðst er við tilskipun ESB nr. 77/92 og tilmæli framkvæmdastjórnar ESB um vátryggingamiðlun við skilgreiningu á nefndum aðilum.

Lögð er áhersla á sjálfstæði þeirra sem stunda miðlun vátrygginga gagnvart vátryggingafélögum. Sá sem vinnur við vátryggingamiðlun starfar óháður einstökum vátryggingafélögum. Hér er um faglega starfsemi að ræða sem felst í undirbúningi, töku vátrygginga og framkvæmd vátryggingasamninga á sviði frumtrygginga. Einstaklingar jafnt sem lögaðilar geta að fengnu starfsleyfi og/eða skráningu lagt stund á vátryggingamiðlun.

Gera þarf skýran greinarmun á vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanni. Vátryggingamiðlari kemur ekki fram í nafni vátryggingafélags, hann er algerlega óháður, hann á að gæta hagsmuna beggja aðila. Vátryggingaumboðsmaður kemur fram fyrir hönd og í nafni tiltekins vátryggingafélags eins eða fleiri. Hann hefur heimild til að skuldbinda félagið, auglýsa það o.s.frv. Hann getur verið skipaður fulltrúi erlends vátryggingafélags í útibúi þess hér á landi skv. 64. gr. laganna.

Tekið er fram líkt og í tilskipun ESB nr. 77/92 að með vátryggingasölumanni er átt við starfmann vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns. Hann annast undirbúningsvinnu, kynnir vátryggingar o.s.frv. án heimildar til að skuldbinda um vátryggingu á nokkurn hátt. Skilgreiningin tekur og til sölumanna vátryggingafélaga.

Um 3. gr.

Skilgreining: Stóráhætta.

Í 8. gr. laganna er stóráhætta skilgreind að hluta en gert er ráð fyrir að hluti skilgreiningarinnar verði í reglugerð. Einfaldara þykir að hafa alla skilgreininguna í lögunum.

Í athugasemdum ESA við lögin um vátryggingastarfsemi er bent á að ákvæði tilskipana um svokallaða stóráhættu séu ekki komin inn í íslenska löggjöf að fullu og er brugðist við því með þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Til stóráhættu teljast allar húftryggingar og ábyrgðartryggingar skipa, flugvéla og járnbrauta, auk greiðslu- og efndavátrygginga. Ef stórfyrirtæki eiga í hlut falla flestar vátryggingar þeirra aðrar en slysa- og sjúkratryggingar einnig í flokk stóráhættu. Heitið stóráhætta vísar til þess að fjárhæðirnar, sem í húfi eru, geta verið mjög háar, fremur en að hættan á tjóni sé veruleg.

Hugtakið stóráhætta er notað við tilslökun á neytendaverndarákvæðum. Gert er ráð fyrir að stór fyrirtæki hafi meiri yfirsýn yfir vátryggingamarkaðinn og réttarstöðu sína en fjölskyldur og smáfyrirtæki sem einkum þurfa á neytendaverndinni að halda. Tilslakanirnar í lögum um vátryggingastarfsemi eru þessar:

— Í 57. gr. er frávik frá skyldu til að upplýsa heiti og aðsetur vátryggjenda. Stóráhætta er oft vátryggð í samtryggingu fyrir atbeina milliliða, t.d. miðlara, en vátryggjendurnir geta verið mjög margir og borið lítinn hluta áhættunnar hver um sig. Þá eru þeir taldir upp í vátryggingasamningnum en ekki er talið tilefni til að endurtaka þá upptalningu í öðrum samskiptum vátryggingatakans og þeirra sem annast framkvæmd samningsins. Í annarri tilskipun um skaðatryggingar (88/357/ESB), 26. gr., er gert ráð fyrir að einungis stóráhætta sé tryggð samtryggingu þar sem vátryggjendur eru frá mismunandi aðildarríkjum.
— Í 59. gr. er frávik frá reglu um tungumál vátryggingasamnings þegar vátryggt er gegn stóráhættu.
— Í 63. gr. er samningsaðilum heimilað að velja hvaða löggjöf gildi um vátryggingasamning um stóráhættu. Þó gilda ófrávíkjanleg ákvæði íslenskrar löggjafar og reglur um lögboðnar vátryggingar.

Um 4. gr.

Lögverndun starfsheitis.

Lögð er til viðbót við 2. mgr. 13. gr. laganna. Hér er hliðstætt ákvæði og í gildi er varðandi starfsemi vátryggingafélaga. Aðrir en þeir sem heimild hafa eiga ekki að gefa í skyn að þeir starfi við miðlun vátrygginga. Hér er um lögverndun starfsheitis að ræða.

Um 5. gr.

Hæfi stofnenda.

Greinin, sem gert er ráð fyrir að breyti 14. gr. laganna, er úr frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þar voru lagðar til breytingar á hæfisskilyrðum í lögum um vátryggingastarfsemi og er breytingunum lýst almennt í sérstökum kafla í þessum athugasemdum.

Í athugasemdum við fyrra frumvarp sagði:

„A-liður. Hér er gerð krafa um lögræði stofnanda en ekki tuttugu ára aldur og að hann sé fjár síns ráðandi en ekki er lengur gerð sú krafa að hann hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu. Þetta er gert til samræmis við breytingu á hlutafélagalöggjöfinni, sbr. einkum 4. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Refsidómaákvæðið er úr hlutafélagalöggjöfinni.

B-liður. Hér er búsetuskilyrðum breytt til samræmis við 2. mgr. 3. gr. hlutafélagalaganna og það gert að skilyrði að um búsetu eða aðsetur í aðildarríki sé að ræða."

Um 6. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Lögð er til viðbót við 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna varðandi atriði sem skulu koma fram í umsókn um starfsleyfi. Breytingin lögfestir ákvæði úr BCCI-tilskipuninni.

Þegar vátryggingafélag sækir um starfsleyfi þarf, samkvæmt núverandi ákvæðum laganna að gera grein fyrir stofnendum og þeim sem óbeint eiga virkan eignarhlut í félaginu, þ.e. yfir 10%. Einnig þarf skv. 43. gr. að gera grein fyrir samstæðu sem félagið tilheyrir. Með viðbótinni er tilkynningarskyldan víkkuð út þannig að einnig þurfi að leggja fram lista yfir nátengda aðila og lýsingu á því hvernig tengslunum er háttað en það er nauðsynlegt til þess að unnt sé að meta hvort náin tengsl geti hindrað eftirlit. Í grein 2.2 í BCCI-tilskipuninni er gert ráð fyrir að þessar upplýsingar liggi ávallt fyrir. Hér er fjallað um ný vátryggingafélög en hliðstæð ákvæði um starfandi vátryggingafélög koma í aðrar greinar laganna.

Um 7. gr.

Réttaraðstoðarvátryggingar.

Greinin fjallar um réttaraðstoðarvátryggingar. Lagt er til að bæta reglugerðarheimild við 22. gr. og gefa síðan út reglugerð til þess að ljúka lögfestingu tilskipunar um réttaraðstoðarvátryggingar. Í athugasemdum ESA við lögin um vátryggingastarfsemi er bent á að ákvæði tilskipunar um réttaraðstoðarvátryggingar séu ekki komin inn í íslenska löggjöf og er brugðist við því með þessari breytingu.

Sérstök tilskipun er í gildi um réttaraðstoðarvátryggingar (87/344/ESB). Eru þar m.a. ákvæði um með hvaða hætti réttaraðstoð skuli látin í té til þess að tryggja hagsmuni vátryggingataka í ágreiningsmáli við vátryggingafélagið sjálft. Ákvæði þessi geta verið íþyngjandi fyrir vátryggingafélög og þarf því trausta og skýra lagaheimild til þess að innleiða þau. Ekki þykir ástæða til þess að gera það í lögunum sjálfum heldur verði sett reglugerð sem byggist á ákvæðum tilskipunarinnar. Þessi vátryggingagrein er lítt stunduð hér á landi.

Um 8. gr.

Afgreiðsla umsókna um starfsleyfi.

Lögð er til viðbót við 3. mgr. 25. gr. sem fjallar um hvenær hafna skuli umsókn um starfsleyfi. Hér er hugtakið náin tengsl notað til þess að takmarka það hvenær veita má vátryggingafélagi starfsleyfi. Náin tengsl mega ekki hindra eftirlit með starfsemi félagsins. Breytingin lögfestir ákvæði úr grein 2.2 og grein 3 úr BCCI-tilskipuninni.

Um 9. gr.

Lágmarksfjárhæðir varðandi gjaldþol.

Lagt er til að ákvæði um lágmarksfjárhæðir gjaldþols í 33. gr. laga um vátryggingastarfsemi verði orðað skýrar en nú er án þess að efni þess verði breytt en núverandi orðalag hefur valdið misskilningi.

Mismunandi fjárhæðir eiga við eftir því í hvaða greinaflokkum vátryggingafélag hefur starfsleyfi. Breytingin sem lögð er til felst í því að bæta inn tilvísunum í 22.–23. gr. laganna, en þar eru tilgreindir þeir greinaflokkar sem leyfi eru veitt fyrir. Einnig er leiðrétt orðalag í 5. tölul. til samræmis við 22. gr. þannig að notað verði orðið „aðrar“ í staðinn fyrir „ýmsar“, en fyrra orðalag hefur valdið vandkvæðum við að ákvarða hvort 3. eða 5. tölul. skuli skuli eiga við um vátryggingafélag. Þá eru felld niður orðin „aðrar en ábyrgðartryggingar“ úr 3. tölul. en þau verða óþörf þegar vísað er beint í 22. gr.

2.–6. tölul. byggjast á 17. gr. tilskipunar 73/329/ESB, fyrstu tilskipunar um skaðatryggingar, með síðari breytingum. Breytingin, sem hér er lögð til, færir orðalag laga um vátryggingastarfsemi nær orðalagi tilskipunarinnar sem er skýrara um þessa þætti. Rétt þykir að halda 3. og 4. tölul. aðgreindum þótt svo sé ekki í tilskipuninni sem vísað er til og að fjárhæðin sé hin sama í báðum liðum. Er það til samræmis við eldri gerð þessarar greinar enda er um ólíkar en algengar vátryggingagreinar að ræða.

Um 10. gr.

Breytingar á stöðu starfandi félags.

Lögð er til viðbót við 39. gr. Sá sem myndar náin tengsl við starfandi vátryggingafélag skal tilkynna það Vátryggingaeftirlitinu. Sama á við ef þau tengsl eru rofin. Félagið sjálft skal tilkynna um náin tengsl strax og þau verða ljós og síðan árlega.

Breytingin lögfestir ákvæði úr grein 2.2 í BCCI-tilskipuninni um það tilvik er breyting á eignaraðild starfandi vátryggingafélags eða nátengds félags kann að verða til þess að hindra eftirlit.

Um 11. gr.

Afskiptaheimildir stjórnvalda.

Lögð er til viðbót við 40. gr. sem fjallar um afskiptaheimildir stjórnvalda gagnvart eigendum félags þannig að gerð verði krafa um að náin tengsl hindri ekki eftirlit með starfandi félagi. Það gæti gerst þegar tengslin komast á eða við breytingar síðar, t.d. ef löggjöf annars lands gildir um nátengda og sú löggjöf breytist.

Breytingin er að efni til hliðstæð þeirri breytingu sem gerð er á 25. gr. fyrir ný félög, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Breytingin lögfestir að hluta ákvæði 3. mgr. greinar 2.2 í BCCI-tilskipuninni.

Meta verður í hverju tilviki fyrir sig hvort náin tengsl geti hindrað eftirlit og verða stjórnvöld að rökstyðja það álit. Við slíkt mat þarf m.a. að hafa hliðsjón af:

— eignatengslum,
— stjórnskipulagi og raunverulegum völdum í félaginu og félagasamstæðu,
— hvort tengslin séu varanleg,
— hvort tengslin gefi færi á að hafa veruleg áhrif á stjórn og rekstur félagsins,
— áhættu sem fylgir nátengdum rekstri,
— staðsetningu nátengdra,
— eftirlitsmöguleikum annarra stjórnvalda.

Sérstaklega þarf að kanna gagnkvæma eignaraðild og samninga sem kunna að veita meiri völd en eignarhlutur einn segir til um. Einnig væri tilefni til að kanna verulega erlenda eignaraðild og félög sem ætlunin er að hafi veruleg umsvif erlendis.

Um 12. gr.

Hæfi stjórnenda.

A-liður greinarinnar er úr frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þar voru lagðar til breytingar á hæfisskilyrðum í lögum um vátryggingastarfsemi og er breytingunum lýst almennt í sérstökum kafla í þessum athugasemdum. Efnislega hliðstæð ákvæði eru í 3.–4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og í 2. mgr. 2. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1996, ásamt 13. gr. sömu laga.

Í athugasemdum við fyrra frumvarp sagði m.a.: „Hér er gerð krafa um lögræði en ekki 20 ára aldur. Einnig er slakað á kröfum um fjárforræði og ekki gerðar svo strangar kröfur að stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar megi aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Er þetta til samræmis við 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaganna en auk þess er bætt við ákvæði úr þeirri grein sem herðir hæfisskilyrði, með öðrum orðum refsidómsákvæði hlutafélagalaganna. Búsetuskilyrðum er hér breytt eins og í 1. gr. frumvarpsins.“

Tilkynningarskylda félagasamstæðu.

Í b-lið er lögð til breyting á ákvæðum 43. gr. um tilkynningarskyldu félagasamstæðu. Breytingin er hliðstæð ákvæði um tilkynningarskyldu sem lagt er til að bætt verði við 39. gr., sbr. 10. gr. frumvarpsins. Hér er einnig lögð tilkynningarskylda á stjórn móðurfélags í samstæðu þegar verulegar breytingar verða á skipulagi félagasamstæðunnar. Breytingin lögfestir ákvæði úr BCCI-tilskipuninni.

Um 13. gr.

Tilkynningarskylda endurskoðenda.

Lagt er til að bætt verði við 46. gr. ákvæði um tilkynningarskyldu endurskoðenda til Vátryggingaeftirlitsins. Lögð verði frumkvæðisskylda á endurskoðendur vátryggingafélaga til þess að láta stjórnvöld vita um hugsanleg lögbrot og teikn um að starfsemin gangi illa. Til þessa hefur þeim einungis verið skylt að veita upplýsingar sé þess óskað.

Fjallað er um þagnarskyldu í 7. gr. laga um löggilta endurskoðendur, nr. 67/1976. Sú þagnarskylda á ekki við um þau samskipti sem lýst er í þessari grein.

Breytingin lögfestir ákvæði úr 5. gr. BCCI-tilskipunarinnar.

Um 14. gr.

Meðferð trúnaðarupplýsinga.

Lagt er til að breyta reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga í 51. gr. Heimiluð verði skipti á trúnaðarupplýsingum í ákveðnum tilvikum við fleiri samstarfsaðila en áður hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir.

Breytingin lögfestir ákvæði greina 4.1, 4.3 og 4.5 í BCCI-tilskipuninni.

Um 15. gr.

Eftirlitsgjald.

Lagt er til að lögin taki á því hvert skuli vera lágmarkseftirlitsgjald vegna miðlunar vátrygginga í stað þess að reglugerð kveði einungis á um þetta líkt og verið hefur.

Um 16. gr.

Hæfi aðalumboðsmanns.

A-liður greinarinnar er úr frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 120. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Þar voru lagðar til breytingar á hæfisskilyrðum í lögum um vátryggingastarfsemi og er breytingunum lýst almennt í sérstökum kafla í þessum athugasemdum. Í greinargerð með fyrra frumvarpi sagði m.a.: „Hér er breytt ákvæði um aðalumboðsmann. Gerð er krafa um lögræði en ekki 20 ára aldur og að hann sé fjár síns ráðandi. Ekki er lengur gerð sú krafa að hann hafi aldrei verið sviptur forræði á búi sínu. Þá er refsidómsákvæði hlutafélagalaganna tekið upp."

Varðveisla gagna, aðlögun að sérstökum milliríkjasamningum.

Í b-lið er lagt til að bætt verði við 71. gr. ákvæði um varðveislu gagna. Þetta ákvæði skýrir sjálfstæði útibús gagnvart aðalstöðvum vátryggingafélags og treystir eftirlitsmöguleika íslenskra stjórnvalda. ESA hefur gert athugasemdir við að slíkt ákvæði úr grein 23.2.c í tilskipun 73/239/ESB (fyrstu tilskipun um skaðatryggingar) hafi ekki verið lögfest á Íslandi.

Þá er einnig lagt til að bætt verði við heimildarákvæði til að einfalda aðlögun að sérstökum milliríkjasamningum sem gerðir kunna að verða. Byggt er á heimildarákvæði í EES-samningnum sem kemur í stað 29. gr. tilskipunar 73/239/ESB.

Í EES samningnum er gert ráð fyrir að aðildarríki geti samið við ríki utan EES um gagnkvæmar heimildir til þess að stunda vátryggingastarfsemi og að eftirlit verði með öðrum hætti en lýst er í meginreglum laganna. Slíkir samningar, ef gerðir yrðu, gætu kveðið á um að beitt yrði reglum svipuðum þeim sem gilda um starfsemi í öðru EES-ríki núna og að eftirlit með starfsemi á Íslandi frá vátryggingafélögum með aðalstöðvar í þessum löndum yrði í höndum heimaríkisins í ríkari mæli en gert er ráð fyrir í meginreglunum. Á sama hátt mundu íslensk stjórnvöld líta eftir starfi íslenskra vátryggingafélaga þar. ESA hefur ekki gert athugasemd við þetta atriði þar sem um heimildarákvæði er að ræða sem ekki er skylt að lögfesta. Rétt þykir hins vegar að ljúka endurskoðun þessa hluta laganna nú fremur en að bíða eftir að gerðir verði samningar af því tagi sem fjallað er um.

Um frekari athugasemdir við þessa grein og samhengi hennar við aðrar breytingar vísast til sérstaks kafla í athugasemdum þessum um starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES.

Um 17. gr.

Gjaldþol útibúa.

Hér eru lagðar til tvenns konar breytingar frá gildandi ákvæðum. Annars vegar eru tekin inn í lagagreinina ákvæði um samstarf við önnur EES-ríki um gjaldþolseftirlit með útibúum utansvæðisfélaga sem sleppt var úr lögunum árið 1994 og hins vegar þarf að leiðrétta eldri ákvæði í þeim mæli sem þau voru frábrugðin ákvæðum EES-samningsins.

Eldri 2. mgr. er breytt og henni skipt í tvær málsgreinar. Margar af athugasemdum ESA vörðuðu reglur um gjaldþol. Brugðist er beint við athugasemdum varðandi grein 25.3 í fyrstu tilskipun um skaðatryggingar (73/239/ESB) og varðandi grein 23.2.e í sömu tilskipun. Lagt er til að sett verði reglugerðarheimild til þess að mæta athugasemdum ESA sem varða greinar 26, 27.2 og 28. gr. í sömu tilskipun. Ákvæði um geymslufé var strangara en EES-samningurinn gerir ráð fyrir og er lagt til að því verði breytt til samræmis við það sem er í öðrum EES-löndum.

Reglur um lágmarksgjaldþol útibúa utansvæðisfélaga eru flóknar. Í meginatriðum gilda sömu ákvæði um útibú utansvæðisfélaga og um íslensk vátryggingafélög en bætt er við ákvæðum um geymslufé og um samstarf EES-ríkjanna. Jafnframt eru vissar lágmarksfjárhæðir aðrar og lægri fyrir þessi útibú en fyrir félög með aðalstöðvar á EES. Kröfur 33. gr. til útibús eru því færðar til samræmis við það sem er í öðrum aðildarlöndum EES en það er nauðsynlegt til þess að unnt sé að reikna gjaldþol fyrir öll EES-útibú sameiginlega eins og utansvæðisfélög geta óskað eftir.

Gert er ráð fyrir að ákvæði um hvernig standa skuli að sameiginlegu gjaldþolseftirliti verði sett í reglugerð. Ákvæði EES-samningsins um sameiginlegt gjaldþolseftirlit kveður á um að vátryggingafélag með aðalstöðvar utan EES, t.d. í Bandaríkjunum eða Japan, geti óskað eftir því að öll útibú þess á EES verði skoðuð sem eitt útibú gagnvart gjaldþolsreglum. Eftirlitsstjórnvöld eins aðildarríkisins tækju þá að sér eftirlit með gjaldþolinu. Íslensk stjórnvöld mega en þurfa ekki að taka að sér slíkt eftirlit verði þess óskað. Séu öll útibúin skoðuð sameiginlega gilda sérstakar reglur um staðsetningu geymslufjár og eigna sem mæta eiga gjaldþolinu. Þetta sameiginlega eftirlit tekur eingöngu til gjaldþolsins, eignir á móti vátryggingaskuld eiga alltaf að fylgja reglum þess aðildarríkis þar sem vátryggingaskuldin er.

Leiðréttingarnar eru þær að geymslufé verður föst fjárhæð, óháð umsvifum, og slakað er á kröfu um að fjármunir sem mæta gjaldþoli séu á Íslandi. Krafa um fjármuni sem félagið hefur til frjálsrar ráðstöfunar á EES lækkar hins vegar ekki.

Um frekari athugasemdir við þessar grein og samhengi hennar við aðrar breytingar vísast til sérstaks kafla í athugasemdum þessum um starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES.

Um 18. og 19. gr.

Kröfur til útibúa.

Við 73. og 74. gr. laga um vátryggingastarfsemi er bætt kröfum til útibúa. 73. gr. fjallar um skil á gögnum til Vátryggingaeftirlitsins en 74. gr. um það þegar stjórnvöld þurfa að hafa sérstök afskipti af útibúinu. Breytingin svarar athugasemdum ESA um lögfestingu 27. gr. í fyrstu tilskipun um skaðatryggingar, 73/239/ESB. Þessi ákvæði skerða ekki aðrar heimildir íslenskra stjórnvalda til afskipta af útibúum þeim sem hér um ræðir.

Í þeim hluta tilskipana ESB sem fjallar um starfsemi útibúa vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES er almenn tilvísun í þau ákvæði sem gilda um félög með aðalstöðvar í viðkomandi landi um ársreikninga, skýrslugerð og viðurlög við brotum. Lagt er til að treysta heimildir íslenskra stjórnvalda með því að setja í kaflann um útibú utansvæðisfélaga almennar tilvísanir í kafla um ársreikninga og skýrslugerð íslenskra vátryggingafélaga og kaflana um samruna, brottfall starfsleyfis og skyld atriði.

Talið er eðlilegt að hafa almenn ákvæði um þessi atriði fremur en tæmandi upptalningu. Ef mörg útibú vátryggingafélaga frá löndum utan EES hefja hér starfsemi mætti útfæra þessi ákvæði í reglugerð á grunni almennrar reglugerðarheimildar í 98. gr. laga um vátryggingastarfsemi en ekki er tilefni til þess að óbreyttu.

Um frekari athugasemdir við þessa grein og samhengi hennar við aðrar breytingar vísast til sérstaks kafla í athugasemdum þessum um starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES.

Um 20. gr.

Umsókn um starfsleyfi. Tilkynning um skráningu.

Lögð er til ný 80. gr. Sá sem hyggst starfa hér á landi við miðlun vátrygginga á að senda ráðuneyti vátryggingamála skriflega umsókn um starfsleyfi.

Með hliðsjón af grundvallarreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er gengið út frá því að starfsleyfi vátryggingamiðlara á svæðinu jafngildi starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga þessara. Í því felst að vátryggingamiðlari, t.d. með útgefið starfsleyfi í Sviþjóð eða Bretlandi, þarf ekki að sækja um starfsleyfi hér á landi ef hann hyggst starfa við miðlun vátrygginga hérlendis. Honum nægir skráning í vátryggingamiðlaraskrá sem er í vörslu Vátryggingaeftirlitsins. Opinberar reglur kveða á um skilyrði skráningar. Þær taka mið af tilskipun ESB nr. 77/92 og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um vátryggingamiðlun frá 18. desember 1991. Mikilvægt er að stjórnvöld gæti þess að viðkomandi aðili fullnægi ófrávíkjanlegum ákvæðum sem í gildi eru hér á landi, þar á meðal varðandi fyrirkomulag starfsábyrgðartryggingar, áður en hann getur hafið miðlun vátrygginga hérlendis.

Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi heima fyrir skal vátryggingamiðlari sækja um starfsleyfi og gilda þá sömu reglur og um innlenda vátryggingamiðlara.

Um 21. gr.

Fumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á 80. grein laganna, sbr. 20. gr. þess, og er því lagt til í a-lið að 1. mgr. 81. gr. gildandi laga falli brott.

Hæfisskilyrði.

Í b-lið er lögð til breyting á hæfisskilyrðum þeim sem eru í 2. mgr. 81. gr. þannig að þau verði hliðstæð hæfisskilyrðum þeim sem eru í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og í lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, líkt og þeim var breytt með lögum nr. 21/1996. Hliðstæðar breytingar á hæfisskilyrðum eru einnig lagðar til í öðrum greinum frumvarps þessa.

Starfsleyfi og/eða skráning.

Í c-lið er lögð til viðbót við 1. málsl. 4. mgr. 81. gr. Hún felst í því að ef viðkomandi er með starfsleyfi heima fyrir skuli hann ekki hefja starfsemi fyrr en hann hefur verið skráður í vátryggingamiðlaraskrá.

Setning reglugerða.

Í d-lið er lagt til að breytt verði 6. mgr. 81. gr. Frumvarpið leggur til ítarlegri ákvæði en áður varðandi setningu reglugerða. Við samningu frumvarpsins voru drög að þremur reglugerðum á sviði vátryggingamiðlunar höfð til hliðsjónar.

Um 22. gr.

Þóknun vátryggingamiðlara.

Með hliðsjón af þeirri breytingu sem lögð er til á fyrirkomulagi 80. gr. gildandi laga, sbr. umfjöllun um vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmann, þykir nauðsynlegt að endurskoða 1. mgr. 82. gr. eins og gert er ráð fyrir í a-lið. Vátryggingamiðlari má ekki taka við þóknun frá vátryggingafélagi nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka. Hann getur tekið við greiðslum af öðru tagi, t.d. vegna útlagðs kostnaðar.

Skrifleg heimild til að taka á móti iðgjöldum.

Í b-lið kemur fram að að vátryggingamiðlari megi ekki taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags nema samkvæmt skriflegri heimild. Frá sjónarmiði neytendaverndar er mikilvægt að vátryggingamiðlari geti sýnt fram á að hann hafi heimild til að taka á móti iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags. Heimildina getur hann fengið frá viðkomandi vátryggingafélagi eða fulltrúa þess. Þetta fer eftir atvikum.

Upplýsa skal um þóknun.

Óbreytt er að vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um þóknun sem hann þiggur vegna viðskiptanna fari þeir fram á það sérstaklega. Breytingin skv. c-lið felst í því að ekki er gert ráð fyrir því að vátryggingamiðlari fái umboðslaun.

Um 23. gr.

Upplýsingaskylda um umfang áhættunnar.

Breytingin felur í sér möguleika á að vátryggingamiðlari hér á landi eigi samskipti við millilið, t.d. erlendan vátryggingamiðlara. Þá skal hann upplýsa viðkomandi um tegund og umfang vátryggingaáhættunnar til þess að unnt sé að gera vátryggingataka tilboð. Hér er um breytingu að ræða sem lögð er til í ljósi fenginnar reynslu.

Um 24. gr.

Lagt er til að 84. gr. falli brott. Í ljósi tillögu um breytingu á 80. gr. laganna er óþarft að kveða á um að vátryggingamiðlari skuli jafnan upplýsa um að hann sé skráður hér á landi og tengsl sín við einstök vátryggingafélög.

Reglugerð mun kveða á um skil á gögnum, sbr. 21. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Vátryggingamiðlaraskrá.

Lagt er til að breyta 2. málsl. 1. mgr. 85. gr. þannig að reglugerð kveði á um atriði sem skulu skráð í vátryggingamiðlaraskrá.

Afturköllun starfsleyfis o.fl.

Í b-lið er lögð til breyting á 3. mgr. 85. gr. Gert er ráð fyrir að Vátryggingaeftirlitið geti að uppfylltum tilteknum skilyrðum afturkallað starfsleyfi vátryggingamiðlara. Ráðherra skal staðfesta afturköllun starfsleyfis innan sjö daga. Nauðsynlegt getur verið að grípa til skjótra aðgerða og því er lagt til að Vátryggingaeftirlitið fái þessa heimild.

Um 26. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tilteknar breytingar verði gerðar á lögum um vátryggingastarfsemi til að færa þau til samræmis við ábendingar ESA til íslenskra stjórnvalda.

Í 15. gr. er kveðið á um að Vátryggingaeftirlitið leggi gjald á starfsemi vátryggingamiðlara til að standa undir kostnaði við eftirlit með starfsemi þeirra. Hér er verið að færa í lög gjaldtöku sem til þessa hefur aðeins verið fyrir hendi í reglugerð. Tekjur af gjaldinu eru hluti af sértekjum Vátryggingaeftirlitsins sem alls eru áætlaðar 51,6 m.kr. í fjárlögum 1997.

Ekki verður talið að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

817. Frumvarp til laga [486. mál]

um öryggisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni þarf leyfi ráðherra. Samkvæmt lögum þessum getur öryggisþjónusta falist í eftirfarandi:

a. eftirliti með lokuðum svæðum eða svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum,
b. flutningi verðmæta,
c. taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð,
d. taka við og sinna boðum frá viðvörunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka eða innbrots,
e. annarri öryggisþjónustu hliðstæðri þeirri sem getur a–d-lið samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Leyfi til að annast öryggisþjónustu má veita einstaklingi eða skráðu félagi.

Einstaklingur sem hyggst annast öryggisþjónustu skal fullnægja þessum skilyrðum:

a. vera orðinn 25 ára,
b. vera lögráða,
c. hafa haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár,
d. hafa hvorki gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um skotvopn, né verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda hafi brot ekki verið smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið, og
e. ekki verði talið varhugavert að hann geti með viðunandi hætti sinnt þeirri þjónustu sem hann tekur að sér.

Heimilt er að veita skráðu félagi leyfi til að annast öryggisþjónustu fullnægi framkvæmdastjóri þess skilyrðum 2. mgr. og stjórnarmenn félagsins skilyrðum b–d-liðar 2. mgr. Nú er nýr framkvæmdastjóri ráðinn eða breyting verður á stjórn félags og skal þá senda ráðuneytinu tilkynningu þess efnis innan 14 daga.

3. gr.

Leyfi til að annast öryggisþjónustu skal veitt til fimm ára í senn. Í leyfisbréfi skal tilgreina þá öryggisþjónustu sem leyfið tekur til. Heimilt er að binda leyfið tilteknum skilyrðum um framkvæmd þjónustu og önnur atriði.

4. gr.

Starfsmaður leyfishafa, sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu, skal vera að minnsta kosti 18 ára að aldri og að öðru leyti til þess fallinn að rækja starfann af samviskusemi og trúverðugleik.

5. gr.

Ráðherra skal fella úr gildi leyfi til að annast öryggisþjónustu ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum 2. gr. Sama gildir ef leyfishafi eða starfsmaður hans hefur orðið uppvís að ítrekaðri eða verulegri vanrækslu í starfi þannig að öryggisþjónustan teljist ekki fullnægjandi eða ekki hefur verið gætt þeirra skilyrða sem leyfi er bundið við.

Ráðuneytið hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa og ber honum að veita því allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína og önnur atriði, sem þýðingu hafa. Til að sinna eftirliti hafa starfsmenn ráðuneytisins án dómsúrskurðar aðgang að starfsstöð leyfishafa.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Um nokkra hríð hafa verið starfandi hér á landi fyrirtæki, sem veita viðskiptavinum sínum ýmsa öryggisþjónustu. Þjónusta þessi er með margvíslegu móti, en felst einkum í því að gæta húsakynna eða athafnasvæða, hvort heldur sem er með eftirlitsferðum vaktmanna eða móttöku boða frá öryggiskerfum vegna eldsvoða, vatnsleka eða innbrots. Er þjónustan bæði veitt einstaklingum og lögaðilum í sífellt vaxandi mæli. Að gildandi lögum eru hvorki takmarkanir á því, hver getur haft slíkan rekstur með höndum né nánari reglur um framkvæmd starfseminnar. Þá eru ekki í lögum eða reglum gerðar sérstakar kröfur til starfsmanna þeirra sem bjóða öryggisþjónustu.

Almennt er það hlutverk lögreglu að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá ber lögreglu að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi, svo sem nánar greinir í 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sem taka gildi 1. júlí 1997. Eðli máls samkvæmt er takmörkunum háð í hvaða mæli lögregla getur verndað hagsmuni einstaklinga og lögaðila. Til að tryggja betur hagsmuni sína hafa margir leitað eftir þjónustu öryggisfyrirtækja, einkum ef miklir hagsmunir eru í húfi. Starfsemi þessi hefur því miklvægu þjóðfélagslegu hlutverki að gegna, hvort heldur er til að stemma stigu við afbrotum eða vernda eignir manna gegn vá af öðru tilefni.

Starfsemi þeirra sem annast öryggisþjónustu hefur allmikla sérstöðu borið saman við aðra atvinnustarfsemi. Í þeim efnum má helst nefna að þjónustan er um margt áþekk hlutverki lögreglu lögum samkvæmt. Einnig verður að hafa í huga að starfsemin varðar oft mikla hagsmuni, sem geta hæglega farið forgörðum ef þeir eru ekki verndaðir, eða sá, sem hefur með höndum að gæta þeirra, sinnir verkefninu ekki af trúverðugleik og samviskusemi. Þá skiptir máli að þeir sem annast öryggisþjónustu hafa þá sérstöðu að geta notað aðstöðu sína í vafasömum tilgangi. Eru þess dæmi að menn með brotaferil hafi haslað sér völl á þessu sviði.

Þegar þetta er haft í huga er nauðsynlegt að takmarka hverjir geti sinnt þjónustu af þessu tagi og jafnframt að tryggja að þeir sem kjósa að leita eftir henni geti treyst því svo sem frekast er kostur að starfsemin sé áreiðanleg. Þótt ekki verði annað séð en almennt megi vel una við starfsemi þeirra fyrirtækja sem nú bjóða öryggisþjónustu eru röksemdir þessar svo veigamiklar að brýnt tilefni er að setja löggjöf um þetta. Hefur reynslan einnig verið sú í flestum nágrannalöndum okkar. Þá þekkist einnig að tilefni slíkrar löggjafar hafi verið tilmæli þeirra sem starfa á þessu sviði í þeim tilgangi að tryggja örugga framkvæmd starfseminnar og auka tiltrú þeirra sem njóta hennar.

II.

Í Danmörku voru lögfestar reglur um öryggisþjónustu árið 1986 (Lov om vagtvirksomhed). Samkvæmt þeim þarf leyfi til að annast nánar tilgreinda öryggisþjónustu og fæst það hjá dómsmálaráðuneytinu eða því stjórnvaldi sem er falið að fara með slíkar leyfisveitingar. Leyfi verður veitt hvort heldur sem er einstaklingi eða lögaðila að fullnægðum tilgreindum skilyrðum. Starfsmenn öryggisþjónustufyrirtækja verða einnig að fullnægja tilteknum skilyrðum og er ráðning starfsmanns háð samþykki stjórnvalda. Í lögunum er einnig að finna heimildir til að afturkalla leyfi við ákveðnar aðstæður, auk þess sem kveðið er á um eftirlit með starfseminni. Þá er í lögunum að finna heimild til að setja reglugerðir um starfsemina og framkvæmd hennar, svo sem varðandi menntun starfsmanna, einkennisklæðnað þeirra, notkun hunda við eftirlitsstörf, bifreiðir og annan tækjabúnað.

Á þessu sviði gilda í Noregi lög frá árinu 1988 (Lov om vaktvirksomhet). Þar er mælt fyrir um að lögin gildi um tiltekna öryggisþjónustu og að sá, sem framkvæmir eða tekur að sér slíka þjónustu, verði að hafa leyfi viðkomandi lögreglustjóra. Verður sá, sem hefur með höndum stjórn daglegrar starfsemi slíks fyrirtækis, að fullnægja tilteknum skilyrðum, auk þess sem gera verður tilteknar kröfur við ráðningu starfsmanna. Þá er einnig mælt fyrir um eftirlit með starfseminni og heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð.

Í Svíþjóð og Finnlandi hafa einnig verið sett lög um fyrirtæki, sem veita öryggisþjónustu.

III.

Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til gildandi laga annars staðar á Norðurlöndum. Er lagt til að löggjöf hér á landi verði hagað með áþekkum hætti þannig að leyfi þurfi til að annast tiltekna öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Með því að setja tiltekin skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu er unnt að fyrirbyggja að þeir sem augljóslega eru ekki fallnir til að veita viðunandi þjónustu hasli sér völl á þessu sviði. Er einnig gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið nánar á um framkvæmd þjónustunnar. Með þessu er leitast við að tryggja ákveðin gæði þeirrar þjónustu sem stendur til boða á þessum markaði.

Við samningu þessa frumvarps hefur þess verið gætt sérstaklega að leggja engar óþarfar álögur eða íþyngjandi kvaðir á starfsemi þeirra sem annast öryggisþjónustu. Þannig er til dæmis ekki gert ráð fyrir að innheimt verði annað en 5.000 kr. lágmarks leyfisgjald skv. 23. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, en sérstök gjaldtaka af starfsemi þessari þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Þá hefur verið leitast við að hafa reglur frumvarpsins einfaldar og aðgengilegar þannig að lög standi ekki fyrir þrifum þjóðfélagslega nauðsynlegri starfsemi. Verði frumvarpið að lögum er fyrirhugað að við setningu reglugerðar um nánari framkvæmd laganna verði haft samráð við þá sem nú sinna öryggisþjónustu.

Ekki þykja efni til að haga frumvarpinu þannig að þeim sem sinna öryggisþjónustu verði falið opinbert vald til dæmis til handtöku sakbornings. Í slíkum tilvikum verður því að leita atbeina lögreglu nema ótvíræð lagaheimild standi til annars, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að leyfi ráðherra þurfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Hér er átt við þá sem bjóða öðrum þessa þjónustu gegn endurgjaldi, hvort heldur það er meginþáttur í starfsemi viðkomandi eða hluti hennar. Ekki er gert ráð fyrir að ákvæði frumvarpsins gildi um þá sem annast eigin öryggisgæslu sjálfir eða með sérstökum starfsmönnum sínum. Sama á við þegar nágrannar taka sig saman og gæta eigna hver annars, eins og þekkist í einhverjum mæli.

Í ákvæðinu er nánar tilgreind sú öryggisþjónusta sem frumvarpið tekur til. Er annars vegar um að ræða tiltekna þjónustu í a–d-lið og hins vegar hliðstæða þjónustu, sem ráðherra getur með reglugerð ákveðið að falli undir frumvarpið, sbr. e-lið. Í a-lið er mælt fyrir um að frumvarpið taki til eftirlits með lokuðum svæðum eða svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum. Með svæðum er bæði átt við húsakynni eða svæði utan dyra, eins og athafnasvæði fyrirtækja. Í b-lið er lagt til að frumvarpið taki til flutnings á verðmætum og í c-lið móttöku á boðum frá einstaklingum um aðstoð. Hafa öryggisfyrirtæki boðið einstaklingum þá þjónustu að hafa á sér boðtæki til að gera viðvart ef þörf krefur. Hefur sú þjónusta verið mikilvæg fyrir aldraða og sjúka. Í d-lið er síðan lagt til að frumvarpið gildi um þá sem taka við boðum frá viðvörunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka eða innbrots. Loks er í e-lið að finna heimild fyrir ráðherra til að ákveða að frumvarpið taki einnig til hliðstæðrar öryggisþjónustu, sem ekki er getið í a–d-lið. Þetta svigrúm er nauðsynlegt í ljósi þróunar á þessu sviði, en þess má vænta að öryggisfyrirtæki tileinki sér nýjungar og bjóði viðskiptavinum sínum aukna þjónustu. Þykir rétt að frumvarpið taki til þessarar starfsemi í heild sinni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að leyfi til að annast öryggisþjónustu megi veita einstaklingi eða skráðu félagi að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Með því er komið í veg fyrir að þessi þjónusta verði á hendi þeirra, sem síður má vænta að geti veitt hana með viðunandi hætti. Þannig er leitast við að efla og viðhalda trausti, sem þessi starfsemi hefur notið.

Samkvæmt 2. mgr. eru það skilyrði fyrir útgáfu leyfis til einstaklings, að hann sé orðinn 25 ára, lögráða, hafi haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár, auk þess sem hann hafi ekki gerst sekur um nánar tilgreind brot. Einnig er lagt til það skilyrði að ekki verði talið varhugavert að viðkomandi geti með viðunandi hætti sinnt þeirri þjónustu sem hann tekur að sér. Hér getur komið til álita að viðkomandi sé þannig á sig kominn andlega að hann er ekki fær um að sinna þjónustu af þessu tagi eða tiltekin atvik valdi því að með rökstuddum hætti megi draga í efa trúverðugleik hans.

Í 3. mgr. eru skilyrði sem fullnægja verður ef skráð félag sækir um leyfi til að annast öryggisþjónustu. Þá verður framkvæmdastjóri að fullnægja skilyrðum 2. mgr., en ekki þykja efni til að gera jafnstrangar kröfur til stjórnarmanna félagsins. Loks er mælt fyrir um að tilkynna beri ráðuneytinu ef nýr framkvæmdastjóri er ráðinn eða nýr maður tekur sæti í stjórn félags. Brýnt er að þegar í stað liggi fyrir upplýsingar þar að lútandi, svo metið verði hvort beitt verði úrræðum 5. gr.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að leyfi samkvæmt frumvarpinu verði veitt til fimm ára í senn. Þar með er tryggt að reglulega verði endurmetið hvort leyfishafi fullnægir skilyrðum 2. gr. Tilgangur þessa er einnig að hafa nauðsynlegt eftirlit með framkvæmd þjónustunnar. Beiðni um endurveitingu leyfis ætti jafnan að vera unnt að afgreiða með einfaldri könnun á því, hvort umsækjandi fullnægir settum skilyrðum. Þetta ætti almennt ekki að íþyngja þeim sem starfa á þessu sviði. Í leyfi skal tilgreina þá þjónustu skv. 1. gr. sem leyfið tekur til og verður umsækjandi því að tiltaka í umsókn sinni fyrirhugaða starfsemi. Þetta helgast af því að við mat á skilyrðum frumvarpsins skiptir máli hvaða þjónustu umsækjandi hyggst hafa með höndum. Þá er gert ráð fyrir heimild til að binda leyfi tilgreindum skilyrðum.

Um 4. gr.

Lagt er til að gerðar verði kröfur til aldurs og áreiðanleika starfsmanna þess sem hefur leyfi til að annast öryggisþjónustu. Verður að hafa í huga að gæði þjónustunnar ráðast að miklu leyti af þeim starfsmönnum sem sinna einstökum verkefnum. Þessi skilyrði gilda einvörðungu um þá sem annast framkvæmd öryggisþjónustu. Tekur ákvæðið ekki til annars starfsfólks, svo sem ritara, sendla og þeirra sem vinna við hefðbundin skrifstofustörf án þess að þau varði framkvæmd þjónustunnar sem slíkrar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að starfsmenn hans fullnægi ávallt þessum skilyrðum.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að fella skuli úr gildi leyfi til að annast öryggisþjónustu ef leyfishafi fullnægir ekki skilyrðum 2. gr. Sama gildir ef verulegur misbrestur hefur orðið á þjónustunni eða ekki hefur verið gætt skilyrða, sem leyfi er bundið við. Úrlausn ráðuneytis um að fella úr gildi leyfi verður borin undir dómstóla samkvæmt almennum reglum.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skyldu leyfishafa til að veita ráðuneytinu upplýsingar við eftirlit með starfsemi hans og önnur atriði, sem þýðingu hafa. Jafnframt er mælt fyrir um aðgang að starfsstöð leyfishafa.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Ekki þykja efni til að leggja þyngri refsingu en sektir við broti á ákvæðum frumvarpsins eða reglum settum samkvæmt því.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um öryggisþjónustu.

Í frumvarpinu eru lögfest skilyrði sem leyfishafar þurfa að uppfylla til að mega veita öryggisþjónustu en í gildandi lögum eru hvorki takmarkanir á því hver getur haft slíkan rekstur með höndum né nánari reglur um framkvæmd starfseminnar. Dómsmálaráðuneytinu er ætlað að hafa eftirlit með starfsemi leyfishafa. Hugsanlegt er að það leiði til lítils háttar útgjaldaauka í ráðuneytinu en að öðru leyti er það mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.

818. Frumvarp til laga [487. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts, en er minna en 0,60 milligrömm, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

b. 3. mgr. orðast svo:
Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:
a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Lögreglumaður getur framkvæmt öndunarpróf á ökumanni vélknúins ökutækis ef.
b. 2. mgr. orðast svo:
Lögreglumaður getur fært ökumann til rannsóknar á öndunarsýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða er ófær um það. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.
c. Við bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr., og orðast svo:
Lögregla annast töku öndunarsýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir annast töku blóðsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.
d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:
a. Orðið „og“ í e-lið fellur brott.
b. Við bætist nýr liður, er verður f-liður, og orðast svo: gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækja og búnaði þeirra, og.
c. Núverandi f-liður verður g-liður.

4. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:
Fela má hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í, Skráningarstofunni hf., að annast skráningu ökutækja, svo og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað.
Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun hf. og Skráningarstofunni hf.

5. gr.

2. mgr. 67. gr., sbr. lög nr. 44/1993, fellur brott.

6. gr.

Á eftir XI. kafla laganna kemur nýr kafli, XI.a SÉRAÐSTÆÐUR HREYFIHAMLAÐRA, með nýrri grein, 78. gr. a, er orðast svo:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 91. gr. laganna:

a. Í stað „250.000.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 800 millj. kr., og í stað „50.000.000 kr.“ kemur: 160 millj. kr.
b. Í stað „Tryggingaeftirlitsins“ í 3. mgr. kemur: Vátryggingaeftirlitsins.

8. gr.

Í stað „10.000.000 kr.“ í 1. mgr. 92. gr. laganna kemur: 60 millj. kr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 7. og 8. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingarfjárhæðir skv. 2. mgr. 91. gr. og 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga skulu á árinu 1998 taka breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar frá 1. mars 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum umferðarlaganna. Þessar breytingar eru sundurleitar en tilkomnar vegna stöðugrar viðleitni til að ná fram þeim megintilgangi laganna að stuðla að umferðaröryggi og tryggja hag þeirra sem verða fyrir tjóni í umferðinni.

Breytingarnar eru þessar:

1. *Ölvun við akstur* er meðal alvarlegri brota í umferðinni. Um langt skeið hefur sönnun á ölvunarástandi ökumanns ráðist af rannsókn á vínandamagni í blóði og hefur niðurstaða blóðrannsóknar verið lögfull sönnun á því hvort ökumaður hefur talist geta stjórnað ökutæki örugglega. Á síðari árum hafa komið fram nýjar aðferðir til að mæla ölvunarástand með ekki minni nákvæmni en við blóðrannsókn. Felast þær í því að mælt er vínandamagn í lofti sem ökumaður andar frá sér. Eru aðferðir þessar einfaldar í framkvæmd, búnaður er þannig að lögreglumaður getur framkvæmt þær í stað þess að hann færi ökumann til læknis til rannsóknar, og þær ganga fljótar fyrir sig en rannsókn á blóðsýni. Niðurstaða um áfengisáhrif liggur þá strax fyrir sem felur í sér að meðferð mála tekur styttri tíma. Þá er létt af ökumanni þeirri kvöð að vera færður af lögreglu til læknis. Sparast með þessu verulegur tími hjá lögreglu og starfsfólk heilsugæslu og á rannsóknastofum getur þá sinnt öðrum verkefnum. Í heild felur beiting þessarar aðferðar í sér aukið réttaröryggi. Hafa lagareglur um sönnunargildi þessara mælinga verið lögfestar í ýmsum löndum, meðal annars í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Reynsla af þessari mæliaðferð er góð og er fyrirhugað að slíkur búnaður verði tekinn í notkun hér á landi. Er því lagt til að niðurstaða mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði að lögum metin sem fullnægjandi sönnun um ölvunarástand á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt.

2. *Vátryggingarfjárhæðir* vegna ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns, sem ákveðnar voru með umferðarlögunum 1987, hafa árlega tekið breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Fjárhæðir í ábyrgðartryggingunni eru frá 1. mars 1997 495 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 108 millj. kr. vegna munatjóns. Fjárhæð slysatryggingar ökumanns frá sama tíma er 20 millj. kr. Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, er tóku gildi 1. júlí 1993, voru hæstu bætur til einstaklings vegna al-

varlegra slysa hækkaðar verulega. Með hækkun á margföldunarstuðli skaðabótalaganna samkvæmt lögum nr. 42/1996 geta hámarksbætur vegna slysa nú orðið um 52 millj. kr. Ekki er kunnugt um tjón í slysatryggingu ökumanns sem áætlað er að muni nema hærri fjárhæð en nemur vátryggingarfjárhæðinni. Hins vegar hafa orðið nokkur slysatjón í ábyrgðartryggingu ökutækja þar sem bætur eru áætlaðar hærri eða á bilinu 20–30 millj. kr. Án lagabreytingar er ekki unnt að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna umfram verðlagsbreytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að vátryggingarfjárhæðirnar séu jafnan það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Er því lagt til að vátryggingarfjárhæð í slysatryggingu ökumanns verði ákveðin 60 millj. kr. Jafnframt er lagt til að vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar vegna líkamstjóns eða missis framfæranda verði ákveðin 800 millj. kr. og að vátryggingarfjárhæð í munatjónum ábyrgðartryggingar verði ákveðin 160 millj. kr. Ekki er talið að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatrygginganna einar sér hafi teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar.

3. *Séraðstæður hreyfihamlaðra.* Lagt er til að heimilað verði að setja almennar reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja. Um langt skeið hafa verið í gildi reglur sem lögreglustjórinn í Reykjavík setti um undanþágur fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja. Hefur Sjálfsbjörg, samtök fatlaðra í Reykjavík, haft umsjón með útgáfu þessara undanþáguheimilda í samráði við embætti lögreglustjóra og mun almennt hafa verið tekið tillit til þeirra af hálfu lögreglu í öðrum umdæmum. Rétt þykir að um þetta verði settar almennar reglur sem gildi fyrir landið allt og að þær hafi beina lagastoð.

4. *Skráning ökutækja.* Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem tók til starfa 1. janúar 1989 hafði með höndum skráningu ökutækja og skoðun þeirra. Frá og með ársbyrjun 1994 hefur skoðun ökutækja farið fram á vegum sérstakra faggiltra skoðunarstöðva. Starfsemi skoðunarstöðvanna miðaðist fyrst og fremst við almenna og lögbundna skoðun ökutækja. Önnur skoðun sem tengdist skráningu ökutækja (nýskráningu eða breytingum) var hins vegar á vegum Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Verkþættir þessir hafa nú verið aðskildir að fullu og hefur Bifreiðaskoðun Íslands hf. verið skipt upp í tvö fyrirtæki, Skráningarstofuna hf., sem annast skráningu ökutækja og ýmis tæknileg málefni sem varða ökutæki og búnað þeirra og Bifreiðaskoðun hf. sem starfar að skoðun ökutækja. Kom þessi skipting til framkvæmda 4. febrúar 1997. Ríkissjóður hefur átt helmings hlut í Bifreiðaskoðun Íslands hf. og við skiptingu fyrirtækisins er ríkissjóður helmings hluthafi í báðum fyrirtækjunum. Ákveðið hefur verið að ríkissjóður selji hlut sinn í Bifreiðaskoðun hf. Af þessu tilefni eru lagðar til viðeigandi breytingar á umferðarlögunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 2. og 3. mgr. 45. gr. verði breytt þannig að heimilt verði að ákvarða ölvunarástand ökumanns á grundvelli vínandamagns í lofti sem hann andar frá sér til jafns við vínandamagn í blóði. Mælingar af þessu tagi er nú unnt að framkvæma af sömu nákvæmni og mælingar á vínandamagni í blóði. Sýna rannsóknir að fullt samræmi er milli vínandamagns í blóði manns og vínandamagns í því lofti sem hann andar frá sér við mismunandi ölvunarástand.

Um 2. gr.

Breytingar, sem lagðar eru til á 1. mgr. 47. gr., taka mið af því að sérstök mæling á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði lögð til grundvallar við ákvörðun ölvunarstigs. Er lagt til að orðið öndunarpróf verði notað um þau öndunarsýni ("alkotest") sem lögregla tekur til könnunar á því hvort um ölvunarakstur er að ræða.

Lagt er til að 2. mgr. 47. gr. verði breytt með hliðsjón af hinum nýju aðferðum til að rannsaka vínanda í lofti sem ökumaður andar frá sér. Þá er lagt til að í stað orðsins læknisrannsókn verði notað hugtakið læknisskoðun sem vísar betur til „klíniskrar" læknisrannsóknar sem höfð er í huga.

Lagt er til að ákveðið verði að lögregla annist töku öndunarsýna og að taka blóðsýna verði í höndum lækna svo sem verið hefur, en að auk þess geti hjúkrunarfræðingar og meinatæknar annast töku blóðsýna, innan þeirra reglna sem um störf þeirra gilda. Skv. 3. mgr. gildandi laga, sem verður 4. mgr., er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um töku sýna og rannsókn. Mun það einnig ná til öndunarsýna.

Um 3. gr.

Lagt er til að við 64. gr. bætist nýr töluliður þannig að ráðherra kveði á um gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækja og búnaði þeirra. Viðurkenning á gerð ökutækja er hluti skráningarferils og verkefni skráningarstofu.

Um 4. gr.

Lagt er til að 65. gr. verði breytt og að þar komi nýtt ákvæði um skráningarstofu, hliðstætt því ákvæði sem sett var í lögin 1988 vegna stofnunar Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Jafnframt er lagt til að ákveðið verði að dómsmálaráðherra fari með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun hf. og Skráningarstofunni hf., svo sem nú er um Bifreiðaskoðun Íslands hf.

Um 5. gr.

Lagt er til að ákvæði 2. mgr. 67. gr., um að ráðherra ákveði gjald fyrir skoðun ökutækja, falli brott. Sú skoðun fer nú fram hjá faggiltum skoðunarstöðvum þar sem gjaldtaka byggist á frjálsri verðmyndun og samkeppni.

Um 6. gr.

Lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana. Gert er ráð fyrir að slíkar reglur verði settar í samráði við samtök fatlaðra og þau stjórnvöld sem fara með málefni fatlaðra.

Um 7. gr.

Lagt er til að vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja skv. 2. mgr. 91. gr. verði hækkaðar umfram þá heimild sem leiðir af verðlagsbreytingum, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þetta þykir rétt með hliðsjón af hækkun bóta í kjölfar nýrra skaðabótalaga og eftirfarandi hækkun margföldunarstuðuls þeirra laga og að öðru leyti til að tryggja að vátryggingarfjárhæðir hrökkvi nú, ekki síður en þegar grunntölur vátryggingarfjárhæðanna voru lögfestar 1987, til að greiða bætur í alvarlegum umferðarslysum.

Þá er lagt til að heiti Tryggingaeftirlitsins í 3. mgr. verði breytt í samræmi við ný lög um vátryggingastarfsemi.

Um 8. gr.

Með skaðabótalögum hafa hæstu bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkað verulega þannig að vátryggingarfjárhæð skv. 1. mgr. 92. gr. hrekkur ekki til greiðslu hæstu bóta. Þykir nauðsynlegt að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar sé það há að hún nægi almennt fyrir bótum sem leiða af tjóni.

Um 9. gr.

Lagt er til að ákvæði er varðar vátryggingarfjárhæðir komi til framkvæmda 1. júlí 1997. Er þá haft í huga að vátryggingafélög hafi ráðrúm til að afla sér endurtryggingarverndar sem nemur þeim fjárhæðum sem lagt er til að ákveðnar verði. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingarfjárhæðir ökutækjatrygginga hafa árlega, að fengnum tillögum Vátryggingaeftirlitsins, verið endurskoðaðar í samræmi við verðlagsbreytingar, sbr. 3. mgr. 91. gr. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga. Endurskoðunin hefur miðast við 1. mars hverju sinni og er lagt til að endurskoðun fjárhæðanna á árinu 1998 taki mið af verðlagsbreytingum frá 1. mars 1997.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum umferðarlaga. Breytingarnar eru margvíslegar og eru tíundaðar í greinargerð með frumvarpinu. Í ákvæðum er snúa að ölvunarakstri er ölvun talin sönnuð með öndunarsýni en í núgildandi lögum er niðurstaða blóðrannsóknar lögmæt sönnun á því hvort ökumaður telst hæfur til að stjórna ökutæki örugglega. Öndunarsýni þessi eru framkvæmd með sérstökum búnaði og kostar hvert tæki um sig rúmlega 1 m.kr. Frumvarpið heimilar en skyldar ekki notkun slíkra tækja og hefur því ekki bein áhrif á kostnað ríkissjóðs. Gera má hins vegar ráð fyrir að nokkur slík tæki verði keypt árlega næstu árin. Hagræði af notkun tækja til töku öndunarsýna felst fyrst og fremst í að vinna og tími við töku blóðsýna sparast lögreglu, sjúkrahúsum og hinum grunaða til hagræðis.

819. Fyrirspurn [488. mál]

til menntamálaráðherra um framtíðaráætlanir um útgjöld til menntamála.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hvaða áætlanir eða spár hefur menntamálaráðuneytið gert um framtíðarútgjöld ríkisins til menntamála?

Út frá hvaða mannfjöldaspám er gengið og hvernig er áætlað að þróun útgjalda verði?

Skriflegt svar óskast.

820. Fyrirspurn [489. mál]

til heilbrigðisráðherra um framtíðaráætlanir um útgjöld heilbrigðis- og tryggingakerfisins.

Frá Árna M. Mathiesen.

Hvaða áætlanir eða spár hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gert um framtíðarútgjöld ríkisins til heilbrigðiskerfisins og almannatryggingakerfisins?

Út frá hvaða mannfjöldaspám er gengið og hvernig er áætlað að þróun útgjalda verði?

Skriflegt svar óskast.

821. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni Erhardsdóttur, Kjartan Gunnarsson og Pál Gunnar Pálsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Bílgreinasambandinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum, Lögreglustjóranum í Reykjavík, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Sambandi íslenskra viðskiptabanka.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í þeim felst:

1. Tekin verði af tvímæli um að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstaka skrá sem leggja skal fram við sölu notaðra ökutækja þar sem fram kemur hverjir hafi verið eigendur að bifreiðinni og tjónaferill hennar.

2. Lagt er til að fellt verði brott úr frumvarpinu ákvæði um sérstakt 5.000 kr. eftirlitsgjald til að standa straum af kostnaði við eftirlit lögreglustjóra með bifreiðasölum. Á fundi nefndarinnar kom fram að kostnaður við að leggja gjaldið á og innheimta það gæti jafnvel orðið meiri en sem nemur fjárhæð gjaldsins. Jafnframt er lögð til lagfæring á orðalagi 3. efnismgr. 7. gr. frumvarpsins.
3. Lagt er til að inn í lögin komi almenn heimild fyrir ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nefndin vill taka fram að hún lítur svo á að ef lögfræðingar eða viðskiptafræðingar sækja um starfsleyfi samkvæmt lögunum sé eðlilegt að veita þeim undanþágu frá námskeiðsskyldu 3. gr. laganna ef ætla má að þeir hafi fullnægjandi þekkingu til að annast bifreiðasölu.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form.	Ágúst Einarsson, frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.		Einar Oddur Kristjánsson.

822. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.
2. Við 7. gr.
   a. 2. efnismgr. falli brott.
   b. 3. efnismgr. orðist svo:
      Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna, og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.
3. Á eftir 7. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:
   Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

823. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um endurskoðendur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Reykjavíkurborg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Skal nú gerð grein fyrir einstökum liðum þeirra tillagna:

1. Lögð er til umorðun á 1. gr. Ekki felst efnisbreyting í þeirri tillögu.
2. Lagðar eru til nokkrar tæknilegar breytingar á 2. gr. til frekari skýringar og einföldunar. Sérstaklega skal tekið fram að með því að fella brott 7. tölul. er ekki verið að breyta neinu þar sem mælt er fyrir um vátryggingarskylduna í 11. gr. frumvarpsins.
3. Lagt er til að í 4. gr. verði settar skýrari reglur um endurmenntun.
4. Við 7. gr. Breytingartillaga a-liðar snýr að orðalagi málsliðarins. Í b-lið er lagt til að efni 10. gr. frumvarpsins verði fært yfir í 7. gr. og jafnframt verði horfið frá þeirri kröfu að þeir sem löggiltir hafa verið sem endurskoðendur, en hafa endurskoðun ekki að aðalstarfi, verði skyldaðir til að leggja inn réttindi sín.
5. Við 9. gr. Í a-lið er horfið frá því skilyrði að ákvæðið nái eingöngu til „arðgefandi“ eignarhluta. Í b-lið er lagt til að heimilt verði að veita undanþágu frá skilyrði um að endurskoðandi megi ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann endurskoðar fyrir.
6. Lagt er til að 10. gr. falli brott. Sjá skýringar við 4. lið.
7. Við 11. gr. Í a-lið er lagt til að talað verði um „gáleysi“ í stað „einfalds gáleysis“. Er það til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum lögum. Undir gáleysi fellur bæði einfalt og stórfellt gáleysi. Tillögu b-liðar leiðir af breytingartillögum við 7. gr.
8. Lögð er til lagfæring á orðalagi 13. gr. Ekki felst efnisbreyting í þeirri tillögu.
9. Lagt er til að við bætist bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið verði á um að ákvæði 4. gr. um endurnýjun löggildingar og viðhald menntunar gildi einnig um þá endurskoðendur sem öðlast hafa löggildingu fyrir gildistöku laga þessara.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.		Einar Oddur Kristjánsson.

824. Breytingartillögur [214. mál]

við frv. til l. um endurskoðendur.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað 1. og 2. mgr. komi ný málsgrein sem orðist svo:
   Með endurskoðanda er í lögum þessum átt við þann sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum til notkunar í viðskiptum, ráðherra hefur löggilt til endurskoðunarstarfa og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.
2. Við 2. gr.
   a. 2. tölul. 1. mgr. orðist svo: hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. þó 2. mgr.
   b. 7. tölul. falli brott.
   c. Í stað orðsins „endurskoðunarkjörsviði“ í 3. mgr. komi: reikningshalds- og endurskoðunarkjörsviði.
3. Við 4. gr. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Fjármálaráðherra skal að fengnum tillögum prófnefndar skv. 3. gr. setja reglugerð um endurmenntunarnámskeið fyrir endurskoðendur. Skal þar m.a. kveðið á um lágmarksendurmenntun, námskeiðsgreinar, gjaldtöku og annað er að framkvæmd námskeiða lýtur.
4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „bagar ekki“ í 1. mgr. komi: hefur ekki áhrif á.
   b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:
      Endurskoðanda er óheimilt að gefa til kynna að hann sé endurskoðandi hjá fyrirtæki eða stofnun sem hann er vanhæfur til að endurskoða, sbr. 9. gr.
      Endurskoðanda er ávallt frjálst að leggja inn réttindi sín og skal þá vátryggingarskylda skv. 10. gr. falla niður. Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín er honum óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi, sbr. 1. mgr.
5. Við 9. gr.
   a. Orðið „arðgefandi“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu.
6. Við 10. gr. Greinin falli brott.
7. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. Í stað orðanna „einföldu gáleysi“ komi: gáleysi.
   b. Við bætist nýr málsliður er orðist svo: Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 6. mgr. 7. gr.
8. Við 13. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar þrjá menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Ákvæði 4. gr. um endurnýjun löggildingar og viðhald menntunar skulu einnig gilda um þá endurskoðendur sem öðlast hafa löggildingu fyrir gildistöku laga þessara.

825. Tillaga til þingsályktunar [490. mál]

um stöðvun hraðfara jarðvegsrofs.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar, með vísan til samþykktar frá Alþingi árið 1990 um stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar fyrir árið 2000, að verja fram til ársins 2005 samtals 1,5 milljörðum kr. til Landgræðslu ríkisins til stöðvunar hraðfara jarðvegsrofs á helstu uppblásturssvæðum landsins.

Fjárveiting þessi rýri ekki árlegar fjárveitingar til Landgræðslu ríkisins frá því sem nú er.

Skipting þessarar fjárveitingar verði eftirfarandi: 50 millj. kr. árið 1997, 100 millj. kr. árið 1998, 150 millj. kr. árið 1999 og 200 millj. kr. árið 2000.

Árleg fjárveiting næstu fimm ára, 2001–2005, verði 200 millj. kr.

Áætlunin verði endurskoðuð innan fjögurra ára.

Árlegar fjárveitingar til áætlunar þessarar haldi verðgildi sínu.

Greinargerð.

Þrjár landgræðsluáætlanir.

Upphaf landgræðsluáætlana má rekja aftur til ársins 1971 er þáverandi landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til að gera heildaráætlun um alhliða landgræðslu og skipulega nýtingu landsgæða. Niðurstaða nefndarinnar var samþykkt á Þingvöllum 28. júlí 1974 sem þingsályktun um Landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu, almennt kölluð Þjóðargjöfin (fskj. I).

Þessi áætlun var byggð á mikilli bjartsýni enda tengd sögulegum atburði. Í hinni almennu umræðu var jafnan tekið svo til orða að með þeirri fyrirætlan skyldi íslenska þjóðin greiða landinu 11 alda fósturlaun.

Sú starfsemi í landgræðslu og gróðurvernd, sem af landgræðsluáætlun 1974 leiddi, var afar mikilvæg og gætir áhrifa hennar í sívaxandi mæli. Hins vegar var markmiðið um greiðslu fósturlaunanna víðs fjarri. Því var það að Alþingi samþykkti tvær landgræðsluáætlanir hvora á eftir annarri, 20. apríl 1982 (fskj. II) og 5. mars 1987 (fskj. III). Nefnd skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna undir forustu ráðuneytisstjóra landbúnaðarráðuneytisins fylgdist með framkvæmd þessara áætlana.

Þessar þrjár áætlanir áttu það sameiginlegt að þær byggðust ekki á kostnaðarmati með skilgreindum landgræðsluverkefnum, heldur var ákveðið að tilteknu fjárframlagi yrði á hverju fimm ára tímabili varið til þeirra verkefna sem tilgreind voru í áætlununum þrátt fyrir að kostnaður einstakra verkefna lægi ekki fyrir.

Samþykktir fyrrgreindra landgræðsluáætlana hafa skipt sköpum um framkvæmdir á sviði uppgræðslu og gróðurverndar.

Þingsályktun frá 1990 um stöðvun jarðvegseyðingar.

Þann 19. mars 1990 var samþykkt þingsályktun á Alþingi sem miðaði að því að uppblástur á helstu sandfokssvæðum yrði stöðvaður um aldamótin 2000 (fskj. IV).

Í ljós kom að forsenda fyrir því að hægt væri að vinna samkvæmt þingsályktuninni var að kortleggja uppblásturssvæðin og skilgreina þau. Því var á Alþingi 13. mars 1991 samþykkt tillaga um kortlagningu gróðurlendis Íslands (fskj. V). Þar var m.a. ákveðið að tilgreina hver væri stærð þeirra landa sem þingsályktunin frá 1990 tók mið af.

Þann 29. október 1992 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra fagráð í landgræðslu. Í skipunarbréfinu er m.a. tekið fram að verkefni á sviði landgræðslumála falli undir verksvið fagráðs í landgræðslu. Á grundvelli þess hefur fagráðið í samvinnu við Landgræðslu ríkisins unnið að gerð þessarar landgræðsluáætlunar. Á fundi sínum, sem haldinn var á Grímstöðum á Fjöllum 25. ágúst 1993, samþykkti fagráðið eftirfarandi ályktun:

„Fagráð í Landgræðslu ríkisins beinir þeim eindregnu tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann hlutist til um að á næstu fjárlögum verði fjárveiting að upphæð kr. fimm milljónir til að gera heildarúttekt á viðfangsefnum Landgræðslu ríkisins og skipa þeim í forgangsröð eftir umfangi þeirra og þýðingu."

Landbúnaðarráðuneytið hefur síðan varið 3 millj. kr. árlega til þessa verkefnis. Segja má að með þessari fjárveitingu hafi verið lagður grundvöllur að þeirri niðurstöðu sem nú liggur fyrir um mat á umfangi landgræðsluverkefna.

Áður er frá því sagt að nefnd sú, sem falið var að gera áætlun um landgræðsluverkefni til aldamóta, hafi ekki haft forsendur til slíkrar áætlunargerðar. Af þeirri ástæðu og að teknu tilliti til ályktunar Alþingis 1991 var leitað til Landmælinga Íslands um gerð myndkorta af gróðurfari á Íslandi. Með þeirri nýju tækni í myndkortagerð sem stofnunin réð yfir var með skjótum hætti fenginn grundvöllur fyrir mati á gróðurfari landsins. Auk Landmælinganna greiddu Landgræðsla ríkisins og Framleiðnisjóður landbúnaðarins kostnað við það verkefni.

Síðari þáttur þessa mikilvæga verkefnis, vettvangsgreining gróðurlenda Íslands, hefur verið unnin af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. Segja má að þar með sé fengin úttekt sérfræðinga á jarðvegsrofi landsins.

Markvisst landgræðslustarf.

Sú þingsályktunartillaga, sem hér er lögð fram, tekur einkum á einum þætti þessa verkefnis, stöðvun jarðvegsrofs með uppgræðsluaðgerðum á helstu rofsvæðum landsins, enda sérstaklega tekið fram að fjárveiting til þessara verkefna skuli ekki skerða hefðbundin fjárframlög til Landgræðslu ríkisins. Stærsti hluti fjárveitingar Landgræðslunnar hefur hingað til farið í uppgræðslu lands og stöðvun jarðvegseyðingar. Gengið er út frá að svo verði áfram þar sem fjöldi annarra landgræðslusvæða en þeirra sem getið er um í tillögunni þarfnast gróðurbóta í einni eða annarri mynd. Hér má nefna Bændur græða landið, landgræðslufélög og græðslu rofabarða, að ógleymdum þeim mikilvæga þætti sem áhugamannafélög og einstaklingar víðs vegar af landinu leggja til þessa máls. Jafnframt því verði rannsóknastarf hvers konar í samvinnu við aðrar stofnanir að skipa drjúgan sess í störfum Landgræðslu ríkisins.

Ályktun Alþingis árið 1990 um stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar gerði ráð fyrir að því verki yrði lokið fyrir árið 2000. Síðan þá eru liðin tæp sex ár. Eins og fram kemur hér að framan hefur á þeim árum verið unnið mikið starf við rannsóknir, kortagerð og annað sem viðkemur nauðsynlegri úttekt á gróðurfari landsins. Það er hins vegar ljóst að því markmiði, sem þingsályktunin frá 1990 kveður á um, verður ekki náð innan fjög-

urra ára. Mun það verkefni því færast að einhverju leyti fram yfir aldamót. Jafnframt ber að hafa í huga að þótt lokið sé sáningu og öðrum verkum tilheyrandi uppgræðslunni tekur einhvern tíma að árangur landgræðslustarfsins verði áþreifanlegur.

Röðun verkefna.

Forgangsröðun landgræðsluverkefna byggir á úttekt á jarðvegsrofi á öllu landinu. Helstu niðurstöður um jarðvegsrof koma fram í töflu I.

Tafla I. Niðurstöður kortlagningar á jarðvegsrofi.
(Rannsóknastofnun landbúnaðarins/Landgræðsla ríkisins.)

	%	km²
Rofflokkar 0–2 (ekkert – lítið rof)	37	38.501
Rofflokkur 3 (talsvert rof)	23	23.669
Rofflokkur 4 (mikið rof)	11	10.872
Rofflokkur 5 (mjög mikið rof)	6	6.641
Jöklar, vötn og hæstu fjöll	22	22.210
Ókortlagt	1	1.129
Samtals	100	103.022

(Niðurstöðutölur eru birtar með fyrirvara því úrvinnslu er ekki endanlega lokið.)

Almennt má segja að á svæðum sem lenda í rofflokkum 4 og 5 þurfi miklar landgræðsluaðgerðir og á heildina litið eru þau jafnframt óhæf til beitar. Vinna þarf því að friðun þeirra eða grípa til annarra aðgerða til að bæta ástandið. Á svæðum í rofflokki 3 er nauðsynlegt að skipuleggja vel landnýtingu auk þess sem landgræðsluframkvæmda er oft þörf. Land í rofflokkum 0 til 2 er hins vegar í ásættanlegu eða góðu ástandi.

Forgangsverkefni.

a. Rofsvæði í flokkum 4 og 5 neðan 500 m yfir sjávarmáli en þó sérstaklega þar sem rof er í grónu landi og þar sem sandur ógnar mannvirkjum eða öðrum verðmætum.

b. Rofsvæði í flokki 3 eru í áhættuflokki en misjafnt er eftir aðstæðum hvort grípa þarf til aðgerða.

Eins og hér kemur fram er lögð aðaláhersla á landgræðsluaðgerðir miðað við 500 m hæðarmörk. Af því leiðir að nauðsynlegt er að byggja landgræðsluaðgerðir á greiningu rofsvæða undir 500 m hæðarmörkum svo að unnt sé að meta landgræðsluverkefnin með tilliti til stærðar og kostnaðar.

Með tilliti til þessa hefur Landgræðsla ríkisins gefið upplýsingar um hvernig landið greinist eftir gróðurflokkum neðan 500 m hæðarmarka (tafla II).

Tafla II. Roftölur fyrir hæðarbelti <200 m, 200–500 m, >500 m.

Hæð	Ekki rof	1	2	3	4	5	Vötn	Fjöll	Jöklar	Alls
<200	3819	4750	8785	3211	1180	2147	831	80	43	24846
200–500	482	2051	12227	7611	2870	1358	322	1418	335	28774
>500	50	560	6059	13083	6763	3209	335	7984	10982	49025
Alls	4351	7361	27071	23905	10913	6714	1488	9482	11360	102645

Tafla III. Nánari greining landsins við 500 m hæðarlínur.

	0–2		3		4–5		Annað		Alls	
Undir 500 m	stærð	%	stærð	%	stærð	%		%		%
	32.011	60	10.820	20	7.660	14	3.030	6	53.620	52
Yfir 500 m	6.670	13	13.080	27	9.970	20	19.310	40	49.030	48

Eins og fram kemur í töflu III er rofflokkur 3 10.820 km^2 og rofflokkur 4 og 5 samtals 7.660 km^2.

Í þessari niðurstöðu felst m.a. svar við ályktun Alþingis frá 13. mars 1991, um kortlagningu gróðurlendis Íslands. Auk þess er nú fengin staðfesting á að unnt er að meta ástand gróðurs og jarðvegs í landinu með skjótum hætti og hóflegum kostnaði. Samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands eru miklar framfarir í notkun gervihnatta við loftmyndagerð sem styrkja enn betur grundvöll að sem nákvæmustum vinnubrögðum við gerð myndkorta í framtíðinni. Með tilliti til þeirrar þróunar sem vænta má er m.a. lagt til að áætlunin verði endurskoðuð innan fjögurra ára.

Fyrir liggur að landsvæði innan einstakra rofflokka eru í afar misjöfnu ástandi. Landgræðsla ríkisins hefur unnið mikilvægt starf við skilgreiningu þeirra landsvæða þar sem gróður og jarðvegur eiga í vök að verjast. Nú liggur því fyrir umfang þessara verkefna sem miðast við landgræðsluaðgerðir á þeim landsvæðum þar sem gróðurtengt rof verður.

Samkvæmt niðurstöðum Landgræðslu ríkisins nær landsvæði af rofflokki 3 yfir 7.700 km^2 og landsvæði af rofflokkum 4 og 5 ná yfir 1.680 km^2 samtals. Alls gerir þetta 9.380 km^2.

Eins og að framan er greint hefur Landgræðsla ríkisins gert áætlun um verklag við aðgerðir til að stöðva eyðingu þessara landsvæða og kostnað af þeim. Tillagan miðast við þessa áætlun hvað varðar tímasetningar og fjárhæðir sem verja skal til framkvæmda.

Helstu verkefni.

Eins og fram kemur í tillögunni er lagt til að varið verði 1,5 milljörðum kr. á næstu tíu árum til stöðvunar hraðfara jarðvegsrofs á helstu rofsvæðum landsins. Jafnframt er lagt til að fjármagninu verði deilt niður á verkefni og ár eftir tillögu Landgræðslu ríkisins sem annast framkvæmd þeirra. Tillaga Landgræðslunnar er eftirfarandi:

1. Krísuvík – Kleifarvatn.

Meginrofsvæðið er um 3.600 ha og er mjög illa farið af gróðureyðingu. Áhersla verður lögð á þau svæði þar sem gróður er enn að eyðast og einnig þarf að sporna við frekara jarðvegsrofi á svæðinu. Friða verður svæðið fyrir beit og hefjast handa við að loka rofabörðum og planta víði og birki í og við gróðureyjar.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	2	4	6	9	10	10	10	10	10	70

2. Skútustaðahreppur.

Nær allt land í hreppnum er mjög illa farið af landeyðingu en vel gróin svæði eru inn á milli. Í samvinnu við heimamenn þarf að vinna að landnýtingaráætlunum og að friðun og uppgræðslu þeirra svæða sem illa eru farin. Niðurstöður landgræðslu- og landnýtingarnefndar Skútustaðahrepps – la-la-nefndarinnar eru eftirfarandi:

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	20	45	70	90	90	100	100	90	90	695

3. Hólsfjöll.

Samið var við heimaaðila um friðun svæðisins árið 1991 og var það girt 1991–92. Svæðið var að stærstum hluta mjög illa farið en gróðureyjar sýna hvaða möguleikar eru þar fyrir hendi. Miklu hefur verið sáð þar, aðallega melfræi en einnig grasfræi og lúpínu. Aðgerðum verður haldið áfram í samræmi við Hólssandsáætlun Landgræðslunnar.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	5	8	10	25	20	25	20	20	20	153

4. Skaftárhreppur.

Þrátt fyrir að land hreppsins sé gróðurfarslega séð víða í ágætu ástandi leggja heimamenn áherslu á að gripið verði til aðgerða á þeim svæðum sem ekki eru í ásættanlegu ásigkomulagi. Stofnað var Landgræðslufélag Skaftárhrepps og hefur það haft forustu um áætlanagerð og aðgerðir á uppgræðslusvæðum. Heildarstærð þeirra svæða þar sem jarðvegseyðing á sér stað er um 197 þús. ha, en hún er að nokkru tilkomin vegna áfoks út frá Skaftá. Áætlað er að heimamenn hafi áfram frumkvæði að aðgerðum og verkefnum en Landgræðslan muni koma þar að sem ráðgefandi og styrktaraðili. Unnið verður eftir þeirri áætlun sem gerð var af Landgræðslunni í samvinnu við heimamenn haustið 1995.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	5	10	10	20	30	30	35	35	35	210

5. Haukadalsheiði.

Gífurleg jarðvegseyðing hefur átt sér stað á Haukadalsheiði sem hefur verið eitt mesta uppblásturssvæði landsins á þessari öld. Áður fyrr var byggð víða þar sem nú er auðnin ein eftir. Heiðin er um 7.000 ha að stærð og öll friðuð. Miklar landgræðsluframkvæmdir hafa verið á Haukadalsheiði og verður þeim haldið áfram í samræmi við áætlun sem unnin var í samvinnu við Landgræðslufélag Biskupstungna árið 1995.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	5	7	10	8	8	5	5	5	5	58

6. Hagavatnssvæðið.

Þar sem jöklar hafa hopað hefur útfall Hagavatns færst til og er útfallið nú allnokkru lægra en það var um aldamót. Vatnið er því minna að flatarmáli og mikið sandfok er úr eldri vatnsbotni. Verulegt jarðvegsrof er á öllu svæðinu sunnan og suðvestan jökulsins og gengur ört á þær gróðurleifar sem enn eru eftir. Gerð verður stífla í núverandi útfall til að hækka yfirborð vatnsins og samhliða því verður farið út í mikla melsáningu sunnan vatnsins.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	3	6	24	28	23	10	10	10	10	124

7. Þorlákshöfn.

Fyrirbyggja verður sandfok inn yfir byggðina. Það verður ekki gert nema helstu sandfokssvæðin verði fullgrædd. Heildarstærð svæðisins er um 8.000 ha og hefur verið gerð ítarleg landgræðsluáætlun fyrir það.

Ár:	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
M.kr.:	10	20	20	20	20	20	20	30	30	190

Fylgiskjal I.

Þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu.

(Samþykkt 28. júlí 1974.)

Alþingi ályktar, að á árunum 1975–79, að báðum árum meðtöldum, skuli framkvæma eftirfarandi áætlun um landgræðslu og gróðurvernd til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu og verja til þess ríkisfé í samræmi við hana:

1.	**Landgræðsla ríkisins:** Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar. Gróðurvernd og landgræðsla	700 millj. kr.
2.	**Skógrækt ríkisins:** Skóggræðslukönnun, skógvernd og skógrækt	170 millj. kr.
3.	**Rannsóknastofnun landbúnaðarins:** Rannsóknir á nýtingu beitargróðurs, aðrar tilraunir og gróðurkortagerð	80 millj. kr.
4.	**Annað:** Ráðstafanir til bættrar landnýtingar og stuðningur við fræðslustarf samtaka áhugamanna	50 millj. kr.
		1000 millj. kr.

Árlegar fjárveitingar af ríkisfé til áætlunar þessarar miðist við, að hún haldi núverandi framkvæmdagildi sínu hliðstætt því, sem gildir um jarðræktarframlög samkvæmt 12. gr. jarðræktarlaga, og að áætlunin komi til framkvæmda í jöfnum árlegum áföngum á árunum 1975–79. Fjárveitingar til áætlunarinnar skulu ekki blandast saman við venjulegar fjárveitingar til þeirra málaflokka, sem áætlunin tekur til, og ekki rýra þær.

Landbúnaðarráðherra setur á fót samstarfsnefnd til þess að efla samvinnu þeirra stofnana, sem hafa með höndum framkvæmd áætlunar þessarar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar að eigin vali, en aðrir nefndarmenn verði þessir: landgræðslustjóri, búnaðarmálastjóri, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Fylgiskjal II.

Þingsályktun um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–86.

(Samþykkt 20. apríl 1982.)

Alþingi ályktar, að á árunum 1982–1986, að báðum meðtöldum, skuli auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

1.	**Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:** Stöðvun sandfoks, jarðvegs- og gróðureyðingar; gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning	40 400 000
2.	**Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:** Friðun lands til skógræktar, héraðsskógræktaráætlanir, rannsóknir í skógrækt, útivistarsvæði við þéttbýli, skógvernd og skógrækt	9 500 000
3.	**Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins:** Rannsóknir á nýtingu beitilanda, gróður- og jarðvegseyðingu og aðferðum til landgræðslu; gróðurkortagerð og vistfræðirannsóknir, frærannsóknir og rannsóknir á plöntum, þ. á m. vetrarþoli þeirra	5 150 000
4.	**Ýmislegt:** **Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun; frærækt, skjólbelti, úttekt á árangri.** Stuðningur við fræðslustarf og þátttöku samtaka áhugamanna um skógrækt og landgræðslu	1 675 000
5.	Framkvæmdir til að verjast landbroti og landskemmdum vegna ágangs vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins	**14 500 000**
	Samtals á 5 árum, m.kr.	**71 225 000**

Á framlög áranna 1983–86 greiðast verðbætur, er miðast við framlög ársins 1982.

Fylgiskjal III.

Þingsályktun um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1987–1991.

(Samþykkt 5. mars 1987.)

Alþingi ályktar að á árunum 1987–1991, að báðum meðtöldum, skuli, auk árlegra fjárveitinga til viðkomandi stofnana á fjárlögum, unnið að landgræðslu- og landverndarmálum samkvæmt eftirfarandi áætlun:

	Fjárveit. þús. kr.	% af fjárv.
1. **Verkefni framkvæmd af Landgræðslu ríkisins:**		
a. Stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar og sandfoks, gróðureftirlit, gróðurvernd og gróðuraukning		
b. Landgræðsla í samvinnu við bæjar- og sveitarfélög .	150.353	56,5
2. **Verkefni framkvæmd af Skógrækt ríkisins:**		
a. Verndun birkiskóga		
b. Skógrækt á útivistarsvæðum		
c. Skógræktaráætlanir og rannsóknir	34.313	12,90
3. **Verkefni framkvæmd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA):**		
a. Frærannsóknir		
b. Nýting beitilanda		
c. Gróður- og jarðakort	16.736	6,30
4. **Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun:**		
a. Fræðslustarf, kynbætur melgresis, birkis og niturbindandi plantna		
b. Rannsóknir á jarðvegseyðingu og ástandi gróðurs		
c. Lúpínurannsóknir		
d. Til ýmissa starfa í þágu gróðurverndar og landgræðslu	8.661	3,30
5. **Varnir gegn landbroti af völdum vatna eða sjávar, í umsjá Landgræðslu ríkisins**	55.937	21,00
Samtals á 5 árum	266.000	

Fjárhæðin er miðuð við verðlag í desember 1986.
Á framlög áranna 1988–1991 greiðist verðbætur er miðist við framlög ársins 1987.

Fylgiskjal IV.

Þingsályktun um landgræðslu.

(Samþykkt 19. mars 1990.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur.

Sérstök áhersla verði lögð á að afmarka þau landsvæði þar sem sandfok á sér enn stað svo að unnt sé að hefja þar skipulagt ræktunarstarf.

Kannað verði hvort Áburðarverksmiðju ríkisins muni fært að lækka verð á áburði til landgræðslustarfa sem einkum væri ráðstafað til brýnna verkefna.

Miðað verði við að um næstu aldamót verði uppblástur þessara svæða stöðvaður.

Fylgiskjal V.

Þingsályktun um kortlagningu gróðurlendis Íslands.

(Samþykkt 13. mars 1991.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að gróðurlendi Íslands verði kortlagt.

Lögð verði áhersla á að upplýsa:

1. heildarstærð gróinna landsvæða svo að staðfest verði hve mikill hluti landsins er hulinn gróðri,
2. stærð og mörk þeirra landsvæða þar sem gróðureyðing er ör til að auðvelda markvissar aðgerðir í gróðurvernd og uppgræðslu þeirra,
3. stærð þeirra landsvæða þar sem gróður á í vök að verjast og friðun telst árangursrík til styrkingar,
4. stærð ógróinna landsvæða sem hæf eru til landgræðslu en gróa ekki sjálfkrafa.

Að öðru leyti byggist nánari greining landsins eftir jarðvegi og gróðri á þeim möguleikum sem sú tækni í myndagerð, sem notuð verði við þetta verkefni, framast leyfir.

826. Frumvarp til laga [491. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Kristín Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, Svavar Gestsson,
Sighvatur Björgvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Einstaklingum er óheimilt að takast á hendur persónulega ábyrgð á efndum fjárskuldbindinga einkahlutafélags eða setja persónulegar eigur sínar að veði til tryggingar efndum.

1. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að leggja bann við því að einstaklingar, hvort heldur er persónulega eða fyrir hönd einkafirma síns, geti svo gilt sé að lögum tekist á hendur ábyrgð á efndum fjárskuldbindinga einkahlutafélags. Viðsemjandi getur ekki byggt rétt á slíkum yfirlýsingum.

Að baki þessari breytingu á gildandi lögum hvíla einkum sjónarmið um neytendavernd vegna yfirburðaaðstöðu ýmissa aðila, svo sem banka- og lánastofnana. Auk þess telja flutningsmenn að núverandi ástand leiði til mismununar milli viðsemjenda félagsins og jafnframt að bann það sem hér er lagt til muni hafa jákvæð áhrif á viðskiptalífið, því að ábyrgðaryfirlýsingar af því tagi sem hér um ræðir eru ein helsta meinsemd íslensks viðskiptalífs.

Einkahlutafélög, jafnt og hlutafélög, teljast til svonefndra fjárhagslegra félaga, þ.e. markmið þeirra er að stuðla að fjárhagslegum ávinningi þeirra. Af öðrum tegundum fjárhagslegra félaga má m.a. nefna samvinnufélög og sameignarfélög. Í einkahlutafélögum ber enginn hluthafa persónulega ábyrgð á efndum þeirra skuldbindinga sem félagið tekst á hendur. Ábyrgð þeirra takmarkast við það fé sem þeir hafa lagt fram til félagsins í formi hlutafjár. Þrátt fyrir þetta er algengt hérlendis að viðsemjendur hlutafélaga og einkahlutafélaga, einkum lánastofnanir, geri þá kröfu í samningum við félögin að einstaklingar gangist í persónulega ábyrgð fyrir efndum. Hugsunin að baki einkahlutafélagaforminu er sú að fjárfestar geti takmarkað áhættu sína af atvinnurekstri; áhættan verði ekki meiri en sem nemur framlögðu hlutafé. Með þessu móti geta fjárfestar takmarkað áhættu sína fyrir fram. Það fær því ekki samrýmst hugsuninni að baki rekstri hlutafélaga og einkahlutafélaga að einstaklingar ábyrgist jafnframt efndir félaganna með sérstakri yfirlýsingu.

Á meðan löggjöfin heimilar slíkar ábyrgðaryfirlýsingar telja flutningsmenn að hætta sé á því að öðrum viðsemjendum félagsins sé mismunað. Á meðan aðstaða sumra viðsemjenda er slík að þeir geta krafist ábyrgðaryfirlýsinga er staða annarra ekki nándar nærri eins sterk. Lánardrottinn sem hefur undir höndum yfirlýsingu um persónulega ábyrgð stendur ólíkt betur að vígi en aðrir ef rekstur félagsins fer að ganga illa, því að þá er líklegt að forsvarsmenn félagsins reyni fyrst að gera upp við þá aðila sem þeir eða

venslamenn þeirra eru í ábyrgðum gagnvart, áður en kemur að uppgjöri við aðra. Mýmörg dæmi eru um þetta í íslensku viðskiptalífi. Markmiðið með þessari lagasetningu er því öðrum þræði að reyna að koma í veg fyrir mismunun lánardrottna félagsins. Þá er rétt að benda á að sjaldnast er hægt að jafna saman aðstöðu banka- og lánastofnana með sérfræðingahópa sína annars vegar og lántakenda hins vegar. Þar er sjaldnast nokkurt jafnræði með aðilum. Það er því æskilegt að löggjafinn reyni að koma í veg fyrir að sú aðstaða komi upp að stofnanir fái nýtt sér þennan aðstöðumun umfram það sem eðlilegt má telja.

Með því að heimila viðsemjendum að krefjast ábyrgðaryfirlýsinga einstaklinga er að mati flutningsmanna verið að ýta undir óeðlilega viðskiptahætti. Það eru óeðlilegir viðskiptahættir að viðsemjandi félags geti komist hjá því að þurfa að kynna sér raunverulega fjárhagsstöðu félags, með því einu að tryggja sér yfirlýsingu þriðja aðila. Það hljóta að teljist eðlilegri vinnubrögð að viðsemjandinn kynni sér fjárhagsstöðu gagnaðilans og taki ákvörðun um viðskiptin á grundvelli þeirrar skoðunar, í stað þess að óska eftir veðbókarvottorði og ábyrgð þriðja aðila. Núverandi skipan mála hefur að mati flutningsmanna tilhneigingu til þess að grafa undan ábyrgðartilfinningu aðila í viðskiptum. Verði þetta frumvarp að lögum leggst sú kvöð á viðsemjendur einkahlutafélags í meira mæli en áður að þeir kynni sér raunverulega fjárhagsstöðu félagsins. Þannig færist eftirlit með fjárhagsstöðu félaga yfir til viðskiptalífsins, sem er til mikilla bóta, því að hið opinbera hefur því miður einungis haft eftirlit að nafninu til með hlutafélögum, einkahlutafélögum og innborguðu hlutafé og í litlu sem engu sinnt þeim skyldum sem á því hefur hvílt.

Með þessari breytingu er gerð tilraun til að sporna gegn starfsemi svokallaðra pappírshlutafélaga, þar sem ætlunin er aldrei að greiða inn hlutafé. Markmiðið með stofnun slíkra félaga er oft það eitt að komast yfir verðmæti með samningum án þess að ætlunin sé nokkurn tíma að efna þá, en jaframt að notfæra sér ábyrgðarleysi hlutafélagaformsins. Slík félög komast sjaldnast af stað í nokkurn rekstur án þess að þau geti opnað reikning hjá lánastofnun, en til þess að svo geti orðið þurfa einstaklingar yfirleitt að ganga í ábyrgð hjá viðkomandi lánastofnun. Bann við slíkum ábyrgðaryfirlýsingum gerði slíkum félögum erfitt um vik.

Enn fremur vilja flutningsmenn benda á þá staðreynd að einstaklingar eiga örðugt um vik með að gera sér grein fyrir raunverulegri fjárhagsstöðu einkahlutafélags eða hlutafélags, og meta áhættu sem fólgin er í útgáfu ábyrgðaryfirlýsingar, sérstaklega þegar um utanaðkomandi aðila er að ræða, t.d. ættingja forsvarsmanna félagsins. Dæmi um hörmungar sem dunið hafa yfir fjölskyldur og einstaklinga vegna slíkra yfirlýsinga þekkir hvert mannsbarn og ekki ástæða til að rekja þau hér.

Það er mat flutningsmanna að með frumvarpi því sem hér er lagt fram sé ekki vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi borgaranna er og verður ein meginregla viðskiptalífsins, en sú regla sætir þó undantekningum sem hafa verið réttlættar með ýmsum hætti. Má í því sambandi nefna ákvæði laga um nauðsyn þess að vernda vissa einstaklinga fyrir eigin gjörðum eins og finna má dæmi um í ákvæðum lögræðis- og samningalaga, þar sem kveðið er á um lágmarkshæfi einstaklinga til að gera samninga. Þá hafa undantekningar frá meginreglunni verið réttlættar með félagslegum þörfum en dæmi eru um það í vinnumarkaðslöggjöf. Þá hefur einnig verið vitnað til neytendaverndar líkt og finna má mörg dæmi um í samkeppnislögum og hvílir jafnan að baki slíkri réttlætingu hugmyndafræði um að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Sú hugmyndafræði á við í þessu tilviki. Af þessu má ljóst vera að takmarkanir á samningafrelsi eru langt frá því að vera nýlunda í íslenskri löggjöf þó að flutningsmenn séu

þeirrar skoðunar að ætíð þurfi að ígrunda og rökstyðja vel alla löggjöf sem er í andstöðu við meginregluna um samningafrelsi borgaranna. Það frelsi telst til almennra mannréttinda.

Að lokum er vert að nefna að bann við slíkum yfirlýsingum getur leitt til verri kjara félags á lánamarkaði vegna aukinnar áhættu lánastofnunar. Það er mat flutningsmanna að sagan hafi kennt okkur að samfélagið hafi greitt þann mun of dýru verði, því að þegar ábyrgðir hafa fallið hafa í kjölfarið fylgt hörmungar fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem ekki hafa verið vaxtamunarins virði.

Við þessa breytingu vakna spurningar um gildi ábyrgðaryfirlýsinga sem þegar hafa verið gefnar, þ.e. spurningin um afturvirkni laga. Með tilliti til grundvallarreglna um að lög séu ekki afturvirk verður að telja eðlilegt að breytingarnar hafi ekki áhrif á yfirlýsingar sem gefnar voru fyrir gildistöku laganna.

827. Frumvarp til laga [492. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Flm.: Lúðvík Bergvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson,
Kristín Halldórsdóttir, Hjálmar Árnason, Svavar Gestsson,
Sighvatur Björgvinsson, Bryndís Hlöðversdóttir.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. kemur ný málsgrein sem hljóðar svo:

Einstaklingum er óheimilt að takast á hendur persónulega ábyrgð á efndum fjárskuldbindinga hlutafélags eða setja persónulegar eigur sínar að veði til tryggingar efndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið frumvarpsins er að leggja bann við því að einstaklingar, hvort heldur er persónulega eða fyrir hönd einkafirma síns, geti svo gilt sé að lögum tekist á hendur ábyrgð á efndum fjárskuldbindinga hlutafélags. Viðsemjandi getur ekki byggt rétt á slíkum yfirlýsingum.

Að baki þessari breytingu á gildandi lögum hvíla einkum sjónarmið um neytendavernd vegna yfirburðaaðstöðu ýmissa aðila, svo sem banka- og lánastofnana. Auk þess telja flutningsmenn að núverandi ástand leiði til mismununar milli viðsemjenda félagsins og jafnframt að bann það sem hér er lagt til muni hafa jákvæð áhrif á viðskiptalífið, því að ábyrgðaryfirlýsingar af því tagi sem hér um ræðir eru ein helsta meinsemd íslensks viðskiptalífs.

Hlutafélög teljast til svonefndra fjárhagslegra félaga, þ.e. markmið þeirra er að stuðla að fjárhagslegum ávinningi þeirra. Af öðrum tegundum fjárhagslegra félaga má m.a. nefna samvinnufélög og sameignarfélög. Í hlutafélögum ber enginn hluthafa persónulega ábyrgð á efndum þeirra skuldbindinga sem félagið tekst á hendur. Ábyrgð þeirra takmarkast við það fé sem þeir hafa lagt fram til félagsins í formi hlutafjár. Þrátt fyrir þetta er algengt hérlendis að viðsemjendur hlutafélaga og einkahlutafélaga, einkum lánastofnanir, geri þá

kröfu í samningum við félögin að einstaklingar gangist í persónulega ábyrgð fyrir efndum. Hugsunin að baki hlutafélagaforminu er sú að fjárfestar geti takmarkað áhættu sína af atvinnurekstri; áhættan verði ekki meiri en sem nemur framlögðu hlutafé. Með þessu móti geta fjárfestar takmarkað áhættu sína fyrir fram. Það fær því ekki samrýmst hugsuninni að baki rekstri hlutafélaga og einkahlutafélaga að einstaklingar ábyrgist jafnframt efndir félaganna með sérstakri yfirlýsingu.

Á meðan löggjöfin heimilar slíkar ábyrgðaryfirlýsingar telja flutningsmenn að hætta sé á því að öðrum viðsemjendum félagsins sé mismunað. Á meðan aðstaða sumra viðsemjenda er slík að þeir geta krafist ábyrgðaryfirlýsinga er staða annarra ekki nándar nærri eins sterk. Lánardrottinn sem hefur undir höndum yfirlýsingu um persónulega ábyrgð stendur ólíkt betur að vígi en aðrir ef rekstur félagsins fer að ganga illa, því að þá er líklegt að forsvarsmenn félagsins reyni fyrst að gera upp við þá aðila sem þeir eða venslamenn þeirra eru í ábyrgðum gagnvart, áður en kemur að uppgjöri við aðra. Mýmörg dæmi eru um þetta í íslensku viðskiptalífi. Markmiðið með þessari lagasetningu er því öðrum þræði að reyna að koma í veg fyrir mismunun lánardrottna félagsins. Þá er rétt að benda á að sjaldnast er hægt að jafna saman aðstöðu banka- og lánastofnana með sérfræðingahópa sína annars vegar og lántakenda hins vegar. Þar er sjaldnast nokkurt jafnræði með aðilum. Það er því æskilegt að löggjafinn reyni að koma í veg fyrir að sú aðstaða komi upp að stofnanir fái nýtt sér þennan aðstöðumun umfram það sem eðlilegt má telja.

Með því að heimila viðsemjendum að krefjast ábyrgðaryfirlýsinga einstaklinga er að mati flutningsmanna verið að ýta undir óeðlilega viðskiptahætti. Það eru óeðlilegir viðskiptahættir að viðsemjandi félags geti komist hjá því að þurfa að kynna sér raunverulega fjárhagsstöðu félags, með því einu að tryggja sér yfirlýsingu þriðja aðila. Það hljóta að teljist eðlilegri vinnubrögð að viðsemjandinn kynni sér fjárhagsstöðu félagsins og taki ákvörðun um viðskiptin á grundvelli þeirrar skoðunar, í stað þess að óska eftir veðbókarvottorði og ábyrgð þriðja aðila. Núverandi skipan mála hefur að mati flutningsmanna tilhneigingu til þess að grafa undan ábyrgðartilfinningu aðila í viðskiptum. Verði þetta frumvarp að lögum leggst sú kvöð á viðsemjendur hlutafélags í meira mæli en áður að þeir kynni sér raunverulega fjárhagsstöðu félagsins. Þannig færist eftirlit með fjárhagsstöðu félaga yfir til viðskiptalífsins, sem er til mikilla bóta því að hið opinbera hefur því miður einungis haft eftirlit að nafninu til með hlutafélögum, einkahlutafélögum og innborguðu hlutafé og í litlu sem engu sinnt þeim skyldum sem á því hefur hvílt.

Með þessari breytingu er gerð tilraun til að sporna gegn starfsemi svokallaðra pappírshlutafélaga, þar sem ætlunin er aldrei að greiða inn hlutafé. Markmiðið með stofnun slíkra félaga er oft það eitt að komast yfir verðmæti með samningum án þess að ætlunin sé nokkurn tíma að efna þá, en jafnframt að notfæra sér ábyrgðarleysi hlutafélagaformsins. Slík félög komast sjaldnast af stað í rekstur án þess að þau geti opnað reikning hjá lánastofnun, en til þess að svo geti orðið þurfa einstaklingar yfirleitt að ganga í ábyrgð hjá viðkomandi lánastofnun. Bann við slíkum ábyrgðaryfirlýsingum gerði slíkum félögum erfitt um vik.

Enn fremur vilja flutningsmenn benda á þá staðreynd að einstaklingar eiga örðugt um vik með að gera sér grein fyrir raunverulegri fjárhagsstöðu hlutafélags og meta áhættu sem fólgin er í útgáfu ábyrgðaryfirlýsingar, sérstaklega þegar um utanaðkomandi aðila er að ræða, t.d. ættingja forsvarsmanna félagsins. Dæmi um hörmungar sem dunið hafa yfir fjölskyldur og einstaklinga vegna slíkra yfirlýsinga þekkir hvert mannsbarn og ekki ástæða til að rekja þau hér.

Það er mat flutningsmanna að með frumvarpi því sem hér er lagt fram sé ekki vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi borgaranna er og verður ein meginregla viðskiptalífsins, en sú regla sætir þó undantekningum sem hafa verið réttlættar með ýmsum hætti. Má í því sambandi nefna ákvæði laga um nauðsyn þess að vernda vissa einstaklinga fyrir eigin gjörðum eins og finna má dæmi um í ákvæðum lögræðis- og samningalaga, þar sem kveðið er á um lágmarkshæfi einstaklinga til að gera samninga. Þá hafa undantekningar frá meginreglunni verið réttlættar með félagslegum þörfum en um það eru dæmi í vinnumarkaðslöggjöf. Þá hefur einnig verið vitnað til neytendaverndar líkt og finna má mörg dæmi um í samkeppnislögum og jafnan hvílir að baki slíkri réttlætingu hugmyndafræði um að verið sé að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Sú hugmyndafræði á við í þessu tilviki. Af þessu má ljóst vera að takmarkanir á samningafrelsi eru langt frá því að vera nýlunda í íslenskri löggjöf þó að flutningsmenn séu þeirrar skoðunar að ætíð þurfi að ígrunda og rökstyðja vel alla löggjöf sem er í andstöðu við meginregluna um samningafrelsi borgaranna. Það frelsi telst til almennra mannréttinda.

Að lokum er vert að nefna að bann við slíkum yfirlýsingum getur leitt til verri kjara félags á lánamarkaði vegna aukinnar áhættu lánastofnunar. Það er mat flutningsmanna að sagan hafi kennt okkur að samfélagið hafi greitt þann mun of dýru verði, því að þegar ábyrgðir hafa fallið hafa í kjölfarið fylgt hörmungar fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem ekki hafa verið vaxtamunarins virði.

Við þessa breytingu vakna spurningar um gildi ábyrgðaryfirlýsinga sem þegar hafa verið gefnar, þ.e. um afturvirkni laga. Með tilliti til grundvallarreglna um að lög séu ekki afturvirk verður að telja eðlilegt að breytingarnar hafi ekki áhrif á yfirlýsingar sem gefnar voru fyrir gildistöku laganna.

828. Lög [152. mál]

um Flugskóla Íslands hf.

(Afgreidd frá Alþingi 21. mars.)

Samhljóða þskj. 779.

829. Frumvarp til laga [31. mál]

um helgidagafrið.

(Eftir 2. umr., 21. mars.)

I. KAFLI
Tilgangur laganna.
1. gr.

Um helgidagafrið er mælt í lögum þessum í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í lögunum.

II. KAFLI
Um helgidagafrið og helgidaga þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru þeir sem nú skal greina:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.
2. Föstudagurinn langi til kl. 6.00 að morgni næsta dags, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18.00 og jóladagur til kl. 6.00 að morgni næsta dags.

III. KAFLI
Um helgidagafrið.

3. gr.

Óheimilt er að trufla guðsþjónustu, kirkjuathöfn eða annað helgihald með hávaða eða öðru því sem andstætt er helgi viðkomandi athafnar.

4. gr.

Um starfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar gilda eftirfarandi reglur:

1. Á helgidögum skv. 1. tölul. 2. gr. er öll almenn starfsemi heimil.
2. Á helgidögum skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. er eftirfarandi starfsemi óheimil:
   a. Skemmtanir, svo sem dansleikir eða einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum eða á öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Hið sama gildir um opinberar sýningar og skemmtanir þar sem happdrætti, bingó eða önnur svipuð spil fara fram.
   b. Markaðir og verslunarstarfsemi, svo og önnur viðskiptastarfsemi.

5. gr.

Á helgidögum skv. 2. tölul. 2. gr. er eftirfarandi starfsemi undanþegin banni því er greinir í 4. gr.:

1. Starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga. Hið sama gildir um gististarfsemi og tengda þjónustu.
2. Íþrótta- og útivistarstarfsemi.
3. Listsýningar, tónleikar, leiksýningar og kvikmyndasýningar eða sams konar sýningar. Einnig má halda og veita aðgang að sýningum er varða vísindi eða er ætlað að gegna almennu upplýsingahlutverki, svo og að hafa opin listasöfn og bókasöfn. Starfsemi þessi má ekki hefjast fyrr en kl. 15.00.
4. Heimila má að dansleikir er hefjast að kvöldi laugardags fyrir páska eða hvítasunnu standi aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags samkvæmt almennum reglum, þó eigi lengur en til kl. 3.00.

Á helgidögum skv. 3. tölul. 2. gr. er starfsemi lyfjabúða, bifreiðastöðva, gisti- og veitingastarfsemi undanþegin því banni er greinir í 4. gr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Lögreglustjóri getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, leyft að haldnar séu sam-

komur og sýningar eða að stofnað sé til svipaðrar starfsemi sem greinir í 5. gr. á þeim tíma sem helgidagafriður skv. 5. gr. á að ríkja.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. tölul. 4. gr. er lögreglustjóra heimilt að veita leyfi fyrir einkasamkvæmi af sérstöku tilefni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

Brjóti handhafi opinbers starfsleyfis gegn lögum þessum er heimilt að svipta hann leyfinu tímabundið eða fyrir fullt og allt ef brot er ítrekað.

8. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laganna falla úr gildi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926, með síðari breytingum.

830. Frumvarp til laga [493. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

4. gr.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

5. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

1. Horn (grp. 1) ..... 66°27'4 N – 22°24'3 V
2. Selsker (viti) ..... 66°07'5 N – 21°30'0 V
3. Ásbúðarrif (grp. 2) ..... 66°08'1 N – 20°11'0 V
4. Siglunes (grp. 3) ..... 66°11'9 N – 18°49'8 V
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4) ..... 66°10'3 N – 17°50'3 V
6. Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5) ..... 66°17'8 N – 17°06'8 V
7. Rauðinúpur (grp. 6) ..... 66°30'7 N – 16°32'4 V
8. Rifstangi (grp. 7) ..... 66°32'3 N – 16°11'8 V
9. Hraunhafnartangi (grp. 8) ..... 66°32'2 N – 16°01'5 V
10. Langanes (grp. 9) ..... 66°22'7 N – 14°31'9 V
11. Skálatáarsker ..... 65°59'7 N – 14°36'4 V
12. Almenningsfles ..... 65°33'1 N – 13°40'5 V
13. Glettinganes (grp. 10) ..... 65°30'5 N – 13°36'3 V
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11) ..... 65°10'0 N – 13°30'8 V
15. Gerpir (grp. 12) ..... 65°04'7 N – 13°29'6 V
16. Hólmur (Seley) (grp. 13) ..... 64°58'9 N – 13°30'6 V
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15) ..... 64°54'1 N – 13°36'8 V
18. Papey (viti) ..... 64°35'5 N – 14°10'5 V
19. Hvítingar (grp. 18) ..... 64°23'9 N – 14°28'0 V
20. Stokksnes (grp. 19) ..... 64°14'1 N – 14°58'4 V
21. Hrollaugseyjar (grp. 20) ..... 64°01'7 N – 15°58'7 V
22. Ingólfshöfði (grp. 22) ..... 63°47'8 N – 16°38'5 V
23. Hvalsíki (grp. 23) ..... 63°44'1 N – 17°33'5 V
24. Meðallandssandur I (grp. 24) ..... 63°32'4 N – 17°55'6 V
25. Meðallandssandur II (grp. 25) ..... 63°30'6 N – 17°59'9 V
26. Mýrnatangi (grp. 26) ..... 63°27'4 N – 18°11'8 V
27. Kötlutangi (grp. 27) ..... 63°23'4 N – 18°42'8 V
28. Lundadrangur (grp. 28) ..... 63°23'5 N – 19°07'5 V
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng) ..... 63°32'3 N – 20°10'9 V
30. Knarrarós (viti) ..... 63°49'4 N – 20°58'6 V
31. Hafnarnes ..... 63°50'6 N – 21°23'5 V
32. Selvogur (viti) ..... 63°49'3 N – 21°39'1 V
33. Krýsuvíkurberg (viti) ..... 63°49'8 N – 22°04'2 V
34. Reykjanes (aukaviti) ..... 63°48'0 N – 22°41'9 V
35. Önglabrjótsnef ..... 63°49'0 N – 22°44'3 V
36. Stafnes (viti) ..... 63°58'3 N – 22°45'5 V
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita ..... 64°04'9 N – 22°43'6 V
38. Malarrif (viti) ..... 64°43'7 N – 23°48'2 V
39. Dritvíkurtangi ..... 64°45'0 N – 23°55'3 V
40. Skálasnagi ..... 64°51'3 N – 24°02'5 V
41. Öndverðarnes viti) ..... 64°53'1 N – 24°02'7 V
42. Skor (viti) ..... 65°24'9 N – 23°57'2 V

43. Bjargtangar (grp. 33) ..... 65°30'2 N – 24°32'1 V
44. Kópanes (grp. 34) ..... 65°48'4 N – 24°06'0 V
45. Barði (grp. 35) ..... 66°03'7 N – 23°47'4 V
46. Straumnes (grp. 36) ..... 66°25'7 N – 23°08'4 V
47. Kögur (grp. 37) ..... 66°28'3 N – 22°55'5 V
48. Horn (grp. 38) ..... 66°27'9 N – 22°28'2 V

Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 2.500 eða hærri.
2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en stytti en 42 metrar með aflvísa lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísa 1.600 og hærri.
3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600.

Þar sem í lögum þessum er rætt um aflvísi skips er miðað við reiknaðan aflvísi þess. Sé skip búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: HÖ x ÞS. Sé skip ekki búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: 0,60 x HÖ x ÞS. HÖ merkir hér skráð vélarafl skipsins í hestöflum, ÞS merkir þvermál skrúfu í metrum.

Fiskistofa skal halda skrá yfir aflvísa íslenskra fiskiskipa og skal sú skráning lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum Siglingastofnunar Íslands.

Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um gerð og útbúnað fiskivarpna og dragnótar.

Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við samanlagða lengd þeirra og samanlagða aflvísa þeirra.

Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

A. Norðurland.

Allir flokkar:

A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

B. Austurland.

Allir flokkar:

B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).
Flokkar 2 og 3:
B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

C. Suðausturland.
Allir flokkar:
C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.
C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.
C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómílur utan viðmiðunarlínu.
C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.
Flokkar 2 og 3:
C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.
Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí til – 30 september.
C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).
Flokkur 3:
C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.
C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

D. Suðurland.
Allir flokkar:
D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).
D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi.
D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

Flokkar 2 og 3:

D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34).

Flokkur 3:

D.6. Allt árið utan línu, sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.

Á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins, eru fiskveiðar með öllum veiðarfærum bannaðar allt árið. Svæði þetta takmarkast að austan af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Allir flokkar:

E.1. Allt árið utan línu sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N – 24°12'00 V.

E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

Flokkar 2 og 3:

E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38).

F. Breiðafjörður.

Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu, frá línu réttvísandi frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

G. Vestfirðir.

Allir flokkar:

G.1. Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

Flokkar 2 og 3:

G.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. janúar utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu, frá línu sem dregin er réttvísandi 317° frá Hólavita í Ísafjarðardjúpi að línu sem dregin er réttvísandi í norður frá Kögri (vms. 47).

6. gr.

Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þeirra kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

7. gr.

Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn

fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

Þá er ráðherra heimilt að banna notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og vatnslögnum.

9. gr.

Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar Hafannsóknastofnunarinnar.

Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

10. gr.

Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum til eftirlitsmanna, sem útgefin eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv. 3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til Hafrannsóknastofnunarinnar eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefnir í því skyni.

Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur Hafrannsóknastofnunin bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal veiðieftirliti Fiskistofu og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd slíkra skyndilokana.

Sjávarútvegsráðuneytið skal, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. Hafrannsóknastofnuninni er þó heimilt að grípa til

skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

11. gr.

Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum, sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.
2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt, að mati Hafrannsóknastofnunarinnar og fyrir liggi ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.
3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

12. gr.

Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Skipstjóri skal verða við tilmælum veiðieftirlitsmannsins, enda verði tilraunin gerð með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins sem minnst og valdi útgerðinni sem minnstu óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

13. gr.

Ráðherra getur, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ráðherra getur sett reglur um hvaðeina er varðar framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráðherra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

16. gr.

Við brotum gegn 3.–5. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr. laga þessara.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

17. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

18. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

19. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 16. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

20. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

21. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 20. gr. og 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðbirgða.

Skip, sem samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa notið veiðiheimilda sem skip 26 metrar og styttri og 39 metrar og styttri skulu til 1. janúar 2003 njóta sömu veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum og skip 29 metrar og styttri með lægri aflvísa en 1.600 og skip 42 metrar og styttri með lægri aflvísa en 2.500. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þegar tvö eða fleiri skip stunda veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, sbr. 6. mgr. 5. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 26. maí 1994 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að þau atriði, sem starf nefndarinnar muni einkum beinast að, séu heimildir til togveiða innan fiskveiðilögsögunnar og önnur skipting veiðisvæða milli veiðarfæra, framkvæmd skyndilokana og annarra svæðisbundinna friðunaraðgerða og viðurlög við fiskveiðilagabrotum. Í nefndina voru skipaðir Bjarni Sveinbjörnsson frá Vélstjórafélagi Íslands, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon frá Sjómannasambandi Íslands og Magnús Kristinsson, Sævar Friðþjófsson og Þorsteinn Vilhelmsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Formaður nefndarinnar var skipaður Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Í nóvember 1994 tók Hólmgeir Jónsson sæti Óskars Vigfússonar.

Nefndin skilaði tillögum sínum til sjávarútvegsráðherra í lok október 1996 og er lagafrumvarp þetta í samræmi við tillögur nefndarinnar að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir nokkuð rýmri og mótaðri reglum til dragnótaveiða auk þess sem kveðið er skýrar á um framkvæmd leyfisbindingar veiða. Þessar breytingar eru til komnar vegna þeirrar afstöðu sem fram kom hjá hagsmunaaðilum við kynningu tillagna nefndarinnar um skipulag dragnótaveiða auk þess sem nýlegur dómur Hæstaréttar þykir benda til að nauðsynlegt sé að kveða skýrar á um þær meginreglur sem leggja beri til grundvallar þegar veiðar eru leyfisbundnar.

Lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, voru samþykkt á Alþingi í maí 1976. Lög þessi leystu af hólmi lög nr. 102, 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og síðari lög um breytingar á þeim lögum, sbr. lög nr. 14, 26. mars 1974 og lög nr. 72, 15. október 1975. Samþykkt laga nr. 81/1976 var á sínum tíma einn veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglna um fiskveiðistjórn sem fylgdi í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Í lögum nr. 81/1976 voru ýmis nýmæli og merkust þeirra má e.t.v. telja ákvæði um heimildir Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndilokana veiðisvæða og víðtækar heimildir fyrir ráðherra til setningar reglna um friðunarsvæði og notkun og útbúnað veiðarfæra. Með lögunum voru enn fremur gerðar nokkrar breytingar á togveiðiheimildum fiskiskipa en veigamesta breytingin á þeim fólst í því að horfið var frá því að miða togveiðiheimildir fiskiskipa við brúttórúmlestatölu þeirra en í stað þess var sú viðmiðun tekin upp í lögum nr. 81/1976 að miða við mestu lengd fiskiskipanna.

Núgildandi lög nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, og lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru þau lög sem stjórn og skipan fiskveiða í fiskveiðilögsögu Íslands byggist að langmestu leyti á.

Lög nr. 38/1990 lúta fyrst og fremst að rétti fiskiskipa til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og úthlutun aflaheimilda til þeirra og nýtingu aflaheimilda.

Fyrirferðarmestu ákvæði laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru hins vegar um togveiðiheimildir fiskiskipa. Þá eru í lögunum ákvæði sem lúta að heimildum Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndlokunar veiðisvæða. Loks eru í þeim ákvæði varðandi heimildir ráðherra til setningar reglna um friðunarsvæði og önnur atriði sem beinast að verndun og nýtingu fiskstofnanna.

Þegar ákveðið var að taka upp aflamarkskerfi við stjórn fiskveiða haustið 1983 var lagaheimild til þess fengin með breytingu á lögum nr. 81/1976. Sú lagaheimild gilti aðeins fyrir árið 1984 en með sams konar breytingu á lögunum haustið 1984 var enn fengin lagaheimild fyrir aflamarkskerfinu fyrir árið 1985.

Með lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987, sem tóku gildi í ársbyrjun 1985, voru ákvæði um aflamarkskerfið felld í sérstök lög. Síðan tóku við lög nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, og loks núgildandi lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem tóku gildi í ársbyrjun 1991 en þau lög eru ótímabundin.

Frá því að lög nr. 81/1976 tóku gildi hafa verið gerðar á þeim nokkrar breytingar, auk breytinga þeirra sem áður eru nefndar og tengjast aflamarkskerfinu, sbr. lög nr. 42/1977, 67/1979 og 38/1981. Breytingar þessar hafa ekki verið stórfelldar, en þær veigamestu lúta að rýmkun heimilda til dragnótaveiða og ákvæðum um skyndilokanir.

Meginástæður þess að þörf er talin á því að endurskoða nú lög nr. 81/1976 eru þessar:

1. Eins og áður er getið var við gildistöku laga nr. 81/1976 horfið frá því að miða togveiðiheimildir skipa við brúttórúmlestir og ákveðið að miða þess í stað við mestu lengd þeirra. Ástæða þessarar breytingar var sú að brúttórúmlestaviðmiðunin þótti ekki heppileg þar sem tiltölulega litlar breytingar á skipi, sem engin áhrif höfðu á afkastagetu þess, gátu haft mjög mikil áhrif á skráða brúttórúmlestastærð skipanna. Í gildistíma laga nr. 102/1972 hafði skipum verið skipt upp í þrjá stærðarflokka miðað við viðmiðunarstærðirnar 105 og 350 brl. Með lögum nr. 81/1976 voru fiskiskipin einnig flokkuð í þrjá stærðarflokka en miðað var við 39 metra og 26 metra mestu lengd. Auk segir í lögum nr. 81/1976 að þegar rætt sé um skip 39 metrar og styttri séu undanskildir skuttogarar með aflvél 1.000 brennsluhestöfl eða stærri og nutu því

slík skip togveiðiheimilda sem skip stærri en 350 brl. Í ákvæði til bráðabirgða við lögin var hins vegar ákveðið að ekkert skip skyldi missa í neinu togveiðiréttindi þrátt fyrir framangreinda breytingu. Þannig hefur skip haldið togveiðiheimildum sínum þótt það sé lengra en 26 metrar sé það undir 105 brl. Sama gildir um skip stærra en 39 metrar sé það undir 350 brl. Ákvæði þetta til bráðabirgða var ekki tímabundið og hefur verið túlkað svo að skipin haldi réttindum sínum fari stærð þeirra í brl. ekki yfir tilgreind mörk. Þar sem auðvelt er, eins og áður sagði, að hafa áhrif á brúttórúmlestastærð skips hefur þessi skipan með árunum leitt til þess að togveiðiheimildum sambærilegra skipa er mjög misjafnt skipað. Jafnhliða þessu hefur sú þróun orðið að byggð hafa verið mjög afkastamikil skip sem mælast aðeins styttri en 26 metrar. Þessi skip eru miklum mun breiðari en eldri jafnlöng skip voru og eru auk þess búin mun stærri vélum. Mælast þau yfir 105 brúttórúmlestir og er afkastageta þeirra miklu meiri en þeirra skipa sem höfð voru til hliðsjónar þegar togveiðiheimildir minnstu togveiðiskipanna voru ákveðnar með lögum nr. 81/1976. Loks má nefna að sérákvæðið um skuttogara, með vél stærri en 1,000 hestöfl, hefur valdið nokkrum túlkunarvanda því ekki er í lögunum skilgreining á því hvað teljist skuttogari og hafa breytingar í gerð og búnaði skipa á undanförnum árum aukið skilgreiningarvandann. Þessar reglur laga nr. 81/1976, sem hér hafa verið raktar, hafa því valdið miklu misræmi í togveiðiréttindum fiskiskipa, auk þess sem allt eftirlit með því hvaða togveiðiréttindi einstök skip hafa er mjög erfitt. Þykir því rík ástæða til að koma á annarri og betri skipan mála.

2. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 81/1976, um heimild ráðherra til setningar reglugerða um svæðalokanir til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar, eru nokkuð óljós að sumu leyti, enda þótt þau séu ítarleg. Jafnframt eru þau þannig orðuð að deila má um gildissvið þeirra, t.d. varðandi veiðar á öðrum tegundum nytjastofna en fiski. Þykir ástæða til að einfalda þær og jafnframt gera þær skýrari og ótvíræðari.
3. Á sínum tíma þóttu ákvæði 8. gr. laga nr. 81/1976, um heimildir til handa Hafrannsóknastofnuninni til þess að skyndiloka veiðisvæðum með tilkynningum í útvarpi eða strandstöð, merk nýjung. Á þeim tæpu 20 árum, sem liðin eru frá því að lögin öðluðust gildi, hefur fengist mikil reynsla af framkvæmd skyndilokana og þykir ástæða til að taka mið af henni og breyta ákvæðunum í samræmi við hana. Auk þess hafa á þessu sviði orðið breytingar, t.d. í fjarskiptatækni, sem eðlilegt er að taka tillit til.
4. Þá þykir ástæða til að endurskoða viðurlagakafla laga nr. 81/1976, enda má segja að hann sé ekki í samræmi við þá lagaþróun sem almennt hefur orðið. Verður að telja að sum ákvæði hans séu úrelt, enda má rekja þau óbreytt til eldri laga sem miðuðust við aðrar aðstæður. Er rétt í þessu sambandi að benda á að með lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, voru samþykktar verulegar breytingar á viðurlagakafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Er samræmi milli viðurlagaákvæða laga nr. 38/1990 og laga nr. 57/1996. Þessi tvenn lög eru ásamt lögum nr. 81/1976 veigamestu lögin á sviði fiskveiða og nýtingar fiskstofna hér við land. Þykir því nauðsynlegt að viðurlagaákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands séu samræmd viðurlagakafla áðurnefndra laga.

Í frumvarpi því sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir ýmsum breytingum frá gildandi lögum nr. 81/1976. Eðli máls samkvæmt hljóta þær breytingar að lúta að þeim atriðum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan og sem jafnframt eru skilgreind í skipunarbréfi nefndarinnar. Veigamestu breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði, eru þessar:

1. Fallið verði frá ótímabundnu bráðabirgðaákvæði laganna varðandi togveiðiheimildir fiskiskipa. Miðað verði við mestu lengd fiskiskipa sem meginreglu en jafnframt verði litið til toggetu þeirra við ákvörðun togveiðiheimilda. Í því skyni verði tekinn upp til viðmiðunar svonefndur aflvísir en hann er samsettur af þeim kröftum sem mestu ráða um toggetu fiskiskipa. Heimilt verði skipum að stunda dragnótaveiðar á þeim svæðum þar sem togveiðar eru þeim heimilar án sérstaks veiðileyfis. Aðeins verði heimilt að veita bátum undir tiltekinni stærð heimildir til dragnótaveiða innan togveiðilína. Aðlögunartími fyrir báta sem missa togveiðiheimildir við þessa breytingu verði til 1. janúar 2003.
2. Ákvæði um heimildir til handa ráðherra til setningar reglugerða, sem lúta að friðun og nýtingu fiskstofnanna, verði gerð bæði ótvíræðari og einfaldari. Jafnframt verði heimild ráðherra til setningar slíkra reglugerða og leyfisbindingar veiða í sérstökum tilvikum skilgreindar.
3. Heimildum Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndilokana verði breytt nokkuð, með hliðsjón af fenginni reynslu. Skyndilokanir gildi í allt að 14 sólarhringa í stað sjö sólarhringa. Auk þess verði heimilt að framlengja þær við sérstakar aðstæður. Þá verði heimilað að grípa til skyndilokana á grundvelli tillagna frá skipstjórum fiskiskipa að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.
4. Viðurlagakaflanum verði breytt. Er í því sambandi tekið mið af viðurlagakafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og þeim breytingum sem urðu á viðurlagakafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Ábyrgð verði gerð hlutlæg og lögð á lögaðila. Fallið verði frá skilyrðislausri upptöku afla og veiðarfæra vegna landhelgisbrota og refsirammi vegna sekta einfaldaður.

Í athugasemdum við einstakar greinar verður gerð ítarlegri grein fyrir þessum breytingartillögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um þessa grein þarf ekki að fjölyrða. Hér er um að ræða almenna yfirlýsingu um tilgang laganna. Yfirlýsingar svipaðs efnis eru í 1. gr. laga nr. 81/1976, 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og 1. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Í fyrri málsgreininni er kveðið á um til hvaða nytjastofna frumvarpið tekur. Með þessu orðalagi, sem er efnislega samhljóða ákvæði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, taka lögin til nýtingar á lífrænum auðlindum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, hvort sem er úr jurtaríkinu eða dýraríkinu, á hafsbotni eða í hafinu yfir honum. Hins vegar tekur það ekki til nýtingar á þeim tegundum sjávardýra sem sérlög gilda um, t.d. hvala eða sela. Í lögum nr. 81/1976 er ekkert slíkt ákvæði og orðalag nokkurra ákvæða þeirra laga er með þeim hætti að efast má um hvort þau taki til stjórnar eða nýtingar á nytjastofnum, sem ekki teljast til fiska.

Í síðari málsgrein þessarar greinar er fiskveiðilandhelgin skilgreind sem hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma, sbr. nú lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Fiskveiðilandhelgin nær því yfir tvö belti umhverfis landið. Annars vegar hina eiginlegu

landhelgi næst landinu og hins vegar efnahagslögsöguna sem tekur við utan landhelginnar. Þessi skilgreining er í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Í lögum nr. 81/1976 er fiskveiðilandhelgin skilgreind með tilvísun í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands, en eðlilegra þykir nú að vísa til laga nr. 41/1979 þótt það breyti engu varðandi gildissvið laganna að því leyti. Rétt er að árétta, að lög þessi taka eingöngu til nýtingar nytjastofna innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Samhliða frumvarpi um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var á árinu 1976 lagt fram frumvarp um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Það frumvarp varð síðan að lögum nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Nú er til meðferðar hjá Alþingi nýtt lagafrumvarp um veiðar utan fiskveiðilandhelginnar.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. málsl. þessarar greinar um bann við veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands er efnislega samhljóða ákvæði 2. gr. laga nr. 81/1976. Í 2. gr. laga nr. 81/1976 er vísað til laga nr. 33, 19. maí 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Lög nr. 33/1922 voru felld úr gildi með lögum nr. 13, 30. mars 1992, um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands. Í lögum nr. 13/1992 er gert ráð fyrir að brot á þeim lögum varði viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1976. Af því leiðir að rétt er að kveða hér afdráttarlaust á um bann við veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hér er lagt til, og vísa ekki til laga nr. 13/1992 í því sambandi. Veiðar erlendra skipa í bága við þetta ákvæði munu því sæta viðurlögum samkvæmt viðurlagakafla þessara laga.

Í síðari málsgreininni er lagt til að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verði heimilt að gera milliríkjasamninga um veiðiheimildir erlendra skipa innan fiskveiðilandhelginnar og að ákvæðið felli ekki niður gildandi samninga. Ákvæði þetta er að miklu leyti efnislega samhljóða ákvæði 5. gr. laga nr. 13/1992, en þó má segja að ákvæðið sé nokkru rýmra í lögum nr. 13/1992 þar sem það tekur t.d. einnig til vinnslu afla innan lögsögunnar. Ljóst er að nauðsynlegt er að hafa heimild til þess að víkja í tilteknum tilvikum frá banni við veiðum erlendra skipa í fiskveiðilandhelginni, en rétt þykir jafnframt að slíkt verði ekki gert nema með milliríkjasamningi við stjórnvöld hlutaðeigandi ríkis. Slíkir samningar eru ávallt háðir samþykki Alþingis. Á liðnum árum hafa slíkir milliríkjasamningar verið gerðir t.d. við norsk, grænlensk og færeysk stjórnvöld og Evrópubandalagið.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, má enginn stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi þessi skulu gefin út til árs í senn. Í þessari grein er lagt til að þetta verði árétt-að, auk þess sem ákvæðið er gert nokkru ótvíræðara með skilgreindara gildissviði. Slíkt hefur einnig þýðingu að því leyti að samræmi verður í viðurlögum við brotum erlendra skipa og skipa sem skráð eru íslensk en hafa ekki veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar. Sú þróun sem orðið hefur innan íslenska fiskiskipaflotans og rekja má bæði til aukinna úthafsveiða og breyttra reglna um úreldingu og endurnýjun fiskiskipa hefur leitt til þess að nokkur hluti íslenska fiskiskipaflotans hefur ekki veiðiheimildir innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um 5. gr.

Heimildir til togveiða í fiskveiðilögsögu Íslands hafa um langan aldur verið lögbundnar. Við endurskoðun laga, bæði fyrri laga og þessara, hefur um það verið rætt hvort ástæða væri til að víkja frá þessu og binda togveiðiheimildir ekki í lög heldur veita ráðherra heimild til að marka þær í reglugerð. Með þeim hætti yrðu þær vissulega sveigjanlegri en á hinn bóginn hafa flestir verið sammála um það að nokkur festa verði að ríkja varðandi togveiðiheimildir skipa, enda sé hér um að ræða atriði sem skipti miklu máli varðandi útgerð þeirra. Er hér lagt til að togveiðiheimildirnar verði áfram lögbundnar.

Í 1. mgr. þessarar greinar er lagt til að ákvæði um togveiðiheimildir taki einnig til dragnótaveiða. Samkvæmt gildandi lögum eru dragnótaveiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eru ekki neinar sérstakar takmarkanir á veitingu slíkra leyfa. Hafa reglur um úthlutun dragnótaleyfa verið ákveðnar af ráðuneytinu, að jafnaði að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Jafnframt hefur verið leitast við að taka tillit til hagsmunaaðila, en eins og kunnugt er hafa skoðanir þeirra verið skiptar í þessu máli. Má segja að við mótun reglna um dragnótaveiðar innan togveiðilína hafi verið litið til nýtingar á kolastofnum. Eru heimildir til dragnótaveiða veittar óháð heimildum skipa til togveiða. Í frumvarpinu er lagt til að skipum verði heimilt að stunda dragnótaveiðar, án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi Fiskistofu, á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda togveiðar. Með því mætti losna við veitingu sérstakra leyfa til dragnótaveiða á þeim svæðum. Hins vegar yrði heimilt að veita sérstök leyfi til dragnótaveiða á svæðum þar sem þeim eru ekki heimilar togveiðar, sbr. 6. gr.

Þar sem ekki eru lagðar til meiri háttar breytingar á skipan togveiðihólfa við landið er áfram miðað við óbreytta viðmiðunarlínu eins og hún var ákveðin í lögum nr. 81/1976.

Í 2. mgr. er lagt til að fiskiskip verði flokkuð í þrjá flokka með tilliti til heimilda þeirra til togveiða og dragnótaveiða. Ef flokka á skip með tilliti til togveiðiheimilda þeirra vakna ýmsar spurningar um hvaða atriði beri að leggja til grundvallar slíkri flokkun. Eins og áður er rakið var fyrir gildistöku laga nr. 81/1976 miðað við brúttórúmlestir en í þeim lögum er miðað við mestu lengd. Ástæða þessara viðmiðana er vafalaust sú að það hefur þótt eðlilegt að smærri og afkastaminni skip fengju togveiðiheimildir nær landi en þau stærri og afkastameiri. Hér er lagt til að áfram verði hin almenna regla sú að miðað verði við mestu lengd fiskiskipa, en hins vegar verði einnig litið til afkastagetu þeirra eða toggetu að hluta. Jafnframt er lagt til að í stað þess að miða við 26 metra og 39 metra mestu lengd skipa, eins og gert er í lögum nr. 81/1976, skuli miða við 29 metra og 42 metra. Ástæða þessarar tillögu er sú að mörg þeirra skipa sem undanþágu nutu varðandi togveiðiheimildir samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 81/1976 eru litlu lengri en 26 metrar eða 39 metrar. Með því að breyta viðmiðuninni þannig halda þessi skip óbreyttum togveiðiheimildum.

Í 3. mgr. er lagt til að við ákvörðun afkastagetu verði miðað við það sem í greininni er nefnt aflvísir, sem sýnir í raun hina reiknuðu toggetu skipsins. Ástæða þess að hér er lagt til, að miðað verði við nýja einingu, sem nefnd hefur verið aflvísir, er sú að aflvísir er fundinn með mjög einfaldri formúlu sem öllum er aðgengileg og auðreiknuð en sýnir jafnframt vel hina raunverulegu toggetu fiskiskips. Niðurstaðan úr slíkri formúlu, sem hér er nefnd aflvísir, er að vísu ekki sú eining sem fæst úr þeirri formúlu sem almennt er notuð til að reikna togkraft skipa í tonnum. Sú formúla er öllu flóknari og ekki á allra færi að beita henni. Hins vegar eru sömu þættirnir í báðum þessum formúlum og það eru þeir þættir sem ráða togkrafti fiskiskips. Þessir þættir eru hestöfl vélar, þvermál skrúfuhrings og það hvort skip er búið skrúfuhring eða ekki. Formúlan fyrir aflvísi fiskiskips

samkvæmt því sem hér er lagt til er einföld. Ef skip er búið skrúfuhring er aflvísir þess hestaflafjöldi vélar margfaldaður með þvermáli skrúfu í metrum, en ef skip er ekki búið skrúfuhring skal margfalda útkomuna með 0,60 til að finna aflvísi þess. Er í 2. mgr. lagt til að skipum verði skipt upp í þrjá eftirfarandi flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa:

1. Fiskiskip 42 metrar og lengri. Jafnframt yrðu í þessum flokki öll fiskiskip sem hefðu aflvísa 2500 eða hærri.
2. Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með lægri aflvísa en 2.500. Enn fremur skip styttri en 29 metrar með hærri aflvísa en 1.600.
3. Fiskiskip styttri en 29 metrar enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600.

Rétt er að benda á í þessu sambandi að þróunin hefur orðið sú að togkraftur skipa hefur aukist gífurlega undanfarin ár. Varðandi flokk skipa undir 26 metrum má benda á að þegar lög nr. 81/1976 voru samþykkt var mesti togkraftur skipa sem voru tæpir 26 metrar á bilinu 6–7 tonn (aflvísir 600–700). Togkraftur jafnlangra skipa, sem smíðuð hafa verið á undanförnum árum, er 15–16 tonn (aflvísir 2.100–2.500).

Í frumvarpinu er lagt til að miðað verði við mestu lengdir skipa en þó geti skip farið upp um flokk ef togveiðikraftur þess er mikill. Ljóst er að ef ekki yrði breyting gerð á gildandi lögum þá héldi sú þróun áfram að smíðuð yrðu stutt en æ afkastameiri togskip. Slík hefur raunin orðið varðandi gildistíma laga nr. 81/1976 og hefur það vissulega valdið misræmi og óánægju. Vitanlega verður aldrei hjá því komist að útgerðaraðilar taki við ákvarðanir sínar um smíði fiskiskipa mið af reglum og reyni að ná sem ríkustum togveiðiheimildum með sem afkastamestum skipum, en með því að miða einnig við aflvísa skipa má vænta þess að koma megi í veg fyrir verulegar breytingar að þessu leyti.

Í 4. mgr. er lagt til að Fiskistofa haldi skrá yfir aflvísa íslenskra fiskiskipa. Tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands hefur fyrir nefndina annast mælingar og athuganir á togkrafti skipa enda hefur tæknideildin yfir að ráða viðamiklum upplýsingum á þessu sviði. Hins vegar þykir rétt að Fiskistofa haldi skrá yfir aflvísa og til þess getur komið að Fiskistofa annist einnig útreikning togkrafts þegar festa hefur fengist í framkvæmdina.

Í 5. mgr. er lagt til að að Siglingastofnun Íslands mæli og skrái mestu lengd skipa og er það í samræmi við gildandi lög og lögbundna framkvæmd þeirrar stofnunar.

Í 6. mgr. er áréttað að togveiðiheimildir samkvæmt þessu frumvarpi taki aðeins til veiða með botn- og flotvörpu á botnfisktegundum en ekki til veiða á uppsjávarfiskum, síld og humri. Um slíkar veiðar og veiðisvæði gilda aðrar reglur sem markaðar eru ýmist í leyfum eða reglugerðum.

Loks er í 7. mgr. lagt til að ef tvö eða fleiri skip eru saman um eina vörpu eða dragnót þá verði miðað við samanlagða lengd þeirra eða aflvísa þegar metið er hvar þau megi stunda togveiðar eða dragnótaveiðar. Um þetta hefur ekki verið ákvæði til þessa. Hins vegar þekkist það nú að tvö skip séu saman um eina vörpu og þykir þá eðlilegast að fara þessa leið.

Í 8. mgr. er ekki lagt til að miklar breytingar verði gerðar á skipan togveiðihólfanna sjálfra. Hins vegar er uppsetning þessa kafla með öðrum hætti en samkvæmt lögum nr. 81/1976 og er það gert til hægðarauka. Þó er lagt til að þessar breytingar verði gerðar á skipan togveiðihólfa:

1. Felld verði niður eftirfarandi togveiðisvæði:
   Svæði D.8 og D.9. Á þeim svæðum var skipum styttri en 26 metrar heimilt að stunda veiðar allt upp að suðurströnd meginlandsins hluta úr ári. Veiðar með vörpu hafa nú í nokkur ár verið bannaðar út að 3 sjómílum fyrir suðurströndinni að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar. Þykir rétt að festa þá skipan mála í lög.
   Svæði F.3. Á því svæði sem nær inn á Breiðafjörð, hefur skipum styttri en 26 metrar verið heimilað að stunda veiðar seinni hluta árs. Samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar er iðulega bæði smáýsa og smáþorskur á þessu svæði og hefur komið til skyndilokana af þeim sökum.
   Svæði G.2. Þessi liður tekur til tveggja svæða fyrir Vestfjörðum þar sem skipum styttri en 20 metrar er heimilað að stunda togveiðar að hausti upp að fjórum sjómílum. Hér er um sérstakt ákvæði að ræða og eru þetta einu togveiðisvæðin sem miðast við 20 metra skip og styttri. Þetta svæði var sett með sérstökum lögum nr. 67/1979 til aðstoðar rækjubátum fyrir Vestfjörðum þar sem rækjuveiðar féllu að mestu niður það ár vegna lélegs ástands innfjarðarækjustofnsins. Rækjubátar hafa lítið nýtt þessi svæði og þykir ekki ástæða til að halda þessum sérstöku heimildum.
2. Lagt er til að breytingar verði gerðar á togsvæðunum, sem tilgreind eru í gildandi lögum sem C.4 og C.5 en í frumvarpinu sem svæði C.5 og C.7 þannig að svæðið milli Hvítinga og 18°V verði opið bátum undir 42 metrum allt árið, en samkvæmt gildandi ákvæðum eru togveiðar bannaðar á svæðunum í mars og apríl á hverju ári. Í þessu sambandi skal þess getið, að undanfarin ár hafa allar veiðar verið bannaðar á þessum svæðum í allt að fimm vikur á vorin til verndar hrygningarþorski. Má við því búast að svo verði enn um sinn.
3. Lagt er til að sett verði nýtt togsvæði, sem tilgreint er í frumvarpinu sem G.2, þar sem skipum í tveimur minni flokkunum verði heimilt að stunda veiðar allt upp að fjórum sjómílum út af norðanverðum Vestfjörðum frá 1. nóvember til 31. janúar. Ástæða þessarar tillögu er að á þessu svæði má á haustin finna bæði kola og ýsu og eru svæðin lítið nýtt af öðrum fiskiskipum þennan tíma.

Um 6. gr.

Eins og segir í athugasemdum við 5. gr. er gert ráð fyrir að skipum sé heimilt, án sérstaks leyfis Fiskistofu, að stunda dragnótaveiðar á þeim svæðum þar sem þeim eru togveiðar heimilar skv 5. gr. Í 1. mgr. þessarar greinar er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt sé að veita leyfi til dragnótaveiða nær landi en heimilt er að stunda togveiðar og dragnótaveiðar skv. 5. gr. Gert er ráð fyrir að aðeins eigi kost á slíkum dragnótaleyfum bátar sem eru styttri en 42 metrar, enda séu þeir með lægri aflvísi en 2.500. Lögum samkvæmt annast Fiskistofa útgáfu leyfanna, en gert er ráð fyrir að ráðherra gefi út reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa auk þess sem kveðið verði nánar á um skipan veiðanna.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 81/1976, eins og þau voru samþykkt í upphafi, var aðeins heimilt að veita bátum styttri en 20 metrar leyfi til dragnótaveiða á tímabilinu 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Óheimilt var þó að veita slík leyfi til dragnótaveiða á Faxaflóa. Með lögum nr. 38/1981, um breytingu á lögum nr. 81/1976, var opnuð heimild til að leyfa dragnótaveiðar á Faxaflóa og með lögum nr. 82/1983 var fallið frá takmörkun á leyfilegum bátastærðum og veiðitíma. Engin ákvæði eru í gildandi lögum um dragnótaveiðar og hafa þær veiðar verið leyfisbundnar með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga nr.

38/1990, um stjórn fiskveiða. Engin sérstök takmörkun hefur verið á veitingu dragnótaleyfa og hefur skipan þeirra mála verið með ýmsum hætti undanfarin ár.

Ekki þarf að fara í grafgötur með það að dragnótaveiðar hafa lengi verið umdeildar. Dragnótaveiðar hafa undanfarin ár aukist nokkuð enda hefur það sýnt sig að slíkar veiðar eru mjög hagkvæmar auk þess sem þær skila mjög góðu hráefni. Á síðari árum hefur gagnrýnin einkum beinst að því að æ stærri bátar eru útbúnir til slíkra veiða og þykir ekki eðlilegt að þeim séu veittar heimildir til veiða langt innan þeirra svæða sem þeim er heimilt að stunda togveiðar á. Hins vegar verður að hafa í huga að veiðar á ýmsum tegundum kola verða vart stundaðar án dragnótar og æ stærri hluti kolaaflans kemur í dragnót. Má benda á að stærstur hluti skarkolaaflans fæst nú í dragnót og næstum allur sandkola- og langlúruaflinn. Í mörgum tilvikum verður að stunda slíkar veiðar nærri landi og innan almennra togveiðisvæða ef nýta á þá stofna. Með þeirri skipan sem hér er lögð til væri unnt að skipuleggja veiðarnar með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni en þær eru mjög mismunandi. Dragnótaleyfi hafa ávallt verið svæðisbundin og hafa nokkuð mismunandi reglur gilt um veiðarnar eftir svæðum. Á ákveðnum svæðum hafa leyfin verið takmörkuð í fjölda til þesss að koma í veg fyrir ofnýtingu ákveðinna miða eða fiskstofna. Á ákveðnum veiðisvæðum er dragnótin einkum notuð til veiða á ýmsum kolategundum en annars staðar hafa dragnótaveiðar að mestu tekið við af netaveiðum og einkum beinst að þorski. Oft eru dragnótaveiðar stundaðar inni á fjörðum og því getur verið þörf á að setja frekari reglur um stærðir þeirra báta sem leyfi fá þar.

Í 2. mgr. þessarar greinar er almenn heimild til að leyfisbinda tilteknar veiðar sé til þess talin nauðsyn til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðar beinast að eða til að koma í veg fyrir skaðsemi sem notkun veiðarfæris getur haft fyrir nýtingu annarra stofna. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna að það kann að vera nauðsynlegt að takmarka notkun skelplógs til að tryggja að ekki verði um ofnýtingu ákveðins svæðis að ræða og sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna takmörkun á notkun rækjuvörpu á ákveðnu svæði til að koma í veg fyrir seiðadráp. Er þá heimilt að grípa til sömu úrræða og heimilt er við skipan dragnótaveiða.

Um 7. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar er lagt til að grásleppuveiðar verði háðar sérstökum leyfum og að aðeins þeir eigi kost á leyfum sem rétt áttu til slíkra leyfa samkvæmt gildandi reglum. Í reglugerð nr. 58, 18. janúar 1996, um hrognkelsaveiðar, er kveðið á um skipulag grásleppuveiða hér við land og hvaða bátar eigi rétt til grásleppuleyfis. Hefur útgáfa leyfa verið takmörkuð í mörg ár og er bundin við þá aðila sem veiðar stunduðu á tilteknu árabili. Rétt er að nefna hér að fiskifræðingar hafa ekki lagt til að grásleppuveiðarnar verði takmarkaðar en hins vegar hefur þótt ástæða til að setja takmarkanir á veiðarnar, fyrst og fremst vegna þess að fjöldi smábáta er orðinn slíkur að án þeirra gætu veiðarnar farið algerlega úr böndunum á skömmum tíma. Hér ber einnig að líta til markaðsaðstæðna og réttar þeirra manna sem stundað hafa þessar veiðar og sem vegna þeirra hafa minni aflaheimildir í öðrum fisktegundum. Reglugerð um hrognkelsaveiðar hefur verið gefin út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, en hér er lagt til að skýrt verði kveðið á um að veiðarnar verði leyfisbundnar og jafnframt um heimildir ráðherra til að skipa þeim málum með þeim hætti sem gert hefur verið til þessa.

Í 1. málsl. 2. mgr. segir að ráðherra geti leyfisbundið veiðar á tilteknum stofni í því skyni að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu hans, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiðin beinist að eða önnur skaðleg áhrif veiða. Ákvæði þetta tæki bæði til stofna, sem veiðum er stjórnað á með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa og annarra stofna. Slík takmörkun getur verið nauðsynleg og má hér sem dæmi nefna innfjarðaveiðar á rækju og ýmsum skeltegundum. Meginreglan er því sú að sé veiðum úr stofni stjórnað með kvótum og skiptingu þeirra milli skipa beri aðeins í þeim tilvikum sem ríkar ástæður, sem greindar eru í 1. málsl., eru fyrir hendi, að setja frekari takmarkanir á um nýtingu viðkomandi stofns. Í 2. málsl. þessarar málsgreinar segir hins vegar að sé stofni ekki stjórnað með skiptingu kvóta milli einstakra skipa þá geti ráðherra leyfisbundið veiðar úr þeim stofni sé þess talin þörf, t.d. vegna óvissu um veiðiþol stofnsins. Þykir nauðsyn bera til að hafa slíkt ákvæði því ella væri ekki unnt að hafa stjórn á veiðum, t.d. úr stofnum sem lítil vitneskja væri um. Að lokum eru ákvæði um að ráðherra beri að kveða á í reglugerð um skilyrði fyrir veitingu þessara sérstöku leyfa og heimildir hans í því efni.

Varðandi leyfisbindingu veiða almennt skal á það bent að á liðnum árum hefur þróunin orðið sú að reynt hefur verið í ýmsum tilvikum að einfalda veiðileyfakerfið og hefur verið fallið frá sérstakri leyfisbindingu veiða eins og t.d. netaveiða, loðnuveiða, úthafsrækjuveiða, síldveiða og humarveiða. Í flestum tilvikum þarf aðeins hið almenna veiðileyfi í atvinnuskyni. Þrátt fyrir það er ljóst að stundum skapast þörf á að binda veiðar á tilteknum tegundum eða veiðar í tiltekin veiðarfæri sérstökum leyfum vegna einhverra sértilvika og hafa þau tilvik verið sérgreind í 6. og 7. gr. frumvarps þessa. Eins og áður hefur komið fram hefur leyfisbinding veiða og veiðiaðferða á síðustu árum byggst á 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, en orðalag hennar er mjög rúmt. Hér er í raun lagt til að heimildir ráðherra til þess að leyfisbinda veiðar verði þrengdar jafnframt því sem settar verði ákveðnari viðmiðanir um alla framkvæmd leyfisbindingarinnar. Er því lagt til í frumvarpi þessu að ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 verði úr gildi fellt.

Um 8. gr.

Ákvæði fyrri málsgreinar er samhljóða ákvæði 5. gr. laga nr. 81/1976 að öðru leyti en því að áður en ákvarðanir eru teknar um skiptingu veiðisvæða milli veiðarfæra með banni á notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði er gert skylt að leita umsagnar samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að skipting veiðisvæðisins varði mestu hverju sinni. Hér er ekki um að ræða að slík skipting sé gerð í fiskverndunarskyni heldur fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir að veiðar með mismunandi veiðarfærum leiði til árekstra. Sams konar ákvæði laga nr. 81/1976 hefur einkum verið beitt varðandi setningu sérstakra línu- og netasvæða yfir vertíðarmánuðina fyrir Suðausturlandi.

Í seinni málslið er lagt til að ráðherra verði heimilt að banna veiðar á tilteknum svæðum vegna neðansjávarstrengja og vatnslagna neðan sjávar. Í 3. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eru ákvæði sem bönnuðu allar veiðar á ákveðnu svæði milli meginlandsins og Vestmannaeyja og við sæsímastrenginn sem liggur frá Vestmannaeyjum til útlanda. Um aðra strengi og lagnir voru ekki ákvæði í gildandi lögum en með brot á þessum tilgreindu svæðum skal farið eins og með almenn fiskveiðilagabrot. Þykir rétt að hafa almenna heimild í lögum til að kveða á um slík veiðibönn vegna slíkra strengja og lagna í reglugerð. Jafnframt þykir rétt að brot á slíkum veiðibönnum sæti ekki sömu viðurlögum og fiskveiðilagabrot almennt heldur viðurlögum skv. 17. gr.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir að 1. og 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins komi í stað 6. og 7. gr. laga nr. 81/1976. Eins og rakið er í almennri greinargerð hér á undan eru ákvæði gildandi laga um setningu friðunarsvæða ekki ótvíræð og er hér lagt til að þau verði gerð einfaldari og jafnframt markvissari.

Eins og ákvæði 9. gr. er sett fram í frumvarpinu er í raun gert ráð fyrir að ráðherra geti sett friðunarsvæði samkvæmt umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, þegar nauðsynlegt er talið, til að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Geta friðunarsvæðin bæði verið með því móti að á þeim séu bannaðar allar veiðar eða veiðar með tilteknum veiðarfærum, eftir því sem þörf er talin á hverju sinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að friðun slíkra svæða sé ekki úr gildi felld nema fyrir liggi umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar. Slík friðunarsvæði eru oftast sett til friðunar ungfiski, ungrækju eða unghumri. Einnig eru stundum sett tímabundin friðunarsvæði til friðunar á hrygnandi stofnum eða til þess að koma í veg fyrir aðrar óæskilegar veiðar. Mjög oft eru friðunarsvæði ákveðin í framhaldi af skyndilokunum, sbr. 10. gr.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er það nýmæli að heimilt er að banna veiðar eða notkun ákveðinna tegunda veiðarfæra sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar. Slík heimild hefur ekki verið fyrir hendi en upp hafa komið tilvik þar sem hana hefur skort.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er gert ráð fyrir að allverulegar breytingar verði gerðar á ákvæði um skyndilokanir sem nú er í 8. gr. laga nr. 81/1976. Breytingarnar sem hér er lagt til að gerðar verði eru eftirfarandi:

1. Í 8. gr. laga nr. 81/1976 er ákvæði um að stefnt skuli að rekstri sérstakra eftirlitsskipa. Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt út, enda hefur þetta ákvæði ekki komið til framkvæmda á þeim tuttugu árum sem liðin eru síðan lögin voru samþykkt og vandséð að svo verði á næstunni. Það að fella niður þetta ákvæði útilokar þó vitanlega ekki að hægt yrði að koma upp slíkum skipum yrði ákvörðun tekin um slíkt og fjárveiting fengist til þess.
2. Í 8. gr. laga nr. 81/1976 er gert ráð fyrir að eftirlitsmenn séu sérstakir trúnaðarmenn ráðherra. Verður til þess að líta að þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma hafði veiðieftirliti með þeim hætti sem starfar á vegum Fiskistofu ekki verið komið á. Í frumvarpinu er því lagt til að hér verði um veiðieftirlitsmenn Fiskistofu að ræða enda hefur sú raunin orðið á.
3. Í 8. gr. laga nr. 81/1976 er gert ráð fyrir að heimilt sé að grípa til skyndilokana á grundvelli upplýsinga frá skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstökum trúnaðarmönnum. Í samræmi við breytingar, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, er gert ráð fyrir því hér að byggt verði á upplýsingum veiðieftirlitsmanna Fiskistofu og leiðangursstjóra hafrannsóknaskipa auk þess sem upplýsingar frá starfsmönnum Landhelgisgæslu geti orðið grundvöllur ákvörðunar um skyndilokun. Orðalag 8. gr. laga nr. 81/1976 um að skipstjórar eftirlitsskipa hafi hlutverki að gegna í þessu sambandi hefur verið túlkað þannig að það taki til Landhelgisgæslunnar en ástæða þykir til að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

4. Í 8. gr. laga nr. 81/1976 er gert ráð fyrir því, að Hafrannsóknastofnunin geti bannað veiðar á tilteknum svæðum í allt að sjö sólarhringa. Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin geti bannaðar veiðarnar í allt að 14 sólarhringa. Þá er í þessari grein það nýmæli að heimilt er við tilteknar aðstæður að skyndiloka svæði aftur í allt að sjö daga ef ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef ætla megi að breytingar verði á svæðinu innan þess tíma. Ástæða þess að þetta er lagt til er sú að stundum hefur sú staða komið upp að ástand tiltekins svæðis hefur breyst eftir að skyndilokun tók gildi en hins vegar er svæðið ekki orðið þannig að rétt sé að opna það strax. Þykir því rétt að unnt sé að grípa til skyndilokunar aftur ef ætla má að með því náist sá árangur sem að var stefnt án þess að svæðinu sé lokað með reglugerð, en það er umfangsmeiri ráðstöfun.
5. Í 8. gr. laga nr. 81/1976 er sagt að skyndilokanir taki gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi skipstjórum eftirlitsskipa, leiðangursstjórum eða trúnaðarmönnum ráðherra. Framkvæmdin hefur orðið með þeim hætti að Hafrannsóknastofnunin hefur að jafnaði tilkynnt um skyndilokanir í ríkisútvarpinu og hefur í þeim tilkynningum verið tilgreindur upphafstími lokunarinnar. Jafnframt hafa strandstöðvar sinnt upplýsingaþjónustu varðandi skyndilokanir. Í frumvarpinu er lagt til að tilkynningar um skyndilokanir séu sendar strandstöðvum og útvarpi en gert er ráð fyrir að nánari reglur séu settar um framkvæmd skyndilokana. Hröð þróun í fjarskiptatækni skapar aukna möguleika á að koma upplýsingum, til að mynda um slíkar ákvarðanir, á framfæri og því þykir rétt að njörva framkvæmdina ekki niður í lögum heldur hafa hana í reglugerð þannig að auðveldara verði að laga framkvæmdina að breyttum aðstæðum og tækni hverju sinni. Jafnframt verður að leggja áherslu á að tryggt sé að hlutaðeigendur geti leitað slíkra upplýsinga með tryggum hætti.
6. Í þessari grein er lagt til að þess verði að jafnaði gætt að ákvörðun um ráðstöfun í framhaldi af skyndilokun liggi fyrir a.m.k. einum sólarhring áður en skyndilokun fellur úr gildi. Nokkuð hefur borið á því að skip sigldu í átt til svæðis sem hafði verið skyndilokð í því skyni að hefja þar veiðar strax og skyndilokun félli úr gildi. Oft hefur það síðan gerst að svæðinu hefur fyrirvaralaust verið lokað áfram með reglugerð þar sem ástandið á svæðinu hefur ekki batnað. Með því að ákveða að ráðstafanir skuli liggja fyrir með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara er talið að komast megi hjá slíkum óþörfum siglingum.
7. Varðandi þessa grein eru enn fremur þau nýmæli að heimilt er að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar tímabundið á lokuðum svæðum í tilraunaskyni, enda fari slíkar tilraunir fram undir eftirliti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Landhelgisgæslu og að skipstjórnarmönnum sé skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar. Er þetta gert til þess að hægara sé að taka ákvarðanir um framhaldsaðgerðir eftir að skyndilokun fellur úr gildi.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er það nýmæli að lagt er til að heimilt sé að grípa til skyndilokana vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórnarmönnum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnum svæðum. Heimild þessi er eftirfarandi skilyrðum háð:

1. Að upplýsingarnar berist frá a.m.k. þrem skipstjórnarmönnum sem veiðar stunda á viðkomandi svæði.
2. Að upplýsingarnar séu studdar mælingum sem framkvæmdar eru á fullnægjandi hátt að mati Hafrannsóknastofnunarinnar.
3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar með öðrum hætti án tafar.

Oft hefur komið upp sú staða að skipstjórnarmenn telja ástæðu til þess að banna eða takmarka veiðar á ákveðnu svæði vegna ástands þar. Ef ekki hefur verið hægt að koma eftirlitsmanni Fiskistofu eða Landhelgisgæslunni á svæðið til þess að staðreyna ástandið hefur til þessa ekki verið fyrir hendi lagaheimild til þess að loka svæðum. Hafa margir skipstjórnarmenn lýst sig reiðubúna til þess að taka þátt í verndun auðlindarinnar með þessum hætti og þykir full ástæða til að mæta þeim vilja. Hins vegar er ljóst að hér er um nokkuð vandmeðfarið mál að ræða og nauðsynlegt er að setja mótaðar reglur um þessa framkvæmd. Gert er ráð fyrir því að skyndilokanir samkvæmt þessari grein gildi í allt að viku eða helmingi skemur en skyndilokanir skv. 10. gr.

Um 12. gr.

Í 12. gr. er það nýmæli að veiðieftirlitsmaður um borð í veiðiskipi geti mælt fyrir um að skip kasti eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Skipstjóri skal verða við tilmælum eftirlitsmannsins, enda fari tilraunin fram með þeim hætti að hún hindri veiðar skipsins sem minnst og framkvæmdin verði ákveðin í samráði við skipstjóra veiðiskipsins.

Við venjulega framkvæmd veiðieftirlits fer veiðieftirlitsmaður með veiðiskipi í veiðiferð og ræður skipstjórnarmaður eðlilega alfarið hvar veiðar eru stundaðar o.s.frv. Því er ekki að neita að upp hafa komið tilvik þar sem skip siglir fram hjá skipum sem eru að veiðum á önnur mið þar sem síður má ætla að komið geti til lokana veiðisvæða. Komið hefur fram meðal skipstjórnarmanna að þeir forðist ákveðin veiðisvæði þar sem þeir vita að aðstæður eru þannig að búast megi við lokun svæðanna sé eftirlitsmaður um borð í skipum þeirra.

Enda þótt ljóst sé að ákvörðunarvald um veiðisvæði og annað er lýtur að stjórnun skips hljóti ávallt að vera í höndum skipstjóra þykir rétt að reyna með þessum hætti að komast hjá því að skip sigli fram hjá svæði ef ástæða er til að ætla að þar séu stundaðar skaðlegar veiðar. Vissulega verður ekki dregið úr því að framkvæmd og mat á slíku geti verið erfið en hins vegar er ljóst að ef vel tekst til og samvinna við skipstjórnarmenn verður góð er unnt að efla veiðieftirlit verulega með þessum hætti.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta lýtur að sérstökum veiðitilraunum og vísindalegum rannsóknum innan fiskveiðilögsögu Íslands. Ákvæði svipaðs efnis er í 15. gr. laga nr. 81/1976 en í 13. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir að Fiskistofa geti einnig haft eftirlit með slíkum rannsóknum eða tilraunum, enda er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur. Þykir og rétt að heimilt sé að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem af eftirlitinu leiðir. Má í því sambandi nefna þau tilvik þegar erlend skip fá leyfi til tilrauna-

veiða eða rannsókna í lögsögunni og ástæða þykir til að hafa eftirlitsmenn um borð í þeim skipum. Þykir eðlilegt að leyfishafi greiði þann kostnað sem af eftirlitinu leiðir.

Loks er í ákvæðinu áréttað að verði eftirliti ekki við komið skuli heimildin til veiðitilrauna eða rannsókna bundin því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um gang tilraunarinnar eða rannsóknarinnar. Slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum en nauðsynlegt þykir að árétta að Hafrannsóknastofnunin fái slíkar upplýsingar.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða almenna heimild til setningar reglugerðar um framkvæmd þessara laga og þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er áréttað að brot sé refsivert, hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi auk þess sem hlutlæg refsiábyrgð er lögð á lögaðila í 18. gr. Jafnframt er gert ráð fyrir því að stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot geti auk sektar varðað refsivist.

Í 2. mgr. segir að beita skuli ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á. Samkvæmt frumvarpi þessu er aðeins gert ráð fyrir að afli verði gerður upptækur vegna brota á ákvæðum 16. gr. sem tekur til þeirra tilvika þegar veiðar eru stundaðar á einhverjum þeim svæðum þar sem þær eru bannaðar. Hins vegar getur í ýmsum tilvikum komið til þess að Fiskistofa beiti ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á reglum sem settar yrðu með stoð í þessum lögum. Má í því sambandi nefna tilvik eins og þegar skip stunda veiðar án tilskilinna leyfa eða nota til veiða ólögleg veiðarfæri.

Um 16. gr.

Þessi grein tekur til þeirra tilvika, þegar skip stundar veiðar á svæði þar sem því eru þær veiðar bannaðar. Koma hér til þau tilvik þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar samkvæmt ákvæðum 3.–5. gr. laga þessara eða hafa verið bannaðar með stoð í 8.–11. gr. þeirra. Hér er lagt til að slík brot varði eigi lægri sektum en 600.000 kr. og eigi hærri en 6.000.000 kr. og að dómari meti sektarfjárhæð eftir eðli og umfangi brots. Í gildandi lögum miðast sektir við gullkrónur og segir í 17. gr. að sektir skulu nema 4.000–20.000 gullkrónum ef skip er 39 metrar að lengd eða minna, en 14.000-40.000 gullkrónum, ef skip er lengra en 39 metrar. Hér er lagt til að fallið verði frá því að miða við gullkrónur og þessari skiptingu refsirammans.

Í gildandi lögum segir að vegna sambærilegra brota skuli gera upptæk veiðarfæri svo og allan afla um borð. Ákvæði þetta hefur verið túlkað þannig að öll veiðarfæri sem verið hafa um borð í skipinu hafa verið gerð upptæk. Í 2. mgr. segir að brot samkvæmt þessari grein skuli auk refsingar varða upptöku veiðarfæra, þar með talinna dragstrengja, og afla, enda sé sennilegt að hann hafi fengist með ólögmætum hætti. Hér er lagt til að sú breyting verði gerð að aðeins verði heimilt að gera aflann upptækan að sennilegt sé að hann hafi fengist með ólögmætum hætti. Jafnframt er lagt til að aðeins þau veiðarfæri verði gerð upptæk sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar. Ástæða þess að þessi breyting er lögð til er sú að skilyrðislaus upptaka afla og veiðarfæra getur í ákveðnum tilvikum verið óeðlilega hörð viðurlög. Í afla skipa og veiðarfærum þeirra eru oft slík verðmæti falin að upptaka þessara hluta getur orðið miklu þungbærari en sektin. Má sem dæmi nefna fullvinnsluskip sem staðið er að veiðum á svæði þar sem veiðar hafa verið

bannaðar. Það hefur nýhafið veiðar á svæðinu en er með verulegan afla innanborðs auk mikilla birgða veiðarfæra. Í slíku tilviki myndu viðurlögin, að óbreyttum lögum, verða mun þyngri en eðlilegt getur talist. Hins vegar er ljóst að til þess getur komið að erfitt reynist að staðreyna bæði hvaða veiðarfæri voru notuð við veiðarnar og eins hvaða afli fékkst við þær.

Í 3. mgr. þessarar greinar segir að heimilt sé að gera andvirði veiðarfæra og afla upptækt í stað aflans og veiðarfæranna sjálfra. Hér er fyrst og fremst um hagkvæmt atriði að ræða því að öðrum kosti má ætla að verðmæti þessara hluta rýrni mikið við almenna sölu. Þetta er einnig í samræmi við framkvæmdina hin síðari ár.

Um 17. gr.

Hér eru tilgreind viðurlög vegna brota á öðrum ákvæðum laganna en þeim sem tilgreind eru í 16. gr. auk brota á reglugerðum settum samkvæmt lögunum og á ákvæðum leyfisbréfa sem gefin eru út á grundvelli slíkra reglugerða. Með stoð í þessari grein yrði t.d. refsað fyrir brot á reglugerðum um möskvastærðir og útbúnað veiðarfæra.

Um 18. gr.

Hér er hlutlæg refsiábyrgð lögð á lögaðila og er það til samræmis við ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Um 19. gr.

Í gildandi lögum nr. 81/1976 er kveðið svo á um í 17. gr. að leggja skuli löghald á skip sem staðið er að ólöglegum veiðum þegar það kemur til hafnar og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður verið greidd að fullu. Heimilt er þó samkvæmt gildandi lögum að láta skipið laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara. Í þessari grein er lagt til að sú breyting verði gerð að heimilt sé að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Það er hins vegar á valdi dómara að meta nauðsyn á slíku og er honum jafnframt heimilt að láta það laust ef trygging er sett fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku. Með þessu er að því stefnt að ekki verði gerður greinarmunur á málsmeðferð eftir því gegn hvaða ákvæði laganna hefur verið brotið, heldur fari um málsmeðferðina að lögum um meðferð opinberra mála

Ákvæði þessarar greinar um að lögveð stofnist í skipi til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 20. gr.

Með þessu ákvæði er kveðið skýrt á um að ólögleg veiðarfæri skuli upptæk gerð. Með ólöglegum veiðarfærum er átt við veiðarfæri sem ekki eru gerð í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið um þau. Má sem dæmi nefna veiðarfæri með ólöglegum möskvum og vörpur sem klæddar eru með ólögmætum hætti. Í gildandi lögum eru ekki ákvæði um þetta efni og hefur það leitt til þess að óljóst er hvernig með slík veiðarfæri skuli farið.

Um 21.–22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir er í frumvarpi þessu lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á togveiðiviðmiðunum. Ljóst er að með samþykkt þessa frumvarps kæmu því einhver skip til með að missa togveiðiheimildir. Þykir rétt að veita þeim skipum nokkurn aðlögunartíma vegna þessa. Hér því er lagt til að skip þau, sem vegna þessara breytinga koma til með að missa veiðiréttindi, fái aðlögunartíma til 1. janúar 2003.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að eldri lög um fiskveiðilandhelgina verði yfirfarin og endurnýjuð með breytingum í ljósi breyttra krafna til laga og valdsviðs framkvæmdarvaldsins. Meðal annars er kveðið skýrar á um skilgreiningar á stærð skipa, heimild ráðherra til setningar reglugerða, vald Hafrannsóknastofnunarinnar til svæðalokunar og viðurlög.

Ekki verður séð að samþykkt þessa frumvarps hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

831. Frumvarp til laga [494. mál]

um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Póst- og símafáni, svo og tollgæslufáni, eru tjúgufánar með merki í efra stangarreit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru silfurlit.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Engin önnur merki en þau, er greinir í 3. gr., má nota í þjóðfánanum nema merki í fána forseta Íslands.

4. gr.

Í stað orðanna „samkvæmt 2. gr.“ í 5. gr. laganna kemur: skv. 2. og 3. gr.

5. gr.

Í stað orðsins „forsetaúrskurði“ í 7. gr. laganna kemur: reglugerð.

6. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 8. gr. laganna kemur: forsætisráðuneytið.

7. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytið“ í 9. gr. laganna kemur: forsætisráðuneytið.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er með leyfi forsætisráðuneytisins að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru eða þjónustu, enda sé starfsemi sú sem í hlut á að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð og fánanum ekki óvirðing gerð. Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

b. Í stað orðsins „dómsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. kemur: forsætisráðuneytisins.

c. 1. málsl. 6. mgr. hljóðar svo: Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning, umbúðir hans eða í auglýsingu á þjónustu án leyfis og skal þá fenginn dómsúrskurður um að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vöru til sölu eða þjónustu sem auðkennd er með því.

d. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefir verið sett mynd af íslenska fánanum. Brot á þessu varðar refsingu sem óréttmætir viðskiptahættir og skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðuneytið skal gefa út reglugerð um notkun og meðferð fánans.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Saga íslenska fánans er samofin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Framan af voru menn ekki á eitt sáttir um gerð fánans og lengi mun ekki hafa verið gerður greinarmunur á fána og skjaldarmerki.

Hinn 13. mars 1897 ritaði Einar skáld Benediktsson grein í blað sitt, Dagskrá, þar sem hann segir að þjóðlitir Íslands séu blátt og hvítt og að krossinn sé hið algengasta og hentugasta flaggmerki. Leggur hann til að fáni Íslands verði hvítur kross á bláum feldi.

Á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 27. desember 1906 sýndi Matthías Þórðarson, síðar þjóðminjavörður, fánahugmynd sína: hvítan kross á bláum feldi með rauðum krossi innan í hvíta krossinum. Áttu litirnir að tákna fjallablámann, ísinn og eldinn.

Fánatillaga Matthíasar sigraði að lokum, en á þessu stigi hölluðust menn miklu fremur að hugmynd Einars, bláum fána með hvítum krossi. Varð sú fánagerð vinsæl víða, ekki síst eftir að danskt herskip gerði árið 1913 upptækan slíkan fána sem var á kappróðrarbáti á Reykjavíkurhöfn. Hleypti þetta atvik miklum hita í fánamálið.

Að tillögu Hannesar Hafstein ráðherra var 22. nóvember 1913 gefinn út konungsúrskurður um að fyrir Ísland skyldi löggildur vera sérstakur fáni. Gerð hans skyldi ákveðin með nýjum konungsúrskurði þegar ráðherra Íslands hefði haft tök á að kynna sér óskir manna á Íslandi um það atriði. Hér var einungis um að ræða sérfána fyrir Ísland, þ.e. fána sem nota mætti á Íslandi og í íslenskri landhelgi.

Í næsta mánuði eða 30. desember 1913 skipaði svo ráðherra nefnd til þess að taka gerð fánans til rækilegrar íhugunar og koma fram með tillögur um lögun og lit hans.

Í nefnd þessa voru skipaðir Guðmundur Björnsson landlæknir, formaður, Matthías Þórðarson þjóðminjavörður, Ólafur Björnsson ritstjóri, Jón Jónsson (Aðils) dósent og Þórarinn B. Þorláksson listmálari.

Fánanefndin skilaði yfirgripsmikilli skýrslu 1914. Gerðar voru tvær tillögur um liti fánans:

a. fáninn skyldi vera heiðblár með hvítum krossi og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum, eða
b. hvítur með heiðbláum krossi og hvítri og blárri rönd utan beggja vegna.

Með tilvísun til konungsúrskurðarins frá 22. nóvember 1913 var gefinn út konungsúrskurður 19. júní 1915 um lögun og liti fánans þannig að þrílita gerðin var ákveðin. Þessi fáni varð svo þjóðfáni er Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918, sbr. konungsúrskurð 30. nóvember 1918. Hér með var fáninn ekki lengur einungis sérfáni heldur hið þráða fullveldistákn þjóðarinnar.

Þegar lýðveldisstofnunin var undirbúin var rætt um fánann. Ekki kom til breyting á gerð fánans, lögun og litum, heldur notkun hans og meðferð. Þá voru sett gildandi lög um þjóðfána Íslendinga sem voru fyrstu lögin sem nýkjörinn forseti Íslands, Sveinn Björnsson, staðfesti og var það gjört á Þingvelli 17. júní 1944. Voru lögin meðundirrituð af forsætisráðherra, dr. juris Birni Þórðarsyni. Sama dag var gefinn út forsetaúrskurður um fánadaga o.fl.

Hinn 22. júní 1987 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra nefnd til þess að endurskoða reglur varðandi íslenska fánann. Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Benediktsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneyti, Baldur Möller, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Pétur Thorsteinsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti, og Birgir Thorlacius, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætis- og menntamálaráðuneyti.

Nefnd þessi gerði ekki tillögu um breytingar á lögunum um þjóðfánann. Hins vegar lagði nefndin til að ákveða skyldi og auglýsa staðla um liti fánans. Samkvæmt þessu gaf forsætisráðuneytið út auglýsingu um liti íslenska fánans 23. janúar 1991. Jafnframt lagði nefndin til nokkrar breytingar á forsetaúrskurði um fánadaga sem staðfestar voru með nýjum forsetaúrskurði 23. janúar 1991. Nefndin samdi leiðbeiningar um meðferð fánans

sem birtar voru í riti um fána Íslands o.fl. sem forsætisráðuneytið gaf út 1991.

Skipun nefndar.

Hinn 9. mars 1995 skipaði forsætisráðherra, Davíð Oddsson, nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga, einkum verndarákvæði þeirra í 12. gr., sem og önnur þau lagaákvæði sem sett hafa verið fánanum til verndar. Var þetta gert í samræmi við ályktun Alþingis frá 6. maí 1994 sem mælti fyrir um þessa nefndarskipun.

Nefndinni var einnig falið að gera tillögur að reglum um meðferð og notkun skjaldarmerkis Íslands – ríkisskjaldarmerkisins.

Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður og Þorvaldur Garðar Kristjánsson fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, skipaðir án tilnefningar, Andrés Pétursson upplýsingafulltrúi, tilnefndur af Útflutningsráði Íslands, og Magnús Oddsson ferðamálastjóri, tilnefndur af Ferðamálaráði Íslands.

Formaður nefndarinnar var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri í forsætisráðuneyti.

Vinnubrögð.

Starf nefndarinnar hefur ekki einungis lotið að sjálfum lögunum um þjóðfánann heldur einnig að viðfangsefnum sem varða auglýsingu forsætisráðuneytisins 23. janúar 1991 um liti íslenska fánans og forsetaúrskurð 23. janúar 1991 um fánadaga og fánatíma auk forsetaúrskurðar um skjaldarmerki Íslands, nr. 35 17. júní 1944.

Nefndin hefir leitast við að vinna að verkefni sínu af kostgæfni. Gagna, heimilda og upplýsinga hefir verið aflað á ýmsa vegu. Saga fánans hefir verið skoðuð, svo sem umfjöllun Alþingis fyrr og síðar og skýrsla fánanefndar 1913. Til umráða hafa verið margháttuð gögn nefndarinnar sem forsætisráðherra skipaði 1987 til að endurskoða reglur varðandi fánann. Leitað hefur verið eftir ráðgjöf og áliti hjá þeim sem hafa til að bera sérfræðilega þekkingu og kunnáttu, einkum að því er varðar staðla til að tengja aukið frjálsræði til notkunar fánans við gæðastjórnun og umhverfisvernd, svo og til að velja nothæfan litastiga til að ákvarða fánalitina. Litið hefir verið á reglur og venjur sem tíðkast um notkun og meðferð þjóðfána og ríkisskjaldarmerkja í öðrum ríkjum, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Hafðar hafa verið í huga venjur og starfshættir sem nú tíðkast hjá forsætisráðuneytinu fánanum til verndar. Nefndin hefir haldið marga fundi þar sem málin hafa verið skoðuð af gaumgæfni og ítarlega rædd.

Hér verður gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum og viðhorfum sem liggja til grundvallar tillögum nefndarinnar er varða þjóðfánann.

Tillögur, sem nefndin gerir um skjaldarmerkið, eru settar fram í sérstöku frumvarpi til laga um skjaldarmerki Íslands.

Verkefni.

Þó að skipunarbréf nefndarinnar hljóði upp á endurskoðun laganna í heild er litið svo á að þar undir heyri ekki að breyta gerð fánans, hvorki að lögun né litum. Þá lítur nefndin svo á að ekki komi til mála að setja að formi til ný fánalög og fella úr gildi þau sem fyrir eru. Kemur þar til sögulegt gildi laga sem voru undirrituð á helgistund á Þingvelli við Öxará 17. dag júnímánaðar 1944.

Endurskoðun slíkra laga einskorðast því við breytingar einar og þær óhjákvæmilegar. Slíku er fyrir að fara um nokkur atriði í lögunum auk þess sem nefndinni er sérstaklega falið að endurskoða verndarákvæði 12. gr. og þau lagaákvæði önnur sem sett hafa verið fánanum til verndar.

Verndarákvæði 12. gr. laganna.

Mælt var fyrir ályktun Alþingis um endurskoðun fánalaganna með skírskotun til þess að auka þyrfti frjálsræði um notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Ekki getur orkað tvímælis að rétt sé að gera allt sem verða má til eflingar og framdráttar atvinnulífi og efnahag landsmanna, en notkun fánans í þessum tilgangi er óhjákvæmilega háð því að í engu sé skert þýðing hans sem þjóðfána sem er tákn og ímynd þjóðarvitundar og fullveldis. Það verður því að hafa í heiðri verndarákvæði 12. gr. fánalaganna.

Með tilliti til þessa má í engu lina á hinu almenna ákvæði laganna um verndun fánans þar sem segir að enginn megi óvirða fánann, hvorki í orði né verki. Það ákvæði á að standa áfram að óheimilt sé að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. Sömuleiðis skal óbreytt að stjórnmálaflokkum sé óheimilt að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Sérheimild til notkunar fánans.

Sérstaklega hafa verið tekin til endurskoðunar ákvæði 4. mgr. 12. gr. laganna þar sem segir að óheimilt sé að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vörum. Hefur þá meginviðfangsefnið verið fólgið í því að leita leiða til að samræma annars vegar tillitið til helgi og virðingar við fánann og hins vegar notkun hans til markaðssetningar á vöru og þjónustu. Niðurstaðan hefur orðið sú að heimila beri þessa tilteknu notkun nema að því er varðar firmamerki.

Gert er ráð fyrir að þetta sé heimilt svo framarlega að framleiðslan eða þjónustan sem í hlut á fylgi ákveðnum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa. Gæðastjórnun felur hins vegar í sér að stjórnendur fyrirtækja viðhafi vinnubrögð, starfsvenjur og stjórnunaraðferðir sem marka og framfylgja þeirri stefnu að tryggja gæði vöru og þjónustu. Stjórnun umhverfisáhrifa felur í sér að gætt sé umhverfisverndar og reksturinn sé svo vistvænn sem verða má. Þannig geta þeir notfært sér fánann til markaðssetningar sem fullnægja tilteknum skilyrðum. Með þessu móti stuðlar heimildin til notkunar fánans að bættri gæða- og umhverfisstjórnun. Þegar á allt er litið hljóta þó gæði vöru og þjónustu jafnan að vera traustasta markaðssetningin. Hlýtur þá að vera af hinu góða að fáninn sé notaður í þessu skyni þegar þess er jafnframt gætt að honum er engin óvirðing gerð þar sem hann er ekki tengdur því sem enginn sómi er að. Með þetta að markmiði er gert ráð fyrir skilorðsbundinni heimild til að nota fánann til markaðssetningar og er það veigamesta breytingin á lögunum sem gerð er tillaga um. Hefur nefndin notið sérfræðikunnáttu og ráðgjafar Staðlaráðs Íslands um aðferðir og leiðir við að binda notkun fánans til markaðssetningar við gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Staðlaráð Íslands hefur að leiðarljósi í starfi sínu að auka vöxt og nýsköpun í atvinnulífi landsmanna og bæta starfsskilyrði þess og vernd og öryggi neytenda. Með því að tengja notkun fánans til markaðssetningar við slíka starfsemi er stuðlað að eflingu íslensks atvinnu- og efnahagslífs.

Aðrar breytingar á lögunum.

Í lögum um þjóðfánann er mælt fyrir um fána hafnsögumanns. Slíkur fáni hefur ekki verið notaður og er ákvæði um hann úrelt. Fylgt er alþjóðareglum um merki hafnsögumanns. Lagt er því til að þetta ákvæði laganna verði fellt niður.

Í gildandi lögum er kveðið á um að engin merki önnur en þau sem tilgreind eru megi nota í þjóðfánanum. Hér er ekki tiltekið merkið í fána forseta Íslands samkvæmt forsetaúrskurði 8. júlí 1944. Er lagt til að bætt verði úr þeirri vangá með því að nefna merki forsetans með öðrum merkjum sem lögin heimila að séu í fánanum.

Samkvæmt lögunum skal með forsetaúrskurði kveða á um fánadaga og fánatíma. Þar sem nauðsyn krefur og gert er ráð fyrir að reglugerð verði sett um notkun og meðferð fánans þykir rétt til samræmis að þar verði mælt fyrir um fánadaga og fánatíma. Því er gerð tillaga um slíka breytingu.

Þá er í nokkrum tilvikum vísað til dómsmálaráðuneytisins í lögunum um þjóðfánann. Hér er um að ræða verkefni sem forsætisráðuneytið hefir nú með höndum, sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr. Þykir því rétt að lögfesta þetta þannig að í stað dómsmálaráðuneytis komi forsætisráðuneyti. Gerðar eru tillögur um þessar breytingar sem þykja óhjákvæmilegar enda í samræmi við það sem hefur viðgengist í þessum efnum.

Í samkeppnislögum er lagt bann við að selja vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum. Þykir rétt að þetta sé í lögum um þjóðfánann sem annað er fánann varðar. Er gerð tillaga um að svo sé.

Engar aðrar breytingar gerir nefndin að tillögu sinni við sjálf lögin um þjóðfánann.

Auglýsing um liti fánans.

Mikilvægt er við gerð fánans að nákvæmni sé gætt í litum hans. Ber að hafa þá fánaliti sem fyrir er mælt. Það þýðir að litir fánans eiga ekki að vera breytilegir. Miklar brotalamir hafa verið í framkvæmd á þessari óhjákvæmilegu reglu.

Þetta kann að eiga sér rætur að einhverju leyti í þeim breytingum sem í tímans rás hafa orðið á orðalagi í fyrirmælum um liti fánans, sbr. konungsúrskurð 19. júní 1915, konungsúrskurð 30. nóvember 1918 og fánalögin 17. júní 1944. Í konungsúrskurðunum er heiðblái liturinn auðkenndur ultramarine-blár en þeirri skilgreiningu sleppt úr gildandi lögum. Óljóst er hvaða litur heiðblár er því að heiðbláminn getur verið mismunandi. Sama óvissa er um ultramarine-bláma og ekki einhlít skýring á þeim lit. Stöðugleika bláa litarins hefur þannig einkum verið áfátt í gerð fánans, en einnig kemur hér til sögu rauði liturinn þó að litamismunar gæti þar síður en í bláa litnum. Samt hefur viðgengist talsverður munur á ljósrauðustu litunum og hinum dekkstu. Þess er og að geta að samkvæmt fánalögunum skal rauði liturinn vera eldrauður en í konungsúrskurðunum var hann skilgreindur hárauður. Hvíti liturinn, sem áður var óskilgreindur, er nú í fánalögunum auðkenndur mjallhvítur. Þessi litur sést samt yfirleitt ekki skjannahvítur eða línhvítur heldur gráhvítur eða jafnvel kremhvítur.

Það ræður af líkum að breytilegir fánalitir hafa ekki verið til sóma og raunar vanvirða við það þjóðartákn sem fáninn er. Ekki einungis hafa mismunandi litir í fánanum stungið almenning í augu heldur og stundum valdið hvimleiðum vanda, svo sem fyrir sendiherra Íslands víða um lönd. Svo rammt kvað að þessu að á fyrstu árum lýðveldisins tók forseti Íslands sig fram um að vekja athygli á vandanum og benda á leiðir til úrbóta. Það virðist hafa komið fyrir ekki. Lítið sem ekkert var löngum gert til úrbóta. Furðulegt má raunar heita að framkvæmdinni var jafnt ábótavant varðandi ríkisfánann og almenna fánann.

Ættu þó að hafa verið hæg heimatökin hjá ríkisvaldinu að sjá svo um að fánarnir sem það sjálft notaði væru rétt til gerðir að lögum.

Skipulegar aðgerðir til að ráða bót á þessu ástandi komu ekki til fyrr en með fánanefndinni 1987. Nefnd þessi lagði til að hagnýtt yrði sérstök tækni sem nota mætti við gerð fánans. Litir fánans skyldu miðaðir við tiltekna litaformúlu til að leitast við að tryggja að hann verði ávallt í réttum litum. Samkvæmt þessu gaf forsætisráðuneytið út auglýsingu 23. janúar 1991 um liti íslenska fánans. Þar segir að litirnir miðist við svokallaðan Scotdic-litastiga. Þá voru litir fánans í fyrsta sinni tilgreindir í litastiga.

Reynslan af þessari skipan er sú að greining fánalitanna í þessari auglýsingu hefur ekki gagnast sem skyldi. Er þetta annars vegar vegna þess að Scotdic-litastiginn er lítt þekktur eða óþekktur hjá birgjum sem íslensk fyrirtæki í saumaskap og prentiðnaði skipta við og því virðist einsýnt að kerfið hentar ekki til þeirra nota sem það er ætlað. Hins vegar getur þetta litakerfi aðeins gagnast við litun á textíl. Að vísu má líta svo á að fánaliti þurfi ekki að skilgreina nema fyrir taudúka vegna þess að fánar til flöggunar verði ekki gerðir úr öðrum efnum. Fáni prentaður á blað eða varpað á skjá sé aðeins skírskotun eða eftirlíking af hinum raunverulega fána og því þurfi ekki að hirða um nákvæmni lita þegar svo háttar til. En með því að nú er lagt til að rýmka reglur um notkun fánans sérstaklega til markaðssetningar og nota hann þannig áprentaðan við framboð vöru og þjónustu er, þó að ekki sé af öðrum ástæðum, full þörf á og e.t.v. óverjandi annað en að hægt sé að skilgreina hann jafnframt í litastiga fyrir prentun.

Með tilliti til þessa þykir einsýnt að taka beri upp annan litastiga fyrir fánann en mælt er fyrir í auglýsingunni frá 1991. Er þá að velja milli ýmissa litastiga sem notaðir eru í þessu skyni.

Við val á litakerfi fyrir íslenska fánann eru nokkur atriði sem gera verður væntingar um. Litakerfi verður að fullnægja vissum kröfum. Skilgreining á litum þarf að vera skýr. Í litakerfinu á að vera hægt að lýsa litum fánans þannig að enginn vafi leiki á hvort litirnir séu innan ákveðinna, heimilaðra marka. Kerfið þarf að vera eins einfalt í notkun og kostur er án þess að fórnað sé kröfum um vel skilgreinda liti. Þá þarf litakerfið að vera vel þekkt á alþjóðlegum markaði. Er þetta nauðsynlegt til að tryggja aðgengi að réttum litum til nota við gerð fánans, hvort sem er úr textíl eða með prentun. Hægt þarf að vera að nota litakerfið til að lýsa litum á textíl, í prentun og á skjá. Til þess að þetta megi verða verður kerfið að vera þekkt og notað í öllum þessum greinum. Að auki þarf að vera rekjanlegt samræmi á milli lita frá einni notkunargrein til annarrar. Enn fremur er nauðsynlegt að hægt sé að nota kerfið á einfaldan hátt til þess að fylgjast með og ganga úr skugga um að litir á fánanum í notkun séu innan settra marka. Jafnframt þarf að tryggja að litir fánans séu innan leyfilegra marka í textílfánum þó að um mismunandi efni sé að ræða.

Svo vill til að við eftirgrennslan hefur komið í ljós að það litakerfi sem framleiðendur notast við og er þekktast hér á landi er svokallað Pantone-litakerfi. Þetta kerfi má nota alhliða, jafnt fyrir prentun sem textíl. Af þessum ástæðum hefur nefndin haft augastað sérstaklega á Pantone-kerfinu. Það hefur verið tekið til gagngerðrar yfirvegunar og sérstaklega metið hvernig það svarar þeim væntingum sem gera verður í þessum efnum. Eftir vandlega skoðun og ítarlega athugun er það mat nefndarinnar að Pantone-litakerfið fullnægi þeim kröfum sem gera verði til litakerfis fyrir íslenska fánann. Nefndin hefur notið ráðgjafar og sérfræðilegrar kunnáttu við þetta viðfangsefni frá Iðntæknistofnun Íslands og sérmenntuðum textílhönnuði.

Með frumvarpi þessu fylgir tillaga að auglýsingu um liti íslenska fánans.

Reglugerð um notkun og meðferð fánans.

Nefndin gerir tillögu að reglugerð um notkun og meðferð fánans. Kemur þar þegar til að nauðsyn ber til að útfæra hina veigamiklu breytingu sem frumvarpið felur í sér á 12. gr. fánalaganna.

Hins er svo að gæta að hvergi er að finna í heilsteyptu formi þær alþjóðavenjur um þjóðfána sem viðgangast og helgaðar eru af venju hér á landi. Þó er við að styðjast leiðbeiningar um meðferð fánans sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út 1. desember 1965. Einnig er um þetta efni samantekt fánanefndarinnar frá 1987. Leiðbeiningar þessar hafa ekki verið teknar upp með formlegri stjórnvaldstilskipan, svo sem ákvæðin um fánadaga.

Í reglugerð þeirri sem lögð er til er að finna efni sem verið hefur á víð og dreif auk veigamikilla viðbóta sem ýmist eru allsendis nauðsynlegar eða rétt þykir að láta fylgja með.

Vegna þessa ræður af líkum að efni reglugerðarinnar er mjög misjafnt að vægi, allt frá ófrávíkjanlegum fyrirmælum til þess sem er í átt að leiðbeiningum eða tilmælum um æskilega meðferð og notkun fánans.

Með frumvarpi þessu fylgir tillaga að reglugerð um notkun og meðferð fánans.

Notkun fánans og virðing fyrir honum.

Á árinu 1944 samþykkti Alþingi ályktun þar sem lýst var yfir þeirri ósk og beint áskorun til landsmanna að efld sé og aukin notkun fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenska þjóðernis og fullveldis.

Þingsályktun þessi fól ríkisstjórninni að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um allt land og félög og félagasamtök er vinna að menningar- og þjóðernismálum til þess að beita áhrifum sínum í þá átt að sem flest heimili, stofnanir og fyrirtæki eignuðust íslenska fána, kæmu sér upp fánastöngum og drægju íslenska fánann að hún á hátíðlegum stundum. Þetta gerðist í aðdraganda að stofnun lýðveldisins og hafði áhrif fyrir og eftir þann mikla viðburð. Eftir það er ekki vitað að unnið hafi verið markvisst eftir þingsályktun þessari. Samt er vilji Alþingis enn í fullu gildi. Naumast verður þó annað sagt en að á skorti að almenningur tileinki sér æskilega notkun fánans og virðingu fyrir honum sem sæmir.

Hér er því fullkomin ástæða til að taka til hendi en ekki verður komið við fyrirmælum heldur hvatningu. Hugarfarsbreyting þarf að koma til og er þá mest um vert til framtíðar litið að æsku landsins sé innrætt gildi fánans og virðing fyrir honum. Ber því auk þess að beita þeim ráðum, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir, að efla sem mest skilning og tilfinningu fyrir fánanum í öllum grunnskólum landsins.

Nefndin telur að forsætisráðuneytið eigi að taka til sinna ráða í þessu efni þar sem fáni Íslands heyrir nú undir það ráðuneyti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Felld er niður 3. mgr. 2. gr. um póst- og símafána, svo og tollgæslufána. Hér er um að ræða breytingu á formi en ekki efni þar sem málsgreinin er orðrétt tekin upp í næstu grein á eftir, 3. gr. Er þetta gert af því að ekki fer verr á því að þessu efni sé skipað í sjálfstæða lagagrein og svo verður með þessu móti haldið óbreyttri tölu og röðun lagagreinanna sem móta þessa sögulegu löggjöf þó að efni núverandi 3. gr. laganna sé fellt niður, sbr. athugasemd um 2. gr.

Um 2. gr.

Hér er að finna ákvæðin um póst- og símafána, svo og tollgæslufána, sem áður voru í 3. mgr. 2. gr.

Jafnframt er fellt brott ákvæði þessarar greinar um fána hafnsögumanns. Þar var svo mælt fyrir að sá fáni væri hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu jafnbreiðum krossunum.

Fáni þessi mun ekki hafa verið notaður á Íslandi. Almennt nota skip alþjóðamerkjafána til þess að kalla á leiðsögu- eða hafnsögumann og til að gefa til kynna að skip hafi hafnsögumann um borð. Hafnsögubátar nota alþjóðamerkjafánann til auðkennis frá öðrum skipum.

Um 3. gr.

Í 4. gr. gildandi laga er fortakslaust bannað að nota önnur merki í þjóðfánanum en þau sem greinir í 2. og 3. gr. laganna. Þannig nær undantekningin aðeins til póst- og símafána, tollgæslufána og fána hafnsögumanns. Þar er því ekki getið fána forseta Íslands þó að í honum sé merki, þ.e. skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum ferhyrndum reit. Til að bæta úr þessu svo að ekki stangist á við lögin um þjóðfána er hér lagt til að veita formlega heimild fyrir forsetafánanum. Með því að um fána forseta Íslands gildir sérstakur forsetaúrskurður frá 8. júlí 1944 er hans ekki frekar getið í lögunum um þjóðfána. Ekki er lögð til breyting á þessari skipan.

Um 4. gr.

Þessa grein leiðir af því að 3. mgr. 2. gr. verður 3. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í stað þess að kveðið hefir verið á um fánadaga og fánatíma með forsetaúrskurði er hér mælt fyrir um að það skuli gert í reglugerð. Með því að nú þykir nauðsyn að setja reglugerð um notkun og meðferð fánans sem ekki var áður fyrir að fara er eðlilegt að allt efni sem slíkt varðar sé fært þar undir. Með þessu fellur úr gildi forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma, nr. 5 23. janúar 1991.

Um 6. gr

Hér er gerð breyting til samræmis við auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr.

Um 7. gr.

Breyting þessi er til samræmis við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Um 8. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna fjallar um firmamerki, vörumerki, söluvarning, umbúðir og auglýsingar á vöru eins og í gildandi lögum en sá er munur á að hér er það heimilað sem áður var óheimilt, nema óheimilt er áfram að nota fánann í firmamerki. Þá er í upptalningu málsgreinarinnar bætt við orðinu „þjónusta“ þannig að hið aukna frjálsræði um notkun fánans nær ekki einungis til vöru heldur og til þjónustu.

Við þessari breytingu eru slegnir varnaglar. Leyfi forsætisráðuneytisins þarf að koma til svo að heimilt sé að nota fánann svo sem hér greinir. Það skilyrði er sett að sú starfsemi sem í hlut á fullnægi vissum gæðakröfum. Áréttað er ákvæði 1. mgr. 12. gr., um að eigi megi óvirða fánann, þannig að hið aukna frjálsræði breytir engu þar um. Gert er ráð fyrir að forsætisráðuneytið setji reglugerð sem kveði nánar á um þessi efni í framkvæmd.

5. mgr. er breytt til samræmis við reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

1. málsl. 6. mgr. er óbreyttur að efni og orðalagi frá gildandi lögum nema að því leyti að óhjákvæmilega er tekið tillit til þess að hægt geti verið að fá heimild fyrir þeirri notkun fánans sem annars eru viðurlög við. Þá á ákvæðið nú ekki einungis við vöru svo sem áður var heldur og við þjónustu.

Ákvæði hinnar nýju málsgreinar er að finna í 3. mgr. 29. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993. Þykir rétt að fella það inn í lög um þjóðfána Íslendinga sem annað er fánann varðar.

Um 9. gr.

Þessi grein mælir svo fyrir að gefin skuli út reglugerð um notkun og meðferð fánans en áður mátti gera það ef þörf krefði.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

Tillaga að auglýsingu um liti íslenska fánans.

Litir þjóðfána Íslendinga miðast við Pantone-litakerfið þannig:

	Textíl.
Heiðblái liturinn:	Pantone nr. 19-4056 TC
Mjallhvíti liturinn:	Pantone nr. 11-0602 TC
Eldrauði liturinn:	Pantone nr. 19-1663 TC

	Prentun í sérlit.
Heiðblái liturinn:	Pantone nr. 287
Mjallhvíti liturinn:	Hvítt
Eldrauði liturinn:	Pantone nr. 1795

		Prentun í fjórlit.		
Heiðblái liturinn:	C: 100%	M: 69%	Y: 0%	BK:11,5%
Mjallhvíti liturinn:	C: 0%	M: 0%	Y: 0%	BK: 0%
Eldrauði liturinn:	C: 0%	M: 94%	Y: 100%	BK: 0%
		Skjár.		
Heiðblái liturinn:	C: 42%	M: 45%	Y: 0%	BK:60%
Mjallhvíti liturinn:	C: 0%	M: 6%	Y: 23%	BK: 3%
Eldrauði liturinn:	C: 0%	M: 70%	Y: 80%	BK: 36%

Leyfileg frávik frá skilgreindum litum eru 2,5% samkvæmt Basic Colorimetric Display framsetningunni. Taka skal úr notkun fána ef einhver litur hans er utan leyfilegra marka.

Nánari upplýsingar um fánalitina veitir forsætisráðuneytið og erlendis sendiráð Íslands.

Fáninn í réttum litum og hlutföllum skal vera til sýnis í Þjóðminjasafni Íslands og hjá lögreglustjórum landsins.

Ákvæði þessi eru sett skv. 13. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Auglýsing um liti íslenska fánans 23. janúar 1991 er hér með felld úr gildi.

Skýringar við auglýsingu þessa.

Samkvæmt 1. mgr. eru litir fánans miðaðir við tiltekna litaformúlu, svokallað Pantone-litakerfi. Þessi aðferð er byggð upp með sýnishornum af litum sem raðað er í kerfi og sett saman á litaspjöldum þar sem fæst yfirlit yfir hvaða liti kerfið hefur upp á að bjóða. Hverju sýnishorni er gefið ákveðið númer. Hagnýting þessa kerfis er fólgin í tilvísun til þeirra litasýnishorna sem miða skal liti fánans við.

Hér eru litir fánans tilgreindir í textíl, prentun og á skjá. Textíllitir eru grunnviðmiðun fyrir liti fánans en samsvarandi afleiddir litir í prentun og á skjá eru fundnir samkvæmt forskrift sem Pantone Color Drive forrit gefur um samsvörun lita. Prentlitir fánans eru gefnir upp bæði fyrir prentun í sérlit og í fjórlit vegna þess að þær prentaðferðir eru notaðar jöfnum höndum og því eru fánalitirnir settir fram á báða vegu. Í prentun í sérlit eru Pantone-númer ekki notuð fyrir mjallhvíta litinn þar sem gert er ráð fyrir að prentað sé á hvítan bakgrunn.

Tilvísun er í númer fyrir hvern lit. Þessi númer vísa til lita sem samsvara fánanum eins og hann er ákveðinn í fánalögunum og á mynd sem var birt með fylgiskjali þeirra í Stjórnartíðindum 1944. Svo er og miðað við tausýnishorn frá 1944 með litum fánans eins og upphaflega var gert ráð fyrir þegar fánalögin voru sett. Sýnishorn þessi eru varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands. Enn fremur er tekið mið af sýnishornum sem forsætisráðuneytið gaf út 1991, Litir íslenska fánans.

Í 2. mgr. er kveðið á um leyfileg frávik frá hinum tilgreindu litum fánans í 1. mgr. Kemur það til af því að gera verður ráð fyrir að blæbrigði geti orðið á lit fánans. Vegna mismunandi þéttleika í vefnaði getur áferð orðið misglansandi. Einnig taka efni misvel við lit og af þeim ástæðum geta einnig komið fram blæbrigði. Hafa þarf og í huga að fánar upplitast með tíð og tíma. Með því að hjá blæbrigðum verður ekki komist er viðfangsefnið að setja takmörk fyrir því hvað litir fánans megi bregða mikið út frá hinum rétt tilgreindu. Er slíkt gert erlendis þar sem vandað er til verka við gerð þjóðfána.

Leyfileg frávik frá skilgreindum litum til notkunar í fána eru ákveðin 2,5% frá uppgefnu litanúmeri. Nota skal CMC-jöfnu við útreikninga. Litur er þá mældur í litmæli og

niðurstöður settar fram með „Basic Colorimetric Display“ aðferðinni sem samanstendur af töflu með upplýsingum um niðurstöður mælinga á sýni og viðmiðunarsýni, ásamt upplýsingum um tækjastillingar og litamun. Auk þess er sýnt á grafi hver afstaða sýnisins er í litrúminu í samanburði við viðmiðunarsýni. Lagt er til að efni, sem keypt er inn og ætlað til notkunar í fána, sé mælt á þennan hátt áður en framleiðsla á fánum úr því hefst. Þessi aðferð er kunn innan þeirra iðngreina sem málið varða og eiga því birgjar og framleiðendur að geta nýtt sér þessa tækni.

Með þessum viðbúnaði má meta hvort fánar eru réttir að lit eða notkun þeirra heimil. Þeir fánar, sem eru með einhvern lit utan leyfilegra marka, eru ólöglegir og taka skal þá úr notkun. Þetta ákvæði á við fána sem koma til eftir að reglur þessar eru settar. Til að framfylgja reglum um fánaliti skiptir meginmáli að séð sé um að taudúkar, sem framleiðendur og birgjar hafa á boðstólum til fánagerðar, séu í tilskildum litum og eigi séu fánar til sölu nema rétt gerðir.

Fyrirmæli um skjáliti fánans geta einungis átt við um tölvuunnar myndir, svo sem í upplýsingakerfum.

Í 3. mgr. er kveðið á um að forsætisráðuneytið og sendiráðin veiti nánari upplýsingar um fánalitina. Hér er meðal annars átt við að forsætisráðuneytið gefi út og hafi á reiðum höndum sýnishorn af litum fánans jafnframt skilagóðri lýsingu á meðferð og hagnýtingu Pantone Color Drive forrits og Basic Colorimetric Display aðferðarinnar.

Ekki gerist þörf á að skýra 4.–6. mgr.

Fylgiskjal II.

Tillaga að reglugerð um notkun og meðferð þjóðfána Íslendinga.

I.
Hinn almenni þjóðfáni.

Heimild til að nota fánann.

1. gr.

Öllum er heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, enda sé farið að lögum og reglum sem um hann gilda.

Fánann má nota við öll hátíðleg tækifæri, jafnt þau sem tengjast einkalífi sem önnur, eða á sorgarstundum.

Fánastengur og fánastærð.

2. gr.

Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng sem reist er á jörðu.

3. gr.

Þegar fánastöng er reist á jörðu skal lengd hennar vera fimm sinnum breidd fánans. Ef stöngin er upp af þaki húss eða skáhallt út frá húsi skal hún vera 21/2 sinnum breidd fánans.

Fáni dreginn á stöng.

4. gr.

Fána á að draga að hún með jöfnum hraða og skal efra horn hans falla að húninum. Fánalínan skal vera vel strekkt svo að fánajaðar liggi ávallt við stöng. Þegar fáni er dreginn niður á það að gerast með jöfnum hægum hraða. Gæta skal þess að fáni snerti ekki jörð, vatnsyfirborð eða gólf hvort heldur hann er dreginn á stöng eða dreginn niður.

Fánadagar.

5. gr.

Sérstaklega er við hæfi að fáni sé dreginn á stöng eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. Sjómannadaginn.
9. 17. júní.
10. 1. desember.
11. Jóladag.

Alla framangreinda daga skal draga fánann að hún nema föstudaginn langa, þá í hálfa stöng.

6. gr.

Hverja daga aðra en segir í 5. gr. og við hvaða tækifæri skal flagga fer eftir ákvörðun forsætisráðuneytisins.

Fánatími.

7. gr.

Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og að jafnaði skal hann eigi vera uppi lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til miðnættis.

Ef flaggað er við útisamkomu, opinbera athöfn, jarðarför eða minningarathöfn má fáni vera uppi lengur en til sólarlags eða svo lengi sem athöfn varir, en þó aldrei lengur en til miðnættis.

Fáni í hálfa stöng.

8. gr.

Þegar draga skal fána í hálfa stöng skal það gert með þeim hætti að fáninn er fyrst dreginn að hún og síðan lækkaður svo að 1/3 stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans.

Við jarðarfarir skal fáninn dreginn að hún þegar greftrun er lokið og skal hann blakta þar til kvölds til virðingar við hinn látna.

Fáni á líkkistu.

9. gr.

Sé líkkista sveipuð fánanum skal krossmarkið vera við höfðalag og eigi skal leggja neitt ofan á fánann. Hvorki má kasta rekunum á fánann né láta hann síga niður í gröf.

Fánahylling.

10. gr.

Þegar hylla á fána er hann borinn á hyllingarstað samanbrotinn og liggjandi á öxl eða handlegg þess sem kemur með hann eða þaninn milli handgripa fjögurra til átta manna.

Fari fánahylling fram undir berum himni er fáninn dreginn að hún. Fari hylling fram innan húss er æskilegt að fáninn sé borinn inn á stöng sem komið verði fyrir á hyllingarstað.

Þjóðfáninn með sérfánum.

11. gr.

Ekki má hafa þjóðfánann inn á milli merkja eða fána héraða, sveitarfélaga, stofnana, félaga og fyrirtækja. Skal þjóðfánanum haldið aðskildum frá slíkum fánum eða fánaborgum. Sé sérfánunum hvirfilraðað má þó íslenski fáninn vera í miðju milli þeirra.

12. gr.

Heimilt er að hafa þjóðfánann uppi á samkomum með sérfánum þeirra sem eru aðilar að eða standa að mannamótum þeim sem um er að ræða. Skal þá þjóðfáninn vera lengst til vinstri séð frá áhorfanda þegar komið er að fánastað.

Íslenski fáninn með öðrum þjóðfánum.

13. gr.

Á milliríkjamótum eða öðrum fjölþjóðlegum samkomum má hafa uppi þjóðfána erlendra ríkja ásamt íslenska fánanum.

Í röð þjóðfána skal íslenski fáninn vera lengst til vinstri séð frá áhorfanda þegar komið er að fánastað en öðrum þjóðfánum raðað til hægri frá honum í stafrófsröð íslenskra heita hlutaðeigandi ríkja.

Sé þjóðfánum hvirfilraðað má íslenski fáninn vera í miðju milli hinna fánanna.

14. gr.

Þegar íslenski fáninn er hafður uppi ásamt erlendum þjóðfánum skal leitast við að hafa alla fánana af sömu stærð. Ef fánarnir eru á stöngum og ekki unnt að draga þá alla samtímis að hún eða niður skal íslenski fáninn dreginn fyrstur að hún og síðastur niður.

15. gr.

Heimilt er, ef heiðra skal við sérstakt tækifæri ákveðna erlenda þjóð eða milliríkjastofnun, að hafa fána slíks aðila milli íslenska fánans og þess þjóðfána sem annars ætti að vera næstur honum.

Ekki má raða sérfánum eða einkennismerkjum, hvort heldur einkaaðila eða opinberra aðila, inn á milli þjóðfána. Slíkir fánar skulu hafðir í röðum eða þyrpingum aðskildum frá þjóðfánum.

16. gr.

Aldrei má hafa tvo eða fleiri þjóðfána á sömu stöng.

Séu íslenski fáninn og erlendur þjóðfáni hengdir á vegg á stöngum sem liggja í kross skal íslenski fáninn vera til vinstri séð frá áhorfanda og stöng hans yfir stöng hins fánans.

Reglur fánanum til verndar.

17. gr.

Enginn má óvirða fánann, hvorki í orði né verki.

Engin merki má hafa í fánanum nema heimiluð séu í hinum sérstöku ríkisfánum.

Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum fánans skulu vera til sýnis þar sem forsætisráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum.

Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá sem gerðir eru með réttum litum og hlutföllum reita og krossa. Óheimilt er að nota fána sem ekki eru gerðir í samræmi við sýnishorn þau er greinir í 3. mgr. Óheimilt er og að draga á stöng fána sem er upplitaður, óhreinn, trosnaður eða skemmdur að öðru leyti og ber jafnan að lagfæra hann strax, að öðrum kosti skal hann ónýttur með því að brenna hann. Má gera slíka fána upptæka ef notaðir eru á stöng eða sýndir á almannafæri utan eða innan húss.

Óheimilt er að nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða sams konar skilríkjum.

Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota fánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af íslenska fánanum.

Ýmis meðferð fánans.

18. gr.

Sé fáni á stöng við altari, ræðustól eða ræðuborð, leiksvið eða annan sambærilegan stað skal hann vera vinstra megin séð frá áhorfanda. Séu fánarnir tveir skulu þeir vera sinn til hvorrar handar.

Sé fáni hengdur á vegg skal hann liggja slétt við vegginn og minni reiturinn vera ofan til eða lengst til vinstri frá sjónarhorni áhorfanda.

Eigi má nota fánann til að sveipa með honum styttu eða annan hlut og enginn má nota hann sem klæði á sjálfan sig eða hlífðarfat, borðdúk eða gólfábreiðu.

Þegar um burðarfána er að ræða, þ.e. þjóðfána á burðarstöng, má naglfesta jaðar hans á stöngina.

Brjóta skal fánann saman í þrennt að endilöngu og síðan leggja hann saman í þríhyrnu eða vefja hann upp þannig að eingöngu blái liturinn snúi út. Fáninn skal ávallt geymdur á öruggum stað. Fáni, sem hefir blotnað, skal eigi brotinn saman til geymslu fyrr en hann hefur þornað.

Sérheimild til notkunar fánans.

19. gr.

Heimilt er að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vöru eða þjónustu með leyfi forsætisráðuneytis enda sé fánanum ekki óvirðing gerð.

Með umsókn um slíka heimild skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um að rekstur, framleiðsla eða þjónusta sem í hlut á fylgi tilteknum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Ef ráðuneytið metur umsóknina fullnægjandi heimilar það íslenskum lögaðila, fyrirtæki eða einstaklingi þá notkun fánans sem sótt er um.

20. gr.

Ef skrásett hefur verið af misgáningi vörumerki þar sem þjóðfáninn er notaður án heimildar skal afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu forsætisráðuneytisins. Ef maður setur án heimildar þjóðfánann á söluvarning, umbúðir hans eða í auglýsingu á þjónustu skal fenginn dómsúrskurður um að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra svo framarlega sem þær eru þá í vörslum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

Fánar á skipum og bátum.

21. gr.

Almennar reglur um notkun og meðferð fánans gilda jafnt á sjó sem á landi eftir því sem við á og við verður komið.

22. gr.

Öll skip skulu vera búin fánanum. Hann skal vera hæfilega stór með tilliti til stærðar skipsins og skal hann líta óaðfinnanlega út.

23. gr.

Á skipum skal fánastöng komið fyrir í skut eða á ráarenda aftur af því siglutré sem aftast er. Sé um smáskip eða báta að ræða má draga fánann að hún á siglutré eða aftasta siglutré ef fleiri eru en eitt.

24. gr.

Skip má hafa fánann uppi utan reglulegs fánatíma ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Skip á að jafnaði að hafa fánann uppi á fánatíma.

26. gr.

Þegar skip sigla þétt hvort fram hjá öðru í höfn eða á hafi úti og heilsa í kurteisis- og viðurkenningarskyni skal það gert þannig:

Skip það, sem frumkvæði á, dregur sinn fána niður með hægum og jöfnum hraða þannig að neðri jaðar fánans nemi við borðstokk eða, ef um rá er að ræða, við þrjár til fjórar fánabreiddir undir ráarenda. Í þessari stöðu er svo beðið með fánann þar til skipið, sem heilsað er, hefur svarað kveðjunni til fullnustu.

Það skip svarar kveðjunni með því að draga sinn fána niður með hægum og jöfnum hraða þannig að neðri jaðar fánans nemi við borðstokk eða, ef um rá er að ræða, við þrjár til fjórar fánabreiddir undir ráarenda og án tafar aftur upp.

Skipið sem frumkvæði átti lýkur nú kveðjunni með því að draga sinn fána að hún með hægum og jöfnum hraða.

II.
Ríkisfáninn (tjúgufáninn).

27. gr.

Reglur um notkun og meðferð hins almenna þjóðfána gilda um ríkisfánann eftir því sem við á.

28. gr.

Ríkisfánann nota Alþingi, ríkisstjórn, Hæstiréttur, dómstólar, ráðuneyti, stjórnsýslustofnanir ríkisins og fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis, sendiráð og ræðisskrifstofur.

Forsætisráðuneytið getur heimilað stofnun ríkisins, þó að ekki fari með stjórnsýslu, að flagga með ríkisfánanum ef slík notkun styðst við venju.

29. gr.

Ríkisfánann má aðeins nota á húsum og við hús sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Þótt hús sé eign ríkisins eða ríkisstofnana má ekki nota ríkisfánann á því ef leigt er að mestu leyti eða öllu einstaklingum, einkafyrirtækjum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota ríkisfánann á húsi sem er í einkaeign ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

30. gr.

Draga skal ríkisfánann á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, á fánadögum skv. 5. gr.

31. gr.

Póst- og símafáni er eingöngu notaður á byggingum og farartækjum í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar.

32. gr.

Tollgæslufáni er eingöngu notaður á byggingum og farartækjum í þágu tollgæslunnar.

33. gr.

Á skipi má aðeins nota ríkisfánann ef það er í eigu ríkisins eða ríkisstofnunar og notað í þágu stjórnsýslu ríkisins.

Ef ríkið tekur skip á leigu vegna stjórnsýslu, svo sem strandgæslu eða annarrar löggæslu, má nota ríkisfánann.

III.
Ýmis ákvæði.

Smáfánar og fánaveifur.

34. gr.

Um borðfána, skrautfána, bílfána og aðra smáfána fer, að því er varðar liti og stærðarhlutföll reita og krossa, samkvæmt almennum reglum um þjóðfánann, ákvæðum fánalaga og auglýsingu um fánaliti.

35. gr.

Eigi hafa aðrir íslenska ríkisfánann á bifreiðum en forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti Hæstaréttar sem geta notað hann þegar þeir ferðast í bifreið í embættiserindum.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis, sendiherrar og ræðismenn mega nota ríkisfánann á bifreiðar sínar.

36. gr.

Hinar almennu reglur um þjóðfánann gilda ekki um fánaveifur, fánaoddveifur og fánaborða að öðru leyti en því að ætíð skal nota rétta fánaliti. Breidd hvítu randanna skal vera helmingur af breidd hinnar rauðu.

Rísi ágreiningur um gerð eða notkun á fánaveifum, fánaborðum eða öðrum fánamerkjum skal leita leiðbeiningar forsætisráðuneytisins.

Mynd og merki með fánanum.

37. gr.

Hönnun mynda og merkja af fánanum skal fylgja í einu og öllu litum og hlutföllum krossa og reita svo sem mælt er fyrir um gerð fánans.

Hlutverk forsætisráðuneytisins.

38. gr.

Forsætisráðuneytið fer með mál sem varða þjóðfánann.

Ráðuneytið sér um að almenningur hafi jafnan greiðan aðgang að reglum og fyrirmælum um rétta gerð fánans, notkun hans og meðferð.

Rísi ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans sker forsætisráðuneytið úr.

Forsætisráðuneytið setur frekari reglur um notkun og meðferð fánans svo sem þörf kann að krefja.

Verkefni löggæslunnar.

39. gr.

Lögregluyfirvöld skulu hafa eftirlit með að lögum og reglum um notkun og meðferð fánans sé fylgt. Ágreiningi um réttan skilning á fyrirmælum ber að vísa til úrskurðar forsætisráðuneytisins ella verði komið fram ábyrgð á hendur þeim sem hlut eiga að máli.

Viðurlög.

40. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum og málsmeðferð eftir því sem við á skv. 14. gr. laga um þjóðfána Íslendinga, sbr. 10. gr. og 5.–7. mgr. 12. gr.

41. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma, nr. 5 23. janúar 1991.

42. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður í raun og veru ekki á um annað en það sem liggur í hlutarins eðli. Í henni felst hvatning til almennings um að notkun fánans verði gerð að sem víðtækastri venju jafnframt því að honum sé sýnd tilhlýðileg virðing.

Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um fánastengur og hvernig þeim skuli komið fyrir.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um samræmi milli lengdar fánastanga og stærðar fána, bæði þegar fánastöng er reist á jörðu og þegar hún er á húsi, hvort heldur er uppi á þaki eða skáhallt út frá húsi.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða leiðbeiningar um hvernig með skuli fara þegar fáni er dreginn á stöng eða niður. Tilgangurinn er sá að við þá athöfn sé fánanum sýnd virðing.

Um 5. gr.

Fánadagar eru óbreyttir frá 1. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma 23. janúar 1991. Mælst er til þess að almenningur dragi fána á stöng þessa daga en fyrirmæli til opinberra aðila um slíkt eru í 30. gr.

Um 6. gr.

Þessi grein um aðra fánadaga er óbreytt frá 2. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma.

Um 7. gr.

Grein þessi um fánatíma er óbreytt frá 3. gr. forsetaúrskurðar um fánadaga og fánatíma.

Um 8.–9. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Í grein þessari eru skýr ákvæði um hvernig með skuli farið þegar fáni er hylltur. Þykir mikils um vert að ekkert fari úrskeiðis þegar slíkur virðingarvottur er sýndur.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um stöðu þjóðfánans gagnvart sérfánum. Ekki er heimilt að hafa þjóðfánann á stöng meðal slíkra fána eða einkennismerkja. Ef þjóðfánanum er flaggað á staðnum skal hann standa sér og aðskilinn frá þessum fánum nema sérfánunum sé hvirfilraðað með þjóðfánann í miðju.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða undanþágu frá aðalreglunni í 11. gr. Á samkomum eða mannamótum má hafa þjóðfánann meðal sérfána ef þeir eru einkennismerki þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Er mælt fyrir um hvar þjóðfánanum skal skipað þegar svo stendur á.

Um 13. gr.

Að jafnaði eru erlendir þjóðfánar einungis notaðir hér á landi af opinberum fulltrúum erlendra ríkja. Samkvæmt hlutarins eðli er sú notkun heimil. Í þessari grein er heimilað og kveðið á um hvernig með skuli farið á milliríkjamótum eða öðrum fjölþjóðlegum samkomum þegar uppi eru hafðir þjóðfánar erlendra ríkja ásamt íslenska fánanum.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um jafnræði þjóða að því er varðar fánastærð í fánaröð og sérstöðu íslenska fánans þegar þjóðfánar eru dregnir að hún og niður aftur.

Um 15. gr.

Grein þessi heimilar að raða fánum með afbrigðilegum hætti þegar heiðra skal við sérstakt tækifæri ákveðna erlenda þjóð eða milliríkjastofnun, til dæmis Sameinuðu þjóðirnar eða Evrópuráðið. Hér er um að ræða frávik frá aðalreglu um röðun þjóðfána skv. 2. mgr. 13. gr.

Þá er hér svo mælt fyrir að ekki megi raða á milli þjóðfána öðrum fánum, hvorki opinberra aðila né einkaaðila. Mælt er fyrir um hvernig fyrir skuli komið slíkum fánum sem kunna að vera á vettvangi.

Um 16. gr.

Í grein þessari er tekið fram að ekki megi hafa tvo eða fleiri þjóðfána á sömu stöng svo sem kann að vera gert um merki eða aðra fána.

Þá er hér að finna leiðbeiningu um hvernig með skuli fara í tilteknu tilfelli þegar saman fara íslenski fáninn og erlendur þjóðfáni.

Um 17. gr.

Þessi grein kveður á um grundvallarreglur til verndar fánanum.

Í 1. mgr. er að finna hina almennu reglu að enginn megi óvirða fánann, hvorki í orði né verki, sbr. 12. gr. laganna.

Í 2. mgr. er lagt bann við að hafa í fánanum önnur merki en þau sem heimiluð eru í hinum sérstöku ríkisfánum, þ.e. póst- og símafána og tollgæslufána, sbr. 4. gr. laganna.

Með 3. mgr. er mælt fyrir um sýnishorn af réttum litum og hlutföllum fánans. Framkvæmd og umsjón þessa er fengin forsætisráðuneyti og lögreglustjórum landsins, sbr. 9. gr. laganna.

Samkvæmt 4. mgr. er bannað að hafa á boðstólum til sölu eða leigu aðra fána en þá sem eru réttir að formi og litum, sbr. 9. gr. laganna. Sömuleiðis er óheimilt hvorutveggja að nota fána sem ekki er rétt til búinn svo og fána sem er úr sér genginn. Eftirlit með þessu er í höndum lögreglu og heimild til að gera fána upptækan ef út af settum reglum er brugðið, sbr. 10. gr. laganna.

Í 5. mgr. er að finna óbreytta 2. mgr. 12. gr. laganna. Kveðið er á um að óheimilt sé að nota fánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða sams konar skilríkjum. Eðlilegt er að heimfæra undir sams konar skilríki t.d. nafnspjöld og bréfsefni. Hins vegar gegnir öðru máli um notkun fánans sem ekki er í hagsmunaskyni eða af stærilæti en líta má heldur á sem virðingarvott í einhverju formi við það þjóðartákn sem fáninn er. Þannig verður þetta bann ekki heimfært upp á fánann í barmmerkjum sem menn bera eða á límmiðum á bifreiðum svo að eitthvað sjálfsagt sé nefnt. Bannið getur ekki heldur átt við notkun fánans til auðkennis á íslenskum mönnum og munum á alþjóðamótum, fundum, íþróttaviðburðum og vöru- og listsýningum né í prentuðum heimildum til að aðskilja það sem íslenskt er frá hinu erlenda.

Í 6. mgr. er tekin upp óbreytt 3. mgr. 12. gr. laganna um að óheimilt sé einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar. Þetta bann varðar einnig bandalag tveggja eða fleiri stjórnmálaflokka. Sama gildir og um félög og einstaklinga í kosningabaráttu, svo sem við kjör forseta Íslands, sbr. 5. mgr. um bann við að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga og félaga.

Samkvæmt 7. mgr. má ekki nota fánann í firmamerki. Hér er óbreytt það sem verið hefur þó að breyting verði í þessu efni með vörumerki enda ólíku saman að jafna.

Í 8. mgr. er lagt bann við að selja erlenda vöru merkta fánanum. Er þetta nýtt ákvæði sem ætlað er samkvæmt frumvarpi því sem fram er lagt að komi í 7. mgr. 12. gr. laganna.

Um 18. gr.

Í þessari grein kennir ýmissa grasa um notkun og meðferð fánans. Þar er að finna reglur sem eiga það sammerkt að stuðla að því að fánanum sé ekki gerð óvirðing.

Um 19. gr.

Grein þessi fjallar um mikilvægustu breytinguna sem lögð er til í frumvarpi því sem lagt er fram og er breyting á 4. mgr. 12. gr. laganna.

Í 1. mgr. er heimilað að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vöru eða þjónustu með skilyrðum. Enginn má nota sér þessa heimild nema með leyfi forsætisráðuneytisins. Sú krafa er gerð að fánanum sé ekki óvirðing gerð. Er þá ekki einungis átt við að sómi sé að vöru og þjónustu sem í hlut á heldur og að notkun fánans sé smekkleg svo sem að því er varðar staðsetningu og stærð hans á umbúðum.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig varið skuli umsókn til forsætisráðuneytisins um heimild skv. 1. mgr. Með umsókn skal vera yfirlýsing umsækjanda um að rekstur, framleiðsla eða þjónusta sem um ræðir fylgi tilteknum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa.

Þeir sem leita eftir heimild til þessarar notkunar fánans eiga hér greiða leið. Staðlar eru til frjálsra afnota. Hægt er að snúa sér til Staðlaráðs Íslands þar sem er að fá allar upplýsingar um staðla og lýsingar á hinum einstöku stöðlum sem velja má úr eftir því sem við á um þá starfsemi sem í hlut á. Hér er ekki átt við gæðastaðla eða staðla um gæði tiltekinnar vöru eða þjónustu heldur gæðastjórnunarstaðla – gæðakerfi eða umhverfisstjórn. Gæðastjórnunarstaðall segir fyrir um þær stjórnunaraðferðir sem ráða vinnubrögðum og verklagi sem á að tryggja gæðin og staðall um stjórnun umhverfisáhrifa miðar að vistvænni framleiðslu.

Þegar umsækjandi leggur fram yfirlýsingu um að hann fylgi tilteknum gæðastjórnunarstaðli rekur forsætisráðuneyti ekki nauður til að gera sérstaka könnun á gæðum þeirrar vöru eða þjónustu sem í hlut á. Gæðastjórnunarstaðall á að vera trygging fyrir gæðum. Ráðuneytið á að geta tekið umsækjanda á orðinu. Enginn ábyrgur maður gerir sér leik að því að fá heimild til að nota fánann á röngum forsendum. Of mikið er í húfi. Slíkt fæli í sér refsingu og afturköllun leyfisins og væri það ekki góð markaðssetning. Annað mál er ef ráðuneytið sér einhverja meinbugi eða annmarka á umsókn um notkun fánans, þá er málið athugað eftir því sem efni standa til.

Heimildin til að nota fánann þarf ekki að vera bundin við tiltekinn staðal ef fylgt er jafngildum reglum. Hér er átt við rekstur sem lýtur ströngu gæðamati, svo sem er um fisk- og landbúnaðarafurðir, eða fylgir sambærilegu stjórnkerfi sem er þá gerð grein fyrir. Slíkir aðilar þyrftu ekki að tiltaka ákveðna staðla sem þeir fylgdu. Svo er og um þá sem hafa fengið sérstaka gæðaviðurkenningu, hvort sem er frá Vottun hf. eða öðru viðurkenndu vottunarfyrirtæki.

Ákvæði 3. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru óbreytt frá 5. og 6. mgr. 12. gr. laganna með þeirri breytingu sem lögð er til samkvæmt frumvarpi því sem fram er lagt og leiðir óhjákvæmilega til þess að tekið er tillit til að hægt geti verið að fá heimild fyrir þeirri notkun fánans sem hér eru annars viðurlög við.

Um 21. gr.

Grein þessi kveður á um það eitt sem liggur í hlutarins eðli. Skal fánanum virðing sýnd og hann má í engu óvirða jafnt á sjó sem á landi.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um að skip skuli vera búin fánanum og er það ákvæði að finna í reglum um búnað skipa, nr. 189/1994.

Um 23. gr.

Greinin mælir fyrir um hvar fánastöng skuli komið fyrir og fáni dreginn að hún á skipum og bátum. Er hér farið eftir viðtekinni venju.

Um 24. gr.

Hér er heimild til undanþágu frá hinum almennu reglum um fánatíma skv. 7. gr. Það getur alltaf borið við á sjó að nauðsyn krefji að fáni sé dreginn að hún á hvaða tíma sólarhringsins sem er, t.d. þegar skip siglir að nóttu til inn í landhelgi erlends ríkis.

Um 25. gr.

Mælst er hér til að skip hafi fánann uppi á reglulegum fánatíma. Er þetta mikils um vert fyrir allt eftirlit með skipum, svo sem vegna stjórnunar fiskveiða og almennrar löggæslu strandríkis. Á kaupskipum er venja að hafa fánann uppi á fánatíma og fer vel á að svo verði einnig um fiskiskip.

Um 26. gr.

Hér er að finna viðteknar alþjóðavenjur um kveðjur skipa í kurteisis- og viðurkenningarskyni. Mikils er um vert að ekkert fari úrskeiðis og er því reglum þessum hér nákvæmlega lýst.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. eru taldir upp þeir aðilar sem nota mega ríkisfánann. Með stjórnsýslustofnun er átt við stofnun sem fer með stjórnsýsluvald. Öðrum stofnunum ríkisins er óheimilt að nota þennan fána. Þannig er skólum, lista- og menningarstofnunum, framkvæmdar- og rekstraraðilum og viðskiptabönkum eða atvinnufyrirtækjum ríkisins óheimilt að nota ríkisfánann.

Í 2. mgr. er fjallað um þær stofnanir ríkisins aðrar en stjórnsýslustofnanir sem venja hefur skapast um að noti ríkisfánann. Forsætisráðuneytið getur heimilað þeim stofnunum að nota áfram ríkisfánann. Hér er átt við stofnanir svo sem Háskóla Íslands, Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafnið, svo að eitthvað sé nefnt. Ekki er þó gert ráð fyrir að slíkar stofnanir þurfi að sækja um leyfi fyrir ríkisfánanum heldur sé það framvegis heimilt sem hingað til hefur viðgengist ef forsætisráðuneytið lætur kyrrt liggja. Hins vegar má ráðuneytið ekki heimila neinum notkun ríkisfánans sem ekki fæst við stjórnsýslu ríkisins og ekki hefur haft að venju að nota ríkisfánann.

Um 29. gr.

Samkvæmt grein þessari er óheimilt að nota ríkisfánann á eða við önnur hús en þau sem eru notuð í þágu ríkisins hvort sem húsið er í eign ríkisins eða einkaeign.

Sérákvæði er um heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytisins erlendis.

Um 30. gr.

Hér er lögð sú skylda á herðar þeim sem leyfist að nota ríkisfánann að draga fánann á stöng á hinum ákveðnu fánadögum.

Um 31. gr.

Grein þessi einskorðar notkun póst- og símafána við hús og farartæki sem notuð er í þágu stofnunarinnar.

Um 32. gr.

Umsögn um 31. gr. á hér við að breyttu breytanda.

Um 33. gr.

Samkvæmt þessari grein er notkun ríkisfánans á sjó bundin við skip sem notuð eru í þágu stjórnsýslu ríkisins. Aðeins má nota fánann á skip Landhelgisgæslunnar og þau önnur skip er varða stjórnsýslu að einhverju leyti og gildir þá einu hvort skipin eru í eigu ríkis eða í einkaeign.

Um 34.–36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Hér er að finna ákvæði til varnar gegn því að fáninn sé afskræmdur í myndum og merkjum. Er þá sama hvort heldur mynd fánans er prentuð, greypt, þrykkt eða máluð á málm, tré eða annað efni. Sérstaklega mikilvægt er að þessi fyrirmæli séu virt þegar heimilað er að nota fánann til markaðssetningar, í auglýsingar, á umbúðir og söluvöru. Svo er raunar einnig þegar um er að ræða að fáninn sé á boðstólum sem minjagripur, barmmerki eða þess háttar, en slíkir gripir eru að sjálfsögðu alltaf heimilaðir ef þeir eru ekki áfestir eða hluti af öðrum söluvarningi.

Um 38. gr.

1. mgr. er í samræmi við auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, 2. gr.

2. mgr. mælir fyrir um að forsætisráðuneytið veiti upplýsingar um gerð, notkun og meðferð fánans. Er þá gert ráð fyrir að lög, auglýsing um liti og reglugerð séu höfð aðgengileg fyrir allan almenning og gerðar aðrar þær ráðstafanir sem þörf er á, sbr. 9. gr. laganna.

3. mgr. er um úrskurðarvald forsætisráðuneytisins, sbr. 8. gr. laganna.

4. mgr. gerir ráð fyrir að reglugerðin sé til endurskoðunar hvenær sem tilefni er til eða gefnar út sérstakar leiðbeiningar um einstök atriði sem ástæða gæti þótt til.

Um 39. gr.

Hér er kveðið á um verkefni löggæslunnar sem er þeim mun auðveldara en áður þar sem eftirlitið sem þarf að hafa er fyrst og fremst með því sem fram fer á almannafæri og á því að vera þjónum réttvísinnar jafnaugljóst sem öðrum. Sérstaklega ber lögreglunni að hafa auga með því sem einkum getur óvirt fánann og að verndarákvæði séu virt, svo sem að fáninn sé ekki notaður í heimildarleysi til markaðssetningar.

Um 40. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Hér er felldur úr gildi forsetaúrskurður um fánadaga og fánatíma 23. janúar 1991. Efni hans er hins vegar tekið upp í reglugerð þessa nema ákvæðið um að leita skuli leiðbeininga Landhelgisgæslunnar og Siglingamálastofnunar um fána á bátum og skipum. Ákvæði þetta hefur ekkert sjálfstætt gildi þar sem þessar stofnanir hafa jafnan veitt sjófarendum þær upplýsingar og leiðbeiningar um fánann sem beðið er um. Hins vegar var haft samráð við þessa aðila um þann kafla í reglugerðinni sem fjallar um fána á skipum og bátum.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal III.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um þjóðfána Íslendinga. Helsta breytingin er þess efnis að notkun fánans er endurskilgreind og leyft verður að nota hann til markaðssetningar undir vissum skilgreindum kringumstæðum. Þá er í tilllögu að reglugerð lagt til að litir fánans verði skilgreindir eftir öðru litakerfi en til þessa hefur tíðkast.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarps þessa hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

832. Frumvarp til laga [495. mál]

um skjaldarmerki Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross á heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera 2/9 af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, 1/9 af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, bergrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin, ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.

2. gr.

Stjórnvöldum ríkisins er heimilt að nota skjaldarmerkið.

3. gr.

Skjaldarmerkið er til auðkennis starfi, stöðu og skilríkjum stjórnvalda.

4. gr.

Skjaldarmerkið getur verið á prentuðum gögnum og skjölum, enda sé það sett á virðulegan stað og samræmis gætt milli leturstærðar og merkis.

5. gr.

Skjaldarmerkið skal hafa á stjórnsýsluskjölum þegar þau hafa sérstakt réttargildi eða augljóst á að vera að um mikilvægt opinbert skjal sé að ræða.

6. gr.

Heimilt er að hafa skjaldarmerkið á almennum bréfsefnum stjórnvalda.

7. gr.

Heimilt er að hafa skjaldarmerkið í veggskjöldum í híbýlum og á húsum stjórnvalda.

8. gr.

Heimilt er að nota skjaldarmerkið til auðkennis tækjum og búnaði á vinnustað stjórnvalda.

Stjórnvöldum er heimilt að nota skjaldarmerkið í tengslum við stöðu sína og embætti.

9. gr.

Hönnun skjaldarmerkis skal hljóta samþykki forsætisráðuneytisins.

Ekki er heimilt að gera viðbætur við skjaldarmerkismyndina.

Óheimilt er að nota skjaldarmerkið með öðrum táknmyndum, nema með leyfi forsætisráðuneytisins.

10. gr.

Óheimilt er að nota skjaldarmerkið í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum eða þjónustu.

11. gr.

Nú notar maður skjaldarmerkið á söluvarning eða umbúðir hans og skal þá fenginn dómsúrskurður um að honum sé óheimilt að nota skjaldarmerkið eða hafa vörur til sölu sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra svo framarlega sem þær eru þá í vörslu hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

12. gr.

Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af skjaldarmerkinu.

13. gr.

Óheimilt er að hafa skjaldarmerkið á boðstólum sem minjagripi, barmmerki eða þess háttar.

14. gr.

Forsætisráðuneytið getur sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lögin öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 9. mars 1995 skipaði forsætisráðherra nefnd sem falið var að gera tillögur að reglum um meðferð og notkun skjaldarmerkis Íslands, ríkisskjaldarmerkisins, auk þess að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

Í nefndinni áttu sæti Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, skipaðir án tilnefningar, Andrés Pétursson upplýsingafulltrúi, tilnefndur af Útflutningsráði Íslands, og Magnús Oddsson ferðamálastjóri, tilnefndur af Ferðamálaráði Íslands.

Formaður nefndarinnar var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu.

Hér er gerð grein fyrir frumvarpi að lögum um skjaldarmerki Íslands sem nefndin skilaði af sér. Um önnur störf nefndarinnar er vísað til frumvarps til laga um breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga.

Skjaldarmerki Íslands á sér langa sögu. Heimildir herma um skjaldarmerki fyrir 1262. Tilgátur eru um að bætt hafi verið við það merki hluta af skjaldarmerki Noregs og þannig myndað skjaldarmerki „Íslandskonungs“ sem notað var af Noregskonungi sem konungi Íslands. Eigi er vitað nákvæmlega hvenær þorskur, stundum flattur, stundum óflattur, varð merki Íslands. En það merki finnst þegar á 14. öld og hausaður þorskur með kórónu yfir er orðinn innsigli eyjarinnar Ísland undir lok 16. aldar. Um aldir er þorskurinn í skjaldarmerki Íslands. Á síðari hluta 19. aldar var hafinn áróður fyrir því að hætta að nota þorskmerkið sem tákn landsins en nota í þess stað hvítan fálka á bláum grunni.

Með konungsúrskurði frá 3. október 1903 var ákveðið að skjaldarmerki Íslands skyldi vera „hvítur íslenskur fálki á bláum grunni“. En fálkamerkið var ekki lengi í notkun. Eftir að breytt var til um skjaldarmerki Íslands árið 1919 er það af fálkanum að segja að árið 1920 var gefinn út úrskurður um sérstakan íslenskan konungsfána og í honum skyldi vera íslenskur fálki. Og árið eftir stofnaði konungur Hina íslensku fálkaorðu með fálkamynd sem einkennismerki orðunnar eins og nafn hennar bendir til.

Landvættaskjaldarmerkið var tekið upp með konungsúrskurði 12. febrúar 1919 sem er á þennan veg: „Skjaldarmerki Íslands skal vera krýndur skjöldur og á hann markaður fáni Íslands. Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir þannig: dreki, gammur, uxi og risi.“ Ríkharður Jónsson gerði teikningu af skjaldarmerkinu. Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir sem um getur í Heimskringlu Snorra Sturlusonar.

Þegar leið að stofnun lýðveldisins 1944 voru menn tilkvaddir til að gera tillögu um breytingar á skjaldarmerkinu. Breyting var í öllu falli nauðsynleg vegna þess að kóróna var yfir skildinum en hún hlaut að hverfa við afnám konungdæmisins. En haldið var við hugmyndina um þá hollvætti landsins sem liggur að baki gerð skjaldbera skjaldarmerkisins. Var gerð ný teikning af skjaldarmerkinu þar sem kórónan var felld burtu og lögun skjaldarins breytt. Skjaldberarnir voru teiknaðir með öðrum hætti en áður og einnig undirstaðan sem skjöldurinn hvílir á. Tryggvi Magnússon listmálari gerði teikninguna og er frummyndin geymd í Þjóðminjasafninu. Nú er kveðið á um gerð merkisins í forsetaúrskurði um skjaldarmerki Íslands, nr. 35 17. júní 1944.

Nefndinni var ekki falið að gera tillögu um nýtt skjaldarmerki eða breytingar á merkinu heldur að gera tillögur að reglum um meðferð þess og notkun.

Ekkert er að hafa í forsetaúrskurðinum um hvernig farið skuli með skjaldarmerkið. Ekki er heldur mikið um það efni í lögum, reglugerðum eða stjórnvaldstilskipunum. Raunar er þar ekki fyrir að fara nema tveimur ákvæðum í lögum. Annað er í samkeppnislögum nr. 8/1993, 2. og 3. mgr. 29. gr. Er þar bannað við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lögin taka til að nota í heimildarleysi íslenska ríkisskjaldarmerkið. Það er líka óheimilt að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær eða umbúðir þeirra hefur verið sett mynd af skjaldarmerki íslenska ríkisins. Hitt ákvæðið er að finna í almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 1. mgr. 95. gr., sbr. lög nr. 101/1976. Þar er lögð refsing við að smána opinberlega viðurkennt þjóðarmerki en þar undir heyrir ríkisskjaldarmerkið. Af þessu ræður af líkum að við lítt er að styðjast þegar setja skal almennar reglur um notkun og meðferð skjaldarmerkisins nema þær venjur sem mótast hafa, einkum á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Hefur því nefndin í störfum sínum mjög tekið mið af þeim reglum sem um þetta gilda í nágrannalöndum okkar.

Frumvarp þetta á að stuðla að slíkri meðferð skjaldarmerkisins sem samboðin er því mikilvægi er þetta ríkistákn hefur og er ætlað að standa vörð um þá helgi sem það hefur í þjóðarvitund. Kveðið er á um hvaða stjórnvöld megi nota merkið. Stjórnvöldum er í sjálfsvald sett hvort þau nota skjaldarmerkið í opinberum störfum sínum nema framkvæmdarvaldinu er gert að hafa merkið á stjórnsýsluskjölum sem hafa sérstakt réttargildi. Kveðið er á um tiltekin not og meðferð skjaldarmerkisins. Lagt er bann við að aðrir en stjórnvaldshafar noti skjaldarmerkið. Einstaklingum og fyrirtækjum er óheimil hvers konar notkun merkisins, svo sem til markaðssetningar, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er orðréttur forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands sem gjörður var á Þingvelli við Öxará 17. dag júnímánaðar 1944.

Um 2. gr.

Grein þessi kveður á um hverjum sé heimilt að nota skjaldarmerkið. Er það einungis heimilt stjórnvöldum ríkisins. Þetta nær til allra greina ríkisvaldsins samkvæmt þrískiptingu þess sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Þannig tekur heimildin til löggjafarvaldsins, þ.e. Alþingis og stofnana þess, svo sem umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Þá nær heimildin til dómsvaldsins, þ.e. Hæstaréttar, héraðsdómstóla og annarra dómstóla.

Enn fremur nær heimildin til framkvæmdarvaldsins, þ.e. stjórnarráðsins og stofnana sem undir það heyra. Undanskilið er þó hvaðeina á vegum framkvæmdarvaldsins sem ekki lýtur að sjálfri stjórnsýslunni. Þannig er um þjónustustofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins sem einungis stunda almennan atvinnurekstur. Sama er um skóla, mennta- og vísindastofnanir ríkisins, sjúkrahús og heilsugæslustofnanir svo eitthvað sé nefnt.

Engir opinberir aðilar utan stjórnvalda ríkisins geta notað skjaldarmerkið þó að stjórnsýslu hafi með höndum, svo sem sveitarfélög og stofnanir þeirra.

Um 3. gr.

Samkvæmt grein þessari geta stjórnvöld notað skjaldarmerkið til auðkennis við skyldustörf sín. Í 4.–8. gr. er að finna ákvæði um helstu tilvik þessarar notkunar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er stjórnvaldi í sjálfsvald sett að nota skjaldarmerkið eftir því sem þykir hæfa og tilefni er til. Um er að ræða hin margvíslegu skjöl sem stjórnvöldum fylgja. Þar með er talið bækur, bæklingar og stjórnarerindi sem ríkið gefur út enda sé um opinber málefni að ræða.

Þá eru sett skilyrði fyrir notkun skjaldarmerkisins. Gætt skal virðingar við merkið og það notað af smekkvísi. Þannig skal skjaldarmerkið yfirleitt vera ofar eða fremst (þ.e. til vinstri handar skrifarans) eða á miðju miðað við annan texta eða efni. Skjaldarmerkið skal eftir því sem unnt er standa eitt sér miðað við texta og stærð þess skal vera í samræmi bæði við mikilvægi þess sem ríkismerkis og við kröfuna um að myndin sé skýr. Samræmis skal og gætt milli leturstærðar og merkisins.

Um 5. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldu til að nota skjaldarmerkið. Ekki nær þetta þó til löggjafarvaldsins eða dómsvaldsins heldur til framkvæmdarvaldsins að því er stjórnsýslu varðar. Skjaldarmerkið skal hafa á skjölum sem hafa sérstakt réttargildi. Fyrst og fremst er átt við flokk skjala, svo sem tilskipanir, opinberar tilkynningar, stjórnarerindi, úrskurði, embættisskipanir, vottorð, heimildarbréf, leyfisveitingar og þess háttar, ef augljóst á að vera að um opinber skjöl sé að ræða er hafi nokkurt mikilvægi.

Um 6. gr.

Hér er tekið fram að heimilt sé að hafa skjaldarmerkið á almennum bréfsefnum stjórnvalda. Það er til að bannað sé að nota skjaldarmerki á þann veg, svo sem í Noregi. Ekki tíðkast það heldur hér á landi að löggjafinn eða dómarar noti merkið þannig. Aftur á móti hafa öll ráðuneytin skjaldarmerkið á bréfhaus sínum nema forsætisráðuneytið. Sömuleiðis nota sumar ríkisstofnanir merkið á sama hátt.

Með tilliti til þessa þykir rétt að heimila formlega þessa notkun skjaldarmerkisins og allar greinar ríkisvaldsins sitji þá við sama borð í þessum efnum ef það skyldi þykja ástæða til að taka upp þessa skipan þar sem ekki hefði áður tíðkast.

Um 7. gr.

Hér er það heimilað sem tíðkast samkvæmt venju, svo sem hjá sendiherrum og ræðismönnum.

Um 8. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er stjórnvöldum almennt heimilað að nota skjaldarmerkið á vinnustað, svo sem á húsbúnað og tæki á skrifstofum sínum, eftir því sem ástæða þykir til og smekkvísi valdsmanna býður.

Í 2. mgr. er stjórnvöldum heimilað að nota skjaldarmerkið í tengslum við stöðu sína og embætti. Hér er átt við húsbúnað til gestamóttöku, borðbúnað og matseðla, enn fremur nafnspjöld, boðskort og persónulegar orðsendingar, svo sem jólakort, nýjársóskir og þess háttar. Þessi notkun skjaldarmerkisins gengur í sömu átt og viðgengist hefur hjá stjórnarráðinu. Þetta er nú formlega heimilað. En samkvæmt hlutarins eðli er þessi heimild til

notkunar skjaldarmerkisins bundin við forsvarsmenn stjórnvalda, svo sem ráðherra og forstöðumenn stjórnsýslustofnana. Það þykir hins vegar rétt að þessi skipan nái einnig til löggjafarvalds og dómsvalds svo að allir geti setið við sama borð ef svo sýnist.

Um 9. gr.

Ákvæði er í 1. mgr. til að tryggja að skjaldarmerkið sé rétt til búið. Það á við hvort heldur mynd skjaldarmerkis er prentuð eða greipt, þrykkt eða máluð á málm, tré eða annað efni, svo og ofið í dúk. Engin frávik eða breytt útfærsla á landvættunum má eiga sér stað né á fánaskildinum og undirstöðunni sem hann hvílir á. Landvættirnir verða að vera rétt staðsettir en dæmi eru þess að svo sé ekki á skjaldarmerki sem notað er. Þá má ekki bregða út af réttum litum skjaldarmerkisins né annarri gerð þess. Enn fremur skal umgerð skjaldarmerkis vera smekkleg og lýtalaus, svo sem þegar um veggskildi er að ræða. Forsætisráðuneytinu er falin umsjá þess að allt sé með felldu í þessum efnum og samræmis sé gætt hjá þeim sem skjaldarmerkið nota.

Í 2. mgr. eru bannaðar viðbætur við mynd skjaldarmerkisins. Skjaldarmerkið sjálft getur þá verið rétt til búið en teikningu skeytt við það að einhverju leyti svo sem dæmi eru til. Slíkt er ekki heimilt.

Í 3. mgr. er fjallað um notkun skjaldarmerkisins samhliða öðrum merkjum eða táknum svo sem ef ríkisstofnun notaði skjaldarmerki ásamt sérmerki sínu. Slíkt er óheimilt nema með leyfi forsætisráðuneytisins. Afskipti ráðuneytisins eru til að sjá svo um að í engu sé skert virðing skjaldarmerkisins og það sé notað af smekkvísi.

Um 10. gr.

Grein þessi kveður á um bann við að nota skjaldarmerkið til markaðssetningar í verslun og viðskiptum. Það leiðir reyndar af ákvæði 2. gr. um að einungis stjórnvöldum ríkisins sé heimilt að nota skjaldarmerkið við framkvæmd starfa sinna. En rétt þykir að taka þetta beinlínis fram í samræmi við 2. mgr. 29. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Um 11. gr.

Nokkur brögð eru að því að einkaaðilar noti skjaldarmerkið á söluvarning, einkum minjagripi og þess háttar. Þar sem notkun skjaldarmerkisins er einungis heimiluð stjórnvöldum ríkisins er hér kveðið á um hvernig með skuli farið ef út af er brugðið. Er þá lagt til að lögfest verði samsvarandi ákvæði og er nú að finna í 6. mgr. 12. gr. laga um þjóðfánann ef ekki er farið að settum reglum. Ekki er gert ráð fyrir að viðurlög þessi taki til þess söluvarnings sem fyrir er þegar ákvæði þessi taka gildi. Hins vegar er bannað að framleiða vöruna áfram með skjaldarmerkinu og lagt blátt bann við að taka upp skjaldarmerkið á aðra vöru.

Um 12. gr.

Grein þessi bannar að flytja inn og selja vöru með mynd af skjaldarmerkinu. Þetta ákvæði er að finna í samkeppnislögum nr. 8/1993, 3. mgr. 29. gr. Þykir rétt að fella þetta inn í lög um skjaldarmerki Íslands sem annað er skjaldarmerkið varðar.

Um 13. gr.

Hér er lagt bann við að hafa skjaldarmerkið til sölu sem minjagrip, barmmerki eða þess háttar. Leiðir þetta af því að einungis stjórnvöldum er heimilt að nota skjaldarmerkið, sbr. 2. gr. Á þetta jafnt við hvort heldur um er að ræða skjaldarmerkið eitt sér eða það er áfest eða hluti af öðrum söluvarningi.

Um 14. gr.

Ekki þykir ástæða til að setja bein fyrirmæli um að reglugerð sé sett heldur bíða reynslunnar af framkvæmd laganna og heimila reglugerð ef þurfa þykir.

Um 15. gr.

Ákvæði um viðurlög við brotum á lögum þessum og málsmeðferð eru í samræmi við lögin um þjóðfána Íslendinga.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skjaldarmerki Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að reglur um notkun skjaldarmerkis Íslands verði settar í ein lög, en til þessa hefur forsetaúrskurður gilt um gerð merkisins.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

833. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um Tryggingasjóð einyrkja.

Frá minni hluta félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um málið og fengið fjölda manna á sinn fund af því tilefni eins og rakið er í áliti meiri hlutans. Þá hefur fjöldi umsagna borist um frumvarpið, m.a. frá samtökum sjálfstætt starfandi einstaklinga, annarra en þeirra þriggja hópa sem frumvarpið tók til þegar það var lagt fyrir Alþingi.

Minni hlutinn telur það löngu tímabært að tekið sé á málefnum sjálfstætt starfandi einstaklinga hvað varðar rétt til bóta í atvinnuleysi. Á síðari árum hefur þeim fjölgað stórlega sem hefur verið gert að gerast verktakar og skilgreina sjálfa sig sem sjálfstætt starfandi þótt í raun sé um hefðbundið ráðningarsamband að ræða, en þessu formi ráðningar hefur verið gefið nafnið gerviverktaki. Þá hefur það allt frá því að sjálfstætt starfandi

fengu fyrst almennan rétt til atvinnuleysisbóta árið 1993 verið vandamál innan Atvinnuleysistryggingasjóðs hvernig skuli fara með skilgreiningar á því hvenær sjálfstætt starfandi einstaklingar eru atvinnulausir og hafa skilyrðin þótt nokkuð ströng. Minni hlutinn gerir því ekki athugasemdir við það að málefni þessara hópa séu tekin sérstaklega fyrir, en vegna forsögu málsins, slælegs undirbúnings í félagsmálaráðuneytinu og ófaglegra vinnubragða við gerð frumvarpsins getur minni hlutinn ekki stutt málið eins og það liggur fyrir nú. Ástæður þess munu verða raktar nánar hér á eftir.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er forsaga þess að mál þetta kemur fyrir Alþingi sú að fulltrúar þriggja hópa sjálfstætt starfandi, bænda, vörubílstjóra og smábátaeiganda, mótmæltu þeim reglum sem þessir hópar bjuggu við varðandi atvinnuleysisbætur og komu þeir á fund félagsmálaráðherra og óskuðu eftir að málið yrði tekið sérstaklega upp í ráðuneytinu. Í kjölfarið á því skipaði ráðherra nefnd til þess að kanna réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi einstaklinga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu og gera tillögur til ráðherra um framtíðarskipan þeirra mála. Í hana voru skipaðir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Landssambandi smábátaeiganda, fjármálaráðuneyti og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.

Minni hlutinnn telur það algerlega óviðunandi vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins að ganga þannig umhugsunarlaust erinda þessara þriggja hópa á meðan fjöldi manna er í nákvæmlega sömu aðstöðu gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í áfangaskýrslu nefndarinnar er það ljóst að í hópi einyrkja eru um 20 þúsund manns, en af þeim eru aðeins um 5.500 innan þeirra þriggja hópa sem frumvarpið náði upphaflega til. Minni hlutinn telur ráðuneytið hafa brugðist þeirri skyldu sinni að gæta jafnræðis í málefnum sjálfstætt starfandi á þeim forsendum einum saman að aðrir hópar hafa ekki verið jafnháværir og þessir þrír. Önnur rök hafa ekki verið færð fram af hálfu þeirra sem sömdu frumvarpið og eru vinnubrögð sem þessi átalin harðlega.

Eftir að fulltrúar þeirra fjölmörgu sem átti að skilja eftir úti í kuldanum höfðu komið að máli við félagsmálanefnd og einnig félagsmálaráðherra sá ráðuneytið ástæðu til að opna sjóðinn fyrir öðrum sjálfstætt starfandi og leggur meiri hlutinn fram breytingartillögur þess efnis. Þótt þar sé stigið skref í rétta átt telur minni hlutinn að ríkisstjórnin hefði átt að draga frumvarpið til baka og leggja fram nýjar tillögur þar sem allir hópar sjálfstætt starfandi njóta jafnræðis. Eins og frumvarpið lítur út nú njóta þeir þrír hópar, sem áður voru nefndir, forgangs en aðrir hópar eru allir settir undir sama hatt. Engin rök eru færð fram fyrir því af hverju smábátaeigendur, vörubílstjórar og bændur eiga að njóta sérstöðu í þessari löggjöf umfram t.d. arkitekta eða þýðendur.

Undirbúningstími frumvarpsins er í raun með ólíkindum og gagnrýnir minni hlutinn hroðvirknisleg vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins í þeim efnum. Má þar t.d. benda á að nefndin sem undirbjó frumvarpið var ekki aðeins skipuð þröngum hópi manna, heldur var hún með eindæmum fljót að komast að niðurstöðu. Nefndin var skipuð 8. október 1996 og skilaði hún áfangaskýrslu til ráðherra mánuði síðar eða í nóvember. Niðurstöðurnar í þeirri skýrslu eru í stórum dráttum þær sömu og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda lokaði nefndin á þann möguleika að hleypa öðrum en fulltrúum hópanna þriggja að málinu. Rökin fyrir þeirri ákvörðun eru þau að aðrir hópar hafi ekki óskað eftir breytingum og að umfangsmikið og tímafrekt yrði að kynna slíkt fyrirkomulag fyrir öllum sjálfstætt starfandi, auk þess sem búast mætti við því að erfitt yrði að ná samstöðu þegar margir

kæmu að málinu (áfangaskýrsla, bls. 11). Eins og áður er rakið hefur öðrum hópum nú verið veittur aðgangur að sjóðnum en ekki á sömu forsendum og fyrrnefndum þremur hópum.

Minni hlutinn lagði á það ríka áherslu í félagsmálanefnd að skoða þyrfti betur annað fyrirkomulag en það sem lagt er til í frumvarpinu. Ýmsir hafa bent nefndinni á að þeir vildu gjarnan eiga val um hvort þeir greiddu tryggingagjaldið þannig að aðeins þeir sem greiddu gætu notið réttar. Bandalag íslenskra listamanna hefur m.a. bent á þetta, ekki síst á þeim rökum að margir innan þeirra samtaka nýti sér aldrei rétt sinn til atvinnuleysisbóta af ýmsum ástæðum. Má nefna sem dæmi rithöfunda, en eðli málsins samkvæmt er erfitt að skilgreina hvenær þeir eru atvinnulausir auk þess sem þeir mundu seint lýsa slíku yfir. Valkvætt kerfi á þessum nótum var að mati minni hlutans ekki skoðað nægilega vel í félagsmálanefnd, líklega vegna þess að ekki var vilji fyrir hendi fyrir því að koma á slíku kerfi auk þess sem ofuráhersla var lögð á það að hraða afgreiðslu málsins af hálfu meiri hlutans. Þá liggur ekki fyrir hvernig ráðuneytið hyggst útfæra reglurnar um sjóðinn, t.d. hve margar deildir eigi að vera í honum, hverjir eigi að veljast saman í deildir o.s.frv., en slíka hluti hefði þurft að undirbúa mun betur af ráðuneytisins hálfu áður en lagafrumvarpið er afgreitt úr þinginu.

Minni hlutinn getur m.a. af þeim ástæðum sem hér eru raktar ekki stutt frumvarpið eins og það liggur fyrir nú og stendur ekki heldur að breytingartillögum meiri hlutans. Áskilur minni hlutinn sér rétt til að styðja eða greiða atkvæði gegn einstökum breytingartillögum eða leggja fram sjálfstæðar breytingartillögur við afgreiðslu málsins ef ástæða þykir til.

Alþingi, 20. mars 1997.

Bryndís Hlöðversdóttir, frsm. Kristín Ástgeirsdóttir. Rannveig Guðmundsdóttir.

834. Svar [272. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um árangur af skatteftirliti og skattrannsóknum.

Frá árinu 1993 hefur átak verið gert til þess að bregðast við skattsvikum. Í því efni þarf að rifja upp starf sérstakrar nefndar sem skilaði skýrslu árið 1993 um aðgerðir til þess að draga úr skattsvikum. Tillögum þeirrar nefndar hefur í öllum meginatriðum verið hrundið í framkvæmd. Síðasta ár hefur starfað sérstök framkvæmdanefnd sem er ætlað að koma í veg fyrir skattsvik og er hún m.a. skipuð skattrannsóknarstjóra og ríkisskattstjóra. Þá er að nefna að skattyfirvöld hafa markvisst skipulagt árlegar eftirlitsáætlanir til samræmingar á aðgerðum. Loks er þess að geta að árið 1993 voru ákveðnar sérstakar fjárveitingar til aukins skatteftirlits. Um var að ræða u.þ.b. 20 stöðugildi.

Fyrirspurninni er svarað lið fyrir lið. Í nokkrum tilvikum eru upplýsingar hvorki tiltækar né vinnsla þeirra möguleg. Á þetta einkum við um skiptingu skattbreytinga eftir tegundum einstakra brota. Slíkt er ekki skráð hjá skattyfirvöldum.

1. *Hverjar voru heildarhækkanir á opinberum gjöldum árlega sl. fjögur ár í kjölfar skattrannsókna og eftirlits, sundurliðað eftir lögaðilum, einstaklingum og tegundum skattsvika? Hve hátt hlutfall er það af áætluðum skattsvikum?*

Ekki er unnt að svara með vissu hve hátt hlutfall endurákvarðanir í kjölfar rannsóknarmála eru af heildarskattsvikum. Erfitt er að meta heildarskattsvik vegna margra óvissuþátta. Í almennu skatteftirliti skattstjóra verða skattahækkanir helst til vegna undanskots tekna og eigna, offærðs frádráttar og rangs innskatts. Fjárhæðir vegna þess voru ekki taldar með í áætluðu umfangi skattsvika við gerð skattsvikaskýrslunnar 1993 en þar voru bornar saman fjárhæðir samkvæmt landsframtölum og þjóðhagsreikningum til að leita eftir vanframtöldum tekjum, þ.e. skattsvikum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru heildarhækkanir gjalda á grundvelli rannsókna og eftirlits sem hér segir:

Skattrannsóknir. Heildargjaldabreytingar vegna skattrannsókna voru sem hér segir í m.kr.: árin 1993–96:

	1993	1994	1995	1996	Samtals
Gjaldabreytingar (höfuðstóll)	25	217	198	542	**982**
Skaðabætur samkvæmt dómi			38	13	**51**
Dráttarvextir					**157**
Breytingar yfirskattanefndar					**-22**
Nettó hækkun					**1.168**

Heildarhækkun skatta þessi fjögur ár var 1.033 m.kr. auk dráttarvaxta, 157 m.kr. Til frádráttar koma lækkanir fyrir yfirskattanefnd, 22 m.kr. Alls nemur hækkun opinberra gjalda að teknu tilliti til breytinga því 1.168 m.kr.

Gjaldabreytingar þessar voru gerðar með 169 úrskurðum ríkisskattstjóra og skattstjóra og tveimur dómum þar sem ríkissjóði voru dæmdar skaðabætur. Gjaldabreytingar þessar eru hækkanir að frádregnum úrskurðuðum lækkunum og eru því nettófjárhæðir. Ávallt er nokkuð um lækkanir í rannsóknarmálum en það á sér stað þegar rannsóknarþolar hafa sætt áætlun opinberra gjalda áður en til rannsóknar kemur.

Mesta hækkun í einstöku máli er 108 m.kr. auk dráttarvaxta. Meðaltal skattbreytinga nettó, að viðbættum dráttarvöxtum, er um 7 m.kr.

Fjárhæðir gjaldabreytinga ríkisskattstjóra í rannsóknarmálum sundurgreint eftir rekstrarformi skattaðila eru sem hér segir:

Endurákvörðun ríkisskattstjóra.

	1993		1994		1995		1996	
Rekstrarform	**M.kr.**	**Hlutfall**	**M.kr.**	**Hlutfall**	**M.kr.**	**Hlutfall**	**M.kr.**	**Hlutfall**
Hlutafélög	2,1	8,4%	130	59,8%	67,7	34,2%	337	62,2%
Sameignarfélög	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	2,3	0,4%
Félagasamtök	0	0,0%	4,6	2,1%	0	0,0%	9,5	1,8%
Einstakl. í rekstri	22,9	91,6%	76,1	35,0%	127,9	64,6%	169	31,2%
Aðrir	0	0,0%	6,7	3,1%	2,3	1,2%	23,9	4,4%
Samtals	**25,0**	100,0%	**217,5**	100,0%	**197,9**	100,0%	**541,7**	100,0%

Skatteftirlit. Heildargjaldabreytingar vegna skatteftirlits voru sem hér segir í m.kr.:

	1993	**1994**	**1995**	**1996**	**Samtals**
Gjaldabreytingar	1.619	1.562	1.116	685	**4.982**

Heildarhækkun þessi fjögur ár var 4.982 m.kr. Fjárhæðir þessar eru nettófjárhæðir allra hækkana að teknu tilliti til lækkana við kæruafgreiðslu og lækkana yfirskattanefndar. Breytingarnar taka til allra skattbreytinga einstaklinga og lögaðila. Ekki er fyrirliggjandi sundurliðun gjaldabreytinga á lögaðila og einstaklinga.

Eftirlitsstarf skattstjóra felst einkum í endurskoðun skattframtala fyrir og eftir álagningu. Um getur verið að ræða endurákvörðun að frumkvæði skattstjóra sjálfs eða annars vegar hafa endurákvarðanir verið ákveðnar á grundvelli eftirlitsáætlana og hins vegar samkvæmt staðarþekkingu skattstjóra.

Skatteftirlitið hefur m.a. beinst að eftirliti með frádráttarliðum í rekstri, þar með taldri færslu einkaneyslu, færslu eftirlaunaskuldbindinga og óheimilli færslu rekstrartapa til frádráttar rekstrarhagnaði. Þá fer einnig fram eftirlit með virðisaukaskattsskilum fyrirtækja, bæði innskatti og útskatti. Komi í ljós við eftirlit hjá skattstjóra að skattskyld velta sé í einhverjum mæli vanframtalin er þeim málum vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins.

2. *Hversu mörgum málum er ólokið hjá skattrannsóknarstjóra og um hvaða fjárhæðir er þar að ræða?*

Í árslok 1996 voru í rannsókn hjá embætti skattrannsóknarstjóra 231 mál, auk þess voru um 20 mál á frumstigi athugunar. Samtals voru því óafgreidd hjá embættinu 251 mál. Skattrannsóknarstjóra hafa jafnframt borist 919 ábendingar um skattsvik en af þeim hafa 70 leitt til frekari rannsókna.

Útilokað er að segja með nákvæmni hversu háar fjárhæðir er um að ræða í óloknum málum. Bæði er að rannsóknir hafa ekki hafist í sumum þeirra, rannsóknum hefur ekki miðað svo í öðrum tilfellum að segja megi til með nákvæmni um undanskot og í mörgum tilfellum á eftir að leita álits rannsóknarþola á ávirðingum. Ef hins vegar meðaltal gjaldabreytinga hjá ríkisskattstjóra undanfarin fjögur ár væri notað sem nálgun og tek-

ið tillit til að u.þ.b. fimmtungur mála leiddi ekki til gjaldabreytinga eða frekari aðgerða skattrannsóknarstjóra gætu um 200 rannsóknarmálum verið ólokið. Meðaltal gjaldabreytingar hvers máls hjá ríkisskattstjóra síðustu fjögur ár er um 6,8 m.kr. Þannig má álykta að umtalsverðar fjárhæðir eigi eftir að koma til álagningar og innheimtu.

Í árslok 1996 var ólokið gjaldabreytingum í 74 málum hjá ríkisskattstjóra sem þangað höfðu verið send af skattrannsóknarstjóra. Sé miðað við meðaltal gjaldabreytinga síðustu fjögur ár má áætla að óúrskurðaðar gjaldabreytingar gætu numið um 500 m.kr.

3. *Að hverju hafa skatteftirlit og rannsóknir helst beinst á þessum árum? Sérstaklega er átt við í hve miklum mæli þær hafi beinst að svartri atvinnustarfsemi, meintum virðisaukaskattssvikum, ólöglegum frádráttarliðum og að eigin neysla forsvarsmanna sé færð á rekstur fyrirtækisins.*

Í skýrslu skattsvikanefndar frá september 1993 er hugtakið „svört atvinnustarfsemi" skilgreint sem sá hluti efnahagskerfisins sem er dulinn. Dulin starfsemi er margvísleg. Bæði er þar um að ræða ólöglega starfsemi, svo og aðra starfsemi sem er talin lögleg en skattskilum er áfátt.

Skattsvikanefndin hefur skilgreint helstu svið svartrar atvinnustarfsemi þannig að um geti verið að ræða vinnu sem haldið er leyndri, svo og nótulaus viðskipti.

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi hafa m.a. beinst að tilteknum áhættugreinum, svo sem byggingar- og verktakastarfsemi, bifreiðaþjónustu, veitingarekstri, flutningastarfsemi og lausaverslun. Samkvæmt skýrslu skattsvikanefndar frá september 1993 eiga fyrirtæki í þessum greinum þátt í um 50–60% af allri svartri atvinnustarfsemi í landinu.

Mjög oft eru mörkin á milli svartrar atvinnustarfsemi og annarra skattsvika mjög óljós og illskilgreinanleg. Aðgerðir gegn fyrirtækjum í framangreindum starfsgreinum hafa leitt í ljós veruleg skattsvik sem unnt er að segja að falli fremur undir svarta atvinnustarfsemi en almenn skattsvik. Verulegur hluti rannsóknarskýrslna skattrannsóknarstjóra, sem ekki varða bein vanskil á opinberum gjöldum, falla undir skilgreininguna svört atvinnustarfsemi.

Skipting rannsóknarskýrslna á starfsgreinar fram til 31. desember 1996 er sem hér segir:

Byggingar- og verktakastarfsemi	61
Verslun-, veitinga- og hótelrekstur	54
Útgerðarfyrirtæki	11
Flutningastarfsemi	5
Iðnaðarstarfsemi	31
Þjónustustarfsemi	27
Annar rekstur	67
Vanskilamál (greind sérstaklega í 5. lið)	53
Alls:	**309**

Eftirlit skattstjóra beinist að öllum þáttum skattskila einstaklinga og rekstraraðila. Skatteftirlitinu má í grófum dráttum skipta í tvennt, þ.e. skatteftirlit sem byggist á vali skattstjóra eða er hluti samræmdrar eftirlitsáætlunar fyrir landið í heild. Ekki er hægt að nefna sérstaklega einstaka þætti skatteftirlits og skattsvika. Eðli máls samkvæmt beinist skatteftirlitið að öllum þáttum skattskilanna. Fái skattstjórar upplýsingar um svarta atvinnustarfsemi senda þeir málið til skattrannsóknarstjóra sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

Hvað virðisaukaskattinn varðar sjá sérstakar deildir skattstjóranna um álagningu og eftirlit með skilum. Þar er áherslan lögð á eftirlit með innskatti, útborgunum úr ríkissjóði og nýjum aðilum á skrá. Þessi tegund eftirlits er aðallega samtímaeftirlit, þ.e. eftirlit næstu mánuði eftir að virðisaukaskattsskýrslum er skilað. Einnig fer árlega fram samanburður virðisaukaskattsskila við skattframtöl og ársreikninga.

4. *Hvað hafa verið kveðnir upp margir dómar í skattsvikamálum sl. fjögur ár og hve mörgum hefur lokið með sektarúrskurðum hjá yfirskattanefnd? Óskað er sundurgreiningar á tegundum skattsvika, annars vegar í málum sem dæmt hefur verið í og hins vegar þar sem málum hefur lokið með sektarúrskurði.*

Héraðsdómar:

1993.

Alls voru kveðnir upp 7 héraðsdómar í skattsvikamálum. Í þessum 7 héraðsdómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 2 dómar vegna brota á lögum um söluskatt.
— 2 dómar vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 3 dómar vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.
— 3 dómar vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
— 1 dómur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í 3 dómum með tilvísun til 262. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna bókhaldsbrota).

Refsimeðferð í tveimur málum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins var lokið með framangreindum dómum.

1994.

Alls voru kveðnir upp 5 héraðsdómar í skattsvikamálum árið 1994. Í 4 héraðsdómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 2 dómar vegna brota á lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.
— 2 dómar vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.
— 2 dómar vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Einu máli var vísað frá vegna meints aðildarskorts, en Hæstiréttur hnekkti síðar þeirri frávísun og lagði fyrir héraðsdómara að leggja dóm á málið.

Refsimeðferð í tveimur málum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins var lokið með framangreindum dómum.

1995.

Alls voru kveðnir upp 17 héraðsdómar í skattsvikamálum árið 1995. Í þessum 17 héraðsdómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 1 dómur vegna brota á lögum um söluskatt.
— 11 dómar vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 2 dómar vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.
— 2 dómar vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.
— 7 dómar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í 5 dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota, bókhaldsbrota og fjárdráttar).

Refsimeðferð í fimm málum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins var lokið með framangreindum dómum.

1996.

Alls voru kveðnir upp 20 héraðsdómar í skattsvikamálum árið 1996. Í 19 héraðsdómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 17 dómar vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 9 dómar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í 15 dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

Í einum dómi var sýknað sökum fyrningar, en refsinæmi verknaðar þó viðurkennt í dómnum.

Refsimeðferð í 21 máli frá skattrannsóknarstjóra ríkisins var lokið með framangreindum dómum.

Hæstaréttardómar:

1993.

Alls voru kveðnir upp 4 hæstaréttardómar í skattsvikamálum. Þar af gekk héraðsdómur í 3 málum fyrir árið 1993. Í þessum 4 hæstaréttardómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 3 dómar vegna brota á lögum um söluskatt.
— 1 dómur vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 1 dómur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í 3 dómum með tilvísun til 247. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna fjárdráttar).

1994.

Alls voru kveðnir upp 3 hæstaréttardómar í skattsvikamálum. Í 2 hæstaréttardómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— 1 dómur vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 1 dómur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í báðum dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

Í einum dómi var máli vísað aftur til héraðsdóms til uppkvaðningar efnisdóms um málið.

1995.

Alls voru kveðnir upp 2 hæstaréttardómar í skattsvikamálum árið 1995. Í þessum 2 hæstaréttardómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— Í báðum dómum vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— Í 1 dómi með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

1996.

Alls voru kveðnir upp 2 hæstaréttardómar í skattsvikamálum. Í þessum 2 hæstaréttardómum var dæmd refsing samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— Í báðum dómum vegna brota á lögum um virðisaukaskatt.
— 1 dómur vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.
— Í báðum dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

Heildartölulegar niðurstöður fyrir dóma í skattsvikamálum vegna alls þess tímabils sem um ræðir, þ.e. frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1996, eru því eftirfarandi:

Héraðsdómar:

Heildarfjöldi: 49.
Sakfellingar: 48.
Frávísun: 1 (sökum villu dóms um skort á aðild).
Sýkna: 1 (sökum fyrningar).
Dæmdar refsingar: 47, þar af:

— í 3 dómum vegna brota á lögum um söluskatt,
— í 32 dómum vegna brota á lögum um virðisaukaskatt,
— í 7 dómum vegna brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt,
— í 7 dómum vegna brota á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
— í 17 dómum vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda,
— í 23 dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

	1993	1994	1995	1996	Samtals
Héraðsdómar alls	7	5	17	20	**49**
Vegna:					
söluskatts	2		1		**3**
virðisaukaskatts	2	2	11	17	**32**
tekjuskatts og eignarskatts	3	2	2		**7**
tekjustofna sveitarfélaga	3	2	2		**7**
staðgreiðslu opinberra gjalda	1		7	9	**17**
bókhaldslaga/fjárdráttar	3		5	15	**23**

Hæstaréttardómar:

Heildarfjöldi: 12.
Sakfellingar: 11.
Heimvísun: 1 (sökum villu héraðsdóms um skort á aðild).
Sýkna: Engin.
Dæmdar refsingar: 11, þar af:

— í 3 dómum vegna brota á lögum um söluskatt,
— í 6 dómum vegna brota á lögum um virðisaukaskatt,
— í 3 dómum vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda,

— í 8 dómum með tilvísun til 262. gr. eða annarra ákvæða almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (vegna meiri háttar brota/bókhaldsbrota/fjárdráttar).

	1993	1994	1995	1996	Samtals
Hæstaréttardómar alls	4	3	2	2	**11**
Vegna:					
söluskatts	3				**3**
virðisaukaskatts	1	1	2	2	**6**
staðgreiðslu opinberra gjalda	1	1		1	**3**
bókhaldslaga/fjárdráttar	3	2	1	2	**8**

Úrskurðir yfirskattanefndar í sektarmálum:

1993.

Alls voru kveðnir upp níu úrskurðir í sektarmálum af hálfu yfirskattanefndar á árinu 1993. Þau mál áttu öll rætur sínar að rekja til fyrrum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og kröfugerðar skattrannsóknarstjóra við embætti ríkisskattstjóra.

Í öllum níu úrskurðunum var kröfum um sekt synjað, ýmist sökum fyrningar eða of mikils dráttar á því að hlutast væri til um refsimeðferð í málunum.

1994.

Alls voru kveðnir upp sjö úrskurðir í sektarmálum af hálfu yfirskattanefndar árið 1994. Þau mál áttu öll rætur sínar að rekja til kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins, þar af þrjú vegna hans eigin rannsókna, eitt vegna rannsóknar á vegum fyrrum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og þrjú vegna aðgerða skattstjóra.

Í einum úrskurði var kröfu um sekt synjað vegna mistaka við rannsókn á vegum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra og endurákvörðunar ríkisskattstjóra.

Í þremur úrskurðum var kröfu um sekt vísað frá vegna þess að ekki var talið að nægilegur grundvöllur hefði verið lagður að ákvörðun um sekt þar sem ekki hefði farið fram sjálfstæð rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Í þremur úrskurðum var fallist á kröfu um sekt og var sektin í öllum úrskurðunum ákvörðuð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. einnig tilvísunarákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til áðurnefndra laga nr. 75/1981.

1995.

Alls voru kveðnir upp tíu úrskurðir í sektarmálum af hálfu yfirskattanefndar árið 1995. Þau mál áttu öll rætur sínar að rekja til kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins og voru öll vegna hans eigin rannsókna.

Í einum úrskurði var kröfu um sekt synjað vegna mistaka við endurákvörðun ríkisskattstjóra.

Í þremur úrskurðum var kröfu um sekt vísað frá vegna þess að ekki náðist í skattaðila þannig að hann gæti tjáð sig um meðferð málsins fyrir yfirskattanefnd.

Í sex úrskurðum var fallist á kröfu um sekt og var í þeim úrskurðunum ákvörðuð sekt samkvæmt ákvæðum sem hér segir:

— Í öllum sex úrskurðunum skv. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. einnig tilvísunarákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til áðurnefndra laga nr. 75/1981.
— Í þremur úrskurðum skv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
— Í einum úrskurði skv. 1., 2. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. einnig tilvísunarákvæði 11. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, til áðurnefndra laga nr. 45/1987.

1996.

Alls voru kveðnir upp sjö úrskurðir í sektarmálum af hálfu yfirskattanefndar árið 1996. Þau mál áttu öll rætur sínar að rekja til kröfu skattrannsóknarstjóra ríkisins og voru öll vegna hans eigin rannsókna.

Í tveimur úrskurðum var kröfu um sekt synjað, öðrum vegna þess að bú skattaðila hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og nokkur mistök höfðu átt sér stað við endurákvörðun ríkisskattstjóra en hinum vegna lágrar fjárhæðar þótt ásetningur til brota hafi verið næsta einbeittur, en við álagsbeitingu látið sitja.

Í einum úrskurði var kröfu um sekt vísað frá vegna þess að ekki náðist í skattaðila þannig að hann gæti tjáð sig um meðferð málsins fyrir yfirskattanefnd.

Í einum úrskurði var kröfu um sekt vísað aftur til skattrannsóknarstjóra ríkisins þar sem skattaðili dró til baka áður gefið samþykki sitt til þess að yfirskattanefnd felldi úrskurð á mál hans.

Í þremur úrskurðum var fallist á kröfu um sekt og var í þeim úrskurðunum ákvörðuð sekt samkvæmt ákvæðum sem hér segir:
— Í öllum þremur úrskurðunum skv. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, þar af í tveimur skv. 1. mgr. þeirrar greinar og einum skv. 5. mgr. þeirrar greinar, sbr. einnig í hinum tveimur fyrrnefndu tilvísunarákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til áðurnefndra laga nr. 75/1981.
— Í öllum þremur úrskurðunum skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, þar af í tveimur skv. 1. mgr. þeirrar greinar og einum skv. 6. mgr. þeirrar greinar.

Heildarniðurstöður fyrir úrskurði yfirskattanefndar í skattsvikamálum vegna tímabilsins frá 1. janúar 1993 til 31. desember 1996 eru því eftirfarandi:

Heildarfjöldi: 33.

Heimvísun: 1 (sökum þess að skattaðili dró til baka áður gefið samþykki sitt til þess að yfirskattanefnd felldi úrskurð á mál hans).

Frávísanir: 7 (4 sökum þess að ekki náðist í skattaðila þannig að hann gæti tjáð sig um meðferð málsins fyrir yfirskattanefnd).

Synjanir: 13 (vegna fyrningar, ýmissa annmarka á fyrri stigum málsins, lágra fjárhæða o.fl.).

Úrskurðir um sekt: 12, þar af:
— í 11 úrskurðunum skv. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. einnig tilvísunarákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til áðurnefndra laga nr. 75/1981,
— í 1 úrskurði skv. 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
— í 5 úrskurðum skv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,
— í 1 úrskurði skv. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt,

— í 1 úrskurð skv. 1., 2. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. einnig tilvísunarákvæði 11. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, til áðurnefndra laga nr. 45/1987.

5. *Hvað hefur skattrannsóknarstjóri rannsakað mörg mál þar sem um hefur verið að ræða bein vanskil á opinberum gjöldum, og þá hvaða gjöldum og í hvers konar rekstri? Hve háar fjárhæðir voru í vanskilum í þeim tilvikum, hve mikið innheimtist af þeim og hve oft var um gjaldþrota fyrirtæki að ræða?*

Rannsóknir skattrannsóknarstjóra á vanrækslu á skilum virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda hófust á árinu 1994. Frá því að embættið hóf aðgerðir gegn vanrækslu á skilum hefur rannsókn verið lokið með skýrslu í alls 53 fullrannsökuðum málum. Í árslok 1996 voru til rannsóknar hjá skattrannsóknarstjóra um 20 mál er vörðuðu bein vanskil á þessum sköttum.

Starfsemi skattaðila	Fjöldi skýrslna	Vanskil alls í m.kr.	Meðaltal vanskila í m.kr.*	Fjöldi gjaldþrota aðila
Útgerðarfyrirtæki	13	159,0	12,2	4
Verktakastarfsemi	14	154,9	11,1	10
Veitingastarfsemi	9	44,2	4,9	2
Iðnaðarfyrirtæki	4	30,1	7,5	4
Tækniþjónusta	4	12,4	3,1	2
Fjölmiðlun	3	15,4	5,1	2
Annar rekstur	6	34,6	5,8	6
Samtals	**53**	**450,6**	**8,5**	**30**

*Einungis höfuðstóll vanskila, þ.e. án kostnaðar, álags og dráttarvaxta.

Höfuðstóll vanskila samkvæmt 53 rannsóknarskýrslum er alls um 451 m.kr. Gróflega áætlað er skiptingin á milli virðisaukaskatts og staðgreiðslu þannig að virðisaukaskattur svarar fyrir um 60% og staðgreiðsla um 40% af vanskilunum. Ljóst er hins vegar að skuldir þessara aðila eru margfallt hærri en höfuðstóll vanskila gefur til kynna, einkum vegna áfallinna en ógreiddra dráttarvaxta, álags og kostnaðar.

Allmargir þeirra sem ekki hafa staðið skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti koma málum sínum í lag eftir að rannsókn og/eða refsimeðferð af hálfu skattrannsóknarstjóra hefur hafist. Vanskilaaðilar hafa augljósan ávinning af því að greiða þegar svo háttar til. Greiðslur, sem borist hafa þegar þannig stendur á, hafa numið röskum 200 m.kr. á tímabilinu. Mjög vafasamt er að greiðslur hefðu fengist nema vegna fyrrgreindra aðgerða.

Kveðnir hafa verið upp tíu dómar í vanskilamálum sem send hafa verið frá skattrannsóknarstjóra. Í átta tilvikum hafa aðilar greitt skuld sína að fullu og þar með ekki sætt ákæru af hálfu ríkissaksóknara eða dregið úr ákæruatriðum. Sektir nema alls 22,6 m.kr. í þeim vanskilamálum sem dómar hafa þegar fallið í. Alls voru átján vanskilamál óafgreidd í opinberri meðferð um sl. áramót.

Afgreiðsla vanskilamála frá skattrannsóknarstjóra sem kærð hafa verið til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

	Kærur til RLR		Afgreitt með dómi		Afgreitt án dóms		Óafgreitt	
Starfsemi skattaðila	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**	**Fjöldi**	**Hlutfall**
Útgerðarfyrirtæki	9	25,0%	2	5,6%	3	8,3%	4	11,1%
Verktakastarfsemi	8	22,2%	4	11,1%	1	2,8%	3	8,3%
Veitingastarfsemi	9	25,0%	1	2,8%	4	11,1%	4	11,1%
Iðnaðarfyrirtæki	3	8,3%	3	8,3%	0	0,0%	0	0,0%
Tækniþjónusta	3	8,3%	0	0,0%	0	0,0%	3	8,3%
Annar rekstur	4	11,1%	0	0,0%	0	0,0%	4	11,1%
Samtals	**36**	**100,0%**	**10**	**27,8%**	**8**	**22,2%**	**18**	**50,0%**

6. *Hver er ábyrgð löggiltra endurskoðenda vegna rangra skila og upplýsinga, af ásetningi eða af gáleysi, á skattframtölum sem þeir gera fyrir aðra? Eru dæmi um að löggiltir endurskoðendur hafi sætt refsingu vegna brota á skattalögum?*

Í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er kveðið á um að hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi láti skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skattframtöl annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skuli sæta refsingu skv. 1. mgr. greinarinnar.

Engar sérreglur um ábyrgð endurskoðenda er að finna í gildandi lögum eða samkvæmt almennum reglum vegna rangra upplýsinga í framtölum. Á grundvelli framangreinds ákvæðis, sambærilegra reglna í öðrum skattalögum og samkvæmt grunnreglum skaðabótaréttar getur endurskoðandi bakað sér bótaábyrgð valdi hann tjóni með saknæmum hætti, þ.e. af ásetningi eða gáleysi.

Endurskoðendur eru opinberir sýslunarmenn, sbr. 7. gr. laga nr. 67/1976, um löggilta endurskoðendur. Í því felst m.a. að þeir teljast opinberir starfsmenn og geta bakað sér refsiábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum sem slíkir. Ekki er kunnugt um dóma þar sem endurskoðandi hefur sætt refsingu vegna brota á skattalögum.

7. *Eru uppi áform um að bæta skattskil, t.d. með auknum mannafla við skatteftirlit og skattrannsóknir?*

Skatteftirlit síðari ára hefur skilað ótvíræðum árangri eins og rakið er í svörum við spurningum hér að framan. Að meginefni til er áformað að halda áfram á sömu braut. Ástæða er til að hafa eftirfarandi í huga í þessu sambandi:

Í fyrsta lagi hafa á síðari árum verið sett lög sem heimila og styrkja möguleika skattyfirvalda til eftirlits og aðgerða. Nægir í því sambandi að nefna stofnun embættis skattrannsóknarstjóra árið 1993, lög um bókhald og ársreikninga árið 1995, breytingu á hegningarlögum vegna skatta- og bókhaldsbrota árið 1995 og að skattsektarákvæði hafa verið hert. Ráðuneytið telur að ekki séu efni til þess að gera sérstakar breytingar hvað þetta varðar.

Í öðru lagi er nú unnið að endurskoðun reglugerðar um tekjukatt og eignarskatt sem að stofni til er frá árinu 1963. Ákvæði reglugerðarinnar þarf að ýmsu leyti að sníða að nútímanum þar sem áhersla er m.a. lögð á það að skilgreina kostnaðarþætti til útgjalda í atvinnurekstri og þar með til skattfrádráttar, frádráttarbærni lífeyrissjóðsiðgjalda o.s.frv.

Unnið er að heildarendurskoðun þessarar reglugerðar og er talið að það muni verða til þess að fækka ágreiningsmálum og draga úr undandrætti frá skatti.

Í þriðja lagi hefur skipulagi skatteftirlits verið breytt í ýmsum efnum. Frá árinu 1993 hefur embætti ríkisskattstjóra gert eftirlitsáætlun fyrir öll skattumdæmi þar sem samræmi er í vali á þeim atvinnugreinum sem til skoðunar eru. Á hverju ári síðan hefur embætti ríkisskattstjóra unnið, í samráði við skattstjórana, slíka heildaráætlun og árangur hvers embættis er skráður og metinn í lok hvers árs. Ráðuneytið telur að hér hafi nokkuð áunnist og að áfram þurfi að halda á þessari braut.

Þá hefur starf skattstofanna við eftirlit verið styrkt. Þannig eru nú starfandi sérstakar skatteftirlitsdeildir við Skattstofuna í Reykjavík og í Hafnarfirði. Stofnaðar voru áþekkar eftirlitsdeildir hjá öðrum skattstofum en vegna smæðar og manneklu hefur rekstur þeirra gengið verr en vænst var. Því ákvað fjármálaráðherra í lok árs 1996 að fyrst um sinn yrðu kraftar sameinaðir þannig að þeir fjármunir, sem veittir hafa verið til eiginlegs eftirlitsstarfs á skattstofum utan Reykjavíkur, yrðu sameinaðir og tíu manna eftirlitsdeild hjá ríkisskattstjóraembættinu var sett á laggirnar. Of snemmt er að segja til um reynslu og árangur af þessu starfi.

Í fjórða lagi er nú unnið að því að einfalda framtalsgerð fyrirtækja og einstaklinga. Á árinu 1998 verður tekið upp staðlað samræmt framtalseyðublað fyrir allan atvinnurekstur og ákveðið er að framtöl einstaklinga verði smám saman árituð upplýsingum sem þegar liggja fyrir í tölvukerfum ríkisins. Þetta einfaldar framtalsgerð einstaklinga og dregur úr villuhættu. Einnig mun þessi tæknibreyting gefa skattkerfinu færi á að ráðstafa meiri fjármunum og mannafla í eiginlegt skatteftirlit. Óhjákvæmilega krefst þessi breyting endurmenntunar starfsfólks og ráðningar fólks með sérþekkingu.

Í fimmta lagi hefur skattkerfið reynt að halda uppi eftirliti með skráningu tekna, t.d. með svokölluðu sjóðvélaátaki og með heimsóknum í fyrirtæki þar sem hætta er talin vera á undanskotum og ólögmætri starfsemi. Störf embætta skattrannsóknarstjóra og skattstofa hafa stundum leitt til húsrannsóknar, yfirtöku bókhaldsgagna og lokunar á starfsemi. Eftirlitsmenn skattstofanna hafa ekki heimild til að ganga eins langt og skattrannsóknarstjóri í þessu efni en þeim er ætlað að sinna eftirliti með heimsóknum í fyrirtæki. Þessar aðgerðir skila beinum og óbeinum árangri vegna þeirra varnaðaráhrifa sem þær fela í sér. Afar mikilvægt er að eftirlit sem þetta sé virkt og verður lögð áhersla á það eins og frekast er kostur.

Í sjötta og síðasta lagi skal bent á að viðræður standa yfir milli fulltrúa fjármálaráðuneytisins og skattstofanna um breytingar á skipulagi skattkerfisins. Þær viðræður geta leitt til tillagna sem koma til álita við næstu fjárlagagerð.

835. Frumvarp til laga [496. mál]

um breytingar á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Einar K. Guðfinnsson, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson, Guðný Guðbjörnsdóttir.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gilda um einstaklinga í staðfestri samvist.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þann 27. júní 1996 gengu í gildi lög um staðfesta samvist, nr. 87/1996. Með lögunum var börnum samkynhneigðra tryggður réttur til að njóta forsjár beggja aðila í staðfestri samvist. Rökin voru þau að við þessar kringumstæður, þ.e. í sameiginlegu heimilishaldi einstaklinga í staðfestri samvist og barns annars þeirra, væri eðlilegt og í samræmi við hagsmuni barnsins að regla 3. mgr. 30. gr. barnalaga um lögbundna forsjá stjúpforeldris gilti með sama hætti og um hjúskap væri að ræða.

Börn samkynhneigðra í staðfestri samvist njóta þó enn ekki fulls jafnræðis við börn gagnkynhneigðra í sömu stöðu og er frumvarpi þessu ætlað að tryggja öllum börnum sömu stöðu.

Frumvarp þetta fjallar um rétt til ættleiðingar stjúpbarna, eða það að stjúpforeldri í staðfestri samvist fái sama rétt til að ættleiða barn maka síns og stjúpforeldri í hjónabandi hefur skv. 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Stjúpættleiðing þjónar öðru fremur því markmiði að skapa ákveðna festu um fjölskylduböndin, stuðla að samheldni og tryggja rétt barna til að njóta alls þess sem ættleiðingartengsl bjóða upp á frá báðum þeim aðilum sem gegna hlutverki foreldris. Stjúpættleiðing er að sumu leyti mikilvægari en sameiginleg forsjá því að ættleiðing af þessu tagi kemur kannski helst til álita þegar lítil tengsl eru milli barnsins og hins forsjárlausa kynforeldris og markmiðið verður að tryggja því sem best raunverulegan stuðning tveggja í stað eins í foreldrahlutverkinu. Þá er stjúpættleiðing um margt ólík svokallaðri frumættleiðingu sem stofnar til algerlega nýrra fjölskyldusambanda þar sem hér er um það að ræða að hlúa betur að barni sem oftast hefur búið á sama heimili og stjúpforeldri um nokkurt skeið og þegar myndað tengsl við viðkomandi. Eins og ætíð við ráðstafanir sem varða börn er litið til þess hvað barni er fyrir bestu við mat á umsókn stjúpforeldris um leyfi til ættleiðingar stjúpbarns og í lagaframkvæmd hafa mótast reglur um meðferð slíkra umsókna. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að sömu sjónarmið gildi um umsóknir stjúpforeldra í staðfestri samvist og endranær, eða að hægt sé að tryggja þennan rétt barna þegar það þykir henta best hag og þörfum þeirra, enda miðast frumvarpið við að tryggja jafnan rétt allra barna sem búa við sömu aðstæður.

Krafan um að tryggja jafnan rétt allra barna byggist á ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, þar sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til stöðu sinnar. Að mismuna börnum að þessu leyti þykir einnig brjóta í bága við ákvæði 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi samkvæmt lögum nr. 62/1994. Síðast en ekki síst eru skýr ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 sem fullgiltur var af hálfu Íslands árið 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1992, um bann

við því að mismuna börnum. Í inngangi þess samnings er yfirlýsing um að tryggja beri fjölskyldu, sem grundvallareiningu samfélagsins og hinu eðlilega umhverfi til vaxtar og velferðar barna, nauðsynlega vernd og aðstoð til að sinna til hlítar þeirri ábyrgð sem á henni hvílir í samfélaginu. Skv. 2. mgr. 3. gr. samningsins skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að gera í því skyni allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Ákvæði 2. gr. samningsins fjallar um skyldu aðildarríkis til að tryggja hverju barni öll þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi, t.d. án tillits til félagslegrar stöðu og annarra aðstæðna barnsins, foreldris þess eða lögráðamanns. Í 2. mgr. 2. gr. segir orðrétt: „Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra."

Frumvarp þetta felur því í sér afnám misréttis sem er fyrir hendi samkvæmt núgildandi lögum gagnvart tilteknum hópi barna.

Í 1. gr. frumvarpsins er orðuð reglan um að ákvæði ættleiðingarlaga um rétt stjúpforeldris til að ættleiða stjúpbarn gildi um einstaklinga í staðfestri samvist. Með þessu er átt við að öll þau ákvæði ættleiðingarlaga sem fjalla um famkvæmd slíkrar ættleiðingar gildi um umsókn stjúpforeldris í staðfestri samvist. Ákvæði þetta þykir eiga heima sem viðbót við 5. gr. laganna sem fjallar sérstaklega um réttaráhrif staðfestrar samvistar.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. gr. laganna sem fjallar um undantekningar frá meginreglunni um réttaráhrif staðfestrar samvistar. Verði framangreind breyting gerð á 5. gr. laganna þarf að þrengja 1. mgr. 6. gr. til samræmis. Þetta þýðir að ákvæði ættleiðingarlaga um svokallaða frumættleiðingu gilda ekki um staðfesta samvist.

836. Fyrirspurn [497. mál]

til dómsmálaráðherra um unnin ársverk vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

Hvað má ætla að mörg ársverk löggæslumanna, dómenda og fangavarða hafi verið unnin vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu árin 1995–96?

Skriflegt svar óskast.

837. Fyrirspurn [498. mál]

til heilbrigðisráðherra um heilbrigðisþjónustu við áfengis-, vímuefna- og reykingasjúklinga.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hversu mörg meðferðarrými á stofnunum voru ætluð áfengis- og vímuefnaneytend-

um annars vegar og þeim sem þjáðust af sjúkdómum af völdum reykinga hins vegar árin 1995–96?
2. Hversu margir einstaklingar komu til meðferðar á þessum stofnunum árin 1995–96?
3. Hvað má ætla að mörg ársverk innan heilbrigðisþjónustunnar hafi tengst þessum sjúklingum árin 1995–96?

Skriflegt svar óskast.

838. Fyrirspurn [499. mál]

til fjármálaráðherra um launakjör karla og kvenna.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að nýlegur dómur Hæstaréttar um jafnan rétt karla og kvenna til launa hafi á kjör og launaþróun almennt á vinnumarkaðinum?
2. Telur ráðherra að niðurstaða dómsins kalli á að ríkisvaldið noti starfsmat til að meta og sanna hvaða störf eru jafnverðmæt og sambærileg samkvæmt jafnréttislögum?

839. Fyrirspurn [500. mál]

til landbúnaðarráðherra um uppkaup á alifuglabúum.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hvaða reglur hefur landbúnaðarráðuneytið sett sér um uppkaup á alifuglabúum þar sem salmonellusýkingar hafur orðið vart?
2. Hversu mörg bú hafa verið keypt út úr rekstri og hversu háar fjárhæðir hefur ráðuneytið lagt fram í því skyni?
3. Hvaða lagaheimildir hefur ráðuneytið fyrir uppkaupunum og hversu háa fjárhæð hyggst ráðuneytið nota í þessu skyni á þessu ári?
4. Geta allir alifuglaræktendur leitað eftir því við ráðuneytið að fá sig keypta út úr rekstrinum eða setur ráðuneytið skilyrði fyrir uppkaupum? Ef svo er, hver eru þau skilyrði?
5. Hvaða reglur setur ráðuneytið um mat á fjárhæðum sem greiddar eru vegna uppkaupanna?
6. Hversu stór er hlutdeild þriggja stærstu alifuglaræktendanna á íslenska markaðinum?
7. Er uppkaupaaðferðinni beitt í nágrannalöndunum í baráttu gegn salmonellu í alifuglarækt?

8. Hefur salmonella greinst í alifuglum á Íslandi síðan 1995? Ef svo er ekki, hvernig getur það þjónað heilbrigðishagsmunum alifuglaræktarinnar að kaupa út bú sem ekki hefur starfað síðan 1995? Hafi salmonella á hinn bóginn greinst frá árinu 1995, hvar greindist hún þá og hvernig var brugðist við?

Skriflegt svar óskast.

840. Fyrirspurn [501. mál]

til kirkjumálaráðherra um skipan nefnda um málefni kirkjunnar.

Frá Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Hvaða nefndir hafa verið skipaðar um málefni kirkjunnar sl. þrjú ár og hvernig hafa þær verið skipaðar? Hverjir hafa setið í viðkomandi nefndum og hverjir hafa verið formenn þeirra? Hvert er hlutfall kvenna og karla:

a. í hverri nefnd,
b. meðal formanna nefndanna?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspurn þessi er samhljóða 1. lið fyrirspurnar á þskj. 633. Í svari ráðherra á þskj. 699 kemur aðeins fram hver fjöldi nefndarmanna er og hvert er hlufall kvenna. Með fyrirspurninni var ætlast til að fá upplýsingar um hvaða nefndir hafa verið skipaðar, þ.e. um hvaða verkefni, hverjir sitja í hverri nefnd og hverjir eru formenn, auk annars sem tilgreint er í fyrirspurninni. Því er fyrirspurnin ítrekuð.

841. Svar [450. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Svanhildar Árnadóttur um björgunarlaun Landhelgisgæslunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver voru björgunarlaun Landhelgisgæslunnar sl. sex ár?
Hvað er það hátt hlutfall af heildartekjum Landhelgisgæslunnar?
Hvernig er þessum fjármunum ráðstafað?

Björgunarlaun til Landhelgisgæslu Íslands sl. sex ár, þ.e. árin 1991–96, námu samtals 81.865.294 kr., sundurgreint þannig eftir árum:

1991	7.970.588	kr. (5 skipum bjargað)
1992	16.784.940	kr. (12 skipum bjargað)
1993	13.121.802	kr. (10 skipum bjargað)
1994	13.036.000	kr. (4 skipum bjargað)
1995	8.524.832	kr. (7 skipum bjargað)
1996	22.427.132	kr. (14 skipum bjargað)
Samtals	81.865.294	kr. (52 skipum bjargað)

Björgunarlaun renna ekki til Landhelgisgæslunnar sem tekjur heldur skiptast þau lögum samkvæmt (sjá 2. mgr. 169. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, og 12. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands) milli áhafna varðskipanna og Landhelgissjóðs, þannig að skipverjar þess skips sem í hlut átti hverju sinni skiptu með sér ⅗ hlutum framangreindrar heildarfjárhæðar á umræddu tímabili, en ⅗ hlutar, eða 49.119.176 kr. samkvæmt framansögðu, gengu til Landhelgissjóðs.

Fjármunum Landhelgissjóðs hefur verið varið til að koma upp strandgæsluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæslunnar. Er það í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 18. gr. fyrrnefndra laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

842. Frumvarp til laga [502. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Um skipulag safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Sérsöfn geta haft stöðu deilda í Þjóðminjasafni.

Þjóðminjavörður ræður yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðra sérfræðinga með samþykki þjóðminjaráðs. Skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu. Þjóðminjavörður annast ráðningu annarra starfsmanna Þjóðminjasafns.

3. gr.

Síðasti málsliður 22. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Í stað ártalsins „1900“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur ártalið: 1918.

5. gr.

5. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 2000.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er tvíþætt og lýtur annars vegar að stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands en hins vegar að húsafriðunarákvæðum þjóðminjalaga.

Á vegum þjóðminjaráðs hefur verið gerð úttekt á starfsemi Þjóðminjasafns Íslands, hlutverki þess og þeim vaxandi kröfum sem gerðar eru til safnsins. Í framhaldi af því var á vegum ráðsins gerð tillaga að nýju stjórnskipulagi fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Í tillögunni felst m.a. að starfsemi safnsins verði skipað á svokölluð svið sem aftur geta skipst í deildir eða aðrar starfseiningar.

Þegar skipulagstillögurnar voru bornar undir menntamálaráðuneytið var það niðurstaða ráðuneytisins að til þess að unnt væri að koma á því stjórnskipulagi Þjóðminjasafnsins sem tillögurnar miðast við þyrfti að breyta gildandi þjóðminjalögum. Eftir breytingu á lögunum árið 1994 kveða þau að vísu ekki á um lögbindingu einstakra deilda safnsins en gera ráð fyrir að um deildarskiptingu þess sé mælt í reglugerð. Ekki verður þó talið að lögin í núverandi mynd geri ráð fyrir þess háttar skipulagi sem tillögur þjóðminjaráðs lúta að, enda fela tillögurnar í sér að sett verði á laggirnar nýtt stjórnunarstig í safninu.

Æskilegt er að þjóðminjaráð, sem lögum samkvæmt er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, hafi rúmar heimildir til að móta starfsskipulag safnsins á þann hátt sem best er talið samrýmast verkefnum þjóðminjavörslunnar og skilvirkum starfsháttum. Eðlilegt er þó að meginatriði skipulagsins á hverjum tíma séu fest í reglugerð. Frumvarpið miðar að þeirri tilhögun.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 verði gert skylt að gera minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins viðvart ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Samkvæmt núgildandi lögum er slík tilkynningarskylda miðuð við árið 1900. Tillaga um þessa breytingu er gerð að tilmælum húsafriðunarnefndar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að orðið „skipulag“ í 2. málsl. 1. gr. þjóðminjalaga falli brott í samræmi við það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um að ekki sé heppilegt að innra starfsskipulag Þjóðminjasafns Íslands sé bundið í lögum.

Um 2. gr.

Með þeim breytingum á 5. gr. núgildandi laga sem hér er gerð tillaga um er veitt heimild til þess að kveða á um stjórnskipulag Þjóðminjasafns Íslands í reglugerð. Ákvæði um safnstjóra er sé staðgengill þjóðminjavarðar eru felld brott. Er þá miðað við að starfi staðgengils verði skipað í tengslum við ákvörðun um innra skipulag safnsins að öðru leyti. Breytingar á 4. mgr. miða að því að samræma þjóðminjalögin lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um 3. gr.

Gerð er tillaga um að síðasti málsliður 22. gr. um rannsóknir útlendinga falli niður enda er ákvæðið óþarft eftir setningu laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, sbr. 8. tölul. 2. gr. þeirra laga um að ráðið skuli greiða fyrir rannsóknum erlendra vísindamanna hér á landi og stuðla að samvinnu íslenskra og erlendra vísindamanna. Erlendir vísindamenn þurfa að sjálfsögðu eftir sem áður leyfi fornleifanefndar til fornleifarannsókna, sbr. ákvæði 3. gr. þjóðminjalaga.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að eigendur húsa tilkynni húsafriðunarnefnd um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem byggð eru fyrir 1918 en samkvæmt núgildandi lögum er slík tilkynningarskylda miðuð við árið 1900. Þessi tillaga er gerð að ósk húsafriðunarnefndar, sem hefur bent á að síðasti hluti timburhúsabygginga Íslendinga sé reistur milli 1900 og 1910 og á því tímabili séu flest stærri timburhús reist. Eftir miðbæjarbrunann í Reykjavík 1915 hafi tekið fyrir byggingu timburhúsa og bygging steypuhúsa hafist.

Um 5. gr.

Í þjóðminjalögum er í 46. gr. kveðið á um að varsla og reikningshald húsafriðunarsjóðs skuli falin ríkisbanka. Þykir óeðlilegt er að lögbinda hvaða bankastofnun fari með vörslu og reikningshald húsafriðunarsjóðs. Með breytingu ríkisbanka í hlutafélög verður og erfitt að framfylgja þessu ákvæði.

Um 6. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða í núgildandi þjóðminjalögum er gert ráð fyrir að ráðið skuli í allar stöður minjavarða skv. 4. gr. laganna fyrir árslok 1997. Fyrirsjáanlegt er að því verður ekki við komið. Er því lagt til að tímamörkin verði rýmkuð.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er í fyrsta lagi að fella úr lögum ákvæði um innra skipulag Þjóðminjasafns Íslands, í öðru lagi að breyta húsafriðunarákvæðum hvað varðar tilkynningarskyldu eigenda gamalla húsa og að lokum að færa tímamörk til að ráða í allar stöður minjavarða frá árslokum 1997 til ársloka 2000.

Áætlað er að afnám lögbindingar á innra skipulagi leiði að öðru óbreyttu ekki til aukins kostnaðar og að breytt tilkynningarskylda fækki eitthvað erindum sem berast til húsafriðunarnefndar. Samkvæmt reglugerð nr. 323/1990 er gert ráð fyrir sex minjavörðum sem ráðnir eru af Þjóðminjasafni auk minjavarðar í Reykjavík sem ráðinn er af borgarsjóði. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir launakostnaði tveggja minjavarða. Frumvarpið felur í sér frestun á kostnaði ríkissjóðs af fjölgun um fjóra minjaverði til að uppfylla markmið reglugerðarinnar. Árlegur sparnaður ríkissjóðs af frestun á ráðningu fjögurra minjavarða er 7–8 m.kr.

843. Svar [358. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um stöðu jafnréttismála innan Háskóla Íslands.

1. *Hve margir nemendur og kennarar eru við hverja deild og hver er áætlaður kennslukostnaður á hvern nemanda í Háskólanum, greint eftir deildum? Hver var heildarfjárveiting til hverrar deildar á síðasta háskólaári:*
   a. til kennslu,
   b. til rannsókna og stjórnunar?

Kennslukostnaður.

Deild	Fjárveiting 1996 þús. kr.	Stúdentar janúar 1997	Fastráðnir kennarar	Bein fjárveiting á nemanda þús.kr.
Guðfræðideild	16.988	139	8	130
Læknadeild	109.351	361	81	277
Tannlæknadeild	37.350	52	14	732
Lyfjafræði lyfsala	20.846	104	7	240
Lagadeild	28.380	450	11	57
Viðskipta- og hagfræðideild	57.360	735	21	91
Heimspekideild	121.070	1.246	62	95
Verkfræðideild	73.635	279	24	276
Félagsvísindadeild	88.875	1.161	30	79
Hjúkrunarfræði	57.548	496	22	129
Sjúkraþjálfun	16.643	120	6	108
Raunvísindadeild	182.689	670	73	271
Samtals	**810.733**	**5.726**	**359**	**142**

Fjárveitingarhlutinn í töflunni miðast við fjölda stúdenta í október 1995. Framangreindar tölur miðast við fjárveitingu til deilda þegar búið er að draga frá fjárveitingu til rannsóknahlutarins í launum kennara. Hér er ekki reiknað með hlutdeild í ýmsum sameiginlegum kostnaði, eins og kostnaði vegna yfirstjórnar, sameiginlega útgjalda og rekstri fasteigna.

Bein fjárveiting til deilda 1996, til kennslu og rannsókna.

Deildir	Kennsla þús. kr.	Rannsóknir þús. kr.	Samtals þús. kr.
Guðfræðideild	16.988	6.363	23.350
Læknadeild	109.351	39.034	148.384
Tannlæknadeild	37.350	12.450	49.800
Lyfjafræði lyfsala	20.846	6.949	27.795
Lagadeild	28.380	10.420	38.800
Viðskipta- og hagfr.deild	57.360	20.080	77.440
Heimspekideild	121.070	47.357	168.426
Verkfræðideild	73.635	30.545	104.180
Félagsvísindadeild	88.875	29.625	118.500
Hjúkrunarfræði	57.548	19.183	76.730
Sjúkraþjálfun	16.643	5.548	22.190
Raunvísindadeild	182.689	66.896	249.585
Samtals	**810.733**	**294.448**	**1.105.18**

Hér er ekki reiknað með hlutdeild í sameiginlegum rekstri, svo sem yfirstjórn, sameiginlegum útgjöldum og rekstri fasteigna, en aðeins með þeim fjárveitingum sem viðkomandi deild fær úthlutað beint.

Skipting milli kennslu og rannsókna er ekki alltaf skýr. Við þessa útreikninga var notast við stuðla sem fjármálasviðið hefur reiknað út þegar skipt er milli hreins kennslukostnaðar og kostnaðar vegna rannsókna. Þessir stuðlar eru einnig notaðir við gerð verkefnavísa fyrir Háskóla Íslands.

Heildarfjárveiting Háskóla Íslands skipt á deildir, til kennslu og rannsókna.

Deild	Kennsla þús. kr.	Rannsóknir þús. kr.	Samtals þús. kr.
Guðfræðideild	20.827	15.078	35.905
Læknadeild	140.914	96.061	236.975
Tannlæknadeild	49.413	31.239	80.652
Lyfjafræði lyfsala	26.685	17.435	44.120
Lagadeild	30.544	24.929	55.473
Viðskipta- og hagfræðideild	67.471	49.168	116.639
Heimspekideild	143.200	109.959	253.159
Verkfræðideild	94.874	69.043	163.917
Félagsvísindadeild	102.304	74.334	176.638
Hjúkrunarfræði	70.535	48.132	118.667
Sjúkraþjálfun	20.012	13.920	33.931
Raunvísindadeild	235.221	160.254	395.475
Sérstofnanir og verkefni	26.500	13.250	39.750
Samtals	**1.028.499**	**722.801**	**1.751.300**

Hér er reiknað með hlutdeild í sameiginlegum rekstri, svo sem yfirstjórn, sameiginlegum útgjöldum og rekstri fasteigna, þ.e. heildarfjárveitingu til HÍ er skipt á deildir og rannsóknastofnanir.

2. *Hvert er hlutfall kvenna og karla meðal prófessora, dósenta, lektora, stundakennara og stúdenta í Háskóla Íslands:*
   a. í skólanum í heild,
   b. greint eftir deildum?

Deild	Prófessorar		Dósentar		Lektorar		Stundakennarar		Stúdentar	
	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%	fjöldi	%
Skólinn í heild										
Konur	11	7	28	20	34	47	466	42	3299	57
Karlar	139	93	110	80	38	53	649	58	2525	43
Guðfræðideild										
Konur	0	0	0	0	0	0	2	17	87	63
Karlar	7	100	1	100	0	0	10	83	52	37
Læknadeild										
Konur	1	4	4	8	1	10	58	28	156	43
Karlar	22	96	44	92	9	90	150	72	205	57
Lyfjafræði lyfsala										
Konur	1	33	1	33	0	0	7	29	32	31
Karlar	2	67	2	67	0	0	17	71	72	69
Námsbr.í hjúkrunarfræði										
Konur	0	0	7	87	13	100	139	79	488	98
Karlar	1	100	1	13	0	0	36	21	8	2
Námsbraut í sjúkraþjálfun										
Konur	0	0	1	100	4	80	55	63	76	63
Karlar	0	0	0	0	0	0	32	37	44	37
Lagadeild										
Konur	0	0	1	100	0	0	17	30	196	44
Karlar	10	100	0	0	0	0	39	70	254	56
Viðskipta- og hagfræðideild										
Konur	0	0	0	0	0	0	13	19	281	38
Karlar	8	100	6	100	7	100	54	81	454	62
Heimspekideild										
Konur	2	8	6	29	9	60	28	49	800	64
Karlar	24	92	15	71	6	40	30	51	444	36
Tannlæknadeild										
Konur	0	0	0	0	1	17	2	13	17	33
Karlar	4	100	4	100	5	83	3	87	35	67
Verkfræðideild										
Konur	1	6	0	0	0	0	5	6	44	16
Karlar	16	94	5	100	2	100	79	94	235	84
Raunvísindadeild										
Konur	3	8	5	17	2	33	55	32	257	38
Karlar	34	92	25	83	4	66	117	68	413	62
Félagsvísindadeild										
Konur	3	21	3	30	2	33	73	63	819	71
Karlar	11	79	7	70	4	67	42	37	342	29

Tölur í töflunni eru teknar úr skrám í mars 1997.

3. *Hvert er kynjahlutfall:*
   a. í háskólaráði,
   b. þeirra sem kjörgengir eru við komandi rektorskjör,
   c. þeirra sem kosningarrétt hafa við komandi rektorskjör,
   d. deildarforseta,
   e. í deildarráðum, skipt eftir deildum,
   f. æðstu stjórnsýslu Háskólans?

a. Í háskólaráði sitja níu deildarforsetar, allir karlar (100%). Fulltrúar Félags hákólakennara eru tvær konur (100%). Fulltrúar stúdenta eru tvær konur (50%) og tveir karlar (50%). Formaður háskólaráðs er karl.

b. Kjörgengir eru 140 prófessorar, 10 konur, eða 7%, og 130 karlar, eða 93%.

c. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við Háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um Háskóla Íslands.

— Starfsmenn eru 533, 156 konur, eða 29%, og 377 karlar, eða 71%.
— Stúdentar eru 5622, 3205 konur, eða 57%, og 2417 karlar, eða 43%.

Þessar tölur eru samkvæmt framlagðri kjörskrá 14. mars 1997 og kunna hlutföllin að breytast eitthvað fyrir 16. apríl þegar rektorskjör fer fram.

d. Deildarforsetar eru níu og eru allir karlar.

e. Í deildarráðum er skiptingin eftirfarandi:

— Guðfræðideild: Ekkert deildarráð.
— Læknadeild: Konur eru sex, karlar níu, eða 40% á móti 60%.
— Lyfjafræði lyfsala (stjórnarnefnd): Ein kona, tveir karlar, eða 33% á móti 67%.
— Námsbraut í hjúkrunarfræði (námsbrautarráð): Konur eru fimm, einn karl, eða 83% á móti 17%.
— Námsbraut í sjúkraþjálfun (stjórn): Konur eru sex, karlar fjórir, eða 60% á móti 40%.
— Lagadeild: Ekkert deildarráð.
— Viðskipta- og hagfræðideild: Ekkert deildarráð.
— Heimspekideild: Konur eru fjórar, karlar sex, eða 40% á móti 60%.
— Tannlæknadeild: Ein kona, karlar sex, eða 17% á móti 83%.
— Verkfræðideild: Ein kona, karlar sjö, eða 13% á móti 87%.
— Raunvísindadeild: Konur eru þrjár, karlar níu, eða 25% á móti 75%.
— Félagsvísindadeild: Konur eru þrjár, karlar sex, eða 33% á móti 67%.

f. Framkvæmdastjórar stjórnsýslusviða Háskólans eru fimm en sjötta starfinu er einnig gegnt. Konur eru þrjár, karlar þrír, þ.e. 50% á móti 50%.

Eins og áður kemur fram eru deildarforsetarnir níu, allir karlar, en formenn námsbrautarstjórna eru þrír. Konur eru tvær en karlar tíu, þ.e. 17% á móti 83%.

Skrifstofustjórar deilda og námsbrauta eru ellefu. Konur eru níu en karlar tveir, þ.e. 82% á móti 18%.

4. Hverjar eru fastanefndar háskólaráðs, hverjir sitja í hverri nefnd og hver er formaður? Hvert er hlutfall kvenna og karla meðal nefndarmanna og formanna nefnda?

Alþjóðasamskiptanefnd.
Guðmundur Hálfdanarson, dósent, formaður
Dalla Ólafsdóttir, stúdent
Helga Jónsdóttir, lektor
Hrafn Tulinius, prófessor
Jakob Yngvason, prófessor (í launalausu leyfi)
Mikael M. Karlsson, prófessor
Runólfur Smári Steinþórsson, dósent
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, skrifstofustjóri
Þorsteinn Helgason, prófessor
Konur 3 = 33%
Karlar 6 = 67%

Áfrýjunar- og sáttanefnd.
Vilhjálmur Árnason dósent, formaður.
(Formaður, eini fasti fulltrúi nefndarinnar, kallar til starfa tvo fulltrúa við afgreiðslu einstakra mála.)
Konur 0
Karlar 1 = 100%

Byggingarnefnd.
Brynjólfur Sigurðsson, prófessor, formaður
Höskuldur Þráinsson, prófessor
Ragnar Ingimarsson, forstjóri Happdrættis HÍ
Sigurður Ragnarsson, stúdent
Stefán Ólafsson, prófessor
Örn Helgason, prófessor
Konur 0
Karlar 6 = 100%

Fjármálanefnd.
Örn Helgason, prófessor, formaður
Gunnlaugur H. Jónsson, háskólaritari
Einar Ragnarsson, dósent
Ingjaldur Hannibalsson, dósent
Kristján Búason, dósent
Konur 0
Karlar 5 = 100%

Kennaramenntunarnefnd.
Jón Torfi Jónasson, prófessor, formaður
Gunnar Karlsson, prófessor
Sven Þ. Sigurðsson, dósent
Fulltrúi stúdenta, Guðmundur Birgisson, hefur lokið námi og enginn verið tilnefndur í hans stað.
Konur 0
Karlar 4 = 100%

Kennslumálanefnd.
Páll Skúlason, prófessor, formaður
Friðrik H. Jónsson, dósent
Guðmundur G. Haraldsson, dósent
Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Sjávarútvegsstofnunar HÍ
Hjalti Hugason, prófessor
Konur 1 = 14%
Karlar 6 = 86%

Magnús Hjaltalín Jónsson, stúdent
Eiríkur Tómasson, prófessor

Kynningarnefnd. Konur 5 = 83%
Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor, formaður Karlar 1 = 17%
Ásta Kr. Ragnarsdóttir, forstöðumaður Námsráðgjafar
Guðrún B. Guðsteinsdóttir lektor
Hekla Gunnarsdóttir, fulltrúi stúdenta
Sigrún Stefánsdóttir, dósent
Jón Ólafur Skarphéðinsson, prófessor

Lögskýringanefnd. Konur 0
Guðmundur Jónsson, fyrrv. hæstaréttardómari, formaður Karlar 3 = 100%
Stefán Sörensson, fyrrverandi háskólaritari
Þorsteinn Helgason, prófessor

Samráðsnefnd um kjaramál. Konur 1 = 33%
Jón Torfi Jónasson, prófessor, formaður Karlar 2 = 67%
Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
Gunnlaugur H. Jónsson, háskólaritari
(Formaður er alltaf varaforseti háskólaráðs sem er kosinn til eins árs í senn.)

Stjórnsýslunefnd. Konur 1 = 17%
Þórir Einarsson, prófessor í launalausu leyfi, formaður Karlar 5 = 83%
Ásmundur Brekkan, prófessor emeritus
Edda Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs
Valdimar K. Jónsson, prófessor
Þórólfur Þórlindsson, prófessor
Fulltrúi stúdenta, Bjarni Ármannsson, hefur lokið námi,
annar hefur ekki komið í hans stað

Vísindanefnd. Konur 2 = 29%
Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor, formaður Karlar 5 = 71%
Guðmundur Þorgeirsson, dósent
Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar Háskólans
Hafliði P. Gíslason, prófessor
Jón Atli Benediktsson, dósent
Torfi Tulinius, dósent
Fulltrúi stúdenta

5. *Hefur Háskólinn sett sér jafnréttisáætlun? Ef svo er, hver eru markmið hennar og hvernig gengur að ná þeim? Stendur til að koma á fastanefnd um jafnréttismál? Hvað er helst á döfinni varðandi jafnréttismál innan skólans?*

Háskólinn hefur ekki sett sér jafnréttisáætlun. Með bréfi 12. september sl. fól háskólaráð millifundanefnd um jafnréttismál að gera sérstakar tillögur um hvernig uppfyllt verði afmörkuð ákvæði í þingsályktun frá 1993 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Áhersla skyldi lögð á þessi atriði:

a. að jafna aðstöðu og laun karla og kvenna innan Háskólans þar sem óréttmætur munur er fyrir hendi,
b. að jafna aðild kynjanna að stjórn Háskólans,
c. að móta leiðir til að taka á kynferðislegri áreitni,
d. að tryggja jafna aðstöðu kvenna og karla til náms.

Nefndin er að leggja lokahönd á áætlun sína og mun hún verða kynnt í háskólaráði innan tíðar. Millifundanefndin leggur til að jafnréttisnefnd verði komið á sem einni af fastanefndum háskólaráðs og byggir starf sitt á að slík nefnd verði starfandi. Að ofangreindu má sjá að störf millifundanefndar eru efst á baugi varðandi jafnréttismál innan Háskólans.

6. *Hvaða farvegur hefur verið fyrir kvartanir um kynferðislega áreitni innan Háskólans á undanförnum árum? Hvað hafa mörg slík mál komið formlega upp á yfirborðið í Háskólanum sl. þrjú ár? Stendur til að taka upp sérstakar starfsreglur um mál er snerta kynferðislega áreitni innan Háskólans eins og tíðkast í háskólum nágrannalandanna?*

Millifundanefnd háskólaráðs um jafnréttismál var m.a. falið að móta leiðir til að taka á kynferðislegri áreitni. Fastmótaður farvegur fyrir mál af þessu tagi hefur ekki verið fyrir hendi og hafa þau ýmist verið leyst innan deilda eða í samráði við framkvæmdastjóra starfsmannasviðs. Þau mál sem hafa komið til framkvæmdastjóra starfsmannasviðs á undanförnum þremur árum hafa verið fá og í fæstum tilfellum hafa þolendur fallist á að leggja þau fram á þann hátt að þau væru skráð. Þau hafa því verið leyst í samvinnu við þolandann, hinn meinta geranda og forsvarsmann deildar/skorar. Millifundanefnd um jafnréttismál leggur til að yfirvöld Háskólans beiti sér fyrir fræðslu, þar sem fjallað er um kynferðislega áreitni, hvernig taka skuli á henni í skólanum og hvert leita skuli með kvartanir. Jafnframt er lagt til að sérstökum ráðgjöfum verði falið að taka við kvörtunum um kynferðislega áreitni og gefa ráð varðandi slík mál. Ráðgjafarnir fái sérstaka þjálfun í meðhöndlun mála af þessu tagi en þeim málum sem ráðgjafarnir ná ekki að leysa, verði vísað til áfrýjunar- og sáttanefndar HÍ, sem reyni að sætta aðila í þessum málum.

844. Svar [501. mál]

kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um skipan nefnda um málefni kirkjunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða nefndir hafa verið skipaðar um málefni kirkjunnar sl. þrjú ár og hvernig hafa þær verið skipaðar? Hverjir hafa setið í viðkomandi nefndum og hverjir hafa verið formenn þeirra? Hvert er hlutfall kvenna og karla:

a. í hverri nefnd,
b. meðal formanna nefndanna?

Yfirlit yfir nefndir hjá kirkjunni sem hafa verið starfandi á sl. þremur árum og hlutfall kvenna og karla í hverri nefnd og meðal formanna nefndanna:

Bygginga- og listanefnd
Árni Kjartansson
Garðar Halldórsson
Gunnar Kristjánsson
Helgi Gíslason
Jóhannes Ingibjartsson, form.
Valgeir Ástráðsson

6 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Djáknanefnd
Unnur Halldórsdóttir, form.
Einar Sigurbjörnsson
Ragnheiður Sverrisdóttir

1 karl, 2 konur
Karlar: 33% Konur: 67%
Formaður: kona

Ellimálanefnd
Anna Sigurkarlsdóttir
Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir
Gylfi Jónsson
Helga Óskarsdóttir
Sigrún Gísladóttir, form.

1 karl, 4 konur
Karlar: 20% Konur: 80%
Formaður: kona

Fjölmiðlanefnd
Baldur Kristjánsson, form.
Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Svavar Alfreð Jónsson

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: karl

Helgisiðanefnd
Einar Sigurbjörnsson, form.
Jón Stefánsson
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Kristján Valur Ingólfsson
Sigurður Sigurðarson

4 karlar, 1 kona
Karlar: 80% Konur: 20%
Formaður: karl

Hópslysanefnd
Gísli Jónasson
Halldóra J. Þorvarðardóttir
Jónas Þórir Þórisson, form.
Sigfinnur Þorleifsson
Þorvaldur K. Helgason

4 karlar, 1 kona
Karlar: 80% Konur: 20%
Formaður: karl

Nefnd um endurskoðun kandidatsþjónustu guðfræðinga
Baldur Kristjánsson, form.
Pétur Pétursson
Sigurður Árni Þórðarson
Örn Bárður Jónsson

4 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Kirkjubygginganefnd
Biskup Íslands, form.
Garðar Halldórsson
Kristinn Sveinsson

3 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Kirkjueignanefnd
Halldór Gunnarsson
Þorbjörn Hlynur Árnason, form.
Þórir Stephensen

3 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Kristniboðsnefnd
Halla Jónsdóttir
Jónas Þórir Þórisson, form.
Kjartan Jónsson

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: karl

Leikmannaráð
Guðný Guðnadóttir
Helgi K. Hjálmsson, form.
Jón Oddgeir Guðmundsson

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: karl

Leikmannaskóli, stjórn
Baldur Kristjánsson
Einar Sigurbjörnsson
Guðmundur Þorsteinsson
Halla Jónsdóttir
Helgi K. Hjálmsson
Örn Bárður Jónsson, form.

5 karlar, 1 kona
Karlar: 83% Konur: 17%
Formaður: karl

Löngumýrarnefnd
Gísli Gunnarsson, form.
Elín Einarsdóttir
Guðni Þór Ólafsson
Bolli Gústavsson
Dalla Þórðardóttir

3 karlar, 2 konur
Karlar: 60% Konur: 40%
Formaður: karl

Nefnd um málefni organista
Jón Þorsteinsson
Hjalti Zóphóníasson
Hörður Áskelsson
Kjartan Sigurjónsson, form.
Kristján Valur Ingólfsson

5 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Rannsóknarstofnun í siðfræði
Tilnefnd af kirkjuráði
Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Þorbjörn Hlynur Árnason

1 karl, 1 kona
Karlar: 50% Konur: 50%

Safnaðaruppbygginganefnd
Eggert Hauksson
Hreggviður Hreggviðsson
Karl Sigurbjörnsson, form.
Valgerður Valgarðsdóttir
Vigfús Ingvar Ingvarsson

4 karlar, 1 kona
Karlar: 80% Konur: 20%
Formaður: karl

Samkynhneigð og kirkja
Jónína Þorsteinsdóttir
Ólafur Jóhannsson
Ólafur Oddur Jónsson, form.

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: karl

Sálmasöngbókarnefnd
Jón Helgi Þórarinsson, form.
Einar Sigurbjörnsson
Hörður Áskelsson

3 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Skipulagsnefnd kirkjugarða
Garðar Halldórsson
Guðmundur Guðjónsson
Ólafur Skúlason, form.
Stefán Thors
Steingrímur Ingvarsson
Þór Magnússon
Þórður Skúlason

7 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Nefnd um starfsmannastefnu
Bjarni Grímsson
Helgi K. Hjálmsson
Karl Sigurbjörnsson
Þorvaldur Karl Helgason
Örn Bárður Jónsson, form.

5 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Stjórn kirkjubyggingasjóðs
Biskup Íslands, form.
Jóhann Björnsson
Sváfnir Sveinbjarnarson

3 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Stjórn kirkjugarðasjóðs
Ragnhildur Benediktsdóttir, form.
Sváfnir Sveinbjarnarson
Ásgeir Hallsson

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: kona

Stjórn Prestssetrasjóðs
Guðmundur Þór Guðmundsson, form.
Guðrún Jónsdóttir
Guðmundur Magnússon

2 karlar, 1 kona
Karlar: 67% Konur: 33%
Formaður: karl

Synodusnefnd
Baldur Kristjánsson, form.
Geir Waage
Hjalti Hugason
Sigurður Árni Þórðarson
Örn Bárður Jónsson

5 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Tónlistarstefnunefnd
Haukur Guðlaugsson
Hörður Áskelsson
Sigurður Sigurðarson
Örn Bárður Jónsson, form.

4 karlar, engin kona
Karlar: 100% Konur: 0%
Formaður: karl

Utanríkisnefnd
Þorbjörn Hlynur Árnason, form.
Gunnar Kristjánsson
Guðmundur Þorsteinsson
Margrét Heinreksdóttir
Halla Jónsdóttir

3 karlar, 2 konur
Karlar: 60% Konur: 40%
Formaður: karl

Þjóðmálanefnd
Baldur Kristjánsson
Helgi K. Hjálmsson
Hólmfríður Pétursdóttir
Jakob Á. Hjálmarsson, form.
Pétur Pétursson

4 karlar, 1 kona
Karlar: 80% Konur: 20%
Formaður: karl

845. Svar [439. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

1. *Hvað hafa margir einstaklingar leitað heimildar til nauðasamninga á árunum 1990–95, að báðum árum meðtöldum?*

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum hjá sýslumannsembættum hvað tímabilið 1990 til 1. júlí 1992 varðar, og hjá héraðsdómstólum um tímabilið frá 1. júlí 1992 til 1995. Svör bárust frá öllum héraðsdómstólum og sýslumannsembættum, ef frá er talinn einn sýslumaður sem svaraði ekki fyrirspurn ráðuneytisins þrátt fyrir ítrekun.

Samkvæmt upplýsingum frá sýslumönnum óskuðu innan við sjö einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga tímabilið 1990 til 1. júlí 1992. Sýslumaðurinn í Hafnarfirði upplýsti að tveir einstaklingar hefðu leitað eftir slíkri heimild og hefði annarri beiðninni verið synjað. Sýslumaðurinn í Reykjavík upplýsti að ekki væri hægt að svara spurningunni nákvæmlega varðandi framangreint tímabil þar sem að hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík hefði ekki verið haldin sérstök spjaldskrá yfir nauðasamninga, enda hafi úrræðið nánast verið ónotað. Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi starfsmönnum treysti embættið sér engu að síður til að fullyrða að á framangreindu tímabili hafi innan við fimm nauðasamningar einstaklinga verið staðfestir. Önnur embætti upplýstu að einstaklingar hefðu ekki leitað heimildar til nauðasamninga umrætt tímabil.

Samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum óskuðu 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga tímabilið 1. júlí 1992 til 1995. Í 15 tilvikum var slík heimild veitt og nauðasamningur staðfestur í kjölfarið, en ein beiðni var afturkölluð. Beiðnirnar skiptast milli embætta með eftirfarandi hætti:

	Fjöldi beiðna
Héraðsdómur Reykjavíkur	5
Héraðsdómur Vesturlands	0
Héraðsdómur Vestfjarða	1
Héraðsdómur Norðurlands vestra	0
Héraðsdómur Norðurlands eystra	3
Héraðsdómur Austurlands	2
Héraðsdómur Suðurlands	1
Héraðsdómur Reykjaness	4

Tímabilið 1990–95 leituðu því innan við 23 einstaklingar eftir heimild til nauðasamningsumleitana sem í öllum tilfellum nema tveimur leiddi til staðfestingar nauðasamnings, einu sinni var synjað um slíka heimild og ein beiðni var afturkölluð.

2. *Hversu margir einstaklingar hafa óskað eftir réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögum nr. 65/1996 frá því að lögin tóku gildi?*

Frá gildistöku laga nr. 65/1996, um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, þ.e. frá 1. júlí 1996 til 24. mars 1997, hafa 28 einstaklingar sótt um réttaraðstoð við að leita nauðasamninga samkvæmt lögunum.

3. Hversu oft hefur réttaraðstoð við nauðasamningsumleitanir verið veitt?

Í 14 tilvikum af 28 hefur réttaraðstoð verið veitt, níu hefur verið synjað um slíka aðstoð, tvær beiðnir hafa verið afturkallaðar og þrjár beiðnir eru í athugun hjá nefnd þeirri sem veitir umsögn um umsóknir um réttaraðstoð.

846. Tillaga til þingsályktunar [503. mál]

um fríverslunarsamninga við Færeyjar og Grænland.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna við stjórnvöld í Færeyjum og Grænlandi möguleika á endurskoðun þeirra samninga sem íslenska ríkið hefur gert um viðskipti við þessi lönd.

Greinargerð.

EFTA-ríkin og Evrópusambandið hafa á undanförnum árum gert marga fríverslunarsamninga við ríki Austur-Evrópu og ýmis ríki við Miðjarðarhafið. Í mörgum þeirra samninga eru ákvæði um að samræmdar upprunareglur skuli gilda um viðskipti milli ríkjanna. Til dæmis geta Íslendingar nú flutt inn til vinnslu hráefni frá Tékklandi og selt inn á sameiginlega markaðinn án þess að það skipti máli hvort varan telst upprunnin þar eða hér.

Færeyjar og Grænland eru ekki hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði og í þeim fríverslunarsamningum sem bæði EFTA-ríkin og Evrópusambandið hafa gert við þessi ríki eru engin ákvæði um samræmdar upprunareglur. Þetta veldur því t.d. að Íslendingar geta ekki flutt inn fisk til vinnslu frá Færeyjum og Grænlandi og selt inn á sameiginlega markaðinn með sömu kjörum og ef um íslenskan fisk væri að ræða og sama gildir ef þessar þjóðir ætla að kaupa fisk af Íslendingum til frekari vinnslu og selja inn á Evrópumarkaðinn. Færeyjar og Grænland eru um margt ákjósanlegir markaðir fyrir afurðir margra íslenskra fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fyrir nokkrum árum sköpuðust t.d. tækifæri til útflutnings á ýmsum mjólkurafurðum til Færeyja. Þessi viðskipti komust hins vegar aldrei af byrjunarstigi vegna þess að ekki náðust gagnkvæmir samningar um verslun með slíkar vörur. Líkur eru á að það geti verið sameiginlegt hagsmunamál Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga að draga úr viðskiptahindrunum af því tagi sem hér hefur verið lýst milli landanna og gagnvart mörkuðum annars staðar í Evrópu. Þetta þarf að kanna hið fyrsta meðal stjórnvalda landanna með það að markmiði að greiða fyrir gagnkvæmum viðskiptum.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til í tillögunni að ríkisstjórninni verði falið að huga að endurskoðun á þeim viðskiptasamningum sem gerðir hafa verið við Færeyjar og Grænland af hálfu íslenska ríkisins. Við þá endurskoðun verði hugað að því hvort ekki megi opna frekari markaði fyrir íslenskar vörur.

847. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum. Viðskiptaráðherra fer með mál er varða hlutafélög samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu hlutafélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. málsl. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.

4. gr.

Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hlutafélagaskrár“, þar sem þau koma fyrir í 2. mgr. 87. gr. laganna, kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 3. mgr. 90. gr. laganna kemur: ráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hún“, þar sem þau koma fyrir í 1. mgr., kemur: ráðherra, og: hann.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

7. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í upphafi 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: ráðherra.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

1. og 2. mgr. 147. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skráir íslensk hlutafélög og útibú erlendra hlutafélaga og starfrækir hlutafélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hlutafélagaskráningar, rekstur hlutafélagaskrár og aðgang að skránni. Má þar m.a. kveða á um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af tölvuskrá hlutafélaga. Slík gjaldtaka skal miðast við að fá hluta af rekstrarkostnaði hlutafélagaskrár upp borinn.

10. gr.

158. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 147. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um samvinnufélög. Eru frumvörpin flutt í tengslum við fyrirhugaða endurskipulagningu og endurbætur á tilhögun opinberrar skráningar félaga og fyrirtækja. Breytingarnar miða að því að Hagstofa Íslands hafi umsjón með allri skráningu hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga og annarra aðila í atvinnurekstri en að málefni félaga almennt verði eftir sem áður í höndum viðskiptaráðuneytis.

Viðskiptaráðuneytið og Hagstofa Íslands hafa á þessum grundvelli komið sér saman um tillögur frumvarps þessa til breytinga á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Í frumvarpinu er lagt til að Hagstofa Íslands annist skráningu hlutafélaga og reki hlutafélagaskrá sem nú heyrir undir viðskiptaráðherra. Samkvæmt þessu fari ráðherra Hagstofu Íslands með mál er varða hlutafélagaskráningu en viðskiptaráðherra fari eftir sem áður með málefni hlutafélaga almennt. Flest ákvæði frumvarpsins lúta að þessari breytingu. Nokkur verkefni, sem í núgildandi lögum eru falin hlutafélagaskrá, færast þó ekki til Hagstofunnar samkvæmt frumvarpinu. Þar má nefna boðun til hluthafafundar í sérstökum tilvikum, tilnefningu rannsóknarmanna og kröfu um búskipti við ákveðnar aðstæður sem lagt er til að viðskiptaráðherra hafi með höndum. Þá er lagt til að heimilað verði að afla tekna til rekstrar hlutafélagaskrár með gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af tölvuskrá hlutafélaga.

Að beiðni samstarfshóps hagstofustjóra og ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis gerði Hagsýsla ríkisins athugun á fyrirkomulagi opinberrar skráningar félaga og fyrirtækja á árunum 1995–96. Í skýrslu Hagsýslunnar um þetta efni frá júlí 1996 kemur fram að opinber skráning félaga, fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri sé í höndum ýmissa aðila sem falli undir fyrrnefnd fjögur ráðuneyti. Hlutafélagaskrá skráir hlutafélög og einkahlutafélög og starfslið skrárinnar skráir og samvinnufélög, Hagstofa Íslands heldur fyrirtækjaskrá og sýslumannsembætti halda firma- og verslanaskrár, hvert í sínu umdæmi. Í lögum um ársreikninga, nr. 144/1994, er svo kveðið á að félagaskrá innheimti ársskýrslur og ársreikninga fyrirtækja yfir tilteknum stærðarmörkum, veiti almenningi aðgang að þeim og geri úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna. Ákveðið hef-

ur verið að embætti ríkisskattstjóra sinni þessu verkefni til ársloka 1997, sbr. reglugerð nr. 134/1996.

Helstu gallar núverandi fyrirkomulags eru eftirfarandi samkvæmt skýrslu Hagsýslu ríkisins:

Margskráning upplýsinga. Sömu upplýsingar eru skráðar í fleiri en eina skrá. Þetta er óhagkvæmt og getur valdið misræmi í skráningu.

Óáreiðanleg skráning. Upplýsingar um breytingar á stöðu fyrirtækja berast seint og í mörgum tilvikum aldrei milli skráningaraðila. Vegna þessa þurfa umræddar stofnanir að treysta á auglýsingar í Lögbirtingablaði um stofnun fyrirtækja, breytingar, innkallanir o.s.frv. sem veldur óöryggi fyrir notendur upplýsinga úr skránum.

Óhagræði fyrir viðskiptavini. Aðilar, sem hyggjast hefja atvinnurekstur, þurfa nú að tilkynna það og láta skrá sig hjá a.m.k. tveimur ef ekki þremur opinberum stofnunum. Almenningur á og einnig erfitt með að nálgast upplýsingar úr opinberum skrám.

Margar skrár og ósamtengdar. Auk hlutafélagaskrár, samvinnufélagaskrár og fyrirtækjaskrár Hagstofunnar heldur hver sýslumaður firma- og verslanaskrár fyrir umdæmi sitt. Hinar fyrrnefndu eru tölvuvæddar en ekki á samræmdu formi eða samtengdar. Firmaskrárnar eru fæstar tölvuvæddar og hvorki samræmdar né samtengdar. Þetta býður heim hættu á skráningu sama firmaheitis í fleiri en einu umdæmi eins og mörg dæmi eru um.

Auk þeirra vandamála, sem hér hafa verið rakin, er ljóst að kröfur til fyrirtækjaskráningar hafa aukist til muna, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Hér er ekki síst um að ræða kröfur um tölfræðilega skráningu og úrvinnslu, kröfur um eftirlit og kröfur um upplýsingamiðlun, sbr. fyrrnefnd ákvæði laga um ársreikninga.

Í framhaldi af skýrslu Hagsýslu ríkisins samþykkti ríkisstjórnin á fundi sínum 2. ágúst 1996 sameiginlega tillögu ráðherra Hagstofu Íslands, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra um breytingar á tilhögun skráningar fyrirtækja og félaga. Í samþykkt þessari er gert ráð fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

— Haldin sé ein grunnskrá yfir fyrirtæki og félög. Hagstofa Íslands haldi þessa skrá í umboði viðkomandi stjórnvalda.
— Stofnunin Skráning hlutafélaga (hlutafélagaskrá) verði lögð niður 1. janúar 1997 og stærstur hluti verkefna hennar flytjist til Hagstofunnar en önnur til viðskiptaráðuneytis.
— Sýslumannsembætti hætti að halda sjálfstæðar firmaskrár.
— Sýslumannsembætti, skattstofur og Hagstofa Íslands taki á móti skráningartilkynningum í hina nýju skrá.
— Hagstofustjóri og ráðuneytisstjórar dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis myndi stýrihóp sem komi framangreindum breytingum til framkvæmda fyrir árslok 1998 í samráði við viðkomandi ráðherra.

Markmið með nýrri tilhögun á skráningu fyrirtækja og félaga eru einkum betri þjónusta við notendur, áreiðanlegri skráning, samræmt eftirlit, betri upplýsingamiðlun, fjárhagslegur sparnaður og aukið viðskiptaöryggi. Þetta nýja fyrirkomulag fellur vel að stefnu ríkisstjórnarinnar um nýskipan í ríkisrekstri þar sem segir m.a. að draga beri úr skrifræði í samskiptum borgaranna við stjórnvöld, sníða beri þjónustu ríkisins að nútímatækni og með stöðlum og samhæfingu þurfi að tryggja áreiðanleika og samræmi í upplýsingakerfum hins opinbera.

Endurskipulagning á skráningu fyrirtækja og félaga mun hafa í för með sér margvíslegan sparnað, einkum vegna fækkunar skráa og skráningaraðila og samhæfingar kerfa sem leiðir til verulegs vinnusparnaðar þeirra opinberu stofnana sem hér um ræðir. Ekki síst mun þó nýtt skipulag þessara mála leiða til mikils sparnaðar og hagræðis fyrir viðskiptavini þessara stofnana sem þurfa aðeins að leita á einn stað, eftir að hið nýja skráningarkerfi verður orðið virkt, í stað margra áður.

Í framhaldi af samþykkt ríkisstjórnarinnar var unnið að frekari athugun þessa máls og undirbúningi þess. Niðurstöður urðu m.a. þær að ekki var talið gerlegt að fela Hagstofu Íslands að annast rekstur hlutafélagaskrár án þess að kveðið yrði skýrt á um það í lögum eins og frumvarp þetta ber með sér. Hvað varðar einstök framkvæmdaratriði er áformað að verði frumvarp þetta að lögum muni hlutafélagaskrá og fyrirtækjaskrá verða sameinaðar í húsinu Dagsbrún við Lindargötu 9. Jafnframt verði starfsfólki hlutafélagaskrár boðin áframhaldandi störf við hlutafélaga- og fyrirtækjaskrárnar. Með flutningi skránna í sameiginlegt húsnæði, sameiginlegum búnaði og samræmingu vinnuferla næst strax töluvert hagræði fyrir viðskiptavini. Hvað snertir skrárnar sjálfar þarf að endurnýja tölvubúnað hlutafélagaskrár og samhæfa skráningar- og upplýsingakerfi hlutafélagaskrár og fyrirtækjaskrár til bráðabirgða. Samhliða þarf að hefjast handa við að vinna að varanlegri lausn, þ.e. að smíða nýtt tölvukerfi vegna heildstæðrar skráningar fyrirtækja og félaga í einn gagnagrunn. Þetta er grundvallarforsenda flutnings á skráningu hlutafélaga til Hagstofunnar þar sem ekki næst veruleg hagræðing af sameiningu skránna fyrr en unnt verður að reka þær í einu samræmdu tölvukerfi. Af hálfu Hagstofunnar er stefnt að því að þetta verk verði unnið í tengslum við endurnýjun á tölvukerfi þjóðskrár og fyrirtækjaskrár þar sem sýnt er að ná megi verulegum sparnaði með því að vinna þessi verk í einu verkefni.

Verði frumvarp þetta að lögum nær fyrri áfangi samþykktar ríkisstjórnarinnar, sem áður var til vitnað, fram að ganga. Í framhaldi af því yrði síðan unnið að undirbúningi síðari áfanga þess að koma á einu skráningarkerfi fyrir fyrirtæki og félög, þ.e. að leggja niður firmaskrár einstakra stjórnsýsluumdæma sýslumanna og fella firmaskráningu að samræmdri og heildstæðri skráningu fyrirtækja og félaga.

Að lokum má nefna að verði frumvarp þetta að lögum þarf að breyta ákvæðum um verkaskiptingu milli viðkomandi ráðuneyta í reglugerð um Stjórnarráð Íslands til samræmis við breytta skipan þessara mála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um valdsvið ráðherra. Lagt er til að viðskiptaráðherra fari með mál er varða hlutafélög, önnur en þau sem varða skráningu þeirra en með þau fari ráðherra Hagstofu Íslands. Skráning hlutafélaga verður samkvæmt þessu á forræði Hagstofunnar. Viðskiptaráðuneytið fer hins vegar almennt með málefni hlutafélaga, m.a. með hliðsjón af skyldum Íslendinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í samræmi við þetta er með ráðherra samkvæmt frumvarpinu átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilnefndur sérstaklega eins og gert er í 1. og 147. gr. laganna.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra krefjist þess fyrir héraðsdómi að hlutafélagi verði slitið vegna vanskila á greiðslu hlutafjár. Þetta er í samræmi við aðra breytingartillögu í 7. gr. frumvarpsins varðandi kröfu um búskipti en sú tillaga snertir 107. gr. laganna.

Um 3. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir því sem skilyrði fyrir hlutafjárlækkun að ágreiningur um það hvort framboðin trygging fyrir greiðslu gjaldfallinna eða umdeildra krafna sé nægileg heyri undir héraðsdóm en ekki hlutafélagaskrá eins og nú er. Er hér tekið mið af samsvarandi ákvæði í 4. mgr. 126. gr. laganna um tryggingu í tengslum við samruna hlutafélaga.

Í b-lið er gert ráð fyrir að ráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, veiti undanþágu frá innköllunarskyldu í tengslum við hlutafjárlækkun.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, láti boða til hluthafafunda í hlutafélögum, m.a. í þeim tilvikum þegar félagsstjórn lætur hjá líða að boða til slíkra funda sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafunda, sbr. 2. mgr. 87. gr. laganna.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að umboðsmaður ráðherra, ekki hlutafélagaskrár, ákveði fundarstjóra í þeim tilvikum sem vikið var að í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra, ekki hlutafélagaskrá, tilnefni rannsóknarmenn í ákveðnum tilvikum.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, standi að beiðni um að bú hlutafélags verði tekið til skipta í ákveðnum tilvikum.

Um 8. gr.

Ekki þykir þörf á að kveða á um það í 1. mgr. 141. gr. laganna að settar séu reglur um tilkynningar varðandi stofnun útibúa erlendra hlutafélaga hér á landi enda segir í þeirri málsgrein að ákvæði XVII. kafla laganna um skráningu hlutafélaga skuli gilda eftir því sem við á.

Um 9. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæðum 1. mgr. 147. gr. laganna verði breytt á þá leið að kveðið verði á um að Hagstofa Íslands skrái íslensk hlutafélög og útibú erlendra hlutafélaga og starfræki hlutafélagaskrá í því skyni eins og nánar er um rætt í almennum athugasemdum hér að framan.

Í greininni er jafnframt lagt til að í 2. mgr. 147. gr. verði ráðherra Hagstofu Íslands heimilað að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hlutafélagaskráningar, rekstur hlutafélagaskrár og aðgang að skránni. Hvað þetta snertir er hér ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi ákvæðum, aðra en þá sem leiðir af tillögunni um að skráning hlutafélaga flytjist frá viðskiptaráðuneyti til Hagstofunnar. Hvað varðar aðgang að skránni þarf í þessu sambandi að hafa hliðsjón af reglum um slíkan aðgang skv. 3. gr., sbr. 2. gr., 1. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Ákvæði laga um ársreikninga lúta einnig að veitingu opinberra upplýsinga um fyrirtæki. Tekið skal fram að í gildandi lögum er í 147. gr. veitt heimild til setningar reglna um skipulag hlutafélagaskrár en sú heimild hefur ekki verið nýtt.

Auk framangreindra atriða er lagt til að heimilt verði í reglugerð að kveða á um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af hlutafélagaskrá. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan miðist við að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði hlutafélagaskrár. Rétt er að taka fram að ekki eru uppi fastmótuð áform um þessa gjaldtöku. Í þessu efni hefur einkum verið horft til þjóðskrár og fyrirtækjaskrár þar sem gjaldtaka fyrir útgáfu vottorða og hagnýtingu skránna hefur tíðkast um árabil. Sú gjaldtaka hefur þjónað tvennum tilgangi, að afla fjár til rekstrar og draga þar með úr þörf fyrir notkun skattfjár og stýra að hluta eftirspurn eftir þjónustu skránna. Undanfarin ár hafa þjóðskrá og fyrirtækjaskrá verið reknar að u.þ.b. tveimur þriðju hlutum fyrir eigin þjónustutekjur. Engu að síður er í tengslum við skrárnar rekin umfangsmikil, gjaldfrjáls upplýsingaþjónusta. Hvað hlutafélagaskrá varðar er ekki gert ráð fyrir að farið verði geyst í sakirnar með gjaldtöku heldur verði hún í upphafi fyrst og fremst miðuð við samræmingu við það sem tíðkast hjá Hagstofunni í þessu efni. Reikna verður með að töluverðan tíma muni taka að ná upp umtalsverðum eigin tekjum af hagnýtingu hlutafélagaskrár enda verði það háð tvennu fyrst og fremst, að tölvukerfi skrárinnar verði komið í nýtanlegt horf og að eftirspurn skapist eftir upplýsingum úr skránni.

Um 10. gr.

Í 158. gr. gildandi laga er kveðið á um heimild ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Vegna tillagna frumvarps þessa um flutning hlutafélagaskrár til Hagstofu Íslands er hér með tilvísun til 2. mgr. 147. gr. gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra hafi heimild til setningar reglugerðar um öll efnisatriði hlutafélagalaga, önnur en þau er lúta að skráningu hlutafélaga.

Um 11. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1997 svo að ráðrúm gefist til þess að undirbúa flutning hlutafélagaskrár til Hagstofu Íslands og samræma skráningu í hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og fyrirtækjaskrá.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tilhögun opinberrar skráningar félaga og fyrirtækja verði endurskipulögð. Er frumvarp þetta flutt samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um samvinnufélög.

Verði frumvörp þessi að lögum er fyrirhugað að flytja starfsemi hlutafélagaskrár til Hagstofu Íslands þar sem komið verði á miðlægu skráningarkerfi fyrir öll hlutafélög og fyrirtæki í landinu. Fram til þessa hefur skráning þessi verið dreifð á fleiri aðila með tilheyrandi óskilvirkni.

Við undirbúning að frumvörpunum var gerð kostnaðaráætlun til að bera saman kostnað fyrir og eftir sameiningu fyrirtækjaskrár hjá Hagstofunni. Kostnaður af þessari starfsemi nam 18,4 m.kr. á árinu 1996 meðan hlutafélagaskrá starfar enn sem sjálfstæður aðili og fyrirtækjaskrá er hjá Hagstofu. Skiptist sá kostnaður þannig að fyrirtækjaskrá er kostaði 6,4 m.kr. en hlutafélagaskrá 12,1 m.kr.

Eftir sameiningu, sem áformað er að verði í haust, er talið að samanlagður kostnaður við fyrirtækjaskrá, að hlutafélagaskrá meðtaldri, nemi 15,3 m.kr. á fyrsta ári og lækki í 12 m.kr. á öðru ári. Er þá reiknað með að sértekjur fyrirtækjaskrár aukist nokkuð, eða úr 9 m.kr. 1996 í 9,7 m.kr. á fyrsta starfsári og 11 m.kr. á öðru ári. Sparnaður af rekstri mun þannig geta numið 3,1 m.kr. á fyrsta starfsári miðað við kostnað 1996 og 6,4 m.kr. á öðru ári. Þá er ekki reiknað með sparnaði sem skapast getur hjá sýslumannsembættum, skattstofum og embætti ríkisskattstjóra sem til þessa hafa haldið ýmsar skrár yfir félög með tilheyrandi tvíverknaði og ónákvæmni.

Á móti kemur að Hagstofan mun þurfa að leggja í nokkurn hugbúnaðarkostnað til að sinna hinu nýja verkefni. Ætlun Hagstofu er að endurnýja hugbúnað Þjóðskrár og um leið hanna hugbúnað sem tekur við hinni sameinuðu fyrirtækjaskrá. Er talið að kostnaðarhluti fyrirtækjaskrár verði um 7 m.kr. Þar af mun Hagstofan leggja fram um 2 m.kr. af núverandi fjárveitingum en um 5 m.kr. verði útlagður kostnaður.

Verði frumvarp þetta að lögum má ætla að það verði til verulegs hagræðis, bæði fyrir viðskiptalífið og ríkissjóð.

848. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Viðskiptaráðherra fer með mál er varða einkahlutafélög samkvæmt lögunum, önnur en þau sem varða skráningu einkahlutafélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 62. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hlutafélagaskrár“ kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „skráin“ kemur: hann.

4. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 3. mgr. 65. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hún“, þar sem þau koma fyrir í 1. mgr., kemur: ráðherra, og: hann.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í upphafi 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: ráðherra.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skráir íslensk einkahlutafélög og útibú erlendra einkahlutafélaga og starfrækir hlutafélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag skráningar einkahlutafélaga, rekstur hlutafélagaskrár og aðgang að skránni. Má þar m.a. kveða á um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af tölvuskrá einkahlutafélaga. Slík gjaldtaka skal miðast við að fá hluta af rekstrarkostnaði hlutafélagaskrár upp borinn.

9. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 121. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög. Vísast til almennra athugasemda við hlutafélagafrumvarpið um flutning hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár til Hagstofu Íslands.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um valdsvið ráðherra. Lagt er til að viðskiptaráðherra fari með mál er varða einkahlutafélög, önnur en þau sem varða skráningu þeirra en með þau fari ráðherra Hagstofu Íslands. Skráning einkahlutafélaga verður samkvæmt þessu á forræði Hagstofunnar. Viðskiptaráðuneytið fer hins vegar almennt með málefni einkahlutafélaga, m.a. með hliðsjón af skyldum Íslendinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í samræmi við þetta er með ráðherra samkvæmt frumvarpinu átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilnefndur sérstaklega eins og gert er í 1. og 121. gr. laganna.

Um 2. gr.

Í a-lið er gert ráð fyrir því sem skilyrði fyrir framkvæmd hlutafjárlækkunar að ágreiningur um það hvort framboðin trygging fyrir greiðslu gjaldfallinna eða umdeildra krafna sé nægileg heyri undir héraðsdóm en ekki hlutafélagaskrá eins og nú er. Er hér tekið mið af samsvarandi ákvæði í 4. mgr. 101. gr. laganna um tryggingu í tengslum við samruna einkahlutafélaga.

Í b-lið er gert ráð fyrir að ráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, veiti undanþágu frá innköllunarskyldu í tengslum við hlutafjárlækkun.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, láti boða til hluthafafunda í einkahlutafélögum, m.a. í þeim tilvikum þegar félagsstjórn lætur hjá líða að boða til slíkra funda sem halda skal samkvæmt lögum, félagssamþykktum eða ákvörðun hluthafafunda, sbr. 2. mgr. 62. gr. laganna.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að umboðsmaður ráðherra, ekki hlutafélagaskrár, ákveði fundarstjóra í þeim tilvikum sem vikið var að í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að ráðherra, ekki hlutafélagaskrá, tilnefni rannsóknarmenn í ákveðnum tilvikum.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ráðherra, en ekki hlutafélagaskrá, standi að beiðni um að bú einkahlutafélags verði tekið til skipta í ákveðnum tilvikum.

Um 7. gr.

Ekki þykir þörf á að kveða á um það í 1. mgr. 115. gr. laganna að settar séu reglur um tilkynningar varðandi stofnun útibúa erlendra einkahlutafélaga hér á landi enda segir í þeirri málsgrein að ákvæði XVII. kafla laganna um skráningu einkahlutafélaga skuli gilda eftir því sem við á.

Um 8. gr.

Í þessari grein er lagt til að ákvæðum 1. mgr. 121. gr. laganna verði breytt á þá leið að kveðið verði á um að Hagstofa Íslands skrái íslensk einkahlutafélög og útibú erlendra einkahlutafélaga og starfræki hlutafélagaskrá í því skyni eins og nánar er um rætt í almennum athugasemdum við hlutafélagafrumvarpið.

Í greininni er jafnframt lagt til að í 2. mgr. 121. gr. verði ráðherra Hagstofu Íslands heimilað að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag skráningar einkahlutafélaga, rekstur hlutafélagaskrár og aðgang að skránni. Hvað þetta snertir er hér ekki um efnisbreytingu að ræða frá gildandi ákvæðum, aðra en þá sem leiðir af tillögunni um að skráning einkahlutafélaga flytjist frá viðskiptaráðuneyti til Hagstofunnar. Hvað varðar aðgang að skránni þarf í þessu sambandi að hafa hliðsjón af reglum um slíkan aðgang skv. 3. gr., sbr. 2. gr., 1. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Ákvæði laga um ársreikninga lúta einnig að veitingu opinberra upplýsinga um fyrirtæki. Tekið skal fram að í gildandi lögum er í 2. mgr. 121. gr. veitt heimild til setningar reglna um skipulag hlutafélagaskrár en sú heimild hefur ekki verið nýtt.

Auk framangreindra atriða er lagt til að heimilt verði í reglugerð að kveða á um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af tölvuskrá einkahlutafélaga. Gert er ráð fyrir að gjaldtakan miðist við að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði hlutafélagaskrár. Rétt er að taka fram að ekki eru uppi fastmótuð áform um þessa gjaldtöku. Í þessu efni hefur einkum verið horft til þjóðskrár og fyrirtækjaskrár þar sem gjaldtaka fyrir útgáfu vottorða og hagnýtingu skránna hefur tíðkast um árabil. Sú gjaldtaka hefur þjónað tvennum tilgangi, að afla fjár til rekstrar og draga þar með úr þörf fyrir notkun skattfjár og stýra að hluta eftirspurn eftir þjónustu skránna. Undanfarin ár hafa þjóðskrá og fyrirtækjaskrá verið reknar að u.þ.b. tveimur þriðju hlutum fyrir eigin þjónustutekjur. Engu að síður er í tengslum við skrárnar rekin umfangsmikil, gjaldfrjáls upplýsingaþjónusta. Hvað hlutafélagaskrá varðar er ekki gert ráð fyrir að farið verði geyst í sakirnar með gjaldtöku heldur verði hún í upphafi fyrst og fremst miðuð við samræmingu við það sem tíðkast hjá Hagstofunni í þessu efni. Reikna verður með að töluverðan tíma muni taka að ná upp umtalsverðum eigin tekjum af hagnýtingu hlutafélagaskrár enda verði það háð tvennu fyrst

og fremst, að tölvukerfi skrárinnar verði komið í nýtanlegt horf og að eftirspurn skapist eftir upplýsingum úr skránni.

Um 9. gr.

Í 135. gr. gildandi laga er kveðið á um heimild ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Vegna tillagna frumvarps þessa um flutning hlutafélagaskrár til Hagstofu Íslands er hér með tilvísun til 2. mgr. 121. gr. gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra hafi heimild til setningar reglugerðar um öll efnisatriði einkahlutafélagalaga, önnur en þau er lúta að skráningu einkahlutafélaga.

Um 10. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1997 svo að ráðrúm gefist til þess að undirbúa flutning hlutafélagaskrár til Hagstofu Íslands og samræma skráningu í hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og fyrirtækjaskrá.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög. Í umsögn um fyrrgreinda frumvarpið kemur fram að verulegt hagræði verður af samþykkt þessara þriggja frumvarpa. Í þeirri umsögn segir að rekstrarsparnaður geti orðið 3,1 m.kr. á fyrsta starfsári og 6,4 m.kr. á öðru ári, en á móti komi um 5 m.kr. hugbúnaðarkostnaður. Þessar fjárhæðir eiga við ef öll þrjú frumvörpin verða samþykkt í einu, þannig að ekki hlýst sérstakur kostnaður af samþykkt þessa frumvarps sem slíks.

849. Frumvarp til laga [506. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með mál er varða samvinnufélög samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu samvinnufélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands annast skráningu samvinnufélaga og starfrækir samvinnufélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag samvinnufélagaskráningar, rekstur samvinnufélagaskrár og aðgang að skránni. Má þar m.a. kveða á um gjaldtöku vegna útgáfu vottorða og afnota af tölvuskrá samvinnufélaga. Slík gjaldtaka skal miðast við að fá hluta af rekstrarkostnaði samvinnufélagaskrár upp borinn.

3. gr.

Í stað orðanna „samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: samvinnufélagaskrá.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Samvinnufélagaskrá skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra Hagstofu Íslands setur nánari reglur um efni tilkynningar.

5. gr.

Í stað 3. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

6. gr.

4. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 5.–8. mgr. 62. gr., 6. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 66. gr. laganna kemur, í viðeigandi föllum: samvinnufélagaskrá.

8. gr.

Í stað orðsins „skiptaráðanda“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: héraðsdómara.

9. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 77. gr. laganna kemur: samvinnufélagaskrá.

10. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem flutt er samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, er lagt fram vegna fyrirhugaðs flutnings samvinnufélagaskrár til Hagstofu Íslands. Um ástæður þess vísast til athugasemda með hlutafélagafrumvarpinu.

Í frumvarpi þessu er að finna nokkrar tillögur um breytingar á lögunum um samvinnufélög sem viðskiptaráðuneytið og Hagstofa Íslands hafa komið sér saman um vegna framangreinds flutnings samvinnufélagaskrárinnar. Eins og í hlutafélaga- og einkahlutafélagafrumvörpunum snerta tillögurnar valdsvið ráðherra, hinn nýja skráningaraðila og reglugerðarheimild vegna skipulags skrárinnar, reksturs hennar og aðgangs að henni, svo og gjaldtökuheimild. Jafnframt stefna vissar breytingar að því að skapa meira samræmi milli reglna samvinnufélagalaganna og hlutafélagalöggjafarinnar. Í þessu sambandi má nefna 5. gr. frumvarpsins um tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar vegna funda sem ráðherra beitir sér fyrir að haldnir séu, 6. gr. um að héraðsdómur úrskurði um það hvort framboðin trygging sé nægileg í tengslum við yfirtöku samvinnufélags, 7. gr. um hlutverk samvinnufélagaskrár að því er snertir skilanefndir og 9. gr. um heimild til samvinnufélagaskrár til að leggja á févíti. Sú heimild er nú hjá ráðherra. Þá leiðir af 4. gr. að ráðherra Hagstofu Íslands setur nánari reglur um efni tilkynningar um skrásetningu samvinnufélags í stað viðskiptaráðherra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni kemur fram að viðskiptaráðherra fari með mál er varða samvinnufélög samkvæmt lögunum, önnur en þau sem varða skráningu félaganna. Með skráningarmálin fer ráðherra Hagstofu Íslands. Jafnframt er tekið fram í greininni að með ráðherra í lögunum sé átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega. Gert er ráð fyrir að hann sé tilgreindur sérstaklega í 1., 10. og 14. gr. laganna, sbr. athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að í 1. mgr. 10. gr. laganna sé kveðið á um að Hagstofa Íslands annist skráningu samvinnufélaga og starfræki samvinnufélagaskrá í því skyni. Samvinnufélagaskráin hefur verið rekin af hálfu viðskiptaráðuneytisins með starfsliði hlutafélagaskrár að undanförnu en hér yrði samvinnufélagaskráin flutt til Hagstofunnar.

Gert er ráð fyrir að í 2. mgr. 10. gr. laganna sé heimild til handa ráðherra Hagstofu Íslands til að setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag samvinnufélagaskráningar, rekstur samvinnufélagaskrár og aðgang að skránni. Nánar vísast til athugasemda við 9. gr. hlutafélagafrumvarpsins sem flutt er samhliða frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Í 13. gr. laganna er getið um skort á upplýsingum við skráningu samvinnufélaga. Er gerð tillaga um breytingu á orðalagi með hliðsjón af því að skráning félaganna mun heyra undir ráðherra Hagstofu Íslands samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að í 1. mgr. 14. gr. laganna sé orðalagi breytt þar eð ráðherra Hagstofu Íslands, en ekki viðskiptaráðherra, hefði heimild til að setja nánari reglur um efni tilkynningar um skrásetningu samvinnufélags en greinir frá í lögunum.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að í 19. gr. laganna verði veitt heimild til handa ráðherra til að fara fram á tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar ef hann þarf að láta boða til fundar í samvinnufélagi. Sams konar heimild er nú að finna í 3. mgr. 87. gr. hlutafélagalaga og 3. mgr. 62. gr. einkahlutafélagalaga.

Um 6. gr.

Til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á ákvæðum í hlutafélagalöggjöfinni er gert ráð fyrir að það heyri undir héraðsdóm að meta hvort framboðin trygging af hálfu félags til handa lánardrottni sé nægileg þegar samvinnufélög eru sameinuð. Breytingartillagan er nánar tiltekið gerð með hliðsjón af 4. mgr. 126. gr. hlutafélagalaga og 4. mgr. 101. gr. einkahlutafélagalaga, svo og 3. gr. í hlutafélagafrumvarpi og 2. gr. í einkahlutafélagafrumvarpi sem flutt eru samhliða frumvarpi þessu.

Um 7. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir þeim breytingum á lögunum um samvinnufélög að samvinnufélagaskrá, en ekki ráðherra, hafi afskipti af skilanefndum og sjái t.d. um löggildingu nefndanna. Þetta er til samræmis við hlutafélagalöggjöfina.

Um 8. gr.

Í greininni kemur orðið „héraðsdómari“ í stað orðsins „skiptaráðandi“ vegna breytinga á réttarfarslöggjöfinni.

Um 9. gr.

Til samræmis við hlutafélagalöggjöfina er gert ráð fyrir að samvinnufélagaskrá, ekki ráðherra, hafi heimild til að leggja á févíti, m.a. dagsektir, sem lið í eftirliti með framkvæmd laganna.

Um 10. gr.

Í gildandi lögum er í 83. gr. kveðið á um heimild ráðherra til að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Vegna tillagna frumvarps þessa um flutning samvinnufélagaskrár til Hagstofu Íslands er hér með tilvísun til 2. mgr. 10. gr. gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra hafi heimild til setningar reglugerðar um öll efnisatriði samvinnufélagalaga, önnur en þau er lúta að skráningu samvinnufélaga.

Um 11. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 1997 svo að ráðrúm gefist til þess að undirbúa flutning samvinnufélagaskrár til Hagstofu Íslands og samræma skráningu í hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og fyrirtækjaskrá.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvörpum til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Er hér lagt til að samvinnufélagskrá flytjist með hlutafélagaskrá til Hagstofu Íslands. Í umsögn um fyrrgreinda frumvarpið kemur fram að verulegt hagræði verður af samþykkt þessara þriggja frumvarpa. Í þeirri umsögn segir að rekstrarsparnaður geti orðið 3,1 m.kr. á fyrsta starfsári og 6,4 m.kr. á öðru ári, en á móti komi um 5 m.kr. hugbúnaðarkostnaður. Þessar fjárhæðir eiga við ef öll þrjú frumvörpin verða samþykkt í einu, þannig að ekki hlýst sérstakur kostnaður af samþykkt þessa frumvarps sem slíks.

850. Svar [337. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða nefndir hafa ráðherrar skipað á þessu kjörtímabili? Hver eru markmið þeirra, hverjir sitja í þeim, hver er formaður og hvenær er ráðgert að hver nefnd skili áliti?*
2. *Hvert er hlutfall kynja:*
   a. *nefndarmanna í hverri nefnd,*
   b. *formanna nefndanna,*
   c. *nefndarmanna í heild?*
3. *Í hvaða stöður hafa ráðherrar skipað eða ráðið á þessu kjörtímabili?*
4. *Hvert er hlutfall kynja:*
   a. *umsækjenda um hverja stöðu,*
   b. *þeirra sem skipaðir voru í stöðurnar?*

Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneytum.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir því við ráðuneytin, með bréfi dags. 4. mars sl., að þau létu því í té svör við framangreindum spurningum. Ekki var farið fram á það við ráðuneytin að þau teldu upp nöfn allra þeirra sem skipaðir hafa verið í nefndir á yfirstandandi kjörtímabili, bæði þar sem um mikinn fjölda er að ræða (tæplega tvö þúsund nöfn

sbr. það sem fram kemur hér að aftan) og einnig þar eð forsætisráðuneytið svaraði fyrirspurn frá Kristni H. Gunnarssyni í maímánuði 1996 þar sem tilgreint var hverjir höfðu verið skipaðir til setu í nefndum á vegum ráðuneytanna það sem af var kjörtímabilinu (sjá svar forsætisráðherra á 120. löggjafarþingi við fyrirspurn á þingskjali 968 um nefndir á vegum ráðuneyta).

Í I. hluta er vikið að 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar. Kemur þar fram heiti nefnda, og má af því ráða hvert verkefni þeirra er, fjöldi nefndarmanna, fjöldi kvenna þar af og upplýsingar um hvort karl eða kona gegni formennsku í viðkomandi nefnd. Eingöngu er um svokallaðar verkefnanefndir að ræða en ekki stjórnir og ráð sem skipað er í samkvæmt lögum eða reglugerðum. Helstu niðurstöður eru birtar sundurliðaðar eftir ráðuneytum í sérstakri yfirlitstöflu. Þar kemur fram að af alls 1.902 einstaklingum sem skipaðir hafa verið í nefndir á yfirstandandi kjörtímabili eru 434 konur en það svarar til 23%. Nefndirnar sem skipaðar hafa verið eru 329 og eru konur formenn í 66 nefndum eða í um fimmtungi allra nefnda.

Í II. hluta er gerð grein fyrir svörum ráðuneyta við tölul. 3 og 4 er lúta að skipunum og ráðningum í störf. Þótt orðalag fyrirspurnarinnar hafi e.t.v. ekki gefið tilefni til þess fór forsætisráðuneytið þess á leit við önnur ráðuneyti að gerð yrði grein fyrir öllum ráðningum og skipunum í störf hjá aðalskrifstofum ráðuneyta sem og þeim skipunum og ráðningum í störf hjá undirstofnunum sem kreféust atbeina ráðherra, þar með talið vegna forsetaskipana.

I. HLUTI
Skipan í nefndir á vegum ráðuneytanna 1995–97; skipting kynja.

	Alm. nefndarmenn			Formenn		
	Fjöldi	Konur	Hlutfall	Fjöldi	konur	Hlutfall
Forsætisráðuneyti	34	6	**18%**	7	2	**29%**
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161	28	**17%**	34	6	**18%**
Félagsmálaráðuneyti	172	69	**40%**	30	11	**37%**
Fjármálaráðuneyti	197	40	**20%**	39	8	**21%**
Heilbrigðis- og tryggingam.ráðuneyti	247	87	**35%**	35	11	**31%**
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	290	36	**12%**	39	3	**8%**
Landbúnaðarráðuneyti	66	1	**2%**	14	0	**0%**
Menntamálaráðuneyti	431	137	**32%**	76	22	**29%**
Samgönguráðuneyti	25	1	**4%**	5	0	**0%**
Sjávarútvegsráðuneyti	92	5	**5%**	16	0	**0%**
Umhverfisráðuneyti	140	17	**12%**	25	1	**4%**
Utanríkisráðuneyti	47	7	**15%**	9	2	**22%**
Alls:	1.902	434	**23%**	329	66	**20%**

Forsætisráðuneyti

	Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
1.	Fánanefnd	Mars 1995	5	0	0%	Karl	Störfum lokið
2.	Nefnd um snjóflóðavarnir	Sep.95	5	1	20%	Karl	Störfum lokið
3.	Nefnd um fjármál stjórnmálaflokka	Sep.95	6	1	17%	Karl	1997
4.	Framkvæmdanefnd um einkavæðingu	Janúar 1996	4	0	0%	Karl	1999
5.	Handverk-reynsluverkefni	Janúar 1997	3	2	66%	Kona	1999
6.	Verkaskipting ráðuneyta um mál fatlaðra	Mars 1997	5	2	40%	Kona	1997
7.	Nefnd um alþjóðlega viðskiptamiðstöð	Mars 1997	6	0	0%	Karl	

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Nefnd til að vinna að frv. logreglulaga	31.5.95	4	0	0%	karl	
Nefnd um lög og reglur v. áfengissölu og reksturs skemmtistaða	20.9.95	7	2	29%		
Samráðsnefnd um fréttaflutning um slysfarir og harmraunir fólks	7.11.95	5	1	20%	karl	
Rannsóknarnefnd vegna umferðarslyss í Hrútafirði	23.10.95	3	0	0%	karl	21.11.95
Nefnd um lögreglukveðju, uppstillingu heiðursvarðar o.fl.	20.11.95	3	0	0%	karl	28.2.96
Samráðshópur um framkvæmd skoðunar- og skráningarmála	18.1.96	4	0	0%	karl	
Starfshópur um afskráningu tjónabíla og eftirlit	7.2.96	4	0	0%	karl	
Nefnd um starfsemi Bifreiðaskoðunar og sölu hlutabréfa	4.12.95	3	1	33%	karl	
Nefnd vegna reksturs björgunar- og almannavarnaskóla	18.12.95	9	0	0%	karl	
Starshópur til að kanna stöðu kvenna innan lögreglu	5.3.96	5	2	40%	karl	
Nefnd um nýja starfsheita- og launaflokkaröðun lögreglumanna	20.2.'96	6	1	17%	karl	
Átak í ávana- og fíkniefnavörn.	25.1.96	6	1	17%	kona	
Vinnuhópur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar	21.2.'96	6	0	0%	karl	
Yfirnefnd ráðuneyta í ávana- og fíkniefnavörnum	30.1.'97	4	2	50%	kona	
Nefnd um reglugerð um ökukennslu, próf o.fl.	7.3.'96	5	1	20%	karl	
Nefnd til úthlutunar p-merkja til hreyfihamlaðra	28.5.'96	5	2	40%	karl	
Nefnd um tengingar öryggiskerfa til lögreglu	5.6.'96	3	0	0%	karl	
Vinnuhópur um samstarf tollgæslu Keflavíkurflv. og ÁFD Reykjavíkur	20.5.'96	4	0	0%	karl	
Vinnuhópur til að gera tillögur um hagræðingu innan lögreglunnar	29.8.'96	3	0	0%	karl	
Nefnd til undirbúnings gildistöku lögreglulaga	10.9.'96	5	1	20%	kona	
Nefnd um niðurlagningu RLR	17.12.'96	5	0	0%	karl	
Rannsóknarnefnd umferðarslysa	27.9.'96	4	0	0%	karl	
Framkvæmdanefnd um nýtt fyrirkomulag á útg.vegabréfa	10.2.'97	6	2	33%	karl	30.12.97
Nefnd til að endurskoða reglugerð um einkennisbúninga o.fl.	9.9.'96	5	0	0%	karl	1.5.97
Nefnd um sameiningu sýslumannsembætta	7.6.'96	8	2	25%	kona	30.7.96
Nefnd vegna laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga	7.2.'96	3	1	33%	karl	
Nefnd um framkvæmd tæknifrjóvgunarlaga og endurskoðun þeirra	22.10.96	3	1	33%	kona	
Nefnd til að vinna að heildar- endurskoðun skaðabótalaga	21.11.'96	3	1	33%	karl	
Nefnd um byggingu fangelsis	30.10.'95	4	0	0%	karl	
Nefnd vegna greiðslu embættiskostnaðar til presta o.fl.	18.4.'95	4	2	50%	karl	1.10.95
Nefnd til að endurskoða lög um almannafrið	24.5.'95	4	2	50%	kona	
Nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla	8.8.'95	6	1	17%	karl	haust '95
Nefnd um kirkjuleg málefni	12.10.'96	4	0	0%	karl	
Nefnd til að vinna að bættri fjárhagsst. kirkjumálefna	16.9.96	3	1	33%	-	
Nefnd til að kanna breytingar á fjárhagslegri afkomu kirkju	25.11.'96	5	1	20%	karl	1.2.97

Félagsmálaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Nefnd um starfsmat	1.6.95	10	7	70%	kona	Vor 1998
Nefnd um lengingu fasteignaveðbréfa	2.6.95	5			karl	Okt. 95
Nefnd um greiðsluerfiðleika	30.5.95	6	1	17%	karl	Jan.96
Nefnd um lánatryggingasjóð kvenna	29.5.95	4	4	100%	kona	Vor 97
Nefnd um vinnumál barna og ungmenna	22.9.95	8	3	38%	karl	Feb.96
Nefnd um rétt bænda til atvinnuleysisbóta	28.6.95	5			karl	Vor 97
Nefnd um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar	13.7.95	9	2	22%	karl	Mar.96
Nefnd um reglugerð við lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum	21.6.95	5	2	40%	kona	Ágúst 95
Nefnd um félagslega íbúðalánakerfið	1.9.95	6	1	17%	karl	Vor 97
Nefnd um stefnumótun í málefnum blindra og sjónskertra	10.10.95	3	1	33%	kona	Nóv. 95
Nefnd um mótun opinberrar fjölskyldustefnu	27.9.95	4	3	75%	karl	Des. 95
Nefnd um byrjendanámskeið í fiskvinnslu	20.11.95	5			karl	Júní 96
Nefnd um ríkisábyrgð í húsbréfakerfinu	8.1.96	7			karl	Jan.97
Nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlög	8.1.96	5	1	20%	karl	Vor 97
Nefnd til að endurskoða lög um málefni fatlaðra	3.4.96	8	3	38%	karl	Nóv. 96
Nefnd um sparnað í rekstri Atvinnuleysistryggingasjóðs 1996	9.1.96	3			karl	Apr.96
Nefnd um málefni sumarhúsaeigenda	23.2.96	6	1	17%	karl	Maí 96
Nefnd til að endurskoða reglur um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til átaksverkefna	15.12.95	3	3	100%	kona	Feb.96
Nefnd til að endurskoða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga	21.5.96	7	3	43%	karl	Feb.97
Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna	29.2.96	5	2	40%	kona	Vor 98
Nefnd um endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna	2.7.96	4	4	100%	kona	Vor 97
Nefnd um framtíð húsaleigubóta	17.5.96	6	3	50%	karl	Sumar 97
Nefnd um eignaskiptayfirlýsingar	8.8.96	3			karl	Feb.97
Nefnd um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga	6.8.96	6	2	33%	karl	Haust 97
Nefnd um tekjumörk vegna félagslegra íbúða	8.8.96	4	1	25%	kona	Okt. 96
Samráðshópur um framkvæmd Peking-áætlunarinnar í jafnréttismálum	22.10.96	13	11	85%	kona	
atvinnuleysisbótakerfinu.	5.9.96	7	3	43%	karl	Nóv. 96
Nefnd til að safna upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum	29.10.96	4	2	50%	karl	Haust 97
Nefnd um endurskipulagningu á rekstri og skipulagi Húsnæðisstofnunar ríkisins	13.1.97	5	1	20%	karl	Sumar 97
Nefnd um fjöleignarhús og eignaskiptayfirlýsingar	10.1.97	3	3	100%	kona	Vor 97
Nefnd til að endurskoða lög um orlof húsmæðra	5.2.97	3	2	67%	kona	Sumar 97

Fjármálaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Nefnd um fjármagnstekjuskatt	18.4.95	9	2	22%	Karl	Lokið
Nefnd um tvísköttun	1.5.95	3	1	33%	Karl	30.4.97
Starfshópur um jafnréttismál í fjármálaráðuneyti og stofnunum	29.3.95	5	3	60%	Kona	Lokið
Starfshópur um skoðun á kaupum og sölu vínveitingahúsa á áfengi	3.5.95	3	0	0%	Karl	
Nefnd um nýtt fjárlagakerfi	19.5.95	7	1	14%	Karl	Lokið
Starfshópur um endurskoðun laga um vörugjald	10.7.95	5	2	40%	Kona	Lokið
Stafshópur um endurskoðun á starfi Þjónustumiðstöðvar ríkisbréfa	27.6.95	3	0	0%	Karl	Lokið
Starfshópur um breytingar á starfsemi ÁTVR	27.6.95	3	0	0%	Karl	
Starfshópur v. reglugerðar um innflutning og heildsölu áfengis	30.8.95	4	1	25%	Kona	Lokið
Nefnd um lífeyrismál	23.8.95	8	1	13%	Karl	
Nefnd til að veita viðurkenningar til ríkisstofnana	21.8.95	6	3	50%	Karl	
Starfshópur er semji reglugerð á grundvelli laga um gjald á áfengi	23.8.95	5	1	20%	Karl	
Nefnd um endurskoðun laga um starfsmannamál ríkisins	4.1.96	3	1	33%	Karl	Lokið
Nefnd um lög um tekju- og eignarskatt, jaðarskattanefnd	27.9.95	10	1	10%	Karl	
Starfshópur um innheimtu vsk af blöðum og tímaritum í áskrift	15.12.95	3	1	33%	Karl	
Starfshópur um framkvæmdaáætlun umsamkeppnisstöðu Íslands	1.12.95	4	0	0%	Karl	Lokið
Starfshópur til að vinna skýrslu um afskriftir skattskulda	30.1.96	5	1	20%	Karl	Lokið
Ráðgefandi verkefnisstjórnun sparnaðarátaks 1997	17.1.96	6		0%	Karl	Lokið
Starfshópur um útgáfu á úrskurðum yfirskattanefndar	18.1.96	3	1	33%	Karl	
Starfshópur um frumvarp til breytinga á tollalögum	22.1.96	3	1	33%	Kona	Lokið
Starfshópur um breytingar á lögum um fjáröflun til vegagerðar	25.1.96	6	1	17%	Karl	Lokið
Starfshópur um þjónustugjöld og endurgreiðslur	9.8.96	5	1	20%	Karl	Lokið
Nefnd til að yfirfara tillögur um þjónustugjöld	25.1.96	5		0%	Karl	
Starfshópur um innri gjaldtöku, arðgreiðslur og sameiningu sjóða	1.9.96	6		0%	Karl	Lokið
Nefnd um arðgreiðslur fyrirtækja í eigu ríkis	25.1.96	4	1	25%	Karl	Lokið
Starfshópur um sameiningu stofnana og niðurfellingu verkefna	25.1.96	5	1	20%	Karl	Lokið
Starfshópur um lækkun útgjalda á aðalskrifstofu ráðuneyta	25.1.96	5	1	20%	Karl	Lokið
Starfshópur um sparnað og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga	25.1.96	4	1	25%	Karl	Lokið
Starfshópur um sparnað í eftirlits- og rannsóknastarfsemi	23.2.96	7		0%	Karl	Lokið
Nefnd um árangursstjórnun í ríkisrekstri	18.4.96	6	3	50%	Kona	Lokið
Nefnd um breytingar á lögum um skemmtanaskatt	10.5.96	5	3	60%	Kona	Lokið
Nefnd til ráðgjafar um úrlausn kærumála um opinber innkaup	21.5.96	3	1	33%	Karl	
Nefnd um fjárhagslega aðgreiningu í rekstri ríkisstofnana	30.5.96	6		0%	Karl	Lokið
Starfshópur um skipulag innheimtumála ríkisins	6.9.96	6	2	33%	Karl	
Starfshópur um br. á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt	6.9.96	5	3	60%	Kona	
Starfshópur um skattalega stöðu kvikmyndagerðar	8.10.96	5	1	20%	Kona	
Nefnd um skattlagningarheimildir	18.10.96	3		0%	Karl	
Nefnd um endurskipulagningu og hagræðingu í skattkerfinu	28.10.96	6		0%	Karl	1.5.97
Nefnd um skattalega meðferð veiðiheimilda	27.2.97	4		0%	Karl	1.6.97
Nefnd um endurskoðun reglna um vsk í byggingarstarfsemi	14.2.97	3		0%	Karl	1.4.97

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Vottunarnefnd (Gagnalind)	Endsk. 22.01.1997	5	2	40%	karl	
Vinnuhópur til að skoða heilsufar íslenskra kvenna	19.5.95	12	1	8%	kona	
Nefnd um tölvufærðar sjúkraskrár og aðgang að þeim	26.5.95	7	1	14%	karl	
Vinnuhópur um lögheimilisskilyrði almannatrygginga	26.5.95	7	3	43%	kona	
Bygg.nefnd D-álmu Sjúkrahúss og heilsug.st. Suðurnesja	9.6.95	4	1	25%	karl	
Nefnd um rétt sjúklinga	27.6.95	8	8	100%	kona	Hefur lokið störfum
Starfshópur um skipulag, hlutverk og fyrirkomulag heilsugæslu	28.8.95	7	3	43%	kona	
Nefnd til að yfirfara efni og umræður á Heilbrigðisþingi 1995	11.9.95	4	2	50%	karl	
Nefnd (hlutverk og skipulag sjúkraflutninga FSÍ á Ísafirði	27.9.95	4	2	50%	kona	
Nefnd til að endurskoða lög um almannatryggingar nr. 117/1993	2.10.95	15	6	40%	karl	
Afgreiðslunefnd um þáttöku almannatr. í bifreiðakaupum fatlaðra	29.11.95	3	3	100%	karl	
Gigtarráð	1.12.95	8	3	38%	kona	1999
Nefnd v. kostnaðar við líffæraflutninga	8.1.96	6	1	17%	kona	Hefur lokið störfum
Fagráð	10.1.96	6	0	0%	karl	
Nefnd um framtíðarþróun í ísl. heilbrigðiskerfinu	11.1.96	13	3	23%	kona	1.3.97
Nefnd um forgangsröðun í ísl. heilbrigðismálum	12.1.96	15	6	40%	karl	
Starfshópur um stefnumótun í upplýsingatækni	29.1.96	20	7	35%	karl	
Vinnuhópur sem skal undirbúa og útfæra starfsemi gæðaráðs	26.2.96	4	1	25%	karl	
Vinnuhópur um starfssvið og leyfi sjálfst. starfandi hjúkr.fræðinga	29.2.96	6	4	67%	karl	
Nefnd um samstarf sjúkrahúsanna í Reykjavík og Reykjanesi	22.1.96	7	2	29%	kona	
Nefnd sem fjallar um biðlista eftir heilbrigðisþjónustu	13.5.96	5	2	40%	karl	Hefur lokið störfum
Nefnd um þarfir í húsnæðismálum heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi	24.5.96	5	1	20%	karl	
Nefnd sem útfæra á tillögum um framtíðarþrr. Heilsuvernarst.	6.6.96	7	3	43%	kona	
Bygginganefnd heilsugæslustöðva í Reykjavík	1.8.96	5	1	20%	karl	
Nefnd um endurskoðun fyrirkomulags vaktsvæða heilsugæslulækna	26.9.96	5	1	20%	karl	15.10.96
Starfshópur til að skoða innra skipulag Tryggingastofnunar ríkisins	16.10.96	5	0	0%	karl	Lokið des. 1996
Nefnd um samhæfingu og breytta starfsemi sjúkrah. utan Reykjavíkur	22.10.96	5	1	20%	karl	
Nefnd um reglugerð um lyfjabúðir	28.10.96	7	4	57%	karl	
Nefnd um lyfjakostnað á sjúkrahúsum	13.11.96	9	4	44%	karl	
Stýrihópur	12.12.96	4	0	0%	karl	
Verkefnisstjórn um 160 mkr. sparnað í rekstri sjúkrahúsa	14.1.97	4	0	0%	karl	
Nefnd um samningsgerð vegna líffæraígræðslu og líffæraflutninga	22.1.97	4	0	0%	karl	
Nefnd vegna sjálfstætt starfandi heimilislækna	24.1.97	4	1	25%	karl	
Nefnd hjúkrunarfræðinga um stefnumótun í málefnum heilsugæslunnar	29.1.97	5	5	100%	kona	
Ráðgjafanefnd vegna meðferðarheimilis að Sogni	18.2.97	3	1	33%	karl	
Starfshópur um stefnumótun í málefnum geðsjúkra	20.2.97	9	4	44%	karl	

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Starfshópur um einkaleyfalög	1.6.95	3	1	33%	karl	
Starfshópur um vörumerkjalög	2.6.95	3	2	67%	karl	
Nefnd um Rafmagnseftirlit ríkisins	19.6.95	8	0	0%	karl	
Nefnd um endursk. laga um fjárfestingu erlendra aðila	22.6.95	5	0	0%	karl	haust 1997
Starfshópur um frv. um þjónustu við neytendur	26.6.95	4	2	50%	karl	
Nefnd um opinberan rekstur í samkeppni	11.8.95	6	0	0%	karl	
Nefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki	18.8.95	7	0	0%	karl	haust 1997
Nefnd um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna	28.8.95	4	0	0%	karl	
Nefnd um iðjukosti og virkjanir	28.8.95	6	1	17%	karl	Vor 1997
Starfshópur um jafnréttismál	5.9.95	4	2	50%	kona	
Nefnd um Orkustofnun og Iðntæknistofnun	11.9.95	7	0	0%	karl	
Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu	3.10.95	12	0	0%	karl	
Starfshópur um markaðssetningu ísl. verðbréfa erlendis	25.10.95	7	0	0%	karl	
Starfshópur um viðskiptahætti á skuldabréfamarkaði	26.10.95	7	0	0%	karl	
Starfshópur um mannaflaþörf vegna stóriðjuframkvæmda	12.12.95	4	0		karl	
Nefnd um upplýsingasamfélagið	20.11.95	22	2	9%	karl	
Nefnd um ársreikninga vátryggingafélaga	22.11.95	6	1	17%	karl	
Orkusparnaðarnefnd	23.11.95	9	1	11%	karl	vor 1997
Vinnuhópur um eignarétt á auðlindum í jörðu og virkjun fallvatna	24.11.95	4	0	0%	karl	vor 1997
Upplýsingasamfélagið - verkefnisstjórn	19.1.96	7	1	14%	kona	
Nefnd um plöntuvernd	29.1.96	5	1	20%	karl	
Nefnd um ábyrgðaveitingar	22.2.96	8	3	38%	karl	
Endurskoðun á lögum um Landsvirkjun	23.2.96	6	0	0%	karl	
Stofnun verðbréfamiðstöðvar - undirbúningsnefnd	23.2.96	9	0	0%	karl	
Starfshópur um innheimtustarfsemi	26.2.96	5	1	20%	karl	
Nefnd um endurskoðun orkulaga	18.4.96	25	3	12%	karl	
Nefnd um samkeppnishæfni sauma- og prjónastofa	3.5.96	10	1	10%	karl	vor 1997
Nefnd um endurskoðun eftirlits með fjármálastofnunum	14.5.96	8	0	0%	karl	haust 1997
Starfshópur um starfsskilyrði kvikmyndaiðnaðar	14.5.96	9	0	0%	karl	
Starfshópur um starfsskilyrði tónlistariðnaðar	14.5.96	8	1	13%	karl	
Nefnd um lög um Samábyrgð. Ísl. á fiskiskipum	15.7.96	6	0	0%	karl	sumar 1997
Starfshópur um heimfærslu EES-réttar á vátryggingasviði	28.8.96	3	0	0%	karl	
Nefnd um starfsábyrgðartryggingar	16.9.96	6	2	33%	karl	haust 1997
Nefnd um vátryggingamiðlun	5.10.96	4	0	0%	karl	vor 1997
Nefnd um verslunaratvinnu	8.10.96	6	1	17%	karl	haust 1997
Nefnd um endurnýtingu hjólbarða	18.10.96	8	1	13%	karl	vor 1997
Nefnd um úrvinnslu málma frá stóriðjuverum	5.11.96	10	0	35%	karl	vor 1997
Starfshópur um sæstreng	24.1.97	5	0	0%	karl	vor 1997
Nefnd um stuðning við atvinnurekstur kvenna	21.1.97	7	7	100%	kona	haust 1997
Nefnd um hugbúnaðargerð ríkisins	22.1.97	7	2	29%	karl	sumar 1997

Landbúnaðarráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Nefnd um nýtingu rekaviðar og markaðssetningu afurða	8. september '95	5	1	20%	Karl	Haust 1997
Nefnd um starfsumhverfi garðyrkju og samkeppnisstöðu	10. nóvember '95	6	0		Karl	Hefur lokið störfum
Nefnd um endurskipulagningu rannsóknaþjónustu í landbúnaði	15. nóvember '95	7	0		Karl	Búið að skila áfangask.
Nefnd um úthlutun lána til fiskeldisfyrirtækja	19. desember '95	5	0		Karl	Hefur lokið störfum
Nefnd til að kanna möguleika ávinnslu og nýtingu kaplamjólkur	12. janúar '96	5	0		Karl	Ekki vitað
Nefnd til að endurskoða starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins	12. janúar '96	3	0		Karl	Hefur lokið störfum
Nefnd til að endurskoða lögum dýralækna	1. febrúar '96	4	0		Karl	Hefur lokið störfum
Nefnd til að gera tillögur og tilr. um endurheimtu votlendis	28. febrúar '96	6	0		Karl	Ekki vitað
Starfshópur til að vinna að undirbúningi "Suðurlandsskóga"	4. júní '96	3	0		Karl	Búið að skila frv. drögum
Nefnd til að endurskoða innheimtusjóðagjalda í landbúnaði og tillögur um einföldun	3. júlí '96	3	0		Karl	Vor 1997
Nefnd til að vinna að stefnum. um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri	2. september '96	3	0		Karl	Hefur lokið störfum
Nefnd til að gera tillögur vegna ræktunar í gróðurhúsum og lækkun raforkuverðs	2. desember '96	5	0		Karl	Árslok 1997
Nefnd til að endurskoða lög um búfjárrækt og jarðrækt	3. desember '96	6	0		Karl	Vor 1997
Starfshópur til að hrinda af stað tilrauna- og þróunarverkefni um ræktun og vinnslu líns	28. janúar '97	5	0		Karl	Desember 1997

Menntamálaráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Íslenska vatnafræðinefndin	1.6.95	7	0	0,0	Karl	31.5.99
Námsbrautarnefnd v. röntgentækni í Tækniskóla Íslands	1.10.96	4	1	25,0	Enginn formaður	1.10.00
Námsefnisnefnd	22.7.96	6	1	16,7	Karl	22.7.98
Samstarfsnefnd háskólastigsins	1.11.95	17	4	23,5	Karl	1.11.98
Stjórn Bókmenntakynningarsjóðs	29.1.97	3	2	66,7	Kona	29.1.99
Nefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara	12.2.96	4	2	50,0	Karl	óákveðið
Samráðshópur um jafna stöðu kynja í skólum	30.8.95	9	6	66,7	Enginn formaður	óákveðið
Nefnd v. kennslu í verkfræði og tæknifræði á háskólastigi	14.9.95	5	0	0,0	Karl	31.12.96
Nefnd til að móta stefnu í málefnum útlendinga	15.9.95	6	2	33,3	Karl	Vor 1997
Nefnd til að fjalla um leiðir til eflingar íþrótta í skólum	10.10.95	4	2	50,0	Karl	óákveðið
Nefnd vegna úthlutunar LINGUA-styrkja Evrópusambandsins	3.1.96	5	5	100,0	Kona	31.12.99
Stjórn Snorrastofu í Reykholti.	8.12.95	10	1	10,0	Karl	8.12.99
Nefnd vegna Comeníusar-hluta Sókrates-áætlunar ESB	16.10.95	7	4	57,1	Kona	31.12.99
Nefnd um námskrá í stærðfræði handa framhaldsskólum	16.10.95	5	2	40,0	Kona	óákveðið
Nefnd um námskrá í stærðfræði handa grunnskólum	22.11.95	5	3	60,0	Kona	óákveðið
Nefnd um tónlistarhús	22.11.95	4	1	25,0	Karl	óákveðið
Nefnd vegna muna Hússtjórnarskóla Suðurlands, Laugarvatni	2.2.96	3	2	66,7	Kona	óákveðið
Tónlistarnefnd	12.1.96	3	1	33,3	Kona	31.12.97
Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs leikskóla	1.2.96	4	3	75,0	Kona	31.1.98
Stýrihópur vegna úttektar á viðskipta- og rekstrarfræðimenntun	22.2.96	6	1	16,7	Karl	mars .97
Nefnd um endurbætur og uppbyggingu Þjóðleikhússins	13.2.96	3	0	0,0	Karl	óákveðið
Nefnd um uppbyggingu Listaháskóla Íslands	11.6.96	3	0	0,0	Karl	óákveðið
Nefnd um framtíðarskipan listskreytingar opinberra bygginga	1.8.96	4	0	0,0	Karl	1.12.96
Starfshópur um norræna bókmenntakynningu í Þýskalandi 1997	29.2.96	7	2	28,6	Kona	31.12.97
Ráðgjafarnefnd um starfsemi Íslenska Menntanetsins	22.7.96	7	0	0,0	Karl	óákveðið

Rekstrarstjórn vegna kaldavatns- og hitaveitu á Laugarvatni	8.2.96	6	0	0,0	Karl	8.2.01
Stefnumótunarnefnd aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla	1.11.96	11	6	54,5	Kona	1.3.97
Ráðgjafarhópur við mats- og eftirlitsdeild ráðuneytisins	10.10.96	4	1	25,0	Enginn formaður	31.5.97
Samstarfshópur ráðuneyta um rannsóknar- og þróunarstarf	6.9.96	9	1	11,1	Kona	óákveðið
Framkvæmdastjórn Listahátíðar í Reykjavík 1998	30.6.96	5	3	60,0	Kona	1.10.00
Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins, SÍS og samtaka kennara	1.10.96	9	4	44,4	Karl	30.9.97
Nefnd til að endurskoða námskrá fyrir matartæknám	4.12.96	4	3	75,0	Karl	Vor-97
Starfshópur stjórnarflokkanna um endurskoðun útvarpslaga	9.1.97	2	0	0,0	Enginn formaður	1.4.97
Starfshópur um kennslu í matvælagreinum við Verkm.sk. Akureyrar	27.12.96	4	1	25,0	Karl	vor-97
Starfshópur um varðveislu arfs hússtjórnarskólanna.	27.11.96	3	2	66,7	Karl	óákveðið
Starfshópur um notkun myndmiðla meðal barna og ungmenna	20.11.96	4	1	25,0	Karl	1.5.97
Nefnd um námskrár Fóstrusk., Íþróttakennarask. og Þroskaþjálfask.	23.12.96	7	4	57,1	Karl	15.6.97
Ráðgjafarnefnd Þróunarsjóðs grunnskóla	5.2.97	5	1	20,0	Karl	5.2.99
Vinnuhópur vegna leshömlunar í grunn- og framhaldsskólum	24.2.97	4	1	25,0	Karl	óákveðið
Nefnd um úthlutun fjár til endurmenntunar sálfræðinga	12.2.96	6	1	16,7	Karl	1.2.96
Starfshópur um nýtingu á húsnæði RÚV	19.7.95	5	1	20,0	Karl	2.4.96
Verkefnastjórn vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga	26.6.95	7	1	14,3	Karl	14.5.96
Nefnd um kjara-, lífeyris- og starfsréttindamál grunnskólakennara	26.6.95	5	0	0,0	Karl	22.12.95
Nefnd um tekjustofna vegna flutnings grunnskólans	26.6.95	5	0	0,0	Karl	5.3.96
Nefnd um fagleg mál vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga	14.8.95	6	1	16,7	Karl	1.8.96
Nefnd sem á að endurskoða lög nr. 21/1992 um LÍN	14.8.95	5	0	0,0	Karl	6.1.97
Starfshópur sem á að fara yfir frumvarp til útvarpslaga	28.7.95	4	1	25,0	Karl	2.5.96
Nefnd um tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet	22.9.95	5	2	40,0	Kona	23.1.96
Starfshópur vegna stuðnings ríkisins vegna Íslensku óperunnar	2.10.95	5	0	0,0	Karl	28.11.95
Starfshópur vegna reglugerðar í vélgæslufræðum	19.10.95	5	0	0,0	Karl	31.5.96
Nefnd vegna upplýsingastefnu um innanhússmálefni.	10.10.95	5	2	40,0	Kona	1.3.96
Nefnd til að móta upplýsingastefnu á sviði menningarmála.	10.10.95	7	4	57,1	Kona	1.3.96
Nefnd til að móta upplýsingastefnu menntamálaráðuneytisins	10.10.95	4	4	100,0	Kona	1.3.96
Nefnd til að móta upplýsingastefnu á sviði menntamála.	10.10.95	6	4	66,7	Kona	1.3.96
Nefnd um framkvæmd Dags íslenskrar tungu, 16. nóvember.	22.2.96	5	0	0,0	Karl	1.11.96
Samráðshópur um Ár símenntunnar 1996.	28.11.95	11	3	27,3	Enginn formaður	31.12.96
Starfshópur til að kanna forsendur náms í flugvirkjun hér á landi	30.1.96	5	0	0,0	Karl	6.12.96
Nefnd til að kanna stofnun listiðnaðar- og hönnunarsafns	1.2.96	6	1	16,7	Karl	3.1.97
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Austurland)	20.2.96	4	0	0,0	Karl	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Reykjavík)	20.2.96	4	1	25,0	Kona	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Vesturland)	20.2.96	4	1	25,0	Karl	3.10.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Norðurland vestra)	20.2.96	4	0	0,0	Karl	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Norðurland eystra)	20.2.96	4	0	0,0	Karl	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Suðurland)	20.2.96	4	0	0,0	Karl	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Reykjanes)	20.2.96	5	0	0,0	Karl	1.9.96
Vinnuhópur vegna verkefna fræðsluskrifstofa (Vestfirðir)	20.2.96	4	0	0,0	Karl	3.10.96
Nefnd um kostn.skiptingu og tekjur sveitarfélaga vegna grunnskóla	22.2.96	6	0	0,0	Karl	9.5.96
Starfshópur um upplýsingatækni á sviði menntunar, vísinda og mennin	26.3.96	16	8	50,0	Kona	1.6.96
Nefnd vegna greiðslna fyrir afnot af bókum í bókasöfnum	10.6.96	4	1	25,0	Kona	9.12.96
Nefnd um innihald og skipulag náms fyrir leikskólakennara	2.2.96	6	4	66,7	Karl	1.9.96
Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna	27.2.96	4	3	75,0	Enginn formaður	
Starfshópur til að endurskoða námsskrá fyrir sjúkraliðanám	1.6.96	5	4	80,0	Karl	2.9.96
Endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla, erlend mál	26.2.97	6	6	100,0	Kona	1.7.97
Endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla, tæknimenntun	24.2.97	7	1	14,3	Karl	1.7.97
Endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla, náttúrufræði	24.2.97	7	4	57,1	Karl	1.7.97
Endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla, listgreinar	24.2.97	5	4	80,0	Kona	1.7.97
Endurskoðun aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla, móðurmál	26.2.97	7	2	28,6	Karl	1.7.97

Samgönguráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Stýrihópur um stefnumótun í ferðamálum	17.10.95	8	1	12,5	karl	
Nefnd um fyrirkomulag rannsókna í ferðamálum	22.3.96	4	0	0	karl	
Nefnd um ráðstöfun 20 m.kr. skuldbreytingaframlags til heilsárshótela	10.5.95	3	0	0	karl	
Nefnd um málefni einkaflugsins	21.5.96	5	0	0	karl	
Nefnd um flugstarfsemi m.t.t. niðurfellingar áætlunarleyfa	13.5.96	5	0	0	karl	

Sjávarútvegsráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Nefnd um fjareftirlit	3.7.95	6	0	0%	karl	
Nefnd um fullvinnslu botnfiskafla	20.7.95	6	0	0%	karl	
Starfshópur um raunnýtingu í fullvinnsluskipum	12.12.95	4	0	0%	karl	
Starfshópur um skipulag veiða smábáta	22.12.95	3	0	0%	karl	Sumar 1996
Starfshópur um kynningarmál	22.12.95	3	1	33%	karl	
Starfshópur um afnám heilbrigðisskoðana	12.1.96	7	1		karl	Lok árs 1997
Starfshópur er undirbúi þál. um hvalveiðar	25.7.96	6	0	0%	karl	
Starfshópur um útstreymi koltvíoxíð o.a. frá fvfl.	16.9.96	6	0	0%	karl	
Starfshópur um Sjávarútvegsháskóla S.þ.	21.10.96	5	2	40%	karl	
Starfshópur um umhverfissamtök og áhrif þeirra	24.10.96	7	0	0%	karl	
Starfshópur um slægingu bolfisks, ísun ofl	14.11.96	10	0	0%	karl	
Nefnd um starfsumhverfi fiskvinnslunnar	15.11.96	5	1	20%	karl	
Verkefnisstjórn um faggildingu skoðunarstofa	2.12.96	6	0	0%	karl	Lok árs 1997
Starfshópur um viðskipti með aflaheimildir	20.1.97	5	0	0%	karl	
Starfshópur um drifða eignaraðild í sj.útv.fyrirt.	20.1.97	6	0	0%	karl	
Starfshópur um endurnýjunarreglur fiskiskipa	20.1.97	7	0	0%	karl	

Utanríkisráðuneytið

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Skipulag verslunar og þjónustu í Leifsstöð	05/02 1997	6	0	0	karl	Ágúst 1997
Kostnaðarlækkunarnefnd vegna varnarliðs	04/03 1995	4	0	0	karl	ótímasett
Forvalsnefnd vegna útboða	07/0 1997	4	0	0	karl	ótímasett
Habitat-nefndin	01/12 1995	5	1	0,2	kona	lokið störf.
Nefnd um aðstoð við Bostníu og Herseg.	06/03 1996	4		0	karl	Nefndin er að störfum
50 ára afmælisnefnd Sameinuðu þjóðanna	13/2 19 95	7	3	0,43	kona	lokið störf.
Starfsh.v. fyrirhugaðs sjávarútvegsskóla	21/06 1995	5	1	0,2	karl	lokið störf.
Verkefnaútfl.og fjárf. íslendinga erlendis	16/11 19 95	7	1	0,14	karl	1997
Íslensk þýðing EES samningsins á alnetið	17/2 1997	5	1	0,2	karl	1997

Umhverfisráðuneyti

Heiti/verkefni nefndar	Dagsetning skipunarbréfs	Fjöldi í nefnd	Þar af konur	Hlutfall	Formaður karl/kona	Áætluð verklok
Gæðamál í byggingariðnaði	26.6.96	5	0	0	Karl	
Samvinnunefnd um norðurmálefni	6.9.96	8	1	0,125	Karl	12.3.96
Þróun rammsamnings Sþ. um loftlagsbreytingar	8.6.96	6	0	0	Karl	
Endursk. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit	12.2.96	6	1	0,17	Karl	
Jarðskjálftavá	29.11.95	5	0	0	Karl	1.6.96
Reglugerð og leiðbeiningar um sund- og baðstaði	4.10.95	5	2	0,4	Kona	1996
Lög um stjórn náttúruverndarmála		4	1	0,25	Karl	Jan.96
Samein. Náttúrufr.st., ranns.st. við Mývatn, Veiðist. og Hreindýraráðs	29.3.96	4	1	0,25	Karl	Okt. 1996
Rammasamningur Sþ. um loftslagsbreytingar, Umsjónarnefnd	22.1.96	7	0	0%	Karl	
Frumv. til almennra laga um grennd og nábýli	15.5.96	4	1	25%	Karl	1.1.97
Endurm. starfsemi LÍSU (landfræðileg upplýsingakerfi)	25.10.96	5	1	20%	Karl	1.6.97
Tillögur um nýtingu villtra jurta	10.12.96	6	1	17%	Karl	1.5.97
Endurskoðun efnisákvæða náttúruverndarlaga	18.10.96	15	3	20%	Karl	18.10.96
Réttindi til hönnunar raflagnauppdrátta	23.9.96	6	0	0%	Karl	1.4.97
Flutningur Landmælinga frá Reykjavík til Akraness	2.9.96	6	0	0%	Karl	
Till. um staðsetningu náttúrustofu á Norðurlandi	16.10.96	3	0	0%	Karl	1.4.97
Till. um mótun stefnu í fjarkönnunarmálum.	20.12.96	10	0	0%	Karl	1.10.97
Frumv. til laga um meðferð brotamálma	20.1.97	8	1	12,50%	Karl	1.9.97
Stjórnsýslumörk hálendis		3	1	33%	Karl	
Umhverfisstefna í ríkisrekstri	5.6.96	4	1	25%	Karl	1.12.96
Málefni er v. Alþj. jarðfr.sambandið (IUGS)	6.2.97	5	1	20%	Karl	
Skipul. námsk. f. byggingarfulltr. um l. og rg.	17.2.97	4	0	0%	Karl	Haust 1997
Hundahald og varnir gegn sullaveiki ÍS	22.2.96	3	0	0%	Karl	Haust 1996
Endurskoðun á mjólkurreglugerð	18.9.95	5	1	20%	Karl	Vorið 1996
Ráðgj. v. úthlutun úr Veiðikortasjóði	12.9.96	3	0	0%	Karl	

II. HLUTI
Ráðningar og skipanir.

Forsætisráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Deildarstjóri, byggingadeild	1.7.96	Engin	0%	nei

Dóms og kirkjumálaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið				
Fulltrúi D. & L.	1.9.96	5	63%	nei
Skrifstofustjóri D. & L.	1.3.96			nei
Yfirlögregluþjónn	1.5.96			nei
Deildarstjóri-Borgarask.	1.5.96	1		já
Deildarstjóri - Lagasvið	1.6.96	1		já
Skrifstofustjóri D. & L.	1.8.96	3		já
Deildarsérfr.(ráðn.)	1.8.96			nei
Deildarsérfr. D.&L.(ráðn.)	1.8.96	9	25%	nei
Deildarstjóri .(ráðn.)	1.11.96	10		já
Sýslumannsemb. á Akranesi				
2 x lögreglumaður	1.11.95			nei
Varðstjóri	1.3.96			nei
Lögreglumaður	1.5.96			nei
Lögreglumaður	1.1.97			nei
	1.1.97			
Sýslumannsemb. í Borgarnes				
Lögreglumaður	1.1.97			nei
2 x lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. í Stykkishólmi				
Aðstoðarvarðstjóri	1.12.96	1	50%	nei
Lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. á Patreksfirði				
2 x lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. á Ísafirði				
4 x lögreglumaður	1.6.96			nei
Lögreglumaður	1.9.96			nei
Sýslumannsemb. á Hólmavík				
Sýslumaður	1.4.96			nei
Sýslumannsemb. á Blönduósi				
Lögreglumaður	1.1.96			nei
Sýslumannsemb. á Sauðárkróki				
Sýslumaður	1.2.96	1	6%	nei
Sýslumannsemb. á Siglufirði				
Lögreglumaður	1.11.96			nei
Sýslumannsemb. á Akureyri				
Yfirlögregluþjónn	1.8.95			nei
Lögregluvarðstjóri	1.9.95			nei
Aðstoðarvarðstjóri	1.11.95			nei
Sýslumaður	1.4.96			nei
2 x varðstjóri	1.6.96			nei
Lögreglumaður	1.8.96			nei

Sýslumannsemb. á Húsavík				
Varðstjóri	1.10.95			nei
Yfirlögregluþjónn	1.8.96			nei
Varðstjóri	1.10.96			nei
Varðstjóri	1.1.97			nei
Lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. á Seyðisfirði				
Lögregluvarðstjóri	1.9.95			nei
Sýslumannsemb. á Neskaupstað				
Aðstoðarvarðstjóri	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. í Vestmannaeyjum				
Lögreglumaður	1.1.97			nei
4 x lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. á Selfossi				
Yfirlögregluþjónn	1.7.96	1	5%	nei
Lögreglumaður	1.9.96	2	17%	nei
Aðstoðarvarðstjóri	1.9.96			nei
Lögreglumaður	1.1.97			nei
Sýslumannsemb. í Keflavík				
18 x lögreglumenn	1.3.96			nei
Rannsóknarlögreglum.	1.3.96			nei
Aðstoðarvarðstjóri	1.3.96			nei
Varðstjóri	1.3.97			nei
Sýslumannsemb. í Hafnarfirði				
Varðstjóri	1.5.96			nei
Rannsóknarlögreglum.	1.1.97			nei
3 x aðstoðarvarðstjórar	1.1.97			nei
Lögreglumaður	1.3.97			nei
Sýslumannsemb. í Kópavogi				
Aðstoðaryfirlögregluþj.	1.6.95			nei
Lögreglumaður	1.9.95			nei
Lögreglumaður	1.1.97			nei
Héraðsdómur Reykjavíkur				
Skrifstofustjóri	1.5.95			nei
5 x fulltrúi	1.5.95	3	60%	já
Héraðsdómari	1.5.96	9	53%	nei
Fulltrúi	1.9.96	1		já
Héraðsdómur Vesturlands				
Fulltrúi	1.5.95			nei
Héraðsdómur Vestfjarða				
Fulltrúi	1.5.95	1		já
Héraðsdómur Norðurlands eystra				
Fulltrúi	1.5.95			nei
Héraðsdómur Austurlands				
Fulltrúi	1.5.95			nei
Fulltrúi	1.12.95			nei
Héraðsdómur Reykjaness				
2 x fulltrúar	1.5.95	1	50%	já
Fulltrúi	1.8.96			nei
Ríkislögreglustjóri				
Ríkislögreglustjóri	1.12.96			nei
Lögreglustjóraemb. í Reykjavík				
5 x varðstjórar	1.6.95	1	4%	já
Aðstoðaryfirlögregluþj.	1.6.95			nei

6 x lögregluþjónar	1.8.95	2	33%	já
Lögreglumaður	1.10.95	1		já
2 x lögreglumenn	1.2.96			nei
3 x varðstjórar	1.3.96			nei
3 x ranns.lögreglum.	1.3.96	2	8%	nei
4 x ranns.lögreglumenn	1.8.96	2	9%	nei
Lögreglumaður	1.10.96			nei
2 x lögreglumenn	1.10.96			nei
2 x lögreglumenn	1.11.96			nei
Varðstjóri	1.11.96			nei
Varalögreglustjóri	1.12.96	3	33%	nei
Lögreglumaður	1.12.96			nei
9 ranns.lögreglumenn	1.1.96			nei
2 x lögreglumaður	1.1.97			nei
5 x fangaverðir	1.2.97	2	40%	já
Varðstjóri	1.3.97			nei
Rannsóknarlögregla ríkisins				
Ranns.lögreglumaður	1.4.95	5	28%	nei
Ranns.lögreglumaður	1.9.95	4	29%	nei
Ranns.lögreglumaður	1.12.95	1	8%	já
Ranns.lögreglumaður	1.1.97			nei
Lögregluskóli ríkisins				
Lögreglufulltrúi	1.10.96			nei
Fangelsin í Reykjavík og Kópavogi				
2 x fangavörður	1.1.97			nei
Fangelsið Litla-Hraun				
Aðstoðarvarðstjóri	1.11.96			nei
Forstöðumaður	1.3.97			nei
Umferðarráð				
Framkvæmdastjóri	1.3.96			nei
Almannavarnir ríkisins				
Framkvæmdastjóri	1.2.96	1	8%	já
Borgarfjarðarprófastsdæmi				
Prófastur	1.12.95			nei
Saurbær á Hvalfjarðarströnd				
Sóknarprestur	1.3.96	1	20%	nei
Staðastaður				
Sóknarprestur	1.6.96			nei
Setberg				
Sóknarprestur	1.10.95			nei
Tálknafjörður				
Sóknarprestur	1.2.96			nei
Þingeyri				
Sóknarprestur	1.6.96	1		já
Bolungarvík				
Sóknarprestur	1.10.95	1		já
Ólafsfjörður				
Sóknarprestur	1.5.95	1		já
Dalvík				
Sóknarprestur	1.2.97	3	60%	nei
Skinnastaður				
Sóknarprestur	1.2.96			nei

Raufarhöfn				
Sóknarprestur	1.2.96			nei
Skeggjastaðir				
Sóknarprestur	1.2.95	1		já
Seyðisfjörður				
Sóknarprestur	1.8.95	1		já
Bjarnanes				
Sóknarprestur	1.8.95			nei
Ásar				
Sóknarprestur	1.1.97	2		já
Árnesprófastsdæmi				
Prófastur	1.11.95			nei
Hruni				
Sóknarprestur	1.11.95	1	25%	nei
Hveragerði				
Sóknarprestur	1.6.95			nei
Þingvellir				
Sóknarprestur	1.12.96			nei
Kjalarnessprófastsdæmi				
Prófastur	1.2.97			nei
Langholtsprestakall				
Sóknarprestur	1.12.96			nei
Digranesprestakall				
Sóknarprestur	1.5.95			nei
Seljaprestakall				
Aðstoðarprestur	1.11.95			nei

Félagsmálaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Forstjóri Barnaverndarstofu	18.5.95	1	14%	Nei
Deildarsérfræðingur (1)	1.5.96			Já
Skrifstofustjóri (2)	15.8.96			Já
Verkefnisstjóri um starfsmat	1.10.96	11	92%	Já
Deildarsérfræðingur í sveitarstjórnarmálum	13.10.96	2	29%	Nei
Lögfræðingur í aðalskrifstofu	1.11.96	7	54%	Já
Deildarsérfræðingur í Vinnumálaskrifstofu	15.11.96	0	0%	Nei
Forstöðumaður Vinnumálaskrifstofu	1.12.96	6	32%	Nei

(1) Tímabundin ráðning í sérverkefni.
(2) Tímabundin setning í embætti.

Fjármálaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Skjalavörður	1.4.97	6	100%	Já
Fulltrúi	8.3.97	8	100%	Já
Sendimaður	20.2.96	..		Nei
Verkfræðingur	30.10.95	..		Nei
Stjórnsýslufræðingur	1.8.96	..		Nei
Lögfræðingur	1.5.95	..		Nei
Bókasafnsfræðingur	1.8.95	..		Já
Fulltrúar ráðnir til tímab.verkefna á starfsmannaskrifstofu - 6 konur og	Á árinu 1995	..		Já/Nei
Ríkisskattstjóri, settur	1.5.95	..		Nei
Forstöðumaður eftirlitsdeildar ríkistollstjóraembættisins, settur	15.11.96	..		Já
Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis, settur	1.1.96	..		Nei
Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis, skipaður	1.10.96	3	66%	Já
Skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra	1.2.96	1	25%	Nei

Hagstofa Íslands

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Stjórnarráðsfulltrúi, þjóðskrá	1.9.95	18	100%	já
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	1.2.96	3	17%	nei
Stjórnarráðsfulltrúi, þjóðskrá	20.2.96	69	96%	já
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	12.3.96	0	0%	nei
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	21.5.96	3	100%	já
Stjórnarráðsfulltrúi, hagskýrslusviði	28.5.96	23	88%	já
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	1.6.96	3	17%	já
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	11.10.96	7	22%	nei
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	29.10.96	7	22%	nei
Sérfræðingur, hagskýrslusviði	17.2.97	5	28%	já

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Deildarstjóri, almennri skrifstofu	1.10.96		43%	Já
Deildarstjóri fjármáladeild	1.3.97		14%	Já
Ráðuneytisstjóri	1.12.95		33%	Nei
Deildarstjóri lögfræðideild	1.11.96		14%	Já
Skrifstofustjóri lögfræðideild	1.1.96		37%	Já
Deildarstjóri fjármáladeild	1.8.96			Nei
Skrifstofustjóri áætlunar- og þróunarskrifstofu	1.2.97		35%	Nei
Stjórnarráðsfulltrúi	1.6.95		100%	Já

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Ráðherrabílstjóri	1.5.95	0	0%	Nei
Skjalavörður, bókasafnsfræðingur	1.7.95	4	80%	Já
Fulltrúi (ritari)	1.7.95	1	100%	Já
Deildarsérfræðingur, hagfræðinur	1.1.96	0	0%	Nei
Fulltrúi (símavarsla og afgreiðsla)	1.3.96	5	100%	Já
Deildarsérfræðingur, lögfræðingur	1.1.97	0	0%	Nei

Landbúnaðarráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Hagfræðingur	1.5.95	3	14%	Nei
Deildarstjóri búnaðarsviðs	1.9.96	0	0%	Nei

Menntamálaráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Deildarsérfræðingur í lista- og safnadeild	1.8.95	14	47%	já
Deildarstjóri í lista- og safnadeild	15.10.95	20	75%	já
Deildarsérf. í framhaldsskóla-og fullorðisfr.deild	12.2.96	3	17%	Nei
Faglegir umsjónarmenn við endurskoðun aðalnámskráa	1.9.96	25	57%	3 konur 4 karlar
Ritari	1.3.97	23	88%	Já
Deildarstjóri í fjárhagsdeild	22.10.97	9	50%	Nei
Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands	sk.1.9.'96	2	18	Nei
Forstöðumaður Listasafns Íslands	sk.1.3.'97	4	45%	Nei
Rektor Menntaskólans í Reykjavík	sk.1.8.'96	2	18%	Já
Rektor Menntaskólans við Hamrahlíð	sk.1.1.'97	3	38%	Nei
Skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum	sk.1.8.'96		0%	Nei
Skólameistari Framhaldsskólans á Laugum	sk.1.8.'95	1	50%	Nei
Skólameistari Borgarholtsskóla	sk.1.8.'96	2	11%	Já
Skólastjóri Hagaskóla	sk.1.9.'95		0%	Nei
Skólastjóri Melaskóla	sk.1.9.'95	1	33%	Já
Skólastjóri Smáraskóla	sk.1.8.'95	6	38%	Já
Skólastjóri Víðistaðaskóla	sk.1.8.'95		0%	Nei
Skólastjóri Grunnskólans í Mosvallahreppi	sk.1.8.'95	4	67%	Já
Skólastjóri Grunnskólans í Grímsey	sk.1.8.'95	1	33%	Nei
Skólastjóri Stórutjarnaskóla	sk.1.8.'95	5	55%	Nei
Skólastjóri Litlulaugaskóla	sk.1.8.'95	2	33%	Nei
Skólastjóri Grunnskólans í Gaulverjahreppi	sk.1.8.'95	4	50%	Nei
Skólastjóri Reykholtsskóla, Biskupstungum	sk.1.8.'95	2	33%	Nei
Lektor í sálarfræði við Kennaraháskóla Íslands	sk.1.6.'96	3	60%	Já
Lektor í dönsku við Kennaraháskóla Íslands	sk.1.8.'96	6	75%	Já
Lektor í fjárm.og alm. rekstrarhagfr.í viðskipta- og hagfræðid. Háskóla	sk.1.8.'95		0%	Nei
Dósent í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.1.'96		0%	Nei
Lektor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands	sk.1.1.'96	1	100%	Já
Lektor í stjórnun og stefnumótun í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla	sk.1.10.'95		0%	Nei
Lektor í barnasjúkdómafræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent í líffærameinafræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent í handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent í slysalækningum við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent í geislalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands	sk.1.7.'95		0%	Nei
Dósent við viðskipta-og hagfræðideild Háskóla Íslands	sk.1.1.'96		0%	Nei
Rannsóknaprófessor við Háskóla Íslands	ráðinn 1.2.'97	5	32%	Nei
Prófessor í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands	ráðinn 1.7.'96		0%	Nei
Dósent í sjúkdómafræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri 1)	sk.1.8.'94			Nei
Dósent í efnafræði við Háskólann á Akureyri 1)	sk.1.9.'95			Nei
Dósent við Kennaraháskóla Íslands 1)	sk.1.1.'95			Nei
Dósent við Kennaraháskóla Íslands 1)	ráðinn 1.1.'96			Nei
Prófessor í bókasafnsfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands 1)	ráðin 1.6.'96			Nei
Prófessor í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 1)	ráðinn 1.4.'96			Nei
Prófessor í aðgerðafræði við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslan	ráðinn 1.9.'95			Nei
Prófessor í stærðfræði við raunvísindadeild 1)	ráðinn 1.6.'96			Nei
Prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands 1)	ráðinn 1.2.'97			Nei
Prófessor í tónmennt við Kennaraháskóla Íslands 2)	sk.1.5.'96			Nei
Prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands	sk.1.9.'94			Nei
Prófessor í kirkjusögu við Háskóla Íslands 2)	sk.1.12.'94			Nei
Prófessor í heimspekideild Háskóla Íslands 2)	sk.1.4.'94			Nei
Prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands 2)	sk.1.12.'95			Nei
Prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands 2)	sk.1.1.'96			Nei
Prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands 2)	sk.1.7.'95			Nei
Prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands 2)	sk.1.4.'96			Nei
Prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands 2)	sk.1.11.'94			Nei
Prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands 2)	sk.1.6.'96			Nei
Prófessor í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands 2)	sk.1.6.'95			Nei
Prófessor í guðfræði við guðfræðideild Háskóla Íslands 2)	sk.1.8.'95			Nei
Prófessor í lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands 3)	sk.1.1.'95			Nei
Prófessor við líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands 3)	sk.1.11.'95			Nei

1)Háskólakennarar sem skipaðir/ráðnir hafa verið af ráðherra samkv.framgangskerfi viðk.háskóla
2)Prófessorar við háskóla sem skipaðir hafa verið af forseta Íslands eftir tillögu menntamálaráðherra.
3)Persónubundið prófessorsembætti

Samgönguráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Stöðvarstjóri Póst- og Símstöðvar	1.9.95	8	67	Já
Stöðvarstjóri Póst- og símstöðvar	1.9.95	1	33	Nei
Stöðvarstjóri Póst- og símstöðvar	1.10.95	7	100	Já
Stöðvarstjóri Póst- og símstöðvar	1.10.95	3	75	Já
Stöðvarstjóri Póst- og	1.11.95	2	67	Já
Stöðvarstjóri Póst- og símstöðvar	1.12.95	12	48	Já
Skrifstofustjóri Umdæmi I	1.1.96	4	36	Nei
Póst- og símamálastofnunar	1.6.96	0	0	Nei
Forstjóri Siglingast. Íslands	1.2.97	0	0	Nei
Fosrstöðum. Póst- og fjarskiptastofnunar	1.4.96	3	100	Já
Fulltrúi í afgreiðslu ráðuneytisins	1.5.96	0	0	Já
Deildarsérfræðingur fjármáladeild (tímab.)	1.4.96	0	0	Já
Deildarsérfræðingur stjórnsýsludeilar	1.8.96	10	53	Já
Deildarstjóri í stjórnsýsludeild	1.6.96	0	0	Nei
Deildarstjóri í samgöngudeild	1.6.96	0	0	Nei

Sjávarútvegsráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Aðstoðarforstjóri Rannsóknast. fiskiðnaðarins	1.1.96	1	7,00%	Nei
Aðstoðarmaður í afgreiðslu	15.7.96	4	100%	Já
Ráðherraritari - stjórnarrráðsritari	1.10.96	8	100%	Já
Sendill	1.1.97	20	25%	Nei
Starfsmaður Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar	Verið að ganga frá	5	45%	Já

Umhverfisráðuneyti

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Deildarstjóri alþjóðadeildar	1.8.95	18	28%	Nei
Deildarstjóri lögfræðideildar	1.8.95	20	63%	Já
Sérfræðingur í fráveitumálum	1.9.95	4	10%	Nei
Sérfræðingur í alþjóðadeild	1.12.95	27	42%	Já

Utanríkisráðuneytið

Stöðuheiti	Hvenær ráðið	Konur sem sóttu um	Hlutfall	Hlaut kona starfið?
Fulltrúi	1.6.95			já
Deildarsérfræðingur	1.6.95	46 af 123	37%	nei
Fulltrúi	1.10.95			já
Deildarsérfræðingur	1.1.96			nei
Deildarsérfræðingur	1.1.96			nei
Deildarstjóri	1.1.96			nei
Deildarstjóri	1.4.96			já
Deildarstjóri	1.5.96			já
Deildarsérfræðingur	1.5.96	3 af 8	37.50%	nei
Fulltrúi	1.6.96			já
Deildarsérfræðingur	1.12.96			já
Fulltrúi	1.1.97			já
Deildarsérfræðingur	1.1.97	11 af 26	46%	já
Deildarsérfræðingur 50% starf	1.3.97	17 af 37	46%	nei
Deildarsérfræðingur 75% starf	1.3.97	17 af 37	46%	já
Deildarsérfræðingur 50% starf	1.3.97	17 af 37	46%	nei

851. Tillaga til þingsályktunar [507. mál]

um takmörkun á hrossabeit og fjölda hrossa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar verði kynntar Alþingi fyrir þinglok vorið 1998.

Greinargerð.

Hrossum hér á landi hefur fjölgað ár frá ári frá 1970 að telja. Þá voru hross á vetrarfóðrum talin vera rúm 33 þúsund en á árinu 1995 var tala hrossa komin yfir 78 þúsund og er nú að líkindum um 80 þúsund. Yfir helmingur þessa fjölda er í tveimur kjördæmum, á Suðurlandi (um 26 þúsund) og á Norðurlandi vestra (um 20 þúsund).

Þessi mikla fjölgun hrossa hefur á ýmsum stöðum leitt til ofbeitar og landskemmda og með frekari fjölgun hrossa stefnir víða í algjört óefni. Tvær mikilvægar athuganir liggja nú fyrir þessu til staðfestingar, annars vegar víðtæk könnun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins á jarðvegsrofi á Íslandi (skýrsla í febrúar 1997), hins vegar mat sömu stofnana á ástandi hrossahaga (skýrslur á ráðunautafundi 1997). Verður hér gerð nokkur grein fyrir þessum úttektum þar eð þær snerta með beinum hætti efni þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Forkönnun á hrossahögum.

Kannanir voru gerðar á hrossahögum í 19 sýslum landsins á árunum 1995–96 og stóð Landgræðsla ríkisins að þeim í samráði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, félagssamtök hestamanna, bændasamtökin og ýmsa fleiri aðila. Þar var um eins konar forkönnun að ræða og land flokkað eftir ástandi samkvæmt kvarða sem þróaður hefur verið hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands. Höf.: Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir og Björn H. Barkarson. Apríl 1997). Skráðar voru allar jarðir þar sem matsmaður taldi að ástand lands væri slæmt, mjög slæmt eða land óhæft til beitar. Með þessum hætti var unnt að skoða margar jarðir á stuttum tíma. Í þessari forkönnun voru alls gerðar athugasemdir við ástand og nýtingu lands í vörslu 522 aðila sem samtals áttu 17.730 hross samkvæmt forðagæsluskýrslum. Þar af var ástand stórra svæða talið óviðunandi hjá 254 aðilum og voru þeir bæði í þéttbýli og dreifbýli. Um niðurstöður vísast í mynd og töflu sem birtar eru sem fylgiskjal II með tillögunni og fengnar eru úr samantekt eftir Björn H. Barkarson hjá Landgræðslu ríkisins. Þar kemur m.a. fram að ástand hrossahaga er verst í þremur sýslum, Skagafjarðarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Næsta skref könnunarinnar verður að skoða nánar þær jarðir þar sem athugasemdir voru gerðar í samvinnu við umráðaaðlila lands og hrossa svo og viðkomandi búnaðarsambönd. Verður reynt að benda bændum og hrossaeigendum þar sem beitarmál eru í ólestri á æskileg úrræði, m.a. að fækka óþarfa hrossum, friða land tímabundið og stjórna hrossabeit þannig að gróður haldi velli. Almennt þykir æskilegt að gróðurnýting í högum fari ekki yfir 50%.

Jarðvegsrof og hrossabeit.

Frá árinu 1990 hefur verið unnið að heimildasöfnun og kortlagningu á jarðvegsrofi hérlendis undir forustu dr. Ólafs Arnalds hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Með útgáfu á niðurstöðum er fenginn nýr og betri grunnur en áður til að byggja á við landgræðslu og jarðvegsvernd.Víða í skýrslunni Jarðvegsrof á Íslandi (febrúar 1997) er vikið að áhrifum hrossabeitar á gróður og jarðveg. Verður hér á eftir vitnað orðrétt í skýrsluna á nokkrum stöðum:

„Athygli vekur hve rofdílar eru algengir á grónu landi, en þeir eru fyrst og fremst afleiðing beitar. Þá sýnir rannsóknin að víða á sér stað alvarlegt rof í hlíðum landsins og að gæta þarf hófs við nýtingu þeirra. Sérstaklega er varasamt að beita hrossum á viðkvæmt gróðurlendi hlíðanna." (bls. 10)

„Það er nokkuð algeng skoðun hér á landi að jarðvegsvernd og landgræðsla felist fyrst og fremst í því að stöðva hraðfara gróðureyðingu. Jarðvegsvernd felst ekki síður í sjálfbærri landnýtingu þar sem ekki er gengið á landsins gæði. Friðun auðna og rofsvæða er eðlilegur þáttur í landgræðslustarfi, ásamt því að stuðla að skynsamlegri nýtingu, fræðslu, uppgræðslu, aukinni ábyrgð landeigenda og frumkvæði þeirra. Heildstæða jarðvegsverndaráætlun þarf að byggja á víðtækri þekkingu á gróðri, jarðvegi og jarðvegsrofi. Hún kallar á hvaðeina sem stuðlar að skynsamlegri nýtingu lands, verndun náttúruauðs og endurheimt landgæða, þar á meðal rannsóknir, stjórnun beitar, fræðslustarf, áætlanagerð og lagasetningu." (bls. 23)

„Á óvart kemur hve mikið rof er sums staðar í annars vel grónum dölum Borgarfjarðarsýslu. Rofið er oftast fólgið í rofdílum og jarðsili (rofdílar í grónum hlíðum) en þessar rofmyndir má fyrst og fremst rekja til beitar og er full ástæða til að hvetja til þess að hlíðar Borgarfjarðardala séu nýttar með varúð, sérstaklega snemma vors þegar jarðvegur er gljúpastur." (bls. 56)

„Jarðsil er einnig víða alvarlegt á Snæfellsnesi og í Dalasýslu. Þessar sýslur eru annars mjög vel grónar og því ber að taka þessar niðurstöður sem aðvörun um að verulegt gróðurlendi geti tapast að fullu á næstu áratugum ef þess verður ekki gætt að beita hlíðarnar hóflega. Beit stóðs í hlíðum ætti að vera bönnuð alls staðar á landinu." (bls. 57)

„Hrossabeit er farin að spilla högum í Húnavatnssýslum og gæti kastað rýrð á hina grænu ásýnd þeirra. Nokkuð víða er alvarlegt rof í hlíðum sökum hrossabeitar, sérstaklega í austursýslunni, en áður hefur verið fjallað um að slíkt rof getur auðveldlega valdið miklu tjóni á stuttum tíma, auk þess sem jarðsil í hlíðum eykur hættu á skriðuföllum." (bls. 62)

„Láglendi Skagafjarðar er vel gróið en hrossabeit veldur skemmdum á gróðri og jarðvegi á mörgrum jörðum. Ljóst er að beit hrossa er orðin mun meiri í Skagafirði en skynsamlegt getur talist. Beitarhólfin eru þó flest of lítil til þess að þau komi fram á kortlagningu í mælikvarðanum 1:100 000." (bls. 62)

Eyjafjörður: „Víða er mikið jarðsil í hlíðum, sem margar hverjar eru brattar og því mjög viðkvæmar. Áður var vikið að því að tengsl eru á milli skriðufalla, jarðsils og beitarþunga. Skriðuföll eru hluti af eðlilegri þróun í náttúrunni en tíðni margfaldast eftir því sem gengið er nær gróðrinum (sjá umfjöllun um jarðsil í 8. kafla). Flestir hreppar Eyjafjarðar skarta grænni gróðurkápu en Eyfirðingar ættu að huga vel að hlíðunum, eins og nýleg hrina skriðufalla sannar. Óhófleg hrossabeit í þessum hlíðum samræmist ekki skynsamlegri landnýtingu." (bls. 63)

„Á Sléttu, í Þistilfirði og við Bakkaflóa á sér stað mikil frostlyfting. Því eru þúfur oft áberandi og jarðsil mikið. Slík vistkerfi eru mjög viðkvæm og þola illa hrossabeit.“ (bls. 63)

„Hlíðar Austfjarðafjallanna eru víða illa grónar en þó standa eftir stakar torfur til vitnisburðar um gróðurlendi sem áður verndaði fyrir vatni og vindum. Í þessum hlíðum hefur átt sér stað mikið rof og þær eru mjög viðkvæmar fyrir beit. Draga ber úr beitarálagi undir eins og rofsár taka að myndast í þeim.“ (bls. 70)

„Flestir afrétta Sunnlendinga eru metnir óhæfir til beitar. ... Hrossabeit á láglendi er sums staðar það mikil á Suðurlandi að hún er tekin að valda eyðingu jarðvegs. Við kortlagningu eru ofbeitt hrossahólf einkum flokkuð sem rofdílasvæði með rofeinkunn 3.“ (bls. 76)

„Á Suðvesturlandi er rof yfirleitt lítið, ef Krísuvíkursvæðið og suðvesturhorn Reykjanesskagans er undanskilið. Mjög hefur dregið úr jarðvegsrofi eftir að sauðfé fækkaði og mörg rofsvæði hafa nú verið að fullu grædd af bæjarfélögum og áhugamannasamtökum. Hins vegar er hrossabeit farin að spilla landi á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í Mosfellsbæ og á Kjalarnesi.“ (bls. 76)

„Gróður og jarðvegur í hlíðum mynda vistkerfi sem er allajafna svo viðkvæmt að ekki ætti að beita þungum dýrum þar í miklum mæli, allra síst á vorin þegar jarðvegur er gljúpur. Vetrarbeit í hlíðum er mjög skaðleg og það er skoðun höfunda að setja ætti reglur sem takmarka hrossabeit í bröttum hlíðum.“ (bls. 95)

„Á mörgum afréttarsvæðum er ekki um annað að ræða en að hætta beit því nýtingin getur ekki talist réttlætanleg um fyrirsjáanlega framtíð. Dæmi um slík svæði eru flestir afréttir Rangárvallasýslu og Árnessýslu og afréttir norðanlands, allt frá Eyvindarstaðaheiði austur að Jökulsá á Brú.“ (bls. 108)

Framangreindar tilvitnanir, sem tengjast hrossabeit og gróður- og jarðvegseyðingu sem henni getur fylgt, fela í sér mikilsverðar ábendingar fyrir löggjafar- og framkvæmdarvald.

Hrossafjöldi verði í samræmi við landgæði.

Einkennandi fyrir hrossabúskap hérlendis síðustu áratugi er að hrossum hefur farið fjölgandi ár frá ári eins og lesa má úr töflu í fylgiskjali I. Álit þeirra sem rannsóknir stunda og fylgst hafa með ástandi jarðvegs og gróðurlenda er að hrossastofninn sé orðinn of stór miðað við núverandi beitarhætti. Eflaust mætti sums staðar létta á ofbeittum högum með bættri stjórnun beitar án þess að grípa til fækkunar hrossa, en það breytir ekki þeirri meginstaðreynd að stofninn er þegar orðinn of stór miðað við gróðurlendi og fer stækkandi að óbreyttu.

Dr. Ólafur Dýrmundsson, landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hefur margoft bent á þann vanda sem fylgir mikilli fjölgun hrossa í landinu. Í viðtali í Eiðfaxa, 1. tbl. 1997, sem ber yfirskriftina „Landskemmdir af völdum hrossabeitar“ segir Ólafur m.a. eftirfarandi:

„Ef landið er ofsetið þá verður hreinlega að fækka hrossunum, það verður að grisja stofninn þar sem þess er þörf. Þá þurfa hestamenn í þéttbýli að gæta hófs bæði í hrossarækt og hrossaeign almennt. ... Ég tel að félög hrossabænda og hestamanna þurfi að taka þessi beitarvandamál fastari tökum en verið hefur. Að vísu hafa margir einstaklingar úr röðum þessara aðila tekið undir okkar skoðanir á þessum málum. Meðal annars þarf að gæta hófs í hrossafjölgun og leggja áherslu á gæði hrossanna en ekki fjöldann. Samtök hestamanna hafa líka tekið undir það almennt að gæta hófs um beitina. Þó hefur mér

fundist skorta á, einkum hjá Félagi hrossabænda, að kveða upp úr um að stöðug fjölgun hrossa þjóni engum tilgangi og hún geti verið skaðleg á sumum stöðum. Að gæta verði hófs í ásetningi folalda og að grisja miskunnarlaust og segja þetta opinberlega. Ekki að líta á þetta sem eitthvert feimnismál. Eitt er víst að þessi vandamál sem nú eru komin upp má flest rekja til þess að menn hafa séð gull og græna skóga í fjölgun hrossa."

Þess má geta að haldi fjölgun hrossa áfram með viðlíka hætti og sl. tíu ár (4,2% á ári að meðaltali) yrði hrossafjöldinn í landinu kominn í um 200 þúsund að 20 árum liðnum.

Markmiðið um sjálfbæra landnýtingu er alvörumál.

Með rannsóknum á jarðvegi og ástandi gróðurs hérlendis hefur nú verið lagður sæmilegur grunnur til að meta þessa þætti og stunda eðlilega vöktun af hálfu notenda lands og eftirlitsaðila. Rannsóknir þarf þó að efla til mikilla muna og m.a. tengja þær ráðgjöf um beitarstjórnun og bætta meðferð landsins.

Búskaparhættir hafa gjörbreyst hér á landi frá því sem áður var samfara stóraukinni ræktun til heyskapar og beitar. Vetrarbeit sauðfjár heyrir að mestu sögunni til og hrossum er gefið meira en áður var. Nautgripir ganga að mestu á ræktuðu landi og sauðfé er einnig beitt á ræktað land vor og haust. Mestu munar um stórfellda fækkun sauðfjár úr um 900 þúsund á vetrarfóðrum árið 1978 niður í 460 þúsund árið 1995. Þó er enn víða stundaður sauðfjárbúskapur þar sem engar forsendur er til þess út frá ástandi bithaga. Á sama tíma hefur fjöldi hrossa hátt í þrefaldast og hafa hross aldrei verið svo mörg í landinu að vitað sé. Talið er að þau taki a.m.k. eins mikið í úthagabeit og sauðfé, en dreifing og plöntuval er með öðrum hætti. Þótt heildarfjöldi hrossa liggi fyrir er þörf á markvissri úttekt á hrossabúskap og hrossaeign með tilliti til landkosta jarða og afrétta.

Þær breytingar á búskaparháttum sem að ofan er lýst hafa ekki orðið með hliðsjón af ástandi gróðurlendis í úthaga og á afréttum heldur hafa þar önnur öfl verið ráðandi. Stjórnlaus fjölgun hrossa er skýrt dæmi um þetta. Menn þurfa einnig að gera ráð fyrir að veðurfar geti snúist til hins verra og að mat á beitarþoli og ásetningur verða að miðast við það sem landið getur sæmilega borið í hörðum árum.

Virk stjórntæki, leiðsögn og skýr stefna þurfa að koma til ef tryggja á sjálfbæra þróun gróðurríkis landsins og eðlilega undirstöðu fyrir beit. Við þá stefnumótun þarf vissulega að líta á beitarálag alls búfénaðar sem og annarra grasbíta í heild.

Með þeirri tillögu sem hér er flutt er sjónum sérstaklega beint að hrossabúskap í landinu og lýst eftir tillögum frá stjórnvöldum til að takmarka frekari fjölgun hrossa og ofbeit af þeirra völdum.

Fylgiskjal I.

Úr Hagtölum landbúnaðarins 1996.

Fjöldi hrossa í einstökum landshlutum árið 1995.

Landshlutar	Hross
Reykjanessvæði	9.150
Vesturland	10.626
Vestfirðir	1.161
Norðurland vestra	19.930
Norðurland eystra	6.834
Austurland	4.636
Suðurland	25.864
Samtals	**78.201**

Fjöldi hrossa árin 1970–95.

Ár	Hross
1970	33.472
1975	46.925
1978	51.019
1980	52.346
1984	52.245
1985	54.132
1986	56.406
1987	59.319
1988	63.531
1989	69.238
1990	72.030
1991	74.067
1992	75.171
1993	76.726
1994	78.517
1995	78.201

Fylgiskjal II.

Björn H. Barkarson:

Úr Forkönnun á hrossahögum. Ráðunautafundur 1997.

Fjöldi jarða eftir sýslum og stærð lands sem fékk athugasemd í forkönnun 1995 og 1996.



Hrossaeign þeirra aðila sem fengu athugasemd vegna ástands lands í forkönnun 1995 og 1996.

Allt landið	Fjöldi aðila 0 hross	1–20 hross	>20 hross	Hross alls
Stór hluti jarðar	2	6	53	3.658
Stór hólf	19	65	109	6.866
Fáeinir hektarar	17	60	69	3.762
Smá hólf	10	52	60	3.444
Alls	**48**	**183**	**291**	**17.730**

Fylgiskjal III.

Svör við könnun Búnaðarfélags Íslands á húsakosti fyrir hross (hlutfall sveitarfélaga sem svöruðu 51%).
(Freyr, 9. tbl. 1995. Húsakostur fyrir hross, bls. 365.)

Landshluti	Fjöldi hrossa svör	Hús %	Gott skjól %	Hvorugt %
Suðvesturland	7.240	100		
Vesturland	5.814	86	1	13
Vestfirðir	530	98	1	1
Norðvesturland	8.973	70	12	18
Norðausturland	1.715	94	4	2
Austurland	1.178	84	3	13
Suðurland	9.862	59	26	15
Samtals	**35.312**	**78**	**11**	**11**

Fylgiskjal IV.

Fjöldi hrossa í landinu 1970–1994 og horfur framundan.
(Landgræðslufréttir. Landgræðsla ríkisins. 1. tbl. 5 árg. 1995.)



Fjöldi hrossa í landinu 1970–94 og áætlun um fjölda til 2010 miðað við meðalfjölgun síðustu fimm ára (ljósar súlur) og miðað við meðalfjölgun síðustu tíu ára (dökk viðbót).

852. Svar [406. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja.

Óskað var umsagnar Ríkisútvarpsins sem svaraði einstökum töluliðum fyrirspurnarinnar á þessa leið:

1. *Hversu margir elli- og örorkulífeyrisþegar misstu undanþágu frá greiðslu afnotagjalda Ríkisútvarpsins árið 1995?*

Fyrir utan látna voru örfáir sem féllu út en 1.412 fengu niðurfellingu í viðbót við þá 8.163 sem fyrir voru.

2. *Hversu margir úr sama hópi misstu undanþáguna árið 1996?*

Fyrir utan látna voru örfáir sem féllu út en 598 fengu niðurfellingu til viðbótar við þá 9.575 sem fyrir voru.

3. *Hvaða breytingum er gert ráð fyrir árið 1997 og hvers vegna?*

Niðurfellingar til handa öldruðum og öryrkjum miðast við upplýsingar um frekari uppbót á örorku- eða ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Á miðju ári 1996 var reglum breytt á þann hátt að þessi bótaréttur var skertur og leiddi það til þess að hópur þeirra sem notið hafa niðurfellingar á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins minnkaði verulega. Ríkisútvarpið ákvað að fresta gjaldtöku vegna þessa fram yfir áramótin 1996/1997. Í byrjun árs 1997 voru 2.800 undanþágur felldar niður samkvæmt nýjum upplýsingum frá Tryggingastofnun. Hins vegar var ákveðið að innheimta ekki gjöld hjá þeim sem fæddir eru 1910 eða fyrr og voru það um 800 aðilar. Taka ber fram að einhver hluti þess hóps sem missti undanþáguna greiðir áfram engin afnotagjöld þar sem aðstæður hafa breyst frá því að undanþága var veitt, t.d. þeir sem búa á heimili þar sem einhver annar greiðir afnotagjald eða ef viðkomandi býr nú á vistheimili eða hæli sem nýtur undanþágu.

Nú þegar hefur þeim sem njóta niðurfellingar fjölgað um 200 frá áramótum og af þeim 1.930 sem fengu reikninga í janúar fengu 1.430 reikninga í mars.

4. *Hverjar verða breytingar á útgjöldum Ríkisútvarpsins eða ríkissjóðs á þessu ári samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum um eftirgjöf afnotagjalda?*

Í tekjuáætlun Ríkisútvarpsins fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir um 1.000 nýjum, fullinnheimtum afnotagjöldum vegna þessa og nema þau um 24 millj. kr. Af þeim rennur 14% virðisaukaskattur til ríkissjóðs, sem gerir um 3 millj. kr. Aukakostnaður vegna þessara afnotagjalda fellur inn í heildarkostnað við innheimtu afnotagjalda hjá um 80.000 gjaldendum.

853. Breytingartillaga [31. mál]

við frv. til l. um helgidagafrið.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Orðin „til kl. 6.00 að morgni næsta dags“ í 2. tölul. 2. gr. falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að helgi föstudagsins langa nái fram til miðnættis í stað kl. 6.00 að morgni næsta dags eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og helgi föstudagsins langa, páskadags og hvítasunnudags verði þannig jafngild. Í nefndaráliti allsherjarnefndar um málið kemur fram sú skoðun nefndarinnar að rétt sé að hafa víðtækari heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska þar sem það er sá tími sem algengt er að fjölskyldur nýti til ferðalaga og afþreyingar. Jafnframt er nauðsynlegt að benda á að víða um land hefur tíðkast að dansleikir hefjist á miðnætti föstudagsins langa og er slíkt dansleikjahald hluti af löngu viðurkenndri hefð og þáttur í ferðaþjónustu sem landsbyggðin veitir á páskum.

854. Frumvarp til laga [508. mál]

um lægstu laun á vinnustöðum.

Flm.: Gísli S. Einarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Ágúst Einarsson.

1. gr.

Markmið þessara laga er að veita upplýsingar um lágmarkslaun á vinnustöðum og lágmarksgreiðslur til bótaþega.

2. gr.

Öllum fyrirtækjum á Íslandi er skylt að auglýsa í samráði við stéttarfélög lægsta greitt tímakaup innan fyrirtækisins og lægstu mánaðarlaun sem fyrirtækið greiðir. Einnig skal birta upplýsingar um lágmarksgreiðslur til örorku- og bótaþega í þeim stofnunum sem með þau mál fara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í umræðunni um lágmarkslaun á Íslandi hefur ítrekað komið fram misskilningur um hver séu lægstu laun. Einnig hafa fyrirtæki talið sig greiða hærri laun fyrir unna vinnustund en taxtar gera ráð fyrir.

Birting greiddra lágmarkslauna innan fyrirtækja stuðlar að því að viðskiptavinir og aðrir hafi óyggjandi upplýsingar um hver þau eru.

Meginástæða fyrir flutningi þessa frumvarps er að það mun skapa aðhald og taka af tvímæli um greidd laun í landinu og eyða þannig sögusögnum sem hafa verið á reiki um grunnlaun fyrir unna vinnustund til þeirra sem lægst hafa laun. Einnig hefur verið ómarkviss umræða um greiðslur til bótaþega og svonefnda dagpeningagreiðslu til aldraðra og öryrkja á stofnunum sem fá bætur til ráðstöfunar.

855. Frumvarp til sóttvarnalaga. [191. mál]

(Eftir 2. umr., 2. apríl.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Almennar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem lög þessi kveða á um að ávallt skuli beita vegna smitsjúkdóma.

Opinberar sóttvarnir eru þær ráðstafanir sem skal beita vegna hættulegra smitsjúkdóma:

1. þegar hætta er á að farsóttir berist til eða frá Íslandi,
2. þegar hætta er á útbreiðslu farsótta innan lands,
3. þegar smitaður einstaklingur skapar hættu á útbreiðslu smits með framferði sínu.

2. gr.

Lög þessi fjalla um smitsjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo og aðrar alvarlegar næmar sóttir. Með smitsjúkdómum er átt við sjúkdóma eða smitun sem smitefni, örverur og eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýr valda.

3. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. Af skráningarskyldum smitsjúkdómum eru þeir sjúkdómar tilkynningarskyldir sem ógnað geta almannaheill.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar, en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda honum persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisaðgerða, sbr. 2. tölul. 5. gr., og er til stuðnings sóttvarnastarfi og faraldsfræðirannsóknum. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og um aðrar sjúkraskrár.

II. KAFLI
Yfirstjórn sóttvarna.

4. gr.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Til embættis landlæknis skal ráða lækni, sóttvarnalækni, til að sinna sóttvörnum. Læknir þessi skal hafa þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra.

Sóttvarnalæknir skal í starfi sínu hafa samvinnu við héraðslækna, aðra starfsmenn og stofnanir heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisnefndir og yfirdýralækni eftir því sem við á.

Héraðslæknar eru ábyrgir fyrir sóttvörnum, hver í sínu héraði, undir stjórn sóttvarnalæknis.

Héraðslæknar og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögregluyfirvalda ef með þarf.

5. gr.

Verksvið sóttvarnalæknis er aðallega eftirfarandi:

1. Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
2. Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
3. Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, með reglubundnum hætti og eftir þörfum til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
4. Að vera læknum og öðrum, sem við sóttvarnir fást, til ráðgjafar.
5. Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. upplýsingum og fræðslu til almennings um þessi efni.

6. gr.

Ráðherra skal skipa sjö manna ráð, sóttvarnaráð, til fjögurra ára í senn. Þar skulu eiga sæti sérfræðingar á sviði smitsjúkdómalækninga, bakteríufræði, veirufræði, kynsjúkdóma og faraldsfræði/heilbrigðisfræði, heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu á sviði sóttvarna. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Þegar fjallað er um mál í sóttvarnaráði, sem tengjast starfssviði Hollustuverndar ríkisins eða embættis yfirdýralæknis, skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi ráðsins, eftir því sem við á, með málfrelsi og tillögurétti.

Sóttvarnaráð mótar stefnu í sóttvörnum og skal vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma.

Ráðið skal hafa aðsetur hjá embætti landlæknis og skal sóttvarnalæknir vera ritari þess.

III. KAFLI
Almennar sóttvarnaráðstafanir.

1. Skyldur einstaklinga.

7. gr.

Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við smitsjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er.

Hver sá sem hefur ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum er skyldur að leita læknis án tafar. Leiði læknisrannsókn í ljós að um slíkan sjúkdóm sé að ræða er viðkomandi skyldur að fylgja fyrirmælum læknis um meðferð og ráðstafanir til að fyrirbyggja smitun.

Ef læknir telur mikilvægt að rekja smit til að hefta frekari útbreiðslu þess ber sjúklingi skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar um það af hverjum hann gæti hafa smitast, svo og hverja hann kann að hafa smitað. Komi læknirinn því ekki við ber honum að vísa sjúklingi til stofnunar sem aðstöðu hefur til að rekja smit. Skylt er hlutaðeigendum að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar rannsóknir til varnar útbreiðslu smits frá sjúklingi.

2. Skyldur lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.

8. gr.

Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu í starfi sínu hafa vakandi auga með smitsjúkdómum og útbreiðslu þeirra.

9. gr.

Læknir, sem kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur rökstuddan grun um að svo sé, skal þegar í stað tilkynna það viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni.

Hliðstæð skylda hvílir á forstöðumönnum rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Rannsóknastofur, sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lög þessi taka til, skulu hafa starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að aðstoða viðkomandi héraðslækni og sóttvarnalækni, m.a. með því að veita upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna sóttvarna.

10. gr.

Hafi læknir, sem hefur sjúkling til meðferðar sem haldinn er smitsjúkdómi, rökstuddan grun eða vitneskju um að sjúklingurinn fylgi ekki fyrirmælum sem honum voru sett um umgengni og meðferð skal hann tilkynna það þegar í stað til viðkomandi héraðslæknis eða sóttvarnalæknis.

3. Skyldur heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnda og dýralækna.

11. gr.

Heilbrigðisfulltrúar og formenn heilbrigðisnefnda, samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og dýralæknar skulu tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og þeir hafa orðið varir við hugsanlega smithættu. Héraðslæknir eða sóttvarnalæknir skal á sama hátt tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd eða dýralækni, eftir því sem við á, strax og þeim verður kunnugt um smithættu. Sóttvarnalæknir skal gefa

heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að til viðeigandi ráðstafana sé gripið.

Heilbrigðisnefndir, heilbrigðisfulltrúar og dýralæknar skulu aðstoða við sóttvarnir og gefa nauðsynleg fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir ef hætta er á að dýr, matvæli, vatn, skolplagnir, loftræsting eða annað í umhverfinu dreifi eða geti dreift smitnæmum sjúkdómum.

IV. KAFLI
Opinberar sóttvarnaráðstafanir.

1. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum innan lands.

12. gr.

Ef tilkynningar til sóttvarnalæknis um smitsjúkdóma benda til að farsótt sé yfirvofandi skal hann þegar í stað gera heilbrigðisráðherra viðvart.

Ráðherra ákveður að tillögu sóttvarnaráðs hvort grípa skuli til opinberra sóttvarnaráðstafana, svo sem ónæmisaðgerða, einangrunar smitaðra, sótthreinsunar, afkvíunar byggðarlaga eða landsins alls, lokunar skóla eða samkomubanns. Sóttvarnalæknir eða héraðslæknar geta beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrir fram ef þeir telja að hvers konar töf sé hættuleg, en gera skulu þeir ráðherra jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

2. Sóttvarnaráðstafanir vegna hættu á farsóttum til eða frá Íslandi.

13. gr.

Um sóttvarnaráðstafanir, sem grípa má til vegna hættu á farsóttum frá útlöndum eða frá Íslandi til útlanda, skal setja reglugerð í samræmi við efni þeirra alþjóðasamninga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

3. Aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum.

14. gr.

Nú telur sóttvarnalæknir er honum berst tilkynning um smitsjúkdóm að grípa þurfi til frekari ráðstafana en læknir hefur þegar gert til þess að fyrirbyggja eða hefta útbreiðslu smitunar sem ógnað getur almannaheill. Skal hann þá í samráði við héraðslækni sjá til þess að til slíkra aðgerða sé gripið. Takist ekki samstarf við viðkomandi aðila getur hann, ef þurfa þykir, leitað aðstoðar lögregluyfirvalda vegna aðgerða til varnar smiti. Héraðslæknir getur einnig gripið til slíkra aðgerða í forföllum sóttvarnalæknis.

Með aðgerðum er átt við læknisrannsókn, einangrun hins smitaða á sjúkrahúsi og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir. Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti.

Ákvörðun sóttvarnalæknis eða héraðslæknis um aðgerðir af þessu tagi má kæra til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Kæra frestar ekki framkvæmd.

15. gr.

Ef maður, haldinn smitsjúkdómi, fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra eða rökstuddur grunur er um að hann hafi ekki fylgt slíkum reglum getur sóttvarnalæknir ákveðið að hann skuli lagður inn á sjúkrahús í einangrun eða að hann skuli einangraður með öðrum hætti.

Telji sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einstaklingur sé settur í einangrun skv. 14. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar og framkvæmdin er í andstöðu við hinn smitaða skal sóttvarna-

læknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóm í því umdæmi þar sem hinn smitaði dvelst þegar einangrunar er krafist. Í kröfu sóttvarnalæknis skal koma fram ítarleg lýsing á málavöxtum og nauðsyn einangrunar og tiltekinn sá tími sem einangrun er ætlað að vara, auk annarra gagna sem málið kunna að varða. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og skipa þeim er sætir einangrun talsmann, ef hann óskar þess, samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður. Dómari getur aflað gagna af sjálfsdáðum. Dómari kveður síðan upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn, en ef sóttvarnalæknir telur nauðsynlegt að hún vari lengur skal hann að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Málsmeðferð fyrir dómi frestar ekki framkvæmd einangrunar.

Dómsathöfnum þeim, sem um ræðir í 2. mgr., má skjóta til Hæstaréttar með kæru og fer um hana eftir almennum reglum um kæru í einkamálum eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd einangrunar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Starfrækja skal göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma sem veita meðferð og rekja smitleiðir.

Á sjúkrahúsum, sem heilbrigðisráðherra ákveður, skal vera aðstaða til einangrunar þeirra sem eru til rannsóknar eða meðferðar vegna smitsjúkdóma eða gruns um smitsjúkdóm.

Heilbrigðisráðherra getur falið ákveðnum rannsóknastofum að ábyrgjast greiningu örvera eða sníkjudýra úr sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma og fylgjast með ónæmisástandi einstaklinga gegn þýðingarmiklum smitnæmum sjúkdómum.

17. gr.

Allur kostnaður, sem hlýst af framkvæmd laga þessara, skal greiðast eins og annar sjúkra- og lækniskostnaður. Greiðsluhlutdeild sjúklinga skal fylgja almennum reglum um það efni. Heimilt er þó að undanþiggja greiðsluhlutdeild sjúklinga sem leita til sérdeilda sem stunda forvarnir og sjúklinga sem boðaðir eru til skoðunar vegna leitar að smitberum.

18. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um fyrirkomulag skráninga og tilkynninga skv. 3. gr., starfsemi rannsóknastofa sem fást við rannsóknir á sýnum frá sjúklingum með smitsjúkdóma sem lögin taka til skv. 9. gr., opinberar sóttvarnaráðstafanir skv. 12. gr., starfsemi göngudeilda skv. 16. gr. og hvaða deildir geti veitt þjónustu, sjúklingum að kostnaðarlausu, skv. 17. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglur ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana vegna sóttvarna við náttúruhamfarir og að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi eftirfarandi lög:

1. Berklavarnalög, nr. 66 31. desember 1939.
2. Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, nr. 70 7. maí 1940.
3. Sóttvarnarlög, nr. 34 12. apríl 1954.
4. Farsóttalög, nr. 10 19. mars 1958.
5. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum, nr. 16 28. apríl 1978, sbr. breyting á þeim lögum nr. 7 7. apríl 1986.

856. Fyrirspurn [509. mál]

til fjármálaráðherra um álagningarstofn skatta hjá nokkrum stéttum o.fl.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var heildarálagningarstofn til útsvars, eignar- og tekjuskatts sundurliðað eftir stéttum hjá verkfræðingum, tannlæknum, arkitektum, lögfræðingum og lyfjafræðingum við álagningu skatta árin 1994–96? Hvað eru margir í hverri stétt samkvæmt skattframtölum hvert þessara ára?
2. Hverjar voru framtaldar heildareignir og -tekjur framangreindra stétta, sundurliðað eftir stéttum og fjölda í hverri stétt, tekjuárin 1993, 1994 og 1995? Hvernig skiptust heildartekjur milli:
   a. rekstrarkostnaðar,
   b. framtalinna launa?
3. Hver var hlutur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga álagningarárin 1994–96 og hver er fjöldi þeirra samkvæmt skattframtölum þessi ár?

Skriflegt svar óskast.

857. Fyrirspurn [510. mál]

til fjármálaráðherra um heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna menntunar barna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hversu margir nýttu sér heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna verulegra útgjalda við menntun barna sinna, 16 ára og eldri, árin 1994, 1995 og 1996, sundurliðað eftir árum?

2. Hver var heildarfjárhæð þessarar skattaívilnunar á hverju ári fyrir sig og hvað lækkaði skattbyrði þeirra að meðaltali sem fengu slíkan frádrátt?
3. Hversu margir áttu rétt á slíkri skattaívilnun vegna menntunar barna á þessum árum?
4. Hversu margir á aldrinum 16–20 ára voru með tekjur undir viðmiðunarmörkum svo heimilt var að veita lækkun á tekjuskattsstofni skv. 4. tölul. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og hver var ónýttur persónuafsláttur þeirra árin 1994–96?

Skriflegt svar óskast.

858. Fyrirspurn [511. mál]

til dómsmálaráðherra um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

1. Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg skip á miðunum frá ársbyrjun 1994 til þessa dags?
2. Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir
   a. um öryggisbúnað,
   b. um lögskráningu,
   c. um athugun á veiðarfærum?
3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er, hve oft og hve mörg skip?
4. Hvernig hefur verið tekið á ítrekuðum brotum? Hvað mörg slík mál hafa verið afgreidd og hve mörg eru óafgreidd?

859. Fyrirspurn [512. mál]

til heilbrigðisráðherra um fjölda fæðinga og kostnað við þær.

Frá Svanfríði Jónasdóttur.

1. Hver hefur verið fjöldi fæðinga frá árinu 1990 í
   a. heimahúsum,
   b. héraðssjúkrahúsum,
   c. hátæknisjúkrahúsum?
2. Hver er kostnaður ríkisins af „eðlilegum“ fæðingum í
   a. heimahúsum,
   b. héraðssjúkrahúsum,
   c. hátæknisjúkrahúsum?
3. Hver hefur orðið fjölgun keisaraskurða á sama tíma?

Skriflegt svar óskast.

860. Fyrirspurn [513. mál]

til heilbrigðisráðherra um læknis- og lyfjakostnað.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins árin 1993–96 í:
   a. kostnaði við heimilislækningar,
   b. kostnaði við sérfræðiþjónustu lækna,
   c. lyfjakostnaði,
   d. tannlæknakostnaði?

   Svar óskast sundurgreint eftir fjölda lækna og greiðslum Tryggingastofnunar til þeirra á núgildandi verðlagi.

   Hverjar eru helstu skýringar ef um er að ræða útgjaldabreytingar milli ára umfram verðlagsþróun? Hver var þátttaka sjúklinga í heildarlæknis- og lyfjakostnaði árin 1993–96 skv. a–c-lið og sem hlutfall af heildarlæknis- og lyfjakostnaði? – Upphæðir óskast tilgreindar á núgildandi verðlagi, sundurliðaðar eftir árum.
2. Hver hefur orðið hlutfallsleg hækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga á framangreindu tímabili miðað við grunnhækkun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar?

Skriflegt svar óskast.

861. Tillaga til þingsályktunar [514. mál]

um upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að veita alþingismönnum, og um leið almenningi, þær upplýsingar sem hann hefur verið inntur eftir í skriflegri fyrirspurn á Alþingi og varða ríkisfyrirtækið Póst og síma hf. og sem honum ber að veita samkvæmt lögum, m.a. lögum um hlutafélög, lögum um ársreikninga, stjórnarskrá og þingskapalögum.

Greinargerð.

Á Alþingi hefur verið hægt að fá upplýsingar um helstu málefni fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins. Þingmenn hafa getað kallað eftir upplýsingum um þau með fyrirspurnum til þess ráðherra sem stofnunin eða fyrirtækið heyrir undir. Þannig hafa þau verið öllum eigendum opinber.

Þessi réttur hefur verið tryggður í stjórnarskránni og frekar í þingsköpum Alþingis. Á þennan rétt reyndi nú á dögunum er lögð var fram fyrirspurn til samgönguráðherra um starfskjör yfirmanna Pósts og síma fyrir og eftir formbreytinguna í hlutafélag.

Fyrirspurnin var borin fram til þess að fá upplýsingar um hvort verulegar breytingar hefðu orðið á launakjörum við formbreytinguna. Ráðherra veitti upplýsingarnar sem

sneru að ríkisfyrirtækinu áður en það varð að hlutafélagi en kvaðst ekki hafa upplýsingar um Póst og síma hf. og taldi sér ekki fært að krefjast þeirra. Starfskjör væru trúnaðarmál milli stjórnar og starfsmanna.

Þessi þingsályktun snýst um grundvallarmál sem er upplýsingaskylda ráðherra um opinber málefni gagnvart alþingismönnum. Samkvæmt 54. gr. stjórnarskrárinnar er alþingismönnum heimilt með leyfi Alþingis að óska eftir upplýsingum frá ráðherra um opinbert málefni. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er ítrekað í lögum um þingsköp Alþingis, í 49. gr. Fyrirspurnin var borin fram með venjubundnum hætti og er alveg ljóst að hún styðst bæði við stjórnarskrá og þingsköp og ráðherra ber að svara eftir því sem hann hefur tök á.

Algengt er erlendis að birta launakjör æðstu manna í fyrirtækjum og stofnunum. Fyrirspurnir um launamál eru ekki óalgengar á Alþingi, sbr. fyrirspurnir um kjör bankastjóra, en reglulega er upplýst um heildarkjör þeirra. Þannig var fyrirspurnin um starfskjör yfirmanna Pósts og síma. Veittar voru upplýsingar um launakjör fyrir breytinguna í hlutafélag en ekki eftir formbreytingu fyrirtækisins.

Formbreytingin breytir ekki upplýsingaskyldunni að mati lögfræðinga. Hluthafi í fyrirtæki hefur ákveðin réttindi samkvæmt hlutafjárlögum til að óska eftir upplýsingum. Hluthafinn er einn í þessu tilviki, þ.e. ríkissjóður, og samgönguráðherra fer með þann hlut. Hann hefur rétt til að afla upplýsinganna, gagnstætt því sem segir í skriflegu svari hans við fyrirspurn flutningsmanns.

Samkvæmt hlutafélagalögum er kveðið á um rétt hluthafa til að kalla saman aukahluthafafund ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi (85. og 86 gr.). Hluthafinn eini, þ.e. samgönguráðherra sem fer með hlutabréf ríkissjóðs, getur haldið fund hvenær sem hann óskar þess og krafið stjórn um upplýsingar er varða rekstur fyrirtækisins.

Í lögum um ársreikninga er einnig kveðið á um þennan rétt til upplýsinga af því tagi sem fyrirspurnin til samgönguráðherra tekur til bæði í 36. gr. og 48. gr. en þar segir að laun stjórnenda skuli birt. Sömuleiðis kveða þau á um skýlausan rétt hluthafa til að óska eftir upplýsingum um þetta og önnur efni sem varða félagið.

Sambærileg ákvæði eru í lögum um viðskiptabanka. Framkvæmdin hefur verið sú að sérstakur liður er í ársreikningi þar sem tilgreind eru heildarlaun framkvæmdastjóra og stjórnar.

Í umræðum á Alþingi um stofnun hlutafélags um Landsbanka og Búnaðarbanka 13. mars sl. sagði viðskiptaráðherra, aðspurður, að hann væri þeirrar skoðunar að Alþingi ætti að hafa aðgang að upplýsingum um kjör yfirmanna ríkisbankanna sem hlutafélaga, ekki síst á meðan ríkið ætti 100% hlut í þeim. Í máli sínu vitnaði hann í sömu lög og lagagreinar og hér hafa verið nefnd að framan í greinargerðinni.

Þessi þingsályktunartillaga snýst ekki um launakjör hjá hlutafélaginu Pósti og síma hf. nema að litlu leyti heldur fyrst og fremst um samband löggjafarvalds og framkvæmdarvaldsins og hvernig ber að líta á upplýsingaskyldu um ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélag.

Í svari samgönguráðherra segir að ráðuneytið hafi ekki skipunarvald í málefnum Pósts og síma hf. og öll stjórnsýsluleg tengsl hafi rofnað. Það er rétt, en önnur tengsl hafa myndast milli ráðuneytisins, þ.e. ráðherra, og hlutafélagsins þar sem hann fer nú með allan hlut ríkisins í félaginu.

Þá ber honum að fara eftir lögum um hlutafélög og öðrum lögum þeim tengdum, þar á meðal lögum um ársreikninga. Það er því beinlínis rangt í svari samgönguráðherra að hann geti ekki upplýst um það sem óskað er eftir í fyrirspurninni um Póst og síma hf.

Forsætisráðherra kvað ekki upp úr um afstöðu sína til mismunandi túlkunar ráðherranna tveggja í ríkisstjórn hans í utandagskrárumræðu um málið. Það er mikilvægt að fá afstöðu hans og ekki síður Alþingis til málsins þar sem mörg ríkisfyrirtæki munu verða hlutafélög á næstunni ef marka má áform ríkisstjórnarinnar. Afstaða stjórnvalda til upplýsingaskyldunnar um ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélög verður að vera ljós áður en fleiri fyrirtækjum í eigu ríkisins verður breytt í hlutafélög samkvæmt lögum.

Með tillögunni voru tvö fylgiskjöl. Fylgiskjal I var svar samgönguráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um laun og starfskjör starfsmanna Pósts og síma. (357. mál 121. löggjafarþings.) Sjá þskj. 716 á bls. 3773–3775.

Fylgiskjal II.

Úr ræðu Finns Ingólfssonar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um stofnun hlutafélaga um Lansbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.
(409. mál 121. löggjafarþings. 1. umræða, 13. mars 1997.)

Ég held ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni með öðrum þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Þó er þeirri spurningu ósvarað sem snýr að því hvað verður um upplýsingar um launakjör bankastjóra þegar breytt hefur verið í hlutafélag. Þá vil ég vitna fyrsta lagi til 54. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu.“

Þannig tel ég að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Í lögum um ársreikninga segir í 36. gr.:

„Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar umþau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.“

Ég ætla þá að vitna í 48. gr.:

„Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir.“

Þetta tel ég að eigi allt að liggja fyrri í skýrslum og ársreikningum þegar þeir eru kynntir á hverju einasta ári. (Gripið fram í.) Lög um ársreikninga, nr. 144/1994, þannig að þessar upplýsingar eiga allar að liggja fyrir og það er skylda og þessi regla mun gilda um hlutafélög.

Í reglugerð nr. 544/1994, um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þar sem þetta er sérstaklega tilgreint, segir í 42. gr., með leyfi forseta:

„Í skýringum við rekstrarlið 8.1, laun og launatengd gjöld, skulu koma fram upplýsingar um laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar.“ Samkvæmt þessu eiga þóknanirnar líka að koma fram. Ég tel að þarna séu allir möguleikar til staðar til þess að verða við þeim óskum sem hafa komið fram. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að hafa þennan aðgang að vita hver þessi kjör eru, og ekki síst á meðan ríkið á 100% í þessu hlutafélagi, fyrir utan það að ef þetta frv. verður samþykkt þá mun viðskrh. velja stjórn viðkomandi stofnunar og stjórn viðkomandi hlutafélags á að gefa viðskrh. upplýsingar um launakjör eins og greint er á um í 79. gr. laga um hlutafélög:

„Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna. Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra.“

Það er því stjórnin sem ákveður þetta. Og þar sem stjórnin er skipuð af viðskrh. í þessu tilfelli þá eiga þessar upplýsingar að vera til staðar ef menn leita eftir þeim. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert mat að leggja á það og hef ekki kynnt mér hvort þessu er öðruvísi farið hjá Pósti og síma. En mér sýnist þetta liggja þannig í lögum sem snúa að viðskiptabönkum og sparisjóðum að það sé opinn aðgangur að þessum upplýsingum.

862. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra og Sigurð Ágúst Sigurðsson, framkvæmdastjóra happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frumvarpið felur í sér að leyfi til reksturs happdrættisins er framlengt um 10 ár, eða til ársloka 2007, en núgildandi leyfi gildir til ársloka 1997.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Árni R. Árnason, Ögmundur Jónasson og Guðný Guðbjörnsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Kristján Pálsson.

863. Svar [449. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afla línubáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var afli línubáta á hinu svokallaða „línutvöföldunartímabili" í nóvember til febrúar fiskveiðiárin:*
   a. *1993/1994,*
   b. *1994/1995,*
   c. *1995/1996,*
   d. *1996/1997?*

   Svar óskast sundurliðað eftir tegundum.
2. *Hvernig skiptist þessi afli eftir verstöðvum?*
3. *Hvert var hlutfall þess afla af heildarafla einstakra tegunda?*

Leitað var upplýsinga hjá Fiskistofu og eru svörin birt í meðfylgjandi töflum.

Svör við spurningum 1 og 2 er að finna í töflum 1–4 þar sem afli á umræddum tímabilum kemur fram sundurliðaður eftir löndunarhöfnum auk þess sem heildaraflinn kemur fram. Allar tölur í töflunum eru í kg og miðast við óslægðan fisk.

Í töflu 5 kemur síðan fram hvert var hlutfall línuafla af heildarafla á umræddum tímabilum. Allar tölur í töflunni eru í lestum og miðast við óslægðan fisk.

Tafla 1. Heildarafli á línu 1. nóv. 1993 - 28. feb. 1994.

Nr.	Löndunarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra
1	Vestmannaeyjar	199.584	82.958	835	548	2.628	0	0	0
11	Þorlákshöfn	296.920	114.538	2.463	1.771	3.574	1.195	60	0
13	Grindavík	2.060.039	416.369	3.276	9.763	46.545	964	0	0
15	Hafnir	325	80	0	0	0	0	0	0
17	Sandgerði	2.197.118	759.574	9.179	5.017	193.809	0	384	0
21	Keflavík	1.415.206	438.414	9.610	5.354	89.104	0	7	0
27	Hafnarfjörður	1.513.139	311.511	2.391	2.321	115.097	255	39	0
31	Kópavogur	1.183	916	0	0	6.688	0	0	0
33	Reykjavík	457.305	170.068	1.234	1.214	24.159	459	0	0
35	Akranes	368.655	400.541	119	280	70.148	0	126	0
38	Arnarstapi	151.080	10.993	0	27	53.203	0	0	0
42	Rif	2.682.900	367.354	2.261	1.958	174.522	17.946	130	0
43	Ólafsvík	1.093.643	90.633	438	127	116.825	0	227	0
45	Grundarfjörður	764.713	51.768	148	294	72.218	0	12	0
47	Stykkishólmur	379.346	23.659	58	36	12.554	0	4	0
57	Patreksfjörður	2.737.380	178.958	290	1.385	336.172	0	43	0
59	Tálknafjörður	333.771	27.495	0	230	19.081	0	0	0
61	Bíldudalur	320.481	13.759	0	0	45.916	0	0	0
63	Þingeyri	418.211	30.208	26	0	55.978	0	0	0
65	Flateyri	990.910	135.986	0	35	138.915	0	209	0
67	Suðureyri	676.523	101.503	329	1.973	36.947	0	332	0
69	Bolungarvík	839.906	161.238	46	642	51.995	0	0	0
73	Ísafjörður	281.078	30.088	14	477	15.659	0	25	0
77	Norðurfjörður	38.791	6.658	0	0	725	0	0	0
79	Drangsnes	9.499	0	0	0	0	0	0	0
81	Hólmavík	430.675	19.514	0	445	2.832	0	0	0
83	Hvammstangi	3.558	360	0	0	0	0	0	0
87	Skagaströnd	84.360	1.809	0	0	682	0	0	0
91	Hofsós	24.014	0	0	0	875	0	0	0
92	Haganesvík	3.570	0	0	0	0	0	0	0
93	Siglufjörður	498.696	4.240	400	0	16.005	0	0	0
95	Ólafsfjörður	413.799	49.219	0	529	9.892	0	71	0
97	Grímsey	468.483	16.983	336	2.220	44.522	0	0	0
99	Hrísey	25.029	9.459	0	0	69	0	0	0
101	Dalvík	466.808	41.776	200	289	32.866	0	2.890	0
103	Árskógsströnd	17.708	5.999	0	100	956	0	0	0
105	Hjalteyri	1.000	315	0	0	0	0	0	0
107	Akureyri	4.366	3.591	0	0	129	0	0	0
111	Grenivík	163.739	29.656	218	259	11.728	0	15	0
115	Húsavík	232.460	9.160	176	567	10.529	370	5	0
119	Raufarhöfn	106.021	2.736	88	241	7.803	0	9	0
121	Þórshöfn	103.635	4.018	24	23	12.523	0	53	0
123	Bakkafjörður	121.330	9.715	11	3	3.720	0	105	0
125	Vopnafjörður	14.625	1.709	0	0	1.394	0	0	0
129	Borgarfjörður Eystri	40.884	1.006	0	0	4.992	0	0	0
131	Seyðisfjörður	23.251	1.271	0	0	2.034	0	0	0
133	Mjóifjörður	661	0	0	0	0	0	0	0
135	Neskaupstaður	51.249	6.890	485	0	3.944	0	0	0
137	Eskifjörður	22.258	1.225	0	0	1.673	0	0	0
139	Reyðarfjörður	66.194	6.699	0	0	665	0	0	0
141	Fáskrúðsfjörður	577.344	138.673	146	638	43.122	295	233	0
143	Stöðvarfjörður	73.068	25.889	0	157	12.906	0	13	0
145	Breiðdalsvík	4.444	756	0	0	1.311	0	0	0
147	Djúpivogur	210.543	40.614	98	142	15.984	0	0	0
149	Hornafjörður	375.849	133.964	354	984	7.053	162	4	0
159	Erlendis / Gámur	282.808	63.765	520	777	0	2.564	10.851	0
		25.140.135	**4.556.280**	**35.773**	**40.826**	**1.932.671**	**24.210**	**15.847**	**0**

Tafla 2. Heildarafli á línu 1. nóv. 1994 - 28. feb. 1995.

Nr.	Löndunarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra
1	Vestmannaeyjar	309.589	112.909	3.451	1.501	6.471	0	0	0
11	Þorlákshöfn	342.980	138.776	1.829	3.892	16.771	9	74	0
13	Grindavík	2.782.631	710.849	33.676	32.000	18.878	438	1.602	0
17	Sandgerði	1.780.803	494.779	4.309	5.514	193.363	0	105	0
21	Keflavík	867.001	276.966	1.876	6.501	23.020	0	81	0
27	Hafnarfjörður	1.916.333	566.418	1.364	14.670	45.673	0	46	0
33	Reykjavík	494.463	257.413	795	2.096	11.564	0	0	0
35	Akranes	371.268	452.085	13	403	41.245	0	4	0
38	Arnarstapi	318.756	30.295	115	266	51.382	0	35	0
42	Rif	3.478.004	452.961	2.479	4.004	131.867	70.353	39	0
43	Ólafsvík	1.079.905	103.843	4.355	3.571	75.649	0	280	0
45	Grundarfjörður	822.905	71.690	75	801	33.071	0	20	0
47	Stykkishólmur	294.276	30.688	19	78	8.608	0	0	0
55	Brjánslækur	875	13	0	0	22	0	0	0
57	Patreksfjörður	2.145.805	268.944	1.934	1.531	112.626	0	122	0
59	Tálknafjörður	276.505	13.413	0	0	13.454	0	0	0
61	Bíldudalur	25.439	5.761	0	0	107	0	0	0
63	Þingeyri	16.676	4.680	0	0	0	0	0	0
65	Flateyri	806.600	217.279	1.326	668	71.687	0	0	0
67	Suðureyri	358.263	91.640	340	911	8.468	0	111	0
69	Bolungarvík	393.624	226.018	0	176	30.397	0	2	0
73	Ísafjörður	0	0	0	0	0	0	57	0
77	Norðurfjörður	6.083	1.670	0	0	40	0	0	0
79	Drangsnes	11.375	1.259	0	0	125	0	0	0
81	Hólmavík	87.871	1.980	244	0	87	0	0	0
83	Hvammstangi	1.056	0	0	0	0	0	0	0
87	Skagaströnd	10.523	2.418	0	37	261	0	0	0
91	Hofsós	32.946	228	0	0	351	0	0	0
93	Siglufjörður	439.815	20.014	25	468	12.542	0	0	0
95	Ólafsfjörður	13.361	98	0	0	1.819	0	0	0
97	Grímsey	100.428	815	304	466	9.654	0	0	0
101	Dalvík	260.208	32.721	108	271	16.909	255	27	0
105	Hjalteyri	3.965	1.194	0	0	6	0	0	0
107	Akureyri	8.976	18.400	0	4	36	0	0	0
111	Grenivík	340.415	25.866	225	665	10.910	0	0	0
115	Húsavík	95.584	11.478	169	360	3.239	0	0	0
119	Raufarhöfn	344.615	56.463	449	659	14.507	0	26	0
121	Þórshöfn	60.955	5.595	0	6	2.046	0	0	0
123	Bakkafjörður	276.348	23.540	63	11	5.261	0	287	0
125	Vopnafjörður	13.619	2.536	0	6	1.570	0	52	0
129	Borgarfjörður Eystri	105.066	11.416	0	0	9.897	0	100	0
131	Seyðisfjörður	31.603	11.620	0	0	3.902	0	0	0
135	Neskaupstaður	109.324	13.724	659	10	9.001	0	0	0
137	Eskifjörður	18.416	466	0	0	761	0	0	0
139	Reyðarfjörður	32.410	9.474	0	0	52	52.342	0	0
141	Fáskrúðsfjörður	233.870	52.748	1.336	400	12.743	0	181	0
143	Stöðvarfjörður	158.929	17.559	0	51	13.280	0	326	0
145	Breiðdalsvík	40.091	4.278	0	0	6.581	0	0	0
147	Djúpivogur	491.158	35.358	20	270	17.214	0	10	0
149	Hornafjörður	833.074	128.185	25.648	2.327	13.571	37	2.088	0
159	Erlendis / Gámur	89.980	160.328	1.261	7.770	0	0	293	0
		23.134.765	**5.178.851**	**88.467**	**92.364**	**1.060.688**	**123.434**	**5.968**	**0**

Tafla 3. Heildarafli á línu 1. nóv. 1995 - 28. feb. 1996.

Nr.	Löndunarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra
1	Vestmannaeyjar	433.696	147.613	2.889	1.363	16.790	0	5	0
11	Þorlákshöfn	420.329	148.391	2.025	7.421	14.033	0	87	0
13	Grindavík	3.524.609	984.160	9.110	66.766	21.743	1.104	19	0
17	Sandgerði	2.397.696	458.703	19.513	13.564	105.766	0	292	0
21	Keflavík	1.708.228	408.950	4.948	19.989	28.429	0	0	0
27	Hafnarfjörður	198.790	85.918	1.756	2.382	18.430	0	12	0
33	Reykjavík	1.481.144	429.579	1.804	13.580	12.378	629	0	0
35	Akranes	341.075	414.563	764	1.069	34.391	0	4	0
38	Arnarstapi	319.379	41.241	713	1.925	64.401	0	72	0
42	Rif	4.171.566	468.201	3.514	9.823	125.403	421	295	0
43	Ólafsvík	920.458	122.428	1.144	2.587	108.310	0	146	0
45	Grundarfjörður	1.119.306	144.615	130	1.914	66.093	2	46	0
47	Stykkishólmur	967.239	115.890	538	440	8.646	2	0	0
57	Patreksfjörður	2.869.154	224.593	485	4.676	275.241	5	219	0
59	Tálknafjörður	1.073.656	98.308	71	2.301	79.566	0	0	0
61	Bíldudalur	178.943	17.490	884	10	668	0	791	0
63	Þingeyri	52.233	6.815	0	0	3.008	0	0	0
65	Flateyri	1.774.210	129.909	249	956	128.660	0	0	0
67	Suðureyri	854.999	70.020	0	165	93.614	0	7	0
69	Bolungarvík	820.051	104.801	0	302	54.764	0	0	0
73	Ísafjörður	762.356	36.166	50	848	21.037	0	0	0
77	Norðurfjörður	5.118	0	0	0	0	0	0	0
79	Drangsnes	79	0	0	0	0	0	0	0
81	Hólmavík	220.013	3.636	0	14	363	0	0	0
83	Hvammstangi	135.463	2.865	0	134	471	1	0	0
87	Skagaströnd	229.226	4.690	0	35	1.888	0	0	0
89	Sauðárkrókur	40.016	138	0	72	285	229	0	0
91	Hofsós	24.985	0	0	15	140	0	0	0
92	Haganesvík	768	0	0	0	0	0	0	0
93	Siglufjörður	364.329	4.276	0	120	19.560	0	0	0
95	Ólafsfjörður	10.041	0	0	0	842	0	0	0
97	Grímsey	297.028	611	551	1.020	18.183	0	35	0
101	Dalvík	335.941	3.989	6	641	10.115	0	40	0
105	Hjalteyri	349	76	0	0	0	0	0	0
107	Akureyri	8.499	4.985	0	592	38	0	480	0
111	Grenivík	101.364	5.620	24	371	7.401	0	3	0
115	Húsavík	164.669	35.884	10	1.729	4.205	0	14	0
119	Raufarhöfn	410.575	36.145	216	1.487	12.840	56	49	0
121	Þórshöfn	89.263	5.576	0	11	2.955	0	81	0
123	Bakkafjörður	83.429	6.354	75	2	6.863	0	233	0
125	Vopnafjörður	25.763	4.820	8	0	3.573	0	7	0
129	Borgarfjörður Eystri	198.009	18.214	0	0	14.024	0	0	0
131	Seyðisfjörður	25.246	5.138	0	0	2.859	0	0	0
135	Neskaupstaður	162.849	14.843	453	0	13.644	0	0	0
137	Eskifjörður	60.434	9.841	0	0	3.007	0	41	0
139	Reyðarfjörður	24.246	16.469	0	3	1.199	0	0	0
141	Fáskrúðsfjörður	1.317.599	144.015	3.564	2.968	17.127	4.043	280	0
143	Stöðvarfjörður	304.074	49.785	210	233	21.710	931	421	0
145	Breiðdalsvík	44.086	9.645	0	30	7.052	0	0	0
147	Djúpivogur	257.258	39.110	0	160	9.255	0	0	0
149	Hornafjörður	1.697.413	272.928	7.049	3.099	47.629	77	19	0
159	Erlendis / Gámur	86.204	244.909	1.360	6.168	13.758	1.333	1.669	0
		33.113.453	**5.602.916**	**64.113**	**170.985**	**1.522.357**	**8.833**	**5.367**	**0**

Tafla 4. Heildarafli á línu 1. nóv. 1996 - 28. feb. 1997.

Nr.	Löndunarhöfn	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Steinbítur	Grálúða	Skarkoli	Langlúra
1	Vestmannaeyjar	224.269	156.091	2.221	2.426	7.052	351	11	0
11	Þorlákshöfn	480.255	116.621	3.411	2.095	9.138	363	5	0
13	Grindavík	2.629.295	1.121.888	16.596	46.486	13.907	2.467	0	0
17	Sandgerði	1.202.634	356.754	15.860	9.866	116.993	4	53	0
21	Keflavík	1.041.910	262.795	4.210	5.996	22.552	0	0	0
27	Hafnarfjörður	318.830	80.608	1.674	2.781	12.971	531.207	0	0
33	Reykjavík	820.289	327.256	1.563	4.351	8.821	26	0	0
35	Akranes	76.203	114.973	0	7	22.754	0	3	0
38	Arnarstapi	136.358	21.045	100	142	6.547	0	47	0
42	Rif	2.323.105	226.333	2.160	1.722	40.638	134	33	0
43	Ólafsvík	1.169.874	130.440	2.056	2.597	66.019	0	213	1
45	Grundarfjörður	383.258	42.310	0	329	16.169	0	140	0
47	Stykkishólmur	235.614	6.081	0	0	1.654	0	0	0
57	Patreksfjörður	1.337.723	187.204	295	532	47.754	0	99	0
59	Tálknafjörður	279.896	13.910	0	0	8.395	0	0	0
61	Bíldudalur	23.845	2.189	0	0	0	0	0	0
63	Þingeyri	48.471	6.431	0	0	2.361	0	0	0
65	Flateyri	1.300.010	414.161	1.313	4.265	19.010	0	1.475	0
67	Suðureyri	587.766	150.294	0	934	32.668	0	3	0
69	Bolungarvík	540.756	103.486	0	844	18.641	0	0	0
77	Norðurfjörður	36.458	168	383	0	189	0	0	0
79	Drangsnes	27.818	181	0	0	0	0	0	0
81	Hólmavík	465.589	10.573	0	58	72	0	0	0
83	Hvammstangi	51.581	795	0	24	0	0	0	0
87	Skagaströnd	1.345	0	0	0	27	0	0	0
93	Siglufjörður	140.953	450	0	340	9.583	0	0	0
97	Grímsey	139.165	2.195	85	888	10.144	0	0	0
101	Dalvík	47.338	685	0	5	3.158	0	0	0
107	Akureyri	3.306	64	0	0	1	0	2	0
111	Grenivík	140.761	776	29	228	3.747	0	12	0
115	Húsavík	53.216	28.733	30	388	1.019	0	0	0
119	Raufarhöfn	58.909	5.541	9	85	2.083	0	1	0
121	Þórshöfn	48.143	8.014	0	1	800	0	0	0
123	Bakkafjörður	141.703	3.884	150	8	1.521	0	23	0
125	Vopnafjörður	71.051	0	0	0	448	0	5	0
129	Borgarfjörður Eystri	132.869	1.788	0	0	4.090	0	80	0
131	Seyðisfjörður	40.900	2.256	0	0	784	0	0	0
135	Neskaupstaður	58.940	1.989	38	6	3.102	0	0	0
137	Eskifjörður	195.798	6.626	209	216	3.969	69	0	0
139	Reyðarfjörður	157.183	33.744	20	501	5.088	344	0	0
141	Fáskrúðsfjörður	324.868	52.015	1.656	953	4.004	7	158	0
143	Stöðvarfjörður	218.023	76.965	0	33	10.375	0	93	0
145	Breiðdalsvík	73.081	8.230	0	0	917	0	0	0
147	Djúpivogur	45.223	7.525	0	0	482	0	0	0
149	Hornafjörður	897.023	245.469	1.969	1.717	14.543	0	0	32
159	Erlendis / Gámur	72.733	138.613	1.205	586	13.006	105	267	0
		18.804.338	**4.478.149**	**57.242**	**91.410**	**567.196**	**535.077**	**2.723**	**33**

Tafla 5. Hlutfall afla línubáta af heildarafla á tímabilinu frá 1. nóv. til 28. feb. á viðkomandi fiskveiðiári.

	93/94		
	Heildarafli	Línubátar	Hlutfall
Þorskur	73.475	25.140	34,2%
Ýsa	13.852	4.556	32,9%
Ufsi	15.191	36	0,2%
Karfi	22.834	41	0,2%
Steinbítur	2.462	1.933	78,5%
Langlúra	101	0	0,0%
Grálúða	4.483	24	0,5%
Skarkoli	1.794	16	0,9%

	94/95		
	Heildarafli	Línubátar	Hlutfall
Þorskur	62.473	23.135	37,0%
Ýsa	15.860	5.179	32,7%
Ufsi	14.198	88	0,6%
Karfi	35.204	92	0,3%
Steinbítur	1.624	1.061	65,3%
Langlúra	422	0	0,0%
Grálúða	5.329	123	2,3%
Skarkoli	1.506	6	0,4%

	95/96		
	Heildarafli	Línubátar	Hlutfall
Þorskur	69.159	33.113	47,9%
Ýsa	16.363	5.603	34,2%
Ufsi	11.241	64	0,6%
Karfi	30.998	171	0,6%
Steinbítur	2.376	1.522	64,1%
Langlúra	429	0	0,0%
Grálúða	5.646	9	0,2%
Skarkoli	1.693	5	0,3%

	96/97		
	Heildarafli	Línubátar	Hlutfall
Þorskur	77.871	18.804	24,1%
Ýsa	18.621	4.478	24,0%
Ufsi	10.629	57	0,5%
Karfi	23.706	91	0,4%
Steinbítur	1.655	567	34,3%
Langlúra	300	0	0,0%
Grálúða	5.386	535	9,9%
Skarkoli	1.559	3	0,2%

864. Tillaga til þingsályktunar [515. mál]

um endurskoðun á ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum.

Greinargerð.

Tillögunni er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á ákvæðum laganna um gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni. Sérstaklega verði skoðað ákvæði 5. gr. þar sem fjallað er um gjaldtöku vegna nauðungarsölu en þar er meðal annars gert ráð fyrir að greitt sé 1% gjald þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni. Gjald vegna beiðni um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign sé þó ekki lægra en 9.000 kr. og eigi hærra en 30.000 kr. Gerðarbeiðandi krefur gerðarþola síðan um þetta gjald og með hliðsjón af framangreindum fjárhæðum er ljóst að sú staða getur komið upp að gerðarþoli verði krafinn um háar fjárhæðir ef margir gerðarbeiðendur hafa lagt fram beiðni um sölu á eign hans. Það gefur auga leið að einstaklingur í þessari stöðu ræður illa við slík útgjöld sem þrengja enn erfiða greiðslustöðu hans. Því er lagt til að athugað verði hvort ekki sé unnt að koma við undanþáguheimild, til dæmis að sýslumanni verði heimilt að endurgreiða gjaldið, í þeim tilvikum þar sem ekkert hefur orðið af sölu eignar vegna úrræða gerðarþola.

865. Tillaga til þingsályktunar [516. mál]

um að draga úr losun mengandi lofttegunda.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson.

Alþingi ályktar að draga beri úr losun mengandi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum með því að vinna og nýta metangas frá öllum stærri sorphaugum og urðunarstöðum landsins. Enn fremur ályktar Alþingi að mótuð verði framtíðarstefna um sorpurðun sem tryggi fyllstu endurvinnslu og nýtingu verðmæta sem felast í úrgangi. Umhverfisráðherra beiti sér fyrir gerð framkvæmdaáætlunar og lagafrumvarps sem stuðli að framangreindum markmiðum.

Greinargerð.

Hvert tonn af metangasi (CH_4) veldur tuttugu til tuttugu og fimm sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum í lofthjúpi jarðar en hvert tonn af koltvísýringi (CO_2). Metangas fylgir allri rotnun og því streymir metangas stöðugt upp frá gömlum og nýjum sorphaugum hér á landi. Áætlað er að um verulegt magn sé að ræða á ári hverju. Metangasi er hægt að eyða og gera skaðlaust með því að brenna það við útstreymi, nýta það við stóriðju eða sem eldsneyti á bíla sem sérstaklega eru búnir til slíks. Þingsályktunartillaga þessi er lögð

fram um leið og sömu flutningsmenn leggja fram aðra þingsályktunartillögu um nýtingu metangass á bíla og um breytt aðflutningsgjöld til þess að stuðla að slíkri nýtingu.

Frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi streyma nú um 750 tonn af metangasi á ári. Ef ekki væri að gert ylli það svipuðum gróðurhúsaáhrifum og allur koltvísýringur sem kemur frá álverinu í Straumsvík á 70 dögum. Útstreymi metangass frá Álfsnesi mun aukast um 90 tonn á ári til ársins 2008 og verður þá orðið um 1.600 tonn á ári. Til samanburðar má nefna að það jafngildir um ⅔ af árlegu koltvísýringsútstreymi frá væntanlegu álveri á Grundartanga. Í Álfsnesi hefur Sorpa hins vegar unnið frumkvöðulsstarf og safnar metangasi saman og brennir því. Nú er brenndur um ¼ af gasinu og um næstu áramót verður öllu metangasi frá Álfsnesi brennt.

Metangasið í Álfsnesi kemur frá um 460 þúsund tonnum af úrgangi sem þar eru urðuð en á gömlu sorphaugunum í Gufunesi eru um 2,5 milljónir tonna af úrgangi grafnar og augljóslega streymir þar út mikið metangas. Þessu metangasi þarf að safna og vinna og draga þar með úr neikvæðum gróðurhúsaáhrifum. Aðrir stórir sorphaugar liggja nú grafnir í nágrenni Akureyrar, við Selfoss og víðar og framtíðarurðunarstaður er t.d. við Kirkjuferjuhjáleigu fyrir Suðurland. Í raun eru þarna mengunarvaldar sem um leið eru ónýtt orkuforðabúr sem þarf að nýta.

Söfnun og vinnsla metangass auðveldar Íslendingum að auka varnir gegn mengun andrúmsloftsins auk þess sem gott skipulag sorpurðunar undirbýr framkvæmd þeirra gerða (tilskipana) sem fylgja EES-samningnum um frágang urðunar og söfnun metangass.

Mikið átak er fram undan hjá Íslendingum í að nýta betur sorp og annan úrgang sem til fellur. Engin heildarlöggjöf er til um sorphirðu (hreinsun og förgun) og má m.a. benda á að engin lög skylda almenning til þess að flokka úrgang en þó er slíkt þegar hafið að nokkru leyti með flokkun drykkjarvöruumbúða, dagblaða og mjólkurferna, auk grófara efnis, svo sem garðaúrgangs, timburs, járns og fleira. Má benda á að einstök sveitarfélög geta sett sér samþykktir um sorphirðu þar sem hægt er að kveða á um meðferð og flokkun úrgangs og hafa þó nokkur sveitarfélög nýtt sér þá heimild. Þannig gera engin lög skylt að dagblaðapappír og umbúðaefni sem skolar úr strönduðu flutningaskipi sé flutt til endurnýtingar heldur er þeim fargað á nærtækasta og ódýrasta stað.

Tímabært er að hraða vinnu að þessum verkefnum, þ.e. vinnslu metangass, og áherslu á sjálfbæra þróun í sorpurðun og endurnýtingu verðmæta. Alþingi beinir því til umhverfisráðherra að hann móti framkvæmdaáætlun og undirbúi lagasetningu um þessi mikilvægu viðfangsefni.

866. Frumvarp til laga [517. mál]

um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá getur félagsmálaráðherra ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar

aðstæður eru fyrir hendi, svo sem sjúkleiki, varanleg örorka eða aðrar sambærilegar aðstæður. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um erfðafjárskatt er kveðið á um að af arfi, sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlisfólks sem gert hefur erfðaskrá, skuli ekki greiða erfðafjárskatt. Rökin fyrir þessu eru væntanlega sameiginlegt heimilishald og sameiginlegar eignir og rekstur þeirra, auk röskunar á stöðu og högum. Þegar um er að ræða sömu aðstæður hjá til dæmis systkinum, mæðgum eða feðginum, þ.e. sama lögheimili og sameiginlegt heimilishald nær alla ævi, verður hins vegar að greiða erfðafjárskatt ef annar aðilinn í slíku sambýli fellur frá. Engin sanngirni er í því að við slíkar aðstæður verði sá sem eftir lifir að greiða erfðafjárskatt til að geta búið áfram í húsnæði sem hefur verið heimili hans alla ævi enda er hugsanlegt að framangreint sambúðarform hafi varað mun lengur en þegar um er ræða hjónaband eða óvígða sambúð.

Í frumvarpinu er miðað við að til þess að heimilt sé að fella niður erfðafjárskatt aðila sem nýtur erfðaréttar sé ekki nægjanlegt að um sameiginlegt heimilishald hafi verið að ræða heldur þurfi að auki að koma til sérstakar aðstæður eins og sjúkleiki, varanleg örorka eða aðrar sambærilegar aðstæður.

867. Tillaga til þingsályktunar [518. mál]

um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Í reglunum verði m.a. tekið fram hvenær starfsmenn eigi rétt til þess að fá ólaunað leyfi frá störfum, hvernig reikna skuli leyfistímann til starfsaldurs, annarra réttinda og mats á starfshæfni og hver sé réttur starfsmanns til fyrra starfs eftir að leyfi lýkur.

Greinargerð.

Á hverju ári fær nokkur fjöldi ríkisstarfsmanna leyfi frá störfum, ýmist án launa eða að einhverju leyti á launum. Í fyrra tilvikinu er oft um að ræða starfsmenn sem ráða sig tímabundið til starfa, t.d. á vegum alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, en í síðara tilvikinu t.d. fólk sem fær leyfi frá störfum til þess að afla sér framhaldsmenntunar er síðan nýtist því í áframhaldandi störfum fyrir ríkið.

Í tillögunni er lagt til að reglur verði settar sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og er eðlilegt að um þær reglur verði haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna.

Í ljósi tilvika sem upp hafa komið er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvaða réttindi starfsmenn ávinna sér eða tapa með því að fá launalaus leyfi og hver sé réttur þeirra til þess að taka á ný við fyrra starfi þegar leyfi frá störfum lýkur. Nauðsynlegt er að eyða óvissu sem upp er komin um þetta efni og valdið getur því að hæfir einstaklingar fáist ekki til þess að taka að sér tímabundin störf erlendis. Störf íslenskra starfsmanna á erlendum vettvangi geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar um leið og þeir afla sér verðmætrar þekkingar til áframhaldandi starfa í opinberri þágu.

Mikilvægt er að um þessi leyfi séu skýrar reglur þannig að starfsmanni sé kunnugt um rétt sinn áður en hann sækir um slíkt leyfi. Benda má á að í lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað frá 1995 er í 4. gr. kveðið á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi sem hann gegnir þegar hann er kjörinn til Alþingis.

868. Svar [351. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um sérfræðimenntaða lækna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Ríkisspítölum vegna fyrirspurnarinnar. Rétt er að taka fram að samkvæmt úttekt Ríkisspítala teljast þeir læknar með sjálfstæðan atvinnurekstur sem fengið hafa greitt fyrir læknisverk frá Tryggingastofnun ríkisins.

1. *Hversu margir sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Ríkisspítölum eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur? Svarið óskast sundurliðað eftir deildum og sérgreinasviðum.*

Alls hafa 126 sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Ríkisspítölum jafnframt með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir framangreinda lækna sundurliðað eftir sérgreinum:

Læknar Ríkisspítala sem fengu greiðslur fyrir læknisverk frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 1996.

Sérgrein	Fjöldi	Starfshlutfall 100%	75%	50%
Augnlæknar	9	0	6	3
Barnalæknar	9	2	5	2
Barnaskurðlæknar	3	1	2	0
Bæklunarskurðlæknar	5	3	2	0
Endurhæfingarlæknar	2	2	0	0
Geðlæknar	19	17	1	1
Hjartaskurðlæknar	1	1	0	0
Húð- og kynsjúkdómalæknar	4	1	1	2
Krabbameinslæknar	5	4	1	0
Kvensjúkdómalæknar	14	8	6	0
Lungnalæknar	5	3	1	1
Lyflæknar	23	12	5	6
Lýtalæknar	3	1	1	1
Meinefna- og blóðmeinafræðingar	5	4	0	1
Ónæmisfræðingar	3	1	2	0
Röntgenlæknar	0	0	0	0

Skurðlæknar	4	3	1	0
Sæfingalæknar	2	2	0	0
Sýkla- og veirufræðingar	0	0	0	0
Taugalæknar	4	0	3	1
Vefjameinafræðingar	6	4	1	1
Þvagfæraskurðlæknar	3	2	1	0
Öldrunarlæknar	1	1	0	0
Samtals	**126**	**72**	**36**	**18**
Hlutfall		**57,1%**	**28,6%**	**14,3%**

2. *Byggist vinna sérfræðimenntaðra lækna, sem starfa hjá Ríkisspítölum og eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur, á kjarasamningum lækna?*

Störf allra lækna sem starfa hjá Ríkisspítölum byggjast á kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands, hvort sem hlutaðeigandi læknar stunda sjálfstæðan atvinnurekstur samhliða starfi sínu hjá Ríkisspítölum eða ekki.

Í kjarasamningnum er gert ráð fyrir að þeir læknar sem eru í fullu starfi hjá Ríkisspítölum starfi ekki utan sjúkrahúss eða stofnunar nema sérstakt leyfi vinnuveitanda komi til. Slíkt leyfi þarf þó ekki ef störf viðkomandi lækna eru níu stundir eða minna á viku. Þau störf sem hér um ræðir vinna læknar utan vinnutíma hjá Ríkisspítölum.

Um greiðslur til þessara lækna vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi fer eftir samningi Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins um sérfræðilæknishjálp.

3. *Hvert er starfshlutfall sérfræðinga á Ríkisspítölum sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, sundurliðað eftir deildum og sérgreinum?*

Sjá töflu í svari við 1. lið.

4. *Eru kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Ríkisspítölum þau sömu og sérfræðinga sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur?*

Kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Ríkisspítölum og sérfræðinga sem auk starfs síns hjá Ríkisspítölum reka sjálfstæðan atvinnurekstur eru þau sömu að öðru leyti en því að Ríkisspítalar greiða þeim læknum sem eingöngu starfa hjá þeim, svonefnt helgunarálag sem nánar er kveðið á um í kjarasamningi milli fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

5. *Eru aðrir sérfræðingar í hlutastarfi hjá Ríkisspítölum sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og næringarráðgjafar. Ef svo er, er það þá samkvæmt kjarasamningum? Hversu margir eru sérfræðingarnir? Hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og deildum?*

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins fengu fimm sjúkraþjálfarar sem eru í starfi hjá Ríkisspítölum greiðslur frá stofnuninni á árinu 1996. Kjarasamningur umræddra aðila hefur ekki að geyma ákvæði um slík aukastörf.

Aðrir hópar sérfræðinga sem nefndir eru í fyrirspurninni fengu ekki greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins árið 1996. Engar upplýsingar liggja fyrir um önnur störf eða rekstur sem umræddir aðilar kunna að hafa með höndum.

869. Svar [367. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Birnu Sigurjónsdóttur um fæðingarorlofsrétt íslenskra kvenna við nám á Norðurlöndum.

Hver er staða íslenskra kvenna sem eru við nám í:
a. Danmörku,
b. Noregi,
c. Svíþjóð,
varðandi rétt til greiðslu í fæðingarorlofi í námslandinu annars vegar og hér á landi hins vegar?

Réttur í námslandi.

Þegar einstaklingar sem tryggðir eru á Íslandi hjá Tryggingastofnun ríkisins fara til annars ríkis á Norðurlöndum til náms er almenna reglan sú að þeir taka upp búsetu þar og flytja lögheimili sitt til námslandsins nema um stutta dvöl sé að ræða. Ákveðnar reglur gilda um flutning lögheimilis milli Norðurlandanna (Auglýsing nr. 13 22. maí 1990, um Norðurlandasamning um almannaskráningu.). Tryggingakerfi Norðurlandanna byggjast á búsetu sem grunnreglu þegar tekin er afstaða til þess hverjir eiga rétt á tryggingu. Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar byggist einnig á búsetulandsreglunni sem grunnreglu. Reglur EES-samningsins um almannatryggingar byggjast hins vegar á vinnulandsreglunni sem grunnreglu. Þeir sem flytjast milli Norðurlandanna eru því tryggðir í búsetulandinu ef ekki kemur annað til, svo sem vinna í öðru landi en búsetulandi, útsending starfsmanna o.s.frv. (L. nr. 46 6. maí 1993, um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar, 2. gr., sbr. 6. gr. samningsins og 1. kafla III. hluta samningsins.)

Réttur íslenskra kvenna til greiðslu í fæðingarorlofi í norrænu námslandi þar sem þær eru búsettar fer því eftir reglum búsetulandsins. Reglur norrænu landanna sem um er spurt eru í aðalatriðum sem hér segir:

Danmörk.

Allir sem eru á vinnumarkaði eiga rétt á fæðingarorlofi með greiðslum í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Greiðslutímabilið er samtals 28 vikur. Launþegar verða að hafa verið í starfi í 13 vikur áður en orlofið hefst og þá unnið í minnst 120 klst. Greiðslur miðast við full laun en eru þó aldrei hærri en 2.545 danskar kr. á viku (1995). Þeir sem ekki fullnægja skilyrðum til að fá þessar bætur geta fengið félagslega aðstoð (kontanthjælp). Þeir sem fá félagslega aðstoð eiga ekki rétt á fæðingardagpeningum en halda rétti sínum til félagslegrar aðstoðar. Af þessu má álykta að kona í námi sem ekki hefur verið á vinnumarkaði fær engar greiðslur frá dönskum almannatryggingum en gæti átt rétt á félagslegri aðstoð (kontanthjælp). Þá mun vera við það miðað að engir aðrir tekjumöguleikar séu fyrir hendi.

Ekki er hér fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslur til feðra.

Sérstakar reglur munu gilda um styrki frá danska námslánasjóðnum til þeirra sem þurfa að fresta námi vegna fæðingar, auk lánamöguleika. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki nákvæmar upplýsingar um það atriði, né heldur um þær reglur sem gilda um rétt til greiðslna samkvæmt dönskum lögum um félagslega aðstoð (kontanthjælp).

Til viðbótar reglunum um orlof og greiðslur í tengslum við meðgöngu og fæðingu gilda í Danmörku sérstök lög um leyfi fyrir fólk á vinnumarkaði til að sinna börnum sínum á aldrinum 0–8 ára í a.m.k. 26 vikur gegn sérstökum greiðslum sem eru u.þ.b. 70% af hámarksatvinnuleysisdagpeningum.

Noregur.

Allir sem eru á vinnumarkaði eiga rétt á fæðingarorlofi með greiðslum í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Greiðslutímabilið getur verið allt að 48 vikur. Konur sem hafa haft atvinnutekjur eiga rétt á dagpeningum. Kona verður að vera búsett í landinu til að eiga aðild að almannatryggingum þar og hún þarf að hafa haft tekjur sem veita rétt til lífeyrisávinnings í a.m.k. sex mánuði sl. tíu mánuði fyrir fæðinguna. Verða árstekjurnar að vera a.m.k. 50% af grunnfjárhæð almannatrygginganna. Þær konur sem ekki uppfylla þessi skilyrði eiga rétt á eingreiðslu sem nemur 32.138 norskum kr. (1. janúar 1996). Af þessu má ályktа að kona í námi sem ekki hefur verið á vinnumarkaði fær ekki fæðingardagpeninga en gæti átt rétt á eingreiðslu.

Ekki er hér fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslur til feðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um reglur norska námslánasjóðsins varðandi rétt til náms eða styrkja, né heldur um þær reglur sem gilda um rétt til greiðslna samkvæmt norskum lögum um félagslega aðstoð.

Til viðbótar reglunum um orlof og greiðslur í tengslum við meðgöngu og fæðingu gilda í Noregi sérstakar reglur um rétt til orlofs í eitt ár vegna hvers barns til að sinna því. Engar greiðslur eru tengdar því orlofi.

Svíþjóð.

Allir foreldrar sem búsettir eru í Svíþjóð og eiga þar með aðild að almannatryggingunum þar í landi eiga rétt á fæðingarorlofi með greiðslum í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Samanlagt eiga foreldrarnir rétt á því að fá fæðingardagpeninga í allt að 64 vikur. Þeir sem ekki eru á vinnumarkaði fá ákveðna lágmarksupphæð (garanti) allan dagpeningatímann (420 sænskar kr. á viku 1995, lágmark 60 sænskar kr. á dag). Þeir sem eru á vinnumarkaði fá fæðingardagpeninga sem reiknaðir eru eftir þeim tekjum sem veita rétt til sjúkradagpeninga. Fyrstu 30 dagana eru dagpeningarnir 85% af viðmiðunartekjunum en eftir það eru þeir 75% af viðmiðunartekjum (1996). Af þessu má ályktа að kona í námi sem ekki hefur verið á vinnumarkaði fær ekki dagpeninga en gæti fengið framangreinda lágmarksupphæð (garanti, 420 sænskar kr. á viku) allan dagpeningatímann (64 vikur).

Ekki er hér fjallað um þær reglur sem gilda um greiðslur til feðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um reglur sænska námslánasjóðsins varðandi rétt til láns eða styrkja, né heldur um þær reglur sem gilda um rétt til greiðslna samkvæmt sænskum lögum um félagslega aðstoð.

Í Svíþjóð eru engar reglur um sérstakt orlof til að sinna börnum.

Hér hefur aðeins í stuttu máli verið fjallað um helstu reglur varðandi greiðslur almannatrygginga vegna meðgöngu og fæðingar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Ekki er fjallað um aðrar greiðslur vegna barna, svo sem til föður vegna fæðingar, greiðslur til einstæðra foreldra, barnabætur o.fl. Upplýsingarnar eru fengnar úr skýrslunni „Tema Nord 1996:612, Orlovsordninger I Norden" og bæklingi Försäkringskassaforbundets 1996 „Socialförsäkringen I Norden, en översikt". (Um nánari upplýsingar, sjá t.d. framangreinda skýrslu og bækling, lög viðkomandi ríkja og ýmsa bæklinga frá tryggingastofnunum landanna.)

Af þessum upplýsingum má ráða að í Svíþjóð og Noregi eru sérstakar lágmarksgreiðslur úr almannatryggingum til þeirra sem ekki hafa verið á vinnumarkaði eða uppfylla ekki lágmarksskilyrði, þ.e. annars vegar u.þ.b. 26.880 sænskar kr. og hins vegar u.þ.b. 32.138 norskar kr. Í Danmörku er tekið á málum á annan hátt þar sem það eru einvörðungu aðilar á vinnumarkaði er fullnægja ákveðnum skilyrðum sem njóta greiðslna frá almannatryggingum. Mál annarra eru leyst eftir öðrum leiðum.

Til þess að fá nánari upplýsingar en að framan greinir um réttindi námskvenna vegna meðgöngu og fæðingar í ofangreindum löndum þyrfti að beina fyrirspurn til viðkomandi yfirvalda í þeim löndum.

Réttur hér á landi.

Eins og fram hefur komið falla námsmenn sem búsettir eru á annars staðar á Norðurlöndunum, undir almannatryggingalög viðkomandi lands. Þeir njóta því ekki á sama tíma almannatryggingaréttinda hér á landi. Hins vegar njóta námsmenn sem búsettir eru hér landi og tryggðir eru hjá Tryggingastofnun ríkisins réttar skv. 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993. Í 15. gr. er fjallað um fæðingarstyrk en í 16. gr. er fjallað um fæðingardagpeninga. Allar konur sem tryggðar hafa verið hjá Tryggingastofnun ríkisins í 12 mánuði eiga rétt á fæðingarstyrk en fæðingardagpeningar eru ætlaðir þeim sem eru á vinnumarkaði og leggja niður launuð störf í fæðingarorlofinu. Í 16. gr. kemur fram að launuð vinna merki alla vinnu að tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega, og að um mat á atvinnuþátttöku foreldris skuli setja ákvæði í reglugerð. Í reglugerð nr. 546/1989 voru settar reglur um að reikna skuli nám á ákveðinn hátt til vinnustunda þannig að nám veiti rétt til fæðingardagpeninga. Því fá námsmenn sem fullnægja ákveðnum skilyrðum, bæði fæðingarstyrk og fæðingardagpeninga. Fæðingarstyrkur nemur nú 27.758 kr. á mánuði og greiðist í sex mánuði. Fullir fæðingardagpeningar eru nú 1.164 kr. á dag og greiðast í sex mánuði. Aðrar reglugerðir þar sem fjallað er um greiðslur í fæðingarorlofi eru reglugerð nr. 20/1989, um breytingu á reglugerð nr. 546/1989, og reglugerð nr. 655/1994, um framkvæmd laga um almannatryggingar.

Hvaða áhrif hefur það á rétt þeirra til fæðingarorlofs ef þær flytja lögheimili sitt til námslandsins meðan á námi stendur?

Í svari við fyrstu spurningunni kom fram að ákveðnar reglur gilda um flutning lögheimilis milli Norðurlandanna og að þeir sem ekki eru í vinnu og flytja milli Norðurlandanna falla að meginreglu til undir löggjöf búsetulandsins. Þeir sem eiga rétt á dagpeningum við flutning úr landi til annars EES-lands, þar með talið Norðurlandanna, halda hins vegar þeim rétti þar til réttur fellur niður. Þeir sem njóta fæðingardagpeninga við flutning halda þannig þeim greiðslum þar til sex mánaða greiðslutímabili lýkur.

870. Frumvarp til laga [519. mál]

um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988.

Flm.: Katrín Fjeldsted.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Greinin orðast svo:

Áður en að aðgerð eða meðferð hefst ber lækni að afla skriflegs samþykkis sjúklings sem felur í sér að hann hafi fengið upplýsingar um þá aðgerð eða meðferð sem fyrirhuguð er og að hann samþykki að hún fari fram. Ef um er að ræða barn undir 16 ára aldri eða sjúkling sem ekki er í ástandi til að veita slíkt samþykki skal það veitt af foreldri, forráðamanni eða nánasta aðstandanda. Ef um bráðatilvik er að ræða nægir munnlegt samþykki aðstandanda. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *B. Upplýsingaskylda læknis og samþykki sjúklings.*

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Enga almenna reglu um skriflegt samþykki sjúklinga er að finna í íslenskum lögum. Slíkt ákvæði er þó að finna í lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, en í 13. gr. þeirra er kveðið á um að kona sem óskar fóstureyðingar skuli sjálf skrifa undir umsóknina.

Með skriflegu samþykki sjúklings er átt við að sjúklingur eða forráðamaður hans votti að hann hafi fengið útskýringar og upplýsingar um eðli og tilgang læknisaðgerðar eða meðferðar, áhættu henni tengda og hugsanlega fylgikvilla. Þá staðfesti sjúklingur einnig að hann hafi fengið upplýsingar og útskýringar á öðrum möguleikum til greiningar og meðferðar á ástandi sínu og fengið tækifæri til þess að leggja fram spurningar og fá við þeim fullnægjandi svör. Loks samþykkir sjúklingur að tiltekinn læknir eða aðrir læknar er starfa undir hans stjórn framkvæmi aðgerðina.

Skriflegt samþykki sjúklings miðar þannig að því að veita læknum aukið aðhald og stuðlar að því að þeir sinni upplýsingaskyldu sinni betur, auk þess sem það er vettvangur sjúklings til að afla þeirra upplýsinga sem honum þykir mikilvægar og taka ábyrga afstöðu til aðgerðar eða meðferðar.

Skriflegt samþykki sjúklings firrir lækni þó ekki lagalegri ábyrgð né sviptir sjúkling lagalegum rétti til kvörtunar eða málshöfðunar vegna meintra mistaka læknis.

Í 10. gr. læknalaga er nú mælt fyrir um skyldur læknis til að upplýsa sjúkling um ástand, meðferð og horfur. Eðlilegt er að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, verði felldar inn í þetta ákvæði laganna.

871. Tillaga til þingsályktunar [520. mál]

um innlenda metangasframleiðslu.

Flm.: Kristján Pálsson, Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að undirbúa breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og á tollalögum sem heimili að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld og skatta á innlenda metangasframleiðslu úr safnhaugum og sorphaugum sorpeyðingarstöðva. Slík heimild nái einnig til almenningsfarartækja til nota í þéttbýli og sorpbíla sem nýta metangas í stað innfluttra orkugjafa.

Greinargerð.

Þessi þingsályktunartillaga og tillaga um nýtingu metangass frá sorphaugum og framtíðarstefnu í sorpurðunarmálum eru lagðar fram samhliða og af sömu flutningsmönnum, þar sem önnur lýtur að söfnun metangass og skipulagningu á hráefnissöfnun en hin að nýtingarmöguleikum afurðarinnar (metangassins). Söfnun metangass úr sorphaugum á Álfsnesi er nú þegar orðin staðreynd og gas sem hægt væri að vinna 0,2 mW orku úr streymir úr söfnunarpípum þar og er brennt. Innan fárra mánaða mun gasframleiðslan nema um 1 mW og með virkjun Gufuneshauganna má fá í það minnsta 3,0 mW til viðbótar. Eftir árið 2010 þegar rotnun í Gufuneshaugunum er lokið gæti árleg framleiðsla numið um 2 mW.

Þar sem umhverfisvernd hefur náð lengst erlendis og stefnt er að sjálfbærri þróun í sem mestum mæli hafa tilraunir sýnt að íbúðabyggð með um 20 þúsund manns getur með söfnun metangass úr sorphaugum sínum fullnægt allri eldsneytisþörf almenningvagna og farartækja opinberra stofnana á vegum sveitarfélagsins.

Á Íslandi mætti heimfæra þetta upp á höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Árnessvæðið og Eyjaförð, svo dæmi séu tekin. Það samsvarar því að Strætisvagnar Reykjavíkur og Hagvagnar, sorpbílar og aðrir bílar í opinberri þágu sveitarfélaganna á þessum svæðum notuðu einungis metangas sem eldsneyti.

Metangas mengar um 70% minna en venjuleg gasolía á bíla en auk þess dregur virkjun metangass úr sorphaugum mjög úr mengandi gróðurhúsalofttegundum í andrúmsloftinu þar sem metangasið mengar um 25 sinnum meira en venjulegt CO_2.

Kostnaðarsamt er að skipta um bíla eða breyta þeim svo notast megi við metangasið sem orkugjafa og hafa Svíar farið þá leið að mæta auknum kostnaði með lækkun tolla og skatta á bæði eldsneytið og farartækin sem nýta þennan orkukost. Réttlæting slíkrar ákvörðunar er að umhverfisvernd kostar peninga en í þessu tilfelli er um litla peninga að ræða þegar horft er til annara aðgerða sem grípa þarf til svo að það markmið náist að halda í horfinu með mengandi lofttegundir í andrúmsloftinu eða minnka þær.

Þegar lögð eru saman jákvæð áhrif minnkandi mengunar með brennslu metangassins, í stað þess að hleypa því út í andrúmsloftið, og minni mengunar af bílaumferð þá samsvarar það um ⅔ af koltvísýringi (CO_2) frá væntanlegu álveri á Grundartanga, eða 60 þúsund tonnum á ári.

Íslendingum hefur til þessa þótt fjarlægt að hengja verðmiða á umhverfið þar sem vindar eru stöðugir hér og fjarlægð frá meginlöndunum mikil. Það er þó að koma betur og betur í ljós að við Íslendingar erum ekki betur settir en margar aðrar þjóðir hvað varðar sleppa gróðuhúsaloftegundum út í andrúmsloftið. Við hljótum því að horfa fram á mik-

inn kostnað á allra næstu árum við að uppfylla alþjóðasamþykktir um umhverfisvernd. Því eru slíkar aðgerðir sem hér eru lagðar til mjög hagkvæmar og réttlætanlegar á meðan ekki er lagður á sérstakur umhverfisskattur sem nýta mætti í aðgerðir sem þessa.

Sjálfbær þróun er umhverfisverndarsinnuðum þjóðum mikið keppikefli og nýtur vinsælda og skilnings meðal almennings. Af hálfu Íslendinga hafa fyrstu skref verið stigin m.a. með flokkun sorps og endurvinnslu. Það er að frumkvæði stjórnar Sorpu að farið var að safna metangasi úr safnhaugum (sorphaugum) stöðvarinnar en um slík mál gilda engar reglur af hálfu íslenskra stjórnvalda enn sem komið er. Verðmætt frumkvöðulsstarf stjórnenda Sorpu hefur alla burði til að verða fyrsta skefið sem skilar okkur í átt að því að verða vistvæn þjóð á alvörustigi sjálfbærrar þróunar.

872. Tillaga til þingsályktunar [521. mál]

um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Rannveig Guðmundsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir,
Jón Baldvin Hannibalsson, Össur Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá skuli nefndin gera úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum í sama tilgangi. Einnig skal meta hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, umboðsmanni barna, fulltrúa frá Barnaheillum og fulltrúa frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Nefndin skal skila tillögum um úrbætur fyrir 1. desember 1997.

Greinargerð.

Tímabært er að fjalla um barnasáttmálann í heild sinni, um forsendur hans, áhrif hans á íslenska löggjöf frá gildistöku hans, meta hvort setja þurfi lög, breyta lögum eða bæta réttarframkvæmd svo að réttindi barna sem viðurkennd eru í sáttmálanum verði tryggð í íslenskum rétti. Samningurinn sem tók gildi 20. nóvember 1989 öðlaðist gildi er Ísland varðar 27. nóvember 1992.

Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við og ekki hefur verið mörkuð nein opinber stefna í fjölskyldumálum. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi. Laun hér á landi eru lág og kostnaður við húsnæðisöflun er mikill. Fyrstu búskaparárin fara oft í öflun húsnæðis og krefst það langs vinnutíma beggja foreldra. Foreldrar eru því oft langdvölum frá heimilinu meðan börnin eru enn ung. Gæsluúrræði skólabarna eru ekki viðunandi svo að hópur barna á aldrinum 6–16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra sjá um sig sjálf meðan foreldrar vinna langan vinnudag. Það hefur komið fram í umfjöllun sálfræðinga og uppeldisfræðinga að íslensk börn njóti almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast á Norðurlöndunum.

Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi. Í VI. kafla stjórnarskrárinnar var lögfest ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun. Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntamálaráðuneytis til félagsmálaráðuneytis, starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda. Við úrlausn barnaverndarmála var lögfestur réttur barna til að tjá sig um málið, skylt er að veita barni þessa heimild og þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann. Árið 1995 var lögunum breytt og sett á laggirnar Barnaverndarstofa, sem annast daglega stjórn barnaverndarmála. Hlutverk hennar er að veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf, hafa eftirlit með störfum þeirra, hafa eftirlit með öðrum stofnunum fyrir börn, hafa umsjón með vistun barna o.fl. Barnalög, nr. 20/1992, voru endurbætt þar sem afnumin voru hugtökin skilgetið barn og óskilgetið, kveðið var á um sameiginlega forsjá og lögfest heimild til að skipa barni talsmann við úrlausn forsjármáls á kostnað hins opinbera. Ný grunnskólalög voru sett árið 1991 og með breytingu á þeim lögum, með lögum nr. 66/1995, hefur rekstur grunnskóla verið færður yfir til sveitarfélaganna. Árið 1994 var stofnað embætti umboðsmanns barna.

Í byrjun árs 1996 bárust athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var yfir ánægju með ýmsa þætti en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda.

Flutningsmenn telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að barn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Því telja flutningsmenn að sú vinna sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögu þessari sé nauðsynleg. Þessi greinargerð er m.a. byggð á athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna Barnaheillar.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans:

Í 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Heimildinni hefur sjaldan verið beitt þrátt fyrir mörg erfið mál af þessu tagi. Flutningsmenn telja að hér eigi að vera skylda að skipa talsmann en ekki heimild. Í sömu lögum er barni tryggður réttur til umgengni við foreldri sem fer ekki með forsjá þess. Þrátt fyrir ákvæði í lögunum sem mælir fyrir um heimild til að beita sektum þegar forsjárforeldri tálmar hinu foreldrinu umgengni við barnið eru tilvikin allt of mörg sem barni er meinuð umgengni við báða foreldra sína. Þessi mál eru oft mjög erfið barninu því í mörgum tilvikum leiða reiði og óuppgerðar tilfinningar milli foreldra til þess að hagsmunir þess eru fyrir borð bornir. Flutningsmaður telur að talsmaður sem barninu er skipaður geti sem milligöngumaður gætt hagsmuna þess mun betur en sektarákvæði 38. gr. sem hefur í reynd reynst máttlaust. Þegar staðan er sú að forsjárlaust foreldri sinnir ekki umgengisskyldu sinni er ekkert úrræði fyrir hendi sem tryggir rétt barnsins til umgengni við það. Vel mætti hugsa sér að talsmaður sem hefur aðeins það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins tækist að koma á sambandi milli foreldris og barns þegar foreldrar eru ófærir um að standa vörð um hagsmuni þess sjálfir.

Heimilt er að skilja barn frá foreldum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. Í 8. kafla laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, er mælt fyrir um málsmeðferð við forsjársviptingu og gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir fari með slíkt vald. Samkvæmt lögunum er hlutverk barnaverndarnefnda í málum þessum margþætt. Þær eiga að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað barna, sjá um skráningu barna í áhættuhópa, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við. Úrskurðum barnaverndarnefndar er síðan hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Fullnaðarákvörðun er tekin á stjórnsýslustigi og barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Hér er um alvarleg inngrip í einkahagi manna að ræða og hagsmunirnir eru mjög ríkir því þarf að vanda vel til málsmeðferðar, tímabært er orðið að málsmeðferðin verði endurskoðuð og færð í betra horf, sérstaklega hvað varðar frumúrskurðarvald í barnaverndarmálum.

Í lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 frá 1952, sbr. lög nr. 49/1982, er börnum mismunað eftir því hort þau eru fædd í hjónabandi eða utan, en í 2. gr. sáttmálans er lagt bann við allri mismunun og ítrekað að öll börn eigi sama rétt. Í lögunum öðlast barn sem fæðist utan hjónabands á Íslandi og á móður sem er erlendur þegn en íslenskan föður ekki íslenskt ríkisfang, en barn sem eins er ástatt með fær íslenskt ríkisfang ef móðirin er íslenskur ríkisborgari og faðirinn erlendur þegn. Staðan gæti hæglega orðið sú að barn sem fæðist á Íslandi, á íslenskan föður og móður sem er erlendur þegn yrði ríkisfangslaust ef móðirin er þegn ríkis sem byggir ríkisfangsrétt á staðarreglunni. Í 7. gr. barnasáttmálans er ákvæði um að barn eigi rétt til að öðlast ríkisfang frá fæðingu.

Samkvæmt almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í 37. gr. barnasáttmálans er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Einkum er lögð áhersla á að barni sem svipt er frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum, nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga. Því ætti að tryggja með lögum að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Íslendingar lögðu fram sérstaka yfirlýsingu varðandi þennan þátt, en telja má að óbreytt fyrirkomulag sé slíkt brot á mannréttindum barna að ekki verði við unað.

Í 39. gr. sáttmálans er mælt fyrir um að börn sem hafa orðið fórnarlömb ofbeldis og misnotkunar skuli eiga rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu. Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn um stuðning ríkis og sveitarfélaga við börn sem misnotuð hafa verið kynferðislega kom fram að börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi er ekki tryggður stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila. Engin hópmeðferð stendur þessum börnum til boða en áfallameðferð og langtímameðferð eru sjaldan skipulagðar af barnaverndarnefndum, enda eru lagaskyldur á því sviði óljósar.

Á Íslandi verða börn sjálfráða við 16 ára aldur. Það er mat flutningsmanna að með því að miða sjálfræði við þau aldursmörk sé verið að brjóta gegn 1. gr. sáttmálans þar sem fram kemur að börn eru allt fólk í heiminum yngra en 18 ára. Markmið greinarinnar er að tryggja að börn og ungmenni njóti verndar jafnt foreldra sem samfélagsins alls til 18 ára aldurs og þeim verði tryggður sá réttur sem sáttmálinn mælir fyrir um. Við 18 ára aldurinn öðlist börnin réttinn til að ráða sér alfarið sjálf og séu þá jafnframt tilbúin

til að axla þá ábyrgð sem frelsinu fylgir. Hér á landi búa um 80–90% ungmenna á aldrinum 16-18 ára í foreldrahúsum. Stór hluti þeirra er í námi og því háður foreldrum sínum um framfærslu auk þess sem atvinnuleysi meðal ungmenna hefur rýrt möguleika þeirra til að standa á eigin fótum og hugsanlega ýtt undir frekari námskröfur. Hækkun á sjálfræðisaldri felur í sér framlengingu á forsjárskyldu foreldra, tryggir þannig réttarstöðu barna á aldrinum 16–18 ára og gerir foreldrum auk þess kleift að beita agavaldi þegar það er barni fyrir bestu

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál sem snerta þá sjálfa. Tryggja þarf betur en nú er formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskólanna til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þau sjálf. Það hlýtur að samræmast hlutverki skólans að veita nemendum málfrelsi og tillögurétt þegar málefni sem varða nemendur almennt eru tekin til meðferðar. Með því er breytt í anda ákvæða 12., 13. og 14. gr. barnasáttmálans og börnin skólast í því að taka afstöðu til mála sem snúa að þeim sjálfum.

Þrátt fyrir bann við allri mismunun barna er börnum af erlendum uppruna ekki tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Innflytjendabörn eiga hvorki tungumál né menningararf sameiginlegt með innfæddum börnum, þó er ekki til lögbundin heimild til að njóta eigin menningar eða tungumáls. Það er eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð. Reyndar er það svo að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum.

Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru aðeins dæmi. Hlutverk nefndarinnar verður að gera úttekt á réttarstöðu barna á Íslandi almennt og væri m.a. vert að skoða hvort ákvæði sáttmálans um trúfrelsi barna sé haldið, hvort brottrekstur barna úr grunnskólum og vinnufyrirkomulag barna og ungmenna á Íslandi sé í samræmi við anda sáttmálans.

Spyrja mætti hvort sú kynning sem barnasáttmálinn hefur fengið sé fullnægjandi, hvort ekki væri rétt að barnasáttmálinn væri kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum sem liður í námskeiði um mannréttindi, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja og dreifa til þeirra o.s.frv. Hefur verið leitað til frjálsra félagasamtaka eins og Barnaheilla með samvinnu við kynningu á barnasáttmálanum? Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast fyrir sérþekking á málefninu sem vert væri að nýta. Þá þyrfti að skoða mismunandi stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, börn einstæðra foreldra, börn tekjulítilla foreldra, fötluð börn o.s.frv. Ljóst er að tekjulítið fólk hefur ekki ráð á að veita börnum sínum þá menntun sem í boði er utan skóla, svo sem tónlist, dans o.fl. Tekjulítið fólk hefur ekki efni á að greiða fyrir gæslu sem skólarnir bjóða nú fyrir börn utan skólatíma og því gengur stór hópur barna sjálfala hluta úr degi meðan foreldrar eru í vinnu. Við flutning málefna fatlaðra til sveitafélaganna er æskilegt að komið verði á stofnun jafnréttismála fatlaðra til að koma í veg fyrir að fötluðum börnum verði mismunað eftir búsetu. Yfirvöld hér veita miklu minna fjármagn til barnaverndarmála en annars staðar á Norðurlöndum þrátt fyrir að Íslendingar eigi hlutfallslega fleiri börn ef miðað er við sömu lönd.

Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum. Eins og fram hefur komið hafa verið stigin ákveðin skref í átt til réttarbótar. Það skal þó tekið fram að samkvæmt íslenskum rétti fá alþjóðlegir samningar ekki sjálfkrafa lagagildi að landsrétti þótt þeir hafi verið fullgiltir, heldur eru þeir skuldbindandi að þjóðarrétti. Sáttmálinn hefur ekki verið lögfestur á Íslandi og því er ekki hægt að beita honum beint fyrir ís-

lenskum dómstólum. Samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum verða íslensk lög skýrð með hliðsjón af alþjóðalögum en íslensk lög ganga ávallt fyrir alþjóðalögum séu þau ósamræmanleg. Það er því mikilvægt að lögleiða sáttmálann í heild sinni og gera með því réttindum barna hér á landi hærra undir höfði en nú.

Fylgiskjal I.

Upplýsingar úr bæklingnum Social tryghed i de nordiske lande. Omfang, udgifter og finansiering 1994. NOSOSKO, Nordisk Social-Statistisk Komité, 3:1996.

Samanburður milli Norðurlandanna á útgjöldum til félags- og heilbrigðismála sem renna til fjölskyldna og barna árin 1993 og 1994.
(Prósenta 0–14 ára af heildaríbúafjölda.)

Land	1993	1994
Danmörk	17,1	17,5
Finnland	19,1	19,1
Ísland	24,8	24,6
Noregur	19,3	19,5
Svíþjóð	18,7	18,9

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum árin 1993 og 1994 (hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu).

Land	1993	1994
Danmörk	32,9	33,6
Finnland	36,4	35,8
Ísland	18,9	18,7
Noregur	29,1	28,2
Svíþjóð	40,4	40,4*

*Tala frá árinu 1993.

Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994.

Land (upphæðir í norskum krónum)	1993	1994
Danmörk	7.298	7.388
Finnland	6.366	7.450
Ísland	3.965	4.321
Noregur	7.198	7.795
Svíþjóð	8.906	8.906*

*Tala frá árinu 1993.

Útgjöld til dagvistarmála (leikskólar, skóladagheimili og dagmæðragæsla) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994.

Land (upphæðir í norskum krónum)	1993	1994
Danmörk	2.758	2.858
Finnland	1.580	1.569
Ísland	1.008	1.127
Noregur	1.250	1.956
Svíþjóð	3.142	3.142*

*Tala frá árinu 1993.

Útgjöld til barnaverndarmála (hluti af útgjöldum til félags- og heilbrigðismála) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994.

Land (upphæðir í norskum krónum)	1993	1994
Danmörk	1.079	1.112
Finnland	171	168
Ísland	142	193
Noregur	647	823
Svíþjóð	550	550*

*Tala frá árinu 1993.

Fylgiskjal II.

Barnaheill.

Samanburður milli Norðurlandanna á útgjöldum til félags- og heilbrigðismála sem renna til fjölskyldna og barna árin 1993-1994

(prósenta 0-14 ára af heildaríbúafjölda)



Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum árin 1993 og 1994

(hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu)



Útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 til 1994



Útgjöld til dagvistarmála (leikskólar, skóladagheimili og dagmæðragæsla) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994



Útgjöld til barnaverndarmála (hluti af útgjöldum til félags- og heilbrigðismála) í jafnvirðisgildum á íbúa árin 1993 og 1994



Fylgiskjal III.

Börn – stjórnvöld – barnafjölskyldur.
(Úr tímariti Barnaheilla, 1990, 1. tbl. 1. árg.)

Um aðbúnað barna og ungs barnafólks á Íslandi.
Valdar rannsóknaniðurstöður.

Baldur Kristjánsson er barnasálfræðingur að mennt. Hann útskrifaðist frá Gautaborgarháskóla árið 1982. Á árunum 1983–1986 vann hann sem skólasálfræðingur á Suðurnesjum. Frá því um miðbik árs 1985 og fram á þennan dag hefur Baldur starfað sem fulltrúi Íslands í samnorrænni rannsókn, sem nefnist BASUN-rannsóknin, en hún er nú á lokastigi. „BASUN" er skammstöfun á „Barnæska og samfélagsumbreytingar á Norðurlöndum". Í þessari rannsókn var nokkrum tugum fimm ára barna í hverju Norðurlandanna um sig fylgt í gegnum einn virkan dag, auk þess sem ítarleg viðtöl voru höfð við foreldra og fóstrur á dagvistarstofnunum barnanna. Rannsóknarniðurstöður munu liggja fyrir innan árs og verða gefnar út á sænsku fyrir Norðurlönd og á ensku fyrir alþjóðamarkað. Fyrir réttu ári síðan réðst Baldur í sína eigin könnun, sem er nokkurs konar framhald af BASUN-rannsókninni, og fékk hann styrk til þess frá Vísindaráði Íslands. Könnunina nefnir Baldur „Börn í borg og bæ – Könnun á daglegum högum 4 og 5 ára barna á Íslandi". Könnunin byggir á svörum 430 foreldra barna sem fædd eru árið 1984 og sem búa á höfuðborgarsvæðinu og í kaupstöðum víða um land. Markmið könnunarinnar er að gefa þverskurðarmynd af daglegum högum og aðbúnaði barna á þessum aldri og viðhorfum foreldra sem snerta uppeldi og aðbúnað. Samhliða því sem Baldur hefur unnið að rannsókn sinni hefur hann verið í hálfu starfi sem sálfræðingur við Barnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Á síðasta hausti tók Baldur saman skýrslu fyrir menntamálaráðuneytið sem nefnist „Dagvistun barna á forskólaaldri og lífskjör foreldra". Skýrslan er unnin upp úr svonefndri „Lífskjarakönnun" sem Félagsvísindastofnun gekkst fyrir árið 1988. Í skýrslunni er gæslutilhögun barna fram að skólaaldri gerð ítarleg skil, auk þess sem lífskjör ungra barnafjölskyldna eru borin saman við aðrar fjölskyldur og fólk sem að öllu jöfnu er búið að koma sér vel fyrir í húsnæði og í þjóðfélaginu almennt. Í erindi sínu mun Baldur styðjast við ýmsar niðurstöður úr fyrrnefndum gögnum, og þá einkum úr sinni eigin rannsókn. Er það í fyrsta skipti sem hún er kynnt að einhverju marki.

Sennilega hafa aldrei jafnmörg börn á Íslandi haft það jafngott og nú — í efnislegu tilliti. Aldrei áður hafa börn búið við jafnrúman kost. Aldrei áður hafa börn haft jafnmörg tækifæri til hvers kyns afþreyinga og lífsþæginda. Þrátt fyrir alla þessa ytri velferð gerast þær raddir æ háværari að verulega skorti á aðbúnað barna í öðru tilliti, nefnilega andlegu eða uppeldislegu tilliti. Sagt er að íslensk börn séu afskipt; að þau gangi sjálfala, og þeir sem lengst ganga fullyrða að íslenskt þjóðfélag sé fjandsamlegt börnum. Tökum þrjár vísbendingar sem allar benda til þess að ekki sé allt með felldu í uppeldisskilyrðum barna:

Skólafólk talar um vaxandi óróleika barna, sem færist neðar og neðar í bekkjardeildirnar.

Meðal skólasálfræðinga og félagsráðgjafa er rætt um vaxandi álag og erfiðari mál en áður; að þeim málum fjölgi stöðugt þar sem of seint sé að grípa inn í.

Ofbeldi meðal unglinga hefur stórlega aukist.

I. Börn í sjálfsbjargarþjóðfélagi.

Ef marka má BASUN-rannsóknina er ljóst að íslensk börn njóta almennt minni leiðsagnar og verndar fullorðinna en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Hér virðast við lýði óvenjusterkar væntingar til barna, strax frá unga aldri, um að standa á eigin fótum og bjarga sér sjálf. Af þessum ástæðum eru íslensk börn áberandi oft á ferli ein og óvarin í daglegu umhverfi sínu. Þannig eru slys á börnum óvíða ef nokkurs staðar algengari en hér á landi. Á þetta sérstaklega við um slys sem hafa í för með sér meiri háttar áverka. Það er einkennileg þversögn að á sama tíma og svo mikil hætta virðist steðja að íslenskum börnum hreykjum við okkur af því að langlífi sé næstum hvergi eins mikið og hér á landi. Það segir mikið um hve djúpstæðar væntingar til barna um sjálfsbjörg eru í íslenskri þjóðmenningu að í stað þess að bregðast við tíðum slysum með bættri vernd og handleiðslu fullorðinna er gengist fyrir námskeiðum fyrir börn í sjálfshjálp og í að gæta annarra barna. Ekki alls fyrir löngu var t.d. haldið sjónvarpsnámskeið fyrir börn sem eru ein heima á meðan foreldrarnir eru útivinnandi. Farið var í einfalda matargerð og ýmislegt annað hagnýtt. Í einum þættinum var fjallað um hvað börn gætu gert til að losna við ókunnuga menn sem kynnu að leita inngöngu.

Þó að vitaskuld hafi þessi viðleitni verið vel meint endurspeglar hún ótrúlegan skilningsskort á tilfinningum barna og þörfum þeirra fyrir öryggi og nálægð fullorðinna. Til marks um það má nefna að mörg börn sem fram að þessu höfðu unað sér fremur áhyggjulaus heima, óvitandi um þær hættur sem kynnu að steðja að, urðu nú hrædd fyrir alvöru.

Mér er til efs að foreldrar geri sér almennt nógu vel grein fyrir hvernig börnum þeirra líður við það að vera skilin eftir ein heima. Þannig heyrði ég nýlega um dreng sem við getum kallað Svein.

Sveinn kvaddi foreldra sína á hverjum morgni, að því er virtist glaður í bragði, en um leið og þeir voru farnir hljóp hann skelfdur beint undir rúmið sitt. Þar lá hann þar til hann átti að fara í skólann um hádegisbilið. Foreldrarnir vissu ekkert, en svo fór að halla undan fæti í skólanum. Sveinn var sendur til skólasálfræðingsins og smám saman kom hið sanna í ljós.

Sem betur fer átti Sveinn þrátt fyrir allt skilningsríka foreldra sem voru reiðubúnir að breyta högum sínum svo hann þurfti ekki að vera einn heima lengur.

Hverjum manni ætti að vera ljóst að ekki þýðir að innræta börnum að vera sterk og standa á eigin fótum. Eina raunhæfa leiðin er að skapa börnum þannig skilyrði að þau þurfi ekki, nauðug viljug, að vera ein og óvarin.

Kröfur um sjálfsbjörg eru oft gerðar mjög snemma á ævi íslenskra barna. Eftirfarandi dæmi eru fengin að láni úr BASUN-rannsókninni og sýna kröfur sem gerðar eru til fimm ára barna á höfuðborgarsvæðinu. Nöfnum barnanna hefur verið breytt.

Ari, fimm ára, er með reglulegu millibili skilinn eftir einn heima milli klukkan 5 og 7 á kvöldin meðan pabbi er að vinna og mamma í skóla. Aðspurður hvað Ari geri á meðan hann er einn heima segja foreldrarnir að Ari sé vanur að horfa á sjónvarpið annaðhvort einn eða með vinkonu sinni. Ef Ara leiðist eða ef hann verður hræddur má hann banka upp á hjá nágrönnunum.

Á leikskóla Önnu er nokkuð um að elstu börnin fari ein síns liðs úr og í leikskólann, þó alls ekki sé það vel séð af starfstúlkunum. Þær segjast hafa orðið að láta undan þrýstingi foreldra, en að sögn einnar fóstrunnar gætir almennt vaxandi þrýstings frá foreldrum um að börnin fái að fara og koma ein.

Eitt sinn þegar pabbi Önnu kemur að ná í hana á leikskólann tekur hún á rás. Hún hleypur út á fáfarna götu sem er rétt við leikskólann. Í sömu andrá kemur stór bíll á nokkurri ferð. Anna lendir undir bílnum og dregst með honum nokkurn spöl. Það gekk kraftaverki næst að Anna komst ómeidd frá þessu ævintýri.

Stuttu síðar var haldinn foreldrafundur á leikskólanum þar sem framangreint atvik bar á góma. Þeir sem fyrst tóku til máls töldu ekki rétt að láta börnin fara ein á milli þegar sýnt var hvað gæti gerst. Brátt varð þó ljóst að þeir foreldrar sem voru þessarar skoðunar voru í minni hluta.

Niðurstaðan varð því sú að börnin skyldu áfram fá að fara ein síns liðs á milli, og var það rökstutt með því að þau þyrftu að læra á hættunar í umhverfinu áður en þau byrjuðu í sex ára deild.

Foreldrar Magnúsar, sem einnig er fimm ára, segja mér að hann sæki fast á að fara einn ásamt litlu systur til og frá dagheimilinu, sem þau eru bæði á. Foreldrarnir eru greinilega stoltir af dugnaði sonarins, en þeir geta þess jafnframt að erfitt sé að hafa hemil á þessari sjálfsbjargarviðleitni, þótt þau vildu, því að á dagheimili Magnúsar metist jafnaldrar hans um það hver fái að fara oftast einn heim.

Ég átti síðan samtal við Magnús sjálfan, þar sem ég bað hann m.a. um að segja mér frá ferðum sínum heim frá dagheimilinu. Fyrst var hann stoltur á svip, en smám saman færðist harka yfir andlitið. Hann fór að lýsa af ákafa þeim stöðum á leiðinni heim, þar sem alls kyns óvinir gætu setið fyrir honum og ráðist á hann og litlu systur. Og þar sem við vorum inni í herberginu gerðist hann nú illur ásýndum og tók nokkur vel útfærð karatespörk svona rétt til að undirstrika að þau systkinin væru sýnd veiði en ekki gefin.

Þar sem Magnús réði augljóslega ekki við að greina á milli vina og óvina kaus hann að hafa vaðið fyrir neðan sig og líta á alla í kringum sig sem mögulega óvini.

Þessi sýnishorn úr daglegu lífi gefa nokkra innsýn í félagsmótun margra íslenskra barna; þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og með hvaða hætti þau samsama sig að kröfum hinna fullorðnu, jafnvel þó að í raun og veru sé þeim um megn að standa undir þeim.

Væntingar eins og hér hafa verið nefndar marka vitaskuld djúp spor í persónuleika barna, en spurningin er hvort þeir eiginleikar sem með þessum hætti eru laðaðir fram séu ekki of dýru verði keyptir og hvort eitthvað annað í persónuleika þeirra láti ekki undan í staðinn? Hvað skyldi t.d. verða um Magnús? Skyldu ofbeldishneigðir unglingar nútímans hafa að geyma djúpt inni í sálarfylgsnum sínum lítinn, hræddan Magnús sem vill verða fyrri til atlögu? Hvernig ætli þessi ótryggu börn muni þegar fram líða stundir sjálf geta alið upp trygg börn? Í þessum miklu kröfum til barna um að geta bjargað sér sjálf líkt og um fullorðna væri að ræða felst máttugur boðskapur til þeirra um harða lífsbaráttu. M.a. með þessum hætti er við haldið þeim viðhorfum í þjóðfélaginu að vinnuþrælkun sé dyggð og langur vinnutími eftirsóknarverður. Að þessi boðskapur berst skilvíslega til barna sést m.a. af því að vinna barna og unglinga virðist almennt færast í vöxt hér á landi.

II. Breytt samfélag en óbreyttar kröfur til barna.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum að í hörðu borgarsamfélagi eins og er á suðvesturhorni landsins eru kröfur til barna af framangreindu tagi furðuleg tímaskekkja og á skjön við þjóðfélagsaðstæður að öðru leyti. Hvernig má það vera að slík tímaskekkja skuli haldast við lýði og magnast ef eitthvað er?

Ég ætla að reyna að svara þessari spurningu því að mínu mati er ógerningur að vinda ofan af þessari þróun öðruvísi en að ástæðurnar séu vandlega greindar. En eins og fram mun koma eru ástæðurnar margslungnar og samverkandi: Fyrst er að telja að á stuttum tíma hafa gífurlegar breytingar orðið á nánast allri samfélagsgerðinni, og því fer fjarri að enn sjái fyrir endann á þeim. Viðhorf almennings til barna hafa ekki náð að fylgja þessum hröðu breytingum eftir. Breytingarnar snerta ekki síður fjölskylduna og uppvaxtarskilyrði barna en önnur svið þjóðlífsins. Til marks um hve hraðar og gagngerar þessar breytingar hafa verið nefni ég hér tvö dæmi:

Á aðeins 25 árum hefur atvinnuþátttaka mæðra 5–15 ára barna aukist úr 12,8% í 81% en það samsvarar rúmlega 600% aukningu.

Fyrir 30 árum þegar mörg okkar sem hér erum vorum sjálf börn áttum við að meðaltali þrjú systkini en í dag eiga börn að jafnaði aðeins eitt systkini.

Það er umhugsunarefni að á sama tíma og atvinnuþátttaka mæðra hefur sexfaldast hefur dregið úr kennslu barna á grunnskólastigi. E.t.v. er þetta skýrari vísbending en nokkur önnur um að aðhlynningu barna hafi hrakað á undanförnum áratugum.

Í öðru lagi hafa þær samfélagshræringar sem hér hafa gengið yfir skapað nýjar og skarpar andstæður í íslenskri menningu milli dreifbýlis og þéttbýlis, sem gera m.a. það að verkum að tala má um tvenns konar barnæsku í íslensku þjóðfélagi. Þeirri skoðun til stuðnings fylgja hér tvær lýsingar foreldra úr könnuninni „Börn í borg og bæ“ sem sýna í meginatriðum hvað við er átt. Fjölskylda í Reykjavík skrifar:

„Borgarsamfélag eins og Reykjavík er afskaplega fjölskyldufjandsamlegt. Hin mikla umferð sem er í Reykjavík skapast að hluta vegna lélegs skipulags í dagvistar- og skólamálum og hvað varðar aðra þjónustu við börn. Mæður og foreldrar eru á þönum með börnin sín úr og í pössun, og úr og í skóla, og tómstundarúnturinn er nú kapítuli út af fyrir sig.“

Einstæð móðir úti á landi skrifar:

„Barnið býr í útjaðri sjávarþorps. Fimm mínútna gangur er bæði niður í fjöru og jafnlangt til næsta sveitabæjar. Langamma og langafi búa í næsta húsi. Barnið hefur stundað hestamennsku frá því hann gat setið uppréttur í hnakknum. Allt þetta tel ég hafa góð áhrif á barnið mitt, bæði líkamlega og andlega.“

Þar sem uppeldisskilyrði barna og viðmiðanir foreldra eru svo ólíkar hlýtur það að skapa misklíð í þjóðfélaginu um í hverju eða hvort yfirleitt einhverju sé ábótavant í aðbúnaði barna. Það sem þyrfti að laga í aðbúnaði barna á höfuðborgarsvæðinu eða í þéttbýli þarf því alls ekki að vera það sama og í minni bæjum eða dreifbýli.

Þriðja ástæðan er þessi: Vegna fámennis landsmanna og vegna þess hve stutt er síðan þéttbýlismyndun hófst hér á landi eiga „dreifbýlisviðhorf“, ef svo má að orði komast, jafnt til barna og lífsins almennt enn sterk ítök með þjóðinni. Það fólk sem flutt hefur úr sjávarþorpum eða sveitum og sest að á mölinni hefur tekið með sér viðhorf til barna um að þau skuli vera matvinnungar eða a.m.k. fær um að bjarga sér sjálf í daglegu umhverfi sínu. Til sveita og bæja eru þær aðstæður sem skópu þessi viðhorf að einhverju leyti enn við lýði, og því ekki allsendis útiloka að þau börn sem þar alast upp stælist af slíkum væntingum. Öðru máli gegnir hins vegar í ópersónulegu borgarsamfélagi. Þar eru slíkar kröfur ekki líklegar til að skapa heilsteypta einstaklinga sem eru sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Í fjórða lagi er að nefna að vegna mikillar frjósemi framan af öldinni er mjög hátt hlutfall landsmanna á lífi sem ólst upp við allt önnur skilyrði en ungt barnafólk býr við í dag. Þessi eldri kynslóð, sem jafnframt á marga fulltrúa meðal ráðamanna, sækir sín viðmið um fjölskyldulíf og uppeldisskilyrði barna til eigin uppvaxtar- eða foreldraára og á því erfitt með að lifa sig inn í þær aðstæður sem nútíminn býr barnafólki. Þannig hefur skapast allbreitt bil á milli foreldrakynslóða, og yngri kynslóðin á erfitt með að fá áheyrn ráðamanna um hvernig hún kysi að haga aðbúnaði barna sinna.

Í fimmta lagi skal nefna að það ríkir djúpstæður pólitískur ágreiningur um málefni barna og fjölskyldna. Menn sjá almennt fyrir sér að bætt aðhlynning barna muni kosta peninga, hverjar svo sem umbæturnar yrðu. Á tímum niðurskurðar í ríkisútgjöldum þykir mögum sem það sé pólitískt ábyrgðarleysi og jafnvel óþjóðhollusta að færa eitthvað slíkt í tal sem þýddi aukna skattheimtu. Áður en slík rök eru tekin mjög alvarlega er rétt að fram komi að hið opinbera kostar hvergi á Norðurlöndum jafnlitlu til dagvistunar og hér á landi, og er þá tillit tekið til höfðatölu. Árið 1987 greiddu íslenskir foreldrar 32% af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, danskir og norskir um 22%, finnskir 16% en sænskir 10%. Auk þess er hið íslenska dagvistarform — leikskólarnir — að jafnaði miklu ódýrara í rekstri en ríkjandi form á Norðurlöndum — dagheimilin.

Allar framangreindar aðstæður og reyndar ýmsar aðrar sem með einum eða öðrum hætti má rekja til snöggra samfélagsbreytinga leggjast á eitt um að skapa víðtækan og því miður allt of oft hatramman skoðanaágreining um hvernig haga skuli aðbúnaði barna, og hvað leggja skuli áherslu á í uppbyggingu samfélagsins. Svo virðist sem aðbúnaður barna og lífshættir barnafjölskyldna komi svo við kviku margra landsmanna að eðlileg skoðanaskipti virðast ekki geta farið fram. Þess eru jafnvel dæmi að þeim sem vilja tjá sig um dagvistarmál sé meinaður aðgangur að fjölmiðli. Þeir sem á annað borð komast í gegn eiga svo á hættu að verða fyrir persónulegu skítkasti. Konur eru konum verstar í þessu sambandi.

Það er reyndar einkennilegt hve karlmenn láta þessi mál lítið til sín taka. Svo virðist sem þeir líti á aðbúnað barna sem alfarið mál kvenna. Kannski er þar einmitt komin meginskýringin á því hve seint gengur í aðbúnaðarmálum barna?

III. Atvinnuþátttaka mæðra í nútíð og framtíð.

Sá ágreiningur sem hér hefur verið tíundaður snýst að verulegu leyti um dagvistarmál og útivinnu mæðra, sem hvort tveggja hangir á sömu spýtunni. Margir, og þá sérstaklega af eldri kynslóðinni, sjá þann möguleika helstan að mæður snúi aftur inn á heimilin líkt og var á þeirra æskuárum og þegar þeir voru sjálfir að ala upp sín börn. Tónninn í þessari umræðu er oft þannig að markvisst virðist alið á sektarkennd útivinnandi mæðra. Lítt virðist stoða að benda á að nútímaheimilishald þarfnast tveggja fyrirvinna og næstum aldrei heyrist minnst á þá sjálfsögðu staðreynd að þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn þarfnast vinnuframlags kvenna. Það nægir að skoða atvinnuauglýsingar dagblaðanna til að sannfærast um það. Hvað yrði t.d. um sjúkraþjónustu ef konur ættu bara að hugsa um börn og bú, hvað yrði um menntakerfið, fiskvinnsluna, bankastofnanir? Og svo mætti lengi telja.

Ef marka má svör foreldra í könnuninni „Börn í borg og bæ" nýtur sú hugmynd að mæður forskólabarna hverfi aftur inn á heimilin lítillar hylli meðal þeirra sjálfra. Þannig vilja ungu foreldrarnir í rúmum 80% tilvika að mæðurnar stundi fasta vinnu utan heimilis, og ef bara eru taldar með fjölskyldur þar sem mæðurnar hafa lokið námi umfram stúdentspróf þá hækkar talan í 96%. Óskir foreldra um atvinnuþátttöku mæðra má svo

bera saman við raunverulega atvinnuþátttöku þeirra, en hún er um 70%. Það er því alveg ljóst að eftirspurn mæðra eftir atvinnu mun magnast á næstu árum, sem aftur mun hafa í för með sér að í framtíðinni verður sífellt brýnna að tryggja börnum góða aðhlynningu í skólum og á dagvistarheimilum.

Atvinnuþátttaka mæðra mun vaxa af þeirri ástæðu einnig að sífellt fleiri konur leggja út í nám í þeim tilgangi að tryggja sér aðgang að störfum á vinnumarkaðinum. Er svo komið að þrefalt fleiri ungar mæður en feður hafa lokið stúdentsprófi. Auk þess hafa mæðurnar vinninginn hvað varðar hvers kyns framhaldsnám. Ef marka má reynslu nágrannaþjóðanna og þá staðreynd að enn hefur um þriðjungur mæðra enga menntun umfram skyldunám, er öruggt að þessi þróun er rétt að byrja hér á landi.

Samkvæmt könnuninni „Börn í borg og bæ" hafa ungar mæður á höfuðborgarsvæðinu almennt lokið mun lengra námi en mæður úti á landi. Til marks um það er að á höfuðborgarsvæðinu hafa rúm 30% lokið stúdentsprófi eða lengra námi, en í bæjum úti á landi er hlutfallið aðeins 10%. Einnig kemur einkar skýrt fram að menntun mæðra og atvinnuþátttaka fer að mjög miklu leyti saman. Því lengri sem menntun þeirra er þeim mun líklegri eru þær til að vinna úti og að sama skapi vex starfshlutfall þeirra. Þannig eru næstum 90% mæðra með sérfræðings- eða háskólamenntun útivinnandi og þær vinna að jafnaði 36 klukkustundir á viku. En af mæðrum sem lokið hafa skyldunámi eingöngu vinna aðeins tæp 60% utan heimilis og vinnuvika þeirra er 27 klukkustundir að jafnaði. Þar sem þeim mæðrum fjölgar sífellt sem afla sér starfs- eða sérfræðingsmenntunar sem sýnt er að muni leiða til almennari atvinnuþátttöku og lengri vinnutíma þeirra, er ljóst að í náinni framtíð þarf að auka framboð á heilsdags dagvistarrýmí og opna það öðrum en einstæðum foreldrum og forgangshópum, þ.e. ef það er á annað borð vilji stjórnvalda að koma til móts við foreldra og samfélagsþróunina.

IV. Vinnutími feðra og fjarvistir frá heimilinu.

Óvíða, ef nokkurs staðar á byggðu bóli, er vinnudagur karlmanna jafnlangur og hér á landi. Mest allra vinna þó feður forskólabarna eða um 60 klukkustundir á viku að jafnaði. Vinnutími skiptist þó mjög misjafnt innan þess hóps. Langlengstan vinnutíma hafa ungir feður í sjávarþorpum, enda er mjög hátt hlutfall þeirra sjómenn. Oft eru þeir fjarverandi frá heimilum sínum svo dögum og jafnvel vikum skiptir, en taka sér svo nokkurra daga frí á milli túra. Á hinn bóginn er vinnuvika ungra feðra á höfuðborgarsvæðinu talsvert styttri og þá sérstaklega hjá langskólagengnum sérfræðingum, en þeir vinna að jafnaði 50 klukkustundir á viku.

Þegar á heildina er litið eru því fjarvistir ungra feðra frá börnum sínum mjög langar og langt umfram það sem þeir telja sjálfir æskilegt. Það er undarlegt að í allri umræðunni um útivinnu mæðra skuli aldrei minnst á óhóflega vinnu feðranna, sem hvorki getur verið þroskandi fyrir þá sjálfa, samlíf fjölskyldunnar eða börnin. Það ætti að teljast sjálfsagður réttur barna að fá að eiga samvistir við feður sínum eins og mæður. Föðurfyrirmynd auðveldar börnum leitina að eigin sjálfsmynd, og á það jafnt við um stúlkur sem drengi.

Á síðustu árum hefur þróunin verið í þá átt að bægja feðrum frá fjölskyldum sínum og börnum. Því veldur m.a. vaxandi launamunur kynjanna, reglur um samnýtingu persónuafsláttar og síðast en ekki síst einstrengingsleg og háskaleg umræða um sifjaspell, þar sem feður eru almennt gerðir tortryggilegir sem uppalendur.

V. Óskir foreldra um vinnutíma.

Í framangreindri könnun voru foreldrar spurðir hve mikla launavinnu þeir teldu æskilega með tilliti til þarfa barna sinna. Eins og áður réðust svörin mjög af menntun foreldra, en það athyglisverða var að munstrið var öfugt milli kynjanna: Því lengri menntun sem mæðurnar höfðu þeim mun meira vildu þær vinna, á meðan hið gagnstæða átti við um feðurna. Almennt gildir að foreldrar vilja vinna minna en þeir gera. Einu gildir hvar menn búa, hver menntunin er eða hvert kynið er. Mæður með grunnskólapróf eða minna kjósa að jafnaði að vinna um 16 klukkustundir á viku en langskólagengnar mæður 25 klukkustundir. Hvað feðurna áhrærir, vilja ófaglærðir vinna að jafnaði 41 klukkustund á viku en langskólagengnir 35 klukkustundir.

Úr svörum foreldra má lesa þrenns konar óskir um samspil vinnutíma hjóna:

Í fyrsta lagi óskir um að móðir stundi hálfa launavinnu en faðir fulla vinnu eða 40 klukkustundir á viku. Þegar á heildina er litið á þetta munstur mestu fylgi að fagna meðal foreldra.

Í öðru lagi óskir um að móðir sé alfarið heimavinnandi en faðir vinni 40 klukkustundir á viku. Óskir af þessu tagi eru mest áberandi þar sem móðir eða báðir foreldrar hafa litla eða enga skólagöngu umfram grunnskóla.

Í þriðja lagi óskir um tiltölulega jafnan vinnutíma hjóna eða á bilinu 25–35 klukkustundir á viku. Óskir af þessu tagi eru allalgengar hjá langskólagengnum foreldrum.

Dagvistun barna og atvinnuþátttaka foreldra, beggja eða hvors um sig, eru málaflokkar sem vart verða aðskildir. Eftirfarandi athugasemd einna foreldra úr framangreindri könnun segir allt sem segja þarf um þessi tengsl og þá valkosti sem margir foreldrar standa frammi fyrir:

„Hefðum við gott dagvistartilboð fyrir bæði börnin fyndist okkur eðlilegur vinnudagur vera sex tímar fyrir okkur bæði. Höfum við aftur á móti ekkert eða lélegt dagvistartilboð vildum við geta unnið hálfan daginn hvort, fjóra tíma á dag, og skiptast á að vera með börnum okkar. Þetta þýðir að launamismunur verður að minnka."

VI. 1. Dagvistun barna í nútíð og framtíð.

Víkjum nú að dagvistun og gæslutilhögun barna. Ef marka má fjöldamargar athugasemdir úr könnuninni „Börn í borg og bæ" hvíla dagvistarmálin þyngra á forerldrum forskólabarna en flestir aðrir málaflokkar að svo miklu leyti sem hægt er að aðskilja einstaka þætti í aðstæðum fólks. Margir foreldrar láta þung orð falla um þessi mál.

Reyndar virðast foreldrar forskólabarna ekki vera einir á báti í því sambandi því samkvæmt nýlegri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar telja 60% landsmanna að úrbóta sé þörf í dagvistarmálum (Stefán Ólafsson, 1989). Af svörum foreldra að dæma beinist óánægja þeirra fyrst og fremst að ófullnægjandi og einhæfu framboði dagvistunar. Foreldrum í sambúð svíður að fá enga fyrirgreiðslu frá hinu opinbera fyrr en í allra fyrsta lagi þegar börnin eru orðin tveggja ára. Þarfnist þeir dagvistunar fyrir þann tíma verða þeir að greiða fyrir hana óheyrilegar upphæðir, eða allt að 40.000 kr. á mánuði hjá dagmóður ef þeir þurfa á fullri gæslu að halda. Því er gjarnan haldið á lofti af ráðamönnum að svo og svo margar dagvistarstofnanir hafi verið teknar í notkun þetta eða hitt kjörtímabilið, en minna er talað um þá staðreynd að biðlistar halda engu að síður áfram að lengjast. Sérstaklega alvarlegt virðist ástandið vera í uppbyggingu heilsdags vistana og í Reykjavík a.m.k. virðist sem menn hyggist alfarið láta dagmæður taka kúfinn af þeirri miklu eftirspurnaraukningu, sem orðið hefur eftir dagheimilisvistun á síðustu árum. Því fer fjarri að þessi þróun sé foreldrum að skapi því samkvæmt könnuninni „Börn í borg

og bæ“ telur aðeins 1% foreldra 4–5 ára barna dagmæður æskilegasta dagvistarkostinn.

VI. 2 Dagvistun á Íslandi og á Norðurlöndunum.

Hvergi annars staðar á Norðurlöndum er uppbygging dagvistarkerfisins jafneinhæf og hér á landi og val þorra foreldra jafneinskorðað við hálfa dagvistun. Þó að menn tali digurbarkalega um afrek sín á sviði dagvistarmála þá sýna tölur að stjórnvöld hér á landi láta mun minna fé renna til þessa málaflokks en annars staðar á Norðurlöndum og þegar litið er yfir 9. áratuginn hefur framboð dagvistunar alls staðar aukist meira en hér á landi.

Það er því ekki að ófyrirsynju að foreldrar forskólabarna ætlist til stærri afreka af stjórnvöldum í dagvistarmálum.

VI. 3 Viðhorf foreldra til dagvistunar.

Í könnuninni „Börn í borg og bæ“ kemur skýrt fram að foreldrar eru almennt mjög jákvæðir til dagvistunar og yfir 90% æskja hennar í einhverri mynd. Eins og að líkum lætur þá falla óskir foreldra um tegund og lengd dagvistunar mjög vel saman við óskir þeirra um vinnutíma. Foreldrar voru enn fremur spurðir hvers konar gæslutilhögun þeir teldu að hentaði þörfum barnsins best. Flestir nefndu leikskólana, þótt nokkuð færi það eftir menntun foreldra, og þá sérstaklega mæðranna. Næstflestir nefndu dagheimili en færri að barnið væri alfarið heima, eða einhverja aðra gæslutilhögun. Eftir því sem menntun foreldra eykst fjölgar þeim jafnt og þétt sem telja dagheimili æskilegasta kostinn fyrir barnið. Þannig telja rúm 30% mæðra með sérfræðingsmenntun að dagheimili henti þörfum barns best. Þegar svör foreldra við framangreindri spurningu eru túlkuð er nauðsynlegt að hafa hugfast að foreldrar miða svörin við þarfir barnsins. Svörin segja því ekkert um raunverulegar þarfir fjölskyldunnar eða aðstæður hennar og þar af leiðandi eru svörin ekki mælikvarði á raunverulega eftirspurn foreldra eftir dagvistun. Hins vegar gefa svörin skýrt til kynna að ef foreldrar gætu alfarið hagað gæslunni í samræmi við meintar þarfir barna sinna þá kysu flestir þeirra dagvistun hluta úr degi. En hugsjónir og raunveruleiki fara því miður sjaldnast saman.

Algengasta ástæðan sem foreldrar tilgreina fyrir dagvistun er að báðir foreldrar þurfa eða vilja vinna úti. Önnur mjög algeng ástæða sem er tilnefnd er að barnið þarfnist örvandi umhverfis og félagsskapar annarra barna.

Mikill meiri hluti foreldra eru ánægðir með gæslutilhögun barna sinna. Síst ánægðir eru þó þeir foreldrar sem enga dagvistun hafa.

Þegar foreldrar eru beðnir um að tilgreina ástæður þess að þeir eru ánægðir, þá nefna þeir oftast góðan aðbúnað á dagvistarheimilum, gott starfsfólk og skipulag. Einnig nefna mjög margir að börnin séu ánægð og því séu þeir sjálfir ánægðir.

Það sem foreldrar setja helst út á er að þjónusta leikskólanna sé skorin við nögl hvað varðar opnunartíma, heitar máltíðir, fjölda barna á stöðugildi svo að eitthvað sé nefnt. Enn fremur er nokkuð um að foreldrum finnist dagvistun of dýr, of lítið um menntað starfsfólk og óstöðugleika starfsfólks. En það sem foreldrar finna dagvistun helst til foráttu er að hún skerðir tengsl barnsins við fjölskyldu sína.

VI. 4 Börn í tvívistun.

Einn mælikvarði á hve fullnægjandi dagvistarframboðið er, er hve mikið er um að börn séu í tveimur eða fleiri tegundum dagvista einn og sama daginn. Samkvæmt fyrrgreindri könnun var þannig ástatt fyrir 15% barna. Hlutfallið hækkaði í 17% ef aðeins voru talin með þau börn sem voru í dagvistun. Talsvert er meira um tvívistun barna í bæj-

um úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Þannig lætur nærri að fjórðungur barna úti á landi séu reglulega á fleiri en einum stað í dagvistun.

Það sem einkennir fjölskylduaðstæður þeirra barna sem eru í tvenns konar dagvistun er að yfirleitt vinna mæður þeirra mjög mikið eða að jafnaði 35 klukkustundir á viku.

Hins vegar virðist atvinnuþátttaka feðra þessara barna í engu frábrugðin því sem almennt gerist meðal feðra.

VII. 1 Stjórnvöld og aðbúnaður barna.

Þar sem svo miklar væntingar virðast gerðar til stjórnvalda um úrbætur í aðbúnaði barna hlýtur að vera brýnt fyrir stjórnmálamenn og almenning að leita svara við eftirfarandi spurningum: Hvert á hlutverk stjórnvalda að vera gagnvart börnum og barnafjölskyldum? Eða kannski öllu heldur, hversu mikil ef nokkur eiga afskipti stjórnvalda að vera af málefnum barna? Svo virðist sem djúpstæður og lamandi ágreiningur ríki um grundvallarsjónarmið í þessum efnum, og á það jafnt við innan sem utan stjórnkerfisins. Enn virðist langt í land að við getum rætt þessar spurningar af fullri einlægni og víðsýni. Á meðan ekki er komið að kjarna málsins er heldur ekki von á úrbótum í málefnum barna og barnafjölskyldna, sem njóta hylli allra foreldra.

Mín persónulega skoðun er sú að stjórnvöldum beri að láta málefni barna og barnafjölskyldna til sín taka á mun fleiri sviðum en nú er raunin. Vafalaust er rétt að gefa markaðsöflunum frjálsan tauminn á mörgum sviðum þjóðlífsins en ég tel stórvarasamt að láta aðbúnað barna og ungs barnafólks ráðast um of af þeim. Slagorð eins og „miðstýring", „forsjárhyggja" og „stórabróðursamfélag" slá aðeins ryki í augun á fólki þegar verið er að ræða um aðbúnað barna, þótt þau kunni að eiga við þegar rætt er um atvinnu- og efnahagsmál.

VII. 2 Eftirlit stjórnvalda með lífskjörum barnafólks.

Annað atriði sem knýr á um að stjórnvöld hugi sérstaklega að börnum og ungu barnafólki eru þær miklu og hröðu samfélagsbreytingar sem hér hafa orðið. Við slíkt þjóðfélagsumrót hlýtur alltaf að vera hætta á að sumir þjóðfélagshópar skari ótæpilega eld að sinni köku á kostnað annarra, sem þá verða undir í lífskjörum. Aðstaða barna og ungs barnafólks er sérstaklega viðkvæm í þessu sambandi. Þau eru augljós áhættuhópur þar sem þau eiga sér í samfélaginu fáa raddsterka málsvara sem vaka yfir hagsmunum þeirra. Af þessari ástæðu ber nauðsyn til að stjórnvöld hafi haldgóða þekkingu á lífsskilyrðum fjölskyldna og barna. Aðeins með þeim hætti er hægt að tryggja að aðbúnaður barna sé í jafnvægi við þær samfélagsaðstæður sem eru ríkjandi hverju sinni.

Því fer fjarri að stjórnvöld hafi skilgreint hlutverk sitt gagnvart börnum á þann hátt sem hér er mælst til. Til skamms tíma hefur ekki verið einn staf að finna í opinberum gögnum eða skýrslum um lífskjör barnafólks miðað við aðra þjóðfélagshópa, ekkert um húsnæðismál þeirra, efnahag, vinnutíma eða annað sem skiptir máli um lífskjör fólks. Opinberir aðilar hafa vart nokkuð frumkvæði haft um kannanir af þessu tagi. Meira að segja hefur komið fyrir að stjórnvöld hafi beinlínis lagst gegn áformum um kannanir á aðbúnaði barna á þeirri forsendu að slíkrar vitneskju væri ekki þörf. Með tilkomu lífskjara- og þjóðmálakannana Félagsvísindastofnunar virðast upplýsingamálin þó vera að færast í betra horf, en þá kemur í ljós annar annmarki: Stjórnvöld virðast ekki kunna að færa sér í nyt þau gögn sem þau fá í hendur, jafnvel þó svo að þau biðji um þau. Öðruvísi er t.d. ekki hægt að túlka þann seinagang sem verið hefur í kringum skýrsluna um dagvistun forskólabarna og lífskjör foreldra né heldur þá djúpu þögn sem hefur umlukið hana. Það er

mikið umhugsunarefni því hvarvetna annars staðar á Norðurlöndum þar sem skýrslur svipaðs efnis hafa komið út hafa þær hrundið af stað líflegum umræðum um stöðu barna og ungs barnafólks jafnt innan sem utan þingsala.

VII. 3 Lífskjör barnafólks og stjórnvöld.

Undanfarinn áratug hefur verið rekin stefna í vaxtamálum hér á landi sem hefur komið mjög illa við fjölda ungra barnafjölskyldna vegna þeirra miklu skuldbindinga sem þær hafa orðið að leggja út í við stofnun fjölskyldu. Fyrir um 5–6 árum nam greiðslubyrði þeirra sem voru að kaupa sína fyrstu íbúð á bilinu 60–75% af samanlögðum tekjum heimilisins. Stjórnvöld hafa brugðist bæði seint og illa við þessum mikla vanda og ekki verður séð að þær úrbætur sem gerðar hafa verið hafi beinst að því að rétta hlut ungs barnafólks sérstaklega. Reyndar man ég ekki eftir að það hafi nokkurn tíma borið á góma í umræðunni að það fólk sem helst ætti um sárt að binda væri ungt fólk með lítil börn og þaðan af síður hefur verið rætt um afleiðingarnar af miklum kostnaði við stofnun fjölskyldu fyrir aðbúnað barna.

Svo virðist sem efnahagur ungs barnafólks sé feimnismál í þjóðfélaginu sem mörgum sé beinlínis illa við að ræða. Margt bendir til að kjör ungs fólks eða fólks sem nýlega hefur stofnað til fjölskyldu og barneigna séu áberandi miklu verri en annarra í þjóðfélaginu. Þar koma fyrst og fremst til mikil útgjöld samfara húsnæðisöflun, en einnig vegna dagvistunar. Í sjálfu sér er kjaramunur milli kynslóða í einhverjum mæli eðlilegur, þótt það hljóti ætíð að vera álitamál hve mikill munur sé réttlætanlegur. Flestir ættu að geta tekið undir það sjónarmið að tryggja þurfi ungu barnafólki viss lágmarkslífskjör svo börn þurfi ekki að líða neyð vegna vanefna. Því miður tel ég að það gerist í allt of mörgum tilvikum, og að margir foreldrar hafi einfaldlega ekki bolmagn til að sjá börnum sínum fyrir þeim aðbúnaði sem þeir helst kysu og telja börnum sínum sæmandi.

Lítum á nokkrar staðreyndir um efnahag foreldra forskólabarna:

Samkvæmt lífskjarakönnun Félagsvísindastofnunar frá 1988 lenti þriðja hver fjölskylda forskólabarna í alvarlegum fjárhagserfiðleikum vegna húsnæðisöflunar á því ári sem könnunin fór fram. Hlutfallið var næstum tvöfalt lægra hjá öðrum fjölskyldum.

Samkvæmt sömu könnun voru fjölskyldutekjur foreldra forskólabarna um það bil 15% lægri en annarra fjölskyldna.

Samkvæmt könnuninni „Börn í borg og bæ“ renna 33% fjölskyldutekna ungs barnafólks fyrir skatt til húsnæðiskaupa og dagvistunar.

Lök kjör foreldra forskólabarna koma vitaskuld á ýmsan hátt fram í fjölskyldulífi þessa unga fólks og samskiptum þess við börnin. Áður hefur verið minnst á óhóflega langan vinnutíma feðranna. Við það má bæta að samkvæmt Lífskjarakönnun tóku liðlega fimm af hverjum tíu feðrum forskólabarna sér annaðhvort ekkert sumarfrí eða stunduðu aðra launavinnu í fríi sínu. Meðal feðra eldri barna gerðist slíkt í þremur tilvikum af tíu.

Ef að líkum lætur kemur aðgerðaleysi stjórnvalda og þekkingarskortur á málefnum barna harðast niður á ynsta barnafólkinu; þ.e. þeim sem tiltölulega nýlega hafa stofnað til fjölskyldu og barneigna. Ef frá er skilið barnafólk í framhaldsnámi þá hefur þetta unga fólk síður aðgang að niðurgreiddri dagvistun en aðrir foreldrar, á sama tíma og húsnæðiskostnaður þeirra er miklu meiri en þekkist hjá öðrum. Það þarf því engan að undra að það er einmitt þetta unga fólk sem nú stendur í stórfelldum búferlaflutningum ýmist frá landsbyggðinni á mölina eða úr landi í leit að vinsamlegra umhverfi fyrir fjölskyldur og börn. Og enginn segir neitt!

VII. 4 Eru launþegasamtökin í feluleik?

Það er hreint með ólíkindum hvað launþegasamtök á borð við ASÍ, BSRB og BHMR beita sér lítið í þágu barna og ungs barnafólks, þar sem þetta fólk er einmitt mjög fjölmennt í öllum þessum samtökum. Annars staðar á Norðurlöndum hafa hliðstæð samtök um langt skeið tekið virkan þátt í baráttunni fyrir bættum lífskjörum barna og barnafólks. Sá árangur sem þar hefur náðst í dagvistarmálum er mikið launþegasamtökunum að þakka og í Svíþjóð hafa þau fengið því áorkað að smábarnaforeldrar hafa sveigjanlegri vinnutíma en aðrir á vinnumarkaðinum. Svipuð löggjöf er í undirbúningi í Danmörku.

Og af hverju þrýsta kennarasamtökin ekki á stjórnvöld um úrbætur í aðbúnaði barna? Á árum áður létu þau þessi mál kröftuglega til sín taka.

VIII. Foreldrum gefið orðið.

Hér að framan hefur verið farið hörðum orðum um afskiptaleysi stjórnvalda og málsmetandi aðila af málefnum barna. En hvað segja foreldrar forskólabarna sjálfir? Foreldrar sem þátt tóku í könnuninni „Börn í borg og bæ" voru spurðir eftirfarandi spurningar: „Teljið þið, þegar á heildina er litið, að stjórnvöld styðji vel eða illa við bakið á foreldrum með forskólabörn?"

Skilaboð foreldra til stjórnvalda voru afdráttarlaus: þrír af hverjum tíu foreldrum svöruðu spurningunni á þá leið að stjórnvöld styddu mjög illa við bakið á foreldrum forskólabarna, en fjórir af hverjum tíu frekar illa. Samtals eru því fjö af hverjum tíu foreldrum 4–5 ára barna á þeim svæðum sem könnunin náði til óánægðir með stuðning stjórnvalda. Hlutlaus eru 23% foreldra, en aðeins 7% kváðust ánægð með stuðning stjórnvalda. Það gefur vísbendingar um í hverju óánægja foreldra felst að mikill, marktækur munur er á afstöðu foreldra eftir búsetu, menntun og efnahag. Foreldrar á höfuðborgarsvæðinu eru að jafnaði óánægðari en þeir sem búa utan þess; langskólagengnir óánægðari en þeir sem litla skólagöngu hafa; og þeir efnaminni óánægðari en þeir sem tiltölulega góðan efnahag hafa.

Í fjöldamörgum athugasemdum foreldra með listanum kemur einnig fram að óánægja margra beinist að dagvistarmálunum sérstaklega.

Það er við hæfi að ljúka þessu erindi með því að leyfa nokkrum foreldrum 4–5 ára barna að tjá sig um það sem þeim liggur þyngst á hjarta í sambandi við fjölskyldulífið og aðbúnað barna:

„Sífellt er klifað á því að fjölskyldan sé „hornsteinn" þjóðfélagsins, alla vega þegar stjórnmálamenn tala, en í raun er það ekki beint fýsilegt að ala upp börnin sín í barnfjandsamlegu þjóðfélagi. Það er eitthvað að þegar fólk dregur að eignast barn nr. 2. Einnig er það óæskilegt að eyða bestu árum ævinnar í streð vegna húsnæðiskaupa. Það ætti að vera auðveldara að geta séð fyrir fjölskyldu án þess að vinna allan sólarhringinn."

„Helst vildum við að barnið gæti verið á einum stað, að leikskólarnir byðu t.d. upp á 6–7 tíma vistun eða að gift fólk hefði einnig aðgang að dagheimilum."

„Foreldrar ættu að hafa meira val. Ef þeir kjósa að vera heima ættu þeir að fá laun fyrir það. Þeir ættu að geta valið um þá dagvistun sem þeim hentar á hverjum tíma og geta treyst því að hún sé góð!"

„Í sumar missir barnið dagheimilisplássið (búið að vera í þrjú ár). Þá mun hagur fjölskyldunnar versna. Óvíst er hvað barninu stendur þá til boða. Barnið á enga félaga utan

dagheimilis og engir jafnaldrar búa í hverfinu. Enginn barnaskóli er í hverfinu heldur.“

„Fyrst ekki er unnt að verja meiri tíma með börnum sínum þyrfti fjárhagur að vera léttari, þó ekki væri nema til að létta áhyggjum og gefa meiri kraft til að sinna þessum dýrmæta farmi. Geta t.d. leyft sér að borða sunnudagssteikina saman.“

„Þjóðfélagið ætti að vera þannig að bara annað foreldrið þyrfti að vinna úti og ætti samt fyrir þörfum heimilis (þ.e. borga betri laun fyrir dagvinnu).“

„Mér finnst 4–5 ára aldurinn ekki erfiður með tilliti til þess að vera útivinnandi. Ég hef reyndar góðar aðstæður þar sem barnaheimili er í boði á vinnustaðnum. En þegar barnið er 6 ára og fer í skóla, — hvað gerum við þá? Skólakerfið er í molum með tilliti til útivinnandi foreldra. Lykill um hálsinn er ekki spennandi hlutskipti.“

Að lokum vil ég færa Barnaheill mínar árnaðaróskir. Ég er sannfærður um að ef það er staðfastur ásetningur samtakanna að fylgjast með lífskjörum barna og barnafólks í víðum skilningi þess orðs og að tryggja að hagsmunir þeirra verði ekki fyrir borð bornir við ákvarðanatökur í stjórnkerfinu eða í kjarasamningum, hafa íslensk börn loksins öðlast þann sterka bakhjarl sem þau hefur sárlega vantað svo lengi.

873. Breytingartillaga [239. mál]

við frv. til um breyt. á l. um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

Frá Guðna Ágústssyni.

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

874. Frumvarp til laga [522. mál]

um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða að eigendum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Búfjáreftirlitsmanni er skylt að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt á hverjum vetri til eftirlits með fóðrun og ásetningi búfjár. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. desember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann sannreyna tölur um fjölda ásetts búfjár og líta eftir húsakosti þess, fóðrun og hirðingu. Ákvæði reglugerða skv. 7. gr. geta samt mælt fyrir um aðrar dagsetningar fyrir skráningu á fjölda búfjár af einstökum tegundum. Búfjáreftirlitsmaður skal skrá magn, tegundir, gæði og geymsluaðstöðu alls fóðurs hjá hverjum búfjáreiganda og einnig áform hans um fóðuröflun. Jafnframt skulu gróffóðurbirgðir mældar og skráðar, svo og uppskera korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Búfjáreftirlitsmaður skal einnig fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Telji hann meðferð þess ábótavant skal hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra það án tafar.

Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum. Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað. Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús eða um land jarðar án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði. Ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum.

Þar sem gripir eru í hagagöngu skal eigandi ætíð tilgreina aðila, samþykktan af sveitarstjórn, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá með þeim gripum. Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans.

Niðurstöður hausteftirlits um fjölda búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf skráir búfjáreftirlitsmaður á eyðublað sem Bændasamtök Íslands láta í té ásamt reglum um framkvæmd forðagæslu. Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu þessa og skal hún send Bændasamtökum Íslands sem fyrst að lokinni haustskoðun. Bændasamtök Íslands hafa yfirstjórn með framkvæmd forðagæslu og annast úrvinnslu á niðurstöðum um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Upplýsingar úr skýrslum þessum skulu vera heimilar til afnota Framleiðsluráði landbúnaðarins, Hag-

stofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og öðrum opinberum aðilum að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Telji búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir úrbætur ekki þola neina bið getur lögreglustjóri fyrirvaralaust tekið búfé úr vörslu eiganda eða umráðamanns og ráðstafað búfénu án tafar með þeim hætti sem framangreindir aðilar telja best tryggja velferð þess.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd fóðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið í landbúnaðarráðuneytinu. Meginbreytingar sem það felur í sér eru á V. kafla núgildandi laga um búfjárhald sem fjallar um fóðagæslu, eftirlit og talningu búfjár. Nokkur reynsla er nú komin á framkvæmd laganna um búfjárhald og hafa komið í ljós nokkrir vankantar á þeim og er með frumvarpi þessu stefnt að því að auka við heimildir og ákvæði gildandi laga til að auðvelda störf búfjáreftirlitsmanna og skyldur sveitarstjórna í þessum efnum.

Lög um fóðagæslu voru fyrst sett árið 1913 en eftirlit með ásetningi búfjár hófst löngu áður. Þó mun opinberu eftirliti ekki hafa verið komið á fyrr en eftir samþykkt horfellislaganna árið 1884. Samtök bænda hafa lengst af haft frumkvæði um framkvæmd þessara mála og hefur það tengst umbótum í fóðrun og aðbúnaði búfjár, svo og auknu öryggi í búskap. Þannig voru fóðurbirgðafélögin sem störfuðu framan af öldinni eins konar tryggingafélög. Frá árinu 1965 hefur verið samstarf á milli fóðagæslu Bændasamtaka Íslands (áður Búnaðarfélags Íslands) og Hagstofu Íslands, enda upplýsingarnar veigamikill liður í hagtölum landbúnaðarins.

Tilgangur fóðagæslu.

Upphaflegur tilgangur fóðagæslunnar var að að tryggja að ætíð væri til nægilegt fóður fyrir þann fénað sem settur var á vetur og að unnt væri að grípa til ráðstafana ef út af bæri. Þrátt fyrir að gífurlegar breytingar hafi orðið á búskaparháttum eftir miðja öldina og fóðuröflun orðið tryggari sýnir reynslan að fóðagæslan gegnir enn mikilvægu hlutverki þótt í breyttri mynd sé.

Meginverkefni fóðagæslunnar er fólgið í árlegu eftirliti og gagnaöflun. Skráð er allt búfé sem sett er á vetur, birgðir gróffóðurs mældar og metnar að magni og gæðum og

skráð er uppskera korns, kartaflna, rófna og gulróta. Athugaður er húsakostur og aðbúnaður fénaðar, þar með talið aðbúnaður og ástand útigangshrossa. Ef fram kemur að fóður skorti snemma vetrar er gripið til viðeigandi ráðstafana og þess eru mörg dæmi að upplýsingar úr skýrslum um heyfeng hafi verið notaðar til að jafna fóðurbirgðir milli héraða vegna harðinda og grasbrests. Þá er búfjáreftirlitsmönnum ætlað það hlutverk að fylgjast með ástandi beitilanda í byggð á starfssvæði sínu. Slíkt eftirlit er undirstaða beitarstjórnunar og hóflegrar nýtingar lands.

Með þeirri framkvæmd sem að framan er lýst skapast grundvöllur til þess að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og koma í veg fyrir vanfóðrun og illa meðferð búfjár. Þannig tekst oft að koma í veg fyrir vandamál sem geta skaðað ímynd bændastéttarinnar. Slíkar aðstæður koma upp á hverju ári og varða flestar eða allar tegundir búfjár. Sambærilegt eftirlit er ekki í framkvæmd samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994. Því er veigamikill eðlismunur á þessum lögum. Markmið laganna um búfjárhald er að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna fóðurskorts og vanhirðu, en samkvæmt lögum um dýravernd eru að jafnaði ekki tök á að grípa inn í fyrr en í óefni er komið.

Söfnun og meðferð upplýsinga.

Búfjáreftirlitsmenn, sem starfa á vegum sveitarstjórna, annast þessi störf undir umsjón búnaðarsambandanna. Þessu eftirlitsstarfi er ekki sinnt með öðrum hætti og því er ekki um að ræða tvíverknað eða skörun milli stofnana. Bændasamtök Íslands hafa yfirumsjón með framkvæmdinni og annast úrvinnslu gagna. Hjá bændasamtökunum eru til staðar upplýsingar um búfjárfjölda og uppskeru fóðurs og garðávaxta í tölvutæku formi frá árinu 1980. Lögin setja verulegar takmarkanir um hverjir hafa aðgang að þessum upplýsingum og er ákvörðun um það í höndum landbúnaðarráðuneytisins. Sem fyrr segir eru upplýsingar forðagæslunnar veigamikill liður í gagnaöflun Hagstofu Íslands að því er varðar landbúnað og upplýsingar um fjölda sauðfjár á einstökum lögbýlum eru grundvöllur framleiðslustjórnunar í sauðfjárframleiðslunni. Í sumum tilvikum hefur verið byggt á gögnum allnokkuð aftur í tímann. Þá hefur notkun þessara gagna aukist á seinni árum vegna ýmiss konar áætlanagerðar og rannsókna varðandi þróun landbúnaðarins. Þess ber að geta að í Evrópusambandinu er sérstakt eftirlitskerfi til að afla slíkra gagna og þau notuð með ýmsum hætti við stjórnsýslu, svo sem í sambandi við beingreiðslur og styrkveitingar af ýmsu tagi. Eftirtaldir aðilar eru meðal þeirra sem á undanförnum árum hafa fengið heimild til þess að nota upplýsingar úr forðagæsluskýrslum:

— Landbúnaðarráðuneytið.
— Hagþjónusta landbúnaðarins.
— Framleiðsluráð landbúnaðarins.
— Embætti yfirdýralæknis.
— Bændasamtök Íslands.
— Búgreinafélög.
— Búnaðarsambönd.
— Landslags- og skipulagsarkitektar.
— Bændaskólar.
— Háskóli Íslands.
— Dýraverndarráð.
— Tryggingafélög, vegna útreiknings tjóna.
— Lögmenn, vegna málareksturs fyrir bændur o.fl.
— Fræðimenn (einstaklingar).

— Byggðastofnun.
— Landgræðsla ríkisins.
— Skattstjórar.
— Skiptastjórar, í gjaldþrotamálum.
— Inn- og útflutningsfyrirtæki.

Nýmæli samkvæmt frumvarpinu.

Til þess að eftirlitskerfi eins og það sem að framan er lýst geti þjónað tilgangi sínum þurfa eftirlitsmenn að eiga aðgang að öllum býlum og ákvæði laga þurfa að vera skýr um málsmeðferð sé þeim synjað um aðgang eða þeir hindraðir á annan hátt við störf sín. Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að bændur hafa synjað eftirlitsmönnum um upplýsingar og aðgang að býlum sínum. Verði framhald á slíku skerðir það áreiðanleika og gildi þeirra upplýsinga sem hér um ræðir og getur hindrað eðlilega framkvæmd ýmissa ákvæða, svo sem að því er varðar beingreiðslur í sauðfjárframleiðslu. Þá er þess að geta að í slíkum tilfellum er oft um að ræða mál sem varða velferð dýra og nauðsynlegt er að fyrir hendi séu óyggjandi heimildir til þess að hægt sé að grípa til nauðsynlegra aðgerða í tíma.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum um búfjárhald, miðast í fyrsta lagi að því að treysta ákvæði 2. mgr. 1. gr laganna og skapa grundvöll fyrir umhverfistengda gæðastjórnun, sbr. reglur um lífræna og vistræna framleiðsluhætti, og í öðru lagi að því að tryggja hindrunarlausa framkvæmd V. kafla laganna um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Annar megintilgangur laganna um búfjárhald, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna, er að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Vaxandi kröfur neytenda um skilgreindar og rekjanlegar upplýsingar um uppruna búfjárafurða, og ekki síður alvarleg sjúkdómstilfelli í búfénaði í Evrópu nýverið, gera það að verkum að taka þarf reglur um merkingar gripa til gaumgæfilegrar skoðunar og aðlaga þær nútímakröfum og breyttum aðstæðum. Í löndum Evrópusambandsins er nú þegar skylda að merkja alla gripi samkvæmt viðurkenndu merkjakerfi sem samræmt er fyrir aðildarlöndin öll (reglugerð nr. 92/102/EÖF frá 27. nóvember 1992). Umræða um búfjármerkingar hér á landi hefur verið í samræmi við þróun þessara mála víða erlendis. Í lögum nr. 162/1994 og reglugerð við þau, nr. 219/1995, er kveðið svo á að við lífræna landbúnaðarframleiðslu skuli allt búfé vera einstaklingsmerkt með öruggum hætti. Skal það skráð í búfjárskýrslu Bændasamtaka Íslands eða annarri sambærilegri skrá sem vottunarstofa viðurkennir. Skrá skal öll sjúkdómstilvik, lyfjanotkun og bólusetningar fyrir einstaka gripi á býlunum. Hliðstæð ákvæði um einstaklingsmerkingu sláturgripa eru í reglugerð nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, sem sett er á grundvelli ákvæða í 67. gr. laga nr. 99 8. september 1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Einstaklingsmerkingar búfjár geta einnig verið mikilvæg tæki til þess að sannreyna uppruna kynbótagripa, svo sem hrossa, svo koma megi í veg fyrir misferli varðandi vottorðagjöf.

Á búnaðarþingi 1996 var samþykkt ályktun þess efnis að komið skyldi á einstaklingsmerkingum á öllum nautgripum hér á landi og ályktun sama efnis var samþykkt á aðal-

fundi Landssambands kúabænda í ágúst 1996. Á vegum Bændasamtaka Íslands hefur verið gerð áætlun um framkvæmd slíkrar aðgerðar. Til þess að tryggja lagagrundvöll fyrir slíkri framkvæmd er lagt til að bætt verði við 5. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um heimild til að koma á skyldumerkingu búfjár eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja í þessu sambandi.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins miðast að því gera ákvæði 10. gr. laganna skýrari og ótvíræðari og treysta með því framkvæmd laganna.

Í 1. mgr. 10. gr. er bætt inn ákvæði um að búfjáreftirlitsmenn skuli auk þess að skrá uppskeru gróffóðurs skrá uppskeru korns, kartaflna, rófna, gulróta og annars grænmetis. Skráning á uppskeru „matjurta" er meðal hefðbundinna hlutverka búfjáreftirlitsmanna og byggist það á ákvæðum 3. gr. laga um hagskýrslur, nr. 29 18. nóvember 1895. Rétt þykir að hafa þessi ákvæði einnig í lögunum um búfjárhald og að skráningin nái einnig til uppskeru korns. Rétt er að benda á að allur sá jarðargróði sem hér um ræðir getur jöfnum höndum nýst til fóðurs búpenings og til manneldis.

Nokkur dæmi eru þess að ábúendur lögbýla og aðrir umráðamenn búfjár meini búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum. Slíkt dregur úr gildi upplýsinganna og veldur erfiðleikum við ýmsa framkvæmd, t.d. að því er varðar framleiðslustjórnun í sauðfjárframleiðslunni. Þá veldur það mikilli óánægju meðal bænda ef ekki er hægt að láta eitt yfir alla ganga. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að oftar en ekki tengist tregða búfjáreigenda við að leyfa búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum sínum og beitilöndum því að ekki er allt með felldu hvað varðar meðferð lands, fóðurbirgðir og velferð dýra. Með vísan til þess er talið nauðsynlegt að treysta ákvæði laganna svo grípa megi til aðgerða í slíkum tilvikum. Því er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við núgildandi ákvæði laganna, sem verður 2. mgr. 10. gr., þar sem ráðherra er heimilað að grípa til nauðsynlegra ráðstafana með aðstoð lögregluyfirvalda takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta.

Eitt af hlutverkum búfjáreftirlitsmanna er að fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Til þess að gera þessa framkvæmd markvissari er bætt inn ákvæði um að búfjáreftirlitsmaður skuli gera sveitarstjórn og landgræðslustjóra aðvart telji hann um illa meðferð lands að ræða.

Með vaxandi hrossaeign þéttbýlisbúa færist það í vöxt að bændur taki hross í hagagöngu. Fyrir kemur að hafa þarf afskipti af slíkum beitarfénaði og hann ber að skrá eins og annan búfénað. Vill þá brenna við að ekki séu fyrir hendi upplýsingar um eigendur og ábyrgðarmenn hrossanna. Því þykir rétt að skylda landeigendur til að hafa jafnan tiltækar upplýsingar um eigendur og fjölda gripa í hagagöngu á landi þeirra.

Til þess að koma í veg fyrir að talning verði vefengd er í 4. mgr. 10. gr. bætt inn ákvæði um að ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skuli að lokinni talningu undirrita skýrslu um búfjárfjölda, fóðurforða og uppskeru korns og garðávaxta.

Um 3. gr.

Lagt er til að við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem tryggi sveitarstjórn rétt til að krefjast veðs í fénaði viðkomandi bónda fyrir greiðslu kostnaðar sem af því hlýst ef grípa þarf til aðgerða vegna fóðurskorts og vanfóðrunar búfjár. Í sumum tilfell-

um getur verið um að ræða umtalsverðar fjárhæðir sem sveitarstjórn er ábyrg fyrir og því þykir ekki óeðlilegt að heimilt verði að krefjast tryggingar í bústofni fyrir greiðslu kostnaðar sem leiðir af aðgerðum sem grípa verður til.

Til þess að tryggja tafarlausar aðgerðir ef upp koma alvarleg brot vegna fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi gagnvart dýrum er lagt til að við 3. mgr. sömu greinar verði bætt ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að svipta búfjáreiganda umráðum búfjár og ráðstafa til vistunar hjá öðrum aðila eða með þeim hætti sem búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir telja best tryggja velferð þess.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um að setja skuli reglugerð þar sem nánar verði kveðið á um framkvæmd forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár, en slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald.

Frumvarpið felur í sér viðbætur við einstaka greinar laganna sem miðast að því að auðvelda framkvæmd þeirra með því að skýra betur út skyldur og heimildir sveitarstjórna og búnaðarsambanda varðandi búfjáreftirlit og forðagæslu.

Einnig er í frumvarpinu að finna tillögur um nýja málsliði í 11. gr. laganna sem ætlað er að tryggja fjárhagslega hagsmuni sveitarstjórna með veði í fénaði og að heimila lögreglustjóra við sérstakar aðstæður að taka búfé fyrirvaralaust úr vörslu eiganda eða umráðamanns.

Ekki verður séð að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

875. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyr-

ir lok 12. viku sumars. Skylt er að hafa plötumerki í öllu ásettu sauðfé og geitfé, með númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um notkun búfjármarka, þar með talin ákvæði um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarsvæðum, framkvæmd frost- og örmerkinga og skyldu til að láta merkja stórgripi. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um búfjármörk.

2. gr.

4. málsl. 64. gr. laganna orðast svo: Við sönnun á eign á búfé er örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggir á tillögum markanefndar sem skipuð er skv. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Breytingar, sem frumvarpið felur í sér, ef að lögum verður, eru á 63. og 64. gr. IX. kafla núgildandi laga sem fjallar um mörk og markaskrár.

Á seinni árum hafa orðið töluverðar breytingar á viðhorfum til merkingar búfjár. Þau endurspeglast m.a. í viðhorfum bænda til þarfar fyrir örmerkingu hrossa og notkunar plötumerkja í eyru fyrir allt ásett sauðfé.

Hvað varðar örmerkingu búfjár er um nýmæli að ræða, en notkun slíkra merkja eykst verulega um þessar mundir þótt hún eigi sér ekki stoð í lögum og því eru engar opinberar reglur í gildi hérlendis um þessa merkingaraðferð. Telja verður örmerkingu öruggustu aðferðina til að tryggja réttan uppruna búfjár og til að sanna eignarrétt. Einnig er um að ræða lið í gæðavottun, sérstaklega með tilliti til markaðssetningar reiðhrossa.

Í frumvarpi þessu er lagt til að örmerking verði lögfest sem búfjármark og verði réttháesta búfjármarkið við sönnun á eign á búfé. Verði frumvarpið að lögum er áformað að fella ákvæði um örmerkingar inn í reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, nr. 579/1989, með síðari breytingum. Örmerki þurfa að uppfylla ákveðnar gæðastaðla (ISO) þannig að þau komi að fullu gagni við skráningu í viðurkenndum gagnagrunni. Jafnframt þarf að tryggja rétta framkvæmd við örmerkingar og aflestur þeirra. Nú þegar eru í notkun a.m.k. þrjár tegundir örmerkja fyrir hross og annað búfé hér á landi og því er orðið mjög brýnt að slík merki fái lögbundna viðurkenningu og reglur um notkun þeirra öðlist gildi sem fyrst. Þess ber að geta að gildi eyrnamarka fyrir hross hefur farið minnkandi og frostmerking er lakari kostur en örmerking. Búast má við að örmerking verði ríkjandi aðferð við merkingu hrossa.

Hvað varðar plötumerki í eyru sauðfjár og geitfjár er gert ráð fyrir lögboðinni notkun litaðra plötumerkja eftir varnarsvæðum í allt ásett fé og geitur. Nú þegar er notkun slíkra merkja útbreidd um land allt en ástæða er talin til að skylda alla bændur til að nota þau, a.m.k. í það fé sem sett er á vetur. Þar með yrðu riðuvarnir og aðrar sjúkdómavarnir styrktar verulega og skil á fé gerð auðveldari og öruggari og jafnframt kæmi þessi aðgerð að gagni við gæðavottun þar sem færa skal sönnur á uppruna og eign, t.d. í lífrænum og vistrænum sauðfjárbúskap. Því má bæta við að einnig er gert ráð fyrir að unnt sé að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Fyrir liggja ályktanir frá Félagi hrossabænda og útflutnings- og markaðsnefnd hrossa um örmerkingar á hrossum þar sem hvatt er til breytinga á lögum og reglugerð sem varða merkingar búfjár þannig að örmerking geti talist til löggiltra búfjármarka. Þá hafa Landssamtök sauðfjárbænda ályktað um skyldumerkingu fullorðins fjár með lituðum eyrnamerkjum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að örmerki verði bætt við í upptalningu í núgildandi ákvæði 63. gr. laganna um tegundir búfjármarka. Þar með yrðu tegundir viðurkenndra búfjármarka fimm í stað fjögurra áður. Fyrir liggur að þegar er farið að merkja búfé með örmerkjum án þess að um slík merki gildi skráðar réttarreglur sem leiðir til þess að merkið nýtist ekki til sönnunar á uppruna og eignarrétti búfjár. Öll rök hníga í þá átt að búa þurfi slíku merki nauðsynlegan lagagrundvöll, enda er örmerking mjög örugg merkingaraðferð. Lagt er til að örmerki verði rétthæsta búfjármarkið, en samkvæmt núgildandi lögum er frostmerking rétthæst. Líta verður svo á að örmerki, sem sett er undir húð gripsins, sé tryggari merking en frostmerki, sem er áletrun á skinn, sem erfiðara getur verið að lesa úr og auðveldara er að breyta.

Fyrir liggur að plötumerki hafa náð mikilli útbreiðslu hér á landi sem búfjármark. Í 2. mgr. 63. gr. gildandi afréttalaga er kveðið á um að skylt sé að hafa hreppsmerki á öllu fé og er sú lagaskylda uppfyllt með tvennu móti, með plötumerki í eyra sauðfjár eða með brennimarki á hyrndu fé. Í 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að plötumerki verði notuð í allt ásett sauðfé og geitfé, en eftir sem áður verður til staðar sá möguleiki að brennimerkja númer og tákn á horn.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Frumvarpið felur í sér breytingu á 63. gr. gildandi laga sem fjallar um búfjármörk. Lagt er til að svokölluðum örmerkjum verði bætt við upptalningu á tegundum búfjármarka. Tilgangurinn er sá að festa í lög nýlega aðferð við að merkja búfé og tryggja þannig að um hana gildi skráðar réttarreglur. Þá er jafnframt lagt til að örmerki verði rétthæst búfjármarka við sönnun á eign á búfé.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

876. Frumvarp til laga [524. mál]

um Suðurlandsskóga.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinnir verkefnum skv, 1. mgr., þ.e. ræktun skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda í Suðurlandsskógum og þinglýsa þeim sem kvöð á viðkomandi jörðum. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi Suðurlandsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Ríkissjóður greiðir kostnað við Suðurlandsskóga sem hér segir: Undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar samþykktan kostnað við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr. Hlutfallsleg greiðsla Suð-

urlandsskóga af samþykktum kostnaði er ákveðin í reglugerð settri af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og Samtaka skógarbænda.

5. gr.

Skipting og binding tekna af verkefninu.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu, gjalddaga, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Undanþegin ákvæðum 1. og 2. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins, og hagnaður af henni skal renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógarbændur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á jörðum þeim sem þeir nýta. Að þeim frágengnum hafa aðrir skógarbændur, sem aðild eiga að Suðurlandsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

7. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Suðurlandsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Suðurlandi, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Suðurlandsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

Stjórn Suðurlandsskóga eða framkvæmdastjóri í umboði hennar annast daglegan rekstur. Skógrækt ríkisins veitir Suðurlandsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er viðkomandi aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar Suðurlandsskóga skulu samþykktir af stjórn og staðfestir af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Suðurlandsskóga skal birta í *Stjórnartíðindum*, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Suðurlandsskóga, eftir því sem við á eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

23. ágúst 1995 fól skógræktarstjóri Birni B. Jónssyni skógræktarráðunauti hjá Skógarþjónustu Skógræktar ríkisins á Suðurlandi að hefja undirbúning að átaki í skógrækt sem væri með svipuðu sniði og Héraðsskógaverkefnið. Frá upphafi hefur stærð og áætlaður kostnaður Suðurlandsskóga tekið mið af þeirri reynslu sem er af Héraðsskógum, m.a. haft áhrif á hver er lágmarksstærð áætlunarinnar með tilliti til hagkvæmni. Enn fremur er nokkur munur á aðstæðum milli þessara svæða, svo sem að skógrækt verður dreifðari á Suðurlandi og í áætlun Suðurlandsskóga eru verkefni sem ekki er gert ráð fyrir í Héraðsskógum.

Í samvinnu við Félag skógarbænda á Suðurlandi voru haldnir kynningarfundir og óformlegar viðræður við þingmenn Suðurlands. Sótt var um ýmsa styrki og lét Framleiðnisjóður 500.000 kr í té og Bændasamtökin gáfu vorið 1996 vilyrði fyrir um 2.000.000 kr. Kostnaður við undirbúning verkefnisins hafði verið áætlaður um 2.640.000 kr. Enn fremur hefur Skógrækt ríkisins staðið undir fjármögnun og rekstri verkefnisins. Í janúar 1996 var fyrsti formlegi fundurinn haldinn með þingmönnum Suðurlands samfara því að fyrsta skýrslan með drögum að verkefninu var gefin út. Unnið var að þingsályktunartillögu um Suðurlandsskóga, en fljótlega tók landbúnaðarráðherra sjálfur málið að sér.

Strax í upphafi undirbúningsins var gert ráð fyrir að rækta fjölnytjaskóg á Suðurlandi og koma þannig til móts við ný sjónarmið í skógrækt. Vann Loftur Jónsson skógfræðinemi með Birni B. Jónssyni að þróun hugmyndavinnunar á bak við Suðurlandsskóga. Seinni hluta janúar og fyrri hluta febrúar vann Hreinn Óskarsson skógfræðinemi að útfærslu kostnaðar- og fjármagnshlið verkefnisins. Við því verki tók Gunnar Freysteinsson skógfræðingur í lok febrúar og hefur hann síðan unnið ásamt Birni að nánari útfærslu verkefnisins. Um vorið 1996 var komin nokkuð góð mynd á Suðurlandsskógaverkefnið, en jafnframt höfðu komið upp ýmis vandamál sem þeim Birni og Gunnari fannst ekki rétt að þeir tækju einir ákvörðun um. Var því farið þess á leit við Guðmund Bjarnason landbúnaðarráðherra að skipaður yrði vinnuhópur fyrir Suðurlandsskóga sem gæti tekið á slíkum vandamálum eftir því sem þau kæmu upp á yfirborðið.

Fyrsti fundur þessa vinnuhóps var haldinn um miðjan júní 1996. Sem fulltrúi landbúnaðarráðherra situr Jón Erlingur Jónasson í hópnum og er hann jafnframt formaður hans. Fyrir Skógrækt ríkisins situr Jón Loftsson skógræktarstjóri og sem fulltrúi Búnaðarsambands Suðurlands situr Gunnar Sverrisson, formaður Félags skógarbænda á Suðurlandi. Sem ritari vinnuhópsins var skipaður Björn B. Jónsson skógræktarráðunautur. Hefur vinnuhópurinn haldið sjö fundi á tímabilinu júní til nóvember 1996.

Í ágúst 1996 hófust fyrstu viðræður við plöntuframleiðendur á Suðurlandi um hvernig beri að hátta plöntuframleiðslu fyrir Suðurlandsskóga. Um svipað leyti kom Haukur Ragnarsson, skógarvörður á Vesturlandi norðan Hvítár, að verkefninu með yfirlestri á verkefnisskýrslu og aðstoðaði Björn og Gunnar við skilgreiningu á hugtökum og hugmyndum varðandi Suðurlandsskóga. Enn fremur hafa ýmsir fagmenn innan skógræktargeirans komið að verkefninu með yfirlestri og athugasemdum. Í október voru drög að lagafrumvarpi um Suðurlandsskóga send til fyrsta yfirlesturs í landbúnaðarráðuneytinu. Um svipað leyti gekk Daði Björnsson hjá Skógrækt ríkisins frá korti þar sem láglendi Suðurlands undir 300 m hæð yfir sjávarmáli var gróflokkað eftir gróðurfari og landslagi.

Ekki er gert ráð fyrir að gróðursetning á vegum Suðurlandsskóga hefjist að ráði fyrr en í fyrsta lagi árið 1998 og nái síðar áætluðu magni, um 1,5 milljónum plantna á ári, um aldamótin. Árið 1997 verði hins vegar notað til að taka við umsóknum í verkefnið, í úttekt á skógræktarskilyrðum og vinnslu skógræktaráætlana, skipulagningu plöntuframleiðslu og til jarðvinnslu sem undanfara gróðursetningar árið 1998.

Á fyrsta áratug verkefnisins verði lögð meginhersla á ræktun skjólbelta, bæði fyrir landbúnað og sem undanfara skógræktar á vindasömum svæðum. Samfara því verði unnið að uppsetningu á girðingum og undirbúningi sjálfgræðsluskóga í miklum mæli. Gróðursetning timburskóga fari hægt af stað en þegar líði á fyrsta áratug verkefnisins og í byrjun þess næsta aukist gróðursetningar til þeirra jafnt og þétt uns þeir nái hámarki á þriðja áratug verkefnisins. Á sama tíma muni draga úr skjólbeltarækt og eitthvað úr gróðursetningu landbótaskóga. Á síðasta áratug verkefnisins verður grisjun æ fyrirferðarmeiri þáttur í verkefninu auk þess sem skjólbeltarækt eykst á ný. Þá mun gróðursetning til timburskóga dragast saman.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang og markmið frumvarpsins og skilgreinir hvað Suðurlandsskógar eru.

Um 2. gr.

Greinin skýrir tilgang og markmið þeirra skóga og skjólbelta sem Suðurlandsskógar ná yfir.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að unnin verði 40 ára áætlun um ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Áætlunin skiptist í fjögur 10 ára tímabil en af hálfu sérfræðinga Skógræktar ríkisins er lögð áhersla á að heildaráætlunin nái til a.m.k. 40 ára þar sem við ræktun skóga er nauðsynlegt að eðlileg hringrás náist í ræktuninni svo að nýting timburs úr skógunum verði hagkvæm. Skógrækt ríkisins skal gera, samkvæmt samstarfssamningi, sérstaka áætlun fyrir hverja jörð sem gerist aðili að Suðurlandsskógum.

Ræktun fjölnytjaskóganna og skjólbeltanna er ætlað að byggjast á samningum sem hver einstakur landeigandi eða ábúandi með samþykki eiganda gerir við Suðurlandsskóga og landbúnaðarráðherra staðfestir fyrir hönd ríkisins. Tekin eru fram helstu atriði sem nauðsynlegt er að fram komi í samningunum.

Um 4. gr.

Greinin kveður á um þann kostnað við Suðurlandsskóga sem greiðast skal úr ríkissjóði. Annars vegar er um að ræða almennan rekstrarkostnað, þ.e. kostnað við undirbúning verkefnisins og rekstur og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að í upphafi verði um nokkurn undirbúningskostnað að ræða meðan verkefnið er að komast á skrið, við gagnasöfnun, þróunarvinnu og áætlanagerð. Af föstum starfsmönnum er fyrst og fremst reiknað með framkvæmdastjóra og skógfræðimenntuðum starfsmönnum til ráðgjafar og verkstjórnar ásamt skrifstofumanni. Ljóst er að þörf fyrir faglega aðstoð við bændur verður umtalsverð fyrst um sinn á meðan verkþekking í þessari nýju búgrein er að eflast. Erfiðara er að spá um framhaldið en það hlýtur að ráðast af þróun í úrvinnslu afurða skóganna.

Greiðsla stofnkostnaðar Suðurlandsskóga við fjölnytjaskógrækt og skjólbeltarækt er ákveðin í reglugerð settri af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga. Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir að um sé að ræða samþykktan kostnað, þ.e. kostnað sem byggist á mati Suðurlandsskóga, Samtaka skógarbænda og Skógræktar ríkisins á eðlilegum útgjöldum við einstaka ræktunarþætti sem samþykkt hefur verið af landbúnaðarráðuneytinu. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir að vinna við skógræktina verði greidd samkvæmt kjarasamningum ASÍ. Gert er ráð fyrir að ræktunarkostnaður verði greiddur af Suðurlandsskógum þar til fyrstu grisjun hvers ræktunaráfanga er lokið.

Ekki er gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun að Suðurlandsskógar þurfi að greiða virðisaukaskatt af verkefninu þar eð skv. 6. gr. reglugerðar nr. 515 um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, getur skógrækt fengið virðisaukaskattsnúmer með því að leggja fram tryggingu fyrir virðisaukaskatti í formi bankatryggingar eða í öðru formi sem skattstjóri viðurkennir. Gerður verður samningur við hvern skógarbónda um fjölnytjaskógrækt sem þinglýst verður sem kvöð á jörð hans. Má túlka samninginn svo að hann sé trygging þess að afurðir til sölu verði framleiddar í viðkomandi skógi og fullnægi þar með kröfum um skráningu virðisaukaskattsnúmera. Þar með ættu inn- og útskattur að falla út á jöfnu og ekki þarf því að gera ráð fyrir þeim kostnaði hér.

Um 5. gr.

Í greininni er sagt fyrir um hvernig skuli farið með tekjur af skógunum eftir að fyrstu grisjun er lokið. Gert er ráð fyrir að hver jörð hafi sérstakan sjóð eða endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga og þeim fjármunum, sem þangað koma, verði varið til endurnýjunar eða endurbóta skóglendis á viðkomandi jörð. Eins og sakir standa er ekki reiknað með að fyrsta grisjun skóganna skili tekjum umfram gjöld, en fari svo er þeim hagnaði ætlað að renna óskiptum á endurnýjunarreikning jarðarinnar. Þegar að síðari grisjunum og skógarhöggi kemur skulu 5% af heildarframleiðsluverðmæti lögð á endurnýjunarreikninginn. Þetta gjald skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir að skatthlutfall af timbursölu taki mið af styrk ríkisins til greiðslu stofnkostnaðar í skógrækt og að hlutfall þess styrks verði miðað við væntanlegt verðmæti skóga á rót, þ.e. söluverðmæti timburtrjáa á rót áður en skógarhögg og flutningar fara fram. Dæmi um útreikning skatthlutfalls er sýnt í fylgiskjali VI.

Erfitt getur verið að segja fyrir um framtíðararðsemi væntanlegra Suðurlandsskóga, þar verður einungis byggt á líkum. Hins vegar hefur því verið spáð að eftirspurn eftir skógarafurðum í heiminum muni fimmfaldast á næstu 100 árum, eða u.þ.b. þeim tíma sem líður þar til að skógur gróðursettur nú verður felldur. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að meta arðsemi íslenskrar timburskógræktar og fylgir ein slík frumvarpinu sem fylgiskjal V.

Um 6. gr.

Þessi grein kveður á um forgang að vinnu við Suðurlandsskóga. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skógarbændur eigi alltaf forgang að þeirri vinnu sem í boði er á þeirri jörð er þeir nýta. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vinna, sem skógarbændur vinna ekki sjálfir, standi fyrst til boða þeim skógarbændum sem gert hafa ræktunarsamninga við Suðurlandsskóga verði því við komið. Þegar um forgang að vinnu er að ræða er gert ráð fyrir að allir þeir sem hafa sama lögheimili og búsetu og skógarbóndi falli undir forgangsákvæðin, en ekki bara skráður skógarbóndi.

Um 7. gr.

Hér kemur fram að Suðurlandsskógar og Skógrækt ríkisins skulu gera með sér samstarfssamning þar sem aðstoð og faglegar leiðbeiningar og önnur afskipti Skógræktar ríkisins verða nánar tilteknar. Gert er ráð fyrir að Suðurlandsskógar greiði kostnað við áætlunargerð.

Um 8.–10. gr.

Greinarnar þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal I.

Greinargerð um Suðurlandsskóga.

Skógræktarrannsóknir á Suðurlandi.
Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá hefur um árarabir staðið fyrir ýmsum rannsóknum í skógrækt á Suðurlandi, einkum á Mosfelli í Grímsnesi á seinni árum. Þær upplýsingar, sem hafa fengist við þessar rannsóknir, hafa verið ómetanlegar við samningu áætlunarinnar um Suðurlandsskóga. Sem dæmi um rannsóknir sem hafa verið og eru stundaðar eru kvæmatilraunir með ýmsar trjátegundir og runna til þess að finna hentuga stofna í skógrækt í þessum landshluta. Enn fremur hafa verið gerðar rannsóknir á ýmsum jarðvinnslu- og gróðursetningaraðferðum til að draga úr smáplöntudauða og þar með kostnaði við endurgróðursetningu. Margvíslegar tilraunir með skóggræðslu og skjólbeltarækt í erfiðu landi eins og á Markarfljótsaurum og á Sólheimasandi hafa lofað góðu. Að lokum má nefna spennandi skóggræðslutilraun með birki og lúpínu í hálendisbrúninni á Haukadalsheiði.

Flokkun lands á Suðurlandi.
Að undirlagi Skógarþjónustu Skógræktar ríkisins á Suðurlandi vann Daði Björnsson kort af Suðurlandi (þ.e. Árnessýsla, Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) eins og fyrr hefur verið minnst á. Samkvæmt því korti er láglendi Suðurlands undir 300 m hæð yfir sjávarmáli alls um 756.000 ha, en undanskilið er belti meðfram ströndinni sem nær um 10 km inn af sjó og upp að þjóðvegi nr. 1 undir Eyjafjöllum. Í þessu belti standa saltveður skógrækt fyrir þrifum og nauðsynlegt er að leggja þar höfuðáherslu á skjólbelti til að byrja með.

Innan ramma Suðurlandsskóga stendur til að rækta skóg á um 35.000 ha lands sem gera um 5 % af flatarmáli láglendis. Að öðru leyti var skipting eftir landflokkum eftirfarandi[1]:

Mýrar	80.779 ha	11 %	
Vel gróið þurrlendi	342.967 ha	45 %	
Minna gróið þurrlendi	122.091 ha	16 %	
Ógróið	170.835 ha	23 %	
Fjalllendi	10.919 ha	\	
Jöklar	1.036 ha	>	5%
Vatn	27.356 ha	/	
Samtals	755.983 ha		

Af framangreindu má sjá að um 30-40% af láglendi Suðurlands eru ekki eða illa fallin til skógræktar. Mýrar þekja ríflega tíunda hluta láglendis en ekki er tekið tillit til þess í þessari landflokkun hvort þær eru þegar framræstar eða ekki.

Stjórnskipulag Suðurlandsskóga.
Suðurlandsskógar verða sjálfstætt skógræktarverkefni með eigin stjórn. Yfirstjórn Suðurlandsskóga verður skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Skógrækt ríkisins, einum tilnefndum af Félagi skógarbænda á Suðurlandi og einum án tilnefningar. Skipurit yfir stjórn Suðurlandsskóga fylgir greinargerðinni (mynd 1).
Yfirstjórn Suðurlandsskóga ræður síðan framkvæmdastjóra og setur honum erindisbréf.

Suðurlandsskógar.
Markmiðið með Suðurlandsskógum er að gefa sem flestum færi á að taka þátt í *fjölnytjaskógrækt* á Suðurlandi og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir. Með *fjölnytjaskógrækt*, sem er þýðing á ensku orðunum "multiple use

[1] Náttúrufræðistofnun Íslands/Hreinn Óskarsson, óbirt gögn.

forest", er í raun átt við hvers konar skógrækt sem gefur af sér fjölbreyttar nytjar eins og við, ber og sveppi, skjól og útivist, landslagsfegurð og margt fleira.

Verkefnið skiptist í þrjá meginþætti, *timburskógrækt, skjólbeltarækt og landbótaskógrækt,* sem þó skarast á mörgum sviðum. Af þessum þremur þáttum má telja hina tvo síðastnefndu til nýjunga í skógræktaráætlunum.

Binding koldíoxíðs (CO2).
Mikil umræða er þessa dagana um gróðurhúsaáhrif og bindingu koldíoxíðs (CO_2) á Íslandi, ekki minnst með tilliti til skuldbindinga Íslendinga í því máli samkvæmt Ríó-sáttmálanum. Ýmsar leiðir hafa verið ræddar um hvernig megi binda koldíoxíð á sem auðveldastan og afkastamestan hátt. Það sem helst hefur borið á góma í þeirri umræðu eru ýmsar tegundir landgræðslu og skógræktar. Til lengri tíma litið er fátt betra til koldíoxíðsbindingar en einmitt skógrækt. Kemur þar helst tvennt til, að um helmingur lífmassa skógar (þ.e. tré) er kolefni (C) sem er annað af frumefnum koldíoxíðs og að skógur getur bætt við lífmassa sinn í áratugi, jafnvel aldir, áður en jafnvægi milli niðurbrots og uppbyggingar er náð. Með hliðsjón af framangreindu geta skógræktarverkefni eins og Suðurlandsskógar haft mikla þýðingu fyrir uppfyllingu okkar Íslendinga á ákvæðum Ríó-sáttmálans um losun og bindingu koldíoxíðs. Í fylgiskjali VII er metin bindigeta koldíoxíðs innan ramma Suðurlandsskóga.

Timburskógrækt.
Timburskógrækt verði stunduð á um 15.000 hekturum lands, fyrst og fremst *vel grónu þurrlendi og framræstum mýrum.* Timburskógar mundu þá þekja innan fimm hundruðustu hluta þeirra landflokka. Unnið verði markvisst að því að fella skógana að landslaginu þannig að þeir stingi ekki í stúf við það heldur séu hluti af því, bæði til að fegra og um leið nýta sem best þær jarðvegs- og landslagsaðstæður sem fyrir eru. Sem grundvöll fyrir þátttöku í þessum lið verkefnisins er gert ráð fyrir að lágmarksstærð skógargirðingar verði 25 ha hið minnsta.

Megineinkenni Suðurlandsskóga verði *fjölbreytni.* Lögð verður áhersla á að blanda tegundum saman og forðast einræktun. Með tegundablöndun er átt við blöndun barr- og lauftrjátegunda. Sem dæmi má taka greni og ösp eða greni og furu í jafnri blöndu ásamt birki með lundum af ösp þar sem það á við. Möguleikarnir í samsetningu og útfærslu eru nánast ótakmarkaðir. Meginstyrkur tegundablöndunar er að fjölbreytt vistkerfi er að jafnaði í betra jafnvægi en fábreytt. Hættan á skordýra- og sjúkdómsplágum í blandskógum verður því minni og viðnámsþol skóganna meira. Enn fremur hefur tegundablöndun þann kost að ef eitthvað bregður út af og ein trjátegund verður fyrir miklu áfalli standa hinar eftir. Í einræktun er hættan mun meiri á að allur eða stórir hlutar skógarins falli. Tegundablöndun gerir skógana enn fremur skemmtilegri ásýndar, eykur fjölbreytni í dýra- og fuglalífi og gróðurfari sem gerir þá aðlaðandi til útivistar og afþreyingar.

Aðalmarkmið timburskógræktar er þó að skapa auðlind sem orðið getur undirstaða fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í framtíðinni. Þá verða skógarhögg og sala skógarafurða hluti af lífsviðurværi bænda, en auk þess skapast vinna við sögun, ýmsan úrvinnsluiðnað, sölumál og útflutning. Stefnt er að því að sitkagreni verði uppistaðan í timburskógrækt, en sú tegund hentar vel til ýmiss konar iðnaðarnota.

Suðurland er víðáttumikið svæði og aðstæður til skógræktar breytilegar. Hefur því reynst nauðsynlegt að skilgreina markmið og útfærslu skógræktar eftir mismunandi landgerðum. Eru þessar landgerðir helstar:

Þurrlendi þar sem hægt er að planta trjám án undangenginnar jarðvinnslu.

Þurrlendi sem þarf að jarðvinna fyrir plöntun, t.d. graslendi þar sem hætta er á að grasvöxtur geti kæft ungar trjáplöntur. Er þá nauðsynlegt að vinna landið til að draga úr hættunni um einhvern tíma uns trjáplöntur hafa náð að komast á legg.

Þurrlendi sem bæði þarf að jarðvinna og koma upp skjólskógi þar sem vindur dregur úr vexti og torveldar uppkomu skógar. Skaraveður gæti einnig verið mikið vandamál með því að skaða börk trjáplantna og valda krækluvexti ásamt því að opna leið fyrir ýmsa sjúkdóma. Er þá nauðsynlegt að koma upp skjóli í formi skjólbelta og/eða trjáskerms til að skýla væntanlegum timburtrjám.

Deiglendi eða framræstar mýrar eru hluti þess ræktarlands sem tiltækt er í dag. Þetta eru tíðum mjög frjósöm svæði þar sem vöxtur getur orðið mjög góður. Það skal þó tekið fram að *ekki* er áformað að taka til ræktunar ósnortnar mýrar. Fullt samráð verður haft við Náttúruvernd ríkisins um friðun votlendis og aðrar þær aðgerðir sem snerta skógrækt í deiglendi.

Kjörlendi eru sérstaklega frjósöm og skjólsæl svæði innan stærra skógræktarsvæðis þar sem ræktun eðalviða, eins og álms og asks, verður möguleg. Með tímanum, þegar timburskógarnir vaxa upp, dregur það mikið úr vindkælingu að hægt verður að rækta hitakærar tegundir eins og þær fyrrnefndu, en viður þessara tegunda þykir mjög góður til ýmissa finni smíða og húsgagnagerðar.

Rýrlendi eru þurrir móar og mosaþembur þar sem vöxturinn verður hægur og vaxtarlotan löng (um 100 -150 ár). Gróðursett yrði dreift og þessir skógar látnir vaxa meira eða minna í friði og gætu þeir haft mikið gildi sem útivistarskógar og jafnvel til hóflegrar beitar búfjár undir eftirliti.

Landbótaskógrækt.

Landbótaskógræktin er sennilega mesta nýjungin í Suðurlandsskógum. Hér er viðarvöxtur ekki megintakmarkið heldur aðrar skógarnytjar, svo sem skjól, fuglalíf, útivist og landslag, svo dæmi séu tekin. Alls er stefnt að því rækta að um 20.000 ha skógar með þessu markmiði, fyrst og fremst á *minna grónu þurrlendi* og að einhverju leyti á *ógrónu landi*. Þekja landbótaskóga yrði þá um 5 % þeirra landflokka. Sem grundvelli til þátttöku í þessum lið verkefnisins er gert ráð fyrir að skógræktargirðing verði að vera 50 ha hið minnsta.

Landbótaskógræktinni er skipt í fimm meginþætti:

Sjálfgræðsluskógur er land sem hefur verið girt af og friðað fyrir beit um ákveðinn tíma uns nýliðun birkis og annarra tegunda hefur orðið. Þetta tekur vitaskuld langan tíma, en til að flýta fyrir þróuninni er gert ráð fyrir aðgerðum eins og gróðursetningu gróðureyja og áburðargjöf.

Birkiskógar yrðu náttúrulegir eða ræktaðir birkiskógar í formi sjálfgræðsluskóga sem leitast yrði við að nýta á sem fjölbreyttastan hátt. Við skipulegar grisjanir, sem bæta eiga vöxt og viðgang skógarins, félli til viður sem yrði nýttur til eldiviðar eða smíðaviðar þar sem vaxtarlag trjáa býður upp á það. Enn fremur má nýta ber og sveppi, sem í skógunum vaxa, og beita þá undir eftirliti, en hófleg beit getur verið af hinu góða. Þar sem skógur er að hrörna eða jarðvegur að blása upp má hugsa sér að styrkja skóginn með gróðursetningu betri kvæma af birki eða öðrum hentugum lauftrjátegundum. Að öðru jöfnu yrði reynt að hreyfa sem minnst við tegundasamsetningu skógarins.

Trjáskermur er gróðursetning gisins skerms trjáa, svo sem aspar, lerkis og furu, í beitarhólf milli skjólbelta eða í opin svæði innan stærra skógræktarsvæðis. Þessi trjáskermur gæti veitt aukið skjól fyrir búfénað eða jólatrjáarækt, eða annað það sem talin er þörf á að skýla.

Sérverkefni í skógrækt. Hér er hugmyndin að almenningur geti komið með hugmyndir að sérstöku verkefni í skógrækt til Suðurlandsskóga sem mundu veita aðstoð við nánari útfærslu og skipulagningu verkefnisins, ásamt því að styrkja verkefnið á móti öðrum aðilum. Má hér hugsa sér ýmiss konar landgræðsluverkefni og útivistarskóga.

Skjólbeltarækt.
Skjólbeltarækt hefur lengi verið stunduð á Suðurlandi í nokkrum mæli. Í Suðurlandsskógum er hugmyndin að rækta um 10.000 km af skjólbeltum (miðað við einfalda trjáröð).
Skjólbeltum má skipta í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru eða veita búfénaði og mannvirkjum skjól, hins vegar belti, sem eru undanfari skógræktar og er ætlað að draga úr jaðaráhrifum. Þessi skjólbelti geta verið frá einni trjáröð upp í fimm til sex trjáraðir (skógarjaðar) á breidd, allt eftir aðstæðum og hentugleik. Sem grundvöll fyrir þátttöku í þessum lið verkefnisins er gert ráð fyrir að landeigandi verði að leggja út fyrir skjólbelti í minnst 30 ha lands, eða 5 kílómetra af skjólbeltum miðað við einfalda röð.

Eitt aðalmarkmiðið með skjólbeltarækt er að tengja saman skógræktarsvæði og loka opum sem myndast þar sem önnur landnýting á sér stað þannig að vindur nái sér ekki upp milli skógarreita og betra skjól myndist.

Ef rétt er á málum haldið mun skógrækt og skjólbeltarækt stuðla að aukinni framleiðslu bújarða og auka verðmæti annarra framleiðsluþátta.

Girðingar.
Á flestum þeim svæðum sem fjölnytjaskógrækt verður stunduð á er jafnframt mikil búfjárrækt. Er því nauðsynlegt að girða af verðandi skógarsvæði og friða fyrir beit um einhvern tíma. Hefur því verið ákveðið að girðingar verði hluti af skógræktarátakinu. Reynt verður eftir megni að girða stofngirðingar um stærri samfelld skógarsvæði og hafa stjórn á beit innan þeirra þegar tímar líða.

Vinnureglur í skógrækt.
Skógrækt hefur afgerandi áhrif á vistkerfið á viðkomandi svæðum hvort sem hún fer fram með því að stuðla að sjálfgræðslu birkis eða með gróðursetningu. Hér kemur margt til, t.d. skuggi, skjól, breytt snjóalög, þornun jarðvegs, blaðfall, breyttar efnahringrásir og landnám nýrra lífverutegunda. Margar lífverutegundir hverfa af svæðinu, einkum ljóskærar plöntutegundir og fuglar sem velja sér opin búsvæði. Á móti kemur að skuggaþolnar og skjólsæknar plöntuteg-undir, fuglar sem verpa í trjám og runnum og ýmsir sveppir og skordýr nema land. Ásýnd landsins mun einnig breytast. Landslagsþættir eins og klettar og klappir, mannvistarleifar og þess háttar hætta að sjást tilsýndar og útsýni breytist.

Ljóst er að skógræktarmenn bera mikla ábyrgð og því er mikil nauðsyn að þeir séu meðvitaðir um framangreind atriði og taki tillit til þeirra við skipulagningu og framkvæmd skógræktar. Með hliðsjón af því hafa verið settar saman nokkrar ábendingar eða *vinnureglur* sem starfsmenn Suðurlandsskóga munu hafa í huga við störf sín. Þessar vinnureglur er engan veginn tæmandi og hljóta að þróast eftir því sem ný vitneskja og ný sjónarmið koma fram. Mikil reynsla hefur fengist af Héraðsskógaverkefninu, m.a. í áætlunargerð fyrir skógrækt og skipulagsmálum. Eftirfarandi vinnureglur eru helstar:

- Að forðast einrækt (monokultur) trjátegunda og blanda saman tegundum.
- Að hanna skógarjaðra með mörgum tegundum til fegrunar og skjóls.
- Að fella skógrækt að landslagi bæði hvað varðar jarðvinnslu og gróðursetningu.
- Að skilja eftir sjaldgæf vistkerfi við vinnslu skógræktaráætlana.

- Að skilja eftir opin svæði kringum fornar mannvistarleifar.

Í lögum um skógrækt frá 1955, með síðari breytingum, er enn fremur ákvæði er lýtur að skipulagi og undirbúningsvinnu við ræktun nytjaskóga á bújörðum. Það ákvæði, nánar tiltekið í 25 gr. laganna, kveður á um að leita þurfi samþykkis sveitarfélaga, skipulagsyfirvalda og jarðanefnda fyrir ráðstöfun lands til skógræktar.

Jarðvinnsla.
Á Suðurlandi er jarðvatnsstaða víða í hærra lagi og grasvöxtur mikill. Getur þá verið þörf á jarðvinnslu af ýmsu tagi til þess að búa í haginn fyrir trjáplönturnar svo að ræktunin takist sem best. Reyndar er oft svo að skógrækt er óhugsandi án einhverrar jarðvinnslu. Helstu aðferðirnar eru þessar:

Plæging, en með henni er efsta lagi gróðurlendisins umbylt, þ.e. gróðri, grasrót og jarðvegi snúið við. Grasrót leggst þá ofan á grasrót, og við rotnun verður hún að frjósamri mold, sem er ákjósanleg fyrir rótarkerfi trjáplantnanna. Enn fremur verður ekki um verulega samkeppni að ræða við annan gróður fyrstu árin. Djúpplægingu er einnig beitt til þess að ræsa fram deiglendi.

Herfing kallast það þegar rifin er upp ræma af gróðurtorfi og snúið við. Myndast þá gróðurlausar rásir þar sem samkeppni hefur verið afnumin um tíma og hægt er að gróðursetja í. Enn fremur má gróðursetja í umsnúið torfið og láta trjáplöntuna nýta sér rotnunina í gróðurssverðinum fyrir neðan. Munurinn á herfingu og plægingu er sá að við herfingu er gróðurtorfan rifin upp meðan plæging sker hana og nær oft eitthvað dýpra niður í jarðveginn. Algengasta tækið við herfingu hér á landi er finnskt TTS-herfi.

Flekkjun kallast það þegar gróðurtorf er rifið upp á litlum bletti, 30- 50 cm á kant, og snúið við. Hefur það sömu áhrif og herfing en munurinn liggur í því að við flekkjun er bara lítill blettur unninn meðan herfið býr til langar rásir. Tæki það, sem notað er við vélvædda flekkjun, er oft kallað *kulla*. Flekkjun er líka unnin með handafli og er þá gróðurlagið rifið upp með haka eða plöntustaf áður en plantan er sett niður. Handflekkjun er yfirleitt notuð á rýrara landi þar sem gróður og samkeppni er minni.

Haugun kallast það þegar grafin er lítil hola með gröfuskóflu og torfinu og jarðveginum umturnað. Er þessi aðferð ekki ósvipuð flekkjun en munurinn er sá að farið er dýpra ofan í jarðveginn og honum umturnað og blandað. Við þessa aðferð minnkar samkeppni og það losnar betur um jarðveginn sem eykur loftstreymi og næringarlosun. Enn fremur myndast þúfur sem veita meira skjól fyrir plöntuna.

Vinna á vegum Suðurlandsskóga.
Forgang að vinnu á vegum Suðurlandsskóga á einstökum jörðum eiga ábúandi og aðrir þeir sem lögheimili eiga á jörðinni. Á eyðibýlum og jörðum án ábúðar hafa landeigandi/landeigendur, ásamt einstaklingum með sama lögheimili, forgang að vinnu á jörðinni. Ef ábúandi/landeigandi og/eða lögheimilisbúar nýta sér ekki vinnurétt sinn fá aðrir aðilar að Suðurlandsskógum rétt á vinnu á viðkomandi jörð. Laun verða greidd samkvæmt kjarasamningi ASÍ.

Námskeið og fræðsla.
Þar sem skógarbændur hefðu flestir vinnu við skógrækt á sínu landi munu Suðurlandsskógar standa fyrir námskeiðum og fræðslu um ýmis mál tengd skógrækt, eins og gróðursetningu, áburðargjöf, jarðvinnslu, grisjun, trjátegundir og skógarvistfræði svo dæmi séu tekin. Þessi námskeið verði unnin í samráði við Félag skógarbænda á Suðurlandi og aðra þá aðila sem

hafa kunnáttu að miðla á þessu sviði eins og Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og Garðyrkjuskólinn.

Rannsóknir og þróun.
Nauðsynlegt er að rannsóknir séu virkur þáttur í ræktun Suðurlandsskóga. Ef rannsóknir og framkvæmdir haldast í hendur má oft komast hjá ýmiss konar mistökum. Er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum í Suðurlandsskógum til að standa straum af ýmsum rannsóknum varðandi skógrækt á Suðurlandi. Sem mikilvægur þjónustuaðili á þessum vettvangi verður Rannsóknastöð skógræktar ríkisins á Mógilsá, en fleiri aðilar koma til greina.

Skógarnytjar.
Þegar talað er um skógarnytjar eða skógarafurðir dettur flestum timbur í hug. Eins og nafnið ber með sér er timbur aðalafurð timburskóga, en það má saga niður í borð (borðviður) sem síðar má nota til framleiðslu parketts, panels og límtrés. Krókótt og/eða smávaxin tré (iðnviður) má nýta til framleiðslu pappírs, spónaplatna, kurls, eldiviðar og smíða-/renniviðar. Að viðarnýtingu slepptri mætti nýta aðrar afurðir, svo sem ber og sveppi, til matar. Enn fremur má nýta gisna og opna skóga til beitar búfjár.

Allar framantaldar afurðir má reikna í krónum og aurum, en til eru aðrar nytjar sem erfitt er að meta til fjár. Þar ber helst að telja þau skjóláhrif sem skógur hefur á umhverfi sitt fyrir menn, málleysingja og gróður. Af þeim sökum eru skógar með fjölbreytilegustu vistkerfum sem finnast með tilliti til gróðurs og dýralífs. Eru skógar því kjörnir til útivistar en sá þáttur hefur aukist mjög í daglegu lífi fólks hér á landi.

Eru framannefnd atriði kjarninn í skilgreiningu hugtaksins *fjölnytjaskógrækt* í dag.

Trjátegundir.
Í timburskógrækt verður mesta áherslan lögð á fjórar tegundir, sitkagreni, alaskaösp, stafafuru og rússalerki. Til þess að auka fjölbreyttni skógarins verða m.a. eftirfarandi tegundir notaðar: ilmbjörk, hengibjörk, reyniviður, blágreni, lindifura og bergfura. Þessar sömu tegundir, að hengi-björkinni ef til vill undanskilinni, verða uppistaðan í landbótaskógrækt. Fyrir *kjörlendi* koma til greina askur, álmur og hlynur til að byrja með. Í lundi innan stærra skógarsvæðis mætti planta tegundum eins og selju, hegg og gullregni, svo dæmi séu tekin, til þess að auka fjölbreytni skógarins og brjóta hann upp útlitslega séð.

Plöntuframleiðsla fyrir Suðurlandsskóga.
Á Suðurlandi er nú þegar til staðar sú þekking og reynsla sem þarf til að framleiða góðar trjáplöntur fyrir Suðurlandsskóga. Framleiðslugetan er þegar fyrir hendi og má auka með litlum tilkostnaði. Ókostur er að flestar gróðrastöðvar á Suðurlandi eru litlar og hafa þær hver fyrir sig ekki bolmagn til að taka alla plöntuframleiðslu fyrir Suðurlandsskóga að sér. Þetta veikir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stærri stöðvum í almennum útboðum. Æskilegt er til að treysta og viðhalda byggð í landshlutanum, að sem mest af plöntuframleiðslunni fari fram þar. Kemur þar einnig til að strax á uppeldisstigi í gróðrarstöðvum verður aðlögun hjá trjáplöntum að umhverfinu, t.d. hitafari, daglengd og vaxtartíma.

Með því að framleiða trjáplönturnar á Suðurlandi eru meiri líkur á að þær aðlagist sunnlensku veðurfari og afföll verði minni. Má leysa það mál þannig að trjátegundir, sem verða notaðar í litlum mæli í Suðurlandsskógum, megi framleiða í þessum smærri gróðrastöðvum. Hver stöð fengi sína trjátegund og sérhæfði sig í framleiðslu hennar. Þannig má ná betri og tryggari gæðum á plöntunum og reksturinn verður hagkvæmari þar sem ekki þarf að beita mismunandi ræktunaraðferðum við mismunandi trjátegundir. Trjátegundir sem notaðar verða í miklum mæli, svo sem sitkagreni, stafafuru og lerki, má framleiða í stærri stöðvum sem hafa bolmagn

til þess, en gróðrastöð Skógræktar ríkisins á Tumastöðum er eina stöðin á svæði Suðurlandsskóga sem sérhæfir sig í skógarplöntuframleiðslu.

Geta ber þess að framangreind atriði eru eingöngu tillögur í umræðuna um hvernig best verði staðið að plöntuframleiðslu fyrir Suðurlandsskóga.

Framkvæmdaáætlun.
Ekki er gert ráð fyrir að gróðursetningar á vegum Suðurlandsskóga hefjist að ráði fyrr en í fyrsta lagi árið 1998 og nái síðar áætluðu magni, um 1,5 milljónum plantna á ári, um aldamótin. Árið 1997 verði hins vegar notað til að taka við umsóknum, úttekt á skógræktarskilyrðum og vinnslu skógræktaráætlana, skipulagningu plöntuframleiðslu og til jarðvinnslu sem undanfara gróðursetninga árið 1998.

Á fyrsta áratug verkefnisins verði lögð meginhersla á ræktun skjólbelta, bæði fyrir landbúnað og sem undanfara skógræktar á vindasömum svæðum. Samfara því verði unnið að uppsetningu á girðingum og undirbúningi sjálfgræðsluskóga í miklum mæli. Gróðursetning timburskóga fari hægt af stað en þegar líði á fyrsta áratug verkefnisins og í byrjun þess næsta aukist gróðursetning jafnt og þétt uns þeir nái hámarki á þriðja áratug verkefnisins. Á sama tíma muni draga úr skjólbeltarækt og eitthvað úr gróðursetningu landbótaskóga. Á síðasta áratug verkefnisins verður grisjun æ fyrirferðarmeiri þáttur í verkefninu auk þess sem skjólbeltarækt eykst á ný. Þá mun gróðursetning til timburskóga dragast saman.

Mynd 1. Stjórnskipulag Suðurlandsskóga.



Mynd 2. Suðurlandsskógar (Yfirlitsmynd).



Fylgiskjal II.

Samningar.

A. Drög að samningi um fjölnytjaskógrækt.

Samningur um fjölnytjaskógrækt

Suðurlandsskógar, skv. lögum nr. xx/1997, Selfossi, Árnessýslu, og skógarbóndi

gera með sér svofelldan samning um fjölnytjaskógrækt á jörðinni ..... með eftirfarandi skilmálum og takmörkunum:

1.1 Skógarbóndi skuldbindur sig til að taka til skógræktar skv. fyrirliggjandi mati á skógræktarskilyrðum, samþykktu af skógræktarstjóra, ... ha lands til timburskógræktar og ..... ha lands til landbótaskógræktar, eða ..... ha lands til samans. Fer það eftir samkomulagi skógarbónda og Suðurlandsskóga hversu stórt land er tekið til skógræktar í hverjum áfanga. Samningi þessum fylgir lýsing á helstu kennileitum sem afmarka skógræktarlandið ásamt viðheftu korti er sýnir ytri mörk hins umsamda svæðis.

2. Suðurlandsskógar skuldbinda sig til að gerð verði skógræktaráætlun um skógarsvæðin til 10 ára og standa við framkvæmdir samkvæmt henni. Henni skal fylgja verklýsing á hverjum verkþætti, svo sem vegagerð, gróðursetningu og áburðargjöf. Þar komi einnig fram hvað sé talinn fullnægjandi frágangur einstakra verkþátta. Að öðru leyti skal skógarbóndi hlíta fyrirmælum starfsmanns Suðurlandsskóga varðandi tilhögun og frágang allra verka.

3. Suðurlandsskógar og skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins skulu hafa eftirlit með að allar framkvæmdir á svæðinu séu unnar samkvæmt heildaráætlun. Að loknum framkvæmdum ár hvert skal fara fram úttekt á unnum verkum. Úttektina annast skógarbóndi og starfsmenn Suðurlandsskóga. Við úttektina skulu verkin yfirfarin og skráð lýsing á þeim og hvort frágangur þeirra er fullnægjandi. Verði framkvæmdum að einhverju leyti áfátt skuldbindur skógarbóndi sig til að hlutast til um úrbætur.

4. Suðurlandsskógar skuldbinda sig til að hafa í sinni þjónustu starfsmann til þess að hafa umsjón með áætlanagerð, stjórna framkvæmdum og vera skógarbændum til ráðuneytis um allt er að ræktuninni lýtur. Skal hann hafa lokið viðurkenndri skógræktarmenntun.

5.1 Framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga annast skipulag vinnu við skógræktina.

5.2 Þeir sem hafa sama lögheimili og aðsetur og skógarbóndi hafa forgang að vinnu að skógrækt á þeirri jörð sem samningur þessi tekur til. Til þeirra verka sem heimamenn vinna ekki sjálfir skulu Suðurlandsskógar, ef þess er kostur, ráða starfsmenn af öðrum skógarjörðum, enda hafi þeir aflað sér undirstöðuþekkingar í skógrækt sem Suðurlandsskógar meta gilda. Launakjör skulu vera samkvæmt kjarasamningum ASÍ.

6. Skylt er skógarbónda að upplýsa framkvæmdastjóra Suðurlandsskóga, í síðasta lagi 1. október ár hvert, hversu mikið hann ætlar að nota af vinnurétti sínum næsta ár. Sé það ekki gert fyrir þann tíma skulu Suðurlandsskógar ráða aðra til starfanna.

7.1 Suðurlandsskógar greiða án tillits til búsetu ..... % af samþykktum kostnaði við ræktun skóga á lögbýlum, samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur þar um, sbr. lög nr. xx/1997, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 8.2.
Ef framkvæmdahraði verður takmarkaður, t.d. vegna áfalla í plöntuframleiðslu, skulu jarðir sem eru í ábúð ganga fyrir, svo og eyðijarðir sem falla inn í samfelld skógræktarsvæði margra jarða.

7.2 Til kostnaðar skv. 7.1 teljast eftirfarandi framkvæmdir: a) Viðhald stofngirðinga og vélavinna, b) óhjákvæmileg vegagerð, c) framræsla lands þar sem hún er talin nauðsynleg, d) jarðvinnsla þar sem hún er talin nauðsynleg, e) allar plöntur til gróðursetningar, f) kostnaður við gróðursetningu, g) áburðargjöf við útplöntun, h) fyrsta umhirða og grisjun.

7.3 Suðurlandsskógar munu, í samráði við Skógrækt ríkisins, setja reglur um umhirðu og grisjun og ber skógarbónda að fara eftir þeim.

7.4 Andvirði seldra afurða úr fyrstu grisjun skógarins skal renna til Suðurlandsskóga til þess að greiða grisjunina. Verði hagnaður af grisjuninni skal hann lagður óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar, sbr. 8.1.

8.1 Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógi sem ræktaður er samkvæmt samningi þessum skal skógarbóndi greiða 5% gjald í sérstakan endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan 5 ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Gjald á endurnýjunarreikning skal nánar ákveðið í reglugerð með hliðsjón af kostnaði við endurnýjun skóglendis á hverjum tíma.

8.2 Allir skógarbændur skulu greiða í ríkissjóð 15% af söluverðmæti timburs á rót og skal þeim tekjum varið til ræktunar nýrra skóga, sbr. lög nr. xx/1997. Afurðir sem falla til við fyrstu grisjun timburskóga eru undanskildar gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

9.1 Þar til kemur að framkvæmdum samkvæmt ræktunaráætlun Suðurlandsskóga er skógarbónda heimilt að nýta í eigin þágu eða leigja öðrum land sem samningur þessi nær til, svo framarlega sem skógræktarframkvæmdum er engin hætta búin af slíkum afnotum að mati Suðurlandsskóga.

9.2 Þegar hafnar eru framkvæmdir á jörð samkvæmt samningi er skógarbónda með öllu óheimilt að selja eða gefa lifandi plöntur sem plantað hefur verið samkvæmt samningi til annarra aðila.

10. Girðingar um timburskóga skulu vera löggirðingar, nema Suðurlandsskógar, í samráði við skógræktarráðunaut Skógræktar ríkisins og landeigandi ákveði að rafmagnsgirðing henti betur. Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965.
Undanskilið frá ákvæðum 1. mgr. eru stofngirðingar um stærri skógræktarsvæði, sbr. 11 og skal farið eftir tilmælum skógræktarráðunauts Skógræktar ríkisins þar um.

11. Stofngirðing verður lögð um skógræktarsvæði samkvæmt áætlun þar að lútandi og verður hún óháð landamerkjum, nema óskað verði eftir öðru við undirritun þessa samnings. Ekki er hægt að breyta eða flytja til stofngirðingu á kostnað Suðurlandsskóga, þannig að vilji skógarbóndi síðar taka stærra land til skógræktar en ákvarðað var með þessum samningi verður hann að girða það á eigin kostnað.

12.1 Á land það sem Suðurlandsskógar og landeigendur eru sammála um samkvæmt samningi þessum að nytja til timburskógræktar má ekki beita búfé. Suðurlandsskógum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstakar ástæður mæla með.

12.2 Á land það sem Suðurlandsskógar og landeigendur eru sammála um samkvæmt samningi þessum að rækta til landbótaskógræktar má beita á búfé eftir þar til gerðri beita-

ráætlun. Skal beitaráætlun gerð í samráði skógarbónda, Suðurlandsskóga og Rannsóknastofnun landbúnaðarins og/eða Landgræðslu ríkisins.

12.3 Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu á skógarjörðinni.

13. Í samræmi við samstarfssamning Skógræktar ríkisins og Suðurlandsskóga annast Skógrækt ríkisins eftirfarandi:

1. Aðstoðar við skipulagningu og gerð ræktunaráætlunar. Ræktunaráætlanir skulu gerðar í samráði við skógarbónda.
2. Hefur eftirlit með að skógræktarlögum og samningi þessum sé framfylgt.
3. Lætur skógarbændum og starfsmönnum Suðurlandsskóga í té faglega þekkingu.

14. Komi til vanefnda á samningi þessum af hálfu Suðurlandsskóga er skógarbónda heimilt að rifta samningnum. Slík riftun er háð samþykki landeiganda, sé skógarbóndi jafnframt ekki eigandi skógræktarlandsins. Riftun skógarbónda skapar honum ekki rétt á skaðabótakröfu á hendur Suðurlandsskógum. Vanefni skógarbóndi skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er Suðurlandsskógum heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað skógarbónda.

15. Ákvæði þessa samnings taka til þess svæðis sem byrjað verður á að girða árið ..... og lokið árið ..... og gróðursetning hefst árið ..... . Gildistími samnings þessa er 10 ár af 40 ára áætlunartímabili, þar sem gert er ráð fyrir að ..... ha lands sé unnt að taka til skógræktar á jörðinni.

16. Rísi ágreiningur um einhver ákvæði samnings þessa, sem aðilar finna ekki lausn á, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms er hafi bindandi úrskurðunarvald. Tilnefnir hvor aðili um sig einn mann í dóminn, en aðilar komi sér saman um oddamann. Náist ekki samkomulag munu aðilar fara þess á leit við viðkomandi sýslumann að hann tilnefni oddamann. Afl atkvæða ræður niðurstöðu gerðardómsins. Gerðardómur ákveður kostnað og hver skuli greiða. Þá ákveður hann hvort öðrum aðila skuli gert að greiða hinum málskostnað.

AÐRIR SKILMÁLAR:

17. Samningi þessum skal þinglýst sem kvöð á jörðina ..... er skuldbindur landeiganda og þá sem síðar kunna að öðlast réttindi yfir jörðinni, þar með talinn leigurétt. Suðurlandsskógar annast þinglýsinguna og greiða kostnað sem af henni leiðir.

18. Að öðru leyti en greinir í samningi þessum fer um ræktun og meðferð skógarins á landinu skv. ákvæðum laga nr. xx xx.xxx 199x og eftir því sem við á skv. lögum um skógrækt nr. 3/1955, með síðari breytingum.

19.1 Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir varnarþingi viðkomandi jarðar.

19.2 Fullnaðargildi samnings þessa er háð staðfestingu landbúnaðarráðherra.

19.3 Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit. Heldur skógarbóndi einu, Suðurlandsskógar einu og eitt skal ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Eitt eintak skal sent landbúnaðarráðuneytinu til vörslu og annað jarðanefnd.

Undirritað af Suðurlandsskógum, skógarbónda, landbúnaðarráðherra og jarðeiganda sé hann ekki jafnframt skráður skógarbóndi. Allt gert í votta viðurvist.

B. Drög að samningi um skjólbeltarækt.

Samningur um skjólbeltarækt

Suðurlandsskógar og _____,
ábúandi/landeigandi á jörðinni _____ í _____ hreppi gera með sér samning um ræktun skjólbelta á jörðinni.

Um styrki til skjólbeltaræktar á jörðum gilda eftirfarandi reglur:

1. Suðurlandsskógar annast skipulagningu skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veitir leiðbeiningar um meðferð þeirra.

2. Ábúandi/landeigandi sér um eftirfarandi:
   a) jarðvinnslu,
   b) plastlagningu,
   c) gróðursetningu,
   d) áburðargjöf,
   e) vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar).

3. Af fjárveitingum Suðurlandsskóga til skjólbeltagerðar greiðist eftirfarandi:
   a) plöntur,
   b) plastdúkur,
   c) umsjón og verkstjórn með gerð beltanna,
   d) illgresiseyðing í mest 5 ár.

4. Ábúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum eftirlitsmanns Suðurlandsskóga varðandi jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar.

5. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda.

Staður og dagsetning _____, _____

Ábúandi/landeigandi

_____

F.h. Suðurlandsskóga

_____

Fylgiskjal III.

Kostnaðaráætlun Suðurlandsskóga.

A. Kostnaðarliðir.

Eftirfarandi kostnaðartölur eru verð án virðisaukaskatts.

Timburskógar:
Gert er ráð fyrir að rækta um 15.000 ha af timburskógum. Meðalkostnaður á hektara er um 120.000 kr./ha. Heildarkostnaður yrði þá:

120.000. kr./ha x 15.000 ha = 1.800.000.000 kr.

Meðalkostnaður á ári yrði þá:

1.800.000.000 kr. : 40 ár = 45.000.000 kr./ár.

Landbótaskógrækt:
Gert er ráð fyrir að rækta um 20.000 ha af landbótaskógum. Meðalkostnaður á hektara er um 17.000 kr./ha. Heildarkostnaður yrði þá:

17.000 kr./ha x 20.000 ha = 340.000.000 kr.

Meðalkostnaður á ári yrði þá:

340.000.000 kr. : 40 ár = 8.500.000 kr./ár.

Skjólbeltarækt:
Gert er ráð fyrir að rækta um 10.000 km af skjólbeltum miðað við einfalda trjáröð. Meðalkostnaður á kílómetra af skjólbelti er um 75.000 kr./km. Heildarkostnaður yrði þá:

75.000 kr./km x 10.000 km = 750.000.000 kr.

Meðalkostnaður á ári yrði þá:

750.000.000 kr. : 40 ár = 18.750.000 kr./ár.

Launakostnaður:
Til að halda jafn viðamiklu verkefni og Suðurlandsskógum gangandi er þörf á stjórnunareiningu. Í þessari stjórnunareiningu er gert ráð fyrir *framkvæmdastjóra* til að stjórna daglegum rekstri verkefnisins og skipuleggja framkvæmdir - skógræktarráðgjafa til að vera bændum til ráðgjafar um skógfræðileg efni og aðstoða skógræktarráðunaut Skógræktar ríkisins við áætlanagerð og úttektir eftir þörfum og *skógræktarverkstjóra* sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmdum - svo sem jarðvinnslu, grisjunum og skógarhöggi. Nauðsynlegt er að framgreindir starfsmenn hafi lokið viðurkenndu skógfræðinámi. Til viðbótar stjórnunareiningu verður ráðinn *skrifstofumaður* til að annast rekstur skrifstofu Suðurlandsskóga. Framgreindir starfsmenn verði allir fastráðnir.
Yfir sumartímann verður þörf á aukavinnuafli. Gert er ráð fyrir að tveimur *flokksstjórum*, ráðnum tímabundið í 3-4 mánuði, sem verði skógræktarráðgjafa og skógræktarverkstjóra til aðstoðar. Enn fremur er gert ráð fyrir þremur verkstjórum, einum í hverri sýslu, sem hafi umsjón með plöntuflutningum og gróðursetningum í sinni sýslu og verði ráðnir tímabundið í 6-7 mánuði á ári.
Launakostnaður á ári yrði þá:

Framkvæmdastjóri	2.400.000 kr.
Skógræktarráðgjafi	2.000.000 kr.
Skógræktarverkstjóri	2.000.000 kr.
Skrifstofumaður	1.100.000 kr.
3 x verkstjórar	3.000.000 kr.
2 x flokksstjórar	1.000.000 kr.
Samtals	11.500.000 kr.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkstjóra yrði greiddur af umsjónarkostnaði við gróðursetningu í stofnkostnaði við landgerð (fylgiskjal IV). Meðalkostnaður á ári yrði þá:

8.500.000 kr./ár.

Stjórn og rekstur:
Kostnaður við stjórn og rekstur Suðurlandsskóga er metinn út frá ársreikningum *Héraðsskóga*, sem er sú stofnun sem raunhæfast er að miða Suðurlandsskóga við. Kostnaður á ári er metinn eftirfarandi:

Skrifstofa og rekstur	1.100.000 kr.
Húsaleiga	400.000 kr.
Fjármagnskostnaður	500.000 kr.
Ferðir og uppihald	1.500.000 kr.
Samtals	3.500.000 kr.

Af þessum kostnaði er gert ráð fyrir að *Ferðir og uppihald* greiðist af kostnaðarliðnum *Ýmislegt* í kostnaðartöflum fyrir landgerðir (fylgiskjal IV). Meðalkostnaður á ári yrði þá:

2.000.000 kr./ár.

Stofnkostnaður og viðhald:
Þessi kostnaðar er einnig metinn út frá ársreikningum *Héraðsskóga*. Gert er ráð fyrir nokkrum stærri fjárfestingum fyrstu ár verkefnisins, í formi fyrirtækisbifreiðar, hugbúnaðar, húsgagna o.s.frv. Eins er gert ráð fyrir endurnýjun á ýmsum búnaði í byrjun áratugar og um hann miðjan, eftir þörfum. Önnur ár yrði mest um viðhald að ræða. Meðalkostnaður á ári er metinn u.þ.b.

1.000.000 kr./ár.

Áætlanagerð:
Með hliðsjón af endurteknum niðurskurði á fjárveitingum til Skógræktar ríkisins á liðnum árum hefur þótt öruggast að gera ráð fyrir að Suðurlandsskógar greiði Skógrækt ríkisins fyrir þjónustu á sviði áætlunargerðar. Þar með verði tryggt að ætíð sé til fjármagn til að standa straum af áætlunargerð fyrir Suðurlandsskóga.

Gert er ráð fyrir að vinna við áætlunargerð í sambandi við Suðurlandsskóga sé um 1,5-2,0 ársverk á fyrsta áratug verkefnisins, meðan verið sé að taka við umsóknum í verkefnið og vinna þær. Þessi vinna lækki síðar niður í um 0,7-1,0 ársverk á síðari hlutum verkefnisins eftir því sem umsóknum fækkar og vinnuþunginn færist meira yfir á endurmat og endurbætur á gildandi áætlunum. Að jafnaði má gera ráð fyrir vinnuþörf í áætlunargerð verði um 1,0 ársverk á ári. Ársverkið er nú um:

2.250.000 kr./ár.

Námskeið og fræðsla:
Til þess að skógarbændur verði betur í stakk búnir til þess að sinna verkefnum í skóglendum sínum er eðlilegt að Suðurlandsskógar standi fyrir námskeiðum og fræðslu í skógræktarmálum. Ekki er gott að segja hvað námskeið muni kosta að jafnaði, en það fer eftir þáttakendafjölda, tímalengd og umfangi. Sem áætlað er gróflega að árlega fari í þennan lið um:

500.000 kr./ár.

Rannsóknir og þróunarstarf:
Suðurland er stórt og víðáttumikið svæði með miklum fjölbreytileika í veðurfari, gróðurfari og jarðfræði. Aðstæður til skógræktar eru því mjög breytilegar og þau vandamál sem upp kunna að koma eftir því mismunandi. Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins stendur fyrir fjölmörgum tilraunum á Suðurlandi, en þeirri stöð er jafnframt ætlað að þjóna landinu öllu, og með því fjármagni sem hún hefur til umráða er ekki hægt að gera ráð fyrir að rannsaka megi þær meinsemdir sem hrjá skógrækt á Suðurlandi jafnskjótt og þær koma upp. Til að geta tekið skipulega á þessum vanda þykir vænlegast að Suðurlandsskógar hafi sérstakan rannsóknasjóð. Þessum rannsóknasjóði er ætlað að veita fé til tilrauna

og rannsókna á þeim skógfræðilegu vandamálum sem upp kunna að koma þegar Suðurlandsskógar telja að nauðsyn beri til. Þótt helsti samstarfsaðili Suðurlandsskóga í þessum málum verði Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá er ekkert því til fyrirstöðu að veita sjálfstæðum aðilum fé til rannsókna eða styrkja námsmenn í verkefnum sínum er kunna að gagnast Suðurlandsskógum.

Hvað varðar stærð sjóðsins er algengt að stofnanir, sem Suðurlandsskógar gætu borið sig saman við, t.d. *Vegagerðin*, noti um 1-2% af veltu í rannsóknir og þróun. Í tilfelli Suðurlandsskóga er ekki talið óeðlilegt þótt það hlutfall verði um 2,5% þar eð skógur og skógrækt er margbrotið og flókið ferli sem er erfitt að rannsaka og greina. Meðalkostnaður á ári er áætlaður:

2.500.000 kr./ár.

Girðingar:
Með hliðsjón af mikilli búfjárrækt á Suðurlandi hefur þótt nauðsynlegt að hafa girðingar sem hluta af Suðurlandsskógaverkefninu, svo að hægt verði að friða skógræktarlönd á uppvaxtarskeiði skóganna þegar þeir eru viðkvæmastir.

Gert er ráð fyrir að meðalstærð girðingar sé um 200 hektarar, en ummál slíkrar girðingar er um 6,0 kílómetrar. Lengd girðinga á hektara yrði þá:

6,0 km : 200 ha = 0,03 km/ha.

Fyrir verkefnið í heild yrði lengd girðinga þá:

0,03 km/ha x 35.000 ha = 1.050 km => 1.000 km.

Kostnaður við 1 kílómetra af rafmagnsgirðingu er um 155.000 kr./km. Heildarkostnaður yrði þá:

155.000 kr./km x 1.000 km = 155.000.000 kr.

Meðalkostnaður á ári yrði þá:

155.000.000 kr. : 40 ár = 3.875.000 kr./ár.

B. Heildarkostnaður við Suðurlandsskóga.

Tafla 1

Kostnaðarliðir	Kostnaður á ári	Heildar-kostnaður
Timburskógrækt	45.000.000	1.800.000.000
Landbótaskógrækt	8.500.000	340.000.000
Skjólbeltarækt	18.750.000	750.000.000
Launakostnaður	8.500.000	340.000.000
Stjórn og rekstur	2.000.000	80.000.000
Stofnkostnaður og viðhald	1.000.000	40.000.000
Áætlanagerð	2.250.000	90.000.000
Rannsóknir og þróun	2.500.000	100.000.000
Girðingar	3.875.000	155.000.000
Samtals	92.375.000	3.695.000.000
+ Virðisaukaskattur	20.400.000	815.000.000

C. Dæmi um kostnaðardreifingu við uppbyggingu Suðurlandsskóga 1997-2002

(97% greiðsluhlutfall Suðurlandsskóga við fjölnytjaskógrækt).

Graf 1



D. Dæmi um kostnaðardreifingu við Suðurlandsskóga 1997-2036

(97% greiðsluhlutfall Suðurlandsskóga við fjölnytjaskógrækt).

Graf 2



Fylgiskjal IV.

Kostnaðartöflur fyrir skógrækt og skjólbeltarækt.

A. Hlutfallsleg skipting kostnaðar við skógrækt og skjólbeltarækt.

Kökurit 1.



Kökurit 2.



Kökurit 3.



B. Kostnaður við landgerð í timburskógrækt.

Tafla 2 Þurrlendi 2.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Nýgr.setn.-plöntuk.	22,15 kr./pl.	2.500 pl./ha	55.371
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,80 kr./pl.	2.500 pl./ha	16.989
Endurgrs.-plöntukaup	22,15 kr./pl.	750 pl./ha	16.611
Endurgrs.útpl.flutn	6,80 kr./pl.	750 pl./ha	5.097
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	37,5 kg/ha	915,00
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	37,5 kg/ha	65,63
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	2.500 pl./ha	2500,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	63,8 kg/ha	1555,50
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	63,8 kg/ha	111,56
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	750 pl./ha	750,00
1. grisjun og útdráttur	115.000 kr./ha	1 ha	115.000
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000
Ýmislegt (ferðir, tafir, o.s.frv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		116.965

Tafla 3 Þurrlendi sem þarf að jarðvinna 3.500 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr../ha*
Jarðv. á þurrl.	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Nýgr.setn.-plöntuk. (L&B)	22,15 kr./pl.	2.500 pl./ha	55.371
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,30 kr./pl.	2.500 pl./ha	15.739
Endurgrs.-plöntukaup	22,15 kr./pl.	750 pl./ha	16.611
Endurgrs.útpl.flutn	6,30 kr./pl.	750 pl./ha	4.722
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	37,5 kg/ha	915,00
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	37,5 kr./ha	65,63
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	2.500 pl./ha	2500,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	63,8 kg/ha	1555,50
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	63,8 kr./kg	111,56
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl	750 pl./ha	750,00
1. grisjun og útdráttur	115.000 kr./ha	1 ha	115.000
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000
Ýmislegt (ferðir, tafir, o.s.frv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		120.340

Tafla 4 Þurrlendi sem þarf að jarðvinna og planta skjólskógi 5.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Skjólbelti (fimm raða)	315.766 kr./km	0,01 km/ha	3.158
Skjólbelti (þriggja raða)	228.771 kr./km	0,01 km/ha	2.288
Skjólbelti (tveggja raða)	156.386 kr./km	0,09 km/ha	14.075
Jarðv. á þurrlendi	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Nýgr.setn.-plöntuk. (L&B)	22,15 kr./pl.	2.400 pl./ha	53.156
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,30 kr./pl.	2.400 pl./ha	15.109
Endurgrs.-plöntukaup	22,15 kr./pl.	720 pl./ha	15.947
Endurgrs.útpl.flutn	6,30 kr./pl.	720 pl./ha	4.533
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	36,0 kg/ha	878,40
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	36,0 kg/ha	63,00
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl	2.400 pl./ha	2400,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	64,8 kg/ha	1581,12
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	64,8 kg/ha	113,40
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl	720 pl./ha	720,00
1. grisjun og útdráttur	115.000 kr../ha	1 ha	115.000,00
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000,00
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000,00
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		136.020

Tafla 5 Deiglendi 2.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Jarðv. á deiglendi	10.000 kr./ha	1 ha	10.000
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Nýgr.setn.-plöntuk. (Ösp)	18,88 kr./pl.	1.000 pl./ha	18.875
Nýgr.setn.útpl.flutn.	5,21 kr./pl.	1.000 pl./ha	5.207
Endurgrs.-plöntuk. (Greni)	28,11 kr./pl.	2.000 pl./ha	56.224
Endurgrs.útpl.flutn	5,21 kr./pl.	2.000 pl./ha	10.414
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	15,0 kg/ha	366,00
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	15,0 kg/ha	26,25
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	750 pl./ha	750,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	52,5 kg/ha	1.281,00
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	52,5 kg/ha	91,88
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	1.500 pl./ha	1.500,00
1.grisjun og útdráttur	115.000 kr./ha	1 ha	115.000
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		121.736

Tafla 6 Kjörlendi 500 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Jarðv. á þurrlendi	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Skermgr.setn.-plöntuk.	15,26 kr./pl.	625 pl./ha	9.538
Skermgr.setn.-útpl.flutn.	4,60 kr./pl.	625 pl./ha	2.878
Nýgr.setn.-plöntuk.	28,11 kr./pl.	2.000 pl./ha	56.224
Nýgr.setn.útpl.flutn.	5,21 kr./pl.	2.000 pl./ha	10.414
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	9,4 kg/ha	228,75
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	9,4 kg/ha	16,41
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	625 pl./ha	625,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	44,1 kg/ha	1075,13
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	44,1 kg/ha	77,11
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	2.000 pl./ha	2.000,00
1.grisjun og útdráttur	115.000 kr./ha	1 ha	115.000
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000
1. kvistun	21.750 kr./ha	1 ha	21.750
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		126.827

Tafla 7 Rýrlendi 2.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Jarðv. á þurrlendi	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Vegagerð (malarborinn)	350 kr./m	20 m/ha	7.000
Nýgr.setn.-plöntuk.	19,51 kr./pl.	2.000 pl./ha	39.026
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,30 kr./pl.	2.000 pl./ha	12.591
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	30,0 kg/ha	732,00
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	30,0 kg/ha	52,50
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	2.000 pl./ha	2.000
1.grisjun og útdráttur	115.000 kr./ha	1 ha	115.000
Tekjur af 1. grisjun	110.000 kr./ha	1 ha	-110.000
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	5.000 kr./ha	1 ha	5.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		76.401

Tafla 8

Yfirlitstafla yfir styrki í timburskógrækt	Hektarar	kr./ha	Heildarkost. (kr.)
Þurrlendi	2.000	116.965	233.930.000
Þurrlendi sem þarf að jarðvinna	3.500	120.340	421.190.000
Þurrlendi sem þarf að jarðv. og planta skjólskógi í	5.000	136.020	680.100.000
Deiglendi	2.000	121.736	243.472.000
Kjörlendi	500	126.827	63.413.500
Rýrlendi	2.000	76.401	152.802.000
Samtals	1.5000		1.794.909.500
Meðalkostnaður á hektara			119.661 kr./ha

C. Kostnaður við landgerð í landbótaskógrækt.

Tafla 9 Sjálfgræðsluskógar 13.500 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Nýgr.setn.-plöntuk.(birki)	16,00 kr./pl.	250 pl./ha	4.001
Nýgr.setn.útpl.flutn.	9,78 kr./pl.	250 pl./ha	2.446
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	3,8 kg/ha	91,50
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	3,8 kg/ha	6,56
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	250 pl./ha	250,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	12,5 kg/ha	305,00
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	12,5 kg/ha	21,88
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	250 pl./ha	250,00
3. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	12,5 kg/ha	305,00
3. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	12,5 kg/ha	21,88
3. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	250 pl./ha	250,00
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	2.000 kr./ha	2.500 kr./ha	2.500
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		10.449

Tafla 10 Birkiskógar 2.500 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Birkigrisjun og útdráttur	80.000 kr./ha	1 ha	80.000
Tekjur af grisjun	-70.000 kr./ha	1 ha	-70.000
Nýgr.setn.-plöntuk. (Lauf)	16,00 kr./pl.	250 pl./ha	4.001
Nýgr.setn.útpl.flutn.	9,78 kr./pl.	250 pl./ha	2.446
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	3,8 kg/ha	91,50
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	3,8 kg/ha	6,56
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	250 pl./ha	250,00
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	2.000 kr./ha	1 ha	2.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		18.795

Tafla 11 Sérverkefni í skógrækt 1.000 ha

	ha	
Sérverkefnisland	1.000	Engin skipulögð landgerð. Hér er hægt að þróa áfram ýmsar hugmyndir og möguleika innan skógræktar.
Meðalstyrkur á hektara	15.000 kr./ha	

Tafla 12 Skjólskógar 2.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Nýgr.setn.-plöntuk.	19,51 kr./pl.	1600 pl./ha	31.221
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,98 kr./pl.	1600 pl./ha	11.173
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	24,0 kg/ha	585,60
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	24,0 kg/ha	42,00
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	1600 pl./ha	1.600,00
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	2.000 kr./ha	1 ha	2.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		46.621

Tafla 13 Trjáskermur 1.000 ha

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./ha*
Nýgr.setn.-plöntuk.	19,17 kr./pl.	500 hl./ha	9.583
Nýgr.setn.útpl.flutn.	6,98 kr./pl.	500 hl./ha	3.492
Plasthlíf (kaup)	30,00 kr./hl.	500 hl./ha	15.000
Plasthlíf (lagning)	10,00 kr./hl.	500 hl./ha	5.000
1. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	7,5 kg/ha	183,00
1. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	7,5 kg/ha	13,13
1. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	500 pl./ha	500,00
2. áburðargjöf-kaup á áb.	24,40 kr./kg	25,0 kg/ha	610,00
2. áburðargjöf-flutningur	1,75 kr./kg	25,0 kg/ha	43,75
2. áburðargjöf-dreifing	1,00 kr./pl.	500 pl./ha	500,00
Ýmislegt (ferðir, tafir, osfrv.)	2.000 kr./ha	1 ha	2.000
Kostn við pl. skógar samtals	kr./ha		36.925

Tafla 14

Yfirlitstafla yfir styrki í landbótaskógrækt	ha	kr./ha	Heildarkostnaður krónur
Sjálfgræðsluskógar	13.500	10.449	141.061.500
Birkiskógar	2.500	18.795	46.987.500
Sérverkefni í skógrækt	1.000	15.000	15.000.000
Skjólskógar	2.000	45.621	93.242.500
Trjáskermur	1.000	36.925	36.925.000
Samtals	20.000		333.216.000
Meðalkostnaður á ha			16.661

D. Kostnaður á kílómetra í skjólbeltarækt.

Tafla 15 Einfalt belti 1000 km

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./km*
Plöntur	20,00 kr./pl.	1.000 pl./km	20.000
Flutningur	0,80 kr./pl.	1.000 pl./ha	800
Plast	10,01 kr./m	1.000 m/km	10.010
Tilbúinn áburður	22,00 kr./kg	100 kg/km	2.200
15% íbætur	68,50 kr./pl.	150 pl/km	10.275
Illgresiseyðing	3.000 kr./km	1,0 km	3.000
Verkstjórn	1.561 kr./klst	6,0 klst	9.366
Plæging	2.500 kr./klst	1,0 klst	2.500
Búfjáráburður	2.500 kr./klst	1,5 klst	3.750
Tæting	3.000 kr./klst	2,5 klst	7.500
Plastlagning	2.000 kr./klst	2,0 klst	4.000
> 2 aðstoðarmenn	1.300 kr./klst	2,0 klst	2.600
Útplöntun	5,00 kr./pl.	1.000 pl/km	5.000
Ferðir vegna jarðv.	1.500 kr./klst	2,0 klst	3.000
Kostn við pl. skjólbeltis samtals	kr./km		84.001
Styrkur frá Suðurlandsskógum	kr./km	66,3%	55.651
Samtals styrkir frá Suðurlandsskógum		1.000 km x 55.651 kr.	55.651.000

Tafla 16 Tvöfalt belti 2.500 km

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./km*
Plöntur	20,00 kr./pl.	2.000 pl/km	40.000
Flutningur	0,80 kr./pl.	2.000 pl./ha	1.600
Plast	10,01 kr./m	2.000 m/km	20.020
Tilbúinn áburður	22,00 kr./kg	200 kg/km	4.400
15% íbætur	68,50 kr./pl.	300 pl/km	20.550
Illgresiseyðing	3.000 kr./km	2,0 km	6.000
Verkstjórn	1.561 kr./klst	6,0 klst	9.366
Plæging	2.500 kr./klst	2,0 klst	5.000
Búfjáráburður	2.500 kr./klst	3,0 klst	7.500
Tæting	3.000 kr./klst	5,0 klst	15.000
Plastlagning	2.000 kr./klst	4,0 klst	8.000
> 2 aðstoðarmenn	1.300 kr./klst	4,0 klst	5.200
Útplöntun	5,00 kr./pl.	2.000 pl/km	10.000
Ferðir vegna jarðv.	1.500 kr./klst	2,5 klst	3.750
Kostn við pl. skjólbeltis samtals	kr./km		156.386
Styrkur frá Suðurlandsskógum	kr./km	65,2%	101.936
Samtals styrkir frá Suðurlandsskógum		2.500 km x 101.936 kr.	254.840.000

Tafla 17 Þrefalt belti 500 km

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./km*
Plöntur	20,00 kr./pl.	3.000 pl./km	60.000
Flutningur	0,80 kr./pl.	3.000 pl./ha	2.400
Plast	10,01 kr./m	3.000 m/km	30.030
Tilbúinn áburður	22,00 kr./kg	300 kg/km	6.600
15% íbætur	68,50 kr./pl.	450 pl./km	30.825
Illgresiseyðing	3.000 kr./km	3,0 km	9.000
Verkstjórn	1.561 kr./klst	6,0 klst	9.366
Plæging	2.500 kr./klst	3,0 klst	7.500
Búfjáráburður	2.500 kr./klst	4,5 klst	11.250
Tæting	3.000 kr./klst	7,5 klst	22.500
Plastlagning	2.000 kr./klst	6,0 klst	12.000
> 2 aðstoðarmenn	1.300 kr./klst	6,0 klst	7.800
Útplöntun	5,00 kr./pl.	3.000 pl./km	15.000
Ferðir vegna jarðv.	1.500 kr./klst	3,0 klst	4.500
Kostn við pl. skjólbeltis samtals	kr./km		228.771
Styrkur frá Suðurlandsskógum	kr./km	64,8%	148.221
Samtals styrkur frá Suðurlandsskógum		500 km x 148.221 kr.	74.110.500

Tafla 18 Fimmfalt belti 500 km

Framkvæmdir	*kostn./ein.*	*Magn eða afköst*	*Kostn. kr./km*
Plöntur	20,00 kr./pl.	4.000 pl./km	80.000
Flutningur	0,80 kr./pl.	4.000 pl./ha	3.200
Plast	10,01 kr./m	5.000 m/km	50.050
Tilbúinn áburður	22,00 kr./kg	400 kg/km	8.800
15% íbætur	68,50 kr./pl.	600 pl./km	41.100
Illgresiseyðing	3.000 kr./km	5,0 km	15.000
Verkstjórn	1.561 kr./klst	6,0 klst	9.366
Plæging	2.500 kr./klst	5,0 klst	12.500
Búfjáráburður	2.500 kr./klst	7,5 klst	18.750
Tæting	3.000 kr./klst	9,0 klst	27.000
Plastlagning	2.000 kr./klst	7,5 klst	15.000
> 2 aðstoðarmenn	1.300 kr./klst	7,5 klst	9.750
Útplöntun	5,00 kr./pl.	4.000 pl./km	20.000
Ferðir vegna jarðv.	1.500 kr./klst	3,5 klst	5.250
Kostn við pl. skjólbeltis samtals	kr./km		315.766
Styrkur frá Suðurlandsskógum	kr./km	65,7%	207.516
Samtals styrkur frá Suðurlandsskógum		500 km x 207.516 kr.	103.758.000

Tafla 19

Yfirlitstafla yfir styrki í skjólbeltarækt	km	km 1-föld röð	Styrkur kr./km	Heildarstyrkur
Einfalt belti með víðitegundum	1.000	1.000	55.651	55.651.000
Tvöfalt belti með víðitegundum	2.500	5.000	101.936	254.840.000
Þrefalt belti með víðitegundum	500	1.500	148.221	74.110.500
Fimmfalt belti með víðitegundum	500	2.500	207.516	103.758.000
Samtals		10.000		488.359.500
Meðalstyrkur í kr./km				48.836

Fylgiskjal V.

Greinargerð um innri vexti skógræktar.

Tekið er dæmi af 1 hektara af skógi af sitkagreni og alaskaösp í hlutföllunum 75% sitkagreni og 25% alaskaösp sem hefur meðalársviðarvöxt (MÁV) um 3 m^3/ha/ár. Þennan skóg má líta á sem neðri mörk timburskógræktar miðað við aðstæður í dag. Vaxtarlotan fyrir sitkagreni er um 120 ár og fyrir alaskaösp 80 ár, þannig að heildarviðarframleiðsla á hektara verður:

Sitkagreni	3 m^3/ha/ár x 120 ár x 75%	= 270 m^3/ha
Alaskaösp	3 m^3/ha/ár x 80 ár x 25%	= 60 m^3/ha
Samtals		= 330 m^3/ha

Gert er ráð fyrir tveimur *grisjunum* fyrir skógarhögg og að um 10% af heildarviðarframleiðslu sitkagrenis og öll öspin verði tekin út í þeim:

Sitkagreni	270 m^3/ha x 10%	=	25 m^3/ha
Alaskaösp		=	60 m^3/ha
Samtals		=	85 m^3/ha

Af þeim grisjunarvið er gert ráð fyrir að um 25% alaskaaspar falli til við *fyrstu grisjun* og 75% við aðra grisjun, en allt sitkagrenið falli til við *aðra grisjun*:

Sitkagreni
- Önnur grisjun: = 25 m^3/ha.

Alaskaösp
- Fyrsta grisjun: 60 m^3/ha x 25% = 15 m^3/ha.
- Önnur grisjun: 60 m^3/ha x 75% = 45 m^3/ha.

Við skógarhögg fellur þá til:

330 m^3/ha - 85 m^3/ha (grisjun) = 245 m^3/ha.

Gert er ráð fyrir að verð á timbri til skógareiganda, upprðuðu við skógarveg verði:

	Sitkagreni	Alaskaösp
Borðviður:	4.000 kr./m^3	3.000 kr./m^3
Iðnaðarviður:	2.000 kr./m^3	2.000 kr./m^3
Kurlviður:	500 kr./m^3	500 kr./m^3

Fyrsta grisjun greiðist af Suðurlandsskógum og reiknast ekki til tekna hér, enda að jafnaði tap á þeirri aðgerð. Af *grisjunarvið* er gert ráð fyrir að við aðra grisjun af sitkagreni megi nýta 40% sem borðvið og 50% sem iðnaðarvið, og af alaskaösp megi nýta 60% sem borðvið og 25% sem iðnaðarvið.

Tekjur af annarri grisjun verða þá:

Borðv. (SG):	25 m^3/ha x 40% =	10 m^3/ha x 4.000 kr/m^3 =	40.000 kr./ha
Iðnv. (SG):	25 m^3/ha x 50% =	15 m^3/ha x 2.000 kr/m^3 =	30.000 kr./ha
Borðv. (AÖ):	45 m^3/ha x 60% =	25 m^3/ha x 3.000 kr/m^3 =	75.000 kr./ha
Iðnv. (AÖ):	45 m^3/ha x 25% =	10 m^3/ha x 2.000 kr/m^3 =	20.000 kr./ha
Kurlviður:	70 m^3/ha x 15% =	10 m^3/ha x 500 kr/m^3 =	5.000 kr./ha
Samtals			= 170.000 kr/ha

Kostnaður við aðra grisjun er metinn á um 70.000 kr./ha þar með talinn kostnaður *við mannafla og vélar fyrir högg og útdrátt* timbursins. Nettótekjur af annarri grisjun verður þá:

Önnur grisjun: 170.000 kr/ha - 70.000 kr./ha = 100.000 kr./ha

Gert er ráð fyrir að við *skógarhögg* megi nýta um 65% viðarins sem borðvið og 25% sem iðnaðarvið. Tekjur við skógarhögg verða þá:

Borðviður:	245 m^3/ha x 65% =	160 m^3/ha x 4.000 kr./m^3 =	640.000 kr./ha
Iðnaðarviður:	245 m^3/ha x 25% =	60 m^3/ha x 2.000 kr./m^3 =	120.000 kr./ha
Kurlviður:	245 m^3/ha x 10% =	25 m^3/ha x 500 kr./m^3 =	12.500 kr./ha
Samtals			= 772.500 kr./ha

Ekki er mikil reynsla komin á kostnað við skógarhögg hér á landi. Þótt grisjun sé hlutfallslega tímafrek miðað við skógarhögg og rúmtak viðar á tré mun minna er skógarhögg mun stærri aðgerð. Má því reikna með að kostnaður við skógarhögg sé meiri í heildina en við grisjun. Til að slá einhverju fram er hér gert ráð fyrir um 200.000 kr./ha. Nettótekjur af skógarhöggi verða þá:

Tekjur af skógarhöggi:	772.500 kr./ha
Kostnaður við skógarhögg:	- 200.000 kr./ha
Samtals:	= 572.500 kr./ha

Heildartekjur af skógræktinni verða þá:

Nettótekjur af skógarhöggi:	572.500 kr./ha
Nettótekjur af annari grisjun :	100.000 kr./ha
Samtals	= 672.500 kr./ha

Stofnkostnaður við skógrækt er misjafn eftir landgerðum en er hér metinn sem 120.000 kr/ha. Innri vextir við skógrækt verða þá fundnir með eftirfarandi jöfnu:

(Nettótekjur af skógrækt : Stofnkostnaður við skógrækt)$^{(1/\text{vaxtarlota í árum})}$

Innri vextir skógræktar verða þá:

(672.500 kr/ha : 120.000 kr/ha)$^{(1/120\ \text{ár})}$ = 1,45%

Þótt innri vextir skógræktar séu ekki háir í þessu dæmi verður að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er hér verið að tala um neðstu mörk timburskógræktar, en tafla 20 sýnir innri vexti skógarins við MÁV 3-6, en MÁV upp á 4-5 mætti telja eðlilegt hér á landi í byrjun. Í öðru lagi er hér um fyrstu kynslóð skóga að ræða með tilheyrandi stofnkostnaði. Næsta kynslóð skógar kemur til með að vaxa upp af náttúrulegri nýliðun í skjóli fyrstu kynslóðar. Kostnaður við jarðvinnslu og gróðursetningu verður þar mun minni eða enginn. Þeir skógar koma til með að skila mun hærri innri vöxtum en fyrsta kynslóð skógarins og má líta á þá fjárfestingu sem *fórnarkostnað* til að byggja upp þessa auðlind fyrir komandi kynslóðir.

Sem dæmi má taka að næsta kynslóð skóga kemur að mestu til með að vaxa upp af náttúrulegri nýliðun og umhirðu hennar má reikna sem stofnkostnað. Miðað við 5% gjald á endurnýjunarreikning er stofnkostnaður næstu kynslóðar um 50.000 kr./ha. Þá ættu innri vextir næstu kynslóðar skóga að verða:

$$(672.500 \text{ kr.} : 50.000 \text{ kr})^{(1/120 \text{ ár})} = 2{,}19\%$$

Tafla 20 - Innri vextir skógræktar af fyrstu kynslóð skóga.

MÁV	Lota SG	Lota AÖ	Viðar-magn m3	Grisjun 1 m3	Grisjun 2 m3	Skógar-högg m3	Tekjur Grisjun 2	Tekjur Skógar högg	Samtals Tekjur	Innri vextir
3	120	80	330	15	72	243	108.000	565.000	673.000	1,45%
4	110	70	400	18	86	296	142.000	732.000	874.000	1,82%
5	100	72	465	23	105	337	190.000	862.000	1.052.000	2,19%
6	95	70	533	26	122	385	230.000	1.013.000	1.243.000	2,49%
8	85	65	640	33	149	458	297.000	1.243.000	1.540.000	3,05%
10	80	60	750	38	173	539	356.000	1.498.000	1.854.000	3,48%
12	70	55	795	41	187	567	391.000	1.586.000	1.977.000	4,08%

Tafla 21 - Innri vextir skógræktar af annarri kynslóð skóga.

MÁV	Lota SG	Lota AÖ	Viðar magn m3	Grisjun 1 m3	Grisjun 2 m3	Skógar högg m3	Tekjur Grisjun 2	Tekjur Skógar högg	Samtals Tekjur	Innri vextir
3	120	80	330	15	72	243	108.000	565.000	673.000	2,19%
4	110	70	400	18	86	296	142.000	732.000	874.000	2,64%
5	100	72	465	23	105	337	190.000	862.000	1.052.000	3,09%
6	95	70	533	26	122	385	230.000	1.013.000	1.243.000	3,44%
8	85	65	640	33	149	458	297.000	1.243.000	1.540.000	4,11%
10	80	60	750	38	173	539	356.000	1.498.000	1.854.000	4,62%
12	70	55	795	41	187	567	391.000	1.586.000	1.977.000	5,39%

Fylgiskjal VI.

Greinargerð um útreikning skatthlutfalls af timbursölu.

Við skattlagningu af skógrækt er talið einfaldast og eðlilegast að miða skattlagninguna við sölu viðarafurða úr skóginum. Verðmætamat skógarins fæst þá sjálfkrafa við sölu timbursins og óþarfi er að stunda flókna verðmætamatsútreikninga á standandi skógi (þ.e. tré á rót). Eðlilegast er að miða skattinn við ákveðið hlutfall af söluverðmæti *timburs á rót*, þ.e. standandi trjáa, en á þann hátt er komist hjá flóknum útreikningum á kostnaði við högg og útdrátt skógarins sem að öðru leyti hefði áhrif á timburverð.

Sem grundvöll fyrir skatthlutfallið er best að miða við neðri mörk timburskógræktar (sjá fylgiskjal V). Er þá tryggt að ríkið fái sitt framlag að fullu til baka, og miðað við gróskumeiri skóga fær ríkið jafnframt einhverja vexti á framlagið. Í þessari greinargerð er gert ráð fyrir 97% greiðsluhlutfalli Suðurlandsskóga.

Í fylgiskjali V eru skógartekjur af annarri grisjun og skógarhöggi (án kostnaðar við skógarhögg og timburflutning) alls:

Önnur grisjun	170.000 kr./ha
Skógarhögg	772.500 kr./ha
Samtals	942.500 kr./ha

Í nágrannalöndum okkar er söluverð timburs á rót um 80% af söluverði timburs sem er höggvið og staflað við skógarveg:

942.500 kr./ha (skógartekjur) x 80% = 754.000 kr./ha

Framlag ríkisins til timburskógræktar er um 116.000 kr./ha og af því leiðir að skatthlutfallið ætti að vera:

$$\frac{\text{116.000 kr/ha (framlag ríkisins)}}{\text{707.000 kr/ha (timburverð á rót)}} = 15{,}4\ \%$$

Fylgiskjal VII.

Binding koldíoxíðs (CO_2).

Við útreikninga á bindigetu skógar á koldíoxíði er gert ráð fyrir einhverri meðalbindigetu koldíoxíðs á flatareiningu á ári. Sem dæmi má taka að fyrir timburskóg er gert ráð fyrir að bindigetan sé að meðaltali 5 tonn CO_2/ha/ár, en bindigetan fyrir íslenskan birkiskóg er áætluð 2 tonn CO_2/ha/ár. Vissulega er bindigetan ekki sú sama á hvaða vaxtarskeiði skógarins sem er, heldur er hún frekar lítil í byrjun en fer svo ört vaxandi, nær hámarki um miðjan aldur skógarins (30-60 ár) og fer svo lækkandi uns jafnvægi milli niðurbrots og uppbyggingar er náð (100-200 ár). Meðalbindigetan er þá:

$$\frac{\text{Lífmassi skógar við jafnvægispunkt x C í \% af lífmassa x 3,29 (ígildi C sem } CO_2)}{\text{Fjöldi ára fram að jafnvægispunkti}}$$

Almennt er miðað við að telja bindingu koldíoxíðs frá gróðursetningu og miða þá við meðalbindigetu. Rétt er að þá sé raunbindigeta skógar ofmetin fyrri hluta vaxtarskeiðsins en á móti kemur að bindigetan er vanmetin á seinni hlutanum. Í þessum útreikningum hefur verið farin sú leið að telja bindingu koldíoxíðs frá gróðursetningu skógar og miða við meðalbindigetu.

Fram til ársins 2000 er gert ráð fyrir að rækta 1050 ha af timburskógum og 1400 ha af landbótaskógum á vegum Suðurlandsskóga. Það jafngildir því að árleg bindigeta Suðurlandsskóga árið 2000 verði 8.050 tonn CO_2.

Í Grafi 3 til 5 sjáum við áætlaða bindingu koldíoxíðs á vegum Suðurlandsskóga.

Graf 3



Graf 4


Samtals binding CO_2 í tonnum
innan ramma Suðurlandsskóga
tonn CO2
2.500.000
2.000.000
1.500.000
1.000.000
500.000
0
2000
2005
2010
2015
2020
2025
2030
2035
Ár

Graf 5


Binding Co2/tonn/ár
Tonn CO2
120.000
100.000
80.000
60.000
40.000
20.000
0
1997
2000
2003
2006
2009
2012
2015
2018
2021
2024
2027
2030
2033
2036
Ár

Fylgiskjal VIII.

Fjárlagaskrifstofa,
fjármálaráðuneyti:

Umsögn um frumvarp til laga um Suðurlandsskóga.

Frumvarp þetta felur í sér tillögu um að hafin verði ræktun fjölnytjaskóga á Suðurlandi, þ.e. í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Suðurlandsskógar mundu verða sjálfstæður aðili sem tæki að sér ræktun skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun og í samræmi við framlög úr ríkissjóði.

Frumvarpið byggir á sambærilegum grundvelli og lög nr. 32/1991, um Héraðsskóga utan nokkura atriða. Þannig er ekki gert ráð fyrir því í 4. gr. frumvarpsins að ábúendur jarða greiði 3% og ríkissjóður 97% samþykkts kostnaðar við hvert verkefni heldur verði hlutfallið ákveðið með reglugerð er landbúnaðarráðherra setji. Þá er nokkur munur á þeim viðmiðunum sem gilda um skiptingu og bindingu tekna af verkefninu milli frumvarpsins og þeirra laga sem gilda um Héraðsskóga.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að áætlunin um Suðurlandsskóga nái til næstu 40 ára og taki til a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar. Samkvæmt kostnaðaráætlun sem fylgir frumvarpinu er talið að árlegur meðalkostnaður Suðurlandsskóga sé 92,4 m.kr. auk virðisaukaskatts, þar af 45 m.kr. vegna timburskógræktar, 18,8 m.kr. vegna skjólbeltaræktar, 8,5 m.kr. vegna landbótaskóga og 20,1 m.kr. vegna stjórnunar o.fl.

Ríkisstjórnin samþykkti þann 18. desember 1996 að leggja til við Alþingi að á árunum 1997–2000 verði veitt 450 m.kr. viðbótarframlag til landgræðslu- og skógræktarverkefna. Þar er lagt til að 190 m.kr. af þessum fjármunum verði varið til átaks í skógrækt þannig að 25 m.kr. verði veitt til verkefnisins á árinu 1997, 40 m.kr. árið 1998, 55 m.kr. á árinu 1999 og loks 70 m.kr. á árinu 2000.

Þó svo að öllum þessum fjármunum væri varið til verkefnisins á næstu fjórum árum er ljóst að eigi sú áætlun sem sett er fram með frumvarpinu að ná fram að ganga þá verður að veita verulega aukna fjármuni í verkefnið eftir árið 2000. Samkvæmt framansögðu verður árleg fjárþörf verkefnisins frá árinu 2001 til 2037 um 97 m.kr. að meðaltali.

877. Frumvarp til laga [525. mál]

um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir 63. gr. kemur ný grein, 63. gr. a, svohljóðandi:

Í stjórn hlutafélags sem skráð er á Verðbréfaþingi Íslands skal eiga sæti einn stjórnarmaður kosinn á almennum fundi starfsmanna hlutafélagsins.

Almennur fundur starfsmanna hlutafélags skv. 1. mgr. skal haldinn a.m.k. einni viku fyrir aðalfund félagsins, sbr. 84. gr. Allir starfsmenn hlutafélagsins, sem eru fastráðnir á fundardegi, eru kjörgengir og eiga rétt til setu á þessum almenna fundi starfsmanna. Við kosningu stjórnarmanns á slíkum fundi ræður afl atkvæða og hefur hver fastráðinn starfsmaður eitt atkvæði eða hlut úr atkvæði, sé um hlutastarf að ræða.

Um stjórnarmann sem kosinn er skv. 1. og 2. mgr. gilda ákvæði þessara laga, þó þannig að hann hefur ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum, sbr. 2. mgr. 71. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fjallar um atvinnulýðræði en með orðinu atvinnulýðræði er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja.

Um atvinnulýðræði.

Oft er rætt um tvær meginleiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Annars vegar er gert ráð fyrir að starfsmenn komi að málum sem snerta vinnutilhögun, svo sem vinnutíma, aðbúnað, kaup og kjör og hins vegar er rætt um leiðir til að auka áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja. Hvorugt er útbreitt hérlendis og eru Íslendingar tölurvert á eftir nágrannaþjóðunum hvað varðar þennan þátt í skipulagi atvinnulífsins.

Í mjög langan tíma hefur samband fjármagns og vinnu verið einn af meginþáttunum í fræðilegri umfjöllun í hagfræði og þjóðfélagsvísindum. Áður fyrr var meginreglan varðandi fyrirtækjarekstur sú að eigendur fjármagnsins, þ.e. eigendur viðkomandi fyrirtækis, höfðu allt ákvörðunarvald og alla ábyrgð í fyrirtækinu en launafólk var því samningsbundið. Þetta skipulag í atvinnulífinu hefur breyst mikið á undanförnum áratugum.

Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig þar sem fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða um afmarkaða þætti í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að hinir þrír ráðandi hópar fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taki sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess.

Rökin fyrir auknum áhrifum starfsmanna eru m.a. þau að með auknu upplýsingastreymi er hægt að ná fram hagkvæmum áhrifum á rekstur fyrirtækis og á stöðu starfsmanna. Aukið atvinnulýðræði bætir starfsanda í fyrirtæki, veitir stjórnendum aðhald, bætir kjör og eykur lýðræðislega stjórnunarhætti.

Það verður að hafa í huga að þótt eigendur fyrirtækja fari með hið formlega vald hafa áhrif og völd æðstu stjórnenda aukist verulega á síðari árum. Þetta er þróun sem hefur átt sér stað um hinn vestræna heim undanfarna áratugi. Atvinnulýðræði vinnur gegn óeðlilegri valdasamþjöppun. Atvinnulýðræði er hluti af fyrirtækjamenningu sem er félagsleg umgjörð um starfsemi fyrirtækis, en það er sífellt mikilvægari þáttur í nútímastjórnun.

Fyrirtæki hafa í auknum mæli fært sig frá miðstýringu yfir til dreifstýringar þar sem einstakir starfsmenn taka sífellt meiri þátt í ákvörðunum sem tengjast vinnu þeirra. Þannig er talið að gott samband milli stjórnenda og starfsmanna sé í þágu beggja og hafi í för með sér bættan hag fyrirtækis svo og betri starfsanda, ánægðari starfsmenn og betri launakjör.

Atvinnulýðræði er þannig góð aðferð til að styrkja fyrirtæki, bæta framleiðni og

hækka laun, auk þess sem þessi leið eykur eftirlit sem er nauðsynlegt í heimi vaxandi samkeppni.

Atvinnulýðræði hefur verið útfært víða, t.d. hefur hlutabréfaeign starfsmanna verið komið á sums staðar með skipulegum hætti. Það þekkist að launþegasjóðir séu starfandi innan fyrirtækja og í þá sjóði renni hluti af hagnaði fyrirtækisins. Slíkt fyrirkomulag þekkist t.d. í Svíþjóð og í Þýskalandi en er óþekkt hérlendis.

Atvinnulýðræði hérlendis.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þróunin hérlendis virðist sú að fyrirtækjasamningar verði gerðir í ríkari mæli en áður. Líklegt er að slíkir samningar þróist innan fyrirtækja með samvinnu og ráðgjöf frá heildarsamtökum vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Nýafstaðnir kjarasamningar mörkuðu spor í þessa átt þótt ekki væri gengið langt að þessu sinni. Þetta fyrirkomulag þekkist hins vegar mjög víða erlendis og hefur verið lengi í mjög föstum skorðum í nágrannalöndunum.

Samskipti og samstarf launafólks og vinnuveitenda hér á landi hafa einkum tekið mið af kjarasamningum. Verkalýðsfélög og vinnuveitendur standa að hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum og koma í mörgum tilfellum fram sameiginlega gagnvart ríkisstjórn.

Samstarf launafólks og vinnuveitenda hefur einnig verið mjög mikið innan lífeyrissjóðanna en þeim er stjórnað í sameiningu af samtökum launafólks og vinnuveitenda. Sá þáttur er mikilvægur í ljósi þessa frumvarps vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru hluthafar í fjölmörgum fyrirtækjum.

Á næstu árum má búast við að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en fjárfestingar lífeyrissjóða hérlendis í hlutabréfum eru enn þá hlutfallslega langt á eftir því sem algengast er í nágrannalöndunum. Að teknu tilliti til þess að yfir 300 milljarðar eru bundnir í eignum lífeyrisjóðanna er auðvelt að sjá fyrir að innan nokkurra ára munu lífeyrissjóðir verða ráðandi eignaraðilar í fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum.

Ekki fer fram mikil umræða um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir eigi að koma að stjórnun í einstökum fyrirtækjum. Venjan hefur verið sú að þeir hafa ekki skipt sér af stjórnun fyrirtækja og í mjög mörgum tilfellum ekki sóst eftir stjórnarsæti þótt þeir gætu það. Þetta er hins vegar ekki einhlít regla. Lífeyrissjóðirnir hafa litið á fjárfestingar í hlutabréfum sem afmarkaðan þátt í dreifingu á fjármagni sínu en meginskylda þeirra er að tryggja góða ávöxtun á því fjármagni sem bundið er í sjóðunum til þess að geta staðið undir lífeyrisskuldbindingum.

Hér á landi hefur hlutabréfamarkaður rutt sér til rúms og eignaraðild dreifst í fjölmörgum fyrirtækjum. Það ýtir enn frekar undir þátttöku starfsmanna í ákvörðunum innan einstakra fyrirtækja, eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Fjölmargar stjórnunaraðferðir ganga beinlínis út frá þátttöku starfsmanna og má þar nefna gæðastjórnun sem er útbreitt stjórnunarform hérlendis og erlendis. Í gæðastjórnun er hagur viðskiptavinarins látinn sitja fyrir. Þessi stjórnunaraðferð hefur reynst vel við að útrýma sóun í rekstri og bæta framleiðslu og hefur leitt til vöru- og þjónustuvöndunar. Þannig hafa fjölmörg fyrirtæki skipulagt gæðaátak í fyrirtækjum sínum, sett á stofn gæðalið og unnið í minni hópum með starfsmönnum á tilteknum starfssvæðum til að bæta rekstur fyrirtækisins. Þetta hefur einnig endurspeglast í bættum launakjörum viðkomandi starfsmanna. Þessi aðferðafræði mælir með því að náið samstarf sé haft við starfsmenn um ýmsa stjórnunarþætti í fyrirtækjum.

Meginþættir frumvarpsins.

Í þessu frumvarpi er farin einföld leið til að innleiða atvinnulýðræði hérlendis, þ.e. að starfsmenn fyrirtækis kjósi sér einn fulltrúa sem á sæti í stjórn þess. Einnig er þessi aðferð takmörkuð við þau fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands en það eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins. Þau þurfa að sinna tilteknum skyldum gagnvart samfélaginu hvað varðar upplýsingagjöf og lúta eftirliti, m.a. af hálfu stjórnar Verðbréfaþings. Þessi fyrirtæki starfa fyrir opnum tjöldum, eru flest ráðandi á sínu sviði og þeim ber skylda til að birta reglubundið upplýsingar um afkomu sína og rekstur. Ákvarðanir í þessum fyrirtækjum hafa mjög mikil áhrif á starfsmenn fyrirtækjanna og aðra aðila í atvinnulífinu.

Að mati flutningsmanna er því eðlilegt að innleiða atvinnulýðræði með þessum hætti, þ.e. að starfsmenn fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi kjósi einn úr sínum hópi til að taka sæti í stjórn félagsins. Gert er ráð fyrir að þessi stjórnarmaður, sem sækir umboð sitt til starfsmanna fyrirtækisins og starfar í fyrirtækinu, hafi málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum alveg eins og aðrir stjórnarmenn en ekki er gert ráð fyrir í frumvarpinu að hann hafi atkvæðisrétt á stjórnarfundum.

Það er álitamál hvort starfsmaðurinn eigi að hafa atkvæðisrétt á stjórnarfundum. Í stjórnum flestra fyrirtækja eru fimm til níu einstaklingar þannig að ljóst er að einn aðili hefur ekki mikil áhrif með atkvæði sínu. Með því að hann hafi ekki atkvæðisrétt er sérstaða hans mörkuð því að hann er ekki fulltrúi eigenda eins og aðrir stjórnarmenn. Flutningsmenn telja rétt að leggja til í fyrstu að þessi stjórnarmaður hafi ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum en ef reynslan sýnir að rétt sé að hann hafi atkvæðisrétt eru flutningsmenn reiðubúnir að endurmeta þá afstöðu.

Hlutverk þessa stjórnarmanns er fyrst og fremst að fá upplýsingar um reksturinn, koma fram með skoðanir starfsmanna, m.a. í tillöguformi, og ræða stefnu og stjórnun fyrirtækisins út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Um þennan stjórnarmann gilda öll ákvæði laga um stjórnarmenn, þar með talið um hæfi og trúnað um tiltekin málefni sem rædd eru á stjórnarfundum.

Flutningsmenn leggja til að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúi starfsmanna er kosinn í stjórn félagsins. Allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt á þeim fundi og eru kjörgengir í stjórnina. Sérhver starfsmaður fer með eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða.

Tilgangur frumvarpsins er fyrst og fremst að opna fyrir atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum en umræða um það hefur verið lítil hérlendis. Norðurlöndin hafa gengið langt á þessu sviði, svo og Þýskaland og reyndar flest lönd innan Evrópusambandsins.

Náið samstarf fyrirtækis og starfsmanna þekkist einnig annars staðar. Samband Japana við fyrirtæki sín er mjög mikið og þar er algengast að starfsmenn vinni allan starfstíma sinn hjá sama fyrirtæki. Annars staðar er meira um breytingar á starfsliði að ræða, eins og t.d. í Bandaríkjunum.

Þetta form atvinnulýðræðis þekkist víða og sums staðar eru starfandi sérstök ráð eða stjórnir sem gæta hagsmuna starfsmanna á vinnustað. Annars staðar er þátttaka starfsmanna í stjórnum fyrirtækja tryggð og þá með víðtækari hætti en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Mjög mikilvægt er að samstarf æðstu stjórnenda, starfsmanna og eigenda eigi sér stað innan einstakra fyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækis og gefa starfsmönnum raunhæfan möguleika á þátttöku í stjórnun þess. Þetta getur bæði haft áhrif á starfsumhverfi þeirra og launakjör í framtíðinni.

Lagt er til að lög þessi öðlist þegar gildi og síðan verði unnið að því fyrir næsta aðalfund þessara fyrirtækja að breyta samþykktum félaganna í átt að því sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Það eru tiltölulega einfaldar breytingar.

Fyrirtæki á Verðbréfaþingi Íslands.

Gert er ráð fyrir að einungis fyrirtæki á Verðbréfaþingi muni falla undir ákvæði frumvarpsins um að starfsmenn þess eigi mann í stjórn. Þau 35 fyrirtæki sem hér um ræðir eru núna eftirfarandi:

Félag	Velta í milljörðum kr. árið 1995	Starfsmannafjöldi í árslok 1995
Flugleiðir hf.	16,8	1.361
Kaupfélag Eyfirðinga svf.	9,6	1.092
Hf. Eimskipafélag Íslands	9,5	876
Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hf.	9,5	59
Olíufélagið hf.	8,7	354
Íslandsbanki hf.	7,9	775
Skeljungur hf.	6,5	250
Olíuverslun Íslands hf.	6,1	301
Útgerðarfélag Akureyringa hf.	4,0	470
Grandi hf.	3,8	443
Síldarvinnslan hf.	3,6	360
Vinnslustöðin hf.	3,0	380
S.R.-Mjöl hf.	2,9	124
Haraldur Böðvarsson hf.	2,7	300
Sláturfélag Suðurlands svf.	2,2	310
Þormóður rammi hf.	2,0	200
Tæknival hf.	1,5	110
Hampiðjan hf.	1,3	133
Marel hf.	1,2	101
Lyfjaverslun Íslands hf.	1,1	84
Fóðurblandan hf.	1,1	-
Skagstrendingur hf.	1,0	85
Jökull hf.	0,9	210
Plastprent hf.	0,9	106
Skinnaiðnaður hf.	0,9	138
Sæplast hf.	0,4	29
Þróunarfélag Íslands hf.	0,3	40
Jarðboranir hf.	0,3	-
Hlutabréfasjóðurinn hf.	-	-
Auðlind hf.	-	-
Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.	-	-
Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf.	-	-
Íslenski fjársjóðurinn hf.	-	-
Almenni hlutabréfasjóðurinn hf.	-	-
Hlutabréfasjóður Norðurlands hf.	-	-

Heildarumsvif eða velta þessara fyrirtækja árið 1995 var yfir 110 milljarðar kr., en til samanburðar má geta þess að fjárlög fyrir árið 1997 eru um 125 milljarðar kr. Heildarstarfsmannafjöldi þessara fyrirtækja er nú yfir 10.000 manns.

Heildarmarkaðsvirði þessara 35 fyrirtækja er nú yfir 110 milljarðar kr. Þrjú öflugustu félögin á Verðbréfaþingi eru Eimskipafélag Íslands, Íslandsbanki og Flugleiðir. Markaðsvirði Eimskipafélagsins er 16,2 milljarðar kr., markaðsvirði Íslandsbanka 10,3 milljarðar kr. og Flugleiða 8,5 milljarðar kr. Hluthafar í þessum þremur félögum eru um 25.000 talsins.

Æ fleiri fyrirtæki vilja komast inn á Verðbréfaþingið vegna þeirra kosta sem það hefur í för með sér. Engin ástæða er til að ætla að samþykkt þessa frumvarps muni hefta þá þróun, þvert á móti þar sem frumvarpið, eins og það er útfært, verður bæði starfsmönnum og fyrirtækjum til hagsbóta.

Þetta frumvarp tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þ.e. þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Vitaskuld þyrfti að samþykktu þessu frumvarpi að halda áfram á þessari braut og taka upp sams konar aðferðir í öðrum stórum hlutafélögum svo og stofnunum og fyrirtækjum ríkisins.

Flutningsmenn eru þess fullvissir að samþykkt þessa frumvarps muni styrkja íslenskt atvinnulíf og leiða til bættra kjara launafólks jafnframt því að auka möguleika á aukinni framleiðni fyrirtækja og bæta þar með samkeppnisstöðu þeirra á alþjóðamarkaði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að bæta inn nýrri grein í núverandi hlutafélagalög þannig að í stjórn hlutafélags sem er skráð á Verðbréfaþingi Íslands skuli eiga sæti einn stjórnarmaður kosinn á almennum fundi starfsmanna.

Halda skal starfsmannafund þar sem allir fastráðnir starfsmenn eiga seturétt, hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir. Hver fastráðinn starfsmaður hefur eitt atkvæði eða hluta úr atkvæði sé um hlutastarf að ræða. Kjósa skal einn úr þeirra hóp til setu í stjórn fyrirtækisins til eins árs í senn og nær sá kjöri sem fær flest atkvæði.

Þessi stjórnarmaður hefur öll sömu réttindi og skyldur og aðrir stjórnarmenn, þó þannig að hann hefur ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum en hefur tilllögurétt og málfrelsi eins og aðrir stjórnarmenn.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

878. Frumvarp til laga [526. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Kristján Pálsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verður 5. tölul., svohljóðandi: Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Við 2. mgr. A-liðar 68. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er heimilt að greiða út að hluta eða að öllu leyti, eftir mati skattstjóra, þann hluta sem þá er óráðstafað ef uppfyllt er skilyrði 66. gr. til lækkunar á tekjuskattsstofni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Útgjöld heimilanna vegna tannlæknisþjónustu hafa rúmlega þrefaldast á 15 ára tímabili, 1980–95. Markmið þessa frumvarps er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóra verði veitt heimild til að veita sérstaka skattívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þessum sökum.

Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði sem heimila skattstjórum að lækka tekjustofn ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega. Um er að ræða eftirfarandi tilvik:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum eru sett af ríkisskattstjóra.

Frumvarp sama efnis var flutt á 105. löggjafarþingi, 1982–83, en náði þá ekki fram að ganga. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd, sem fjallað hafði um málið, mælti með samþykkt frumvarpsins en það var fellt við 2. umræðu í fyrri deild. Ljóst var af ummælum þingmanna við afgreiðslu málsins að afstaða margra þeirra sem atkvæði greiddu gegn frumvarpinu byggðist á því að þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði upplýst að ríkisstjórnin hygðist breyta reglugerðum almannatrygginga á þann veg að greidd yrðu 20% af tannlækniskostnaði fyrir alla þá sem ekki höfðu áður fengið greitt úr almannatryggingum. Þáverandi heilbrigðisráðherra gaf síðan út reglugerð í apríl 1983 sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði fyrir þessa hópa og skyldi hún koma til framkvæmda í júní 1983. Við stjórnarskipti var sú reglugerð hins vegar numin úr gildi með reglugerð frá 31. maí 1983 og komst sú fyrrnefnda því aldrei til framkvæmda.

Frá því að þessi vilji kom fram á Alþingi til að koma til móts við þá sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna tannlækniskostnaðar hafa útgjöld heimilanna vegna tannlæknisþjónustu meira en þrefaldast. Það er alkunna að tannviðgerðir geta kostað tugi þúsunda króna árlega fyrir fjölskyldur og algeng dæmi eru um hundruð þúsunda króna fyrir meiri háttar tannviðgerðir.

Ljóst er því að gjaldþol margra skerðist ekki minna undir slíkum kringumstæðum en þeim sem önnur ákvæði 66. gr. skattalaga heimila nú. Í verklagsreglum ríkisskattstjóra um framkvæmd 66. gr. kemur fram varðandi túlkun á fyrsta tölulið, sem kveður á um skert gjaldþol vegna veikinda, að til álita geti komið að veita ívilnun vegna kostnaðar sem leiðir af tannsjúkdómum ef þessi kostnaður er það mikill að hann skerði gjaldþol framteljanda verulega. Þetta ákvæði verklagsreglnanna er túlkað mjög þröngt og er langt frá að ná því markmiði sem að er stefnt með þessu frumvarpi.

Í ljósi verulegrar aukningar á útgjöldum heimilanna vegna tannlækniskostnaðar á undanförnum áratug er hér um réttlætismál að ræða og brýnt að láta á það reyna hvort sá vilji sem til staðar var á Alþingi fyrir nokkrum árum til að koma til móts við verulegan tannlækniskostnað heimilanna sé enn fyrir hendi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 66. gr. sem felur það í sér að ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum skuli taka til greina umsókn hans um lækkun tekjuskattsstofns. Þetta er lagt til vegna þess mikla kostnaðar sem tannviðgerðir geta haft í för með sér og þar með haft veruleg áhrif á fjárhag einstaklinga og fjölskyldna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að sé einhverjum hluta persónuafsláttar óráðstafað eftir að ákvæðum 1.–4. málsl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. hefur verið fullnægt sé heimilt að greiða hann út að hluta eða að öllu leyti, eftir mati skattstjóra, ef eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í 1. mgr. 66. gr. er uppfyllt. Ákvæði þetta er sett til að koma til móts við þá sem eru undir skattleysismörkum og geta ekki nýtt sér beint ákvæði 66. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

879. Frumvarp til laga [527. mál]

um breyting á lögum um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, og lögum nr. 120/1995, um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

4. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast álagningu olíugjalds og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögunum.

2. gr.

Í stað orðsins „skattskyldir“ í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: gjaldskyldir.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

1. Í stað orðanna: „þess skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
2. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
3. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 4. og 5. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Sala eða afhending á gas- eða dísilolíu, sem bætt hefur verið í litar- og merkiefnum, sbr. 5. gr., er undanþegin gjaldskyldu í eftirfarandi tilvikum:

a. til nota á skip og báta,
b. til hitunar almenningssundlauga,
c. til húshitunar,
d. til iðnaðarþarfa,
e. til nota á vinnuvélar,
f. til nota á dráttarvélar í landbúnaði,
g. til raforkuframleiðslu.

Litaða olíu má ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi en lýst er í 1. mgr. Litar- og merkiefni má hvorki fjarlægja að öllu leyti eða að hluta. Blöndun litaðrar olíu með annarri olíu eða vöru er óheimil.

Óheimilt er að nota litaða olíu á skráningarskyld ökutæki, sbr. 63. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, önnur en dráttarvélar í landbúnaði.

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um skilyrði fyrir undanþágu.

5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 3. gr. og óska eftir að fá heimild til að bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, sbr. 4. gr., skulu ótilkvaddir senda umsókn til ríkisskattstjóra. Einungis þeim aðilum, sem fengið hafa leyfi hjá ríkisskattstjóra, er heimilt að bæta litar- og merkiefnum í gas- og dísilolíu samkvæmt lögum þessum. Leyfi til að framkvæma litun samkvæmt þessari grein má aðeins veita þeim aðilum sem skráðir eru skv. 3. gr.

Litun á gas- og dísilolíu má aðeins framkvæma í búnaði sem viðurkenndur hefur verið af Löggildingarstofu.

Ríkisskattstjóri getur afturkallað eða takmarkað leyfi aðila til litunar á olíu ef í ljós kemur að búnaður uppfyllir ekki þau nákvæmnisskilyrði sem farið er fram á, lituð olía er seld öðrum en þeim sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. eða eftirliti verður ekki við komið á viðunandi hátt.

Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um gerð og samsetningu litar- og merkiefnis, litunarbúnað og framkvæmd litunar að öðru leyti.

6. gr.

2.–4. tölul. 6. gr. laganna falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „gjaldskylda olíu“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: olíu, gjaldskylda sem undanþegna.
2. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Að auki skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því.
3. Í stað orðanna „gjaldskylda olíu“ í 2. mgr. kemur: olíu, gjaldskylda sem undanþegna.

4. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt skulu þeir halda bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því.
5. Orðin „milli gjaldskyldra aðila eða til aðila sem um ræðir í 4., 5. eða 6. gr.“ í 3. mgr. falla brott.
6. Við 4. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Við afhendingu á litaðri olíu skal tilgreina á sölureikningi að um litaða olíu sé að ræða.
7. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Við staðgreiðslusölu smásöluverslana er ekki skylt að gefa út sölureikning, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Aðilar, sem eiga rétt á endurgreiðslu olíugjalds skv. 6. gr., skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja sem ekið hafa á leiðum sem sérleyfi ná til eða samkvæmt leiðaráætlunum. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir varðandi sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar.

Vanræki aðili að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir það tímabil sem bókhald eða skráning er ekki fullnægjandi.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

1. 1. mgr. orðast svo:
   Gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. skulu greiða olíugjald af gjaldskyldri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun.
2. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

1. 2. tölul. fellur brott.
2. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
   Við uppgjör á gjaldskyldri sölu á olíu er heimilt að draga frá olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu. Fjármálaráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um skilyrði frádráttar samkvæmt þessari málsgrein.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er verður 1. málsl. og orðast svo: Ríkisskattstjóri skal ákvarða olíugjald gjaldskylds aðila á hverju uppgjörstímabili.
2. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. og 3. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.

12. gr.

14. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Eftirlit, sérstakt olíugjald, kæruheimildir, upplýsingaskylda og refsiábyrgð.

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að skráningarskyld ökutæki noti ekki litaða olíu og að skráning þeirra og búnaður sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki til að gera þær athuganir sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna hvort lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr., þar á meðal að skoða eldsneytisgeymi og vél ökutækis. Eftirlitsmönnum er heimilt að taka sýni af eldsneyti sem notað er á skráningarskylt ökutæki. Sýnið skal sent rannsóknastofu sem sendir ríkisskattstjóra skriflega niðurstöðu um magn litar- og merkiefnis í því. Niðurstaða rannsóknastofunnar skal liggja til grundvallar álagningu olíugjalds skv. 4. eða 5. mgr.

Komi í ljós við eftirlit að lituð olía hafi verið notuð á skráningarskylt ökutæki andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr. skal ríkisskattstjóri tilkynna skráðum eiganda ökutækisins skriflega um fyrirhugaða álagningu sérstaks olíugjalds skv. 4. eða 5. mgr. og skora á hann að láta sér í té skýringar og gögn a.m.k. innan fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests leggur hann á sérstakt olíugjald skv. 4. eða 5. mgr.

Skráður eigandi ökutækis skal greiða sérstakt olíugjald skv. 3. mgr. sem hér segir:

Skráð heildarþyngd kg	*Sérstakt olíugjald þús. kr.*	*Skráð heildarþyngd kg*	*Sérstakt olíugjald þús. kr.*
Undir 4.999	284	18.000–18.999	740
5.000–5.999	302	19.000–19.999	797
6.000–6.999	326	20.000–20.999	839
7.000–7.999	342	21.000–21.999	888
8.000–8.999	357	22.000–22.999	944
9.000–9.999	373	23.000–23.999	988
10.000–10.999	396	24.000–24.999	1033
11.000–11.999	411	25.000–25.999	1084
12.000–12.999	463	26.000–26.999	1132
13.000–13.999	506	27.000–27.999	1182
14.000–14.999	560	28.000–28.999	1232
15.000–15.999	603	29.000–29.999	1282
16.000–16.999	651	30.000–30.999	1333
17.000–17.999	698	31.000 og yfir	1383

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal sérstakt olíugjald á fólksbifreiðar sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri og á dráttarvélar sem ekki eru nýttar til landbúnaðarnota vera 94.000 kr. af ökutækjum sem eru allt að 999 kg að eigin þyngd, 113.000 kr. af ökutækjum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg og 132.000 kr. af ökutækjum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg. Af ökutækjum þyngri en 2.000 kg skal gjaldið hækka um 7.500 kr. fyrir hver 200 kg.

Við fjárhæðir skv. 4. og 5. mgr. bætist virðisaukaskattur nema skráður eigandi sé virðisaukaskattsskyldur aðili er talið getur virðisaukaskatt af rekstri ökutækis til innskatts skv. 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Álagning skv. 4. og 5. mgr. skal lækka um fjórðung fyrir hvern ársfjórðung sem eignarhaldstími skráðs eiganda samkvæmt opinberri skráningu er skemmri en tólf mánuðir. Þó skal álagning aldrei fara niður fyrir fjórðung af gjaldi skv. 4. og 5. mgr. Í þessu sambandi teljast 75 dagar vera heill ársfjórðungur.

Ef annar aðili en skráður eigandi hafði umráðarétt yfir skráningarskyldu ökutæki á þeim tíma þegar lituð olía var notuð á það andstætt ákvæði 3. mgr. 4. gr. ber hann óskipta ábyrgð með skráðum eiganda á greiðslu sérstaks olíugjalds skv. 4. og 5. mgr.

13. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 14. gr. A og orðast svo:

Gjalddagi sérstaks olíugjalds skv. 14. gr. er 15 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna. Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Hafi sérstakt olíugjald skv. 14. gr. ekki verið greitt á gjalddaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns ríkissjóðs stöðva ökutækið hvar sem það fer og taka skráningarmerki þess til geymslu.

Hafi sérstakt olíugjald skv. 14. gr. ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga og eru þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987.

14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 11. og 14. gr. er kæranleg til hans innan 30 daga frá því að hún var tilkynnt.

Heimilt er að kæra úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar. Kærufrestur er þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar. Yfirskattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð.

15. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Brjóti skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gegn 3. mgr. 4. gr. laganna með því að nota litaða olíu á ökutæki sitt skal hann auk ógreidds gjalds greiða sekt er nemi allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að vangreidd hafi verið.

16. gr.

Á eftir orðinu „olíugjaldi“ í 19. gr. laganna kemur: og sérstöku olíugjaldi.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða I í lögunum, sbr. 2. gr. laga nr. 120/1995:

1. Í stað orðanna „31. desember“ í 1. mgr. kemur: 10. janúar.
2. Í stað orðanna „29. febrúar“ í 2. mgr. kemur: 31. janúar.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum, sbr. 3. gr. laga nr. 120/1995:

1. Í stað orðsins „skattstjóra“ í 1. mgr. og 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóra.
2. Orðin „og njóta ekki undanþágu skv. 1. mgr. 4. gr.“ í 2. mgr. falla brott.

3. Í stað orðanna „1.500 lítra“ í 2. mgr. kemur: 500 lítra
4. Í stað orðsins „skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: ríkisskattstjóri.
5. Í stað orðsins „Skattstjóri“ í 2. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, sem samþykkt voru á Alþingi í febrúar 1995. Lög þessi áttu fyrst að taka gildi 1. janúar 1996 en gildistöku þeirra var frestað um tvö ár í nóvember 1995. Þessi breyting var ákveðin að tillögu nefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögunum til að undirbúa upptöku og framkvæmd gjaldtökunnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fresta upptöku olíugjalds um sinn meðan kannaðir væru betur möguleikar á að taka upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslukerfis eins og lögin gera ráð fyrir. Jafnframt lagði nefndin til að gildistími þungaskatts yrði framlengdur og framkvæmd hans styrkt með lagabreytingu. Lög þessa efnis voru samþykkt sem lög nr. 68/1996 í júní 1996. Meginefni þeirra var að álagning og framkvæmd skattsins var færð undir embætti ríkisskattstjóra, teknar voru upp almennar málsmeðferðarreglur skattalaga og reglur um álestra, skráningu aksturs, áætlanir o.fl. hertar. Meginástæður framangreindra lagabreytinga voru tvær. Annars vegar komu fram upplýsingar frá Danmörku um nýja tækni sem gerir litun gjaldfrjálsrar olíu að mun hagkvæmari kosti en áður lá fyrir en þar í landi hefur undirbúningur litunarkerfis staðið yfir í nokkur missiri. Hins vegar þótti endurgreiðslukerfi það, sem lögin mæla fyrir um, fela í sér hættu á undanskotum sem gerðu eftirlit og framkvæmd þess erfiða. Nú liggur fyrir að litun olíu með hinni nýju tækni verður tekin upp í Danmörku frá og með 1. júlí nk. og hefur löggjöf þar í landi verið breytt í þá veru.

Við samningu frumvarpsins hefur verið stuðst við sambærilega löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en skammt er síðan þessar þjóðir tóku upp olíugjald með litun. Meginefni þessa frumvarps lýtur að því að fella brott ákvæði um endurgreiðslur olíugjalds til aðila sem ekki eiga að bera það en lögfesta í stað þeirra reglur varðandi litun olíu sem seld verður sömu aðilum án gjalds. Tekin eru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á gjaldskyld ökutæki. Til samræmis við þá breytingu er lagt til að ákvæði um eftirlit og viðurlög við brotum gegn lögunum verði breytt. Gert er ráð fyrir að álagning og framkvæmd verði í höndum embættis ríkisskattstjóra. Í ákvæði III til bráðabirgða í lögum nr. 34/1995, um olíugjald, er m.a. kveðið á um að kanna skuli þær forsendur sem liggja til grundvallar fjárhæð olíugjalds. Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst verið að breyta þeim ákvæðum laganna er snúa að því að koma á olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslna. Forsendur fyrir fjárhæð gjaldsins hafa verið skoðaðar nánar, m.a. í þeim tilgangi að tryggja Vegagerðinni sambærilegar tekjur og hún hefur haft af þungaskatti. Tvær meginforsendur voru hafðar að leiðarljósi við setningu laganna um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, þ.e. að tryggja Vegagerðinni sambærilegar tekjur og hún hefur nú af þungaskatti og að greiðendur inntu af hendi sambærilegar greiðslur í olíugjaldskerfi og þeir gera nú með greiðslu þungaskatts. Skoðun á forsendum gjaldsins bendir til þess að marktækur munur verði á tekjum til vegagerðar að óbreyttum lögum sem bæta verður með einhverjum hætti. Unnið verður að því fyrir haustið að meta með meiri nákvæmni

þennan mismun og að tillögur um nánari útfærslu á tekjustofnum Vegagerðarinnar verði lagðar fram á haustþingi. Um mitt ár munu liggja fyrir niðurstöður álagningar vegna annars gjaldtímabils ársins 1997 bæði hvað varðar fast gjald og kílómetragjald og verður því unnt að áætla með nokkurri vissu þungaskattstekjur ársins 1997. Þá er ljóst að leggja verður vinnu í að meta af meiri nákvæmni olíusölu til ökutækja en gert var þegar lögin voru samþykkt og verður það gert í samráði við olíufélögin. Eftirfarandi leiðir verða meðal annars skoðaðar til að tryggja að tekjur til vegagerðar verði sambærilegar og í þungaskattskerfinu:

1. Breyting á fjárhæð olíugjaldsins.
2. Óbreytt olíugjald að viðbættu sérstöku föstu árgjaldi á stærri bifreiðar.
3. Óbreytt olíugjald að viðbættu sérstöku kílómetragjaldi á stærri bifreiðar.
4. Vegagerðinni verði bættur hluti mismunarins með aukinni hlutdeild í bensínsköttum á móti auknum tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti á olíugjald.

Til þess að koma í veg fyrir tekjumissi ríkisjóðs er gert ráð fyrir að sérstakar ráðstafanir verði gerðar í sambandi við birgðasöfnun um áramótin 1997/98. Til að mynda er lagt til í frumvarpinu að undanþágumark vegna olíu í birgðatönkum um áramót lækki úr 1.500 lítrum í 500 lítra og gengið verði á eftir og haft eftirlit með birgðatalningu um áramót, fengnar verði söluupplýsingar frá olíufélögunum, hugað verði að setningu sérstakra reglna um sölu og afhendingu olíufélaga til annarra en eigenda eða yfirráðamanna birgðatanka og skoðuð verði framkvæmd við birgðaeftirlit í Noregi og Svíþjóð og tekið mið af þeim.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að embætti ríkisskattstjóra annist álagningu og framkvæmd olíugjalds. Jafnframt er gert ráð fyrir að embættið geti falið einstökum skattstjórum ákveðin verkefni.

Núgildandi 4. mgr. er felld brott með frumvarpinu, en hún kveður á um heimild til breytingar á fjárhæð olíugjalds til samræmis við byggingarvísitölu. Í stað greinarinnar er lagt til að ný málsgrein verði lögfest þar sem kveðið er á um að álagning og framkvæmd olíugjalds verði í höndum eins aðila, ríkisskattstjóra, í stað þess að skattstjórar hver í sínu umdæmi annist álagninguna. Ástæðan er einkum sú að gjaldskyldir aðilar skv. 3. gr. laganna verða ekki nema 4–5 og þeir allir með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Skapast hefur sérfræðiþekking hjá ríkisskattstjóra þar sem hann hefur haft með höndum álagningu og framkvæmd þungaskatts á landsvísu. Olíugjaldið mun leysa þungaskattinn af hólmi og þykir hagræði af því að aðili með reynslu og sérþekkingu annist álagningu, endurákvörðun, beitingu viðurlaga og annað sem gjaldið varðar.

Um 2. gr.

Í greininni er verið að færa hugtakanotkun í 2. mgr. 2. gr. til samræmis við aðrar greinar laganna.

Um 3. gr.

Breytingar í þessari grein skýra sig sjálfar, sbr. umfjöllun um 1. gr.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að núgildandi 4. gr. laganna um undanþágur verði orðuð að nýju með tilliti til litunar.

Kveðið er á um í hvaða tilvikum er heimilt að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu. Meginreglan er sú að heimilt verður að afhenda slíka olíu til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki. Þó má einnig nota slíka olíu á dráttarvélar í landbúnaði sem eru skráningarskyldar samkvæmt umferðarlögum. Í greininni eru taldar upp með tæmandi hætti tegundir notkunar sem teljast undanþegnar olíugjaldi og kveðið á um að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi. Jafnframt er kveðið á um bann við því að fjarlægja litarefni úr olíunni að hluta eða öllu leyti.

Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra muni setja í reglugerð nánari reglur um skilyrði fyrir undanþágu o.fl.

Um 5. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að núgildandi 5. gr. laganna um endurgreiðslur falli brott í heild en í stað hennar komi ný grein sem fjallar um leyfi til litunar. Ákvæði gildandi greinar verða óþörf þar sem sömu aðilar munu geta keypt gjaldfrjálsa litaða olíu skv. 4. gr.

Samkvæmt greininni eiga gjaldskyldir aðilar, sem óska eftir heimild til að bæta litarefnum í gjaldskylda olíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, að sækja um það til ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir að búnaður sá, sem nota á til litunar, hafi áður fengið viðurkenningu hjá Löggildingarstofu. Ekki er kveðið á um gerð eða samsetningu litarefnis, litunarbúnað eða framkvæmd litunar að öðru leyti í lagatextanum enda verði fjármálaráðherra heimilt að setja reglugerð um þetta efni líkt og gert er í nágrannalöndum okkar. Gert er ráð fyrir að settar verði svipaðar reglur og Danir hafa sett þar sem heimilt er að lita olíu með sérstökum búnaði við dælingu úr tankbifreiðum eða í birgðastöðvum.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að felldir verði brott þeir töluliðir sem kveða á um endurgreiðslu gjalds á olíu til húshitunar, hitunar almenningssundlauga og til nota á skip og báta. Ákvæði þessi eru óþörf þar sem að í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að heimilt verði að selja þessum aðilum gjaldfrjálsa litaða olíu. Ekki er því þörf fyrir endurgreiðsluheimild.

Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna varðandi almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga með tilliti til þeirra breytinga sem verða vegna litunar á olíu sem undanþegin er gjaldskyldu. Gerð er sú krafa að gjaldskyldir aðilar haldi aðgreindum í bókhaldi sínu upplýsingum er varða gjaldskylda olíu og litaða olíu. Einnig er gerð sú krafa að þeir haldi bókhald yfir aðfengið litarefni og notkun á því, svo að hægt sé að staðreyna samsvörun á milli magns litarefnis og afhentrar undanþeginnar gas- og dísilolíu á ákveðnu tímabili. Þá er kveðið á um að tilgreina skuli á reikningi þegar um sölu á gjaldfrjálsri litaðri olíu er að ræða.

Um 8. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að núgildandi 8. gr. laganna um bókhald þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslu verði orðuð að nýju með tilliti til litunar og breytinga sem lagðar eru til á reglum um endurgreiðslu. Samkvæmt breytingu á 6. gr. er gert ráð fyrir að þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu fækki frá því sem nú er samvæmt lögunum. Í frumvarpinu er lagt til að mörkin milli gjaldskyldrar olíu og undanþeginnar verði mun skýrari en áður með tilkomu litunar undanþeginnar olíu. Þeir sem rétt eiga á endurgreiðslu skv. 6. gr. ber að kaupa ólitaða gjaldskylda olíu.

Sérleyfishafar og rekstraraðilar almenningsvagna skulu hafa yfirlit yfir hversu leiðirnar sem sérleyfin ná til og áætlunarleiðirnar séu langar og skrá fjölda kílómetra sem ökutæki í þeirra eigu hafa ekið viðkomandi leiðum. Skráningin skal grundvallast á ökumælum líkt og gilt hefur í núgildandi þungaskattskerfi. Er hér um að ræða sambærilegt fyrirkomulag og gildir um endurgreiðslu þungaskatts. Ef rekstraraðili almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða fær endurgreidd 70% olíugjalds skal hann halda í bókhaldi sínu reikninga yfir aðkeypta olíu vegna rekstrar almenningsvagna eða sérleyfisbifreiða eingöngu og geta sýnt fram á að olían hafi ekki verið notuð á önnur ökutæki.

Í 2. mgr. kemur fram að vanræki aðili að færa fullnægjandi bókhald skv. 1. mgr. falli niður réttur til endurgreiðslu á viðkomandi endurgreiðslutímabili. Ef sérleyfishafi eða rekstraraðili almenningsvagns skráir ekki fjölda kílómetra sem ökutæki í hans eigu hafa ekið á leið sem sérleyfi hans nær til eða þeir eru rangt skráðir fellur niður réttur til endurgreiðslu. Sama gildir ef rekstraraðili verður uppvís að því að olía sem olíugjald er endurgreitt af sé notuð á önnur ökutæki.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til sú breyting að olíugjald skuli aðeins greitt af litaðri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun. Í lögunum er kveðið á um að greiða skuli olíugjald miðað við sölu eða afhendingu og eigin not, en þar sem lagt er til í 4. gr. frumvarpsins að lituð olíu skuli vera gjaldfrjáls þykir rétt að kveða skýrt á um hvað sé stofn til útreiknings olíugjalds.

Um 10. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að 2. tölul. 10. gr. falli brott þar sem í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lituð olía sé undanþegin olíugjaldi. Þar sem aðeins skal lagt olíugjald á ólitaða olíu þykir rétt að kveða skýrt á um það í uppgjörsreglum laganna.

Í 2. tölul. er bætt við nýrri málsgrein, 2. mgr., þar sem kveðið er á um heimild fyrir gjaldskylda aðila skv. 3. gr. laganna til að draga frá við uppgjör á gjaldskyldri olíu olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra muni setja í reglugerð nánari reglur um skilyrði fyrir frádrættinum.

Um 11. gr.

Breytingar í þessari grein skýra sig sjálfar, sbr. umfjöllun um 1. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er kveðið á um að leggja skuli sérstakt olíugjald á eigendur skráningarskyldra ökutækja ef í ljós kemur að lituð olía hefur verið notuð á ökutæki þeirra. Þar sem eigendur skráningarskyldra ökutækja eru ekki gjaldskyldir skv. 3. gr. laganna er ekki unnt að kveða á um endurákvörðun olíugjalds ef bann við notkun litaðrar olíu á ökutæki hefur verið virt að vettugi. Þess vegna er þörf á sjálfstæðu ákvæði um gjaldskyldu í þessum tilvikum. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í lögum um þungaskatt þar sem ríkisskattstjóra er gert skylt að áætla þungaskatt þegar ekki hefur verið mætt með ökutæki í álestur. Eðli máls samkvæmt er ekki mögulegt að meta hversu lengi notkun litaðrar olíu hefur staðið yfir. Í ákvæðinu er við það miðað að ökutæki í atvinnurekstri hafi verið knúið litaðri olíu 50.000 km vegalengd sem getur svarað til árlegs meðaltalsaksturs atvinnubifreiða í reglubundnum akstri. Lagt er til að álagning á slík ökutæki miðist að öðru leyti við gildandi þungaskattstaxta þannig að álagning fer hækkandi eftir þyngd. Þar sem ekki verður skráð sérstök gjaldþyngd í opinberar skrár eftir brottfall þungaskatts er lagt til að miðað verði við skráða heildarþyngd í ökutækjaskrá, en hún er annaðhvort sama þyngd eða hærri. Gert er ráð fyrir að sérstakt olíugjald á fólksbifreiðar, sem ekki eru nýttar í atvinnurekstri og á dráttarvélar sem ekki eru nýttar til landbúnaðarnota, verði það sama og fast árgjald þungaskatts er nú. Þar sem olíugjald er innifalið í gjaldstofni til virðisaukaskatts er tekið fram í greininni að fjárhæðir samkvæmt greininni séu án virðisaukaskatts en lagt til að hann bætist við eingöngu í þeim tilvikum sem aðili getur ekki talið hann til innskatts við virðisaukaskattsskil. Þar sem álagning sérstaks olíugjalds miðast við um það bil ársakstur er lagt til í sérstöku ákvæði að álagningin skuli lækka um fjórðung fyrir hverja þrjá mánuði sem skráður eigandi hefur átt bifreið skemur en tólf mánuði. Lagt verður á samkvæmt þessari grein fyrir hvert tilvik sem aðili notar litaða olíu á ökutæki sitt og gildir þá einu hvort eða hvenær aðili hefur sætt álagningu samkvæmt greininni.

Við álagningu sérstaks olíugjalds er ríkisskattstjóra skylt að boða fyrirhugaða álagningu vegna notkunar á litaðri olíu og skora á eiganda að láta í té skýringar og gögn a.m.k. innan fimmtán daga. Eiganda ökutækis er með þessu gefinn kostur á að andmæla fyrirhugaðri álagningu. Ríkisskattstjóri kannar síðan framkomin gögn og leggur olíugjald á eiganda ökutækisins skv. 4. og 5. mgr . Með þessum málsmeðferðarákvæðum er tryggð skilvirkni við álagningu gjaldsins án þess að skerða réttaröryggi gjaldenda. Ríkisskattstjóra ber eftir sem áður að gæta almennra stjórnsýslureglna um rannsóknar- og rökstuðningsskyldu.

Lagt er til að skráður eigandi ökutækis verði gjaldskyldur samkvæmt greininni, en ef annar aðili hefur umráðarétt yfir ökutækinu ber hann óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldsins með skráðum eiganda ökutækisins. Með þessari reglu er verið að tryggja kröfu ríkissjóðs. Jafnframt er verið að gera aðila, sem kaupa ökutæki á kaupleigu af fjármögnunarfyrirtækjum, ábyrga fyrir greiðslu olíugjaldsins þegar hann hefur umráð yfir ökutækinu. Árétta skal að með þessari reglu er ekki verið að fella niður ábyrgð skráðs eiganda heldur einungis verið að auka ábyrgðina hjá umráðamanni, enda verður að telja óeðlilegt að þeir séu undanskildir.

Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að við lögin bætist ný grein vegna álagningar sérstaks olíugjalds, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í ákvæðinu er kveðið á um gjalddaga sérstaks olíugjalds og heimild lögreglustjóra til að stöðva ökutæki og taka skráningarmerki þess af til geymslu, að kröfu innheimtumanns, hafi ekki verið staðin skil á gjaldinu. Að auki er kveðið á um greiðslu dráttarvaxta ef sérstakt olíugjald er ekki greitt á tilskildum tíma.

Um 14. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að núgildandi 15. gr. laganna um kæruheimild verði orðuð að nýju með tilliti til þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu og bætt við nýrri málsgrein um kæruheimild til yfirskattanefndar.

Um 15. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við 17. gr. laganna nýrri málsgrein sem hefur að geyma refsiákvæði í þeim tilvikum þegar skráður eigandi eða umráðamaður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gerst brotlegur við ákvæði 3. mgr. 4. gr. eins og hún er sett fram í 4. gr. frumvarpsins. Fram kemur að skilyrði refsiábyrgðar er að eigandi eða umráðamaður hafi gerst brotlegur við ákvæðið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Um skilgreiningu á hugtökunum ásetningur og gáleysi vísast til refsiréttar. Í ákvæðinu er verknaðarlýsing sem vísar til 3. mgr. 4. gr.

Um 16. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 1. tölul. er lagt til að síðasta álestrartímabilið verði lengt til 10. janúar 1998 þar sem einungis fimm virkir dagar eru á tímabilinu 19. til 31. desember 1997.

Í 2. tölul. er lagt til að eindaga 2. mgr. verði breytt til samræmis við breytinguna sem gerð var á eindaga þungaskatts með a-lið 10. gr. laga nr. 68/1996, en þar segir að eindagi sé síðasti dagur sama mánaðar og gjalddagi miðast við.

Um 18. gr.

Lögð er til breyting á ákvæðinu þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að litun gjaldfrjálsrar olíu verði tekin upp. Með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu um litun gjaldfrjálsrar olíu verður að ætla að það samræmist ekki markmiðum laganna að aðili, sem fær afhenta litaða olíu án greiðslu olíugjalds, þurfi ekki að gera grein fyrir birgðum af gjaldskyldri olíu.

Um 19. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, en þau koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Með frumvarpi þessu er verið að breyta þeim ákvæðum laganna er snúa að því að koma á olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslna. Fjármálaráðuneytið telur víst að kostnaður ríkissjóðs við rekstur olíugjaldskerfi með litun verði nokkuð minni en kostnaður við endurgreiðslukerfi. Erfitt er að áætla hve mikill sparnaður verður en gera má ráð fyrir að hann verði a.m.k. 10 m.kr. Byggir sú áætlun fyrst og fremst á því að ekki þurfi að verja jafnmiklu fjármagni til eftirlits eftir þessa breytingu.

880. Frumvarp til laga [528. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „30,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 26,41%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „294.528“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 286.944.
b. Í stað fjárhæðarinnar „689“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 671.

3. gr.

Í stað A- og B-liða 69. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

A. Barnabætur.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 170.614 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en 7 ára. Búi framfærandi barns í óvígðri sambúð skal hann ekki teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Barnabætur skv. 3. mgr. skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðast um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 4.174.466 kr. uns þær falla niður. Á sama hátt skerðast barnabætur vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 6.262.219 kr. uns þær falla niður.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. eftir því sem við getur átt.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

4. gr.

Við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skal innheimtuhlutfall í staðgreiðslu vera 40,88% vegna launatímabila frá 1. maí 1997 til og með 31. desember 1997.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast með eftirfarandi hætti við álagningu tekjuskatts árin 1998 og 1999 vegna tekna áranna 1997 og 1998:

a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997 skal tekjuskattur reiknast 29,31% af tekjuskattsstofni.

b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1999 vegna tekna ársins 1998 skal tekjuskattur reiknast 27,41% af tekjuskattsstofni.

c. (III.)

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. laganna skal persónuafsláttur vera 286.812 kr. og sjómannaafsláttur vera 671 kr., við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1998 vegna tekna og eigna árið 1997. Jafnframt skal persónuafsláttur og sjómannaafsláttur samkvæmt þessu ákvæði gilda í staðgreiðslu vegna launatímabila frá 1. maí 1997 til og með 31. desember 1997.

d. (IV.)

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. laganna skal:

a. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1998 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1999 vegna tekna og eigna árið 1998 persónuafsláttur vera 280.320 kr. og sjómannaafsláttur vera 656 kr.
b. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1999 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna árið 1999 persónuafsláttur vera 279.948 kr. og sjómannaafsláttur vera 655 kr.

e. (V.)

Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1998, 1999 og 2000 skal á árunum 1999, 2000 og 2001 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.120.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.240.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.120.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.120.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

f. (VI.)

Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1999 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1998. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1998 vegna tekna á árinu 1997 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2000 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1999. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1999 vegna tekna á árinu 1998 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2001 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2000. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2000 vegna tekna á árinu 1999 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum á milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

g. (VII.)

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt bráðabirgðaákvæði V og VI skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

h. (VIII.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 17., 30., 41., 2. mgr. 67. gr., 69., 78., 83. og 84. gr. laganna, svo og ákvæðum til bráðabirgða V og VI í lögum þessum, sem hér segir:

a. 1. janúar 1998 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs.
b. 1. janúar 1999 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs.
c. 1. janúar 2000 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og eigna í lok þess árs.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999 og við staðgreiðslu á því ári.

Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna ársins 2000 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 1998. Skulu barnabætur skv. A-lið 69. gr., eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku þessara laga, greiddar vegna barna sem fædd eru á þriðja ársfjórðungi ársins 1997 eða fyrr eða öðluðust heimilisfesti hér á landi fyrir þann tíma og skal lokagreiðsla barnabóta þannig ákvarðaðra vera eigi síðar en 30. október 1997. Aldursmörk skulu og miðuð við umræddan ársfjórðung.

Ákvæði til bráðabirgða í 4. gr. koma til framkvæmda eins og þar greinir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á tekjuskatti og barnabótum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem kynnt voru mánudaginn 10. mars síðastliðinn. Með breytingunum er stigið mikilvægt skref í þá átt að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og barnabóta sem hafa sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum. Hér á eftir er gerð grein fyrir aðdraganda og meginþáttum þessara tillagna, en nánar er fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar. Í fylgiskjölum eru sýnd dæmi um áhrif breytinganna á einstaklinga eftir fjölskyldustærð og hjúskaparstétt.

1. Starf jaðarskattanefndar.

Aðdraganda þessara tillagna má rekja til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið var á um endurskoðun skattkerfisins með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Í framhaldi af þessu skipaði fjármálaráðherra í ársbyrjun 1996 nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna, sveitarfélaga, fjármálaráðuneytisins og aðilum vinnumarkaðarins. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, Ólafur Davíðsson, var skipaður formaður nefndarinnar.

Tilefni endurskoðunar á tekjuskattskerfinu er meðal annars umtalsverð hækkun á skatthlutfallinu frá því staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988. Einnig hefur vægi tekjutengdra bóta verið aukið og þar með hafa jaðaráhrif þess aukist. Loks hefur verið tekinn upp sérstakur skattur á tekjur yfir tilteknum mörkum sem enn hefur aukið jaðaráhrif skattkerfisins. Allar þessar breytingar hafa breytt ýmsum grundvallarviðmiðunum í tekjuskattskerfinu og í mörgum tilvikum raskað innbyrðis hlutföllum og markmiðum þess. Þá hafa þær raddir sífellt orðið háværari sem telja að háir jaðarskattar og mikil jaðaráhrif í bótakerfunum dragi úr vinnuframlagi fólks og stuðli að skattsvikum og því sé brýn þörf á úrbótum.

Reyndar hafa þegar verið stigin ákveðin skref í þessa átt. Annars vegar jafngilti skattfrelsi lífeyrisiðgjalda sem kom til framkvæmda í áföngum á árunum 1995 og 1996 um 1,5% lækkun tekjuskattshlutfallsins. Hins vegar voru tekjuskerðingarhlutföll í barnabótaaukakerfinu lækkuð talsvert á árinu 1996 og jafnframt var þá sett ákveðið hámark hjá fólki með þrjú börn eða fleiri. Ekkert slíkt ákvæði var í fyrri lögum heldur fóru jaðaráhrifin vaxandi með hverju barni og gátu orðið mjög mikil hjá barnmörgum fjölskyldum.

Í nefndinni hefur verið fjallað um ýmsar leiðir til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótakerfanna. Einnig hefur verið horft til þróunar og meginátherslna í skattlagningu annarra þjóða. Á síðustu vikum og mánuðum hefur umræðan í nefndinni einkum beinst að ákveðnum hugmyndum um lækkun á almenna tekjuskattshlutfallinu, sameiningu barnabótakerfanna í eitt tekjutengt kerfi ásamt lækkun skerðingarhlutfalla og afnámi tekjutengingar í vaxtabótakerfinu. Þótt ekki hafi verið almenn samstaða í nefndinni um þessar hugmyndir má segja að meiri hlutinn hafi verið tiltölulega sáttur við þær. Þær tillögur sem kynntar eru í þessu frumvarpi endurspegla þessar hugmyndir að verulegu leyti.

2. Tillögur ASÍ.

Um miðjan febrúar kynntu formenn landssambanda ASÍ sameiginlega kjarastefnu sambandanna og hugmyndir um aðgerðir stjórnvalda í skattamálum. Skattatillögur ASÍ voru í meginatriðum samhljóða þeim hugmyndum sem fulltrúar sambandsins höfðu reifað í jaðarskattanefndinni. Gerð var tillaga um að tekið yrði upp nýtt og lægra skattþrep, en þau tvö þrep sem fyrir eru héldust óbreytt. Ekki voru settar fram mótaðar tillögur um breytingar á vaxta- og barnabótum. Á fundi með forustumönnum stjórnarflokkanna lögðu formenn landssambandanna áherslu á að ríkisstjórnin tæki afstöðu til þessara tillagna sem fyrst því að aðgerðir í skattamálum voru taldar geta haft úrslitaáhrif á kjarasamningaviðræðurnar.

3. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Mánudaginn 10. mars gengu formenn þeirra landssambanda sem gengið höfðu frá kjarasamningum fyrr um daginn á fund forustumanna stjórnarflokkanna og óskuðu eftir tillögum ríkisstjórnarinnar í skattamálum þar sem þær mundu ráða úrslitum um hvort kjarasamningarnir yrðu samþykktir eða ekki. Síðar þann sama dag kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um aðgerðir í skattamálum fyrir forustumönnum ASÍ. Þær hugmyndir eru í öllum meginatriðum samhljóða tillögunum í þessu frumvarpi að öðru leyti en því að ekki er að svo stöddu gerð tillaga um breytingar á vaxtabótakerfinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að tillögum um breytingar á vaxtabótakerfinu í því skyni að draga úr jaðaráhrifum þess.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er, eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag.

4. Meginefni tillagnanna.

Lækkun tekjuskatts. Gert er ráð fyrir að tekjuskattur lækki um 4% fram til ársins 1999. Lækkunin er í þremur áföngum:

a. Frá 1. janúar 1997 lækkar tekjuskattur um 1,1% og kemur sú lækkun til framkvæmda í staðgreiðslu frá og með 1. maí 1997. Skattalækkun fyrir mánuðina janúar til apríl kemur til endurgreiðslu við álagningu árið 1998.
b. 1. janúar 1998 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1,9% til viðbótar.
c. 1. janúar 1999 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1% til viðbótar. Miðað við óbreytt útsvarshlutfall frá því sem nú er verður samanlagt skatthlutfall útsvars og tekjuskatts þá komið í 37,98%, en það er í dag 41,98%.

Hækkun skattleysismarka. Gert er ráð fyrir að skattleysismörk verði óbreytt á þessu ári. Þar sem skatthlutfallið lækkar þegar á þessu ári verður persónu- og sjómannaafsláttur jafnframt lækkaður til þess að skattleysismörk allra framteljenda verði óbreytt. Skattleysismörkin munu síðan hækka um 2,5% 1. janúar 1998, aftur um 2,5% 1. janúar 1999 og enn um 2,5% 1. janúar árið 2000. Þessi hækkun er í samræmi við þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gefið sér um verðlagsþróun í kjölfar kjarasamninganna og fulltrúar landssambandanna kynntu forustumönnum ríkisstjórnarinnar.

Hækkun annarra fjárhæðamarka. Gert er ráð fyrir að aðrar viðmiðanir í tekjuskattskerfinu taki sömu hlutfallslegu hækkunum og skattleysismörk næstu þrjú ár. Þetta tekur meðal annars til barnabóta, vaxtabóta o.fl.

Sérstakur tekjuskattur hækkar. Gert er ráð fyrir að sérstakur tekjuskattur hækki úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998. Jafnframt hækkar tekjuviðmiðunin úr 234.000 í 260.000 kr. hjá einstaklingi og úr 468.000 í 520.000 krónur hjá hjónum. Þessi hækkun jafngildir því að hæsta skattþrep samkvæmt gildandi lögum lækkar úr tæplega 47% í tæplega 45%.

Barnabætur. Tillaga er gerð um að sameina almennu barnabæturnar og tekjutengda barnabótaaukann í eitt tekjutengt barnabótakerfi. Markmiðið með þessu er að skapa svigrúm til þess að geta jafnframt lækkað tekjuskerðingarhlutföll barnabótaaukans. Samkvæmt tillögunum lækkar hámark tekjuskerðingar úr 15% í 11%, eða um 4%, en það gildir um hjón og einstæða foreldra með þrjú börn eða fleiri. Skerðingarmörkin með tveimur börnum lækka úr 11% í 9% og úr 6% í 5% með einu barni.

5. Áhrif tillagnanna.

Áhrif á ríkissjóð. Heildaráhrif þessara tillagna eru metin til 5,2 milljarða króna lækkunar á tekjum ríkissjóðs þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda. Á móti þessu vega nokkur atriði svo sem sú ákvörðun Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga að halda afsláttar- og bótaliðum í tekjuskattskerfinu óbreyttum á þessu ári. Einnig skilar niðurfelling hlutafjárafsláttar nokkrum tekjuauka. Þá er gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnsskatti gangi að einhverju leyti til að mæta þessum skattalækkunum. Loks hefur sem fyrr segir verið rætt við fulltrúa sveitarfélaga um að þau taki þátt í kostnaði vegna þessara aðgerða.

Áhrif lækkunar tekjuskatts á einstaklinga. Lækkun tekjuskatts um 4% jafngildir um 2% hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna. Skattalækkunin er hlutfallslega mest hjá fólki með lágar tekjur, en minni eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ráðstöfunartekjurnar aukast hins vegar hlutfallslega meira hjá fólki með meðaltekjur, enda greiðir lágtekjufólk tiltölulega litla skatta, bæði í krónum talið og í hlutfalli við tekjur.

Heildaráhrif tekjuskattslækkunar og breyttra barnabóta. Breytingin á barnabótakerfinu felur í sér tilflutning frá fólki með tiltölulega háar tekjur til fólks með tekjur um eða undir meðallagi. Samanlögð áhrif þessara breytinga eru almennt þau að ráðstöfunartekjur fólks með tekjur um eða fyrir neðan meðallag hækka hlutfallslega meira en hjá öðrum tekjuhópum. Nánari upplýsingar um áhrif tillagnanna á einstaklinga er að finna í fylgiskjölum með frumvarpinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga lækki úr 30,41% í 26,41%. Þessi breyting kemur þó til framkvæmda í áföngum, sbr. bráðabirgðaákvæði II í 5. gr. frumvarpsins. Um forsendur þessarar breytingar vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Lagt er til að fjárhæðum persónuafsláttar og sjómannaafsláttar í 68. gr. laganna verði breytt. Vakin er athygli á því að ákvæði þessarar greinar verður að skoðast í samhengi við 1. gr. frumvarpsins og bráðabirgðaákvæði II og IV í 5. gr. frumvarpsins. Um forsendur vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Um 3. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að barnabætur og barnabótaauki verði sameinað í eitt bótakerfi sem lúti sömu grundvallarreglum og barnabótaaukinn gerir samkvæmt gildandi lögum og munu bætur þessar kallast barnabætur. Barnabætur þessar munu þannig verða reiknaðar út með hliðsjón af tekjum, eignum og fjölskyldugerð. Um forsendur fyrir þessari breytingu vísast til umfjöllunar í almennum athugasemdum.

Í öllum meginatriðum er byggt á sömu reglum og gilda um barnabótaaukann. Þó eru tekjuskerðingarhlutföll lækkuð til muna eins og vikið er að í almennum athugasemdum. Um lagaskil vísast til athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

Um bráðabirgðaákvæði I.

Með hliðsjón af því að breytingar á tekjuskatti koma til framkvæmda frá og með 1. maí 1997 er nauðsynlegt að ákveða að nýju innheimtuhlutfall í staðgreiðslu, sem þá tekur mið af þessum breytingum. Gert er ráð fyrir að skattalækkun vegna mánuðanna janúar–apríl skili sér við álagningu tekjuskatts á árinu 1998.

Um bráðabirgðaákvæði II.

Í þessu ákvæði er kveðið á um hvernig lækkun tekjuskattshlutfallsins kemur til framkvæmda. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um bráðabirgðaákvæði III.

Í þessu ákvæði er kveðið á um persónuafslátt og sjómannafslátt vegna yfirstandandi árs og hvernig breytingar á þessum afsláttarliðum koma til framkvæmda við staðgreiðslu. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að við staðgreiðslu frá 1. maí verði miðað við einn tólfta hinnar nýju afsláttarfjárhæðar.

Um bráðabirgðaákvæði VI.

Í þessu ákvæði er kveðið á um hvernig persónuafsláttur og sjómannaafsláttur breytist á tekjuárunum 1998 og 1999. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um bráðabirgðaákvæði V–VII.

Í þessum ákvæðum er gert ráð fyrir að sérstaki tekjuskatturinn verði framlengdur í þrjú ár. Lagt er til að skatthlutfall hækki úr 5% í 7%, en jafnframt að skattleysismörk hins sérstaka tekjuskatts hækki nokkuð. Að öðru leyti eru ákvæði þessi óbreytt frá gildandi lögum. Um forsendur vísast til almennra athugasemda.

Um bráðabirgðaákvæði VIII.

Lagt er til að fjárhæðir í lögunum verði hækkaðar um 2,5% árlega til ársins 2000. Þetta á þó ekki við um persónuafslátt og sjómannaafslátt, enda eru ákvæði þar að lútandi í öðrum ákvæðum frumvarps þessa. Um forsendur vísast til umfjöllunar í einstökum greinum.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um gildistöku. Sérstaklega er kveðið á um hvernig breytingarnar á barnabótakerfinu koma til framkvæmda. Samkvæmt gildandi lögum má segja að barnabótakerfið sé samtímakerfi en barnabótaaukinn er ákvarðaður eftir á. Hér er sett sú lagaskilaregla að barnabætur samkvæmt eldra kerfi verða ekki greiddar með börnum sem fæðast á síðasta ársfjórðungi 1997 eða síðar. Í hinu nýja barnabótaákvæði, sbr. 3. gr. frumvarpsins, er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um fyrirframgreiðslu barnabóta, eins og verið hefur um barnabótauka.

Fylgiskjöl.

Fjármálaráðuneytið, efnahagsskrifstofa:

Áhrif lækkunar tekjuskatts og breyttra barnabóta á ráðstöfunartekjur fjölskyldna.

Í meðfylgjandi töflum er stillt upp nokkrum dæmum um áhrif af lækkun tekjuskatts og breyttum barnabótum á ráðstöfunartekjur fjölskyldna. Hér eru ráðstöfunartekjur skilgreindar sem atvinnutekjur að frádregnum tekjuskatti og útsvari en að viðbættum barnabótum. Þá er skattbyrðin skilgreind sem tekjuskattur og útsvar að frádregnum barnabótum sem % af atvinnutekjum.

Að öðru leyti eru forsendur dæmanna sem hér segir:

1. Tekjuskattshlutfallið lækkar um 4%, þ.e. úr 30,41% í 26,41%. Það þýðir að staðgreiðsluhlutfallið lækkar úr 41,98% í 37,98.
2. Í dæmunum eru skattleysismörkin hækkuð um 2,5% frá því sem þau eru í dag, eða úr 60.902 krónum á mánuði (að teknu tilliti til frádráttar lífeyrisiðgjalda) fyrir einstakling í 62.425 krónur.
3. Sérstakur hátekjuskattur hækkar úr 5% í 7%, jafnframt því að tekjumörkin eru hækkuð úr 234 þús.kr. á mánuði hjá einstaklingi í 260 þús.kr., og tvöföld sú fjárhæð fyrir hjón.
4. Miðað er við eitt barnabótakerfi í stað þeirra tveggja sem nú eru í gildi. Bæturnar eru tekjutengdar og eru mishár eftir aldri og fjölda barna. Hlutföll tekjuskerðingar lækka, sbr. eftirfarandi:
   — *Með einu barni; úr 6% í 5%*
   — *Með tveimur börnum; úr 11% í 9%*
   — *Með þremur börnum og fleiri; úr 15% í 11%*

   Í dæmunum eru hámarksbætur með hverju barni og tekjuviðmiðun barnabóta hækkuð um 2,5% frá gildandi fjárhæðum.

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
75,0	5,7	4,6	69,3	70,4	1,1	1,6%	7,6%	6,1%	-1,5%
100,0	15,8	13,7	84,2	86,3	2,1	2,5%	15,8%	13,7%	-2,1%
125,0	25,8	22,8	99,2	102,2	3,0	3,0%	20,6%	18,2%	-2,4%
150,0	35,9	31,9	114,1	118,1	4,0	3,5%	23,9%	21,3%	-2,7%
175,0	46,0	41,0	129,0	134,0	5,0	3,9%	26,3%	23,4%	-2,9%
200,0	56,1	50,2	143,9	149,8	5,9	4,1%	28,1%	25,1%	-3,0%
225,0	66,1	59,3	158,9	165,7	6,8	4,3%	29,4%	26,4%	-3,0%
250,0	76,5	68,4	173,5	181,6	8,1	4,7%	30,6%	27,4%	-3,2%
275,0	87,8	77,8	187,2	197,2	10,0	5,3%	31,9%	28,3%	-3,6%
300,0	99,1	88,6	200,9	211,4	10,5	5,2%	33,0%	29,5%	-3,5%
325,0	110,3	99,4	214,7	225,6	10,9	5,1%	33,9%	30,6%	-3,4%
350,0	121,6	110,2	228,4	239,8	11,4	5,0%	34,7%	31,5%	-3,3%
375,0	132,9	121,0	242,1	254,0	11,9	4,9%	35,4%	32,3%	-3,2%
400,0	144,2	131,8	255,8	268,2	12,4	4,8%	36,1%	33,0%	-3,1%
425,0	155,4	142,6	269,6	282,4	12,8	4,7%	36,6%	33,6%	-3,0%
450,0	166,7	153,4	283,3	296,6	13,3	4,7%	37,0%	34,1%	-3,0%
475,0	178,0	164,1	297,0	310,9	13,9	4,7%	37,5%	34,5%	-2,9%
500,0	189,3	174,9	310,7	325,1	14,4	4,6%	37,9%	35,0%	-2,9%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Einstætt foreldri með eitt barn

Fylgiskjal 2

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
75,0	5,7	4,6	12,8	13,4	82,1	83,8	1,7	2,1%	-9,5%	-11,7%	-2,3%
100,0	15,8	13,7	11,3	12,2	95,5	98,5	3,0	3,1%	4,5%	1,5%	-3,0%
125,0	25,8	22,8	9,9	11,0	109,1	113,2	4,1	3,8%	12,7%	9,4%	-3,3%
150,0	35,9	31,9	8,4	9,8	122,5	127,9	5,4	4,4%	18,3%	14,7%	-3,6%
175,0	46,0	41,0	7,0	8,6	136,0	142,6	6,6	4,9%	22,3%	18,5%	-3,8%
200,0	56,1	50,2	5,8	7,4	149,7	157,2	7,5	5,0%	25,2%	21,4%	-3,8%
225,0	66,1	59,3	5,8	6,2	164,7	171,9	7,2	4,4%	26,8%	23,6%	-3,2%
250,0	76,5	68,4	5,8	5,0	179,3	186,6	7,3	4,1%	28,3%	25,4%	-2,9%
275,0	87,8	77,8	5,8	3,8	193,0	201,0	8,0	4,1%	29,8%	26,9%	-2,9%
300,0	99,1	88,6	5,8	2,6	206,7	214,0	7,3	3,5%	31,1%	28,7%	-2,4%
325,0	110,3	99,4	5,8	1,4	220,5	227,0	6,5	2,9%	32,2%	30,2%	-2,0%
350,0	121,6	110,2	5,8	0,2	234,2	240,0	5,8	2,5%	33,1%	31,4%	-1,7%
375,0	132,9	121,0	5,8	0,0	247,9	254,0	6,1	2,5%	33,9%	32,3%	-1,6%
400,0	144,2	131,8	5,8	0,0	261,6	268,2	6,6	2,5%	34,6%	33,0%	-1,6%
425,0	155,4	142,6	5,8	0,0	275,4	282,4	7,0	2,5%	35,2%	33,6%	-1,6%
450,0	166,7	153,4	5,8	0,0	289,1	296,6	7,5	2,6%	35,8%	34,1%	-1,7%
475,0	178,0	164,1	5,8	0,0	302,8	310,9	8,1	2,7%	36,3%	34,5%	-1,7%
500,0	189,3	174,9	5,8	0,0	316,5	325,1	8,6	2,7%	36,7%	35,0%	-1,7%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára

Fylgiskjal 3

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
75,0	5,7	4,6	28,6	30,0	97,9	100,4	2,5	2,6%	-30,5%	-33,9%	-3,3%
100,0	15,8	13,7	26,0	27,8	110,2	114,1	3,9	3,5%	-10,2%	-14,1%	-3,9%
125,0	25,8	22,8	23,3	25,7	122,5	127,9	5,4	4,4%	2,0%	-2,3%	-4,3%
150,0	35,9	31,9	20,7	23,5	134,8	141,6	6,8	5,0%	10,1%	5,6%	-4,5%
175,0	46,0	41,0	18,1	21,4	147,1	155,4	8,3	5,6%	15,9%	11,2%	-4,7%
200,0	56,1	50,2	15,4	19,2	159,3	169,0	9,7	6,1%	20,4%	15,5%	-4,8%
225,0	66,1	59,3	14,5	17,0	173,4	182,7	9,3	5,4%	22,9%	18,8%	-4,1%
250,0	76,5	68,4	14,5	14,9	188,0	196,5	8,5	4,5%	24,8%	21,4%	-3,4%
275,0	87,8	77,8	14,5	12,7	201,7	209,9	8,2	4,1%	26,7%	23,7%	-3,0%
300,0	99,1	88,6	14,5	10,6	215,4	222,0	6,6	3,1%	28,2%	26,0%	-2,2%
325,0	110,3	99,4	14,5	8,4	229,2	234,0	4,8	2,1%	29,5%	28,0%	-1,5%
350,0	121,6	110,2	14,5	6,2	242,9	246,0	3,1	1,3%	30,6%	29,7%	-0,9%
375,0	132,9	121,0	14,5	4,1	256,6	258,1	1,5	0,6%	31,6%	31,2%	-0,4%
400,0	144,2	131,8	14,5	1,9	270,3	270,1	-0,2	-0,1%	32,4%	32,5%	0,1%
425,0	155,4	142,6	14,5	0,0	284,1	282,4	-1,7	-0,6%	33,2%	33,6%	0,4%
450,0	166,7	153,4	14,5	0,0	297,8	296,6	-1,2	-0,4%	33,8%	34,1%	0,3%
475,0	178,0	164,1	14,5	0,0	311,5	310,9	-0,6	-0,2%	34,4%	34,5%	0,1%
500,0	189,3	174,9	14,5	0,0	325,2	325,1	-0,1	0,0%	35,0%	35,0%	0,0%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Einstætt foreldri með þrjú börn, tvö yngri en 7 ára

Fylgiskjal 4

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
75,0	5,7	4,6	44,7	47,1	114,0	117,5	3,5	3,1%	-52,0%	-56,7%	-4,7%
100,0	15,8	13,7	41,1	44,4	125,3	130,7	5,4	4,3%	-25,3%	-30,7%	-5,4%
125,0	25,8	22,8	37,5	41,8	136,7	144,0	7,3	5,3%	-9,4%	-15,2%	-5,8%
150,0	35,9	31,9	33,9	39,1	148,0	157,2	9,2	6,2%	1,3%	-4,8%	-6,1%
175,0	46,0	41,0	30,3	36,5	159,3	170,5	11,2	7,0%	9,0%	2,6%	-6,4%
200,0	56,1	50,2	26,7	33,9	170,6	183,7	13,1	7,7%	14,7%	8,1%	-6,6%
225,0	66,1	59,3	23,2	31,2	182,1	196,9	14,8	8,1%	19,1%	12,5%	-6,6%
250,0	76,5	68,4	23,2	28,6	196,7	210,2	13,5	6,9%	21,3%	15,9%	-5,4%
275,0	87,8	77,8	23,2	25,9	210,4	223,1	12,7	6,0%	23,5%	18,9%	-4,6%
300,0	99,1	88,6	23,2	23,3	224,1	234,7	10,6	4,7%	25,3%	21,8%	-3,5%
325,0	110,3	99,4	23,2	20,7	237,9	246,3	8,4	3,5%	26,8%	24,2%	-2,6%
350,0	121,6	110,2	23,2	18,0	251,6	257,8	6,2	2,5%	28,1%	26,3%	-1,8%
375,0	132,9	121,0	23,2	15,4	265,3	269,4	4,1	1,5%	29,3%	28,2%	-1,1%
400,0	144,2	131,8	23,2	12,7	279,0	280,9	1,9	0,7%	30,3%	29,8%	-0,5%
425,0	155,4	142,6	23,2	10,1	292,8	292,5	-0,3	-0,1%	31,1%	31,2%	0,1%
450,0	166,7	153,4	23,2	7,5	306,5	304,1	-2,4	-0,8%	31,9%	32,4%	0,5%
475,0	178,0	164,1	23,2	4,8	320,2	315,7	-4,5	-1,4%	32,6%	33,5%	0,9%
500,0	189,3	174,9	23,2	2,2	333,9	327,3	-6,6	-2,0%	33,2%	34,5%	1,3%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Hjón með eitt barn eldra en 7 ára, tvær fyrirvinnur

Fylgiskjal 5

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
125,0	1,3	0,1	7,0	7,6	130,7	132,5	1,8	1,4%	-4,6%	-6,0%	-1,4%
150,0	11,4	9,2	5,6	6,4	144,2	147,2	3,0	2,1%	3,9%	1,9%	-2,0%
175,0	21,4	18,3	4,2	5,2	157,8	161,9	4,1	2,6%	9,8%	7,5%	-2,3%
200,0	31,5	27,4	2,7	4,0	171,2	176,6	5,4	3,2%	14,4%	11,7%	-2,7%
225,0	41,6	36,5	1,3	2,8	184,7	191,3	6,6	3,6%	17,9%	15,0%	-2,9%
250,0	51,7	45,6	0,8	1,6	199,1	206,0	6,9	3,5%	20,4%	17,6%	-2,8%
275,0	61,7	54,7	0,8	0,4	214,1	220,7	6,6	3,1%	22,1%	19,7%	-2,4%
300,0	71,8	63,9	0,8	0,0	229,0	236,1	7,1	3,1%	23,7%	21,3%	-2,4%
325,0	81,9	73,0	0,8	0,0	243,9	252,0	8,1	3,3%	25,0%	22,5%	-2,5%
350,0	92,0	82,1	0,8	0,0	258,8	267,9	9,1	3,5%	26,1%	23,5%	-2,6%
375,0	102,0	91,2	0,8	0,0	273,8	283,8	10,0	3,7%	27,0%	24,3%	-2,7%
400,0	112,1	100,3	0,8	0,0	288,7	299,7	11,0	3,8%	27,8%	25,1%	-2,8%
425,0	122,2	109,4	0,8	0,0	303,6	315,6	12,0	4,0%	28,6%	25,7%	-2,8%
450,0	132,3	118,6	0,8	0,0	318,5	331,4	12,9	4,1%	29,2%	26,4%	-2,9%
475,0	142,7	127,7	0,8	0,0	333,1	347,3	14,2	4,3%	29,9%	26,9%	-3,0%
500,0	154,0	136,8	0,8	0,0	346,8	363,2	16,4	4,7%	30,6%	27,4%	-3,3%
525,0	165,4	146,2	0,8	0,0	360,4	378,8	18,4	5,1%	31,4%	27,8%	-3,5%
550,0	176,7	157,1	0,8	0,0	374,1	392,9	18,8	5,0%	32,0%	28,6%	-3,4%
575,0	188,0	168,0	0,8	0,0	387,8	407,0	19,2	5,0%	32,6%	29,2%	-3,3%
600,0	199,3	178,8	0,8	0,0	401,5	421,2	19,7	4,9%	33,1%	29,8%	-3,3%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Hjón með tvö börn, annað yngra en 7 ára, tvær fyrirvinnur

Fylgiskjal 6

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
125,0	1,3	0,1	18,5	19,7	142,2	144,6	2,4	1,7%	-13,8%	-15,7%	-1,9%
150,0	11,4	9,2	15,8	17,6	154,4	158,4	4,0	2,6%	-2,9%	-5,6%	-2,7%
175,0	21,4	18,3	13,2	15,4	166,8	172,1	5,3	3,2%	4,7%	1,7%	-3,0%
200,0	31,5	27,4	10,6	13,2	179,1	185,8	6,7	3,7%	10,5%	7,1%	-3,3%
225,0	41,6	36,5	7,9	11,1	191,3	199,6	8,3	4,3%	15,0%	11,3%	-3,7%
250,0	51,7	45,6	5,7	8,9	204,0	213,3	9,3	4,6%	18,4%	14,7%	-3,7%
275,0	61,7	54,7	5,7	6,8	219,0	227,1	8,1	3,7%	20,4%	17,4%	-2,9%
300,0	71,8	63,9	5,7	4,6	233,9	240,7	6,8	2,9%	22,0%	19,8%	-2,3%
325,0	81,9	73,0	5,7	2,4	248,8	254,4	5,6	2,3%	23,4%	21,7%	-1,7%
350,0	92,0	82,1	5,7	0,3	263,7	268,2	4,5	1,7%	24,7%	23,4%	-1,3%
375,0	102,0	91,2	5,7	0,0	278,7	283,8	5,1	1,8%	25,7%	24,3%	-1,4%
400,0	112,1	100,3	5,7	0,0	293,6	299,7	6,1	2,1%	26,6%	25,1%	-1,5%
425,0	122,2	109,4	5,7	0,0	308,5	315,6	7,1	2,3%	27,4%	25,7%	-1,7%
450,0	132,3	118,6	5,7	0,0	323,4	331,4	8,0	2,5%	28,1%	26,4%	-1,8%
475,0	142,7	127,7	5,7	0,0	338,0	347,3	9,3	2,8%	28,8%	26,9%	-2,0%
500,0	154,0	136,8	5,7	0,0	351,7	363,2	11,5	3,3%	29,7%	27,4%	-2,3%
525,0	165,4	146,2	5,7	0,0	365,3	378,8	13,5	3,7%	30,4%	27,8%	-2,6%
550,0	176,7	157,1	5,7	0,0	379,0	392,9	13,9	3,7%	31,1%	28,6%	-2,5%
575,0	188,0	168,0	5,7	0,0	392,7	407,0	14,3	3,6%	31,7%	29,2%	-2,5%
600,0	199,3	178,8	5,7	0,0	406,4	421,2	14,8	3,6%	32,3%	29,8%	-2,5%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Hjón með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, tvær fyrirvinnur

Fylgiskjal 7

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
125,0	1,3	0,1	27,6	29,7	151,3	154,6	3,3	2,2%	-21,0%	-23,7%	-2,6%
150,0	11,4	9,2	24,0	27,0	162,6	167,8	5,2	3,2%	-8,4%	-11,9%	-3,5%
175,0	21,4	18,3	20,4	24,4	174,0	181,1	7,1	4,1%	0,6%	-3,5%	-4,1%
200,0	31,5	27,4	16,8	21,8	185,3	194,4	9,1	4,9%	7,3%	2,8%	-4,6%
225,0	41,6	36,5	13,2	19,1	196,6	207,6	11,0	5,6%	12,6%	7,7%	-4,9%
250,0	51,7	45,6	9,6	16,5	207,9	220,9	13,0	6,3%	16,8%	11,6%	-5,2%
275,0	61,7	54,7	8,1	13,8	221,4	234,1	12,7	5,7%	19,5%	14,9%	-4,6%
300,0	71,8	63,9	8,1	11,2	236,3	247,3	11,0	4,7%	21,2%	17,6%	-3,7%
325,0	81,9	73,0	8,1	8,6	251,2	260,6	9,4	3,7%	22,7%	19,8%	-2,9%
350,0	92,0	82,1	8,1	5,9	266,1	273,8	7,7	2,9%	24,0%	21,8%	-2,2%
375,0	102,0	91,2	8,1	3,3	281,1	287,1	6,0	2,1%	25,0%	23,4%	-1,6%
400,0	112,1	100,3	8,1	0,6	296,0	300,3	4,3	1,5%	26,0%	24,9%	-1,1%
425,0	122,2	109,4	8,1	0,0	310,9	315,6	4,7	1,5%	26,8%	25,7%	-1,1%
450,0	132,3	118,6	8,1	0,0	325,8	331,4	5,6	1,7%	27,6%	26,4%	-1,2%
475,0	142,7	127,7	8,1	0,0	340,4	347,3	6,9	2,0%	28,3%	26,9%	-1,5%
500,0	154,0	136,8	8,1	0,0	354,1	363,2	9,1	2,6%	29,2%	27,4%	-1,8%
525,0	165,4	146,2	8,1	0,0	367,7	378,8	11,1	3,0%	30,0%	27,8%	-2,1%
550,0	176,7	157,1	8,1	0,0	381,4	392,9	11,5	3,0%	30,7%	28,6%	-2,1%
575,0	188,0	168,0	8,1	0,0	395,1	407,0	11,9	3,0%	31,3%	29,2%	-2,1%
600,0	199,3	178,8	8,1	0,0	408,8	421,2	12,4	3,0%	31,9%	29,8%	-2,1%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

Hjón með fjögur börn, tvö yngri en 7 ára, tvær fyrirvinnur

Fylgiskjal 8

Atvinnu-tekjur	Tekjuskattur		Barnabætur		Ráðstöfunartekjur				Skattbyrði		
	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Gildandi kerfi	Tillaga	Mismunur	Breyting	Gildandi kerfi	Tillaga	Breyting
125,0	1,3	0,1	40,3	42,7	164,0	167,6	3,6	2,2%	-31,2%	-34,1%	-2,9%
150,0	11,4	9,2	36,7	40,0	175,3	180,8	5,5	3,1%	-16,9%	-20,5%	-3,7%
175,0	21,4	18,3	33,1	37,4	186,7	194,1	7,4	4,0%	-6,7%	-10,9%	-4,2%
200,0	31,5	27,4	29,5	34,8	198,0	207,4	9,4	4,7%	1,0%	-3,7%	-4,7%
225,0	41,6	36,5	25,9	32,1	209,3	220,6	11,3	5,4%	7,0%	2,0%	-5,0%
250,0	51,7	45,6	22,3	29,5	220,6	233,9	13,3	6,0%	11,8%	6,4%	-5,3%
275,0	61,7	54,7	18,7	26,8	232,0	247,1	15,1	6,5%	15,6%	10,1%	-5,5%
300,0	71,8	63,9	15,1	24,2	243,3	260,3	17,0	7,0%	18,9%	13,2%	-5,7%
325,0	81,9	73,0	13,0	21,6	256,1	273,6	17,5	6,8%	21,2%	15,8%	-5,4%
350,0	92,0	82,1	13,0	18,9	271,0	286,8	15,8	5,8%	22,6%	18,1%	-4,5%
375,0	102,0	91,2	13,0	16,3	286,0	300,1	14,1	4,9%	23,7%	20,0%	-3,8%
400,0	112,1	100,3	13,0	13,6	300,9	313,3	12,4	4,1%	24,8%	21,7%	-3,1%
425,0	122,2	109,4	13,0	11,0	315,8	326,6	10,8	3,4%	25,7%	23,2%	-2,5%
450,0	132,3	118,6	13,0	8,4	330,7	339,8	9,1	2,8%	26,5%	24,5%	-2,0%
475,0	142,7	127,7	13,0	5,7	345,3	353,0	7,7	2,2%	27,3%	25,7%	-1,6%
500,0	154,0	136,8	13,0	3,1	359,0	366,3	7,3	2,0%	28,2%	26,7%	-1,5%
525,0	165,4	146,2	13,0	0,4	372,6	379,2	6,6	1,8%	29,0%	27,8%	-1,3%
550,0	176,7	157,1	13,0	0,0	386,3	392,9	6,6	1,7%	29,8%	28,6%	-1,2%
575,0	188,0	168,0	13,0	0,0	400,0	407,0	7,0	1,8%	30,4%	29,2%	-1,2%
600,0	199,3	178,8	13,0	0,0	413,7	421,2	7,5	1,8%	31,1%	29,8%	-1,3%

Allar fjárhæðir í þús.kr./mán.

881. Frumvarp til fjáraukalaga [529. mál]

fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1996 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**545 000**
Tekjuskattar	144 000	
Tryggingagjöld, launaskattar	52 000	
Eignaskattar	133 000	
Skattar á vörur og þjónustu	366 000	
Vaxtatekjur	-483 000	
Aðrar tekjur	333 000	
Gjöld		**-1 441 500**
Samneysla	227 500	
Rekstrargjöld	202 800	
Viðhald	74 700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-683 000	
Vaxtagjöld	-68 000	
Fjárfesting	-968 000	
Gjöld umfram tekjur		**-1 986 500**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1 661 000
Hluta- og stofnfjárframlög		-92 000
Viðskiptareikningar		46 000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3 693 500**
Afborganir af teknum lánum		-10 000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3 703 500**
Lántökur		-3 705 000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-1 500**

2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. 2. gr. laga nr. 165/1996:

		Þús.kr.	Þús.kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	7 592	
01	Forsætisráðuneyti	42 750	
02	Menntamálaráðuneyti	680 272	
03	Utanríkisráðuneyti	72 343	
04	Landbúnaðarráðuneyti	268 499	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	26 638	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161 744	
07	Félagsmálaráðuneyti	103 401	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	498 999	
09	Fjármálaráðuneyti	263 483	
10	Samgönguráðuneyti	40 606	
11	Iðnaðarráðuneyti	47 801	
12	Viðskiptaráðuneyti	10 572	
13	Hagstofa Íslands	7 811	
14	Umhverfisráðuneyti	56 232	
	Samtals		2 288 743

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Með frumvarpi þessu eru niðurstöðutölur ríkissjóðs fyrir árið 1996 lagðar fyrir Alþingi. Gerð er grein fyrir óhöfnum fjárveitingum og greiðslum úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1996 og lögum nr. 165/1996, fyrri fjáraukalögum fyrir árið 1996.

Í greinargerð með frumvarpi til fyrri fjáraukalaga ársins 1996 er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1996 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Í febrúar sl. var *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1996* lögð fyrir Alþingi þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör er skýrð með samanburði við áform fjárlaga. Þar voru settar fram bráðabirgðatölur um hagræna skiptingu á útgjöldum ríkissjóðs sem nú hafa verið endurskoðaðar. Er vísað til þess rits varðandi nánari upplýsingar.

Sú breyting er gerð í framsetningu á talnahluta þessa frumvarps miðað við fyrri ár að eingöngu er sótt um heimild til fjárveitinga umfram fjárlög og fyrri fjáraukalög ársins. Gagnstætt venju fyrri ára er niðurfelling óhafinna fjárveitinga ekki sett fram sérstaklega í frumvarpinu. Litið er svo á að í lagagreinum frumvarpsins þurfi ekki að tilgreina niðurfellingu óhafinna fjárveitinga í árslok þar sem fjárveitingar fjárlaga gilda einungis til eins árs í senn. Eftir sem áður kemur fram í greinargerð frumvarpsins og fylgiskjölum hvernig fyrirhugað er að hækka eða lækka fjárveitingar fjárlaga 1997 í fyrri fjáraukalögum þess árs með hliðsjón af óhöfnum fjárveitingum og umframgjöldum í lok ársins 1996.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar ársins 1996 í samanburði við niðurstöður:

Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 m.kr.	Fjáraukalög 165/1996 m.kr.	Heimildir alls 1996 m.kr.	Greiðslur 1996 m.kr.	Mismunur heimilda og greiðslna m.kr.
Tekjur	120.865	6.325	127.190	127.735	545
Gjöld	124.816	16.355	141.171	139.730	-1.441
Rekstrarafkoma	**-3.951**	**-10.030**	**-13.981**	**-11.995**	**1.986**
Rekstrarafkoma án áhr. innköllunar	-	*-17*	*-3.968*	*-1.982*	*1.986*
Veitt lán, nettó	-850	2.470	1.620	-41	-1.661
Hluta- og stofnfjárframlög	500	-200	300	209	-91
Viðskiptareikningar	500	-	500	546	46
Hrein lánsfjárþörf	**4.101**	**12.300**	**16.401**	**12.709**	**-3.692**
Lántökur, nettó	**4.140**	**12.310**	**16.450**	**12.755**	**-3.695**
Innlend lántaka - afborganir	-	-	-	5.485	-
Erlend lántaka - afborganir	-	-	-	7.270	-
Greiðsluafkoma	**39**	**10**	**49**	**46**	**-3**

Halli á rekstri ríkissjóðs reyndist þannig vera tæplega 2 milljarðar króna á árinu 1996, eða um helmingi lægri en reiknað var með í fjárlögum. Er það í fyrsta sinn síðan á árinu 1984 sem rekstrarafkoman hefur verið svo hagstæð. Eru þá undanskildar vaxtagreiðslur að fjárhæð um 10 milljarðar króna, sem færðar voru til bókar á greiðslugrunni í kjölfar sérstakrar innköllunar á nokkrum stórum flokkum spariskírteina fyrir gjalddaga. Áætlað er að sú endurfjármögnun lækki vaxtagreiðslur ríkissjóðs alls um 2 milljarða króna á næstu þremur árum. Að þessari sérstöku aðgerð meðtalinni var hallinn 12 milljarðar króna á greiðslugrunni.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1996 námu 127,7 milljörðum króna og voru rúmum hálfum milljarði króna hærri en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fjármálaráðuneytisins sem fram kom í fyrri fjáraukalögum ársins 1996. Tekjuaukinn frá fjárlögum nam um 6,9 milljörðum króna og skýrist af betra efnahagsástandi en spáð hafði verið við setningu þeirra. Heildarútgjöld reyndust vera 129,7 milljarðar króna, án framangreindra vaxtaútgjalda af innkölluðum spariskírteinum, tæpum 1,5 milljarði króna undir heimildum fjárlaga og fjáraukalaga. Skýrist það í fyrsta lagi af nokkrum stórum liðum sem koma ekki til greiðslu fyrr en í ár, s.s. stofnkostnaður vegna framhaldsskóla og menningarstofnana og framlög til alþjóðlegrar hjálparstarfsemi og friðargæslu. Í öðru lagi reyndust nokkrir liðir hafa verið ofmetnir. Þar er einkum um að ræða lífeyrisgreiðslur, ríkisábyrgðir, árgjöld Íslands til alþjóðastofnana og útgjöld vegna grunnskóla.

Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld. Óhafnar fjárveitingar ráðuneyta námu alls 3.730 m.kr. í árslok 1996 en greiðslur umfram veittar heimildir 2.289 m.kr. Sótt er um heimildir fyrir umframgreiðslunum í þessu frumvarpi til síðari fjáraukalaga ársins 1996.

Í fylgiskjali 1 er sýnd staða fjárheimilda í árslok 1996 og fyrirhuguð ráðstöfun þeirra með niðurfellingum eða yfirfærslum til ársins 1997. Eins og undanfarin ár koma yfirfærslurnar til ákvörðunar í fyrri fjáraukalögum ársins 1997 þegar gerðar verða ráðstafanir til lækkunar eða hækkunar á fjárheimildum gildandi fjárlaga með hliðsjón af frávikum liðins árs.

Í fylgiskjali 2 eru sýnd sérstaklega þau umframgjöld og afgangsheimildir sem falla niður og ekki er fyrirhugað að draga frá eða bæta við fjárveitingar ársins 1997. Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar sem falli niður verði alls 1.104 m.kr. og að umframgjöld ársins 1996 sem ekki komi til lækkunar á fjárheimildum 1997 nemi 737 m.kr.

Fjárhæðirnar í fylgiskjölunum eru sundurgreindar eftir hagrænni skiptingu í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað.

Í næstu töflu eru sýndar þær breytingar á gildandi fjárveitingum ráðuneyta sem fyrirhugað er að leggja til með frumvarpi að fyrri fjáraukalögum ársins 1997 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1996. Gert er ráð fyrir að heimildir til rekstrar verði auknar um 823 m.kr. á árinu 1997 vegna afgangsheimilda liðins árs en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 944 m.kr. vegna umframgjalda. Afgangur á tilfærsluframlögum sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 478 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar 715 m.kr. Þannig er fyrirhugað að hrein aukning nýrra heimilda umfram skerðingu nemi 1.074 m.kr. á árinu 1997 vegna þessara ráðstafana.

Breytingar framlaga 1997 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1996

Greiðslugrunnur	Umframgj. 1996 þús. kr.	Óhafið 1996 þús. kr.	Rekstur flutt umframgj. þús. kr.	Rekstur fluttur afgangur þús. kr.	Tilfærslur flutt staða þús. kr.	Stofnkostn. og viðhald flutt staða þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	7.592	15.321	2.691	9.356	-	-813
01 Forsætisráðuneyti	42.750	47.795	2.649	9.254	6.526	26.091
02 Menntamálaráðuneyti	680.272	903.719	321.575	219.464	139.897	290.794
03 Utanríkisráðuneyti	72.343	295.653	18.925	1.183	200.270	2.746
04 Landbúnaðarráðuneyti	268.499	134.801	48.008	35.439	-130.542	-23.800
05 Sjávarútvegsráðuneyti	26.638	93.949	15.792	43.589	12.029	24.500
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161.744	220.838	104.965	134.462	6.646	-7.923
07 Félagsmálaráðuneyti	103.401	258.628	66.946	89.527	69.259	22.397
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	498.999	620.333	268.518	89.072	13.019	199.768
09 Fjármálaráðuneyti	263.483	859.030	13.798	107.379	68.504	170.504
10 Samgönguráðuneyti	40.606	127.956	7.242	20.640	70.958	-9.504
11 Iðnaðarráðuneyti	47.801	79.273	12.739	25.986	20.928	1.500
12 Viðskiptaráðuneyti	10.572	5.575	8.922	4.595	-670	-
13 Hagstofa Íslands	7.811	11.824	-	10.524	1.300	-7.811
14 Umhverfisráðuneyti	56.232	55.535	50.809	22.972	371	26.769
Samtals	**2.288.743**	**3.730.230**	**943.579**	**823.442**	**478.495**	**715.218**

Nánari skýringar um einstök ráðuneyti, sbr. fylgiskjöl 1 og 2

00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur til æðstu stjórnar ríkisins voru 7,7 m.kr. lægri en fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 7,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 15,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 4,1 m.kr. vegna opinberra heimsókna komi ekki til lækkunar á fjárveitingum ársins 1997 þar sem forsetaskipti urðu á árinu. Hins vegar er fyrirhugað að fjárveitingar í gildandi fjárlögum skerðist sem nemur öðrum umframgjöldum með fyrri fjáraukalögum yfirstandandi árs, en þar er um að ræða 2,4 m.kr. rekstrarhalla hjá embætti forseta Íslands og 0,3 m.kr. hjá Alþingi.

Miðað er við að 5,1 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum falli niður á fjárlagalið ríkisstjórnarinnar og 0,9 m.kr. hjá Hæstarétti, en launakostnaður reyndist í báðum tilvikum vera lægri en áætlað var í fjárlögum. Af óhöfnum fjárveitingum sem gert er ráð fyrir að bætist við fjárveitingar í ár vega þyngst 8,2 m.kr. hjá Ríkisendurskoðun, sem er svipaður afgangur og undanfarin ár.

01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 43 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 47,8 m.kr.

Fyrirhugað er að fella niður 39,4 m.kr. af umframgjöldum ráðuneytisins vegna uppsafnaðs rekstrarhalla á embætti Húsameistara ríkisins sem lagt hefur verið niður. Ráðgert er að rekstrarafjárveitingar annarra liða í ár verði lækkaðar sem nemur umframgjöldum þeirra á liðnu ári, alls að fjárhæð 3,4 m.kr.

Miðað er við að 5,2 m.kr. óhafið tilfærsluframlag til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar falli niður þar sem hlutur Íslands í starfsemi Norðurlandaráðs varð lægri en áætlað var í fjárlögum. Sótt verður um framlög sem samsvara öðrum afgangsheimildum, samtals að fjárhæð 42,6 m.kr., í fyrri fjáraukalögum ársins 1997. Þyngst vegur 26,8 m.kr. afgangur á viðhaldsheimildum, sem að stærstum hluta er vegna endurnýjunar á Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg. Óhafið ráðstöfunarfé ráðuneytisins nam 5 m.kr. Þá námu afgangsheimildir til rekstrar alls 9,3 m.kr. Þar af renna 4,9 m.kr. til aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins og ýmissa verkefna hennar og 4,3 m.kr. til reksturs skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar.

02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 223,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 680,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 903,7 m.kr.

Fyrirhugað er að umframgjöld grunnskóla að fjárhæð 196,7 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum í ár þar sem hlutaðeigandi grunnskólaverkefni voru flutt til sveitarfélaga 1. ágúst 1996. Einnig er gert ráð fyrir að 6,4 m.kr. umframgjöld Safnahússins við Hverfisgötu falli niður þar sem rekstur hússins var fluttur undir forsætisráðuneytið í ársbyrjun 1997. Önnur umframgjöld námu alls 477,1 m.kr. og er fyrirhugað að þau komi til lækkunar á framlögum í fjárlögum 1997. Stærstur hluti þeirra er vegna rekstrarkostnaðar stofnana, eða samtals 312,6 m.kr. Þar af eru 188,1 m.kr. vegna framhaldsskóla, 70,1 m.kr. vegna háskóla og rannsókna og 63,4 m.kr. vegna safna og listastofnana. Af einstökum stofnunum voru greiðslur umfram rekstrarframlög mestar hjá Háskóla Íslands, 47,8 m.kr., en um helmingur fjárhæðarinnar skýrist með því að sértekjur Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands skila sér síðar en gert var ráð fyrir. Aðrir fjárlagaliðir með miklar greiðslur umfram rekstrarframlög voru almennur liður framhaldsskóla með 41,7 m.kr., einkum vegna sveinsprófa og óskipts liðar, Menntaskólinn við Hamrahlíð með 23 m.kr. og Tækniskóli Íslands með 16 m.kr. Umframgreiðslur í rekstri Kvikmyndasjóðs Íslands námu 41,8 m.kr. en á móti kemur 21,9 m.kr. afgangur á tilfærslulið. Ákveðið var að flýta framkvæmdum Kvikmyndasafns og leggja út fyrir kynningarkostnaði sem fæst endurgreiddur á yfirstandandi ári. Þá falla 56,2 m.kr. af umframgjöldum ráðuneytisins undir tilfærsluframlög en þar eru hæstu fjárhæðirnar 21,4 m.kr. vegna jöfnunar námskostnaðar og 12,7 m.kr. vegna ýmissa fræðistarfa. Loks eru umframgjöld vegna viðhalds og stofnkostnaðar að fjárhæð 99,3 m.kr., sem skýrast að mestu af viðhaldi framhaldsskóla, 61,7 m.kr., og tækjakaupum Iðnskólans í Reykjavík, 32,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar hjá grunnskólum að fjárhæð 98 m.kr. falli niður þar sem starfsemin hefur verið færð til sveitarfélaga. Fyrirhugað er að aðrar óhafnar fjárveitingar í árslok 1996, samtals að fjárhæð 805,7 m.kr., verði veittar að nýju í fjáraukalögum 1997. Tæplega helmingur afgangsheimildanna, eða 390,1 m.kr., fellur undir viðhald og stofnkostnað. Þar eru stærstu fjárhæðirnar 202 m.kr. vegna framhaldsskóla og 143,5 m.kr. vegna menningarstofnana. Afgangur á rekstrarheimildum nam 219,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 157,5 m.kr. vegna framhaldsskóla, en þar af eru 67,2 m.kr. á óskiptum lið skólanna vegna námskrárgerðar, sérkennslu, kennslueftirlits, flugvirkjanáms o.fl. Þá var 36,8 m.kr. afgangur á fjárlagaliðnum grunnskólar, óskipt, vegna verkefna sem verða áfram hjá ríkinu. Óhafin tilfærsluframlög námu 196,1 m.kr. Mest munar um 70,6 m.kr. sem ætlaðar voru til listasjóða, 30,5 m.kr. í styrki til listastarfsemi og 18,9 m.kr. til alþjóðlegra samskipta.

03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 223,3 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 72,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 295,7 m.kr.

Fyrirhugað er að umframgjöld í rekstri aðalskrifstofu að fjárhæð 37 m.kr. komi ekki til skerðingar á fjárveitingum í ár. Sama gildir um 12 m.kr. umframgreiðslur til alþjóðastofnana og friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna. Umframgjöld sem áformað er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða í ár nema alls 23,3 m.kr. Þar af eru 18,9 m.kr. rekstrargjöld, sem skiptast í 9,6 m.kr. hjá embætti Sýslumanns á Keflavíkurflugvelli og 9,3 m.kr. hjá sendiráðum og fastanefndum. Þá var stofnkostnaður hjá embætti Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli 3,4 m.kr. meiri en fjárheimildir.

Gert er ráð fyrir að 87 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum falli niður. Skýrist það af því að greiðslur til ýmissa alþjóðastofnana reyndust vera lægri en áætlað var í fjárlögum. Þar bera hæst 42,7 m.kr. afgangur á framlagi til Atlantshafsbandalagsins og 33,1 m.kr. til ýmissa friðargæsluverkefna Sameinuðu þjóðanna. Aðrar afgangsheimildir er fyrirhugað að bæta við fjárveitingar í gildandi fjárlögum og nema þær alls 208,6 m.kr. Þar er einkum um að ræða tilfærsluframlög, sem skiptast þannig að 61,3 m.kr. eiga að renna til aðstoðar á svæðum Palestínumanna í Ísrael, 42,2 m.kr. til aðstoðar við Bosníu-Herzegóvínu, 22,1 m.kr. til friðargæslu á Balkanskaga og 38,2 m.kr. til Þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Þá nam óhafin fjárveiting til framkvæmda við sendiráð 6,1 m.kr.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 133,7 m.kr. hærri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 268,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 134,8 m.kr.

Gert er ráð fyrir að öll umframgjöld ráðuneytisins á liðnu ári komi til lækkunar á fjárveitingum í fjárlögum 1997. Stærstur hluti þeirra, eða 163,3 m.kr., stafar af greiðslum vegna afsetningar birgða í sauðfjárframleiðslu. Þá varð halli á ýmsum rekstrarliðum ráðuneytisins sem alls nam 48 m.kr. Hæstu fjárhæðirnar voru 13,4 m.kr. hjá Skógrækt ríkisins, 10,6 m.kr. hjá Bændaskólanum á Hvanneyri og 8,2 m.kr. hjá embætti yfirdýralæknis. Loks voru umframgreiðslur vegna viðhalds- og stofnkostnaðar 43,5 m.kr. Þar af voru 25,3 m.kr. vegna framkvæmda hjá Bændaskólanum á Hólum, sem fékk leyfi til að flýta framkvæmdum þar sem veitt er framlag til þeirra í fjárlögum 1997, en 14,1 m.kr. af frávikinu voru vegna Garðyrkjuskóla ríkisins.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar í árslok 1996 sem nema 33,2 m.kr. falli niður. Þar er svo til eingöngu um að ræða afgang á samningsbundnum beinum greiðslum til bænda vegna mjólkurframleiðslu. Aðrar afgangsheimildir er ráðgert að veita að nýju í fjáraukalögum 1997 og nema þær 101,6 m.kr. Þar af eru 22,5 m.kr. tilfærsluframlag vegna niðurgreiðslu á ull og gærum, 21,6 m.kr. bótagreiðslur vegna riðuveiki, 12,7 m.kr. rekstrarafgangur hjá Garðyrkjuskóla ríkisins og 9 m.kr. óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar hjá Skógrækt ríkisins en önnur frávik eru lægri.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 67,3 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um 26,6 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar námu 93,9 m.kr.

Áformað er að 3,8 m.kr. umframgreiðslur vegna verktakasamninga til upplýsingaöflunar á vegum yfirstjórnar ráðuneytis falli niður. Önnur umframgjöld skerða framlög þessa árs sem nemur 22,8 m.kr. Eru þar helst umframgjöld í rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, 12,5 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 6,8 m.kr. af óhöfnum fjárveitingum falli niður, en þar er um að ræða afgang á framlögum til ýmissa nefnda á vegum ráðuneytisins. Aðrar afgangsheimildir sem fyrirhugað er að komi til viðbótar fjárveitingum gildandi fjárlaga nema alls 87,1 m.kr. og má þar nefna 19,8 m.kr. hjá Hafrannsóknastofnuninni og 20,8 m.kr. til ýmissa verkefna á vegum yfirstjórnar ráðuneytisins. Óhafnar tilfærslur sem færast til ársins 1997 nema 13,5 m.kr. og eru það aðallega framlög til ýmissa verkefna á vegum yfirstjórnar ráðuneytisins. Þá voru 30,1 m.kr. afgangs af viðhalds- og stofnkostnaðarheimildum ráðuneytisins, sem skiptast þannig að 12,4 m.kr. eru vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, 9,5 vegna ýmissa verkefna á vegum yfirstjórnar ráðuneytisins og 5,1 m.kr. vegna Hafrannsóknastofnunarinnar.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 59,1 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir 161,7 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 220,8 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 25 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1997. Þau skýrast nær öll af ófyrirséðum kostnaði í tengslum við lög um aukatekjur ríkissjóðs sem er færður á lið fyrir ýmsan rekstrarkostnað sýslumanna. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða í ár nema 136,8 m.kr. og eru að mestu vegna rekstrarhalla stofnana. Hæstu fjárhæðirnar eru 19,1 m.kr. hjá sýslumanninum á Akranesi, en rekstur embættisins hefur um árabil verið umfram fjárlög, 13,5 m.kr. hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem má að mestu að rekja til aukinna launagjalda. Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta er 11,9 m.kr. umfram fjárheimild en það má m.a. rekja til aukinnar vegabréfaútgáfu eftir að ákveðið var að börn ættu að hafa eigin vegabréf í stað þess að vera skráð í bréf foreldra sinna. Þá voru umframgjöld nokkurra sýslumannsembætta meiri en 5 m.kr. og 13,4 m.kr. á lið fyrir yfirstjórn biskupsstofu. Loks varð viðhald og stofnkostnaður ráðuneytisins 30,5 m.kr. umfram heimildir. Þar af voru 20,1 m.kr. vegna smíði upplýsingakerfa sýslumanna.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli 55,8 m.kr. niður og bætist ekki við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Skýrist það einkum af lögbundnum útgjaldaliðum, s.s. bótum brotaþola, 28,9 m.kr., málskostnaði í opinberum málum 16,2 m.kr., opinberri réttaraðstoð 6,7 m.kr. og kostnaði vegna meðdómsmanna 4,1 m.kr., en greiðslur af þessum fjárlagaliðum urðu lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir að fjárhæð 165 m.kr. verði veittar að nýju með fjáraukalögum ársins 1997. Af þeirri fjárhæð eru 134,5 m.kr. vegna rekstrarheimilda. Þar bera hæst 22,6 m.kr. á lið fyrir ýmis verkefni á vegum ráðuneytisins, einkum vegna örorkumatsnefndar þar sem tekjur til nefndarinnar skila sér áður en til útgjalda kemur. Þá var 13,2 m.kr. afgangur hjá sýslumanninum í Hafnarfirði, en ekki var ráðið í allar lausar stöður hjá embættinu á síðasta ári, 12,2 m.kr. hjá Umferðarráði þar sem tekjur ráðsins urðu hærri en áætlað var í fjárlögum, aðallega vegna einkanúmera, 9 m.kr. hjá Stjórnartíðindum vegna hærri tekna en áætlað var, 9,2 m.kr. hjá lagasafni en tekjur og gjöld falla ekki alltaf til innan sama árs, 7,9 m.kr. vegna ofmats á launa- og rekstrarkostnaði presta. Auk þess varð afgangur á rekstrarheimildum nokkurra sýslumannsembætta. Óhafin tilfærsluframlög voru 8 m.kr. og eru nær öll vegna greiðslna til Neyðarsímsvörunar sem falla ekki til fyrr en á

þessu ári. Loks varð 22,5 m.kr. afgangur á stofnkostnaðarheimildum ráðuneytisins en þar vega þyngst 10 m.kr. hjá Landhelgisgæslu Íslands.

07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 155,2 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 103,4 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 258,6 m.kr.

Miðað er við að öll umframgjöldin komi til skerðingar á fjárveitingum í gildandi fjárlögum utan 25,5 m.kr. hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, sem skýrast af því að vegna lækkunar atvinnuleysis varð ekki af kaupum ríkissjóðs á verðbréfum frá sjóðnum eins og ráðgert hafði verið. Umframgjöldin stafa einkum af halla á ýmsum rekstrarliðum, en þar eru hæstu fjárhæðirnar 23,4 m.kr. hjá Vinnueftirliti ríkisins, 13,8 m.kr. hjá málefnum fatlaðra í Reykjavík, 11,7 m.kr. hjá Styrktarfélagi vangefinna og 8,3 m.kr. hjá málefnum fatlaðra á Suðurlandi. Stofnkostnaður umfram heimildir nam 10,1 m.kr. og skiptist á nokkra liði.

Gert er ráð fyrir að 66,5 m.kr. af óhöfnum fjárheimildum falli niður. Þar er um að ræða afgang á lögbundnum útgjöldum Ábyrgðasjóðs launa. Sótt verður um framlög sem samsvara öðrum afgangsheimildum, samtals að fjárhæð 192,1 m.kr., í frumvarpi til fyrri fjáraukalaga ársins 1997. Óhafnar heimildir í rekstri námu 89,5 m.kr. Hæsta fjárhæðin er 49,4 m.kr. afgangur hjá Brunamálastofnun ríkisins, sem safnast hefur upp undanfarin ár þar sem umfang starfseminnar hefur verið nokkru minna en markaðar tekjur stofnunarinnar. Þá var óhafin rekstrarheimild aðalskrifstofu ráðuneytisins 11,7 m.kr. Afgangur á tilfærsluframlögum nam 70,1 m.kr. og þar vega tveir liðir þyngst. Í fyrsta lagi eru 47,9 m.kr. á liðnum Vinnumál og eru 15,6 m.kr. undir lið fyrir framlag til atvinnumála kvenna, 17,3 m.kr. á lið fyrir starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit en 12,8 m.kr. undir lið fyrir ýmis verkefni. Í öðru lagi eru 20,5 m.kr. á liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi, en fjárhæðin skiptist á nokkur smærri verkefni sem frestast til þessa árs. Loks nam óhafin stofnkostnaðarheimild Framkvæmdasjóðs fatlaðra 32,5 m.kr.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 121,3 m.kr. lægri en fjárheimildir. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 499 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 620,3 m.kr.

Miðað er við að umframgjöld lögbundinna tilfærsluliða sjúkratrygginga að fjárhæð 112 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Fyrirhugað er að framlög annarra fjárlagaliða, samtals að fjárhæð 386,9 m.kr., lækki í fjáraukalögum 1997 sem nemur umframgjöldum þeirra. Þar af eru 268,5 m.kr. á rekstrarliðum, 20,5 m.kr. á tilfærsluliðum og 98 m.kr. á viðhaldi og stofnkostnaði. Af umframgjöldum í rekstri sem fyrirhugað er að dragist frá fjárveitingum yfirstandandi árs eru 152,7 m.kr. hjá Ríkisspítölum, 25,8 m.kr. á liðnum Heilsugæslustöðvar almennt, 15,4 m.kr. hjá Tryggingastofnun ríkisins, 11,7 m.kr. hjá Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík, 10,3 m.kr. hjá Heilsugæslustöðinni í Hafnarfirði og 10,1 m.kr. hjá Landlæknisembættinu. Umframgjöld í rekstri annarra stofnana eru undir 10 m.kr. og eru að stórum hluta hjá heilsugæslustöðvum. Á tilfærsluliðum eru hæstu umframgreiðslurnar 12,5 m.kr. hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Viðhald og stofnkostnaður umfram heimildir skýrist að mestu af 79,8 m.kr. vegna viðhalds hjá Ríkisspítölum, auk 10,3 m.kr. stofnkostnaðar á liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi.

Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar til lífeyristrygginga í árslok 1996, samtals 200 m.kr., falli niður og komi ekki til viðbótar fjárveitingum gildandi fjárlaga en að aðrar óhafnar fjárveitingar, samtals 420,2 m.kr., verði veittar að nýju í fjáraukalögum ársins 1997. Afgangsheimildir í rekstri voru 89 m.kr. Þar af voru 53,3 m.kr. á lið fyrir sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Óhafnar tilfærslur námu 33,5 m.kr. og skýrast að mestu af 13,3 m.kr. á liðnum Áfengisvarnir og bindindismál og 10,5 m.kr. á liðnum Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofnkostnaðar námu 297,7 m.kr. Þyngst vega 220,1 m.kr. hjá Ríkisspítölum, þá eru 54,2 m.kr. vegna frestunar á framkvæmdum sjúkrastofnana og 14,6 m.kr. vegna tækja og búnaðar á heilsugæslustöðvum. Óhafnar fjárveitingar til viðhalds heilsugæslustöðva og starfsmannabústaða nema 8,8 m.kr.

09 Fjármálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 595,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimildir vegna umframgjalda að fjárhæð 263,5 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 859 m.kr.

Gert er ráð fyrir að 240,5 m.kr. af umframgjöldum ráðuneytisins falli niður og verði ekki dregin frá fjárveitingum yfirstandandi árs. Mest munar þar um 121,2 frávik á tilfærslum á liðnum launa- og verðlagsmál, sem skýrist af rangri færslu í fjárheimildabókhaldi en á móti stendur jafn há rekstrarheimild. Þá stafa 82,6 m.kr. af greiðslum umfram framlög af ýmsum lögboðnum útgjöldum sem færast á lið fyrir ýmis verkefni ráðuneytisins, en þar er einkum um að ræða dómkröfur og tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum. Loks er gert ráð fyrir að fella niður 34,1 m.kr. frávik á stofnkostnaði samkvæmt heimildarákvæðum fjárlaga. Fyrirhugað er að önnur umframgjöld sem samtals nema 23 m.kr. verði dregin frá fjárveitingum í fjárlögum yfirstandandi árs.

Áformað er að óhafnar fjárveitingar falli að stærstum hluta niður, eða sem nemur 503,5 m.kr., og verði ekki veittar að nýju með fjáraukalögum þessa árs. Þar er einkum um að ræða ýmsa lögboðna og bundna útgjaldaliði og eru hæstu fjárhæðirnar 159,7 m.kr. til greiðslu ríkisábyrgða og tjónabóta, 68,1 m.kr. til greiðslu vaxta af skuldum ríkissjóðs, 53,1 m.kr. til reksturs undir liðnum útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum, 28,5 m.kr. í uppbótum á lífeyri, 30,0 m.kr. til stofnkostnaðar á liðnum launa- og verðlagsmál og 35,5 m.kr. á lið fyrir ýmis verkefni ráðuneytisins, en þar af eru 22,9 m.kr. afgangur á heimild fyrir lífeyrisgreiðslum til bænda. Óhafin framlög sem gert er ráð fyrir að verði veitt að nýju á þessu ári nema alls 355,6 m.kr. Óhafin rekstrarframlög nema 107,4 m.kr. og eru stærstu fjárhæðirnar 38 m.kr. vegna afgangs í rekstri fjármálatölvukerfa ríkisins og 31,1 m.kr. vegna ýmissa verkefna í skattamálum þar sem greiðslur falla til síðar, t.d. vegna álagningar fjármagnstekjuskatts. Afgangur á tilfærsluframlögum nemur 68,5 m.kr. og er vegna ýmissa verkefna á vegum ráðuneytisins, m.a. vegna aðstoðar á snjóflóðasvæðum. Óhafnar heimildir til viðhalds- og stofnkostnaðar nema 170,5 m.kr. Þar á meðal eru tveir liðir stærstir, 64,8 m.kr. til ýmissa fasteigna ríkissjóðs og 71,7 m.kr. til nokkurra hugbúnaðarverkefna, en í báðum tilvikum seinkar framvæmdum frá því sem áætlað var við setningu fjárlaga.

10 Samgönguráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 87,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 40,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 127,9 m.kr.

Miðað er við að umframgjöld að fjárhæð 20 m.kr. vegna breytinga á húsnæði ráðuneytisins komi ekki til skerðingar á fjárveitingum yfirstandandi árs. Fjárveitingar annarra liða verða lækkaðar sem nemur umframgjöldum þeirra, en þar munar mest um 5,5 m.kr. frávik á rekstrarheimildum og 9,5 m.kr. á stofnkostnaðarheimildum á lið fyrir ýmis verkefni ráðuneytisins.

Gert er ráð fyrir að 32,4 m.kr. afgangur á fjárlagalið Vegagerðarinnar falli niður og bætist ekki við gildandi fjárveitingar, en þar er um að ræða frávik sem stafar af tilhögun bókhaldsuppgjörs við síðustu áramót. Fyrirhugað er að aðrar afgangsheimildir ráðuneytisins í lok ársins 1996, samtals 95,5 m.kr., verði veittar að nýju í fjáraukalögum 1997. Þær afgangsheimildir skýrast einkum af óhöfnum rekstrar- og tilfærsluframlögum til ýmissa verkefna, eða sem nemur 74,8 m.kr. Þar vegur þyngst 29,2 m.kr. afgangur á framlagi vegna verkefnis um sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa, 15,5 m.kr. vegna ferðaátaks erlendis og 15,2 m.kr. vegna heilsárshótela á landsbyggðinni.

11 Iðnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 31,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 47,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 79,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgreiðslur að fjárhæð 9,2 m.kr. vegna reksturs Iðntæknistofnunar verði ekki dregnar frá fjárveitingum samkvæmt fjárlögum þessa árs. Einnig er ráðgert að fella niður 4,3 m.kr. frávik á niðurgreiðslum á rafhitun. Fjárveitingar annarra liða verða lækkaðar sem nemur umframgjöldum þeirra, samtals 33,7 m.kr. Stærsti liðurinn þar á meðal eru 17,7 m.kr. útgjöld vegna átaks til atvinnusköpunar sem ekki hefur verið veitt framlag til í fjárlögum.

Miðað er við að 9,3 m.kr. afgangur á stofnkostnaðarheimild Iðntæknistofnunar falli niður en að aðrar afgangsheimildir ráðuneytisins, samtals 69,4 m.kr., komi til viðbótar fjárveitingum á yfirstandandi ári. Þar er um að ræða ýmis rekstrar- og tilfærsluframlög til verkefna í iðnaðar- og orkumálum sem dregist hefur að komi til framkvæmda eða til greiðslu. Hæsta fjárhæðin er 10,7 m.kr. rekstrarheimild hjá Einkaleyfastofu, en einnig eru þar á meðal 9,4 m.kr. framlag til smáiðnaðar í dreifbýli, 6,9 m.kr. til tækniþróunar í sjávarútvegi og 7,4 m.kr. til markaðsátaks fyrir skipaiðnað, auk nokkurra annarra minni heimilda.

12 Viðskiptaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 4,3 m.kr. hærri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 10,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 5,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir að öll umframgjöld ráðuneytisins komi til lækkunar á fjárveitingum gildandi fjárlaga í fyrri fjáraukalögum þessa árs, en þar er einkum um að ræða 4,5 m.kr. hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og 4,4 m.kr. á lið fyrir ýmis viðskipta- og bankamál.

Einnig er áformað að veita að nýju framlög sem samsvara öllum afgangsheimildum ráðuneytisins. Þar vegur þyngst 3,4 m.kr. rekstrarafgangur Samkepnnisstofnunar.

13 Hagstofa Íslands

Greiðslur Hagstofunnar voru 4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Óskað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 7,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 11,8 m.kr.

Fyrirhugað er að fjárveitingar Hagstofunnar á þessu ári verði lækkaðar sem nemur 7,8 m.kr. umframgreiðslum í stofnkostnaði en jafnframt hækkaðar sem nemur 10,5 m.kr. afgangi á rekstrarheimild og 1,3 m.kr. afgangi á tilfærsluheimild.

14 Umhverfisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 0,7 m.kr. hærri en fjárveitingar. Sótt er um 56,2 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 55,5 m.kr.

Fyrirhugað er að með fjáraukalögum ársins 1997 verði fjárveitingar ráðuneytisins í gildandi fjárlögum skertar sem nemur öllum umframgjöldum. Þar er hæsta fjárhæðin 14,2 m.kr. frávik á lið fyrir ýmis verkefni á vegum ráðuneytisins, sem er að hluta að rekja til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum og greiðslna til rekstrar skrifstofu CAFF. Rekstrarhalli Hollustuverndar ríkisins nam 12,3 m.kr. Þá námu umframgjöld aðalskrifstofu 7,3 m.kr. og skýrast að mestu af auknum ferðakostnaði og auknum kostnaði vegna fulltrúa ráðuneytisins í Brussel en áætlað var fyrir í fjárlögum. Frávik hjá Náttúruverndarráði ríkisins varð 5,2 m.kr, sem rekja má til minni sértekna af þjóðgörðum en áætlað var en einnig var stofnunin lögð niður um áramót og því bókaður allur áfallinn kostnaður. Hjá Skipulagsstjóra ríkisins voru greiðslur umfram heimildir 3,9 m.kr. og 7 m.kr. hjá Náttúrufræðistofnun Íslands en þar er hluti að rekja til minni sértekna en gert var ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir að í fjáraukalögum ársins 1997 verði jafnframt veittar að nýju allar óhafnar fjárveitingar ársins 1996. Þar vegur þyngst 25,1 m.kr. afgangur á framlagi til fráveituframkvæmda hjá sveitarfélögum. Einnig er 11 m.kr. afgangur á ýmsum verkefnum og er það aðallega vegna umhverfisvöktunar en fjárveitingin var ekki fullnýtt þar sem greiðslur vegna verkefna á síðasta ári verða ekki greidd fyrr en á þessu ári. Þá eru 6,8 m.kr. vegna Veiðistjóra en þar er um að ræða veiðikortasjóð. Í sjóðinn renna tekjur af veiðikortum sem er ráðstafað til rannsókna árið á eftir. Að lokum er 5,4 m.kr. afgangur á fjárlagalið náttúrustofa og stafar af því að stofnsetning og rekstur náttúrustofa í Vestmannaeyjum og á Neskaupstað fóru hægar af stað en gert var ráð fyrir.

B-hluti

Samkvæmt bráðabirgðatölum um fjárstreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs árið 1996 voru tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða um 254 m.kr. lægri en ætlað var í fjárlögum að viðbættum lögum nr. 165/1996. Þá voru skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð um 312 m.kr. hærri en fjárlög. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðslustreymi milli A-og B-hluta ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum og lögum nr. 165/1996 svo og greiðsluuppgjöri 1996.

Greiðslustreymi milli A- og B-hluta ríkissjóðs 1996.

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 m.kr.	Lög nr. 165 1996 m.kr.	Greiðslur 1996 m.kr.	Mismunur m.kr.
Tilfærslur úr A-hluta til B-hluta fyrirtækja og sjóða .	6.393	77	6.216	-254
Skil B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð	3.904	-	4.216	312

Sjö fyrirtækjum í B-hluta ríkissjóðs var ætlað að skila hagnaði af starfsemi sinni í ríkissjóð. Frávik á greiðsluskilum þeirra til A-hluta frá áætlun koma fram í eftirfarandi yfirliti. ÁTVR skilaði um 430 m.kr. af hagnaði ársins 1995 í febrúarmánuði 1996 og skýrir það megin frávikið. Á móti vegur 108 m.kr. lægri skil Fríhafnarinnar.

Greiðslur B-hluta fyrirtækja í ríkissjóð 1996

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 m.kr.	Lög nr. 165 1996 m.kr.	Greiðslur 1996 m.kr.	Mismunur m.kr.
22 201 Happdrætti Háskóla Íslands	78	-	60	-18
23 101 Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	610	-	502	-108
23 121 Umsýslustofnun varnarmála	21	-	21	0
29 101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	2.235	-	2.673	438
30 101 Póst- og símamálastofnunin	735	-	735	-
30 110 Póst- og símamálastofnunin, samkeppnisrekstur	125	-	125	
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	100	-	100	-
Samtals	**3.904**	-	**4.216**	**312**

Frávik milli fjárlaga að viðbættum lögum nr. 165/1996 og endanlegs greiðsluuppgjörs, hvað varðar tilfærslur frá A-hluta ríkissjóðs til einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta, urðu eins og sýnt er í töflunni á næstu síðu.

Eins og fram kemur í yfirlitinu urðu frávik mest vegna þess að ekki reyndist þörf á greiðslum vegna ríkisábyrgða hjá Lánasýslu ríkisins, að fjárhæð 209 m.kr. Þá urðu greiðslur til Ábyrgðasjóðs launa um 53 m.kr. innan áætlunar. Önnur frávik eru mun minni.

Tilfærslur til B-hluta fyrirtækja og sjóða 1996

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1996 þús. kr.	Lög nr. 165 1996 þús. kr.	Greiðslur 1996 þús. kr.	Mismunur þús. kr.
Menntamálaráðuneyti				
22 236 Vísindasjóður	15.000	-564	14.738	-302
22 237 Tæknisjóður	200.000	12.882	213.102	-220
22 238 Bygginga- og tækjasjóður	78.000	-	78.000	-
22 239 Rannsóknarnámssjóður	20.000	147	-	20.147
22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.450.000	504	1.452.010	-1.506
22 973 Þjóðleikhúsið	308.000	-13.230	295.057	-287
22 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	116.000	-45	115.985	-30
Samtals	**2.187.000**	**-306**	**2.168.892**	**17.802**
Landbúnaðarráðuneyti				
24 831 Jarðeignir ríkisins og Jarðasjóður	30.500	-	30.504	-4
24 841 Laxeldisstöðin Kollafirði	11.200	2.000	13.200	-
Samtals	**41.700**	**2.000**	**43.704**	**-4**
Sjávarútvegsráðuneyti				
25 272 Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging	21.000	-	21.000	-
Samtals	**21.000**	**-**	**21.000**	-
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
26 731 Kristnisjóður	27.300	2.287	29.500	87
Samtals	**27.300**	**2.287**	**29.500**	**87**
Félagsmálaráðuneyti				
27 272 Byggingarsjóður verkamanna	400.000	73.488	473.601	-113
27 972 Bjargráðasjóður	30.000	-	30.000	-
27 982 Ábyrgðarsjóður launa	200.000	-	147.272	52.728
27 984 Atvinnuleysistryggingasjóður	3.040.000	-	3.065.556	-25.556
Samtals	**3.670.000**	**73.488**	**3.716.429**	**27.059**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
28 378 Læknishéraðasjóður	2.500	173	1.244	1.429
Samtals	**2.500**	**173**	**1.244**	**1.429**
Fjármálaráðuneyti				
29 402 Fasteignamat ríkisins	43.500	-262	45.343	-2.105
29 271 Lánasýsla ríkisins, vegna ríkisábyrgðasjóðs	225.000	-	16.324	208.676
29 931 Arnarhvoll	15.000	-	14.032	968
Samtals	**283.500**	**-262**	**75.699**	**207.539**
Samgönguráðuneyti				
30 213 Vegagerðin, birgðamiðstöð og fasteignir	14.000	-	14.000	-
30 333 Hafnabótasjóður	18.000	-	18.000	-
Samtals	**32.000**	**-**	**32.000**	-
Iðnaðarráðuneyti				
31 321 Rafmagnsveitur ríkisins	100.000	-	100.000	-
31 371 Orkusjóður	28.000	-	27.500	500
Samtals	**128.000**	**-**	**127.500**	500
Tilfærslur til B-hluta alls	**6.393.000**	**77.380**	**6.215.968**	**254.412**

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**								
101	Embætti forseta Íslands	-2.376	-2.376				-2.376		
201	Alþingi	-315	-315				-315		
211	Lýðveldissjóður	-1							-1
301	Ríkisstjórn	5.110						5.110	
401	Hæstiréttur	855						855	
520	Opinberar heimsóknir	-4.087							-4.087
610	Umboðsmaður Alþingis	382	382				382		
620	Ríkisendurskoðun	8.161	8.974			-813	8.161		
	Samtals æðsta stjórn ríkisins	**7.729**	**6.665**			**-813**	**5.852**	**5.965**	**-4.088**
01	**Forsætisráðuneyti**								
101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	25.081	2.638		22.443		25.081		
190	Ymis verkefni	5.605	1.192	1.526	2.887		5.605		
199	Ráðstöfunarfé	5.000		5.000			5.000		
231	Norræna ráðherranefndin	9.548	4.342				4.342	5.206	
241	Umboðsmaður barna	-572	-572				-572		
901	Húsameistari ríkisins	-39.383							-39.383
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	-234	-995		1.479	-718	-234		
	Samtals forsætisráðuneyti	**5.045**	**6.605**	**6.526**	**26.809**	**-718**	**39.222**	**5.206**	**-39.383**
02	**Menntamálaráðuneyti**								
101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.271	3.271				3.271		
199	Ráðstöfunarfé	5.225		5.225			5.225		
201	Háskóli Íslands	-47.770	-47.770				-47.770		
203	Raunvísindastofnun Háskólans	-5.657	-5.657				-5.657		
204	Stofnun Sigurðar Nordals	543	543				543		
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	1.891	1.891				1.891		
206	Orðabók Háskólans	1.043	1.043				1.043		
207	Íslensk málstöð	412	412				412		
208	Örnefnastofnun	24	24				24		
210	Háskólinn á Akureyri	651	651				651		
211	Tækniskóli Íslands	-15.955	-15.955				-15.955		
221	Kennaraháskóli Íslands	6.486	5.186	1.300			6.486		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
223	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	-571	-571				-571		
231	Rannsóknarráð Islands	-182	-182				-182		
236	Vísindasjóður	-302				-302	-302		
237	Tæknisjóður	-220				-220	-220		
269	Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður	16.880			14.136	2.744	16.880		
299	Háskóla- og rannsóknastarfsemi	9.536		9.536			9.536		
301	Menntaskólinn í Reykjavík	411	411				411		
302	Menntaskólinn á Akureyri	-9.600	-9.600				-9.600		
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	-10.759	-10.759				-10.759		
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	-23.019	-23.019				-23.019		
305	Menntaskólinn við Sund	-5.022	-5.022				-5.022		
306	Framhaldsskóli Vestfjarða	1						1	
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	-4.495	-4.495				-4.495		
308	Menntaskólinn í Kópavogi	-10.263	-10.263				-10.263		
309	Kvennaskólinn í Reykjavík	-2.211	-2.211				-2.211		
318	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	130.027	-10.351		-61.732	202.110	130.027		
319	Framhaldsskólar, almennt	39.963	25.416	14.547			39.963		
350	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1.274	1.274				1.274		
351	Fjölbrautaskólinn Ármúla	-3.762	-3.762				-3.762		
352	Flensborgarskóli	-10.621	-10.621				-10.621		
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1.681	1.681				1.681		
354	Fjölbrautaskóli Vesturlands	256	256				256		
355	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	2.313	2.313				2.313		
356	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	-1.594	-1.594				-1.594		
357	Fjölbrautaskóli Suðurlands	3.552	3.552				3.552		
358	Verkmenntaskóli Austurlands	394	394				394		
359	Verkmenntaskólinn á Akureyri	-11.407	-11.407				-11.407		
360	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	-4.082	-4.082				-4.082		
361	Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	3.734	3.734				3.734		
362	Framhaldsskólinn á Húsavík	1.740	1.740				1.740		
363	Framhaldsskólinn á Laugum	-1.088	-1.088				-1.088		
365	Borgarholtsskóli	-6.493	-6.493				-6.493		
430	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	-1.763	-5.363	3.600			-1.763		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
440	Fullorðinsfræðsla	2.950		2.950			2.950		
441	Fullorðinsfræðsla fatlaðra	6.973	6.973				6.973		
506	Vélskóli Islands	-1.885	-1.885				-1.885		
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	-4.839	-4.839				-4.839		
514	Iðnskólinn í Reykjavík	18.147	50.447			-32.300	18.147		
516	Iðnskólinn í Hafnarfirði	3.242	3.242				3.242		
517	Hótel- og veitingaskóli Islands	-1.075	-1.075				-1.075		
523	Fósturskóli Islands	-3.710	-3.710				-3.710		
524	Þroskaþjálfaskóli Islands	8.766	8.766				8.766		
531	Iþróttakennaraskóli Islands	775	775				775		
541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	1.681	1.681				1.681		
551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	-2.313	-2.313				-2.313		
561	Myndlista- og handíðaskóli Islands	875	875				875		
562	Leiklistarskóli Islands	-2.688	-2.688				-2.688		
563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	184	184				184		
564	Listdansskólinn	-8.842	-8.842				-8.842		
571	Sjómannaskólahúsið	-849	-849				-849		
606	Héraðsskólinn Skógum	2.067	2.067				2.067		
700	Grunnskólar, Reykjavík	-6.613							-6.613
701	Grunnskólar, Reykjanesi	-146.488							-146.488
703	Grunnskólar, Vesturlandi	-11.651							-11.651
704	Grunnskólar, Vestfjörðum	1.342						1.342	
705	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.916						2.916	
706	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	-24.410							-24.410
707	Grunnskólar, Austurlandi	-7.251							-7.251
708	Grunnskólar, Suðurlandi	2.334						2.334	
718	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-273							-273
720	Grunnskólar, almennt	127.274	36.781	1.070		4.199	42.050	85.224	
725	Námsgagnastofnun	296	296				296		
730	Skólabúðir að Reykjum	-42							-42
750	Skólar fyrir fatlaða	2.761	7.121	400	-4.172	-588	2.761		
754	Safamýrarskóli	4						4	
758	Hvammshlíðarskóli	5.726						5.726	

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
798	Einholtsskóli	463						463	
804	Kvikmyndaskoðun	340	340				340		
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	-1.506		-1.506			-1.506		
884	Jöfnun á námskostnaði	-21.400		-21.400			-21.400		
902	Þjóðminjasafn Islands	6.770	4.387	2.383			6.770		
903	Þjóðskjalasafn Islands	-9.229	-8.829	-400			-9.229		
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	-6.385							-6.385
905	Landsbókasafn Islands - Háskólabókasafn	-1.399	-2.606			1.207	-1.399		
906	Listasafn Einars Jónssonar	-614	-614				-614		
907	Listasafn Islands	-159	-7.701			7.542	-159		
909	Blindrabókasafn Islands	-630	-630				-630		
919	Söfn, ýmis framlög	939		939			939		
969	Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður	143.521			21.255	122.266	143.521		
972	Islenski dansflokkurinn	-1.168	-1.168				-1.168		
973	Þjóðleikhús	-287		-287			-287		
974	Sinfóniuhljómsveit Islands	-30							-30
976	Menningarsjóður	-9.080		-9.080			-9.080		
978	Listasjóðir	70.554		70.554			70.554		
979	Húsafriðunarsjóður	14.249				14.249	14.249		
980	Listskreytingasjóður	400				400	400		
981	Kvikmyndasjóður	-19.924	-41.824	21.900			-19.924		
982	Listir, framlög	30.503		30.503			30.503		
983	Ymis fræðistörf	-8.639		-8.639			-8.639		
984	Norræn samvinna	616		616			616		
985	Alþjóðleg samskipti	18.944		18.944			18.944		
988	Æskulýðsmál	739		739			739		
989	Ymis íþróttamál	4.534		4.534			4.534		
999	Ymislegt	-8.531		-8.531			-8.531		
	Samtals menntamálaráðuneyti	**223.447**	**-102.111**	**139.897**	**-30.513**	**321.307**	**328.580**	**98.010**	**-203.143**
03	**Utanríkisráðuneyti**								
101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-36.959							-36.959
190	Ymis verkefni	6.020		6.020			6.020		
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	-12.962	-9.562			-3.400	-12.962		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
301	Sendiráð Islands í Bonn	-617	-617				-617		
303	Sendiráð Islands í London	-436	-436				-436		
304	Sendiráð Islands í Moskvu	-527	-527				-527		
305	Sendiráð Islands í Osló	-308	-308				-308		
306	Sendiráð Islands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	-2.602	-2.602				-2.602		
307	Sendiráð Islands í Stokkhólmi	-867	-867				-867		
308	Sendiráð Islands í Washington	-2.003	-2.003				-2.003		
309	Fastanefnd Islands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Islands í New York	-948	-948				-948		
310	Sendiráð Islands í Brussel og hjá Evrópusambandinu	161	161				161		
311	Fastanefnd Islands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1.022	1.022				1.022		
312	Fastanefnd Islands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	-1.055	-1.055				-1.055		
320	Sendiráð, almennt	6.146				6.146	6.146		
390	Þróunarsamvinnustofnun Islands	-1.021		-1.021			-1.021		
391	Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi	165.086		160.607			160.607	4.479	
401	Alþjóðastofnanir	105.180		34.664			34.664	82.554	-12.038
	Samtals utanríkisráðuneyti	**223.310**	**-17.742**	**200.270**		**2.746**	**185.274**	**87.033**	**-48.997**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**								
101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-3.924	-4.924	1.000			-3.924		
190	Ymis verkefni	679	-648	1.327			679		
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	-1.355	-1.355				-1.355		
221	Veiðimálastofnun	-4.537	-4.537				-4.537		
233	Yfirdýralæknir	-7.378	-8.178			800	-7.378		
236	Aðfangaeftirlit ríkisins	89	89				89		
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	-2.095	-10.595		5.600	2.900	-2.095		
271	Bændaskólinn á Hólum	-19.486	5.814		-15.600	-9.700	-19.486		
283	Garðyrkjuskóli ríkisins	-1.416	12.684			-14.100	-1.416		
293	Hagþjónusta landbúnaðarins	-105	-105				-105		
311	Landgræðsla ríkisins	2.009	4.709		1.400	-4.100	2.009		
321	Skógrækt ríkisins	-4.423	-13.423		5.900	3.100	-4.423		
331	Héraðsskógar	-4.000	7.900	-11.900			-4.000		
801	Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu	33.195						33.195	
805	Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu	-142.555		-142.555			-142.555		
831	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	-4							-4

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
841	Fiskeldisrannsóknir	22						22	
851	Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar	21.586		21.586			21.586		
	Samtals landbúnaðarráðuneyt	**-133.698**	**-12.569**	**-130.542**	**-2.700**	**-21.100**	**-166.911**	**33.217**	**-4**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**								
101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	-802	-802				-802		
190	Ymis verkefni	38.810	18.218	9.266		9.500	36.984	5.626	-3.800
199	Ráðstöfunarfé	1.600		1.600			1.600		
201	Fiskifélag Islands	1.163		1.163			1.163		
202	Hafrannsóknastofnun	24.984	19.884		-3.100	8.200	24.984		
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	-50	-12.450			12.400	-50		
204	Fiskistofa	447	2.947			-2.500	447		
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.179						1.179	
901	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-20							-20
	Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**67.311**	**27.797**	**12.029**	**-3.100**	**27.600**	**64.326**	**6.805**	**-3.820**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**								
101	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	-811	-811				-811		
102	Stjórnartíðindi	9.006	9.006				9.006		
103	Lagasafn	9.207	9.207				9.207		
111	Kosningar	-5							-5
190	Ymis verkefni	18.470	18.576	-106			18.470		
201	Hæstiréttur	-380	-380				-380		
211	Héraðsdómur Reykjavíkur	3.160	3.160				3.160		
212	Héraðsdómur Vesturlands	496	496				496		
213	Héraðsdómur Vestfjarða	119	119				119		
214	Héraðsdómur Norðurlands vestra	1.919	1.919				1.919		
215	Héraðsdómur Norðurlands eystra	4.219	4.219				4.219		
216	Héraðsdómur Austurlands	-697	-697				-697		
217	Héraðsdómur Suðurlands	5.279	5.279				5.279		
218	Héraðsdómur Reykjaness	9.722	9.722				9.722		
231	Málskostnaður í opinberum málum	16.157						16.157	
232	Opinber réttaraðstoð	6.675						6.675	
235	Bætur brotaþola	28.927						28.927	

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
290	Dómsmál, ýmis kostnaður	3.983	-37				-37	4.083	-63
291	Húsnæði og búnaður dómstóla	-1.864				-1.864	-1.864		
301	Ríkissaksóknari	-2.020	-2.020				-2.020		
302	Rannsóknarlögregla ríkisins	-10.041	-13.541			3.500	-10.041		
305	Lögregluskóli ríkisins	3.513	3.513				3.513		
311	Lögreglustjórinn í Reykjavík	-2.927	-6.927			4.000	-2.927		
321	Almannavarnir ríkisins	1.063	1.063				1.063		
325	Neyðarsímsvörun	7.015		7.015			7.015		
331	Umferðarráð	12.175	12.175				12.175		
341	Afengis- og fíkniefnamál	-193	-193				-193		
390	Ýmis löggæslukostnaður	-4.199	-920			-3.279	-4.199		
391	Húsnæði löggæslustofnana	-1.269			-1.269		-1.269		
395	Landhelgisgæsla Íslands	11.544	1.544			10.000	11.544		
397	Schengen samstarf	-350		-350			-350		
411	Sýslumaðurinn í Reykjavík	2.471	2.471				2.471		
412	Sýslumaðurinn á Akranesi	-19.077	-19.077				-19.077		
413	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	-398	-398				-398		
414	Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	1.250	1.250				1.250		
415	Sýslumaðurinn í Búðardal	478	478				478		
416	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	-3.270	-3.270				-3.270		
417	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	-1.012	-1.012				-1.012		
418	Sýslumaðurinn á Ísafirði	576	576				576		
419	Sýslumaðurinn á Hólmavík	222	222				222		
420	Sýslumaðurinn á Blönduósi	3.550	3.550				3.550		
421	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	-386	-386				-386		
422	Sýslumaðurinn á Siglufirði	1.831	1.831				1.831		
423	Sýslumaðurinn á Ólafsfirði	143	143				143		
424	Sýslumaðurinn á Akureyri	-6.745	-6.745				-6.745		
425	Sýslumaðurinn á Húsavík	1.713	1.713				1.713		
426	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	-6.276	-6.276				-6.276		
427	Sýslumaðurinn í Neskaupstað	22	22				22		
428	Sýslumaðurinn á Eskifirði	1.647	1.647				1.647		
429	Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði	2.333	2.333				2.333		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
430	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	-369	-369				-369		
431	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	-637	-637				-637		
432	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	5.468	5.468				5.468		
433	Sýslumaðurinn á Selfossi	-1.516	-1.516				-1.516		
434	Sýslumaðurinn í Keflavík	-7.608	-7.608				-7.608		
436	Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	13.222	13.222				13.222		
437	Sýslumaðurinn í Kópavogi	804	804				804		
490	Ymis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta	-30.505	-5.605				-5.605		-24.900
491	Húsnæði og búnaður sýslumanna	-21.702				-21.702	-21.702		
501	Fangelsismálastofnun ríkisins	-249	-1.734		-723	2.208	-249		
591	Fangelsisbyggingar	-537				-537	-537		
701	Biskup Islands	-4.242	-6.072	87		1.743	-4.242		
	Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**59.094**	**29.497**	**6.646**	**-1.992**	**-5.931**	**28.220**	**55.842**	**-24.968**
07	**Félagsmálaráðuneyti**								
101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	11.661	11.661				11.661		
272	Byggingarsjóður verkamanna	-113				-113	-113		
302	Ríkissáttasemjari	5.700	5.700				5.700		
311	Jafnréttisráð	2.731	2.731				2.731		
321	Brunamálastofnun ríkisins	47.403	49.375			-1.972	47.403		
331	Vinnueftirlit ríkisins	-27.442	-23.442			-4.000	-27.442		
400	Málefni barna og ungmenna	-1.637	2.377			-4.014	-1.637		
401	Barnaverndarráð	-34	-34				-34		
700	Málefni fatlaðra	3.124	3.124				3.124		
701	Málefni fatlaðra, Reykjavík	-13.768	-13.768				-13.768		
702	Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.230	4.230				4.230		
703	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	-564	-564				-564		
704	Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	715	715				715		
705	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	-3.072	-3.072				-3.072		
706	Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	1.587	1.587				1.587		
707	Málefni fatlaðra, Austurlandi	-1.307	-1.307				-1.307		
708	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	-8.344	-8.344				-8.344		
710	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	-670	-670				-670		
711	Styrktarfélag vangefinna	-11.681	-11.681				-11.681		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
720	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	-458	-458				-458		
750	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-2.687	-2.687				-2.687		
795	Framkvæmdasjóður fatlaðra	32.496				32.496	32.496		
801	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	1.650		1.650			1.650		
950	Rekstrarhagræðing	7.286	7.286				7.286		
981	Vinnumál	46.699	-363	47.062			46.699		
982	Ábyrgðasjóður launa	52.728						52.728	
983	Ríkisábyrgð á launum, endurgreiðslur	13.818						13.818	
984	Atvinnuleysistryggingasjóður	-25.556							-25.556
999	Félagsmál, ýmis starfsemi	20.732	185	20.547			20.732		
	Samtals félagsmálaráðuneyti	**155.227**	**22.581**	**69.259**		**22.397**	**114.237**	**66.546**	**-25.556**
08	**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**								
101	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.097	3.377			-1.280	2.097		
201	Tryggingastofnun ríkisins	-15.446	-15.446				-15.446		
204	Lífeyristryggingar	200.000						200.000	
206	Sjúkratryggingar	-112.000							-112.000
301	Landlæknir	-10.130	-10.130				-10.130		
311	Héraðslæknir í Reykjavík	-112	-112				-112		
315	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	-26	-26				-26		
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	-6.244	6.256	-12.500			-6.244		
326	Sjónstöð Íslands	-1.110	-1.110				-1.110		
327	Geislavarnir ríkisins	97	1.351			-1.254	97		
330	Manneldisráð	140	140				140		
340	Málefni fatlaðra	2.952		8.270		-5.318	2.952		
370	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	43.087	53.387			-10.300	43.087		
371	Ríkisspítalar	-12.371	-152.671		-79.800	220.100	-12.371		
375	Sjúkrahús Reykjavíkur	95	95				95		
378	Læknishéraðasjóður	1.429		1.429			1.429		
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	54.207				54.207	54.207		
385	Framkvæmdasjóður aldraðra	-2.399		-2.399			-2.399		
393	Lyfjamál	-1.344	-1.344				-1.344		
395	Lyfjaeftirlit ríkisins	4.709	4.709				4.709		
396	Lyfjanefnd	7.080	7.080				7.080		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
399	Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	10.459	5.540	4.919			10.459		
401	St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi	253	253				253		
404	Sjúkraskýlið Hólmavík	-253	-253				-253		
500	Heilsugæslustöðvar, almennt	-2.368	-25.781		8.789	14.624	-2.368		
510	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	-11.741	-11.741				-11.741		
511	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	-1.129	-1.129				-1.129		
512	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	-7.311	-7.311				-7.311		
513	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	-3.129	-3.129				-3.129		
514	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	-8.527	-8.527				-8.527		
522	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	-770	-770				-770		
524	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	-2.912	-2.912				-2.912		
552	Heilsugæslustöðin Dalvík	-1.053	-1.053				-1.053		
553	Heilsugæslustöðin Akureyri	-2.529	-2.529				-2.529		
555	Heilsugæslustöðin Kópaskeri	28	28				28		
556	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	11	11				11		
557	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	-373	-373				-373		
561	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	-532	-532				-532		
565	Heilsugæslustöðin Eskifirði	-599	-599				-599		
566	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	-54	-54				-54		
567	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-2							-2
571	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	-209	-209				-209		
572	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	-2.123	-2.123				-2.123		
574	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	-5							-5
575	Heilsugæslustöðin Hellu	-1.617	-1.617				-1.617		
576	Heilsugæslustöðin Laugarási	-3.098	-3.098				-3.098		
578	Heilsugæslustöðin Hveragerði	-370	-370				-370		
582	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	-10.325	-10.325				-10.325		
583	Heilsugæslustöðin Garðabæ	-253	-253				-253		
584	Heilsugæslustöðin Kópavogi	91	91				91		
585	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	-560	-560				-560		
621	Afengisvarnir og bindindismál	12.825	-475	13.300			12.825		
950	Rekstrarhagræðing	4.798	4.798				4.798		
	Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun	**121.334**	**-179.446**	**13.019**	**-71.011**	**270.779**	**33.341**	**200.000**	**-112.007**

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
09	**Fjármálaráðuneyti**								
101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	3.901	6.688			-2.787	3.901		
103	Ríkisbókhald	-48	-2.857			2.809	-48		
104	Ríkisfjárhirsla	1.118	118			1.000	1.118		
105	Ríkislögmaður	1.117	-383			1.500	1.117		
199	Ráðstöfunarfé	4.861		4.861			4.861		
201	Ríkisskattstjóri	11.504	-1.496			13.000	11.504		
202	Skattstofan í Reykjavík	2.093	-707			2.800	2.093		
203	Skattstofa Vesturlands	2.962	2.962				2.962		
204	Skattstofa Vestfjarða	-6							-6
205	Skattstofa Norðurlands vestra	-177	-177				-177		
206	Skattstofa Norðurlands eystra	5.895	5.895				5.895		
207	Skattstofa Austurlands	1.156	1.156				1.156		
208	Skattstofa Suðurlands	2.675	2.675				2.675		
209	Skattstofa Vestmannaeyja	422	422				422		
211	Skattstofa Reykjaness	3.082	3.082				3.082		
212	Skattamál, ýmis útgjöld	38.996	26.701			12.295	38.996		
214	Yfirskattanefnd	2.658	2.658				2.658		
215	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1.187	3.028			-1.841	1.187		
250	Innheimtukostnaður	10.056						10.056	
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	-2.651							-2.651
261	Ríkistollstjóri	4.876	1.708			3.168	4.876		
262	Tollstjórinn í Reykjavík	-1.145	-1.876			731	-1.145		
381	Uppbætur á lífeyri	28.526						28.526	
402	Fasteignamat ríkisins	-105	-105				-105		
481	Utgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	18.944						53.065	-34.121
801	Ymis lán ríkissjóðs, vextir	68.059						68.059	
901	Framkvæmdasýslan	-1.756	-1.756				-1.756		
950	Rekstrarhagræðing	5.100	5.100				5.100		
971	Ríkisábyrgðir og tjónabætur	159.675						159.675	
981	Ymsar fasteignir ríkissjóðs	60.242				60.242	60.242		
989	Launa- og verðlagsmál	27.452						148.600	-121.148
990	Ríkisstjórnarákvarðanir	1.695		1.695			1.695		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
995	Skýrsluvélakostnaður	109.733	38.017			71.716	109.733		
999	Ymislegt	23.450	2.728	61.948		5.871	70.547	35.485	-82.582
	Samtals fjármálaráðuneyti	**595.547**	**93.581**	**68.504**		**170.504**	**332.589**	**503.466**	**-240.508**
10	**Samgönguráðuneyti**								
101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	-728	-728				-728		
190	Ymis verkefni	45.744	4.290	70.958		-9.504	65.744		-20.000
211	Vegagerðin	32.498						32.498	
335	Siglingastofnun Islands	-301	-301				-301		
471	Flugmálastjórn	-607	-607				-607		
481	Rannsóknanefnd flugslysa	2.208	2.208				2.208		
511	Fjarskiptaeftirlit ríkisins	8.613	8.613				8.613		
651	Ferðamálaráð	-77	-77				-77		
	Samtals samgönguráðuneyti	**87.350**	**13.398**	**70.958**		**-9.504**	**74.852**	**32.498**	**-20.000**
11	**Iðnaðarráðuneyti**								
101	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	-2.102	-3.602			1.500	-2.102		
102	Einkaleyfastofan	10.782	10.782				10.782		
201	Iðntæknistofnun Islands	62						9.295	-9.233
203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-14						592	-606
240	Iðnaðarrannsóknir	5.106	5.106				5.106		
299	Iðja og iðnaður, framlög	15.209	-719	15.928			15.209		
301	Orkustofnun	4.000	4.000				4.000		
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	-2.320	-2.320				-2.320		
399	Ymis orkumál	749		5.000			5.000		-4.251
	Samtals iðnaðarráðuneyt	**31.472**	**13.247**	**20.928**		**1.500**	**35.675**	**9.887**	**-14.090**
12	**Viðskiptaráðuneyti**								
101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	-4.453	-4.453				-4.453		
190	Ymis verkefni	-4.400	-3.730	-670			-4.400		
301	Löggildingarstofan	615	615				615		
401	Vátryggingaeftirlitið	560	560				560		
902	Samkeppnisstofnun	3.420	3.420				3.420		
903	Skráning hlutafélaga	-739	-739				-739		
	Samtals viðskiptaráðuneyt	**-4.997**	**-4.327**	**-670**			**-4.997**		

Staða heimilda í árslok 1996, yfirfærslur til 1997 og niðurfellingar

Fylgiskjal 1

		Greiðslu-staða	Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals yfirfært	Niðurfellt óhafið	Niðurfellt umframgj.
13	**Hagstofa Íslands**								
101	Hagstofa Islands, aðalskrifstofa	4.013	10.524	1.300		-7.811	4.013		
	Samtals hagstofa Islands	**4.013**	**10.524**	**1.300**		**-7.811**	**4.013**		
14	**Umhverfisráðuneyti**								
101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	-7.278	-6.278	-400		-600	-7.278		
190	*Ymis verkefni*	-3.480	-3.151	-329			-3.480		
201	Náttúruverndarráð	-5.230	-6.068		2.932	-2.094	-5.230		
202	Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn	474	474				474		
210	Veiðistjóri	6.787	4.187	2.600			6.787		
221	Hollustuvernd ríkisins	-11.661	-12.254			593	-11.661		
281	Styrkir til fráveitna sveitarfélaga	25.090				25.090	25.090		
301	Skipulagsstjóri ríkisins	-3.876	-2.376	-1.500			-3.876		
310	Landmælingar Islands	-1.787	-1.787				-1.787		
401	Náttúrufræðistofnun Islands	-7.012	-7.860		848		-7.012		
403	Náttúrustofur	5.427	5.427				5.427		
410	Veðurstofa Islands	1.849	1.849				1.849		
	Samtals umhverfisráðuneyti	**-697**	**-27.837**	**371**	**3.780**	**22.989**	**-697**		
	Samtals öll ráðuneyti	**1.441.487**	**-120.137**	**478.495**	**-78.727**	**793.945**	**1.073.576**	**1.104.475**	**-736.564**

Ohafnar fjárveitingar og umframgjöld í árslok 1996 - Niðurfellingar

Fylgiskjal 2

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
00		**Æösta stjórn ríkisins**					
211	1	Lýðveldissjóður		-1			-1
301	1	Ríkisstjórn	5.110				5.110
401	1	Hæstiréttur	855				855
520	1	Opinberar heimsóknir	-4.087				-4.087
		Samtals æösta stjórn ríkisins	**1.878**	**-1**			**1.877**
01		**Forsætisráðuneyti**					
231	1	Norræna ráðherranefndin		5.206			5.206
901	1	Húsameistari ríkisins	-39.383				-39.383
		Samtals forsætisráðuneyti	**-39.383**	**5.206**			**-34.177**
02		**Menntamálaráðuneyti**					
306	1	Framhaldsskóli Vestfjarða	1				1
700	1	Grunnskólar, Reykjavík	-6.613				-6.613
701	1	Grunnskólar, Reykjanesi	-146.488				-146.488
703	1	Grunnskólar, Vesturlandi	-11.651				-11.651
704	1	Grunnskólar, Vestfjörðum	1.342				1.342
705	1	Grunnskólar, Norðurlandi vestra	2.916				2.916
706	1	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	-24.410				-24.410
707	1	Grunnskólar, Austurlandi	-7.251				-7.251
708	1	Grunnskólar, Suðurlandi	2.334				2.334
718	1	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	-273				-273
720	1.29	Kennsla í norsku og sænsku	209				209
720	1.41	Einkaskólar, rekstrarstyrkir		8.060			8.060
720	1.50	Námsleyfi	14.728				14.728
720	1.79	Kennsla nýbúa	22.944				22.944
720	1.81	Fjölgun kennslustunda	6.000				6.000
720	1.83	Starfsmenntun	9.757				9.757
720	1.85	Námsráðgjöf í grunnskólum	12.000				12.000
720	1.86	Endurmenntun sálfræðinga		59			59
720	1.89	Leiðsögn nýliða	1.912				1.912
720	1.90	Grunnskólar, óskipt	9.555				9.555
730	1	Skólabúðir að Reykjum	-42				-42

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
754	1	Safamýrarskóli	4				4
758	1	Hvammshlíðarskóli	5.726				5.726
798	1	Einholtsskóli	463				463
904	1	Safnahúsið við Hverfisgötu	-6.385				-6.385
974	1	Sinfóníuhljómsveit Íslands		-30			-30
		Samtals menntamálaráðuneyti	**-113.222**	**8.089**			**-105.133**
03		**Utanríkisráðuneyti**					
101	1	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	-36.959				-36.959
391	1.11	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO		3.907			3.907
391	1.15	Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna		172			172
391	1.21	Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndum, UNIFEM		400			400
401	1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN		-3.644			-3.644
401	1.13	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO		-439			-439
401	1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA		-632			-632
401	1.16	Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO		21			21
401	1.35	Norðurskautsráðið, Eystrasaltsráðið, Barentsráðið		6.596			6.596
401	1.39	Evrópuráðið		-688			-688
401	1.40	Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD		137			137
401	1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO		42.704			42.704
401	1.49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL		1.543			1.543
401	1.53	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Haíti		1.572			1.572
401	1.55	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Georgíu		391			391
401	1.57	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Tadsjikistan		156			156
401	1.58	Friðargæslusveitir Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga, UNPROFOR		7.080			7.080
401	1.59	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Rúanda, UNAMIR		2.581			2.581
401	1.60	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Guatemala		400			400
401	1.62	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í El Salvador, ONUSAL		300			300
401	1.63	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II		-4.080			-4.080
401	1.64	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Sómalíu, UNOSOM		6.605			6.605
401	1.65	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Kambódíu, UNTAC		6.188			6.188
401	1.66	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Mósambik, ONUMOZ		4.380			4.380
401	1.67	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Uganda, UNOMUR		1.900			1.900
401	1.68	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL		-26			-26

Ohafnar fjárveitingar og umframgjöld í árslok 1996 - Niðurfellingar

Fylgiskjal 2

		Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
401 1.70	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA		-2.027			-2.027
401 1.73	Þróunarsjóður EFTA		-202			-202
401 1.75	Oryggis- og samvinnustofnun Evrópu, OSE		-300			-300
	Samtals utanríkisráðuneyti	**-36.959**	**74.995**			**38.036**
04	**Landbúnaðarráðuneyti**					
801 1.01	Beinar greiðslur til bænda		33.195			33.195
831 6	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins				-4	-4
841 1	Fiskeldisrannsóknir		22			22
	Samtals landbúnaðarráðuneyt		**33.217**		**-4**	**33.213**
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**					
190 1.40	Nefnd um upptöku ólögmæts sjávarafla	1.626				1.626
190 1.42	Verktakasamningur um upplýsingarðflun		-3.800			-3.800
190 1.44	Málskotsnefnd heilbrigðiskrafna	1.500				1.500
190 1.45	Kærunefnd smábáta	2.500				2.500
221 1	Verðlagsráð sjávarútvegsins	1.179				1.179
901 1	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	-20				-20
	Samtals sjávarútvegsráðuneyti	**6.785**	**-3.800**			**2.985**
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**					
111 1	Kosningar	-5				-5
231 1	Málskostnaður í opinberum málum	16.157				16.157
232 1	Opinber réttaraðstoð	6.675				6.675
235 1	Bætur brotaþola		28.927			28.927
290 1.11	Meðdómsmenn	4.083				4.083
290 1.12	Setu- og varadómarar	-63				-63
490 1.30	Kostnaður skv. lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	-24.580				-24.580
490 1.40	Snjóathugunarmenn	-320				-320
	Samtals dóms- og kirkjumálaráðuneyti	**1.947**	**28.927**			**30.874**
07	**Félagsmálaráðuneyti**					
982 1	Abyrgðasjóður launa		52.728			52.728
983 1	Ríkisábyrgð á launum, endurgreiðslur		13.818			13.818
984 1	Atvinnuleysistryggingasjóður		-25.556			-25.556

Ohafnar fjárveitingar og umframgjöld í árslok 1996 - Niðurfellingar

Fylgiskjal 2

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
		Samtals félagsmálaráðuneyti		**40.990**			**40.990**
08		**Heilbrigðis- og trygg.málaráðun.**					
204	1	Lífeyristryggingar		200.000			200.000
206	1	Sjúkratryggingar		-112.000			-112.000
567	1	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	-2				-2
574	1	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	-5				-5
		Samtals heilbrigðis- og trygg.málaráðun	**-7**	**88.000**			**87.993**
09		**Fjármálaráðuneyti**					
204	1	Skattstofa Vestfjarða	-6				-6
250	1	Innheimtukostnaður	10.056				10.056
251	1	Gjaldheimtan í Reykjavík	-2.651				-2.651
381	1	Uppbætur á lífeyri		28.526			28.526
481	1	Utgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	53.065				53.065
481	6	Utgjöld samkvæmt heimildarákvæðum				-34.121	-34.121
801	1	Ymis lán ríkissjóðs, vextir	68.059				68.059
971	6	Ríkisábyrgðir og tjónabætur				159.675	159.675
989	1	Launa- og verðlagsmál	118.600				118.600
989	1	Launa- og verðlagsmál		-121.148			-121.148
989	6	Launa- og verðlagsmál				30.000	30.000
999	1.10	Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	7.974				7.974
999	1.13	Kjarasamningar	-3.902				-3.902
999	1.14	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	-12.880				-12.880
999	1.15	Kjararannsóknir	-654				-654
999	1.17	Ymis sameiginlegur kostnaður	-6.726				-6.726
999	1.31	Lífeyrissjóður bænda		22.903			22.903
999	1.45	Ymsar nefndir	-6.420				-6.420
999	1.50	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)		-1.695			-1.695
999	1.60	Dómkröfur	-49.696				-49.696
999	1.65	Kjaradómur og kjaranefnd	-609				-609
999	1.81	Verðjöfnunargjöld vegna útflutnings		4.608			4.608
		Samtals fjármálaráðuneyti	**174.210**	**-66.806**		**155.554**	**262.958**
10		**Samgönguráðuneyti**					

Ohafnar fjárveitingar og umframgjöld í árslok 1996 - Niðurfellingar

Fylgiskjal 2

			Rekstur	Tilfærslur	Viðhald	Stofnkost.	Samtals
190	6.01	Breytingar á húsnæði				-20.000	-20.000
211	5	Vegagerðin			4.000		4.000
211	6	Vegagerðin				28.498	28.498
		Samtals samgönguráðuneyti			**4.000**	**8.498**	**12.498**
11	**Iðnaðarráðuneyti**						
201	1	Iðntæknistofnun Íslands	-9.233				-9.233
201	6	Iðntæknistofnun Íslands				9.295	9.295
203	1	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	-606				-606
203	6	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins				592	592
399	1.15	Niðurgreiðsla á rafhitun		-4.168			-4.168
399	1.21	Orkunefnd		-83			-83
		Samtals iðnaðarráðuneyti	**-9.839**	**-4.251**		**9.887**	**-4.203**
		Samtals öll ráðuneyti	**-14.590**	**204.566**	**4.000**	**173.935**	**367.911**

882. Frumvarp til laga [530. mál]

um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Skyldutrygging, iðgjald og iðgjaldastofn.

1. gr.

Lög þessi gilda um alla lífeyrissjóði og samninga um lífeyrissparnað eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Með lífeyrissjóði er átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í þessum kafla og III. kafla.

2. gr.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs enda uppfylli lífeyrissjóðurinn skilyrði þessara laga. Einstaklingar verða sjóðfélagar með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlögum, kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda eða ráðningarsamningum og í samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

3. gr.

Tryggingaskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóði skv. 2. gr. og reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóði á grundvelli heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns.

4. gr.

Iðgjald skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjaldshluti launagreiðanda telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

5. gr.

Skyldutrygging skal að lágmarki nema 10% af iðgjaldastofni og getur skipst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald skal ákveða í sérlögum, kjarasamningi eða með öðrum sambærilegum hætti, svo og skiptingu iðgjaldsins milli launamanns og launagreiðanda.

Lágmarksiðgjald, a.m.k. 10% af iðgjaldastofni, skal renna til lífeyrissjóðs. Það sem er umfram þetta iðgjald, en innan skyldutryggingar, er viðbótariðgjald.

Viðbótariðgjaldi skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun viðkomandi launamanns til samtryggingar hjá lífeyrissjóði eða í samræmi við samning um lífeyrissparnað eins og kveðið er á um í II. kafla. Tilkynni launamaður ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert viðbótariðgjaldið skal renna skal það varðveitt og ávaxtað hjá þeim lífeyrissjóði sem tekur við lágmarksiðgjaldinu.

6. gr.

Lágmarksiðgjöld til lífeyrissjóða og viðbótariðgjöld til lífeyrissjóða eða aðila sem tilgreindir eru í II. kafla þessara laga skulu greidd reglulega í hverjum mánuði, sbr. 2.–4. mgr.

Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi eigi vera síðar en 15. næsta mánaðar. Eindagi skal vera eigi síðar en 30 dögum frá því að iðgjöld falla í gjalddaga. Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum þeirra aðila sem tilgreindir eru í II. kafla þessara laga.

Launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt iðgjaldshluta sínum. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda að því er varðar innheimtu og skil á viðbótariðgjaldi til aðila sem tilgreindir eru í II. kafla þessara laga.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóði og aðila skv. II. kafla ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

II. KAFLI
Samningar um lífeyrissparnað.

7. gr.

Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á aldrinum 16 til 70 ára er heimilt að gera samning við þá aðila sem tilgreindir eru í 8. gr. um lífeyrissparnað.

Rétthafa, skv. 1. mgr., er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um lífeyrissparnað. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt.

8. gr.

Eftirtaldir aðilar hafa heimild til móttöku viðbótariðgjalda með samningi um lífeyrissparnað samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
2. Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.
3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

9. gr.

Í samningi um lífeyrissparnað skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi lífeyrissparnaðinn skulu koma fram í samningnum. Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður. Heimilt er að segja upp samningi um lífeyrissparnað með sex mánaða fyrirvara. Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en samningsaðilinn hefur fengið staðfest að rétthafi hafi samið við annan aðila um lífeyrissparnað. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu, en í reglum um lífeyrissparnað er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 8. gr.

10. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki, sem óska eftir því að bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað í samræmi við ákvæði laga þessara, skulu fyrir fram leita eftir staðfestingu fjármálaráðherra á því að reglur sem um sparnaðinn gilda séu í samræmi við ákvæði laga þessara. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn eftirlitsaðila. Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari formskilyrði fyrir samningum um lífeyrissparnað.

11. gr.

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning þremur árum eftir gerð samnings um lífeyrissparnað þó aldrei fyrr en rétthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en 15 árum eða á þeim tíma sem rétthafa vantar upp á 75 ára aldur.

Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 15 árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát rétthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á 15 ár eða á þann tíma sem makann vantar á 75 ára aldur við andlát rétthafa.

Í reglugerð skal kveðið á um styttri útborgunartíma ef um lágar upphæðir er að ræða.

12. gr.

Með jöfnum greiðslum skv. 11. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að rétthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. um lágmarkstíma eða til æviloka rétthafa.

III. KAFLI
Réttindi í lífeyrissjóðum.

13. gr.

Með iðgjaldagreiðslum sínum til lífeyrissjóðs ávinnur hver sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris sem er ekki lakari en sá réttur sem kveðið er á um í þessum kafla. Réttindi vegna viðbótariðgjalds sem rennur til lífeyrissjóðs skulu sambærileg réttindum vegna lágmarksiðgjalds og fara eftir ákvæðum 14.–17. gr. Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda.

Heimilt er að ákveða í samþykktum hvernig iðgjald skiptist á milli einstakra tegunda lífeyris en á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar skv. 24. gr. skal við það miðað að ekki minna en 50% iðgjalds fari til greiðslu ellilífeyris og ekki minna en 20% til greiðslu örorku-, maka- og barnalífeyris.

Réttur til lífeyris samkvæmt lögum þessum reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launþega sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið lífeyrissjóði skil á, svo og iðgjaldshluti hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldagreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 18. gr. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á skv. 6. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

14. gr.

Lífeyrissjóður skal hefja útborgun ellilífeyris samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þegar sjóðfélagi hefur náð 65 til 70 ára aldri. Lífeyrissjóði er heimilt að gefa sjóðfélögum kost á að fresta eða flýta töku lífeyris allt að 5 árum. Í samþykktum skal kveðið á um það hvernig frestun eða flýting lífeyristöku hefur áhrif á fjárhæð lífeyris.

Ellilífeyrir skal borgaður út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Mánaðarlegur lífeyrir skal verðtryggður og breytast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs. Nánar skal kveðið á um fjárhæð ellilífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans í samþykktum.

15. gr.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum, sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. fjögur ár á undanfarandi fimm árum þar af a.m.k. 6 mánuði á síðasta 12 mánaða tímabili og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.

Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuði eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.

Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

16. gr.

Lífeyrissjóður skal greiða lífeyri til maka látins sjóðfélaga, sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanförnum 36 mánuðum fyrir andlát sitt, eða notið elli- eða örorkulífeyris við andlátið.

Makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 24 mánuði en hafi makinn barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu, eða ef makinn er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára skal makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, nema kveðið sé á um annað í samþykktum.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um makalífeyri svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

17. gr.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til lífeyrissjóðs í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátið skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir orkutap sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris úr lífeyrissjóði. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

Í samþykktum lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um barnalífeyri svo sem um fjárhæð hans, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.

18. gr.

Hver lífeyrissjóður skal halda skrá um þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldagreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris.

Lífeyrissjóður skal samhliða greiðsluyfirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunnin og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Heimilt er að kveða á um kerfisbundna skráningu upplýsinga um iðgjöld og lífeyrisréttindi í reglugerð svo og veitingu upplýsinga úr slíkri skrá.

19. gr.

Óheimilt er í samþykktum að kveða svo á að áunnin ellilífeyrisréttindi skerðist eða falli niður ef sjóðfélagi hættir iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs.

Ekki skal skipta máli hvort menn eiga lífeyrisréttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur skiptast milli tveggja eða fleiri sjóða.

Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgir milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur í því skyni að auðvelda framkvæmd þessarar greinar.

Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins.

Í reglugerð er heimilt að kveða á um útborgun lífeyris í einu lagi ef um lágar upphæðir er að ræða.

IV. KAFLI
Almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar.

20. gr.

Starfsemi lífeyrissjóða skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda, greiðslu lífeyris og hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.

Lífeyrissjóður skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar. Lífeyrissjóði er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

21. gr.

Ekki er heimilt að starfrækja lífeyrissjóð nema hann hafi fullgilt starfsleyfi samkvæmt V. eða XI. kafla.

Að jafnaði skulu minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs reglulega í mánuði hverjum, nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti.

22. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt og einum heimilt að nota í heiti sínu orðið „lífeyrissjóður“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum, eða til nánari skýringa á starfsemi sinni. Lífeyrissjóðum sem starfandi eru við gildistöku laga þessara er þó heimilt að halda heiti sínu óbreyttu.

23. gr.

Lífeyrissjóður ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum sínum. Iðgjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

24. gr.

Eigi sjaldnar en þriðja hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins í samræmi við 39. gr. og ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Í reglugerð skal kveðið á um almennar tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, þá raunvexti sem athugunin skal byggjast á og þá ávöxtunarkröfu sem nota skal við núvirðingu eigna sjóðsins.

Athugun skv. 1. mgr. skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim, sem hlotið hefur viðurkenningu vátryggingaeftirlitsins til slíks starfs, sbr. 37. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda bankaeftirliti Seðlabanka Íslands tryggingafræðilega athugun skv. 1. mgr. eða framreiknaða niðurstöðu slíkrar athugunar sem miðuð er við áramótin á undan.

V. KAFLI
Starfsleyfi lífeyrissjóða.

25. gr.

Fjármálaráðherra skal veita lífeyrissjóði starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Sýnt er fram á að sjóðurinn muni innan þriggja ára uppfylla skilyrði 2. mgr. 21. gr.
2. Samþykktir eru samkvæmt ákvæðum 27. gr.
3. Stjórn hefur verið valin.
4. Löggiltur endurskoðandi hefur verið valinn.
5. Tryggingafræðingur hefur verið valinn.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Skulu fylgja henni samþykktir sjóðsins ásamt öðrum þeim upplýsingum og gögnum sem ráðherra ákveður. Áður en umsókn um starfsleyfi er afgreidd skal leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lífeyrissjóða í Lögbirtingablaði.

26. gr.

Ákvörðun um starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra.

Uppfylli lífeyrissjóður, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, ekki skilyrði laga þessara skal synja honum um það.

Áður en ákvörðun er tekin um synjun starfsleyfis skv. 2. mgr. skal leita umsagnar bankaeftirlitsins.

27. gr.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Samþykktir lífeyrissjóðs skulu m.a. kveða á um eftirtalin atriði:

1. Heiti, heimili og hlutverk sjóðsins.
2. Hverjir eru sjóðfélagar.
3. Almenn skilyrði um aðild að sjóðnum og um brottfall aðildar.
4. Ársfund, hvernig boða skuli til hans, hvaða mál skuli þar lögð fram, hverjir eigi þar atkvæðisrétt og hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn.
5. Hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna og varamanna þeirra, kjörtímabil þessara aðila svo og hvernig vali þeirra og endurskoðanda skuli háttað.
6. Hvernig fé sjóðsins skuli ávaxtað.
7. Hvernig iðgjöld til sjóðsins skuli ákveðin og hvernig þau skuli greidd.
8. Réttindi sjóðfélaga eða aðstandenda þeirra til lífeyris, hvernig útreikningi þessara réttinda skuli háttað og hver séu nánari skilyrði lífeyrisréttar. Þá skal og kveðið á um framkvæmd lífeyrisgreiðslna.
9. Framkvæmd reglubundinnar, tryggingafræðilegrar athugunar á hag sjóðsins og hvenær slík athugun skuli fara fram, sbr. 24. gr. og 39. gr.
10. Hvernig staðið skuli að breytingu á samþykktum sjóðsins.
11. Upplýsingaskyldu sjóðsins við sjóðfélaga.

28. gr.

Allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skal tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laga þessara og starfsleyfi sjóðsins. Samtök lífeyrissjóða geta tilkynnt breytingar á samþykktum í umboði aðildarsjóða sinna. Tilkynning um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða skulu birtar í Lögbirtingablaði. Jafnframt skal tilkynna bankaeftirliti um breytingar á stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og tryggingafræðingi lífeyrissjóðs.

VI. KAFLI
Rekstur og innra eftirlit.

29. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal tilnefnd af samningsaðilum, sbr. 2. mgr. 2. gr., og skipuð fulltrúum stéttarfélaga og atvinnurekenda að jöfnu. Þó er heimilt að kveða á um annað í samþykktum sjóðsins. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög þessi, reglugerðum settum samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðs skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stjórn lífeyrissjóðs annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar eða semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila,
3. að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins, sbr. VII. kafla,
4. að setja leiðbeiningar um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins,
5. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað,
6. að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins, sbr. 24. gr.

30. gr.

Fyrir lok júní hvert ár skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisréttur skal vera í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi lífeyrissjóðs, sbr. 27. gr.

Ársfund skal boða skriflega með tryggilegum hætti.

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

31. gr.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Halda skal gerðarbók um það sem gerist á fundum stjórnar. Allir stjórnarmenn, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðina.

32. gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Um hæfi framkvæmdastjóra fer skv. 1. og 2. mgr. 31. gr.

33. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

34. gr.

Við lífeyrissjóð skal endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili annast innra eftirlit, sbr. 2. tölul. 2. mgr. 29. gr. Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðs og þáttur í eftirlitskerfi hans.

Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins.

Lífeyrissjóði er skylt að tilkynna bankaeftirliti ef skipt er um eftirlitsaðila.

35. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,
4. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. hafa eftirlit með að tekjum lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Bankaeftirlit setur nánari reglur um verkefni endurskoðunardeilda og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

VII. KAFLI
Fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

36. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvíxlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana, sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiða sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf samkvæmt 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign lífeyrissjóðs samkvæmt 2., 5., 7. og 8. tölul. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

Lífeyrissjóður skal takmarka gengisáhættu í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu lífeyrissjóðir gæta þess að hafa ætíð yfir að ráða nægjanlegu lausu fé til að geta innt af hendi lífeyrisgreiðslur.

37. gr.

Lífeyrissjóður má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er lífeyrissjóði heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

38. gr.

Lífeyrissjóði er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lífeyrissjóði er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

39. gr.

Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 7,5% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga skv. 1. mgr. er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn lífeyrissjóðs er skylt að fá álit tryggingafræðings á áhrifum breytinga á samþykktum lífeyrissjóðs á getu hans til þess að greiða lífeyri. Tryggingafræðingi lífeyrissjóðs er skylt að skýra stjórn sjóðsins þegar í stað frá því ef tryggingafræðileg úttekt leiðir í ljós að sjóðurinn stendur ekki við skuldbindingar sínar. Hann skal skila tillögum til úrbóta til stjórnar og gera bankaeftirliti viðvart.

VIII. KAFLI
Ársreikningur og endurskoðun.

40. gr.

Stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár lífeyrissjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings lífeyrissjóðs.

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða efnahagsreiknings, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris og fjárstreymisyfirlit og skýringar og mat á einstökum liðum.

41. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

42. gr.

Endurskoðun hjá lífeyrissjóði skal gerð af löggiltum endurskoðanda.

Endurskoðandi lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en endurskoðun og innra eftirliti, sbr. 35. gr.

Um endurskoðun hjá lífeyrissjóði gilda ákvæði VII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, eftir því sem við á nema annað komi fram í þessum lögum.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann

þegar í stað gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 33. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess, í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila, að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá lífeyrissjóðum. Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun lífeyrissjóða.

43. gr.

Senda skal bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu liggja frammi í starfsstöð viðkomandi lífeyrissjóðs og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

IX. KAFLI
Eftirlit.

44. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að rekstur og fjárhagsstaða lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum lífeyrissjóða sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið getur lagt fyrir stjórn lífeyrissjóðs að láta fara fram tryggingafræðilega athugun á hag sjóðs á öðrum forsendum en gefnar eru í reglubundnum athugunum sjóðsins, telji eftirlitið að hagur sjóðsins gefi tilefni til þess.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 4. mgr. 42. gr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að rekstri lífeyrissjóðs og fjárhagsstöðu sé ábótavant í verulegum atriðum skal það krefja stjórnendur og endurskoðanda þegar í stað um nauðsynleg gögn sem þeim ber að afhenda innan tveggja vikna frá því þeim barst krafan.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi lífeyrissjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta, nema brot sé alvarlegt.

45. gr.

Heimilt er bankastjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að ákveða viðurlög í formi dagsekta ef lífeyrissjóðir verða ekki við skyldu til afhendingar ársreikninga eða annarra gagna eða hlíta ekki kröfum bankaeftirlitsins um aðgerðir samkvæmt lögum þessum.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins samkvæmt þessum kafla skulu þegar í stað tilkynntar fjármálaráðherra, stjórn lífeyrissjóðs og endurskoðanda.

X. KAFLI
Umsjónaraðili, slit og samruni.

46. gr.

Fullnægi lífeyrissjóður ekki lengur skilyrði laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. V. kafla, reynist lífeyrissjóður ekki gjaldhæfur að mati bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglum settra samkvæmt þeim, staðfestum samþykktum lífeyrissjóðs eða sé rekstri hans ábótavant og kröfum bankaeftirlitsins skv. 44. gr. er ekki sinnt er ráðherra heimilt að skipa lífeyrissjóði umsjónaraðila um tiltekinn tíma að fengnum tillögum bankaeftirlits.

Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu víkja frá störfum þann tíma sem umsjónaraðili starfar. Tekur umsjónaraðili við réttindum og skyldum þessara aðila, eftir því sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi hans sem ráðherra gefur út. Kostnaður við starf umsjónaraðila greiðist af viðkomandi lífeyrissjóði.

47. gr.

Skipun umsjónaraðila skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi lífeyrissjóði skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um skipunina í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Skylda til greiðslu iðgjalds til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs fellur niður frá og með þeim tíma sem tilkynning um skipun umsjónaraðila birtist í Lögbirtingablaði. Ef iðgjaldagreiðslu til sjóðsins er hætt skal tryggingaskyldu fullnægt með aðild að og greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eða annars lífeyrissjóðs sem viðurkenndur er af fjármálaráðherra.

Að tillögu umsjónaraðila getur ráðherra ákveðið slit lífeyrissjóðs. Skal ráðherra þá skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars lífeyrissjóðs. Skilanefnd tekur við öllum heimildum sjóðsstjórnar og falla jafnframt niður heimildir stjórnarinnar frá sama tíma. Skilanefnd skal taka ákvörðun um hvort sjóðnum skuli slitið með sameiningu við annan sjóð eða með öðrum hætti, sbr. 2. og 3. mgr. 49. gr.

48. gr.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs, hvort heldur er með sameiningu eða öðrum hætti, skal tekin af stjórn hans, nema samþykktir sjóðsins kveði á um annað eða ákvæði 47. gr. eigi við.

Ákvörðun um slit lífeyrissjóðs skal þegar í stað tilkynna fjármálaráðuneytinu og bankaeftirlitinu.

Sé gert samkomulag um að sameina lífeyrissjóð algjörlega öðrum sjóði skal gefa út innköllun skv. 2. mgr. 49. gr. og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Ekki þarf þó að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er sett fullnægjandi trygging.

Eignir lífeyrissjóðs skulu renna til þess lífeyrissjóðs sem lífeyrissjóðurinn sameinast. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í hinum sameinaða sjóði í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til hins sameinaða sjóðs renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

49. gr.

Stjórn sjóðs eða sá aðili sem samkvæmt samþykktum sjóðs hefur ákveðið að honum skuli slitið skal þegar í stað tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins, enda hafi skilanefnd ekki þegar verið skipuð skv. 3. mgr. 47. gr.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar og hefur sömu réttaráhrif og gildir um innköllun krafna við gjaldþrotaskipti.

Eignir lífeyrissjóðs, sem eftir standa þegar skuldir hafa verð greiddar, skulu renna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Skulu réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega jafnframt metin til réttar í Söfnunarsjóðnum í sama hlutfalli og er milli þeirra eigna sjóðsins er til Söfnunarsjóðsins renna og heildarlífeyrisskuldbindinga sjóðsins metinna í samræmi við ákvæði laga þessara. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hvernig lífeyrisréttindi skulu metin í þessu sambandi.

XI. KAFLI
Lífeyrissjóðir sem starfa við gildistöku laga þessara.

50. gr.

Lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum eru undanþegnir ákvæðum 21. gr., V. kafla og X. kafla. Jafnframt eru þeir undanþegnir ákvæðum 4. gr. og III. kafla enda sé kveðið á um iðgjaldastofn og réttindi í viðkomandi lögum.

51. gr.

Lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags og ríkisbanka eru undanþegnir ákvæðum 23. gr. og 39. gr.

52. gr.

Lífeyrissjóðum er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 36. gr. en skulu þegar þeir kaupa verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

53. gr.

Lífeyrissjóðir, sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laga þessara, skulu innan 18 mánuða frá gildistökunni senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn skulu fylgja samþykktir lífeyrissjóðs, tryggingafræðileg athugun, ásamt öðrum þeim upplýsingum sem ráðherra ákveður. Hafi sjóður ekki nægjanlega marga sjóðfélaga skv. 21. gr. skal í umsókn koma fram hvenær og hvernig sjóðurinn hyggst uppfylla skilyrði greinarinnar, sbr. 25. gr. Um veitingu starfsleyfis fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla, um starfsleyfi.

Hafi lífeyrissjóður ekki sent umsókn um starfsleyfi ásamt tilskyldum gögnum innan þess tíma sem greinir í 1. mgr. telst sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laga þessara til þess að öðlast starfsleyfi og fer þá um málefni hans samkvæmt ákvæðum X. kafla.

54. gr.

Lífeyrissjóðir, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, og séreignarsjóðir sem fengið hafa staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna áunninna réttinda, skulu tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal þeim veitt starfsleyfi í því skyni, að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um greiðslu lífeyris úr séreignarsjóðum skal fara eftir reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi eru við gildistöku laga þessara. Að öðru leyti skulu ákvæði laga þessara, önnur en ákvæði III. kafla og 21. og 23. gr. gilda um þá sem starfsleyfi hafa samkvæmt þessari grein eftir því sem við getur átt.

55. gr.

Séreignarsjóði, sem stofnaður var af verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka fyrir 1. júní 1997 og fengið hefur staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er heimilt að starfa áfram og taka við viðbótariðgjöldum í samræmi við ákvæði laga þessara og skal um útborgun þeirra fara skv. 11. gr. þessara laga. Velji slíkur sjóður hins vegar að breyta starfsemi sinni og hefja rekstur lífeyrissjóðs sem fullnægir skilyrðum laga þessara er honum ekki heimilt að taka við viðbótariðgjöldum á grundvelli samnings um lífeyrissparnað.

Séreignarsjóðum, sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laga þessara, er heimilt að reka sérstaka deild vegna varðveislu iðgjalda sem greidd voru fyrir og allt að sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara. Eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku laganna skulu öll iðgjöld til sjóðsins fara annaðhvort til ávinnslu réttinda samkvæmt samningi um lífeyrissparnað skv. II. kafla eða til ávinnslu réttinda skv. III. kafla þessara laga.

56. gr.

Lífeyrissjóður, sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980, og nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða ríkisbanka, er heimilt að starfa áfram á óbreyttum grundvelli fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum við gildistöku laga þessara. Lífeyrissjóðurinn skal tilkynna fjármálaráðuneytinu um þá fyrirætlun innan eins árs frá gildistöku laganna og skal honum veitt starfsleyfi í því skyni.

Kjósi sjóðurinn að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum skulu þeir eiga aðild að sérstakri deild í sjóðnum og skulu samþykktir hennar uppfylla skilyrði laga þessara. Um starfsleyfi fyrir slíka deild skal sótt innan sömu tímamarka og í 1. mgr. greinir.

Í að minnsta kosti eitt ár eftir gildistöku laga þessara skal gefa þeim sem eiga aðild að lífeyrissjóði er þessi grein tekur til kost á aðild að réttindakerfi eða öðrum lífeyrissjóði sem uppfyllir skilyrði laga þessara.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

57. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.

58. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara og er honum heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

59. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi lífeyrissjóði.

60. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, 2., 3., 4. og 5. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til þess tíma er starfsleyfi er veitt skv. XI. kafla skal um starfsemi lífeyrissjóðs gilda sú staðfesta reglugerð sem í gildi er við gildistöku laga þessara enda hafi heimild til reksturs lífeyrissjóðs ekki fallið niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skipaði fjármálaráðherra nefnd um lífeyrismál 30. ágúst 1995. Í nefndina voru skipuð: Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, formaður, Baldur P. Erlingsson, lögfræðingur, tilnefndur af viðskiptaráðherra, Guðmundur H. Garðarsson, fyrrverandi alþingismaður, án tilnefningar, Margeir Daníelsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af þingflokki Framsóknarflokksins, Már Guðmundsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands, tilnefndur af bankanum, Pétur H. Blöndal alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Vigdís Jónsdóttir hagfræðingur, án tilnefningar, og Örn Gústafsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Með nefndinni störfuðu Magnús Pétursson ráðuneytisstjóri, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, Áslaug Guðjónsdóttir lögfræðingur og Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur en öll starfa þau í fjármálaráðuneytinu.

Í erindisbréfi nefndarinnar kom fram að meginverkefni hennar væri að útfæra það markmið ríkisstjórnarinnar að treysta starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins þannig að allir landsmenn nytu sambærilegra lífeyrisréttinda. Sérstök áhersla skyldi lögð á að finna leiðir til að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði, innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna. Jafnframt var nefndinni falið að skilgreina stöðu og hlutverk séreignarsjóða lífeyrisréttinda og að leita leiða til þess að auka þátttöku lífeyrissjóða í atvinnulífinu.

Eftir viðræður við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins og umræðu í ríkisstjórn var nefndin leyst frá störfum 26. mars sl. Þó að niðurstaða nefndarstarfsins liggi ekki fyrir er frumvarp þetta að nokkru leyti byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni.

Frumvarpið tekur mið af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995. Útfærslan er jafnframt ákveðin málamiðlun enda málefnið búið að vera lengi í deiglunni. Þannig var fjallað nær samfellt um málefni lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda í stjórnskipaðri nefnd frá 1976 til 1987. Þetta starf skilaði fyrst ýmsum bráðabirgðaúrlausnum, en lauk með tillögu um starfsemi lífeyrissjóða. Í framhaldinu var lagt fram frumvarp um þetta efni á Alþingi sem ekki náði fram að ganga. Síðast var þessu frumvarpi vísað til sérstakrar milliþinganefndar sem starfaði frá 1990 til 1991. Það starf skilaði ekki árangri. Loks voru á vegum fjármálaráðherra samin drög að frumvarpi árið 1994 sem byggði á þessu starfi. Þar var jafnframt tekið tillit til framvindu ýmissa lífeyrismála og breytinga á skilyrðum og viðhorfum til lífeyrissparnaðar sem hafa verið að eiga sér stað á undanförnum árum. Þetta frumvarp tekur óhjákvæmilega mið af þessari vinnu þótt það sé eins og áður segir fyrst og fremst útfærsla á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Inngangur.

Það frumvarp sem hér er lagt fram miðar að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því er fyrst og fremst ætlað að skilgreina inntak skyldutryggingarinnar, samninga um lífeyrissparnað og setja almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða, heimildir þeirra til fjárfestingar og kveða á um eftirlit með lífeyrissjóðum. Gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um starfsemi einstakra sjóða í staðfestum samþykktum þeirra en auk þess má ætla að í almennri reglugerð verði kveðið nánar á um ýmis ákvæði laganna. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir, hvað almenn atriði varðar, að frumvarp þetta taki til lögbundinna sjóða eins og lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, Lífeyrissjóðs bænda og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Við það er miðað að um þessa sjóði gildi þó áfram sérstök löggjöf.

Í byrjun mars 1997 voru starfræktir 66 lífeyrissjóðir en af þeim taka 10 sjóðir ekki lengur við iðgjöldum. Samtryggingasjóðir eru alls 54 og starfa 35 án ábyrgðar launagreiðenda og 19 með ábyrgð launagreiðenda. Séreignarsjóðir voru 13. Lífeyrissjóðum hefur fækkað á undanförnum árum og má þar t.d. nefna að í ársbyrjun 1996 sameinuðust sex lífeyrissjóðir og stofnuðu lífeyrissjóðinn Framsýn og í ársbyrjun 1997 voru sameinaðir þrír lífeyrissjóðir og mynduðu þeir lífeyrissjóðinn Lífiðn. Jafnframt var stofnaður nýr séreignarsjóður í byrjun þessa árs og er hann rekinn af verðbréfadeild Búnaðarbanka Íslands.

Hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris í árslok 1995 nam 262,6 ma.kr. samanborið við 234,2 ma.kr. í árslok 1994. Aukningin á árinu var 12,1% sem samsvarar 10,3% raunaukningu miðað við neysluverðsvísitölu. Ráðstöfunarfé samkvæmt sjóðstreymi á árinu 1995 nam samtals 46,8 ma.kr. samanborið við 43,9 ma.kr. árið á undan. Raunávöxtun eigna allra lífeyrissjóðanna á árinu 1995 var 6,88% en á árinu 1994 7,07%. Hrein raunávöxtun eigna allra lífeyrissjóðanna á árinu 1995 reyndist vera 6,58% miðað við neysluverðsvísitölu en sambærileg tala á árinu 1994 var 6,75%. Á árinu 1995 námu iðgjöld samtals 17,0 ma.kr. en samsvarandi tala árið 1994 var 15,7 ma.kr. Á árinu 1995 nam gjaldfærður lífeyrir 8,4 ma.kr. en 7,5 ma.kr. árið 1994. Kostnaður á árinu 1995, þ.e. rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum, nam samtals 691 m.kr. en sambærileg fjárhæð á árinu 1994 var 652 m.kr. Sem hlutfall af eignum, þ.e. meðaltali hreinnar eignar til greiðslu lífeyris, nam kostnaður 0,28% árið 1995 en 0,29% árið 1994 fyrir lífeyrissjóð-

ina í heild. Þess má geta að þetta hlutfall var 0,41% árið 1991, 0,38% árið 1992 og 0,34% árið 1993. Kostnaður sem hlutfall af eignum hefur þannig farið stöðugt lækkandi á þessu tímabili.

Allt fram á þennan áratug hefur framtíð lífeyrissjóðakerfisins verið háð mikilli óvissu. Ekki eru nema 15 ár síðan flest benti til þess að markmið kerfisins og tilætlaður árangur næðist ekki; kerfið mundi sigla í strand og liðast í sundur. Fjárhagsstaða flestra lífeyrissjóða sem starfa án ábyrgðar launagreiðanda hefur hins vegar gjörbreyst á undanförnum árum og telst nú viðunandi. Í stað neikvæðrar raunávöxtunar á fyrstu árum almennu sjóðanna hafa þeir á undanförnum árum náð að ávaxta ráðstöfunarfé sitt langt umfram tryggingafræðilegar forsendur. Sjóðir hafa þar að auki verið sameinaðir og réttindi löguð að eignastöðunni. Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyristryggingakerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta sínum lífeyriskerfum í hátt við það sem Íslendingar búa við.

Samhliða bættri fjárhagsstöðu lífeyrissjóða er almenningur meðvitaðri en áður um þá hagsmuni sem eru í húfi. Frá sjónarhóli einstaklingsins er um að ræða uppsöfnun verðmæta sem vænta má að samsvari skuldlausu íbúðarhúsnæði við starfslok og upphaf töku ellilífeyris. Frá sjónarhóli heildarinnar ætti þessi sparnaður hins vegar að draga úr skattheimtu og kostnaði við almannatryggingakerfið.

Hrein eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris er nú nálægt 50% af VLF. Frá 1981 hefur hlutur lífeyrissjóða í innlendu fjármagni lánakerfisins aukist úr 22% í 44%. Áætlað er að uppsöfnun fjár haldi áfram hjá lífeyrissjóðunum til ársins 2040 og samsvari þá a.m.k. 150% af VLF.

Lög hafa verið sett um rekstur allra annarra fjármálastofnana en lífeyrissjóða og almenn samstaða er um nauðsyn sambærilegrar löggjafar fyrir lífeyrissjóðina. Margar tilraunir hafa verið gerðar án árangurs. Veigamikil ástæða er sú óvissa sem ríkt hefur um framtíð sjóðanna og sjóðsöfnunarkerfisins almennt, m.a. vegna opinberu lífeyrissjóðanna og annarra „sjóða“ sem hafa að stórum hluta verið reknir sem gegnumstreymissjóðir. Með bættum fjárhag almennu sjóðanna og nýjum lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga hefur þessum hindrunum verið rutt úr vegi.

Helstu atriði frumvarpsins.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda.

Skyldutrygging lífeyrissjóða er skilgreind og gerður er greinarmunur á lágmarksiðgjaldi til samtryggingar og viðbótariðgjaldi.

Gert er ráð fyrir því skylduiðgjaldið verði áfram 10% af launum og heimilt að semja um hærra hlutfall. Lágmarksiðgjald til samtryggingar er skilgreint sem 10% af launum og almennt skylt að ráðstafa því til lífeyrissjóðs. Gert er ráð fyrir að aðild að lífeyrissjóði verði almennt ákveðin í kjarasamningi, sérlögum eða ráðningarsamningi og að sjóðirnir veiti sambærileg réttindi og nú gilda.

Samhliða því sem öllum er gert að eiga aðild að samtryggingarsjóði er einstaklingum tryggður réttur til að ráðstafa iðgjaldinu umfram lágmarksiðgjald til séreignar hjá annarri fjármálastofnun en þeim lífeyrissjóði sem þeir eiga aðild að.

Samningar um lífeyrissparnað.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að launamenn á aldrinum 16–70 ára geti gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki eða líftryggingafélag vegna viðbótariðgjaldanna. Þessi sparnaður myndar séreign og getur farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sparnaðartryggingu. Banki gæti þannig, svo dæmi sé tekið, boðið upp á bundinn innlánsreikning og verðbréfafyrirtæki stofnað verðbréfasjóð vegna slíks sparnaðar. Settar eru reglur um það hvað koma á fram í slíkum samningum og skilyrði fyrir úttekt á innstæðu samkvæmt þeim.

Réttindi í lífeyrissjóðum.

Í III. kafla frumvarpsins eru settar reglur um lágmarkslífeyrisréttindi. Ekki er lögbundið hvaða kerfi skuli notað við útreikning lífeyrisréttinda eða kveðið á um fjárhæð lífeyris. Hins vegar er fjallað um útborgun ellilífeyris sem getur í fyrsta lagi hafist við 60 ára aldur og greiðist ávallt ævilangt og skilyrði sett fyrir rétti til örorku-, maka- og barnalífeyris. Þegar þessi ákvæði voru samin var höfð hliðsjón af þeim reglum sem gilda um lífeyrisréttindin hjá stærstu lífeyrissjóðunum.

Skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar og starfsleyfi.

Í frumvarpi þessu er lagt til það nýmæli að sett verði ákvæði um lágmarksstærð lífeyrissjóða. Er gert ráð fyrir að stærð sjóða byggist á fjölda sjóðfélaga annars vegar og tryggingavernd hins vegar. Nokkrir starfandi lífeyrissjóðir eru litlir, taka til fámennra starfsstétta eða eru bundnir við ákveðin byggðarlög. Fækkun lífeyrissjóða og stækkun þeirra getur þar með leitt til lækkunar á rekstrarkostnaði og aukinnar áhættudreifingar. Viðunandi áhættudreifingu má einnig ná með öðrum hætti, t.d. með því að lífeyrissjóður kaupi tryggingar hjá viðurkenndu tryggingafélagi og er því eftir sem áður mögulegt að sjóðfélagar séu færri en 800.

Í V. kafla frumvarpsins er lagt til að lífeyrissjóðir þurfi sérstakt starfsleyfi, en nú starfa þeir eingöngu á grundvelli reglugerða sem fjármálaráðherra staðfestir.

Rekstur og innra eftirlit.

Í VI. kafla frumvarpsins er starfssvið og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra skilgreint. Þá er í kaflanum kveðið á um innra eftirlit lífeyrissjóða en það getur annaðhvort verið í höndum sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila eða eftirlitsdeildar sem starfrækt er við sjóðinn. Eftirlitsdeildum eða eftirlitsaðila er ætlað að gegna svipuðu hlutverki hjá lífeyrissjóðum og endurskoðunardeildir gegna hjá bönkum eða lánastofnunum og vörslufyrirtæki að hluta til hjá verðbréfasjóðum.

Eignir og skuldbindingar standist á.

Í 39. gr. frumvarpsins er kveðið á um það með afdráttarlausum hætti að jafnvægi eigi að vera milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að munur á eignum og skuldbindingum er 7,5% eða meiri ber lífeyrissjóði að grípa til viðeigandi ráðstafana. Geta þær ráðstafanir leitt annars vegar til skerðingar á lífeyrisréttindum og hækkunar iðgjalds eða hins vegar til aukningar á lífeyrisréttindum og lækkunar iðgjalds, allt eftir því hvað segir í samþykktum og hvernig sjóðurinn stendur.

Fjárreiður og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.

Í sérstökum köflum frumvarpsins er fjallað um fjárreiður og eignir lífeyrissjóða, svo og um ársreikninga og endurskoðun. Í frumvarpinu er að finna meginreglur um heimildir lífeyrissjóða til að ávaxta eignir sínar. Hér þarf að hafa í huga að eitt af verkefnum sjóðanna er að ávaxta eignir þannig að þeir verði sem best færir til að greiða lífeyri þegar fram í sækir. Að hinu leytinu þarf að hafa í huga að sjóðirnir taki ekki óeðlilega áhættu í ráðstöfun og ávöxtun eigna sem geti rýrt lífeyri einstaklinga úr hófi. Því er gerð almenn krafa um aðgát í fjárfestingu þó svo að heimildir til handa sjóðunum að fjárfesta innan lands sem utan séu sniðnar að því fjármálaumhverfi sem nú er að ryðja sér til rúms. Taldar eru upp þær tegundir verðbréfa sem sjóðunum er heimilt að fjárfesta í og enn fremur er þeim gert skylt að hafa yfir nægu lausu fé að ráða til þess að greiða lífeyri. Þar sem heimild til fjármagnsflutninga milli landa hefur verið veitt er eðlilegt að sjóðirnir hafi jafnframt heimildir til í verðbréfakaupa í útlöndum.

Hvað varðar gerð ársreikninga og endurskoðun og eftirlit, byggir frumvarpstextinn að meginefni til á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og gildandi lögum um fjármálastofnanir.

Gert er ráð fyrir að eftirlitið verði í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Með hliðsjón af allítarlegum kröfum frumvarpsins um fjárhagslega stöðu sjóðanna og skýlausum ákvæðum um tryggingafræðilegar úttektir þykir rétt að bankaeftirlitið, sem þegar hefur nokkra reynslu í þessum efnum, hafi eftirlit með því að sjóðirnir starfi í samræmi við ákvæði laganna og uppfylli þær kvaðir sem á þá eru lagðar. Sé þörf á sérstökum ráðstöfunum í þeim tilgangi að tryggja réttindi sjóðfélaga skal bankaeftirlitið gera því stjórnvaldi sem fer með málefni sjóðanna viðvart og það grípa til ráðstafana í samræmi við ákvæði laganna.

Núgildandi löggjöf um lífeyrissjóði.

Í gildi eru nokkur lög sem fjalla um ákveðna þætti í rekstri lífeyrissjóða en jafnframt starfa nokkrir lífeyrissjóðir á grundvelli sérlaga. Eftirfarandi lög gilda almennt:

Lög nr. 55/1980, um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í þessum lögum er kveðið á um skylduaðild að lífeyrissjóðum, lágmarksiðgjald og endurgreiðslu iðgjalda.

Lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda. Í lögunum er kveðið á um að færa skuli í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna. Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða en lögunum er ætlað að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um lífeyrisaðild.

Lög nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Í lögunum er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til þess að senda bankaeftirlitinu ársreikninga sína. Jafnframt er bankaeftirlitinu veitt heimild til þess að krefja stjórnendur lífeyrissjóða um nauðsynleg gögn ef rekstri og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðs er ábótavant í verulegum atriðum og getur eftirlitið krafist þess að gerðar séu úrbætur á rekstrinum og fjárhagsstöðunni. Á grundvelli laganna hafa verið settar reglur um gerð ársreiknings lífeyrissjóðs og um framkvæmd endurskoðunar hjá lífeyrissjóðum.

Eftirtalin lög gilda um einstaka lífeyrissjóði, með síðari breytingum:
Lög nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna.
Lög nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra.
Lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.
Lög nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.
Lög nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna.
Lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.
Lög nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hefur þá sérstöðu að hann tekur ekki til ákveðinna starfsstétta eða starfshópa heldur er honum ætlað að vera lífeyrissjóður þeirra sem ekki eiga vísa aðild að öðrum sjóðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið og hugtakið lífeyrissjóður er skilgreint. Í þessum kafla er jafnframt fjallað um skyldutrygginguna og inntak hennar skilgreint. Gert er ráð fyrir að allir launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar á aldrinum 16 til 70 ára eigi aðild að lífeyrissjóði, þ.e. samtryggingarsjóði, sbr. 2. mgr. 1. gr. Með hugtakinu launamaður er átt við launþega og þann sem þiggur atvinnuleysisbætur. Þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verða að eiga aðild að lífeyrissjóði hvort sem þeir starfa sem launþegar í eigin fyrirtæki eða eru með rekstur í eigin nafni. Loks er í þessum kafla fjallað um iðgjald, iðgjaldastofn og innheimtu iðgjalda.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um gildissvið laganna og er lagt til að þau gildi almennt um alla lífeyrissjóði með undanþágu fyrir tiltekna sjóði sem gerð er grein fyrir í XI. kafla. Fyrir lífeyrissjóði, sem starfa samkvæmt sérlögum og njóta bakábyrgðar ríkis eða sveitarfélaga, eru veigamestar undanþágur frá 21. gr., ákvæðum V. kafla, 39. gr. og X. kafla. Jafnframt eru lífeyrissjóðir skilgreindir sérstaklega og er þá átt við félög eða stofnanir sem veita móttöku og ávaxta iðgjöld á grundvelli samtryggingar til greiðslu lífeyris skv. III. kafla frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um almenna skyldu manna á aldrinum 16 til 70 ára til þess að vera í lífeyrissjóði. Í núgildandi lögum eru engin aldursmörk að því undanskildu að í 5. gr. laga nr. 55/1980 er kveðið á um það að endurgreiða megi þau iðgjöld sem menn greiða umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, svo og iðgjöld þeirra sem orðnir eru 75 ára. Í kjarasamningi sem ASÍ og VSÍ gerðu um lífeyrismál í desember 1995 er kveðið á um að greitt skuli í lífeyrissjóð til 70 ára aldurs og hafa fjölmargir lífeyrissjóðir tekið það ákvæði upp í reglugerðir sínar.

Í 2. mgr. segir að aðild að lífeyrissjóði fari eftir því sem kveðið er á um í sérlögum, kjarasamningum milli atvinnurekenda og stéttarfélaga eða ráðningarsamningum. Með kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins frá 19. maí 1969 var almennri skylduaðild launamanna að tilteknum lífeyrissjóðum komið á. Aðildarskylda að einstökum sjóðum hefur þannig byggst á kjarasamningum að hluta til þótt hún hafi orðið víðtækari þegar lög nr. 55/1980 tóku gildi. Þau lög hafa verið skýrð með hliðsjón af samningnum frá 1969, en skv. 2. gr. laganna getur sjálfstæðum atvinnurekanda eða þeim sem stundar atvinnurekst-

ur verið skylt að vera í lífeyrissjóði sinnar starfsstéttar, sbr. hæstaréttardóm frá 26. september 1996 í máli Trésmiðjunnar K–14 hf. gegn Sameinaða lífeyrissjóðnum. Hér er því lagt til að heimild til þess að velja sér lífeyrissjóð verði gerð víðtækari þegar menn tilheyra starfsgreinasviði en eru utan kjarasamninga. Atvinnurekendur og stéttarfélög geta þó eftir sem áður í kjarasamningum kveðið á um skyldu hlutaðeigandi félagsmanna til að greiða í tiltekna sjóði. Þá er lagt til að aðild að lífeyrissjóði geti byggst á ráðningarsamningi milli launþega og atvinnurekanda hans enda sé það ekki í andstöðu við ákvæði sérlaga eða kjarasamninga. Aðild að lífeyrissjóði samkvæmt ráðningarsamningi mundi þannig víkja fyrir aðild samkvæmt sérlögum eða kjarasamningi hafi stéttarfélag starfsmannsins gert kjarasamning um aðildina við atvinnurekandann eða félag hans. Sé ekki kveðið á um aðildina í sérlögum eða kjarasamningi getur vinnuveitandi gert þá kröfu í ráðningarsamningi að starfsmaður hans greiði í tiltekinn lífeyrissjóð. Til aðildar að Samvinnulífeyrissjóðnum gæti t.d. verið stofnað á þessum grundvelli. Sveitarfélagi sem rekur lífeyrissjóð og ætlar að gera svo áfram, sbr. 56. gr., er jafnframt með ákvæðinu tryggð ótvíræð heimild til að gera starfsmönnum sínum að greiða til lífeyrissjóðs sveitarfélagsins. Þetta er þó háð því að sveitarfélagið hafi ekki samið svo um að starfsmennirnir eða tilteknir hópar þeirra greiði í aðra sjóði eða slíkt ákveðið í lögum, sbr. aðild hjúkrunarfræðinga og kennara að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ákvæði þessarar málsgreinar um að nánar skuli kveðið á um aðild í samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs ber ekki að skilja svo að í samþykktum sé hægt að leggja á einstaklinga skyldu til þess að vera í tilteknum lífeyrissjóði ef ekki er kveðið á um slíkt í sérlögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi, heldur er eingöngu átt við að í samþykktunum verði fjallað nánar um réttinn til þess að vera í tilteknum sjóði. Sé ekki kveðið á um aðildina í kjarasamningi, sérlögum eða ráðningarsamningi gæti einstaklingurinn því valið sér lífeyrissjóð.

Um 3. gr.

Í greininni er nánar kveðið á um að tryggingaskyldan skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóði skv. 2. gr. og eftir þeim reglum sem um sjóðsaðild gilda í samþykktum viðkomandi sjóðs. Þannig er við það miðað að nánar sé útfært í samþykktum sjóðanna til hverra þeir taki, sbr. og það sem segir í athugasemdum við 2. mgr. 2. gr. Þó er lagt til í greininni að óheimilt verði að neita manni um aðild að lífeyrissjóði vegna aðstæðna viðkomandi einstaklings. Með hjúskaparstöðu er átt við hvort viðkomandi eigi maka, sbr. 3. mgr. 16. gr., og það leiðir af 2. gr. að heimilt væri óheimilt að neita þeim sem orðnir eru sjötíu ára um aðild að lífeyrissjóði.

Um 4. gr.

Í þessari grein er iðgjaldastofninn skilgreindur, en greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Kveðið er á um að iðgjaldastofninn sé sá sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990. Greiða skal iðgjald af heildarfjárhæð greiddra launa og af heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds. Þó er sérstaklega tekið fram að ekki skuli greiða iðgjald vegna greiðslna sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði og iðgjald launagreiðanda til lífeyrissjóðs teljist sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Það skal tekið fram að viðmiðun við gjaldstofn tryggingagjalds hefur í för með sér að þegar iðgjaldastofn er reiknað endurgjald vegna starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi getur iðgjaldastofninn aldrei orðið lægri en segir í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, sbr. 36. gr. laga nr. 122/1993. Um er að ræða lágmarkstryggingu jafnvel þótt tekjur samkvæmt ársuppgjöri kunni að reynast lægri í einhverjum tilvikum.

Verði gerð breyting á gjaldstofni tryggingagjalds getur orðið nauðsynlegt að endurskoða þetta ákvæði.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um skyldutryggingariðgjald. Lagt er til að iðgjaldið geti skipst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Lágmarksiðgjald verður að fara til lífeyrissjóðs en viðbótariðgjaldi skal ráðstafa samkvæmt ákvörðun launamanns til séreignar (sbr. II. kafla) eða til samtryggingar hjá hlutaðeigandi lífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að iðgjaldið geti aldrei orðið lægra en 10% af iðgjaldastofni. Eigi að greiða viðbótariðgjald eða iðgjald umfram 10% til lífeyrissjóðs (lágmarksiðgjald) verður að kveða á um það í lögum, semja um það í kjarasamningi eða launamaður að gera sérstakt samkomulag um slíkar iðgjaldagreiðslur við launagreiðanda.

Gert er ráð fyrir að menn geti í sérlögum ákveðið hærra lágmarksiðgjald en 10%, sbr. t.d. lög nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að í kjarasamningi eða með öðrum sambærilegum hætti geti menn samið um hærra lágmarksiðgjald sem renni til samtryggingar í lífeyrissjóði. Þannig má geta þess, svo dæmi sé tekið, að flugmenn og viðsemjendur þeirra hafa samið um 20% iðgjald til Eftirlaunasjóðs FÍA. Menn verða hins vegar ekki með samþykktum lífeyrissjóðs einum saman skyldaðir til að greiða hærra iðgjald til sjóðsins en sem nemur 10% af iðgjaldastofni.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að lágmarksiðgjald skuli renna til lífeyrissjóðs. Það sem er umfram lágmarksiðgjaldið er viðbótariðgjald en um það er fjallað í 3. mgr.

Í 3. mgr. er fjallað nánar um viðbótariðgjaldið og gert ráð fyrir að einstaklingar ráðstafi þeim hluta iðgjaldsins sem er umfram lágmarksiðgjald á þann hátt að greiða hann til lífeyrissjóðs eða með gerð samnings um lífeyrissparnað. Loks er lagt til í 3. mgr. að ákveði launamaður ekki innan hæfilegs frests hvert þetta viðbótariðgjald eigi að renna skuli það fara til þess lífeyrissjóðs sem tekur við lágmarksiðgjaldinu. Er þetta talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir óvissu og til að tryggja að viðbótariðgjaldið verði greitt enda er það hluti af skyldutryggingunni.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu þeirra sem greiða eiga iðgjöld, sbr. 2. gr. og 7. gr. í II. kafla, til þess að greiða þau reglubundið í mánuði hverjum. Ekki verður því heimilt að greiða iðgjöld eingöngu einu sinni á ári svo dæmi sé tekið, jafnvel þótt það iðgjald svari til ársiðgjalds.

Í 2. mgr. eru settar reglur um lengd iðgjaldagreiðslutímabils og eindaga iðgjalda en þetta eru lágmarkskröfur.

Í 3. mgr. er að finna sérreglu um skyldu launagreiðanda til þess að halda iðgjaldshluta launþegans eftir og standa skil á honum ásamt eigin iðgjaldshluta. Sjálfstætt starfandi atvinnurekendur verða sjálfir að skila sínu iðgjaldi til lífeyrissjóðs og aðila skv. 8. gr. í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

Loks er í 4. mgr. lagt til að launagreiðendur og sjálfstætt starfandi atvinnurekendur tilkynni viðkomandi lífeyrissjóði og aðilum skv. 8. gr., ef þeim ber ekki lengur að standa skil á iðgjöldum.

Um II. kafla.

Í kaflanum er fjallað um lífeyrissparnaðarsamninga en jafnframt er fjallað um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim í 5. og 6. gr. Kveðið er á um hverjir geti gert slíka samninga, hvað skuli koma fram í þeim, skyldu til þess að leita eftir samþykki ráðherra á reglum um þess háttar sparnað og um úttekt eða útborgun samkvæmt slíkum samningum. Ekki eru settar sérstakar reglur um fjárfestingar þeirra aðila sem bjóða upp á samninga eða um eftirlit með þeim enda er það óþarft þar sem víðtækar og strangar reglur gilda um starfsemi allra þeirra aðila sem geta boðið upp á slíka samninga í lögum um fjármálastofnanir og vátryggingafélög.

Um 7. gr.

Hér er kveðið á um heimild launamanna og sjálfstætt starfandi til þess að gera samninga um lífeyrissparnað við viðskiptabanka, sparisjóði, verðbréfafyrirtæki og líftryggingafélög. Samningar þessir geta verið mismunandi, allt eftir því við hvern er samið. Þeir geta t.d. kveðið á um innlegg á bundinn innlánsreikning þegar um banka eða sparisjóð er að ræða eða um kaup á lífeyristryggingu þegar um líftryggingafélag er að ræða. Í 2. mgr. er kveðið á um að rétthafa sé óheimilt að ráðstafa inneign eða réttindum samkvæmt samningnum. Er slíkt nauðsynlegt þegar litið er til tilgangs samninganna. Samheitið rétthafi er notað um þá launamenn og sjálfstætt starfandi sem gera samning um lífeyrissparnað. Launagreiðandi eða lífeyrissjóður getur jafnframt gert slíkan samning samkvæmt umboði en launþeginn eða sjóðfélaginn er samt sem áður rétthafi samkvæmt samningnum. Erfingjar launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings teljast hins vegar ekki rétthafar samkvæmt frumvarpinu og er fjallað um greiðslur til þeirra í 4. mgr. 11. gr.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru þeir tilgreindir sem geta veitt þá þjónustu sem felst í móttöku viðbótariðgjalda með gerð samninga um lífeyrissparnað. Nauðsynlegt er talið að binda þetta við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. enda eru þetta allt aðilar sem ákveðnar reglur gilda um í lögum. Lífeyrissjóðir geta jafnframt tekið við viðbótariðgjöldum, sbr. 5. gr., en slík viðbótariðgjöld eru þá meðhöndluð eins og lágmarksiðgjöld, þ.e. renna til samtryggingar og veita sambærileg réttindi og lágmarksiðgjaldið, sbr. III. kafla.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um það hvað skuli koma fram í reglum um lífeyrissparnað. M.a. er gert ráð fyrir að mánaðarlegt innlegg sé tilgreint, en þar er ekki eingöngu átt við fasta krónutölu heldur einnig fjárhæð sem hlutfall af launum og getur upphæð innleggs því breyst til hækkunar eða lækkunar í samræmi við launabreytingar. Jafnframt er fjallað um uppsögn í greininni og sett ákveðin skilyrði fyrir henni svo sem um uppsagnarfrest. Þá er kveðið á um það að uppsögn veiti ekki rétt til endurgreiðslu inneignar en hins vegar má flytja inneign á milli aðila. Sambærileg takmörkun er í 19. gr. frumvarpsins að því er varðar lífeyrissjóði. Eðli málsins samkvæmt á ákvæði um uppsögn aðeins við um þá sem ber að greiða iðgjöld vegna þess að þeir hafa ekki náð 70 ára aldri og eru á vinnumarkaði eða á atvinnuleysisbótum. Eftir að rétthafi hefur náð 60 ára aldri er lífeyris-

sparnaður útborganlegur án uppsagnar samkvæmt ákvæðum 11. gr. Gildir það bæði um áunninn sparnað og mögulegan viðbótarlífeyrissparnað fram til 70 ára aldurs.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um skyldu þeirra sem bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað til að leita fyrir fram eftir samþykki fjármálaráðherra á reglum um slíka samninga. Sambærilegt ákvæði er í 4. gr. laga nr. 49/1985, um húsnæðissparnaðarreikninga. Í V. kafla er lögð sú skylda á lífeyrissjóði að sækja um starfsleyfi en slíkt þótti óþarft vegna þeirrar starfsemi sem hér um ræðir enda hafa allir þessir aðilar starfsleyfi og er því látið nægja að skylda þá til þess að fá reglurnar samþykktar. Jafnframt er þeim gert að tilkynna um allar breytingar á reglunum og fá þær samþykktar. Sams konar skylda hvílir á lífeyrissjóðum, sbr. 18. gr.

Um 11. gr.

Í greininni er sett ákvæði um útborgun inneignar. Lagt er til í 1. mgr. að inneignina megi taka út í fyrsta sinn þremur árum eftir gerð samnings, en í 9. gr. kemur fram að greiðslur verði að hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir samningsgerð. Ákvæði um lágmarksbinditíma eru talin nauðsynleg, ekki síst þegar haft er í huga að gert er ráð fyrir að sömu skattareglur gildi um þennan sparnað og réttindi hjá lífeyrissjóðnum enda hluti af skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í 2.–4. mgr. er fjallað um hvenær hægt er að fá inneignina greidda út og á hvað löngum tíma. Sparnaði þessum er ætlað svipað hlutverk og elli-, örorku- og fjölskyldulífeyri úr lífeyrissjóðum, sbr. III. kafla.

Í fyrsta lagi getur rétthafi byrjað að fá greiðslur þegar hann hefur náð 60 ára aldri og er þá greiðslutíminn 15 ár að lágmarki. Ákveði hann hins vegar að byrja seinna að taka út innstæðstæðuna styttist lágmarkstíminn sem því nemur. Sá sem t.d. byrjar 65 ára getur tekið innstæðuna út á 10 árum. Í öðru lagi getur hann tekið innstæðuna út ef hann verður öryrki og þá í réttu hlutfalli við örorkuna. Þannig gæti t.d. 40% öryrki, sem ekki hefur náð ellilífeyrisaldri, tekið út árlega 40% af þeirri innstæðu sem hann ella á rétt á að taka út árlega frá og með 60 ára aldri. Útborgunin getur átt sér stað á mislöngum tíma allt eftir því hve mikil örorkan er og hvað öryrkjann vantar mörg ár til að ná 60 ára aldri. Loks er í 3. mgr. fjallað um greiðslu til maka, barna og annarra erfingja. Lagt er til að greiðsla til maka og barna, þ.e. skylduerfingja, dreifist á ákveðið tímabil en greiðsla til annarra erfingja, ef um þá er að ræða, verði greidd út í einu lagi.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um hugtakið jafnar greiðslur, en af ákvæðinu leiðir að ekki er hægt að skilja á milli þess hluta innstæðunnar sem stafar af innborgunum og þess hluta sem stafar af ávöxtun. Jafnframt eru sérstakir útborgunarsamningar milli rétthafa og aðila skv. 8. gr. II. kafla heimilaðir. Slíkir samningar geta byggst á verðtryggingu og samkomulagi um ákveðna vexti og/eða tryggingafræðilegu mati á ævilíkum. Ef um það er samið getur mánaðarleg útborgun náð til ákveðins tíma að hluta til og æviloka rétthafa að hluta.

Um III. kafla.

Í III. kafla er fjallað um réttindi í lífeyrissjóðum. Sett eru ákvæði um lífeyrisréttindi sem eru lágmarksákvæði og geta því sjóðirnir veitt betri réttindi en kveðið er á um í kaflanum. Ekki er kveðið á um fjárhæð lífeyris eða útreikning hans og gætu sjóðirnir t.d. ákveðið að nota aðrar reglur við útreikning ellilífeyris en við útreikning makalífeyris. Ekki er kveðið á um sérstakt útreikningskerfi en eins og kunnugt er nota flestir sjóðirnir svokallað stigakerfi með flatri réttindaávinnslu þegar réttindi eru reiknuð út.

Um 13. gr.

Í þessari grein er lagt til að lífeyrisréttindi þau sem fjallað er um í kaflanum verði lágmarksréttindi. Greinin kveður á um að lífeyrissjóður geti ekki haft ákvæði um lakari lífeyrisrétt í samþykktum sínum. Vilji sjóður aftur á móti auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga umfram lágmörkin er honum það heimilt.

Í 2. mgr. er lagt til að sjóðir geti ákveðið fyrir fram hvernig iðgjaldið skiptist á milli elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris og geti þar af leiðandi ákveðið deildaskiptingu eftir tegundum lífeyris. Nokkrir sjóðir hafa tekið upp deildaskiptingu. Nauðsynlegt þykir, óháð deildaskiptingu, að setja lágmörk til viðmiðunar á það hve stór hluti iðgjalds fer í einstakar tegundir lífeyris til þess að tryggja eðlilega skiptingu á milli ellilífeyris annars vegar og örorku-, maka- og barnalífeyris hins vegar.

Í 3. mgr. er leitast við að skilgreina hvenær lífeyrisréttur stofnast. Lagt er til að meginreglan verði sú að réttur til lífeyris reiknist frá þeim tíma sem iðgjald er greitt til lífeyrissjóðs. Í flestum tilvikum eru iðgjöld greidd til lífeyrissjóða reglulega og engin vandkvæði fyrir hendi að þessu leyti. Hins vegar er nauðsynlegt að tekin séu af tvímæli um þetta þegar um vangoldin iðgjöld er að ræða. Hér er lagt til að gagnvart þeim sem bera sjálfir ábyrgð á greiðslum eigin iðgjalda gildi meginreglan um reikning réttinda frá þeim tíma er greiðslan fer fram. Með hliðsjón af samningsákvæðum, svo og tillögu þessa frumvarps um skyldu launagreiðanda til að halda eftir iðgjaldshluta launþega og að standa lífeyrissjóði skil á honum ásamt iðgjaldshluta sínum, þykir eðlilegt að rýmri regla gildi um það frá hvaða tíma lífeyrisréttur launþega stofnast. Hér er lagt til að sé um vangoldin iðgjöld vegna launþega að ræða reiknist lífeyrisréttur frá eindaga viðkomandi greiðslu, enda hafi lífeyrissjóði borist vitneskja um að greiðsluna hefði átt að inna af hendi innan 60 daga frá dagsetningu þess yfirlits sem skylt er að senda sjóðfélögum. Þessi tímamörk eru jafnframt í samræmi við III. kafla laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjóð launa. Þessi rýmri regla gildir þó ekki um þá launþega sem falla undir 6. gr. laganna um ábyrgðasjóð launa, en það eru t.d. stjórnarmenn í gjaldþrota félögum, forstjóri og framkvæmdastjóri gjaldþrota félaga svo og makar og skyldmenni í beinan legg. Ábyrgðasjóðurinn ber ekki ábyrgð á kröfum þessara aðila og því þykir ekki eðlilegt að láta lífeyrissjóði veita réttindi á grundvelli iðgjalda sem tapast hafa við gjaldþrot.

Um 14. gr.

Í þessari grein er fjallað um ellilífeyri. Gert er ráð fyrir að almenna reglan verði sú að greiðsla ellilífeyris hefjist tiltekið ár á aldursbilinu 65 til 70 ára en jafnframt að lífeyrissjóður geti gefið sjóðfélögum kost á að flýta eða fresta töku lífeyris um allt að fimm ár, þ.e. að sjóðfélagar lífeyrissjóða geti í fyrsta lagi hafið töku lífeyris 60 ára og ef aldur leyfir í síðasta lagi þegar þeir hafa náð 75 ára aldri. Í samþykktum ber að kveða á um hvaða áhrif frestun eða flýting hefur á fjárhæð lífeyrisins.

Í 2. mgr. er kveðið á um það að ellilífeyrir skuli greiddur út mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Með því er átt við að greiðslur geti ekki verið háar í tiltekinn árafjölda og síðan lækkað eftir það. Ákvæðið kemur hins vegar ekki í veg fyrir að greiðslur hækki eða skerðist vegna vísitölutengingar eða niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar á stöðu sjóðsins, sbr. 24. gr.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru settar almennar reglur um örorkulífeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gilda almennt hjá lífeyrissjóðum. Lagt er til að sjóðfélagi, sem fullnægir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr., eigi ávallt rétt á örorkulífeyri miðað við áunnin réttindi. Hann getur hins vegar átt rétt á framreikningi, þ.e. að lífeyrir miðist ekki eingöngu við áunninn rétt heldur taki einnig mið af þeim rétti sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til ellilífeyrisaldurs, ef hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. Í 3. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðir geti haft ákvæði um biðtíma þannig að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrst eftir orkutapið eða ef það varir í skamman tíma. Gert er ráð fyrir að í samþykktum verði settar ítarlegar reglur um örorkulífeyri, svo sem um örorkumatið, t.d. hvort það eigi að miðast við vanhæfi til að gegna því starfi sem sjóðfélagi gegndi þegar hann varð fyrir orkutapi eða hvort miða eigi við vanhæfi til að gegna almennum störfum. Í mörgum sjóðum er matið t.d. fyrstu þrjú árin miðað við það starf sem sjóðfélaginn gegndi við orkuptapið en eftir það við störf almennt. Þá er gert ráð fyrir að fjallað verði um útreikninginn í samþykktum, svo sem um það hvaða áhrif aðrar tekjur hafa á lífeyri. Loks má nefna að í samþykktum á að fjalla um skilyrði fyrir greiðslu, svo sem um framlagningu vottorða og annarra gagna og skyldu til að gangast undir endurhæfingu.

Um 16. gr.

Í þessari grein er fjallað um makalífeyri og skilyrði fyrir greiðslu hans. Þetta eru lágmarksákvæði og því geta sjóðir ákveðið rýmri reglur. Í 1. mgr. er sett það almenna skilyrði fyrir greiðslu makalífeyris að iðgjöld hafi verið greidd í ákveðinn tíma til lífeyrissjóðs, eða hinn látni hafi notið elli- eða örorkulífeyris við andlát sitt.

Í 2. mgr. er kveðið á um þann lágmarkstíma sem makalífeyrir skal greiddur. Þessi tími getur stystur verið 24 mánuðir, en ef makinn er með börn á framfæri eða er öryrki ber að greiða makalífeyri til þess tíma er börnin ná 18 ára aldri, eða á meðan örorkan varir, en þó ekki lengur en til 67 ára aldurs. Ekki skiptir máli fyrir rétt makans til aukins makalífeyris hvort hinn látni hefur verið kynforeldri barnsins, kjörforeldri eða fósturforeldri heldur eingöngu hvort barnið hefur verið á framfæri hins látna við andlátið. Í 3. mgr. er hugtakið maki skilgreint en í 4. mgr. er kveðið á um að frekari reglur um makalífeyri skuli settar í samþykktir lífeyrissjóða.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt til barnalífeyris vegna andláts eða örorku sjóðfélaga. Er gert ráð fyrir að barnalífeyrir verði sá sami fyrir börn látins sjóðfélaga og þess sjóðfélaga sem er 100% öryrki, en að barnalífeyrir lækki ef örorka sjóðfélaga er hlutfallslega lægri.

Um 18. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skráningu lágmarksupplýsinga um þá menn sem eiga iðgjaldainnstæður í hlutaðeigandi lífeyrissjóði eða réttindi áunnin á annan hátt, svo og um lífeyrisþega.

Í 2. mgr. er lagt til að lífeyrissjóðum verði skylt að senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti. Þetta er gert í því skyni að sjóðfélagar geti sjálfir haft eftirlit með því að iðgjöld vegna þeirra komist til skila. Sjóðfélaginn yrði að gera athugasemdir ef yfirlitið sýndi að iðgjöld væru í vanskilum að öðrum kosti gæti hann tapað réttindum.

Um 19. gr.

Með 1. mgr. 19. gr. er verið að tryggja ellilífeyrisrétt manna sem hætta iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs og geyma innstæðu sína þar. Samkvæmt ákvæðum þessum er óheimilt að láta aðra og óhagstæðari skilmála gilda um þann rétt er slíkar innstæður veita en um réttindi virkra almennra sjóðfélaga. Gildir þetta bæði með tilliti til lágmarksgreiðslutíma iðgjalda og verðtryggingar lífeyris.

Í 2. mgr. er kveðið á um réttarstöðu þeirra sem eiga lífeyrisréttindi í fleiri sjóðum en einum en þess má geta að milli fjölmargra lífeyrissjóða eru nú í gildi samningar sem tryggja sjóðfélögum, er greitt hafa iðgjöld til fleiri en eins sjóðs, sömu réttindi og þeir hefðu haft með greiðslu til eins og sama sjóðs allan iðgjaldsgreiðslutíma sinn. Eru þá að jafnaði fastar reglur um flutning réttinda milli sjóða í tilteknum tilvikum.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild til þess að flytja réttindi milli sjóða í því skyni að tryggja þau réttindi sem greinin kveður á um. Flutningur iðgjalda, og þar með réttinda milli sjóða, í öðrum tilvikum yrði óheimill, sbr. þó hér síðar. Gert er ráð fyrir að í reglugerð yrðu sett nánari ákvæði um flutninginn en eins og áður sagði eru ákvæði um þetta efni nú í samningum milli sjóða. Jafnframt er kveðið á um heimild til handa lífeyrissjóðum til að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara í samræmi við samþykktir sjóðanna. Eðli málsins samkvæmt mætti endurgreiða iðgjöld sem greidd eru vegna mistaka, svo sem vegna manna sem orðnir eru 70 ára, og flytja réttindi frá einum sjóði til annars ef greitt hefur verið í rangan sjóð.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það til hvers starfsemi lífeyrissjóða tekur en í 2. mgr. er áskilið að lífeyrissjóður megi ekki hafa aðra starfsemi með höndum en þá sem nauðsynleg er til að ná tilgangi 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. Jafnframt er kveðið á um að sjóði sé ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi, svo sem til líknar- eða íþróttafélaga. Þetta aðhaldsákvæði þykir nauðsynlegt með hliðsjón af þeim markmiðum sem lífeyrissjóður á að keppa að, þ.e. að greiða sem hæstan lífeyri á hverjum tíma.

Um 21. gr.

Í þessari grein er í 1. mgr. kveðið á um að heimild til lífeyrissjóðsrekstrar sé bundin því skilyrði að lífeyrissjóðurinn hafi fengið starfsleyfi. Um umsóknir um starfsleyfi og veitingu þeirra er fjallað í V. kafla, en í XI. kafla er fjallað sérstaklega um veitingu leyfa til þeirra sjóða sem starfandi eru við gildistökuna.

Í 2. mgr. er kveðið á um lágmarksstærð lífeyrissjóða. Lagt er til að sjóður verði ekki starfhæfur ef fjöldi sjóðfélaga, sem greiða iðgjald til hans reglulega í mánuði hverjum, nær ekki tilteknu lágmarki, þ.e. 800. Fari félagatalan niður fyrir þá tölu um lengri tíma yrði að taka til athugunar hvort svipta ætti sjóðinn starfsleyfi. Lífeyrissjóðir geta þó tryggt áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti, t.d. með kaupum á tryggingu og ef það er gert er ekki nauðsynlegt að 800 félaga markinu sé náð. Jafnframt gætu sjóðir, sem ættu á hættu að missa starfsleyfi vegna of fárra sjóðfélaga, varist því með kaupum á tryggingum.

Ákvæði 2. mgr. hefur tvennan tilgang, að stuðla að því að rekstrarkostnaður lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldstekjur þeirra verði sem lægstur og að tryggja meiri áhættudreifingu en er í litlum sjóðum.

Hvað fyrra atriðið snertir er ljóst, m.a. af tölum úr bókhaldi lífeyrissjóða, að rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum er yfirleitt þeim mun lægri sem sjóðir eru stærri. Þetta er skiljanlegt þegar til þess er litið að sjóðirnir hafa talsverðan fastan kostnað af starfsemi sinni óháð stærð auk þess sem ýmis breytilegur kostnaður á hvern sjóðfélaga lækkar eftir því sem þeir eru fleiri. Lögmál stærðarhagkvæmni á því vel við um starfsemi af þessu tagi. Loks má nefna það sem augljóst er, að markmiðið með starfsemi lífeyrissjóða er að greiða lífeyri og sjóðir geta greitt því meiri lífeyri til sjóðfélaga sem rekstrarkostnaðurinn er minni.

Áhættudreifing í mörgum íslenskum lífeyrissjóðum er alls ófullnægjandi. Í þessu sambandi er gagnlegt að greina ferns konar dæmi um áhættu sem dregið er úr með stækkun lífeyrissjóða.

Í fyrsta lagi er áhætta sem tekin er með loforðum um greiðslu örorkulífeyris, barnalífeyris og jafnvel makalífeyris. Þeim mun smærri sem sjóðir eru þeim mun meiri áhætta er tekin í að ganga þurfi mjög á eignir sjóðs ef til stórslysa kemur eða mikilla áfalla. Hættan er þá sú að sjóður geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, bæði í bráð og lengd.

Í öðru lagi er nú algengt að sjóðir séu bundnir við ákveðin byggðarlög og séu mjög fámennir. Tímabundnir erfiðleikar í byggðarlaginu gætu reynst lífeyrissjóði þungbærir og varanlegir erfiðleikar riðið honum að fullu.

Í þriðja lagi gildir hið sama um þá sjóði sem eru bundnir við fámennar starfsstéttir. Í slíkum sjóðum felst enn fremur sú áhætta að örorkulífeyrislíkur reynist meiri hjá einni tiltekinni starfsstétt en gera má ráð fyrir að meðaltali hjá mörgum starfsstéttum.

Í fjórða lagi má loks nefna að í litlum sjóðum er tekin mun meiri áhætta í að aldursdreifing sé óhagstæð en í stórum sjóðum. Sé aldursdreifing óhagstæð eða breytist til hins verra getur það hæglega rýrt gjaldþol sjóða, þ.e. möguleika þeirra á að greiða ellilífeyri í framtíðinni.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um það að lífeyrissjóðum sé skylt og einum heimilt að nota orðið lífeyrissjóður í heiti sínu. Sambærilegt ákvæði er í lögum um ýmsar fjármálastofnanir, svo sem í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og í lögum um verðbréfasjóði. Ákvæðinu er ætlað að koma í veg fyrir misskilning og einnig að aðilar, sem ekki uppfylla skilyrði frumvarpsins til, að stunda starfsemi sem það tekur til villi á sér heimildir. Í greininni er þó gerð sú undantekning að lífeyrissjóðum, sem starfandi eru við gildistöku laganna, er heimilað að halda heiti sínu óbreyttu svo framarlega sem það er ekki bannað í öðrum lögum.

Um 23. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú að lífeyrissjóðir ábyrgist skuldbindingar sínar með eigum sínum og að aðrir, þar á meðal atvinnurekendur beri ekki ábyrgð á skuldbindingunum. Ljóst er að lífeyrissjóðir sem við gildistöku laganna eru starfræktir með ábyrgð atvinnurekenda, svo sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins og sveitarfélaga, verða að fá undanþágu frá þessari reglu, sbr. XI. kafla.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um skyldu til þess að láta fara fram tryggingafræðilega úttekt á lífeyrissjóðum með ákveðnu árabili en í samþykktum flestra lífeyrissjóða eru nú þegar ákvæði um gerð slíkra úttekta. Athuguninni er ætlað að taka bæði til tryggingafræðilegra og fjárhagslegra forsendna.

Í greininni er lagt til að sett verði óundanþægt ákvæði um að slík athugun eigi sér stað á þriggja ára fresti og jafnframt er lagt til að þau ár sem úttekt er ekki gerð verði niðurstöður síðustu úttektar framreiknaðar. Til skamms tíma hafa slíkar athuganir verið mjög tímafrekar auk þess sem skortur hefur verið á sérmenntuðu fólki á þessu sviði. Með tilkomu tölvubókhalds og þróun tölvukerfa til úttekta á stöðu sjóðanna, sem þegar er talsverð reynsla af, þykir eðlilegt að gera ráð fyrir reglubundnum tryggingafræðilegum athugunum á þriggja ára fresti en að þess á milli verði niðurstöður síðustu athugunar framreiknaðar. Í 44. gr. er síðan gert ráð fyrir því að eftirlitsaðili geti krafist þess að tryggingafræðileg úttekt fari fram ef sérstök ástæða þykir til.

Um V. kafla.

Í V. kafla er fjallað um starfsleyfi lífeyrissjóða. Efnið í þennan kafla er einkum sótt í lög nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og lög nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti. Talin eru upp helstu skilyrði starfsleyfis en síðan er fjallað um það hvernig fara skuli með synjun starfsleyfis. Þessi ákvæði eru sambærileg við ákvæði laga um verðbréfasjóði. Þá er fjallað um samþykktir sjóðanna og efni þeirra. Loks er gert ráð fyrir að allar breytingar á samþykktum þurfi að staðfesta með svipuðum hætti og verið hefur.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að lífeyrissjóðum verði skylt að sækja um starfsleyfi en hingað til hafa þeir starfað á grundvelli laga eða staðfestra reglugerða. Til þess að fá starfsleyfi verða þeir að fullnægja ákvæðum laganna og ber að synja um starfsleyfi ef svo er ekki, sbr. 26. gr.

Í 1. mgr. eru helstu skilyrði starfsleyfis talin upp. Með 2. mgr. eru settar þær formkröfur að umsókn um starfsleyfi skuli vera skrifleg enda þótt gera megi ráð fyrir að svo verði almennt. Samþykktum sjóðsins verður að fylgja umsókn en að öðru leyti er fjármálaráðherra veitt heimild til þess að ákveða hverjar aðrar upplýsingar skuli lagðar fram með umsókn. Eðli málsins samkvæmt skulu kröfur um upplýsingar vera almennar og gilda fyrir alla umsækjendur. Þá er einnig gert ráð fyrir að leitað sé álits bankaeftirlits áður en leyfi er veitt.

Um 26. gr.

Í greininni er fjallað um þær formreglur sem gilda um veitingu og synjun starfsleyfis. Ákvörðun um starfsleyfi skal vera skrifleg og rökstudd. Þar sem hér er um veigamikla ákvörðun að ræða sem almennt varðar umsækjanda miklu þykir eðlilegt að ákvörðunin sé rökstudd. Enn fremur er kveðið á um sérstaka tímafresti í þessu sambandi en við það er miðað að ákvörðun ráðherra skuli liggja fyrir eigi síðar en þremur mánuðum frá því að fullbúin umsókn berst ráðherra. Aðstaðan kann að vera sú að ófullnægjandi gögn eða upplýsingar hafi borist frá umsækjanda og þykir því eðlilegt að miða upphaf frestsins við það tímamark er fullnægjandi upplýsingar berast að mati ráðherra, sbr. 25. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um það að áður en ákvörðun er tekin um synjun starfsleyfis skv. 2. mgr. skuli leitað umsagnar bankaeftirlitsins. Enda þótt ráðherra sé ekki bundinn við umsögn bankaeftirlitsins verður að ætla að síður komi til synjunar telji bankaeftirlitið ekki ástæðu til hennar.

Um 27. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að í samþykktum lífeyrissjóðs skuli við það miðað að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar en í 39. gr. er kveðið nánar á um þetta atriði.

Í 2. mgr. eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í samþykktum lífeyrissjóðs. Um flest þessi atriði eru nánari ákvæði í einstökum greinum, svo sem um réttindi, ákvörðun iðgjalda, ávöxtun o.fl., og verða samþykktirnar að vera í samræmi við þau ákvæði. Frumvarpið er ekki því til fyrirstöðu að í samþykktum séu tekin frekari ákvæði, að því tilskildu að þau fjalli almennt um gerð og rekstur viðkomandi sjóðs og samrýmist frumvarpinu að öðru leyti.

Flest þeirra atriða sem talin eru upp í 1.–11. tölul. 2. mgr. eru nú í samþykktum sjóðanna. Í greininni er greint á milli sjóðfélaga, þ.e. einstaklinga sem eiga aðild að lífeyrissjóði og aðildar að sjóðnum, sbr. 2. og 3. tölul. 2. mgr. Með aðild almennt í 3. tölul. er auk sjóðfélaga eftir atvikum átt við hvaða vinnuveitendur eða félög þeirra og hvaða stéttar- eða starfsmannafélög eiga aðild að sjóðnum. Gert er ráð fyrir að það komi fram með almennum hætti hvernig aðild og brottfalli aðildar skuli háttað, hvort sem um einstaklinga eða félög er að ræða, og hvernig hætta má aðild að sjóðnum. Sé sjóður stofnaður eða rekinn af verðbréfafyrirtæki eða öðrum slíkum aðila yrði það einnig að koma fram.

Um 28. gr.

Hér er kveðið á um það að fjármálaráðuneytið þurfi að staðfesta breytingar á samþykktum lífeyrissjóða en sambærilegt ákvæði er nú í 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í greininni er lagt til að samtök lífeyrissjóða geti tilkynnt um breytingar í umboði aðildarsjóða sinna en um skilyrði þess yrði nánar kveðið á í reglugerð. Telja verður að mikið hagræði sé af slíku fyrirkomulagi en nú er það svo að sjóðir t.d. innan Sambands almennra lífeyrissjóða verða hver og einn að fá breytingar á reglugerðum sínum staðfestar jafnvel þótt um sams konar breytingar sé að ræða.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla er fjallað um ársfundi, hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra og um starfsemi sérstakrar eftirlitsdeildar eða eftirlitsaðila við lífeyrissjóði til þess að annast innra eftirlit.

Um 29. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur stjórnar og verkefni en sambærilegt ákvæði er í lögum um verðbréfasjóði, lögum um verðbréfaviðskipti og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að stjórn lífeyrissjóðs verði tilnefnd af hálfu stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda og að jafnvægi sé í fjölda fulltrúa þessara aðila í stjórn. Þó er heimilt að kveða á um annað fyrirkomulag að þessu leyti í lífeyrissjóðssamþykktum. Jafnframt er kveðið á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðsins og skal það m.a. felast í því að fylgjast með að starfsemin sé í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins og að hafa eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Í síðasta málslið 1. mgr. er kveðið á um að það falli undir verkefni stjórnar að setja sér starfsreglur og að tillögur til breytinga á samþykktum skuli lagðar fyrir ársfund skv. 30. gr. af hálfu stjórnar.

Í 2. mgr. eru talin upp veigamestu verkefnin sem stjórnin skal annast en ekki er þar um tæmandi talningu að ræða.

Um 30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ársfundi lífeyrissjóða og er fyrirmyndin að hluta til sótt í reglugerðir ýmissa lífeyrissjóða. Samkvæmt greininni er ársfundur lífeyrissjóðs opinn öllum sjóðfélögum og ber að boða hann með tryggilegum hætti. Gert er ráð fyrir að um tilhögun atkvæðisréttar fari eftir samþykktum sjóðsins. Hlutverk fundarins verði m.a. að veita upplýsingar um starfsemi lífeyrissjóðsins. Á ársfundi verði gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum og fjárfestingarstefnu. Gert er ráð fyrir að stjórnin beri tillögur sínar um breytingar á samþykktum sjóðsins undir ársfundinn til samþykktar.

Um 31. gr.

Í þessari grein er kveðið á um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Í 1. mgr. er kveðið á um almennt hæfi stjórnarmanna og er ákvæðið sambærilegt við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/1996, um verðbréfaviðskipti. Í 2. mgr. er kveðið á um sérstakt hæfi og er gert ráð fyrir að um það gildi ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga. Í þeim kafla er kveðið á um vanhæfisástæður, áhrif vanhæfis og málsmeðferð vegna vanhæfis.

Um 32. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra.

Í 1. mgr. er fjallað um verkefni framkvæmdastjóra en í 2. mgr. er framkvæmdastjóra gert óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema með leyfi stjórnar. Í 3. mgr. er fjallað um hæfi framkvæmdastjóra og er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um hann og stjórnarmenn.

Um 33. gr.

Í þessari grein er fjallað um þagnarskyldu þeirra sem starfa fyrir lífeyrissjóð með einum eða öðrum hætti. Sambærilegt ákvæði er í fjölmörgum lögum, svo sem 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 34. gr.

Í greininni er kveðið á um innra eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðs. Gert er ráð fyrir í 1., mgr., að sérstök deild eða sjálfstætt starfandi aðili annist þetta eftirlit. Í 2. mgr. er kveðið á um það að eftirlitsaðili skuli hafa fengið viðurkenningu bankaeftirlitsins. Í 3. mgr. er lífeyrissjóði loks gert að tilkynna bankaeftirlitinu ef hann skiptir um eftirlitsaðila.

Um 35. gr.

Í þessari grein eru talin upp helstu verkefni endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila en greininni er ætlað að tryggja að þau atriði sem talin eru upp séu framkvæmd með þeim hætti og jafnframt gerðar tillögur um tiltekin atriði.

Um VII. kafla.

Í V. kafla er fjallað um fjárfestingarstefnu og eignir en þessi kafli er m.a. byggður á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, lögum nr. 116/1996, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, svo og á reglugerðum starfandi sjóða. Í fyrstu grein þessa kafla er að finna meginreglu um það í hverju sjóðunum er heimilt að ávaxta. Gerð er almenn krafa um aðgát í fjárfestingum. Taldar eru upp þær tegundir bréfa sem sjóðunum er heimilt að fjárfesta í og enn fremur er sjóðunum gert skylt að hafa yfir nægu lausu fé að ráða til þess að greiða út lífeyri. Þá er gert ráð fyrir að sjóðunum verði bannað að fjárfesta í fasteignum og lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi þeirra. Í síðustu grein þessa kafla er að finna eitt veigamesta ákvæði frumvarpsins, en þar er kveðið á um það að sjóðirnir verði á hverjum tíma að standa undir skuldbindingum sínum.

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er gerð sú almenna krafa til stjórnar lífeyrissjóðs að hún ávaxti fé sjóðsins á þeim kjörum sem best eru í boði hverju sinni en síðan talið upp í hvaða verðbréfum sjóðunum verði heimilað að fjárfesta að gættum almennum skilyrðum í ákvæðinu. Tilgangurinn er að stuðla að því að lífeyrissjóðir nái sem bestri ávöxtun á fé sjóðfélaga sinna og jafnframt að áhættunni sé dreift með eðlilegum hætti.

Í 1.–10. tölul. 1. mgr. er tilgreint með hvaða hætti lífeyrissjóðum er heimilt að ávaxta fé sitt. Í 2. mgr. er skilgreint hvað átt er við með skipulegum markaði en í 3. mgr. er lífeyrissjóðum heimilað að kaupa innlend verðbréf sveitarfélaga, banka, sparisjóða, lánastofnana og þeirra aðila sem falla undir 8. tölul. enda þótt ekki sé um skráð bréf að ræða. Heildarfjárfestingin í slíkum bréfum má nema allt að 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í 6. mgr. er lífeyrissjóðum gert að takmarka heildargengisáhættu sína. Í 8. mgr. er loks kveðið á um það að lífeyrissjóðir verða ávallt að hafa yfir að ráða nægjanlegu lausu fé til þess að geta innt af hendi lífeyrisgreiðslur en þess má geta að skv. 38. gr. er lífeyrissjóðum óheimilt að taka lán í því skyni.

Um 37. gr.

Ákvæðið er í samræmi við þær reglur sem hafa verið í gildi hjá lífeyrissjóðum. Ekki er talin ástæða til að heimila slíka fjárfestingu nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi viðkomandi lífeyrissjóðs. Miðað er við að slík fjárfesting sé innan eðlilegra marka og ber að skýra ákvæðið þröngt. Í 2. mgr. er sú undanþága gerð frá 1. mgr. að lagt er til að lífeyrissjóðum verði heimilað að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu, svo sem að kaupa eignir á nauðungaruppboði.

Um 38. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lífeyrissjóði verði óheimilt að taka lán nema til kaupa á húsnæði undir starfsemi sína. Skýra verður ákvæðið þröngt og yrðu slíkar lántökur að vera innan eðlilegra marka. Lántökur til annars en fasteignakaupa ættu að vera óþarfar þar sem lögð er sú skylda á lífeyrissjóði í 36. gr. að hafa ávallt yfir nægjanlegu lausu fé að ráða til þess að greiða lífeyri.

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að veita lán til þeirra sem tengjast sjóðnum með ákveðnum hætti nema þeir séu sjóðfélagar. Ef svo væri yrði að meðhöndla lánsumsóknir þeirra með sama hætti og annarra sjóðfélaga. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur.

Um 39. gr.

Í þessari grein er að finna eitt veigamesta ákvæði frumvarpsins en í henni er kveðið á um það að eignir og skuldbindingar þurfi að standast á.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldur lífeyrissjóða til þess að standa við skuldbindingar sínar eins og þær eru metnar á hverjum tíma. Er gert ráð fyrir fullri eignamyndun til að tryggja að lífeyrissjóðir standi við þær skuldbindingar sem bótaákvæði þeirra hafa í för með sér. Við mat á eignum og skuldbindingum skal taka tillit til væntanlegra iðgjaldagreiðslna vegna starfandi sjóðfélaga og þeirra skuldbindinga er af þeim hljótast, auk áfallinna skuldbindinga.

Í 2. mgr. er kveðið á um skyldu lífeyrissjóðs til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins ef meiri en 7,5% munur verður á milli eigna og skuldbindinga.

Í 3. mgr. segir að stjórn lífeyrissjóðs sé skylt að fá álit tryggingafræðings áður en gerðar eru breytingar á samþykktum hlutaðeigandi sjóðs. Ákvæði um skyldur og athuganir tryggingafræðings lífeyrissjóðs eru einnig í 24. gr.

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru í megindráttum byggð á gildandi lögum um fjármálastofnanir og lögum nr. 29/1994, um ársreikninga.

Um 40.–43. gr.

Ákvæði greinanna skýra sig sjálf að efni til.

Um IX. kafla.

Í IX. kafla er fjallað um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Ákvæði kaflans eru byggð á 53. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með fjárreiðum og rekstri sjóðanna en um nokkurt skeið hafa lífeyrissjóðirnir þurft að senda eftirlitinu ársreikninga sína. Bankaeftirlitið hefur metið fjárhagslega stöðu lífeyrissjóða með hliðsjón af ársreikningum og tryggingafræðilegum úttektum. Hefur eftirlitið gefið út skýrslu um niðurstöður sínar og er þar að finna margvíslegt talnaefni sem unnið hefur verið upp úr ársreikningunum. Slík skýrsla kom fyrst út á árinu 1992 og tók hún til ársins 1991. Bankaeftirlitið hefur jafnframt gert athugasemd við fjárhagsstöðu nokkurra sjóða og sent fjármálaráðherra greinargerð um stöðu þeirra. Það almenna aðhald, sem lögin veita stjórnendum lífeyrissjóða, hefur ásamt öðrum þáttum stuðlað að aðgerðum þannig að staða margra sjóða hefur batnað á undanförnum árum.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að bankaeftirlitið hafi eftirlit með því að rekstur og fjárhagsstaða lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði frumvarpsins, reglugerðir og reglur sem settar kunna að verða, svo og samþykktir einstakra sjóða. Í 2. málsl. 1. mgr. er kveðið á um aðgang bankaeftirlitsins að gögnum og upplýsingum um starfsemi sjóðanna. Ákvæðið tryggir bankaeftirlitinu víðtækan aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem það telur nauðsynleg til að rækja skyldur sínar til eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðanna.

Auk þeirra gagna um hag lífeyrissjóða sem bankaeftirlitinu berst reglulega er því nauðsynlegt sem eftirlitsaðila að geta aflað frekari gagna um hag og starfsemi lífeyrissjóðs ef sérstök ástæða þykir til. Í 2. mgr. er veitt heimild til eftirlits í því skyni. Í 3. mgr. er eftirlitinu síðan veitt almenn heimild til þess að krefjast gagna. Slík heimild er nú í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Ákvæði 4. mgr. er að hluta byggt á 3. mgr. 4. gr. laga nr. 27/1991. Þess ber þó að geta að samkvæmt því ákvæði skal bankaeftirlitið vísa máli til fjármálaráðherra sé ekki orðið við kröfum eftirlitsins um úrbætur. Ráðherra getur hins vegar ekki gripið til neinna ráðstafana af því tilefni. Í 46. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því að sé kröfum bankaeftirlitsins ekki sinnt geti það leitt til sviptingar starfsleyfis. Þetta eru sambærilegar heimildir við það sem bankaeftirlitið og viðskiptaráðherra hafa samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Um 45. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sambærileg ákvæði eru nú í 2. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 27/1991, um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.

Um X. kafla.

Í X. kafla er fjallað um umsjónaraðila, slit lífeyrissjóða og sameiningu. Ákvæði kaflans eru að hluta til byggð á VIII. kafla frumvarps um starfsemi lífeyrissjóða frá 1987 og X. kafla laganna um verðbréfasjóði, nr. 10/1993.

Í fyrri hluta kaflans er fjallað um skipun umsjónaraðila. Hún getur m.a. verið nauðsynleg ef lífeyrissjóðurinn fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna ef rekstri er ábótavant.

Í síðari hluta hans er fjallað um slit lífeyrissjóða. Gert er ráð fyrir að hægt verði að slíta sjóði annaðhvort með því að tveir eða fleiri sjóðir sameinist eða að sjóður hætti starfsemi og eignir og skuldbindingar renni inn í annan lífeyrissjóð. Jafnframt getur komið til þess að réttindin renni til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Réttindi sjóðfélaga mundu síðan metin í sjóðnum sem hann sameinast eða sem yfirtekur hann í samræmi við eignir og skuldbindingar sjóðsins sem slitið er.

Um 46. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skipan umsjónaraðila um tiltekinn tíma. Í fyrsta lagi er kveðið á um heimild til skipunar umsjónaraðila uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði frumvarpsins til þess að öðlast leyfi. Með þessu er lögð áhersla á að ekki sé nægjanlegt að uppfylla skilyrði til leyfisveitingar á þeim tíma er leyfis er óskað heldur skuli viðkomandi sjóður ávallt fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfisveitingu. Í öðru lagi getur komið til slíkrar skipunar ef sjóðurinn er ekki gjaldhæfur, í þriðja lagi ef reglur eru brotnar og loks, í fjórða lagi, ef rekstri sjóðs er ábótavant og kröfum bankaeftirlits um úrbætur ekki sinnt.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stjórnin og framkvæmdastjórinn skuli víkja frá störfum á meðan umsjónaraðilinn starfar og að umsjónaraðilinn taki við starfi þeirra. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji honum erindisbréf. Umsjónaraðili gæti ráðið sér aðstoðarmenn og einnig væri hugsanlegt að skipa fleiri en einn aðila í stórum málum.

Um 47. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um málsmeðferð við skipun umsjónaraðila. Kveðið er á um það að hún skuli vera skrifleg og rökstudd og jafnframt skal birta tilkynningu um hana í Lögbirtingablaði.

Í 2. mgr. er kveðið á um að skylda til greiðslu iðgjalds til viðkomandi sjóðs falli niður við birtingu tilkynningar. Sjóðfélagarnir verða þá að velja sér annan sjóð til að greiða til meðan þetta ástand varir eða greiða til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Jafnvel þótt lífeyrissjóði verði aldrei slitið með þeim hætti að greidd iðgjöld verði endurgreidd til sjóðfélaga er engu að síður talið eðlilegt og sanngjarnt að sjóðfélagar þurfi ekki að sæta því að greiða iðgjöld til sjóðsins á meðan umsjónaraðili starfar, en svo getur farið að sjóðnum verði slitið, sbr. 3. mgr.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðherra geti, að tillögu umsjónaraðila, ákveðið að slíta viðkomandi lífeyrissjóði. Ráðherra skal þá skipa skilanefnd sem sér um uppgjör og slit á sjóðnum. Niðurstaða skilanefndar getur annars vegar orðið sú að leita eftir sameiningu við annan sjóð, sbr. 48. gr., eða að slíta honum með þannig að eignir hans renni til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sbr. 49. gr.

Um 48. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að það skuli að jafnaði vera stjórn lífeyrissjóðs sem tekur ákvörðun um slit lífeyrissjóðs nema samþykktir kveði á um annað svo sem að fulltrúaráð eða ársfundur skuli taka slíka ákvörðun.

Í 3. og 4. mgr. er síðan kveðið á um það hvernig með eigi að fara þegar ákveðið er að sameina sjóð öðrum sjóði. Sameiningin getur bæði átt sér stað þannig að einn sjóður yfirtekur eignir og skuldbindingar annars sjóðs eða þannig að tveir eða fleiri sjóðir sameinuðust um að mynda nýjan sjóð og fengju þá nýtt starfsleyfi samkvæmt ákvæðum V. kafla frumvarpsins. Gera má ráð fyrir að sjóðfélagarnir í gamla sjóðnum yrðu í flestum tilvikum félagar í nýja sjóðnum. Í 3. mgr. er fjallað um ýmis atriði er varða framkvæmd sameiningarinnar en í 4. mgr. um mat á réttindum. Lagt er til að eignir sjóðsins sem slitið er renni til þess sjóðs sem hann sameinast en skuldir sjóðsins hafa þá ýmist verið greiddar eða yfirteknar af sjóðnum sem hann sameinast. Þessar eignir mynda síðan grundvöll lífeyrisréttinda sjóðfélaganna í hinum nýja sjóði eftir að skuldbindingar hafa verið metnar.

Um 49. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipun skilanefndar þegar ákveðið hefur verið að sjóðnum verði slitið og að hann verði ekki sameinaður öðrum sjóði eða stofnaður nýr sjóður, sbr. 48. gr. Í slíkum tilvikum renna eignir og skuldbindingar til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Helsti munurinn á framkvæmd slitanna skv. 48. gr. og þessari grein er sá að samkvæmt þessari grein skal tilnefna skilanefnd sem tekur við rekstri sjóðsins og sér um slit hans en engin slík krafa er gerð í 48. gr. Greiða yrði upp skuldir en annað er varðar framkvæmd slitanna er svipað og sams konar reglur sem gilda um mat á eignum og lífeyrisskuldbindingum.

Um XI. kafla.

Í XI. kafla er fjallað um lífeyrissjóði sem starfa við gildistöku laganna og undanþágur frá einstökum ákvæðum laganna.

Um 50. gr.

Í þessari grein er fjallað um undanþágur frá einstökum ákvæðum laganna fyrir þá lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli sérlaga. Þar sem þessir sjóðir eru lögbundnir geta ákvæði um starfsleyfi og slit ekki átt við um þá. Jafnframt er talið eðlilegt að þessir sjóðir séu undanþegnir ákvæði 4. gr., sem fjallar um iðgjaldastofninn, svo og ákvæðum III. kafla um réttindi. Ákvæði um þessi atriði eru í lögum allra þessara sjóða nema lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Þrátt fyrir að 5. gr. sé háð efnisatriðum 4. gr. er gert ráð fyrir að 5. gr. gildi um lífeyrissjóði sem starfa samkvæmt sérlögum eftir því sem við á. Eðli málsins samkvæmt geta þau hlutföll sem nefnd eru í greininni hins vegar ekki gilt fyrir Lífeyrissjóð bænda þar sem iðgjaldið til hans er ákveðið með allt öðrum hætti en skv. 4. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda.

Um 51. gr.

Í þessari grein er lífeyrissjóðum með bakábyrgð ríkis, sveitarfélags og ríkisbanka veitt undanþága frá þeim ákvæðum laganna sem fjalla um ábyrgð á skuldbindingum og jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða.

Um 52. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 53. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að lífeyrissjóðir, sem eru starfandi við gildistöku laganna og hyggjast halda áfram fullri starfsemi eftir gildistökuna, fái aðlögunartíma til þess að uppfylla skilyrði laganna um lífeyrissjóðsrekstur. Sjóðum, sem hyggjast halda áfram að taka við iðgjöldum eftir gildistöku laganna, er gefinn 18 mánaða frestur til þess að senda fjármálaráðuneytinu umsókn um starfsleyfi. Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja samþykktir sjóðsins og tryggingafræðileg athugun, en auk þessa getur ráðherra óskað eftir öðrum upplýsingum um starfsemi sjóðsins sem þurfa þykir. Ákvæði V. kafla gilda að öðru leyti um starfsleyfi þessara sjóða.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að hafi lífeyrissjóður ekki sótt um starfsleyfi innan frestsins skv. 1. mgr. teljist sjóðurinn ekki fullnægja ákvæðum laganna og verður honum því slitið skv. ákvæðum X. kafla.

Um 54. gr.

Í þessari grein er fjallað um aðlögunartíma lífeyrissjóða sem starfandi eru við gildistöku laganna og séreignarsjóða sem fengið hafa staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980 og hyggjast einvörðungu veita lífeyri vegna réttinda sem áunnist hafa samkvæmt lífeyrissjóðsreglugerðum settum fyrir gildistöku þessara laga. Þessum aðilum er gert skylt að sækja um starfsleyfi í því skyni innan árs frá gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir að leitað verði umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands áður en sjóðunum verði veitt starfsleyfi. Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr framangreindum sjóðum fer eftir þeim reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.

Um 55. gr.

Í 8. gr. er verðbréfafyrirtækjum og viðskiptabönkum veitt leyfi til að bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað. Verði frumvarpið að lögum má gera ráð fyrir að verðbréfafyrirtæki muni stofna sérstaka fjárvörslureikninga eða sjóði til móttöku viðbótariðgjalda samkvæmt samningum um lífeyrissparnað. Nokkur verðbréfafyrirtæki og verðbréfadeild eins viðskiptabanka reka séreignarsjóði en samningum um lífeyrissparnað er að hluta til ætlað að veita sambærileg réttindi og þessir sjóðir veita nú, þ.e. í samræmi við móttekin viðbótariðgjöld. Er því talið eðlilegt að þeir séreignarsjóðir sem þessir aðilar starfrækja nú geti starfað áfram sem sérstakir lögaðilar með því að breyta starfsemi sinni og láta öðrum lögaðilum eftir að taka við og varðveita lágmarksiðgjald skv. 2. mgr. 5. gr. Velji þeir hins vegar að breyta starfsemi sinni og hefja rekstur lífeyrissjóðs sem tekur við iðgjaldi til samtryggingar geta þeir ekki tekið við viðbótariðgjöldum.

Hvora leiðina sem séreignarsjóður fer, sem ætlar að halda áfram að taka við iðgjöldum, er honum þó heimilt að reka sérstaka deild við sjóðinn sem varðveiti þau iðgjöld sem greidd eru samkvæmt lífeyrissjóðssamþykktum fyrir gildistöku frumvarpsins ef að lögum verður.

Um 56. gr.

Lífeyrissjóðir þeir, sem fjallað er um í þessari grein, hafa annað réttindakerfi en lífeyrissjóðir á almennum markaði. Iðgjaldastofninn miðast, í flestum tilvikum, við föst laun og réttindin geta ýmist verið lakari eða betri en kveðið er á um í III. kafla. Ekki þykir annað fært en að heimila þessum sjóðum að starfa áfram á þeim grundvelli sem verið hefur vegna núverandi sjóðfélaga en kveða jafnframt á um að kjósi slíkur sjóður að taka við iðgjöldum frá nýjum starfsmönnum verði að greiða þau iðgjöld í sérstaka deild. Gert er ráð fyrir að öll ákvæði frumvarpsins, ef að lögum verður, gildi um þessar deildir, þar á meðal ákvæði V. kafla um starfsleyfi. Loks er gert ráð fyrir því í greininni að félagar í hlutaðeigandi sjóðum við gildistöku laganna geti valið milli þess að greiða í sjóð samkvæmt eldra réttindakerfi eða í samræmi við réttindakerfi sem uppfyllir almenn skilyrði frumvarpsins ef að lögum verður.

Um 57. gr.

Hér er fjallað um viðurlög. Brot gegn lögunum getur varðað sektum eða fangelsi en sá fyrirvari er gerður að brot geti varðað þyngri refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 59. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti.

Um 58. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 59. gr.

Hér er kveðið á um það að lífeyrissjóðirnir beri kostnað við tilkynningar skv. frumvarpinu. Þykir eðlilegt að þeir beri þennan kostnað á sama hátt og t.d. verðbréfasjóðir gera samkvæmt lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Um 60. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Ekki verður séð að frumvarpið hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Aukin lífeyrissparnaður sem lögin geta leitt til veldur að öðru óbreyttu því að skattgreiðslur frestast, enda er kostnaður við greiðslu lífeyrisiðgjalda frádráttarbær eins og annar launakostnaður hjá atvinnurekendum. Engin leið er að meta hve mikil þau áhrif verða eða hvenær þau koma fram. Lög um tekjuskatt einstaklinga miðast við að hámark frádráttar sé 4% af iðgjaldastofni launþega.

883. Svar [350. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um komugjöld sjúklinga.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahús á árunum 1993–96?*

Fyrir 12. janúar 1993 var í gildi reglugerð nr. 194/1992, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þeirri reglugerð var greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgen sem hér segir:

— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, sem leita til sérfræðings greiða fyrir hverja komu til sérfræðings fyrstu 1.500 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða fyrir hverja komu til sérfræðings 500 kr.
— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 1.500 kr. fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 500 kr.
— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 600 kr. af kostnaði við hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar á rannsóknarstofu. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 200 kr.
— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 600 kr. af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 200 kr.

Í reglugerð nr. 14/1993 var kveðið á um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna sérfræðilæknishjálpar, rannsókna og röntgen. Með reglugerðinni, sem tók gildi 12. janúar 1993, var ákveðið að taka upp hlutfallsgreiðslu fyrir komu til sérfræðings á stofu og á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa.

Samkvæmt reglugerð nr. 68/1996, sem tók gildi 30. janúar 1996, urðu breytingar á greiðslu sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgen.

Á tímabilinu 1993–96 urðu eftirfarandi breytingar á komugjöldum sjúklinga á sjúkrahús, sbr. fyrrnefndar reglugerðir nr. 14/1993 og 68/1996:

a. Fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa hefur hlutdeild sjúkratryggðra hækkað úr 1.200 kr. + 40% af umsömdu eða ákveðnu verði í 1.400 kr. + 40%. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta hefur hækkað úr 400 kr. + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu verði í 500 kr. + 1/3 af 40%.
b. Gjald fyrir hverja komu á rannsóknarstofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknarstofa hefur hækkað úr 900 kr. í 1.000 kr. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta er óbreytt, 300 kr.
c. Gjald fyrir röntgen hefur hækkað úr 900 kr. í 1.000 kr. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta er óbreytt, 300 kr.

Þá hefur sú breyting einnig orðið á tímabilinu að sjúkratryggðir á aldrinum 67–70 ára greiða nú sama gjald og aðrir sjúkratryggðir, þ.e. 1.400 kr. + 40%/1.000 kr., fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, svo og fyrir komu á rannsóknarstofu og í röntgenrannsókn. Það gildir þó ekki um örorkulífeyrisþega, ellilífeyrisþega 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris og ellilífeyrisþega 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris,

2. *Hver er breytingin hlutfallslega milli ára á*
   a. bráðamóttöku,
   b. slysadeild,
   c. röntgendeild,
   d. göngudeildum?

Hlutfallsleg breyting greiðsluþátttökunnar er breytileg þar sem um er að ræða hlutfallsgjald sem þannig er út reiknað að sjúkratryggður greiðir fyrst fasta upphæð og síðan ákveðið hlutfall af því sem þá stendur eftir af umsömdu eða ákveðnu heildarverði. Gildir þetta um bráðamóttöku, slysadeild og göngudeild. Til skýringar skulu hér tekin nokkur dæmi.

— Ef umsamið eða ákveðið heildarverð hefur verið 2.000 kr. er hækkunin 7,8%.
— Ef umsamið eða ákveðið heildarverð hefur verið 3.000 kr. er hækkunin 6,2%.
— Ef umsamið eða ákveðið heildarverð hefur verið 4.000 kr. er hækkunin 5,1%.
— Ef umsamið eða ákveðið heildarverð hefur verið 5.000 kr. er hækkunin 4,4%.

Til frekari upplýsinga um hlutfallslega breytingu á greiðslu sjúkratryggðra á tímabilinu 1993–96 má benda á að samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur var útreiknað meðalverð á slysastofu fyrir nýkomu 2.248 kr., sem hækkaði í 2.370 kr. á árinu 1996 eða um 5,4%. Greiðsla sjúkratryggðs fyrir endurkomu breyttist hins vegar ekki, var og er 1.200 kr.

Sjúkratryggður greiddi almennt í upphafi árs 1993 900 kr. fyrir komu til röntgengreiningar en það gjald hækkaði í 1.000 kr. í upphafi árs 1996, eða um 11,1%. Ellilífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiddu í upphafi árs 1993 300 kr. fyrir komu til röntgengreiningar og er það gjald óbreytt, með þeirri undantekningu þó að sjúkratryggðir á aldrinum 67–70 ára greiða nú fullt gjald, þ.e. 1.000 kr., að undanskildum örorkulífeyrisþegum, ellilífeyrisþegum 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris og ellilífeyrisþegum 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.

3. Eru sömu komugjöld á öllum sjúkrahúsum?

Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra gildir fyrir öll sjúkrahús í landinu og ber stjórnendum þeirra að innheimta samkvæmt henni, sem þýðir að komugjöld eru þau sömu á öllum sjúkrahúsum.

Sjúkrahúsum og rannsóknarstofum voru sendar leiðbeiningar 19. janúar 1993 vegna reglugerðar nr. 14/1993 þar sem sagði m.a: „Ef koma á gjörgæsludeild, slysadeild og bráðamóttöku stofnar ekki til reikningsgerðar á sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þannig að hlutfallsgjald er ekki unnt að greiða skal innheimta komugjald kr. 1.500 . . . "

Samkvæmt bréfi dags. 13. október 1992 sem sjúkrahúsum var sent í framhaldi af setningu reglugerðar 340/1992, um ferliverk, er það forsenda fyrir innheimtu hjá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins „að sjúkrahúsið sé búið að ganga frá samningi við viðkomandi sérfræðing um skiptingu teknanna milli þess og hans (algengasta hlutfall er u.þ.b. 40%–60%) og senda inn formlega tilkynningu til TR um fyrirhuguð umsvif sérfræðistarfanna."

Fyrrgreindar leiðbeiningar heilbrigðisráðuneytisins og þær forsendur um samning við Tryggingastofnun ríkisins sem lýst var í bréfi til sjúkrahúsa urðu til þess að hlutfallsgreiðslur samkvæmt reglugerð 14/1993 voru ekki teknar upp nema að hluta til á sjúkrahúsum. Það leiddi síðan til misræmis milli greiðslna sjúklinga sem fara til sérfræðings á stofu og þeirra sem fara til sérfræðings á sjúkrahúsi sem ekki vinnur samkvæmt samningi TR. Þá gátu greiðslur sjúklinga verið mismunandi eftir því til hvaða sjúkrahúss þeir leituðu.

Vegna þess mismunar sem upp var kominn ritaði ráðuneytið öllum sjúkrahúsum bréf 25. júní 1996, en með bréfinu fylgdu leiðbeiningar vegna reglugerðar nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Í leiðbeiningunum er tekið fram að sjúkratryggðir skuli greiða hlutfallsgjald samkvæmt reglugerðinni, óháð því hvort koma stofnar til reikningsgerðar á sjúkratryggingadeild TR. Með bréfi ráðuneytisins var þeim sjúkrastofnunum sem tekið höfðu komugjald í stað hlutfallsgreiðslu falið að taka upp hlutfallsgreiðslur samkvæmt reglugerð nr. 68/1996.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um annað en að sjúkrahúsin fari nú öll eftir þeim leiðbeiningum sem þeim voru sendar á sl. ári og þar með á sá mismunur sem upp var kominn varðandi komugjöld á sjúkrahúsum að vera úr sögunni.

Í ljósi þess sem að framan segir vill ráðuneytið benda á að reglur um afsláttarkort hafa ekki breyst á því tímabili sem um er spurt.

Þá er og nauðsynlegt að benda á reglur um endurgreiðslu umtalsverðs lækniskostnaðar, sbr. reglur um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja, með síðari breytingum.

884. Svar [441. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um samninga um lækkun meðlagsskulda.

Svarið byggist m.a. á upplýsingum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa leitað eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum að hluta eða að öllu leyti eða lækkun á mánaðarlegum greiðslum á grundvelli laga nr. 71/1996, um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga?*

Fimm hundruð einstaklingar hafa leitað eftir samningum á grundvelli laga nr. 71/1996 og reglugerðar nr. 491/1996.

2. *Hversu margar umsóknir hafa verið samþykktar?*

Samþykktar hafa verið 329 umsóknir, 117 umsóknum hefur verið synjað og frestað hefur verið afgreiðslu 54 umsókna vegna ófullnægjandi upplýsinga.

Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 491/1996, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, er niðurfelling höfuðstóls eða hluta hans bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning sem stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera við skuldara skv. 12. gr. sömu reglugerðar. Reglugerðin tók gildi 6. september sl., því hefur enn ekki komið til þess að meðlagsskuld hafi að fullu verið felld niður.

3. *Hvaða félagslegir erfiðleikar umsækjenda hafa haft áhrif á samþykkt umsóknanna? Svar óskast sundurliðað eftir samþykktum umsóknum.*

Fjárhagserfiðleikar vega þyngst hjá þeim sem leitað hafa eftir heimild til samninga um niðurfellingu á meðlagsskuldum. Ekki er í öllum tilvikum greint frá ástæðum greiðsluerfiðleikanna en þegar þær eru tilgreindar er oftast um að ræða veikindi, atvinnuleysi og/eða barnmergð.

885. Frumvarp til laga [531. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjár-

málaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

b. 4. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk með samþykki sjóðstjórnar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úskurðir stjórnarinnar í þessu sambandi eru endanlegir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

5. gr.

2.–4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fastagreiðslan er 52.698 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

6. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. við.

7. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur.

8. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfað hefur sem launþegi á Evrópska efnahagssvæðinu í a.m.k. fimm ár, sbr. lög nr. 47/1993, á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi.

Skilyrði til lánveitingar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó að jafnaði lánsrétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt til annars lands.

9. gr.

3. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Lánsfé. Sjóðnum er þó ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

10. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

11. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Þá gildir endurgreiðsluhlutfallið 4,75% einnig gagnvart þeim sem tóku lán frá árinu 1992 með endurgreiðsluhlutfallið 5–7%. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra skipaði með bréfi dagsettu 14. ágúst 1995 nefnd til að endurskoða lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Nefndin var þannig skipuð: Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, sem var formaður nefndarinnar, Steingrímur Ari Arason, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Hilmar Þ. Hilmarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, Hjálmar Árnason alþingismaður og Dagur Eggertsson, fulltrúi samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna. Nefndin hélt 25 fundi. Hún var leyst frá störfum 6. janúar 1997 en frumvarp þetta er byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni, samkomulagi sem náðist milli stjórnarflokkanna, auk þess sem tekið hefur verið tillit til tillagna og athugasemda samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna.

Meginbreytingar frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Endurgreiðsluhlutfall hefur verið lækkað frá því sem var í fyrri lögum, þ.e. í 4,75% en var allt að 7%.
2. Teknir eru upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum.
3. Skipan stjórnar sjóðsins er breytt með þeim hætti að stjórnarmönnum er fjölgað úr sex í átta. Iðnnemasamband Íslands fær aðalmann í stað áheyrnarfulltrúa áður og menntamálaráðherra einn fulltrúa til viðbótar.
4. Lagt er til að sett sé sérstök heimild í lög fyrir stjórn sjóðsins til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla.
5. Tekin hafa verið inn í lögin ákvæði vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að stjórnarmönnum sé fjölgað úr sex í átta. Iðnnemasamband Íslands fær aðalmann í stjórn sjóðsins en það hefur einungis haft áheyrnarfulltrúa. Þá fær menntamálaráðherra þrjá fulltrúa í stað tveggja áður. Ekki er gert ráð fyrir því að varamenn sitji stjórnarfundi nema í forföllum aðalmanna, sbr. 32. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Þá er lagt til að skipunartími framkvæmdastjóra verði lengdur úr fjórum árum í fimm til samræmis við það sem gildir um forstöðumenn annarra opinberra stofnana.

Um 2. gr.

Lagt er til að úrskurðir stjórnarinnar séu endanlegir og verði ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Þetta ákvæði er í samræmi við þá venju sem verið hefur og niðurstöðu menntamálaráðuneytis frá 17. apríl 1996 þegar á þetta reyndi. Þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneytið fer með mál er varða Lánasjóð íslenskra námsmanna skv. 1. tölul. 10. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 96/1969, með síðari breytingu í reglugerð um breyting á þeirri reglugerð samkvæmt auglýsingu í sömu deild nr. 77/1990. Samkvæmt meginreglum íslenskrar stjórnskipunar fara ráðherrar ávallt með yfirstjórn stjórnsýslunnar, nema hún sé að lögum undanskilin. Af ákvæðum laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sést að stjórn sjóðsins er falið með skýrum hætti veigamikið hlutverk við framkvæmd laganna, enda var stjórninni með

núgildandi lögum falið vald sem ráðherra hafði áður haft. Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna virðist samkvæmt einstökum ákvæðum laga um sjóðinn vera falin stjórn hans innan þess ramma sem starfsemi sjóðsins er sett með lögum, reglugerðum og úthlutunarreglum annars vegar og fjárveitingum á fjárlögum og lánafyrirgreiðslu á grundvelli lánsfjárlaga hins vegar. Í ljósi framangreinds telur ráðuneytið að líta verði svo á að innan þess ramma sem settur er með ákvæðum laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sé málskotsréttur á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ekki fyrir hendi a.m.k. vegna þeirra einstöku ákvarðana stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem varða framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sem stjórn sjóðsins hefur verið falið að fjalla um með ákvæðum laga nr. 21/1992."

Þá er lagt til að stjórn sjóðsins verði veitt formleg heimild til að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna. Þetta er í samræmi við þá venju sem tíðkast hefur í störfum stjórnar. Nú eru starfandi þrjár undirnefndir stjórnar, vafamálanefnd, endurgreiðslunefnd og framfærslunefnd. Hver nefnd er skipuð einum fulltrúa stjórnvalda og einum fulltrúa námsmanna. Nefndirnar leysa úr málum einstakra námsmanna, en fundargerðir þeirra eru staðfestar af stjórn. Stjórnarmenn geta tekið til umfjöllunar á stjórnarfundum einstök mál sem áður hefur verið fjallað um í undirnefndum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að námsmönnum sé veittur styrkur fyrir þeim vaxtakostnaði sem bankafyrirgreiðsla hefur óhjákvæmilega í för með sér en bankar og sparisjóðir hafa veitt námsmönnum lán eða yfirdráttarheimild út á væntanleg námslán. Gert er ráð fyrir að allir þeir sem sækja um og fá námslán njóti vaxtastyrksins án tillits til þess hvort þeir hafi raunverulega þurft að greiða fjármagnskostnað eða ekki. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ákvörðun styrksins.

Um 4. gr.

Með þessu er lagt til að lánskjaravísitölu verði skipt út fyrir vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er fastagreiðslan uppfærð miðað við vísitölu neysluverðs og í 2 mgr. kemur fram sú meginbreyting sem frumvarp þetta felur í sér að endurgreiðsluhlutfall er lækkað úr 5–7% í 4,75%. Um 3. mgr. vísast til umfjöllunar um 4. gr.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði var í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 72/1982, féll niður við setningu laga nr. 21/1992 en hefur verið í 35. gr. reglugerðar nr. 210/1993. Nauðsynlegt þykir að hafa þessa heimild í lögum.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að sett sé sérstök heimild í lög fyrir stjórn sjóðsins til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla.

Um 8. gr.

Lagt er til að lögfest séu ákvæði sem verið hafa í úthlutunarreglum LÍN (grein 1.2.4) og lúta að lánsrétti erlendra ríkisborgara á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 2. mgr. er ákvæði sem er samhljóða ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 210/1993 og er í samræmi við núverandi framkvæmd hjá sjóðnum.

Um 9. gr.

Með þessari breytingu er lagt til að tekin séu af tvímæli um að Lánasjóðurinn falli ekki undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að ekki sé lengur áskilið að stjórn sjóðsins gefi út úthlutunarreglur árlega. Þá er það enn fremur áskilið að við útgáfu reglnanna birti stjórn sjóðsins þær í Stjórnartíðindum svo sem verið hefur í framkvæmd.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lög þessi taki gildi við úthlutun námslána á haustmissiri 1997 og við ákvörðun á heildarendurgreiðslu 1. september á þessu ári.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Meginbreytingar frumvarpsins eru fimm. Í fyrsta lagi að endurgreiðsluhlutfall lána lækkar úr 5 og 7% af útsvarstekjum lánþega í 4,75%, í öðru lagi að teknir eru upp styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar á námstíma, í þriðja lagi að stjórn sjóðsins fái lagaheimild til að veita viðbótarlán þeim sem tefjast í námi vegna veikinda eða skipulags kennslu í skólum, í fjórða lagi að tekin eru inn ákvæði vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið og að lokum er lögð til breytt skipan stjórnar.

Helstu breytingar sem hafa áhrif á kostnað fara hér á eftir, en fyrst skal gerð stutt grein fyrir almennum forsendum útreikninga.

Miðað er við að lánþegar séu um 6.500 og meðallántökutími sé 3,22 ár. Samkvæmt því eru um 2.000 lánþegar í árgangi. Miðað er við að 68% námsmanna stundi nám innan lands en 32% erlendis. Meðallán á missiri er um 225 þús. kr. innan lands á vormissiri en 178 þús. kr. á haustmissiri og 351 þús. kr. erlendis á vormissiri en 311 þús. kr. á haustmissiri. Reiknað er með að meðallánþegi taki um 1,4 m.kr. lán og endurgreiði sinn

hlut á 16 árum en ríkið greiði 52% lánsins miðað við að vextir af lánum sem sjóðurinn tekur séu 6% en það er í samræmi við lánakjör sjóðsins um þessar mundir.

Staða sjóðsins er viðkvæm fyrir forsendum um meðallán og vaxtakjör. Meðalvextir lána sem sjóðurinn tekur hafa undanfarin ár verið nokkru hærri en 6% en hafa farið lækkandi og gætu lækkað enn meira þegar til langs tíma er litið ef það rætist sem fram kemur í Þjóðhagsáætlun 1997 sem gefin var út í október síðastliðnum. Eins benda athuganir á lántöku um 3.300 námsmanna, sem hafa lokið námi að undanförnu, til þess að meðalnámstíminn hafi lengst, meðallánið geti hafa hækkað í um 2 m.kr. og meðalendurgreiðslutími geti verið um 21 ár.

Í 1. gr. er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo frá því sem nú er og er áætlað að það kosti 0,6–0,8 m.kr. á ári.

Í 3. gr. er lagt til að námsmönnum verði veittur styrkur fyrir vaxtakostnaði af lántöku í samræmi við rétt til lántöku á hverjum tíma. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að gert er ráð fyrir að allir þeir sem sækja um og fá námslán njóti styrksins án tillits til þess hvort þeir hafi raunverulega þurft að greiða fjármagnskostnað eða ekki. Miðað er við að í lok missiris þegar námsárangur liggur fyrir greiði sjóðurinn viðkomandi námsmanni fullt námslán fyrir missirið og styrk sem miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur. Áætlað er að kostnaður við vaxtastyrki ráðist af þeim reglum sem settar verða um styrkina. Þannig er kostnaður talinn verða um 36 m.kr. ef eingöngu verða veittir styrkir vegna þess hluta lánanna sem eru greidd eftir á og miðað við að bankalán séu tekin í lok hvers mánaðar, en um 60 m.kr. ef öll lán eru lögð til grundvallar og miðað við að bankalán séu tekin í upphafi hvers mánaðar.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins hafa námsmenn fengið viðbótarlán fyrir áætluðum vaxtakostnaði. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs vegna vaxtaábótar á síðasta skólaári hafi verið um 20 m.kr. og er gert ráð fyrir að hann falli niður.

Í 5. gr. er lögð til breyting á endurgreiðslu námslána. Samkvæmt gildandi lögum skiptist endurgreiðsla námslána í fastan hluta sem er um 53 þús. kr. á ári og í viðbótargreiðslu sem er háð útsvarsstofni lánþega árið á undan, 5% fyrstu fimm ár endurgreiðslutíma en 7% eftir það. Í frumvarpinu er lagt til að viðbótargreiðslan verði 4,75% af útsvarsstofni. Áætlað er að breytingar á endurgreiðslu lána leiði til þess að árlegt framlag ríkisins þurfi að hækka úr 52% í 57% af útlánum eða um 140 m.kr. miðað við áætluð útlán í fjárlögum og það markmið að halda eiginfjárstöðu sjóðsins óbreyttri þegar litið er til langs tíma.

Í 7. gr. er lagt til að stjórn sjóðsins verði veitt lagaheimild til að veita lán til námsmanna sem verða fyrir töfum í námi vegna veikinda, kennsluskipulags skóla o.þ.h. Ákvæðið eykur sveigjanleika sjóðstjórnar til að koma til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum í námi, en þar sem gert er ráð fyrir því að slík tilvik séu ófyrirsjáanleg eru ekki forsendur til að meta kostnað sem af þeim getur hlotist.

Í 11. gr. er lagt til að endurgreiðsluhlutfallið 4,75% gildi einnig gagnvart þeim sem endurgreiða lán samkvæmt gildandi lögum um Lánasjóðinn. Talið er að kostnaður ríkisins af þessu geti verið á bilinu 400–500 m.kr. í heildina. Ef kostnaðurinn dreifist á meðalendurgreiðslutíma lána eykst kostnaður ríkisins um 40–50 m.kr. á ári.

Ætla má að þær breytingar á endurgreiðslum og meðferð vaxtakostnaðar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, auki eftirspurn eftir námslánum. Engar forsendur eru þó til að meta hve mikil aukningin verður umfram það sem áður hefur komið fram í umsögninni. Í þessu sambandi má minna á að heildarútlán drógust verulega saman milli áranna 1991 og 1992 eftir að lögum um sjóðinn var breytt og hafa breyst tiltölulega lítið frá þeim tíma. Ef lánþegum fjölgar um 1% er talið að kostnaður ríkisins aukist um 17 m.kr. á ári miðað við að ríkið beri 57%. Á hinn bóginn mun lækkun vaxta almennt og á lánum sem sjóðurinn tekur leiða til minni vaxtamunar inn- og útlána og draga úr kostnaði ríkisins. Áætlað er að vaxtalækkun úr 6% í 5,5% leiði til þess að framlag ríkisins geti lækkað úr 57% í 52% af útlánum eða um 140 m.kr. miðað við áætluð útlán í fjárlögum.

Breytingar samkvæmt frumvarpinu leiða til þess að gera þarf breytingar á tölvukerfi Lánasjóðsins. Áætlað er að kostnaður við breytingarnar verði á bilinu 2–5 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar á árlegum kostnaði ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu og er þá áætlaður kostnaður við breytingar á tölvukerfi ekki meðtalinn.

	M.kr.
Fjölgun stjórnarmanna um tvo	0,6–0,8
Styrkir vegna vaxta- og lántökukostnaðar	36–60
Vaxtaábót fellur niður	-20
Lækkað endurgreiðsluhlutfall nýrra lána	140
Lán til námsmanna sem verða fyrir töfum í námi	Ekki metið
Breyting á endurgreiðslu eldri lána	45
Áhrif breyttra reglna á eftirspurn eftir lánum	Ekki metin
Samtals	**202–226**

Tekið skal fram að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna var hækkað í fjárlögum 1997 um 100 m.kr. til að mæta kostnaði af breytingum á lögum um sjóðinn.

886. Frumvarp til laga [532. mál]

um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun er veitir nemendum sínum menntun til þess að gegna störfum á sviði kennslu, uppeldis og umönnunar og til þess að sinna sjálfstætt fræðilegum rannsóknum á því sviði.

Nánari fyrirmæli um skilgreiningu þess náms sem háskólinn veitir og hvernig samstarfi við aðra háskóla á sviði kennara- og uppeldismenntunar skuli háttað skal setja í reglugerð.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

2. gr.

Kennarar við Kennara- og uppeldisháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir einir sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Aðjúnktar eru ráðnir til eins árs hið skemmsta. Stundakennarar eru ráðnir til eins árs eða skemmri tíma.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfskyldur fastráðinna kennara.

3. gr.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara.

Umsækjendur um prófessorsstöður, dósents- og lektorsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni upplýsingar um háskólamenntun sína, vísindastörf og önnur störf, svo og ritsmíðar og rannsóknir.

Rektor skipar þriggja manna dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra, til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors. Háskólaráð tilnefnir tvo menn í nefndina, þar af annan formann nefndarinnar. Annar fulltrúanna sem háskólaráð tilnefnir skal starfa utan háskólans. Menntamálaráðherra tilnefnir einn mann í nefndina. Í dómnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi úr háskóla.

Rektor skal eftir ábendingu viðkomandi deildar tilnefna sérfræðing, hverju sinni, er skal vera dómnefnd til ráðgjafar þegar fræðistörf umsækjenda eru metin.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort ráða megi af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og af námsferli hans og störfum, að hann sé hæfur til að gegna stöðunni. Engum manni má veita prófessorsstöðu, dósentsstöðu eða lektorsstöðu nema meiri hluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að setja reglur sem kveða á um að sambærileg ákvæði gildi við ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa við skólann.

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og dósent úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur.

4. gr.

Háskólaráð skal, að fengnum tillögum deildarráða, staðfesta reglur um skráningu nemenda í einstakar deildir þar sem nánar er kveðið á um inntökuskilyrði í viðkomandi deild.

Háskólaráð tekur ákvörðun um fjárhæð skrásetningargjalds sem nemendum er gert að greiða við upphaf skólaárs. Skrásetningargjald skal taka mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynlegt er vegna starfsemi háskólans. Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25.000 kr. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem skrá sig til náms eftir að auglýstu skrásetningartímabili lýkur.

Þeir einir teljast nemendur við Kennara- og uppeldisháskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms.

III. KAFLI
Stjórnskipulag.

5. gr.

Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum.

Í háskólaráði eiga sæti:

1. rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og jafnframt forseti þess,
2. fjórir fulltrúar fastráðinna kennara og fjórir til vara kjörnir á almennum fundi fastráðinna kennara hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn,
3. tveir fulltrúar nemenda og tveir til vara kjörnir hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt reglum nemendafélags skólans,
4. tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi háskólaráðsfulltrúa fastráðinna kennara.

6. gr.

Rektor boðar til funda í háskólaráði eftir þörfum. Óski þrír háskólaráðsfulltrúar eftir fundi er rektor skylt að boða til hans. Rektor stýrir fundum ráðsins.

Háskólaráðsfundur er ályktunarbær ef tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sækja fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði falla jöfn sker atkvæði forseta úr.

Varamenn sitja fundi háskólaráðs í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors.

8. gr.

Háskólaráð ákvarðar deildarskipan skólans og afmarkar aðrar stjórnunareiningar.

Deildarfundir og deildarráð, í umboði háskólaráðs og rektors, stjórna málefnum hverrar deildar og fer deildarforseti með framkvæmdarvald í málefnum deildarinnar.

Háskólaráð setur reglur um skipan deildarráða og val á deildarforsetum. Háskólaráð setur reglur um deildarfundi, hverjir hafi rétt til setu á deildarfundum og hvert skuli vera verksvið þeirra, vald og ábyrgð. Háskólaráð setur deildarráðum starfsreglur. Háskólaráð setur jafnframt reglur um skipan annarra stjórnunareininga.

Stofnanir og einstakir starfsmenn innan háskólans, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir embætti rektors.

9. gr.

Fyrir hverja deild skólans eða skilgreinda námsbraut skal setja námskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Á grundvelli námskrár skal árlega gefin út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missira- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði sem varða skipulag náms.

Háskólaráð staðfestir námskrár og kennsluskrá en deildarráð bera ábyrgð á gerð þeirra.

IV. KAFLI
Rannsóknir.

10. gr.

Heimilt er Kennara- og uppeldisháskóla Íslands að setja á stofn rannsóknarstofnun. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu stofnunarinnar. Heimilt er að ráða sérfræðinga að stofnuninni. Háskólaráð getur falið rannsóknarstofnun umsjón með útgáfustarfsemi á vegum háskólans. Háskólaráð skipar stjórn stofnunarinnar.

Rannsóknarstofnun skal, eftir því sem aðstæður leyfa, veita uppeldisstéttum og nemendum skólans ráðgjöf og fræðslu um skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

Háskólaráð skal setja reglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, um starfsemi rannsóknarstofnunarinnar og þar með talið um gjaldtöku fyrir þjónustu sem stofnunin veitir. Reglurnar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Heimilt er háskólaráði að stofna sérstaka rannsóknarsjóði. Skal um þá sett skipulagsskrá sem menntamálaráðherra staðfestir. Skipulagsskráin skal birt í Stjórnartíðindum.

V. KAFLI
Gildistaka, reglugerð o.fl.

11. gr.

Við gildistöku þessara laga renna eignir Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands til Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

12. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Allar reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þessara laga skulu birtar í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Lög þessi, sem eru sett með hliðsjón af lögum um háskóla, öðlast gildi 1. janúar 1998.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, og lög nr. 122/1990, um breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands, lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, lög nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands, og lög nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu vera komin að fullu til framkvæmda eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Nemendur, sem við gildistöku laga þessara stunda nám í þeim skólum sem sameinast með lögum þessum, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt þeim námskrám sem nú eru í gildi og halda áfram námi með óbreyttu sniði þar til háskólaráð hefur mótað stjórnkerfi Kennara- og uppeldisháskólans.

Skólastjórnendur og skipaðir kennarar, sem starfað hafa hjá Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands, skulu halda starfsréttindum sínum óskertum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri, enda uppfylli þeir starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla. Sameining stofnananna í einn háskóla með lögum þessum felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu þessara starfsmanna í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Um réttindi annarra starfsmanna stofnananna fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Strax við gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra skipa níu manna háskólaráð til tveggja ára eða þar til lög þessi eru að fullu komin til framkvæmda. Meginverkefni þess verður að móta stjórnkerfi skólans og tryggja að lög þessi komist til framkvæmda. Stjórnir þeirra skóla, sem með lögum þessum sameinast, skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa til setu í því ráði og menntamálaráðherra tvo fulltrúa. Jafnframt skulu nemendafélög skólanna koma sér saman um tilnefningu tveggja fulltrúa í ráðið. Rektor Kennaraháskóla Íslands skal vera forseti háskólaráðs þar til nýtt háskólaráð hefur verið skipað samkvæmt lögum þessum og nýr rektor hefur verið skipaður af menntamálaráðherra samkvæmt tilnefningu þess háskólaráðs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Lög þessi eru sett til að sameina starfsemi eftirtalinna stofnana í eina háskólastofnun: Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Hugmyndir um aukið samstarf eða sameiningu þessara menntastofnana hafa verið að mótast á undanförnum árum. Í nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi, sem menntamálaráðuneytið gaf út í mars 1995, er á bls. 24 sett fram svohljóðandi tillaga: „Nefndin leggur til að Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands sameinist Kennaraháskóla Íslands í einum kennaraháskóla.“

Í greinargerð með tillögunni segir: „Slík sameining myndi að mati nefndarinnar efla faglegt umhverfi þessarar menntunar og bæta nýtingu kennslukrafts, húsnæðis og annarra aðfanga. Hin nýja stofnun yrði deildaskipt en hefði sameiginlega yfirstjórn og sameiginlega stoðþjónustu, svo sem bóksafn, nemendaskráningu og skrifstofuhald . . . “

Í umsögnum um þær tillögur, sem í nefndarálitinu er að finna, kemur fram víðtæk samstaða um sameiningu þessara stofnana þótt þar séu einnig slegnir ýmsir varnaglar sem flestir miða að því að varðveita sérstakar áherslur í menntun tiltekinna stétta, svo sem leikskólakennara, þroskaþjálfa.

Í nóvember 1995 fól menntamálaráðherra embættismönnum menntamálaráðuneytisins ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, að undirbúa drög að frumvarpi. Fyrstu hugmyndir ráðuneytisins um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla voru kynntar forsvarsmönnum áðurgreindra stofnana á fundi í mars 1996. Eftir að ráðuneytið hafði unnið frumvarp að lögum um háskóla var vinnu við frumvarp þetta haldið áfram og þá höfð hliðsjón af þeim hugmyndum sem frumvarp til laga um háskóla byggjast á. Nýjum lögum um háskóla er ætlað að mynda ramma utan um háskólastigið. Í frumvarpi að þeim lögum er sett fram sú regla að hver ríkisháskóli skuli lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum og að sérreglur geti gilt um ákveðna þætti í starfsemi einstakra háskóla. Að því leyti er frumvarpi þessu ætlað að vera háskólalögunum til fyllingar. Um starfsemi Kennara- og uppeldisháskóla Íslands munu því gilda lög um

háskóla ásamt sérreglum þeim um stofnunina sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Færa má margvísleg rök fyrir því að sameina áðurnefndar stofnanir í einn háskóla. Rökin eru einkum af tvennum toga, annars vegar menntapólitísk rök og hins vegar hagkvæmnisrök og vega þau fyrrgreindu þyngra. Eftirfarandi rök skulu tilgreind hér:

— Menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunnmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám.
— Með sameiningunni færist menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða á til betri og markvissari starfsmenntunar en ella.
— Gera má ráð fyrir að rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs vaxi fiskur um hrygg við þessa breytingu og á því er full þörf.
— Þær stofnanir, sem ekki eru á háskólastigi, eru allt of smáar til að raunsætt sé að ætla að þær geti öðlast fullgildan sess sem háskólastofnanir af eigin rammleik.
— Betri nýting fæst á fjármunum, húsnæði og hvers kyns búnaði.

II.

Í frumvarpinu er eftirfarandi lagt til grundvallar:

1. Með lögum þessum verður sameinuð starfsemi fjögurra ríkisstofnana: Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina háskólastofnun sem hefur skýra lagalega stöðu. Af þessum stofnunum hefur Kennaraháskóli Íslands verið eina háskólastofnunin, hinir skólarnir þrír hafa verið á „gráu svæði“ milli framhaldsskóla og háskóla þar sem stúdentspróf hefur í reynd verið inntökuskilyrði.

2. Lög þessi ásamt háskólalögunum eiga að mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar sem gerir henni kleift að þróast og móta starfsemi sína og starfshætti án þess að til þurfi að koma lagasetningar í hvert sinn. Stofnuninni og stjórn hennar verður fengið sjálfdæmi um flest innan þeirra marka sem lög þessi og háskólalögin munu setja verði frumvörpin að lögum. Þetta felur m.a. í sér að 1. gr. frumvarpsins er almennt orðuð, skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar, rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora, ekki eru í lögunum tilgreind einstök störf og starfsheiti innan stjórnsýslu háskólans, svo sem kennslustjóri, endurmenntunarstjóri og fjármálastjóri, heldur er gert ráð fyrir að ráðið verði í þau störf sem talin er þörf á og falla innan þess fjárhagsramma er stofnunin starfar eftir. Í tengslum við aukið sjálfstæði um innri málefni kemur ákvæði um utanaðkomandi fulltrúa í háskólaráð og er það í samræmi við háskólafrumvarpið.

3. Ekki er í frumvarpinu nákvæmlega skilgreint hvaða nám skuli vera í boði innan Kennara- og uppeldisháskólans (kennaranám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, þroskaþjálfanám, íþróttafræði o.s.frv.) heldur er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um námið sem í boði er verði sett í reglugerð. Í því sambandi er þó rétt að benda á að ljóst er að verði frumvarpið að lögum tekur Kennara- og uppeldisháskóli Íslands við lögboðnum skyldum þeirra skóla sem sameinaðir verða. Ekki er í frumvarpinu tiltekið hvar háskólinn verður til húsa. Ljóst er þó að höfuðstöðvarnar verða í húsnæði Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti, en einnig er til ráðstöfunar húsnæði Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni, húsnæði Fósturskóla Íslands við Laugalæk, húsnæði Þroskaþjálfaskóla Íslands við Skipholt og menntasetur Kennaraháskóla Íslands að Varmalandi í Borgarfirði. Þá er einnig rétt að vekja á því athygli að líklegt er að nemendur muni í auknum

mæli fyrir tilstilli upplýsingatækninnar geta stundað nám þar sem þeir búa.

4. Ekki er tilgreint í lögunum hvernig deildarskipan skólans skuli vera. Lengd náms verður ákvarðað í námskrá og mun það taka mið af skilgreindum þörfum með hliðsjón af því námi sem er í boði.

5. Í frumvarpi að lögum um háskóla er skýrt afmarkað hverjir fara með formleg völd og ábyrgð í háskólum.

6. Í frumvarpi að lögum um háskóla er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar.

Enda þótt Kennara- og uppeldisháskóli Íslands verði miðstöð fyrir menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta er með frumvarpi þessu ekki verið að setja alla slíka menntunarkosti undir einn hatt. Áfram verður í boði menntun leik-, og grunnskólakennara við Háskólann á Akureyri og kennaramenntun fyrir framhaldsskóla við Háskóla Íslands. Þá er gert ráð fyrir að menntun listgreinakennara verði í boði að einhverju eða öllu leyti við fyrirhugaðan listaháskóla. Tíminn verður að leiða í ljós hvort ástæða þykir til að skipa þessum málum með öðrum hætti, en frumvarp þetta, sem og háskólafrumvarpið, gerir það tiltölulega auðvelt í framkvæmd.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er hlutverk eða markmið háskólans almennt orðað og er í svipuðum anda og gildir t.d. um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessari framsetningu er ekki um of að því þrengt hvaða starfsstéttir skulu hljóta menntun innan skólans. Greinin tekur einnig mið af 2. gr. frumvarps til laga um háskóla. Hér er sérstaklega tekið fram að háskólinn er rannsóknarskóli.

2. gr.

Í greininni eru talin upp starfsheiti kennara skólans. Gert er ráð fyrir að háskólaráð setji almennar reglur um hvernig starfsskyldur kennara skiptast á einstaka þætti (kennsla, rannsóknir, þjónusta og stjórnun) og geti einnig hlutast til um aðra skiptingu vegna einstakra kennara. Starfsskylda háskólakennara er nú um það bil 50% kennsla, 40% rannsóknir og 10% stjórnun. Hugmyndir hafa komið fram um að binda ákveðið lágmark af starfi kennara við rannsóknir en skapa meiri sveigjanleika en nú er með öflugum rannsóknarsjóði, sbr. nefndarálit um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar frá mars 1995, bls. 26–27. Tillagan um aðjúnkta er liður í að skapa meiri sveigjanleika. Háskólaráð getur eitt tekið ákvörðun um að stofna nýja kennarastöðu. Gert er ráð fyrir að kennarar skólans geti flust úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu eftir ákveðnum reglum er háskólaráð setur. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 3. gr.

Lagt er til í samræmi við ákvæði frumvarps til laga um háskóla og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að forstöðumaður stofnunarinnar annist sjálfur ráðningu allra kennara. Þetta er í samræmi við sjónarmið um aukið sjálfstæði háskólastofnana og þar með aukna ábyrgð. Hér er einnig lagt til að rektor skipi eina dómnefnd eftir tilnefningu háskólaráðs og menntamálaráðherra til tveggja ára í senn til þess að dæma um hæfi umsækjenda um prófessorsstöður og lektors- og dósentsstöður. Dómnefndin á að meta allar umsóknir um nýráðningar í stöður sem og framgang, sbr. 7. mgr., á skipunartíma sínum en í hverju tilviki á hún að njóta leiðsagnar ráðgjafa er rektor tilnefnir eftir ábend-

ingu frá viðkomandi deild. Þannig er tryggt að dómnefndarkerfið sé skilvirkt og einfalt en jafnframt sé í hverju tilviki hægt að meta hæfni umsækjenda út frá reynslu og þekkingu þeirra er starfa á viðkomandi fræðasviði. Gert er ráð fyrir að kennarar skólans geti flust úr lektorsstöðu í dósentsstöðu og úr dósentsstöðu í prófessorsstöðu eftir ákveðnum reglum er háskólaráð setur. Jafnframt er hér lagt til að háskólaráð setji reglur um ráðningu sérfræðinga á sviði rannsókna og annarra fræðistarfa. Önnur ákvæði þessarar greinar eru að mestu samhljóða þeim sem nú eru í gildi fyrir háskólana og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 4. gr.

Samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla geta háskólar ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu sem eru stúdentspróf eða sambærileg menntun. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari reglur um inntökuskilyrði eftir tillögum deildarráða. Þannig geta inntökuskilyrði verið mismunandi eftir deildum. Hér er þó gert ráð fyrir að háskólaráð hafi síðasta orðið. Rétt er að minna á að samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla er gert ráð fyrir að háskólaráð eigi að samþykkja fjárhagsáætlun allra deilda skólans og skólans í heild og síðan að semja við menntamálaráðherra um fjárveitingar til skólans á grundvelli langtímaáætlunar. Þannig hefur menntamálaráðherra tök á því að hafa áhrif á menntastefnu skólans og þar á meðal hefur ráðherra í raun síðasta orðið um upphæð skólagjalda og fjölda nemenda í hverri deild. Ákvæði þessarar greinar um skrásetningargjald er sambærilegt öðrum slíkum lagaákvæðum, svo sem ákvæði um efnisgjald í framhaldsskólalögum og ákvæði um skrásetningargjald í lögum um Háskóla Íslands.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um skipan háskólaráðs. Greinin er í samræmi við IV. kafla frumvarps til laga um háskóla. Lagt er til að háskólaráð verði ekki fjölmennara en nauðsynlegt má teljast eða að níu fulltrúar skipi ráðið. Fjórir verði kjörnir fulltrúar fastráðinna kennara. Nemendur kjósi tvo fulltrúa og er gert ráð fyrir því að nemendafélag skólans setji sér sérstakar reglur um kjör þeirra. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi tvo fulltrúa í ráðið. Rökin fyrir því að utanaðkomandi aðilar eigi sæti í æðstu stjórn skólans eru af þrennum toga, það styrkir stofnunina, eflir tengsl hennar við samfélagið og veitir henni aukið aðhald. Samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla eru stjórnendur deilda ekki kjörgengir í ráðið og gildir sú regla um háskólann.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Verksvið og ábyrgð rektors er skýrt afmarkað í frumvarpi til laga um háskóla. Einnig er þar að finna skýrar reglur um skipan rektors. Menntamálaráðherra skipar rektor eftir tilnefningu háskólaráðs. Hér er lagt til að háskólaráð setji nánari fyrirmæli um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að háskólaráð taki ákvörðun um deildarskipan skólans og aðrar stjórnunareiningar. Þessi tillaga er í fullu samræmi við háskólalagafrumvarpið sem m.a. er ætlað að tryggja aukið sjálfstæði háskólana. Þessi tilhögun felur ekki í sér að stofnunin hafi

sjálfdæmi um að ákvarða hvaða menntun er í boði eða hvaða starfsstéttum stofnunin veitir menntun heldur tengist ákvörðun þar að lútandi samningi við stjórnvöld um fjármögnun stofnunarinnar.

Í greininni er kveðið á um að deildarfundir og deildarráð stjórni málefnum hverrar deildar og að deildarforseti fari með framkvæmdarvald deildarráðs. Háskólaráð setur reglur um hvernig deildarráð skuli skipað, hvernig deildarforseti er valinn og hvert skuli vera vald- og verksvið deildarfunda. Hliðstætt gildir um aðrar stjórnunareiningar sem háskólaráð telur nauðsynlegt að afmarka sérstaklega. Þeir starfsmenn eða stofnanir, sem ekki lúta sérstakri stjórn, heyra beint undir rektor. Þetta ákvæði breytir engu um það að rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans, sbr. frumvarp til laga um háskóla.

Um 9. gr.

Þessi grein kveður á um skyldur skólans til að gefa út náms- og kennsluskrá fyrir það nám sem í boði er. Háskólaráði ber að staðfesta námskrár, en í þeim er að finna hina opinberu stefnumörkun skólans um það nám sem í boði er. Námskrár gefa því aðilum utan skólans færi á að koma á framfæri tillögum um skipan námsins eða gera athugasemdir við einstaka þætti þess. Einnig má líta á þær sem hluta af upplýsingaskyldu stofnunarinnar til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings. Kennsluskrár eru nánari útfærsla á ákvæðum námskrár um tilhögun náms. Háskólaráð ber einnig að staðfesta kennsluskrá og er það í samræmi við ákvæði háskólalagafrumvarpsins.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að sett verði heimildarákvæði um að háskólinn geti sett á laggirnar rannsóknarstofnun sem hafi umsjón með rannsóknum og útgáfustarfsemi og annist einnig ráðgjöf um skipulagningu og framkvæmd rannsókna. Slíkt almennt ákvæði er ekki að finna í háskólalagafrumvarpinu. Greininni er einnig ætlað að leggja áherslu á mikilvægi rannsókna sem órjúfanlegs hluta af starfsemi háskólans, sbr. 1. gr. frumvarpsins um hlutverk háskólans.

Um 11. gr.

Hér er lagt til, í samræmi við meginmarkmið frumvarpsins, að eignir hinna fjögurra menntastofnana renni til Kennara- og uppeldisháskólans.

Um 12. og 13. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi þann 1. janúar 1998, eða sama dag og háskólalögunum er ætlað að taka gildi, með þeirri undantekningu sem bráðabirgðaákvæðið felur í sér. Þannig haldast í hendur aðlögunarákvæði beggja laganna, þ.e. lagt er til að lögin verði komin til fullra framkvæmda innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja.

Um 15. gr.

Greinin staðfestir að háskólinn yfirtekur starfsemi fjögurra menntastofnana. Því falla úr gildi ákvæði laga um þær menntastofnanir sem þessi leysir af hólmi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þessu ákvæði er ætlað að koma í veg fyrir að samhliða því sem ný stofnun rís af grunni og aðrar eru lagðar niður rofni ekki námsferill þeirra nemenda sem þá stunda þar nám. Einnig er lagt til að skipaðir kennarar og skólastjórnendur haldi starfskjörum sínum óskertum og að stöður þeirra verði því ekki lagðar niður í skilningi laga nr. 70/1996 ef þeir á annað borð uppfylla starfsskilyrði þau sem sett eru fram í frumvarpi að lögum um háskóla. Um aðra starfsmenn gilda ákvæði laga nr. 70/1996. Háskólaráð þarf á aðlögunartímanum að manna margar stöður og þær verða auglýstar.

Ljóst er að nokkur tími, allt að tvö ár, mun líða frá því að lögin taka gildi og þar til stofnunin getur starfað samkvæmt ákvæðum laganna. Hin nýja stofnun er ekki starfhæf fyrr en stjórn hefur verið skipuð, háskólaráð hefur verið kosið og rektor skipaður. Þess vegna er nauðsynlegt að á þessu aðlögunartímabili verði til staðar starfshæft háskólaráð sem getur tekið ákvarðanir er varða sameiningarferlið og tryggt að hagsmunir allra er að máli þessu koma verði tryggðir. Lagt er til að menntamálaráðherra skipi slíkt ráð og að rektor Kennaraháskóla Íslands verði forseti þess.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands.

Tilgangur frumvarpsins er að sameina í eina háskólastofnun Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Með því er talið auðveldara að efla og samhæfa menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta og tengja hana betur rannsóknum auk þess sem betri kostur gefst á hagkvæmari rekstri.

Helstu breytingar sem kunna að hafa áhrif á kostnað fara hér á eftir.

Í 1. gr. er hlutverk háskólans skilgreint og tekið fram að hann er rannsóknastofnun. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að fastir kennarar hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. Frumvarpið felur í sér breytingu á hlutverki annarra skóla sem hlut eiga að máli en Kennaraháskólans. Launakjör kennara, skipting vinnutíma og mat á vinnu kennara hafa að hluta til verið mismunandi milli skólanna. Mestu munar á vinnuskyldu kennara við rannsóknir og stjórnun. Verði hún samræmd að fullu milli skólanna gæti kostnaður aukist um 8–12 m.kr. á ári. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að hugmyndir hafa komið fram um að breyta skiptingu vinnutíma fastra kennara þannig að rannsóknarskylda hvers kennara verði minnkuð en jafnframt verði rannsóknasjóður efldur. Slík tilhögun gæti verið liður í því að nýta betur þann tíma sem varið er til rannsókna og gera þær markvissari.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að rektor ráði kennara skólans. Einnig er lagt til að dómnefnd meti umsækjendur um stöður prófessora, dósenta og lektora og á ákvæðið sér hliðstæðu í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Í hinum skólunum sem frumvarpið tekur til hafa stjórnendur og stjórnir skólanna metið umsækjendur og annast ráðningar. Því mun breytt fyrirkomulag væntanlega hafa óveruleg áhrif á kostnað.

Í 4. gr. er heimild til að innheimta skrásetningargjald sem tekur mið af kostnaði vegna innritunar kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té og nauðsynleg er vegna starfsemi skólans. Miðað er við að gjaldið sé að hámarki 25 þús. kr. á nemanda. Aðrir skólar en Kennaraháskólinn sem frumvarpið tekur til hafa tekið töluvert lægra gjald af nemendum sínum. Áætla má að samræming á gjaldtöku auki tekjur um 4–6 m.kr. á ári.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir níu manna háskólaráði. Leysir það af hólmi 13 manna skólaráð Kennaraháskóla Íslands, þriggja manna skólanefnd og fimm manna skólaráð í Fósturskóla Íslands, fimm manna skólanefnd og sex manna skólaráð Íþróttakennaraskóla Íslands og fimm manna skólastjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands. Þóknun til nefndarmanna hefur verið tiltölulega lág og er ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á kostnaði við þann þátt, en gera má ráð fyrir að tími stjórnenda nýtist á annan hátt.

Í 10. gr. er heimild til handa hinum nýja háskóla til að setja á stofn rannsóknastofnun og til að stofna sérstaka rannsóknasjóði. Kennaraháskólinn rekur nú þegar rannsóknastofnun þótt ekki sé kveðið á um hana í lögum og fær á fjárlögum framlag í rannsóknasjóð. Því er ekki gert ráð fyrir frumvarpið leiði til aukins kostnaðar hvað þetta varðar.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að skólastjórnendur og skipaðir kennarar, sem starfað hafa hjá þeim skólum sem Kennara- og uppeldisháskólinn leysir af hólmi, haldi starfsréttindum sínum enda uppfylli þeir starfsskilyrði samkvæmt lögum um háskóla, en frumvarp um háskóla hefur verið lagt fyrir Alþingi. Miðað er við að stöður þessara starfsmanna verði ekki lagðar niður í skilningi laga nr. 70/1996. Vegna þessa ákvæðis og aðlögunartímans sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er áætlað að kostnaður við þessa breytingu verði óverulegur.

Áætlað er að undirbúningur fyrir sameiningu framangreindra skóla leiði til nokkurs kostnaðar sem gæti verið á bilinu 3–5 m.kr. en í framtíðinni á rekstur eins skóla í stað fjögurra að leiða til hagræðingar. Í því sambandi má nefna samkennslu ákveðinna greina og hagkvæmari rekstur stoðþjónustu svo sem yfirstjórnar, fjármálastjórnar, bókasafns, gagnasmiðju, tölvukerfa og húsakosts. Ekki er unnt að meta væntanlega kostnaðarlækkun af nákvæmni, en hún gæti orðið yfir 10 m.kr. á ári þegar fram líða stundir. Þessi hagræðing skapar svigrúm til að efla aðra þætti rekstrarins, svo sem rannsóknir.

887. Frumvarp til laga [533. mál]

um háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Gildissvið og hlutverk háskóla.

1. gr.

Lög þessa taka til þeirra menntastofnana sem veita æðri menntun. Ákvæði IV. kafla laganna taka þó einvörðungu til ríkisháskóla.

Nánari reglur um starfsemi háskóla er að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla.

2. gr.

Háskóli er menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum svo sem nánar er kveðið á um í reglum um starfsemi hvers skóla. Háskóli skal veita nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum, nýsköpun og listum og til þess að gegna ýmsum störfum í þjóðfélaginu þar sem æðri menntunar er krafist. Háskólar skulu miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar.

3. gr.

Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá. Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Allir háskólar skulu hafa sjálfstæðan fjárhag gagnvart ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laga þessara og þeirra sérfyrirmæla sem um þá gilda.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita háskólum sem kostaðir eru af einkaaðilum starfsleyfi ef þeir starfa eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra staðfestir.

Uppfylli háskóli sem fengið hefur starfsleyfi ekki ákvæði laga þessara, sérfyrirmæla sem um hann gilda eða þær kröfur, sem gerðar eru til kennslu og rannsókna, getur menntamálaráðherra afturkallað starfsleyfið.

5. gr.

Menntamálaráðherra skal setja almennar reglur um eftirfarandi þætti:

1. Með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli háttað.
2. Með hvaða hætti hver háskóli, sem hefur rannsóknarhlutverk, skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum rannsóknanna og nýtingu þeirra fjármuna sem fara til rannsókna.
3. Kærur eða málskotsrétt nemenda í málum þar sem þeir telja brotið á rétti sínum. Slíkar reglur geta falið í sér ákvæði um að kærumál nemenda skuli fara fyrir sérstaka áfrýjunarnefnd sem hafi endanlegt úrskurðarvald.

II. KAFLI
Kennarar og nemendur.

6. gr.

Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

7. gr.

Kennarar í háskóla skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Nánari fyrirmæli um dómnefndir, kröfur til kennara, hæfni þeirra og starfsskyldur eru sett í sérlög og reglugerð, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

III. KAFLI
Fyrirkomulag kennslu.

8. gr.

Yfirstjórn hvers skóla tekur ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna.

9. gr.

Kennsla í háskólum skal fara fram í námskeiðum sem metin eru í einingum. Fullt nám telst 30 einingar á námsári að jafnaði og endurspeglar alla námsvinnu nemenda og viðveru í kennslustundum.

Námi á háskólastigi skal ljúka með prófgráðu sem veitt er þegar nemandi hefur staðist próf í öllum námskeiðum og skilað með fullnægjandi árangri þeim verkefnum sem tilheyra námi til prófgráðunnar.

Menntamálaráðherra skal gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra.

Nánari fyrirmæli um kennslu, nám og prófgráður eru sett í reglugerðir, samþykktir eða skipulagsskrá um hvern háskóla.

IV. KAFLI
Stjórn ríkisháskóla.

10. gr.

Yfirstjórn hvers háskóla er falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráðum og deildarforseta ef skólanum er skipt í deildir.

11. gr.

Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum skólans og stofnana sem honum tengjast, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers skóla nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum þessum eða í sérlögum sem gilda um hvern skóla.

Ef háskóla er í lögum skipt upp í sjálfstæða skóla færist yfirstjórn skólans frá háskólaráði til skólastjórna. Háskólaráð fær þá það hlutverk að vera samráðsvettvangur skólanna og ráðgefandi aðili og fer með yfirstjórn í sérstaklega tilgreindum málaflokkum.

12. gr.

Háskólaráð skal samþykkja eftirfarandi nema annað sé berum orðum tekið fram í sérlögum eða reglugerð um hvern skóla:

1. Stjórnskipulag skólans og þar á meðal stjórnskipulag deilda.
2. Rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun skólans, þar á meðal rammafjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar.
3. Kennsluskrá.

13. gr.

Háskólaráð hvers skóla skal skipað allt að tíu fulltrúum og þar á meðal rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er forseti þess. Allt að fimm fulltrúar úr hópi kennara skólans eiga setu í ráðinu samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Nemendur skulu kjósa allt að tvo fulltrúa hlutfallsbundinni kosningu til tveggja ára í senn samkvæmt nánari ákæðum í sérlögum hvers skóla. Menntamálaráðherra skal skipa allt að tvo fulltrúa til tveggja ára í senn. Í deildarskiptum háskólum, þar sem æðsta ákvörðunarvald er í höndum háskólaráðs, eru deildarforsetar, deildarráðsmenn eða aðrir sem gegna stjórnunarstöðum í deildum ekki kjörgengir í ráðið.

Varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi fulltrúa háskólans sem setu eiga í ráðinu. Varaforseti er staðgengill rektors í forföllum hans.

Falli atkvæði í háskólaráði jöfn ræður atkvæði rektors úrslitum.

14. gr.

Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára eftir tilnefningu viðkomandi háskólaráðs samkvæmt nánari ákvæðum í sérlögum hvers skóla. Skal staðan auglýst til umsóknar. Þann einan má skipa í stöðu rektors sem lokið hefur æðri prófgráðu við háskóla og öðlast hefur stjórnunarreynslu. Óheimilt er að framlengja skipunartíma rektors.

15. gr.

Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki sér heildarstefnu í málefnum skólans. Rektor hefur ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sé berum orðum tekið fram í lögum. Á milli funda háskólaráðs hefur rektor ákvörðunarvald í umboði ráðsins í öllum málum háskólans sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á skipulagi hans.

16. gr.

Nú er háskóla skipt í háskóladeildir og telst þá hver deild grunneining skólans. Í háskóla, sem ekki er deildarskiptur, heyrir öll starfsemi skólans undir háskólaráð. Háskólaráð tekur ákvörðun um deildarskiptingu.

Deildir eru sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og reglugerðir hvers háskóla setja. Yfirstjórn hverrar deildar er falin deildarforseta, deildarfundum og deildarráði.

Nánar skal kveða á um kjör í deildarráð, kjör fulltrúa til setu á deildarfundum og val á deildarforseta í sérlögum eða reglugerð hvers skóla.

17. gr.

Háskólaráð getur að fengnum tillögum deildarráðs skipt viðkomandi deild upp í skorir. Hver skor kýs sér stjórn og formann.

18. gr.

Nánar skal kveða á um starfssvið, starfshætti og tengsl háskólaráðs, rektors, deildarforseta, deildarfunda, deildarráðs og skora í sérlögum, reglugerð og starfsreglum hvers skóla.

V. KAFLI
Fjárhagur.

19. gr.

Hver ríkisháskóli hefur sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við hvern skóla um tilhögun á greiðslum af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð.

Menntamálaráðherra er heimilt að gera samning við háskóla sem rekinn er af einkaaðilum og fengið hefur starfsleyfi skv. 4. gr. um að annast tiltekna menntun á háskólastigi gegn því að ríkissjóður greiði ákveðna fjárhæð fyrir þjónustuna.

Í sérlögum, samþykktum eða skipulagsskrám hvers háskóla skal setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í sérlög hvers ríkisháskóla skal setja reglur um öflun sértekna með gjaldtöku fyrir þjónustu er skólarnir bjóða.

20. gr.

Við ákvörðun fjárveitinga til háskóla skal miða við eftirfarandi:

1. Fjárveitingar vegna kennslu miðast við fjölda stúdenta í fullu námi. Menntamálaráðherra setur reglur um kennslukostnað og þar á meðal um hvað telst fullt nám í þessu tilliti og útreikning á fjölda stúdenta í fullu námi.
2. Fjárveitingar vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þeim háskólum, sem hafa rannsóknarhlutverk, skulu taka mið af fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til rannsókna.
3. Fjárveitingar vegna húsnæðis skulu taka mið af fjölda fastra kennara, fjölda nemenda og sérstakrar aðstöðu sem námið krefst. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framlög til húsnæðismála.

21. gr.

Í samningum sem menntamálaráðherra kann að gera við einkaaðila skv. 2. mgr. 19. gr. skal eftirfarandi koma fram:

1. Námsframboð og námskröfur.
2. Áætlaður fjöldi nemenda í hverri námsgrein.
3. Hvaða þjónustustarfsemi skólinn býður.
4. Áætlaður fjöldi kennara.
5. Upplýsingar um námsárangur.
6. Hvernig greiðslum úr ríkissjóði skuli hagað á samningstímabilinu.

Samningar þessir skulu endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði. Þá skal fara fram uppgjör á milli samningsaðila vegna mismunar á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði. Fyrir lok samningstímans skal menntamálaráðherra láta fara fram úttekt á starfsemi viðkomandi háskóla í heild.

22. gr.

Ríkisháskólum er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum sem eru hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð og stunda framleiðslu og sölu í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Háskólaráð viðkomandi háskóla fer með eignarhlut skólans í slíkum fyrirtækjum.

23. gr.

Árlega skal hver háskóli sem nýtur fjárframlaga frá ríkissjóði halda opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt.

VI. KAFLI
Samstarf háskóla.

24. gr.

Háskólar skulu hafa með sér samráð og samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Í því skyni skulu háskólar m.a. setja reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta.

Samstarfsnefnd háskólastigsins skal skipa á grundvelli þessara laga. Í henni skulu eiga sæti rektorar háskóla. Nefndin skal koma saman reglulega og fjalla um málefni háskólamenntunar. Nefndin skal veita umsögn í málum sem menntamálaráðherra eða einstakir háskólar vísa þangað.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

26. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skólakerfi, nr. 55/1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í menntamálaráðuneytinu hefur á undanförnum mánuðum verið unnið að undirbúningi lagafrumvarps þessa. Í því starfi hefur m.a. verið byggt á skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands frá árinu 1994, skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu Háskóla Íslands frá árinu 1996, nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar á Íslandi frá árinu 1995 og tillögum samstarfsnefndar háskólastigsins frá árinu 1995, en fulltrúar 13 skóla eiga aðild að nefndinni.

Helsta markmiðið með setningu þessara laga er að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastigi og kallað hefur verið háskólastig. Í frumvarpinu eru dregin saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veita háskólagráðu við námslok. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla.

Nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um hversu ítarleg löggjöf þessi eigi að vera, þ.e. hvort setja eigi ítarleg lög um háskólastigið og hverjum háskóla síðan starfsreglur í reglugerð eða hvort almennu lögin eigi að vera einföld og nánari fyrirmæli sett í sérlög. Við samningu þessa frumvarps hefur verið reynt að fara bil beggja í þessu efni. Gert er ráð fyrir að lögin geymi einungis einfaldar meginreglur um starfsemi háskóla. Löggjöf hvers skóla verði síðan endurskoðuð og einfölduð en allar nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla verði að finna í reglugerð og starfsreglum hvers skóla. Gengið er út frá því í frumvarpinu að háskólar geti bæði verið ríkisreknir og einkareknir. Í samræmi við það eiga ákvæði IV. kafla frumvarpsins, um stjórn ríkisháskóla, eingöngu við um ríkisháskóla. Hins vegar er reiknað með því að starfsreglur einkarekinna háskóla komi fram í samþykktum eða skipulagsskrám skólanna.

II.

Á undanförnum árum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að breytt umhverfi háskólastarfsemi kalli á samræmda löggjöf, þ.e. almenn lög um háskólastigið, jafnframt því að endurskoða þurfi lög um hvern háskóla og að endurskoða eða fella úr gildi lög um skólakerfi, nr. 55/1974. Í lögum nr. 55/1974 er mörkuð sú stefna að rétt sé að setja samræmda löggjöf um hvert skólastig, skyldunámsstigið, framhaldsskólastigið og háskólastigið. Nú þegar hafa verið sett lög um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verði frumvarp þetta að lögum er ljóst að lög nr. 55/1974 hafa runnið sitt skeið á enda þar sem stefna sú sem lögin mörkuðu, sbr. 10. gr. laganna, hefur komist til framkvæmda. Því er lagt til í 26 gr. frumvarpsins að lög nr. 55/1974 verði felld úr gildi.

Sjálfstæði háskóla hefur vaxið jafnt og þétt án þess að stjórnsýsla þeirra hafi verið aðlöguð þeim auknu völdum og þeirri ábyrgð sem hefur fylgt í kjölfar aukins sjálfstæðis þeirra. Löggjöf einstakra háskólastofnana er um margt of flókin og ábyrgð stjórnenda ekki nógu vel skilgreind. Aukin samkeppni stofnana um opinbert fjármagn kallar á auknar kröfur um skilvirkni og skýrari mælikvarða um árangur. Stóraukin erlend samskipti hafa leitt til meiri samkeppni íslenskra háskóla við erlendar menntastofnanir og einkaaðilar hér á landi hafa í auknum mæli sýnt áhuga á því að reka háskóla í samkeppni við ríkisvaldið. Á síðustu árum hefur sú stefna ríkt bæði hér á landi og í nágrannalöndunum að færa völd í auknum mæli til undirstofnana ráðuneytanna. Breytt starfsumhverfi, ný viðhorf við stjórn ríkisfjármála, ný lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, ný stjórnsýslulög og ný upplýsingalög, allt kallar þetta á ný vinnubrögð innan háskólastofnana. Um þetta hafa flestir sem um málefni háskólastigsins hafa fjallað verið sammála.

Í erindisbréfi þróunarnefndar Háskóla Íslands segir m.a. að nefndin skuli afla gagna um háskólamenntun og rannsóknir og skýra gildi þeirra fyrir atvinnulíf og menningu þjóðarinnar. Einnig segir í erindisbréfinu að nefndin skuli gera tillögur til menntamálaráðuneytis og háskólaráðs um mótun stefnu í þróun Háskóla Íslands, svo og tillögur um samvinnu Háskólans og verkaskiptingu við aðra skóla á háskólastigi. Í skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands er víða fjallað um breytt starfsumhverfi Háskólans og aukna samkeppni. Þar segir m.a. orðrétt á bls. 26 um breytt starfsumhverfi Háskóla Íslands: „Há-

skóli Íslands hefur keppt við aðrar rannsóknarstofnanir um fé úr sjóðum til verkefna. Hann hefur hins vegar ekki búið við neina samkeppni um kennslu. Mat á kennslustörfum hans hefur byggst á orðspori brautskráðra nemenda í störfum hér á landi eða í framhaldsnámi erlendis. Nokkur samkeppni gæti orðið milli íslenskra skóla á háskólastigi, þótt líklegra sé að þeir hafi með sér verkaskipti.“ Í sama kafla skýrslunnar segir einnig orðrétt á bls. 30: „Háskóli Íslands stendur frammi fyrir vaxandi samkeppni á öllum sviðum háskólastarfsins þar sem þau lönd, sem fremst standa í Evrópu og tilbúin eru til að leggja mikið í sölurnar hvað menntun snertir, munu ráða mestu um markmið og kröfur sem gerðar verða í nánustu framtíð. Þessum kröfum verða íslenskir skólar og aðrir skólar í Evrópu að vera tilbúnir að mæta.“ Í skýrslunni er einnig fjallað um nauðsyn þess að setja almenn lög um háskólastigið. Um það segir í III. kafla skýrslunnar á bls. 36: „Á Íslandi starfa nú 13 skólar sem bjóða nám eftir stúdentspróf. Þeir standa að samstarfsnefnd háskólastigsins. Auk Háskóla Íslands með 5100 nemendur eiga þar sæti fulltrúar skóla með samtals um 1700 nemendur á háskólastigi. Flestir þeir skólar eru sérskólar og aðgangur að þeim takmarkaður. Þar sem skólar sem veita háskólamenntun eru orðnir jafnmargir og raun ber vitni er nauðsynlegt að sett verði löggjöf um þetta skólastig þar sem háskólanám verði skilgreint og m.a. kveðið á um undirbúning nemenda.“

Í skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu Háskóla Íslands frá árinu 1996 segir í inngangi að skýrslan sé afrakstur könnunar á stjórnsýslu skólans sem Hagsýsla ríkisins framkvæmdi að ósk háskólarektors og stjórnsýslunefndar skólans. Í skýrslunni segir orðrétt um löggjöf og stefnumótun á bls. 48: „Semja þarf heildarlöggjöf um háskólastigið þar sem fram koma hlutverk háskóla, meginviðmið í stjórnskipulagi, samband þeirra við stjórnvöld, þar á meðal á hvaða grundvelli fjárveitingar eru ákvarðaðar, hlutverk menntamálaráðuneytis, gæðakröfur til skóla o.s.frv.“

Þann 11. janúar 1995 skilaði samstarfsnefnd háskólastigsins til Ólafs G. Einarssonar, þáverandi menntamálaráðherra, tillögum að drögum um háskólalög. Í bréfi sem Sveinbjörn Björnsson, rektor og formaður nefndarinnar, ritaði ráðherra af því tilefni segir orðrétt: „Með lögum um háskóla yrðu settar samræmdar almennar reglur um hlutverk háskóla, inntökuskilyrði, kröfur til kennara, prófgráður og viðurkenningu þeirra, kennslu og mælieiningu námsins sem við er miðað, starfsskilyrði sem háskólum skulu búin, fjárveitingar og tekjustofna, samráð og samstarf á milli háskóla. Þörf slíkrar samræmingar er brýn til að tryggja að háskólar standi undir nafni sem slíkir og til að gera þeim kleift að vinna saman, bæði að kennslu og rannsóknum.“ Eins og áður segir er í frumvarpi þessu að miklu leyti byggt á frumvarpsdrögum samstarfsnefndarinnar.

Drög að frumvarpi þessu voru send Hagsýslu ríkisins til umsagnar og hefur að mörgu leyti verið tekið tillit til ábendinga og athugasemda stofnunarinnar. Jafnframt hefur verið leitað ráða hjá ýmsum aðilum sem sérfróðir eru á þessu sviði og sérstakra hagsmuna hafa að gæta.

Jafnframt vinnu við frumvarp þetta hefur í menntamálaráðuneytinu verið unnið að samningu frumvarps til laga um uppeldisháskóla og að frumkvæði háskólaráðs er nú unnið að endurskoðun á lögum um Háskóla Íslands.

III.

Í flestum nágrannaríkjum okkar hefur löggjöf um háskólastarfsemi verið endurskoðuð. Þar hefur verið talið nauðsynlegt að laga háskólastarfsemina að nýju og breyttu starfsumhverfi. Í Danmörku voru sett ný lög um háskóla og æðri menntastofnanir árið 1993. Í þeim lögum er gerð tilraun til þess að draga úr miðstýringu og auka sjálfstæði háskóla. Í Noregi voru lögfest lög um æðri menntun árið 1995 eftir miklar umræður um stöðu og þróun háskólastigsins. Sú löggjöf er byggð á skýrslu nefndar sem var undir stjórn Gudmund Hernes, síðar menntamálaráðherra Noregs, er út kom 1988. Þar var m.a. fjallað um markvissari aukningu fjárveitinga til háskóla auk skýrari markmiðssetningar innan háskólanna. Í Svíþjóð voru sett almenn lög um háskólastigið árið 1993 en þau lög eru nú til endurskoðunar. Í Finnlandi hafa til þessa gilt sérlög um hvern háskóla með þeirri undantekningu að árið 1991 voru sett almenn lög um verkmenntaháskóla. Hins vegar er nú í Finnlandi verið að ganga frá frumvarpi um heildarlög fyrir háskólastigið og er búist við því að það verði lagt fram á þessu ári. Í frumvarpsdrögunum er m.a. gert ráð fyrir auknu sjálfstæði háskóla og því að utanskólamenn sitji í helstu ráðum og stjórnum skólanna.

Á vegum Evrópuráðsins hefur mikil umræða farið fram um stöðu æðri menntunar á undanförnum árum. Sérstök nefnd um stöðu æðri menntunar og rannsókna, The Higher Education and Research Committee, hefur unnið að sérstöku verkefni um endurskoðun á löggjöf um æðri menntun. Þar hefur sérstaklega verið lögð áhersla á að endurskoða samband eða tengsl háskólastofnana við ríkisvaldið, m.a. með það í huga að auka sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldinu án þess að veikja stjórnsýslu þeirra. Sérstakt vægi fékk þetta verkefni eftir að mörg ríki Austur-Evrópu höfðu fengið inngöngu í Evrópuráðið.

IV.

Eins og fram kemur í heiti frumvarpsins er lögunum ætlað að staðfesta almenna stefnu stjórnvalda í málefnum háskólastigsins og tryggja lágmarkssamræmi í löggjöf einstakra háskólastofnana. Lögunum er ætlað að ná til allra menntastofnana sem taka við nemendum sem lokið hafa framhaldsskólanámi og uppfylla nánar tilgreind inntökuskilyrði. Þau ná jafnt til skóla sem sinna rannsóknum og þeirra sem eingöngu sinna kennslu. Gert er ráð fyrir að lögin myndi ramma um ákvæði í sérlögum hvers skóla. Því er nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög um hvern háskóla. Í lögunum er að því stefnt að skilgreina markmið háskólastarfseminnar, tryggja betur sjálfstæði háskóla, tryggja möguleika á virkara gæðaeftirliti með starfsemi skólanna og opna leið fyrir virka árangursstjórnun. Auk þess er lagt til að lögfestar séu meginreglur um stjórnsýslu ríkisháskóla og hlutverk æðstu stjórnenda þeirra skilgreind.

1. Aukið sjálfstæði.

Í frumvarpinu er lagt til að sjálfstæði háskóla verði eflt og ábyrgð þeirra aukin jafnframt því sem háskólunum er veitt víðtækara umboð til fjármálaumsýslu. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólanna byggist m.a. á fjölda nemenda og að ríkisvaldið semji sérstaklega við hvern skóla til nokkurra ára í senn. Hvort sem slíkur samningur er kallaður þjónustusamningur eða ekki er skólanum veitt fjárhagslegt svigrúm innan ramma samningsins. Lagt er til að ríkisreknir háskólar verði sjálfstæðar ríkisstofnanir og yfirstjórnir þeirra taki ákvörðun um fyrirkomulag kennslu, námskeiða, námsmats og rannsókna, hafi skólinn rannsóknarhlutverk. Tilgreind eru sérstaklega þau svið þar sem ráðherra skal setja sérstakar reglur. Er það aðallega á þeim sviðum þar sem nauðsynlegt er að tryggja samræmi í skólastarfinu, t.d. reglur um heiti og inntak viðurkenndra háskóla-

gráða. Einnig er talið rétt að nánari fyrirmæli um námskeið verði sett í reglugerð, sérlög eða starfsreglur hvers skóla. Háskólalöggjöf á Norðurlöndum hefur nokkuð verið gagnrýnd fyrir það að ekki hafi tekist sem skyldi að auka sjálfstæði háskólanna. Þar sé ráðherra nánast falið takmarkalaust vald til þess að stjórna háskólastiginu með reglugerðum. Nauðsynlegt er að forðast þá leið. Þess vegna eru sérstaklega tilgreind þau svið þar sem ætlast er til þess að ráðherra setji nánari fyrirmæli. Jafnframt er talið heppilegt að ráðherra geti í samráði við háskólana sett reglur til samræmingar á ýmsum sviðum, t.d. reglur um heiti og inntak háskólagráða eða reglur um innra og ytra gæðaeftirlit. Slíkar reglur geta um margt verið flóknar og síbreytilegar og því óskynsamlegt að lögbinda þær.

2. Gæðaeftirlit.

Lagt er til að menntamálaráðherra hafi heimild til þess að setja sérstakar reglur um ytra og innra gæðaeftirlit með starfsemi skólanna en jafnframt að skólarnir sjálfir sinni virkara gæðaeftirliti með eigin starfsemi. Samkvæmt lögunum eiga háskólarnir að bera meginábyrgð á starfsemi sinni en hlutverk ráðuneytisins verður fyrst og fremst að fylgjast með því að skólarnir framfylgi þeim áætlunum sem þeir hafa sett sér og að þeir uppfylli þær kröfur sem þeir gera til kennslunnar.

3. Efling rektorsembætta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að staða rektorsembætta verði efld. Lagt er til að rektorar verði skipaðir af ráðherra til fimm ára og að þeim verði falið ráðningarvald yfir öllum undirmönnum sínum þar sem annað er ekki tekið fram berum orðum í lögum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að staða rektors sé auglýst bæði innan og utan háskólasamfélagsins. Hver háskóli tilnefnir hins vegar þann sem samstaða er um. Hins vegar getur verið mismunandi hvernig tilnefningin fer fram og er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um tilnefninguna komi fram í sérlögum hvers skóla.

4. Breytingar á skipulagi skólastjórnar.

Lagt er til að fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra eigi sæti í háskólaráði. Einnig er lagt til í samræmi við tillögur þróunarnefndar Háskóla Íslands að háskólaráðsfulltrúum verði fækkað. Vegna umræðna sem átt hafa sér stað um breytingar á lögum um Háskóla Íslands er lagt til að meginhlutverk háskólaráðs geti flust til skólastjórna sé háskóla skipt upp í sjálfstæða skóla. Þannig hafa komið fram hugmyndir um að Háskóla Íslands verði skipt upp í samfélagsvísindaskóla, hugvísindaskóla, heilbrigðisvísindaskóla og verkfræði- og raunvísindaskóla.

5. Kærumál nemenda.

Lagt er til að ráðherra setji almennar reglur um kærumál nemenda og að slíkar reglur geti falið í sér ákvæði um sérstaka kærunefnd eða áfrýjunarnefnd sem hefur endanlegt úrskurðarvald í kærumálum nemenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55/1974 mynda allir skólar sem styrktir eru að hálfu leyti eða meira af almannafé samfellt skólakerfi sem skipt er í þrjú stig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Skv. 1. gr. taka lög þessi til allra menntastofnana er tilheyra háskólastiginu eða sem veita æðri menntun eins og það er kallað. Hugtakið æðri menntun þarfnast ekki flókinna skýringa enda er löng venja fyrir notkun þess. Hér er miðað við að æðri menntun sé sú menntun sem tekur við af framhaldsskólanámi og þar sem sérstakar kröfur eru gerðar til nemenda er skrá sig til náms, umfram það sem gert er á framhaldsskólastiginu. Við skilgreiningu hugtaksins í þessu frumvarpi verður einnig að taka mið af 6. gr. frumvarpsins en þar er skýrt kveðið á um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda sem hefja nám í háskóla. Þar kemur fram að nemendur skuli hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi skólastjórnar. Þar með er gerður skýr greinarmunur á námi á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Í 1. mgr. er jafnframt tekið fram að IV. kafli frumvarpsins, sem tekur til stjórnsýslu ríkisháskóla, eigi einungis við um háskóla sem eru ríkisstofnanir en taki ekki til annarra háskóla þó svo að þeir kunni að vera styrktir af almannafé að einhverju leyti. Notast er við hugtakið ríkisháskóli en aðrir skólar eru þá einkaskólar reknir af einkaaðilum.

Skv. 2. mgr. er allar nánari reglur um starfsemi háskóla að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla. Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir að lögin séu almenn og myndi ákveðinn ramma utan um þær reglur sem gilda um háskóla.

Um 2. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á hlutverki háskóla. Megintextinn er sóttur í gildandi lög um Háskóla Íslands en textinn er kominn frá Birni M. Olsen, fyrsta rektor Háskóla Íslands, sem skilgreindi hlutverk skólans við vígslu hans. Jafnframt er bætt við skilgreininguna því vaxandi hlutverki háskóla að miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu margvíslega þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Víða erlendis er háskólastarfsemi bundin við rannsóknarskóla. Sú leið er ekki farin í þessu frumvarpi. Hér kemur fram að háskólar eigi að sinna rannsóknum svo sem nánar er kveðið á um í reglum hvers skóla. Hlutverk háskóla er mismunandi. Ljóst er að sumum háskólum er ætlað rannsóknarhlutverk en öðrum ekki. Orðalag greinarinnar má því ekki skilja svo að allir háskólar hafi rannsóknarhlutverk, allir háskólar eigi rétt á rannsóknarstyrkjum eða að allir kennarar í háskólum hafi rannsóknarskyldur. Úr þessu verður leyst í sérlögum eða sérreglum hvers skóla.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að lögfest verði að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnarnir. Þetta er sett fram með þessum hætti til þess að taka af allan vafa um sjálfstæði skólanna. Í samræmi við það verður ákvörðunum þeirra því almennt ekki skotið með stjórnsýslukæru til ráðherra, sjá einnig 11. gr. Oft koma upp deilur um eðli ríkisstofnana og þá hvort sjálfstæði þeirra sé slíkt að ekki sé hægt að skjóta ákvörðunum þeirra til ráðherra. Hér er, með grein þessari sem og 11. gr., lagt til að tekinn sé af allur vafi um þetta atriði. Jafnframt er lagt til að lögfest verði að fleiri en ríkissjóður geti rekið háskóla. Í greininni segir að einkaðilum sé heimilt að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamála-

ráðherra. Þetta ákvæði verður að skýra með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla að menntamálaráðherra beri að hafa eftirlit með gæðum þeirrar menntunar er háskólar veita og að þeir uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar í lögum og reglum sem um þá gilda.

Jafnframt er hér lagt til að menntamálaráðherra geti veitt einkaskólum starfsleyfi starfi þeir eftir samþykktum eða skipulagsskrám sem menntamálaráðherra hefur staðfest. Staðfesting ráðherra er því forsenda starfsleyfisins. Jafnframt er lagt til að ráðherra geti svipt skóla starfsleyfi eða afturkallað það uppfylli viðkomandi skóli ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til hans.

Um 5. gr.

Þrátt fyrir að einn megintilgangur frumvarpsins sé að efla sjálfstæði háskóla er hér lagt til að ráðherra skuli setja reglur um tiltekin atriði. Í 1. tölul. er lagt til að ráðherra setji almennar reglur um innra og ytra gæðaeftirlit með háskólastarfseminni. Litið er á virkt gæðamat sem skilyrði fyrir fjárhagslegu og faglegu sjálfstæði háskóla. Í reglum um ytra gæðaeftirlit verða meðal annars fyrirmæli um úttektir á starfsemi viðkomandi háskóla og hvernig ytra gæðaeftirliti verði almennt háttað.

Háskólar munu eftir sem áður bera meginábyrgð á gæðum starfsemi sinnar. Sama á við um eftirlit með gæðum rannsókna. Í 3. tölul. er fjallað um kærumál nemenda. Lagt er til að ráðherra geti sett almennar reglur um slík mál og sett á laggirnar sérstaka kærunefnd er hafi endanlegt úrskurðarvald í slíkum málum. Er þetta gert til þess að tryggja örugga og skjóta málsmeðferð í kærumálum nemenda.

Um 6. gr.

Í greininni er skilgreint hverjir hafa rétt til þess að hefja háskólanám. Jafnframt er lagt til að háskólar geti ákveðið sérstök inntökuskilyrði til viðbótar þeim almennu kröfum sem gerðar eru til þeirra sem ætla að hefja nám í háskóla. Samkvæmt núgildandi löggjöf geta allir skólar á háskólastigi nema Háskóli Íslands gert viðbótarkröfur til umsækjenda um nám. Nokkrir þeirra, skóla sem munu tilheyra háskólastigi eftir setningu þessara laga en kallast í dag sérskólar, hafa nú sérstök inntökuskilyrði. Hér er lagt til að sama regla gildi um alla skóla á háskólastigi hvað þetta varðar og að það heyri undir ákvörðun hvers skóla hvort slík sérstök inntökuskilyrði skuli sett og þá hvers eðlis þau eru.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kennarar í háskóla skuli hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafi jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Að öðru leyti er lagt til að nánari fyrirmæli um kröfur til kennara, starfsskyldur þeirra og dómnefndir verði sett í reglur hvers skóla. Gert er ráð fyrir að sú regla verði viðhöfð við val í dómnefndir á vegum ríkisháskóla að menntamálaráðherra skipi a.m.k. einn dómnefndarmanna. Krafa um meistarapróf eða jafngilda þekkingu og reynslu á eingöngu við um kennara en ekki svokallaða gestafyrirlesara eða aðra sem tímabundið kenna eða kynna tiltekið námsefni.

Um 8. gr.

Í greininni er sett fram sú meginregla, sem gildir um starfsemi háskóla, að yfirstjórn hvers skóla hafi ákvörðunarvald um fyrirkomulag kennslu, náms og námsmats og um skipulag rannsókna. Hver skóli á að hafa faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði og bera ábyrgð á starfsemi sinni. Er þetta í samræmi við 3. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að ríkisháskólar séu sjálfstæðar ríkisstofnanir.

Um 9. gr.

Í þessari grein er skilgreint hvað er fullt nám að jafnaði á námsári. Við einingamat skal miða við fasta grunntölu um fullt nám, 30 einingar á hverju námsári. Einingin á að endurspegla alla námsvinnu nemandans og þátttöku í hvers kyns kennslustundum, svo sem viðveru í fyrirlestrum, umræðutímum, æfingum, verklegum tímum og prófum, fjölda og umfangi verkefna og lesefni. Nám getur verið skipulagt með ýmsum hætti, í hefðbundnum námskeiðum, verkefnum sem nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara o.s.frv. Hvert svo sem fyrirkomulag kennslunnar og námsins er skal samanlagður einingafjöldi allra námskeiða og verkefna eins námsárs vera 30 einingar og námskeiðum og verkefnum hvers námsárs skulu gefnar einingar í hlutfalli við innbyrðis vægi þeirra. Ekki skiptir máli í því sambandi hversu margar kennsluvikur eru á ári.

Hér er einnig lagt til að menntamálaráðherra gefi út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Slík skrá er nauðsynleg til þess að mögulegt sé að tryggja samræmi á milli háskóla og sem mest samræmi á milli íslenskra og viðurkenndra erlendra háskóla.

Um IV. kafla.

Hér eru settar fram meginreglur um stjórnskipulag ríkisháskóla. Byggt er á því að í deildarskiptum háskóla séu deildir grunneiningar skólans. Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan hvers skóla. Ef sjálfstæðir skólar starfa innan háskóla, þ.e. ef háskóla er skipt upp í sjálfstæða skóla, færist hlutverk háskólaráðs að mestu leyti til einstakra skólastjórna eða ráða. Deildir heyra þá beint undir sjálfstæðar skólastjórnir. Í slíkum skólum yrði háskólaráð fyrst og fremst ráðgefandi aðili, samstarfsvettvangur skólastjórnanna, en hefði hugsanlega ákvörðunarvald í einstökum nánar tilgreindum málaflokkum. Mismunandi getur verið eftir skólum hvort deildarráð eða deildarfundur er æðsti ákvörðunaraðili innan hverrar deildar. Hér er lagt til að nánari fyrirmæli um hlutverk deildarráða og deildarfunda verði sett í sérlögum um hvern skóla.

Um 10. gr.

Lagt er til að yfirstjórn hvers skóla skuli falin háskólaráði, rektor, deildarfundum, deildarráði og deildarforseta ef skólum er skipt í deildir. Hér eru lagðar meginlínur en eins og fram kemur í 18. gr. er lagt til að nánar skuli kveða á um tengsl þessara stjórnunareininga í reglum er gilda um hvern skóla.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir að æðsta ákvörðunarvald innan hvers skóla sé í höndum háskólaráðs nema lög kveði á um annað. Hér er jafnframt lagt til að hlutverk háskólaráðs geti flust til sjálfstæðra skólastjórna starfi sjálfstæðir skólar innan viðkomandi háskóla.

Um 12. gr.

Til þess að tryggja ákveðna festu í stjórn hvers skóla er lagt til að háskólaráði sé falið að taka ávörðun um stjórnskipulag skólans innan þess ramma, er lög og reglugerðir setja, og skuli jafnframt árlega samþykkja fjárhagsáætlun og starfsáætlun hverrar deildar og jafnframt kennsluskrá fyrir skólann í heild.

Um 13. gr.

Hugmyndir hafa verið uppi um að fækka í háskólaráði Háskóla Íslands og gera það skilvirkara. Er þetta m.a. ein af tillögum þróunarnefndar Háskóla Íslands. Hér er lagt til að háskólaráð verði ekki skipað fleiri en tíu fulltrúum, að meðtöldum háskólarektor sem er sjálfkjörinn í ráðið. Jafnframt er lagt til að allt að tveir fulltrúar skuli skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn. Er það fyrirkomulag einnig í samræmi við tillögur þróunarnefndarinnar. Þessir fulltrúar eiga að vera með víðtæka þekkingu á málefnum þjóðlífs og atvinnulífs og traustan skilning á starfsemi háskóla. Með þessu fyrirkomulagi á að tengja skólana betur við atvinnulífið en nú er gert. Ráðherra getur sett reglur um með hvaða hætti þessir fulltrúar skuli skipaðir en ekki er talið heppilegt að lögbinda hvernig val þeirra skuli fara fram, enda geta þær reglur breyst í tímanna rás. Ekki er talið koma að sök að tala ráðsmanna geti verið jöfn þar sem atkvæði rektors ræður úrslitum falli atkvæði jöfn. Er hér um að ræða undantekningu frá meginreglu þeirri sem fram kemur í 34. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Lagt er til að tveir fulltrúar nemenda verði kosnir hlutfallsbundinni kosningu í ráðið til tveggja ára í senn. Nauðsynlegt er að tryggja áhrif nemenda á stjórn skólanna. Því er lagt til að fulltrúar þeirra séu kosnir til tveggja ára í senn þannig að þeir, eins og aðrir háskólaráðsfulltrúar, geti öðlast nauðsynlega stjórnunarreynslu og þannig tryggt áhrif sín innan háskólaráðanna. Sé háskólaráð skipað tíu fulltrúum eru þeir samkvæmt þessu eftirtaldir: Rektor, sem er sjálfkjörinn, tveir fulltrúar nemenda, tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra og fimm fulltrúar kjörnir af kennurum skólans.

Fyrirkomulag það sem hér er lagt til losar um sjálfvirk tengsl milli fjölda deilda og fjölda ráðsmanna. Í sérlög eða í reglugerð hvers skóla verða sett nánari fyrirmæli um hvernig fulltrúar kennara eru kosnir í ráðið. Þannig geta deildir skipt sér upp í fagsvið eftir skyldleika deildanna og tryggt að hvert fagsvið eigi fulltrúa í ráðinu.

Hér er lagt til að í deildarskiptum háskólum, þar sem æðsta ákvörðunarvald er í höndum háskólaráðs, séu þeir sem fara með stjórnun deilda ekki kjörgengir. Á tímum vaxandi umræðu um hæfi stjórnsýslu til þess að fjalla um mál í ljósi mögulegra hagsmunaárekstra er eðilegt að gera skil á milli þeirra sem hafa með höndum almenna stefnumörkun skólastarfsins eða fara með endanlegt úrskurðarvald og hinna sem eiga að framkvæma stefnuna eða koma að ákvarðanatöku hjá lægra settu stjórnsýslustigi innan viðkomandi skóla. Þannig er ekki talið eðlilegt að þeir sem með beinum hætti koma að ákvarðanatöku í deildum geti verið í þeirri aðstöðu að endurskoða ákvarðanir deilda í háskólaráði. Slíkt samræmist illa meginreglum stjórnsýsluréttarins. Jafnframt stuðlar regla þessi að aukinni valddreifingu. Í háskólum þar sem endanlegt ákvörðunarvald er í höndum skólastjórnar og háskólaráð er fyrst og fremst samráðsvettvangur og ráðgefandi aðili geta gilt aðrar reglur.

Um 14. gr.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi rektor til fimm ára eftir tilnefningu háskólaráðs. Rektor er forstöðumaður viðkomandi skóla og tekur skipunartími hans mið af meginreglu laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, þar sem fram kemur að forstöðumenn ríkisstofnana teljist til embættismanna og þá skuli skipa tímabundið til fimm ára. Þó er í þessari grein sett sú sérregla að óheimilt sé að framlengja skipunartíma rektors og er þessi regla sett í ljósi þess sjónarmiðs að óæskilegt sé að vísindamenn, sem taka að sér að gegna stöðu rektors, verji til þess of löngum tíma frá vísindastörfum þar sem þekking þeirra og þjálfun nýtist sem best. Háskólaráð hvers skóla ber ábyrgð á tilnefningu og vali rektors, enda þótt skipunarvaldið sé í höndum menntamálaráðherra sem getur þá einnig, samkvæmt almennum reglum, leyst rektor frá störfum. Lagt er til að staðan skuli auglýst til umsóknar áður en tilnefning fer fram. Samkvæmt því verður öllum frjálst að sækja um stöðuna. Þannig verður ekki eingöngu kosið um starfsmenn háskólans þegar val á rektor fer fram, fleiri eiga kost á tilnefningu svo fremi sem þeir fullnægja öðrum skilyrðum laganna.

Um 15. gr.

Í greininni er staða rektors í stjórnkerfi háskólans skilgreind. Hann er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Að miklu leyti er hér stuðst við lagatexta í núgildandi lögum um Háskóla Íslands. Hins vegar er hér að finna nýmæli sem skerpa á stöðu rektors gagnvart öðru starfsliði skólans og gagnvart háskólaráði. Í fyrsta lagi er hér lagt til að rektor hafi ráðningarvald yfir öllum starfsmönnum skólans nema annað sér berum orðum tekið fram í lögum. Í öðru lagi á rektor að bera ábyrgð á daglegum rekstri skólans og er honum falið ákvörðunarvald í öllum málum á milli funda háskólaráðs sem ekki varða veruleg fjárhagsmálefni skólans eða hafa í för með sér breytingar á stjórnkerfi hans. Það kann að vera augljóst að rektor hefur vald til þess að taka ákvörðun í einstökum málum sem snúa að því að framfylgja stefnu háskólaráðs eða varða fjárhagsmálefni skólans. Sum mál kunna hins vegar að vera þannig að eðli málsins samkvæmt heyri þau undir háskólaráð. Ef málin þola enga bið er þó talið rétt að veita rektor vald til þess að taka ákvörðun í umboði háskólaráðs. Þetta á þó ekki við í málum er varða veruleg fjárhagsmálefni og er þá miðað við að um sé að ræða ákvarðanir sem alls ekki samrýmast fjárhagsáætlun skólans. Þetta á einnig við ef ákvörðunin snýr að því að breyta stjórnkerfi skólans. En í frumvarpi þessu er lagt til að háskólaráð hafi eitt vald til þess að samþykkja stjórnkerfisbreytingar eða skipulagsreglur skólans innan þess ramma er lög og reglugerðir setja.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að í deildarskiptum háskólum teljist hver deild grunneining skólans. Deildir eiga að vera sjálfráðar um eigin málefni innan þeirra marka sem lög og reglugerðir hvers skóla setja. Í sérlögum hvers skóla eða í reglugerðum er hægt að skilgreina nánar í hvaða málaflokkum deildir hafi endanlegt ákvörðunarvald. Lagt er til að yfirstjórn hverrar deildar sé falin deildarráði, deildarfundum og deildarforseta. Það getur verið mismunandi eftir skólum hvort ákvörðunarvaldið sé í höndum deildarfunda eða deildarráðs.

Um 17. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að háskólaráð geti tekið ákvörðun um að skipta deildum upp í skorir ef viðkomandi deildarráð leggja það til. Hver skor kýs sér stjórn og formann.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir að nánar sé kveðið á um starfssvið, starfshætti og tengsl einstakra stjórnunareininga háskóla í sérlögum eða í reglugerð hvers skóla. Ekki er gert að skilyrði að nánari útfærsla á hlutverki þeirra sé að öllu leyti lögbundin. Háskólar eiga að vera í stöðugri þróun og mótun stjórnkerfis þeirra innan marka þessara laga getur verið í höndum ráðherra og skólanna sjálfra. Þess vegna er hér lagt til að skólarnir geti sett sér starfsreglur um skipulag starfsemi sinnar innan þess ramma sem markaður er í lögum og reglugerðum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um fjárhagslegan grundvöll háskólastarfseminnar. Gert er ráð fyrir að háskólar hafi yfir að ráða miklu sjálfstæði um ráðstöfun eigin fjármuna. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að gerður er samningur á milli stjórnvalda og ríkisstofnana um þau fjárráð er stofnuninni eru ætluð gegn skilgreiningu á þeirri þjónustu er stofnunin veitir, m.a. til þess að tryggja festu í stjórnun og skjótari viðbrögð við breytingum sem kunna að verða á starfsumhverfi hennar. Gert er ráð fyrir að samið verði með þessum hætti við ríkisháskólana og jafnframt er gert ráð fyrir að samninga um tiltekna þjónustu megi gera við einkaskóla. Slíkir samningar til langs tíma eiga að tryggja að þær námsleiðir sem viðkomandi skóli kennir séu í samræmi við vilja stjórnvalda og teknar með heildarsýn yfir háskólastigið. Með fjárveitingum sem byggjast á slíkri langtímaáætlun er viðkomandi skóla veitt svigrúm til þess að sveigja starfsemi sína að þeim áherslum sem stjórnvöld kjósa og fjármunum sem til starfseminnar eru veittir.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir að hver ríkisháskóli hafi sjálfstæða fjárveitingu á fjárlögum. Fjárveitingarnar séu grundvallaðar á fjárhags- og starfsáætlun hvers skóla til fimm ára. Gert er ráð fyrir að á grundvelli slíkra áætlana sé mögulegt að gera þjónustusamning við viðkomandi skóla. Lagt er til að menntamálaráðherra geti gert samning við félög, fyrirtæki eða stofnanir um að annast tiltekna menntun gegn ákveðinni greiðslu. Skilyrði fyrir slíkum samningi er að sjálfsögðu að viðkomandi skóli hafi fengið leyfi til þess að kenna á háskólastigi, sbr. 4. gr. lagafrumvarps þessa. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að í sérreglum hvers skóla verði kveðið á um hvernig gjaldtöku af nemendum sé háttað. Reglur um gjaldtöku geta verið mismunandi eftir skólum en miklu skiptir að þær séu skýrar þannig að nemendum sé ljóst að hverju þeir ganga í þessum efnum. Einnig er gert ráð fyrir að í sérlög hvers skóla verði sett fyrirmæli um gjaldtöku fyrir þjónustu og reglur um öflun sértekna.

Um 20. gr.

Hér eru settar reglur sem leggja skal til grundvallar þegar fjárþörf háskóla er metin. Fjárveitingar til kennslu eiga að miðast við fjölda stúdenta. Menntamálaráðherra skal setja nánari reglur um kennslukostnað og þar á meðal um hvað telst fullt nám og hvernig kennslukostnaður skuli reiknast út miðað við fjölda stúdenta. Reglur þessar kunna í upphafi að taka örum breytingum og því er ekki lagt til að nákvæm útfærsla á þeim sé lögbundin.

Gert er ráð fyrir að framlög til rannsókna, nýsköpunar og þróunar miðist við fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana. Eingöngu þeir háskólar sem sinna rannsóknum fá framlög skv. 2. mgr. Menntamálaráðherra á að setja nánari reglur um rannsóknarframlög.

Í 3. mgr. er sett fram regla um fjárveitingar til húsnæðismála. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji nánari reglur um þær fjárveitingar eins og aðrar.

Um 21. gr.

Hér eru sett fram ákveðin viðmið sem liggja eiga til grundvallar samningum sem gerðir eru við einkaaðila á grundvelli 19. gr. Jafnframt er lagt til að samningar þessir skuli endurskoðaðir árlega með hliðsjón af fjölda nemenda og námsframboði og að við árlegt uppgjör sé tekið mið af mismun á raunverulegum og áætluðum tilkostnaði.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að háskólar geti átt aðild að fyrirtækjum sem sinna rannsóknar- og þróunarstarfi og að viðkomandi háskólaráð fari með eignarhlut háskólans í slíkum fyrirtækjum. Hér er gert ráð fyrir að það sé í höndum yfirstjórnar hvers skóla hvort skóli gerist aðili að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, en að leyfi eða samþykki menntamálaráðherra þurfi til þess að skólinn geti nýtt sér þessa heimild. Sambærilegt ákvæði er í 36. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

Um 23. gr.

Gerð er sú krafa að allir háskólar sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, bæði ríkisháskólar og aðrir skólar sem njóta fjárframlaga á grundvelli 2. mgr. 19. gr., haldi opinn ársfund þar sem fjárhagur háskólans og meginatriði starfsáætlunar eru kynnt. Þannig er stuðlað að aukinni festu í starfsemi háskólanna, aukinni samkeppni þeirra innbyrðis og að sem bestri nýtingu þess fjármagns sem skólarnir hafa yfir að ráða.

Um 24. gr.

Í greininni er lagt til að háskólar setji sér reglur um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Með því eykst samræmi á milli kennslu og náms einstakra háskóla.

Jafnframt er hér lagt til að samstarfsnefnd háskólastigsins skuli skipa á grundvelli laganna. Nefndin skal vera umsagnaraðili fyrir menntamálaráðherra og einstaka háskóla. Gert er ráð fyrir að allir rektorar háskóla eigi sæti í nefndinni.

Um 25. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. janúar 1998, með þeim undantekningum þó sem bráðabirgðaákvæði frumvarpsins felur í sér.

Um 26. gr.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með lagafrumvarpi þessu er ljóst að verði frumvarpið að lögum hefur stefna sú sem mörkuð er í lögum nr. 55/1974 komist til framkvæmda með því að sett hefur verið samræmd löggjöf um hvert skólastig. Þess vegna er lagt til að lögin verði felld úr gildi.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir að þeir háskólar sem í dag starfa samkæmt sérstökum lögum fái tveggja ára aðlögunartíma og að á þeim tíma verði lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra. Allir háskólar eiga þó mun fyrr að geta lagað starfsemi sína að V. kafla frumvarpsins.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um háskóla.

Tilgangur frumvarpsins er að setja sameiginlegan lagaramma um starfsemi menntastofnana sem veita æðri menntun án þess þó að fella úr gildi sérlög um einstaka skóla, en gert er ráð fyrir að þau verði endurskoðuð innan tveggja ára.

Í frumvarpinu og athugasemdum með því er lítið fjallað um fjárhagslegar forsendur fyrir ýmsum breytingum sem lagðar eru til. Óvissuþættir eru því margir og ráðast fyrst og fremst af sérlögum og reglum sem settar verða um einstaka skóla.

Í 1. gr. er kveðið á um hlutverk háskóla. Þar er að finna nýtt ákvæði um að háskólar skuli miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar sinnar. Ekki er kveðið á um hvernig skólarnir ræki þessa skyldu sína, en verði innheimtar sértekjur vegna þjónustu við þessa aðila, eins og heimilt er skv. 19. gr. frumvarpsins, leiðir þessi breyting ekki til aukins kostnaðar ríkissjóðs.

Í 4. og 5. gr. eru ákvæði um eftirlit með gæðum skólastarfs og með framkvæmd laga og fyrirmæla sem gilda um háskóla. Ekki kemur fram hvernig eftirliti verður háttað en gera má ráð fyrir að aukin skráning og úrvinnsla upplýsinga auk sérstakra úttekta geti aukið kostnað tímabundið ásamt því að leiða til markvissari vinnubragða sem eiga að lækka kostnað.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að veita háskólum, sem kostaðir eru af einkaaðilum, starfsleyfi og í 19. gr. er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að gera samning við slíkan háskóla um að annast tiltekna menntun á háskólastigi á kostnað ríkissjóðs. Í 21. gr. er nánar kveðið á um innihald samninga. Kostnaður sem af þessu leiðir ræðst af þeim samningum sem kunna að verða gerðir og því ekki forsendur til að meta hann að svo komnu máli. Í 30. gr. frumvarps til laga um fjárreiður ríkisins sem lagt hefur verið fyrir Alþingi er tillaga um almenna heimild ríkisaðila til að gera samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni ríkisins.

Í 7. gr. er kveðið á um að kennarar í háskóla skuli hafa lokið meistaraprófi hið minnsta eða hafa jafngilda þekkingu og reynslu að mati dómnefndar. Kennarar skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á starfssviði sínu. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að þessar kröfur ná ekki til gestafyrirlesara. Samkvæmt þessu ákvæði verða gerðar mun strangari kröfur til menntunar og starfsreynslu kennara í háskólum en fram til þessa sem mun án efa leiða til aukinna launagreiðslna. Upplýsingar um menntun og starfsárangur kennara í háskólum liggja ekki fyrir við gerð þessarar umsagnar og því ekki unnt að áætla líklegan kostnaðarauka. Lauslega áætlað veldur 1% hækkun launa kennara á háskólastigi um 20 m.kr. kostnaði.

Í 10.–18. gr. er fjallað um stjórn ríkisháskóla. Hlutverk og verkaskipting háskólaráðs og rektors eru gerð skýrari en í gildandi lögum sem ætti að stuðla að virkari stjórnun og lækkun kostnaðar. Einnig er lagt til að fulltrúum í háskólaráði verði fækkað þannig að þeir verði ekki fleiri en tíu að rektor meðtöldum. Fækkun fulltrúa getur einfaldað ákvarðanatöku og lækkað stjórnunarkostnað, en ekki er unnt að meta fjárhæðir í þessu sambandi.

Í 19. gr. er gert ráð fyrir því nýmæli að menntamálaráðherra geri tillögur um fjárveitingar til ríkisháskóla á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til fimm ára. Hliðstætt ákvæði er í lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og getur það bætt skipulagningu fram í tímann og stuðlað að lækkun kostnaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra geti gert samninga við ríkisháskóla um tilhögun á greiðslum af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Í þessari kostnaðarumsögn er gert ráð fyrir að slíkir samningar verði gerðir í samræmi við almennar reglur og lagaákvæði um framkvæmd fjárlaga og leiði því ekki til aukins kostnaðar.

Í 22. gr. er lagt til að ríkisháskólum verði heimilt með samþykki menntamálaráðherra að eiga aðild að atvinnurekstri í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Jafnframt er lagt til að háskólaráð viðkomandi skóla fari með eignarhluta skólans í slíkum fyrirtækjum. Í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að ríkisaðilar í A-hluta fjárlaga þurfi hverju sinni að afla heimilda í lögum til að kaupa eða selja eignarhluta í félögum. Samkvæmt auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er almenna reglan sú að fjármálaráðuneytið fer með eignir ríkisins, þar á meðal eignarhluta í félögum og fyrirsvar þeirra vegna.

888. Frumvarp til laga [534. mál]

um breyting á lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Teljist kvikmynd geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna eða ungmenna að mati Kvikmyndaskoðunar ákveður hún hvort banna skuli að sýna eða afhenda kvikmyndina börnum innan 16 ára aldurs eða á tiltekn-

um aldursskeiðum innan þess aldurs samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er Kvikmyndaskoðun að ákveða sérstök aldursmörk fyrir mismunandi myndmiðla.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjónvarpsstöðvar, sem leyfi hafa til útvarps, annast með hliðsjón af 1. og 3. gr. skoðun kvikmynda, sem sýna á í dagskrá, að höfðu samráði við Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af Kvikmyndaskoðun sem hefur þá úrskurðarvald um það hvort sýning kvikmyndarinnar brjóti gegn ákvæðum laga þessara.

Sjónvarpsstöðvum, þar með talið Ríkisútvarpinu, sjónvarpi, er skylt að haga svo vali útsendingartíma eða gera til þess tæknilegar ráðstafanir að tryggt sé að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu sjá eða heyra dagskrárefni sem líklegt er til að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska þeirra.

3. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skal setja reglur um skoðun tölvuleikja, þ.e. tölvuforrita sem hafa að geyma gagnvirka leiki, til að tryggja að notkun þeirra sé ekki í ósamræmi við tilgang laga þessara, sbr. 1.–3. gr. Skal þá haga slíkri skoðun með áþekkum hætti og skoðun kvikmynda að fengnum tillögum Kvikmyndaskoðunar. Um gjaldtöku skal fara á álíkan hátt og kveðið er á um í 4. gr. þannig að þeim aðilum, sem framleiða tölvuleiki hér á landi, flytja þá til landsins eða ætla að dreifa þeim með sölu eða á annan hátt hérlendis, er skylt að sjá til þess að Kvikmyndaskoðun fái tölvuleikina umsvifalaust til skoðunar og ber þeim þá að greiða skoðunargjöld sem renna í ríkissjóð. Skoðunargjöldin ákvarðast í reglugerð og skal fjárhæð þeirra taka mið af kostnaði af skoðuninni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 12. nóvember 1996, lagði umboðsmaður barna það til við menntamálaráðherra að lög nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og útvarpslög, nr. 68/1985, yrðu tekin til endurskoðunar til þess að tryggja börnum betur þá vernd sem 76. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um og einnig til þess að uppfylla ákvæði 17. gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem og ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnskipunarfyrirmælum um sjónvarpsrekstur (ESB/89/552). Í bréfi umboðsmanns barna koma fram tillögur að einstökum lagabreytingum og er frumvarp þetta samið á grundvelli þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Að tillögu umboðsmanns barna er hér lagt til að kveðið verði fastar að orði en gert er í núgildandi lögum varðandi þær viðmiðanir sem Kvikmyndaskoðun ber að hafa hliðsjón af við skoðun og mat á kvikmyndum.

Um 2. gr.

Að tillögu umboðsmanns barna er hér lagt til að í 5. gr. laganna komi skýrt fram að sjónvarpsstöðvar skuli við skoðun á dagskrárefni nota sömu viðmiðanir og Kvikmyndaskoðun endranær. Þá er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein þar sem sjónvarpsstöðvum er bannað að sýna dagskrárefni sem líklegt er til að skaða líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna og ungmenna ef ekki er tryggt með vali á útsendingartíma eða með einhverjum öðrum tæknilegum ráðstöfunum að börn og ungmenni á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu sjá eða heyra slíkar útsendingar.

Þessi tillaga er gerð með hliðsjón af ákvæði 22. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnskipunarfyrirmælum um sjónvarpsrekstur (ESB/89/552). Með hliðsjón af 5. tölul. 3. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, munu allar sjónvarpsstöðvar, sem fá leyfi til útvarpsreksturs, sbr. 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga, verða skuldbundnar til að hlíta þessu ákvæði. Sama á við um Ríkisútvarpið, sjónvarp eins og skýrt er tekið fram í greininni.

Um 3. gr.

Að tillögu umboðsmanns barna er hér kveðið á um að menntamálaráðherra sé ekki einvörðungu heimilt, heldur skylt, að setja reglur um skoðun tölvuleikja þannig að þeir lúti hliðstæðum skoðunarreglum og kvikmyndir. Gert er ráð fyrir að um tilhögun skoðunar tölvuleikja og gjaldtöku verði tekið mið af öðrum ákvæðum laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í frumvarpinu eru lagðar til skýrari viðmiðanir við skoðun og mat á kvikmyndum sem sýndar eru í kvikmyndahúsum eða hjá sjónvarpsstöðvum. Einnig er lagt til að menntamálaráðherra verði skylt að setja reglur um skoðun tölvuleikja þannig að þeir lúti hliðstæðum skoðunarreglum og kvikmyndir og að kostnaður við skoðunina greiðist af skoðunargjöldum.

Frumvarpið leiðir ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð að því er séð verður.

889. Frumvarp til laga [535. mál]

um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna nefnd er nefnist örnefnanefnd. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands, annar af umhverfisráðuneyti en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allir skulu nefndarmenn vera kunnáttumenn á sviði örnefna- og staðfræði.

Örnefnanefnd fer með ákvörðunarvald um býlanöfn samkvæmt lögum þessum og jafnframt ákvarðar hún hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný gatnanöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortagerendur, Örnefnastofnun Íslands, landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnsýslulaga. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslusviði. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skal kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Skulu þar m.a. vera ákvæði um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara fyrir ákvarðanatöku þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Einnig má þar setja ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvarðanatöku nefndarinnar.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamati ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar.

3. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Eigi má taka upp nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, nema með leyfi örnefnanefndar.

4. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Nú þykir örnefnanefnd betur fara að breyta nafni á býli, annaðhvort af því að það er samnefnt öðru býli í sama héraði eða svo líkt að hætta getur verið á mistökum eða nafnið er málskrípi eða sérstaklega óþjált, og er þá rétt að hún hlutist til um breytingu á nafninu til betri vegar.

5. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Ágreiningi um nafngift skv. 1. mgr. verður skotið til endanlegs úrskurðar örnefnanefndar.

6. gr.

Fimm fyrstu málsliðir 8. gr. laganna orðast svo: Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hafa borist beiðnir um nafnfesti á býlum eða þorpum eftir 5. og 7. gr., sem og önnur erindi til ákvörðunar, leggja rökstuddan úrskurð á málið. Telji nefndin nafntökunni ekkert til fyrirstöðu gefur hún út leyfisbréf til hennar. Nú telur örnefnanefnd ekki rétt að lögfesta nafn sem um er beðið á nýbýli og skal hún þá tilkynna það umsækjanda og jafnframt benda honum á þrjú nöfn sem hann megi velja á milli á býli sitt. Hafi umsækjandi ekki innan sex mánaða valið eitt þeirra eða nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá og gefur út fyrir því leyfisbréf. Leyfisbréf fyrir nafntöku býlis sendir örnefnanefnd hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar og skal hann skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni ef þeir eru kunnir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Rennur þá jafnframt út skipunartími þeirrar örnefnanefndar er starfað hefur samkvæmt heimild í 2. gr. núgildandi laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa örnefnanefnd fyrir þann tíma er þar er greindur þannig að hún geti tekið við störfum 1. janúar 1998.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytis. Efni þess hefur nokkur tengsl við frumvarp til laga um Örnefnastofnun Íslands sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með frumvörpunum er stefnt að því að ef þau ná lögfestingu verði búinn fullnægjandi lagarammi um stjórn örnefnamálefna, að því marki sem þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Haft var samráð við umhverfisráðuneyti og fulltrúa Landmælinga Íslands hvað varðar þann þátt þessa frumvarps er snýr að úrskurðarvaldi um það hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf.

Meginatriði frumvarpsins miðar að því að komið verði á fullnægjandi aðferð til þess að 1) fara með ákvörðunarvald um býlanöfn og nöfn á nýjum þéttbýliskjörnum og 2) skera úr um ágreiningsatriði og álitamál um nafnsetningar á landakort og um ný eða breytt gatnanöfn og þess háttar. Um fyrra atriðið hafa verið ákvæði í lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., og á grundvelli þeirra hefur menntamálaráðherra farið með ákvörðunarvaldið en sérstök nefnd, örnefnanefnd, verið ráðgefandi í því efni. Um síðara atriðið er það hins vegar að segja að um það hafa engin ákvæði verið í lögum til þessa og hefur það í reynd verið bagalegt. Samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. er örnefnanefnd þó ætlað að vera til ráðgjafar um nafnsetningar á landabréf, en úrskurðar- eða ákvörðunarvald hefur hún ekki á því sviði. Er tímabært að úr þessu verði bætt með viðunandi hætti.

Er hér lagt til að ákvörðunarvaldið um báða þá stjórnsýsluþætti sem nú voru nefndir verði alfarið lagt í hendur nefndarinnar og með þeim hætti að úrskurðir hennar séu endanlegir á stjórnsýslusviði sem táknar að þeim verði ekki skotið undir æðra stjórnvald, þ.e. ráðuneyti, til endurskoðunar. Nefndin sjálf heyrir hins vegar stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti sem hefur almennt eftirlit með starfi hennar og lögmæti einstakra úrskurða hennar verður jafnframt borið undir dómstóla með venjulegum hætti, ef því er að skipta. Þykir rétt vera og eðlilegt að örnefnanefnd, sem skipuð verður sérfróðum mönnum, fjalli um bæði þau svið örnefnamálefna sem hér var vikið að fremur en að sérstök nefnd starfi á hvoru sviði um sig.

Tekið skal fram að með ákvæðum frumvarps þessa um starfsemi örnefnanefndar er á engan hátt stefnt að því að draga úr núverandi frumkvæði sveitarstjórna varðandi nafngiftir gatna, torga og þess háttar, heldur er hér einungis fjallað um úrskurðarvald vegna ágreinings á því sviði.

Það fyrirkomulag sem hér var lýst er sambærilegt við það form á úrskurðarvaldi um mannanöfn sem verið hefur hin síðari ár samkvæmt lögum um það efni og bærilega hefur þótt gefast. Á þetta m.a. við um tölu nefndarmanna en einnig um það fyrirkomulag að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir. Minnt skal á að þau fræði er lúta að mannanöfnum og örnefnum heyra undir greinina nafnfræði sem er viðurkennd sérgrein á sviði málvísinda.

Ekki þótti að sinni næg ástæða til þess að gera tillögur til víðtækari breytinga á lögum um bæjanöfn en sem svarar til þess markmiðs er hér var lýst.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um meginatriði ákvæðisins vísast til hinna almennu athugasemda hér að framan. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á síðustu málsgrein 2. gr. laganna eins og henni er ætlað að hljóða hljóti frumvarpið lögfestingu. Þar segir að í reglugerð skuli kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar, m.a. um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, en um það efni hafa engin ákvæði gilt til þessa. Hér er gert ráð fyrir að örnefni, sem ágreiningur er um, verði auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara fyrir ákvarðanatöku þannig að unnt sé að koma við ábendingum sem að gagni kunna að koma í því sambandi. Þetta fyrirkomulag á sér m.a. nokkra fyrirmynd í bandarískri stjórnsýslu á sambærilegu sviði og hefur þótt gefast vel þar. Má einnig benda á að með þessu móti er skírskotað til almennings með nokkuð líkum hætti og er nú lögboðið á sviði tiltekinna umhverfismála sem geta varðað marga, sbr. ákvæði þar um varðandi skipulagsmál og umhverfismat. Þá er og lagt til að í reglugerð megi kveða á um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvarðanatöku nefndarinnar.

Í greininni er gert ráð fyrir breyttri skipan örnefnanefndar. Í stað fimm manna, sem ráðherra skipar án tilnefningar eftir gildandi lögum, koma þrír og skal einn þeirra tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands en annar af umhverfisráðuneyti.

Um 2.–5. gr.

Þær breytingar á hlutaðeigandi ákvæðum núgildandi laga sem hér koma fram eru einfaldar og leiðir beinlínis af hinni nýju skipan á úrskurðarvaldi á þessu sviði sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki sérstakra skýringa.

Um 6. gr.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á 8. gr. núgildandi laga, eru að öllu leyti í samræmi við það meginmarkmið þessa frumvarps sem lýst var í hinum almennu athugasemdum.

Um 7. gr.

Gildistökuákvæðið tekur mið af því tímamarki sem fram kemur í frumvarpi til laga um Örnefnastofnun Íslands, en um skyldleika frumvarpanna vísast til almennra athugasemda. Rétt þótti að miða jafnframt við það að á sama tíma renni út skipunartími þeirrar örnefnanefndar sem starfað hefur eftir gildandi lögum.

Um ákvæði til bráðbirgða.

Rétt þykir að gerðar verði ráðstafanir til þess að unnt verði að skipa nýja örnefnanefnd það tímanlega að hún geti tekið við störfum 1. janúar 1998.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum.

Tilgangur frumvarpsins er að fela örnefnanefnd ákvörðunarvald hvað varðar nafngiftir á býlum og nýjum þéttbýliskjörnum og fara með úrskurðarvald í ágreiningi um nafngiftir gatna, torga, nafngiftir á landabréfum og þess háttar. Samkvæmt gildandi lögum er vald þetta hjá menntamálaráðuneytinu og nefndin ráðgefandi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að nefndarmönnum í örnefnanefnd fækki úr fimm í þrjá og að vinna við úrskurði og ákvarðanatöku færist frá menntamálaráðuneyti til örnefnanefndar. Að því er séð verður mun frumvarpið ekki hafa áhrif á kostnað ríkissjóðs.

890. Frumvarp til laga [536. mál]

um Örnefnastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Hlutverk Örnefnastofnunar Íslands er að safna íslenskum örnefnum frá öllum tímum þjóðarsögunnar og skrá þau og varðveita á aðgengilegan hátt eftir viðurkenndum fræðilegum kröfum á hverjum tíma. Þá skal stofnunin og starfsmenn hennar stunda og stuðla að fræðistörfum á sviði örnefnafræða, m.a. með fræðilegri útgáfu, og leggja rækt við náið og virkt samstarf og samráð við aðrar stofnanir og einstaka fræðimenn, innan lands sem utan, er fást við hvers kyns fræði og starfsemi er örnefnum tengjast eftir því sem frekast

má verða örnefnafræðum til eflingar. Stofnunin tekur þátt í fjölþjóðlegu samstarfi í örnefnafræðum eftir því sem föng eru á.

Stofnunin þjónar eftir megni öllum þeim er leita eftir upplýsingum og leiðbeiningum um hvaðeina er heyrir til fræðasviðs hennar og býður fram vinnuaðstöðu í því augnamiði eftir því sem aðstæður leyfa. Lögð skal áhersla á að almenningur geti aflað sér glöggra upplýsinga um örnefni, fræðirit í safni stofnunarinnar og ýmsar aðrar heimildir á sviði örnefnafræða, m.a. með tilstilli nettengingar um tölvur. Þá skal stofnunin styðja við kennslu í örnefnafræðum eftir því sem henni verður komið á við Háskóla Íslands eða á öðrum vettvangi.

2. gr.

Örnefnastofnun Íslands tekur til varðveislu öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd í Örnefnastofnun Þjóðminjasafns og tekur jafnframt við öllum eignum þeirrar stofnunar.

Auk þess fjár sem veitt verður til stofnunarinnar á fjárlögum ár hvert er henni heimilt að afla sértekna, m.a. fyrir verkefni eftir samkomulagi við tiltekna aðila, svo sem sveitarfélög og félagasamtök.

Stofnuninni er heimilt að semja svo um, eftir því sem fé fæst til, að tilteknir aðilar, einstaklingar eða stofnanir, er búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði örnefnasöfnunar, annist afmörkuð söfnunar- og skráningarstörf fyrir stofnunina sem verktakar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Örnefnastofnunar Íslands til fjögurra ára í senn. Skal einn stjórnarmaður skipaður að tilnefningu þjóðminjaráðs, annar að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður stjórnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin vinnur, ásamt forstöðumanni, að stefnumörkun og hefur eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar.

Menntamálaráðherra skipar stofnuninni forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólapróf og fræðilega reynslu á vísindasviði er tengist örnefnafræðum. Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar í samráði við stjórn hennar.

Ágreiningi, er varðar ákvarðanir stjórnar stofnunarinnar, verður skotið til menntamálaráðherra að hætti stjórnsýslulaga.

4. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að mæla fyrir um að Örnefnastofnun Íslands hafi nánar tiltekin rekstrar- eða aðstöðutengsl, svo sem um bókhald og húsnæði, við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir sé það talið hagkvæmt.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Örnefnastofnunar Íslands.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Frá sama tíma leggst af Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sem sett var á stofn með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa stjórn stofnunarinnar fyrir þann tíma sem þar er greindur og hlutast til um að starf forstöðumanns verði auglýst laust til umsóknar með þeim hætti að unnt verði að ráða hann frá 1. janúar 1998 og að stjórninni gefist áður tækifæri til að láta ráðherra í té umsögn sína um umsóknir um það starf. Verði þessi heimild notuð er stjórn stofnunarinnar ekki ætluð önnur starfsemi fram til hins almenna gildistökudags laganna.

Þeim starfsmönnum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, er starfa þar við gildistöku laga þessara í heimiluðum stöðugildum, skal gefinn kostur á sambærilegum störfum við Örnefnastofnun Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytis. Efni þess hefur nokkur tengsl við frumvarp til laga um breyting á lögum um bæjanöfn o.fl. sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Með frumvörpunum er stefnt að því að ef þau ná lögfestingu verði búinn fullnægjandi lagarammi um stjórn örnefnamálefna, að því marki sem þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Eðlilegt þykir að sett verði heildarlög um þá starfsemi á sviði örnefnafræða sem fram hefur farið á vegum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en um þá stofnun hafa ekki gilt sérstök lagaákvæði. Er hér lagt til að sett verði á stofn sjálfstæð stofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem taki við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en jafnframt verði kveðið skýrt á um hlutverk stofnunarinnar og starfsemi hennar í megindráttum. Er m.a. lagt til að stofnuninni verði skipuð stjórn, en stjórnarnefnd hefur ekki starfað við Örnefnastofnun Þjóðminjasafns þótt hún hafi hins vegar í reynd notið nær fullkomins sjálfstæðis gagnvart Þjóðminjasafni.

Mikilvægt er að tryggt sé, svo sem framast má verða, að Örnefnastofnun Íslands hafi góð tengsl og samráð við sem flesta þá aðila sem starfa á sviðum örnefnafræða, bæði innan lands og utan, svo sem nánar er kveðið á um í 1. gr. frumvarpsins. Skal þá haft hugfast að enda þótt segja megi að kjarni örnefnafræða lúti svonefndri nafnfræði, sem er undirgrein málvísinda (í nafnfræði er jafnframt fengist við rannsóknir á mannanöfnum, dýraheitum o.fl.), skarast örnefnafræði við fjölmargar fræðigreinar, svo sem landafræði, almenna sagnfræði, ýmsa þætti almennrar þjóðmenningarsögu, þar á meðal réttarsögu, byggðaþróunarsögu (þar á meðal svokölluð „eyðibýlafræði“) og sögu einstakra byggðarlaga, almenna og sérhæfða staðfræði, þjóðfræði (þjóðsagna- og þjóðháttafræði), fornleifafræði (m.a. að því er snýr að fornleifaskráningu), lögfræði (t.d. varðandi landamerkjamál og annars konar mál út af eignarrétti að landi), jarðfræði og gróðurfræði, auk þeirra fræða er lúta sérstaklega að kortagerð. Skiptir miklu máli að til allra þessara fræðaþátta verði horft í starfsemi stofnunarinnar, en einkum varðar miklu að komið sé á traustu samstarfi við Landmælingar Íslands um allt það er örnefnamálefni og staðfræði varðar, við Orðabók Háskólans um hvaðeina er lýtur að nafnfræði sem grein málvísinda og til styrktar rannsóknum á orðaforða tungunnar og við Þjóðminjasafn Íslands um margt er lýtur að fornleifafræði og þjóðfræði.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða hefur starfsemi örnefnastofnana yfirleitt mikil tengsl við rannsóknir í nafnfræði (málvísindum), en rétt þykir að við Örnefnastofnun Íslands verði, auk nafnfræðinnar, tekið mið af þörfum ýmissa annarra fræðasviða sem láta sig örnefni varða.

Með bréfi menntamálaráðherra frá 23. júní 1969 var Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sett á stofn. Var þar tilkynnt að stofnunin yrði deild í Þjóðminjasafni og hefði þar aðsetur. Vísað var til 8. gr. þágildandi þjóðminjalaga, nr. 52/1969, en þar var kveðið á um heimild til að skipta Þjóðminjasafni Íslands í deildir. Í bréfinu var tekið fram að stofnunin hefði aðskilinn fjárhag og reikningshald sem hún annaðist sjálf. Samkvæmt nefndu bréfi skyldi verkefni stofnunarinnar vera „að safna íslenskum örnefnum, rannsaka þau og semja og birta um þau skrár. Er ætlunin að sameina í þessari stofnun þau störf, sem nú eru unnin á þessu sviði á vegum annarra aðila, og skulu örnefnagögn Þjóðminjasafns flytjast í hina nýju deild, Örnefnastofnunina.“ Með bréfi ráðuneytisins sama dag var Þórhalli Vilmundarsyni, prófessor í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands, falin forstaða stofnunarinnar og dagleg umsjón hennar. Forstaða Örnefnastofnunar var aukastarf Þórhalls sem hann gegndi lengst af jafnhliða prófessorsembætti sínu. Frá 1981 naut hann hins vegar leyfis frá kennsluskyldu prófessors til að sinna örnefnarannsóknum þar til hann lét af prófessorsembætti fyrir aldurs sakir í árslok 1994. Hefur hann síðan annast umsjón stofnunarinnar samkvæmt sérstöku bráðabirgðafyrirkomulagi sem ráðuneytið staðfesti fyrir sitt leyti.

Áður en Örnefnastofnun Þjóðminjasafns var komið á laggirnar hafði um langt skeið framan af öldinni verið starfað mjög að örnefnasöfnun á vegum Hins íslenska fornleifafélags, með opinberum fjárstuðningi. Hafði félagið lengi barist fyrir allsherjarsöfnun örnefna en það var eigi fyrr en árið 1929 að hún gat hafist af krafti er ríkisstjórnin hóf samstarf við félagið í tilefni af 50 ára afmæli þess. Var einkum miklu efni safnað um og eftir miðja öldina á vegum félagsins, en jafnframt var hlúð að þeirri söfnun á vettvangi Þjóðminjasafns. Urðu þannig til mikil örnefnasöfn og hefur Örnefnastofnun varðveitt þau frá því að hún tók til starfa, ásamt ýmsum öðrum örnefnasöfnum einstaklinga sem þangað fóru í upphafi eða síðar. Þá hefur stofnunin sjálf alla tíð staðið að myndarlegri söfnun og skráningu örnefna þannig að í vörslum hennar er nú ómetanlegur menningarfjársjóður sem ríkisvaldinu ber að standa vörð um. Forstöðumaður stofnunarinnar hefur einnig áratugum saman stundað fræðistörf á þessu sviði sem athygli hafa vakið.

Hinni nýju stofnun, Örnefnastofnun Íslands, er ætlað að taka að öllu leyti við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns og halda áfram því þjóðmenningarstarfi er þar hefur verið unnið, en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur, auk þess sem lögð verður áhersla á þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning og stuðningshlutverk við kennslu í örnefnafræðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er hlutverki stofnunarinnar lýst, sbr. nánar það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan. Ættu einstakir þættir ákvæðisins ekki að þarfnast nánari skýringar.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að Örnefnastofnun Íslands taki við öllum eignum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en einnig er tekið fram að til varðveislu hjá hinni nýju stofnun verði öll örnefna- og heimildasöfn sem nú eru geymd hjá Örnefnastofnun Þjóðminjasafns. Er með því orðalagi ekki tekin afstaða til eignarréttar að sumum hinna eldri gagna.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að stofnunin geti aflað sértekna, ef því er að skipta, á sama hátt og gildir um margar aðrar opinberar stofnanir.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að stjórn stofnunarinnar sé heimilt að semja við tiltekna aðila um söfnun og skráningu örnefna. Getur þessi háttur verið hagkvæmur og skilvirkur við söfnunar- og skráningarstörfin.

Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um yfirstjórn Örnefnastofnunar Íslands, þ.e. um stjórnarnefnd hennar og forstöðumann, en sjálf heyrir stofnunin stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti. Með ákvæðinu um að háskólaráð og þjóðminjaráð tilnefni sinn manninn hvort í stjórn er leitast við að tryggja að í stjórninni sitji menn er líklegt sé að hafi reynslu af mismunandi fræðasviðum sem tengjast örnefnafræðum þannig að ætla megi að haft sé fullt mið af þörfum þeirra fræðigreina og tengslum við þær í starfsemi stofnunarinnar og að þess sé gætt við stjórn stofnunarinnar og stefnumörkun.

Hvað varðar skilyrði um menntun forstöðumanns skv. 3. mgr. skal minnt á fjölbreytni þeirra fræðasviða sem á einn eða annan hátt snerta örnefnafræði, svo sem nánar er lýst í almennum hluta athugasemdanna.

Um 4. gr.

Með stoð í þessu ákvæði, ef að lögum verður, getur menntamálaráðherra hlutast til um að stofnunin hafi tiltekin tengsl við aðra stofnun er heyrir undir ráðuneyti hans verði það talið hagkvæmt. Mætti þá t.d. ákveða að stofnunin verði enn um sinn í nokkrum tengslum við Þjóðminjasafn, m.a. um húsnæði, svo sem verið hefur um Örnefnastofnun Þjóðminjasafns allt frá upphafi.

Á vegum Háskóla Íslands fer nú fram sérstök athugun á forsendum fyrir auknu samstarfi eða samruna stofnana sem starfa á sviði íslenskra fræða. Sú athugun mun m.a. taka til Örnefnastofnunar.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að upphaf gildistíma laganna verði miðað við 1. janúar 1998. Í bráðabirgðaákvæði er hins vegar mælt fyrir um ráðstafanir er gera má fyrir þann tíma til þess að tryggja að forstöðumaður geti tekið við starfi sínu við almenna gildistöku laganna. Ákvæði 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins eiga einnig að tryggja að sem minnst röskun fyrir núverandi starfsmenn fylgi umskiptum þeim sem verða við gildistöku laganna.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um Örnefnastofnun Íslands.

Frumvarpið felur í sér að sett verður á fót sjálfstæð ríkisstofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem tekur við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins sem er sjálfstæð deild innan Þjóðminjasafnsins.

Samkvæmt frumvarpinu og athugasemdum sem því fylgja er hinni nýju stofnun, Örnefnastofnun Íslands, ætlað að taka að öllu leyti við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafnsins og halda áfram því starfi er þar hefur verið unnið, en á víðtækari grundvelli og í samstarfi við aðra aðila í meiri mæli en verið hefur. Auk þess verður lögð áhersla á að efla þjónustuhlutverk stofnunarinnar við almenning og stuðningshlutverk við kennslu í örnefnafræðum.

Gera verður ráð fyrir að frumvarpið leiði til aukins kostnaðar. Hinni nýju stofnun er ætlað að hluta til að starfa með öðrum og víðtækari hætti en áður, sett er sérstök þriggja manna stjórn yfir stofnunina auk þess sem ráðinn verður forstöðumaður að stofuninni, en lengst af hefur einn af prófessorum Háskóla Íslands gegnt starfinu. Lauslega áætlað er talið að kostnaður við þessar breytingar geti numið 3–8 m.kr. á ári og að hann falli til í áföngum á nokkrum árum.

Ekki liggur fyrir hvernig væntanlegum kostnaðarauka verður mætt. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnunin fái lagaheimild til að afla sértekna og verður að gera ráð fyrir að aukið starf verði a.m.k. að einhverju leyti fjármagnað með sértekjum fyrir veitta þjónustu. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir heimild menntamálaráðherra til að ákveða að stofnunin hafi tiltekin aðstöðutengsl við aðra stofnun er undir ráðuneyti hans heyrir. Það hvernig þessari heimild verður beitt getur haft veruleg áhrif á kostnað stofnunarinnar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að á vegum Háskóla Íslands fari fram athugun á forsendum fyrir auknu samstarfi eða samruna stofnana sem starfa á sviði íslenskra fræða sem muni m.a. taka til Örnefnastofnunar.

891. Frumvarp til laga [537. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Heimilt er að framselja þorskaflahámark krókabáts að hluta til eða að öllu leyti til annars krókabáts.
b. Við 8. mgr. bætist nýr málsliður: Þó skulu sóknardagar ekki vera færri en 60.
c. Við 10. mgr. bætist nýr málsliður: Þó skulu sóknardagar ekki vera færri en 60.

d. Við greinina bætist ný málsgrein er verði 11. mgr. og orðast svo:
Bátum minni en 6 brl., er stunda veiðar samkvæmt aflamarki, er heimilt að stunda veiðar með handfæri eingöngu síðustu tvo mánuði fiskveiðiársins. Afli þeirra þann tíma telst ekki til aflamarks.

2. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur ný grein er verði 6. gr. b, svohljóðandi:

Maður, sem verið hefur sjómaður á íslensku fiskiskipi í 20 ár samtals, á rétt á að stunda veiðar með handfærum eingöngu samkvæmt ákvæðum 6. gr. og skal honum veitt veiðileyfi á bát minni en 6 brl. sem hann eignast í því skyni, hafi báturinn ekki veiðileyfi fyrir. Sameiginlegur hámarksþorskafli skv. 9. mgr. 6. gr. skal hækka fyrir hvern bát sem þannig bætist við um meðaltalsafla báts í þessum útgerðarflokki fiskveiðiárið á undan.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. og 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Eigi að selja fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, aflahlutdeild þess eða þorskaflahámark, að hluta eða að öllu leyti, eða hvort tveggja til útgerðar, sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi, á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu og aflahlutdeildinni eða þorskaflahámarkinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og þar tilgreint söluverð skips annars vegar og aflahlutdeildar eða þorskaflahámarks hins vegar svo og aðrir skilmálar á tæmandi hátt.
b. Á eftir orðunum „kaupa skipið“ í 4. mgr. kemur: og aflahlutdeild eða þorskaflahámark.
c. Á eftir orðinu „skipi“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: og aflahlutdeild eða þorskaflahámarki.
d. 2. málsl. 5. mgr. fellur brott.
e. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, er verði 6. mgr., svohljóðandi:
Ákvæði greinarinnar um forkaupsrétt sveitarfélaga ná einnig til sölu milli aðila innan sveitarfélagsins þegar bersýnilega er verið að sniðganga forkaupsrétt sveitarfélagsins, svo sem með því að stofna félag í sveitarfélaginu eða flytja félag til þess kaupa skip, aflahlutdeild eða þorskaflahámark og flytja síðan félagið burt úr sveitarfélaginu með hinu selda þegar kaupin hafa verið gerð.

4. gr.

1. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Veiði fiskiskip minna en 50% af aflamarki sínu í einstakri tegund fellur niður aflahlutdeild þess í viðkomandi tegund.

5. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein er verði 12. gr. a og orðast svo:

Skilyrði fyrir samþykki Fiskistofu á framsali þorskaflahámarks skv. 6. gr., aflahlutdeildar skv. 11. gr. og aflamarks skv. 12. gr. er að fram komi upplýsingar um verð sem greitt kann að vera fyrir veiðiheimildirnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessi eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem snúa einkum að lagfæringum á gildandi lagaákvæðum. Ekki eru að sinni gerðar tillögur um róttækar breytingar enda ekki talið rétt að blanda saman í eitt frumvarp tillögum til lagfæringa á núverandi stjórnkerfi og tillögum um grundvallarbreytingar á sama kerfi.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

— Ákvæði um rétt sjómanns til handfæraveiða eftir 20 ára starf á íslensku fiskiskipi.
— Rýmkaðar veiðiheimildir smábáta í aflahlutdeildarkerfinu.
— Rýmkuð heimild krókabáta sem stunda veiðar með þorskaflamarki til framsals á þorskaflahámarki sínu til annars krókabáts sem einnig hefur þorskaflahámark.
— Hert er á ákvæðum sem takmarka framsal aflahlutdeildar og aflamarks m.a. með því að gera auknar kröfur til skipa um veiði veiðiheimilda sinna.
— Aukinn er forkaupsréttur sveitarfélaga með því að hann nái til aflahlutdeildar, aflamarks og þorskaflahámarks auk skips og gildi einnig gagnvart opinberu uppboði.
— Sett er ákvæði um lágmark dagafjölda sem krókabátar mega róa hvert fiskveiðiár og gildir lágmarkið bæði gagnvart krókabátum sem róa með handfæri eingöngu og þeim sem róa bæði með línu og handfæri.

Eins og tillögurnar bera með sér miða þær að því að styrkja stöðu sveitarfélaga til þess að hafa áhrif á flutning skipa og veiðiheimilda ásamt því að treysta rekstrargrundvöll smábáta. Þá er það nýmæli að sjómönnum er veittur sjálfstæður réttur til veiða í fiskveiðilögsögunni sem þeir geta nýtt sér með því að eiga smábát og halda honum til veiða.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru lagðar til þrjár breytingar á gildandi 6. gr. laganna. Fyrsta breytingin varðar framsal á þorskaflahámarki smábáta og er lagt til að heimilt verði að framselja það að hluta eða að öllu leyti til báts í sama útgerðarflokki. Samkvæmt gildandi lögum er einungis heimilt að framselja þorskaflahámarkið í einu lagi og þá með því skilyrði að niður falli veiðileyfi bátsins sem flutt er frá og rétti til endurnýjunar afsalað. Er því um nokkra rýmkun að ræða sem er í samræmi við samþykktir Landssambands smábátaeigenda. Eftir sem áður verður leiga þorskaflahámarksins óheimil.

Önnur breytingin lýtur að því að setja ákvæði um lágmark þess dagafjölda sem krókabátar með handfæri eða með handfæri og línu hafa til róðra hvert fiskveiðiár. Samkvæmt frumvarpsgreininni verða þeir ekki færri en 60.

Loks er lagt til að smábátar á aflamarki fái heimild til þess að stunda veiðar með handfæri í júlí og ágúst ár hvert. Veiði þeirra þann tíma kemur til viðbótar aflamarkinu. Óþarft er að hafa mörg orð um ástæðuna fyrir þessari tillögu. Þessi útgerðarflokkur valdi aflamark fyrir tæpum sex árum í kjölfar nýrra laga á grundvelli forsendna sem tilgreindar voru í lögunum. Þær forsendur breyttust mikið þeim í óhag með síðari lagasetningu frá Alþingi, sem best er lýst með því að aflamark þeirra lækkaði ár frá ári meðan aðrir smábátar juku verulega hlutdeild sína. Afleiðingarnar urðu þær að aflamarksbátunum hefur fækkað mikið, úr 894 við upphaf fiskveiðiársins 1991/1992 í 525 við upphaf yfirstand-

andi fiskveiðiárs. Aflahlutdeild þeirra í þorski hefur lækkað úr 11,15% í 7,01% frá 1991 til 1995/1996 og úthlutað aflamark lækkaði úr 21.714 tonnum í 6.095 tonn. Til samanburðar jókst afli krókabáta úr 11.228 tonnum í 23.615 tonn af þorski á sama tíma.

Um 2. gr.

Í greininni eru þau nýmæli að sjómaður, sem stundað hefur fiskveiðar í 20 ár samtals á íslensku fiskiskipi, fær rétt til þess að stunda handfæraveiðar á báti sem er minni en 6 brl. Rétturinn er bundinn manninum og starfi hans en ekki einvörðungu eignarhaldi á báti. Til þess að nýta þennan rétt þarf maðurinn að eignast bát og getur hann keypt bát sem hefur verið úreltur og fengið á hann veiðileyfi. Leyfið er skilyrt á þann veg að það er óframseljanlegt og bundið viðkomandi sjómanni og nær aðeins til handfæraveiða. Með tillögugreininni er viðurkennt að starf á sjó veitir rétt til sjósóknar og þannig rétt til þess að nýta fiskimiðin. Til þess að koma í veg fyrir að afli báta samkvæmt þessari grein fækki sóknardögum þeirra báta sem fyrir eru er gert ráð fyrir að sameiginlegur hámarksþorskafli útgerðarflokksins hækki fyrir hvern bát um meðaltalsafla báta í þessum útgerðarflokki árið á undan.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru nokkrar breytingar á 11. gr. laganna sem allar lúta að því að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga við eigendaskipti að fiskiskipi. Í fyrsta lagi nær forkaupsréttarákvæðið til aflahlutdeildar skipsins eða þorskaflahámarks í stað þess að afmarkast við skipið einvörðungu eins og nú er. Þá er fellt brott það ákvæði laganna að forkaupsréttarákvæðið nái ekki til sölu skips á opinberu uppboði og þannig er forkaupsréttur sveitarfélaganna útvíkkaður sem því nemur. Loks er bætt við lagagreinina nýrri málsgrein sem kveður á um að forkaupsrétturinn geti náð til sölu milli aðila innan sama sveitarfélags þegar bersýnilega er verið að sniðganga forkaupsrétt sveitarfélagsins. Síðustu ár hefur mjög færst í vöxt að væntanlegur kaupandi stofnar hlutafélag í sveitarfélagi seljanda eða flytur félagið þangað, síðan fer salan fram og við þessar aðstæður er forkaupsréttur sveitarfélaga ekki virkur og að sölu lokinni er félagið flutt úr sveitarfélaginu til sveitarfélags kaupanda. Þessi leikur er iðkaður í þeim tilgangi einum að komast hjá forkaupsrétti sveitarfélaga og ber löggjafanum að bæta úr þessum galla á núverandi löggjöf, að öðrum kosti er eins gott að fella brott úr lögum ákvæði um forkaupsréttarákvæði sveitarfélaga. Telja verður að forkaupsréttur sveitarfélaganna hafi það gildi sem til er ætlast fyrst einstaka útgerðarmenn leggja það á sig að komast fram hjá honum og treysta því ekki að kaupin nái fram að ganga ef þau eru gerð í samkeppni við heimamenn.

Um 4. gr.

Hér eru gerðar ríkari kröfur til þess að skip veiði sjálft aflamark sitt en er í gildandi lögum. Í stað þess að nú dugar að veiða 50% af aflamarki annað hvert fiskveiðiár er lagt til að það hlutfall þurfi að veiða ár hvert og það af aflamarki í sérhverri fisktegund í stað þess að miða við samanlagt aflamark í þorskígildum. Veiði skip ekki að lágmarki umrætt hlutfall af aflamarki í tiltekinni fisktegund eitthvert fiskveiðiár fellur aflahlutdeild þess niður í þeirri sömu fisktegund, en skipið heldur aflahlutdeild sinni í fisktegundum þar sem veiði þess er a.m.k. 50% af úthlutuðu aflamarki. Á móti er fellt úr lögunum ákvæði um að skipið missi veiðileyfi sitt, enda slík viðurlög fullþung þar sem ætla má að skipið haldi aflahlutdeild sinni í einhverjum fisktegundum. Þá er ekki gert ráð fyrir að hækka aflahlutdeild annarra fiskiskipa í viðkomandi tegund sem nemur þeirri aflahlut-

deild sem skipið missir. Kemur það til móts við aukinn afla vegna ákvæða 1. og 2. gr. frumvarpsins til handa handfæraveiðismábátum á aflamarki og sjómanna með 20 ára starfsreynslu.

Um 5. gr.

Í þessari grein er það gert að skilyrði fyrir framsali milli skipa hvort heldur er um að ræða aflahlutdeild, aflamark eða þorskaflahámark að til Fiskistofu berist upplýsingar um það verð sem greitt kann að vera fyrir aflaheimildirnar. Með þessu ákvæði fá stjórnvöld ítarlegar upplýsingar um viðskipti með veiðiheimildir og umfang þeirra að magni til og í fjárhæðum. Auk þess er þess vænst að frumvarpsgreinin komi í veg fyrir þátttöku sjómanna í kaupum á veiðiheimildum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

892. Frumvarp til laga [538. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

1. og 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags og skal nafnið samrýmast íslenskri málfræði og málvenju.

3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir að þeim svæðum, sem ekki er með skýrum hætti skipað innan staðarmarka sveitarfélaga við gildistöku laga þessara, verði skipað innan staðarmarka sveitarfélaga fyrir 31. desember 1997.

Gengið skal út frá að staðarmörk sveitarfélaga, sem liggja að miðhálendi Íslands, verði framlengd inn til landsins. Sama gildir um staðarmörk sveitarfélaga á jöklum. Skal miðað við sýslumörk þar sem það á við, en heimilt er að víkja frá þeim með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Í öðrum tilvikum skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir koma sér saman um mörk sveitarfélaganna.

Verði ágreiningur um stjórnsýslumörk ekki leystur með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna skal sérstök úrskurðarnefnd skv. 4. mgr. ákveða mörk sveitarfélaganna.

Félagsmálaráðherra skipar fimm manna úrskurðarnefnd sem hafa skal það hlutverk að leysa úr ágreiningi skv. 3. mgr. Þrjá nefndarmanna skipar ráðherra án tilnefningar en tveir skulu tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Kostnaður vegna starfa úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Staðarmörk sveitarfélaga, sem ákveðin eru samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu, skulu staðfest af ráðuneytinu í samræmi við 3. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu á grundvelli áfangaálits nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986. Stefnt er að því að sú nefnd ljúki störfum það tímanlega að frumvarp til nýrra sveitarstjórnarlaga verði lagt fram haustið 1997.

Í frumvarpinu er lagt til að breytt verði ákvæðum sveitarstjórnarlaga varðandi annars vegar skiptingu landsins í sveitarfélög og hins vegar nafngiftir sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að landið allt skiptist í sveitarfélög, en ekki einungis byggðin eins og nú er, og að rýmkuð verði ákvæði laganna varðandi nöfn sveitarfélaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að í stað fyrirmæla um að byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög komi ákvæði um að landið allt skiptist í sveitarfélög. Ákvæði um að einungis byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög koma fyrst með beinum hætti fram í sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Áður voru ákvæðin annars eðlis og er rétt að gera í stuttu máli grein fyrir þeim.

Tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi var sett 4. maí 1872 og átti hún sér u.þ.b. 20 ára aðdraganda. Í 1. gr. tilskipunarinnar var svohljóðandi ákvæði: „Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amtsráði í hverju amti.“

Sveitarstjórnarlög voru sett 33 árum síðar, lög nr. 7/1905. Í 1. gr. þeirra laga sagði: „Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.“

Samhljóða ákvæði var í sveitarstjórnarlögum, nr. 12/1927.

Þann 1. janúar 1962 tóku gildi sveitarstjórnarlög, nr. 58/1961, en í 1. mgr. 1. gr. þeirra sagði: „Ríkið skiptist í sveitarfélög, sem ráða sjálf málefnum sínum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins), samkvæmt því sem lög ákveða.“ Engar sérstakar skýringar voru gefnar í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga á þessum orðalagsbreytingum.

Núgildandi sveitarstjórnarlög, nr. 8/1986, tóku að mestu gildi 1. janúar 1987. Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna hljóðar svo: „Byggðin í landinu skiptist í sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.“ Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps til þessara laga segir svo um upphafsorð ákvæðisins: „Af rökfræðilegum ástæðum telur nefndin rétt að sneiða hjá því orðalagi, að ríkið skiptist í sveitarfélög.“ Aðrar skýringar er ekki að finna í lögskýringargögnum varðandi framangreinda orðalagsbreytingu.

Talið er rétt að breyta þessu ákvæði sveitarstjórnarlaga til að skýrt komi fram að allt landið skiptist í tvö stjórnsýslustig, þ.e. heyri annars vegar undir stjórnsýslu ríkisins og hins vegar undir stjórnsýslu sveitarfélaga. Ástæða er til að taka sérstaklega fram að með slíkri breytingu er ekki á neinn hátt verið að færa sveitarfélögum aukin umsvif eða réttindi að því er varðar eignarréttarlega stöðu. Einungis er verið að tryggja að sömu stjórnsýslureglur gildi í byggð og á svæðum sem eru utan byggðar.

Sem dæmi um stjórnsýslu sem eðlilegt er að heyri jafnt undir sveitarfélög, hvort sem um er að ræða þegar byggð svæði eða ekki, má nefna heilbrigðiseftirlit, skipulagsmál og byggingarmál. Mikilvægt er að staðbundin þekking gegni jafnmiklu hlutverki í meðferð þessara mála í byggð og í óbyggðum og að þessum málum sé sinnt í landinu öllu en ekki eingöngu í byggð.

Á grundvelli 1. gr. laga nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, er starfandi samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands, sbr. einnig reglur fyrir samvinnunefndina, nr. 565/1994. Til þess að samvinnunefndin geti lokið störfum og viðkomandi yfirvöld komið tillögum nefndarinnar í framkvæmd er nauðsynlegt að skýr lagaákvæði verði sett um stjórnsýslu sveitarfélaga á miðhálendinu.

Nánar er fjallað um hvernig miðhálendinu verður skipt í sveitarfélög í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. greinar þessarar er gert ráð fyrir að ákvæði varðandi nöfn sveitarfélaga falli úr 1. gr. laganna og flytjist í 4. gr., sbr. athugasemdir við 2. gr.

Um 2. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að sveitarfélög nefnist hreppar, bæir eða kaupstaðir. Í þessari grein frumvarpsins er hins vegar lagt til að ákvæði laganna varðandi nafngiftir sveitarfélaga verði rýmkuð töluvert. Sveitarstjórnum verði þannig heimilað að ákveða nafn viðkomandi sveitarfélaga og einu takmarkanirnar verði þær að nafnið skuli samrýmast íslenskri málfræði og málvenju. Áfram er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið staðfesti breytingu á nafni sveitarfélags. Ef vafi leikur á að tillaga um nafn fyrir sveitarfélag samrýmist íslenskri málfræði og málvenju getur ráðuneytið leitað álits sérfróðra aðila um nafnið og í framhaldi af hugsanlegum athugasemdum gert viðkomandi sveitarstjórn grein fyrir þeim og óskað eftir nýrri tillögu.

Talin er ástæða til að rýmka núgildandi ákvæði sérstaklega með hliðsjón af þeirri þróun sem orðin er og stendur yfir í sameiningu sveitarfélaga. Í umræðu um þau mál hefur margoft komið fram af hálfu sveitarstjórnarmanna og annarra að ákvæði laganna séu of þröng að þessu leyti. Enn fremur hefur komið fram að svo þröng ákvæði geti í raun staðið í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Um 3. gr.

Í grein þessari er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í því er leitast við að setja reglur um framhald mála eftir að 1. gr. laganna hefur verið breytt, sbr. enn fremur athugasemdir við 1. gr. þessa frumvarps.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir því að vinnu við frágang þessara mála verði lokið fyrir 31. desember 1997. Í 2. mgr. er síðan kveðið á um að miða skuli að jafnaði við sýslumörk þar sem þau liggja fyrir, en annars komi viðkomandi sveitarfélög sér saman um mörkin.

Frá febrúarmánuði 1996 hefur verið starfandi vinnuhópur sem hefur það hlutverk að aðstoða samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands og leiðbeina um málsmeðferð í tengslum við skilgreiningar á stjórnsýslumörkum á miðhálendinu. Í vinnuhópi þessum hafa setið þrír fulltrúar, einn frá umhverfisráðuneyti, sem leiðir hópinn, einn frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti og einn frá félagsmálaráðuneyti. Vinnuhópurinn hefur lagt ríka áherslu á að leyst verði úr stjórnsýslumálum á miðhálendi Íslands með þeim hætti sem gert er í frumvarpi þessu. Jafnframt hefur vinnuhópurinn lagt mikla vinnu í að greiða fyrir lausn mála og liggja nú þegar fyrir gögn um samkomulag fjölda sveitarfélaga um stjórnsýslumörk á þessu svæði. Þannig hefur verið unnin mikil grunnvinna til að unnt verði að ljúka málum samkvæmt þessari grein frumvarpsins fyrir árslok 1997.

Talið er hins vegar rétt að kveða á um í 3. og 4. mgr. þessa ákvæðis til bráðabirgða að ef ágreiningur um stjórnsýslumörk verður ekki leystur með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna, þá komi málið til kasta sérstakrar úrskurðarnefndar sem félagsmálaráðherra skipar meðal annars að fengnum tilnefningum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Slík úrskurðarnefnd ætti í starfi sínu að ganga út frá þeim viðmiðunum sem fram koma í ákvæði þessu ásamt því að afla röksemda frá viðkomandi sveitarfélögum. Rétt þykir að úrskurðir nefndarinnar séu lokaúrskurðir á stjórnsýslustigi, þ.e. verði ekki kæranlegir til félagsmálaráðherra.

Eins og fyrr segir er lagt til að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir því að vinnu við frágang þessara mála verði lokið fyrir 31. desember 1997. Ekki þykir ástæða til að setja þrengri eða ákveðnari tímamörk um gildistíma ákvæðisins, en það fellur úr gildi þegar óljós eða óákveðin staðarmörk sveitarfélaga hafa verið ákveðin með samkomulagi eða úrskurði fyrrgreindrar nefndar.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar varðandi annars vegar skiptingu landsins í sveitarfélög og hins vegar nafngiftir sveitarfélaga. Nýmæli er að landinu öllu skal skipt í sveitarfélög, en ekki einungis byggðin eins og nú. Af því leiðir að leysa þarf úr hugsanlegum ágreiningi um stjórnsýslumörk á miðhálendinu.

Í þeim tilgangi að leysa úr ágreiningi er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um fimm manna úrskurðarnefnd, og skal kostnaður við störf hennar greiddur úr ríkissjóði. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum sínum fyrir 31. desember 1997.

Gera má ráð fyrir því að kostnaðarauki ríkissjóðs verði frumvarp þetta að lögum geti numið 0,7–1 m.kr.

893. Tillaga til þingsályktunar [539. mál]

um eflingu atvinnu- og þjónustusvæðanna á landsbyggðinni.

Flm.: Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Egill Jónsson,
Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason,
Sturla Böðvarsson, Vilhjálmur Egilsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að móta tillögur um það hvernig efla megi atvinnu- og þjónustusvæðin (vaxtarsvæðin) á landsbyggðinni í því skyni að jafna aðstöðu landsmanna í dreifbýli og þéttbýli.

Kannað verði m.a. hvernig:

a. fólki verður auðvelduð vinnusókn úr dreifbýli í þéttbýli, t.d. með því að aksturskostnaður verði frádráttarbær frá skatti,
b. kostnaður vegna margvíslegrar sérfræðiþjónustu á vegum ríkisins verði jafnaður,
c. bæta megi aðgengi fyrirtækja að stoðkerfi atvinnulífsins, svo sem helstu menntunar-, rannsóknar- og ráðgjafarstofnunum svo og fjárfestingarsjóðum,
d. kostnaður landsmanna vegna húshitunar verði jafnaður, t.d. með því að arðgreiðslur Landsvirkjunar gangi til þess,
e. reglur og vinnubrögð banka og sjóða um lánveitingar til atvinnulífsins og einstaklinga verði samræmdar þannig að þær mismuni ekki landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

Greinargerð.

Samkvæmt „Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997“ segir að meginmarkmið byggðastefnu séu:

— Að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.
— Að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags.
— Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Í þessu skyni er unnið að því að tengja þéttbýlisstaði og sveitir með öruggum samgöngum og efla samfelld atvinnu- og þjónustusvæði. Allt landið er eitt atvinnusvæði samkvæmt lögum sem taka gildi 1. júlí 1997. Þótt greina megi að aðgerðir hafi skilað nokkrum árangri er ljóst að enn þá fækkar fólki á landsbyggðinni og fólksflutningur á höfuðborgarsvæðið vex (sjá skýringarmyndir). Eðlilegt er að spurt sé í hversu mörgum tilvikum sá kostur sé nánast neyðarúrræði.

Ljóst er að ýmsar leiðir eru færar til þess að jafna aðstöðu milli landshluta og innan vaxtarsvæðanna. Þar sem ekki er almenningssamgöngum til að dreifa er kostnaður verulegur af því að sækja vinnu um langan veg. Samdráttur í landbúnaði knýr bændafólk til að sækja vinnu frá heimilum sínum og bæta sér upp rýrnandi tekjur af landbúnaði eftir föngum. Þessa atvinnusókn er unnt að auðvelda og gera fólki kleift að búa áfram á jörðum sínum og nýta með því fasteignir sínar áfram þótt tekjur af búskapnum hafi dregist saman.

Jafnframt því sem sveitarfélög og samtök þeirra geta markað atvinnustefnu á stærri svæðum og aukið samstarf sín á milli þarf að jafna aðstöðu fyrirtækjanna til uppbyggingar og atvinnuþróunar. Í því sambandi skal bent á að ferðakostnaður fyrirtækja á landsbyggðinni vegna þjónustu sérfræðinga og ráðgjafa er verulegur. Þetta veldur því að fyrirtækin nota sér ekki að fullu þá þjónustu sem í boði er. Evrópuverkefnið RITTS kemur til að mynda að betri notum við nýsköpun og atvinnuþróun verði þessi aðstöðumunur jafnaður.

Margar og brýnar ástæður eru fyrir því að stjórnvöld landsins taki ákvörðun um markvissar aðgerðir til þess að styðja við búsetu fólks í byggðum landsins, eða taki meðvitaða afstöðu til þeirrar búsetuþróunar sem nú er að verða. Sú undirbúningsvinna sérskipaðrar nefndar sem hér er gerð tillaga um mun auðvelda þá ákvörðunartöku.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun:

Mannfjöldi á Íslandi 1. desember 1996 og breyting frá 1986.



Þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 1971–1996.



894. Frumvarp til laga [540. mál]

um lækkun fasteignaskatta og hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Svavar Gestsson.

I. KAFLI
Lækkun fasteignaskatta.

A. Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Stofn til álagningar fasteignaskatts skal vera fasteignamat eignarinnar.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Skatturinn skal vera allt að 1,12% af álagningarstofni. Undanþegin skatti eru íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
c. 4. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „sveitarstjórn“ og „sveitarfélaga“ í 3.–5. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarföllum): ríkissjóður.

3. gr.

4. og 5. mgr. 5. gr. laganna falla brott.

4. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Árin 1997 og 1998 skal ríkissjóður bæta sveitarfélögum tekjutap sem leiðir af breyttum stofni til álagningar fasteignaskatts.

B. Breyting á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

6. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera fasteignamat eignarinnar.

C. Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

7. gr.

Í stað „1,2%“ í 83.gr. laganna kemur: 1,7%.

II. KAFLI

Hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

8. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Til sveitarfélaga renna 12% af þeirri fjárhæð sem ríkissjóður hefur í tekjur af virðisaukaskatti. Skal fjárhæðinni skipt milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda þeirra. Skal hlutfallið þannig ákvarðað að ár hvert verður íbúafjöldinn í hverju sveitarfélagi miðaður við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.

III. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði b–c-liðar 1. gr., 2.–4. gr. og 7. og 8. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1999.

Greinargerð.

Hér er gerð tillaga um róttækar breytingar á skattkerfinu. Tilgangur frumvarpsins er fjórþættur.

Í fyrsta lagi er lagt til að skattar almennings verði lækkaðir með því að lækka fasteignaskatta. Sú aðgerð lækkar húsnæðiskostnað fólks bæði í eigin íbúð og í leiguhúsnæði og má ætla að dreifing skattalækkunarinnar verði þannig að lágtekjufólk fái jafnvel meira í sinn hlut en yrði við almenna lækkun á tekjuskatti.

Í öðru lagi er lagt til að afnumin verði skattlagning á annan álagningarstofn en fasteignamat, en það endurspeglar markaðsvirði eignarinnar. Í þriðja lagi er fasteignaskattur gerður að skatti til ríkissjóðs einvörðungu samhliða þeirri breytingu að fella saman að nokkru leyti eignarskatt til ríkissjóðs og fasteignaskatt til sveitarfélaga og að nokkru leyti fella niður fasteignaskattinn.

Loks eru þau nýmæli að sveitarfélögum er ætlaður hlutur úr sköttum á vörur og þjónustu, en lagt er til að hluti af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga.

Skattalækkun tengd húsnæðiskostnaði í stað tekna.

Ákvæði frumvarpsins lækka fasteignaskatt í tveimur áföngum. Lækkun vegna breytinga á álagningarstofni tæki strax gildi, en gerð er tillaga um þá breytingu að álagning miðist við fasteignamat í stað þess að leggja skattinn á afskrifað endurstofnverð fasteigna margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Víða er mikill munur á þannig reiknuðum álagningarstofni og fasteignamati. Í dreifbýli getur munurinn verið á bilinu 50–75% sem þýðir að lagt er á t.d. 10 millj. kr. stofn í stað 2,5–5,0 millj. kr. Í þéttbýli er einnig víða mikill munur, oft 30–40%. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins er það einungis í fimm sveitarfélögum landsins sem fasteignamatið er gjaldstofn til fasteignaskatts. Í öðrum sveitarfélögum er fasteignamatið uppreiknað samkvæmt framangreindri aðferð. Þessi fimm sveitarfélög eru Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður. Frumvarpið lækkar gjaldstofn til fasteignaskatts á mannvirki í öðrum sveitarfélögum en þeim fimm

sem áður eru talin úr 433 milljörðum kr. í 309 milljarða kr. og miðað við áætlaða meðalálagningarprósentu 0,38 verður skattalækkunin tæplega 500 millj. kr. á ári. Samkvæmt þessum upplýsingum kemur einnig fram að að meðaltali er fasteignamat eigna hækkað um 40% til að fá út gjaldstofninn.

Ef íbúðir og íbúðarherbergi eru athuguð sérstaklega kemur í ljós að fasteignamat þeirra er um 178 milljarðar kr. en gjaldstofninn liðlega 265 milljarðar kr. Þar er hækkunin liðlega 87 milljarðar kr. eða um 50%. Með öðrum orðum er að meðaltali lagður 50% hærri fasteignaskattur á íbúðareigendur í sveitarfélögum landsins, að frátöldum sveitarfélögunum fimm, en fasteignamat eignarinnar réttlætir. Með því að færa gjaldstofn til fasteignamats verður lækkunin að meðaltali um þriðjungur af núverandi fasteignaskatti hjá hverjum íbúðareiganda.

Síðari áfanginn verður í upphafi árs 1999, en þá fellur niður fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði jafnhliða því að eignarskattur ríkisins hækkar úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting lækkar skatta á einstaklinga um 1.800 millj. kr, fasteignaskatturinn sem fellur niður er um 2.500 millj. kr. og hækkun eignarskattsins á móti er um 700 millj. kr.

Þá er til viðbótar lagt til að fasteignaskattur á landbúnað sé alveg felldur niður og er áætlað að það nemi um 100 millj. kr. Stærstur hluti er vegna útihúsa á jörðum og ræktaðs lands.

Þá er ákvæðum um álagningarstofn til vatnsgjalds breytt til samræmis við breytingar á álagningarstofni til fasteignaskatts og leiðir sú breyting til svipaðrar hlutfallslegrar lækkunar á vatnsgjaldi að óbreyttri álagningarprósentu. Lækkunin gæti numið um 150 millj. kr. en á það er að líta að vatnsgjald á að standa undir kostnaði sveitarfélags við rekstur vatnsveitu og leiði breytingin til þess að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum munu sveitarfélögin væntanlega hækka álagningarhlutfallið til að auka tekjurnar. Ekki er því gert ráð fyrir að til lengdar verði um neina lækkun að ræða vegna þessarar breytingar.

Samanlögð áhrif af breytingunni eru að fasteignaskattur lækkar um 2.100 millj. kr. á einstaklinga og um 300 milljónir á atvinnurekstur, eða samtals um 2.400 millj. kr. Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir að lækkun gjalda einstaklinga verði um 21 þús. kr. á ári að meðaltali um landið allt þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Lækkunin verður eðlilega meiri í sveitarfélögum sem í dag leggja á uppreiknað fasteignamat eða um 27 þús. kr. á ári.

Af lækkuninni leiðir einnig að húsaleiga ætti að lækka sem nemur lækkun á rekstrarkostnaði húsnæðisins.

Afnumin skattlagning á skattstofn umfram verðmæti eignar.

Á árinu 1990 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt þannig að í stað þess að leggja fasteignaskatt til sveitarfélaga á samkvæmt fasteignamati, sem endurspeglar mat á markaðsvirði eignarinnar, var tekin upp sú regla að miða við áætlað markaðsverð eignarinnar eins og það væri, ef eignin væri í Reykjavík. Með öðrum orðum var verðmæti eignarinnar ekki lengur álagningarstofninn heldur hærri tala. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að óeðlilegt hlýtur að teljast að mönnum sé gert skylt að borga eignarskatt af verðmætum sem þeir eiga ekki. Það hlýtur að koma mjög til álita hvort slík skattlagning hafi nokkurn tíma staðist ákvæði stjórnarskrár, ekki síst eftir að ákvæði jafnræðisreglu voru færð í stjórnarskrána fyrir tveimur árum. Má færa fyrir því gild rök að skattlagningu af þessu tagi svipi mjög til eignarupptöku.

Skiljanlegt er að sveitarfélög telji sig þurfa svipaðar tekjur þar sem þau hafi sambærileg verkefni og útgjöld, en það er ekki réttlætanlegt að jafna tekjur sveitarfélaga með misháum eignarskatti. Benda má á að eignarskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður á raunverulegt matsverð eignarinnar, þ.e. fasteignamat og álagningarreglur gilda um land allt.

Fasteignaskattar verði einvörðungu ríkisskattur.

Lagt er til í frumvarpinu að fasteignaskattur verði tekjustofn ríkissjóðs. Fyrir því eru gild rök. Eðlilegt er að skattar af fasteignum séu á einni hendi og þannig verði betra samræmi milli álagningarreglna og yfirsýn yfir það hverju skatturinn skilar. Þá er verðmæti fasteigna mjög mismunandi eftir því hvar á landinu eignin er og því skilar eignarskattur mismunandi miklum tekjum. Af þeim sökum eru skattar á fasteignir óheppilegur tekjustofn fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fellur niður fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og annar fasteignaskattur flyst til ríkissjóðs. Þá er lagt til að eignarskattur einstaklinga hækki úr 1,2% í 1,7% af eignarskattstofni. Með þessari breytingu greiða einstaklingar einungis eignarskatt af eignum sínum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sú grundvallarbreyting verður þá að eignarskattur verður lagður á eignir samkvæmt markaðsvirði og að frádregnum skuldum, en telja verður afar óeðlilegt að lagður sé eignarskattur á hærra mat en markaðsvirði eignarinnar og auk þess án þess að skuldir séu dregnar frá eigninni eins og nú er gert með fasteignaskatti til sveitarfélaganna.

Gert ráð fyrir að í framtíðinni verði núverandi eignarskattur og fasteignaskattur á atvinnurekstur samræmdir á sambærilegan hátt og lagt er til varðandi einstaklinga og verður auðveldara við það að eiga þegar báðir skattarnir eru orðnir ríkisskattar.

Sveitarfélög fá hlutdeild í sköttum af vörum og þjónustu.

Samkvæmt núgildandi lögum eru tekjustofnar sveitarfélaga ekki tengdir almennum hagvexti í þjóðfélaginu beint heldur ráðast þeir að mestu af staðbundnum efnahagssveiflum auk launabreytinga samkvæmt kjarasamningum. Þannig hafa sveitarfélög, sem byggjast að mestu á sjávarútvegi, búið við verulegan samdrátt á undanförnum árum, sérstaklega þar sem stuðst er við botnfiskveiðar, á sama tíma og nokkur hagvöxtur varð almennt í efnahagslífi landsmanna. Þetta er mjög áberandi um þessar mundir þar sem umtalsverð uppsveifla er í hagkerfinu bæði vegna þess að uppsveiflan nær ekki til landsins alls og hins að tekjur af uppsveiflunni renna nær eingöngu í ríkissjóð. Telja verður eðlilegt að aukinn hlutur af tekjum sveitarfélaga komi af óbeinum sköttum en minni af staðbundnum tekjustofnum og þannig verði leitast við að jafna að nokkru um landið mismunandi efnahagslegum áhrifum eftir atvinnugreinum og landsvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að 12% tekna af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð nú jafngildi tekjum sveitarfélaga af fasteignaskatti.

Fjármagnstekjuskatti verði varið til lækkunar á fasteignasköttum.

Á næsta ári koma til hjá ríkissjóði tekjur af fjármagnstekjuskatti. Er áætlað að þær nemi um 700 millj. kr. fyrst í stað en geti orðið um 1.100 millj. kr. Þykir eðlilegt að verja þessum tekjum til þess að lækka skatta almennings af fasteignum. Slík skattalækkun skilar sér vel til almennra launþega og dreifing hennar verður þannig að stærri hluti skattalækkunarinnar fer til tekjulágra en við lækkun á skattprósentu til tekjuskatts.

Fjárhagsleg áhrif.

Á árinu 1997 er gert ráð fyrir að lækkun fasteignaskattsins nemi 250–300 millj. kr. og er þá miðað við að frumvarpið verði að lögum um mitt þetta ár. Á næsta ári nemur lækkunin um 500 millj. kr. Sveitarfélögunum verður bætt tekjutapið með greiðslu úr ríkissjóði bæði árin. Tekjur ríkisjóðs af fjármagnstekjuskatti á næsta ári sem áætlaðar eru um 700 millj. kr. gera það að verkum að ríkissjóður stendur jafnréttur eftir.

Á árinu 1999 koma ákvæði frumvarpsins að fullu til framkvæmda, ef samþykkt verður. Skattalækkun verður um 3.100 millj. kr., um 300 millj. kr. á atvinnurekstur vegna lækkunar á álagningarstofni fasteignaskatts og afnámi skattsins á eignir í landbúnaði og um 2.800 millj. kr. vegna niðurfellingar fasteignaskatts á einstaklinga. Þá flyst fasteignaskattur á atvinnurekstur til ríkissjóðs. Fasteignaskattur hefur skilað sveitarfélögum um 5.800 millj. kr. og er lagt til að þeim verði það bætt með hlutdeild í virðisaukaskatti. Á móti þessu tekjutapi ríkissjóðs kemur í fyrsta lagi fasteignaskattur sem er áætlaður vera um 2.700 millj. kr., hækkun á eignarskatti einstaklinga um 700 milljónir kr. og áætlaðar tekjur af fjármagnstekjuskatti sem hér eru áætlaðar um 1.100 millj. kr. Samtals eru þetta um 4.500 millj. kr. og gera má ráð fyrir að nýjar tekjur ríkissjóðs af óbreyttum tekjustofnum vegna hagvaxtar skili 1.300 millj. kr. sem upp á vantar. Má í því sambandi benda á að í skattatillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að lækkun skatta frá og með 1999 nemi liðlega 5.000 millj. kr. sem tekjur vegna hagvaxtar muni borga að mestu leyti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í a-lið greinarinnar er lagt til að álagningarstofn fasteigna verði fasteignamat þeirra og þar með fallið frá því að leggja fasteignaskattinn á annan og hærri stofn en markaðsverðs þeirra eins og Fasteignamat ríkisins metur það.

Í b-lið er lagt til að aðeins verði eitt þrep í fasteignaskatti og lægra þrepið fellt niður. Þær eignir, sem verið hafa skattlagðar samkvæmt lægra þrepi, verða undanþegnar fasteignarskatti og auk þeirra eignir í landbúnaði. Gert er ráð fyrir að þessi breyting taki gildi í ársbyrjun 1999.

Um 2.–4. gr.

Í þessari grein og c-lið 1. gr. eru gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til þess að færa fasteignaskattinn til ríkissjóðs, svo og felld úr lögunum ákvæði sem verða þýðingarlaus við það og niðurfellingu fasteignaskatts á einstaklinga.

Um 5. gr.

Kveðið er á um það að ríkissjóður skuli bæta sveitarfélögunum tekjutap þeirra árin 1997 og 1998 sem breytingin á álagningarstofni til fasteignaskatts hefur í för með sér. Er gert ráð fyrir að um beinar greiðslur verði að ræða til hvers og eins sveitarfélags.

Um 6. gr.

Álagningarstofn til vatnsgjalds er breytt og verður fasteignamat eignanna svo sem verður varðandi fasteignaskatt.

Um 7. gr.

Lagt er til að eignarskattur manna lækki úr 1,2% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt í 1,7%. Þessi breyting verði samhliða niðurfellingu fasteignaskatts einstaklinga.

Um 8. gr.

Í stað tekna af fasteignaskatti er sveitarfélögunum ætlaður hlutur af virðisaukaskatti og er miðað við að þau verði ekki af tekjum við breytinguna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fasteignamat ríkisins:

Yfirlit um áætlað samanlagt fasteignamat og stærðir fasteigna í fasteignaskrá ársins 1996. Samtölur fyrir sveitarfélög 1603 til 8717.

	Fjöldi	Flatarmál	Lóðarmat	Mat mannv.	Heildarmat	Gjaldstofn	Heildarst.
Íbúðir og íb.herbergi ...	35.416	4.316.255	10.133.382	165.087.525	175.220.907	230.152.792	240.286.174
Bílskúrar, sérmetnir	13.779	528.995	67.758	9.235.254	9.303.012	12.068.654	12.136.412
Sumarbústaðir	8.597	367.354	2.202.648	9.331.309	11.533.957	13.388.433	15.591.081
Verslunar- og skrifst. ...	1.895	443.092	1.171.278	11.110.586	12.281.864	15.452.716	16.623.994
Iðnaðarhús	3.280	1.125.808	2.913.742	20.624.498	23.538.240	28.065.720	30.979.462
Vörugeymslur	1.040	234.151	679.911	2.788.556	3.468.467	3.833.109	4.513.020
Sérhæfðar byggingar ...	9.552	1.703.287	3.685.602	52.237.506	55.923.108	71.100.068	74.785.690
Önnur mannvirki	968	79.237	42.720	750.335	793.055	876.916	919.636
Óbyggðar lóðir[1]	5.920	0	3.149.414	0	3.149.414	0	3.149.414
Ræktað land[2]	5.943	0	0	4.782.636	4.782.636	4.782.636	4.782.636
Óræktað land jarða	7.108	0	1.973.101	0	1.973.101	0	1.973.101
Íbúðarhús á jörðum	6.362	729.293	0	14.754.587	14.754.587	35.213.646	35.213.646
Útihús á jörðum	32.373	2.868.175	0	12.826.366	12.826.366	12.826.366	12.826.366
Hlunnindi	4.487	10.000	0	5.171.693	5.171.693	5.171.693	5.171.693
Samtals		**12.405.647**	**26.019.556**	**308.700.851**	**334.720.407**	**432.932.769**	**458.952.325**

Alls eru 174.999 matseiningar í sveitarfélögunum. Rúmmál bygginga er samtals 51.504.087,0 m³.

[1] Alls eru 43.832 lóðir í sveitarfélögunum að stærð 122.639.050,9 m² og 49.278,2 ha.

[2] Ræktað land er alls 135.629,9 ha.

Yfirlit um áætlað samanlagt fasteignamat og stærðir fasteigna í fasteignaskrá ársins 1996. Samtölur fyrir landið allt.

	Fjöldi	Flatarmál	Lóðarmat	Mat mannv.	Heildarmat	Gjaldstofn	Heildarst.
Íbúðir og íb.herbergi ...	94.574	11.041.744	50.836.436	518.900.729	569.737.165	583.965.996	634.802.432
Bílskúrar, sérmetnir	30.733	1.076.297	369.122	21.424.289	21.793.411	24.255.793	24.624.915
Sumarbústaðir	8.982	376.306	2.368.769	9.513.699	11.882.468	13.571.893	15.940.662
Verslunar- og skrifst. ...	4.927	1.657.027	9.924.517	48.793.408	58.717.925	53.135.538	63.060.055
Iðnaðarhús	5.489	2.141.735	9.200.884	42.443.267	51.644.151	49.885.149	59.086.033
Vörugeymslur	1.712	610.207	3.711.334	9.338.620	13.049.954	10.383.173	14.094.507
Sérhæfðar byggingar ...	23.287	3.236.935	16.520.951	103.996.192	120.517.143	122.858.940	139.379.891
Önnur mannvirki	1.000	88.467	103.007	953.040	1.056.947	1.079.621	1.182.628
Óbyggðar lóðir[1]	8.370	0	11.832.797	0	11.832.797	0	11.832.797
Ræktað land[2]	5.964	0	0	4.797.785	4.797.785	4.797.785	4.797.785
Óræktað land jarða	7.127	0	1.981.624	0	1.981.624	0	1.981.624
Íbúðarhús á jörðum	6.374	729.387	0	14.773.850	14.773.850	35.232.909	35.232.909
Útihús á jörðum	32.427	2.868.237	0	12.832.601	12.832.601	12.832.601	12.832.601
Hlunnindi	4.496	10.019	0	5.201.540	5.201.540	5.201.540	5.201.540
Samtals		**23.836.361**	**106.849.441**	**792.969.020**	**899.818.461**	**917.200.938**	**1.024.050.379**

Alls eru 285.932 matseiningar í sveitarfélögunum. Rúmmál bygginga er samtals 94.242.589,0 m³.
[1] Alls eru 68.164 lóðir í sveitarfélögunum að stærð 159.955.114,3 m² og 85.890,3 ha.
[2] Ræktað land er alls 135.907,5 ha.

895. Frumvarp til laga [541. mál]

um breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum nr. 156/1996, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, GMS, PHB, SP).

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 156/1996 fellur brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Greinargerð.

Hér er lagt til að efni ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 156/1996, um breyting á lögum um tryggingagjald, verði tekið inn í 3. gr. laganna. Heiti sjóðsins hefur verið breytt með tilliti til þeirra breytinga sem félagsmálanefnd lagði til að yrðu gerðar á frumvarpi til laga um Tryggingasjóð einyrkja.

896. Frumvarp til laga [542. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

A. Grunnskólakennarar og stjórnendur grunnskóla.

I. KAFLI
Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

a. prófi frá Kennaraskóla Íslands;
b. B.Ed.-prófi eða hærri prófgráðu frá Kennaraháskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri;
c. BA-prófi, BS-prófi eða hærri prófgráðu frá Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri í kennslugrein/um sinni/sínum ásamt fullgildu námi í kennslu- og uppeldisfræði til kennsluréttinda;
d. prófi frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík;
e. prófi frá teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands;
f. prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands;
g. prófi frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands;
h. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 4. gr., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

4. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

II. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

5. gr.

Til þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið námi skv. 2. gr. og öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr.

Kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skal hafa forgang til kennslu í sinni grein/greinum í 8.–10. bekk. Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

Sveitarstjórn ræður og skipar kennara, aðstoðarskólastjóra og skólastjóra við grunnskóla.

Heimilt er að skipa kennara sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár við grunnskóla með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

Grunnskólakennari á rétt á fastráðningu með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti eftir tveggja ára starf nema verklok séu fyrir fram ákveðin. Heimilt er þó að ráða grunnskólakennara ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá fyrsta degi ráðningar. Skólastjórar ráða stundakennara, sbr. 9. gr., með samþykki skólanefnda.

7. gr.

Til þess að verða ráðinn skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri við grunnskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi og kennslureynslu á grunnskólastigi.

Heimilt er að skipa skólastjórnanda sem starfað hefur í a.m.k. tvö ár við grunnskóla, þar af eitt ár sem skólastjórnandi, með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar.

Við ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra skal tekið tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

8. gr.

Um ráðningu og skipun kennara og skólastjórnenda grunnskóla fer eftir ákvæðum laga þessara og laga nr. 66/1995, um grunnskóla, sbr. 2. gr. laga nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar og aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 9. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara án undangenginnar auglýsingar. Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf. Sveitarstjórn er skylt, innan mánaðar frá ráðningu kennara eða skólastjórnanda, að skila til menntamálaráðuneytisins öllum gögnum um menntun og fyrri störf þeirra sem ráðnir eru.

9. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða

a. ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs;
b. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en í þrjá mánuði;
c. þann sem gegnir öðru launuðu aðalstarfi.

Stundakennara skv. a- og c-liðum skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

10. gr.

Óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995, um grunnskóla.

Nú sækir enginn grunnskólakennari samkvæmt lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra innan fjögurra vikna. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn grunnskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af Kennaraháskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

B. Framhaldsskólakennarar og stjórnendur framhaldsskóla.

III. KAFLI
Starfsheiti.

11. gr.

Rétt til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við framhaldsskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra. Í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

a. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 90 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera í aðalgrein og 30 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 30 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
b. námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60–90 einingar vera í aðalgrein og 30–60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda;
c. námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði til kennsluréttinda, enda hafi viðkomandi starfsreynslu og hafi haft nema í samningsbundnu námi, annars komi 30 eininga nám í kennslufræði;
d. öðru fagnámi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og miðast við kennslu í framhaldsskóla ásamt 30 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda;
e. öðru jafngildu námi samkvæmt úrskurði matsnefndar, sbr. 14. gr., sem hefur það að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi.

Þeir sem lokið hafa námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægja kröfum um nám í kennslufræði til kennsluréttinda.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

14. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 11. gr. fullnægi skilyrðum 12. gr. skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku.

Nánar skal kveðið á um starfshætti nefndarinnar í reglugerð.

IV. KAFLI
Starfsréttindi og ráðningarreglur.

15. gr.

Til þess að verða ráðinn til kennslu í framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Miða skal við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar eða á því sviði sem hann er menntaður á, sbr. ákvæði 11. og 12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er skólameistara heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein enda sé aðeins um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum eða minna á viku.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

16. gr.

Framhaldsskólakennarar skulu ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Skal sá frestur vera þrír mánuðir að loknum reynslutíma, nema um annað sé samið í kjarasamningi.

Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til starfa tímabundið og er unnt að taka fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu annars hvors aðila áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara samfellt lengur en tvö ár.

17. gr.

Við ráðningu í stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi. Tekið skal tillit til menntunar, kennsluferils, stjórnunarreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

18. gr.

Um ráðningu skólastjórnenda og framhaldsskólakennara fer eftir ákvæðum laga þessara, laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal tilgreina í hvaða kennslugrein/um eða á hvaða sérsviði eru lausar stöður eða störf. Heimilt er þó að ráða framhaldsskólakennara til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga og aðra sérfræðinga, sbr. 2. mgr. 15. gr., án undangenginnar auglýsingar.

Stefnt skal að því að ráðningar í stöður kennara og skólastjórnenda fari fram eigi síðar en 1. maí ár hvert.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m.a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjanda.

19. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið. Stundakennara má þó ráða

a. ef um er að ræða minna en ⅓ hluta starfs;
b. til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga skemur en í þrjá mánuði;
c. þann sem gegnir öðru aðalstarfi.

Stundakennara skv. a- og c-liðum skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

20. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslu við framhaldsskóla, sbr. 11. gr., aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn sem fullnægir ákvæðum þessara laga um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur skólameistari þá sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar í slíkum tilvikum sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna.

Málsaðili getur skotið ákvörðun undanþágunefndar til menntamálaráðherra innan fjögurra vikna. Málskot til menntamálaráðherra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar undanþágunefndar.

Ef hvorki skólameistari né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólameistari þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann sem hefur sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

21. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til kennslustarfa í sérskólum og sérstökum deildum á sviði listmenntunar.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48/1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 48/1986 er kveðið á um endurskoðun laganna innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Lögin voru fyrst endurskoðuð árið 1990 og var þá lagt fram frumvarp á 113. löggjafarþingi sem hlaut ekki afgreiðslu.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af því að kennaranám er unnt að stunda við Háskólann á Akureyri og höfð er hliðsjón af ákvæðum laga varðandi flutning grunnskóla til sveitarfélaga sem Alþingi samþykkti á sl. ári, svo og sérstökum samþykktum sem gerðar voru af sama tilefni.

Undirbúningur að gerð frumvarps þessa fór fram í menntamálaráðuneytinu og síðan var efnt til viðræðna við fulltrúa kennarasamtakanna, þ.e. Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

1. Frumvarpinu er skipt í hluta og fjallar fyrri hlutinn um grunnskóla og sá síðari um framhaldsskóla. Með þessu verða lögin aðgengilegri og framsetning skýrari en í gildandi lögum.
2. Með frumvarpinu er m.a. leitast við að leggja áherslu á þýðingu aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skuli hafa forgang til kennslu í sinni grein í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður til.

   Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

   Þá kemur fram í 12. gr. frumvarpsins að framhaldsskólakennari, sem hefur aflað sér fagmenntunar sem er verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem almennri reglu, þurfi aðeins að taka 15 einingar í kennslufræði. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg.
3. Kveðið er á um að próf frá Kennaraskóla Íslands sé fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara. Til þessa hefur þetta próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla. Allmargir kennarar munu fá réttindi til kennslu við framhaldsskóla samkvæmt þessu ákvæði.
4. Í 2. og 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og er þetta nýmæli.
5. Í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.
6. Í 7. gr. gildandi laga er kveðið á um menntun kennara við tiltekna sérskóla og í tilteknu sérnámi. Þessi upptalning er felld brott og í staðinn er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð. Þessi breyting er nauðsynleg vegna örrar þróunar á vinnumarkaði og þar af leiðandi breytilegra krafna til skólakerfisins hvað varðar námsframboð.

7. Ákvæði laganna um matsnefndir, sbr. 4. og 14. gr., eru einfölduð. Ákvæði um starfshætti nefndanna eru felld brott og er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð.
8. Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein án þess að viðkomandi hafi öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Þessi heimild miðast við að um sé að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.
9. Í 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin taki ekki til kennslu í listgreinum. Þetta er gert til þess að auðvelda skólunum að fá til starfa viðurkennda listamenn en það er vandkvæðum bundið samkvæmt gildandi lögum.
10. Ákvæði um undanþágunefndir hafa verið endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndanna sem lægra settra stjórnvalda gerð skýrari. Hlutverk nefndar er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið er óbreytt nema hvað vísað er til laga nr. 66/1995, um grunnskóla.

Um 2. gr.

Breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum, eru þessar:

a. Þar sem kennaranám hefur verið tekið upp við Háskólann á Akureyri er þeirri stofnun bætt við í efni b- og c-liða.
b. Í h-lið er bætt inn ákvæði um að námið skuli hafa það að markmiði að búa viðkomandi undir kennslu á grunnskólastigi.
c. Þá er og gert ráð fyrir að meta megi kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Um 3. gr.

Greinin er ný og fjallar um ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins sem aflað hafa sér kennsluréttinda sem viðurkennd eru í einhverju ríki innan svæðisins, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Þetta felur í sér að þeir hafa jafna stöðu og íslenskir ríkisborgarar til þess að sækja um kennslustarf hér á landi.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að matsnefnd skuli úrskurða um rétt kennara til að nota starfsheitið grunnskólakennari þegar um vafatilvik er að ræða. Hér er lagt til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en að lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

Nokkur atriði, er varða starfshætti nefndarinnar, eru felld út og gert ráð fyrir að þau komi í reglugerð.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um skilyrði þess að verða ráðinn eða skipaður kennari við grunnskóla, en hliðstæð ákvæði er að finna í 4. gr. gildandi laga. Hér er þó lagt til að upptalning á menntunargráðum verði felld út sem skilyrði ráðningar eða skipunar og þess í stað vísað til almennra menntunarskilyrða í 2. gr. Einnig eru felld út ákvæði í 4. gr. gildandi laga um skilyrði þess að vera skipaður eða ráðinn sérkennari við sérskóla eða sérdeildir grunnskóla þar sem þessar deildir og skólar eru hluti af almennum grunnskóla.

Ákvæði síðari málsgreinar er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að stuðla að því að kennarar kenni fyrst og fremst þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði kveðið nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um 6. gr.

Ákvæðum um ráðningu og skipun kennara er breytt til samræmis við lög nr. 66/1995 um grunnskóla, sbr. b-lið 1. mgr. 57 gr. laganna sem og tillögur réttindanefndar vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga, sbr. fylgiskjal II með frumvarpi til laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, samþykkt sem lög nr. 92/1996.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um ráðningu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við grunnskóla og er efnislega samhljóða ákvæðum 9. gr. gildandi laga. Hér er lagt til að við ráðningu skólastjóra verði tekið tillit til menntunar, kennslureynslu og stjórnunarreynslu líkt og gert hefur verið við ráðningu kennara, sbr. 5. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra laga sem gilda um ráðningu og skipun kennara og skólastjórnenda við grunnskóla.

Í 2. mgr. er kveðið á um að ráðningum kennara og skólastjórnenda skuli lokið eigi síðar en 1. maí ár hvert. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja betur að gengið sé frá öllum ráðningum það tímanlega að þær trufli ekki undirbúning næsta skólaárs.

3. mgr. er samhljóða 5. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli setja leiðbeinandi reglur um umsóknareyðublöð og meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf. Þá er og ákvæði um skil sveitarstjórna á upplýsingum um menntun kennara og skólastjórnenda til menntamálaráðuneytisins. Í þessu felst að ráðuneytið tekur á móti þessum upplýsingum en ráðuneytið lítur svo á að viðhald skrár sem geymir þessar upplýsingar, kennaraskrár, sé sameiginlegt verkefni kennarasamtakanna, sveitarfélaga og ráðuneytisins.

2. og 4. mgr. eru í samræmi við tillögur réttindanefndar vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga, sbr. athugasemdir við ákvæði 6. gr.

Um 9. gr.

Greinin á samstöðu með 12. gr. gildandi laga en hefur verið breytt þannig að a-liður er felldur brott þar eð hann á ekki lengur við. Aðrar breytingar eru gerðar í samræmi við reglur fjármálaráðuneytis, Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags um greiðslur til stundakennara/leiðbeinenda á föstum mánaðarlaunum, undirritaðar 22. júlí 1993, sbr. viðauka 3 með kjarasamningi þessara aðila frá 1. mars 1995.

Um 10. gr.

Greinin er í stórum dráttum óbreytt.

Í 1. mgr. eru felld út ákvæði um sérdeildir og skóla fyrir börn með sérþarfir þar sem sérdeildir og sérskólar eru hluti af hinum almenna grunnskóla.

Ákvæði um undanþágunefnd eru endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndarinnar sem lægra setts stjórnvalds gerð skýrari. Hlutverk nefndarinnar er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun.

Skýrt er tekið fram að málsaðilum ber að hlíta ákvörðun undanþágunefndar þrátt fyrir málskot.

Um 11. gr.

Í greininni er það nýmæli að í leyfisbréfi skal tilgreina kennslugrein eða sérsvið viðkomandi framhaldsskólakennara. Með ákvæði þessu er lögð áhersla á mikilvægi sérmenntunar framhaldsskólakennara og að sú sérþekking nýtist til kennslu.

Um 12. gr.

Leitast er við að kveða skýrar á um þá menntum sem krafist er til kennsluréttinda en gert er í gildandi lögum, auk þess sem lögð er áhersla á aukna fagmenntun kennara og kennslureynslu. Helstu áherslur og breytingar eru þessar:

Kveðið er á um að nám kennara skuli veita undirbúning til kennslu í faggrein eða á sérsviði á framhaldsskólastigi.

Í b-lið er kveðið á um að þeir sem lokið hafa a.m.k. 120 eininga háskólanámi og þar af 60–90 einingum í aðalgrein og 30–60 einingum í aukagrein þurfi að ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 áður.

Í c-lið er kveðið á um að þeir sem lokið hafa námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein skuli auk þess ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 eininga áður. Þessi breyting er gerð til þess að auðvelda samskipti milli atvinnulífs og skóla og tekur til þeirra sem búa yfir mikilli sérþekkingu á tilteknu sviði, hafa auk þessa verulega starfsreynslu og/eða hafa haft nema í samningsbundnu námi. Að teknu tilliti til þessara þátta er talið raunhæfast að þessum kennurum verði gert að taka fyrst og fremst þá þætti kennslufræðinnar sem lúta beint að kennslustarfinu samkvæmt nánari skilgreiningu. Þeir sem ekki uppfylla þessi skilyrði verða að taka 30 einingar í kennslufræði.

Bætt er inn ákvæði um að þeir sem luku námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægi skilyrðum um nám í kennslufræði.

Þá er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er gert ráð fyrir að með reglugerð verði sett ítarlegri ákvæði um menntunarkröfur í sérhæfðu námi, svo sem vélstjórnarnámi og skipstjórnarnámi.

Um 13. gr.

Greinin er ný og fjallar um ríkisborgara innn Evrópska efnahagssvæðisins sem aflað hafa sér kennsluréttinda sem viðurkennd eru í einhverju ríki innan svæðisins, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum. Í þessu felst að þeir hafa jafna stöðu og íslenskir ríkisborgarar til þess að sækja um kennslustarf hér á landi.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að matsnefnd skuli úrskurða um rétt kennara til að nota starfsheitið grunnskólakennari þegar um vafatilvik er að ræða. Hér er lagt til að nefndin veiti umsögn um leyfisveitingu en lokaákvörðun verði tekin af menntamálaráðherra.

Nokkur atriði er varða starfshætti nefndarinnar eru felld út og gert ráð fyrir að þau komi í reglugerð.

Um 15. gr.

Þar sem ákvæði um skipun kennara og skólastjórnenda voru felld brott með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. það sem segir í almennum athugasemdum, hefur ráðningarreglum gildandi laga verið breytt í samræmi við það.

Í sömu málsgrein er kveðið á um að framhaldsskólakennari skuli fyrst og fremst kenna þær greinar sem hann hefur sérhæft sig í.

Í 2. mgr. er ákvæði þess efnis að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing til kennslu tímabundið án þess að hann uppfylli skilyrði um menntun í kennslufræði enda sé um að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku að hámarki. Hér er um nýmæli að ræða.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðherra setji reglugerð um framkvæmd greinarinnar. Felld er brott upptalning á menntunarkröfum til kennslu í sérhæfðu námi sem eru í 7. gr. gildandi laga, en gert ráð fyrir að hliðstæð ákvæði verði sett í reglugerð. Við ráðningu vísast til almennra menntunarskilyrða 12. gr.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 17. gr.

Greinin er hliðstæð 9. og 11. gr. gildandi laga. Ekki er um efnisbreytingar að ræða, en kveðið er á um að taka eigi tillit til menntunar, kennslureynslu, stjórnunarreynslu og umsagna, líkt og gert hefur verið við ráðningu í kennslustörf.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er vísað til þeirra laga sem gilda um ráðningu kennara og skipun skólastjórnenda við framhaldsskóla.

Í 3. mgr. er kveðið á um að ráðningum kennara og skólastjórnenda skuli lokið eigi síðar en 1. maí ár hvert. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja betur að gengið sé frá öllum ráðningum það tímanlega að þær trufli ekki undirbúning næsta skólaárs.

Um 19. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 9. gr.

Um 20. gr.

Um skýringar vísast til athugasemda við 10. gr.

Nýmæli er að skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar ef um er að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum að hámarki.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta er sett inn til þess að fá viðurkennda listamenn á viðkomandi sviði til kennslu í þeim skólum sem hér um ræðir.

Um 22. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögverndun starfsheita og starfsréttinda kennara og skólastjóra í samræmi við reynslu af framkvæmd gildandi laga og breyttri löggjöf á síðustu árum.

Að því er séð verður mun frumvarpið hafa óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs. Ástæða er til að nefna tvennt. Annars vegar að lagt er til að meta megi kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til réttinda og að dregið verði úr kröfum um að kennarar framhaldsskóla hafi lokið námi í uppeldisfræðum til kennsluréttinda. Hins vegar er gert ráð fyrir að erindum til mats- og úrskurðarnefnda geti fækkað, sérstaklega þeirra nefnda sem fjalla um framhaldsskólann.

897. Frumvarp til íþróttalaga. [543. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti.

Lögin taka ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva.

2. gr.

Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti er ríkið lætur þau til sín taka. Í því skyni aflar ráðuneytið upplýsinga um iðkun íþrótta í landinu og aðstöðu til íþróttastarfs og stuðlar að rannsóknum á sviði íþróttamála.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, en í henni eiga þrír menn sæti. Ráðherra skipar formann án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tillögu stjórnar Íþróttasambands Íslands og annan samkvæmt tillögu stjórnar Ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Hlutverk íþróttanefndar er að veita menntamálaráðuneytinu ráðgjöf í íþróttamálum. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög til íþróttamála í fjárlögum og um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. 7. gr.

5. gr.

Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálsu framtaki landsmanna.

Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands koma fram fyrir hönd frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu gagnvart stjórnvöldum.

6. gr.

Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum.

7. gr.

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

8. gr.

Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr sjóðnum, sbr. 4. gr.

Framlög úr Íþróttasjóði má veita til:

1. Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar,
2. útbreiðslu- og fræðsluverkefna,
3. íþróttarannsókna,
4. verkefna skv. 12. gr. laga þessara.

Óheimilt er að skuldbinda Íþróttasjóð til framlaga umfram það sem árlegt ráðstöfunarfé hans leyfir.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum íþróttanefndar, má kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði og hvernig umsóknum og úthlutun skuli hagað.

9. gr.

Um styrki úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka íþróttafólks fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum.

10. gr.

Um tekjuöflun íþróttasamtaka með getraunastarfsemi er mælt í sérstökum lögum um þau efni.

11. gr.

Í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins skulu íþróttir kenndar og iðkaðar svo sem nánar er kveðið á um í lögum, reglugerðum og námsskrám sem um þá skóla gilda.

Öll börn á landinu skulu læra sund nema þau séu talin ófær til þess að mati læknis.

12. gr.

Ríkið starfrækir menntastofnun sem annast menntun íþróttakennara samkvæmt lagaákvæðum um þá starfsemi.

13. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Fjárhagsleg aðild ríkisins að slíku samstarfi er háð fjárveitingum í fjárlögum.

14. gr.

Menntamálaráðherra hefur forgöngu um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum, þar á meðal um eftirlit og að því er varðar íþróttaáhöld og annan búnað.

15. gr.

Menntamálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru numin úr gildi íþróttalög, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í endanlegri gerð samið í menntamálaráðuneytinu. Hliðsjón var höfð af tillögum nefndar sem menntamálaráðuneytið skipaði árið 1992 til að endurskoða gildandi íþróttalög. Nefndin skilaði drögum að frumvarpi ásamt greinargerð í mars 1994.

Núgildandi íþróttalög eru að stofni til frá árinu 1956 (lög nr. 49/1956) en nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þeim síðan, m.a. með lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Löggjöfin 1956 var reist á grunni hinna fyrstu almennu íþróttalaga, er sett voru árið 1940.

Íþróttastarfsemi í landinu fer nú fram við allt önnur skilyrði en raun var á fyrir 40 árum þegar gildandi íþróttalög voru sett. Hlutverk íþrótta í þjóðlífinu hefur síst minnkað og fjöldi þeirra sem leggja stund á íþróttir í einhverri mynd hefur stóraukist. Jafnframt hefur íþróttahreyfingin eflst að skipulagi og styrk og aðstaða til íþróttaiðkunar batnað mikið víða um land. Tilkoma sjónvarps hefur skapað nýjar aðstæður á ýmsan hátt og nýir farvegir fyrir tekjuöflun til íþróttastarfs hafa myndast, m.a. með getraunastarfsemi.

Íþróttaiðkun utan skólakerfisins fer fram innan vébanda eða á vegum frjálsra félagssamtaka, að því leyti sem ekki er um einstaklingsbundin viðfangsefni að ræða. Við samningu frumvarpsins var þetta lagt til grundvallar. Gengið er út frá því að tilgangur lagasetningar um íþróttamál sé fyrst og fremst að mynda formlega umgjörð um atbeina hins opinbera til eflingar íþróttastarfi, án íhlutunar um hvernig íþróttahreyfingin hagar störfum sínum. Íþróttakennsla í skólum fellur eðlilega undir skólalöggjöf eins og önnur skólastarfsemi.

Þau sjónarmið sem hér var lýst leiða til þess að löggjöf samkvæmt þessu frumvarpi yrði nokkru umfangsminni og einfaldari í sniðum en gildandi íþróttalög.

Nokkrar helstu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir, samanborið við gildandi lög, eru sem hér segir:

— Fellt er brott ákvæði um íþróttafulltrúa í menntamálaráðuneytinu en gert ráð fyrir að ráðuneytið fari sem fyrr með yfirumsjón íþróttamála af hálfu ríkisins.
— Hlutverki íþróttanefndar er breytt nokkuð.
— Verksvið Íþróttasjóðs er rýmkað og gert ráð fyrir að úthlutun fjár úr honum sé í höndum menntamálaráðherra að fengnum tillögum íþróttanefndar.
— Ákvæði er varða tilhögun og aðstöðu til íþróttakennslu í skólum eru felld brott en skírskotað til skólalöggjafar.
— Gert er ráð fyrir lögfestingu heimildar fyrir aðild ríkisins að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt.
— Menntamálaráðherra er ætluð forganga um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum.
— Felld eru brott ýmis sérstök ákvæði er tengjast styrkveitingum, m.a. til íþróttamannvirkja, en gert ráð fyrir heimild til að setja ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði í reglugerð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er íþróttahugtak laganna skilgreint en tekið fram að ákvæði þeirra taki ekki til íþróttaiðkunar er fram fer sem liður í starfsemi heilbrigðisstofnana eða heilsuræktarstöðva. Eðlilegt er að reglur, sem æskilegt kann að þykja að settar verði um slíka starfsemi, tengist heilbrigðislöggjöf.

Um 2. gr.

Þessi markmiðsgrein á sér ekki hliðstæðu í gildandi íþróttalögum. Lögð er áhersla á að atbeini ríkis og sveitarfélaga miði að því öðru fremur að búa í haginn fyrir sem almennasta iðkun íþrótta.

Um 3. gr.

Í greininni felst að menntamálaráðuneytið hafi áfram á hendi yfirumsjón íþróttamála, að því leyti sem þau koma til kasta ríkisins, og afli þeirra upplýsinga sem þarf til að rækja það hlutverk. Slík upplýsingaöflun er eitt þeirra verkefna sem íþróttafulltrúa eru falin í gildandi lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði þeirra um ráðningu íþróttafulltrúa verði felld úr gildi þar sem ekki þykir ástæða til að lögbinda þannig starfsskipan í ráðuneytinu. Núverandi íþróttafulltrúi er deildarstjóri í íþrótta- og æskulýðsdeild ráðuneytisins og breytingin raskar í engu þeirri tilhögun. Hins vegar er þess að vænta að

það eftirlit með íþróttastarfi í skólum, sem samkvæmt gildandi lögum fellur undir verksvið íþróttafulltrúa, færist á hendur þeirra deilda menntamálaráðuneytisins sem sinna námseftirliti almennt.

Um 4. gr.

Skipan íþróttanefndar er óbreytt frá gildandi lögum en skipunartímabil lengt úr þremur árum í fjögur. Lögð er áhersla á ráðgjafarhlutverk nefndarinnar gagnvart menntamálaráðuneytinu en niður fellur m.a. ákvæði um að hún skuli, ásamt íþróttafulltrúa, vinna að því að koma á skipulagi íþróttamála í landinu. Skal um það atriði vísað til þess sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um að sneitt sé hjá íhlutun um starfstilhögun íþróttahreyfingarinnar.

Um 5. gr.

Greinin svarar að nokkru til 15. gr. (upphaflega 20. gr.) í núgildandi lögum en felld eru brott ýmis ákvæði sem lúta að skipulagsmálum og starfsháttum íþróttahreyfingarinnar, sbr. almennar athugasemdir hér að framan og athugasemd við 4. gr. Gert er ráð fyrir að Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands fari með forsvar gagnvart stjórnvöldum fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi í heild en það girðir að sjálfsögðu ekki fyrir að einstök íþróttasamtök geti átt bein samskipti við stjórnvöld eftir eðli máls.

Um 6. gr.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir skiptingu landsins í íþróttahéruð og að íþróttanefnd annist þá skiptingu í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Í samræmi við meginstefnu frumvarpsins er hér gert ráð fyrir að skipting landsins í íþróttahéruð verði alfarið í höndum íþróttasamtakanna, Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Eðlilegt er að íþróttafélög bindist samtökum um þess konar skipulag sem þau telja henta, t.d. til þess að vinna að málum sínum við yfirvöld sveitarfélaga, en hæpnar forsendur virðast fyrir því að lögskipa íhlutun ríkisvaldsins um það fyrirkomulag.

Um 7. gr.

Greinin svarar að mestu til tveggja fyrstu málsgreina 5. gr. núgildandi laga sem á rætur að rekja til laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Um 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum um íþróttasjóð í gildandi íþróttalögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 87/1989, eru styrkveitingar úr sjóðnum einskorðaðar við íþróttamannvirki á vegum íþróttafélaga og íþróttasamtaka. Hér er gert ráð fyrir að verksvið sjóðsins verði víkkað, þannig að heimilt verði einnig að styrkja útbreiðslu- og fræðsluverkefni og íþróttarannsóknir. Þá skal og heimilt að veita úr sjóðnum styrki til verkefna skv. 12. gr. frumvarpsins sem fjallar um íþróttamiðstöðvar er ríkið á samningsbundna aðild að og miða þjónustu sína við allt landið.

Gert er ráð fyrir að íþróttanefnd geri tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun fjár úr Íþróttasjóði, sbr. ákvæði 4. gr. um hlutverk nefndarinnar. Í gildandi lögum er kveðið á um að íþróttanefnd geri tillögur til fjárveitinganefndar (nú fjárlaganefndar) um skiptingu þess fjár sem veitt er til Íþróttasjóðs.

Ákvæði 3. mgr. um að ekki megi skuldbinda Íþróttasjóð umfram árlegt ráðstöfunarfé er ekki að finna í gildandi lögum en er eðlilegt miðað við fjárhagsgrundvöll sjóðsins.

Líkt og í gildandi lögum er gert ráð fyrir að setja megi í reglugerð nánari reglur um starfsemi Íþróttasjóðs en nokkur breyting er þó gerð að því er varðar til hvaða atriða slík ákvæði skuli taka.

Um 9. gr.

Meginhluti beinna fjárveitinga í fjárlögum til starfsemi íþróttahreyfingarinnar hefur undanfarin ár verið í formi rekstrarstyrkja til landssamtaka, bæði Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og að nokkru marki til annarra landssambanda, svo sem Íþróttasambands fatlaðra. Í þessari grein er gert ráð fyrir að um slík framlög fari eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum ár hvert eins og verið hefur.

Um 10. gr.

Hagnaður af getraunastarfsemi, sem byggist á heimildum í sérstökum lögum, hefur hin síðari ár verið mikilvægur liður í tekjuöflun íþróttahreyfingarinnar. Eðlilegt er að í íþróttalögum, sem m.a. fjalla um opinber framlög til íþróttamála, sé vikið að þeim þætti í atbeina ríkisins sem felst í heimildum til slíkrar fjáröflunarstarfsemi.

Tekjur Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands af „lottó"-getraunum hafa á tíu ára tímabili frá því að sú starfsemi hófst numið samtals rúmlega 1.916.313.000 kr. Á sama tímabili námu tekjur íþróttahreyfingarinnar (UMFÍ meðtalið) af starfsemi Íslenskra getrauna rúmlega 457.482.000 kr.

Um 11. gr.

Í gildandi íþróttalögum eru allítarleg ákvæði um íþróttir í skólum. Ljóst er að þáttur skólanna hefur grundvallarþýðingu fyrir íþróttaiðkun í landinu. Eðlilegt er þó að um framkvæmd í þeim efnum, eins og aðra þætti skólastarfs, fari eftir lögum, reglugerðum og námsskrám sem gilda fyrir hlutaðeigandi skólastig. Á því er byggt í þessari grein frumvarpsins.

Þar sem ekki er í gildandi lögum um grunnskóla og framhaldsskóla kveðið sérstaklega á um einstakar námsgreinar þykir ástæða til að halda í íþróttalögum ákvæði um almenna skyldu til sundnáms. Að því lýtur síðari málsgrein þessarar greinar. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að það verði áfram hlutverk skólanna að sjá um að þessari skyldu sé fullnægt.

Um 12. gr.

Hliðstætt því sem gert er í 10. gr. að því er varðar skólaíþróttir er í þessari grein um menntun íþróttakennara látið við það sitja að gera ráð fyrir skyldu til að sinna þeim þætti en um framkvæmd skírskotað til sérlaga. Um Íþróttakennaraskóla Íslands gilda nú lög nr. 65/1972, með síðari breytingum, en unnið er að undirbúningi lagafrumvarps um uppeldisháskóla sem m.a. mun taka til þessa sviðs kennaramenntunar.

Um 13. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til handa menntamálaráðherra til að eiga aðild að samningum um stofnun og starf íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda sé um að ræða starfsemi sem miðast við landið allt. Slíkir samningar hafa verið gerðir um Íþróttamiðstöð Íslands á Laugarvatni og Vetrar-

íþróttamiðstöð Íslands á Akureyri, með hliðsjón af íþróttalögum, en eðlilegt má telja að sérstök lagaheimild sé til grundvallar þátttöku ríkisins í samstarfi eins og hér um ræðir, jafnframt því að fjárframlög séu háð árlegum fjárveitingum í fjárlögum, sbr. einnig athugasemd við 7. gr.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um setningu reglna um öryggisráðstafanir sem taka skulu til íþróttamannvirkja og búnaðar þeirra. Nokkuð hefur þótt skorta á að í gildandi lögum væru nógu skýr ákvæði um setningu slíkra reglna og frumkvæðisskyldu í þeim efnum. Í góðu samstarfi stjórnvalda, samtaka sveitarfélaga og Slysavarnafélags Íslands hefur verið unnið að þessum málum og gefnar út leiðsögureglur og um ýmsa þætti gilda ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að taka af tvímæli um lagaskyldu til að setja öryggisreglur fyrir íþróttamannvirki. Menntamálaráðherra er sem ráðherra íþróttamála ætluð forganga um að þeirri skyldu sé framfylgt.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til íþróttalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að aðlaga almenna löggjöf um íþróttir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum í þjóðfélaginu frá því að gildandi lög voru sett fyrir um 40 árum.

Meðal breytinga á meðferð fjármuna er að í stað þess að Íþróttanefnd geri tillögur um úthlutun úr Íþróttasjóði til fjárlaganefndar verði þær lagðar fyrir menntamálaráðherra. Einnig er lagt til í frumvarpinu að menntamálaráðherra verði heimilt að eiga aðild að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva sem miða þjónustu sína við alla landsmenn. Í 30. gr. frumvarps til laga um fjárreiður ríkisins sem lagt hefur verið fram á Alþingi er kveðið á um almenna heimild og skilyrði fyrir samningsgerð um rekstrarverkefni sem ríkið kostar.

Ekki verður séð að samþykkt frumvarpsins leiði til breytinga á kostnaði ríkissjóðs.

898. Frumvarp til laga [544. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 60/1995.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Í stað orðanna „1. september 1996“ í 2. mgr. A-liðar ákvæðis til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. maí 1998.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 60/1995, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipun, var ákveðið að á skipi með 75–220 kw. vél (u.þ.b. 101–300 hö.) skyldi vera einn vélgæslumaður sem vera mætti hinn sami og skipstjóri á skipum að 20 rúmlestum, enda eini réttindamaðurinn í áhöfn og útivera skemmri en 24 klst. nema á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september þegar útveran mætti vera allt að 36 klst. Í ákvæði til bráðabirgða var gert ráð fyrir að efnt yrði til námskeiða í vélgæslufræðum. Þátttakendur á námskeiðunum skyldu ganga undir próf er veitti þeim rétt til atvinnuskírteinis vélgæslumanna (VM).

Samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu var þó ákveðið að þeir sem væru fæddir árið 1934 eða fyrr og stundað hefðu stjórn á báti 11 rúmlestir eða minni um 10 ára skeið ættu rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini án þess að sitja vélgæslunámskeiðið, með vissum skilyrðum þó. Þá er kveðið á um það í bráðabirgðaákvæðinu að sá sem er fæddur árið 1945 eða fyrr og annast hefur vélgæslu á bátum í fimm ár geti fengið réttindi sem vélgæslumaður á skipi að 20 rúmlestum, þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laganna, þegar hann hefur setið námskeið í vélgæslufræðum. Gefinn var umþóttunartími til 1. september 1996 til þess að sækja slíkt námskeið. Nú hefur hins vegar tekist svo til að fyrsta námskeiðið var haldið í janúarmánuði 1997 svo að ljóst er að það hlýtur að valda margvíslegum erfiðleikum og hamla sjósókn ef aðlögunartíminn er ekki framlengdur. Fyrir þá sök er hér lagt til að miðað skuli við 1. maí 1998 í staðinn fyrir 1. september 1996, enda sýnist það í samræmi við vilja Alþingis þegar lögin voru sett.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 60/1995.

Frumvarp þetta felur í sér breytingu á ákvæði til bráðabirgða sem leiðir til þess að sá umþóttunartími, sem gefinn var skipsstjórnarmönnum á skipi með 75–220 kw. vél til að öðlast vélgæsluréttindi, framlengist til 1. maí 1998.

Ekki verður séð að frumvarp þetta, verði það að lögum, hafi í för með sér kostnað fyrir ríkissjóð.

899. Frumvarp til laga [545. mál]

um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
2. Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Póst- og fjarskiptastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi til almannaheilla og ekki í atvinnuskyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna, þar sem skilgreindur er einkaréttur til póstmeðferðar innan lands, verði breytt til samræmis við skilgreiningu þá sem fram kemur í tillögum að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar. Eftir að lög nr.

142/1996, um póstþjónustu, voru samþykkt á Alþingi, hefur ráðherraráð Evrópusambandsins samþykkt tillögurnar. Má því gera ráð fyrir að tilskipunin öðlist gildi á allra næstu missirum. Hafa fjölmörg Evrópuríki tekið skilgreininguna upp í sína löggjöf.

Í samræmi við tilskipunartillögurnar er gert ráð fyrir að einkaréttur til póstmeðferðar taki til bréfa í umslögum og sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd og annarra ritaðra orðsendinga og prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta, sem eru innan fyrrgreindra þyngdarmarka. Með umslögum í 1. tölul. er átt við bréf sem lokað er aftur, hvort sem þau eru límd eða þeim lokað með öðrum hætti. Einkaréttur fellur þó niður ef burðargjald póstsendinga er meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá. Lægsti gjaldflokkur einkaréttarhafa er nú 20 g bréf, en burðargjald þeirra er 35 kr. Er því gert ráð fyrir að einkaréttur falli niður á sendingum þar sem heildarburðargjald vegna póstsendinga er hærra en 175 kr. (5 sinnum 35), ef miðað er við núgildandi gjaldskrá.

Er aðgreining þessi mun nákvæmari en samkvæmt gildandi lögum þar sem meginviðmiðið er lokaðar sendingar. Hefur það viðmið valdið vandkvæðum í framkvæmd þegar reynt hefur verið að aðgreina og skilja að þann póst sem er í einkarétti og þann póst sem telst utan einkaréttar, m.a. í því skyni að skilja að fjárhagslega einkaréttarþjónustu annars vegar og samkeppnisþjónustu hins vegar. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að viðmiðið verði annars vegar þyngd og hins vegar burðargjald sem hvort tveggja eru mælikvarðar sem ekki eiga að valda vandkvæðum í framkvæmd þegar greint er á milli pósts innan og utan einkaréttar eða við fjárhagslegan aðskilnað.

Engin breyting verður með þessu frumvarpi á póstmeðferð verðlista, bæklinga, blaða og tímarita með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búið í gagnsæjum umbúðum. Þessar póstsendingar verða eftir sem áður utan einkaréttar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að sú breyting verði gerð á 12. gr. laganna að við bætist ný málsgrein þar sem Póst- og fjarskiptastofnun geti, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr., heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en einkaréttarhöfum, póstmeðferð á póstsendingum sem eru undir 350 g að þyngd og þar sem burðargjald er lægra en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.

Með undanþáguheimild þessari er fyrst og fremst verið að horfa til þess þegar íþróttafélög, hjálparsveitir og ýmis góðgerðarsamtök sjá um að dreifa pósti í fjáröflunarskyni, en nokkuð hefur borið á því í framkvæmd.

Það er Póst- og fjarskiptastofnun sem veitir undanþágu þessa. Verður undanþágan ekki veitt aðilum sem hafa póstmeðferð að atvinnu og einungis aðilum sem hafa að markmiði almannaheill. Fara skal varlega með veitingu undanþáguheimildar þessarar, sbr. orðalagið „þegar sérstakar ástæður mæla með því“, og túlka ákvæðið þröngt. Þegar Póst- og fjarskiptastofnun fær til meðferðar beiðni um undanþágu fer um afgreiðslu hennar eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, og almennum stjórnsýslusjónarmiðum.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 142/1996, um póstþjónustu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 1. mgr. 6. gr., þar sem skilgreindur er einkaréttur til póstmeðferðar innan lands, verði breytt til samræmis við skilgreiningu þá sem kemur fram í tillögum að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins.

Þar sem hér er um þrengingu á einkaréttinum að ræða er lögð til sú breyting á gildandi lögum að Póst- og fjarskiptastofnun geti, þegar sérstakar ástæður mæla með því, heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en rétthafa, póstmeðferð á póstsendingum skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi til almannaheilla og ekki í atvinnuskyni. Í greinargerð með frumvarpinu er ítrekað að fara skuli varlega með veitingu undanþáguheimildar þessarar.

Ekki verður séð að frumvarp þetta leiði til kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum.

900. Tillaga til þingsályktunar [546. mál]

um skógræktaráætlun.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Valgerður Sverrisdóttir, Hjálmar Jónsson, Magnús Stefánsson, Sturla Böðvarsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson, Egill Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Johnsen, Siv Friðleifsdóttir, Árni M. Matthiesen, Ólafur Örn Haraldsson, Katrín Fjeldsted.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að Skógrækt ríkisins geri markvissa skógræktaráætlun fyrir allt landið. Áhersla verði lögð á öflun upplýsinga, skýra markmiðssetningu og stefnumörkun til langs tíma. Áætlunin taki til allra þátta skógræktar og taki mið af þeim áformum sem sett eru með stofnun Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði og Suðurlandsskóga.

Greinargerð.

Árið 1999 verður öld liðin frá upphafi skipulegrar skógræktar á Íslandi. Umfang skógræktar var til skamms tíma mjög lítið, hvort sem litið er til fjármagns eða flatarmáls landsins. Fram til 1950 var áhersla lögð á að friða birkiskóga. Til þess þurfti ríkið að eignast þá í flestum tilvikum og var Skógrækt ríkisins sú stofnun sem hafði umsjón með þeim. Frá 1899 til 1950 voru um 24.000 ha, eða 0,2% landsins, friðaðir innan skógræktargirðinga. Um 1950 jókst áherslan á ræktun nýmarka með gróðursetningu og fljótlega varð notkun erlendra trjátegunda ríkjandi. Gróðursetning var nánast eingöngu á vegum

Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaga til 1970, en það ár voru fyrstu plöntur gróðursettar til nytjaskógræktunar á bújörðum í svokallaðri Fljótsdalsáætlun, alls 8.100 plöntur.

Árið 1987 voru innan við milljón skógarplöntur gróðursettar á Íslandi, þar af um 350.000 af Skógrækt ríkisins, 80.000 í nytjaskógrækt á bújörðum og um 500.000 af skógræktarfélögum. Um 300.000 af plöntunum, sem skógræktarfélögin sáu um gróðursetningu á, voru á vegum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem sýnir að sveitarfélögin voru þá farin að taka verulegan þátt í skógrækt. Þess skal getið að milljón skógarplöntur duga til að rækta skóg á u.þ.b. 350 ha lands sem er álíka og flatarmál túna á 12 meðalstórum bújörðum.

Um 1990 varð veruleg aukning á gróðursetningu með tilkomu „landgræðsluskóga" þar sem áhersla er á að rækta skóg á rýru landi víða um land og nytjaskógræktarátaksins Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði. Á sama tíma varð mikil aukning í skógrækt á vegum sveitarfélaga og einstaklinga en samdráttur á gróðursetningu í löndum Skógræktar ríkisins.

Heilsteyptar skógræktaráætlanir voru fyrst gerðar á níunda áratugnum og hefur gerð þeirra þróast ört síðan. Þær eru nú gerðar fyrir alla ríkisstyrkta skóg- og skjólbeltarækt á bújörðum, en auk þess hafa áætlanir verið gerðar fyrir mörg svæða Skógræktar ríkisins og á síðustu árum hafa nokkur sveitarfélög og skógræktarfélög látið skipuleggja sín skógræktarsvæði. Hér er í flestum tilvikum um áætlanir fyrir einstök skógræktarsvæði (t.d. einstaka jarðarparta) að ræða, en skógræktaráætlanir fyrir stærri svæði eru einungis til fyrir innanvert Fljótsdalshérað, umhverfi höfuðborgarsvæðisins og umhverfi Akureyrar.

Með tilkomu aukins fjármagns til skógræktar vegna átaks til aldamóta, sem miðar m.a. að aukinni bindingu koltvísýrings, mun umfang skógræktar aukast verulega í annað skipti á innan við áratug. Við þetta vakna ýmsar spurningar í þjóðfélaginu. Fólk vill t.d. fá að vita hversu mikil aukning í skógrækt er á landsvísu, hvernig hún dreifist um landið, hvort hún stangist á við aðra landnýtingu eða við náttúruverndarsjónarmið, hver séu markmiðin með henni, hvaða tegundir eigi að leggja áherslu á og margt fleira. Þessum spurningum þarf helst að vera hægt að svara með tilvísun í stefnumörkun fyrir skógrækt í landinu í heild og á myndrænu formi, þ.e. með kortum, til þess að fólk fái rétta mynd af fyrirhuguðum framkvæmdum. Slík gögn eru einnig forsenda þess að almenningur geti myndað sér rökstudda skoðun og haft þannig áhrif á stefnuna.

Landsáætlun í skógrækt mundi gera allt skógræktarstarfið markvissara. Hún yrði grundvöllur að gerð svæðisbundinna framkvæmda- og styrktaráætlana, en reynslan af gerð slíkra áætlana fyrir Héraðsskóga og Suðurlandsskóga er sú að mjög mikil upplýsingaöflun og grunnvinna, svo sem kortlagning skógræktarskilyrða, þurfti að fara fram til þess að hægt væri að gera þær áætlanir. Slík grunnvinna felst í gerð landsáætlunar og verður þá tiltæk þegar gera á svæðisáætlanir. Landsáætlunin mundi einnig ná til svæða sem ekki eru talin vænleg til nytjaskógræktar en hafa engu að síður þýðingu fyrir aðra þætti, svo sem verndun birkiskóga, ræktun landgræðsluskóga og margt fleira.

Ýmis grunngögn eru til hjá Skógrækt ríkisins, svo sem gróft kort af skógræktarskilyrðum og upplýsingar um framkvæmdir liðinna ára. Þá er úrvinnsla síðustu heildarkönnunar á birkiskógum Íslands langt komin og gögn frá Landgræðslu ríkisins, Rala og Náttúrufræðistofnun munu einnig nýtast. Margt vantar þó til þess að hægt verði að gera landsáætlun í skógrækt, t.d. eru ríkisskógarnir ekki allir kortlagðir og engin skrá er til yfir alla reiti skógræktarfélaga eða einstaklinga.

Landsáætlun í skógrækt fæli í sér eftirfarandi:
— stefnumörkun í skógræktarmálum til langs tíma, t.d. 50 eða 100 ára, þar sem tekið er tillit til allra þátta skógræktar, þar með talið verndun og endurheimt birkiskóga, þátt skógræktar í uppgræðslu lands og jarðvegsvernd, ræktun nýmarka í ýmsum tilgangi og fjölþætta nýtingu skóga;
— markmiðssetningu til skemmri tíma, t.d. 5 eða 10 ára, fyrir einstaka þætti skógræktar;
— áætlanir um ýmsa þætti skógræktar sem miða að því að ná settum markmiðum; í þeim kæmu fram upplýsingar um áherslusvæði, kostnað og ágóða, verndun, nýtingu, þátttöku aðila, plöntuframleiðslu, áhrif á umhverfið, félagsleg áhrif og margt fleira.

Til að hægt verði að gera slíka landsáætlun þarf að:
— vinna að stefnumörkun og markmiðssetningu í skógrækt; vinnan færi fram innan Skógræktar ríkisins í upphafi en drög að stefnumörkun færu til margra aðila til umsagnar og loks til landbúnaðarráðherra til samþykktar;
— klára birkiskógakönnunina;
— kortleggja ríkisskógana;
— kortleggja svæði í umsjá annarra ríkisstofnana og sveitarfélaga þar sem æskilegt væri að friða eða endurheimta skóg;
— skrá og kortleggja skóga og skógræktarsvæði í eigu skógræktarfélaga, sveitarfélaga og einstaklinga;
— endurskoða mat á skógræktarskilyrðum;
— kanna umfang skógræktar og áhuga bænda, sveitarfélaga og fleiri aðila á aukinni skógrækt;
— meta áhrif skógræktar á aðra umhverfisþætti, svo sem náttúruvernd, landnýtingu, líffræðilega fjölbreytni, landslagsmótun, veðurfar og margt fleira;
— gera tilraun til að verðleggja skóga og meta gildi þeirra fyrir sjálfbæra þróun samfélagsins.

Helstu þættir landsáætlunar í skógrækt verði:
— áætlun um verndun og sjálfbæra nýtingu birkiskóga;
— áætlun um endurheimt birkiskóga;
— flokkun á ríkisskógunum eftir hlutverkum og áætlanir um meðferð þeirra í samræmi við það;
— áætlanir um ríkisstyrkta ræktun nýmarka, þar með talið nytjaskógrækt á bújörðum, skjólbeltarækt og sérstök verkefni, svo sem „landgræðsluskóga“;
— áætlanir um þörf á rannsóknum, fræðslu, gerð ræktunaráætlana, plöntum o.fl.;
— tillögur um aðferðir við skógvernd, skógrækt og nýtingu skóga sem taka mið af sjálfbærri þróun, þar með talin náttúruvernd í víðasta samhengi, og þörfum samfélagsins;
— spár um skógrækt á vegum skógræktarfélaga, sveitarfélaga og einstaklinga;
— kostnaðaráætlanir;
— spá um magn afurða skóga á hverjum tíma og mögulega hagnýtingu þeirra.

901. Frumvarp til laga [547. mál]

um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

Flm.: Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 127. gr. laganna orðast svo: Að því leyti sem hér er ekki mælt á annan veg skuldbindur gjafsókn ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur af máli, þar með talinn þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reglur um gjafsókn er meðal annars að finna í XX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Hugtakið gjafsókn tekur bæði til gjafsóknar og gjafvarnar og er notað sem samheiti fyrir aðstoð sem aðili getur leitað til að sækja hagsmuni sína eða verja þá í dómsmáli. Ákvæði laganna eru túlkuð með þeim hætti að gjafsókn skuldbindi ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, að því leyti sem sú skuldbinding sé ekki takmörkuð í gjafsóknarbréfi eða af öðrum fyrirmælum í 127. gr. Í greinargerð með lögunum er sérstaklega tekið fram að gjafsókn geti aldrei náð til þess að ríkið beri að auki þann málskostnað sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framangreindum reglum um gjafsókn verði breytt og sá málskostnaður sem gjafsóknarhafa kann að verða gert að greiða gagnaðila sínum í máli verði ríkið skuldbundið til að bera ábyrgð á ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær. Hafa ber hér hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 128. gr. sem kveður á um að gjafsókn breyti engu um að gjafsóknarhafa verði sjálfum gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Því er rétt að ítreka að ábyrgð ríkisins í framangreindum tilvikum á aðeins við ef gjafsóknarhafi er ógjaldfær.

902. Beiðni um skýrslu [548. mál]

frá forsætisráðherra um framkvæmd björgunar- og hreinsunarstarfa vegna strands Víkartinds og um ábyrgð allra málsaðila.

Frá Margréti Frímannsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur, Hjörleifi Guttormssyni, Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Jóhannsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni, Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd björgunar- og hreinsunarstarfa vegna strands flutningaskipsins Víkartinds í Háfsfjöru 6. mars sl.

Í skýrslunni komi fram yfirlit yfir aðdraganda slyssins og björgunaraðgerðir, ákvarðanatöku og aðgerðir á slysstað hvað varðar hreinsun og mengunarhættu, hver beri ábyrgð á einstökum þáttum er lúta að björgunar- og hreinsunarstörfum, t.d. hvað varðar tímasetningu á beiðni um aðstoð Landhelgisgæslunnar, hvað varðar ábyrgð á skipsfarmi, mengunarhættu og þess hluta farmsins sem rekur á land og tjóni eigenda farmsins. Þá verði í skýrslunni greindir ábyrgðarþættir ráðuneyta og einstakra stofnana á þeirra vegum. Loks komi fram í skýrslunni mat forsætisráðherra á nauðsynlegum úrbótum á lögum, stjórnsýslu og öðrum þáttum sem æskilegt kann að vera að breyta til að land og þjóð geti betur tekist á við hliðstæð áföll framvegis.

903. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi taka til sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja sem fram fer með eftirgreindum hætti:

1. Milliganga um sölu notaðra skráningarskyldra ökutækja þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi milligönguaðilans.
2. Sala á notuðum skráningarskyldum ökutækjum í eigu seljandans þegar slík viðskipti eru þáttur í atvinnustarfsemi hans.

Lögin taka ekki til nauðungarsölu notaðra ökutækja.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem vill reka verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skal hafa til þess sérstakt leyfi viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Heimilt er bifreiðasala að leggja inn til ráðuneytisins starfsleyfi sitt. Óheimilt er honum að segja upp starfsábyrgðartryggingu sinni fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins á innlögn leyfisins.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eru lögráða og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og lögum um sölu notaðra ökutækja.
b. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa forræði á búi sínu.

c. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, aflað sér bankatryggingar eða lagt fram aðrar tryggingar sem ráðherra metur gildar og bæta viðskiptamönnum tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum sem bifreiðasalar. Nánari ákvæði um ábyrgðartrygginguna, m.a. um lágmarksfjárhæð og vátryggingaskilmála, skulu ákveðin með reglugerð.
d. 5. tölul. 1. mgr. verður 6. tölul.
e. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Meiri hluti stjórnarmanna lögaðila skal fullnægja skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr.
f. 4. málsl. 2. mgr. orðast svo: Framkvæmdastjóri fyrirtækisins eða yfirmaður viðkomandi starfsemi innan þess skal fullnægja skilyrðum 1.–4. og 6. tölul. 1. mgr.

Aðili sem sviptur hefur verið leyfi skv. 9. gr. skal sitja námskeið og standast prófkröfur, sbr. 6. tölul., áður en honum er veitt starfsleyfi á ný.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Síðari málsliður 1. mgr. orðast svo: Gögn þessi skulu fylgja afsali og skal bifreiðasali jafnframt varðveita þau í eitt ár frá söludegi viðkomandi ökutækis.
b. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þar á meðal er ráðherra heimilt að kveða á um sérstaka skrá þar sem fram komi fyrri eigendur og tjónaferill viðkomandi ökutækis.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Bifreiðasali skal með áberandi hætti vekja athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun þar á meðal þegar um skipti á bifreiðum er að ræða. Einnig er skylt að leyfisbréf vegna starfseminnar liggi frammi á starfsstöð.

6. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Eftirlit.**

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna, og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna réttinda, og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun starfsstöðvar.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

904. Lög [239. mál]

um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 675 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

905. Sóttvarnalög. [191. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 855.

906. Frumvarp til laga [214. mál]

um endurskoðendur.

(Eftir 2. umr., 4. apríl.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með endurskoðanda er í lögum þessum átt við þann sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum til notkunar í viðskiptum, ráðherra hefur löggilt til endurskoðunarstarfa og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

Öðrum mönnum en löggiltum endurskoðendum er eigi heimilt að nota orðið endurskoðandi í starfsheiti sínu. Þá er og óheimil notkun starfsheitis eða firmanafns sem til þess er fallið að vekja þá trú að maður sé endurskoðandi, ef hann er það ekki.

II. KAFLI
Endurskoðendaréttindi.

Skilyrði.

2. gr.

Rétt til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi hefur sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. er lögráða, hefur forræði á búi sínu og er svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum endurskoðanda,
2. hefur ekki orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta, sbr. þó 2. mgr.
3. hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis,
4. hefur lokið brottfararprófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands með endurskoðun sem kjörsvið,
5. hefur unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár, þar af a.m.k. eitt ár að loknu brottfararprófi frá viðskiptadeild, sbr. 4. tölul.,
6. hefur staðist próf skv. 3. gr.

Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum endurskoðendaráðs ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 3. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri greinum sem kenndar eru á reikningshalds- og endurskoðunarkjörsviði viðskiptadeildar Háskóla Íslands.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við hagi hans.

Þegar endurskoðandi tekur að sér þjálfun starfsmanns skv. 5. tölul. 1. mgr. skal hann tilkynna það Félagi löggiltra endurskoðenda. Hann skal jafnframt ábyrgjast að nemandinn hljóti tilhlýðilega starfsþjálfun.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum endurskoðendaráðs að setja í reglugerð fyrirmæli um undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. handa þeim sem öðlast hafa sambærilega reynslu og menntun eða eftir atvikum löggildingu í öðru ríki.

Próf og prófnefnd.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar verður að standast próf sem þriggja manna prófnefnd annast. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annan eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þann þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Prófin skulu ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða endurskoðendur og störf þeirra. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, framkvæmd prófa og lágmarksárangur til að standast þau.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert.

Ráðherra getur ákveðið gjald sem greitt skal fyrir að þreyta próf. Fjárhæð gjalds skal eigi vera hærra en sem nemur kostnaði við þóknun prófdómara og þeirra er próf semja.

Löggilding.

4. gr.

Eftir því sem þörf er á skal sá sem staðist hefur próf skv. 3. gr. leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 2. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem endurskoðanda og að hann muni viðhalda menntun sinni. Fjármálaráðherra skal að fengnum tillögum prófnefndar skv. 3. gr. setja reglugerð um endurmenntunarnámskeið fyrir endurskoðendur. Skal þar m.a. kveðið á um lágmarksendurmenntun, námskeiðsgreinar, gjaldtöku og annað er að framkvæmd námskeiða lýtur.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini handa endurskoðanda.

Skrár.

5. gr.

Í ráðuneytinu skal halda skrá um þá sem fengið hafa löggildingu til endurskoðunar og þau endurskoðunarfyrirtæki, sbr. 6. gr., sem tilkynnt hafa verið skv. 2. mgr. Skrá þessi skal birt árlega og vera opin almenningi.

Endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum er skylt að tilkynna ráðherra í hvaða sveitarfélögum þeir reka starfsemi.

Ráðherra skal auglýsa í Lögbirtingablaði veitingu réttinda, svo og ef þau falla niður.

Endurskoðunarfyrirtæki.

6. gr.

Endurskoðendum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð.

Starfssvið reksturs skv. 1. mgr. má aðeins vera rekstur endurskoðunarfyrirtækis.

Í sameignarfélagi skulu allir félagsmenn vera endurskoðendur.

Í hlutafélagi og einkahlutafélagi skal meiri hluti stjórnarmanna vera endurskoðendur.

Hlutir og einkahlutir mega aðeins vera í eigu:

1. endurskoðenda og/eða endurskoðunarfyrirtækja sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. manna sem gegna fullu starfi hjá endurskoðunarfyrirtæki,
3. manna sem gegna hlutastarfi hjá endurskoðunarfyrirtæki og gegna ekki öðru launuðu starfi sem ósamrýmanlegt er ákvæði 1. mgr. 7. gr.,
4. starfsmannafélaga hjá hlutaðeigandi endurskoðunarfyrirtæki sem eru óháð stjórn þess og eiga eingöngu hlut í því og þar sem félagsmenn eru aðeins úr hópi þeirra manna sem nefndir eru undir 2. og 3. tölul.

Þeir menn sem nefndir eru í 2. og 3. tölul. 5. mgr. og ekki eru endurskoðendur og þau félög sem nefnd eru í 4. tölul. 5. mgr. mega að hámarki samanlagt eiga 30% af hlutafénu og sameiginlega í mesta lagi ráða yfir 30% atkvæða í félaginu.

Ráðherra getur heimilað, að fenginni umsögn endurskoðendaráðs, að aðrir en þeir sem nefndir eru í þessari grein geti átt eigendahagsmuni í endurskoðunarfyrirtæki svo fremi að ástæður mæli með því.

III. KAFLI
Störf endurskoðenda.

Almenn ákvæði.

7. gr.

Störf endurskoðenda felast í endurskoðun reikningsskila og annarra fjárhagsupplýsinga ásamt ráðgjöf og þjónustu innan nærliggjandi sviða svo framarlega sem það hefur ekki áhrif á hlutlægni þeirra.

Endurskoðendur skulu rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og halda lög og reglur sem lúta að starfi þeirra.

Endurskoðendur eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Starfsmaður endurskoðanda er einnig bundinn þagnarskyldu um þau mál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna. Sama gildir um þá sem tekið hafa að sér eftirlit með starfsemi endurskoðanda.

Starfræki endurskoðandi, eða endurskoðunarfyrirtæki, starfsstöð í fleiri en einu sveitarfélagi skal henni veitt forstaða af endurskoðanda.

Endurskoðanda er óheimilt að gefa til kynna að hann sé endurskoðandi hjá fyrirtæki eða stofnun sem hann er vanhæfur til að endurskoða, sbr. 9. gr.

Endurskoðanda er ávallt frjálst að leggja inn réttindi sín og skal þá vátryggingarskylda skv. 10. gr. falla niður. Hafi endurskoðandi lagt inn réttindi sín er honum óheimilt að taka að sér störf sem endurskoðandi, sbr. 1. mgr.

Áritun.

8. gr.

Áritun endurskoðanda á reikningsskil þýðir, nema annað komi fram af árituninni, að reikningsskilin hafi verið endurskoðuð af honum í samræmi við góða endurskoðunarvenju og að reikningsskilin gefi að hans mati glögga mynd af hag og afkomu aðila í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Vanhæfisástæður.

9. gr.

Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,
2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,
3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,
5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,
6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Endurskoðandi má ekki eiga hlut í fyrirtæki sem hann endurskoðar. Verði ytri atvik, svo sem arfur, gjöf eða samruni fyrirtækja, til þess að endurskoðandi eignist hlut í fyrirtæki umbjóðanda ber honum eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan eins árs að losa sig við þann hlut eða vísa endurskoðunarverkefninu frá sér ella.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir. Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu.

Starfsábyrgðartrygging.

10. gr.

Endurskoðanda er skylt að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn réttindi sín, sbr. 6. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Félags löggiltra endurskoðenda ákveða lágmark fjárhæðar tryggingar skv. 1. mgr. og hámark eigin áhættu vátryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði vátrygginga og hagsmunum viðskiptamanna endurskoðenda.

Endurskoðanda er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki starfsábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda endurskoðanda og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af gáleysi.

Endurskoðandi skal árlega senda ráðuneytinu staðfestingu um að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu.

IV. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Ráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Endurskoðanda er skylt að veita ráðherra eða þeim sem ráðherra tilnefnir í því skyni allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Er sá sem gegnir eftirliti bundinn þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins.

Komi fram við eftirlit að endurskoðandi fullnægi ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum þessum ber ráðherra að fella úr gildi réttindi hans. Ráðherra skal leita álits endurskoðendaráðs áður en hann tekur ákvörðun sína.

V. KAFLI
Endurskoðendaráð og samtök endurskoðenda.

12. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í endurskoðendaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara.

Einn nefndarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags löggiltra endurskoðenda, annar eftir tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og skulu þeir vera endurskoðendur. Þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Skal formaður fullnægja skilyrðum til að vera skipaður í embætti héraðsdómara. Eins skal farið að um skipun varamanna.

Í hverju máli skal fullskipað endurskoðendaráð úrskurða.

Kostnaður af störfum endurskoðendaráðs greiðist úr ríkissjóði.

Endurskoðendaráð skal árlega gera skýrslu um störf sín og skal hún opin almenningi. Í henni skal rekja efnislega alla úrskurði sem fordæmisgildi hafa.

13. gr.

Endurskoðendaráð getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði.

Nú telur endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 15. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera endurskoðandi, og getur þá endurskoðendaráð í rökstuddu áliti lagt til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður um tiltekinn tíma eða ótímabundið ef sakir eru miklar.

Endurskoðendaráð getur í rökstuddu áliti vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum eða að kröfu endurskoðanda ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af endurskoðendaráði.

Endurskoðendaráð getur veitt endurskoðanda áminningu eða gert honum að greiða sekt, sbr. 2. mgr. 17. gr. Ef endurskoðandi vill ekki una úrskurði endurskoðendaráðs eða ákvörðun ráðherra um réttindasviptingu getur hann borið sakarefnið undir dómstóla.

Ráðherra ber að taka afstöðu til tillögu endurskoðendaráðs skv. 2. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

Málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði.

14. gr.

Meðferð mála fyrir endurskoðendaráði fer eftir stjórnsýslulögum. Endurskoðendaráð setur sér nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

Ákvarðanir endurskoðendaráðs sæta ekki stjórnsýslukæru.

Mál skal lagt fyrir endurskoðendaráð með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn.

Endurskoðendaráði er heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu.

Úrskurði endurskoðendaráðs, þar með talið um sektargreiðslu skv. 2. mgr. 17. gr., eða sátt sem kemst á fyrir endurskoðendaráði má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

Félag löggiltra endurskoðenda.

15. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda kemur fram fyrir hönd endurskoðenda gagnvart stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

Félag löggiltra endurskoðenda setur siðareglur fyrir endurskoðendur. Að fenginni staðfestingu ráðherra á reglunum í heild eða að hluta gilda þær um alla endurskoðendur.

Félag löggiltra endurskoðenda heldur skrá um þá starfsmenn sem eru í starfsþjálfun, sbr. 5. mgr. 2. gr.

VI. KAFLI
Ágreiningur um störf endurskoðenda.

16. gr.

Ef endurskoðanda greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir endurskoðendaráð til úrskurðar.

Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir endurskoðendaráð verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

17. gr.

Nú telur einhver sem hefur hagsmuna að gæta að endurskoðandi hafi gert á sinn hlut með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða reglum skv. 2. mgr. 15. gr., og getur hann þá lagt fyrir endurskoðendaráð kvörtun á hendur endurskoðandanum. Endurskoðendaráð vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að viðkomandi átti kost á að koma henni á framfæri eða ef kærandi hefur ekki hagsmuna að gæta eða kæra er metin tilefnislaus.

Í máli skv. 1. mgr. getur endurskoðendaráð veitt endurskoðanda áminningu. Ef sakir eru miklar eða endurskoðandi hefur ítrekað sætt áminningu getur endurskoðendaráð gert honum að greiða sekt í ríkissjóð allt að 1 millj. kr. eða brugðist svo við sem um ræðir í 2. mgr. 13. gr.

VII. KAFLI
Brottfall réttinda.

18. gr.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður tímabundið samkvæmt einhverju því sem greinir í lögum þessum eða endurskoðandi hefur lagt inn réttindi sín skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófs ef hann fullnægir orðið öllum skilyrðum til að njóta þeirra.

Hafi réttindi endurskoðanda verið felld niður ótímabundið samkvæmt því sem í 13. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir próf skv. 3. gr. Slíka heimild veitir ráðherra að fenginni umsögn endurskoðendaráðs.

19. gr.

Hafi löggilding endurskoðanda verið felld úr gildi ber honum að skila löggildingarskírteini sínu. Ef hann síðar fullnægir skilyrðum laga þessara til þess að fá löggildingu sem endurskoðandi gilda ákvæði 18. gr.

VIII. KAFLI
Viðurlög.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, sviptingu réttinda eða varðhaldi, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

IX. KAFLI
Gildistaka o.fl.

21. gr.

Hafi endurskoðandi verið sviptur réttindum eða lagt þau inn fyrir 1. júlí 1997 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda ákvæði þessara laga um það hvort, hvernig og hvenær hann geti öðlast réttindin á ný. Lög þessi raska eigi réttindum sem maður hefur öðlast á grundvelli eldri laga, enda þótt hann fullnægi ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. gr.

22. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Falla þá úr gildi lög um löggilta endurskoðendur, nr. 67 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 4. gr. um endurnýjun löggildingar og viðhald menntunar skulu einnig gilda um þá endurskoðendur sem öðlast hafa löggildingu fyrir gildistöku laga þessara.

907. Frumvarp til laga [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir,
Einar Oddur Kristjánsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. E-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
b. C-liður 4. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru 5 tonn eða minna að heildarþyngd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd lækki úr 30% í 15%. Tilgangurinn með þessari breytingu er að auðvelda þeim sem stunda vöruflutninga að kaupa ökutæki þau sem hér um ræðir og þar með stuðla að því að eðlileg endurnýjun slíkra ökutækja geti átt sér stað.

Gera má ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna breytingarinnar muni nema um 118 millj. kr. á ári. Í meðfylgjandi frumvarp er lagt til að því tekjutapi verði mætt með hækkun á hámarksfjárhæð bifreiðagjalds. Um þá breytingu vísast til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

908. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Flm.: Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Pétur H. Blöndal.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „18.915 kr.“ í 3. málsl. 2. gr. laganna kemur: 32.000 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð bifreiðagjalds á hverju gjaldtímabili hækki úr 18.915 kr. í 32.000 kr. Tilgangurinn með þessari breytingu er að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar á vörugjaldi af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, úr 30% í 15%. Slík breyting er lögð til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu. Gera má ráð fyrir að tekjuauki ríkissjóðs vegna hækkunar á bifreiðagjaldi muni nema um 118 millj. kr. á ári sem samsvarar tekjutapi vegna lækkunar á vörugjaldi af ökutækjum til vöruflutninga.

Hækkun á hámarksfjárhæð bifreiðagjalds samkvæmt því sem lagt er til í frumvarpinu leiðir til hækkunar á bifreiðagjaldi af öllum bifreiðum sem eru yfir 2.400 kg að eigin þyngd. Hækkunin eykst hlutfallslega með aukinni þyngd bifreiða og verður hlutfallslega mest á bifreiðar sem eru meira en 3.700 kg að eigin þyngd. Af þeim bifreiðum hækkar bifreiðagjald úr 37.830 í 64.000 kr, sem er um 70% hækkun. Gjaldið hækkar hins vegar ekki af bifreiðum sem eru undir 2.400 kg að eigin þyngd.

909. Tillaga til þingsályktunar [551. mál]

um rannsókn á mengun í jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni frá „varnarsvæðinu“ við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið dregin fram í dagsljósið fjölmörg mengunarslys sem orðið hafa í nágrenni herstöðva víða um heim frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Vegna fákunnáttu voru menn lengi vel ekki á varðbergi og með ýmsu móti, jafnvel af ásetningi, fóru niður í jarðveg efni eins og afísingarefni, ýmiss konar hreinsiefni svo sem hið stórhættulega leysiefni tríklórethylene, TCE, hið baneitraða PCE, úrgangsolíur, slökkviefni, rafgeymaleifar (blý og sýra), spennaolía, sem stundum innihélt PCB, málningarleifar, málmhúðunarleifar, þotueldsneyti og ýmislegt annað miður geðslegt. Áður fyrr vildu menn umfram allt skjótvirk efni en voru ekki alltaf meðvitaðir um skaðsemi þeirra.

Nú er brýn nauðsyn á að safnað verði allri fáanlegri vitneskju um þá staði sem kunna að vera hættusvæði meðan enn eru á lífi menn sem hafa unnið við herstöðina frá upphafi og búa yfir vitneskju um hvar slík eiturefni hafa verið urðuð eða fóru niður fyrir slysni eða gáleysi. Í framhaldi af því verði svo kortlögð sú vitneskja sem fæst og nákvæm efnagreining gerð á þeim jarðvegi sem óttast er að sé mengaður.

Meðan niðurstaða slíkrar könnunar liggur ekki fyrir getum við aðeins borið aðstæður hér saman við þær sem nú eru þekktar frá öðrum herstöðvum þar sem slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, t.d. í Þýskalandi, á Guam og Filippseyjum, en þar hafa víða komið fram alvarleg mengunartilfelli og þurft hefur að leggja í mikinn kostnað við hreinsun jarðvegs.

Þess má geta að í sýnum sem tekin hafa verið á Heiðarfjalli, þar sem ratsjárstöð var þó aðeins rekin í 15 ár, hefur greinst töluvert af baneitruðum þungmálmum, t.d. kadmíum, krómi, blýi og nikkel.

Árið 1989 lét bandarískí herinn gera mælingar á grunnvatnssýnum sem tekin voru á svæðum sem á kortum í fylgiskjali eru merkt með svörtum punktum. Rannsóknin tók aðeins til tveggja hættulegra efna, TCE, eða tríklóretylene, og PCE, eða perklóretylene. Rannsóknin leiddi í ljós að efnið tríklóretylene fannst þá á útbreiddu svæði við flugvöllinn og víða yfir hættumörkum, m.a. við þáverandi vatnsból Njarðvíkinga og hersins eins og marka má af korti 1. Efnið TCE er talið geta valdið ýmsum alvarlegum sjúkdómum, svo sem hjartagöllum, og vera krabbameinsvaldandi. Hitt efnið sem rannsakað var, perklóretylene (PCE), sem er baneitrað, fannst einnig í nokkrum mæli í grunnvatnssýnum. Efni sem þessi eyðast ekki. Það verður að hreinsa jarðveginn, annars breiðast þau sífellt meira út.

Það má ljóst vera að leiði niðurstaða jarðvegs- og grunnvatnsrannsókna í ljós að á svæðinu fyrirfinnist eiturefni í einhverjum mæli verður að gera þá kröfu að herinn hreinsi upp eftir sig áður en lengra er haldið. Þessi krafa á í raun ekki aðeins við um Suðurnes heldur og aðra staði á Íslandi þar sem herinn hefur haft umsvif.

Þess má geta að á undanförnum árum hafa þýsk yfirvöld gert 1.595 skaðabótakröfur á hendur Bandaríkjaher vegna mengunar frá herstöðvum í Þýskalandi og þegar hafa verið greiddar skaðabætur vegna 1.072 þessara mála.

Nýlega hefur það gerst að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ treystu sér ekki til að taka við svæði sem herinn vildi skila, þ.e. svokölluðu nikkelsvæði sem liggur að Keflavík, vegna gruns um mikla mengun á svæðinu sem hafði þó ekki fengist rannsökuð sérstaklega.

Í bandarískum lögum er kveðið á um að Bandaríkjamenn fari að kröfum viðkomandi þjóðar í umhverfismálum. Okkur ber því að gæta hagsmuna þegna okkar, krefjast þess að þessi mál verði rannsökuð og viðeigandi ráðstafanir gerðar til úrbóta svo að landið verði aftur nýtanlegt.

Í fylgiskjali eru kort gerð á vegum Bandaríkjahers árið 1989 yfir útbreiðslu eiturefnanna TCE og PCE í grunnvatni á Keflavíkurflugvallarsvæðinu.

Fylgiskjal.

Kort 1. Keflavíkurflugvöllur, TCE-mengun í grunnvatni.



Kort 2. Keflavíkurflugvöllur, PCE-mengun í grunnvatni.



910. Frumvarp til laga [552. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur H. Blöndal, Katrín Fjeldsted.

1. gr.

Orðið „sjómannaafsláttur" í 7. tölul. 28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

B-liður 68. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Á árinu 1998 skal sjómannaafsláttur nema 2/3 þess sem hann er í árslok 1997 og lúta sömu reglum.

Á árinu 1999 skal sjómannaafsláttur nema 1/3 þess sem hann er í árslok 1997 og lúta sömu reglum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Á 115. löggjafarþingi, 1990–91, var flutt stjórnarfrumvarp sem meðal annars átti að takmarka sjómannaafsláttinn við þá daga sem sjómaðurinn er á sjó. Með því frumvarpi fylgdi meðal annars eftirfarandi greinargerð:

„Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur. Hlífðarfatafrádráttur náði til lögskráðra fiskimanna, þó ekki allra í áhöfn togara. Rökin, sem færð voru fyrir honum, voru að hann væri vegna kostnaðar sjómanna af hlífðarfötum umfram aðra launþega. Fæðisfrádrátturinn tók aftur á móti einungis til þeirra sjómanna á fiskiskipum sem þurftu að sjá sér fyrir fæði sjálfir.

Með lögum nr. 37/1957 var hlífðarfatafrádrátturinn aukinn þannig að hann tók til allra skipverja á togurum. Þá var og upp tekinn sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna. Breyting þessi var gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungi mannaður erlendum sjómönnum.

Með lögum nr. 43/1967 er hlífðarfatafrádrátturinn og sérstaki frádrátturinn látinn ná til allra lögskráðra sjómanna, þ.e. líka til annarra en fiskimanna.

Með lögum nr. 7/1972 er tekinn upp nýr fiskimannafrádráttur, 8% af launum, sem tók í upphafi einungis til sjómanna á fiskiskipum en var ári síðar, með lögum nr. 60/1973, einnig látinn taka til hlutaráðinna landmanna sem fengu einnig með þeim lögum hlífðarfatafrádráttinn og sérstaka frádráttinn. Hundraðshluti fiskimannafrádráttar hækkaði í 10% 1975 og síðan í 12% 1984.

Með lögum nr. 40/1978 voru hlífðarfatafrádráttur og sérstakur frádráttur sameinaðir í einn sjómannafrádrátt sem þá tók til allra lögskráðra sjómanna og hlutaráðinna landmanna. Fæðisfrádráttur fyrir sjómenn á fiskiskipum, sem sáu sér sjálfir fyrir fæði, hélst óbreyttur. Fiskimannafrádráttur fyrir lögskráða sjómenn og hlutaráðna landmenn var með lögum nr. 9/1985 einnig látinn taka til sjómannsstarfa um borð í skipum sem ekki voru fiskiskip.

Með lögum nr. 49/1987 var þessum frádráttarliðum steypt saman og í stað þeirra kom einn sjómannaafsláttur.

Að því leyti sem séð verður af tiltækum gögnum að þessir frádráttarliðir hafi verið rökstuddir sérstaklega virðist fernt koma fram. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata umfram aðra launþega. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga.

Þessi rök höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau enn rýrnað í tímans rás. Kostnaður vegna vinnufata er eðlilegur hluti af kostnaði launþega við að sinna starfi sínu og er að jafnaði borinn af honum. Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf, sem sérstaks búnaðar krefjast, séu í tengslum við sjósókn eða ekki. Með hliðsjón af því að algengast er að vinnuveitendur beri kostnað af sérstökum hlífðarfatnaði má eins líta á skattfrádrátt af þessum ástæðum sem ívilnun þeim til handa en ekki til handa sjómönnum. Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar brostnar.

Um fæðiskostnað gildir í grundvallaratriðum hið sama og um hlífðarfötin. Að hluta til eru hinar upphaflegu forsendur þess efnis að sjómenn sjái sér sjálfir fyrir fæði brostnar og í annan stað er um að ræða kostnað sem er sambærilegur því sem fjöldi annarra launþega býr við.

Rökunum vegna fjarveru frá heimili hefur að því leyti sem þau voru fyrir hendi verið eytt, m.a. vegna þrýstings frá þeim sem þessarar ívilnunar hafa notið, með því að teygja gildissvið hennar yfir á fjölda aðila án þess að um langtímafjarveru frá heimili sé að ræða eða jafnvel nokkra fjarveru, sbr. hlutaráðna landmenn. Auk þess er að nefna að utan raða sjómanna er fjöldi launþega sem við slíka fjarveru býr án þess að það sé bætt með skattpeningum.

Um ívilnanir þessar sem launauppbætur í tengslum við kjarasamninga er tvennt að segja. Annars vegar er að á sínum tíma voru ívilnanirnar rökstuddar með tilvísun til sérstaks tímabundins ástands, skorts á sjómönnum o.s.frv. Þær forsendur, sem þá voru í því efni, eru ekki lengur fyrir hendi og ætti því ekki að vera ástæða til að halda bótunum áfram. Hins vegar og e.t.v. enn mikilvægara er að hér er um að ræða óeðlileg afskipti ríkisins af gerð kjarasamninga sem leiðir til óhagræðis í atvinnulífinu og mismunar launþegum jafnt sem fyrirtækjum.

Þá er þess að geta að í framkvæmd eru þessar skattaívilnanir og hafa í vaxandi mæli verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþágan elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um það hvar eigi að draga línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna. Það er einnig athyglisvert að í því reiptogi er varpað fyrir róða þeim forsendum og rökum sem í upphafi voru notuð fyrir undanþágurnar. Sýnir það vel takmarkað gildi þessara forsendna og það að hagsmunaaðilarnir meta þær ekki mikils, enda er í reynd einfaldlega um það að ræða að andstæðar fylkingar hagsmunaaðila sameinast í sókn á hendur þriðja aðila og tekst að velta yfir á hann kostnaðinum af ávinningi sínum. Kemur það í þessu tilviki að sjálfsögðu fram í því að þriðji aðilinn, þ.e. aðrir skattborgarar, greiðir hærri skatta en ella væri."

Enn fremur sagði í greinargerðinni:

„Sjómannaafsláttinn ætti fremur að skoða sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði en sem ívilnun til sjómanna þó hann geti óneitanlega haft áhrif á starfskjör þeirra. Hann veldur í senn óeðlilegri mismunun milli atvinnugreina og milli einstaklinga. Eðlilegt er að útgerðin beri þann launakostnað sem leiðir af því að kjör sjómanna eftir greiðslu á tekjuskatti séu þannig að manna megi flotann í samkeppni á vinnumarkaði. Því má reikna með að niðurfelling sjómannaafsláttar muni auka launakostnað útgerðar nokkuð. Ástand á vinnumarkaði sjómennsku og almennt bendir þó til að sú hækkun kunni að verða minni en fjárhæð afsláttarins gæti bent til. Í því sambandi er þróun launakjara sjómanna á síðustu árum athyglisverð.

Til viðbótar því að niðurgreiðsla útgerðarkostnaðar er varhugaverð frá almennu sjónarmiði er þversögn fólgin í því að ríkið greiði niður útgerðarkostnað á sama tíma og það gerir ráðstafanir til að draga úr sjósókn vegna verndunarsjónarmiða. Slíkum aðstæðum verður að bregðast við með hagræðingu, m.a. fækkun skipa og áhafna. Niðurgreiðsla á útgerðarkostnaði er engin lausn í því efni. Þvert á móti gera niðurgreiðslur það mögulegt að halda áfram útgerð sem ekki er arðbær þegar á allt er litið. Auka þær þannig sóknina, valda meiri dreifingu aflans og gera útgerð í heild óarðbærari en ella væri.

Sjómannaafsláttur mismunar einnig launþegum og hefur sú mismunun farið vaxandi bæði vegna breyttra starfshátta í útgerð og fiskvinnslu og vegna breytinga á framkvæmd sem m.a. stafar af þeirri tilhneigingu að útvíkka sífellt undanþágur. Sem dæmi um þessa mismunun má nefna að beitingamenn, sem ekki fara á sjó, fá afslátt meðan annað landverkafólk nýtur hans ekki. Sjómenn, sem geta verið í landi og eru að jafnaði heima hjá sér að næturlagi, njóta afsláttar en ekki t.d. langferðabílstjórar eða verkafólk í vinnuflokkum fjarri heimili sínu. Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins. Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum ekki. Viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum er að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattafslætti sem þessum.

Auk þess er að geta að vaxandi vandkvæði eru á skynsamlegri framkvæmd sjómannaafsláttar. Stafar það m.a. af því að hlutlæg tengsl milli réttar til afsláttarins og þeirra markmiða, sem hann á að þjóna, eru torfundin."

Við þessa greinargerð er því að bæta að tekjuskattur hér á landi er skattur á innstreymi fjár en ekki nettótekjur. Þannig getur skattgreiðandi almennt ekki dregið frá tekjum sínum kostnað við að afla teknanna. Má þar nefna ferðir til og frá vinnu, gæslu barna, fatnað o.s.frv. Þetta verður sérstaklega áberandi eftir að tekin hefur verið upp staðgreiðsla skatta. Þetta veldur því t.d. að fólk á atvinnuleysisbótum og félagslegum bótum verður mjög tregt til að taka við vinnu því tekjurnar verða að vera mjög háar þannig að aðili, sem t.d. hefur passað tvö börn heima, tapi ekki á því að fara að vinna. Vegna þessa verða þau rök fyrir sjómannaafslættinum að hann eigi að bæta upp kostnað við að afla tekna mjög veik.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan má rekja upphaf sjómannaafsláttarins til þess ástands að ekki tókst að manna síðutogara upp úr 1955. Þá var mjög algengt að erlendir sjómenn, aðallega frá Færeyjum, störfuðu á íslenskum fiskiskipum. Þar sem tekjuskattur var greiddur árlega eftir á komust margir þessara erlendu sjómanna hjá því að greiða tekjuskatt. Þetta olli óánægju meðal innlendra sjómanna og átti þátt í upptöku sjómannaafsláttarins. Þessar ástæður eru með öllu fallnar fyrir borð. Mjög mikil eftirspurn er nú eftir plássi á veiðiskipum, sérstaklega frystitogurum, og launin eru með þeim hæstu hér á landi miðað við kröfur um menntun og ábyrgð í starfi.

Eitt af markmiðum skattalaga fyrir utan það að afla ríkissjóði tekna er tekjujöfnun. Fólk nýtur þjónustu ríkisins óháð tekjum. Heilbrigðisþjónusta, öldrunarþjónusta, menntakerfi, löggæsla og önnur þjónusta er veitt jafnt til tekjulágra sem tekjuhárra. Fólk greiðir þó ekki fyrir þjónustuna óháð tekjum. Þeir sem hærri hafa tekjurnar greiða meira. Ekki bara í hlutfalli við tekjur heldur miklu meira. Þannig greiðir fólk sem hefur tvöfaldar tekjur ekki aðeins tvöfaldan skatt heldur margfalt meira. Einstaklingur með 100 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir um 16 þús. kr. í staðgreiðslu útsvars og tekjuskatts. Einstaklingur, sem hefur 200 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir aftur á móti 56 þús. kr. í staðgreiðslu eða ríflega þrefalt (3,5) meira. Skattkerfinu er þannig ætlað að jafna út launamun. Þetta á ekki við um sjómenn. Þeir geta haft umtalsverðar tekjur án þess að greiða af þeim háa skatta. Þannig greiðir fiskverkakona með 125 þús. kr. tekjur á mánuði sömu staðgreiðslu og sjómaður eða beitingamaður með 175 þús. kr. á mánuði eða 26 þús. kr á mánuði. Sjómaður greiðir sömu skatta og aðrir launþegar með 50 þús. kr. lægri laun á mánuði eða um 250 þús. kr. lægri skatta á ári. Þetta eru tvenn mánaðarlaun fiskverkakonu.

Bent hefur verið á að sjómenn greiði skatt af fæðispeningum en þeir sem fara í viðskiptaferðir fái skattfrjálsa dagpeninga fyrir fæði og uppihaldi. Ljóst er að hér þarf að samræma. Á meðan tekjuskattur er í eðli sínu skattur á inntekjur ætti að skattleggja fæðispeninga alls staðar. Því er brýnt að taka upp nýjar reglur um skattskyldu dagpeninga.

Sjómannaafslátturinn gerir það að verkum að störf við frystingu í frystitogurum úti á sjó njóta skattfrelsis á meðan sambærileg störf í landi eru sköttuð að fullu. Hann virkar því sem eins konar niðurgreiðsla á vinnu um borð í frystitogurum og stuðlar þannig að því að frystingin flyst út á sjó og veldur atvinnuleysi í landi.

Yfir 98% þeirra sem greiddu til Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinnur gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Launamunur milli sjómanna og fiskvinnslufólks er mikill. Sjómannaafslátturinn eykur enn frekar þann mun.

Nýverið hefur kvóti verið aukinn. Við það aukast tekjur sjómanna og útgerðar hlutfallslega. Því er lag að afnema sjómannaafsláttinn núna, en hann hefur hækkað tekjur sjómanna um 7,1% að meðaltali.

Sjómannaafslátturinn kostar ríkissjóð 1,6 milljarða á ári. Í því sambandi má benda á að björgunarþyrla, sem keypt var með eðlilega öryggiskröfu sjómanna í huga, kostaði 800 millj. kr.

Núna liggur fyrir Alþingi tillaga frá ríkisstjórninni um að lækka skattprósentur í áföngum og sjómannaafsláttinn til samræmis þannig að skattleysismörk sjómanna breytist ekki. Sú tillaga hefur ekki áhrif á það frumvarp, sem hér er lagt fram.

Eftirfarandi tafla sýnir staðgreiðslu af launum venjulegs launamanns og sjómanns miðað við að staðgreiðslan sé 41,98%, 4% renni skattfrjálst til lífeyrissjóðs og að sjómannaafsláttur sé 689 kr. á dag í 30 daga á mánuði:

	Venjulegur launþegi	**Sjómaður**
Tekjur	**Skattur**	
75.000	5.682	-
100.000	15.757	-
125.000	25.832	5.162
150.000	35.907	15.237
175.000	45.982	25.312
200.000	56.058	35.388
250.000	76.208	55.538
300.000	96.358	75.688
500.000	176.960	156.290
700.000	257.562	236.892

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er sjómannaafslátturinn felldur út úr upptalningu þeirra liða í 7. tölul. 28. gr., sem ekki teljast til tekna, en það eru auk hans persónuafsláttur, barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur og húsnæðisbætur.

Um 2. gr.

Hér er fellt niður það ákvæði að frá reiknaðri fjárhæð skv. 1. tölul., þ.e. 33,15% af tekjuskattstofni, skuli auk persónuafsláttar skv. 2. tölul. dragast sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr. þegar tekjuskattur ársins er reiknaður.

Um 3. gr.

Í B-lið 68. gr. er fjallað um og skilgreind öll ákvæði sem snerta sjómannaafsláttinn. Hverjir eigi að njóta hans og frá hvaða launum megi draga hann. Enn fremur upphæð sjómannaafsláttar fyrir hvern dag, hvaða dagar veiti rétt til sjómannaafsláttar og reglugerðarheimild. Lagt er til að þessi liður verði í heild felldur brott.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sjómannaafslátturinn verði felldur niður í þremur áföngum. Fyrst verði hann lækkaður um 1/3 í ársbyrjun 1998 og aftur um sömu upphæð í árbyrjun 1999. Hann falli alveg út í ársbyrjun árið 2000. Tilgangur þess að lækka sjómannaafsláttinn í þremur áföngum er að gefa þeim aðilum sem málið varðar tíma og tækifæri til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum með nýjum kjarasamningum og hagræðingu en ekki síður að ná fram sátt um breytinguna.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi um næstu áramót til þess að gefa þeim aðilum sem málið varðar tækifæri til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum, sbr. athugasemdir við 5. gr. Auk þess getur verið erfitt að framkvæma slíka breytingu á miðju ári.

911. Tillaga til þingsályktunar [553. mál]

um aðgang að íslenskum handritum hér á landi og í erlendum söfnum.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að móta heildarstefnu um varðveislu og aðgengi að íslenskum handritum, hvort heldur þau eru varðveitt hér á landi eða í erlendum söfnum. Sérstaklega verði hugað að nýrri tækni í tölvu- og upplýsingamiðlun í þessu sambandi og á hvern hátt hún geti nýst til að gera sem flestum aðgengilegt efni handritanna.

Greinargerð.

Í júní á þessu ári lýkur formlega handritaskilum Dana samkvæmt samningi milli þjóðanna, frá 1. júlí 1965 og fullgiltur var 1. apríl 1971. Fyrstu handritin komu heim frá Danmörku 21. apríl árið 1971 með danska eftirlitsskipinu Vædderen. Flateyjarbók og Konungsbók eddukvæða höfðu þá verið í varðveislu Dana í rúm þrjú hundruð ár. Enginn vafi er á að það hefur haft og mun ávallt hafa gífurlega þýðingu fyrir íslenska þjóð og íslensk fræði að fá þessi handrit og hin sem á eftir þeim komu heim. Þann 21. apríl 1996 var afhendingar handritanna minnst með hátíðarsamkomu í Háskólabíói í tilefni þess að 25 ár voru liðin frá komu fyrstu handritanna. Viðstaddur var m.a. menntamálaráðherra Danmerkur, Ole Vig Jensen.

„Íslensk handrit eru víða til; sá sem vildi virða þau öll fyrir sér yrði að vitja ófárra staða.“ Þessi orð eru höfð eftir Jóni Helgasyni prófessor og koma fram í „Handritaspjalli“ sem gefið var út í Reykjavík árið 1958. Ljóst er að þrátt fyrir að stórkostlegur árangur hafi náðst við endurheimt handrita frá Danmörku eru enn varðveitt erlendis, í Danmörku og meðal annarra þjóða, stórkostleg menningarverðmæti sem þjóðin hefur takmarkaðan aðgang að. Enda þótt til séu ljósmyndir eða filmur af mörgum þeirra er það langt í frá tæmandi og margar eru orðnar gamlar og jafnvel lítt nothæfar. Það sem varpar nýju ljósi á þessi mál öll nú er m.a. það að á síðustu árum hefur komið fram ný tækni á upplýsingasviðinu sem gerbreytir öllum möguleikum til að miðla hvers kyns gögnum.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja brýnt annars vegar að hugað sé að á hvern veg sé hægt að gera efni íslenskra handrita erlendis aðgengilegt íslenskum fræðimönnum og öðrum áhugamönnum og hins vegar sé nauðsynlegt að huga að þeim handritakosti sem til er hér á landi, á hvern hátt sé best að varðveita hann um ókominn aldur og gera efni hans um leið aðgengilegt hverri nýrri kynslóð. Jafnframt þarf að hafa í huga að mörg handritanna, einkum frá síðari öldum, eru ekki nægilega skráð og má til að mynda nefna að lítil grein er gerð fyrir nótum í handritum. Á tímum ört vaxandi alþjóðahyggju er hverri þjóð lífsnauðsyn að huga að eigin menningararfi og á hvern veg hún fái sem best varðveitt og miðlað sögu sinni og eigin menningu. Á Íslandi er lifandi áhugi á fornum og nýjum arfi þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að gefa öllum tækifæri til að efla samband sitt við eigin menningararf með því að nýta nýjustu tækni til að styrkja tengsl þjóðarinnar við eigin rætur.

Íslenskur menningararfur er ekki nægilega aðgengilegur í dag. Hluti hans er varðveittur í erlendum söfnum sem jafnvel fræðimenn hafa ekki möguleika á að sækja heim nema að mjög takmörkuðu leyti og þá oftast í mjög skamman tíma. Fyrir allan þorra fólks eru söfnin hér á landi ekki aðgengileg sem skyldi, auk þess sem varðveislusjónarmið hamla mjög notkun þeirra. Við þessu þarf að sporna með því að setja efni handritanna yfir á annað form sem geti gefið fleirum tækifæri til að eignast hlutdeild í eigin menningararfi, t.d. með því að hafa möguleika á að rannsaka hann sjálfir. Þá eru handritaskilin frá frændum okkar Dönum einnig kærkomið tækifæri til að líta fram á við og reyna að átta okkur á því á hvern hátt við getum best axlað þá ábyrgð að varðveita menningararfinn með þeim myndugleika sem honum hæfir og glæða um leið áhuga á honum með nýjum kynslóðum sem búa við miklu meira menningarlegt framboð en áður hefur þekkst. Varðveisla íslenskra handrita felst ekki eingöngu í því að setja þau í læstar hirslur, heldur í rannsóknum á þeim og útgáfu, að þau geti verið aðgengileg fræðimönnum og öðrum áhugamönnum t.d. með ljósmyndun eða á tölvutæku formi. Þá er mikið verkefni óunnið við að gera við sjálf frumgögnin sem eiga að vera til um ókomin ár.

Hér á landi er handrit einkum að finna í Stofnun Árna Magnússonar og handritadeild Landsbókasafns. Í Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum víða um land má búast við að sé að finna nokkur þúsund handrit.

Erlendis er að finna íslensk handrit svo þúsundum skiptir, á Norðurlöndum, Bretlandseyjum og víðar. Flest þeirra eru á Stofnun Árna Magnússonar og í Konunglegu bókhlöðunni í Kaupmannahöfn.

Auk alls þessa eru gífurleg söfn til annars staðar sem við höfum litla sem enga yfirsýni yfir. Þar er t.d. átt við 19. og 20. aldar bréfasöfn og dagbækur landnema í Vesturheimi og afkomenda þeirra. Sumt af þessu efni hefur ratað á söfn í Bandaríkjunum og í Kanada, eitthvað er án efa enn varðveitt hjá ættingjum og afkomendum landnemanna. Gera þarf stórátak í að safna þessum handritum og öðrum þeim sem teljast mikilvæg menningarverðmæti.

Tilvist íslenskrar þjóðar byggist fyrst og fremst á eigin sögu sem hún hefur fært í letur á eigin tungu. Þess vegna tóku Íslendingar að krefjast eigin handrita af Dönum um leið og þeir urðu aftur sjálfstæð þjóð. Að heimta aftur handritin var okkur staðfesting þess að við værum frjáls þjóð. Nú þegar við stöndum á þeim tímamótum að handritaskilum Dana er lokið er rétt að huga að því hvernig við getum gert menningararfinn sýnilegan og lifandi þannig að okkar kynslóð og ókomnar kynslóðir geti notið hans.

912. Tillaga til þingsályktunar [554. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 16. og 17. janúar 1997.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 16. og 17. janúar 1997. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Áður en samningur þessi var gerður var á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands ákveðið að færeyskum skipum væri heimilt að veiða 5.000 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 1997.

Samkvæmt samningi þessum er færeyskum nótaskipum veitt heimild til veiða á allt að 30 þúsund lestum af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu janúar til apríl 1997. Takist ekki að veiða þetta magn er færeyskum skipum heimilt að veiða það sem á vantar á tímabilinu júlí til desember 1997. Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi en að óheimilt sé að vinna eða frysta um borð afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 1997. Vonir standa til að slík gagnkvæm heimild muni hvetja til veiða á kolmunna.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld, annarri en norsk-íslenskri, innan færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Samningur þessi er nær óbreyttur samningi landanna frá 1996 að öðru leyti en því að nú gefst Færeyingum kostur á að nýta allar loðnuveiðiheimildir sínar á vorvertíð.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 17. janúar 1997 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

a. Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 16. janúar 1997

Hr. lögmaður
Edmund Joensen
Föroya Landsstýri
Torshavn

Herra lögmaður

Ég leyfi mér að vísa til samtala á milli íslenskra og færeyskra stjórnvalda um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Mér skilst að samkomulag hafi orðið um eftirfarandi samning:

„Samningur
milli Íslands og Færeyja
um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

1. gr.

Færeyskum nótaskipum er heimilt að veiða allt að 30 þúsund lestir af loðnu innan efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu janúar til apríl 1997. Takist ekki að veiða þetta magn geta færeysk nótaskip veitt það sem á vantar á tímabilinu júlí til desember 1997.

Heimilt er að landa aflanum til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

2. gr.

Færeyskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997. Að höfðu samráði við landsstjórn Færeyja geta íslensk stjórnvöld ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

3. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1997. Að höfðu samráði við íslensk stjórnvöld getur landsstjórn Færeyja ákveðið að veiðarnar stundi aðeins tiltekinn fjöldi skipa samtímis.

4. gr.

Íslenskum skipum eru heimilar veiðar á allt að 1.000 lestum af makríl innan fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1997 og veiðar á allt að 2.000 lestum af síld úr síldarstofnum öðrum en þeim norsk-íslenska.

5. gr.

Færeysk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan íslenskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar íslenskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Íslensk skip, sem stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan færeyskrar lögsögu, skulu hlíta sömu reglum og gilda um veiðar færeyskra skipa, þar á meðal reglum um veiðarfæri og veiðisvæði.

Skipum við kolmunnaveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til botnfiskveiða.

6. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar samkvæmt samningi þessum innan lögsögu hins aðilans. Skip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Veiðiskip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna og síðan daglega tilkynna um staðarákvörðun og afla. Þegar farið er úr lögsögu skal tilkynna um áætlað aflamagn.“

Ef þér staðfestið að ofangreint sé skilningur yðar leyfi ég mér að leggja til að samningur þessi taki gildi til bráðabirgða þegar svarbréf yðar þar um er dagsett og endanlega þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið endanlega fullnægt.

Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

b. Svarbréf varalögmanns Færeyja.

Tórshavn, 17. januar 1997

Uttanríkisráðharri
Halldór Ásgrímsson
Uttanríkisráðuneytið, Ísland

Eg loyvi mær at vátta bræv tygara í dag, sum ljóðar soleiðis:

"Eg loyvi mær at vísa til samráðingar millum íslendskar og føroyskar myndugleikar um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1997.
Eg havi skilt at semja er vorðin um fylgjandi:

"Semja
millum Ísland og Føroyar
um fiskiveiðu í íslendskum og føroyskum sjógvi í 1997.

1. gr.
Føroyskum nótaskipum er loyvt at veiða upp til 30 túsund tons av lodnu í íslendskum búskaparøki í tíðarskeiðinum frá januar til apríl 1997. Tann nøgd, sum ikki er veidd í nevnda tíðarskeiði, kunnu føroysk nótaskip veiða í tíðarskeiðinum juli til desember 1997.
Loyvt er at landa veiðuna til framleiðslu í Íslandi. Tað er ikki loyvt at framleiða ella frysta um borð tann partin av veiðuna, sum er veidd fyrra tíðarskeiðið og uttan fyri Ísland er bert loyvt at landa sama partin til ídnað.

2. gr.
Føroyskum skipum eru loyvt at veiða svartkjaft í íslendskum búskaparøki í 1997. Eftir samráðingar við landsstýrið í Føroyum kunnu íslendskir myndugleikar áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

3. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða svartkjaft í føroyskum sjógvi í 1997. Eftir samráðingar við íslendskar myndugleikar kann Føroya landsstýri áseta mest loyvda skipatal, sum kunnu veiða samstundis á leiðini.

4. gr.
Íslendskum skipum er loyvt at veiða upp til 1.000 tons av makreli í føroyskum sjógvi í 1997 og at veiða upp til 2.000 tons av sild úr øðrum sildarstovni enn várgýtandi norðurhavssild.

5. gr.
Føroysk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í íslendskum búskaparøki, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri íslendsk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Íslendsk skip, sum veiða sambært hesi avtalu í føroyskum sjógvi, skulu fylgja somu veiðireglum, sum galda fyri føroysk skip um reiðskap og fiskileiðir.

Skipum í veiði eftir svartkjafti er ikki loyvt at hava reiðskap til botnfiskveiðu um borð.

6. gr.

Partarnir skulu fráboða ein lista yvir tey fiskifør, sum ætla at veiða á økjunum hjá hvørjum øðrum. Bert tey fiskifør, sum eru á hesum lista, hava loyvi at veiða á økjunum.

Áðrenn fiskiskapurin byrjar skulu avvarðandi myndugleikar hava boð um navn á skipi saman við øðrum upplýsingum av týðningi.

Skipið skal boða frá, tá tað kemur á veiðiøkið, uppgeva knøttstøðu og veiðinøgd, sum er veidd, áðrenn komu á økið, og síðani uppgeva knøttstøðu og veiðu hvønn dag. Tá skip fer av veiðiøkinum skal mett veiða verða givin upp."

Um tygum staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan tygara, loyvi eg mær at leggja afturat, at hetta fær gildi fyribils, tá bræv tygara hesum viðvíkjandi er dagsett, og endaliga tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfyllt."

Eg loyvi mær at staðfesta at tað, ið stendur omanfyri, er í samsvar við fatan Føroya Landsstýri og avtalan fær gildi fyribils í dag og endaliga, tá boðað er frá, at stýrisskipanarligu krøvini hjá hvørjum landi eru uppfylt.

Við mestu hávirðing
Eilif Samuelsen
varaløgmaður

913. Tillaga til þingsályktunar [555. mál]

um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem gerður var í París 22. september 1992.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem gerður var í París 22. september 1992. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningi þessum er ætlað að koma í stað tveggja alþjóðasamninga; samnings frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningsins) og samnings frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningsins), sbr. 31. gr. Ísland er aðili að báðum þessum samningum, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1973, 5/1974 og

13/1981, ásamt breytingum á þeim, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1987, 16/1987, 22/1989, 23/1989 og 35/1991. Tilmæli og allir aðrir samningar sem samþykktir hafa verið samkvæmt Óslóar- og Parísarsamningunum halda þó gildi sínu að því marki sem þeir samrýmast samningi þessum. Samningurinn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins (hér eftir nefndur OSPAR-samningurinn) öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að allir samningsaðilar Óslóar- og Parísarsamninganna hafa afhent skjöl um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild til vörslu frönsku ríkisstjórnarinnar.

Óslóar- og Parísarsamningarnir höfðu það að markmiði að koma í veg fyrir mengun í Norðaustur-Atlantshafinu. OSPAR-samningurinn mun leysa þá af hólmi að þessu leyti en auk þess er honum ætlað að stuðla að því, eftir því sem kostur er, að mengun sem fyrir er verði útrýmt. Við gerð hans var byggt á þeirri reynslu sem fengist hafði við framkvæmd eldri samninganna tveggja og jafnframt tekið mið af breyttum viðhorfum í umhverfismálum. Samningnum er ætlað að stuðla að samvinnu samningsaðila til að ná framangreindum markmiðum og bæta stjórnun, umhverfisvöktun og mat á ástandi hafsins. Með samningnum er m.a. stefnt að því að koma í veg fyrir varp eiturefna í hafið. Samningurinn hefur að geyma ákvæði um beitingu ýmissa grundvallarreglna umhverfisréttar, svo sem varúðarreglunnar, mengunarbótareglunnar og reglnanna um bestu tiltæku tækni og bestu umhverfisvenjur.

OSPAR-samningurinn er rammasamningur sem skiptist í meginhluta, fjóra viðauka og tvo viðbæta.

Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði og í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins. Viðbætarnir eru tæknilegs eðlis. Uppbygging samningsins miðast við að hann sé sveigjanlegur og geti rúmað ný svið sem ekki voru fyrirséð þegar samningurinn var gerður.

Efni meginhluta samningsins er í stuttu máli sem hér segir:

1. gr. hefur að geyma hugtaksskilgreiningar.

Í 2. gr. er fjallað um þær skuldbindingar sem samningsaðilar takast á hendur. Þar segir að aðilum beri að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir og útrýma mengun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hafsvæðið fyrir skaðlegum áhrifum af mannavöldum og, þegar hægt er, lagfæra hafsvæði sem hafa orðið fyrir skaðlegum áhrifum. Þetta ákvæði leggur samningsaðilum töluvert meiri skyldur á herðar en áður hefur tíðkast. Einnig er kveðið á um að samningsaðilar skuli beita varúðarreglunni og mengunarbótareglunni auk þess sem þeim er ætlað að gera áætlanir og grípa til aðgerða til að ná markmiðum sem sett eru með samningnum. Í því skyni er samningsaðilum m.a. ætlað að skilgreina notkun bestu fáanlegrar tækni og bestu umhverfisvenja. Í niðurlagi greinarinnar er tekið fram að aðilum sé heimilt, hverjum fyrir sig eða í sameiningu, að grípa til harðari aðgerða en samningurinn gerir ráð fyrir til að vinna bug á mengun í hafinu.

Í 3.–5. gr. er kveðið á um að aðilar, hver í sínu lagi eða sameiginlega, geri allar ráðstafanir sem unnt er til að koma í veg fyrir og útrýma mengun hafsvæðisins frá landstöðvum, af völdum varps eða brennslu úrgangsefna og frá uppsprettum á hafi.

Í 6. gr. er kveðið á um mat á ástandi hafsins. Skulu samningsaðilar gera sameiginlega úttekt á ástandi og þróun þess með reglulegu millibili.

Í 7. gr. er kveðið á um að aðilar samningsins eigi einnig að vinna saman að gerð viðauka um varnir gegn mengun sjávar til viðbótar þeim sem fylgja samningnum í upprunalegri mynd.

8. gr. fjallar um rannsóknir. Aðilum er ætlað að stunda rannsóknir sem stuðla að því að markmiðum samningsins verði náð.

9. gr. fjallar um aðgang að upplýsingum. Ákvæðum greinarinnar svipar til ákvæða sem lögfest hafa verið hér á landi, sbr. lög nr. 21/1993, um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál, og upplýsingalög, nr. 50/1996.

10.–12. gr. fjalla um nefnd fulltrúa samningsaðila og starfssvið hennar, áheyrnarfulltrúa og skrifstofu samningsins.

Í 13. gr. er fjallað um ákvarðanir og tilmæli. Ákvarðanir eru bindandi fyrir þá aðila sem greiða þeim atkvæði. Tilmæli eru ekki bindandi.

15.–19. gr. kveða á um málsmeðferð að því er varðar breytingar á meginhluta samningsins og samþykkt og breytingar á viðaukum og viðbætum.

21. gr. fjallar um það tilvik þegar mengun á uppruna sinn hjá samningsaðila og búist er við að hún muni skaða hagsmuni eins eða fleiri hinna samningsaðilanna.

Í 22. gr. er ákveðið að aðilar skuli reglulega senda nefndinni, sbr. 10. gr., skýrslur um aðgerðir sínar til að framkvæma ákvæði samningsins.

Í 23. gr. er fjallað um hlýðni aðila við samninginn.

24. gr. gerir ráð fyrir að unnt sé að ákveða að ákvarðanir eða tilmæli taki aðeins til afmarkaðs hluta hafsvæðisins.

Í 25.–30. gr. er að finna ákvæði um undirritun, fullgildingu, aðild, fyrirvara, gildistöku og uppsögn.

32. gr. hefur að geyma ítarleg ákvæði um lausn deilumála. Fjallað er um skipan gerðardóms og gerðardómsmeðferð.

Í 33. gr. er fjallað um skyldur þeirrar ríkisstjórnar sem er vörsluaðili samningsins, en skv. 34. gr. er það ríkisstjórn Frakklands.

Efni viðaukanna og viðbætanna við samninginn er sem hér segir:

Í I. viðauka er fjallað um aðgerðir gegn mengun frá landstöðvum. Þar kemur fram að aðilar samningsins skuli krefjast þess að notuð sé besta fáanlega tækni til að koma í veg fyrir og útrýma mengun frá afmörkuðum uppsprettum og að losun frá þeim, á efnum sem skaðleg geti talist, skuli háð leyfisveitingum eða reglum sem stjórnvöld setja.

Aðilar samningsins skulu einnig krefjast þess að beitt sé bestu umhverfisvenjum gagnvart mengun frá afmörkuðum og dreifðum uppsprettum á landi.

Nefnd fulltrúa samningsaðila skal m.a. gera áætlanir um hvernig dregið skuli úr, eða stöðvuð, losun eitraðra, þrávirkra efna sem safnast upp í lífkeðjunni. Nefndin skal, eftir því sem við á, gera sams konar áætlanir um losun næringarefna frá dreifðum uppsprettum á landi.

II. viðauki fjallar um hvernig komið verði í veg fyrir eða útrýmt mengun vegna varps eða brennslu. Lagt er bann við hvoru tveggja. Reyndar finnast fáeinar undantekningar frá banni við varpi og eru þær tæmandi taldar í viðaukanum. Hér er því farin sú leið að notast við svokallaðan leyfislista í stað bannlista og er um að ræða nýmæli í samningum af þessari gerð. Meðal þess sem er á leyfislistanum samkvæmt ákvæðum viðaukans er fiskúrgangur og dýpkunarefni. Slíkar undanþágur eru þó háðar ströngum skilyrðum og leyfum stjórnvalda eða reglum sem þau setja. Í þessum viðauka er einnig að finna ákvæði um varp á lág- og meðalgeislavirkum úrgangi í hafið. Stóra Bretland og Frakkland geta tekið það ákvæði upp að nýju árið 2008. Þess ber þó að geta að árið 1993 undirgengust

bæði ríkin strangari ákvæði um varp lág- og meðalgeislavirks úrgangs með samþykkt breytinga á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 1972. Samningur þessi hefur verið nefndur Lundúnasamningurinn og nær til alls heimsins.

Viðaukinn gildir ekki um varp frá mannvirkjum á hafi eða varp slíkra mannvirkja eða leiðslna. Ákvæði hans eiga heldur ekki við þegar aðstæður eru slíkar, t.d. vegna veðurofsa, að lífi eða heilsu manna, skipum eða loftförum er stefnt í hættu. Aðilar samningsins skulu beita sér fyrir því að komið verði í veg fyrir mengun þegar skip eða loftför eru yfirgefin vegna óhappa.

III. viðauki fjallar um fyrirbyggingu og útrýmingu mengunar frá uppsprettum á hafi, öðrum en skipum og loftförum. Er ákvæðum hans einkum ætlað að ná til olíumannvirkja á hafinu. Til að tryggja að ákvæði viðaukans nái tilgangi sínum skulu aðilar samningsins beita bestu fáanlegri tækni og bestu umhverfisvenjum. Í viðaukanum er lagt bann við varpi úrgangs eða annarra efna frá mannvirkjum á hafi. Bannið nær þó ekki til losunar eða útrennslis frá uppsprettum á hafi. Þar sem slík losun eða útrennsli á sér stað skal það háð leyfum eða reglum sem stjórnvöld setja. Í viðaukanum er einnig lagt bann við því að varpa í hafið mannvirkjum eða leiðslum og að skilja eftir mannvirki sem ekki eru lengur í notkun nema stjórnvöld veiti sérstakt leyfi til slíks. Leyfi skal því aðeins veitt að það valdi ekki hættu fyrir heilsu manna eða vistkerfi hafsins.

Undanþágur vegna óviðráðanlegra aðstæðna eru hinar sömu og í II. viðauka og enn fremur gilda sambærilegar reglur um mannvirki sem falla undir viðaukann og skilin eru eftir vegna óhappa.

IV. viðauki fjallar um mat á ástandi hafsins. Þar er ákveðið að samningsaðilar skuli vakta hafsvæðið til að tryggja að ákvæðum samningsins sé fullnægt, til að kanna ástand og þróun eða í rannsóknarskyni. Skulu aðilar samningsins hafa með sér samvinnu þar að lútandi. Enn fremur skulu aðilar, hver um sig eða í sameiningu, stuðla að rannsóknum á hafinu.

Viðbætarnir við samninginn eru báðir tæknilegs eðlis. Sá fyrri fjallar um hvernig skilgreina skuli bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur á hverjum tíma. Seinni viðbætirinn fjallar um þau atriði sem samningsaðilar skulu taka tillit til við ákvörðun forgangsraðar verkefna og þegar metið er eðli og umfang aðgerða sem aðilarnir ætla að hrinda í framkvæmd.

Hér á landi eru í gildi lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, og lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Síðarnefndu lögunum var breytt með lögum nr. 61 frá 3. júní 1996 m.a. í tilefni af væntanlegri fullgildingu á OSPAR-samningnum. Frekari lagabreytinga er ekki þörf til að unnt verði að standa við skuldbindingar Íslands verði samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu.

Samningurinn var prentaður með tillögunni á íslensku og ensku og vísast um hann til þingskjalsins (lausaskjalsins) en hann birtist einnig í C-deild Stjórnartíðinda.

914. Tillaga til þingsályktunar [556. mál]

um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar, er gerður var í París 17. júní 1994.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar, er gerður var í París 17. júní 1994. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samningur þessi á rætur að rekja til heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó de Janeiró árið 1992. Gerð samningsins lauk í París 17. júní 1994 og öðlaðist hann gildi 26. desember 1996, 90 dögum eftir að 50 ríki höfðu staðfest hann. Hinn 27. mars 1997 höfðu 68 ríki staðfest samninginn og eru öll hin norrænu ríkin á meðal þeirra.

Samningurinn hefur að geyma 40 greinar og fjóra viðauka um svæðisbundnar aðgerðir. Við gerð samningsins var stuðst við ákvæði í 12. kafla Dagskrár 21 sem samþykkt var á ráðstefnunni í Ríó de Janeiró.

Markmið samningsins er samkvæmt 2. gr. hans að vinna gegn eyðimerkurmyndun og draga úr skaðlegum afleiðingum þurrka í löndum sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar, sérstaklega í Afríku. Beitt skal virkum aðgerðum á öllum stigum með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun á svæðum þar sem eyðimerkurmyndun á sér stað.

Í samningnum er eyðimerkurmyndun skilgreind sem hnignun lands á þurrum eða úrkomulitlum svæðum og á úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða af völdum ýmissa þátta, þar á meðal veðurfarsbreytinga og mannlegra athafna. Samkvæmt skilgreiningu samningsins á þessum svæðum falla heimskautasvæði og svæði sem næst þeim liggja, þ.m.t. Ísland, þar fyrir utan.

Í fyrstu þremur greinum samningsins er fjallað um skilgreiningar á helstu hugtökum, markmið og grunnreglur.

Helstu skuldbindingar samningsaðila koma fram í 4., 5. og 6. gr., en síðar í samningnum er gerð nánari grein fyrir því hvað í þessum skuldbindingum felst.

Í 4. gr. eru almenn ákvæði þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að gefa þessu vandamáli tilhlýðilegan gaum, jafnt heima fyrir sem á alþjóðlegum vettvangi, og m.a. stuðla að því að fjármagn sé veitt til þessara mála.

Í 5. gr. er kveðið á um skuldbindingar aðila sem eiga við eyðimerkurmyndun að stríða. Aðilum er skylt að:

a. veita aðgerðum gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka nauðsynlegan forgang og veita til þeirra nægilega mikið fjármagn eftir aðstæðum og getu hvers og eins;
b. gera áætlanir um aðgerðir og forgangsröðun verkefna, innan ramma áætlana og/eða stefnu um sjálfbæra þróun, í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka;
c. beina sjónum að frumorsökum eyðimerkurmyndunar og gefa sérstakan gaum þeim félags- og efnahagslegu þáttum sem valda henni;
d. auka almenningsvitund um vandann og stuðla að þátttöku heimamanna, sérstaklega kvenna og ungs fólks, með stuðningi óháðra félagasamtaka, í baráttunni gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka; og
e. skapa hvetjandi umhverfi með því að efla, eftir því sem þörf krefur, gildandi löggjöf um þessi mál, setja lög þar sem þau eru ekki fyrir hendi og móta langtímastefnu og framkvæmdaáætlanir.

Í 6. gr. er lýst skuldbindingu iðnríkja um að styðja, hvert um sig eða í sameiningu, aðgerðir þróunarlanda sem eiga við eyðimerkurmyndun að etja. Iðnríkin skuldbinda sig til að veita umtalsverða fjárhagslega aðstoð til þróunarlanda, sérstaklega í Afríku. Þessum skuldbindingum er nánar lýst í 20. gr. þar sem segir að iðnríkjunum beri m.a. að útvega umtalsvert fjármagn, þar á meðal styrki og víkjandi lán, til að styðja framkvæmd áætlana sem hafa að markmiði að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka. Í þessu felst að þau iðnríki sem gerast aðilar að samningnum skuldbinda sig til að veita aðstoð til þróunarlanda sem eiga við eyðimerkurmyndun að glíma.

Í 9.–15. gr. er fjallað sérstaklega um áætlanir ríkja sem eiga við eyðimerkurmyndun að glíma um mótaðgerðir. Skulu þau undirbúa, birta og framkvæma áætlanir um aðgerðir til að leysa vandamálið. Samkvæmt 10. gr. er markmið þessara áætlana að skilgreina þá þætti sem valda eyðimerkurmyndun og þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir hana og draga úr afleiðingum þurrka. Í slíkum áætlunum skal skilgreina hlutverk stjórnvalda, sveitarfélaga og landnotenda og tilgreina þau úrræði sem fyrir hendi eru og þau sem á vantar. Áætlanirnar skulu fela í sér langtímaaðgerðir til að koma í veg fyrir eyðimerkurmyndun og draga úr afleiðingum þurrka og vera samofnar stefnu viðkomandi ríkis um sjálfbæra þróun. Tilgreint er að áætlanir skuli vera nægilega sveigjanlegar til þess að unnt sé að taka tillit til breytilegra félagslegra, efnahagslegra, líffræðilegra og jarðeðlisfræðilegra aðstæðna í viðkomandi héraði. Enn fremur er tiltekið að huga beri sérstaklega að forvarnaraðgerðum á landsvæðum sem enn hafa ekki, eða aðeins að litlu leyti, rýrnað. Stuðla ber að virkri þátttöku óháðra félagasamtaka og þátttöku heimamanna, bæði karla og kvenna, sérstaklega þeirra er nýta auðlindirnar. Krafist er reglubundins yfirlits og skýrslna um framkvæmd áætlana.

Samningurinn hefur einnig að geyma ákvæði um söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga, rannsóknir, þróun og miðlun tækniþekkingar (16.–18. gr.). Með þessum ákvæðum skuldbinda samningsaðilar sig til að miðla tæknilegri þekkingu og upplýsingum.

Í 19.–21. gr. er fjallað um stuðningsaðgerðir. Í 19. gr. segir að aðilar samningsins geri sér grein fyrir mikilvægi þess að auka færni, þ.e. að koma á fót stofnunum og stuðla að þjálfun og þróun nauðsynlegrar færni svæðisbundið og í einstökum löndum, með það að markmiði að sporna gegn eyðimerkurmyndun og afleiðingum þurrka.

Í 21. gr. er kveðið á um hlutverk sérstaks Hnattræns styrktarsjóðs sem stofna skal á fyrsta fundi þings samningsaðila. Sjóðnum er ætlað að stuðla að öflun og stýringu fjármagns, m.a. til tæknimiðlunar, í formi styrkveitinga, með víkjandi lánum eða með öðrum skilmálum til þróunarríkja sem eru aðilar að samningnum.

Samningurinn lýsir fyrirkomulagi þings samningsaðila (22. gr.) sem fyrst um sinn fundar árlega en síðan annað hvert ár. Fyrsti fundur þingsins verður haldinn í september 1997. Einnig er stofnuð fastaskrifstofa vegna samningsins (23. gr.) og fastanefnd um vísindi og tækni (24. gr.). Samningurinn hefur enn fremur að geyma ákvæði um reglulega skýrslugerð samningsaðila (26. gr.) þar sem segir m.a. að iðnríkin skuli gera grein fyrir fjárhagsaðstoð sem þau hafa veitt til þeirra mála sem samningurinn nær til.

Við samninginn eru fjórir viðaukar sem fjalla um svæðisbundnar aðgerðir í Afríku (I. viðauki), í Asíu (II. viðauki), í rómönsku Ameríku og á Karíbasvæðinu (III. viðauki) og við norðanvert Miðjarðarhaf (IV. viðauki).

Að lokum er rétt að benda á að samningurinn kemur væntanlega til með að þróast og breytast með tímanum. Því má búast við að aðild að samningnum hafi í för með sér frekari skuldbindingar í framtíðinni sem ekki er hægt að sjá fyrir að svo stöddu. Gera má fyrirvara við skuldbindingar sem hljótast af slíkum breytingum eins og segir í 31. gr. samningsins.

Umsjón með samningnum hér á landi verður í höndum sérstaks starfshóps á vegum umhverfisráðuneytisins sem skipaður verður fulltrúum þess ráðuneytis og landbúnaðarráðuneytisins.

Kostnaður vegna samningsins hlýst af framlagi Íslands í sameiginlegan sjóð til rekstrar fastaskrifstofu vegna samningsins, vinnu við skýrslugerð og upplýsingamiðlun og þátttöku í fundum þings samningsaðila og vinnu- og vísindanefnda. Áætlað er að þessi kostnaður nemi um einni milljón króna á ári.

Eins og fram kemur hér að framan felur samningurinn í sér kvaðir um þróunaraðstoð. Hverju ríki er þó í sjálfsvald sett hversu miklu fjármagni það beinir í þennan farveg en ljóst er að samningurinn mun hafa áhrif á stefnumörkun ríkja í þessum málum.

Ekki er þörf breytinga á íslenskri löggjöf vegna skuldbindinga sem felast í samningnum.

Samningurinn var prentaður með tillögunni á íslensku og ensku og vísast um hann til þingskjalsins (lausaskjalsins) en hann birtist einnig í C-deild Stjórnartíðinda.

915. Frumvarp til laga [557. mál]

um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Skilgreiningar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Afréttur: Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

II. KAFLI
Þjóðlendur.

2. gr.

Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti.

Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum.

3. gr.

Enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr., nema að fengnu leyfi skv. 2. eða 3. mgr. og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti.

Leyfi forsætisráðherra þarf til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ráðherra er jafnframt heimilt að leyfa nauðsynleg afnot af landi til hagnýtingar á þessum réttindum.

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisáðherra. Rísi ágreiningur um veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein sker forsætisráðherra úr honum.

Forsætisráðherra er heimilt að ákvarða og/eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. Með sama hætti er sveitarstjórn heimilt að fengnu samþykki forsætisráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna, eftir nánari ákvörðun forsætisráðherra. Tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þeirrar þjóðlendu sem leyfið tekur til. Sveitarstjórn skal árlega gera forsætisráðherra grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Forsætisráðherra skal árlega gefa Alþingi skýrslu um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga um innheimtu og ráðstöfun tekna af þjóðlendum.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa. Náist ekki samkomulag um greiðslu bóta skal skorið úr þeim ágreiningi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Frá og með gildistöku laga þessara er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð.

4. gr.

Á vegum forsætisráðherra skal starfa samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna er í eiga sæti fulltrúar forsætisráðherra, félagsmálaráðherra, iðnaðarráðherra, landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi forsætisráðherra er formaður nefndarinnar. Nefndin skal vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna. Þá skal nefndin árlega gera tillögur til forsætisráðherra um ráðstöfun tekna af réttindum innan þjóðlendna.

Heimilt er forsætisráðherra að setja í reglugerð nánari reglur um meðferð og nýtingu þjóðlendna samkvæmt lögum þessum, þar með talið um skilyrði fyrir leyfum sveitarstjórna til afnota af þjóðlendum.

5. gr.

Þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja skulu halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um.

Sama gildir um önnur réttindi sem maður færir sönnur á að hann eigi.

III. KAFLI
Óbyggðanefnd.

6. gr.

Óbyggðanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum varamönnum.

Forsætisráðherra skipar nefndarmenn. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Nefndarmenn skulu fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Forfallist aðalmaður við meðferð máls skal formaður ákveða hver úr hópi varamanna taki sæti hans. Með sama hætti getur formaður ákveðið að varamaður taki sæti aðalmanns við meðferð máls telji hann þess þörf vegna fjölda eða umfangs mála sem nefndin fjallar um. Sé mál munnlega flutt skal þess jafnan gætt að sami maður taki þátt í meðferð þess frá því að aðilum er gefinn kostur á að tjá sig fyrir nefndinni og þar til hún kveður upp úrskurð í málinu.

Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn máls getur hann kvatt til mann eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu. Sé ekki talin þörf á fleiri en einum sérfróðum manni skal varamaður taka sæti samkvæmt ákvörðun formanns þannig að nefndin verði skipuð fimm mönnum.

Óbyggðanefnd skal heimilt að ráða starfsfólk sér til aðstoðar að höfðu samráði við forsætisráðherra. Hið sama gildir um skrifstofuaðstöðu fyrir hana.

Kostnaður vegna starfa óbyggðanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr

Hlutverk óbyggðanefndar skal vera:

a. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

8. gr.

Óbyggðanefnd skal að eigin frumkvæði taka til meðferðar og úrskurða um málefni sem undir hann heyra. Skal hún ákveða og tilkynna fyrirfram hvaða landsvæði ákveðið hefur verið að taka til meðferðar hverju sinni þannig að sá hluti landsins sem starfssvið nefndarinnar tekur til verði tekinn fyrir í áföngum. Stefnt skal að því að nefndin hafi lokið verkinu fyrir árið 2005.

9. gr.

Sá sem telur til eignarréttinda á ákveðnu svæði og vill fá úrskurð óbyggðanefndar um mál sem heyrir undir hana skal leggja fram skriflega beiðni þar um. Óbyggðanefnd skal taka beiðnina til meðferðar og tilkynna um þá ákvörðun með sama hætti og segir í 1. mgr. 10. gr. Nefndinni er heimilt að ákveða að slík beiðni verði ekki tekin til meðferðar fyrr en kemur að viðkomandi landsvæði eftir ákvörðun skv. 8. gr.

10. gr.

Þegar nefndin hefur ákveðið að taka afmarkað svæði til meðferðar skal hún birta þá ákvörðun með því að gefa út tilkynningu og láta birta í Lögbirtingablaði. Skal þar skorað á þá er telja til eignarréttinda yfir landi eða annarra réttinda á svæðinu að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd innan þriggja mánaða. Jafnframt skal nefndin láta þinglýsa slíkri ákvörðun á þær eignir sem skráðar eru í þinglýsingabók og eru á viðkomandi svæði. Sama máli gegnir ef mál er endurupptekið skv. 19. gr.

Samhliða kröfum sínum skulu aðilar leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á.

Nefndin skal, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Óbyggðanefnd getur heimilað að fram fari munnleg sönnunarfærsla fyrir nefndinni.

11. gr.

Fjármálaráðherra skal fara með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana á vegum þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu.

Sé um að ræða sameiginlegt upprekstrarland skal beina tilkynningum vegna þeirra sem þar eiga upprekstrarrétt til viðkomandi sveitarstjórnar/sveitarstjórna eða upprekstrarfélags sem stofnað hefur verið um þessi mál og skulu þau hafa umboð til að ráðstafa málefninu f.h. einstakra rétthafa.

12. gr.

Óbyggðanefnd skal eftir að hún hefur gefið út tilkynningu skv. 10. gr. og kannað heimildir um viðkomandi landsvæði gera yfirlit yfir lýstar kröfur og láta færa þær inn á uppdrátt. Skal yfirlit þetta ásamt uppdrætti liggja frammi á skrifstofu sýslumanns/sýslumanna í því umdæmi sem svæðið á undir að minnsta kosti einn mánuð. Athugasemdir skulu hafa borist óbyggðanefnd innan 15 daga frá þeim degi þegar kynningu lauk.

13. gr.

Óbyggðanefnd getur ákveðið að sameina meðferð og afgreiðslu mála varðandi einstök landsvæði í eitt mál eða fleiri og aðskilja mál óháð því hvernig aðilar kunna að hafa lagt mál fyrir nefndina eða hún tekið mál fyrir að eigin frumkvæði í upphafi.

Þrátt fyrir ákvarðanir sem óbyggðanefnd hefur tekið skv. 8. gr. getur hún ákveðið síðar að minnka eða stækka það landsvæði sem hún tekur til meðferðar í einstöku máli.

Komi það fram við meðferð máls að aðili, sem kann að telja til eignarréttinda, hafi ekki lýst kröfum sínum skal nefndin hafa frumkvæði að því að kanna hvort hann falli frá tilkalli, en ella gefa honum kost á gerast aðili máls.

14. gr.

Úrlausnum óbyggðanefndar verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds.

Mál sem heyrir undir óbyggðanefnd skv. 7. gr. verður ekki borið undir dómstóla fyrr en eftir að nefndin hefur lokið umfjöllun sinni um þau.

15. gr.

Óbyggðanefnd leitar sátta með aðilum nema telja verði að sáttatilraun verði árangurslaus.

Telji nefndin að mál, sem borið er upp við hana, falli utan starfssviðs hennar skal hún synja um fyrirtöku málsins með úrskurði, en ávallt skal gefa aðila kost á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður þar um er kveðinn upp.

Telji aðili að mál, sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar, eigi ekki undir hana getur hann krafist þess að því verði vísað frá nefndinni.

16. gr.

Um form og efni úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls fer eftir reglum stjórnsýslulaga um úrskurði í kærumáli.

17. gr.

Óbyggðanefnd getur að kröfu aðila úrskurðað gagnaðila í einstöku máli sem rekið er fyrir nefndinni til greiðslu málskostnaðar honum til handa, enda hafi verið færðar fram kröfur, greinargerðir og/eða sjónarmið fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Um málskostnað fer að öðru leyti eftir reglum um málskostnað í einkamálum.

18. gr.

Fullnægja má ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar um málskostnað með aðför.

Birta skal úrskurði óbyggðanefndar fyrir þeim aðilum sem lýst hafa kröfum og þeim sem úrskurðað er að eigi réttindi á viðkomandi svæði. Útdráttur úr úrskurði skal birtur í Lögbirtingablaði ásamt uppdrætti. Óbyggðanefnd skal annast um að úrskurðir hennar verði gefnir út.

Óbyggðanefnd skal hafa frumkvæði að því að þinglýsa úrskurðum sem fela í sér eignarheimildir. Ekki skal innheimta þinglýsingar- og stimpilgjöld af slíkum skjölum né heldur við þinglýsingar skv. 1. mgr. 10. gr.

19. gr.

Sá sem ekki vill una úrskurði óbyggðanefndar skal höfða einkamál innan sex mánaða frá útgáfudegi þess Lögbirtingablaðs sem útdráttur úr úrskurði er birtur í skv. 2. mgr. 18. gr. Er þá unnt að leggja til úrlausnar dómstóla hverja þá kröfu sem gerð hefur verið fyrir nefndinni.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir dómi þar sem kröfur eru gerðar um efni sem á undir óbyggðanefnd samkvæmt lögum þessum skal þeim málum lokið þar þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Alla þessa öld og raunar að vissu marki fyrr hafa öðru hvoru risið upp deilur hér á landi um eignarrétt yfir hálendissvæðum landsins eða þeim landsvæðum sem lengst af hafa verið nefnd afréttir og almenningar. Deiluefni þessi hafa í senn verið uppi í umræðum manna úti í þjóðfélaginu, á Alþingi og í einstökum dómsmálum sem rekin hafa verið vegna ágreinings um ákveðin landsvæði. Lengst af snerist umræðan um hvort þessi landsvæði teldust að fullu eign aðliggjandi sveitarfélaga, þar sem íbúar þeirra hefðu nýtt svæðin einkum til upprekstrar fyrir búfénað, eða hvort ríkið teldist eigandi landsvæðanna eins og haldið var fram af hálfu ríkisins í nokkrum dómsmálum.

Í dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 25. febrúar 1955, var fjallað um kröfur aðliggjandi hreppsfélaga að Landmannaafrétti í Rangárvallasýslu um viðurkenningu á beinum eignarrétti yfir landsvæðinu í tilefni af deilu um veiðiréttindi í vötnum á svæðinu. Í niðurstöðu hæstaréttar sagði m.a.:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlazt eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því."

Í samræmi við þetta var því hafnað að hreppsfélögin hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landmannaafrétti.

Hinn 28. desember 1981 var í Hæstarétti Íslands kveðinn upp dómur í máli sem íslenska ríkið höfðaði til viðurkenningar á eignarrétti ríkisins yfir Landmannaafrétti. Til andmæla í málinu risu hreppar á svæðinu og eigendur tveggja jarða og gerðu kröfu um að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þeirra að Landmannaafrétti. Niðurstaða meirihluta hæstaréttar var sú að kröfum beggja aðila var hafnað. Í niðurstöðu meirihluta hæstaréttar er tekið fram að í málinu leiti stjórnvald, fjármálaráðherra, dómsviðurkenningar á beinum eignarrétti ríkisins á Landmannaafrétti og síðan segir:

„Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málefnið."

Um eignarréttartilkall ríkisins sagði síðan að ekki hefði tekist að sýna fram á að ríkið hefði eignast umrætt landsvæði við stofnun allsherjarríkis og lög frá þeim tíma styddu ekki þann skilning. Gögn um að eignarréttur ríkisins hefði stofnast fyrir eignarhefð væru ekki fullnægjandi. Þá ætti eignarréttartilkall ríkisins sér ekki stoð í skráðum réttarreglum og það yrði ekki reist á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Síðan sagði í dómi hæstaréttar:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir"."

Tveir dómarar hæstaréttar skiluðu sératkvæði og vildu staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um beinan eignarrétt ríkisins að landsvæðinu.

Í kjölfar þessa dóms var af hálfu þáverandi fjármálaráðherra hugað að því hvort og þá með hvaða hætti rétt væri að standa að lagasetningu um eignarhald á þeim landsvæðum sem teldust falla í flokka almenninga og afrétta.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 13. mars 1984 var samþykkt að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum. Var í skipunarbréfi nefndarinnar tekið fram að samþykkt hefði verið að nefndin styddist í störfum sínum við drög fjármálaráðherra að frumvarpi um sama efni sem tekið hafði verið saman á vegum hans.

Í nefndina voru skipaðir þeir dr. Gaukur Jörundsson prófessor, nú umboðsmaður Alþingis, formaður, Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, nú hæstaréttardómari, og Magnús Sigurðsson bóndi, Gilsbakka. Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður var síðar ráðinn ritari nefndarinnar. Hinn 15. janúar 1988 var Allan Vagn Magnússon, þá borgardómari, nú héraðsdómari, skipaður formaður nefndarinnar í stað dr. Gauks Jörundssonar sem óskaði eftir að verða leystur frá störfum í nefndinni þar sem hann hafði verið kjörinn umboðsmaður Alþingis.

Nefndin taldi nauðsynlegt að til undirbúnings lagasetningu á þessu sviði færi fram könnun á því hvernig væri háttað skráningu upplýsinga um eignarhald og afnot á þeim svæðum landsins sem féllu undir hugtökin almenningar og afréttir, og þá einnig hvernig þessi hugtök hefðu verið notuð bæði í lagamáli og í daglegu máli. Auk könnunar nefndarmanna og ritara á þessum atriðum var á vegum nefndarinnar sérstaklega unnið að athugun á eftirfarandi:

a. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., skulu héraðsnefndir, áður sýslunefndir, semja að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar skrá yfir alla afrétti er héraðsbúar nota. Skal þar lýst merkjum þeirra og tekið fram hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern afrétt, svo og hverjir séu afréttareigendur, ef um afrétt í einkaeign er að ræða. Tekið er fram að afréttaskrá skuli geymd í skjalasafni sýslunnar. Nefndin óskaði eftir því við sýslumenn að þeir létu nefndinni í té ljósrit af fyrirliggjandi skrám fyrir hverja sýslu. Í svörum sýslumanna og þeim gögnum sem þeim fylgdu kom fram að mismunandi var í hvaða mæli og þá með hvaða hætti þessar skrár höfðu verið færðar og í nokkrum tilvikum hafði engin skrá verið færð. Í afréttarskrám þeim sem færðar höfðu verið komu í fæstum tilvikum fram heimildir um hvernig væri háttað eignarhaldi viðkomandi afrétta, nema lönd innan landamerkja einstakra jarða hefðu verið lögð til afrétta.

b. Á grundvelli þeirra afréttaskráa sem nefndin hafði aflað var ákveðið að velja úr tiltekin landsvæði og safna saman tiltækum heimildum um eignarhald á þeim og láta færa mörk samkvæmt þeim heimildum inn á kort. Taldi nefndin að slík könnun á ákveðnum svæðum gæti orðið til að varpa enn frekara ljósi á þau álitaefni sem á reynir við lagasetningu af þessu tagi bæði fyrir nefndina og þá sem síðar kæmu til með að fjalla um lagaframvarpið.

c. Að fenginni heimild forsætisráðuneytisins voru tveir laganemar ráðnir tímabundið til að sinna gagnaöflun og úrvinnslu vegna ákveðinna landsvæða. Eftir forathugun á heimildum um þessi svæði var ákveðið að beina athuguninni sérstaklega að afréttum uppsveita Árnessýslu, vestan Hvítár. Taldi nefndin að yfirlit yfir það svæði ætti að sýna helstu álitaefni sem á reynir við úrlausn um eignarhald og réttindi yfir þeim landsvæðum sem notuð hafa verið sem afréttarlönd í landinu. Annar þeirra laganema sem unnu að verkinu, Karl Axelsson, nú héraðsdómslögmaður, skrifaði síðar kandídatsritgerð við lagadeild Háskóla Íslands undir heitinu Um eignarhald á afréttum, með sérstakri úttekt á eignarrétti að afréttum uppsveita Árnessýslu, vestan Hvítár. Er í II. kafla greinargerðar þessarar í ýmsu byggt á efni ritgerðarinnar með leyfi höfundar. Að hluta til er fjallað um sama efni í grein Karls Um eignarhald á Biskupstungnaafrétti í Afmælisriti Gizurar Bergsteinssonar, útg. í Reykjavík 1992.

d. Nefndin aflaði gagna og kannaði úrlausnir Høyfjellskommisjonen sem starfaði í Suður-Noregi á árunum 1909 til 1953 og hafði það verkefni að ákvarða merki eignarlanda og hálendissvæða í eigu ríkisins sem og almenninga. Einnig kannaði nefndin gögn um störf þeirrar nefndar sem stofnað var til í Norður-Noregi upp úr 1970 til að kanna réttindi ríkisins til fjallasvæða á þeim slóðum og nýtingarrétt annarra á þeim, en nefnd þessi bar heitið Utvalget for statseiendom i Nordland og Troms. Hlutverk þessarar nefndar var að rannsaka réttarheimildir um svæðin og átti niðurstaða hennar að vera ráðgefandi fyrir hlutaðeigandi. Nefndin fór hins vegar ekki með úrskurðarvald eins og Høyfjellskommisjonen.

Á grundvelli þeirra athugana sem nefndin gerði taldi nefndin rétt að byggja tillögu sína að lagafrumvarpi á eftirfarandi meginatriðum:

— Eignarhaldi á landi verði skipt í tvo flokka og hugtökin almenningur og afréttur verði ekki notuð við þá flokkun. Annars vegar eignarlönd sem eru háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Hins vegar landsvæði utan eignarlanda, þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, t.d. beitar- eða veiðiréttindi.
— Hugtakið afréttur verði ekki notað að lögum sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands, heldur sem lýsing á ákveðnum afnotaréttindum, þ.e. beitarréttindum og hugsanlega fleiri réttindum.
— Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.
— Því verði lýst yfir með lögum að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru þegar háð einkaeignarrétti t.d. á grundvelli laga eða venjuréttar. Settar verði sérstakar reglur um stjórn og meðferð þjóðlendna, en ekki verði raskað við réttindum þeirra sem hafa nýtt land innan þjóðlendu sem afrétt fyrir búfénað eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja.
— Þrátt fyrir að lýst verði yfir eignarrétti ríkis að landi og hvers konar landsréttindum utan eignarlanda verði settar sérstakar reglur um forræði og meðferð þessara réttinda. Til að undirstrika sérstöðu þessara réttinda og að þar er ekki um að ræða hefðbundnar eignir ríkisins er lagt til að forsætisráðherra fari með stjórnsýslu og forræði málefna þjóðlendna sem ekki eru með lögum lögð til annarra ráðuneyta. Þá er sveitarstjórnum ætlað að fara með skammtímaráðstöfun afnota innan þjóðlendna.
— Ekki verði í lögum settar sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna, heldur ráðist það af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki.
— Stjórnvöldum verði falið að hafa frumkvæði að því að skera með skipulögðum hætti úr um hver séu mörk eignarlanda og þjóðlendna og mörk afrétta innan þjóðlendna og úrskurða um önnur eignarréttindi innan þjóðlendna. Sérstakri stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, verði falið að sinna þessu verkefni og miðað við að því verði lokið árið 2005.

Nefndin vekur athygli á þeirri grundvallarreglu sem fylgt hefur verið hér á landi, að stjórnsýslumörk sveitarfélaga ráðast af eignarmörkum þeirra fasteigna sem eru innan hvers sveitarfélags. Um afrétti hefur verið sett sú sérstaka regla í 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, að eigi íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags skuli hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr. Regla þessi tekur ekki til lands utan afrétta, svo sem jökla.

Þannig komst hæstiréttur, t.d. í dómi sínum uppkveðnum 28. september 1995, hrd. 1995, bls. 2091, að þeirri niðurstöðu að tiltekið landsvæði í Þórsmörk væri utan staðarmarka þeirra sveitarfélaga sem höfðu uppi kröfur þar um í málinu.

Í frumvarpi þessu eru sveitarfélögunum fengin ákveðin verkefni um stjórnsýslu innan þjóðlendna óháð því hvort sá hluti þjóðlendu telst afréttur. Með úrlausn um mörk þjóðlendna og eignarlanda af hálfu óbyggðanefndar ætti að skapast grundvöllur til að leggja enn frekari grunn að því að skipa öllu landinu innan staðarmarka sveitarfélaga, en telja verður rétt að ákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við þá hugtakanotkun sem viðhöfð er í þessu frumvarpi og settar efnisreglur um hvernig beri að skipa svæðum í þjóðlendum innan staðarmarka sveitarfélaga þegar ekki verður byggt á afréttarnotum.

Í ársbyrjun 1993 skilaði nefndin drögum að frumvarpi til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna til forsætisráðherra. Drögin voru send til umsagnar hjá nokkrum ráðuneytum og að þeim fengnum fól forsætisráðuneytið nefndinni að skila fullbúnu frumvarpi með athugasemdum.

II.

Mismunandi sjónarmið um eignarhald á þeim svæðum landsins sem nefnd hafa verið afréttir hafa lengi verið uppi. Ágreiningsefnin hafa þar einkum verið í hvaða mæli slík landsvæði teljist eignarlönd og hver sé eigandi þeirra. Um afrétti hefur auk þeirra ágreiningsefna sem lýst var í upphafi I. kafla m.a. verið deilt um eignarréttarstöðu slíkra svæða og þá hvort þau séu hluti af tiltekinni jörð. Þá hafa verið uppi deilur um hvert sé t.d. inntak eignarréttinda kirkna yfir landsvæðum sem heimildir greina að þær hafi átt eða eigi og stundum eru þar nefnd afréttir, en í mörgum tilvikum hafa þessi réttindi verið seld sveitarfélögum eða einstaklingum. Eins og áður sagði bar þó lengst af hæst það álitaefni hver teldist eigandi að afréttarsvæðum sem notuð höfðu verið sameiginlega af íbúum á ákveðnu svæði án þess að þeir gætu vísað til tiltekinna heimilda um rétt sinn til svæðisins. Var þar tekist á um hvort viðkomandi sveitarfélög í umboði nytjahafanna teldust eigendur þessara landsvæða eða hvort þau væri eign ríkisins.

Í skipunarbréfi nefndarinnar er henni falið að gera drög að frumvarpi til laga um eignarrétt að almenningum og afréttum. Er því sérstaklega gerð grein fyrir þessum hugtökum hér á eftir og síðan almennt fyrir reglum um eignarrétt að fasteignum, og þá sérstaklega hvað snertir eignarrétt að landi innan afrétta og almenninga.

Rétt þykir einnig að gera í athugasemdum við lagafrumvarp þetta nokkra grein fyrir ákvæðum laga um þessi málefni, ummælum í athugasemdum með lagafrumvörpum um þau, dómum og í nokkrum mæli viðhorfum fræðimanna. Þetta er þó aðeins stutt ágrip til yfirlits.

1. HUGTAKIÐ AFRÉTTUR

1.1. ALMENNAR MÁLVENJUR

Erfitt er að fullyrða hvort hugtakið **afréttur** hafi almennt séð ákveðna og afmarkaða merkingu í málvitund almennings. Þá er lögfræðileg merking hugtaksins á reiki og fræðimenn nota það með mismunandi hætti í skrifum sínum.

Í orðabók Menningarsjóðs kemur orðið fyrir í þremur kynjum, þ.e. **afréttur** (kk), **afrétt** (kvk) og **afrétti** (hvk). Merking þess er síðan sögð vera: *„heiðaland, sumarhagar sauðfjár“*.[1] Þarna er merking orðsins skýrð með tilvísun til staðsetningar, landfræðilegra staðhátta og nánar tiltekinnar notkunar lands. Ekki verður skorið úr því hér hversu almenn hin tilvitnaða merking orðsins afréttur er. Án þess að færð verði fyrir því nein sérstök rök virðist sem hugtakið sé notað á ýmsa vegu í daglegu máli.

Ef vikið er að eignarréttarlegri merkingu hugtaksins afréttur í lagamáli má sjá að það hefur verið skýrt með tvennum hætti. Annars vegar hefur þeirri skoðun verið haldið fram að afréttur sé **tiltekið, afmarkað landsvæði** og sá sem eigi afrétt eigi tiltekin eignarréttindi að því landsvæði, bein eða óbein eftir atvikum. Hins vegar hefur verið byggt á því að í afrétti felist ekki annað en **beitarréttur** tiltekinna aðila, óbein eignarréttindi að landi sem ekki sé að öðru leyti undirorpið eignarrétti viðkomandi rétthafa.

1.2. AFRÉTTARHUGTAKIÐ Í LÖGUM

Hugtakið afréttur finnst þegar í Grágás, en merking þess þar er engan vegin ótvíræð.

Gildandi lög skilgreina hvergi merkingu afréttarhugtaksins. Að sönnu er víða fjallað um afrétti í lögum, en þá án nánari skýringa. Virðist þannig gengið út frá ákveðinni merkingu hugtaksins. Í 6. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. 42. gr. laga nr. 108/1988, felast þó e.t.v. veigamiklar leiðbeiningar, en þar segir:

> „Það skulu vera afréttir, sem að fornu hafa verið. Þó getur héraðsnefnd ákveðið nýja afrétti eftir tillögum hreppsnefndar og með samþykki landeigenda. Enn fremur geta hreppsnefndir, með samþykki héraðsnefndar, breytt takmörkum afrétta og lagt til þeirra land, er þær hafa full umráð yfir. Ekki verður afréttarland, þótt í einkaeign sé, gert að heimalandi, nema samþykki héraðsnefndar komi til. Bæjarstjórn getur tekið upp nýjan afrétt fyrir kaupstað, breytt takmörkum afréttar og lagt til hans heimalönd eða landshluta einstakra jarða innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, er kaupstaðurinn á eða hefur full umráð yfir.“

Í 7. og 8. gr. laganna er gerður greinarmunur á afréttarlandi hrepps eða upprekstrarfélags annars vegar og afréttarlandi sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun hins vegar. Í 12. gr. er kveðið á um að þar sem beitilönd einstakra jarða séu notuð til upprekstrar eða sameiginlegrar beitar beri að beita reglum laganna um afrétti eftir því sem við geti átt. Í athugasemdum við upphaflega frumvarpið að lögum um afréttamálefni og fjallskil sagði: *„Hver afréttur er ákveðið landsvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða. Á hvern afrétt eiga tilteknar jarðir upprekstrarrétt.“*[2]

Að mörgu leyti eru lögin um afréttamálefni, fjallskil o.fl. ítarlegasta löggjöf okkar á þessu sviði. Á móti kemur að hún tekur einungis á einu tilteknu atriði, þ.e. notkun afrétta sem beiti- og upprekstrarlands og stjórnun þeirrar nýtingar. Af lögunum sjálfum verður hins vegar lítið ráðið um eignarhald á afréttum eða um réttindi til þeirra, önnur en beitarrétt. Upphaflegu lögin um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, leystu af hólmi ákvæðin um afrétti í Jónsbók sem lögtekin var 1281.

---

[1] Orðabók Menningarsjóðs, Rvk. 1963, bls. 7, sbr. Ásgeir Magnússon, Íslensk orðsifjabók, Rvk. 1989, bls. 5.

[2] Alþt. 1968 A, bls. 310.

Helstu ákvæðin um afrétti í Jónsbók voru í Landsleigubálki, 46. kap., svo og 51.–54. kap. Þau leystu af hólmi ákvæði Grágásar í Landbrigðaþætti,[3] en seinni tíma fræðimenn virðast yfirleitt sammála um það að ekki hafi orðið neinar verulegar efnisbreytingar á þeim ákvæðum við lögtöku Jónsbókar.[4] Eðli málsins samkvæmt snúast viðkomandi ákvæði Jónsbókar fyrst og fremst um sauðfjárbeit, en í Landsleigubálki 46. kap. i.f. er þó vísir að afmörkun hugtaksins þegar segir: „*En þat er afréttr er .ii. menn eigu saman eða fleiri, hversu mikit sem hverr á í.*“ Þessi orð Jónsbókar eru sótt beint í Grágás[5] en annars staðar í Grágás var afréttur skýrður á þennan hátt: „*... þa afrett er sumar hage maNa er oc geld fiar hofn.*“[6]

Eins og áður segir er víða vikið að afréttum í gildandi lögum. Þegar hefur verið gerð grein fyrir lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en af öðrum lögum má nefna 1. gr. laga nr. 41/1919, um landamerki, 8. gr. laga 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, 3. gr. jarðalaga nr. 65/1976 og 1. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976, með síðari breytingum. Þótt skorti á afmarkaðar skilgreiningar afréttarhugtaksins bæði í lögum og greinargerðum með þeim virðist sem jafnan sé miðað við það að afréttur sé **afmarkað landsvæði**.

1.3. SKILGREININGAR FRÆÐIMANNA

Eins og komið hefur fram er afdráttarlausa skilgreiningu á afréttum ekki að finna í lögum. Til frekari glöggvunar verður því vikið að því hvernig nokkrir fræðimenn hafa skilgreint afréttarhugtakið, en látið verður sitja við að tilgreina hér eingöngu þær helstu frá síðari áratugum.

Ólafur Lárusson gerir grein fyrir afréttum á eftirfarandi hátt í riti sínu Eignaréttur:

> „Lönd utan byggða heyra sum undir jarðir þær, sem að þeim liggja, og eru þá hlutar af þeirri jarðeign. Önnur eru afréttir tiltekinna sveitarfélaga eða upprekstrarfélaga. Hver réttur sveitarfélags til afréttar síns sé, mun vera með nokkuð mismunandi móti. Sum afréttarlönd eru vafalaust bein eign sveitarfélaganna, réttur þeirra til annarra er hins vegar ef til vill aðeins afnotaréttur í tiltekna átt.“[7]

Ólafur gerir þannig ráð fyrir að afréttir séu tiltekin landsvæði og að á afréttum sveitar- og upprekstrarfélaga geti eignarhald verið með tvennu móti. Hins vegar víkur Ólafur ekki að hugsanlegum afréttum í einkaeign (jarða eða stofnana). Í ritgerð Sigurðar Líndal frá árinu 1983 skilgreinir hann stöðu afrétta á eftirfarandi hátt:

> „1. Lönd sem eru einungis afréttarlönd fylgjandi fleiri en einni jörð sem sameign jarðeigenda.
> 2. Lönd sem eru einungis afréttarlönd einnar jarðar, en öðrum jörðum fylgir upprekstrarréttur á landið og þá einatt gegn gjaldi.

---

[3] Sjá einkum Grágás Ib, bls. 113, og II, bls. 477–479 og 486.

[4] Um þetta atriði virðast fræðimenn yfirleitt sammála, og má í því sambandi nefna Bjarna Jónsson, Almenningar og afrjettir, nefndarálit meirihluta Fossanefndar (B), Reykjavík 1919, Þórð Eyjólfsson, Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja, ópr. september 1970, Sigurð Líndal, Útilífsréttur, Úlfljótur, 1. tbl. XXXI. árg., 1978, Eignarréttur á landi og orkulindum, skýrsla aðalfundar Sambands ísl. rafveitna 1983, og Gunnar F. Guðmundsson, Eignarhald á afréttum og almenningum, sögulegt yfirlit, Ritröð Sagnfræðistofnunar, nr. 4, Reykjavík 1981.

[5] Grágás II, bls. 479 (425 kap. i.f.).

[6] Grágás II, bls. 494.

[7] Ólafur Lárusson, Eignaréttur, Reykjavík 1950, bls. 83.

3. Eignarlönd sem lögð hafa verið til afréttar.“[8]

Skilgreiningar Sigurðar miðast við þá eignarréttarlegu stöðu sem hann telur afrétti hafa þar sem meginreglan sé sú að einungis sé um óbein eignarréttindi afréttarhafa að ræða. Þar sé fyrst og fremst um beitarrétt að ræða, en eigi að viðurkenna önnur eignarréttindi, þá verði þau að styðjast við beina heimild, sbr. 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Hvað flokkun hans frá 1983 varðar þá telur hann umrædda meginreglu gilda um þá afrétti sem falla undir flokka 1 og 2, en hins vegar sé viðurkenndur beinn eignarréttur að afréttum sem heyri undir flokk 3.[9]

Gaukur Jörundsson skilgreinir hugtakið afrétt svo í bók sinni Eignaréttur:

„Til afrétta í víðtækasta skilningi má telja hvers konar land ofan byggðar, sem er notað til sumarbeitar fyrir búfé. ... Afréttarlönd í nefndum skilningi má í grófum dráttum flokka í lönd, sem eru fullkomin eignarlönd einhvers aðila (annars en ríkisins), og lönd, sem eru aðeins afréttareign.“[10]

2. HUGTAKIÐ ALMENNINGAR

Löggjöf okkar hefur allt frá tíma Grágásar haft að geyma ákvæði um almenninga. Almenningar geta verið þrennskonar lögum samkvæmt, þ.e. landalmenningar, hafalmenningar og almenningar í stöðuvötnum. Í þessari umfjöllun skipta **landalmenningar** fyrst og fremst máli.

Í Grágás sagði m.a. um almenninga: *„Þat er mælt at almenningar ero a landi her. Þat er almenning er fiorðungs menn eiga allir saman.“*[11] Við lögtöku Jónsbókar varð ekki breyting á meginreglunni um almenninga, sbr. þessi orð í Landsleigubálki, 52. kapítula: *„Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra.“*

Á það hefur verið bent að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga hafi í upphafi verið sniðin að norskum landsháttum og sé því spurning hversu vel þau hafa átt við hér á landi. Hvað sem því líður munu flest ákvæði Jónsbókar um almenninga orðin úrelt.[12] Þó er rétt að geta þess, að framangreint ákvæði úr Landsleigubálki, 52. kap., var tekið með í síðustu útgáfu Lagasafns 1995. Í yngri löggjöf er gert ráð fyrir því að almenningar séu til og má í því sambandi vísa til 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, og 4. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Menn hefur greint á um það hvar almenningar væru, svo og hvernig eignarrétti að þeim væri háttað. Gaukur Jörundsson hefur hliðsjón af gildandi lögum þegar hann segir: *„Í löggjöf á síðari tímum hafa landsvæði, sem enginn aðili getur talið til einstaklingseignarréttinda yfir, oft verið nefnd almenningar, ... “*.[13] Sigurður Líndal kemst að svipaðri niðurstöðu, en telur þó ekki útilokað að um ákveðin einstök réttindi geti verið að ræða í almenningum.[14] Ólafur Lárusson segir um almenninga:

---

[8] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 14.
[9] Sigurður Líndal, bls. 14, og Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls. 36.
[10] Gaukur Jörundsson, Eignaréttur, fjölrit, Reykjavík 1982-1983, bls. 131.
[11] Grágás II, bls. 537–538.
[12] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83, Sigurður Líndal, Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls 37.
[13] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133.
[14] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 17–18.

„... en að svo miklu leyti, sem almenningar eru enn til, mun víða vera svo komið að tilteknar jarðir hafa eignast tiltekin afnot þeirra og munurinn á þeim og afréttum mun því vera orðinn óljós nú á tímum.“[15]

Undir það sjónarmið tekur Sigurður Líndal.[16] Skilgreining Gauks Jörundssonar sem vitnað var til hér að framan virðist vera í bestu samræmi við ákvæði í lögum og á það reyndar við lög hér að lútandi allt frá setningu nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hins vegar er því ekki að neita að réttarstaða almenninga er á ýmsan hátt óljós og þá í hvaða mæli landalmenningar séu til í landinu í dag. Vafamál er líka hversu skýrlega verður greint á milli þeirra og afrétta eins og Ólafur Lárusson benti á.

Hvað fyrra atriðið varðar virðist ljóst að almenningar hafa aldrei verið bundnir við hálendi landsins. Þeir hafa þvert á móti fundist í fjörum líka. Sá skilningur á stoð í 52. kap. Landsleigubálks Jónsbókar þegar talað er um almenninga „bæði hið efra og hið ytra“. Í Fornbréfasafni, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og víðar eru tilgreind svæði sem í þá daga hafa verið kölluð almenningar. Nefnir Bjarni Jónsson nokkur dæmi um slíkt í ritgerð sinni.[17] Hver réttarstaða þessara svæða er í dag er hins vegar óljóst.

Áður hefur verið vikið að því að Sigurður Líndal virðist gera ráð fyrir því að til séu hálendissvæði sem liggi utan við afrétti og almenninga. Sama skoðun kemur fram hjá Ólafi Lárussyni.[18] Sigurður tekur fram:

„Nokkur vafi leikur á því, hvernig rétti til þessara hálendissvæða sé háttað — eða rétti til eigendalausra jarða í byggðum — eða til þeirra heimilda til afrétta og almenninga sem ekki falla undir eign sveitarfélaga, upprekstrarfélaga eða fylgja ekki eign einstakra jarða. Þegar grannt er skoðað sýnast varla vera rök til þess að gera almennan greinarmun á slíkum svæðum og almenningum.“[19]

Hvað hálendissvæðin varðar þegar afréttum sleppir verður að taka undir framangreinda skoðun, enda verður ekki betur séð en að það samræmist gildandi löggjöf að telja þau til almenninga, sbr. og skilgreiningu Gauks hér að framan. Skoðun þeirra Sigurðar Líndal og Ólafs Lárussonar að erfitt kunni að vera að greina á milli afrétta og almenninga á án vafa við rök að styðjast í einstaka tilvikum. Annað mál er að í eldri heimildum virðast menn ekki alltaf hafa greint þarna á milli sem skyldi og hugtakanotkun ekki verið sem nákvæmust. Slík tilvik þarfnast sérstakrar skoðunar hverju sinni.

3. ALMENNT UM EIGNARRÉTT AÐ FASTEIGNUM

Hugtakið fasteign kemur víða fyrir í lögum þótt þar sé ekki að finna neina almenna skilgreiningu á hugtakinu.[20] Ýmsir fræðimenn hafa á hinn bóginn skilgreint hugtakið og þá yfirleitt á svipaðan hátt, sbr. skilgreiningu Gauks Jörundssonar, *„að hún sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum, sem varanlega eru við landið skeytt“*.[21] Séu framangreindar skilgreiningar á afrétti og almenningi lagðar til grundvallar virðist óhætt að fullyrða að einstakir afréttir og al-

---

[15] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83.
[16] Sigurður Líndal, Úlfljótur XXXI. árg., 1. tbl., bls. 37.
[17] Bjarni Jónsson frá Vogi, sama rit, bls. 26–27.
[18] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 83.
[19] Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands ísl. rafveitna, bls. 18.
[20] Sjá þó 2. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, en sú skilgreining er einskorðuð við þau lög.
[21] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 30–31.

menningar séu fasteign í framangreindum skilningi enda sé þá uppfyllt það skilyrði að um sé að ræða afmarkað landsvæði.

Vegna viðfangsefnis þessa frumvarps þykir rétt að gera hér nokkra grein fyrir almennum sjónarmiðum um hvert sé inntak eignarréttar yfir fasteignum og með hvaða hætti eignarréttindi yfir þeim stofnast og þar með helstu eignarheimildum að fasteignum sem viðurkenndar hafa verið í íslenskum rétti.

3.1. UM EIGNARRÉTTINDI

Sameiginlegum sérkennum eignarréttinda hefur verið lýst svo að aðilaskipti geti orðið að þeim og að þau verði metin til fjár á peningalegan mælikvarða.[22] Gaukur Jörundsson greinir eignarréttindi í fjóra meginflokka: a) **Eignarréttur (í þrengri merkingu)**, b) **Takmörkuð (óbein) eignarréttindi**, c) **Kröfuréttindi**, d) **Réttindi til hugverka og auðkenna**.[23] Einnig hefur tíðkast að tala um **beinan eignarrétt** annars vegar en **óbeinan eignarrétt** hins vegar.

3.1.1. Beinn eignarréttur.

Ekki er einhlítt hvað menn kalla þessa tegund eignarréttar. Þannig talar Gaukur Jörundsson um **eignarrétt (í þrengri merkingu)**.[24] Í öðrum samböndum, og þá fyrst og fremst þegar talað er um eignarrétt að fasteignum, hafa menn notað ýmis hugtök sem vísa til beins eignarréttar. Þannig má sjá talað um **grunneignarrétt**[25], **eignarland**[26] eða **fullkomið eignarland**.[27] Í öðrum samböndum er einnig talað um land í **einkaeign** (einkaeignarréttur), sbr. 5., 10. og 11. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., svo og 1. gr. námulaga nr. 24/1973.[28] Einnig sést talað um að land sé undirorpið **einstaklingseignarrétti**.[29] Þó að framangreind hugtök sem og fleiri vísi oft til þess sem skilgreint er sem beinn eignarréttur er þó ekki hægt að ganga að því sem vísu og þarfnast það nánari athugunar við í hverju tilviki.

---

[22] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 2.

[23] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 9.

[24] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3.

[25] Sigurður Ólason, Greinargerð með beiðni um útgáfu eignadómsstefnu fyrir Landmannaafrétt, dags. 6. febrúar 1975 (lögð fyrir aukadómþing Rangárvallasýslu, mál nr. 20/1975), bls. 13, 17, 19, 24, 31, 34, svo nokkur dæmi séu nefnd. Sigurður virðist nota hugtakið í sömu merkingu og beinn eignarréttur, sbr. bls. 35.

[26] Sjá t.d.: Þórður Eyjólfsson, sama rit, bls. 1, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 14.

[27] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 131.

[28] Rök má leiða að því að land í einkaeign merki ekki það sama í þessum tvennum lögum. Þannig virðist ljóst af greinargerð með lögum nr. 24/1973 að í þeim lögum er hugtakið notað í sömu merkingu og beinn eignarréttur, sbr. Alþt. 1970 A, bls. 1749. Ekki er skýring á ákvæðum laga nr. 6/1986 jafnótvíræð. Af athugun á greinargerð og athugasemdum með upphaflega frumvarpinu til laga nr. 42/1969 verður þó að telja nokkuð skýrt að hugtakið einkaeign er ekki notað í merkingunni beinn eignarréttur, heldur um afréttarland sem liggur undir einstakar jarðir eða stofnanir skv. 8. gr. sem andstæða afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga skv. 7. gr., afrétta sem í greinargerð eru kallaðir **almenningsafréttir**, sbr. Alþt. 1968 A, bls. 303–304 og 311–312.

Sigurður Ólason notar hugtakið **einkaeignarétt** og á nokkrum stöðum að því er virðist í merkingunni beinn eignarréttur, sbr. Sigurður Ólason, sama rit, og í nefndaráliti minni hluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32, kemur þetta hugtak og fyrir. Gaukur Jörundsson notar auk þess hugtakið **einkaheimildir**, sbr. Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133–134.

[29] Sjá t.d. 2. mgr. 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

Áður fyrr skilgreindu fræðimenn beinan eignarrétt með **jákvæðum hætti** á þann hátt að taldar voru upp þær heimildir sem um var að ræða.[30] Yngri fræðimenn hafa aftur á móti skilgreint eignarrétt með **neikvæðum hætti** þannig að í honum felist réttur til hvers konar umráða og ráðstafana yfir hlut að svo miklu leyti sem ekki séu sérstakar takmarkanir á því gerðar. Því rýmki eignarréttur í tilteknu tilviki að sama skapi sem takmarkanir falli niður.[31]

Því hefur verið haldið fram að hin neikvæða skilgreining eigi betur við meginreglur íslenskrar löggjafar og lagahefðar en hin jákvæða,[32] sem dæmi um neikvæða skilgreiningu má nefna skilgreiningu Gauks Jörundssonar:

> „Samkvæmt því má skýrgreina eignarrétt á þá leið, að hann sé einkaréttur ákveðins aðila, eigandans, til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) réttindum annarra aðila, sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum.“[33]

3.1.2. Óbeinn eignarréttur.

Þegar um óbein (takmörkuð) eignarréttindi er að ræða er málum svo háttað að þeim eignarheimildum sem felast í hinum beina eignarrétti hefur verið skipt og þær komist í hendur fleiri en eins aðila. Í hugtakinu **óbein** eignarréttindi felst að þau séu aðeins hlutdeild í víðtækari rétti eigandans og beiting þeirra fari fram í skjóli hins víðtækari réttar, beina eignarréttarins. Á hinn bóginn hafa hin óbeinu eignarréttindi ein og sér öll einkenni beins eignarréttar, þ.e. á því afmarkaða sviði sem þau ná til. Helstu flokkar óbeinna eignarréttinda eru **afnotaréttindi, ítaksréttindi, veðréttindi, afgjaldsskyldur, haldsréttur, forkaupsréttur, kaupréttur**, og **réttur samkvæmt kyrrsetningargerð**.[34]

3.1.3. Afréttareign.

Vegna viðfangsefnis þessa frumvarps er rétt að fjalla sérstaklega um hugtakið **„afréttareign“**, en það kemur alloft fyrir bæði í dómum og fræðiritum.[35] Álitaefnið er hvers konar eignarréttindi þar er um að ræða.

Gaukur Jörundsson gerir grein fyrir því að eignarréttur að afréttum geti verið með tvennu móti. Annars vegar sé um að ræða beinan eignarrétt að afréttarlandinu, en í öðrum tilvikum sé aðeins um afréttareign viðkomandi aðila að ræða. Ef land er afréttareign tiltekins aðila á hann upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og silungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, og ef til vill einhverjar aðrar, þröngar nýtingarheimildir, svo sem veiðirétt, sbr. ákvæði veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, þau sem enn eru í gildi.[36] Auk þessara afmörkuðu réttinda leiddi lögtaka 2. gr. námulaga nr. 24/1973 til þess að nú á ríkið eitt rétt til jarðefna á þeim afréttum sem aðrir aðilar geta ekki sannað beinan eignarrétt að.

---

[30] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 10–13, Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3.

[31] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3–4, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 13.

[32] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 3–4, Sigurður Líndal, sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 13.

[33] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 4.

[34] Ólafur Lárusson, sama rit, bls. 13–16, Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 5–6.

[35] **Afréttareign** er hugtak sem Þórður Eyjólfsson virðist fyrstur nota um þessi takmörkuðu réttindi, sbr. Þórður Eyjólfsson, sama rit.

[36] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 131.

Gaukur Jörundsson segir að talsvert hafi tíðkast að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar séu talin sérstök réttindi. Sem dæmi slíks nefnir hann vatnsréttindi, veiðiréttindi, námuréttindi og réttindi til reka.[37] Séu slík réttindi skilin frá eignarrétti eiganda og fengin öðrum er um ítak að ræða og þar með óbein eignarréttindi.

Það veldur nokkrum vandkvæðum við skilgreiningu afréttareignar og stöðu hennar í hinu fræðilega kerfi eignarréttinda að Ólafur Lárusson og Gaukur Jörundsson meðal annarra byggja á því hugtaksskilyrði að óbein (takmörkuð) eignarréttindi séu alltaf hlutdeild í öðrum víðtækari rétti eiganda eignarinnar. Þegar talað er um vandkvæði er átt við aðstæður eins og þær sem eru til staðar á Landmannaafrétti. Hæstiréttur hefur hafnað því að afrétturinn sé annað og meira en afréttareign heimamanna og jafnframt hafnað viðurkenningarkröfu ríkisins á beinum eignarrétti að svæðinu, sbr. **hrd. 1955, bls. 108** og **hrd. 1981, bls. 1584**. Þar virðist því um að ræða fasteign sem engum aðila hefur tekist enn sem komið er að sanna beinan eignarrétt að og fellur hún þannig ekki að fyrrgreindri afmörkun á beinum og óbeinum eignarréttindum.

3.2. HELSTU VIÐURKENNDU EIGNARHEIMILDIR AÐ FASTEIGNUM Í ÍSLENSKUM RÉTTI

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir helstu eignarheimildir að fasteignum.

3.2.1. Nám.

Gaukur Jörundsson telur óhætt að leggja til grundvallar sem meginreglu íslensks réttar að ekki verði stofnað til eignarréttinda yfir fasteignum fyrir nám, þó svo að sú meginregla eigi sér hvergi beinlínis stoð í lögum.[38] Í öndverðu er nám hins vegar talið hafa verið helsti stofnunarháttur eignarréttinda yfir landi hérlendis.

Talið hefur verið að nám hafi horfið sem eignarheimild í íslenskum rétti tiltölulega snemma og Gaukur Jörundsson telur að túlka megi ákvæði nýbýlatilskipunarinnar 1776 þannig að heimild til náms hafi þá ekki verið talin vera fyrir hendi lengur.[39] Þórður Eyjólfsson notar hugtakið **afnotanám** í ritgerð sinni í þeirri merkingu að réttur til afrétta hafi upphaflega orðið til þannig að bændur hafi tekið eigendalaus svæði til beitar og annarra þröngra nota. Þessi réttur hafi síðar fengið stuðning í lögum og ef til vill fyrir hefð.[40]

Í Landmannaafréttardóminum fyrri, **hrd. 1955, bls. 108**, hafnaði hæstiréttur kröfu hreppsfélaganna um beinan eignarrétt meðal annars á þeirri forsendu að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því að hreppsfélögin hefðu öðlast eignarrétt að landsvæðinu fyrir nám. Líklegt verður að telja að öruggar heimildir um nám tiltekinnar fasteignar yrðu að minnsta kosti álitnar stuðningur við aðrar eignarheimildir.

---

[37] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 32.

[38] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 133–134.

[39] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 134.

[40] Þórður Eyjólfsson, sama rit, bls. 1. Þórður skilgreinir ekki hugtakið **„afnotanám“** frekar, eða hver skilyrði þess séu, og ekki hafa fundist eldri dæmi um notkun þess, þannig að mögulega er um nýsmíði Þórðar að ræða. Að minnsta kosti tveir aðilar hafa hins vegar tekið þetta hugtak upp eftir Þórði, sjá Sigurður Líndal, Útilífsréttur, Úlfljótur, XXXI. árg., 1. tbl., 1978, bls. 37, og Sigurður Ólason, sama rit, bls. 27. Á hinn bóginn telur Gunnar Guðmundsson ekkert benda til þess að menn hafi numið land til afnota, en skilið landið sjálft eftir eigendalaust, sbr. Gunnar Guðmunsson, sama rit, bls. 102.

Í Geitlandsdóminum, **hrd. 1994, bls. 2227**, kemur fram að þess sé getið að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Hæstiréttur segir í dómi sínum að í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland, en síðar segir að þegar litið sé til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi virðist það hins vegar vafa undirorpið hvort landið sé eignarland. Vafi um inntak eignarráða þeirra hreppsfélaga sem keyptu Geitlandið samkvæmt afsali frá ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum árið 1926 leiddi til sýknu af ákæru vegna meintra ólöglegra fuglaveiða á svæðinu.

3.2.2. Hefð.

Núgildandi lög um hefð eru nr. 46/1905. Ýmsar tegundir eignarréttar geta stofnast fyrir hefð og má þar nefna **beinan eignarrétt**, sbr. 1. mgr. 6. gr. hefðarlaga, **afnotaréttindi**, sbr. 7. gr. laganna, og **ítaksréttindi**, sbr. 7. og 8. gr. sömu laga.

Varðandi afrétti og hugsanlega unna hefð að þeim eru það einkum eftirtalin skilyrði hefðar sem koma til athugunar. Annars vegar verður eign sú sem hefða á **að geta verið eign einstakra manna**, sbr. 1. gr. hefðarlaga og hins vegar verður að hafa verið um **óslitið eignarhald** að ræða, sbr. 1. mgr. 2. gr. hefðarlaga, sé um eignarhefð að ræða, en **notkun** með sömu skilyrðum, sbr. 7. gr. laganna, sé um afnotahefð að ræða. Fyrra skilyrðið mun fyrst og fremst vera sett til að taka af tvímæli um það að hluti sem ekki eru eignarhæfir er ekki unnt að hefða. Óslitið eignarhald hefur verið skýrt svo „að hefðandi hafi haft svo víðtæk ráð eignar, að þau bendi til eignarréttar“ og jafnframt þarf hann að hafa „útilokað aðra frá því að ráða yfir eigninni“. Sama gildir síðan um afnotahefð að breyttu breytanda. Þannig virðist mögulegt að vinna hefð á afréttarlandi, en ljóst er að skilyrðin eru ströng. Í **hrd. 1955, bls. 108** um Landmannaafrétt var því hafnað að hreppsfélögin hefðu öðlast beinan eignarrétt að Landmannaafrétti fyrir hefð.

3.2.3. Venjuréttur.

Tiltekin nýting lands getur leitt til þess að talið verði að þeir sem nýta landið eigi einir þann rétt sem nýtingin gefur til kynna. Hugsanlegt er að niðurstaða hæstaréttar í **hrd. 1955, bls. 108** (um Landmannaafrétt), um beitarrétt afréttarnotendanna byggi m.a. á venjurétti, þó svo að slík niðurstaða sé ekki orðuð beint í dóminum. Ekki eru gerðar jafnstrangar kröfur til þess að venjuréttur teljist hafa stofnast og gert er um hefð. Hins vegar virðist ljóst að beinn eignarréttur verður tæplega grundvallaður á venjurétti.

3.2.4. Afsalsgerningar.

Mikilvægast er að gera sér grein fyrir því að sá sem afsalar fasteign getur ekki afsalað víðtækari rétti en hann á. Sá sem ekki á beinan eignarrétt getur ekki gert annan að eiganda lands með afsali, þó svo að hann eigi þar nýtingarheimildir. Við lestur afsala og kaupsamninga vegna afréttarsvæða þarf hverju sinni að kanna hversu víðtækan eignarrétt sé verið að selja. Í þessu sambandi skal sérstaklega minnt á þau lönd sem töldust eign ríkis og kirkju, en voru síðar seld hrepps- og upprekstrarfélögum.[41] Þá hefur vægi afsala sem eignarheimilda ekki alltaf verið ótvírætt, sbr. niðurstöðu hæstaréttar í **hrd. 1969, bls. 510**, um Nýjabæjarafrétt.

---

[41] Sem dæmi má nefna sölu húnversku heiðarlandanna á fyrri hluta aldarinnar. T.d. Auðkúluheiði 1918 og Húksheiði 1934.

Sömu sjónarmið verður og að hafa í huga við skýringu ýmissa annars konar gerninga, t.d. einhliða yfirlýsinga á borð við **lögfestur** og **máldaga** kirkna, svo og við skýringu fornra dóma.

Sem dæmi um umfjöllun hæstaréttar um afsalsgerninga má vísa til dóms um meintar ólöglegar fuglaveiðar í Geitlandi, **hrd. 1994, bls. 2227**, en Hálsa- og Reykholtsdalshreppur keyptu Geitland samkvæmt afsali frá ráðherra dóms- og kirkjumála árið 1926. Geitland hafði áður tilheyrt Reykholtskirkju.

3.2.5. Erfðir.

Erfðir eru mikilvæg heimild eignarréttar, bæði lög- og bréferfðir. Hér verður fjallað um fasteignir sem enginn getur sannað beinan eignarrétt að hvort sem þær hafa áður verið háðar eignarrétti eða ekki. Í því sambandi hefur verið bent á reglur um erfðafjársjóð, sbr. 1. mgr. 55. gr. laga nr. 8/1962, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1952, sem leiða til þess að eignir manns sem enga erfingja á renna í erfðafjársjóð til ráðstöfunar ríkisins og því er það íhugunarefni hvort sams konar reglur gildi um fyrrnefndar fasteignir. Því hefur verið haldið fram að reglur um erfðafjársjóð séu angi þeirrar meginreglu að það sem enginn eigi falli til ríkisins. Það hefur þó verið talið hæpið að minnsta kosti hérlendis að túlka reglur um erfðafjársjóð víðtækar en samkvæmt beinni hljóðan þeirra.[42]

Í norrænum rétti hefur löngum verið byggt á þeirri reglu að land sem enginn eigi sé eign konungs, seinna ríkis.[43] Umrædd regla hefur aldrei náð fótfestu í íslenskum rétti. Eignartilkalli ríkisins grundvölluðu á henni hefur verið hafnað af dómstólum, sbr. dóm Landsyfirréttar frá 21. júlí 1873, **lyfrd. (yngri) I, bls. 61**, um eignarrétt að eyðibýlinu Vilborgarkoti[44], og svo síðar í dómi hæstaréttar, **hrd. 1981, bls. 1584**, um eignarrétt að Landmannaafrétti.

3.2.6. Almenn rétttaka.

Í lögum kunna að vera ákvæði þess eðlis að tiltekinn aðili skuli taka við réttindum og skyldum annars aðila. Sem dæmi má nefna lög nr. 31/1986, um slit á Söfnunarsjóði Íslands og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eigum hans. Slík löggjöf er aftur á móti óþekkt á því sviði sem hér um ræðir.

3.2.7. Bein ákvæði í lögum.

Hvað varðar afrétti og almenninga verður að telja hæpið að almennt verði beinn eignarréttur að þeim reistur á ákvæðum laga. Það álit á stoð í niðurstöðum hæstaréttar í **hrd. 1981, bls. 182**, um eignarrétt að botni Mývatns, og **hrd. 1981, bls. 1584**, seinni dóminum um Landmannaafrétt. Þar var því hafnað að almennt eignartilkall ríkisins í skilningi einkaréttar ætti sér stoð í skráðum réttarreglum. Með beinum ákvæðum í lögum hefur hins vegar verið mælt fyrir um réttindi yfir einstökum landsgæðum innan afrétta og eigendalausra svæða, sbr. veiðiréttindi búenda sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í vötnum á afréttum skv. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og rétt ríkisins til jarðefna á landsvæðum sem ekki eru í einkaeign skv. 2. gr. námulaga nr. 24/1973.

---

[42] Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 134–135.

[43] Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 113.

[44] Lyfrd. (yngri) I:61: „Því hér á landi á eigi konungur það land, er enginn finnst eigandi að, heldur er það land almenningur, og fylgir þeim reglum, er þar um gilda."

3.2.8. Lagarök og lagaviðhorf.

Hér má vitna til **hrd. 1981, bls. 1584**, þar sem því var hafnað að dómstólar settu reglur um eignarhald á grundvelli almennra lagaraka og lagaviðhorfa.[45]

4. AFSTAÐA ÍSLENSKS RÉTTAR TIL EIGNARHALDS Á AFRÉTTUM

4.1. Ákvæði laga og efni lagafrumvarpa.

Í íslenskum lögum allt frá tíma Grágásar hafa ekki verið sérstök ákvæði um eignarrétt að afréttum almennt, heldur hefur í ýmsum lagaákvæðum verið mælt fyrir um nýtingu tiltekinna réttinda innan afrétta. Ekki er ástæða til að fjalla hér sérstaklega um tilurð og efni þeirra lagaákvæða, heldur verður látið nægja að lýsa umfjöllun sem fór fram um eignarhald á afréttum í tilefni af setningu vatnalaganna 1923 annars vegar og hins vegar laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. 1969.

4.1.1. Vatnalögin nr. 15/1923 og aðdragandi þeirra.

Umræðan um réttarstöðu afrétta og almenninga hefst fyrst að marki á öðrum áratug aldarinnar með starfi svokallaðrar fossanefndar[46] og samþykkt tveggja þingsályktunartillagna um eignarrétt að afréttum og almenningum og nýtingu vatnsorku á þeim landsvæðum.[47]

Fyrri þingsályktunartillagan sem hér skiptir máli var flutt af Gísla Sveinssyni 1917 og var svohljóðandi:

> „Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina að gæta hagsmuna þjóðfélagsins og rjettar landssjóðs til fossa og annara verðmæta í almenningum landsins og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga, með því
>
> 1. að komast að ábyggilegri niðurstöðu um það hve langt yfirráðarjettur sýslu og hreppafjelaga yfir afrjettum nái samkvæmt þeim notum, er tíðkast hafa frá fornu fari, svo sem upprekstur, beit, fjallagrös, rótargröftur, skógarhögg, veiði, og gefa síðan hlutaðeigendum það til vitundar;
> 2. að láta fram fara rifting á öllum samningum er sýslur eða hreppar kunna að hafa

---

[45] Þar var það „vara málsástæða" af hendi ríkisins, að ef ekki yrði talið að réttarstaðan til forna hefði verið upplýst til hlítar, yrði byggt á „nútímaviðhorfum réttarþjóðfélags", þ.e. fyrst og fremst á því, „sem best samrýmist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútíma þjóðfélags".

[46] Fossanefndin var milliþinganefnd skipuð árið 1917 með það að markmiði að gera úttekt á fossamálunum í heild og semja álitsgerðir og lagafrumvörp þar að lútandi.

[47] Óhætt mun vera að fullyrða að fossakaupin svokölluðu í upphafi þessarar aldar hafi opnað augu manna fyrir því að afréttir og reyndar almenningar hefðu fleiri verðmæti að geyma en sauðfjárbeitina eingöngu. Á þessum tíma hefjast stórfelld kaup á vatnsorku hér á landi, og áttu ýmsir erlendir aðilar þar stærstan hlut að máli. Hérlendir aðilar fóru snemma að hafa áhyggjur af þeirri þróun eins og setning fossalagana nr. 55/1907, ber með sér. Sjá Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 9.

Nánar um fossamálið, sjá Sigurð Ragnarsson í Sögu, tímariti Sögufélagsins. Innilokun eða opingátt. Þættir úr sögu fossamálsins, XIII. árg. 1975, bls. 5–105. Fossakaup og framkvæmdaáform. Þættir úr sögu fossamálsins, XIV. árg. 1976, bls. 125–182, og XV. árg. 1977, bls. 125–222.

gert við einstaka menn eða fjelög og í bága koma við rjett landssjóðs."[48]

Litlar umræður urðu um tillöguna og hún samþykkt samhljóða sem ályktun neðri deildar Alþingis.[49] Umrædd rannsókn var að endingu framkvæmd af Bjarna Jónssyni frá Vogi, en niðurstöður hans voru birtar í áliti meirihluta fossanefndar. Fossanefndin klofnaði vegna ágreinings um það grundvallaratriði hvernig eignarrétti að vatni væri háttað og voru lögð fram tvö mismunandi frumvörp til vatnalaga árið 1919 sem hvorugt var samþykkt. Nefndin var í meginatriðum sammála um það að almenningar og afréttir væru ríkiseign, þó svo að minnihlutinn gerði þann fyrirvara að afréttir kynnu að vera í einkaeign.[50]

Þessi sameiginlega niðurstaða fossanefndar varð einmitt grundvöllur að þingsályktunartillögu þeirri sem lögð var fram á þingi árið 1919 af samvinnunefnd í fossamálum og var svohljóðandi:

> „Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum og afrjettum eign ríkisins, og gera, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að rifting fari fram á gerningnum milli einstaklinga eða fjelaga, er í bága kynnu að koma við þennan rjett þjóðfélagsins."[51]

Sú var skoðun margra þingmanna að tillagan í upphaflegri mynd gerði ekki ráð fyrir að til væru afréttir sem undirorpnir væru beinum eignarrétti.[52] Flutningsmenn tillögunnar mótmæltu þeim skilningi, en svo fór að fossanefnd efri deildar bar fram þá breytingartillögu að orðin „og afrjettum" yrðu felld út með eftirfarandi rökstuðningi:

> „En jafnframt vill nefndin taka það fram, að hún lítur svo á, að almenningur sje ekki að eins öræfi og jöklar, heldur og afrjettir, sem ekki eru eign einstakra jarða, eða hafa verið það. Undir almenninga falla því allar afrjettir, sem eru eign landsins eða sveitarfjelaga, ef sveitarfjelögin hafa ekki keypt þær á löglegan hátt, af löglegum eigendum."[53]

Þessi breyting var samþykkt í deildinni, en í sameinuðu Alþingi kom enn fram breytingartillaga, nú frá Bjarna Jónssyni, sem vildi bæta við „og í afrjettum, þeim er eigi heyra til neinni ákveðinni jörð einstakra manna eða sveitarfjelaga".[54] Bjarni dró þó breytingartillögu sína til baka eftir að forsætisráðherra hafði lýst því yfir að stjórnin legði sömu merkingu í ályktunina hvort sem breytingartillagan yrði samþykkt eða ekki, þ.e. að tryggja bæri ríkinu vatnsréttindi í almenningum og afréttum sem ekki gætu talist eign

---

[48] Alþt. 1916–1917, bls. 69. Af framsöguræðu flutningsmanns er ljóst að hann telur afrétti og almenninga ríkiseign. Að vísu undanskilur hann afrétti sem heyri til tiltekinni jörð einhvers sveitarfélags því þá sé afrétturinn sennilega genginn frá þeirri jörð. Hvað aðra afrétti varði sé réttur til þeirra takmarkaður við þau afnot sem tilgreind eru í lið 1. í tillögunni. Til stuðnings eignarrétti ríkisins vísaði Gísli einkum til nýbýlalaga 1897 og námulaga 1909. Sbr. Alþt. 1916–1917, bls. 318–322.

[49] Alþt. 1916–1917, bls. 325.

[50] Nefndarálit meirihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. X, og nefndarálit minnihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32.

[51] Alþt. 1919 A, bls. 1534.

[52] Reyndar notuðu þingmenn ekki það hugtak en töluðu um „að sumir afréttir væru eign eða hluti af fasteign einstakra manna eða hreppa". Málvenja hefði helgað það að kalla eignarlönd afrétti og að afréttir gætu ýmist verið partur úr heimalandi jarðar eða jarðsvæði sem væri sameign sveitarfélaga og ekki notað til ábúðar, t.d. jarðir sem keyptar hefðu verið í því skyni. Sjá Alþt. 1919 B, bls. 2467–2504.

[53] Alþt. 1919 B, bls. 2498.

[54] Alþt. 1919 A, bls. 1937.

einstakra manna eða sveitarfélaga og yrði því að álíta ríkiseign.[55]

Það verður ekki fullkomlega ráðið af umræðum um tillöguna hvort þingið notar hugtakið almenning í þeirri víðtæku merkingu sem fram kemur í fyrrgreindri tilvitnun í rökstuðning með breytingartillögu fossanefndar efri deildar eða hvort þingmenn hafi sæst á þann skilning að þingsályktunartillagan skyldi einnig taka til afrétta sem ekki gætu talist eign einstaklinga eða stofnana. Mörk hugtakanna afréttur og almenningur eru talsvert á reiki eins og afgreiðsla framangreindrar tillögu ber með sér. Allt að einu miða framangreindar breytingar á tillögunni frá upphaflegri mynd að því að vernda rétt einstakra aðila til eignarlanda sinna.

Í frumvarpi því til vatnalaga sem lagt var fram á Alþingi 1921 og varð síðar með breytingum að lögum nr. 15/1923 er tekið á eignarréttarlegri stöðu afrétta í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins. Eftir að gerð hefur verið grein fyrir því sameiginlega áliti meiri- og minnihluta fossanefndar að ríkið ætti afrétti og almenninga yfirleitt segir:

> „Hjer er ekki staður til að úrskurða þetta atriði. Það verður væntanlega að rannsaka það sjerstaklega, hvaða lendur eru ríkiseign, enda eiga dómstólarnir úrskurð þess máls. Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsrjettindi í afrjettum og almenningum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því, hver eigi vatnsrjettindin. Hins vegar væri miður fallið að ákveða í lögum, að ríkið ætti vatnsrjettindi í þessum lendum, ef svo yrði niðurstaða dómstólanna, að þær væru ekki — eða sumar þeirra ekki — ríkiseign, heldur eign einstakra manna eða hjeraða."[56]

Það er ljóst að öll þau gögn, sem nú hafa verið reifuð, verður að skoða í samhengi sem grundvöll vatnalaganna. Í síðastgreindri tilvitnun er ekki tekin jafnafdráttarlaus afstaða til eignarréttar að afréttum og almenningum og verið hafði í allri umræðu um fossamálin árin á undan. Segja má að í vatnalögunum sé þeirri spurningu ósvarað hvernig eignarhaldi að afréttum sé háttað og þeim möguleika haldið opnum að til séu afréttir sem undirorpnir séu beinum eignarrétti. Hátti svo til um afrétt nýtur eigandinn væntanlega þeirra réttinda sem kveðið er á um í meginreglu 2. gr. vatnalaga.[57] Að lokum er vert að vekja athygli á því að sú skoðun átti mjög almennu fylgi að fagna á þessum tíma að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign. Sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir.

4.1.2. Löggjöf um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Hinn 10. desember 1958 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd þriggja manna til að endurskoða ákvæði laga um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil o.fl. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Jóhannesson, þá lagaprófessor, Jón Gauti Pétursson oddviti, Gautlöndum, og Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður. Lagafrumvarpi því sem nefndin samdi fylgdi greinargerð og var hún prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi til laga um afréttamálefni,

---

[55] Alþt. 1919 B, bls. 2504.

[56] Alþt. 1921 A, bls. 180.

[57] Athygli skal vakin á því að skýring 2. gr. vatnalaga veldur nokkrum vafa. Þannig eru réttindi til vatns, samkvæmt þeirri grein, bundin við landareign, en það hugtak er skýrt svo í 1. gr. að það merki „land lögbýlis og lóð og lönd innan takmarka kaupstaða og löggiltra verslunarstaða". Óeðlilegt verður að telja að gagnályktun sé heimil út frá nefndum ákvæðum þannig að önnur landsvæði undirorpin beinum eignarrétti eigi ekki sama rétt til vatns.

fjallskil o.fl. og birt í Alþingistíðindum 1968 A, bls. 312. Í greinargerð þessari er lýst þeim viðhorfum sem þá voru uppi um skipan eignarhalds á afréttum, en þar sagði m.a.:

„Áður en nefndin tók frumvarpið saman, aflaði hún sér upplýsinga um framkvæmd afréttarmála og fjallskila víðs vegar um land. Leitaði hún í því skyni skýrslna hjá sýslumönnum, er aftur margir hverjir lögðu málið fyrir sýslunefnd eða fengu upplýsingar hjá hreppsnefndaroddvitum í sýslunni. Fengust með þessum hætti gagnlegar upplýsingar um málefni þau, sem frumvarpið fjallar um.

Hver afréttur er ákveðið landssvæði utan byggða og heimalanda einstakra jarða. Á hvern afrétt eiga tilteknar jarðir upprekstrarrétt. Sá réttur byggist í langflestum tilfellum á fornri hefð og venju, og hefur í öndverðu orðið til með þeim hætti, að bændur í ákveðinni byggð eða einhverjum byggðarhluta hafa tekið tiltekið landssvæði utan byggða til sumarbeitar fyrir geldfé sitt, og hafa svo jafnframt orðið að bindast samtökum um smölun á því landi. Hafa flestir afréttir ugglaust verið teknir í notkun mjög snemma, sennilega þegar á síðari hluta landnámsaldar, er byggðin í landinu tók að þéttast. Hefur skipting sumarbeitilanda utan byggða þá þegar komizt í nokkurn veginn fast horf, og hefur sú skipan haldizt að mestu óbreytt síðan, enda víðast hvar byggð á náttúrulegum staðháttum, þ.e. afréttarsvæðin skilin að af fjöllum eða vötnum.

Um afréttarnot og fjallskil hafa fljótlega myndast ákveðnar venjur á hverjum stað, eða jafnvel verið um þau efni gerðar sérstakar samþykktir. Eftir að hreppar koma til sögunnar, er forstaða afréttarmála og fjallskilastjórn í þeirra höndum, og hafa jafnvel sumir viljað rekja uppruna hreppanna til þessara viðfangsefna þeirra. Hvað sem um það er, þá er víst, að langflestir afréttanna hafa, svo lengi sem vitað er, verið tengdir ákveðnum hreppi eða hreppum. Hitt er annað mál, að nokkrir afréttir komust síðar undir yfirráð kirkjunnar eða höfðingja er lögðu þá til einstakra jarða. En allt frá fornu fari hefur stjórn afréttarmála og fjallskilaframkvæmd að langmestu leyti verið í höndum héraðsstjóra.

Þrátt fyrir allýtarlega lagasetningu frá fyrri öldum um afréttarmálefni, svo sem hér hefur verið rakið, hafa eigi verið, og eru ekki fyrir hendi nein bein lagafyrirmæli um það, hvernig háttað sé almennt eignaryfirráðum yfir afréttum. Getur því verið spurning um, hversu víðtækan rétt svokallaðir afréttareigendur eigi til afréttar síns, með öðrum orðum, hvort þar sé um að ræða beinan eignarrétt að afrétti eða aðeins ítaks- eða afnotarétt í sjálft afréttarlandið, sem hins vegar beri nánast að skoða sem eins konar almenning, og þar af leiðandi ríkiseign. Um þá afrétti, sem tilheyra einstökum jörðum eða kirkjum, eða sveitarfélög eða upprekstrarfélög hafa keypt eða með öðrum hætti fengið lögmæta eignarheimild fyrir, er að vísu enginn vafi. Þar á afréttareigandinn afréttarlandið með öllum þess gögnum og gæðum, en má þó ekki með hagnýtingu sinni spilla afréttarnotum annarra, sem þar eiga upprekstrarrétt, hvort sem sá réttur byggist á fornri hefð eða löggerningi. Þegar þessum tilfellum sleppir, eru skoðanir skiptar um það, hvort fremur beri að skoða sveitarfélag eða annan afréttaraðila eiganda afréttarlandsins eða aðeins eins konar ítakshafa í ríkisland. Sé hinu síðarnefnda játað, eiga afréttaraðilarnir rétt til venjulegra afréttarnota, svo og þann rétt, sem löggjöfin kann að heimila þeim sérstaklega, eða þeir hafa öðlast með annarri hagnýtingu landsins. Sé hið fyrra rétt, er afréttarlandið bein eign afréttaraðilans, sem hann verður þá ekki að neinu leyti sviptur, nema með eignarnámi.

Af skýrslum þeim, sem nefndinni bárust, má ráða, að sveitarstjórnir telja afrétti víðast hvar eign viðkomandi hrepps, enda þótt ekki sé bent á sérstaka eignarheimild aðra en upphaflega töku og aldalöng not. Þegar litið er til dóms hæstaréttar frá 25. febr. 1955, má hins vegar ætla, að dómstólar muni almennt hallast að því, að réttur sveitarfélaga til afréttar síns sé aðeins afnotaréttur í tilteknar áttir, en afréttarlandið sjálft sé ekki háð einstaklingseignarrétti, nema það sé sérstaklega sannað, að svo sé. Í ýmsum settum lögum sýnist og byggt á svipuðu sjónarmiði, sbr. t.d. l. 100/1940, gr. 8, l. 63/1954, gr. 5, l. 50/1909, gr. 1. og l. 40/1907, gr. 16. Það verður alls ekki fullyrt, að sama regla gildi að þessu leyti um alla „almenningsafrétti", heldur er einmitt líklegra, að þetta sé með nokkuð mismunandi hætti um einstaka afrétti. Að svo vöxnu máli taldi nefndin eigi fært að orða almenna lagareglu um eignaryfirráð afrétta. Þar sem ágreiningur ris um eignarrétt að tilteknum afrétti, verða dómstólar að skera úr. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að gerðar séu sem gleggstar skrár um afrétti, hverjir þeir séu, hver séu merki hvers þeirra og hvaða jarðir eigi upprekstrarrétt á hvern afrétt. Eiga ákvæði frumvarpsins að stuðla að því að föst skipan komist á þessi mál. En hvað sem rétt kann að verða talið um eignarréttinn að sjálfu afréttarlandinu í „almenningsafréttum", þá eru yfirráð afréttaraðila yfir afrétti sem upprekstrar- og beitiland ótvíræð og styðjast víðast hvar við óslitna notkun öldum saman."

Eins og fram kemur í greinargerð nefndarinnar taldi hún ekki fært að orða almenna lagareglu um eignarráð afrétta, heldur yrðu dómstólar að skera úr um ef ágreiningur risi um eignarrétt að tilteknum afrétti. Staða þessara mála er enn óbreytt nema hvað hæstiréttur hefur í dómum sínum um Landmannaafrétt lagt ákveðnar meginreglur sem hann ætlar þó löggjafanum að fylla enn frekar.

4.2. ÚRLAUSNIR DÓMSTÓLA

4.2.1. Úrlausnir dómstóla.

Hér á eftir verður komið að þeim dómum frá seinni tíma sem segja má að hafi gildi út fyrir efni sitt, þ.e. þeim niðurstöðum dómstóla sem hafa almennt gildi á þessu sviði. Sú könnun felst einkum í því að gera grein fyrir þeim kröfum sem dómstólar hafa gert til eignarheimilda í hverju einstöku tilviki.

4.2.2. Landsyfirréttardómar.

Í tíð landsyfirréttar má segja að fyrst sé farið að nálgast eignarréttarlega stöðu afrétta á þann hátt að nokkra almenna þýðingu hafi í dag. Koma þar sérstaklega til athugunar tvær dómsniðurstöður.

Í dómi landsyfirréttar frá 1855, **lyfrd. (eldri) VII, bls. 223**, deildu eigendur Illugastaða í Fnjóskadal og umráðamenn Munka-Þverárklausturs um eignarrétt að afréttarlandinu Bleiksmýrardal, austan Fnjóskár.

Hið umdeilda landsvæði og jörðin Illugastaðir höfðu bæði verið í eign Munka-Þverárklausturs, en Illugastaðir voru seldir undan klaustrinu árið 1675. Töldu eigendur Illugastaða, að Bleiksmýrardalur hefði verið hluti af jörðinni og þar af leiðandi fylgt henni þegar hún var seld undan klaustrinu. Niðurstöður þeirrar þrætu skipta ekki meginmáli hér, en krafa eigenda Illugastaða var ekki tekin til greina. Hins vegar staðfesti Landsyfirréttur þá niðurstöðu undirréttar að þrætulandið væri *„fullkomin og átölulaus eign Munka-Þverárklausturs"*.

Það sem hér kemur til skoðunar eru þær eignarheimildir sem eignarréttur Munka-Þverárklausturs er byggður á. Þar virðist fyrst og fremst vera um að ræða að í **máldögum** er afréttarlandsins getið sem eignar Munka-Þverárstaðar, fyrst í máldaga Ólafs Rögnvaldssonar frá 1461. Í annan stað kemur fram í dóminum að eftir að Illugastaðir voru seldir undan klaustrinu höfðu umráðamenn þess afskipti af afréttarlandinu sem sinni eign og létu lögfesta það í **lögfestum** sínum. Annarra eignarheimilda er ekki getið. Varakrafa eigenda Illugastaða um rétt til upprekstrar á afréttinn var tekin til greina, meðal annars með hliðsjón af þeim ummælum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín að jörðin ætti **almenning** á Bleiksmýrardal.[58] Aftur á móti gætu hin afmörkuðu not Illugastaða af landsvæðinu til geldfjárreksturs á sumrum ekki skoðast sem grundvöllur beins eignarréttar.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu verður úrlausn dómsins um *„fullkomna og átölulausa“* eign Munka-Þverárklausturs á afréttarlandinu vart skilin öðruvísi en svo að þar sé um beinan eignarrétt að ræða.[59]

Í dómi landsyfirréttar frá 1898, **lyfrd. (yngri) V, bls. 327**, um eignarrétt að landsvæðinu Hellistungum virðist afstaða Landsyfirréttar vera nokkuð á annan veg.

Í því máli deildu eigandi Hjarðarholtskirkju og upprekstrarfélag tiltekinna hreppa í Mýrasýslu um eignarrétt að framangreindu landsvæði sem liggur ofan byggðar í Norðurárdal. Eignartilkalli kirkjunnar, byggðu á **vísitasíum** og **lögfestum** hennar, var hafnað á þeirri forsendu að þau væru ekki annað en, *„skrásetning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja eign hennar ...“*. Landsyfirréttur staðfesti hins vegar dóm undirréttar sem dæmdi þrætulandið eign upprekstrarfélagsins, fyrst og fremst á grundvelli **vitnisburðar** um að landið hefði frá ómunatíð verið notað af upprekstrarfélaginu til upprekstrar, en hins vegar hefðu not kirkjunnar af landinu nánast engin verið. Var sú niðurstaða byggð á Jónsbók, Landsleigubálki, 26. kap.[60] Með hliðsjón af ummælum þar að lútandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var Hjarðarholtskirkju aftur á móti dæmdur **selstöðuréttur** í þrætulandinu.

Á það skal bent að viðkomandi landsvæði er ekki nefnt afréttur í dóminum. Hvað sem því líður er niðurstaða réttarins um eignarrétt upprekstrarfélagsins á framangreindum grunni ekki í samræmi við afstöðu hæstaréttar sem mörkuð var í Landmannaafréttarmálunum, sbr. **hrd. 1955, bls. 108**, og **hrd. 1981, bls. 1584**, en í fyrrnefnda málinu vísaði lögmaður Landmannahrepps til fordæmisgildis þessarar niðurstöðu Landsyfirréttar um Hellistungur. Hins vegar er mat Landsyfirréttar á lögfestum og vísitasíum kirkjunnar í samræmi við afstöðu hæstaréttar til svipaðra gagna.

---

[58] Landsyfirréttur virðist leggja þann skilning í hin tilgreindu ummæli Jarðabókarinnar að Illugastaðir hafi átt upprekstrarrétt í þrætulandið. Sjá til hliðsjónar, Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 94.

[59] Vert er að geta þess að í forsendum Landsyfirréttar er rætt um að algengt hafi verið að klaustur eignuðust **ítök** í landi með sérstakri heimild, og er Landsyfirréttur þá að skírskota til hugsanlegs stofnunarháttar eignarréttar Munka-Þverár að Bleiksmýrardal. Ekki er vikið frekar að því á **hvaða stigi** eða **hvernig** þau afmörkuðu réttindi hafi getað leitt til þess að klaustrið öðlaðist þann beina eignarrétt sem því er tildæmdur af Landsyfirrétti. Hvað þetta álitaefni varðar skal sérstaklega vísað til kenninga Gunnars Guðmundssonar um eignarrétt kirkna og stofnana á afréttum og tilurð þess eignarréttar. Sjá Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 47–62.

[60] Sú regla var af svipuðum stofni og hefðarreglur, sbr. Gaukur Jörundsson, sama rit, bls. 156.

4.2.3. Hæstaréttardómar.

Óhætt er að fullyrða að með fyrri dóminum um eignarrétt að Landmannaafrétti, **hrd. 1955, bls. 108**, hafi verið lagður að nokkru grunnur að þeirri afstöðu sem hérlendir dómstólar hafa tekið síðan í slíkum málum. Auk þess tók ríkið í fyrsta skipti til varna á þeim grundvelli að ekki væri um beinan eignarrétt afréttarnotenda að afréttarlandinu að ræða, heldur einungis takmörkuð eignarréttindi í formi beitarréttar. Um leið byggði ríkisvaldið á því að það væri eigandi slíkra landsvæða eða eins og það var sérstaklega orðað í þessu máli, umboðsmaður raunverulegra eigenda, þegna íslenska ríkisins.

Upphaflegar dómkröfur Landmannahrepps voru þær að viðurkenndur yrði einkaréttur þeirra til veiði í Veiðivötnum, en til andsvara risu landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkisins, hreppsnefnd Holtahrepps fyrir hönd hreppsins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps fyrir hönd jarðanna Næfurholts og Hóla. Segja má, að við meðferð málsins hafi verið tekist á um tvær grundvallarspurningar sem voru forsenda upphaflegu dómkröfunnar. 1) Var um **einkarétt** Landmanna til nytja á Landmannaafrétti að ræða fram yfir jarðir í Holtahreppi svo og jarðirnar á Rangárvöllum? 2) Var réttur hreppanna til Landmannaafréttar byggður á **beinum eignarrétti**? Hér er það fyrst og fremst úrlausn seinna atriðisins sem skiptir máli.

Helsta og um leið elsta heimildarskjal hreppanna fyrir eignarrétti sínum var **dómur**, kveðinn upp að Skarði á Landi 25. júní 1476, en einungis til í afskriftum frá 19. öld.[61] Efnisleg niðurstaða hans var á þá leið að landsvæðið Þjórsártungur, sem liggur á milli Tungnaár og Sprengisands, væri eign og afréttur þeirra manna *„sem haft og haldið höfðu“* í Holtum og á Landi. Að öðru leyti studdust hrepparnir eingöngu við gögn frá 19. og 20. öld. Þar má fyrst nefna tvær **lögfestur**, aðra frá 1805 en hina frá 1856, þar sem tilteknir fulltrúar Landmanna- og Holtahrepps lögfestu undir þær sveitir afréttina Holtamanna- og Landmannaafrétt. Í **þinglesinni yfirlýsingu** frá 1829 bönnuðu hreppstjórar Holtamanna- og Landmannahrepps nánar tilgreind afnot af landsvæðinu Þjórsártungum. Lagðar voru fram **sóknarlýsingar** Holtaþings frá 1840 og Stóruvalla á Landi frá 1841, þar sem getið er um rétt fyrrgreindra hreppa til afréttanna. Vísað var í **þinglýsta landamerkjaskrá** Landmannaafréttar frá 1886. Loks byggðu fulltrúar hreppanna rétt á **sölu vatnsréttinda** á afréttum sínum á árunum 1914–1919 sem hefði verið þinglýst athugasemdalaust svo og **samningi** Landmanna og Rangvellinga frá 1935 um skiptingu arðs af sölu hrafntinnu sem unnin var á mörkum afrétta þeirra hreppa, og ekki var hreyft athugasemdum við á þeim grundvelli að aðila skorti til þess eignarrétt. Önnur gögn og sjónarmið, sem byggt var á, lutu fyrst og fremst að rétti Landmanna fram yfir rétt hinna hreppanna til Landmannaafréttar og snerta ekki beinlínis viðurkenningu á beinum eignarrétti.

Niðurstöður héraðsdóms voru á því byggðar að engin lagafyrirmæli, hvorki almenns eðlis né tengd þessu svæði sérstaklega, skæru úr um eignarréttinn auk þess sem eignarréttartilkall þeirra styddist hvorki við afsöl eða hliðstæða gerninga. Vikið var að landfræðilegum staðháttum, stofnun hreppanna og mögulegri helgun þeirra á afréttinum út frá legu þeirra. Á grundvelli framangreindra gagna féllst héraðsdómur síðan á eignarréttartilkall Landmannahrepps. Veigamikil forsenda þeirrar niðurstöðu fólst í því að dómurinn taldi afrit dómsins frá 1476 ekki verða vefengt og lagði

---

[61] Ísl. fornbréfasafn, VI. bindi, bls. 81.

hann til grundvallar niðurstöðu sinni. Orðrétt segir í héraðsdómnum að Landmannaafréttur sé *„fyrir töku í upphafi, aldalöng not og ýmiss konar hagnýtingu, meðferð og beitingu réttar sem eigandi, háð eignarrétti Landmannahrepps“.*

Hæstiréttur komst hins vegar að annarri niðurstöðu:

„Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.“

Auk upprekstrarréttarins var íbúum viðkomandi hreppa dæmdur veiðiréttur á afréttinum á grundvelli 5. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiðirétt, nr. 112/1941.

Árið 1969 féll í hæstarétti dómur í svokölluðu Nýjabæjarafréttarmáli, **hrd. 1969, bls. 510**. Í því máli deildu eigendur Nýjabæjar og Ábæjar í Skagafirði og upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps í Eyjafirði um mörk landa sinna á hálendinu suður af Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum. Málið var að forminu til landamerkjamál, en svo verulega bar á milli þeirra markalína sem aðilar gerðu kröfu um að segja má að málið hafi snúist um eignarrétt að landi austan Austari-Jökulsár, allt frá Fossá í Austurdal í Skagafirði austur að vatnaskilum norður af Sprengisandi.

Heimildir sínar til umræddds landsvæðis byggði upprekstrarfélagið á **samningum** við eigendur jarðanna Möðruvalla (1963) og Hóla (1965) í Eyjafirði. Viðkomandi samningar fólu í sér afnot og umráðatöku **afréttarlanda** viðkomandi jarða, eins og þau voru tilgreind í **landamerkjaskrám** þeirra, Möðruvalla frá 1886 og Hóla frá 1889 og 1923, en skv. landamerkjaskránum tóku afréttarlönd jarðanna að minnsta kosti yfir hluta hins umþrætta lands. Önnur gögn sem upprekstrarfélagið byggði á voru Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, þar sem tilgreindir voru afréttir Möðruvalla og Hóla, **fasteignamatsbækur** varðandi sömu jarðir, **sýslufundargerðir** Eyjafjarðarsýslu og **bréfabækur** Saurbæjarhrepps varðandi afrétti hreppsins. Auk þess studdu Saurbæingar kröfur sínar með vísan í **sýslulýsingu** og **heimildarrit** almenns eðlis.

Eigendur Nýjabæjar og Ábæjar í Skagafirði byggðu rétt sinn á **afsali** fyrir jörðunum frá Akrahreppi í Skagafirði, en á viðkomandi jörðum höfðu farið fram eigendaskipti í nokkur skipti á þessari öld. Hvað stærð þeirra jarða varðaði og þannig kröfur viðkomandi til hins umþrætta lands var í fyrsta lagi byggt á **afsali**, í frumriti, fyrir hálfri jörðinni Nýjabæ frá árinu 1464.[62] Í annan stað byggðu Skagfirðingar á **landamerkjaskrá** Ábæjar frá 1888, **fasteignamatsbók** Skagafjarðar frá 1849–50 vegna Nýjabæjar og sama riti frá 1916 vegna Ábæjar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Í þessum heimildum er talað um að Nýjabæjarafréttur liggi undir viðkomandi jarðir án þess að **takmarka** hans sé nákvæmlega getið og reyndar gildir sama um afsöl fyrir jörðunum frá þessari öld. Loks vísuðu eigendur jarðanna til ýmissa **heimildarita, landfræðilegra staðhátta**, staðsetningar örnefnisins

[62] Í afsalinu er þrætulandið ekki aðgreint frá heimalandi jarðarinnar sem afréttur eins og gert er í síðari heimildum.

Nýjabæjarafréttur á korti Landmælinga Íslands og loks beiðni Ferðafélags Akureyrar til sýslunefndar Skagafjarðar um byggingu sæluhúss á þrætulandinu. Báðir aðilar byggðu auk þess á **vitnaskýrslum** um afnot og eignarhald á landsvæðinu.

Í niðurstöðu héraðsdóms var afsalið frá 1464 algjörlega lagt til grundvallar og það talið ganga framar en landamerkjaskrár Möðruvalla og Hóla. Dómurinn taldi auk þess að það veikti kröfur upprekstrarfélagsins að helstu heimildum þeirra, þ.e. landamerkjaskránum, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og fasteignamatsbókum, bar ekki saman um stærð afréttarlands Möðruvalla og Hóla. Markalína í kröfugerð eigenda Ábæjar og Hóla var því lögð til grundvallar nánast óbreytt.

Ekki verður fyllilega ráðið af dóminum, hvort fallist var á beinan eignarrétt að þrætulandinu eða miðað var við óbein eignarréttindi, þó svo að líkur séu fyrir því að um hið fyrrnefnda hafi verið að ræða.

Niðurstaða hæstaréttar varð hins vegar þessi:

„Hvorki áfrýjandi né stefndu hafa fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu. T.d. verður eigi séð, að eigendur Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli eða eigendur Möðruvalla og Hóla hafa fyrrum innt af hendi smölun og fjallskil á landsvæðinu, svo sem eigendum jarða var boðið að gera á jörðum sínum, sbr. Jónsbók, landsleigubálk 49. Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðilja eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðilja í málinu teknar til greina.“

Í dómi hæstaréttar frá 1971, **hrd. 1971, bls. 1137**, var deilt um mörk jarðarinnar Þverfells í Lundarreykjadal og afrétta Andakíls- og Lundarreykjadalshreppa, austan og norðan við Reyðarvatn. Um leið var deilt um botns-, vatns- og veiðirétt í vatninu.

Máli um sama ágreiningsefni hafði verið vísað frá hæstarétti 1967, sbr. **hrd. 1967, bls. 916**. Forsendur hæstaréttar í því máli voru þó lagðar til grundvallar þeirri niðurstöðu seinna málsins að eigendum Þverfells bæri einungis botns-, vatns- og veiðiréttur fyrir sínu landi en ekki öllu vatninu eins og þeir gerðu tilkall til. Það sem hér skiptir þó fyrst og fremst máli er niðurstaða hæstaréttar um kröfur hreppanna um sömu réttindi fyrir afréttarlöndum sínum norðan og austan vatnsins.

Hvað eignarheimildir Andakílshrepps varðaði til afréttarlands síns, Gullberastaðatungu, þá var það land **selt** hreppnum af eiganda jarðarinnar Gullberastaða árið 1898, en viðkomandi landsvæði **hafði verið hluti þeirrar jarðar**. Ennfremur var byggt á **landamerkjaskrá** fyrir Gullberastaðatungu frá 1923. Á þeim forsendum dæmdi Hæstiréttur Andakílshreppi botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir landi sínu og viðurkenndi þannig **beinan eignarrétt** hreppsins að afréttarlandinu.

Hvað eignarheimildir Lundarreykjadalshrepps varðaði, voru þær í raun tvíþættar.

Annars vegar byggðu Lunddælingar á **afsali** frá Reykholtskirkju frá janúar 1896 fyrir hluta afréttarlandsins. Heimildir Reykholtskirkju til landsins studdust við **Reykholtsmáldaga** frá 12. öld, **lögfestu** frá 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju, **vísitazíuskýrslu** biskups frá 1869 og loks **lögfestu** fyrir staðnum í Reykholti frá 1876. Í framangreindum gögnum er land austan Reyðarvatns, innan nánar tilgreindra marka, talið eign Reykholtskirkju.

Hins vegar byggðu Lunddælingar eignarheimildir sínar fyrir öðrum hlutum afréttarlandsins á einhliða afsali Þingvallaprests 1896. Til að komast hjá greiðslu refaveiðikostnaðar eftirlét Þingvallaprestur Lunddælingum tiltekin landsvæði á norð-

vesturmörkum Þingvallalands. Það var land sem talið var innan marka Þingvallalands í **landamerkjalýsingum** frá 1832 og 1840, en reyndar voru þær lýsingar ekki í samræmi við **lögfestu** Þingvallaprests frá 1740, þ.e. landamerkin höfðu færst mun vestar og tóku þannig til suð-austur horns Reyðarvatns. Með **landamerkjaskrá** Jens Pálssonar frá 1886 og samþykki hans á **landamerkjaskrá Þverfells** sama ár eru landamerkin færð austar til samræmis við lögfestuna frá 1740. Samkvæmt framansögðu eignuðu Lunddælingar sér þann landauka sem þannig kom til og áréttuðu það með **lögfestu** hreppsnefndar 1890, sem tók til lands er lægi milli Þingvallakirkjulands og Reykholtskirkjulands.

Mat hæstaréttar á þessum eignarheimildum Lundarreykjardalshrepps var það að af gögnum málsins yrði ekki ráðið, *„hvort lönd Lundarreykjadalshrepps á framangreindu svæði væru háð beinum eignarrétti, eða aðeins afréttareign"*. Væri málið ekki fullreifað að því leyti, og yrði ekki lagður dómur á kröfu Lundarreykjadalshrepps um botns- og vatnsrétt í Reyðarvatni. Hins vegar var Lundarreykjadalshreppi dæmdur veiðiréttur fyrir landi sínu í samræmi við 5. gr. laga nr. 76/1970, svo og í almenningi vatnsins, skv. mati.

Niðurstaða hæstaréttar varðandi afrétt Andkílinga er alveg ótvíræð. Það eitt að afréttarlandið var upphaflega hluti af landi jarðar nægir til þess að dæmdur er beinn eignarréttur án frekari athugana. Hvað afrétt Lunddælinga varðar verður að athuga að málið virðist ekki hafa verið rekið af þeirra hendi með þeim hætti að þeir teldu þörf á að færa sönnur á beinan eignarrétt að afréttarlandinu.

Í dómi hæstaréttar, **hrd. 1975, bls. 55**, var skorið úr ágreiningi eigenda jarðarinnar Kalmanstungu í Borgarfirði og Reykholtsdals- og Hálsahreppa um landamerki jarðarinnar Kalmanstungu og afréttar hreppanna á Arnarvatnsheiði auk deilna um veiðirétt í vötnum á afréttinum.

Viðkomandi afréttarland var áður hluti af landi jarðarinnar Kalmanstungu, en með **afsölum** þáverandi eigenda jarðarinnar, 1880 og seinna 1901, var það selt hreppunum sem lögðu það til afréttar síns. Í málinu komu ekki sérstaklega til skoðunar upphaflegar eignarheimildir að hinu selda landi, og í dómsniðurstöðum er ekki beinlínis tekið á því atriði. Í afsölunum sagði að landið væri selt *„með öllum landsnytjum til lands og vatns og yfirhöfuð öllum þeim réttindum sem fylgt hefur og fylgja ber með réttu eftir gömlum eignarskjölum fyrir áðurgreindu landi"*. Til grundvallar þeim mörkum Kalmanstungulands, sem hið selda land var hluti af, lá **lögfesta** þáverandi eiganda Kalmanstungu frá 1879.[63] Af heimildarskjölunum verður ekki annað ráðið en litið hafi verið á allt land Kalmanstungu sem eignarland í beinni merkingu.

Af niðurstöðu hæstaréttar verður ekki annað ráðið en að lagt sé til grundvallar að umræddur afréttur sé beinum eignarrétti undirorpinn.[64]

---

[63] Í umræddri lögfestu er getið eldri heimildarskjala, meðal annars kaupbréfs Halls Svarthöfðasonar og Jóns Gíslasonar 1398 og lögfestna 1773, 1793, 1810 og 1834. Þó svo að þess sé ekki getið í dóminum eru í Landnámu frásagnir um landnámsmanninn Kalmann, sem bjó í Kalmannstungu, og nám hans á landi þar, sbr. Landnámabók, Jakob Benediktsson sá um útgáfuna, Reykjavík 1968, bls. 81.

[64] Dæmi þetta um Arnarvatnsheiði vekur upp þá spurningu hvort hægt sé að telja landsvæði, sem liggur án nokkurrar afmörkunar innan landamerkja jarðar, afrétt, þó svo að slíkt land hafi verið nýtt til sameiginlegrar beitar að meira eða minna leyti. Í umfjöllun nokkurra fræðimanna hefur umræddur hluti Kalmannstungulands verið tekinn sem dæmi **um afrétt sem heyrt hafi undir einstaka jörð**. Sjá Gauk Jörundsson, sama rit, bls. 133, Gunnar Guðmundsson, sama rit, bls. 71, og Sigurð Líndal,

Segja má að seinna dómsmálið um Landmannaafrétt, hrd. 1981, bls. 1584, hafi verið rökrétt framhald þess fyrra og niðurstaða þess, líkt og fyrri dómsniðurstaðan, stefnumarkandi um eignarréttarlega stöðu afrétta.

Í þetta sinn fékk fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins gefna út eignardómsstefnu, en til andmæla risu hreppsnefndir Landmanna-, Holta-, Rangárvalla- og Skaftártunguhreppa fyrir hönd hreppanna auk einstakra jarðeigenda og ábúenda í Holtahreppi, svo og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla á Rangárvöllum.

Lögmaður ríkisins, Sigurður Ólason hrl. vildi flokka landsvæði í eignarlönd og almenninga og felldi afrétti undir seinni flokkinn. Þó svo að viðurkennt væri að þeir afréttir væru til sem undirorpnir væru beinum eignarrétti háttaði svo til um flesta, þar á meðal Landmannaafrétt, að þar væri ekki um beinan eignarrétt afréttarnotendanna að ræða. Þegar land hefði verið numið hefðu landsvæði fallið utan hinna afmörkuðu landnáma. Slík landsvæði hefðu snemma verið tekin til afmarkaðra nota, fyrst og fremst beitar. Eignarréttur að slíkum landsvæðum hefði ekki náð lengra en afnotin segðu til um, þar sem um nám til afnota en ekki eignar hafi verið að ræða. Ákvæði í Grágás hefðu verið einskorðuð við beitarafnot af afréttum, og svo væri einnig í yngri löggjöf. Hvað Landmannaafrétt varðaði sérstaklega hefði með dómi hæstaréttar frá 1955, **hrd. 1955, bls. 108**, því verið slegið föstu að hvorki hreppar nir né einstakir aðilar innan þeirra ættu beinan eignarrétt að afréttinum.

Eignarréttur ríkisins að landsvæðum sem eignarheimildir einstaklinga eða einstakra stofnana næðu ekki til var studdur margþættum rökum.

Þannig hefði ríkið við stofnun þess hér á landi eignast allan rétt yfir landi þar til einstaklingar hefðu getað sannað eignarrétt sinn að ákveðnum landsvæðum. Eignarréttur ríkisins styddist og við þá reglu norræns réttar að ríkið væri eigandi alls lands sem aðrir gætu ekki sannað beinan eignarrétt að. Sú regla hefði borist inn í íslenskan rétt þegar við upphaf lagasetningar hérlendis, enda almenningsrétturinn norræni og samsvarandi réttarreglur hér á landi af sama stofni. Eignarréttur ríkisins hefði og stoð í samfelldri réttarþróun hérlendis og var sérstaklega vísað til ýmissa laga, allt frá Nýbýlatilskipuninni 1776 til núgildandi námulaga nr. 24/1973.

Til vara byggði ríkið á þeirri málsástæðu að réttarstaðan til forna teldist ekki nægilega upplýst. Meðal annars með hliðsjón af hinum óljósu eignarréttar- og ríkishugtökum þess tíma yrði eignarréttur ríkisins grundvallaður á því sem best samrýmdist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútímaþjóðfélags. Kæmi þar fyrst og fremst til að ríkið stæðist ekki nema það ætti landið undir sér, **frumeignarréttinn**, en **einkaeignarréttur** væri aðeins innan þeirra marka sem sannanlegar heimildir yrðu leiddar að.

Stefndu kröfðust þess að eignarréttartilkalli ríkisins yrði hafnað. Auk þess kröfðust Holtahreppur og Rangárvallahreppur vegna Næfurholts og Hóla þess að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þeirra að Landmannaafrétti með Landmannahreppi. Kröfur þeirra studdust að miklu leyti við sömu heimildir og byggt var á í fyrra málinu, **hrd. 1955, bls. 108**.

Hvað varðaði dóminn frá 1476 var nú lögð fram **álitsgerð** dómkvaddra mats-

---

sérprentun úr skýrslu aðalfundar ísl. rafveitna, bls. 15. Af dómareifun í **hrd. 1975:55** verður ekki annað ráðið en að umrædd landsvæði, sem seld voru 1880 og 1901, hafi verið óafmarkaður hluti jarðarinnar Kalmannstungu samkvæmt landamerkjum hennar.

manna sem studdi þá skoðun að afritið frá upphafi 19. aldar gæti ekki verið seinnitíma fölsun. Matsmennirnir bentu hins vegar á að það þyddi ekki, að dómurinn hefði upphaflega verið í löglegu formi og hefði afskriftin, þó ófölsuð væri, engar sönnur fært þar á.[65]

Stefndu töldu eignarrétt sveitarfélaganna byggjast á aldalangri **notkun** og **eignarhefð** og var, hvað hefðina varðaði, sérstaklega vísað til fordæmisgildis **lyfrd. (yngri) V, bls. 327**, um eignarrétt að Hellistungum. Ríkið hefði aldrei haft neina tilburði uppi sem eigandi og í raun viðurkennt eignarrétt hreppanna með kaupum á vatnsréttindum á Landmannaafrétti af Titan h/f árið 1952, en þann rétt hafði Titan keypt af hreppunum. Viðurkenning ríkisins á eignarrétti afréttarnotenda að afréttum hefði og birst á fleiri vegu. Þannig hefði ríkið sjálft selt afréttarlönd með öllum gögnum og gæðum, sbr. afsal þess fyrir Húksheiði til Torfustaðahreppa 1934.

Stefndu höfnuðu því alfarið að Landmannaafréttur væri eða hefði verið almenningur. Hugleiðingar ríkisins um réttarstöðu almenninga í Noregi ættu ekki við hér á landi og ríkisalmenningar í þeim skilningi sem fram kæmi í málflutningi ríkisins hefðu ekki fundist hér á landi. Enda væri ljóst að jafnan hefði verið greint á milli afrétta og almenninga, sbr. síðast (þágildandi) lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Hvað afrétti varðaði sérstaklega byggðu stefndu á því að landið allt hefði að meira eða minna leyti verið **numið** í upphafi. Flestir afréttir hefðu þannig verið hluti af landnámsjörðum, en óljóst væri oft og tíðum, hvernig sveitarfélög væru komin að eignarrétti sínum. Þó kynni það til að mynda að hafa gerst fyrir hefð og kaup. Ennfremur studdu stefndu kröfur sínar með tilvísun til einstakra lagaákvæða, þar á meðal laga nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sveitarstjórnalaga frá 1872 og fjallskilareglugerða settra með stoð í þeim, auk laga nr. 40/1948 um kauprétt að jörðum;. Loks vitnuðu stefndu til „fjölda" dóma[66] frá 19. öld og upphafi þeirrar 20. sem þeir töldu staðfesta þá meginreglu að þegar einkaaðilar deildu um eignarrétt að afrétti væri alltaf öðrum hvorum aðilanum dæmt landið til fullrar eignar.

Hvað andmæli hreppanna varðaði taldi héraðsdómur að þrátt fyrir fyrrnefnda álitsgerð yrði ekki byggt á dóminum frá 1476. Dómurinn hafnaði kröfum hreppanna um eignarrétt að mestu leyti með svipuðum rökum og í **hrd. 1955, bls. 108**. Þannig gætu takmörkuð afnot af landsvæðinu ekki skoðast sem grundvöllur beins eignarréttar. Ekki hefði verið sannað að landið hefði verið numið í öndverðu, og skilyrði eignarhefðar þóttu ekki vera fyrir hendi. Eins þóttu kaup ríkisins á vatnsréttindum af Titan h/f ekki fela í sér viðurkenningu á beinum eignarrétti hreppsfélaganna á afréttinum. Að þeirri forsendu gefinni var talið að ekki væri neinum öðrum aðila til að dreifa en ríkinu sem talist gæti eigandi hins umdeilda landsvæðis. Sú niðurstaða var og studd því áliti dómsins að allt frá setningu Nýbýlatilskipunarinnar 1776 hefði þeirrar löggjafarstefnu gætt að ríkið hefði mjög víðtækan rétt til afréttarlanda. Beinn eignarréttur ríkisins var viðurkenndur, með þeirri takmörkun þó, að hann yrði ekki í öllum atriðum talinn samsvara **einstaklingseignarrétti**, m.a. með hliðsjón af margsvíslegum réttindum almennings á afréttum. Einn dómenda í héraði skilaði sératkvæði, þar sem hann féllst ekki á beinan eignarrétt ríkisins.

---

[65] Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson. Ófalsaðir dómar? Gripla 1979.

[66] Einungis **lyfrd. (yngri) V:327** Hellistungur og **lyfrd. (yngri) IV:207** Elliðakot, voru tilgreindir.

Í hæstarétti var niðurstaða dómsins í fyrra málinu, **hrd. 1955, bls. 108**, lögð til grundvallar hvað varðaði eignarréttartilkall hreppanna. Um eignarréttartilkall ríkisins sagði, að ekki hefði tekist að sýna fram á að ríkið hefði eignast umrætt landsvæði við stofnun allsherjarríkis og lög frá þeim tíma styddu ekki þann skilning. Gögn um að eignarréttur ríkisins hefði stofnast fyrir eignarhefð væru ekki fullnægjandi. Eignarréttartilkall ríkisins ætti sér ekki stoð í skráðum réttarreglum og það yrði ekki reist á almennum lagarökum og lagaviðhorfum. Síðan sagði Hæstiréttur orðrétt:

„Hins vegar verður að telja, að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðarmanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög eða venjur eru fyrir“.“

Í sératkvæði vildu tveir dómarar hæstaréttar staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um beinan eignarrétt ríkisins. Niðurstaða þeirra byggðist á því að þar sem skilyrði til útgáfu eignardómsstefnu, sbr. 220. gr., sbr. 217. gr. eml. til handa ríkinu, hefðu verið talin vera fyrir hendi,[67] væri ekki unnt með efnisdómi að hrinda eignarréttarkröfu ríkisins þegar ljóst væri að réttur andmælenda eignarréttarkröfunnar stangaðist ekki á við meintan eignarrétt ríkisins.

Eins og áður segir eru niðurstöður hæstaréttar í þeim tveim dómum sem gengið hafa um Landmannaafrétt stefnumótandi.

Í fyrsta lagi hljóta niðurstöður hæstaréttar um eignarréttartilkall afréttarnotendanna að verða lagðar til grundvallar við mat á eignarrétti að afréttum þar sem eins hagar til og á Landmannaafrétti. Undir það falla þeir afréttir sem ekki heyra eða hafa heyrt undir einstakar jarðir eða stofnanir ellegar áður verið hluti af landi einstakra jarða.

Í annan stað virðist dómurinn slá því föstu að ríkið öðlist ekki sjálfkrafa eignarrétt að þeim landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti annarra. Þannig verður ríkið, líkt og einstaklingar, að sanna eignarrétt sinn með gildum eignarheimildum. Dómur hæstaréttar frá 1981 er þannig staðfesting á niðurstöðu landsyfirréttar frá 1873, **lyfrd. (yngri) I, bls. 61**. Í **hrd. 1981, bls. 1584**, felst þó að löggjafinn er bær til að ráðstafa eignarréttindum yfir slíku landi svo fremi að sú ráðstöfun gangi ekki á takmörkuð eignarréttindi afréttarnotendanna.

Í dómi hæstaréttar, **hrd. 1987, bls. 1656**, var dæmt um viðurkenningarkröfu nokkurra landeigenda í Grýtubakkahreppi á upprekstrarrétti þeirra á svokallaða Flateyjardalsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu, en til varna var stefnt kirkjumálaráðuneyti og hreppsnefnd Hálsahrepps sem voru landeigendur.

Kröfu sína um viðurkenningu á upprekstrarrétti byggðu fyrrnefndir aðilar á **hefð**. Ekki var fallist á að skilyrðum hennar væri fullnægt, hvorki í héraði né Hæstarétti, og kröfum stefnenda því hafnað. Það er þó sérstakt athugunarefni, hvernig eignarráðum að umræddri heiði var háttað.

Heiðin skiptist í fjóra hluta og var einn þeirra talinn eign Laufáskirkju en hinir eign Hálsahrepps. Tvö umræddra landsvæða voru forn lögbýli sem farið höfðu í eyði um aldamótin síðustu en voru árið 1978 keypt af Hálsahreppi. Land kirkjunnar og

---

[67] Hæstiréttur hafði árið 1977, **hrd. 1977:32**, hrundið frávísunardómi héraðsdóms í þessu sama máli, á þeirri forsendu að ríkið ætti tilkall til þess að gefin yrði út eignardómsstefna.

þriðja landspilda Hálsahrepps höfðu hins vegar aldrei verið nýtt sem bújarðir. Af hálfu kirkjumálaráðuneytis voru lögð fram ýmis gögn til stuðnings eignarrétti kirkjunnar að umræddu landi, elst **úttekt** Laufásstaðar frá 1738 þar sem fram kom að viðkomandi landsvæði tilheyrði staðnum fyrir lambaafrétt. Ekki er að sjá að Hálsahreppur hafi lagt fram nein gögn til stuðnings eignarréttartilkalli sínu að landsvæði því sem ekki hafði verið lögbýli. Af dómsniðurstöðum fæst ekki séð að neinar athugasemdir hafi verið gerðar við eignarheimildir stefndu að umræddum landsvæðum. Þrátt fyrir að Flateyjardalsheiði hefði eingöngu verið notuð til sumarbeitar, því sem næst alla öldina, var ágreiningslaust að heiðin hafði ekki verið gerð að afrétti í skilningi 5. gr. laga nr. 42/1969, eldri laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Í málflutningi byggðu stefndu og á því að heiðin væri ekki afréttur, en gagnstæð skoðun kom fram af hálfu stefnenda. Af dómsniðurstöðum verður ekki séð að það atriði hafi neinu skipt, enda virðist gengið út frá því að um eignarlönd í **beinni merkingu** hafi verið að ræða.

Í dómi Hæstaréttar, **hrd. 1994, bls. 2227**, var fjallað um refsimál sem höfðað var gegn tveimur mönnum vegna meintra ólöglegra fuglaveiða á landsvæði því sem nefnt er Geitland í Borgarfirði.

Í héraðsdómi voru mennirnir fundnir sekir um ólöglegar fuglaveiðar og var sú niðurstaða byggð á því að Geitland væri fullkomið eignarland Hálsa- og Reykholtsdalshrepps sem hrepparnir hefðu eignast með afsali frá ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum 1926, en Geitland var áður eign Reykholtskirkju. Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og sýknaði ákærðu af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar, þar sem Hæstiréttur taldi vafa leika á um það hvernig eignarrétti hreppanna að hinu umdeilda landi væri háttað.

Í dómi hæstaréttar segir að þess sé getið í Landnámu að Geitland hafi verið numið milli Hvítár og Suðurjökla. Óvíst sé þó hvort það landsvæði sé hið sama og nú beri þetta nafn. Af Reykholtsmáldaga megi sjá að Geitland hafi komist í eigu Reykholtskirkju, en elsti hluti máldagans sé frá 12. öld. Ekki sé hins vegar ljóst af máldaganum hvenær Geitland komst í eigu kirkjunnar, en þar sé sagt að kirkjan eigi „geitland meþ scoge“. Með afsali 27. maí 1926 seldi dóms- og kirkjumálaráðherra Hálsahreppi Geitlandið, en þar sagði að hreppsnefndin hefði „leitað kaups á afrjettarlandinu Geitlandi“ og þar sem allra fyrirmæla laga nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða hefði verið gætt þá seldi ráðherra og afsalaði henni samkvæmt þeirri heimild sem honum var gefið í þeim lögum fyrir hönd landsjóðs, Hálsahreppi „greint afréttarland Geitland, sem er að hndr. að n.m., með öllum gögnum og gæðum, þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnazt þar, sem og vatnsafl allt og notkunaraðstaða þess í landi jarðarinnar“. Þá eignaðist Reykholtsdalshreppur Geitlandið ásamt Hálsahreppi. Síðar segir í dómi hæstaréttar:

„Í kjölfar landnáms virðist Geitland hafa verið fullkomið eignarland. Þegar litið er til hinna elstu heimilda um rétt Reykholtskirkju að Geitlandi, virðist það hins vegar vafa undirorpið, hvort landið sé eignarland, þar sem tekið er fram í þeim heimildum, að skógur fylgi landi. Heimildir ríkisins til að afsala Hálsahreppi Geitlandi eru leiddar að rétti Reykholtskirkju til landsins, og leikur þannig vafi á því, hvort það er eign, sem háð er beinum eignarrétti. Þess verður einnig að gæta, að ekki verður ráðið af afsalinu, hvort Geitland telst þar afréttur eða eignarland. Þá verður ekki heldur ráðið af öðrum gögnum málsins, hvort Hálsahreppur og Reykholtsdalshreppur eiga bein eignarréttindi að Geitlandi eða einvörðungu beitarrétt eða önnur afnota-

réttindi.“ Eins og áður sagði leiddi þessi vafi um eignarrétt hreppanna á hinu umdeilda landi til sýknu í refsimálinu.

4.2.4. Héraðsdómar.

Ekki er um marga héraðsdóma að ræða sem skipta máli í þessu sambandi. Hér verður þó slíkra getið.

Á **aukadómþingi Árnessýslu 1980, mál nr. 11/1976**, var dæmt um réttmæti eignarréttartilkalls Bræðratungukirkju til Tunguheiðar svokallaðrar, sem liggur ofan byggðar í Biskupstungum. Að beiðni kirkjunnar hafði verið gefin út eignardómsstefna, en til varna risu Biskupstungnahreppur og ríkissjóður.

Eignarrétt sinn reisti kirkjan á margþættum heimildum sem allar tilgreindu framangreint landsvæði sem eign kirkjunnar. Þær helstu voru **Gíslamáldagi** frá 1575, **vísitasíugerðir** frá ýmsum tímum, sú elsta frá 1644, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og færslur í **fasteignamatsbækur** Árnessýslu frá þessari öld. Megin rökstuðningur fulltrúa kirkjunnar fyrir dómi fólst í því að heiðin hefði aldrei verið afréttur, heldur þvert á móti skýrt aðgreind frá afréttarlöndum Biskupstungnamanna. Heiðin hefði verið sérstök eign Bræðratungukirkju og því ekki fylgt jörðinni.

Biskupstungnahreppur andmælti því ekki að eignarréttur Bræðratungukirkju yrði viðurkenndur, heldur vildi hreppurinn fá viðurkenndan rétt sinn til afréttarnota grundvölluðum á **hefð**.

Fulltrúar ríkissjóðs, landbúnaðar- og fjármálaráðherra, mótmæltu því að um beinan eignarrétt Bræðratungukirkju að þrætulandinu væri að ræða. Röksemdir ríkisins fólust í því að vegna landfræðilegra staðhátta gæti Tunguheiði ekki talist hluti af heimalandi Bræðratungu og hlyti því að vera afréttur. Hinn beini eignarréttur að afréttum væri alla jafnan ríkisins og vitnaði lögmaður ríkisins til skoðunar ýmissa fræðimanna þar að lútandi, meðal annars Þórðar Eyjólfssonar og Halldórs Halldórssonar.[68] Röksemdir ríkisins fyrir eignarrétti sínum virðast að öðru leyti hafa byggst á svipuðum sjónarmiðum og í **hrd. 1981, bls. 1584**.

Í niðurstöðu dómsins sagði að ekki lægi ljóst fyrir, hvernig Tunguheiði hefði orðið kirkjueign. Hins vegar bentu gögn málsins og landfræðileg lega Tunguheiðar miðað við afrétt og lönd jarða í Biskupstungum til þess að fremur væri um eignarland en afrétt að ræða. Því var eignarréttur kirkjunnar að heiðinni viðurkenndur. Ekki var tekin afstaða til mótmæla Biskupstungnahrepps, þar sem réttindi þau sem hreppurinn krafðist viðurkenningar á voru ekki talin raska eignarrétti kirkjunnar.

Í dómi **Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. nóvember 1995**, var fjallað um þá kröfu Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps að þeim bæri réttur til úrskurðar eða bóta fyrir virkjunarrétt í Blöndu fyrir Auðkúluheiði.

Hrepparnir höfðu með afsali frá ráðherra Íslands, dags. 5. júlí 1918, keypt Auðkúluheiði og sagði í því afsali að hreppsnefndirnar hefðu leitað kaups á afréttarlandi við Auðkúluheiði, Auðkúluprestakalls „... og loks með því að allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða, hefur verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum fyrir landsins hönd, ofannefndum hreppum ... greint afréttarland, Auðkúluheiði, með öllum gögn-

[68] Þórður Eyjólfsson, sama rit, og Halldór Halldórsson, „Þat eru almenningar, er fjórðungsmenn eigu saman.“ Álitsgerð 26. nóvember 1971.

um og gæðum. Þó eru undanskildir námar í jörðu sem og fossar, sem þar kunna að vera. Umboðsmaður Auðkúlustaðar er hér með leystur frá öllum skyldum og kvöðum sem hingað til hafa á honum hvílt vegna afréttar þessa ...". Í niðurstöðu héraðsdóms er vísað til þeirrar grundvallarreglu í eignarrétti að sá sem telur til eignarréttinda yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi geti ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann átti sjálfur. Til þess er vísað að hrepparnir leiði ætlaðan rétt sinn að afsali ráðherra Íslands frá 5. júlí 1918 og síðan segir í dóminum: „Efni þess og orðalag sker eigi til fullnustu úr um það hvort hreppunum hafi verið afsalað fullkomnu eignarlandi eða einungis afréttareign. Þótt hið síðara verði líklegra talið." Þá segir að þegar virt sé það sem fram sé komið um not Auðkúluheiðar og legu verði eigi ályktað að heiðarlandið hafi áður verið háð beinum eignarrétti þeirra sem höfðu umráð þess og jafnframt telur dómurinn að takmörkuð not stefnenda að heiðinni feli eigi í sér eignarhald sem geti leitt til stofnunar eignarréttinda fyrir hefð á grundvelli laga nr. 46/1905. Niðurstaða héraðsdóms var því sú að stefnendur hefðu þannig eigi leitt sönnur að því að Auðkúluheiði hafi orðið eða sé fullkomið eignarland þeirra.

Þessum dómi hefur nú verið áfrýjað til hæstaréttar.

Með dómi **Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. nóvember 1995**, var dæmt um þá kröfu Bólstaðarhlíðarhrepps, Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps að þeim bæri réttur til úrskurðaðra bóta fyrir virkjunarréttindi í Blöndu fyrir Eyvindarstaðaheiði.

Af hálfu hreppanna var á því byggt að Eyvindarstaðaheiði væri fullkomin eign þeirra samkvæmt afsali frá Hannesi Péturssyni á Skíðastöðum eins og Hannes hafði eignast hana með þinglýstum kaupsamningi og afsali dags. 11. febrúar og 30. ágúst 1897 frá Kristjáni Gíslasyni á Sauðárkróki. Dómkröfum hreppsfélaganna var af héraðsdómi hafnað með sömu rökum og gert var í áðurgreindu dómsmáli um Auðkúluheiði og vísast til þess rökstuðnings sem þar er gerð grein fyrir.

Héraðsdómi þessum hefur verið áfrýjað til hæstaréttar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lagamáli jafnt sem daglegu máli hefur mjög verið á reiki hvaða hugtök hafa verið notuð til að lýsa eignarréttindum yfir landi og hvert hefur þá í raun verið inntak þeirra réttinda eins og lýst var í kafla I og II hér að framan. Hér er lagt til að merking þriggja grundvallarhugtaka verði afmörkuð og þó að skilgreiningar þessar séu bundnar við þetta frumvarp ættu þær, ef frumvarpið verður að lögum, að geta orðið grundvöllur að almennri og samræmdri notkun þessara hugtaka í lögum og lagamáli.

Fræðimenn skilgreina hugtakið eignarrétt nú almennt á þann veg að hann sé einkaréttur ákveðins aðila, eigandans, til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) réttindum annarra aðila sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum (Gaukur Jörundsson: Eignaréttur, bls. 4).

Ef farin er sú leið að lýsa með lögum yfir eignarrétti íslenska ríkisins eða annars tiltekins aðila yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda mætti með nokkurri einföldun segja að ekki væri þörf á að gera mun annars vegar á eignarlandi og hins vegar þjóðlendum því að með sama hætti og eigandi fer með eignarráð innan eignarlands fari íslenska ríkið með eignarráð innan þjóðlendna. Þau landsvæði, sem við úrlausn mála samkvæmt frumvarpi þessu féllu í flokk þjóðlendna, hafa að stærstum hluta verið nýtt sem

afréttir um langt skeið og þau afnot og löggjöf hafa búið þessum landsvæðum ákveðna sérstöðu þannig að eignarráð ríkisins yfir landsvæðunum verða að miðast við þessa sérstöðu. Eignarráð ríkisins yfir þessum landsvæðum eru því í ljósi þeirra dóma hæstaréttar sem gengið hafa um slík landsvæði frekar hluti af forræðisrétti ríkisins innan yfirráðasvæðis þess, rétt eins og yfir landhelginni og efnahagslögsögunni, heldur en að þar sé ríkið að fara með hin hefðbundnu eignarráð fasteignareiganda. Því er lagt til að landinu verði skipt annars vegar í eignarlönd og hins vegar þjóðlendur og er hið síðara nýtt hugtak í íslenskum lögum.

Þegar talað er um hefðbundinn eignarrétt yfir landi, þar sem einstaklingur eða lögaðili, hvort sem það er félag, stofnun, sveitarfélag eða ríkið, fer með hin almennu eignarráð sem ekki hafa verið fengin öðrum með samningum, lögum eða öðrum ráðstöfunum eigandans, hafa ýmis hugtök verið notuð til að lýsa inntaki réttinda eigandans. Sem dæmi má nefna að talað hefur verið um grunneignarrétt, eignarland, fullkomið eignarland, land í einkaeign og landareign sem er háð einkaeignarrétti, en einnig eru dæmi um að talað sé um að land sé undirorpið einstaklingseignarrétti. Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið eignarland verði notað yfir þau landsvæði sem eru háð einkaeignarrétti, en einkaeignarréttur er skilgreindur svo að þá fari eigandi landsins með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Það hefur lengi tíðkast að nefna svæði ofan byggðar og á miðhálendinu afrétti. Í mörgum tilvikum hafa ytri merki þessara svæða gagnvart öðrum afréttum, eignarlöndum eða almenningum ekki verið skýr og óvissa hefur sums staðar verið um eignarráð á þessum landsvæðum. Þessi landsvæði eiga það sameiginlegt að hafa verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfénað, einkum sauðfé, en ýmist er hvort afréttir hafa verið nýttir af búendum á ákveðnu svæði eða fylgt einni eða fleiri jörðum. Um upphaf afréttarnota segir Hæstiréttur í fyrri Landmannaafréttardóminum, hrd. 1955, bls. 108:

> „Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á."

Þessi afnot nægðu hins vegar ekki til þess að hreppsfélögin hefðu öðlast eignarrétt á afréttarlandinu.

Í lögum hefur verið verið gengið út frá því að til séu á miðhálendinu landsvæði sem nefnd hafa verið almenningar, sbr. t.d. Jónsbók, Landsleigubálk, kap. 52: „Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit bæði hit efra ok hit ytra" og 4. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.: „Þar sem almenningar (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra . . . ".

Mörk milli afrétta og almenninga hafa ekki verið ljós og ekki verður séð að tilefni sé til þess að gera að lögum mun á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða sé aðstaðan á annað borð sú að enginn geti sannað eignarrétt sinn að þeim. Um afrétti gildir hins vegar sú sérstaða að þar kunna tilteknir aðilar að eiga beitarréttindi og önnur réttindi sem byggjast á þeim notum.

Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að nota orðið almenningur en tekið verði upp nýtt hugtak **þjóðlenda** og það taki til allra landsvæða utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Hvert landsvæði, sem hefur sjálfstæð merki frá náttúrunnar hendi eða á grundvelli sjálfstæðrar merkjalýsingar eða annarra gagna, telst þá ein þjóðlenda. Innan þjóðlendu kunna hins vegar að

vera afréttir, þ.e. nytjasvæði, þeirra sem þar eiga upprekstur og samkvæmt frumvarpinu er miðað við að þau svæði verði afmörkuð sérstaklega þannig að ljóst sé hvar hin staðarlegu mörk þeirra réttinda sem afréttareign (upprekstrarrétti) fylgja séu. Hugtakið **afréttur** er því skilgreint út frá beitarnotum fyrir búfé og ráðast mörk afréttar þannig af því landsvæði sem sannanlega hefur verið nýtt til sumarbeitar fyrir búpening.

Við val á orðinu þjóðlenda var sérstaklega horft til sérstöðu þessara landsvæða og orðinu er ætlað að undirstrika að þarna er um að ræða landsvæði sem þjóðin fer með sem heild, þó svo að einstakir aðilar kunni vegna sérstakra nytja að hafa öðlast þar réttindi. Hálendissvæði þessi eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar og frumvarpið gerir ráð fyrir að forsætisráðherra fari með þessi sameiginlegu gæði sem vörslumaður. Nefnt hefur verið hvort rétt væri að gera miðhálendi Íslands að þjóðgarði, en vegna þeirra nytjakvaða sem á landinu hvíla er um margt örðugt að skipa því í sama flokk og nú er gert með þjóðgarða. Skýrari afmörkun þessara landsvæða og reglur um forræði yfir þeim gætu síðar orðið grundvöllur frekari ákvarðana um meðferð þessara landsvæða í heild eða einstakra hluta þeirra frá umhverfissjónarmiði.

Rétt er að taka fram að hugtakið fasteign er í lagamáli almennt skilgreint svo að um sé að ræða afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum, og þeim mannvirkjum sem varanlega eru við landið skeytt. Eignarland og þjóðlenda féllu í flokk fasteigna.

Um 2. gr.

Í dómi hæstaréttar um Landmannaafrétt, hrd. 1981, bls. 1584, var tekið fram að eignarréttartilkall ríkisins til svæðisins ætti sér ekki stoð í skráðum réttarreglum, en hins vegar yrði að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, gætu í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og hagnýtingu landsvæðisins. Í nokkrum tilvikum hefur Alþingi með lögum mælt fyrir um hver skuli hafa rétt til að hagnýta einstök landgæði innan landsvæða utan eignarlanda.

Þannig hafa í lögum verið settar reglur um hverjir eigi rétt til veiði í þessum löndum. Um dýra- og fuglaveiðar segir nú í 8. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, að öllum íslenskum ríkisborgurum, svo og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi, séu dýraveiðar, þar með taldar fuglaveiðar, heimilar í almenningum og á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Um lax- og silungsveiði segir í lögum nr. 76/1970 að búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, sé einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt og verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Ekki eru sérstök ákvæði í lögum um veiðar í vötnum innan almenninga, enda óvíst að slíkum vötnum utan afrétta sé til að dreifa hér á landi.

Um upprekstrarrétt eru ákvæði í 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, en þar segir í 7. gr. að upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eigi allir búfjáreigendur sem landsafnot hafa í hreppi eða félagssvæði, nema þar frá sé, að fengnu samþykki jarðareiganda, gerð undantekning í fjallskilasamþykkt. Um upprekstrarrétt á afréttarland sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun fer eftir fornri venju eða samningum.

Í námulögum nr. 24/1973 segir að á landsvæðum utan landareigna, sem eru háðar einkaeignarrétti og ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hafi ríkið eitt rétt til jarðefna.

Ekki eru í lögum bein ákvæði um eignarráð yfir vatni, vatnsorku eða jarðhita á landsvæðum utan eignarlanda, þ.e. afréttum og almenningum. Fossanefndin, sem starfaði að undirbúningi vatnalaganna, sem síðar urðu lög nr. 15/1923, varð í meginatriðum sammála um að almenningar og afréttir væru ríkiseign, þó svo að minni hlutinn gerði þann fyrirvara að afréttir kynnu að vera einkaeign (nefndarálit meirihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. X og nefndarálit minnihluta fossanefndar, Reykjavík 1919, bls. 32). Eins og rakið er í kafla II hér að framan var ekki í endanlegum frumvarpstexta vatnalaganna tekin afstaða til eignarréttarlegrar stöðu vatnsréttinda í afréttum og almenningum, heldur var þess getið í athugasemd með 2. gr. frumvarpsins að ekki væru efni til að úrskurða um eignarréttindi að þessum landsvæðum í lögunum, heldur yrði það væntanlega dómstóla að rannsaka það sérstaklega hvaða lendur væru ríkiseign. Síðan sagði:

> „Af því að vatnsrjettindin fylgja eignarrjetti að landi eftir stefnu þessa frumvarps virðist óþarft að taka það fram, að ríkið eigi vatnsréttindi í afrjettum og almenningum, því að ef ríkið á þessar lendur, þá er einnig skorið úr því hver eigi vatnsrjettindin." (Alþt. 1921 A, bls. 180.)

Það skal tekið fram að á þessum tíma átti sú skoðun mjög almennu fylgi að fagna að land sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti væri ríkiseign. Dómstólar hafa hins vegar síðar hafnað þeirri skoðun, sbr. Landmannaafréttardóm, hrd. 1981, bls. 1584.

Alþingi hefur með lögum um Landsvirkjun, nú síðast lögum nr. 42/1983, veitt Landsvirkjun heimild til að nýta vatnsréttindi á hálendinu í þágu ákveðinna virkjana.

Í 12. gr. orkulaga nr. 58/1967 segir að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim sem lögin tilgreina. Ekki er í orkulögum eða öðrum lögum sérstaklega fjallað um jarðhita í afréttum, almenningum eða landsvæðum utan eignarlanda. Í þeim mæli sem jarðhiti á slíkum svæðum hefur verið nýttur er það til upphitunar fjallaskála og í laugar og böð við þá.

Aukin og breytt nýting á hálendinu kallar á að settar verði skýrar reglur um hver fari með eignarráð lands þar og sé bær um að taka ákvarðanir um þau málefni. Sem dæmi um þetta má nefna aukinn fjölda ferðamanna sem sækja heim þessi landsvæði og óskir um uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn þar. Líkur eru á að ásókn í að nýta auðlindir í formi jarðaefna, vatnsorku og jarðhita á hálendinu muni aukast og rýmkaðar heimildir erlendra aðila til að fjárfesta og reka slíka starfsemi hér á landi ítreka enn nauðsyn þess að reglur um eignarráð á þessum landsvæðum séu skýrar.

Þegar setja á lagareglu um hver fari með eignarráð þess lands og landsréttinda sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til er viðfangsefnið fyrst og fremst að leysa úr því hver skuli fara með eignarréttindi innan þessa lands sem annars kæmi í hlut eiganda landsins að fara með. Frá lagalegu sjónarmiði er ekki endilega nauðsynlegt að lýsa því yfir að sá sem fer með þau eignarráð sé eigandi landsins og landsréttindanna, heldur mætti gera það með orðalagi í lögum sem kvæði á um að sá aðili réði yfir landi og landsréttindum utan eignarlanda eða færi með rétt til að hagnýta landið og landsréttindin, sbr. einnig orðalag 2. gr. námulaga nr. 24/1973: „... hefur ríkið eitt rétt til jarðefna." Má raunar orða það svo að samkvæmt íslenskum lögum sé engin óumflýjanleg nauðsyn að allt land sé háð eignarrétti að einkarétti. Skýr ákvæði um forræði á landi utan eignarlanda ættu þar að vera nægjanleg. Hversu langt á að ganga í þessu efni og hver eigi að fara með eignarráðin, þ.e. ríkið, sveitarfélögin eða einhver annar aðili, er pólitísk ákvörðun.

Hér er hins vegar lagt til að skrefið verði stigið til fulls og því lýst yfir að íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki

eru háð einkaeignarrétti. Fyrir liggur sú skýra afstaða dómstóla að heimildir sveitarfélaganna, íbúa þeirra og einstakra upprekstraraðila innan umræddra hálendissvæða takmarkist við þröngar nýtingarheimildir og þá fyrst og fremst beitarafnot og þau veiðiréttindi sem upprekstraraðilum hafa verið fengin með lögum. Með því að mæla fyrir um að landið sjálft og önnur landsréttindi séu eign ríkisins verður því ekki séð að verið sé að taka nein réttindi frá sveitarfélögunum eða þeim sem rétt eiga til upprekstrar á þessi svæði. Hlutverk ríkisins er að fara með sameiginleg málefni þjóðarinnar og rétt eins og ríkið fer með stjórn auðlinda í hafinu innan þess ramma sem settur er um þau málefni í lögum verður að telja rétt að ríkið fari með forræði þess lands og landsréttinda á Íslandi sem enginn getur sannað eignarrétt sinn til.

Vegna samanburðar við auðlindir í hafinu og skipan lagareglna um yfirráð þessara auðlinda ber að hafa í huga að þar er sá veigamikli munur á að á landi er verið að tala um eignarráð fasteigna og réttinda sem þeim fylgja. Í mörgum tilvikum getur þess verið þörf að þinglýsa gerningum sem varða ráðstöfun og meðferð þessara fasteigna og að þinglýsingalögum þarf sá aðili sem slíkum réttindum ráðstafar að hafa eignarheimild.

Í 2. mgr. er lagt til að forsætisráðherra fari með málefni þjóðlendna sem ekki eru lögð til annarra ráðuneyta með lögum. Leggja verður áherslu á að hlutverk ráðuneytisins er þarna að fara með þau verkefni sem annars kæmu í hlut landeiganda að fjalla um en að auki fer ráðuneytið með ákveðnar stjórnsýsluskyldur vegna þjóðlendna. Við undirbúning frumvarpsins hefur verið hugað sérstaklega að því innan hvaða ráðuneytis ætti að skipa málefnum þjóðlendna. Vissulega mætti hugsa sér að fjármálaráðuneytið færi með þjóðlendur eins og eignir ríkisins eða landbúnaðarráðuneytið með sama hætti og ríkisjarðir, en þjóðlendur hafa sérstöðu vegna þeirra afmörkuðu eignarréttinda (nytjaréttinda) sem þegar hvíla á þeim og þess skiptaforræðis sem lagt er til að viðhaft verði skv. 3. gr. frumvarpsins. Ráðuneyti umhverfismála fer með ýmis stjórnsýslumálefni, svo sem umhverfismál, náttúruvernd og skipulags- og byggingarmál, og hæglega kunna að rísa ágreiningsefni um skipan þessara mála innan þjóðlendna og er þá ekki rétt að það ráðuneyti komi í senn fram í hlutverki forráðamanns landsins og æðsta úrskurðaraðila á stjórnsýslustigi. Sömu sjónarmið eiga einnig við um iðnaðarráðuneytið þegar kemur að ráðstöfun auðlinda innan þjóðlendna.

Um 3. gr.

Þess eru dæmi frá liðnum árum að félagasamtök og einstaklingar hafi reist fjallaskála og girt af svæði, t.d. til landgræðslu, á hálendissvæðum, en vafi hefur risið um hver hafi verið bær til að heimila slíkt sem forráðamaður landsins. Í nokkrum tilvikum hafa hlutaðeigandi sveitarfélög veitt heimildir í þessu efni. Í 1. mgr. eru tekin af öll tvímæli um að enginn geti án þess að fá til þess sérstakt leyfi þar til bærs aðila tekið sér land eða réttindi innan þjóðlendu til eigin nota.

Þegar þess er gætt að stærstur hluti þess lands sem fellur innan þjóðlendna hefur verið og verður væntanlega enn um sinn nýttur til upprekstrar og sveitarfélögin hafa hvert á sínu svæði farið með og sinnt um þessi landsvæði, enda hafa þau fallið innan stjórnsýslumarka þeirra í flestum tilvikum, er lagt til að forræði á ráðstöfun lands og landsgæða innan þjóðlendna verði skipt milli forsætisráðherra og sveitarfélaganna. Ráðuneytinu og sveitarstjórn er í þessi efni ætlað að fara með þær heimildir sem annars væru í höndum landeigenda. Hér er fylgt þeirri stefnu að ekki sé ástæða til þess að forsætisráðherra þurfi að koma að veitingu leyfa til skammtímaráðstöfunar á landi og landsréttindum, svo sem eitt sumar, heldur eigi að vera nægjanlegt að fá í því tilviki leyfi við-

stjórnsýslunefnd gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um nefndina, þar á meðal um hæfi nefndarmanna, þegar sleppir sérstökum ákvæðum frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir því að forsætisráðherra skipi nefndarmenn sem verði þrír og ennfremur þrjá varamenn. Skipaður verði formaður og varaformaður úr hópi aðalmanna.

Lagt er til í 2. mgr. að nefndarmenn, bæði aðal- og varamenn, uppfylli skilyrði til þess að gegna embætti héraðsdómara, enda verkefni óbyggðanefndar eðlislík dómstörfum og því þykir eðlilegt að setja þetta skilyrði.

Þá eru í 3. mgr. reglur um hvernig varamenn taki sæti í nefndinni við úrlausn einstaks máls en formaður ákveður hver þeirra gerir það. Er það annars vegar vegna forfalla aðalmanns en ennfremur er gert ráð fyrir að varamaður eða menn taki sæti í óbyggðanefnd ef fjöldi mála verður svo mikill eða einstök mál svo umfangsmikil að meðferð mála taki að dragast vegna þess. Þá er gert ráð fyrir að sömu menn fari með mál þau sem eru munnlega flutt frá því að að aðilum gefst kostur á að tjá sig fyrir nefndinni þar til úrskurður er kveðinn upp.

Í 4. mgr. er heimild til þess að kalla til menn sem búa yfir sérkunnáttu á tilteknu sviði telji formaður þess þörf. Er þá gert ráð fyrir að nefndarmenn verði fimm en við það er miðað að ávallt taki þrír menn úr hópi aðal- og varamanna þátt í meðferð einstaks máls til þess að tryggja sem best samræmi í meðferð og úrlausn mála fyrir óbyggðanefnd og því er hér miðað við að sé sérkunnáttu þörf taki sérfróðir menn þátt í meðferð máls auk hinna þriggja nefndarmanna. Þá er gert ráð fyrir því að ef einungis er þörf á einum sérfróðum manni taki einn nefndarmanna í viðbót við hina þrjá sæti í nefndinni þannig að í þeim tilvikum sitja fjórir nefndarmenn auk eins sérfróðs manns í nefndinni.

Ljóst þykir að starf nefndarinnar verði mjög umfangsmikið og nauðsynlegt verður að hafa starfsfólk til aðstoðar nefndinni auk þess sem sjá verður henni fyrir skrifstofuaðstöðu.

Þá verður að telja rétt að nefndin leiti eftir samvinnu um tæknileg málefni, svo sem kortagerð, við Landmælingar Íslands og aðra opinbera aðila sem starfa á þessu sviði.

Loks er hér gert ráð fyrir að kostnaður af starfi nefndarinnar, bæði rekstur hennar og þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði.

Um 7. gr.

Hér er hlutverki óbyggðanefndar lýst.

Í a-lið kemur fram að nefndinni er ætlað að kanna og skera úr um hvaða land teljist til þjóðlendna. Eins og fram kemur í 8. gr. skal nefndin hafa frumkvæði að því að vinna verkið en um þetta efni vísast til þess sem að framan segir.

Þá er í b-lið gert ráð fyrir að sé hluti þjóðlendu nýttur sem afréttur sé nefndin úrskurðaraðili um mörk afréttarins gagnvart öðrum hluta þjóðlendu.

Loks er í c-lið gert ráð fyrir að nefndin leysi úr ágreiningi um eignarréttindi innan þjóðlendu en þar gæti t.d. verið um að ræða beitarréttindi eða önnur nytjaréttindi sem tiltekin jörð telur sig eiga á grundvelli heimildarskjala eða hefðar.

Um 8. gr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stjórnvöld hafi frumkvæði að því að leyst verði úr álitaefnum sem uppi eru í landinu um eignar- og afnotaréttindi á svæðum utan eignarlanda og er hér mælt fyrir um að óbyggðanefnd skuli eiga frumkvæði að því að úr þessum álitaefnum verði skorið og henni markaður tími til að ljúka verki sínu og stefnt skuli að því að ljúka verkinu fyrir árið 2005.

Um 9. gr.

Hér er miðað við að aðili sem telur til eignarréttinda geti leitað til óbyggðanefndar til þess að fá úrskurð hennar enda þótt nefndin hafi ekki sjálf tekið álitaefnið til meðferðar. Skal nefndin taka beiðnina til meðferðar en getur þó frestað því að taka hana fyrir telji hún það hentugra vegna þess hvernig hún hefur skipulagt verkefni sitt.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að óbyggðanefnd gefi út tilkynningu um að hún hyggist taka afmarkað svæði til meðferðar og gefa mönnum kost á að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan þriggja mánaða. Er nefndinni ætlað að tilkynna ákvörðun sína í Lögbirtingablaði og jafnframt að þinglýsa ákvörðun á viðkomandi eignir.

Þeir aðilar sem sem gera kröfur fyrir nefndinni skulu leggja heimildir og gögn sem þeir byggja á fyrir nefndina um leið og kröfugerð kemur fram en það ætti að leiða til þess að málsmeðferð verði hraðari og markvissari. Í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttar skal nefndin gefa þeim sem í hlut eiga kost á að tala máli sínu fyrir nefndinni og hafa uppi andsvör vegna krafna og sjónarmiða annarra.

Í 3. mgr. kemur fram að óbyggðanefnd sjálf skal hafa frumkvæði að gagnaöflun og könnun heimilda. Er það talið nauðsynlegt til þess að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um hin einstöku álitaefni sem nefndin hefur til meðferðar. Auk þeirrar skjallegu sönnunarfærslu sem hér er gert ráð fyrir getur óbyggðanefnd heimilað munnlega sönnunarfærslu fyrir nefndinni.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að fjármálaráðherra fari með fyrirsvar fyrir hönd ríkisins og stofnana þess vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendu. Þrátt fyrir reglu þá sem fram kemur í 5. mgr. 17. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt að hafa fyrirsvar hér á einni hendi vegna þess að þess má vænta að málafjöldi geti orðið nokkur og þörf verði á því að samræmingar sé gætt.

Þá er lagt til að festa í lög þá reglu að sveitarstjórnir eða upprekstrarfélög hafi umboð til að fara með og ráðstafa málefni fyrir hönd einstakra rétthafa. Slík regla útilokar þó ekki einstaka aðila sem kunna að telja til réttinda á viðkomandi svæði frá því að hafa uppi kröfur fyrir nefndinni.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að eftir að kröfur hafa borist nefndinni verði mönnum gefinn kostur á að kynna sér þær, ásamt uppdrætti þar sem kröfulínur eru dregnar, á skrifstofu viðkomandi sýslumanns og koma að athugasemdum ef einhverjar eru innan 15 daga frá því að kynningu lýkur.

Um 13. gr.

Í 1. mgr. er við það miðað að óbyggðanefnd hafi heimild til þess að sameina mál eða skilja í sundur eftir því sem hentugast þykir með tilliti til verkefnis nefndarinnar í heild. Í 2. mgr. er sams konar sjónarmið lagt til grundvallar.

Hugsanlegt er að eftir að meðferð máls er hafin fyrir óbyggðanefnd komi í ljós að aðili kunni að telja til eignarréttinda, enda þótt hann hafi ekki gert það e.t.v. vegna þess að honum er ekki kunnugt um það eða af öðrum ástæðum. Til þess að koma í veg fyrir

flækjur sem af því gæti leitt er í 3. mgr. gert ráð fyrir að nefndin kanni sérstaklega hvort viðkomandi falli frá tilkalli en gefi honum ella kost á að gerast aðili máls.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. kemur sú regla að úrskurður óbyggðanefndar er endanlegur á stjórnsýslustigi með því að þeim verður ekki skotið til ráðherra sem æðra stjórnvalds. Hins vegar verða þeir bornir undir dómstóla svo sem fram kemur í 20. gr. frumvarpsins.

Álitaefni, sem lögð eru til óbyggðanefndar, verða ekki lögð fyrir dómstóla fyrr en nefndin hefur fjallað um þau og felur ákvæðið það í sér að slíkri kröfu ætti að vísa frá dómi og aðili yrði að leggja hana fyrir óbyggðanefnd og fá úrskurð hennar áður en hann leitaði til dómstóla.

Um 15. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd leiti sátta með aðilum nema telja megi sáttatilraun árangurslausa. Enda þótt sáttatilraun yrði ekki reynd myndi það ekki leiða til þess að málsmeðferð væri ógildanleg og gegnir hér sama máli og á sviði einkamálaréttarfars.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að óbyggðanefnd synji um fyrirtöku máls sem undir hana eru borin með úrskurði telji hún að málið heyri ekki undir hana og að aðila gefist kostur á að tjá sig sérstaklega um þetta atriði áður en úrskurður er kveðinn upp.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að aðili geti krafist þess að máli verði vísað frá telji hann að málið eigi ekki undir hana og úrskurðar nefndin um það.

Um 16. gr.

Í greininni er vísað til reglna stjórnsýslulaga um form og efni þeirra úrskurða óbyggðanefndar sem fela í sér endanlegar lyktir máls.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðilar geti gert kröfur á hendur öðrum aðilum um málskostnað líkt og gildir við meðferð einkamála fyrir dómstólum, enda hafi aðilar sett fram kröfur, greinargerðir og sjónarmið sín fyrir nefndinni, munnlega eða skriflega. Að öðru leyti er vísað til reglna einkamálaréttarfars um málskostnað.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að málskostnaðarákvæði í úrskurðum nefndarinnar verði aðfararhæf.

Í 2. mgr. eru ákvæði um birtingu úrskurða sem þarfnast ekki skýringa og í 3. mgr. er óbyggðanefnd falið að eiga frumkvæði að því að úrskurðum, sem fela í sér eignarheimildir, verði þinglýst. Er hér lagt til að þinglýsingar- og stimpilgjöld verði ekki innheimt af slíkum skjölum og ekki heldur af tilkynningum skv. 1. mgr. 10. gr. þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga um stimpilgjald, nr. 36/1978, enda er hér um þau tilvik að ræða að verið er að skera úr um hvort tiltekin réttindi séu fyrir hendi en ekki framsal réttinda.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram að úrskurðum óbyggðanefndar verður skotið til dómstóla svo sem almennt gildir um úrskurði stjórnvalds, en um varnarþing fer eftir almennum reglum. Gert er ráð fyrir sex mánaða málshöfðunarfresti. Eins og fram kemur í grein-

inni er ráð fyrir því gert að sá sem leitar til dómstóla geti haft þar uppi sömu kröfur og gert hefur verið fyrir óbyggðanefnd en vegna reglu 2. mgr. 14. gr. verður ekki höfð uppi víðtækari kröfugerð fyrir dómstólum en gert hefur verið fyrir nefndinni. Þá verður að líta svo á að viðkomandi geti þrengt kröfugerð sína frá því sem gert hefur verið fyrir nefndinni.

Um 20.–21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að að setja lög um eignarhald á þeim landsvæðum sem teljast falla í flokka almenninga og afrétta.

Í 3. gr. þessa frumvarps er lagt til að leyfi forsætisráðherra þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Einnig segir í sömu grein að forsætisráðherra sé heimilt að ákvarða og/eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu slíkra réttinda. Ekki er unnt að áætla hversu mikil eftirspurn verður eftir þeim leyfum sem hér um ræðir, en gera verður ráð fyrir að kostnaður við gagnaöflun, áður en til leyfisveitingar kemur, verði borinn af almennum fjárveitingum forsætisráðuneytisins og ekki þurfi að koma til sérstakra fjárveitinga af þeim sökum. Tekið skal fram að aðilar innan ríkiskerfisins, svo sem Orkustofnun, búa þegar yfir gögnum sem ráðuneytið getur notað í þessu skyni.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir samstarfsnefnd skipaðri sjö mönnum er verði forsætisráðherra til ráðuneytis um málefni þjóðlendna. Hér er litið svo á að laun og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði á hliðstæðan hátt og við aðrar nefndir þótt þess sé ekki getið í frumvarpinu. Með hliðsjón af kostnaði við ýmsar fastar nefndir ríkisins verður að gera ráð fyrir að nefndarlaun geti numið 300 þús. kr. á ári og annar tengdur kostnaður um 200 þús. kr., samtals um 500 þús. kr.

Í 6. gr. er lagt til að sett verði á stofn óbyggðanefnd sem skipuð verði þrem mönnum. Skal nefndinni heimilt að ráða sér starfsfólk og koma sér upp skrifstofuaðstöðu að höfðu samráði við forsætisráðherra. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Skv. 7. og 8. gr. skal hlutverk nefndarinnar vera að skera úr hvaða land telst til þjóðlendna, hvað sé afrétti og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendna. Skal nefndin vinna þetta verk í áföngum og ljúka því fyrir árið 2005. Þar sem hér er um umfangsmikið verk að ræða mun talsverður kostnaður fylgja því. Gert er ráð fyrir að nefndarlaun verði 1,3 m.kr. á ári, og er þá höfð hliðsjón af því að nefndina skulu skipa menn er fullnægi skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara auk þess sem henni er ætlað að vinna umfangsmikið verk.

Þá er áætlað að nefndin ráði sér a.m.k. einn löglærðan starfsmann auk ritara. Launakostnaður er talinn nema 4,5 m.kr. á ári við þessi tvö störf. Til viðbótar mun nefndin þurfa skrifstofuhúsnæði og aðra tengda þjónustu. Má ætla að rekstrargjöld nemi samtals 2 m.kr. og ferðakostnaður innan lands 0,5 m.kr. á ári. Samtals er reksturskostnaður við nefndina því áætlaður um 8,3 m.kr. á ári.Auk þess má gera ráð fyrir að stofnkostnaður við upphaf á starfi nefndarinnar (skrifstofubúnaður o.fl.) nemi um 1,5 m.kr.

Ætla má að árlegur reksturskostnaður ríkissjóðs af samþykkt þessa frumvarps geti því numið 8,8 m.kr. auk 1,5 m.kr. stofnkostnaðar í upphafi.

916. Tillaga til þingsályktunar [558. mál]

um loftpúða í bifreiðum.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því að veittur verði afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru sérstökum loftpúðum í öryggisskyni.

Greinargerð.

Loftpúðar í bifreiðar voru fundnir upp í Bandaríkjunum fyrir meira en 50 árum. Hugmyndin var síðan endurvakin á síðasta áratug er Bandaríkjamenn hófu að leita nýrra leiða til að draga úr afleiðingum alvarlegra umferðarslysa. Evrópskir bílaframleiðendur fóru á sama tíma að huga að því hvernig hægt væri að stemma stigu við fjölgun hálsáverka sem leiddi af almennari notkun öryggisbelta og hófu í framhaldi af því að þróa loftpúðakerfið.

Í stuttu máli virka loftpúðarnir þannig að bak við fremri stuðara eða á öðrum hentugum stað eru skynjarar sem bregðast við árekstri. Yfirleitt er miðað við árekstur sem verður á meiri hraða en 20–30 km á klst. Púðinn, sem komið er fyrir í stýri bílsins, er blásinn upp með gasi og fyllist hann á u.þ.b. 0,02 sek. eða í tæka tíð til að taka við högginu sem verður þegar höfuð ökumannsins skellur á stýri bílsins. Til þess að forða því að höfuð ökumannsins kastist til baka þegar það lendir á púðanum byrjar gasið að leka úr honum strax eftir að hann hefur fyllst. Tilraunir hafa sýnt að púðarnir bregðast nánast aldrei, þeir fyllast nær undantekningarlaust af gasi ef árekstur er nægilega harður.

Víða um lönd hafa nú þegar verið settar reglur um að allir nýir bílar skuli búnir loftpúðum, svo sem í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Hollandi. Í áætlun sem fjöldi alþjóðlegra bílaframleiðeanda tók þátt í að gera er talið að árið 2000 verði komnir loftpúðar í alla bíla í Bandaríkjunum, í 60% bíla í Japan og í 70% bíla í Evrópu.

Rannsóknir sýna að notkun loftpúða dregur verulega úr fjölda alvarlegra áverka af völdum umferðarslysa. Þannig hefur reynslan af notkun loftpúða í Bandaríkjunum leitt í ljós að dauðaslysum fækkar um 20%. Gildir það bæði um þá sem nota öryggisbelti og enn frekar þá sem ekki spenna beltin. Rannsókn á tíðni meðaláverka og alvarlegra áverka í umferðinni í Bandaríkjunum árið 1991 sýndi að slíkir áverkar voru 25–29% færri meðal ökumanna í bifreiðum af árgerð 1990 sem búnar voru loftpúðum en meðal ökumanna í bifreiðum af sömu árgerð sem einungis voru búnar bílbeltum. Innlagnir á sjúkrahús voru 24% færri meðal ökumanna í bifreiðum sem búnar voru loftpúðum. Þannig eru loftpúðar þýðingarmikill öryggisbúnaður til viðbótar við öryggisbelti.

Flestir eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa loftpúða í öllum bifreiðum í framtíðinni. Eins og lögum er nú háttað hækkar öryggisbúnaður eins og loftpúðar bílverð verulega. Afsláttur af vörugjaldi bifreiða sem búnar eru loftpúðum ætti að vera sjálfsagt mál. Með slíkum afslætti aukast líkur á örari útbreiðslu loftpúða í bifreiðum. Þó að tekjur ríkissjóðs skerðist sem nemur afslættinum af vörugjaldinu skila þeir peningar sér margfaldlega í minni kostnaði af völdum umferðarslysa.

917. Tillaga til þingsályktunar [559. mál]

um bókaútgáfu.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson, Guðni Ágústsson, Hjálmar Árnason,
Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson,
Stefán Guðmundsson, Valgerður Sverrisdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 1997.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga.

Ótvíræðar vísbendingar vitna um að óheillavænleg áhrif sæki að íslenskri tungu og að hún muni eiga í harðnandi samkeppni. Þá getur lítið málsamfélag þjóðarinnar lent í hættu innan skamms tíma. Staða bókarinnar kann að ráða úrslitum um þessa þróun en á síðustu árum hefur bóklestur dregist saman, lestrarkunnáttu hefur hrakað, skilningur ungs fólks á rituðu máli hefur rýrnað, ritun bóka hefur dalað, bókaútgáfa hefur verið á undanhaldi, útgefnum titlum hefur fækkað, bóksala hefur minnkað og bókakostnaður námsmanna hefur vaxið. Áhrif þessa hafa einnig verið alvarleg fyrir prentun, bókaútgáfu og annað atvinnulíf sem bókum tengist.

Íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og þeirri samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Íslendingar vilja flestir taka þátt í slíku samstarfi og njóta þeirra jákvæðu áhrifa sem menning annarra þjóða getur haft á þjóðlíf okkar. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í alþjóðasamskiptum en jafnframt haldið einkennum okkar og gróskumikilli menningu.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri leggja ofuráherslu á sérkenni og fegurð þjóðtungu sinnar og telja nauðsynlegt að verja málsamfélög sín með stuðningi við bókina.

Bókin flytur þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg. Skammsýni og andvaraleysi getur leitt til óheillaþróunar sem ekki verður við snúið, jafnvel þó að miklum fjármunum yrði til kostað. Aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar eru því aðkallandi.

918. Tillaga til þingsályktunar [560. mál]

um bætta þjónustu hins opinbera.

Flm.: Ólafur Örn Haraldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að bæta afgreiðslu og þjónustu opinberra stofnana við almenning og atvinnulífið.

Greinargerð.

Almenningur og atvinnufyrirtæki bera háan kostnað og hafa mikla fyrirhöfn af samskiptum sínum við stjórnsýslu og opinberar stofnanir. Samskipti þessi tengjast fjölþættum verkefnum sem hinu opinbera hafa verið falin en þau eru m.a. leyfisveitingar, eftirlit, eignaumsýsla og stjórn framkvæmda. Að stórum hluta eru ítök hins opinbera eðlileg eða óhjákvæmileg en að hluta til leifar eldri stjórnarhátta og að sumu leyti líka þær aðferðir sem hið opinbera notar í þjónustu og afgreiðslu erinda. Þetta á ekki aðeins við um samskipti við almenning og atvinnulífið heldur einnig um seinvirk samskipti milli opinberra aðila innbyrðis. Sennilega er margt sem veldur, m.a. fjárskortur, en á hitt ber að líta að mikill fjárhagslegur ávinningur felst í endurbótum og aukinni skilvirkni í opinberri þjónustu.

Kröfur um aukna skilvirkni, bætta þjónustu og skjóta afgreiðslu mála hafa orðið háværari á síðustu árum. Samkeppni hefur harðnað, alþjóðaviðskipti aukist og tölvu- og fjarskiptatækni tekið byltingarkenndum breytingum. Viðmiðanir um hvað teljist góð þjónusta hafa gerbreyst. Almenningur og atvinnulífið hafa brugðist við þessum aðstæðum með bættri gæðastjórnun, aukinni tækniþekkingu og meiri framleiðni. Á þessu sviði verða Íslendingar að standast fremstu þjóðum snúning.

Víða hafa orðið endurbætur í opinberri þjónustu. Margt bendir þó til þess að stjórnsýslan og opinberar stofnanir hafi setið eftir í þessari þróun og að almenningur og atvinnurekstur fái þar hvorki jafngóða þjónustu né jafnskjóta afgreiðslu erinda og tíðkast á öðrum sviðum viðskiptalífsins. Meðal ábendinga er að ákvarðanataka sé seinvirk, fundir um aðkallandi mál skili ekki niðurstöðu, bréfum sé svarað seint eða aldrei, erfitt sé að vita hvar mál séu stödd, ábyrgð sé óljós, lipra þjónustu skorti og seint sé brugðist við kvörtunum. Einkafyrirtæki, sem þannig sinnti viðskiptavinum sínum, yrði fljótlega undir í samkeppninni en hið opinbera nýtur verndar að þessu leyti. Hið opinbera virðist því ekki hafa tekið að fullu þátt í þeim framförum sem orðið hafa og getur á þann hátt hamlað auknum afköstum í samfélaginu.

Þetta er þeim mun alvarlegra þegar á það er litið að afskipti hins opinbera af viðskiptum og daglegu lífi eru mikil. Opinberir aðilar fara með eignarhald og aðstöðu, sjá um leyfisveitingar og eftirlit í ótal þáttum samfélagsins. Á sama tíma hafa almenningur og íslensk fyrirtæki lítið fjármagn og hraði viðskiptalífsins þolir litlar tafir. Seinvirk afgreiðsla erinda getur stórskaðað viðkvæm fyrirtæki. Betri og skilvirkari þjónusta stjórnsýslunnar og opinberra stofnana mun skila íslensku samfélagi miklum ávinningi á sviði viðskipta og almenningsþjónustu.

919. Tillaga til þingsályktunar [561. mál]

um breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Katrín Fjeldsted, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Sturla Böðvarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu þannig að núverandi fyrirkomulag hvað varðar H1-stöðvar verði afnumið og þjónusta heilsugæslustöðva hvergi mönnuð með færri en tveimur læknum.

Greinargerð.

Nokkur upplausn hefur orðið í læknishéruðum á síðustu mánuðum í kjölfar uppsagna heilsugæslulækna á síðasta ári. Unnið er að því í heilbrigðisráðuneytinu að uppfylla faglegt samkomulag sem gert var við heimilislækna sl. sumar og launamál þeirra eru komin til kjaranefndar samkvæmt lögum frá síðustu áramótum.

Fyrir utan faglega og kjaralega stöðu læknanna er það staðreynd að allmargir þeirra vinna á H1-stöðvum og eru á stöðugum vöktum. Slíkar starfsaðstæður eru hvorki læknum né sjúklingum þeirra bjóðandi.

H1-stöðvar á landinu eru 18 talsins skv. 14. gr. núgildandi laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, á Grundarfirði, Þingeyri, Flateyri, Bolungarvík, Hólmavík, Ólafsfirði, Kópaskeri, Þórshöfn, Raufarhöfn, Seyðisfirði, Vopnafirði, Djúpavogi, í Vík í Mýrdal, á Kirkjubæjarklaustri, Hvolsvelli, Hellu, í Hveragerði og Þorlákshöfn.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að framangreindar heilsugæslustöðvar verði gerðar að H2-stöðvum.

920. Tillaga til þingsályktunar [562. mál]

um stefnumörkun sem miðar að því að auka erlenda fjárfestingu í landinu.

Flm.: Kristján Pálsson, Árni M. Mathiesen, Pétur H. Blöndal, Guðmundur Hallvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að marka stefnu sem miðar að því að auka erlenda fjárfestingu í landinu. Stefnumörkunin beinist m.a. að því að skattkerfið verði aðlagað þeim aðstæðum sem ríkja í hinum vestræna heimi til að laða að erlent fjármagn og

erlenda fjárfesta þannig Ísland verði samkeppnisfært við önnur ríki um erlenda fjárfestingu.

Stefnuyfirlýsing og nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1997.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hefur mikil vinna farið í að kanna möguleika á að auka erlenda fjárfestingu í landinu. Má þar minna á fjöldan allan af þingsályktunum og fyrirspurnum um frísvæði á Suðurnesjum. Ýmis félagasamtök og fyrirtæki hafa einnig unnið að aukinni erlendri fjárfestingu í landinu og erlendir fyrirlesarar skoðað samkeppnisstöðu okkar miðað við aðrar þjóðir, m.a. með tilliti til skattalegrar samkeppnisstöðu okkar. Nýlega kom til landsins á vegum Endurskoðunar Sigurðar Stefánssonar Terry M. Browne, alþjóðlegur skattasérfræðingur, sem hefur gert samanburð á stöðu Íslands og annarra Evrópuþjóða í skattalegu tilliti, bæði gagnvart skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga. Að hans mati er eftirfarandi mest áberandi hvað varðar íslenskt skattkerfi:

a. Launaskattar einstaklinga eru lágir þar til kemur yfir tekjur millistjórnenda þá eru þeir háir, og laun eru lág.
b. Tvísköttunarsamningar, sem þjóðin er aðili að, eru mjög fáir miðað við önnur Evrópulönd, eins og Svíþjóð og Bretland.
c. Tekjuskattar og eignarskattar fyrirtækja eru hærri hér á landi en t.d. í Svíþjóð og Danmörku.
d. Skattaumhverfi fyrirtækja er óstöðugt hér á landi og grundvallarbreytingar í skattkerfinu árvissar sem þekkist ekki hjá þjóðum sem eru þróaðar á þessu sviði.
e. Sveigjanleiki gagnvart nýjum erlendum fjárfestum er mjög lítill og ekki í neinu samræmi við það sem gerist í Evrópu.
f. Íslenska skattkerfið kemur fram við skattgreiðandann sem tortryggið yfirvald í stað þess að koma fram sem þjónustuaðili.

Þeir sem lagt hafa mikið upp úr fjölþættri erlendri fjárfestingu á Íslandi hafa lagt höfuðáherslu á að gera skattkerfið sveigjanlegra og skiljanlegra ef árangur á þessu sviði á að nást. Sveigjanleiki á skattasviðinu og skýr ákvæði hafa t.d. fleytt Írum þjóða lengst í að laða að erlenda fjárfesta og hefur þar í miklum mæli verið beitt ívilnunum í tekjusköttum, flýtifyrningum og styrkjum til nýrra, erlendra fjárfesta. Bretar, Hollendingar, Belgar og Danir beita sérkjörum þegar kemur að því að ná erlendum fjárfestum til landsins. Þjóðir sem náð hafa árangri hafa sömu reynslu hvað þetta varðar.

Þegar kemur að því að laða að stóriðjufyrirtæki til landsins hefur sömu aðferðum verið beitt með góðum árangri og má þar nefna ívilnanir í raforkuverði og sköttum. Stóriðjufyrirtækin á Íslandi hafa öll sérstakan frísvæðasamning sem þau vinna eftir og skapar þeim réttindi t.d. á skattasviðinu þannig að skattar breytast ekki nema að undangengnum samningum við þau. Þetta skapar stöðugleika í rekstri fyrirtækjanna, þau vita að hverju þau ganga og geta treyst því sem samþykkt hefur verið. Á stóriðjusviðinu höfum við boðið sambærileg eða betri kjör en aðrar þjóðir bjóða. Aðrar aðferðir duga ekki þegar kemur að fyrirtækjum í stóriðjurekstri. Ísland verður einfaldlega legu sinnar vegna að bjóða betur en aðrir.

Því hefur verið haldið fram af andstæðingum frísvæða að tekjuskattar fyrirtækja á Íslandi væru lágir miðað við önnur lönd. Það er rangt. Staðreyndin er sú að í Bretlandi eru þeir jafnháir og hér en í Danmörku og Svíþjóð eru þeir lægri, svo að ekki sé minnst á Írland þar sem tekjuskattar á frísvæðum eru 10%. Því hefur einnig verið haldið fram að

frísvæði og sérkjör fyrir erlenda fjárfesta séu orðin sjaldgæf fyrirbæri. Staðreyndin er hins vegar sú að öll lönd Evrópu beita sérákvæðum þegar kemur að erlendri fjárfestingu og er þeirri aðferð beitt í vaxandi mæli. Ótrúlega mörg ljón verða á vegi manna þegar kemur að því að laða að erlenda fjárfesta til Íslands. Síðasta dæmið um slíkt er skýrsla Aflvaka Reykjavíkur hf. frá í maí 1995 en þar er frísvæðum fundið flest til foráttu. Það er illt þegar fyrirtæki eins og Aflvaki dagar uppi eins og „hvítur fíll“ í stað þess að vinna að nýjungum í atvinnulífinu.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra upplýsti á Alþingi 5. febrúar sl. að erlend fjárfesting í Íslandi væri 10–20 sinnum minni en í þeim löndum sem við miðum okkur helst við. Samanburðartölur frá OECD sýna einnig að Íslendingar eru að dragast aftur úr hvað varðar útflutning sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

„Svikull er sjávarafli“ segir máltækið en þar er reynslan ólygnust. Þegar vel árar í sjávarútvegi er lag að skapa forsendu fyrir nýjum möguleikum og styrkja stoðir atvinnulífsins. Það er okkur nauðsynlegt svo að meiri fjölbreytni skapist og störf fyrir fjölmenntaða Íslendinga standi til boða á hér á landi. Það þarf fleiri egg í körfuna. Tilgangurinn með þessari þingsályktunartillögu er að stuðla að því.

921. Svar [397. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um reglugerðir á grundvelli laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða reglugerðir hafa verið settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur?

Útgefnar reglugerðir samkvæmt þeirri grein óskast birtar með svarinu.

Engar reglugerðir hafa verið settar á grundvelli 7. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, en lögin öðluðust gildi fyrir tæpu ári. Kemur þar tvennt til; annars vegar er hér um að ræða mjög flókin mál og hins vegar hefur nýlega, skv. 6. gr. laganna, verið skipuð ráðgjafarnefnd eins og umhverfisráðherra hefur þegar gert grein fyrir í munnlegu svari við fyrirspurn á þingskjali nr. 689 um ráðgjafarnefnd um erfðabreytingar á lífverum.

Samkvæmt lögum skal ráðgjafarnefndin veita umsagnir um atriði er snerta málaflokkinn og veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna. Það er því nauðsynlegt að hún fjalli um þær reglugerðir sem settar verða samkvæmt lögunum og komi að undirbúningi þeirra. Það verk er að hefjast.

Því verður ekki neitað að langan tíma tók að skipa í nefndina en skýringin er sú að það reyndist hvorki auðvelt að finna hæfa aðila til setu í nefndinni né að fá þá til þátttöku enda eins og áður segir um flókin mál að ræða. Auk þess mun mikil vinna lenda á nefndarmönnum varðandi þær reglur sem nauðsynlegt er að setja til að framfylgja lögunum.

922. Frumvarp til laga [563. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum (leyfi til áfengisveitinga).

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

5., 6. og 8. tölul. 11. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 94/1995, orðast svo:

5. Veitingastaðir og skip sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 12. gr. og 12. gr. b.
6. Þeir sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 12. gr. a.
8. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis til sérstakra þarfa, svo sem til eldsneytis, notkunar í iðnaði, við rannsóknir og til matargerðar og annarra verklegra nota.

2. gr.

12. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1989, orðast svo:

Heimilt er lögreglustjóra að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem aflar umsagnar heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Skal sveitarstjórn í umsögn sinni gera tillögu um heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað samkvæmt gildandi reglum og um gildistíma leyfis. Er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er því mótfallin eða að veita leyfi með öðrum veitingatíma eða gildistíma en sveitarstjórn gerir tillögu um.

Umsækjandi um leyfi til áfengisveitinga skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Hafa gilt leyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði.
b. Vera orðinn 20 ára að aldri.

Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri vera orðnir 20 ára að aldri. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Leyfi skal gefa út á nafn og kennitölu umsækjanda. Skal hann tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur og ber á honum ábyrgð ásamt umsækjanda. Ef umsækjandi rekur fleiri en einn áfengisveitingastað skal slíkur stjórnandi tilnefndur fyrir hvern þeirra. Stjórnandi skal uppfylla skilyrði laga til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri.

Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar kemur. Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð upphæð og skilmála tryggingarinnar. Skal miðað við að upphæð tryggingar sé í samræmi við umfang þess reksturs sem tryggingin nær til.

Heimilt er að synja útgáfu leyfis til áfengisveitinga þegar hlutaðeigandi er í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða vegna iðgjalda í lífeyrissjóði sem nema a.m.k. 500.000 kr. eða ef hlutaðeigandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, lögum þessum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald, og ástæðurnar eiga við:

a. umsækjanda sem er lögaðili með ótakmarkaðri ábyrgð eða einhvern eiganda hans,
b. umsækjanda sem er lögaðili með takmarkaðri ábyrgð, meiri hluta eigenda hans, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra,
c. umsækjanda sem er einstaklingur.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og gefur lögreglustjóri þá út nýtt leyfi, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 2.–6. mgr. Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal lögreglustjóri gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi, þar á meðal um tryggingar skv. 5. mgr. Taki nýr stjórnandi skv. 4. mgr. við skal það tilkynnt lögreglustjóra.

Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, útgáfu leyfa, afturköllun leyfa, skilyrði leyfisveitingar, húsnæði og búnað og eftirlit með starfsemi leyfishafa.

3. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar sem orðast svo:

a. (12. gr. a)

Lögreglustjóra er heimilt þegar sérstaklega stendur á að veita ábyrgðarmanni húsnæðis, sem ekki hefur almennt leyfi til áfengisveitinga, leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann eftirfarandi skilyrði:

a. hafi veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði,
b. annist á eigin ábyrgð alla sölu og veitingar áfengis hverju sinni og
c. annist sjálfur og greiði fyrir áfengi, aðrar veitingar og þjónustu sem gestum er látið í té.

Við útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein er heimilt að beita ákvæðum 6. og 8. mgr. 12. gr. eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra er heimilt í reglugerð að takmarka útgáfu leyfa þessara við tiltekinn fjölda tilvika á hverju ári.

b. (12. gr. b)

Heimilt er lögreglustjóra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, að veita almennt leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í skipulögðum hópferðum innan lands.

Auk skilyrða 3.–6. mgr. 12. gr. skal umsækjandi uppfylla skilyrði laga um veitinga- og gististaði til að fá útgefið veitingaleyfi og vera orðinn 20 ára að aldri.

Ákvæði 7. mgr. 12. gr. gildir um útgáfu leyfa samkvæmt þessari grein. Leyfi má binda frekari skilyrðum samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra.

Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í hópferð sem farin er af sérstöku tilefni. Gildir 12. gr. a um leyfi þessi eftir því sem við á.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um leyfi samkvæmt þessari grein.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „2. mgr. þessarar greinar“ í 1. mgr. kemur: 12. gr. a.
b. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

38. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 52/1978, orðast svo:

Misnoti sá sem leyfi hefur til áfengisveitinga leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar áfengistegundir, svo og með því að selja eða afhenda áfengi án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda, varðar það refsingu samkvæmt lögum þessum, svo og sviptingu áfengisveitingaleyfis um stundarsakir og fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða að öðru leyti stórfellt. Hið sama gildir brjóti leyfishafi gegn öðrum lögum er um reksturinn gilda og brot á sér stað í sambandi við reksturinn.

Brot þjónustumanna og stjórnanda, sbr. 4. mgr. 12. gr., varða og refsingu og sviptingu áfengisveitingaleyfis samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

39. gr. orðast svo:

Lögreglustjóri skal afturkalla leyfi til áfengisveitinga ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði laga til að fá útgefið slíkt leyfi.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Handhafar áfengisveitingaleyfis samkvæmt gildandi lögum skulu undanþegnir framlagningu tryggingar skv. 5. mgr. 12. gr. Verði þær breytingar á rekstri er getur í 7. mgr. 12. gr. skal umsækjandi leggja fram tryggingu við útgáfu leyfis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi, dags. 20. september 1995, skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskoðun á gildandi lagareglum um skilyrði fyrir veitingu leyfis til áfengisveitinga og um rekstur skemmtistaða. Var nefndinni einnig falið að gera tillögur um eftirlit með áfengisveitingahúsum og gjaldtöku í því sambandi.

Í nefndinni áttu sæti Kristján Vigfússon, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, Hrafn Pálsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa, Sigurður Guðmundsson, formaður Félags starfsfólks í veitingahúsum, og Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður

nefndarinnar. Guðrún Ögmundsdóttir borgarfulltrúi var tilnefnd af borgarstjóranum í Reykjavík sem áheyrnarfulltrúi.

Frumvarp þetta, svo og athugasemdir við það, byggist á tillögum nefndarinnar.

II. Um þörfina fyrir endurskoðun gildandi laga.

A.

Um nokkurt skeið hefur á vegum einstakra sveitarfélaga verið fjallað um veitingastarfsemi innan þeirra. Hefur umræðan einkum beinst að áfengisveitingahúsum og vandamálum sem tengjast þeim.

Á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið unnið verulegt starf í þessu efni og hafa verið lagðar fram tillögur og hugmyndir um breytingar á rekstrarumhverfi áfengisveitingastaða. Hafa þær tillögur beinst að því að herða þau skilyrði sem rekstraraðilar slíkrar starfsemi þurfa að uppfylla jafnframt því sem lagt hefur verið til að útgáfa leyfa verði einfölduð. Þessar tillögur hafa varðað eftirfarandi:

1. Breyta þurfi reglum um starfstíma veitingastaða. Voru tvær leiðir nefndar í því sambandi:
   a. Annars vegar að áfengisveitingastaðir loki kl. 24.00 eða kl. 01.00. Veitt verði leyfi fyrir nokkrum næturklúbbum í Reykjavík sem hafi opið til kl. 04.00 eða 05.00. Staðsetning slíkra klúbba verði þar sem tryggt sé að þeir valdi sem minnstri röskun, bæði hvað varðar hávaða og óþægindi vegna umferðar. Næturklúbbum verði dreift á 4–5 mismunandi staði í borginni.
   b. Starfstími veitingastaða verði frjáls en sett mun strangari skilyrði um staðsetningu, hávaða, aðkomu og rekstur.
2. Endurskoða þurfi reglur um staðsetningu veitingastaða. Gera þurfi skýran mun á hvort verið sé að leyfa rekstur áfengisveitingastaðar í íbúðahverfi eða utan íbúðahverfis.
3. Nauðsynlegt sé að herða til muna þau skilyrði sem gilda eiga um leyfishafa til reksturs áfengisveitingastaða, svo sem varðandi búsetu, ábyrgð, sakaskrá o.fl. Með sama hætti þurfi að taka reglur um endurnýjun áfengisveitingaleyfa til endurskoðunar svo og reglur um afturköllun áfengisveitingaleyfa gerist veitingamaður brotlegur við opinberar reglur.
4. Eðlilegt sé að skoða hvort útgáfa áfengisveitingaleyfa eigi að vera í höndum sveitarfélaga en ekki lögreglu eins og nú er. Annað eftirlit, svo sem eldvarnaeftirlit og heilbrigðiseftirlit, sé á ábyrgð sveitarfélaga og því sé eðlilegt að þessir þættir séu samræmdir. Lögregla yrði þá umsagnaraðili en eftirlit yrði í höndum sveitarfélaga.

Við skoðun á framangreindum álitaefnum aflaði nefndin sér upplýsinga úr könnun sem Aflvaki Reykjavíkur gerði á tíðni gjaldþrotaskipta í einstökum atvinnugreinum á tilteknu tímabili. Kemur m.a. fram í þeim tölum að á árunum 1985–94 urðu 193 veitingastaðir gjaldþrota. Er þá eingöngu um að ræða félög en ekki tekið tillit til fjölda einstaklinga er kunna að hafa orðið gjaldþrota vegna slíks rekstrar.

Jafnframt er rétt að geta þess að umboðsmaður Alþingis vék í nokkrum álitum sínum á árinu 1995 að áfengislöggjöfinni hvað þetta varðar. Kom m.a. fram hjá honum að leyfi sem þyrfti til að stunda rekstur á þessu sviði væru mörg.

B.

Um útgáfu áfengisveitingaleyfa er samkvæmt gildandi lögum mælt fyrir í tveimur ákvæðum áfengislaga:

1. Í 12. gr. laganna kemur fram að lögreglustjóra sé heimilt að veita veitingastað sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu almennt leyfi til áfengisveitinga. Er leitað umsagnar sveitarstjórnar. Jafnframt er leitað umsagnar sérstakrar nefndar sem skipuð er af dómsmálaráðherra er metur hvort veitingastaður er fyrsta flokks.

   Gagnrýni á leyfisveitingar á grundvelli þessa ákvæðis hefur einkum beinst að því að við mat á því hvort leyfi skuli gefin út hafi ekki farið fram mat á umsækjandanum sjálfum heldur hafi matið fremur beinst að því hvort viðkomandi veitingastaður væri fullnægjandi.
2. Í 2. mgr. 20. gr. áfengislaga er heimild til að veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni. Í daglegu tali eru þessi leyfi nefnd „tækifærisleyfi".

   Gagnrýni á leyfisveitingar á grundvelli þessa ákvæðis hefur einkum beinst að því að leyfisveitingarnar séu of rúmar. Hefur því verið haldið fram að unnt sé að reka veitingastarfsemi á grundvelli leyfa sem þessara og í skjóli þess fari fram svört atvinnustarfsemi.

III. Almennt um frumvarpið.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

A.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á 12. gr. laganna:

1. Hlutverk sveitarfélaga.

Lagt er til að útgáfa leyfa verði áfram í höndum lögreglustjóra. Hins vegar er lagt til að nokkrar breytingar verði á þeim umsagnaraðilum sem koma að málum. Lagt er til að sveitarstjórn veiti áfram umsögn um leyfisumsókn en hins vegar er lagt til að numið verði úr lögum að sveitarstjórn beri skylda til að leita umsagnar áfengisvarnanefnar viðkomandi sveitarfélags. Þess í stað er lagt til að leitað verði umsagnar heilbrigðisnefndar í því skyni að metnar verði aðstæður á veitingastaðnum.

Lagt er til að umsögn sveitarstjórnar skuli sérstaklega lúta að heimiluðum veitingatíma áfengis á veitingastaðnum og gildistíma leyfis og er tekið fram að óheimilt sé að veita leyfi fyrir öðrum veitingatíma og gildistíma en sveitarstjórn mælir með. Með þessu verður það algerlega í valdi sveitarstjórnar að móta þennan veitingatíma í sveitarfélagi innan þeirra marka sem almennar reglur setja. Með þessu móti skapast m.a. svigrúm fyrir sveitarstjórn til að taka sérstakt tillit til hagsmuna íbúa í nálægð við áfengisveitingastað. Getur sveitarstjórn m.a. beint umsögn heilbrigðisnefndar í þann farveg að sérstaklega verði metnir grenndarhagsmunir með tilliti til hávaða. Verður að telja að sveitarstjórn sé best til þess fallin að bera þá ábyrgð sem í þessu felst.

2. Matsnefnd áfengisveitingahúsa.

Lagt er til að numin verði úr lögum sú viðmiðun að veitingastaður þurfi að vera fyrsta flokks til að fá almennt leyfi til áfengisveitinga. Er lagt til að nægjanlegt sé að hafa gilt veitingaleyfi. Jafnframt er lagt til að sérstök matsnefnd áfengisveitingahúsa verði lögð niður. Í þessu felst að heilbrigðisyfirvöld sveitarfélaganna verða ábyrg fyrir því að veitingastaðir þessir fullnægi á hverjum tíma almennum reglum um heilbrigðisaðstæður. Samkvæmt gildandi lögum fer fram mat heilbrigðisnefndar sveitarfélags á veitingastað þegar gefið er út veitingaleyfi fyrir viðkomandi stað á grundvelli laga um veitinga- og gististaði. Óski viðkomandi veitingastaður eftir almennu leyfi til áfengisveitinga fer að auki fram sérstök athugun matsnefndar áfengisveitingahúsa sem leggur mat á það hvort veitingastaður sé fyrsta flokks og lýtur það m.a. að sömu atriðum og heilbrigðisnefnd hefur þegar metið. Hefur þetta fyrirkomulag tryggt að almennt eru gæði áfengisveitingastaða nokkuð mikil hér á landi. Til að leitast við að tryggja gæði áfengisveitingastaða er lagt til að sveitarstjórn afli umsagnar heilbrigðisnefndar sem leggi mat á svipmót veitingastaða.

3. Hert skilyrði gagnvart leyfishöfum.

Í þeim gögnum sem lágu fyrir nefndinni frá ýmsum aðilum er fjallað hafa um útgáfu áfengisveitingaleyfa á undanförnum mánuðum kemur fram áhersla á að í lög verði sett strangari skilyrði fyrir útgáfu leyfa til áfengisveitinga. Leggja beri aukna áherslu á að tryggja að einstaklingar sem standa að rekstri sem þessum séu fjárhagslega traustir. Slíkt muni leiða til aga innan greinarinnar og tryggja betur skil skatta og gjalda og væntanlega draga úr fjölda gjaldþrota. Hefur það verið skoðun margra að þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi fyrir rekstri sem þessum hafi í of miklum mæli beinst að húsnæði því sem notað er fyrir starfsemina en ekki að þeim einstaklingum sem annast reksturinn.

Í nefnd þeirri er samdi frumvarpið fór fram veruleg umræða um þetta atriði. Voru nefndarmenn sammála um nauðsyn þess að herða þau skilyrði sem gilda að þessu leyti. Beindist umræðan að því hvaða leið væri heppilegust í því efni. Að mati nefndarinnar komu þrjár leiðir til greina:

1. Gera það að skilyrði leyfis að sá einstaklingur eða einstaklingar sem standa að rekstri hafi ekki sætt gjaldþrotaskiptum eða fengið greiðslustöðvun eða gengið í gegnum nauðasamninga. Ókostur þessarar leiðar var að mati nefndarmanna sá að með þessum hætti væru sett veruleg takmörk á möguleika viðkomandi til að stunda atvinnustarfsemi, takmörk sem ekki hafa almennt verið sett í öðrum atvinnugreinum hér á landi. Taldi nefndin í ljósi þessa ekki fýsilegt að leggja þetta til.
2. Gera það að skilyrði leyfis að sá einstaklingur eða einstaklingar sem standa að rekstri séu ekki í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera. Skilyrði sem þetta á sér fyrirmynd í dönskum reglum um veitingastarfsemi. Um er að ræða úrræði sem ekki hefur verið beitt í öðrum atvinnugreinum hér á landi svo kunnugt sé.
3. Gera það að skilyrði fyrir útgáfu áfengisveitingaleyfis að umsækjandi leggi fram tiltekna tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur leyfishafa er stofnast í rekstrinum. Kostur þessa fyrirkomulags er að með þessu er sett almenn regla sem nær því markmiði að varða fjárhagslegt traust viðkomandi umsækjanda. Jafnframt er þess að geta að fyrirkomulag sem þetta á sér fyrirmynd í annarri atvinnustarfsemi þar sem skilyrði leyfa er annaðhvort að lögð sé fram trygging eða að eigið fé sé með tilteknum hætti. Hafa og verið settar reglur um slíkt við val á fyrirtækjum til viðskipta við ríki og sveitarfélög, sbr. t.d. reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Nefndin ákvað að leggja til að síðasttalda leiðin yrði farin. Auk þess leggur nefndin til að heimilt verði að synja um útgáfu leyfis til áfengisveitinga eigi viðkomandi í gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði sem nemi meira en 500.000 kr. Hið sama gildi ef viðkomandi hefur sætt refsingu vegna brota á tilteknum lögum en með því skilyrði er lögð enn frekari áhersla á það markmið að herða skilyrði sem þeir sem annast rekstur sem þennan þurfa að uppfylla.

Lagt er til að tryggingarfé þetta standi til greiðslu krafna á hendur leyfishafa ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar kemur. Það var mat nefndarinnar að með þessari leið yrði náð áðurnefndum markmiðum um hert skilyrði sem þeir sem annast reksturinn þurfa að uppfylla en ekki er óvarlegt að ætla að þeim sem ekki hefur vegnað vel í rekstri muni ganga erfiðlega að afla sér nauðsynlegra trygginga til að fá útgefið áfengisveitingaleyfi.

4. Leyfishafi.

Lagt er til að leyfi verði gefið út á nafn og kennitölu umsækjanda hvort heldur umsækjandi er félag eða einstaklingur. Auk þessa skal umsækjandi ávallt tilnefna stjórnanda sem ber ábyrgð á rekstrinum hvort heldur umsækjandi er félag eða einstaklingur. Er þetta lagt til með það að markmiði að skerpa þá ábyrgð sem aðilar að rekstri sem þessum eiga að bera.

5. Eftirlit með leyfishöfum.

Lagt er til að sérákvæði í 12. gr. áfengislaga um eftirlit með veitingastöðum sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga verði afnumið. Verður þetta eftirlit þá með sama hætti og annað eftirlit, þ.e. lögreglan mun skipuleggja það eftirlit sem hún telur nauðsynlegt í þessu skyni. Af því leiðir að lagt er til að numið verði úr gildi ákvæði um að leyfishafi skuli endurgreiða kostnað af þessu eftirliti.

B.

Lagt er til að 2. mgr. 20. gr. áfengislaga verði afnumin en þess í stað er lagt til sérstakt ákvæði í nýrri grein, 12. gr. a, um heimild til að veita ábyrgðarmanni staðar, sem ekki hefur leyfi til áfengisveitinga, leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni með sérstökum skilyrðum. Með þessu er leitast við að ná því markmiði að allir staðir þar sem veitinga- og skemmtistarfsemi fer fram hafi leyfi til starfseminnar. Með því, og þeim skilyrðum sem lagt er til að sett verði, falla þeir inn í venjulegt rekstrarform og skulu uppfylla öll skilyrði er því fylgja, þar á meðal varðandi bókhald, skattskil o.fl. Er leitast við að færa ábyrgð á rekstrinum af þeim sem leigir viðkomandi stað hverju sinni til þess sem annast reksturinn. Er þetta viðleitni í þá átt að fyrirbyggja svarta atvinnustarfsemi.

C.

Lagt er til að lögfest verði það nýmæli að veita megi almennt leyfi til áfengisveitinga í skipi í skipulögðum hópferðum innan lands. Í framkvæmd hafa verið veitt einstök leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum á grundvelli 2. mgr. 20. gr. gildandi laga af sérstökum tilefnum. Hins vegar felur þetta nýmæli ekki í sér heimild til að veita slík leyfi til ferja í áætlunarsiglingum.

D.

Lagðar eru til breytingar á 38. gr. laganna þannig að heimilt verði að svipta handhafa áfengisveitingaleyfis leyfinu ef brotið er gegn öðrum lögum en áfengislögum sem um rekstur hans gilda. Í þessu felst t.d. að svipta má leyfi gerist leyfishafi brotlegur við skattalög í rekstri sínum, heilbrigðisreglur (t.d. vegna hávaða) o.fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Vegna annarra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er nauðsynlegt að gera breytingar á 11. gr. áfengislaga. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða þar sem gildandi meginreglu er haldið. Þó er lagt til að 8. tölul. verði breytt efnislega, en samkvæmt skýru orðalagi þess ákvæðis hefur heimild til útgáfu reglugerðar verið bundin við sölu vínanda til annarra verklegra nota. Þar sem skýr greinarmunur er gerður á áfengi og vínanda í lögunum og lögum um gjald af áfengi er lagt til að dómsmálaráðherra verði einnig heimilt að kveða á um skilyrði fyrir sölu áfengis til annarra verklegra nota.

Um 2. gr.

Lagt er til að 12. gr. gildandi laga verði breytt svo sem nánar er rakið hér að framan í almennum athugasemdum.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um að lögreglustjóri veiti veitingastað almennt leyfi til áfengisveitinga en leiti áður umsagnar sveitarstjórnar. Lagt er til að sú regla gildi áfram að óheimilt sé að veita leyfi ef sveitarstjórn er því andsnúin. Það samrýmist almennu hlutverki sveitarstjórna að ráða að þessu leyti nokkru um bæjarbrag og uppbyggingu starfsemi sem þessarar sem er viðkvæm gagnvart öðrum þáttum í bæjarfélögum. Það nýmæli er lagt til að í umsögn sinni skuli sveitarstjórn gera tillögu um heimilan veitingatíma áfengis og um gildistíma leyfis og að lögreglustjóra sé óheimilt að gefa leyfi út með öðrum veitinga- og gildistíma en þeim sem sveitarstjórn leggur til. Eru rökin fyrir þessu þau sömu og að framan greinir. Eðlilegt er að sveitarstjórn gæti að þessu leyti réttar þeirra íbúa sem búa í nálægð við starfsemi sem þessa. Skapar þetta forsendur fyrir sveitarstjórn til að setja sér almennar viðmiðunarreglur hvað þetta varðar.

Lagt er til að sveitarstjórn afli umsagnar heilbrigðisnefndar um innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Vísast um þetta til almennra athugasemda hér að framan. Er það hlutverk heilbrigðisnefndar að meta hvort svipmót veitingastaðarins sé með þeim hætti að rétt sé að mæla með því að áfengisveitingaleyfi verði gefið út. Með þessu er leitast við að halda ákveðnum gæðum á þeim veitingastöðum sem fá leyfi til áfengisveitinga. Skapar þetta og svigrúm fyrir heilbrigðisnefnd til að meta hvort veitingastaður fullnægi skilyrðum laga að því er varðar hávaða.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði að grunnskilyrði þess að fá almennt leyfi til áfengisveitinga sé að hafa gilt leyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði. Hér er gert ráð fyrir að allt mat á veitingastaðnum sjálfum hafi farið fram við útgáfu veitingaleyfis, svo sem mat á heilbrigðisþáttum, eldvörnum o.s.frv. Með þessu er lagt til að lögð verði niður sérstök nefnd sem starfað hefur samkvæmt gildandi lögum og metið hvort veitingastaður telst vera fyrsta flokks. Auk þessa er sérstaklega tekið fram að umsækjandi skuli vera orðinn 20 ára að aldri í samræmi við almennan lágmarksaldur til kaupa á áfengi.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um skilyrði sem einstaklingar skulu fullnægja sem reka fyrirtæki sem sækir um leyfi á grundvelli ákvæðisins.

Í 4. mgr. eru lagðar til breytingar að því er varðar form á útgáfu leyfa. Lagt er til að leyfi verði bundið við nafn og kennitölu umsækjanda sem getur ýmist verið einstaklingur eða fyrirtæki. Til viðbótar þessu skal umsækjandi tilnefna stjórnanda sem annast daglegan rekstur starfseminnar og ber á honum ábyrgð ásamt umsækjanda. Þetta á að leiða til þess að ávallt sé á viðkomandi stað einstaklingur sem ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum. Er ákvæði þetta sett að danskri fyrirmynd. Er og mælt fyrir um þau skilyrði sem stjórnandi þarf að uppfylla í þessu efni. Skal þess sérstaklega getið að heimilt er að um sé að ræða sama einstaklinginn, en skilyrði er að hann annist þá reksturinn raunverulega en feli hann ekki öðrum.

Í 5. mgr. er að finna nýmæli. Lagt er til að allir umsækjendur um áfengisveitingaleyfi skuli leggja fram tryggingu áður en leyfi er gefið út. Er tryggingunni ætlað að standa straum af greiðslu krafna á hendur leyfishafa ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar kemur. Má finna fordæmi fyrir reglum sem þessum hvað varðar skilyrði leyfis til reksturs ferðaskrifstofa. Jafnframt eru í lögum sett skilyrði varðandi fjárhagslega afkomu fyrir rekstri samgöngutækja eins og leigubifreiða, vöruflutningabifreiða og hópferðabifreiða. Er með þessari tillögu komið til móts við þau viðhorf sem uppi eru um hert skilyrði sem þeir sem reka atvinnustarfsemi sem þessa þurfa að uppfylla.

Í 6. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að heimilt verði að synja um útgáfu leyfis til áfengisveitinga sé viðkomandi, svo sem nánar greinir í ákvæðinu, í verulegum gjaldföllnum skuldum við hið opinbera eða lífeyrissjóði sem nema a.m.k. 500.000 kr. Er þetta lagt til í því skyni að styrkja enn frekar það markmið frumvarpsins að herða skilyrði sem beinast að einstaklingum sem stunda rekstur á þessu sviði. Er ákvæði þetta tekið upp að danskri fyrirmynd. Með skuldum við hið opinbera er átt við skuldir vegna skatta og slíkra lögboðinna gjalda hvort heldur um er að ræða skuld við ríki eða sveitarfélög. Rétt þótti að binda heimildina einnig við vanskil á iðgjöldum til lífeyrissjóða vegna starfsmanna en slík gjöld eru meðal mikilvægustu gjalda sem innt eru af hendi fyrir starfsmenn. Má um fyrirmynd þessa vísa til 23. gr. reglugerðar um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Í 6. mgr. er jafnframt mælt fyrir um að heimilt sé að synja um leyfi ef viðkomandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald. Með þessari heimild er enn frekar leitast við að herða skilyrði sem þeir sem standa að rekstri þessum þurfa að uppfylla. Með refsivist er í ákvæðinu átt við fangelsis- og varðhaldsvist hvort heldur hún er skilorðsbundin eða óskilorðsbundin. Ákvæðið á hins vegar ekki við ef um er að ræða frestun á ákvörðun refsingar eða ef refsing er í formi sektar. Lagt er til að refsivist þurfi að hafa verið dæmd á undanförnum fimm árum. Það er lagt til með það í huga að heimild þessi leiði ekki til þess að viðkomandi verði útilokaður frá atvinnustarfsemi sem þessari ótímabundið. Lagt er til að þessi heimild nái til brota á tilteknum lögum og er í því efni leitast við að telja upp það sem alvarlegast má telja í tengslum við rekstur á atvinnustarfsemi sem þessari.

Í 7. mgr. er mælt fyrir um að leyfi til áfengisveitinga gildi að hámarki í fjögur ár svo sem er samkvæmt gildandi lögum. Hins vegar er lagt til að við endurnýjun gefi lögreglustjóri út nýtt leyfi án frekari aðgerða ef ljóst er að umsækjandi uppfyllir enn skilyrði laganna til að hafa leyfi. Gerir þetta meðferð mála þessara einfaldari en ella. Hins vegar er sérstaklega tekið fram að sækja þurfi um nýtt leyfi taki nýr aðili við rekstrinum. Í því felst m.a. skylda til að sækja um nýtt leyfi ef breytt er um heiti á leyfishafa eða kennitölu. Er jafnframt mælt fyrir um að tilkynna skuli lögreglustjóra um breytingu að því er varðar stjórnanda veitingastaðar. Þetta er mikilvægt til að ávallt liggi ljóst fyrir hver sé réttur leyfishafi. Á árinu 1995 voru með lagabreytingum og reglugerð um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni, nr. 585/1995, gerðar breytingar á fyrirkomulagi innflutnings og dreifingar á áfengi. Byggist það fyrirkomulag á því að sá sem kaupir áfengi af heildsala hafi á hverjum tíma gilt leyfi til að selja áfengi áfram, svo sem leyfi til reksturs áfengisveitingastaðar. Í því ljósi er mikilvægt að reglur um útgáfu leyfanna séu skýrar.

Í 8. mgr. er að finna sams konar ákvæði og í gildandi lögum um heimild til að setja frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu. Slíkt kemur eðli málsins samkvæmt einvörðungu til við sérstakar aðstæður. Getur þetta m.a. tekið til þess að lögreglustjóri ákveði að veita leyfi til áfengisveitinga með því skilyrði að einvörðungu verði veitt létt vín og/eða áfengt öl.

Um 3. gr.

Í a-lið 3. gr. er að finna undantekningarreglu. Er lagt til að lögreglustjóra verði heimilt í undantekningartilvikum að veita leyfi til áfengisveitinga á stað sem ekki hefur almennt leyfi til áfengisveitinga. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði 2. mgr. 20. gr. áfengislaganna verði numið úr gildi en á grundvelli þess ákvæðis, sem túlkað hefur verið rúmt undanfarin ár, hafa í umtalsverðum mæli verið gefin út leyfi til áfengisveitinga við ýmis tækifæri. Talið er nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi en ástæða er til að ætla að í skjóli ákvæðis þessa hafi farið fram svört atvinnustarfsemi sem reynst hefur erfitt að taka á. Lagt er til að útgáfa leyfa þessara verði einungis heimil við sérstakar aðstæður og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Er með því leitast við að halda opnum möguleika til útgáfu áfengisveitingaleyfis á stað sem ekki hefur almennt áfengisveitingaleyfi en heldur samkomu af sérstöku tilefni. Fari hins vegar fram á viðkomandi stað starfsemi sem telst vera reglubundin veitingastarfsemi með áfengisveitingum ber að sækja um almennt áfengisveitingaleyfi og er þess vegna lagt til í 2. mgr. að ráðherra verði heimilt að takmarka útgáfu leyfa þessara við tiltekinn fjölda á ári. Þau sérstöku skilyrði sem sett eru fyrir leyfunum beinast að því að tryggja svo sem kostur er að svört atvinnustarfsemi fari ekki fram á grundvelli leyfanna. Er í því skyni lagt til að ábyrgðarmaður viðkomandi staðar verði að fullu ábyrgur fyrir rekstri sem þar fer fram án tillits til þess rekstrarforms sem er á viðkomandi starfsemi.

Í b-lið 3. gr. er lagt til að lögfest verði nýmæli sem felst í því að heimilt verði að veita almennt leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum sem annast skipulagðar hópferðir innan lands. Rökin fyrir þessu eru að á undanförnum árum hefur færst í vöxt að boðið sé upp á skipulagðar skoðunarferðir með skipum þar sem ferðamönnum er gefinn kostur á að sjá náttúru landsins frá sjó. Í ferðum þessum er oft boðið upp á málsverð og hefur verið óskað eftir því að fá einnig að veita áfengi. Í framkvæmd hafa verið veitt leyfi til áfengisveitinga um borð í skipum sem þessum við einstök tækifæri og má með hliðsjón af því segja að með þessu sé lagt til að framkvæmdinni verði komið í fast horf. Lagt

er til að leitað verði umsagnar Siglingastofnunar sem metur öryggi í viðkomandi skipi hvað þetta varðar.

Einnig er lagt til að heimild 12. gr. a til útgáfu leyfis til áfengisveitinga af sérstöku tilefni geti náð til skipa. Gæti útgerð skips sem að öðru jöfnu annast áætlunarsiglingar sótt um slíkt leyfi.

Um 4. gr.

Lagt er til að bann við sölu áfengis frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða, svo og þá daga er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, falli brott.

Um 5. gr.

Lagt er til að orðalagi 1. mgr. 20. gr. laganna verði breytt í samræmi við ákvæði aliðar 3. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að 2. mgr. 20. gr. laganna verði felld brott svo sem nánari grein er gerð fyrir hér að framan.

Um 6. gr.

Lagðar eru til breytingar á 38. gr. laganna svo sem áður er gerð grein fyrir.

Um 7. gr.

Lagt er til að lögfest verði að afturkalla skuli leyfi fullnægi leyfishafi ekki lengur skilyrðum laganna til að fá útgefið leyfi. Með þessu skapast skýr lagaheimild til afturköllunar jafnskjótt og leyfishafi uppfyllir ekki einhver skilyrði sem krafist er, t.d. í 12. gr.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er lagt til að handhafar gildandi áfengisveitingaleyfa þurfi ekki að leggja fram tryggingu skv. 5. mgr. 12. gr. laganna. Í þessu felst að meðan leyfishafi hefur í höndum gilt leyfi þarf hann ekki að leggja fram tryggingu. Jafnframt felst í þessu að þeir einir þurfa að leggja fram tryggingu sem sækja um ný leyfi, án tillits til þess hvort þeir hafi áður stundað veitingarekstur eður ei. Endurnýjun áfengisveitingaleyfis án breytinga á rekstrarformi, kennitölu, heiti o.s.frv. leiðir ekki til þess að þörf sé á að leggja fram tryggingu.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frumvarpið er hluti af endurskipulagningu á fyrirkomulagi áfengisveitinga- og skemmtanaleyfa. Endurskoðuð eru ákvæði um hlutverk sveitarfélaga í veitingu leyfa til áfengisveitinga og um rekstur skemmtistaða, hert skilyrði sem leyfishafar þurfa að uppfylla, eftirlit með þeim og fleiri þætti.

Það er mat fjármálaráðuneytis að frumvarpið muni ekki hafa í för með sér breytingar á kostnaði ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum að frátöldu því að 1,4 m.kr. kostnaður við matsnefnd áfengisveitingahúsa fellur niður en í frumvarpinu er lagt til að nefndin verði lögð niður. Einnig má benda á að lagt er til að sérstakt eftirlit með veitingastöðum sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga verði afnumið og verður það með sama hætti og annað eftirlit, þ.e. lögreglan mun skipuleggja það eftirlit sem hún telur nauðsynlegt í þessu skyni. Af því leiðir að lagt er til að numið verði úr gildi ákvæði um að leyfishafi skuli endurgreiða kostnað af þessu eftirliti. Endurgreiðsla kostnaðar hefur innheimst illa og innheimtuaðgerðir oft reynst kostnaðarsamar. Á heildina litið er því talið að þessi breyting muni ekki hafa teljandi áhrif á útgjöld vegna eftirlits þar sem gert er ráð fyrir að eftirlit lögreglunnar verði ódýrara en vínveitingaeftirlitsmanna. Að lokum má ætla að hert skilyrði, kröfur um tryggingar og bætt eftirlit muni hafa í för með sér færri gjaldþrot og bætt skil skatta og gjalda.

923. Frumvarp til laga [564. mál]

um skemmtanahald.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

1. gr.

Skilgreining á skemmtun og gildissvið laganna.

Skemmtun merkir í lögum þessum samkomu einstaklinga, þar sem fram fer flutningur á tónlist eða töluðu máli, sýningar á dansi eða látbragði, án tillits til forms þess flutnings og óháð því hvort um endurflutning er að ræða eða ekki.

Ef ekki er mælt fyrir um það á annan veg í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim gilda lögin um allar skemmtanir, hverju nafni sem þær nefnast, svo sem tónleika, almenna dansleiki, leiklistarviðburði, söngskemmtanir, danssýningar, sjónleika, fjöllistasýningar og útihátíðir, án tillits til þess hvort seldur er aðgangur að samkomunni eða ekki.

2. gr.

Leyfisskyldar skemmtanir.

Skemmtun, sem aðgangur er seldur að, má eigi halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara og á að standa lengur en til kl. 23.30.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir einkasamkvæmum, enda þótt skemmtidagskrá sé þar flutt.

3. gr.

Útgáfa skemmtanaleyfa.

Skemmtanaleyfi eru tvenns konar:

a. almennt leyfi til skemmtanahalds á stöðum þar sem mannamót fara reglulega fram,
b. tækifærisleyfi til að halda einstaka skemmtun.

Sækja skal um skemmtanaleyfi til lögreglustjóra þar í umdæmi sem skemmtanahald á að fara fram eða halda á einstaka skemmtun. Skal leyfi veitt einstaklingi eða lögaðila og bundið tilteknum stað þar sem almennt skemmtanahald á að fara fram eða til stendur að halda einstaka skemmtun.

Tækifærisleyfi skv. b-lið 1. mgr. verður ekki gefið út til að halda einstaka skemmtun á stað sem hefur fengið útgefið almennt leyfi skv. a-lið 1. mgr. Allt skemmtanahald á slíkum stöðum skal fara fram á grundvelli hins almenna leyfis og á ábyrgð leyfishafa.

4. gr.

Skilyrði fyrir almennu leyfi til skemmtanahalds.

Umsækjandi um almennt leyfi til skemmtanahalds skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. hafa átt lögheimili hér á landi samfellt a.m.k. í eitt ár,
b. vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu.

Ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera undanþegnir skilyrði um heimilisfesti á Íslandi samkvæmt reglum sem ráðherra setur.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er heimilt að veita félagi eða öðrum lögaðila sem á heimili hér á landi, enda sé framkvæmdastjóri slíks lögaðila fjárráða og hafi forræði á búi sínu. Sé um að ræða erlenda aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í er leyfisveiting þó háð því að fullnægt sé skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Heimilt er að synja einstaklingi um útgáfu leyfis ef umsækjandi hefur á undanförnum fimm árum verið dæmdur til refsivistar vegna brots á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um virðisaukaskatt, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um gjald af áfengi eða um tryggingagjald. Hið sama gildir hafi umsækjandi ítrekað gerst brotlegur við ákvæði laga sem gilda að öðru leyti um skemmtanahald eða reksturinn.

Heimilt er að synja félagi með takmarkaða ábyrgð um útgáfu leyfis ef þau atriði, sem talin eru upp í 2. mgr., eiga við um einhvern stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins. Með sama hætti er heimilt að synja félagi með ótakmarkaða ábyrgð um útgáfu leyfis ef fyrrgreind atriði eiga við um einhvern eigenda þess eða framkvæmdastjóra.

5. gr.

Skilyrði fyrir tækifærisleyfi.

Umsækjandi um tækifærisleyfi skal vera fjárráða og hafa forræði á búi sínu. Forráðamenn félags sem sækir um tækifærisleyfi skulu uppfylla sömu skilyrði.

Lögreglustjóra er þó heimilt að víkja frá skilyrðum þeim er getur í 1. mgr. enda verði tilnefndur ábyrgðarmaður að skemmtuninni sem uppfyllir skilyrðin.

Heimilt er að synja umsækjanda um útgáfu tækifærisleyfis, hafi hann ítrekað gerst brotlegur við ákvæði laga sem gilda um skemmtanahald eða mæla fyrir um opinberar skyldur þeirra sem að skemmtunum standa.

6. gr.

Sérstök skilyrði.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi eftirfarandi skilyrðum:

a. að sá sem fyrir skemmtun stendur geri fullnægjandi ráðstafanir til að halda uppi reglu, öryggi og velsæmi,
b. að eigi annist aðrir dyravörslu en hann samþykkir,
c. að lögreglumenn verði á skemmtuninni,
d. að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður,
e. að tilkynnt verði með fyrirvara um skemmtanir sem haldnar eru á grundvelli almenns skemmtanaleyfis,
f. öðrum þeim skilyrðum sem nauðsyn ber til.

7. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Sá sem fyrir skemmtun stendur skal endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað sem leiðir af aukinni löggæslu umfram venjubundna löggæslu á sama tíma, enda standi skemmtun lengur en til kl. 23.30. Hið sama gildir um aðrar ráðstafanir sem lögreglustjóri ákveður. Skal endurgjald miðað við endurgreiðslu launa lögreglumanna og/eða dyravarða ásamt launatengdum gjöldum. Heimilt er lögreglustjóra að krefjast tryggingar fyrir greiðslu þessa kostnaðar.

8. gr.

Slit skemmtana.

Ef skemmtun brýtur gegn ákvæðum laga, ef brotnar eru reglur sem um reksturinn gilda, ef brotin eru fyrirmæli eða skilyrði sem lögreglustjóri hefur sett eða ef regla á skemmtun er eigi nægilega góð er lögreglustjóra heimilt að slíta skemmtun sem stendur yfir.

9. gr.

Tímabundin svipting skemmtanaleyfis.

Verði handhafi almenns skemmtanaleyfis uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla samkvæmt lögum eða reglugerðum skal lögreglustjóri veita honum formlega áminningu. Áminning hefur réttaráhrif í tvö ár frá því að hún er birt viðkomandi leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er í gildi, skal það varða tímabundinni sviptingu skemmtanaleyfis. Skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því hvort vanræksla er stórfelld eða margítrekuð.

Áminningar og tímabundnar sviptingar eru stjórnvaldsákvarðanir sem kæra má til dómsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Afturköllun skemmtanaleyfis.

Lögreglustjóri getur afturkallað skemmtanaleyfi:

a. ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði laga og reglugerða til að fá skemmtanaleyfi útgefið,
b. ef leyfishafi misnotar leyfi sitt, t.d. með því að brjóta gegn reglum sem um framkvæmd skemmtunar og rekstur hans gilda, svo sem varðandi aldursmörk gesta, heimilar veitingar, hljóðvist o.s.frv., eða ef hann hefur ítrekað brotið gegn fyrirmælum eða skilyrðum sem lögreglustjóri hefur sett fyrir skemmtun og
c. ef leyfishafi er dæmdur til refsivistar fyrir brot á lögum þeim er greinir í 3. mgr. 2. gr.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot á lögum þessum varða sektum.

12. gr.

Reglugerðarheimild.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Heimilt er þar að kveða á um að undanþiggja megi frá leyfisskyldu tilteknar tegundir skemmtana, svo og skemmtanahald veitingastaða, enda verði ekki talið að löggæsluhagsmunir krefjist þess að sérstakt eftirlit sé haft með slíkum skemmtunum.

Í reglugerð skal enn fremur kveða á um nánari skilyrði varðandi einstakar tegundir skemmtana, svo sem útiskemmtanir og skólaskemmtanir.

13. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Með bréfi, dags. 20. september 1995, skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um endurskoðun á gildandi lagareglum um skilyrði fyrir veitingu leyfis til áfengisveitinga og um rekstur skemmtistaða. Var nefndinni einnig falið að gera tillögur um eftirlit með áfengisveitingahúsum og gjaldtöku í því sambandi.

Í nefndinni áttu sæti Áslaug Guðjónsdóttir, lögfræðingur í fjármálaráðuneytinu, Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Sambands veitinga- og gistihúsa, Hrafn Pálsson, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Kristján Vigfússon, deildarstjóri í samgönguráðuneytinu, Sigurður Guðmundsson, formaður Félags starfsfólks í veitingahúsum, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra

sveitarfélaga. Guðrún Ögmundsdóttir borgarfulltrúi var tilnefnd af borgarstjóranum í Reykjavík sem áheyrnarfulltrúi.

Fyrirliggjandi frumvarp byggir að meginstefnu á tillögum nefndarinnar, auk þess sem haft var samráð við menntamálaráðuneytið um einstaka þætti sem sérstaklega snerta menningarviðburði.

II. Almennar athugasemdir.

Gildandi reglur um skemmtanir og skemmtanaleyfi hafa um nokkurt skeið byggst á ótraustum lagagrundvelli. Helstu reglur sem um þetta hafa gilt er að finna í reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, nr. 587 23. desember 1987. Er sú reglugerð byggð á lögum um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972, með síðari breytingum, og lögum um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947.

Það fyrirkomulag, sem að framan greinir um skipan þessara mála, hefur ítrekað sætt athugasemdum umboðsmanns Alþingis. Í áliti hans í málinu nr. 436/1991 segir orðrétt: „Reglugerð nr. 587/1987, um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, er sett með stoð í 8. og 11. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, og 1. gr. laga nr. 120/1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma. Ég tel að umrædd lagaákvæði séu afar ófullkomin. Þar sem ákvæði reglugerðar nr. 587/1987 geta í sumum tilvikum verið mjög íþyngjandi í garð borgaranna, er nauðsynlegt að reglugerðin hafi skýra lagastoð. Þá verður að telja að mörg af ákvæðum reglugerðarinnar sé eðlilegra að hafa í lögum en í reglugerð. Tel ég því þörf á að í lög verði sett í hvaða tilvikum þurfi skemmtanaleyfi, hvaða almenn skilyrði þurfi að uppfylla til þess að fá skemmtanaleyfi, hvaða sérstökum skilyrðum heimilt sé að binda skemmtanaleyfi, í hvaða tilvikum afturkalla megi slíkt leyfi og hvaða heimild lögregluyfirvöld skuli hafa til að slíta skemmtunum. Þá tel ég, ef ætlunin er að láta leyfishafa greiða einhvern kostnað af löggæslu, að æskilegt sé að setja mun skýrari og ítarlegri reglur um það en nú koma fram í 8. gr. laga 56/1972, um lögreglumenn."

Í ljósi athugasemda umboðsmanns og sem hluti af endurskipulagningu á fyrirkomulagi áfengisveitinga- og skemmtanaleyfa er frumvarp þetta samið. Reglum frumvarpsins er einkum ætlað að svara almennum löggæsluhagsmunum. Þörf er á því að um samkomur gildi ótvíræðar reglur er tryggi m.a. að skorður sem setja verður skemmtanahaldi séu í anda jafnræðis og meðalhófs. Til þess að lögregla geti sinnt eftirlitshlutverki sínu verður henni að vera kunnugt um fyrirhugaða viðburði. Þá verður lögreglan að hafa heimildir og tækifæri til þess að hafa stjórn á samkomum, einkum mannmörgum og hávaðasömum skemmtunum. Eðlilegast þykir að binda ýmsar tegundir skemmtana leyfisskyldu í þessu skyni, svo setja megi fyrir fram skilyrði um fyrirkomulag skemmtanahaldsins og svo slíta megi skemmtun ef nauðsyn krefur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði framangreindrar reglugerðar verði færð í lög og traustari lagastoð sett fyrir setningu reglna um skemmtanaleyfi.

Rétt er að geta þess að í frumvarpinu er ekki að finna reglur um hvenær skemmtun skuli lokið. Í 3. gr. laga um lögreglusamþykktir, nr. 36/1988, er gert ráð fyrir að lögreglusamþykktir kveði á um það.

III. Helstu nýmæli.

Helstu nýmæli í frumvarpi þessu eru:

1. Lagt er til að greint verði skýrlega á milli tvenns konar skemmtanaleyfa. Annars vegar eru almenn leyfi rekstraraðila samkomuhúsa til þess að halda skemmtanir með reglubundum hætti sem lið í rekstri sínum. Skemmtanahald á veitingahúsum, í hljómleikasölum, félagsheimilum, menningar- og menntastofnunum, íþróttahúsum, safnaðarheimilum, hótelum og þess háttar félli eðlilega undir slíkt leyfi. Hins vegar eru tækifærisskemmtanaleyfi veitt til að halda einstaka skemmtun á öðrum stöðum en þeim sem starfa í skjóli almenns skemmtanaleyfis. Gengið er út frá því að mismunandi skilyrði skuli setja fyrir hvoru leyfi um sig.
2. Lagt er til að skemmtanaleyfi, almennt skemmtanaleyfi eða tækifærisskemmtanaleyfi, þurfi að meginstefnu til fyrir öllum tegundum skemmtana þar sem eftirlits opinberra aðila kann að vera þörf. Er þar einkum um að ræða skemmtanir sem aðgangur er seldur að, sem og skemmtanir sem standa lengur en til kl. 23.30.
3. Lagt er til að heimilt verði að synja um leyfi hafi umsækjandi verið dæmdur til refsivistar vegna brota á tilteknum lögum.
4. Lagt er til að lögfestar verði skýrar heimildir um sérstök skilyrði sem lögreglustjóra er heimilt að setja fyrir skemmtanaleyfi.
5. Lagt er til að lögfest verði skýrara ákvæði en nú er í lögum um heimild lögreglustjóra til að krefja skemmtanahaldara um greiðslu kostnaðar af ráðstöfunum sem hann ákveður.
6. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um heimild lögreglustjóra til slita á skemmtunum.
7. Lagt er til að lögfest verði heimild til synjunar á útgáfu skemmtanaleyfis vegna ítrekaðra brota umsækjanda á lögum sem um rekstur hans gilda og gegn fyrirmælum lögreglustjóra.
8. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um heimild lögreglustjóra til afturköllunar á skemmtanaleyfi.
9. Lagt er til að lögfest verði ákvæði um heimild lögreglustjóra til tímabundinnar sviptingar á skemmtanaleyfi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. ákvæðisins er skilgreint hugtakið skemmtun. Er skilgreiningin höfð mjög rúm en nauðsynlegt er að fyrir liggi skilgreining á því til hvaða samkoma lögin taki.

Við skilgreininguna er byggt á að einhver komi jafnan fram sem flytjandi á skemmtuninni. Getur þar verið um að ræða t.d. leikara, skemmtikrafta eða tónlistarmenn, sem og þá sem sjá um að spila tónlist af hljóðböndum og -diskum á dansleikjum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort um er að ræða beinan flutning talaðs máls eða tónlistar eða endurflutning. Einnig verður að miða við að skemmtun fari að öllu jöfnu fram samkvæmt fyrir fram ákveðinni dagskrá. Því er ekki um að ræða að samfelldur tónlistarflutningur af hljóðböndum eða -diskum á opinberum stöðum falli undir skilgreininguna.

Í 2. mgr. 1. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Byggt er á skilgreiningunni í 1. mgr. og ýmis tilvik talin upp til skýringar. Sú talning er þó hvergi nærri tæmandi. Utan gildissviðs laganna falla hins vegar viðburðir þar sem ekki verður talið að fram fari flutningur af einhverju tagi, svo sem fræðandi fyrirlestrar, tískusýningar, spilakvöld og íþróttaleikir.

Um 2. gr.

Í þessu ákvæði kemur fram meginregla frumvarpsins um leyfisskyldu. Er reglan þess efnis að skemmtun, sem aðgangur er seldur að, megi ekki halda nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Sama gildir um skemmtun sem fram á að fara og ætlunin er að standi lengur en til 23.30. Er ákvæðið í samræmi við gildandi reglugerð.

Í samræmi við almenn sjónarmið er lagt til að ekki þurfi fremur en verið hefur að sækja um leyfi fyrir einkasamkvæmum. Skýra verður einkasamkvæmi í þessu tilliti til samræmis við ákvæði annarra laga en ljóst er að undir ákvæðið mundu einkum falla samkvæmi fyrir fámennan hóp gesta í heimahúsum og félagsheimilum, t.d. afmælisveislur, árshátíðir smærri félaga og fyrirtækja og þess háttar. Séu slík samkvæmi á hinn bóginn haldin á stöðum þar sem í gildi er almennt skemmtanaleyfi skal samkvæmið fara fram í skjóli þess leyfis og á ábyrgð viðkomandi veitingamanns.

Um 3. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um framkvæmd leyfisveitinga, en gert er ráð fyrir að lögreglustjórar hafi útgáfu leyfanna með höndum svo sem verið hefur.

Í 1. mgr. kemur fram að skemmtanaleyfi geti verið tvenns konar. Felst munurinn á leyfistegundunum aðallega í því að almennt leyfi er einkum gefið út til handa rekstraraðilum í tengslum við reglubundna starfsemi á tilteknum stað, en tækifærisleyfi verður veitt hverjum þeim sem halda vill einstaka skemmtun.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita einstaklingum eða lögaðilum almennt skemmtanaleyfi sem bundið sé tilteknum stað þar sem mannamót fara reglulega fram.

Í 3. mgr. kemur fram að ekki sé hægt að sækja um og fá útgefið tækifærisleyfi til skemmtunar á stað sem starfar í skjóli almenns skemmtanaleyfis. Verða allar skemmtanir á slíkum stað að fara fram í skjóli hins almenna leyfis. Í þessu felst að forsvarsmenn staðarins bera ábyrgð á skemmtanahaldi sem þar fer fram. Er þetta lagt til í því skyni að gera ábyrgð á skemmtanahaldi skýra og einfalda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um þau skilyrði sem rétt þykir að leggja til að handhafi almennra leyfa til skemmtanahalds skuli uppfylla.

Fyrst og fremst er lagt til að umsækjandi þurfi að uppfylla almenn skilyrði, sem m.a. eru sett í lögum um veitinga- og gististaði, til að fá útgefið skemmtanaleyfi. Í þessu felst að umsækjandi þarf að hafa forræði á búi sínu og vera fjárráða. Heimilt er að veita einstaklingum eða lögaðilum almennt skemmtanaleyfi.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði það nýmæli að heimilt verði að synja um útgáfu leyfis hafi umsækjandi hlotið refsivistardóm vegna brota á tilteknum lögum. Er þessi tillaga í samræmi við þá stefnu að herða skilyrði sem þeir einstaklingar þurfa að uppfylla sem standa að rekstri sem þessum. Hið sama gildi ef umsækjandi hefur ítrekað brotið gegn ákvæðum laga sem um skemmtanahald eða reksturinn gilda.

Í 3. mgr. er sérstaklega fjallað um skilyrði þessi gagnvart lögaðilum og gildir það ákvæði án tillits til þess skemmtanaforms sem um er að ræða.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er kveðið á um þau skilyrði sem rétt þykir að leggja til að handhafar leyfis til að halda einstaka skemmtun skuli uppfylla.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um heimild til lögreglustjóra til þess að víkja frá umræddum skilyrðum, enda verði tilnefndur ábyrgðarmaður fyrir skemmtun sem fullnægir skilyrðunum. Eru með þessari undanþáguheimild fyrst og fremst hafðar í huga skemmtanir barna og ungmenna þar sem umsækjendur fullnægja oft og tíðum eðli málsins samkvæmt ekki slíkum skilyrðum.

Um 6. gr.

Lagt er til að lögfest verði heimild lögreglustjóra til að binda skemmtanaleyfi tilteknum sérstökum skilyrðum umfram þau almennu skilyrði sem greinir í 2. gr. Er hér fyrst og fremst um að ræða lögfestingu á reglum sem fram til þessa hefur verið að finna í reglugerð um skemmtanahaldið svo sem að framan greinir.

Í a-lið er lagt til að lögreglustjóri geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að sá sem fyrir skemmtun stendur geri fullnægjandi ráðstafanir til að halda uppi reglu, öryggi og velsæmi. Skilyrði sem þessi kann að vera nauðsynlegt að setja í einstaka tilvikum eftir nánara mati lögreglustjóra.

Í b-lið er lagt til að lögreglustjóri geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að eigi annist aðrir dyravörslu en hann samþykkir. Er hér um að ræða þátt í því að tryggja að skemmtanahald fari fram samkvæmt lögum og reglum en mikilvægur þáttur í því er að dyravarsla á skemmtistöðum sé fullnægjandi.

Í c-lið er lagt til að lögreglustjóri geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtuninni. Er þessu skilyrði almennt ekki mikið beitt en nauðsynlegt kann að vera að grípa til þess, svo sem á útihátíðum.

Í d-lið er lagt til að lögreglustjóri geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að sá sem fyrir skemmtun stendur greiði kostnað af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður. Í framkvæmd er það svo að heimild þessari er beitt í undantekningartilvikum utan Reykjavíkur vegna skemmtana sem víkja frá því sem almennt er um skemmtanahald og kalla vegna þess á aukna löggæslu og aðrar ráðstafanir. Má um ákvörðun löggæslukostnaðar á grundvelli þessa vísa til 4. gr. frumvarpsins.

Í e-lið er lagt til að lögreglustjóri geti bundið skemmtanaleyfi öðrum þeim skilyrðum sem nauðsyn ber til. Hér er um að ræða heimild lögreglustjóra til að setja önnur sérstök skilyrði. Er slík heimild nauðsynleg til að geta brugðist við ýmsum aðstæðum sem ekki verða ávallt séðar fyrir. Eru það fyrst og fremst löggæsluhagsmunir sem búa hér að baki. Hins vegar er ljóst að lögreglustjóri er bundinn af reglum stjórnsýslulaga við ákvarðanir um beitingu heimilda sem þessara.

Um 7. gr.

Í 4. gr. er lagt til að lögfest verði ítarlegra ákvæði en er að finna í gildandi lögum um endurgreiðslu skemmtanahaldara á kostnaði af ráðstöfunum sem lögreglustjóri ákveður í tilefni af skemmtun. Er í ákvæðinu lögð áhersla á að skilyrði þess að heimildinni verði beitt sé að viðkomandi skemmtun leiði til þess að þörf verði fyrir löggæslu sem er umfram það sem ella væri. Byggist heimild sem þessi á því að fjárveitingar til embætta taka almennt ekki mið af sérstökum aðstæðum sem komið geta upp. Getur því t.d. ákvörðun um að halda útihátíð í umdæmi leitt til verulegrar röskunar á fjárhagsramma viðkomandi lögreglustjóraembættis ef ekki kæmi til heimild sem þessi. Í ákvæðinu er lagt til að

endurgreiðsla kostnaðar miðist við laun lögreglumanna og/eða dyravarða ásamt launatengdum gjöldum. Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild til handa lögreglustjóra að krefjast þess að lögð verði fram trygging fyrir greiðslu þessa kostnaðar.

Um 8. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfest verði heimild til lögreglustjóra til slita á skemmtun sem stendur yfir. Er lagt til að heimilt verði að slíta skemmtun þegar ljóst er að regla á henni er ekki nægilega góð, ef brotnar eru reglur sem um reksturinn gilda, ef brotið er gegn fyrirmælum eða skilyrðum lögreglustjóra eða ef skemmtunin brýtur gegn ákvæðum laga.

Um 9. gr.

Rétt þykir að mæla sérstaklega fyrir um heimild lögreglustjóra til þess að svipta leyfishafa tímabundið almennu leyfi til skemmtanhalds.

Um 10. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lögfestar verði heimildir til handa lögreglustjóra til afturköllunar á skemmtanaleyfi.

Í a-lið er lagt til að afturkalla megi leyfi ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði laga og reglugerða til að fá útgefið skemmtanaleyfi. Er hér um að ræða meginreglu sem almennt gildir um öll leyfi.

Í b-lið er lagt til að afturkalla megi leyfi ef leyfishafi misnotar leyfi sitt, t.d. með því að brjóta gegn reglum sem um framkvæmd skemmtunar og reksturinn gilda, svo sem varðandi aldursmörk gesta, heimilar veitingar, hljóðvist o.s.frv. Er sérstaklega vikið að reglum um hljóðvist. Skapar þetta forsendur til að taka á hávaðamálum í sambandi við skemmtanahald.

Í c-lið er lagt til að afturkalla megi leyfi ef leyfishafi er dæmdur til refsivistar vegna brota á tilteknum lögum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Auk almennrar heimildar til setningar reglugerðar um framkvæmd laganna er í þessu ákvæði að finna heimild til handa dómsmálaráðherra til þess að undanskilja tilteknar tegundir skemmtana og tiltekna starfsemi leyfisskyldunni. Skapast með því m.a. möguleiki til að undanþiggja ýmsa menningarstarfsemi leyfisskyldu. Undanþága frá leyfisskyldu yrði að öllu jöfnu einungis veitt ef ekki verður talið með vísan til löggæslusjónarmiða að þörf sé á sérstöku eftirliti með skemmtun eða að annað eftirlit (t.d. á grundvelli áfengisveitingaleyfis) sé metið fullnægjandi.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um skemmtanahald.

Frumvarpið er hluti af endurskipulagningu á fyrirkomulagi áfengisveitinga- og skemmtanaleyfa. Í frumvarpinu eru m.a. ákvæði um að heimilt sé að krefja forsvarsmenn skemmtanahalds um endurgreiðslu fyrir þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu umfram þá löggæslu sem venja er til á sama tíma. Þetta fyrirkomulag hefur tíðkast en skýra lagastoð hefur vantað og framkvæmdin því verið með ýmsum hætti. Einnig er skýrt tekið fram hvaða kostnað heimilt er að endurkrefja, þ.e. laun lögreglumanna og/eða dýravarða ásamt launatengdum gjöldum. Að auki bætist hér við ákvæði um heimild lögreglustjóra til að krefjast þess að lögð verði fram trygging fyrir greiðslu kostnaðar.

Að mati fjármálaráðuneytis mun frumvarpið ekki hafa í för með sér breytingar á útgjöldum ríkissjóð verði það óbreytt að lögum en ætla má að tekjur lögregluembætta aukist með skýrari ákvæðum um gjaldtöku fyrir löggæslu. Hversu mikið það verður er erfitt að áætla og fer að nokkru eftir í hvaða farvegi sú innheimta er nú.

924. Fyrirspurn [565. mál]

til félagsmálaráðherra um sjúkrasjóði verkalýðsfélaga.

Frá Arnbjörgu Sveinsdóttur.

1. Hvaða stéttarfélög hafa samið um sjúkrasjóði fyrir félagsmenn sína?
2. Hvað verja stéttarfélög stórum hluta sjúkrasjóða sinna til að greiða niður ferðakostnað sjúklinga innan lands, skipt eftir landshlutum?
3. Eru réttindi launþega í sjúkrasjóðum mismunandi eftir landshlutum?

925. Fyrirspurn [566. mál]

til fjármálaráðherra um aðgerðir gegn skattsvikum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Mun fjármálaráðherra beita sér fyrir því við næstu fjárlagagerð að styrkja skatteftirlit og skattrannsóknir með því að fjölga starfsmönnum við skattrannsóknir og sérmenntuðum starfsmönnum til að fást við flókin og vandmeðfarin skattsvikamál?
2. Hvaða aðgerðir eru til skoðunar sem lúta að breytingum á skipulagi skattkerfisins til að draga úr skattsvikum, sbr. svar fjármálaráðherra við fyrirspurn á þingskjali 525?

3. Hefur fjármálaráðherra í hyggju aðgerðir til að draga úr kennitöluskiptingu, þ.e. að hægt sé að halda áfram sama atvinnurekstri undir nýju auðkenni, en skila ekki vörslusköttum og öðrum gjöldum til hins opinbera?
4. Eru sérstaklega fyrirhugaðar aðgerðir til að draga úr vanskilum og skattundandrætti í skilum á virðisaukaskatti?

926. Fyrirspurn [567. mál]

til viðskiptaráðherra um gjaldtöku lögmanna og fjármálastofnana.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir því að settar verði reglur um gjaldtöku lögmanna, þannig að sett verði opinber gjaldskrá þar sem m.a. yrði sett þak á innheimtuþóknun lögmanna og aðra gjaldtöku hjá skuldurum í vanskilum?
2. Hver er skoðun ráðherra á hárri gjaldtöku, þóknunum og dráttarvaxtatöku fjármálastofnana vegna vanskila skuldara?
3. Telur ráðherra rétt að setja fjármálastofnunum reglur um hámarksgjaldtöku vegna vanskila skuldara og/eða að beita sér fyrir aðgerðum sem auðvelda þeim að greiða skuldir sínar sem af ófyrirsjáanlegum orsökum lenda í miklum vanskilum við innlánsstofnanir? Sérstaklega er hér átt við tilvik þegar við blasir að innlánsstofnun muni ella tapa kröfum við gjaldþrot einstaklings, sem þá yrði gefinn kostur á viðráðanlegri greiðsluaðlögun, t.d. með samningi um frestun á greiðslu skuldar, eftirgjöf á hluta skulda eða vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili, þegar skuldari hefur staðið við sinn hluta samnings um greiðsluaðlögun.

927. Fyrirspurn [568. mál]

til fjármálaráðherra um tillögur nefndar frá 1993 til að draga úr skattundandrætti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað hefur fjármálaráðuneytið gert til að hrinda í framkvæmd eftirfarandi tillögum nefndar fjármálaráðherra frá 1993 í því skyni að draga úr skattundandrætti:

a. að þær matsreglur sem notaðar hafa verið vegna reiknaðs endurgjalds verði endurskoðaðar frá grunni og nýjar settar,
b. að embætti skattrannsóknarstjóra hafi það verkefni að kynna opinberlega refisdóma í skattsvikamálum,
c. að hafa forgöngu um stefnumótun og setja skattayfirvöldum markmið og ákvarða leiðir til að draga úr svartri atvinnustarfsemi?

928. Fyrirspurn [569. mál]

til landbúnaðarráðherra um byggingu og rekstur kjötmjölsverksmiðju.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hvað líður undirbúningi að byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju, sbr. svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn (248. mál) á Alþingi 1994?

929. Fyrirspurn [570. mál]

til viðskiptaráðherra um hækkun á skuldum heimilanna.

Frá Sigríði Jóhannesdóttur.

Hversu mikið hækkuðu skuldir heimilanna í landinu við það eitt að brauð hækkuðu um 10% í síðasta mánuði?

Skriflegt svar óskast.

930. Fyrirspurn [571. mál]

til heilbrigðisráðherra um aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða á fæðingardeild Landspítalans.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

Hvernig er háttað aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða á fæðingardeild Landspítalans?

931. Lög [214. mál]

um endurskoðendur.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 906.

932. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 69/1994, um sölu notaðra ökutækja.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 903.

933. Lög [414. mál]

um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 715.

934. Svar [347. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á Ríkisspítölum.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á Ríkisspítölum á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?*

Fjölda ferliverka og skiptingu á sérgreinar á Ríkisspítölum 1993–96 má sjá í töflunni hér á eftir.

Deild	1996	1995	1994	1993
Krabbameinslækningadeild	2.703	2.278	2.998	2.258
Magaspeglanir	1.840	1.741	2.042	1.285
Handlækningadeild	524	445	500	394
Augnlækningar	64			
Hjarta- og ómskoðun	1.834	1.548	1.254	2.009
Lýtalækningadeild	255	234	291	316
Bæklunarlækningadeild	149	303		
Lyflækningadeild	81	57	64	61
Samtals	**7.450**	**6.606**	**7.149**	**6.323**

3. *Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða*
   a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
   b. fyrir augnaðgerð,
   c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
   Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.

Greiðsluþátttaka sjúklinga er ákveðin samkvæmt reglugerð, útgefinni af heilbrigðisráðherra. Greiðslur fyrir ferliverk í eftirtöldum sérgreinum hafa verið að hámarki:

a. Bæklunarlækningar eru ekki gerðar
b. Augnlækningar ..... 7.800 kr.*
c. Magaspeglanir ..... 5.621 kr.

Upphæðir þessar miðast við árið 1996. Ekki reyndist unnt að afla umbeðinna upplýsinga fyrir árin 1993–95 á þeim tíma sem gefinn var, þar sem það krefst þess að farið sé sérstaklega yfir afrit allra reikninga viðkomandi sjúklinga.

*Augnlækningadeild flutti frá Landakoti til Ríkisspítala í desember sl. Hér er því um að ræða hámark greiðslu í desembermánuði.

4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?

Læknar Ríkisspítala greiða ákveðið hlutfall af heildarverði læknisverks til spítalans og tekur greiðslan mið af þeirri aðstöðu sem spítalinn veitir, en hún getur verið mismunandi eftir sérgreinum. Aðstöðugjald lækna er í flestum tilvikum um 40%.

5. Hafa þær greiðslur verið samræmdar?

Aðstöðugjaldið tekur mið af þeirri þjónustu sem spítalinn veitir. Algengasta hlutfall greiðslna lækna til spítalans er um 40%.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1997 var ákveðið að Tryggingastofnun ríkisins hætti frá og með 1. maí nk. greiðslum til lækna fyrir vinnu á sjúkrahúsum og greiðslur þessar voru færðar til sjúkrahúsanna.

6. Hefur samræmd reglugerð um ferliverk verið sett?

Í gildi er samræmd reglugerð um ferliverk, nr. 340/1992. Reglugerðin gildir fyrir allar stofnanir (sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og læknastofur) sem vinna ferliverk. Auk samræmdrar reglugerðar um ferliverk hefur ráðuneytið gefið út leiðbeiningar vegna reglugerðar nr. 68/1996, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Með reglugerðinni og leiðbeiningum ráðuneytisins á samræmd framkvæmd að vera tryggð.

935. Svar [466. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um akstur lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða.

Óskað var eftir upplýsingum lögreglustjóra um svör við fyrirspurninni en upplýsingar af þessu tagi liggja ekki fyrir á einum stað. Við það var miðað að lögreglustjórar hefðu tiltækar upplýsingar um óhöpp sjúkra- og slökkvibifreiða í þeirra umdæmi. Jafnframt var óskað eftir tiltækum upplýsingum frá Umferðarráði. Svör bárust frá öllum lögreglustjórum, sem og Umferðarráði.

1. Hversu mörg slys eða óhöpp hafa orðið hér á landi síðustu fimm árin vegna aksturs lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða í útköllum? Hafa bílstjórar umræddra farartækja í einhverjum þessara tilvika sætt refsingum eða öðrum viðurlögum fyrir ógætilegan akstur? Hvernig er bótarétti og bótaskyldu starfsmanna háttað þegar óhöpp verða?

Á sl. fimm árum hafa orðið 45 óhöpp vegna aksturs lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkvibifreiða í útköllum samkvæmt þeim upplýsingum sem lögreglustjórar létu í té, þar af 36 hjá lögreglustjóranum í Reykjavík. Lögreglustjórinn í Reykjavík hafði eingöngu upplýsingar um óhöpp lögreglubifreiða, en ekki annarra neyðarakstursbifreiða í sínu umdæmi.

Leitað var eftir upplýsingum frá slökkvistöðinni í Reykjavík vegna þessa. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstjóra hafa orðið samtals 22 óhöpp vegna aksturs slökkvibifreiða sl. fimm ár og samtals 21 vegna aksturs sjúkraflutningabifreiða. Eru það samtals 43 óhöpp. Í einu þessara óhappa varð dauðaslys þar sem tveir létust. Ökumaður frá slökkviliðinu var ákærður vegna þessa, en hann var sýknaður, bæði í undirrétti og Hæstarétti.

Árið 1993 hófst skráning á slysum og óhöppum þeirra bifreiða sem fyrirspurnin lýtur að hjá Umferðarráði. Samkvæmt upplýsingum þaðan hafa orðið 102 óhöpp á sl. fjórum árum, þ.e. frá árinu 1993. Hér er um öll óhöpp að ræða, stór og smá, en ekki er skráð sérstaklega hvort bifreiðarnar voru á leið í útköll eða ekki. Skýrir það þann mismun sem er á upplýsingum frá Umferðarráði og lögreglustjórum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjórum hafa ökumenn þessara bifreiða ekki sætt refsingum eða öðrum viðurlögum vegna óhappa sem orðið hafa í útköllum. Í einu tilviki var lögreglumanni hjá lögreglustjóranum í Reykjavík bannað að aka lögreglubifreið í sex mánuði og í framhaldi af því þurfti hann að fara í akstursþjálfun og þjálfunarmat.

Um bótarétt og bótaskyldu starfsmanna gilda almennar bótareglur, þar á meðal um húsbóndaábyrgð. Þó skal ríkissjóður skv. 4. mgr. 5. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56/1972, bæta lögreglumönnum meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfa síns. Skv. 30. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, sem öðlast gildi 1. júlí nk., skal ríkissjóður bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfa síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

2. *Hversu oft á síðustu fimm árum hafa lögreglumenn þurft að beita þvingunaraðgerðum til að stöðva akstur ökumanna sem brotið hafa af sér? Hafa hlutaðeigandi lögreglumenn í einhverjum tilvikum sætt refsingum eða öðrum viðurlögum fyrir ógætilegan akstur? Hvernig er bótarétti og bótaskyldu lögreglumanna háttað í þessum tilvikum?*

Samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust frá lögreglustjórum hafa lögreglumenn á sl. fimm árum 26 sinnum beitt þvingunaraðgerðum til að stöðva akstur ökumanna sem brotið hafa af sér. Er þá litið svo á að hér sé um að ræða tilvik þar sem grípa þurfi til sértækra aðgerða til að hefta för manna, annarra en almennra tilmæla um að stöðva akstur, t.a.m. með hljóð- og ljósmerkjum. Í flestum tilvikum er hér um ölvaða ökumenn að ræða.

Ökumenn þessara lögreglubifreiða hafa ekki sætt refsingum eða öðrum viðurlögum fyrir ógætilegan akstur.

Um bótarétt og bótaskyldu lögreglumanna í þessum tilvikum er vísað til svars við 1. lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hvaða öryggiskröfur eru í gildi um farartæki sem skilgreind eru sem neyðarbílar (lögreglu-, sjúkraflutninga- eða slökkviliðsbifreiðar)?*

Í 8. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, eru ákvæði um neyðarakstur. Þar segir m.a. að dómsmálaráðherra setji reglur um neyðarakstur.

Með heimild í 8. gr. umferðarlaga hafa verið settar reglur um neyðarakstur, nr. 101/1988. Í 2. gr. reglnanna er kveðið á um að eingöngu megi skrá ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða almannavarna til neyðaraksturs. Síðan segir „að dómsmálaráðuneytið geti heimilað að ökutæki annarra opinberra stjórnvalda, svo sem sjúkrabifreiðir, björgunarbifreiðir og hliðstæð ökutæki þótt í einkaeign séu, megi skrá til neyðaraksturs“. Skv. 3. mgr. 2. gr. reglnanna þarf að skrá sérstaklega ökutæki til neyðaraksturs.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 10. ágúst 1988, var heimilað að skrá mætti til neyðaraksturs sjúkrabifreiðar í eigu Rauða kross Íslands eða einstakra deilda Rauða krossins. Enn fremur var ákveðið að skrá mætti til neyðaraksturs björgunarbifreiðar eða hliðstæð ökutæki í eigu Landssambands flugbjörgunarsveita, Landssambands hjálparsveita skáta, Slysavarnafélags Íslands eða björgunar- og hjálparsveita innan vébanda þessara samtaka, og var þá miðað við að ökutæki þessi væru sérbúin til björgunarstarfa. Var ákveðið að sama gilti um bifreiðar annarra björgunarsveita enda væru þær starfræktar innan skipulags hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Skv. 3. gr. reglna um neyðarakstur á ökutæki sem skráð er til neyðaraksturs að vera með búnað fyrir blátt blikkandi ljós. Á ökutæki til neyðaraksturs má enn fremur vera tæki með breytilegri hljóðgjöf sem gefur frá sér tvítóna hljóðmerki. Enn fremur má ökutæki til neyðaraksturs vera búið öflugum hljóðmerkjabúnaði (sírenu) til notkunar við sérstakar aðstæður. Nánari skýringar eru á útbúnaði neyðaraksturshljósa og hljóðmerkja í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 509/1995, í liðum 07.01 (12), köflum 07.72 og 13.72. Auk þessa eru ákvæði í þeirri reglugerð um að ökutæki sem búin eru til neyðaraksturs skuli gerð fyrir a.m.k. tæknilegan hámarkshraða þess og jafnframt um að fjöldi nagla í hverjum hjólbarða bifreiðar til neyðaraksturs megi vera 100 fleiri en kveðið er á um í lið 16.02 (allar aðrar bifreiðar), sjá kafla 16.72 í reglugerðinni.

Um önnur sérákvæði eða öryggiskröfur er ekki að ræða varðandi bifreiðar sem búnar eru til neyðaraksturs.

936. Svar [497. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um unnin ársverk vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvað má ætla að mörg ársverk löggæslumanna, dómenda og fangavarða hafi verið unnin vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu árin 1995–96?

Fyrirspyrjandi spyr um ársverk löggæslumanna, dómenda og fangavarða fyrir árin 1995–96. Fjöldi stöðugilda í þessum starfsstéttum var eftirfarandi:

Stöðugildi lögreglumanna voru 600–610. Stöðugildi dómenda í héraði voru samtals 38 og eru þá ótalin stöðugildi dómarafulltrúa, sem voru ellefu. Stöðugildi hæstaréttardómara voru samtals níu. Stöðugildi fangavarða voru samtals 87 og er þá ekki getið stöðugilda yfirstjórnar fangelsismála, sem voru samtals tíu.

Ekki eru fyrir hendi nákvæmar upplýsingar um hve hátt hlutfall af störfum starfsstétta réttarvörslukerfisins eru afleiðing áfengis- og vímuefnaneyslu. Samkvæmt rannsókn sem Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, gerði á árunum 1991 til 1994 og náði til 344 fanga sem voru í afplánun kom í ljós að 64% að-

spurðra kváðust hafa verið undir áhrifum áfengis þegar það brot var framið sem þeir sættu afplánun fyrir. Þá sögðust 33% hafa verið undir áhrifum fíkniefna og 22% undir áhrifum bæði áfengis og fíkniefna. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á vegum embættis lögreglustjórans í Reykjavík hefur einnig komið fram að hátt hlutfall þeirra sem lögregla hefur afskipti af vegna ýmissa brota hafi verið undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Umtalsverð fjölgun var á skráðum fíkniefnamálum á varðsvæði lögreglustjórans í Reykjavík á árinu 1996, en skráðum málum fjölgaði þá úr 329 árið 1995 í 590 árið 1996.

Eftir því sem næst verður komist liggja ekki fyrir heildstæðar erlendar rannsóknir á því sviði sem fyrirspurnin tekur til. Þó hafa verið gerðar nokkrar erlendar rannsóknir varðandi tiltekna brotaflokka sem benda til svipaðra niðurstaðna og þeirra íslensku sem áður er vísað til. Um þetta má m.a. vísa í rannsóknir sem gerðar hafa verið á vegum bandarískra dómsmálaráðuneytisins (U.S. Department of Justice – Drug Use Forcasting).

Af framangreindu má ráða að ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hve mörg ársverk löggæslumanna, dómenda eða fangavarða hafa verið unnin vegna afleiðinga áfengis- eða vímuefnaneyslu árin 1995–96. Viðfangsefni fangavarða eru að öllu leyti bundin við refsiverða háttsemi og viðfangsefni löggæslumanna að miklu leyti. Samkvæmt því gæti um helmingur ársverka þessara starfsstétta verið til kominn vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Viðfangsefni dómenda skiptast til helminga milli starfa að einkarétti og opinberum rétti. Gæti því um ¼ hluti ársverka dómenda verið unninn vegna afleiðinga áfengis- eða vímuefnaneyslu.

937. Svar [348. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?*
2. *Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?*

Fjölda ferliverka og skiptingu á sérgreinar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Borgarspítala og St. Jósefsspítala, Landakoti, 1993–96 má sjá á töflunum hér á eftir.

Borgarspítali.

Deild/aðgerðir	1996	1995	1994	1993
Bæklunarlækningadeild	405	533	566	51
Háls-, nef- og eyrnadeild	287	501	288	351
Lyflækningadeild	169	189	208	0
Skurðlækningadeild	1.254	1.107	1.071	560
Speglun	889	1.222	952	787
Samtals	**3.004**	**3.552**	**3.085**	**1.749**

Landakot.

Deild/aðgerðir	1996	1995	1994	1993
Almennar skurðlækningar	401	397	393	386
Bæklunarlækningar	908	1.019	1.364	689
Augnlækningar	349	334	351	345
Háls-, nef- og eyrnalækningar	114	197	351	178
Speglanir	1.650	1.886	1.965	1.954
Þvagfæralækningar	1.202	1.584	1.914	1.685
Samtals	**4.624**	**5.417**	**6.338**	**5.237**

Auk þessa eru læknar svæfingadeilda með samninga um ferliverk. Þau eru ekki talin með hér vegna tvítalningar, þ.e. aðgerð og svæfing teljast eitt verk.

3. Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða
a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
b. fyrir augnaðgerð,
c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.

Greiðsluþátttaka sjúklinga er ákveðin samkvæmt reglugerð, útgefinni af heilbrigðisráðherra. Greiðslur fyrir ferliverk í eftirtöldum sérgreinum hafa verið að hámarki:

a. Bæklunarlækningar ..... 18–20 þús. kr.
b. Augnlækningar ..... 15–16 þús. kr.
c. Meltingarfæraspeglanir ..... 6–7 þús. kr.

Upphæðir þessar miðast við árið 1996. Ekki reyndist unnt að afla umbeðinna upplýsinga fyrir árin 1993–95 á þeim tíma sem gefinn var, þar sem það krefst þess að farið sé sérstaklega yfir afrit allra reikninga viðkomandi sjúklinga.

4. Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?

Læknar Sjúkrahúss Reykjavíkur greiða ákveðið hlutfall af heildarverði læknisverks til sjúkrahússins og tekur greiðslan mið af þeirri aðstöðu sem sjúkrahúsið veitir, en hún getur verið mismunandi eftir sérgreinum. Aðstöðugjald lækna er í flestum tilvikum um 40%.

5. Hafa þær greiðslur verið samræmdar?

Eftir sameiningu Borgarspítala og St. Jósefsspítala hefur verið unnið að samræmingu á aðstöðugjaldi, en aðstöðugjaldið tekur mið af þeirri þjónustu sem spítalinn veitir. Algengasta hlutfall greiðslna lækna til sjúkrahússins er um 40%.

Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1997 var ákveðið að Tryggingastofnun ríkisins hætti frá og með 1. maí nk. greiðslum til lækna fyrir vinnu á sjúkrahúsum og greiðslur þessar færðar til sjúkrahúsanna.

938. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, og Steingrím Ara Arason og Skarphéðin Berg Steinarsson frá einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um frumvarpið frá Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að viðmiðunartala 2. mgr. um hámark heildarfjárhæðar stofnhlutafjár beggja bankanna verði felld brott þannig að ráðherra verði óbundinn við ákvörðun þessarar fjárhæðar. Hins vegar er lagt til að skilyrði um til hvers matsnefndinni sem ráðherra hefur sér til ráðuneytis ber að horfa við mat á stofnhlutafé verði fellt brott úr lagatextanum.
2. Þá eru lagðar til tvær breytingar á 6. gr. Sú fyrri snýr eingöngu að orðalagi 1. mgr. en felur ekki í sér efnisbreytingu frá frumvarpinu. Í síðari tillögunni er lagt til að ákvæði 4. mgr. um að hlutabréf í bönkunum séu undanþegin stimpilgjöldum verði fellt brott.

3. Loks er lagt til að við 19. gr. bætist ný málsgrein þar sem tekið verði af skarið um að nýju hlutafélagabankarnir taki við öllum réttindum og skuldbindingum eldri bankanna vegna yfirtöku þeirra á sparisjóðum, en í umfjöllun í nefndinni kom fram að báðir bankarnir hafa í einhverjum mæli yfirtekið starfsemi sparisjóða á landsbyggðinni. Við umfjöllun um málið hefur komið fram að deilur kunni að skapast um túlkun laganna gagnvart skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna í þessu sambandi. Meiri hlutinn túlkar þetta svo að skuldbindingar og réttindi bankanna af þessum samningum flytjist yfir til hlutafélagsbankanna og að formbreytingin hafi ekki áhrif á framkvæmd þeirra. Breytingartillagan er hins vegar lögð fram til að taka af allan vafa í þessu efni.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að heimild 6. gr. til útboðs á nýju hlutafé muni síður nýtast Búnaðarbanka Íslands miðað við núverandi rekstrarstöðu hans, enda geti hann nýtt sér rétt til öflunar víkjandi lána til að hámarka arðsemi á eigin fé. Meiri hlutinn leggur þó ekki til breytingu á frumvarpinu vegna þessa.

Þá vill meiri hlutinn taka fram að hann lítur svo á að eðlilegt sé að einungis einn bankastjóri starfi í hvorum banka fyrir sig eftir formbreytinguna. Það er dómur reynslunnar og í samræmi við nútímastjórnunarhætti að best fari á því að einn framkvæmdastjóri stjórni rekstri hvers fyrirtækis og beri einn ábyrgð gagnvart stjórn og eigendum. Meiri hlutinn telur að þannig verði skilvirkni og hagkvæmni í rekstri bankanna best tryggð.

Alþingi, 14. apríl 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
Gunnlaugur M. Sigmundsson.	Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.

939. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, GMS, PHB, SP).

1. Við 5. gr.
   a. Orðin „75% af“ í 2. mgr. falli brott.
   b. Lokamálsliður 2. mgr. falli brott.
   c. 2. málsl. 3. mgr. falli brott.
2. Við 6. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Viðskiptaráðherra ákveður skiptingu hlutafjár í hluti.
   b. 4. mgr. falli brott.
3. Við 19. gr. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
   Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands vegna yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á sparisjóðum.

940. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, og Gylfa Arnbjörnsson frá Eignarhaldsfélagi Alþýðubanka Íslands. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Búnaðarbanka Íslands, Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Fyrsti minni hluti leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Í a-lið 1. tölul. er lagt til að ákvæði um að hámarkshlutfall heildarstofnhlutafjár af eigin fé sjóðanna sé 75% verði fellt brott. Viðskiptaráðherra verði þannig óbundinn við ákvörðun heildarfjárhæðarinnar. Í b-lið 1. tölul. er lagt til að sambærileg nefnd verði sett á stofn til að meta heildarfjárhæð stofnhlutafjár í bankanum og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarps til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þá er jafnframt lagt til að ákvæði um undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda í 3. mgr. 4. gr. verði fellt brott.
2. Lagðar eru til breytingar á 14. gr. með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu í umsögn Seðlabanka Íslands um málið.

Það er niðurstaða 1. minni hluta nefndarinnar, eftir ítarlega umfjöllun innan nefndarinnar, að draga beri úr sterkri eiginfjárstöðu hins nýja fjárfestingarbanka frá því sem lagt hefur verið upp með. Nefndin lét reikna út fyrir sig nokkrar tillögur í þá átt og var niðurstaðan sú að lækkun um 1 milljarð kr. kæmi hvað best út. Þannig verður bankinn arðvænlegri eign og fýsilegri fjárfestingarkostur. Hagsmunum bankans yrði engu að síður vel borgið þegar tekið er tillit til breyttra rekstrarforsendna samfara lækkun eigin fjár, vaxtakostnaðar og hækkunar vaxta af nýjum lánum. Upplýsingar frá aðilum sem komu á fund nefndarinnar staðfesta það. Búist er við að markaðsverð bankans lækki einungis um 350 millj. kr. þrátt fyrir 1 milljarðs kr. lækkun eigin fjár. Ríkið, sem eigandi bankans, verður því betur sett um 650 millj. kr. eftir slíka aðgerð. Jafnframt er það tillaga 1. minni hluta að sá milljarður sem þannig sparast verði nýttur til áhættufjármögnunar og þá einkum til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni, en um þessar mundir er nauðsynlegt að grípa til aðgerða á landsbyggðinni til að vega á móti sterkri verkefnastöðu á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni. Í breytingartillögum, sem lagðar eru fram samhliða þessum við frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er gert ráð fyrir að þeim sjóði verði falið að sjá um þessa fjármuni.

Alþingi, 14. apríl 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Einar Oddur Kristjánsson.

Sólveig Pétursdóttir.

941. Breytingartillögur [408. mál]

við frv. til l. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, SP).

1. Við 4. gr.
   a. Orðin „75% af því“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
   b. 3. mgr. orðist svo:

      Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár í fjárfestingarbankanum. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Um aðgang nefndarinnar að gögnum og um þagnarskyldu nefndarmanna fer skv. 3. mgr. 20. gr. Ráðherra setur nefndarmönnum erindisbréf.
2. Við 14. gr.
   a. Við lokamálslið 1. mgr. bætist: á opinberu viðmiðunargengi.
   b. 3. mgr. orðist svo:

      Vanskil lána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ) teljast alltaf í RFÍ, þ.e. þau halda gengis- og verðtryggingu fram til greiðsludags. Dráttarvextir á slíkum vanskilum skulu vera gildandi samningsvextir RFÍ-lána hverju sinni að viðbættu álagi sem nemur fjórðungi samningsvaxtanna. Dráttarvextir eru þá 1,25 sinnum samningsvextir á ári. Dráttarvextir reiknast sem dagvextir.

942. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, Gylfa Arnbjörnsson frá Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans hf., Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun og Hrein Jakobsson frá Þróunarfélagi Íslands. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Búnaðarbanka Íslands, Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verslunarráði Íslands.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 2. gr. komi skýrt fram að sjóðnum sé heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar, enda kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að sjóðnum sé m.a. ætlað að taka þátt í verkefnum í samstarfi við aðra aðila.
2. Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði hækkað um 1 milljarð kr. og því fé verði haldið aðgreindu frá öðru fé sjóðsins og það nýtt til að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Eins og fram kemur í áliti 1. minni hluta um frumvarp til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. telur 1. minni hluti nauðsynlegt að draga úr sterkri eiginfjárstöðu fjárfestingarbankans og leggur því til að þessi milljarður verði fluttur frá

honum og yfir í Nýsköpunarsjóðinn. Meiri hlutinn leggur til að þessum fjármunum verði einkum varið til hlutafjárkaupa í tengslum við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og þá aðallega á sviði upplýsinga- og hátækni. Lagt er til að stjórn Nýsköpunarsjóðs feli verðbréfafyrirtækjum eða öðrum til þess bærum aðilum að sjá um vörslu og ráðstöfun fjárins. Sú starfsemi verði boðin út í einingum til fleiri en eins aðila. Með því gefst færi á að þróa þessa starfsemi og bera saman árangur rekstraraðila. Miðað verði við að endurgjald til þessara rekstraraðila verði að hluta til ákveðið á grundvelli árangurs. Útboðnar einingar verði leystar upp og hlutabréf, sem fjárfest hefur verið í, seld. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Þessi starfsemi er ólík annarri starfsemi Nýsköpunarsjóðsins að því leyti að beitt er öðrum aðferðum við ráðstöfun og vörslu fjárins. Gert er ráð fyrir að þessi starfsemi lúti ekki sömu sjónarmiðum um varðveislu eigin fjár og kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr.

3. Fram kom við umfjöllun málsins að starfsemi tryggingardeildar útflutningslána taki ekki til hefðbundinnar vátryggingastarfsemi eða þjónustu sem almennar fjármálastofnanir veita á markaði. Meiri hlutinn tekur undir það sjónarmið og leggur til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem undirstrika þessa aðgreiningu. Þannig er í a-lið lagt til að notað verði hugtakið „ábyrgðir“ en ekki „ábyrgðartryggingar“ í 3. tölul. 2. mgr. 11. gr. Í b- og c-lið er lagt til að heimildir til að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis og til að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar verði bundnar við tryggingar vegna stjórnmálalegrar áhættu. Það hugtak er lítt þekkt í íslensku lagamáli en með því er átt við það sem á ensku er nefnt „political risk“. Með því er einungis átt við þá áhættu sem felst í alvarlegum pólitískum aðgerðum, svo sem ólögmætum aðgerðum sem leiða til eignaupptöku, gjaldeyrishamla eða brota stjórnvalda á samningsskuldbindingum, eða átökum, svo sem stríði eða byltingum, sem skaða fjárfestingu erlendis eða búnað sem fluttur hefur verið þangað í tengslum við fjárfestingarverkefni. Loks er í d-lið lagt til, til samræmis við ábendingar frá Seðlabanka Íslands, að inn í lögin verði tekið ákvæði um að framkvæmdastjóri sjóðsins fari með daglegan rekstur tryggingardeildar útflutningslána.
4. Lögð er til leiðrétting á tilvísun í ákvæði til bráðabirgða.

Í greinargerð með frumvarpinu, á bls. 7, er rætt um að hlutverk sjóðsins í fjárfestingarverkefnum muni aðallega snúa að útvegun fjármagns til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða. Þar segir enn fremur að sjóðnum sé einnig ætlað að styðja við vöruþróunar- og kynningarverkefni, svo og forathuganir og hagkvæmnisathuganir, en það fellur nær því sem nefnt hefur verið þróunarfjármagn eða byrjunarfjármagn. Meiri hlutinn er ekki sammála þessum áherslum í fyrirhugaðri starfsemi sjóðsins og telur að nauðsynlegt sé að beina verkefnum hins nýja sjóðs inn á þau svið áhættufjármögnunar sem síst hefur verið sinnt hingað til, þ.e. fyrri stig áhættufjármögnunar eins og þróunar- og byrjunarverkefni. Styðst meiri hlutinn í þessu efni við álit margra viðmælenda nefndarinnar.

Alþingi, 14. apríl 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Einar Oddur Kristjánsson.

Sólveig Pétursdóttir. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

943. Breytingartillögur [407. mál]

við frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, EOK, SP, GMS).

1. Við 2. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Í starfsemi sinni er sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað fjárhæðarinnar „3.000 millj. kr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 4.000 millj. kr.
   b. Við 2. mgr. bætist fjórir málsliðir, svohljóðandi: Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárins og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. Útboðnar einingar skulu leystar upp 7–10 árum eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. á ekki við um ráðstöfun fjár samkvæmt þessari málsgrein.
3. Við 11. gr.
   a. Í stað orðsins „ábyrgðartryggingar“ í 3. tölul. 2. mgr. komi: ábyrgðir.
   b. Við 4. tölul. 2. mgr. bætist: vegna stjórnmálalegrar áhættu.
   c. Við 5. tölul. 2. mgr. bætist: vegna stjórnmálalegrar áhættu.
   d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur deildarinnar.
4. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðsins „grein“ í 2. málsl. 5. mgr. komi: málsgrein.

944. Svar [472. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Ráðuneytið óskaði eftir því við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands að það tæki saman svör við þeim spurningum sem varpað er fram í fyrirspurninni og byggist svar ráðuneytisins alfarið á upplýsingum er stjórn félagsins hefur látið í té. Af hálfu ráðuneytisins er talið rétt að fram komi að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er ekki stofnun í eigu ríkisins þótt um það gildi sérlög, nr. 68/1994. Þá fer viðskiptaráðherra ekki með yfirstjórn félagsins, sbr. 9. gr. laganna.

1. *Hver á sameignarsjóð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands? — Svar um eignarhluti (%) óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.*

Í 5. gr. laga nr. 68/1994, um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, er kveðið á um það hverjir eru sameigendur félagsins, en þar á meðal er Sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins. Eignarréttindi einstaklinga falla til sameignarsjóðsins við andlát og sameignarréttindi lögaðila falla til sjóðsins þegar þeir eru ekki lengur skráðir sem lögaðilar. Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi, sbr. 6. gr. laganna.

Komi til slita á eignarhaldsfélaginu, sbr. 16. gr. laganna, og annað félag tekur ekki við hlutverki þess, skal hrein eign sameignarsjóðsins renna til þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að fulltrúaráði félagsins í hlutfalli við brunatryggingaiðgjöld fasteigna samkvæmt samningum sveitarfélaganna á vátryggingarárinu 15. október 1992 til 14. október 1993. Í fylgiskjali I er skrá um hlutfallslega skiptingu iðgjaldanna á sveitarfélög.

2. *Hvað hefur sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins BÍ vaxið mikið á hverju ári frá stofnun vegna*
   a. ávöxtunar,
   b. andláts einstaklinga og slits lögaðila?

Sameignarsjóðurinn er tiltekið hlutfall af eigin fé eignarhaldsfélagsins á hverjum tíma og er ávöxtunin því hlutfall af árlegri rekstrarafkomu félagsins. Hlutdeild sjóðsins í eigin fé félagsins breytist hins vegar við andlát sameigenda eða vegna þess að lögaðilar falla af fyrirtækjaskrá. Þannig var sameignarsjóðurinn 7,24% í árslok 1994, 9,15% í árslok 1995 og 11,22% í árslok 1996.

Í fylgiskjali II er frekari greining á breytingu á sameignarsjóðnum á árunum 1994 og 1995, en endanlegt uppgjör fyrir árið 1996 liggur enn ekki fyrir.

Hækkun á hlutfalli sjóðsins í eigin fé á hverju ári svarar til þeirra sameignarréttinda einstaklinga og lögaðila sem fallið hafa til sjóðsins samkvæmt 15. gr. laga um eignarhaldsfélagið.

3. *Hvert er eigið fé sameignarsjóðs Eignarhaldsfélagsins BÍ um hver áramót frá stofnun?*

Eins og áður segir er sameignarsjóðurinn tiltekið hlutfall af eigin fé eignarhaldsfélagsins á hverjum tíma. Bókfært eigið fé eignarhaldsfélagsins nam 392,9 millj. kr. í árslok 1994 og 514,1 millj. kr. í árslok 1995, en ársreikningur félagsins fyrir árið 1996 liggur ekki fyrir. Þess skal getið að hlutir félagsins í Vátryggingafélagi Íslands hf. og Líftryggingafélagi Íslands hf. voru bókfærðir á 648,8 millj. kr. í árslok 1995.

4. *Hvert er eigið fé Eignarhaldsfélagsins BÍ um síðustu áramót?*

Sjá svar við 3. lið.

5. *Hverjir eru eigendur Eignarhaldsfélagsins BÍ? — Svar um fjölda og eignarhluta (%) óskast sundurgreint eftir sveitarfélögum.*

Sameigendur félagsins eru einstaklingar og lögaðilar auk sveitarfélaga sem voru í viðskiptum hjá Brunabótafélagi Íslands. Fjöldi og sameignarhlutföll skiptast þannig:

	Fjöldi	%
Sameigendur í kaupstöðum	50.543	76,5952
Sameigendur í hreppsfélögum	8.776	12,1852
Sameigendur alls	59.319	88,7804
Hlutur sameignarsjóðsins		11,2196
Samtals	**59.319**	**100**

Eignarréttindi sameigenda félagsins eru óvirk nema til slita félagsins komi og telur stjórn félagsins ekki efni til að birta frekari greiningu á hinum óvirku eignarréttindum.

6. Hafa eigendur fengið greiddan arð? Hvernig og hvenær geta þeir nálgast eign sína?

Sameigendur hafa ekki fengið greiddan arð úr félaginu en þeir fá greiddan eignarhlut sinn komi til slita á félaginu eins og fram hefur komið.

Fylgiskjal I.

Sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

Hlutdeild sveitarfélaga er samkvæmt reglum fyrir Sameignarsjóðinn sem fulltrúaráð EBÍ setti í samræmi við ákvæði laga nr. 68/1994. Samkvæmt nefndum reglum er hlutdeildin miðuð við brunatryggingariðgjöld fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi við endurnýjun 15. október 1992 til 14. október 1993.

1.	6000 Akureyri	10,837%	29.	5604 Blönduós	0,951%
2.	1000 Kópavogur	8,696%	30.	6200 Ólafsfjörður	0,863%
3.	2200 Reykjanesbær	7,101%	31.	3709 Eyrarsveit	0,838%
4.	4000 Ísafjörður	4,820%	32.	7609 Reyðarfjarðarhreppur	0,781%
5.	8000 Vestmannaeyjar	4,013%	33.	7611 Búðahreppur (Fáskrúðsfjörður)	0,766%
6.	3000 Akranes	3,465%	34.	8607 Rangárvallarhreppur	0,744%
7.	1300 Garðabær	3,384%	35.	5609 Höfðahreppur	0,730%
8.	8100 Selfoss	2,576%	36.	3811 Dalabyggð	0,716%
9.	2300 Grindavík	2,305%	37.	2504 Gerðahreppur	0,675%
10.	3714 Snæfellsbær	2,245%	38.	8508 Mýrdalshreppur	0,669%
11.	5100 Sauðárkrókur	2,227%	39.	6705 Raufarhafnarhreppur	0,639%
12.	1604 Mosfellsbær	2,165%	40.	8710 Hrunamannahreppur	0,621%
13.	2503 Miðneshreppur	2,093%	41.	3502 Skilmannahreppur	0,597%
14.	7100 Neskaupstaður	1,821%	42.	5504 Hvammstangahreppur	0,549%
15.	6100 Húsavík	1,696%	43.	1605 Kjalarneshreppur	0,519%
16.	7000 Seyðisfjörður	1,653%	44.	8509 Skaftárhreppur	0,513%
17.	5000 Siglufjörður	1,604%	45.	4803 Súðavíkurhreppur	0,469%
18.	8717 Ölfushreppur	1,585%	46.	8703 Eyjarbakkahreppur	0,460%
19.	7707 Hornafjörður	1,566%	47.	2506 Vatnsleysustrandarhreppur	0,436%
20.	1100 Seltjarnarnes	1,556%	48.	8709 Gnúpverjahreppur	0,424%
21.	4607 Vesturbyggð	1,451%	49.	3501 Hvalfjarðarstrandarhreppur	0,408%
22.	3609 Borgarbyggð	1,354%	50.	4904 Hólmavíkurhreppur	0,394%
23.	3711 Stykkishólmur	1,299%	51.	8702 Stokkseyrarhreppur	0,379%
24.	7603 Egilsstaðir	1,224%	52.	4604 Tálknafjarðarhreppur	0,372%
25.	8716 Hveragerði	1,187%	53.	6505 Árskógshreppur	0,367%
26.	4100 Bolungarvík	1,108%	54.	6601 Svalbarðsstrandarhreppur	0,361%
27.	7200 Eskifjörður	1,099%	55.	7613 Breiðdalshreppur	0,358%
28.	6300 Dalvík	1,093%	56.	5710 Hofshreppur	0,350%

57.	6504	Hríseyjarhreppur	0,343%	85.	5603 Torfalækjarhreppur	0,097%
58.	6602	Grýtubakkahreppur	0,342%	86.	5606 Bólstaðarhlíðarhreppur	0,070%
59.	7612	Stöðvarhreppur	0,336%	87.	7508 Hjaltastaðahreppur	0,069%
60.	4502	Reykhólahreppur	0,322%	88.	7601 Skriðdalshreppur	0,068%
61.	7506	Fellahreppur	0,303%	89.	3503 Innri-Akraneshreppur	0,068%
62.	5704	Seyluhreppur	0,252%	90.	5702 Skarðshreppur	0,065%
63.	8612	Holta- og Landssveit	0,250%	91.	4909 Broddaneshreppur	0,064%
64.	1603	Bessastaðahreppur	0,236%	92.	7504 Jökuldalshreppur	0,060%
65.	5715	Fljótahreppur	0,227%	93.	3601 Hvítársíðuhreppur	0,059%
66.	6502	Svarfaðardalshreppur	0,224%	94.	7507 Tunguhreppur	0,058%
67.	5705	Lýtingsstaðahreppur	0,201%	95.	5607 Engihlíðarhreppur	0,058%
68.	1606	Kjósarhreppur	0,194%	96.	3710 Helgafellssveit	0,057%
69.	7602	Vallahreppur	0,194%	97.	5506 Þveráhreppur	0,056%
70.	7509	Borgarfjarðarhreppur	0,177%	98.	5601 Áshreppur	0,055%
71.	3713	Eyjar- og Miklaholtshreppur	0,168%	99.	3602 Þverárhlíðarhreppur	0,053%
72.	4908	Bæjarhreppur	0,168%	100.	5608 Vindhælishreppur	0,049%
73.	7501	Skeggjastaðarhreppur	0,160%	101.	7701 Bæjarhreppur	0,042%
74.	5501	Staðarhreppur	0,149%	102.	7505 Fljótsdalshreppur	0,041%
75.	6506	Arnarneshreppur	0,143%	103.	6611 Tjörneshreppur	0,040%
76.	6501	Grímseyjarhreppur	0,142%	104.	7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur	0,039%
77.	3504	Leirár- og Melahreppur	0,141%	105.	5502 Fremri-Torfustaðahreppur	0,038%
78.	7503	Hlíðarhreppur	0,133%	106.	3712 Skógarstrandarhreppur	0,035%
79.	3509	Hálsahreppur	0,125%	107.	5701 Skefilsstaðahreppur	0,034%
80.	8604	Vestur-Landeyjahreppur	0,116%	108.	5610 Skagahreppur	0,033%
81.	4901	Árneshreppur	0,109%	109.	4905 Kirkjubólshreppur	0,029%
82.	7604	Eiðahreppur	0,108%	110.	7605 Mjóafjarðarhreppur	0,026%
83.	8601	Austur-Eyjafjallahreppur	0,106%		Samtals	100,00%
84.	3809	Saurbæjarhreppur	0,103%			

Fylgiskjal II.

Breyting á eigin fé Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands og Sameignarsjóðs félagsins.

	Eigið fé samtals	Sameignarsjóður þar af	Sameignarsjóður %
1994			
Eigið fé í ársbyrjun 1994	366.379.237	23.283.393	6,3549979
Endurmatsfærslur 1994	13.786.026	876.102	6,3549979
Hagnaður ársins 1994	18.263.097	1.160.619	6,3549979
Tilfærsla í sameignarsjóð á árinu		3.522.555	0,8841125
Eigið fé í árslok 1994	398.428.360	28.842.669	7,2391104
1995			
Endurmatsfærslur	7.938.162	574.652	7,2391104
Hagnaður ársins 1995	107.767.017	7.801.373	7,2391104
Tilfærsla í sameignarsjóð á árinu		9.810.133	1,9080904
Eigið fé í árslok 1995	514.133.539	47.028.827	9,1472008

945. Frumvarp til laga [572. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sturla Böðvarsson, Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson, Tómas Ingi Olrich, Árni R. Árnason.

1. gr.

Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Frá tekjum skv. 2. mgr. A-liðar 7. gr. sem aflað er við rannsókna- eða þróunarverkefni að fjárhæð allt að 500.000 kr. Skilyrði þess að skattstjóri veiti slíka undanþágu er að umsögn liggi fyrir um verkefnið frá Rannsóknarráði Íslands sem hafi staðfest það sem rannsókna- og þróunarverkefni og skráð sem slíkt. Fjármálaráðherra skal setja reglur um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er orðast svo: Jafnháa fjárhæð og færð hefur verið til gjalda sem rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. við rannsókna- og þróunarverkefni samkvæmt nánari skilyrðum sem fjármálaráðherra setur í reglugerð. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

3. gr.

Við 2. mgr. 31. gr. A bætist nýr stafliður, c-liður, sem orðast svo: Jafnháa fjárhæð og árlega er færð skv. b-lið þessarar málsgreinar, enda sé um að ræða kostnað fyrirtækis við öflun einkaleyfis eða hönnunarverndar til að hagnýta þekkingu sem rekstraraðili hefur sjálfur aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi á eigin vegum eða í samvinnu við rannsóknastofnanir. Frádráttur þessi skal einungis heimill fyrir verkefnabundna rannsókna- og þróunarstarfsemi sem Rannsóknarráð Íslands hefur staðfest.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 120. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju.

Framfarir og framþróun í atvinnulífinu byggjast að verulegu leyti á rannsóknum. Mörg dæmi eru um mikinn kostnað við rannsóknir og þróun sem fyrirtæki og einstaklingar hafa þurft að leggja í til að hefja starfsemi eða þróa starfsemi sína. Fleiri dæmi eru eflaust um að rannsóknir hafi ekki farið fram áður en fjárfest var í búnaði, tækjum og byggingum sem engan arð báru en koma hefði mátt í veg fyrir með rannsóknum. Slík tilvik hafa kostað þjóðarbúið mikið.

Það er því skoðun flutningsmanna að hvetja eigi til rannsókna og hvers konar þróunarstarfa. Það leiði til framfara, auki hagsæld og skili sér til ríkissjóðs með tekjum af öflugra atvinnulífi. Rannsóknaverkefni af ýmsu tagi eru atvinnulífinu afar mikilvæg og brýn. Sé litið til nýrrar aldar er augljóst að auka verður þann þátt. Því er mikilvægt að fyrirtæki fái hvatningu eins og hér er gert ráð fyrir til að efla rannsóknir á öllum svið-

um. Þar með yrðu rannsóknir hagnýtari þar sem þær miðuðust við þarfir atvinnulífsins.

Sú kenning er viðurkennd að vöxtur atvinnulífsins á komandi árum felist í uppbyggingu smárra fyrirtækja. Lítil fyrirtæki hafa ekki burði til að sinna miklum rannsóknum eða þróun en með hvatningu eins og þeirri sem frumvarpið gerir ráð fyrir gætu þau sinnt slíkri starfsemi í samstarfi við stærri fyrirtæki, auk þess sem svigrúm og möguleikar þeirra til þess að stunda rannsóknir og þróun á eigin vegum ykjust. Það er mat flutningsmanna að samþykkt frumvarpsins muni auka rannsókna- og þróunarstarf í smærri fyrirtækjum, svo og þátttöku stærri fyrirtækja í því starfi.

Markmið.

Það hefur lengi verið markmið að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna. Með stofnun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknarráðs Íslands var stigið mikilvægt skref í þá átt og hefur það sýnt sig að þátttaka fyrirtækja í rannsóknum hefur aukist. Markmiðið með frumvarpi þessu er að auka hlut fyrirtækja í fjármögnun og framkvæmd rannsókna enn frekar. Enn fremur að auðvelda öflun einkaleyfa og hlutafjár á vegum eigenda fyrirtækja með vinnuframlagi við viðurkenndar rannsóknir og þróunarstörf. Það mun síðan draga úr þörf fyrir sérstakar aðgerðir af hálfu hins opinbera.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir tilfellum þar sem einstaklingar taka þátt í þróunar- og rannsóknaverkefnum. Til slíkra verkefna teljast t.d. öflun verkefna erlendis sem í mörgum tilfellum skila ekki arði fyrr en eftir langan tíma. Einnig er um að ræða verkefni sem lítil einstaklingsfyrirtæki vinna að, t.d. þróun nýrrar framleiðsluvöru þar sem langur tími líður þar til hún skilar arði. Oft á tíðum byggist verðmætasköpunin í slíkum verkefnum á mikilli og fórnfúsri vinnu þeirra einstaklinga sem leggja sitt vinnuframlag til viðkomandi verkefnis. Ekki er hægt að sýna vinnuframlag í bókhaldi því að þá þarf að greiða tekjuskatt af því. Þetta leiðir til þess að verðlagning á verkefninu verður röng og oft heftir það framgang verkefnanna. Enn fremur er hægt að nefna dæmi um verkefnaöflun erlendis þar sem gerðir hafa verið samningar um kostnaðarþátttöku innlenda aðilans sem í mörgum tilfellum er vinnuframlag. Í mörgum tilfellum verður slík kostnaðarþátttaka erfiðari, sérstaklega hjá minni fyrirtækjum, því að greiða þarf tekjuskatt af vinnuframlaginu.

Ákvæðið miðast við að heimilt verði að sækja um lækkun á tekjuskattsstofni þeirra einstaklinga, sem leggja fram vinnu í rannsókna- og þróunarverkefni, um 500.000 kr., þar til ljóst verður hvort verkefnið skilar arði eða ekki. Fá verður viðurkenningu Rannsóknarráðs á því að verkefnið teljist rannsókna- og þróunarverkefni og veitir skattstjóri síðan heimild. Fjárhæðin er óveruleg miðað við þá vinnu sem venjulega er lögð í rannsókna- og þróunarverkefni og verður í flestum tilvikum aðeins lítill hluti heildarkostnaðar vegna vinnu.

Um 2. gr.

Lagt er til að fyrirtæki sem stunda markvisst rannsókna- og þróunarstarf fái heimild til að gjaldfæra tvöfaldan þann kostnað sem þau hafa lagt í þróun eða rannsóknir. Þetta er beinlínis gert til að lækka skattskyldar tekjur viðkomandi fyrirtækja og hvetja fyrirtæki til þess að leggja fjármuni í rannsókna- og þróunarstörf.

Erfitt er að meta áhrif heimildarákvæða 2. gr. frumvarpsins. Hægt er þó að benda á þrjú atriði:

— Með því að lækka skattstofn fyrirtækja mun afkoma þeirra batna.
— Áhrif möguleika fyrirtækjanna til þess að ráða meira um eigin framtíð án þess að þurfa að hætta öllu til eða takmarka getu sína við að bregðast við breyttum ytri aðstæðum sem áhrif hafa á reksturinn.
— Líkur á auknum framlögum fyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfsemi.

Dæmi um áhrif frumvarpsins á afkomu fyrirtækja.

Bein áhrif á afkomu fyrirtækis:	*Án álags* %	*Með 100% álagi* %
Heildartekjur	100	100
Rekstrarhagnaður af rannsókna- og þróunarverkefni	20	20
Eigið framlag til rannsókna- og þróunarverkefna	–5	–5
Ívilnun fyrir framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi	0	–5
Stofn til tekjuskatts	15	10
Tekjuskattur (33%)	–4,95	–3,30
Hagnaður fyrir breytingar á eigin fé	10,05	6,75
Leiðrétting vegna rannsókna- og þróunarálags	0	5
Eigið fé til næsta árs	**10,05**	**11,75**

Í dæminu breytist afkoma fyrirtækisins lítið þrátt fyrir verulega hækkun á rannsókna- og þróunarframlagi fyrirtækisins. Hins vegar geta stjórnendur fyrirtækisins hlutast mun meira til um framtíð þess með ákvörðunum um þátttöku í rannsókna- og þróunarstarfi. Jafnframt er haldið opnum möguleikum fyrirtækisins til umsvifa sem eru í reynd mun meiri en ef heimildin væri ekki til staðar. Með þessari heimild geta stjórnendur haft meiri áhrif á rekstrargrundvöll eigin fyrirtækis.

Ekki verður með neinni vissu spáð fyrir um aukin framlög fyrirtækjanna til rannsókna- og þróunarstarfsemi ef sú heimild sem hér um ræðir verður lögfest. Þó má leiða líkur að því að aukningin verði nokkur og liggja til þess nokkrar ástæður.

Með því að takmarka réttinn til að nota heimildina við þau fyrirtæki sem verja umtalsverðum fjármunum til rannsókna- og þróunarstarfsemi er verið að skapa rýmri skilyrði til slíkra verka hjá fyrirtækjum þar sem skilningur ríkir á mikilvægi rannsókna- og þróunarstarfs og á tækifærunum sem í því felast.

Einnig er vert að benda á að rýmri möguleikar fyrirtækjanna til þess að fjárfesta í rannsókna- og þróunarstarfsemi sem skattaívilnun skapar ættu að geta leitt til þess að rannsóknaverkefnin verði umfangsmeiri og um leið markvissari. Því meira sem fyrirtækin leggja til einstakra verkefna þeim mun meira er í húfi að vel takist til. Þannig ætti að fást aukin trygging fyrir markvissri stjórnun verkefnanna.

Geta fyrirtækjanna við núverandi aðstæður til þess að verja tiltölulega háum fjárhæðum til rannsókna- og þróunarverkefna takmarkar líklega í nokkrum mæli viðleitni til að stytta úrlausnartíma verkefnanna. Dæmi eru um að of langur tími líði uns niðurstöður rannsóknaverkefna liggja fyrir sem leiðir til þess að tækifæri renna úr greipum fyrirtækja. Með samþykkt frumvarpsins ætti að fást nokkur úrlausn í þessu efni. Þetta atriði, sem og þau sem á undan voru talin, ræðst mest af þeim ákvörðunum sem stjórnendur fyrirtækjanna taka.

Í greininni er gert ráð fyrir að skattstjóri úrskurði um heimild til frádráttar, að fenginni umsókn fyrirtækisins, en hún skal staðfest af löggiltum endurskoðanda fyrirtækisins. Það hvílir á herðum endurskoðandans að fylgja reglum um hvað telst rannsókna- og þróunarkostnaður samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett yrði samkvæmt þessari grein.

Þeim sem nýta sér heimildina er skylt að halda sérstakt bókhald fyrir rannsókna- og þróunarverkefnin sem fyrirtækið tekur þátt í. Í álitamálum skal skattstjóri leita umsagnar Rannsóknarráðs um hvort tæknilegt nýnæmi og framvinda verkefnisins sé þannig að fullvíst sé að alvara fylgi málum. Ráðið fær nauðsynlegar upplýsingar beint frá fyrirtækjum sem í hlut eiga.

Í reglugerð skal kveðið á um hvaða kostnaðarliðir heyra til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Við samningu reglugerðarinnar má taka mið af skilgreiningum OECD og Evrópusambandsins svo að samsvörun náist við þá aðstöðu sem fyrirtækjum í samkeppnislöndum okkar er búin. Jafnframt verði höfð hliðsjón af alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 9, en hann fjallar um reikningsskil fyrir rannsókna- og þróunarstarfsemi. Í reglugerð skal fylgt þeirri meginreglu að einungis verði meðtalinn kostnaður lögaðila sem beinlínis verður rakinn til verkefnisins sem sótt er um heimild fyrir. Stofnkostnaður lýtur öðrum reglum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er heimilt að reikna sem eigin framlög styrki sem opinberir sjóðir veita til verkefnanna.

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er verið að tryggja hagsmuni íslenskra fyrirtækja vegna tæknipekkingar sem þau hafa lagt í kostnað við og aflað með rannsókna- og þróunarstarfsemi sem annaðhvort hefur verið stunduð hjá þeim sjálfum eða í vísindastofnunum, samkvæmt samningum, hvort sem um er að ræða háskólastofnanir eða aðrar. Það er mikilvægt að hvetja og styðja nýsköpunarverkefni fyrirtækjanna um leið og tryggja verður að ávinningur af rannsókna- og þróunarstarfinu hafni hjá þeim sem borið hafa kostnaðinn. Þetta ákvæði má skoða sem aukinn opinberan stuðning við rannsókna- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna í landinu.

Ekki þykir annað fært en að bæði einkaleyfishæfar uppfinningar og vörur sem þróaðar hafa verið og njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/1993, um hönnunarvernd, falli undir þetta ákvæði.

Gera má ráð fyrir að útlagður kostnaður fyrirtækis fram að veitingu einkaleyfis hér á landi gæti verið 200 þús. kr. Sótt er um 20–30 einkaleyfi á ári og má gera ráð fyrir að fjórða hver umsókn endi með veitingu einkaleyfis sem bundið er við Ísland. Sé gert ráð fyrir að meðalkostnaður við öflun einkaleyfis í öðrum löndum sé 250 þús. kr. og sótt sé um einkaleyfi fyrir veitt íslensk einkaleyfi í átta löndum er kostnaðurinn um 10 millj. kr. Bókfært 100% álag nemur þá tvöfaldri þeirri upphæð og tekjuminnkun hins opinbera því 5 millj. kr. frá því sem nú er. Hér er um óverulega upphæð að ræða en kostnaður fyrirtækjanna af því að sleppa einkaleyfisumsóknum getur hins vegar verið verulegur, einkum ef haft er í huga að í rannsókna- og þróunarstarfinu hefur fyrirtæki með stuðningi opinberra aðila, háskóla, rannsóknastofnana og sjóða einatt varið tugum milljóna króna í verkefnið. Mikilvægt er að tryggja frekari árangur af rannsókna- og þróunarstarfi með því að hvetja fyrirtæki til að afla einkaleyfis- og hönnunarverndar að því loknu.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

946. Fyrirspurn [573. mál]

til fjármálaráðherra um skattalega meðferð lífeyris og bóta almannatrygginga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Er af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrirhugað að breyta skattalegri meðferð og tekjutengingu lífeyris til hagsbóta fyrir þá lífeyrisþega sem verst eru settir?
2. Áformar ríkisstjórnin að breyta skattalegri meðferð og tekjutengingu bóta almannatrygginga til hagsbóta fyrir þá bótaþega sem verst eru settir?

947. Fyrirspurn [574. mál]

til menntamálaráðherra um málskot úrskurða stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna til menntamálaráðuneytisins.

Frá Bryndísi Hlöðversdóttur.

1. Hversu mörgum úrskurðum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið skotið til ráðuneytisins frá því að lög nr. 21/1992 tóku gildi?
2. Í hversu mörgum tilvikum hefur ráðuneytið lagt efnislegt mat á ákvörðun stjórnar LÍN?
3. Um hvaða mál er þar að ræða og hvenær kvað ráðuneytið upp úrskurð sinn?
4. Í hve mörgum tilvikum á þessu tímabili hefur ráðuneytið breytt efnislega niðurstöðu stjórnar LÍN?
5. Hvenær voru þeir úrskurðir kveðnir upp?
6. Hve lengi hefur sú framkvæmd tíðkast, sem vitnað er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, að ekki sé unnt að skjóta úrskurðum stjórnar LÍN til æðra stjórnvalds?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (531. mál, þskj. nr. 885) sem nú liggur fyrir Alþingi er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna að ekki verði lengur heimilt að skjóta úrskurðum stjórnar LÍN til æðra stjórnvalds. Núgildandi lög koma ekki í veg fyrir málskot en í athugasemdum með frumvarpinu segir að um þetta hafi ríkt venja sem nú er lagt til að verði lögfest. Með fyrirspurn þessari er leitað eftir frekari skýringum á því hvenær umrædd stjórnsýsluvenja hafi tekið að myndast enda er verið að leggja það til með umræddu frumvarpi að námsmenn séu sviptir þeim sjálfsögðu borgaralegu réttindum að geta skotið úrskurði lægra setts stjórnvalds til æðra stjórnvalds.

948. Fyrirspurn [575. mál]

til menntamálaráðherra um vanda lesblindra.

Frá Svavari Gestssyni.

1. Hverjar telur ráðherra vera skyldur menntamálaráðuneytisins við greiningu á lesblindu í
   a. leikskólum,
   b. grunnskólum,
   c. framhaldsskólum,
   d. öðrum skólum?
2. Hverjar telur ráðherra vera skyldur menntamálaráðuneytisins við að tryggja að komið verði til móts við þarfir lesblindra í
   a. leikskólum,
   b. grunnskólum,
   c. framhaldsskólum,
   d. háskólum?
3. Hefur menntamálaráðuneytið einhverjar aðgerðir í undirbúningi vegna greiningar á lesblindu og skyldum námsörðugleikum og hyggst ráðuneytið beita sér fyrir einhverjum almennum aðgerðum í þágu lesblindra?

949. Fyrirspurn [576. mál]

til félagsmálaráðherra um réttarstöðu flóttamanna sem leita hælis hér á landi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hvenær er fyrirhugað að heildarstefna og skipulag málefna er varða flóttamenn liggi fyrir, í ljósi þess að flóttamannaráð var sett á laggirnar á árinu 1995 og hlutverk þess m.a. að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag málefna er varða móttöku á flóttamönnum?
2. Hefur flóttamannaráði verið falin endurskoðun á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum? Ef svo er, hvenær lýkur því starfi?
3. Telur ráðherra að endurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum sé hluti af mótun heildarstefnu í málefnum flóttamanna sem leita hér hælis?

950. Fyrirspurn [577. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu flóttamanna sem leita hælis hér á landi.

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur.

1. Hefur formleg endurskoðun á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, verið sett í gang?

a. Ef svo er, verður í þeirri endurskoðun miðað við að tryggja réttarvernd þeirra sem leita hér hælis sem flóttamenn eins og hugtakið er skilgreint samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1951 sem Íslendingar hafa fullgilt? Verður tryggt að allir þeir sem leita hér hælis sem flóttamenn fái ráðgjöf, túlk og réttaraðstoð? Verður bann við brottvísun og endursendingu flóttamanna tryggt eins og það er í flóttamannasamningnum? Verður tryggt að synjun á beiðni um hæli verði skifleg og rökstudd og að áfrýjun hennar fresti ákvörðun um synjun landgöngu, brottvísun eða endursendingu?
b. Hvenær er áætlað að endurskoðun laganna ljúki?

2. Kemur flóttamannaráðið að endurskoðun laganna varðandi réttarstöðu flóttamanna?
3. Hversu margir útlendingar komu að landamærum Íslands og báðu um hæli sem flóttamenn á árunum 1990–96 að báðum árum meðtöldum? Hve mörgum var synjað um hæli og þeim vísað brott eða þeir sendir til þess lands sem þeir komu frá? Voru þær ákvarðanir teknar skriflega eða munnlega?

951. Fyrirspurn [578. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um starfsemi hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana árin 1995–97.

Frá Sturlu Böðvarssyni og Árna M. Mathiesen.

1. Hversu mörg rúm eru á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum sem starfrækt eru og njóta framlaga úr ríkissjóði, skipt eftir árum og stofnunum innan kjördæma?
2. Hversu mörg rúm voru ekki nýtt að meðaltali hvert ár á umræddum stofnunum?
3. Hver er kostnaður á hvern legudag að teknu tilliti til nýtingar fyrir hverja stofnun?
4. Hver er talin þörfin fyrir hjúkrunarrúm og dvalarheimili í hverju kjördæmi fyrir sig miðað við íbúafjölda í lok ársins 1996?
5. Hvar eru í byggingu hjúkrunarheimili, langlegudeildir og dvalarheimili? Hversu mörg rúm verða þar?

Áætlun óskast fyrir árið 1997 þar sem ekki liggja fyrir rauntölur.

Skriflegt svar óskast.

952. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu, Sigrúnu Klöru Hannesdóttur, prófessor við Háskóla Íslands, Einar Sigurðsson landsbókavörð, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hrafn Harðarson frá Bókavarðafélagi Íslands, Þorbjörgu Karlsdóttur frá Félagi um almennings- og skólasöfn og Margréti Ásgeirsdóttur frá Félagi bókasafnsfræð-

inga. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Bæjar- og héraðsbókasafninu á Ísafirði, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Félagi bókavarða rannsóknarbókasafna, Félagi bókasafnsfræðinga, Bókasafni Grindavíkur, Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi, Bókavarðafélagi Íslands, Háskóla Íslands, Bókasafni Garðabæjar, Bókasafni Reykjanesbæjar, Félagi um almennings- og skólasöfn, Bókasafni Vestmannaeyja, Bókasafni Seltjarnarness, Bæjarbókasafni Dalvíkur, héraðsnefnd Skagfirðinga, Héraðsbókasafni Austur-Húnavatnssýslu, Héraðsbókasafni Rangæinga, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, Bæjar- og héraðsbókasafninu á Akranesi, Amtsbókasafninu á Akureyri, Þjóðminjasafni Íslands, Rithöfundasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um almenningsbókasöfn sem eru frá árinu 1976. Aðstæður hafa breyst mjög mikið á þessum tíma og er þar helst að telja gífurlegar framfarir í upplýsingatækni sem hafa víðtæk áhrif á starfshætti bókasafna. Einnig hefur sameining sveitarfélaga breytt rekstrargrundvelli almenningsbókasafna. Helstu breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru að flokkun almenningsbókasafna er einfölduð og búið er í haginn fyrir skipulag sem stuðla á að myndun öflugri umdæmissafna, en gert er ráð fyrir að eitt safn í hverju bókasafnsumdæmi gegni hlutverki umdæmissafns og ræki þjónustu við önnur söfn í umdæminu. Þá er lagt til að afnumin verði lagaákvæði um lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna, en mælt fyrir um að framlög skuli ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélags. Þá er í samræmi við ákvæði laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kveðið á um ráðgjafar- og samstarfshlutverk safnsins gagnvart almenningsbókasöfnum. Einnig er fellt niður ákvæði um embætti bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu, en eftir sem áður mun ráðuneytið fara með yfirstjórn og eftirlit með þessum málum. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði næstu fimm árin og er framlaginu ætlað að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet.

Í ábendingum sem nefndinni bárust kom fram að eðlilegt væri að umdæmissöfn fengju allt prentað efni sem gefið væri út af opinberum aðilum. Leggur nefndin til að þetta atriði verði skoðað sérstaklega við endurskoðun laga um skylduskil til safna, en ljóst er að þau þarf að endurskoða. Þá leggur nefndin til að 14. gr. gildi aðeins þar til frumvarp til laga um Bókasafnssjóð höfunda tekur gildi, en í því frumvarpi er fjallað um Bókasafnssjóð höfunda sem ætlað er að taka við af Rithöfundasjóði Íslands. Leggur menntamálanefnd til að frumvörpin verði afgreidd á sama tíma. Miðað er við að frumvarpið um Bókasafnssjóð höfunda taki gildi 1. janúar 1998.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali, en þær eru helstar:

1. Lagt er til að eitt af markmiðum almenningsbókasafna verði að stuðla að símenntun, en í mörgum umsögnum sem nefndinni bárust komu fram ábendingar um að ákvæði þess efnis vantaði inn í 1. gr. frumvarpsins.
2. Lagt er til að sérstök tilvísun í ferðamál verði felld út úr 6. gr., en ekki þykir ástæða til að nefna eina grein atvinnulífsins umfram aðrar í ákvæði þar sem mælt er fyrir um að kappkosta skuli að koma á upplýsingaþjónustu eða deildum við almenningsbókasöfn sem tengist atvinnulífinu.
3. Þá leggur nefndin til að orðin „leitast við að“ í 8. gr. frumvarpsins falli brott, en í greininni er m.a. fjallað um menntunarkröfur sem gerðar eru til starfsfólks almenningsbókasafna. Nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að starfsmenn og for-

stöðumenn almenningsbókasafna hafi lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði, en benda jafnframt á að ekki er alltaf mögulegt að fá fólk með slíka menntun til starfa og því þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki í menntunarkröfum þeim sem settar eru í lög. Þó vill nefndin taka fram að með jafngildu námi er átt við háskólanám í greinum sem eru sambærilegar bókasafns- eða upplýsingafræði, en ekki annars konar nám er veitir BA-gráðu.

4. Einnig leggur nefndin til að tilvísun til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði felld út úr 12. gr., en menntamálaráðuneytið fái þess í stað opna heimild til að fela aðilum utan ráðuneytisins skýrslugerð og úrvinnslu gagna um fjármál og starfsemi almenningsbókasafna. Þessi verkefni hafa hingað til heyrt undir bókafulltrúa þann sem starfað hefur í menntamálaráðuneytinu, en verkefnin þykja þess eðlis að hentugt kynni að vera að fela þau öðrum aðilum og koma þar til greina jafnt opinberar stofnanir og einkaaðilar. Í þessu sambandi hefur einkum verið nefnt að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Hagstofa Íslands eða Þjónustumiðstöð bókasafna kæmu til greina við vinnslu slíkra verkefna, en ekki þykir rétt að nefna einn aðila umfram annan í lögum.

Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.	

953. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir orðunum „að efla íslenska tungu“ í lokamálslið 1. mgr. 1. gr. komi: stuðla að símenntun.
2. Orðin „m.a. ferðamálum“ í 5. mgr. 6. gr. falli brott.
3. Orðin „leitast við að“ í fyrri málslið 2. mgr. 8. gr. falli brott.
4. Í stað orðanna „Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða annarri stofnun“ í síðari málslið 2. mgr. 12. gr. komi: öðrum aðilum.
5. Í stað orðanna „14. gr.“ í lokamálslið ákvæðis til bráðabirgða komi: 13. gr.

954. Nefndarálit [330. mál]

um frv. til l. um Bókasafnssjóð höfunda.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Karítas Gunnarsdóttur frá menntamálaráðuneyti og Gísla Sigurðsson og Hörð Bergmann frá Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Rithöfundasambandi Íslands, Hagþenki, Félagi bókavarða rannsóknarbókasafna, Bókavarðafélagi Íslands, Myndstefi og Félagi bókasafnsfræðinga.

Frumvarpið, sem leysir af hólmi 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, gerir ráð fyrir að árlega verði veitt í fjárlögum ákveðin upphæð í Bókasafnssjóð höfunda sem úthlutað verði samkvæmt lögunum. Tækniframfarir auðvelda það að hægt sé að fylgjast með útlánum bóka. Í frumvarpinu er lögð til sú nýbreytni að ekki einungis rithöfundar fái úthlutað úr sjóðnum heldur fleiri sem eiga höfundaframlag í bók, þar með taldir þýðendur, myndhöfundar, tónskáld o.fl. Gerir frumvarpið ráð fyrir að sjóðnum, sem leysir Rithöfundasjóð Íslands af hólmi, verði skipuð fimm manna stjórn sem úthluti úr sjóðnum. Skipta á framlaginu í tvennt, annars vegar verði um að ræða styrki til höfunda og hins vegar úthlutanir til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka. Telur menntamálanefnd mikilvægt að við úthlutun styrkja verði rétthöfum gert jafnhátt undir höfði.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á gildistökuákvæði frumvarpsins þar sem nefndin leggur til að frumvarp til laga um almenningsbókasöfn verði afgreitt samhliða frumvarpi þessu. Gert er ráð fyrir að ný lög um almenningsbókasöfn taki gildi 1. ágúst 1997, en lög um Bókasafnssjóð höfunda ekki fyrr en 1. janúar 1998. Þar til síðarnefndu lögin taka gildi er gert ráð fyrir að 14. gr. laga um almenningsbókasöfn gildi um Rithöfundasjóð Íslands.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. málsl. 7. gr. orðist svo: Um leið fellur úr gildi 14. gr. laga um almenningsbókasöfn.

Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

955. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein, Hörð Lárusson og Hrólf Kjartansson frá menntamálaráðuneyti.

Frumvarpið miðar að því að greiða fyrir framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, miðað við reynslu síðustu ára. Samkvæmt núgildandi lögum þarf að leita samþykkis Alþingis í hvert sinn sem viðaukum tilskipananna er breytt, en eðlilegra er talið að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu almenna heimild til að hrinda viðaukunum í framkvæmd. Þannig verði það skýrt tekið fram í lögunum að þau taki til allra breytinga sem kunna að verða gerðar á upptalningu starfa sem falla undir viðauka við tilskipanir 89/48EBE og 92/51/EBE. Nær frumvarpið ekki til breytinga sem hugsanlega verða gerðar á þeim meginreglum sem gilda um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum heldur eingöngu til breytinga á viðaukum við tilskipanirnar varðandi flokkun á starfsheitum.

Við lögfestingu EES-samningsins var talið mikilvægt að tryggja sem allra best lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku Alþingis í setningu þeirra EES-reglna sem gilda eiga hérlendis. Í því skyni setti forsætisnefnd reglur í febrúar 1994 um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi. Er þar kveðið á um hlutverk utanríkisráðuneytisins, utanríkismálanefndar og annarra fastanefnda Alþingis í samráðsferli um EES-mál. Menntamálanefnd telur mikilvægt að samráðsvettvangur Alþingis og Stjórnarráðsins sé nýttur til að gera rækilega grein fyrir breytingum sem fyrirhugaðar eru á viðaukum, meðan þær eru á vinnslustigi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. apríl 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Sigríður Jóhannesdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

956. Svar [498. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Sivjar Friðleifsdóttur um heilbrigðisþjónustu við áfengis-, vímuefna- og reykingasjúklinga.

1. *Hversu mörg meðferðarrými á stofnunum voru ætluð áfengis- og vímuefnaneytendum annars vegar og þeim sem þjáðust af sjúkdómum af völdum reykinga hins vegar árin 1995–96?*

Samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu og einstökum stofnunum var fjöldi meðferðarrýma og vistrýma fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga á árunum 1995–96 sem hér segir:

	1995	1996
Landspítali	61*	53
Stofnanir SÁÁ	120	120
Vistheimilið Víðines	67	67
Vistheimilið Hlaðgerðarkot	25	25
Krýsuvík	10	12
Áfangaheimili:		
— Skjöldur	24	24
— Risið	25	25
— Þrepið	12	12
— Takmarkið	18	18
— Krossgötur	6	6
— SÁÁ	16	16
— Vernd	18	18
— Dyngjan	20	20
— Hafnarfjörður	9	9
— Fjóla	9	9
Samtals	**440**	**434**

* 1. september 1995 var Vífilsstaðadeildinni breytt í dagdeild og hún flutt á Flókagötu 29 og 31.

Erfitt er að draga skörp skil á milli meðferðarrýma og vistrýma fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Ljóst er að hin eiginlegu meðferðarrými er aðallega að finna á Vogi, sjúkrastöð SÁÁ og innan vébanda Landspítalans. Vistheimilið Víðines og Vistheimilið Hlaðgerðarkot eru hins vegar, eins og nöfnin segja til um, fyrst og fremst vistunarstofnanir.

Í Krýsuvík eru vistaðir að jafnaði 10–15 sjúklingar sem flestir eru í langtímameðferð.

Áfangaheimilin taka oftast við sjúklingum eftir eiginlega meðferð og eru um leið áfangi og eftirmeðferðarstaður fyrir þá sem eru á leið út í þjóðfélagið á ný.

Hlutur göngudeilda fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Samt sem áður er langt í land með að þessum sjúklingahópum sé sinnt í jafnmiklum mæli á göngudeildum og gert er í nágrannalöndum okkar. Samanburðartölur sýna jafnframt að hlutfall meðferðarrýma fyrir áfengissjúklinga er mun hærra á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Hins vegar er allur samanburður mjög erfiður því að til dæmis í Danmörku er algengara en hér að áfengissjúklingar fái líka meðferð á almennum sjúkrahúsum.

Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ eru um 80% áfengis- og vímuefnasjúklinga sem eru til meðferðar á stofnunum samtakanna haldnir tóbaksfíkn.

Að frumkvæði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins tók Heilsustofnun NLFÍ á árinu 1996 upp vikunámskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Þetta eru í raun og veru fyrstu meðferðarrýmin fyrir reykingasjúklinga hér á landi. Námskeiðin hófust vorið 1996 og hafa þegar verið haldin tíu námskeið. Þátttakendur í hverju námskeiði eru á bilinu 12–15. Að mati forsvarsmanna stofnunarinnar virðist sem árangurinn hafi farið fram úr björtustu vonum. Ljóst er hins vegar að ekki er unnt að leggja mat á raunverulegan árangur fyrr en að 1–2 árum liðnum.

Á öðrum stofnunum eru hins vegar ákveðin rými fyrir sjúklinga sem þjást af sjúkdómum af völdum reykinga. Ef þau eru öll talin saman og þeim bætt við rýmin í Hverageröi má gera ráð fyrir að meðferðarrými fyrir þá sem þjáðust af sjúkdómum af völdum reykinga eða vildu hætta að reykja hafi verið sem hér segir á árinu 1996:

	Meðferðarrými
Heilsustofnun NLFÍ	12
Vífilsstaðir	15
Reykjalundur	24
Landspítali	5
Sjúkrahús Reykjavíkur	5
Samtals	**61**

Um lágmarkstölur er að ræða eins og fram kemur hér á eftir.

Á lungnadeild Vífilsstaða eru 30 meðferðarrými og er enginn ákveðinn fjöldi rúma ætlaður sjúklingum sem þjást af sjúkdómum vegna reykinga. Lauslega áætlað mun um helmingur þeirra sjúklinga sem lagðir eru inn á deildina þjást af sjúkdómum vegna reykinga.

Á Reykjalundi eru 25 rými á lungnadeild. Þar eru árlega meðhöndlaðir um 200 sjúklingar og er talið að um 95% þeirra þjáist af sjúkdómum vegna reykinga. Athuganir sýna að 60–70% þeirra sem koma til meðferðar á lungnadeild stofnunarinnar hætta að reykja.

Á Landspítalanum eru að jafnaði tíu rými á lyflækningadeild fyrir lungnasjúkdóma. Um helmingur þeirra er notaður fyrir sjúklinga sem þjást af sjúkdómum sem rekja má til reykinga. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru sömuleiðis tíu rými fyrir lungnasjúkdóma og þar af fimm rými fyrir reykingasjúklinga.

Bent skal á að á flestum sjúkrastofnunum landsins vistast sjúklingar með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra sjúkdóma sem eiga oft rót sína að rekja til reykinga. Nákvæmt yfirlit skortir hins vegar og er í skoðun hvernig hægt sé að fá ítarlegri upplýsingar með tilkomu samræmdrar skráningar á vistunarupplýsingum.

Jafnframt hefur með gildistöku 10. útgáfu alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeinaskrárinnar (ICD-10) 1. janúar 1997 verið lagður grunnur að því að afla nákvæmari upplýsinga um einstaka sjúkdóma og sjúklingahópa. Innan 1–2 ára ættu því að liggja fyrir betri upplýsingar um þá sjúklingahópa sem fyrirspurnin tekur til.

Ráðuneytið vill enn fremur vekja athygli á þeirri staðreynd að reykingar hafa algera sérstöðu meðal dánarorsaka Íslendinga. Þær eru taldar vera meginástæða 18–19% allra dauðsfalla í landinu sem á undanförnum árum hafa verið um 1.750 á ári. Þetta þýðir að ef aðeins reykingamenn eru taldir valda reykingar um 50% dauðsfalla þeirra og í langflestum tilvikum er um ótímabæran dauða að ræða.

2. *Hversu margir einstaklingar komu til meðferðar á þessum stofnunum árin 1995–96?*

Áætlaður fjöldi þeirra sjúklinga sem komu til meðferðar á stofnunum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga var sem hér segir árin 1995–96:

	1995	1996
3. Landspítali:		
Sólarhrings- eða dagssjúklingar	539	625
Göngudeild:		
– afgreiðslur hjá hjúkrunarfræðingum	3540	4402
– viðtöl við lækna og sálfræðinga	3283	3719
4. Stofnanir SÁÁ:		
Fjöldi einstaklinga sem voru innritaðir í áfengis- og vímuefnameðferð		1651
5. Vistheimilið Víðines:		
Áætlaður fjöldi vistmanna (miðað við árið 1993)	142	142
6. Vistheimilið Hlaðgerðarkot:		
Áætlaður fjöldi vistmanna (miðað við árið 1993)	344	344
7. Krýsuvík:		
Áætlaður fjöldi þeirra er fengu meðferð (miðað við árið 1993)	37	37
8. Áfangaheimilin:		
Áætlaður fjöldi vistmanna (miðað við 180 daga vistunartíma)	314	314

Árin 1995 og 1996 voru innlagnir á lungnadeild Vífilsstaðaspítalans alls 1.129 og um var að ræða alls 1.172 sjúklinga. Gera má ráð fyrir að um 15 rými séu að jafnaði notuð fyrir reykingasjúklinga.

Árlega eru meðhöndlaðir um 200 sjúklingar á lungnadeild Reykjalundar.

Miðað við meðallegutíma á lyflækningadeildum Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur má gera ráð fyrir að a.m.k. 1.400 sjúklingar hafi árlega verið meðhöndlaðir á lyflæknisdeildum þessara sjúkrahúsa við sjúkdómum af völdum reykinga á árunum 1995–96. Eru þá ótaldir þeir sjúklingar sem hafa verið til meðferðar á öðrum deildum, eins og skurðdeildum, vegna sjúkdóma sem örugglega má að miklu leyti rekja til reykinga.

Í heild má gera ráð fyrir að ekki færri en 4–5 þúsund einstaklingar hafi á hvoru ári um sig, 1995 og 1996, komið til meðferðar á þeim stofnunum sem ætlaðar eru áfengis- og vímuefnasjúklingum og þeim sem þjást af sjúkdómum af völdum reykinga. Nokkur óvissa er samt sem áður um fjölda þeirra sjúklinga er komu á göngudeildir. Fjöldi þeirra er líklega einhvers staðar á bilinu 1.000–1.500.

3. Hvað má ætla að mörg ársverk innan heilbrigðisþjónustunnar hafi tengst þessum sjúklingum árin 1995–96?

Ekki liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um þann fjölda ársverka sem tengist meðhöndlun þessa sjúklingahóps.

Tölur um fjölda ársverka á Landspítala og hjá SÁÁ gefa ákveðnar vísbendingar:

	1995	1996
Landspítali	66,1	68,2
SÁÁ		88,98

Hér er um að ræða tæplega eitt stöðugildi á hvert vistunar- og meðferðarrými. Ef gengið er út frá því að fjöldi stöðugilda sem með einum eða öðrum hætti kemur að meðferð áfengis-, vímuefna- og reykingasjúklinga í Víðinesi, Hlaðgerðarkoti, Krýsuvík, áfangaheimilunum, á Vífilsstöðum, Reykjalundi, lyflæknisdeildum Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og Heilsustofnun NLFÍ sé sambærilegur má fastlega gera ráð fyrir að um 450–500 ársverk tengist meðferð þessara sjúklingahópa á ári. Er þá ekki tekið tillit til þeirra verka sem unnin eru á öðrum deildum sjúkrahúsanna fyrir þessa sjúklinga, eða

af heimilislæknum, heilsugæslulæknum eða öðrum sérfræðingum, auk annarra fagstétta, utan sjúkrastofnana.

957. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hluti getur ekki staðið að þeirri afgreiðslu málsins sem 1. minni hluti nefndarinnar leggur til í nefndaráliti sínu og breytingartillögum með því. Meiri hluti þeirra aðila sem tjáðu sig um málið fyrir nefndinni og sendu inn skriflegar umsagnir leggst eindregið gegn því að stofnaður verði sérstakur fjárfestingarbanki þar sem miklu hagkvæmara sé að láta starfandi viðskiptabanka yfirtaka starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Verðmæti fjárfestingarlánasjóðanna fyrir ríkissjóð og atvinnulífið væri meira ef stofnað væri sérstakt hlutafélag um hvern þeirra. Hugsanlegum kaupendum fækkar og arðsemin minnkar með samruna sjóðanna. Verðmæti eignarinnar er svo skert enn frekar með þeim hömlum að ríkið eigi meiri hluta í bankanum. Þá vill 2. minni hluti taka fram að hann lítur svo á að eðlilegt sé að einungis einn bankastjóri starfi við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins með sömu rökum og fram koma í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál.

Annar minni hluti bendir á eftirfarandi röksemdir gegn þeirri leið að stofna nýjan banka sem fram komu í umsögnum margra aðila til nefndarinnar:

Í umsögn Búnaðarbanka Íslands frá 3. apríl 1997, sem undirritað er af Stefáni Pálssyni, Sóloni Sigurðssyni og Jóni Guðjónssyni, kemur fram m.a.:

„Eins og kunnugt er hafa Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Sparisjóðabanki Íslands hf. lýst yfir vilja sínum til viðræðna við ríkisstjórnina um kaup á eignum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Það er skoðun bankastjórnar Búnaðarbankans að þessi leið sé vænlegust til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með breytingum á rekstrarformi og eignarhaldi þessara sjóða en bankastjórnin gerir ekki athugasemdir við einstök atriði ...“

Í umsögn Íslandsbanka frá 2. apríl 1997, sem undirrituð er af Vali Valssyni og Tryggva Pálssyni, kemur fram m.a.:

„Bankastjórn Íslandsbanka telur umrætt frumvarp vera í mótsögn við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir m.a. að láta beri „öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir að annast með eðlilegum hætti“. Stofnun nýs ríkisbanka með víðtækara starfssvið en fjárfestingarlánasjóðirnir höfðu hefur í för með sér að ríkið er að auka umsvif sín á þessum markaði en ekki draga úr þeim.

Við teljum einnig að markaðsaðstæður hafi í raun gert hugmyndir af þessu tagi úreltar. Nútímafyrirtæki líta á fjármögnun starfsemi sinnar sem síbreytilegt viðfangsefni sem ræðst af markaðsvöxtum og kjörum hverju sinni. Á bak við hugmyndir um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins býr sú gamla hugsun að fyrirtæki fjármagni fjárfestingar sínar í eitt skipti fyrir öll. Það er liðin tíð.

Loks er athygli vakin á því að Íslandsbanki á og rekur fjórða stærsta fjárfestingarlánasjóð í landinu, Verslunarlánasjóð. Hlutverk Verslunarlánasjóðs er að annast lán Íslandsbankasveitarinnar til lengri tíma, bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Heildareignir sjóðsins um síðustu áramót voru 9,4 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfall var 9,5% og arðsemi eigin fjár á síðasta ári var 16,1%. Vaxtamunur í Verslunarlánasjóði á síðasta ári var 1,4% og rekstrarkostnaður í hlutfalli við meðalstöðu efnahagsreiknings var rúmlega 0,2%. Helstu keppinautar Verslunarlánasjóðs eru fjárfestingarlánasjóðir ríkisins.

... Engin krafa hefur verið gerð um arð af eigin fé sjóðanna og því ekki þurft að taka tillit til þess í verðlagningu þeirra. Þá hefur eigin fé sjóðanna verið óeðlilega mikið og í raun gert þeim ókleift að skila eðlilegri arðsemi. Í umræddu frumvarpi er áfram gert ráð fyrir allt of háu eiginfjárhlutfalli.

Með hliðsjón af framansögðu teljum við að leggja eigi hugmyndir um fjárfestingarbanka á hilluna. Þær eru hvorki í samræmi við þarfir atvinnulífsins né yfirlýsta stefnu ríkisvaldsins ... "

Í umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka frá 3. apríl 1997, sem undirrituð er af Finni Sveinbjörnssyni, kemur fram m.a.:

„SÍV telur að í frumvarpinu um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. séu færð ófullnægjandi rök fyrir stofnun hans. Því leggur SÍV til að frumvarpið verði ekki samþykkt ...

Þessi niðurstaða J.P. Morgan bendir eindregið til að evrópskum viðskiptabönkum takist að reka fjárfestingarlánastarfsemi með þeim hætti að hún veiti sérhæfðum fjárfestingarlánasjóðum öfluga samkeppni, bæði hvað verð og þjónustu snertir ...

Þau rök eru m.a. færð fyrir stofnun Fjárfestingarbankans að sameinaður fjárfestingarbanki geti veitt bankakerfinu heilbrigða samkeppni. Með þessu er jafnframt verið að gefa í skyn að samkeppni á markaðnum yrði ekki nægjanleg ef fjárfestingarlánastarfsemin yrði sameinuð bankakerfinu. Þetta er augljóslega rangt því nefna má fjölmörg dæmi sem sýna að á síðustu árum hefur samkeppni milli fjármálafyrirtækja um þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki aukist verulega ...

Að mati SÍV mun innbyrðis samkeppni íslenskra viðskiptabanka og sparisjóða og samkeppni þeirra við erlend fjármálafyrirtæki aukast fremur en hitt því engin ástæða er til að ætla annað en atvinnufyrirtæki muni halda áfram að etja þessum aðilum saman í því skyni að tryggja sér sem hagstæðust kjör.

Önnur veigamikil rök sem færð eru fyrir stofnun Fjárfestingarbankans eru þau að hann geti náð hagstæðum samningum við lánveitendur og að rekstrarkostnaður verði lágur. Hvort tveggja muni síðan leiða til þess að hann geti veitt viðskiptavinum sínum lán á hagstæðum kjörum ...

Í nútímalegum bankarekstri er þjónusta verðlög eftir þeim kostnaði sem hún veldur og það gefur auga leið að fjárfestingarlán valda minni kostnaði en smálán til einstaklinga og fyrirtækja og því eru þau verðlögð með allt öðrum hætti. Þess vegna er það út í hött að bera saman heildarvaxtamun viðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóðs því þá er verið að bera saman kostnað af gerólíkri starfsemi.

Til að samanburður milli viðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða verði raunhæfur þarf að bera saman kennitölur fyrir fjárfestingarlánastarfsemi viðskiptabankanna og starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Íslandsbanki hf. er eini viðskiptabankinn hér á landi sem aðgreinir fjárfestingarlánastarfsemina, Verslunarlánasjóð, frá annarri starfsemi. Þegar starfsemi Verslunarlánasjóðs er borin saman við starfsemi Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs sést greinilega að það hallar á fjárfestingarlánasjóðina fremur en hitt. Þannig var

vaxtamunur Verslunarsjóðs 1,4% að meðaltali á árinu 1996 samkvæmt ársreikningi sjóðsins en 1,88% í árslok 1996 hjá Iðnlánasjóði samkvæmt fréttabréfi sjóðsins í mars. Svipað kemur í ljós þegar litið er á rekstrarkostnað sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings og arðsemi eigin fjár. Af því má ráða að fjárfestingarlánastarfsemi innan viðskiptabanka sé í raun hagkvæmari kostur en að reka hana í sjálfstæðum fjárfestingarlánasjóðum.

Hvað Fjárfestingarbankann varðar er sérstök ástæða til að ætla að starfsemin verði fremur óhagkvæm fyrstu árin því reynslan hér á landi og erlendis sýnir að ýmiss konar upphafskostnaður fylgir sameiningu fjármálafyrirtækja og að nokkurn tíma tekur að ná fram því hagræði sem fylgir sameiningunni ...

Þriðju meginrökin sem færð eru fyrir stofnun Fjárfestingarbankans eru þau að með þeirri skipan verði varðveitt og nýtt mikil fyrirliggjandi þekking núverandi sjóða á atvinnulífinu og náin tengsl þeirra við viðskiptafyrirtæki sín. Þetta eru einkennileg rök. SÍV bendir á að bankakerfið er í daglegum tengslum við öll atvinnufyrirtæki landsins og veitir þeim margs konar þjónustu. Innan bankakerfisins er því fyrirliggjandi geysilega mikil þekking á atvinnulífinu og ekki minni en í fjárfestingarlánasjóðunum. Jafnframt skal það fullyrt að nýjustu skipulagsbreytingar innan bankakerfisins sem felast í sameiningu fyrirtækjaþjónustu á einum stað innan hvers banka, stofnun viðskiptaborða og nánara samspili hefðbundinnar bankaþjónustu og verðbréfaþjónustu munu leiða til þess að þekking viðskiptabankanna á atvinnulífinu og þörfum þess, tengsl þeirra við atvinnulífið og geta þeirra til að bjóða fjölbreyttari þjónustu en áður mun stóraukast. Að mati SÍV leiða fyrrgreind rök því fremur til þeirrar niðurstöðu að sameina eigi fjárfestingarlánastarfsemina bankakerfinu í stað þess að halda henni aðgreindri.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur SÍV að rökin sem færð eru fyrir stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. í frumvarpinu standist ekki þegar betur er að gáð. Jafnframt skal bent á að bankar og sparisjóðir hafa á undanförnum mánuðum varpað fram hugmyndum um breytingar á fjárfestingarlánasjóðakerfinu sem að mati SÍV falla betur að þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sem lýst er í frumvarpinu og felst í því að ríkið losi sig út úr þessari starfsemi.

Loks telur SÍV rétt að koma á framfæri þeirri skoðun sinni að verði frumvarpið um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. samþykkt þá verði gerð sú breyting á 6. grein þess að heimilt verði þegar frá stofnun bankans að selja allt hlutfé ríkissjóðs í honum en ekki eingöngu 49%."

Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða frá 7. apríl 1997, sem undirrituð er af Sigurði Hafstein, kemur fram m.a.:

„Samband ísl. sparisjóða mælir eindregið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga ...

Öll fyrirtæki í atvinnulífi eiga viðskipti við banka og sparisjóði. Allur daglegur rekstur þeirra er því undir smásjá þessara aðila. Til að sem best verði fylgst með þörfum atvinnulífsins og stöðu einstakra fyrirtækja skiptir það lánveitendur miklu að heildarviðskipti séu sem mest á einum stað. Þess vegna sendu Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Sparisjóðabankinn, eftir all ítarlega athugun sem Íslandsbanki tók þátt í ríkisstjórninni bréf í febrúar sl. þar sem óskað var viðræðna um kaup þessara aðila á þeim sjóðum sem með frumvarpinu er ætlað að mynda uppistöðuna í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Af viðræðum hefur ekki orðið. Hins vegar er það skoðun þessara aðila að mest hagkvæmni náist fram með sameiningu sjóðanna við bankakerfið. Að því frágengnu er það skoðun Sambands sparisjóða að breyta eigi Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði í tvo fjárfestingar-

sjóði í formi hlutafélaga og bjóða þá til sölu á almennum markaði þar sem bankar og sparisjóðir hefðu hliðstæða möguleika og aðrir að kaupa hlutafé þeirra og ná þannig fram hagræðingu sem af samrekstri leiddi. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er lökust þeirra sem til álita hafa komið. Ástæðan er sú að hún leiðir ekki til hagræðingar um leið og hún er alvarlegt inngrip í samkeppnisstöðuna á íslenskum fjármálamarkaði. Fyrir á markaðinum eru bankar og sparisjóðir með 500–6000 milljóna króna eiginfjárstöðu ef frá eru skildir minni sparisjóðir. Þegar fyrir forgöngu ríkisins er síðan stofnaður nýr banki með 8000 milljóna króna eigið fé sem innan tíðar kynni af nýjum eigendum að verða breytt í almennan viðskiptabanka þá er ástæða til að staldra við. Álit Sambands sparisjóða er að hlutverk ríkisins sé að jafna samkeppnisstöðu en ekki skekkja ...

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar byggir á þeirri forsendu að fjárfestingarlán séu eitt en önnur fjármögnun annað. Þetta er alvarleg brenglun á staðreyndum. Öll fjármögnun er hliðstæð og byggir á sömu forsendum þ.e. arðsemi fjárfestingarinnar.

Í umræðum um Fjárfestingarbankann hefur verið talið honum til ágætis að vaxtamunur hans verði minni en viðskiptabanka og sparisjóða. Það segir í sjálfu sér ekkert um líkleg lánskjör fjárfestingarlána ...

Íslenskur fjármálamarkaður er í þróun. Sífellt er verið að leita leiða til að þróa hann áfram. Langtímafjármögnun og skammtímafjármögnun er hluti af sama meiði. Að gera jafn afgerandi mun þar á milli sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er skref afturábak í þessari þróun. Því leggur Samband sparisjóða til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands frá 8. apríl 1997, sem undirrituð er af Þórarni V. Þórarinssyni, kemur fram m.a.:

„Þótt vafalaust sé að fleiri kostir hafi verið álitlegir við endurskipulagningu fjárfestingalánasjóðanna getur VSÍ fyrir sitt leyti stutt þá niðurstöðu sem felst í umræddu stjórnarfrumvarpi. VSÍ vill þó leggja þunga áherslu á að ríkið dragi sig hið allra fyrsta út úr atvinnurekstri á borð við lánastarfsemi og mælir því mjög eindregið með því að ákvæði 6. greinar frumvarpsins verði breytt þann veg að heimilt sé að selja allt hlutafé í bankanum en ekki aðeins minni hluta þess eins og frumvarpið nú miðar við. Sú takmörkun rýrir verðgildi eignarinnar og gerir ómögulegt að koma við frekari samruna eða hagræðingu í fjárfestingarlánastarfsemi þeirri sem sjóðirnir hafa hingað til sinnt. Eru enda engin rök sýnileg fyrir þessari takmörkun eða þeim vilja að ríkissjóður haldi meiri hluta eign að Fjárfestingarbankanum með þessum hætti."

Í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 7. apríl 1997, sem undirrituð er af Kristjáni Ragnarssyni, kemur fram m.a.:

„... Stjórn LÍÚ telur mikilvægt að sátt náist um framtíðarskipan fjárfestingarlána til atvinnulífsins. Fellst hún því á þá skipan mála sem í frumvörpunum felast. Hún áréttar þó þá skoðun sína að heppilegra hefði verið fyrir þróun bankamála og atvinnulífið að Fiskveiðasjóði hefði verið breytt í hlutafélag.

Það hlutafélag hefði strax verið til sölu og er þá líklegt að lánastarfsemi sjóðsins hefði með einhverjum hætti tengst annarri fjármálastarfsemi. Sú þróun hefði orðið atvinnulífinu til hagsbóta."

Í umsögn Verslunarráðs Íslands frá 26. mars 1997, sem undirrituð er af Jónasi Fr. Jónssyni, kemur fram m.a.:

„Í upphafi vill Verslunarráð Íslands láta í ljós þá skoðun sína að ráðið hefði talið heppilegast að þeir fjárfestingarsjóðir, sem steypt er saman í Fjárfestingarbankann, hefðu verið einkavæddir hver fyrir sig og seldir á almennum markaði. Ráðið vill jafnframt láta uppi efasemdir um þá fyrirætlan að stofna nýjan ríkisbanka sem mun verða í samkeppni

við aðra aðila á fjármagnsmarkaði, sbr. t.d. 2. gr. frumvarpsins, einkum í ljósi þess að á nútímafjármagnsmarkaði er hólfaskipting fjármálaþjónustu fyrri tíðar horfin eða að hverfa ...

Verslunarráð Íslands telur að í 6. gr. felist of miklar hömlur á frelsi til að ráðstafa hlutum í umræddri bankastofnun og að ákvæðið gangi gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu opinberra fyrirtækja. Ákvæðið er til þess fallið að gera framkvæmd einkavæðingar erfiðari og hætt er við því að lægra verð fáist fyrir umræddan 49% hlut en ef heimild þessi væri ótakmörkuð."

Í umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga frá 4. apríl 1997, sem undirrituð er af Sigmari Ármannssyni, kemur fram m.a.:

„Með frumvarpi þessu er að því stefnt að íslenska ríkið stofni og starfræki nýjan banka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Skuli þessi banki stofnaður á grunni Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Útflutningslánasjóðs. Gangi þetta eftir verður ríkissjóður orðinn eigandi þriggja banka. Yfirlýstur megintilgangur ríkisstjórnarinnar með þessum aðgerðum er samkvæmt frumvarpinu „að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum". Samband íslenskra tryggingafélaga lýsir sig andsnúið hugmyndum af þessu tagi, og vill að aðrir kostir verði skoðaðir ...

... Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að í kjölfar þess sem íslenska ríkið drægi sig út úr starfsemi Landsbankans og Búnaðarbankans með sölu eignarhluta sinna í þeim stofnunum, væri næsta skref að endurskoða starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Í því efni hefur verið bent á, og er raunar lauslega að því vikið í athugasemdum með frumvarpinu, að eðlilegast væri að annars vegar yrði Fiskveiðasjóði breytt í hlutafélag og hins vegar yrði annað hlutafélag stofnað á sameiginlegum grunni Iðnlána- og Iðnþróunarsjóðs. Ríkissjóður gæti síðan selt hluti sína í þessum sjóðum. Það færi svo eftir aðstæðum á markaði hverjir keyptu, en meðal hugsanlegra kaupenda væru að sjálfsögðu viðskiptabankar og aðrar fjármálastofnanir. Sýnist sú leið stórum eðlilegri. Leggur Samband íslenskra tryggingafélaga því til, að sú leið verði könnuð til hlítar, og frumvarpið um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. jafnframt dregið til baka á meðan á slíkri könnun stendur."

Í umsögn Eignarhaldsfélagsins Hofs sf. frá 1. apríl 1997, sem undirrituð er af Arnari Ragnarssyni, kemur fram m.a.:

„Við teljum að sú leið að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög og selja þá sé mun einfaldari og hagkvæmari. Erfitt er að sjá annað en að viðskiptabankarnir geti sinnt öllum þeim hlutverkum sem Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er ætlað að sinna. Enda er bent á, að það sé mat J.P. Morgans að ætla megi að starfsemi fjárfestingarlánasjóða og viðskiptabanka verði í framtíðinni samþætt. Er ekki verið að setja á fót óþarfa stofnun?"

Að síðustu má benda á viðtal við Sigurð Oddsson, framkvæmdastjóra Plastos hf., í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. apríl 1997 en þar segir m.a.:

„Sigurður segir aðspurður að bygging hússins kosti rúmlega tvö hundruð milljónir króna en segist hafa fengið lítinn stuðning við byggingu hússins úr þeim sjóðum, sem gegna eigi því hlutverki að efla og styðja íslenskan iðnað. En hvernig líst honum á sameiningu Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs?

„Slík sameining kemur of seint og er í raun tímaskekkja. Það ætti frekar að leggja þessa sjóði niður og það væri mér a.m.k. að sársaukalausu. Skuldir Plastos við þessa sjóði hafa ekki aukist þrátt fyrir að við séum að byggja. Ég vil sem minnst um þá segja annað en það að það er ekki þeim að þakka að við erum nú flutt í nýtt hús.“ “

Að lokum vill 2. minni hluti þó taka fram að sú tillaga 1. minni hluta að draga úr eigin fé fjárfestingarbankans frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir sé til bóta og nauðsynleg til að unnt verði að ná eðlilegri arðsemi á eigið fé hins nýja banka. Eigi að síður telur 2. minni hluti málið vanbúið og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 14. apríl 1997.

Pétur H. Blöndal, frsm. Gunnlaugur M. Sigmundsson.

958. Fyrirspurn [579. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfshætti og styrkveitingar Áforms.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvaða reglur gilda um styrkveitingar úr sjóði Áforms, átaksverkefnis samkvæmt lögum nr. 27/1995?
2. Hvaða verkefni voru unnin og/eða stofnað til af Áformi árin 1995 og 1996?
3. Hver þessara verkefna teljast til vistrænna og hver til lífrænna verkefna?
4. Hver var kostnaður Áforms við hvert verkefni og hvert var mótframlag Framleiðnisjóðs?
5. Hvaða skilgreiningu á orðinu „vistrænn“ er stuðst við í störfum Áforms?
6. Hefur Áform mótað sérstaka stefnu í markaðsmálum, t.d. um kynningu á íslenskum landbúnaðarafurðum erlendis? Ef svo er, hver er sú stefna og hefur hún hlotið samþykki landbúnaðarráðuneytisins?
7. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til kynningar og markaðssetningar á íslensku lambakjöti í Bandaríkjunum? Hvert var framlag Áforms og hvert var mótframlag Framleiðnisjóðs?
8. Hve miklum fjármunum var varið til reksturs Áforms árin 1995 og 1996, sundurliðað í laun stjórnar, laun starfsmanns og framkvæmdastjóra, verktakagreiðslur, ferðakostnað og kostnað vegna ráðstefna og funda?

Skriflegt svar óskast.

959. Svar [361. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um starfsfólk sjúkrastofnana.

1. *Hversu margir einstaklingar voru á launaskrá sjúkrahúsa, sjúkrastofnana (þar með taldar öldrunarstofnanir og heilsugæslustöðvar) og annarra stofnana sem heyrðu undir heilbrigðisráðuneytið um síðustu áramót?*
   Óskað er sundurliðunar eftir einstökum stofnunum, starfsgreinum og kyni starfsmanna.

Um síðustu áramót voru 8.372 starfsmenn starfandi í stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Eru þá undanskildar stjórnsýslu- og eftirlitsstofnanir svo sem Tryggingastofnun ríkisins, Landlæknisembættið, héraðslæknar og Geislavarnir ríkisins. Um sundurliðanir vísast til fylgiskjala I og II.

Á fylgiskjali I má sjá töflu yfir fjölda heilbrigðisstarfsmanna flokkaðan eftir tegund starfsemi. Enn fremur er fjöldi starfsmanna sýndur sem hlutfall af vinnuframboði, en með vinnuframboði er átt við mannafla á vinnumarkaði (16 ára og eldri) mældan í fjölda stöðugilda. Flokkurinn dvalar- og hjúkrunarheimili inniheldur störf á hjúkrunarheimilum og blönduðum dvalar- og hjúkrunarheimilum en ekki störf á hreinum dvalarheimilum. Í flokknum önnur þjónusta eru talin störf á ýmsum sérhæfðum stofnunum, svo sem endurhæfingarstofnunum og meðferðarheimilum.

Á fylgiskjali II má sjá sömu upplýsingar og í fylgiskjali I nema að þessu sinni er flokkað gróflega eftir starfstegundum. Með öðrum heilbrigðisstarfsmönnum er átt við löggildar heilbrigðisstéttir aðrar en þær sem áður eru upp taldar. Örlítillar ónákvæmni kann að gæta á flokkun milli annarra heilbrigðisstarfsmanna og annars starfsfólks.

Í báðum töflunum eru störfin sundurgreind eftir kynjum og atvinnusvæðum. Til höfuðborgarsvæðis teljast Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Strandasýsla telst til atvinnusvæðis Norðurlands vestra.

2. *Hvert er hlutfall heilbrigðisstarfsmanna af vinnubærum mönnum í viðkomandi sveitarfélagi annars vegar og þjónustusvæðis stofnunar hins vegar?*

Sjá svar við 1. lið fyrirspurnar. Ekki eru tiltækar upplýsingar um nánari sundurliðun á því hvert er hlutfall heilbrigðisstarfsmanna af vinnubærum mönnum aðrar en þær sem skilgreindar eru í 1. lið eftir atvinnusvæðum.

3. *Hefur verið lagt mat á mikilvægi þessara þjónustustofnana í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga og áhrifa á það með tilliti til byggðastefnu? Hefur það verið gert í tillögum nefndar heilbrigðisráðherra um „hagræðingu í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa“?*

Markmið heilbrigðisþjónustunnar er að tryggja öryggi og góða þjónustu við íbúa landsins og er starfsemi heilbrigðisstofnana miðuð við það. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur ekki lagt formlegt mat á mikilvægi þessara þjónustustofnana í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga enda eru atvinnu- og byggðamál ekki á forræði heilbrigðisyfirvalda. Hins vegar er fullur skilningur innan ráðuneytisins á því að taka þarf tillit til ýmissa sjónarmiða og hagsmuna í útfærslu hugmynda um endurskipulagningu heilbrigðisþjónustunnar um landið.

Fylgiskjal I.

Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna og samanburður við vinnuframboð. (Flokkað eftir tegund starfsemi.)

	Vinnu-framboð	FJÖLDI HEILBRIGÐISSTARFSMANNA					HLUTFALL AF VINNUFRAMBOÐI				
		Sjúkrahús	Dvalar- & hjúkrunarh.	Heilsu-gæslust.	Önnur þjónusta	Samtals	Sjúkrahús	Dvalar- & hjúkrunarh.	Heilsu-gæslust.	Önnur þjónusta	Samtals
Karlar											
Austurland	3.860	12	3	14	0	29	0,32	0,07	0,37	0,00	0,76
Höfuðborgarsv.	43.353	734	123	79	82	1.019	1,69	0,28	0,18	0,19	2,35
Norðurl. eystra	7.729	79	7	24	0	110	1,02	0,09	0,31	0,00	1,42
Norðurl. vestra	3.066	23	0	8	0	31	0,75	0,00	0,27	0,00	1,02
Suðurland	6.345	16	27	17	41	101	0,25	0,43	0,26	0,65	1,59
Suðurnes	4.706	7	2	7	0	15	0,14	0,04	0,15	0,00	0,32
Vestfirðir	2.916	15	0	6	0	21	0,50	0,00	0,21	0,00	0,71
Vesturland	4.272	26	7	23	5	60	0,61	0,15	0,53	0,12	1,41
Samtals	76.247	912	168	178	128	1.386	1,20	0,22	0,23	0,17	1,82
Konur											
Austurland	2.551	115	59	38	0	211	4,50	2,30	1,47	0,00	8,28
Höfuðborgarsv.	34.905	3.160	1.084	295	296	4.834	9,05	3,10	0,84	0,85	13,85
Norðurl. eystra	5.435	474	131	66	0	671	8,72	2,41	1,21	0,00	12,34
Norðurl. vestra	2.022	220	0	21	0	241	10,86	0,00	1,06	0,00	11,92
Suðurland	4.341	147	145	43	86	421	3,39	3,33	0,98	1,99	9,69
Suðurnes	2.930	62	65	28	0	155	2,12	2,22	0,94	0,00	5,29
Vestfirðir	1.867	121	15	20	0	156	6,50	0,79	1,09	0,00	8,38
Vesturland	2.962	162	103	31	2	297	5,46	3,46	1,03	0,07	10,02
Samtals	57.013	4.461	1.601	540	384	6.986	7,82	2,81	0,95	0,67	12,25
Samtals											
Austurland	6.411	127	62	52	0	241	1,98	0,96	0,81	0,00	3,75
Höfuðborgarsv.	78.258	3.894	1.207	374	379	5.853	4,98	1,54	0,48	0,48	7,48
Norðurl. eystra	13.164	553	138	89	0	781	4,20	1,05	0,68	0,00	5,93
Norðurl. vestra	5.088	243	0	30	0	272	4,77	0,00	0,58	0,00	5,35
Suðurland	10.686	163	172	59	127	521	1,53	1,61	0,55	1,19	4,88
Suðurnes	7.636	69	67	35	0	170	0,90	0,88	0,45	0,00	2,23
Vestfirðir	4.783	136	15	26	0	177	2,84	0,31	0,55	0,00	3,70
Vesturland	7.234	188	109	53	7	357	2,59	1,51	0,74	0,10	4,94
Samtals	133.260	5.372	1.769	718	513	8.372	4,03	1,33	0,54	0,38	6,28

Fylgiskjal II.

Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna og samanburður við vinnuframboð. (Flokkað eftir tegund starfa.)

	Vinnu-framboð	FJÖLDI HEILBRIGÐISSTARFSMANNA						HLUTFALL AF VINNUFRAMBOÐI					
		Læknar	Hjúkrunar-fræðingar	Sjúkra-liðar	Aðrar heilbr.st.	Annað starfsfólk	Samtals	Læknar	Hjúkrunar-fræðingar	Sjúkra-liðar	Aðrar heilbr.st.	Annað starfsfólk	Samtals
Karlar													
Austurland	3.860	19	0	0	2	8	29	0,49	0,00	0,00	0,05	0,22	0,76
Höfuðborgarsv.	43.353	408	15	16	41	539	1.019	0,94	0,03	0,04	0,09	1,24	2,35
Norðurl. eystra	7.729	59	4	3	4	40	110	0,77	0,05	0,04	0,05	0,51	1,42
Norðurl. vestra	3.066	16	3	0	2	11	31	0,51	0,10	0,00	0,07	0,35	1,02
Suðurland	6.345	26	1	1	7	66	101	0,41	0,02	0,01	0,11	1,04	1,59
Suðurnes	4.706	12	0	0	0	3	15	0,25	0,00	0,00	0,01	0,06	0,32
Vestfirðir	2.916	12	1	1	1	6	21	0,40	0,03	0,03	0,03	0,21	0,71
Vesturland	4.272	27	1	0	3	29	60	0,63	0,02	0,00	0,07	0,69	1,41
Samtals	76.247	578	25	21	60	702	1.386	0,76	0,03	0,03	0,08	0,92	1,82
Konur													
Austurland	2.551	2	39	40	26	105	211	0,06	1,54	1,56	1,02	4,10	8,28
Höfuðborgarsv.	34.905	105	1.180	678	699	2.171	4.834	0,30	3,38	1,94	2,00	6,22	13,85
Norðurl. eystra	5.435	9	164	139	85	275	671	0,17	3,01	2,56	1,56	5,05	12,34
Norðurl. vestra	2.022	3	43	43	24	128	241	0,15	2,11	2,15	1,19	6,32	11,92
Suðurland	4.341	4	64	60	38	254	421	0,08	1,48	1,39	0,88	5,86	9,69
Suðurnes	2.930	1	27	33	18	76	155	0,03	0,94	1,11	0,61	2,60	5,29
Vestfirðir	1.867	1	23	17	12	103	156	0,07	1,25	0,91	0,65	5,50	8,38
Vesturland	2.962	2	46	55	42	152	297	0,06	1,55	1,84	1,42	5,14	10,02
Samtals	57.013	127	1.587	1.065	945	3.264	6.986	0,22	2,78	1,87	1,66	5,72	12,25
Samtals													
Austurland	6.411	21	39	40	28	113	241	0,32	0,61	0,62	0,44	1,76	3,75
Höfuðborgarsv.	78.258	513	1.195	694	740	2.711	5.853	0,66	1,53	0,89	0,95	3,46	7,48
Norðurl. eystra	13.164	68	168	142	89	314	781	0,52	1,27	1,08	0,67	2,39	5,93
Norðurl. vestra	5.088	19	46	43	26	138	272	0,37	0,90	0,85	0,51	2,72	5,35
Suðurland	10.686	29	65	61	45	320	521	0,28	0,61	0,57	0,43	3,00	4,88
Suðurnes	7.636	13	27	33	18	79	170	0,17	0,36	0,43	0,24	1,04	2,23
Vestfirðir	4.783	13	24	18	13	109	177	0,27	0,51	0,37	0,27	2,27	3,70
Vesturland	7.234	29	47	55	45	182	357	0,40	0,65	0,75	0,62	2,51	4,94
Samtals	133.260	705	1.611	1.085	1.005	3.966	8.372	0,53	1,21	0,81	0,75	2,98	6,28

960. Viðbótarsvar [371. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað af ráðstefnu einkavæðingarnefndar.

Í fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað af ráðstefnu einkavæðingarnefndar (þskj. 649) hljóðar 3. liður svo:

3. *Hve mikið greiddu ráðuneyti og opinberar stofnanir í þátttökugjöld, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?*

Í fyrra svari forsætisráðherra við fyrirspurninni (þskj. 744) var greint frá því hvernig staðið var að ráðstefnuhaldinu og þar kom fram að öll framkvæmd hennar var á hendi einkaaðila. Ekki lá því fyrir hjá forsætisráðuneytinu eða framkvæmdanefnd um einkavæðingu hverjir sóttu ráðstefnuna eða hverjir greiddu gjald fyrir þátttöku í henni.

Þar sem sérstaklega hefur verið leitað eftir því að upplýst verði hve mikið einstök ráðuneyti og stofnanir greiddu í þátttökugjald hefur forsætisráðuneytið óskað eftir því við önnur ráðuneyti að þau láti því í té upplýsingar um framangreint.

Upplýst skal að fulltrúar frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti (einn einstaklingur) og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (tveir einstaklingar) sóttu ráðstefnuna og greiddu fyrir það sérstaklega. Að auki sóttu ráðstefnuna fulltrúar fjögurra annarra ráðuneyta, en ekki var greitt fyrir þá sérstaklega, sbr. svar við 1. lið fyrirspurnarinnar (þskj. 744).

Fulltrúar eftirtalinna stofnana í A-hluta ríkisreiknings sóttu ráðstefnuna: Vinnueftirlits ríkisins, Fasteigna ríkissjóðs, Flugmálastjórnar, Háskóla Íslands, Geislavarna ríkisins, sýslumannsins í Reykjavík, Fasteignamats ríkisins, Lánasýslu ríkisins, Ratsjárstofnunar, Iðntæknistofnunar, Ríkiskaupa, Þjóðhagsstofnunar, Pósts og síma hf., Ríkisendurskoðunar, Landmælinga Íslands, Námsgagnastofnunar, Ríkisspítala, Sjúkrahúss Þingeyinga og Vinnueftirlits ríkisins.

Þátttökugjald var 14.600 kr. Nokkuð var um að þeir sem taldir eru upp hér að framan greiddu lægra gjald, enda sátu þeir ekki kvöldverðinn.

961. Svar [468. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Kristjánssonar um rannsóknir Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu norðan Vatnajökuls.

1. *Hvaða rannsóknir hafa farið fram á vegum Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu norðan Vatnajökuls sl. fjögur ár?*

Í febrúar 1993 kom út skýrsla á vegum samstarfsnefndar iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO-nefndin svokallaða) sem fjallaði um samanburð á umhverfisáhrifum virkjunar Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú. Þar voru bornir saman með tilliti til helstu umhverfisþátta ýmsir virkjunarkostir með því að veita ánum til Fljótsdals. Voru fengnir til verksins sérfróðir aðilar og kunnugir á svæðinu undir stjórn sérstaks verkefnisstjóra.

Árin 1993–94 urðu grunnrannsóknir markvissari og beindust þær að þeim tilhögunum í skýrslu SINO-nefndarinnar sem voru taldar koma helst til greina með lilliti til þess að umhverfisáhrif yrðu sem minnst ef til þess kæmi að jökulánum yrði veitt til Fljótsdals. Þar má nefna almenna kortagerð og gróðurkortagerð, jarðfræðikortlagningu og gróðurfarsrannsóknir auk áætlana um hugsanlegar útfærslur á tilhögun þessara virkjunarkosta. Þá hófust reglubundnar myndatökur af fari hreindýra um Vesturöræfi að vorlagi til að geta metið þau áhrif sem hugsanlegt miðlunarlón í Jökulsá á Brú hefði á burð dýranna.

Frá sama tíma hefur verið lögð aukin áhersla á vatnamælingar, jöklamælingar og einnig hefur verið gert átak í úrvinnslu vatnafræðigagna frá fyrri árum, þar á meðal aurburðarmælinga. Unnið var að gerð rennslislíkans fyrir Jökulsá á Brú til að geta betur metið orkugetu árinnar.

Þá hafa verið gerðar ítarlegar mælingar á vatnsborði og rennsli Lagarfljóts til þess að kanna nauðsynlegar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir sveiflur eða hækkun vatnsborðs í Leginum umfram þær náttúrulegu sveiflur sem nú eru.

Hafnar voru rannsóknir á breytingum á strandlínu Öxarfjarðar og Héraðsflóa á undanförnum áratugum og lagt var mat á áhrif hugsanlegrar veitu Jökulsár á Fjöllum til Fljótsdals og minnkandi aurburðar til sjávar af þeim sökum, með tilliti til strandrofs.

Loks ber að nefna að hafnar voru mælingar á áhrifum ferskvatnsstreymis í Öxarfjörð á lífríki sjávar til að geta metið hugsanlegar breytingar á lífríkinu ef Jökulsá á Fjöllum yrði veitt til Fljótsdals, en rennsli árinnar til sjávar mundi minnka við það um u.þ.b. helming.

Á árinu 1994 var tekin sú ákvörðun að beina rannsóknum í auknum mæli að virkjun Jökulsár á Brú þar eð talið var líklegra að virkjun hennar yrði að veruleika en virkjun Jökulsár á Fjöllum.

Í ágúst 1994 kom út kynningarrit á vegum iðnaðarráðuneytisins, *Virkjanir norðan Vatnajökuls. Upplýsingar til undirbúnings stefnumótun.* Þar var gerð grein fyrir helstu rannsóknum og niðurstöðum sl. 25 ár og því lýst á hvern hátt hin miklu vatnsföll norðan Vatnajökuls yrðu best nýtt til raforkuframleiðslu með sem minnstri röskun á umhverfinu. Efnt var til funda á Norður- og Austurlandi haustið 1994 til kynningar á þeim virkjunarkostum sem fjallað er um í riti ráðuneytisins. Sjá mynd 1.

Frá þeim tíma hefur verið haldið áfram ofangreindum langtímarannsóknum, m.a. á vatnafari og aurburði. Síritandi hitamælum hefur verið komið fyrir í jökulánum og einnig hafa farið fram hitamælingar í Leginum. Svæðið ásamt hugsanlegu lónstæði í Jökulsá á Brú sunnan Kárahnúka (Hálslóni) hefur verið kortlagt og eldri kort af svæðinu hafa verið færð á tölvutækt form, m.a. til að færa þar inn niðurstöður umfangsmikilla rannsókna fyrri ára. Á síðustu tveimur árum hefur enn fremur verið unnið að rannsókn á áhrifum virkjunarmannvirkja á samgöngur og ferðamennsku.

Staðbundnar rannsóknir hafa einkum beinst að virkjun Jökulsár á Brú með gerð stíflu og miðlunarlóns sunnan við Fremri-Kárahnúka og veitu þaðan um jarðgöng til Fljótsdals. Rannsóknir hafa beinst að berglagagerð á jarðgangaleið og gæðum berglaga á stíflustæði Kárahnúkastíflu, m.a. með rannsóknarborunum. Þessar athuganir eru m.a. gerðar til þess að ganga úr skugga um hvort tæknilega sé unnt að grafa svo löng og víð göng þessa leið og hvort vandkvæði kunni að vera á að reisa jafn háa stíflu og hagkvæmast þykir við Kárahnúka. Þá hefur verið unnið að athugunum á byggingarefni til stíflugerðarinnar í nágrenninu til þess að geta metið heppilegustu og hagkvæmustu gerð hennar.

Stefnt er að því að halda áfram öllum fyrrnefndum langtímarannsóknum vegna Jökulsár á Brú á þessu ári, m.a. þeim umhverfisrannsóknum er snerta veitu árinnar til Fljótsdals. Auk þess verður lögð áhersla á að rannsaka berglagagerð við fyrirhugað stíflustæði við Fremri-Kárahnúk og á hugsanlegri jarðgangaleið undir Fljótsdalsheiði. Sjá mynd 2.

2. *Munu þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hugsanlega leiða til breytinga á hönnun virkjunar Jökulsár í Fljótsdal, öðru nafni Fljótsdalsvirkjunar?*

Í niðurstöðum í skýrslu SINO-nefndarinnar frá 1993 segir í áliti verkefnisstjóra að verði dráttur á byggingu Fljótsdalsvirkjunar sé eðlilegt að líta á nýtingu allra jökulánna og áhrif þeirra á umhverfið í samhengi. Í kafla 3.4 í kynningarriti iðnaðarráðuneytisins frá ágúst 1994, Virkjanir norðan Vatnajökuls, er fjallað um möguleika á að draga úr eða fella niður miðlun á Eyjabökkum með því að samtengja fyrirhuguð aðrennslisgöng Fljótsdalsvirkjunar og Kárahnúkavirkjunar og virkja jökulsárnar í Fljótsdal og á Brú saman. Þar er þess getið að varla sé um aðra miðlunarmöguleika að ræða en að hækka Hálslón til að mæta miðlunarþörf Jökulsár í Fljótsdal. Að auki hefur verið reiknað með að verulegum hluta af vatnsmiðlun Hraunasvæðisins, austan við vatnasvið Jökulsár í Fljótsdal, yrði beint til Eyjabakkalóns og af þeim sökum þyrfti að hækka vatnsborð þess frá því sem gert er ráð fyrir í virkjunarleyfi Landsvirkjunar frá 1991 í þá hæð sem gert var ráð fyrir í frumvarpi til laga um raforkuver frá árinu 1981. Sjá mynd 3.

Fljótsdalsvirkjun er enn í dag eini raunhæfi virkjunarkosturinn austanlands sem unnt er að ráðast í strax, og raunar voru framkvæmdir við virkjunina hafnar árið 1991. Auknar rannsóknir í ár og á næstu árum eiga að leiða í ljós í hvaða hæð er hagkvæmt og tæknilega mögulegt að gera ráð fyrir Hálslóni. Þessar rannsóknir munu e.t.v. geta svarað því að hvaða marki aukin miðlun í Hálsi ásamt vatni af Hraunum gæti mætt miðlunarþörf vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Auknar og áreiðanlegri rennslismælingar af Hraunasvæðinu á næstu árum munu einnig gera betur kleift að meta virkjanlegt vatnsafl þar miðað við mismunandi miðlun á Eyjabökkum.

Loks ber að nefna að þessi tilhögun er einungis hagkvæm, og sambærileg í hagkvæmni við virkjun jökulánna hvorrar í sínu lagi, að upphafsnýting orkunnar verði mikil vegna þess hve ónákvæmt er að skipta þessari virkjunartilhögun í áfanga.

Fylgiskjal.

Landsvirkjun:

Mynd 1.



Mynd 2.


Kárahnúkar
500 MW
Stöðvarhús
30 m y.s.
Fljótsdalur 250 MW
Jökulsá á Brú
Aðrennslisgöng
Kárahnúkar
Jökulsá í Fljótsdal
Hálsalón
616 m y.s.
1420 Gl
Stífla
Göng
Snæfell
Eyjabakkalón
664 m y.s.
500 Gl
0 5 10 km
Vatnajökull
m y.s.
800
700
600
500
400
300
200
100
0
Inntak
616 m y.s.
Glúmstaða-dalur
Þuríðarstaða-dalur
Þrælaháls
Jöfnunarþró
Teigsbjarg
Aðgöng
Aðrennslisgöng
Fallgöng
Jökulsá í Fljótsdal
30 m y.s.
Stöðvarhús
0 3 6 9 12 15 18 21 24 27 30 33 36 39 42 km

Mynd 3.


Fljótsdalur
með Hraunaveitu
250 MW
Grjótárveita
Hölknárveita
Snæfell
1100
900
700
Eyjabakkalón
664 m y.s. 500 Gl
Laugarárstífla
N
0 5 10 km
Eyjabakkastífla
Kelduárveita
Kelduárstífla
Jökulsá í Fljótsdal
Aðrennslisgöng
Jöfnunarþró
Veitugöng
Grjótá
Stöðvarhús
Stjórnhús
Frárennslisgöng
Aðkomugöng
34 m y.s.
Ytri Sauðá
Fellsá
Hraunaveita
m y.s.
800
600
400
200
0
664
Inntak
Inntak í Laugará
Jöfnunarþró
Aðkomugöng
Aðrennslisgöng
Fallpípa
Frárennslis-
göng
Stöðvarhús
34 m y.s.
0 3 6 9 12 15 18 21 24 27 30 33 36 km

962. Svar [321. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um afnám skattframtala.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Sér ráðherra fram á að forsendur muni skapast í náinni framtíð til afnáms sérstakra skattframtala einstaklinga?

Árið 1992 var lögð fram skýrsla ríkisskattstjóra þar sem gerð var tillaga um nýtt álagningarkerfi fyrir launamenn. Tilgangurinn með því er:

— að auka þjónustu við framteljendur með því að einfalda framtalsgerð þeirra,
— að auka hagkvæmni og hagræðingu við öflun og úrvinnslu upplýsinga,
— að efla hlutlægt skatteftirlit og opinbera tekjuöflun,
— að samræma framkvæmd álagningar milli skattumdæma,
— að koma upp öflugu skatteftirlits- og valkerfi,
— að stuðla að nákvæmari álagningu en verið hefur og draga þannig úr kærum til skattstjóra að lokinni álagningu.

Ríkisskattsjóri hefur lagt til að sem fyrst verði komið á forskráningu upplýsinga á framtalseyðublöð. Til þess að þetta sé hægt þurfa upplýsingar í tölvukerfum hins opinbera, og raunar einnig hjá fyrirtækjum, að vera aðgengilegar og áreiðanlegar. Þetta er ekki þannig enn sem komið er. Þá þarf einnig að liggja fyrir að skattyfirvöld hafi aðgang að upplýsingum en tölvulög takmarka þetta nokkuð, sem og bankaleynd um fjármagnstekjur og eignir.

Svarið við fyrirspurninni er því það að í dag er ómögulegt að afnema framtöl einstaklinga því að ekki er hægt að vélvinna þau. Hitt liggur þó fyrir að framtalsgerðina er hægt að auðvelda almenningi og skattkerfinu í hag og er unnið að því eftir því sem fjármunir og mannafli leyfa.

963. Svar [382. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðssonar um kaup á hverasvæði Geysis í Haukadal.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra nota heimild fjárlaga til kaupa á hverasvæði Geysis í Haukadal?

Málefni Geysis í Haukadal hafa verið til umfjöllunar um árabil. Á vegum umhverfisráðuneytisins hefur starfað sérstök Geysisnefnd sem hefur lagt á ráðin um framtíð staðarins, uppbyggingu hans og möguleika.

Ráðherra er ekki kunnugt um að straumhvörf hafi orðið í þessu efni sem leiða til þess að reyni á notkun heimildar 6. gr. fjárlaga til kaupa á svæðinu. Því telur ráðherra ekki hægt að svara því af eða á hvort heimildin verður notuð, efnisleg rök eru ekki fyrir því eins og mál standa.

964. Nefndarálit [344. mál]

um frv. til l. um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur og Skarphéðin Berg Steinarsson frá fjármálaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Ferðamálaráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, varaform., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.	Einar Oddur Kristjánsson.
	Þóra Sverrisdóttir.	

965. Nefndarálit [404. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands. Laganefnd LMFÍ gerir athugasemdir við ákvæði b-liðar 10. gr. frumvarpsins um að ef um misræmi er að ræða milli þess sem skráð er hjá hlutafélagaskrá og þess sem birt er í Lögbirtingablaði geti félagið ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Þetta ákvæði 10. gr. er til samræmis við 6. mgr. 3. gr. 1. félagaréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Sambærilegt ákvæði er í dönsku hlutafélagalögunum sem íslensku lögin byggjast að mestum hluta á.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, varaform., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
	Þóra Sverrisdóttir.	

966. Nefndarálit [405. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, varaform., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
Pétur H. Blöndal.	Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
	Þóra Sverrisdóttir.	

967. Breytingartillaga [237. mál]

við frv. til l. um Tryggingasjóð einyrkja.

Frá Kristínu Ástgeirsdóttur.

Við 12. gr. Í stað orðanna „sbr. 7. og 8. gr.“ í síðari málslið 5. mgr. komi: sbr. 6. og 7. gr.

968. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Svein Snorrason hrl.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Verslunarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Seðlabanka Íslands, Samtökum iðnaðarins, Sjómannasambandinu, Vélstjórafélaginu, Farmanna- og fiskimannasambandinu, laganefnd Lögmannafélags Íslands og Sveini Snorrasyni hrl.

Með lögum nr. 46/1996, um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, var rýmkuð heimild útlendinga til þátttöku í íslenskum atvinnurekstri með óbeinni hlutdeild, þar á meðal þátttöku í hlutafélögum sem aftur voru eigendur lögaðila sem stunda útgerð. Þær breytingar sem hér eru lagðar til miða að því að sömu reglur gildi um eignarhald útlendinga í fiskiskipum og gilda um eignarhald þeirra í fiskvinnslu og fiskveiðum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 4. málsl. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðeins má skrá til fiskveiða hér á landi skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

1. Íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
2. Íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

969. Nefndarálit [362. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Svein Snorrason hrl.

Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandinu og Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Í frumvarpinu er lagt til að þeim nemendum sem voru við nám í Stýrimannaskólanum áður en lög nr. 62/1995 tóku gildi, en þau lög breyttu lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sé heimilt að ljúka námi samkvæmt eldri lögum að nánari skilyrðum uppfylltum.

Með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið, meðal annars um að áformað er að þann 1. september 1999 hefjist nám samkvæmt nýrri skipan skipstjórnarnáms, leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr liður, svohljóðandi:

D. Heimilt er að gefa út atvinnuskírteini samkvæmt eldri lögum til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum þessum, en þó ekki lengur en til 31. ágúst 1999.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Ásta R. Jóhannesdóttir.	Guðmundur Árni Stefánsson.	

970. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um sjóvarnir.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson, forstjóra Siglingastofnunar Íslands. Þá hefur nefndin farið yfir umsagnir sem bárust um málið á 120. þingi frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vita- og hafnamálastofnun.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar er til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. að í stað þess að samgönguráðherra skipi sérstaka matsnefnd um sjóvarnir, sem starfi sem sjálfstæð ráðgjafarnefnd á vegum Siglingastofnunar, skuli hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, vera stofnuninni til ráðgjafar við mat á sjóvörnum. Til samræmis við þessa breytingu eru gerðar nokkrar breytingar á 4. og 9. gr.
2. Þá er lagt til, með hliðsjón af framkomnum athugasemdum, að í stað þess að sveitarfélög sjái um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði við sjóvarnir komi það í hlut Siglingastofnunar að annast slíka innheimtu.
3. Loks er lögð til breyting á 13. gr. um gildistöku frumvarpsins og miðast hún við 1. janúar 1998.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

971. Breytingartillögur [115. mál]

við frv. til l. um sjóvarnir.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, skal vera Siglingastofnun til ráðgjafar við mat á sjóvörnum, sbr. 4. gr.
2. Við 4. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Hafnaráð fjallar um áætlanir Siglingastofnunar um sjóvarnir og skal ráðið setja fram umsögn um slíkar áætlanir í skriflegu áliti.
   b. Í stað orðsins „nefndarinnar“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. komi: ráðsins.
   c. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: ráðið.
3. Við 9. gr. Í stað orðsins „matsnefndina“ í fyrri málslið komi: hafnaráð.
4. Við 10. gr. 3. málsl. orðist svo: Siglingastofnun sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði fyrir hvert verk.
5. Við 13. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1997“ komi: 1. janúar 1998.

972. Frumvarp til laga [580. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Að annast þátt ríkisins í framkvæmd laga um sjóvarnir og hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum vegna lendingarbóta.

2. gr.

Við fyrri málslið 1. mgr. 5. gr. laganna bætist: og málum er varða sjóvarnir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða því að samgöngunefnd hefur ákveðið að mæla með samþykkt frumvarps til laga um sjóvarnir, 115. máls. Breytingar þessar eru taldar nauðsynlegar til samræmis ef framangreint frumvarp verður að lögum en þær lúta að verkefnum Siglingastofnunar Íslands og verkefnum hafnaráðs.

973. Fyrirspurn [581. mál]

til forsætisráðherra um lífeyrisrétt öryrkja.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hvaða mánaðarlega örorkulífeyri frá SAL-lífeyrissjóði fær 25 ára gamall einhleypur maður sem hefur að jafnaði haft 80 þús. kr. í tekjur á mánuði og greitt af þeim iðgjald í fimm ár og verður 100% öryrki?
2. Hvaða mánaðarlegum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins á sá maður rétt á með tilliti til þess örorkulífeyris sem hann fær frá lífeyrissjóði skv. 1. lið ef hann er að öðru leyti tekjulaus?
3. Ef örorkan stafar af vinnuslysi og ákvæði skaðabótalaga eiga við, hvaða bætur fær maðurinn til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. lið?
4. Hvaða mánaðarlegra bóta samtals á maðurinn rétt til skv. 1., 2. og 3. lið ef eingreiðslubætur skv. 3. lið eru metnar til ígildis mánaðarlegra tekna?

Skriflegt svar óskast.

974. Fyrirspurn [582. mál]

til fjármálaráðherra um skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur (lífeyrir + kostnaður - iðgjöld (í b-lið)) Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:
   a. réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast,
   b. réttinda sem sjóðfélagar munu öðlast og hafa öðlast með greiðslu iðgjalda?
   Svarið óskast sundurliðað eftir árum, 1997–2070. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum í b-lið og vöxtum umfram hækkun launa og hvað mun falla á launagreiðendur (ríkissjóð). Reiknað sé með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 1996. Svar við b-lið miðist við að þeir sjóðfélagar flytji sig yfir í A-deild sem eru meira en 10% betur settir með því að flytja sig í þá deild sjóðsins.

2. Hvert er nauðsynlegt iðgjald til að ná jafnvægi milli eignaliða og skuldbindinga:
   a. B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum,
   b. A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. heildarlaunum,
   c. lífeyrisdeildar alþingismanna af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. þingfararkaupi,
   d. lífeyrisdeildar ráðherra af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. ráðherralaunum,
   e. Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum?
3. Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar? Hversu margir sjóðfélagar eiga „eign“ allt að 1 millj. kr., hversu margir eiga „eign“ þar yfir, allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga „eign“ þar yfir, allt að 3 millj. kr., o.s.frv. ef gengið er út frá því að „eign“ hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta áunninni heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt réttindum hvers og eins?

Skriflegt svar óskast.

975. Nefndarálit [256. mál]

um frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Jóhannesson og Smára Þorvaldsson frá umhverfisráðuneyti, Magnús Jónsson frá Veðurstofu Íslands, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stefán Thors frá Skipulagi ríkisins. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Önundi Ásgeirssyni, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Veðurstofu Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Viðlagatryggingu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra og Sýslumannafélagi Íslands.

Um er að ræða ný heildarlög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Frumvarpið byggist að meginstefnu til á núgildandi lögum en þó er þar að finna nokkur nýmæli. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að reglum um hættumat er nokkuð breytt þannig að skilgreint er hvað felast eigi í hættumati. Er gengið út frá því að ákveðin verði sú hætta af völdum ofanflóða sem ásættanlegt getur talist að fólk á byggðum svæðum búi við, með hliðsjón af annarri almannahættu sem fyrir hendi er í nútímaþjóðfélagi. Áfram er byggt á þeirri tilhögun að Veðurstofan skuli gefa út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi sem lögreglustjóra og almannavarnanefnd er skylt að bregðast við með því að rýma hús á ákveðnum svæðum. Jafnframt er hnykkt á því að lögreglustjóri geti hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofunnar, auk þess sem heimilt er að fyrirskipa rýmingu á öðrum og stærri svæðum en fram koma á rýmingaruppdráttum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að við 4. mgr. 3. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að ráðherra geti sett nánari reglur um skyldur sveitarstjórnar við eftirlitsmenn, en samkvæmt frumvarpinu ber sveitarstjórn að leggja þeim til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað auk þess sem þeir eiga að sjá um og greiða fyrir rekstur á tækjum og búnaði. Þykir nefndinni rétt að ráðherra geti kveðið nánar á um þetta í reglugerð.
2. Þá er lagt til að við 4. gr. verði bætt ákvæði um að meta skuli hættu á ofanflóðum á skipulögðum skíðasvæðum, en nauðsynlegt er að til sé hættumat fyrir skíðasvæði sem nú eru í notkun auk þess sem lögð er áhersla á að slíkt mat sé unnið áður en lagt er í uppbyggingu nýs skíðasvæðis. Telur nefndin þetta mikilvægt þar sem nauðsynlegt er að tryggja öryggi þeirra sem sækja slík skipulögð svæði, en þangað er oft miklum fjölda fólks stefnt. Þá leggur nefndin áherslu á að metin verði ofanflóðahætta á svæðum áður en byggð er skipulögð þar, en nefndin telur brýnt að ekki verði skipulögð byggð á óbyggðum svæðum þar sem vitað er um ofanflóðahættu.
3. Einnig er lögð til smávægileg breyting við 7. gr. sem tryggja á að skýrt komi fram í lagatexta að lögreglustjóra ber að hafa samráð við almannavarnanefnd þegar ákvörðun er tekin um að banna umferð um götur og vegi utan hættusvæða og sömuleiðis þegar fólki er bannaður aðgangur að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum vegna hættu á ofanflóðum.
4. Lögð er til sú breyting við 9. gr. að ofanflóðanefnd verði skipuð til fjögurra ára í senn en ekki ótímabundið eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.
5. Þá er gerð tillaga um að við 10. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist verði ráðherra og sveitarstjórn heimilt að meta hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum. Telur nefndin eðlilegt að ekki verði ráðist í þéttingu byggðar nema aðstæður séu metnar áður og er eðlilegast að slíkt mat sé í höndum viðkomandi sveitarstjórnar og ráðherra sem leita skal álits Veðurstofu Íslands og Skipulags ríkisins áður en ákvörðun er tekin.
6. Loks er gerð tillaga varðandi ákvæði til bráðabirgða I um nýja byggð og nýbyggingar í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Gerir tillagan ráð fyrir að þar til hættumat hefur verið staðfest skuli sveitarstjórn leggja fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga og skal tillagan vera í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Áður en umhverfisráðherra setur reglurnar skal hann hafa fengið tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat fyrir viðkomandi svæði. Miðar tillagan að því að heimila brýnar framkvæmdir í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu, en jafnframt leggur nefndin áherslu á að ekki verði, áður en hættumat liggur fyrir, hafnar framkvæmdir á svæðum sem ljóst þykir að séu á hættusvæði. Um framkvæmdir eftir að hættumat liggur fyrir og varnarvirki hafa verið reist gildir 10. gr.

Gísli S. Einarsson og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. apríl 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Katrín Fjeldsted.
Guðmundur Beck, með fyrirvara.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.
	Kristján Pálsson.	

976. Breytingartillögur [256. mál]

við frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 4. mgr. 3. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur sett nánari reglur um þessar skyldur sveitarstjórnar.
2. 4. gr. orðist svo:

   Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt fari slíkt mat fram á skipulögðum skíðasvæðum. Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði. Við matið skal tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið.

   Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða, samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags.

   Hættumat öðlast gildi þegar ráðherra hefur staðfest það. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og skal það lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

   Reglur um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra skulu settar af ráðherra.
3. Í stað orðsins „nýrrar“ í 4. mgr. 6. gr. komi: bestu.
4. Á eftir orðunum „Þá er lögreglustjóra heimilt“ í 2. mgr. 7. gr. komi: í samráði við almannavarnanefnd.
5. Á eftir orðinu „ofanflóðanefnd“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. komi: til fjögurra ára í senn.
6. 1. mgr. 10. gr. orðist svo:

   Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.
7. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

   Sveitarstjórn leggur fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Skipulagstillagan skal unnin í samræmi við reglur, sem umhverfisráðherra setur. Ráðherra skal fá tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal liggja fyrir

bráðabirgðahættumat. Skal styðjast við þær reglur þar til hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

977. Frumvarp til laga [583. mál]

um dýralækna og heilbrigðisþjónustu dýra.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers þess dýralæknis sem er skipaður, settur eða ráðinn til starfa í þágu ríkisins og þeirra dýralækna sem starfa samkvæmt leyfi þar að lútandi sem veitt er eftir lögum þessum.

2. gr.

Dýralæknar skulu standa vörð um heilsu dýra í landinu, stuðla að bættu heilsufari þeirra, aukinni arðsemi búfjár og góðum aðbúnaði og meðferð dýra. Þeir skulu vera á verði gagnvart því að einstaklingar eða samfélagið í heild bíði tjón af völdum dýrasjúkdóma. Með starfi sínu skulu þeir leitast við að girða fyrir hættur sem stafað geta af sjúkum dýrum og neyslu spilltra búfjárafurða, af innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða, efna, áhalda eða hluta sem borið geta með sér smitefni.

II. KAFLI
Yfirstjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með mál sem þessi lög varða.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralæknaráð sem skipað er yfirdýralækni og tveimur dýralæknum til fimm ára í senn. Skal einn tilnefndur af stjórn Dýralæknafélags Íslands og annar af stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og varamaður yfirdýralæknis skal vera aðstoðarmaður yfirdýralæknis. Yfirdýralæknir er formaður ráðsins.

Ráðið skal fjalla um innflutning dýra og búfjárafurða og aðra þætti er snerta heilbrigðismál dýra og dýraafurða þegar þess er óskað af ráðherra eða yfirdýralækni. Ráðinu er heimilt, ef aðstæður krefja, að kalla sérfræðinga til ráðuneytis.

Sömu aðilar og taldir eru í 2. mgr. geta vísað ágreiningsmálum varðandi dýralæknaþjónustu til ráðsins. Við úrlausn þeirra ágreiningsmála skal ráðherra kalla til starfa með ráðinu lögfræðing sem fullnægir skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara.

Ráðið skal halda gerðabók um störf sín.

5. gr.

Yfirdýralæknir er ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu og meðferð búfjárafurða. Aðstoðaryfirdýralæknir skal vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Yfirdýralæknir hefur með höndum:

a. yfirstjórn og eftirlit með störfum eftirlitsdýralækna, héraðsdýralækna, sérgreinadýralækna og annarra dýralækna sem leyfi hafa til að stunda dýralækningar,
b. yfirumsjón með öllu er varðar heilbrigðismál dýra; hann skal einnig afla upplýsinga um heilbrigðisástand dýra og hollustu dýraafurða í öðrum löndum eftir því sem nauðsyn krefur,
c. yfirumsjón með sjúkdómavörnum dýra, forvörnum, fræðslustarfi varðandi búfjársjúkdóma, og innflutningi og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgjast með hollustu dýrafóðurs í samvinnu við Aðfangaeftirlit ríkisins,
d. yfirumsjón með heilbrigði sláturdýra, heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og vinnslu sláturafurða, yfirumsjón með framleiðslu mjólkur og aðstöðu á vinnslustað hennar, auk yfirumsjónar með heilbrigði annars búfjár og afurða þess,
e. skipulagningu, gagnaöflun og skýrslugerð varðandi dýrasjúkdóma, heilbrigðisskoðun sláturafurða og heilbrigðiseftirlit með framleiðslu og vinnslu mjólkur; hann sér um árlega útgáfu heilbrigðisskýrslna.

III. KAFLI
Réttindi og skyldur.

6. gr.

Þeir einir eru samkvæmt lögum þessum taldir dýralæknar er lokið hafa prófi frá dýralæknaháskóla sem er viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum.

Þeir einir mega stunda dýralækningar hér á landi sem hlotið hafa leyfi landbúnaðarráðherra samkvæmt ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð að fenginni umsögn yfirdýralæknis.

Landbúnaðarráðherra gefur út leyfisbréf handa dýralækni til að stunda dýralækningar og dýralæknir undirritar eiðstaf þar að lútandi. Yfirdýralæknir heldur skrá yfir dýralækna sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar.

Dýralækni er skylt að tilkynna yfirdýralækni:

a. þegar dýralæknir hyggst hefja dýralæknisstörf og aðsetur starfsemi sinnar,
b. flutning aðseturs,
c. starfslok sem dýralæknir.

Dýralæknum, sem hefja störf á Íslandi, ber að kynna sér íslensk lög og reglur um dýralækningar og þeir sem starfa í opinberri þjónustu skulu hafa vald á íslenskri tungu.

Heimilt er að fela dýralæknanemum á síðari hluta námsferils að gegna tímabundið ákveðnum dýralæknisstörfum undir stjórn dýralæknis ef yfirdýralæknir mælir með því.

7. gr.

Eingöngu þeir dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar mega framkvæma læknisaðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni.

8. gr

Dýralækni er einungis heimilt að afhenda eða ávísa lyfseðilsskyldum lyfjum handa dýri þegar hann hefur greint sjúkdóminn.

9. gr.

Dýralækni ber að sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og halda við þekkingu sinni. Dýralæknir ber ábyrgð á greiningu sjúkdóms og meðferð sjúklinga sinna.

Dýralækni ber að upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs sem hann fær til meðferðar um ástand, meðferð, horfur og væntanlegan kostnað af meðhöndlun og lyfjameðferð. Einnig skal hann upplýsa eiganda eða umráðamann um þær hættur sem geta fylgt viðkomandi aðgerð, algengar aukaverkanir lyfja sem notuð eru og lyfjamengun afurða.

Dýralækni ber, sé til hans leitað eða hann nærstaddur og náist ekki í vakthafandi dýralækni, að veita fyrstu nauðsynlega læknishjálp í skyndilegum sjúkdóms- eða slysatilfellum, nema þeim mun alvarlegri forföll hamli.

Dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eiga rétt á og ber skylda til að taka þátt í vaktafyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði. Dýralæknir getur þó komist hjá vaktskyldu semji hann við annan dýralækni um að hann taki við vaktskyldunni.

Verði dýralæknir var við eða hafi hann grun um að upp sé kominn alvarlegur smitsjúkdómur í dýrum á starfssvæði hans skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að staðfesta gruninn, hefta útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón sem af honum getur leitt. Hann skal tafarlaust tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og gera þeir í samráði þær ráðstafanir sem þurfa þykir.

Dýralækni ber að gera árlega skýrslu um læknisstörf sín og senda yfirdýralækni. Yfirdýralæknir setur reglur um hvaða upplýsingar skýrslurnar skuli geyma.

Dýralækni ber að sýna nákvæmni í útgáfu vottorða og læknisyfirlýsinga. Hann er bundinn þagnarskyldu um þá vitneskju sem hann öðlast í starfi sínu og honum er trúað fyrir og varðar ekki almannaheill.

Dýralækni er einungis heimilt að auglýsa læknisstarfsemi sína með efnislegum og látlausum auglýsingum.

Dýralæknum ber í öllum störfum sínum, ferðum í þágu starfs og notkun lyfja að gæta hófs um allan kostnað.

10. gr.

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra eða fengið viðurkenningu á að starfa sem sérfræðingur í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Umsóknir um sérfræðileyfi skulu lagðar fyrir dýralæknaráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveða til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

IV. KAFLI
Skipan dýralæknisumdæma.

11. gr.

Landinu er skipt upp í dýralæknisumdæmi sem hér greinir:

A. Umdæmi eftirlitsdýralækna:

Einn eftirlitsdýralæknir skal skipaður í hvert eftirtalinna umdæma:

1. *Reykjavíkurumdæmi:* Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðar- og Mýrasýsluumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Akranes- og Borgarbyggð.
3. *Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi:* Akureyri, Ólafsfjörður, Dalvík, Siglufjörður, Sauðárkrókur, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslur, Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppar í Suður-Þingeyjarsýslu.
4. *Suðurlandsumdæmi:* Mýrdalshreppur, Árnes- og Rangárvallasýslur.

Dýralæknar í þessum umdæmum skulu hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og vinnslustöðvum, eftirlit með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Einnig ber þeim að hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða og hafa eftirlit með inn- og útflutningi landbúnaðarafurða á starfssvæðum sínum.

B. Umdæmi héraðsdýralækna:

Í hvert eftirtalinna umdæma skal skipa einn héraðsdýralækni. Þó skulu skipaðir tveir héraðsdýralæknar í Vestfjarðaumdæmi og tveir í Austfjarðaumdæmi.

1. *Snæfellsnesumdæmi:* Stykkishólmur, Snæfellsbær, Hnappadalssýsla, Flatey og býli í gamla Flateyjarhreppi.
2. *Dalaumdæmi:* Dalabyggð, Saurbæjarhreppur, Austur-Barðastrandarsýsla, að undanskilinni Flatey og býlum í Flateyjarhreppi hinum gamla.
3. *Vestfjarðaumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjörður, Bolungarvík, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla að Bæjarhreppi.
4. *Vestur-Húnaþingsumdæmi:* Vestur-Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur.
5. *Austur-Húnaþingsumdæmi:* Blönduós og Austur-Húnavatnssýsla.
6. *Þingeyjarumdæmi:* Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla, að undanskildum Svalbarðsstrandar-, Grýtubakka- og Hálshreppum, Norður-Þingeyjarsýsla, Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar í Norður-Múlasýslu.
7. *Austfjarðaumdæmi:* Egilsstaðir, Eskifjörður, Neskaupstaður, Seyðisfjörður, Norður- og Suður-Múlasýslur, að undanskildum Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppum.
8. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Hornafjarðarbær, Austur-Skaftafellssýsla.
9. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi:* Vestur-Skaftafellssýsla, að undanskildum Mýrdalshreppi.

Dýralæknar skv. B-lið skulu annast eftirlit á sama hátt og greint er í síðustu málsgrein A-liðar en annast jafnframt almenna dýralæknaþjónustu í viðkomandi héruðum.

Heimilt er að ráða dýralækna tímabundið til aðstoðar dýralæknum sem starfa skv. A- og B-lið þessarar greinar ef þess er þörf vegna eftirlits og skoðana í einstökum umdæmum.

Gjald, sem nemur kostnaði, skal innheimta fyrir eftirlit og skoðanir samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengum tillögum yfirdýralækis.

12. gr.

Innan dýralæknisumdæma ber yfirdýralækni að skipuleggja vaktir dýralækna þannig að dýralæknir sé jafnan á vakt og auðvelt sé að afla vitneskju um hverjir sinna vaktskyldu hverju sinni. Vaktsvæðin eru:

1. Reykjavíkurumdæmi.
2. Borgarfjarðar–Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnes–Dalaumdæmi.
4. Vestfjarðaumdæmi.
5. Vestur- og Austur-Húnaþingsumdæmi.
6. Skagafjarðarumdæmi.
7. Eyjafjarðarumdæmi.
8. Þingeyjarumdæmi.
9. Austfjarðaumdæmi.
10. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi.
11. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi.
12. Rangárvallasýsla og Mýrdalshreppur.
13. Árnessýsla.

Fyrir vaktþjónustu greiðist samkvæmt samningum Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðar- og fjármálaráðuneyti.

13. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt við sérstakar aðstæður að semja við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar í því skyni að tryggja fjarlægum byggðum frá aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu samkvæmt reglum gerðum í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands.

V. KAFLI
Sérgreinadýralæknar.

14. gr.

Ráða skal sérmenntaða dýralækna, einn á hverju eftirtalinna sérsviða: Sviði alifuglasjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, júgursjúkdóma, loðdýrasjúkdóma, nautgripasjúkdóma, sauðfjársjúkdóma og svínasjúkdóma. Auk þess skal ráða dýralækni með sérþekkingu í heilbrigðiseftirliti sláturdýra og sláturafurða og dýralækni sem hafi eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða. Sérgreinadýralæknar starfa undir stjórn yfirdýralæknis sem setur þeim erindisbréf.

Sérgreinadýralæknar skulu vinna að bættu heilbrigði búfjár og sjúkdómavörnum, hver á sínu sviði, með sértækum aðgerðum, almennri fræðslu, leiðbeiningar- og forvarnarstarfi. Sérgreinadýralæknum má fela önnur verkefni, enda komi slíkt fram í erindisbréfi.

Sérgreinadýralæknar skulu hafa frumkvæði að framkvæmd nauðsynlegra rannsókna og sýnatöku í samvinnu við rannsóknastofnanir og afurðastöðvar.

15. gr.

Yfirdýralæknir skal hafa til ráðstöfunar viðunandi aðstöðu, búnað og sérþekkingu til frumgreiningar dýrasjúkdóma vegna sjúkdómavarna og forvarnarstarfa.

16. gr.

Ráðherra skipar yfirdýralækni, aðstoðaryfirdýralækni, eftirlitsdýralækna og héraðsdýralækna til fimm ára í senn og setur þeim erindisbréf. Laun og önnur starfskjör þeirra ákveðast af kjaranefnd. Sérgreinadýralæknar skulu ráðnir samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VI. KAFLI
Viðurlög.

17. gr.

Verði yfirdýralæknir þess var að dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, vanræki skyldur sínar og störf, fari út fyrir verksvið sitt eða brjóti alvarlega í bága við fyrirmæli sem dýralæknum er skylt að starfa eftir ber yfirdýralækni að áminna hann um að bæta ráð sitt.

Nú kemur ítrekuð áminning ekki að haldi eða sé um óhæfu í læknisstörfum að ræða og ber þá yfirdýralækni að kæra málið til ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi að fullu eða um tiltekinn tíma.

Uppfylli dýralæknir, sem hefur læknisleyfi, ekki lengur þær kröfur sem gerðar voru er læknisleyfi var veitt, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu eða misnotkunar vímuefna, ber yfirdýralækni að greina ráðherra frá málavöxtum. Ráðherra skal leita álits dýralæknaráðs um slík mál. Svipta má viðkomandi dýralækni lækningaleyfi ef dýralæknaráð leggur það til.

Úrskurðum ráðherra samkvæmt þessari grein má skjóta til dómstóla.

18. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 77 1. október 1981, um dýralækna, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sé starf lagt niður á dýralæknir sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði í 34. gr. laga nr. 70/1996.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta byggist á tillögum nefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði 1. febrúar 1996 til að endurskoða lög um dýralækna, nr. 77/1981, með síðari breytingum, og gera tillögu að frumvarpi til nýrra laga um dýralækna. Í nefndina voru skipaðir Brynjólf-

ur Sandholt yfirdýralæknir, formaður, Rögnvaldur Ingólfsson dýralæknir, tilnefndur af Dýralæknafélagi Íslands, Sigurður Ingi Jóhannsson dýralæknir, tilnefndur af yfirdýralækni og Rögnvaldur Ólafsson bóndi, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands. Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, starfaði með nefndinni.

Samkvæmt ákvörðun ráðherra skyldi markmið nefndarinnar vera að leggja fram tillögur sem:

— leiða til betri nýtingar fjárframlaga hins opinbera til dýralæknisþjónustu,
— gera skipulag dýralæknisþjónustu sveigjanlegra,
— tryggja dýralæknaþjónustu um allt land,
— auka heilbrigðiseftirlit með innflutningi búvara,
— tryggja eðlilegt samstarf eftirlitsaðila í landbúnaði og koma í veg fyrir skörun á þeim vettvangi.

Aðalfundur Dýralæknafélags Íslands, haldinn á Egilsstöðum 26. ágúst 1995, samþykkti samhljóða áskorun á landbúnaðarráðuneytið og Alþingi „að taka til endurskoðunar lög um dýralækna, nr. 77/1981, og breyta þeim í samræmi við breytt starfsumhverfi dýralækna og þjóðfélagið í heild".

Stjórn Dýralæknafélags Íslands er sammála því „að í ljósi breyttra þjóðfélagsaðstæðna sé full ástæða til að endurskoða lög um dýralækna. Þó má það ekki verða til þess að sú þjónusta sem landsmönnum er tryggð í dag breytist til hins verra" eins og segir í bréfi félagsstjórnar, dags. 4. október 1996. Stjórn Dýralæknafélags Íslands telur lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu verða að taka mið af eftirfarandi:

— gætt sé byggðasjónarmiða og jafnræðis þegnanna,
— tryggð sé ímynd íslenskrar landbúnaðarframleiðslu undir merkjum gæðastýrðrar framleiðslu með áherslu á hreinleika afurða,
— fullt tillit sé tekið til vaxandi krafna um eftirlit með aðbúnaði dýra og almennra dýraverndunarsjónarmiða,
— tryggt sé að vakandi auga sé haft með smitsjúkdómum og vörnum gegn þeim um allt land,
— dýralæknum sé tryggt viðunandi vinnuumhverfi þannig að þeir geti sinnt starfi sínu út frá ströngustu faglegu kröfum.

Fyrstu lærðu dýralæknarnir komu til starfa á miðri 19. öld, en starf þeirra var stopult og þurftu þeir að sinna öðrum störfum jafnframt til að afla lífsafkomu. Árið 1891 voru samþykkt lög um skipan tveggja dýralækna, annar skyldi vera í Suður- og Vesturamti, hinn í Norður- og Austuramti. Hvor dýralæknir skyldi fá 1.200 kr. í árslaun.

Með lögum nr. 61 3. nóvember 1915 var dýralæknum fjölgað í fjóra, einn fyrir hvern landsfjórðung og skyldu árslaun hvers þeirra, 1.500 kr., greiðast úr landssjóði.

Á undanförnum 30 árum hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á dýralæknalögum. Flestar þeirra hafa hnigið að því að fjölga dýralæknisumdæmum að tilmælum bændasamtakanna sem hafa talið bændur fá ófullnægjandi dýralæknisþjónustu eða hafa verið afskipta vegna búsetu hvað þjónustu varðar. Af þessari ástæðu hefur dýralæknisumdæmum stöðugt fjölgað. Þau voru 12 árið 1950, 20 árið 1970 og 31 árið 1990.

Samkvæmt núgildandi lögum um dýralækna, nr. 77/1981, er landinu skipt í 31 dýralæknisumdæmi og starfa nú héraðsdýralæknar í 27 umdæmum. Héraðsdýralæknar hafa hins vegar aldrei verið skipaðir í þrjú umdæmi, Hafnarfjarðarumdæmi, Akranesumdæmi og Norðfjarðarumdæmi, vegna skorts á fjárveitingu. Eitt hérað er nú ósetið, Norðausturlandsumdæmi, og tveimur umdæmum, Barðastrandar- og Strandaumdæmi, er þjónað frá Ísafirði.

Auk fastlaunaðra héraðsdýralækna starfa dýralæknar á sérsviðum varðandi sóttvarnir, fisksjúkdóma, fugla-, svína-, hrossa-, loðdýra- (hlutastarf), sauðfjár-, nautgripa- og júgursjúkdóma. Einn dýralæknir starfar við eftirlit með sláturafurðum og er hann jafnframt staðgengill yfirdýralæknis.

Auk framantalinna dýralækna hefur sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgað á síðustu árum og fyrirsjáanlegt er að þeim fjölgi enn eftir því sem verkefni gefa tækifæri til. Nú munu starfa 15 dýralæknar með sjálfstæðan rekstur. Sjálfstætt starfandi dýralæknar eru nær eingöngu á þeim svæðum landsins þar sem dýrafjöldi er mestur, greiðastar samgöngur og þar sem flest er gæludýra og dýra til afþreyingar. Á þessum svæðum sinna sjálfstætt starfandi dýralæknar einnig hluta af þjónustu við bændur vegna búfjárhalds þeirra.

Fjöldi búfjár á Íslandi 1950–94.

	Nautgripir	Þar af mjólkurkýr	Sauðfé	Hross	Svín	Varpfuglar
1950	44.535	31.766	415.544	42.280	719	97.589
1970	53.294	34.275	735.543	33.473	667	135.219
1980	59.933	33.577	827.927	52.346	1.552	310.724
1994	71.923	30.518	499.110	78.517	3.752	165.007

Aðstæður til dýralæknisþjónustu hafa breyst mikið á Íslandi síðustu ártugi þannig að öll rök hníga að því í tillögum um nýja skipan dýralæknisþjónustu að taka tillit til þeirra breytinga. Samgöngur hafa batnað til mikilla muna víðast um landið og einangrun landsvæða er hvergi svo sem hún var til skamms tíma.

Um störf dýralækna á Norðurlöndum:

Í Noregi er héraðsdýralæknakerfið ríkjandi þó á þann hátt að á þéttbýlum svæðum gegna héraðsdýralæknar eingöngu eftirlitshlutverki en í dreifbýli gegna þeir bæði eftirlitsstörfum og almennum dýralækningum. Stöðug fjölgun sjálfstætt starfandi dýralækna sem sinna dýralækningum á þéttbýlum svæðum hefur átt sér stað og fyrirsjáanlegt er að sú þróun muni halda áfram.

Í Svíþjóð hefur nýlega verið innleitt nýtt kerfi varðandi dýralækningar og er það algjörlega á vegum ríkisins. Ríkið greiðir héraðsdýralæknum laun en innheimtir allan kostnað af bændum fyrir aðgerðir, lyf og ferðir. Ríkið lætur þessum dýralæknum t.d. þjónustubifreiðar í té. Gjöld fyrir þjónustuna eru samkvæmt gjaldskrá sem ríkið setur. Auk héraðsdýralækna starfa sjálfstæðir dýralæknar með frjálsra gjaldskrá.

Í Danmörku er almennum dýralækningum eingöngu sinnt af sjálfstætt starfandi dýralæknum en umdæmisdýralæknar hafa eftirlit með höndum eða skipuleggja það og njóta þá starfskrafta sjálfstætt starfandi dýralækna ef með þarf.

Í Finnlandi starfa flestir dýralæknar á eigin vegum með styrk frá sveitarfélögum. Auk þess eru fastráðnir dýralæknar í eftirlitsstörfum.

Núgildandi löggjöf um dýralækna hér á landi er nær eingöngu miðuð við störf héraðsdýralækna sem bæði annast eftirlit og almenna dýralæknaþjónustu. Við breyttar aðstæður þykir rétt að leggja til aðra skipan þannig að störf sjálfstætt starfandi dýralækna nýtist betur en verið hefur og jafnframt að leggja meiri áherslu á hlutverk dýralækna við hvers konar eftirlit með heilbrigði búfjár og með allri framleiðslu úr búfjárafurðum, þó

þannig að komist verði hjá skörun við eftirlit, svo sem eftirlit á vegum sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins.

Tekið er tillit til aðstæðna þar sem samgöngur t.d. að vetri eru oft erfiðar og búfjárstofn lítill, einkum á strjálbýlli svæðum. Á slíkum svæðum er þess vart að vænta að sjálfstætt starfandi dýralæknar sjái rök til þess að setjast að með dýralækningaþjónustu þannig að þörf er á aðstoð opinberra aðila við almenna dýralæknisþjónustu á slíkum svæðum.

Störf dýralækna hafa breyst verulega á síðasta áratug með breyttum búskaparháttum. Bú hafa stækkað og fólki fækkað sem vinnur að framleiðslustörfum búfjárafurða. Gripir eru fóðraðir til fyllstu afurða frekar en áður var og eru þá kvillasamari. Á sama tíma hafa dýralækningar vegna ræktunar og notkunar reiðhesta stóraukist. Sama er um dýralæknisþjónustu vegna gæludýrahalds. Vinna við margvíslegt eftirlit hefur aukist og mun vaxa, m.a. vegna aðildar að fjölþjóðasamningum og rýmkunar á innflutningi búfjárafurða. Auk þess verður að reikna með auknu eftirliti með innflutningi búfjárafurða og kostnaðarauka sem af því leiðir. Styðst þetta við reynslu nágrannalanda okkar.

Störf héraðsdýralækna hafa til þessa, eins og þegar hefur komið fram, skipst í tvö meginviðfangsefni, annars vegar almenna þjónustu við sjúkdómavarnir og lækningar, hins vegar margvíslega umsýslan og eftirlit með auknum kröfum um hreinleika afurða, svo sem fjósaskoðun, vöktun og eftirlit í sláturhúsum, sýnatökur, skýrslugerðir o.fl., einnig eftirlit og framkvæmd bólusetninga gegn garnaveiki og eftirlit með niðurskurði gegn riðu og öðrum smitsjúkdómum. Með framkvæmd nýrra laga um dýravernd hefur aukinn tími héraðsdýralækna farið í að sinna þeim málum.

Telja verður að samkvæmt stjórnsýslu- og samkeppnislögum sé brýnt að skilja að, eins og aðstæður leyfa, eftirlits- og dýralæknisþjónustu sama aðila. Það samrýmist illa góðri stjórnsýslu að aðili gefi út starfsleyfi og hafi jafnframt tekjur af þjónustu við þá starfsemi sem fær leyfið.

Á þessum sjónarmiðum byggist sú tillaga að skipta verkefnum dýralækna í eftirlitsstörf og almennar dýralækningar. Við þá skiptingu er horft til búsetu, fjölda og dreifingar dýra og samgangna. Þannig eru talin upp í A-lið 11. gr. þau svæði landsins þar sem gert er ráð fyrir að aðeins starfi ráðherraskipaðir eftirlitsdýralæknar en öll almenn dýralækningaþjónusta verði á vegum sjálfstætt starfandi dýralækna. Ljóst er að þessu fyrirkomulagi verður ekki alls staðar við komið og í B-lið 11. gr. laganna er gert ráð fyrir að í þau héruð, sem þar eru upp talin, verði skipaðir dýralæknar sem áfram gegna hinu tvíþætta hlutverki eftirlits og almennrar dýralæknisþjónustu, en þeir þiggi aðeins laun úr ríkissjóði fyrir eftirlitsstarfið.

Vitað er að vinnuálag á sumum dýralæknum er langt umfram það sem hæfir. Með þeim breytingum sem í frumvarpi þessu felast verður unnt að dreifa vinnuálagi milli dýralækna meira en verið hefur, m.a. með því að greiða öðrum dýralæknum en héraðsdýralæknum fyrir vaktir. Ávinningur verður m.a. sá að dýralæknar eigi fleiri frjálsar stundir og rýmri möguleika til viðhaldsmenntunar og aukinnar sérhæfingar miðað við þarfir einstakra svæða.

Fyrirkomulag samkvæmt frumvarpinu eykur líkur á því að upp verði komið dýralæknastöðvum þar sem sérhæfni yrði meiri og gæti það orðið til þess að lengra verði fyrir suma að sækja dýralækni en við núverandi skipan og þar með dýrara. Möguleiki er á að draga úr slíku, t.d. með því að dýralæknar annist í auknum mæli sæðingar búfjár því að þá mundi heimsóknum dýralækna fjölga og þær gætu nýst við tilfallandi dýralækn is- og forvarnarstörf vegna heilbrigði gripa.

Augljós ávinningur af hinu nýja skipulagi felst einnig í því að sveigjanleiki er meiri og því unnt að hliðra til störfum eftir áherslum innan kerfisins og því hvar álagið er mest hverju sinni.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt hver áhrif frumvarpið getur haft á fjölda dýralækna í einstökum umdæmum:

Fjöldi dýralækna.

Umdæmi	*Núna* Héraðs-dýralæknar	Alm. starf. dýralæknar	*Eftir breytingar* Eftirlits- og héraðsdýralæknar	Alm. starf. dýralæknar
Reykjavík	1	6	1	6
Borgarfjörður	2	1	1	2
Snæfellsnes	1		1	
Dalir	1		1	
Vestfirðir	2		2	
V-Húnaþing	1		1	1
A-Húnaþing	1		1	1
Skagafjörður – Eyjafjörður	5	3	1	8
Húsavík	3		1	2
Austfirðir	2	1	2	1
A-Skaftafellsýsla	1		1	
V-Skaftafellssýsla	1		1	
Suðurland	6	4	1	10
	27	**15**	**15**	**31**

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um gildissvið laganna.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og er ætlað að skýra verksvið þeirra sem starfa samkvæmt lögunum og að hverju sé stefnt með starfi dýralækna.

Um 3. gr.

Greinin er til staðfestingar því sem nú er, að landbúnaðarráðherra fari með öll mál sem varða lög um dýralækningar.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Ísland hefur margvíslegra sérstöðu varðandi dýrasjúkdóma. Við höfum sloppið við fjölda hættulegra sjúkdóma sem hafa valdið miklum usla þar sem þeir hafa náð sér niðri í öðrum löndum. Jafnframt hafa sjúkdómar, sem lítið ber á í heimalandi, valdið ómældu tjóni á íslensku búfé þegar þeir hafa borist til landsins.

Stöðug varnarbarátta gegn því að smit berist til landsins hefur oft sætt harðri gagnrýni af hendi þeirra sem ekki þekkja hversu ómetanlega hagsmuni er verið að verja, þ.e. gott heilbrigðisástand og lítil útgjöld við dýralækningar ásamt lágum lyfja- og bóluefniskostnaði. Með skipan dýralæknaráðs er skotið styrkari stoðum undir margar þær mikilvægu ákvarðanir sem tengjast hagsmunum þjóðarinnar í þessum efnum. Næsta víst er að með aukinni samkeppni og fjölgun dýralækna koma upp fleiri ágreiningsefni sem

ávinningur felst í að geta leitað lausnar á án þess að fara með mál til dómstóla. Niðurstaða lögskipaðs hóps sérfróðra manna mun að öðru jöfnu verða til styrktar í varnarbaráttunni og við úrlausn ágreiningsefna og styrkja yfirstjórn dýralæknamála.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 3. gr. núgildandi laga um verkefni yfirdýralæknis en er um margt ítarlegri. Ákvæðið um að aðstoðaryfirdýralæknir skuli vera yfirdýralækni til aðstoðar og staðgengill hans er nýmæli. Þá eru einnig nýmæli í greininni um verksvið yfirdýralæknis sem leiðir af breytingum sem í frumvarpinu eru ef það verður að lögum.

Verkefni embættis yfirdýralæknis hafa aukist mjög á síðustu árum. Kemur þar margt til, svo sem auknar heilbrigðiskröfur, aukin samskipti og viðskipti milli landa, stóraukin verkefni vegna fjölþjóðasamninga á sviði dýrasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits og samræmingar starfshátta landa sem aðild eiga að slíkum samningum.

Ísland er aðili að mörgum alþjóðastofnunum sem fjalla um heilbrigði dýra og búfjárafurða. Embætti yfirdýralæknis fær sendar skýrslur og tilkynningar sem varða þessi mál og er jafnframt skuldbundið til að gera grein fyrir slíkum málum hér á landi, m.a. vegna inn- og útflutnings dýra og búfjárafurða. Þessi samskipti eru mjög mikilvæg þar sem kröfur um opnun markaða milli landa hafa aukist á síðustu árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allt eftirlit með framleiðslu sláturafurða og mjólkur verði undir yfirstjórn yfirdýralæknis til að samræming náist og til að koma í veg fyrir skörun við aðra aðila sem hafa eftirlit með afurðunum þegar þær eru komnar í dreifingu.

Aðstoðaryfirdýralæknir mun sinna ýmsum verkum á móti yfirdýralækni og verða tengiliður í samskiptum embættis yfirdýralæknis við dýralækna sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 1. gr. núgildandi laga.

Nýmæli er tilkynningarskylda dýralækna til yfirdýralæknis þegar þeir hefja störf, um hvar starfsaðsetur þeirra er og um starfslok. Nýmælið er til þess sett að hafa megi fulla yfirsýn yfir störf og starfssvið dýralækna þegar sjálfstætt starfandi dýralæknum fjölgar. 5. mgr. er nýmæli og byggist á því að með aðild okkar að fjölþjóðlegum samningum opnast möguleikar fyrir erlenda dýralækna til að starfa á Íslandi.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli, þ.e. að eingöngu dýralæknar sem hafa leyfi til að stunda dýralækningar megi framkvæma læknisaðgerðir á dýrum.

Samkvæmt 16. gr. núgildandi laga er unnt að veita mönnum sem ekki hafa dýralæknismenntun leyfi til að starfa að dýralækningum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að slík heimild falli niður. Bæði er það að dýralæknum hefur fjölgað og margir eru við nám í dýralæknisfræðum, auk þess sem skilningur og kröfur um dýravernd og góða meðferð dýra hafa aukist.

Um 8. gr.

Greinin er nýmæli í dýralæknalögum en er í samræmi við ákvæði lyfjalaga. Henni er ætlað að skapa meira aðhald og árvekni um meðferð lyfja. Í flestum tilvikum verður að reikna með að sjúkdómsgreining byggist á skoðun en greining á rannsóknarstofu eftir heimsókn til dýralæknis eða símaviðtal telst fullnægjandi sé um engan vafa að ræða af hálfu dýralæknis.

Um 9. gr.

Greinin geymir ýmis ákvæði sem eiga sér hliðstæðu í núgildandi lögum en einnig nýmæli sem skerpa línur varðandi störf og skyldur dýralækna. 4. gr. núgildandi laga geymir ákvæði hliðstæð 1. mgr. 9. gr. frumvarps þessa.

2. mgr. er nýmæli. Greininni er ætlað að tryggja það að forráðamaður dýrs, sem kaupir þjónustu dýralæknis, viti sem nánast hvers hann má vænta varðandi kostnað, lyfjanotkun og árangur við upphaf meðferðar. Í þessu felst m.a. að framleiðanda afurða á að vera betur ljóst en nú er hvaða hætta kann að stafa af lyfjum.

3. mgr. er tilvísun í læknaeið og *codex* Dýralæknafélags Íslands. Hér er eingöngu átt við fyrstu hjálp, en vakthafandi dýralæknar sinna bráðaþjónustu.

4. mgr. er nýmæli sem byggist á þeim skipulagsbreytingum sem felast í frumvarpi þessu. Það er að dýralæknar, sem stunda almennar dýralækningar, eru skyldugir til að taka þátt í opinberri vaktþjónustu á því svæði þar sem þeirra aðalstarfsstöð er. Vaktþjónustan verði greidd af ríkissjóði. Þessi vaktþjónusta bannar ekki öðrum starfandi dýralæknum á svæðinu að vera á vakt, en hins vegar geta dýralæknar vísað á vakthafandi dýralækni utan almenns þjónustutíma. Vaktþjónustan verði skipulögð af yfirdýralækni samkvæmt nánari reglum sem fram koma í samningum við Dýralæknafélag Íslands. Ef starfandi dýralæknar á svæði geta ekki eða óska ekki eftir að vera á vakt geta þeir komist að samkomulagi við annan dýralækni um að sá dýralæknir taki þær vaktir ef yfirdýralæknir er samþykkur.

Um 10. gr.

Greinin er nýmæli. Þörf á sérfræðiþekkingu hefur aukist til mikilla muna, einkum vegna sífellt harðari krafna um framleiðsluafköst og umfangsmeiri þekkingu í dýralæknisfræðum. Ekki er hægt að ætla að almennir dýralæknar búi yfir margvíslegri sérþekkingu sem þörf kann að verða á. Dýralæknar hafa margir í samræmi við þetta í auknum mæli sérhæft sig á hinum ýmsu sviðum. Rétt þykir að ákveða með lögum hvað til þarf til þess að mega kalla sig sérfræðing á sviði dýralækninga.

Um 11. gr.

Í greininni felst mikil skipulagsbreyting. Hún felst í því að núverandi skipan héraðsdýralæknisumdæma er lögð niður. Þess í stað verði skipaðir eftirlitsdýralæknar á þeim svæðum landsins þar sem ætla má að sjálfstætt starfandi dýralæknar vilji og geti sinnt almennum dýralæknisstörfum. Eftirlitsdýralæknar fái laun úr ríkissjóði, en eftirlitsgjöld verði innheimt af þeim sem sæta eftirlitinu. Þessi svæði eru talin í A-lið.

Í B-lið eru talin þau umdæmi þar sem enn verður að ætla dýralæknum tvíþætt hlutverk, eftirlit og almenna þjónustu. Byggist þessi skipting milli A- og B-liðar á sjónarmiðum sem þegar hafa komið fram í greinargerð þessari og er ljóst að breyttar aðstæður í einstökum byggðarlögum koma til með að gefa tilefni til endurmats á fyrirkomulagi samkvæmt B-lið.

Dýralæknar, sem starfa í héruðum sem upp eru talin í B-lið, skulu annast eftirlit á sama hátt og þeir sem taldir eru í A-lið en starfa jafnframt að almennum dýralækningum og þá sem sjálfstætt starfandi dýralæknar. Fyrir eftirlitsstarfið er þeim ætlað að fá föst laun. Gert er ráð fyrir að viðfangsefni dýralækna sem starfa skv. A- og B-lið geti á álagstímum verið það mikil að vöxtum að nauðsyn beri til að ráða fleiri dýralækna til starfa. Heimild til þess er í 6. mgr. 11. gr. Síðasta málsgreinin mælir fyrir um að gjalds skuli krafist fyrir eftirlitsstörf eftirlits- og héraðsdýralækna. Gjaldið greiðist í ríkissjóð.

Um 12. gr.

Greinin mælir fyrir um skiptingu landsins í vaktsvæði og að jafnan sé dýralæknir á vakt á hverju svæði. Ekki þykir rétt að lögbinda fleira varðandi vaktaskipan, heldur hafa hana sveigjanlega. Greiðslur fyrir vaktþjónustu ráðast af samningum milli Dýralæknafélags Íslands og landbúnaðar- og fjármálaráðuneyta.

Um 13. gr.

Í greininni felst nýmæli sem á sér hliðstæður annars staðar, t.d. í Noregi, þ.e. að greiða skuli hluta ferðakostnaðar þegar um langan veg er að fara til nauðsynlegra dýralæknisstarfa bæði til að veita reglubundina þjónustu og bráðaþjónustu. Slíkt auðveldar þeim sem búa afskekkt að nýta þjónustu dýralækna.

Um 14. gr.

Í greininni felast nokkur nýmæli.

Á undanförnum áratug hafa búskaparhættir breyst mikið bæði í því að vaxandi áhersla er lögð á meiri afrakstur á hverju búi auk þess að nýjar búgreinar hafa komið til. Þetta hefur krafist meiri sérþekkingar á sviði dýralækninga en áður fyrr bæði í meðhöndlun sjúkdóma sem og í auknu forvarnarstarfi. Með framangreind atriði í huga hefur á undanförnum árum verið lögð stóraukin áhersla á að fá til starfa dýralækna með sérþekkingu á einstökum sviðum innan landbúnaðarins. Þeim hefur síðan í samvinnu við búgreinafélögin tekist að bæta heilbrigði og auka arðsemi búanna ásamt því að tryggja hollari afurðir. Ekki er æskilegt að þeir dýralæknar, sem vinna á sérsviðum, vinni jafnframt að almennum dýralækningum.

Til þess að nánari tengsl skapist milli sérgreinadýralækna og bænda er einn dýralæknir með sérþekkingu á júgurbólgu staðsettur við Bændaskólann á Hvanneyri og annar með sérþekkingu á hrossasjúkdómum við Bændaskólann á Hólum.

Áríðandi er að þessi þjónusta sé fyrir hendi, en betra heilsufar búfjár, bættur aðbúnaður og minnkandi notkun lyfja er í samræmi við þau markmið að framleiða vistrænar og lífrænar afurðir.

Um 15. gr.

Sauðfjárveikivarnir höfðu um áratugaskeið aðstöðu til að kryfja og gera frumathugun á sjúkum dýrum sem komið hafa til rannsókna frá dýralæknum. Um áramótin 1993–94 þegar sauðfjárveikivarnir voru lagðar undir yfirdýralækni með lögum nr. 25/1993 hélt þessi starfsemi áfram. Mjög mikilvægur þáttur í starfi sérgreinadýralækna er að fylgjast með og kryfja þau sýni sem þeir óska eftir eða eru send inn til rannsókna. Þetta skapar nánari tengsl milli leiðbeiningarþjónustunnar og búanna og gerir öll samskipti fljótari og öruggari. Sýni, sem þurfa frekari rannsókna við, eru send Tilraunastöðinni að Keldum eða til annarra rannsóknastofnana eftir því sem við á. Þetta fyrirkomulag hefur tryggt náið og

frjótt samstarf milli rannsóknafólks annars vegar og eftirlits- og leiðbeiningaraðila hins vegar á undanförnum áratugum. Hér er ekki um nýmæli að ræða í frumvarpinu heldur er verið að festa starfsemi í sessi sem er nauðsynleg til þess að yfirdýralæknir hafi ávallt slíka aðstöðu og þjónustu til reiðu en þurfi ekki að sækja hana til annarra aðila.

Um 16. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Í 9. gr. e laga nr. 150/1996, um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eru m.a. gerðar þær breytingar á 22. gr. laga nr. 70/1996 að yfirdýralækni, héraðsdýralæknum og dýralækni fisksjúkdóma er bætt við þá sem teljast embættismenn samkvæmt lögunum.

Eins og fram kemur í athugasemdum þessum eru störf aðstoðaryfirdýralæknis, eftirlitsdýralækna og sérgreinadýralækna, annarra en dýralæknis fisksjúkdóma, nýmæli.
Rétt þykir, með vísan til framangreindra laga, að aðstoðaryfirdýralæknir og eftirlitsdýralæknar teljist einnig til embættismanna og hljóti starf samkvæmt ráðherraskipun, en að sérgreinadýralæknar starfi samkvæmt ráðningarsamningi.

Um 17. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er í samræmi við 11. gr. núgildandi laga um dýralækna.

Um 18.–20. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu dýra.

Frumvarpið felur í sér umfangsmiklar skipulagsbreytingar á sviði dýralæknisþjónustu og aukið eftirlit með heilbrigðismálum dýra og dýraafurða. Í frumvarpinu er leitast við að skilja að eftirlitsstörf og dýralæknisþjónustu sama aðila, m.a. í ljósi samkeppnislöggjafarinnar og stjórnsýslulaga. Eftirfarandi þættir frumvarpsins munu hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins verður sett á laggirnar dýralæknaráð skipað yfirdýralækni og tveimur dýralæknum til fimm ára í senn. Við úrlausn ágreiningsmála verður ráðinu heimilt að kalla til lögfræðing og skal hann fullnægja skilyrðum um skipan til starfa héraðsdómara. Einnig verður ráðinu heimilt að kalla sérfræðinga sér til ráðuneytis. Ætla má að kostnaður við nefndina verði á bilinu 0,7–1,0 m.kr. á ári.

Í 5. gr. er lagt til nýtt starf aðstoðaryfirdýralæknis, m.a. vegna aukinna verkefna í kjölfar fjölþjóðasamninga á sviði dýrasjúkdóma, heilbrigðiseftirlits og samræmingar á starfsháttum landa sem eiga aðild að slíkum samningum. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að allt eftirlit með framleiðslu sláturafurða og mjólkur verði undir yfirstjórn yfirdýralæknis. Sá þáttur frumvarpsins er til samræmis við frumvarp til laga um eldi og heilbrigði slát-

urdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Innheimt verða eftirlitsgjöld vegna þessara auknu verkefna.

Meginbreytinguna er að finna í 11. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi lögum er landinu skipt upp í 31 dýralæknisumdæmi en núna eru 27 þeirra setin og hafa dýralæknar sinnt bæði almennum dýralækningum og eftirlitsstörfum. Í greininni er lögð til umfangsmikil skipulagsbreyting þar sem núverandi skipan héraðsdýralæknisumdæma er lögð niður. Í A-lið 11. gr. er lagt til að skipaðir verði fjórir eftirlitsdýralæknar á þeim svæðum landsins þar sem ætla má að sjálfstætt starfandi dýralæknar vilji og geti sinnt almennum dýralæknisstörfum. Eftirlitsdýralæknum verði greidd laun úr ríkissjóði en eftirlitsgjöld verði innheimt af þeim sem sæta eftirlitinu. Öll almenn dýralæknisþjónusta mun verða á vegum sjálfstætt starfandi dýralækna. Eftirlitsdýralæknisumdæmin verða: Reykjavíkurumdæmi, Borgarfjarðar- og Mýrasýsluumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi.

Í B-lið 11. gr. er lagt til að umdæmi héraðsdýralækna verði níu talsins en í tveimur umdæmum, þ.e. Vestfjarðaumdæmi og Austfjarðaumdæmi, skuli sitja tveir héraðsdýralæknar enda verði ekki eftirlitsdýralæknar á þeim svæðum. Héraðsdýralæknarnir ellefu munu áfram gegna hinu tvíþætta hlutverki en gert er ráð fyrir að þeir fái föst laun úr ríkissjóði fyrir eftirlitsstarfið. Aðrar tekjur þeirra verða tekjur af almennum dýralæknisverkum, skoðunarstörfum auk sólarhringsvakta sem verður skipt á milli allra starfandi dýralækna á 13 vaktsvæðum. Í 11. gr. er að finna heimild til þess að bæta við dýralæknum á þessum svæðum vegna tímabundis álags við eftirlit og skoðanir. Gjald til ríkissjóðs verður innheimt fyrir eftirlitsstörf dýralækna sem fyrr en auk þess er heimilt að innheimta nýtt gjald af innflutningi landbúnaðarvara til að standa undir kostnaði við eftirlit með innflutningnum.

Í 12. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um að yfirdýralæknir skuli skipuleggja vaktir dýralækna þannig að dýralæknir sé jafnan á vakt en í greininni er mælt fyrir um skiptingu landsins í vaktsvæði. Fyrir vaktþjónustuna skal greiða úr ríkissjóði samkvæmt samningum Dýralæknafélags Íslands við landbúnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Um þennan þátt er ósamið en hér er gert ráð fyrir að um sambærilegan kostnað verði að ræða við hverja vakt og nú. Vaktsvæðum fækkar úr 27 í 13 en þau stækka sama skapi. Skv. 9. gr. eiga dýralæknar sem stunda almennar dýralækningar rétt á og ber skylda til að taka þátt í vaktfyrirkomulagi sem skipulagt er á viðkomandi vaktsvæði. Dýralæknir getur þó komist hjá vaktskyldu sinni með því að semja við annan dýralækni um að yfirtaka vaktskylduna.

Í 13. gr. er að finna heimild til landbúnaðarráðherra til að semja, við sérstakar aðstæður, við dýralækni um greiðslu hluta ferðakostnaðar. Mun þetta gert í því skyni að tryggja byggðum sem eru fjarlægar aðsetri dýralæknis reglubundna þjónustu og bráðaþjónustu. Ætlunin er að setja reglur um þetta efni í samráði við yfirdýralækni, Dýralæknafélag Íslands og Bændasamtök Íslands. Áætlað er að þessi kostnaður verði ekki undir 2 m.kr. árlega.

Samkvæmt 14. gr. skulu starfa sérgreinadýralæknar á tíu tilgreindum sviðum og fjölgar þeim um tvo frá því sem nú er. Annað starfið kemur til vegna ráðningar dýralæknis sem hafa mun eftirlit með inn- og útflutningi búfjárafurða.

Á síðasta ári námu launagreiðslur ríkissjóðs fyrir alla dýralæknisþjónustu og tengd störf um 102 m.kr. Miðað við fyrirhugaðar breytingar er áætlað að um 67 m.kr. verði greiddar í föst laun en um 27 m.kr. verði varið til greiðslna fyrir vaktir. Þetta gerist þrátt fyrir að störfum fækki úr 42 í 28 en gert er ráð fyrir að héraðsdýralæknum verði að ein-

hverju leyti bættur upp tekjumissir vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi. Þessu mati fylgir nokkur óvissa þar sem enn er ósamið um kjör dýralækna við breytt fyrirkomulag sem að mestu leyti er í samræmi við hugmyndir Dýralæknafélags Íslands. Kostnaður eykst um 1 m.kr. vegna dýralæknaráðs og 2 m.kr. vegna heimildar til greiðslu hluta ferðakostnaðar.

Ekki verður hægt að bjóða öllum núverandi héraðsdýralæknum sambærileg störf hjá ríkinu og því er óhjákvæmilegt að a.m.k. 12 einstaklingar fari á biðlaun. Heildarkostnaður við biðlaun á árinu 1998 er um 19 m.kr. sé gert ráð fyrir biðlaunum til tólf einstaklinga sem greiðast að jafnaði í níu mánuði.

Launakostnaður á árinu 1998 yrði því 113 m.kr. og um 94 m.kr. á ári eftir það. Kostnaðaraukinn á fyrsta gildisári laganna yrði því um 10 m.kr. en hugsanlega yrði um að ræða 8 m.kr. sparnað á ári eftir það.

978. Nefndarálit [446. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi bókhalds- og fjárhagsráðgjafa og Félagi löggiltra endurskoðenda.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, varaform., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal.
Steingrímur J. Sigfússon.	Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson.
	Þóra Sverrisdóttir.	

979. Svar [500. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um uppkaup á alifuglabúum.

1. *Hvaða reglur hefur landbúnaðarráðuneytið sett sér um uppkaup á alifuglabúum þar sem salmonellusýkingar hafur orðið vart?*

Þann 10. apríl 1996 voru lagðar fyrir landbúnaðarráðherra tillögur yfirdýralæknis og Félags kjúklingabænda um aðgerðir gegn salmonellu í kjúklingarækt. Þær fólu í sér áætlun um útrýmingu á salmonellu í kjúklingarækt og varnir gegn áföllum sem upp kynnu að koma þannig að tryggt sé að allir íslenskir kjúklingar séu lausir við salmonellu og afurðir séu öruggar. Svo að slíkt átak heppnaðist var lagt til að veitt yrði aðstoð við að skera niður eða að hætta rekstri á búum þar sem um viðvarandi salmonellumengun hefur verið að ræða. Lagt var til að samhliða þessum grunnaðgerðum, sem snúa að því að koma á góðu heilbrigðisástandi og öryggi í kjúklingaframleiðslu með því að hætta fram-

leiðslu á þeim búum þar sem salmonella hefur verið viðvarandi, taki búgreinin sjálf upp öryggiskerfi sem feli í sér varnir gegn því að salmonellumengaðar kjúklingaafurðir berist á markað.

Þann 25. febrúar sl. gerðu Félag kjúklingabænda, landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknir samning sín á milli um aðgerðir til útrýmingar á salmonellu í kjúlingarækt sem í meginatriðum byggjast á tillögum frá 10. apríl 1996. Í samningnum eru eftirfarandi ákvæði:

— Til að útrýma salmonellumengun í fullunnum afurðum verði hætt, a.m.k. tímabundið, framleiðslu kjúklinga á búum þar sem salmonellumengun hefur verið þráfelld.
— Félag kjúklingabænda skal á félagslegum grundvelli koma á tryggingum sem bæta óhjákvæmilegt tjón, sem verður við niðurskurð á bústofni eða eyðingu afurða, komi upp salmonellusýking á búum eða afurðir mengast af salmonellu.
— Landbúnaðarráðuneytið veiti Félagi kjúklingabænda framlag í eitt skipti fyrir öll, 40 millj. kr., til að koma þessu átaki í framkvæmd.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur landbúnaðarráðuneytið ekki sett sér reglur um „uppkaup" alifuglabúa þar sem salmonellusýkingar hefur orðið vart, en gert samning um fjárhagslegan stuðning við félagslegar aðgerðir kjúklingabænda til að uppræta salmonellusýkingar á alifuglabúum og tryggja neytendum kjúklinga sem eru lausir við salmonellu.

2. *Hversu mörg bú hafa verið keypt út úr rekstri og hversu háar fjárhæðir hefur ráðuneytið lagt fram í því skyni?*

Ekkert bú hefur verið keypt úr rekstri, sbr. það sem greint er frá í svari við 1. spurningu. Félag kjúklingabænda hefur hins vegar gert samning við tvö bú um tímabundna stöðvun á framleiðslu kjúklinga og fengið til þess 40 millj. kr. framlag frá landbúnaðarráðuneytinu.

3. *Hvaða lagaheimildir hefur ráðuneytið fyrir uppkaupunum og hversu háa fjárhæð hyggst ráðuneytið nota í þessu skyni á þessu ári?*

Á fjárlögum 1997 eru veittar 72 millj. kr. á fjárlagalið 04-521 Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Þar af notar ráðuneytið 40 millj. kr. til verkefnisins.

4. *Geta allir alifuglaræktendur leitað eftir því við ráðuneytið að fá sig keypta út úr rekstrinum eða setur ráðuneytið skilyrði fyrir uppkaupum? Ef svo er, hver eru þau skilyrði?*

Ráðuneytið hyggst ekki kaupa alifuglaræktendur út úr rekstri. Rekstur var stöðvaður tímabundið hjá nokkrum kjúklingabúum að ráði Félags kjúklingabænda í samráði við dýralækna sem sérfróðir eru um þetta verkefni.

5. *Hvaða reglur setur ráðuneytið um mat á fjárhæðum sem greiddar eru vegna uppkaupanna?*

Sú framleiðslustöðvun sem um ræðir grundvallast á samningum milli Félags kjúklingabænda og rekstraraðila búanna, sbr. það sem áður er nefnt. Í þessum samningum var lögð til grundvallar árleg framleiðsla þessara búa sem hefur numið um 100 tonnum á ári að meðaltali.

6. *Hversu stór er hlutdeild þriggja stærstu alifuglaræktendanna á íslenska markaðinum?*

Hlutdeild þriggja stærstu alifuglaræktendanna á íslenska markaðinum var 69% árið 1996.

7. *Er uppkaupaaðferðinni beitt í nágrannalöndunum í baráttu gegn salmonellu í alifuglarækt?*

Uppkaupaaðferðinni var beitt í Svíþjóð þegar útrýming á salmonellu í alifuglahópum hófst þar. Í Noregi eiga sér einnig stað uppkaup á alifuglahópum þegar um ákveðna sjúkdóma er að ræða.

8. *Hefur salmonella greinst í alifuglum á Íslandi síðan 1995? Ef svo er ekki, hvernig getur það þjónað heilbrigðishagsmunum alifuglaræktarinnar að kaupa út bú sem ekki hefur starfað síðan 1995? Hafi salmonella á hinn bóginn greinst frá árinu 1995, hvar greindist hún þá og hvernig var brugðist við?*

Salmonella fannst árið 1995 á fimm búum í 6% sýna og árið 1996 á fjórum búum í 3,6% sýna. Í þeim tilfellum þar sem salmonella fannst í ungum var þeim fargað. Þegar salmonella fannst í afurðum var áður leyft að hitameðhöndla vöruna í vissum tilvikum og hún síðan seld til neyslu, sem er algeng aðferð erlendis, en nú hefur verið tekið fyrir slíkt hér á landi og vörunni er eytt.

980. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundssson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, og Steingrím Ara Arason og Skarphéðin Berg Steinarsson frá einkavæðingarnefnd

ríkisstjórnarinnar. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um frumvarpið frá Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Inngangur.

Fyrsti minni hluti styður þá breytingu í frumvarpinu að stofna sérstakt hlutafélag um rekstur ríkisviðskiptabankanna. Hér er um að ræða formbreytingu sem er að mörgu leyti eðlileg þar sem hlutafélagsformið er hið almenna form reksturs í atvinnulífinu, hvort sem eignarhald er alfarið í höndum ríkisins eða annarra.

Þetta frumvarp snýst hins vegar einungis að hluta um þessa formbreytingu. 1. minni hluti hefði talið heppilegt að umsvif ríkisins á þessum markaði hefðu orðið minni, ekki síst í ljósi þess að Landsbanki Íslands, sem er ríkisbanki, keypti helminginn í stærsta tryggingafélagi landsins. Þess vegna er enn brýnna en áður að tryggja dreifða eignaraðild á fjármálamarkaðinum.

Þess vegna er 1. minni hluti andvígur þessu frumvarpi eins og það kemur frá ríkisstjórninni og breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar breyta því sáralítið.

Fyrsti minni hluti telur að það sé löngu tímabært að stokka upp hið staðnaða ríkisbankakerfi. Umsvif ríkisvaldsins í viðskiptabankakerfinu eru mun umfangsmeiri hérlendis en í nágrannalöndunum. Það hefur ítrekað verið bent á að þetta þurfi endurskoðunar við.

Fyrsti minni hluti leggur mikla áherslu á dreifingu eignaraðildar í ríkisviðskiptabönkunum og telur m.a. heppilegt að fá til liðs við íslenska bankakerfið erlendar bankastofnanir sem geta hleypt inn nýju lífi og bætt vinnubrögð í íslenskum fjármálaheimi.

Mjög mikil ásókn er í framtíðarlífeyrissparnað landsmanna og ber að skoða frumvörp ríkisstjórnarinnar í því samhengi, ekki hvað síst frumvarpið um lífeyrissjóði. Þar kemur enn og aftur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að tryggja fyrirtækjum sínum stóran hluta af þeirri köku.

Breytingar í bankamálum eru nauðsynlegar m.a. vegna þess að íslenska bankakerfið er illa rekið og dýrt. Rekstur íslenskra banka kostar yfir 13 milljarða kr. á ári sem er meira en rekstur Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur samanlagt. Það kostar álíka að reka bankakerfið og allt menntakerfið að frátöldum grunnskólum. Bankakerfið einkennist af háum vöxtum, miklum vaxtamun, háum þjónustugjöldum, takmarkaðri þjónustu og óhagkvæmni samanborið við erlenda banka. Jafnframt eru afskipti stjórnmálamanna meiri en góðu hófi gegnir.

Ríkisstjórnin tekur ekki á þessum málum með heilsteyptum hætti. Stefna hennar kemur fram í fjórum lagafrumvörpum, þ.e. frumvarpi um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Lánasjóð landbúnaðarins. Með Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þar sem þremur sjóðum atvinnulífsins, Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði er steypt saman í einn fjárfestingarbanka, er stofnaður nýr ríkisbanki. Það er mjög í anda ríkisstjórnarinnar að landbúnaðurinn fær ekki þann sess sem honum ber með öðr-

um atvinnugreinum heldur er hann hafður hornreka í sérstakri umgjörð sem birtist í frumvarpi um Lánasjóð landbúnaðarins.

Þetta frumvarp og önnur frumvörp ríkisstjórnarinnar um fjármagnsmarkaðinn bera þess skýr merki að tryggja á í sessi helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þessi helmingaskipti hafa verið við lýði alla þessa öld og nú á að tryggja þau enn betur við uppstokkun á ríkisbankakerfinu og atvinnuvegasjóðunum.

Helmingaskiptafyrirkomulag í Landsbankanum hefur m.a. markast af því að fyrir 60 árum voru formaður Framsóknarflokksins, Jónas Jónsson frá Hriflu, og formaður Sjálfstæðisflokksins, Ólafur Thors, kosnir í bankaráð og sátu þá sem tveir af þremur fulltrúum. Þetta lýsir því kerfi sem núverandi ríkisstjórn er nú að verja. Helmingaskiptaregla þessara tveggja stjórnarflokka hefur verið allsráðandi í íslensku atvinnulífi um áratuga skeið en eignatengsl í íslensku atvinnulífi eru mjög náin.

Fyrsti minni hluti hefði viljað róttækari breytingar á fjármagnskerfinu og er þeim breytingum lýst í þessu nefndaráliti.

Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér að stofnuð eru tvö hlutafélög um rekstur ríkisviðskiptabankanna. Sett er á laggirnar þriggja manna nefnd til að undirbúa stofnun þeirra. Hlutafélagabankarnir yfirtaka skuldbindingar eldri bankastofnana og eigin fé félagsins er breytt í hlutafé. Viðskiptaráðherra fer með hlut ríkisins og mun skipa bankaráð sem ræður bankastjóra. Heimilt verður að selja nýtt hlutafé í bönkunum allt að 35%.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn fái sambærileg störf og ríkisábyrgð á lífeyrisskuldbindingum og eldri skuldbindingum er tryggð. Jafnframt er kveðið á um að skattaleg réttindi ríkisviðskiptabankanna verði yfirtekin af hinum nýju hlutafélögum.

Eitt meginatriði frumvarpsins er að finna í greinargerð þess þar sem segir að ekki sé gert ráð fyrir frekari breytingum á eignarhaldi bankanna næstu fjögur árin. Þetta þýðir að ríkið ætlar að vera meirihlutaeigandi, a.m.k. með 65% hlutafjár, í hinum nýju hlutafélögum, þ.e. Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., a.m.k. næstu fjögur árin. Þessi stefnumörkun, sem ekki er breytt í meðförum meiri hlutans, kemur nokkuð á óvart í ljósi yfirlýsinga ýmissa stjórnarliða, og þar með talið ráðherra, um að hraða ætti sölu hlutafjár í bönkunum.

Aukin ríkisumsvif og fákeppni.

Á sama tíma og þróunin hefur orðið sú í öðrum löndum að ríkið hefur dregið sig út úr beinni þátttöku í rekstri viðskiptabanka og fjárfestingalánasjóða eykur ríkisstjórn Íslands hlut sinn á þessu sviði. Við höfum búið við veikan fjármagnsmarkað og með frumvarpi ríkisstjórnarinnar hafa markaðslausnir á þessu sviði fjarlægst enn frekar.

Að mati 1. minni hluta er meginatriðið varðandi uppstokkun á fjármagnsmarkaði að tryggja samkeppni. Mjög lítill markaður er hér á landi og því er mjög til hagsbóta fyrir einstaklinga og fyrirtæki að sem mest samkeppni ríki á fjármagnsmarkaðinum.

Einkenni íslensks atvinnulífs er einmitt fákeppni stórra fyrirtækja sem tengjast stjórnarflokkunum tveimur. Dæmi um þetta eru flutningafyrirtæki, tryggingafélög, olíufélög, sjávarútvegsfyrirtæki, fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki í fleiri atvinnugreinum. Þessi stórfyrirtæki ráða mjög miklu hér á landi. Átök milli þessara tveggja hópa flokkseigenda hafa oft sett mark sitt á atvinnulífið á síðustu árum. Þessi fákeppni á vinnumarkaði endurspeglast einnig í mjög miðstýrðu valdi atvinnurekenda, einkum innan Vinnuveitendasambands Íslands.

Dreifð eignaraðild.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tryggð sé dreifð eignaraðild við útboð á nýju hlutafé. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að einkavæðingarnefnd, sem væntanlega mun hafa umsjón með hinu nýja útboði, hefur ekkert fjallað um málið og hefur engar tillögur um hvernig eigi að tryggja dreifða eignaraðild við sölu á hinu nýja hlutafé.

Þrátt fyrir að sagt sé í frumvarpinu að dreifð eignaraðild sé æskileg fylgja engar tillögur um útfærslu þess, hvorki í frumvarpinu, greinargerð þess né í breytingartillögum meiri hlutans. Hér á greinilega að hafa allt opið fyrir viðskiptaráðherra og ríkisstjórnina að úthluta ríkiseignunum til vinveittra fyrirtækja, eins og hefur reyndar verið gert áður við svipaðar aðstæður.

Fyrsti minni hluti leggur fram breytingartillögu við frumvarpið um að tryggja að enginn einn aðili eða tengdir aðilar eignist meira en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig eða fari með meira en 5% af heildaratkvæðamagni á hlutahafafundum. 1. minni hluti telur einnig eðlilegt að við útboð á nýju hlutafé eigi starfsmenn kost á ívilnandi kjörum. Þá vill 1. minni hluti einnig vekja athygli á því að ef farið verður út í sölu á hlutafé ríkisins í viðskiptabönkunum komi til álita að reyna að tryggja erlenda eignaraðild í bönkunum að nokkru marki. Auk þess er hægt að dreifa hluta af hlutabréfum ríkisins jafnt milli fjárráða Íslendinga og almannavæða þannig bankana með ótvíræðum hætti. Þessi aðferð hefði verið mun heppilegri en sú einkavinavæðing sem landsmenn hafa horft upp á af hálfu stjórnarflokkanna.

Fyrsta minni hluta þykir sérstök ástæða til að nefna það að unnt er að útfæra einkavæðingu með þeim hætti að ríkinu sé tryggður aukinn atkvæðisréttur við hlutafjársölu, þ.e. að eignarhluta ríkisins fylgi aukinn atkvæðisréttur. Þetta er ákvæði sem hefur víða verið notað við sölu á ríkisfyrirtækjum.

Aðeins einn bankastjóra og forræði viðskiptaráðherra.

Í frumvarpinu er ekki tiltekinn fjöldi þeirra bankastjóra sem starfa skulu við hvorn banka. Þrátt fyrir að í nefndaráliti meiri hlutans sé sagt að æskilegt sé að einungis einn bankastjóri sé fyrir hvorum banka fyrir sig treystir hann sér ekki til að festa það með ótvíræðum hætti í lög. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem gert er ráð fyrir meirihlutaeign ríkisins í hinum nýju bönkum, a.m.k. næstu fjögur árin. Því hefði verið eðlilegt að Alþingi hefði gengið frá stjórnskipulagi hlutafélagsbankanna í meginatriðum. Meiri hlutinn leggur ekki til neinar breytingar á þessu þannig að opið er hvort um er að ræða einn bankastjóra, þrjá bankastjóra eða fimm bankastjóra við hvorn ríkisviðskiptabankann. Þetta tengist vitaskuld þeim hrossakaupum sem nú eru í gangi milli stjórnarflokkanna um stöður og embætti í tengslum við uppstokkun á fjármálamarkaði.

Fyrsti minni hluti leggur til breytingartillögu við frumvarpið um að einungis einn bankastjóri verði starfandi við hvorn ríkisviðskiptabankann.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari einn með hlut ríkisins í viðskiptabönkunum. 1. minni hluti telur að hér sé einum ráðherra falið mjög mikið vald og leggur því til að tveir ráðherrar fari með hlut ríkisins, þ.e. viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Það er að mörgu leyti eðlilegt að fjármálaráðherra sjái um þennan eignarhlut þar sem hann er ábyrgur fyrir eignum ríkisins. Sömuleiðis er rökrétt að viðskiptaráðherra komi að þessu máli þar sem hann ber stjórnsýslulega ábyrgð á bankakerfinu. Þess vegna telur 1. minni hluti eðlilegt að báðir þessir ráðherrar fari með hlut ríkisins í viðskiptabönkunum. Það er í samræmi við tillögur ríkisstjórnarinnar í frumvarpi um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Tillögur starfsmanna og bankaráð.

Allar tillögur starfsmanna, bæði innan Sambands íslenskra bankamanna og starfsmannafélaga Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, eru algerlega hunsaðar af meiri hlutanum.

Fyrsti minni hluti tekur undir sjónarmið starfsmanna bankanna sem hafa óskað eftir formlegri aðild að þeirri nefnd sem undirbýr stofnun bankanna. Það er eðlilegt að starfsmenn komi að þeim undirbúningi og leggur 1. minni hluti fram breytingartillögu um að í þeirri undirbúningsnefnd skuli einn nefndarmanna skipaður að fenginni tillögu frá starfsmannafélagi hvors ríkisviðskiptabanka. Það er óeðlilegt að útiloka starfsmenn frá undirbúningi málsins.

Í frumvarpinu er viðskiptaráðherra falið það vald að skipa bankaráð en ekkert kveðið á um fjölda í því. Hann getur þess vegna skipað fimm eða fimmtán manns í bankaráð. 1. minni hluti telur eðlilegt að Alþingi kveði á um hve margir sitja í bankaráði og leggur því fram þá breytingartillögu við frumvarpið að þar skuli sitja fimm manns.

Starfsmenn hafa óskað eftir því að fá áheyrnaraðila í bankaráð. Þetta er fyrirkomulag sem þekkist mjög víða í nágrannalöndunum og 1. minni hluti telur vera eðlilegt. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í bankaráði auðveldar stjórnun í bönkum, tryggir aukin skoðanaskipti og greiðir fyrir upplýsingastreymi innan fyrirtækisins. Þess vegna leggur 1. minni hluti til að starfsmannafélag hvors hlutafélagsbanka tilnefni einn áheyrnarfulltrúa í bankaráð. Ef þessar tillögur 1. minni hluta verða samþykktar eiga sex einstaklingar sæti í bankaráði, fimm skipaðir af viðskiptaráðherra og einn áheyrnarfulltrúi tilnefndur af starfsmannafélagi.

Önnur fjármálamarkaðsfrumvörp ríkisstjórnarinnar.

Fyrsti minni hluti bendir á að hinir nýju hlutafélagsbankar verða fjárhagslega veikir. Í því ljósi ber að líta á þá tillögu 1. minni hluta við frumvarpið um Fjárfestingarbankann að heppilegra hefði verið að atvinnulífssjóðirnir þrír, auk Stofnlánadeildar landbúnaðarins, hefðu með skipulögðum hætti runnið inn í ríkisviðskiptabankana og styrkt þá. Í kjölfarið hefði mátt gera áætlun til lengri tíma sem hefði tryggt dreifðari eignaraðild í bönkunum. Þess í stað fer ríkisstjórnin þá gamaldags leið að setja á stofn enn einn ríkisbankann, sem er Fjárfestingarbankinn, og bætir gráu ofan á svart með Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins sem er ekkert annað en viðbótarlánasjóður fyrir atvinnulífið en mun ekki starfa á sviði þróunar og rannsókna, þ.e. í fyrsta fasa nýsköpunar.

Jafnframt er tekinn 1 milljarður kr. af eigin fé fjárfestingarlánasjóðanna þriggja og settur inn í Nýsköpunarsjóð þar sem hann er sérstaklega eyrnamerktur byggðamálum. 1. minni hluti styður nýsköpun og aðgerðir til styrktar landsbyggðinni en hér er sú leið ekki farin heldur settur á laggirnar lítill byggðasjóður sem dúsa upp í landsbyggðarþingmenn stjórnarliðsins í hefðbundum hrossakaupum þingflokka þeirra. 1. minni hluti er andvígur ráðstöfun opinbers fjár með þessum hætti.

Ef einhver tilgangur hefði verið með þessum frumvörpum hefði átt að binda enda á pólitíska ráðstjórn í fjármálakerfi þjóðarinnar og afnema ríkisrekna banka en tryggja með almennum reglum að breytingarnar leiði til aukinnar samkeppni á fjármagnsmarkaðinum í þágu almennings. Breytingarnar mega ekki leiða til þess að fá og öflug fyrirtæki sem ráða miklu í íslensku þjóðlífi geti með ódýrum hætti tryggt sér forræði yfir þeim bönkum sem hér verða stofnaðir sem hlutafélagsbankar. Þá hafa menn farið úr öskunni í eldinn.

Lokaorð.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frumvarpi, þ.e. að breyta yfir í hlutafélag ásamt opinni heimild til ráðherra, án þess að geta nákvæmlega um hvernig reglur verði settar í kjölfar lögfestingar frumvarpsins eða að skilgreina útboð á viðbótarhlutafé, skilar því ekki að almenningi sé tryggður samkeppnisrekstur. Það er verið að taka þá áhættu með þessari aðferð að fá og öflug fyrirtæki ráði væntanlegum hlutafélagsbönkum án nokkurrar virkrar samkeppni.

Pólitísk helmingaskiptaregla Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er vond aðferðafræði og kemur niður á lífskjörum almennings. Hún á að vera okkur viðvörun um að fara ekki úr einu vondu kerfi í annað þar sem í stað pólitískra helmingaskipta á Alþingi komi pólitísk helmingaskipti í atvinnulífinu.

Fyrsti minni hluti telur að þetta frumvarp sé í meginatriðum byggt upp á rangan hátt. Það hefði þurft að stokka rekstur ríkisbankanna upp á miklu róttækari hátt en hér er gert.

Fyrsti minni hluti styður formbreytingu bankanna í hlutafélög en kemur fram með fjölmargar breytingartillögur við frumvarpið sem allar stuðla að því að gera þessa breytingu að árangursríku skrefi í eðlilegri uppstokkun íslensks fjármálalífs.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Jón Baldvin Hannibalsson, frsm. Ágúst Einarsson.

981. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (JBH, ÁE).

1. Við 2. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einn nefndarmanna í hvorri nefnd skal skipaður að fenginni tillögu frá starfsmannafélagi hvors viðskiptabanka.
2. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðinu „skal“ í fyrri málslið 3. mgr. komi: fimm manna.
   b. Á eftir fyrri málslið 3. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsmannafélag hvors hlutafélagsbanka skal tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í bankaráð.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „Viðskiptaráðherra fer“ komi: Viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra fara.
4. Við 6. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Við útboð á nýju hlutafé skv. 3. mgr. skal tryggt að enginn einn aðili eða aðilar með náin tengsl sín á milli, sbr. 4. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, eignist meira en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig eða fari með meira en 5% af heildaratkvæðamagni á hluthafafundum.
5. Við 9. gr. Við greinina bætist: þó þannig að við hvorn hlutafélagsbanka starfi ekki fleiri en einn bankastjóri.

982. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er eitt fjögurra frumvarpa sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks flytur um breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins, þ.e. þeim hluta þess sem hið opinbera hefur yfir að segja. Hin þrjú eru frumvarp til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Er óhjákvæmilegt að fjalla að nokkru leyti um efni allra þessara frumvarpa samhengisins vegna.

Það sem mesta athygli vekur þegar ríkisstjórnin ræðst loks í breytingar á þessum mikilvægu fjármálastofnunum er hvaða leið er valin. Fyrir það fyrsta er ljóst að breytingarnar fela alls ekki í sér þá heildarendurskoðun og uppstokkun í þessum málum sem ýmsir höfðu átt von á. Valin er sú leið að breyta ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í hlutafélög án nokkurra annarra breytinga á starfsemi þeirra. Frumvarpið um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. felur að vísu í sér sameiningu nokkurra fjárfestingarlánasjóða. Sú sameining er þannig að sjóðunum er í óbreyttu ástandi slengt saman í einn nýjan fjárfestingarbanka sem verður fimmti bankinn eða bankasamsteypan í landinu. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er svo settur á fót með fjármunum sem teknir eru út úr sjóðunum, enda hafa viðkomandi sjóðir mjög sterka eiginfjárstöðu og eru í þeim skilningi vel aflögufærir um þetta framlag.

Ef fyrst er farið yfir helstu möguleika til uppstokkunar og hagræðingar í banka- og sjóðakerfinu í heild má nefna eftirfarandi:

1. Sameining ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans, að einhverju eða öllu leyti í einn öflugan ríkisbanka. Þessari leið fylgja augljósir hagræðingarkostir og einu rökin sem færð hafa verið fram gegn henni eru að viðkomandi banki yrði of stór eining í íslenska fjármálaheiminum með yfir 50% af bankaviðskiptum. Á móti kemur að samkeppni frá margs konar fjármálastofnunum, verðbréfasjóðum, kaupleigufyrirtækjum og fleiri aðilum hefur stóraukist á undanförnum árum. Tryggingafélög og fleiri aðilar bjóða nú í fjármögnun á móti bönkunum og einnig gætir í vaxandi mæli aðhalds frá erlendum lánastofnunum a.m.k. hvað viðskipti við fyrirtæki varðar.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra hefur talið að áður en ráðist yrði í breytingar á ríkisviðskiptabönkunum væri einboðið að skoða hvaða hagræðingarmöguleikar væru því samfara að stokka ríkisviðskiptabankana upp og sameina þá. Ein möguleg útgáfa slíkrar sameiningar væri að bankarnir væru sameinaðir að hluta til, þ.e. að stokkuð yrðu upp útibú og búin til ein ríkisbanka- eða þjóðbankakeðja með þéttu útibúaneti um landið en í öðrum tilvikum gæti komið til greina að stuðla að því að til yrðu sparisjóðir þar sem þeir eru ekki fyrir. Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra flutti á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna og vísast til efnis hennar um frekari rökstuðning í þessu máli en þar kemur fram, og hefur endurtekið verið staðfest, að mjög miklir sparnaðar- og hagræðingarmöguleikar felist í því að sameina ríkisviðskiptabankana. Möguleikar slíks banka til þjónustu við atvinnulíf og einstaklinga yrðu meiri en nú eru fyrir hendi. Þannig yrði til öflugur íslenskur aðili í því alþjóðafjármagnskerfi sem nú er í mótun.

2. Uppstokkun með sameiningu viðskiptabanka og sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða. Mjög margt bendir til að sú aðferð að sameina fjárfestingarlánasjóðina í sérstakan fjárfestingarbanka sé tímaskekkja og vænlegra og meira í takt við þróun í fjármálaviðskiptum almennt væri að gera starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna að eðlilegum hluta af umsvifum viðskiptabanka. Þetta gæti gerst annaðhvort með kaupum viðskiptabankanna á fjárfestingarlánasjóðunum eða með einhvers konar sameiningu opinberu fjárfestingarlánasjóðanna og ríkisviðskiptabankanna en sjálfsagt og eðlilegt hefði verið að hafa sparisjóðina og Íslandsbanka með í viðræðum um slíka uppstokkun.

Ríkisviðskiptabankarnir og sparisjóðirnir sendu bréf til ríkisstjórnar á sl. vetri þar sem þeir buðust til að kaupa fjárfestingarlánasjóðina og hefur efnahags- og viðskiptanefnd fengið afrit af því bréfi. Margt bendir til að slík uppstokkun hefði getað orðið báðum aðilum hagstæð, ríkinu sem hefði getað haldið eftir talsverðu af eigin fé sjóðanna en selt þá síðan til bankanna, og bönkunum vegna þess að með sameiningu þessarar starfsemi í stærri einingar sköpuðust miklir hagræðingarmöguleikar auk þess sem slíkur samruni hefði getað styrkt bankana verulega. Nærtæk dæmi eru umsvif Landsbankans annars vegar og Fiskveiðasjóðs hins vegar hvað varðar viðskipti við sjávarútveginn og þeir miklu hagræðingarmöguleikar sem falist gætu í samtengingu eða samþættingu þeirrar starfsemi.

3. Sala á fjárfestingarlánasjóðunum, hverjum í sínu lagi, hefði einnig getað komið til greina. Því hefur verið haldið fram í efnahags- og viðskiptanefnd að með ráðstöfun sjóðanna hvers fyrir sig hefði verðmæti þeirra orðið meira en með sameiningu og síðan endursölu á einhverjum hluta af eign ríkisins í sjóðunum eins og nú er áformað.

Ýmsa fleiri möguleika mætti tína til sem hefðu að nokkru leyti strax, en þó einkum og sér í lagi þegar frá liði, falið í sér verulega möguleika á hagræðingu og sparnaði og samkeppnishæfari starfsemi í íslenska banka- og sjóðakerfinu. Að sjálfsögðu er ljóst að vegna hagsmuna starfsfólks er nauðsynlegt að gefa slíkum breytingum rúman aðlögunartíma þannig að unnt sé að gera breytingar í starfsmannahaldi og hagræða án sársaukafullra uppsagnaraðgerða. Ef slíkar breytingar eru gerðar í nánu samráði við samtök starfsmanna í bönkunum og sjóðunum er engin ástæða til að ætla annað en að þær gætu á ákveðnu tímabili gengið yfir án umtalsverðra átaka eða vandræða og skilað mikilli hagræðingu.

Fyrirkomulag þessara breytinga er annar meginþáttur málsins sem óhjákvæmilegt er að minnast á. Ríkisstjórnin velur þá leið að breyta bönkunum í hlutafélög og ætlar viðskiptaráðherra að fara einum með allt forræði og skipan stjórnar. Þessi aðferð orkar að ýmsu leyti tvímælis. Mikið vald þjappast saman í viðskiptaráðuneytinu og má segja að valdasamþjöppun og opinber miðstýring í fjármálageiranum aukist til mikilla muna með þessum breytingum í stað þess að minnka eins og yfirlýstur tilgangur breytinganna hefur þó verið. Ljóst er að með hlutafjárvæðingu og einkavæðingu fjölmargra mikilvægra opinberra fyrirtækja og nú fjármálastofnana er gífurlegt vald að safnast saman hjá iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta hefði að sjálfsögðu mátt koma í veg fyrir að nokkru leyti með því að setja sérstakar reglur um kosningu stjórnar eða bankaráðs svo lengi sem bankarnir væru að öllu leyti eða a.m.k. að verulegu leyti í eigu ríkisins. Annar möguleiki hefði verið að stofna sérstakt eignarhaldsfélag um eign ríkisins í bönkum og fjárfestingarlánasjóðum og kjósa því eignarhaldsfélagi síðan stjórn á Alþingi. Þriðji möguleikinn, sem ýmislegt mælir með, hefði verið að a.m.k. fleiri en einn ráðherra færu sameiginlega með eignarhlut ríkisins, t.d. fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, og tilnefndu fulltrúa í stjórn, hvor í sínu lagi eða kæmu sér saman um tilnefningar.

Annar minni hluti telur að sú valdasamþjöppun og miðstýring sem felst í þessum breytingum sé afar óæskileg þróun og er því sérstaklega andvígur því fyrirkomulagi sem frumvörpin gera ráð fyrir að þessu leyti. Sama má segja um tilhögun undirbúnings að stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana. Þar er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi einn þriggja manna undirbúningsnefndir og ekki er gert ráð fyrir að Samband íslenskra bankamanna eða starfsmannafélög viðkomandi ríkisviðskiptabanka eigi aðild að þeirri nefndaskipan. Stjórnarliðar í efnahags- og viðskiptanefnd féllust ekki á að koma til móts við óskir starfsmanna að þessu leyti og hlýtur það að teljast mjög ámælisvert en er í anda þeirrar sérkennilegu starfsmannastefnu sem núverandi ríkisstjórn rekur, að gera allar breytingar af þessu tagi í stríði við starfsfólk.

Mikil vinna hefur farið í að reyna að meta verðmæti bankanna og hver væri eðlileg upphæð hlutafjár. Niðurstaða stjórnarliða í nefndinni er sú að fella brott úr frumvarpinu ákvæði um að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbankanum um sig skuli miðast við 75% af eigin fé bankanna og má segja að orkað geti tvímælis að binda sig endilega við það hlutfall, en í staðinn kemur að allt vald færist yfir til ráðherra í þessum efnum. Um er að ræða mikla fjármuni og miklir hagsmunir eru í húfi þannig að æskilegra hefði verið að hafa betri tíma til að athuga þetta ákvæði.

Þegar kemur að spurningu um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum eða einkavæðingu bankanna mælir 2. minni hluti eindregið með því að þar sé farið mjög varlega í sakirnar verði af breytingu bankanna í hlutafélög á annað borð. Vissulega er jákvætt að skv. 6. gr. frumvarpsins yrði eingöngu heimilt að bjóða út nýtt hlutafé og samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð er ekki ætlunin af hálfu núverandi ríkisstjórnar að standa að beinni sölu á eignarhlut ríkisins fyrstu fjögur árin. Öll ákvæði vantar hins vegar um það hvernig tryggja eigi að um dreifða eignaraðild verði að ræða þegar eða ef boðið verður út nýtt hlutafé eða nýir meðeigendur teknir inn á móti ríkinu. Í orði kveðnu er það vilji ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar en þegar spurst var fyrir um tillögur í því sambandi var fátt um svör. Er ljóst að ætlunin er að afgreiða málið án þess að ganga á nokkurn hátt frá því með hvaða hætti skuli tryggja að eignaraðild annarra en ríkisins, ef til kemur, verði dreifð. Við blasir sú hætta að einkavæðing bankanna verði enn einn atburðurinn er ýti undir samþjöppun fjármagns og valds í þjóðfélaginu, sem er ærin fyrir. Engum blöðum er um það að fletta að sú þróun væri afar óæskileg og stórslys ef eignarhald á fjármálastofnunum kæmist á komandi árum í hendur sömu aðila og þegar ráða fjölmörgum sviðum í íslensku viðskiptalífi í gegnum stór og öflug fákeppnis- eða einokunarfyrirtæki. Ákvæði sem tryggðu bæði hámarkseign einstakra aðila og tryggðu sem allra mesta dreifingu á nýju hlutafé þegar það yrði boðið út væri nauðsynlegt og eðlilegt að setja áður en heimildir yrðu veittar fyrir sölu. Óhjákvæmilegt er að átelja harðlega að svo skuli ekki gert.

Annar minni hluti hefur ítrekað lagt til í nefndinni að sett yrði ákvæði um að þegar hinir nýju hlutafélagsbankar tækju til starfa skyldi ráðinn einn aðalbankastjóri að hvorum um sig. Í þessu tilviki eins og í mörgum fleiri stangast á orð og frómar yfirlýsingar stjórnarflokkanna annars vegar og gjörðir hins vegar. Þrátt fyrir að stjórnarþingmenn hafi hver um annan þveran lýst þeirri skoðun sinni að aðeins einn bankastjóri eigi að starfa við hvorn banka, annað fyrirkomulag sé gamall arfur og tímaskekkja sem beri að útrýma, eru þeir ófáanlegir til að ganga í lið með stjórnarandstöðunni og setja um það bindandi ákvæði inn í frumvarpið. Eðlilegt væri taka inn í lögin ákvæði um að þegar bankarnir hæfu starfsemi starfaði við þá einn aðalbankastjóri þó að síðan yrði það í valdi stjórnar nýju hlutafélaganna að ráða skipulagi á yfirstjórn fyrirtækjanna.

Síðast en ekki síst verður að átelja það harðlega að í meðförum nefndarinnar komu fram óskir frá Sambandi íslenskra bankamanna og frá starfsmannafélögum bankanna um ýmsar breytingar á frumvarpinu en fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni völdu þann kost að taka ekki tillit til einnar einustu ábendingar eða koma til móts við eina einustu ósk frá starfsmönnum bankanna. Eru þær þó margar næsta sjálfsagðar og hógværar, eins og að starfsmönnum verði tryggð eðlileg aðild að undirbúningsferlinum varðandi stofnun nýju hlutafélaganna. Umsagnir Sambands íslenskra bankamanna og starfsmannafélaga bankanna eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu ásamt tillögu þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra til þingsályktunar um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna.

Það er meginniðurstaða 2. minni hluta að frumvarpið sé alls ekki í samhengi við þá uppstokkun og hagræðingu í fjármálakerfinu sem það ætti að vera, auk þess sé það í sjálfu sér að ýmsu leyti gallað. Það sé því ótímabært að afgreiða það nú heldur beri að vísa því til ríkisstjórnarinnar og fela henni að standa fyrir vinnu á komandi mánuðum þar sem farið verði rækilega yfir alla þá kosti sem til greina koma varðandi breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins. Slíka úttekt þarf að gera með hliðsjón af því hvernig staða íslenskra fjármálastofnana verði sterkust með tilliti til erlendrar samkeppni, hvernig möguleikar íslenskra stofnana til að veita fullnægjandi þjónustu á þessu sviði geti orðið sem mestir með hliðsjón af ört vaxandi alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og hvernig unnt sé að ná slíkum breytingum fram í góðri sátt við starfsfólk bankanna. 2. minni hluti leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Til vara mun 2. minni hluti leggja fram breytingartillögur sem varða nokkur þau atriði sem hér hefur verið gerð grein fyrir og mundu hafa í för með sér nokkrar lagfæringar á frumvarpinu.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon.

Með nefndarálitinu voru eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins):

I. Umsögn Sambands íslenskra bankamanna (2. apríl 1997).
II. Umsögn Starfsmannafélags Landsbankans (26. mars 1997).
III. Umsögn Starfsmannafélags Búnaðarbankans (7. apríl 1997).
IV. Þingsályktunartillaga þingflokks Alþýðubandalags og óháðra um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna. (Þskj. 788, 455. mál 120. löggjafarþings, sjá Alþt. 1995–96 bls. 3811–3813.)

983. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS).

1. Við 2. gr. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Starfsmannafélög bankanna skulu eiga fulltrúa í hvorri nefnd.
2. Við 3. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Kjósa skal fimm manns í bankaráð hvors hlutafélagsbanka um sig hlutbundinni kosningu á Alþingi til eins eins árs við stofnun hinna nýju hlutafélagsbanka. Árlega skal Alþingi síðan kjósa þann fjölda bankaráðsmanna sem ríkið á rétt á miðað við eignarhlut sinn í bönkunum, svo lengi sem meiri hluti atkvæðaréttar í félaginu er í höndum ríkisins. Eftir það skal bankaráð kjörið af hluthöfum á aðalfundi. Starfsmannafélög bankanna skulu eiga áheyrnarfulltrúa á fundum bankaráðanna.
3. Við 9. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. laga nr. 113/1996 skal aðeins ráða einn bankastjóra að hvorum hinna nýju hlutafélagabanka.
4. Við 11. gr. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Í slíkum samningum er m.a. heimilt að kveða á um að ríkissjóður geti leyst sig undan ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna gagnvart eftirlaunasjóðunum gegn því að afhenda eftirlaunasjóðunum til eignar hlutabréf í viðkomandi hlutafélagsbanka.

984. Nefndarálit [408. mál]

um frv. til l. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Ís-

lands, og Gylfa Arnbjörnsson frá Eignarhaldsfélagi Alþýðubanka Íslands. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Búnaðarbanka Íslands, Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Þriðji minni hluti nefndarinnar leggst gegn samþykkt þessa frumvarps.

Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið er eitt af fjórum lagafrumvörpum ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu á fjármálamarkaði, en þau eru frumvarp um breytingu á ríkisviðskiptabönkum í hlutafélög, frumvarp um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og frumvarp um Lánasjóð landbúnaðarins auk þessa frumvarps um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Meginefni frumvarpsins er að Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnþróunarsjóður og Iðnlánasjóður verða sameinaðir í einn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins í eigu ríkisins. Þrír milljarðar kr. af eigin fé sjóðanna renna í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, en samkvæmt tillögu 1. minni hluta nefndarinnar verður sú fjárhæð hækkuð í 4 milljarða kr. og 1 milljarði kr. varið til verkefna á landsbyggðinni.

Í frumvarpinu er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fari með hlut ríkisins í bankanum og markast það af forsögu tveggja sjóðanna, þ.e. Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fimm manna stjórn og tilnefna samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva einn og Samtök iðnaðarins tilnefna annan stjórnarmann. Hinir þrír eru skipaðir af ráðherrunum þannig að sameiginlega tilnefna þeir einn mann en hvor ráðherra fyrir sig einn mann í stjórn. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að selja eigi 49% af hlut ríkisins.

Fjárhagslega óskynsamleg leið.

Frumvarpið á sér þá forsögu að lengi hefur verið deila milli ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka atvinnurekenda um eignarhald á sjóðunum. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er sú að ríkið eignast allan hlut í sjóðunum en í stað þess fá samtökin að tilnefna stjórnarmenn.

Rökstuðningur ríkisstjórnarinnar er að með frumvarpinu sé fjárfestingarlánaumhverfið stokkað upp á hagkvæman hátt. Því fer víðs fjarri. Með þessu frumvarpi er stofnaður nýr ríkisbanki sem á að starfa á afmörkuðu sviði, nokkuð sem er fátítt í nágrannalöndunum. Vinnubrögð í þessu máli hafa verið með eindæmum, enda bera umsagnir það með sér að nær allir sem vit hafa á leggjast gegn frumvarpinu.

Þriðji minni hluti telur nauðsynlegt að breyta fjárfestingarlánasjóðunum. Ekki er deilt um það að sérgreining þeirra, eins og hefur verið hérlendis, er ekki lengur æskileg. Hins vegar hefði átt að taka þessa þrjá sjóði, sem eru í eigu ríkisins, og færa þá inn í viðskiptabankakerfið. Það hefði verið skynsamleg leið í stað þess að búa til nýjan fjárfestingarbanka, einn ríkisbanka í viðbót.

Ríkisviðskiptabankarnir, einkanlega Landsbanki Íslands, eru fjárhagslega ekki mjög sterkar stofnanir. Ef sjóðirnir hefðu komið þar til viðbótar hefðu bankarnir orðið fjárhagslega sterkar einingar sem hefðu getað tekist vel á við verkefni framtíðarinnar. Einnig hefði verið tryggð betur samkeppni milli öflugra fjármálafyrirtækja. Í stað þess verða hér þrjú fjármálafyrirtæki í meirihlutaeign ríkisins, eitt máttvana, annað þokkalega vel statt og hið þriðja starfandi á afmörkuðu sviði í skjóli tiltekinna atvinnugreina.

Þessi útfærsla ríkisstjórnarinnar er tímaskekkja. Í Evrópu hafa fjárfestingarlánasjóðir sameinast viðskiptabönkum, enda hefur starfsemi viðskiptabanka almennt víkkað mjög á undanförnum árum. Það hefði verið mikilvægt að nýta fjárfestingarlánasjóðina til að efla innlenda bankakerfið einmitt í ljósi vaxandi samkeppni erlendis frá.

Þriðji minni hluti telur það vera meira í takt við nútímalega stjórnarhætti að færa fjárfestingarlánastarfsemina inn í bankakerfið og búa til einingar sem væru sambærilegar við banka erlendis. Vitaskuld er mjög mikilvægt að skapaðar séu lífvænlegar einingar í þeirri uppstokkun sem hér á sér stað. Lánskjör ríkisbankanna hafa fylgt lánshæfi íslenska ríkisins en á því getur orðið breyting þegar litlir og jafnvel að hluta til veikir hlutafélagsbankar, sem nú er verið að stofna, reyna fyrir sér á erlendum mörkuðum.

Vitaskuld er hægt að spyrja, fyrst uppstokkun varð, af hverju Stofnlánadeild landbúnaðarins var ekki tekin með í þessa uppstokkun og aðrir sjóðir eins og Byggðasjóður eða Ferðamálasjóður og ýmsir aðrir opinberir og hálfopinberir lánasjóðir sem eru starfandi. Ríkisstjórnin hefur ekki hugað að þessu í ljósi heildaruppstokkunar heldur fyrst og fremst haft að leiðarljósi hið pólitíska markmið sitt að tryggja yfirráð sinna aðila í atvinnulífinu.

Pólitísk hagsmunagæsla.

Meginþátturinn í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, svo og í öðrum frumvörpum hennar um fjármálamarkaðinn, er ekki sá að stokka upp fjármálakerfið til framfara heldur að tryggja pólitíska hagsmuni helmingaskiptakerfis ríkisstjórnarflokkanna.

Í frumvarpinu eru ákvæði um stjórnarskipun, að iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra útnefni fimm stjórnarmenn og tveir þeirra séu sérstaklega tilnefndir af samtökum atvinnurekenda í tilteknum starfsgreinum, þ.e. sjávarútvegi og iðnaði. Þessi samtök eru ekki fagsamtök á viðkomandi sviði heldur vinnuveitendafélög atvinnugreinanna. Starfsemi þeirra felst fyrst og fremst í því að vera samningsaðili um kaup og kjör.

Með þessari útfærslu eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að tryggja flokkslega hagsmuni í opinberum sjóðum vegna þess að forustumenn þessara vinnuveitendafélaga koma nær allir annaðhvort úr Sjálfstæðisflokki eða Framsóknarflokki.

Hafin eru hrossakaup milli stjórnarflokkanna með það hverjir verði tilnefndir í sjóðstjórnir, svo og í bankastjórastöðu hins nýja Fjárfestingarbanka, og blandast inn í það einnig þær stöður bankastjóra sem losna í hinum nýju hlutafélagsbönkum. Hér er gamalkunnug hringekja á ferðinni, sú hringekja sem felst í því að þessir tveir flokkar skipta á milli sín valdastöðum í íslensku þjóðlífi.

Öll fjögur frumvörp ríkisstjórnarinnar um fjármagnsmarkaðinn miða að því að tryggja pólitískt vald í viðskiptaumhverfinu. Starfsmenn og launafólk fá enga aðild að þessum fjárfestingarbanka né önnur atvinnulífssamtök. Ekki eru öll fyrirtæki félagar í Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssambandi íslenskra útvegsmanna eða Samtökum iðnaðarins. Því fer víðs fjarri. Ekki einu sinni öll iðnfyrirtæki eru í Samtökum iðnaðarins né öll sjávarútvegsfyrirtæki í fyrrgreindum samtökum í sjávarútvegi. Atvinnulífið er fjölbreytt

og flest fyrirtæki og starfsgreinar standa reyndar utan þessara þriggja samtaka sem fá ráðandi hlut í hinum nýja Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Blokkamyndun í atvinnulífinu.

Fram kemur í frumvarpinu að selja eigi 49% hlutafjár ríkisins eða rétt tæpan helming hins nýja banka. Hins vegar er ekkert sagt um hvenær eigi að gera það. Ekki er gert ráð fyrir að tryggð verði dreifð eignaraðild og vaknar sá grunur að ríkisstjórnarflokkarnir séu þegar búnir að ákveða hverjum skuli hlotnast sú gæfa að verða meðeigendur í þessum nýja banka.

Það er mikil blokkamyndun í íslensku atvinnulífi og ríkisstjórnin greiðir götu þessara tveggja viðskiptablokka með þessum frumvörpum sem hún ætlar að afgreiða á vorþingi. Það blasir við sú hætta að Fjárfestingarbankinn verði keyptur af fáum sterkum aðilum sem leiðir til enn frekari samþjöppunar valds og fjármuna í hinu örsmáa íslenska efnahagslífi.

Þriðji minni hluti leggur mikla áherslu á að dreifa eignaraðild og koma í veg fyrir fákeppni sem er aðaleinkenni á íslensku fyrirtækjaumhverfi. Það er áberandi í íslensku athafnalífi að forsvarsmenn þeirra fyrirtækja, sem ekki tilheyra þessum tveimur blokkum, óttast um hag sinna fyrirtækja ef þeir lenda í ónáð hjá ráðamönnum Kolkrabbans og Smokkfisksins.

Það hefði verið skynsamleg leið fyrir Alþingi að nota sumarið til að skoða uppstokkun á fjármagnskerfinu í stað þess að láta knýja nú þegar fram þessi fjögur frumvörp eins og ríkisstjórnin ætlar að gera. Það er skoðun 3. minni hluta að frumvarpið um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sé illa unnið og hálfkarað og ekki sé hægt að afgreiða það eins og það liggur nú fyrir. Breytingartillögur 1. minni hluta nefndarinnar breyta þar engu um.

Klofningur í stjórnarliðinu.

Það er athyglisvert í sambandi við þetta frumvarp að meiri hlutinn er á móti því. Tveir þingmenn stjórnarinnar, Pétur Blöndal og Gunnlaugur M. Sigmundsson, sem eru sérfræðingar flokka sinna á þessu sviði, leggjast gegn því og telja það vera tímaskekkju og að hér sé lagt inn á varasama braut. Orð þessara sérfræðinga stjórnarflokkanna hljóta vitaskuld að vega þungt, einkum innan þeirra sjálfra. Þrátt fyrir afstöðu þeirra og að þeir skuli vera valdir til trúnaðarstarfa fyrir flokka sína í efnahags- og viðskiptanefnd er ekkert gert með sjónarmið þeirra í þessu máli, enda snýst það ekki um hagkvæmni í efnahagslífinu heldur um að tryggja pólitíska hagsmuni.

Umsögn J.P. Morgan.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er látið að því liggja að vönduð úttekt hafi farið fram áður en þessi leið var valin og er þar m.a. vitnað í breska ráðgjafarfyrirtækið J.P. Morgan, en skýrsla þess liggur fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd. Þegar skýrslan er hins vegar skoðuð kemur allt annað í ljós.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að J.P. Morgan var sérstaklega beðið um að beina athyglinni að fjárfestingarlánasjóðunum og taka ekki til athugunar starfsemi viðskiptabankanna eða íslenska fjármálastarfsemi í heild sinni. Ótvírætt er að sjónarhorn ráðgjafarfyrirtækisins var afmarkað mjög þröngt í átt að niðurstöðu frumvarpsins.

Í skýrslu J.P. Morgan kemur skýrt fram að viðskiptabankar í Evrópu veita svipaða þjónustu og hinum nýja Fjárfestingarbanka er ætlað. Ráðgjafarfyrirtækinu tókst ekki að finna nema tvo banka sem störfuðu með svipuðum hætti og hinn nýi banki á að gera, þ.e. einn í Danmörku og annan í Hollandi. Hins vegar eru þúsundir evrópskra viðskiptabanka sem starfa á sama sviði og nýi Fjárfestingarbankinn og styður það sjónarmið 3. minni hluta að rétt hefði verið að slá saman fjárfestingarlánasjóðunum og ríkisviðskiptabönkunum og mynda þannig öflugri einingar.

Rætt er í skýrslunni um ýmis rök í þessu sambandi, svo sem að ýmiss konar sérþekking mundi nýtast í starfi Fjárfestingarbankans, og hefðu þessir fjárfestingarlánasjóðir forskot á íslenska viðskiptabanka á því sviði. Hér er ókunnugleiki hins erlenda ráðgjafafyrirtækis augljós, en allir sem til þekkja vita vel að sérþekking gagnvart viðskiptavinum er fyrst og fremst innan íslenska viðskiptabankakerfisins en ekki í sjóðaumhverfinu. Jafnframt er gert ráð fyrir að hinn nýi fjárfestingarbanki fari inn á svið viðskiptabankanna þannig að ekki er augljóst í hverju hagræðingin á að vera fólgin.

Skýrsla J.P. Morgan er þannig á engan hátt fagleg úttekt á heildardæminu eins og nauðsynlegt hefði verið heldur lagði verkkaupinn, þ.e. viðskiptaráðuneytið, skýrar línur og gaf í reynd upp niðurstöðuna sem fumvarpið byggist síðan á.

Umsagnir um frumvarpið.

Samband íslenskra sparisjóða leggst gegn frumvarpinu og telur „að mest hagkvæmni muni nást fram með sameiningu sjóðanna við bankakerfið. Að því frágengnu er það skoðun Sambands sparisjóða að breyta eigi Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði í tvo fjárfestingarsjóði í formi hlutafélaga og bjóða þá til sölu á almennum markaði þar sem bankar og sparisjóðir hefðu hliðstæða möguleika og aðrir á að kaupa hlutafé þeirra og ná þannig fram hagræðingu sem af samrekstri leiddi. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er lökust allra sem til álita hafa komið."

Einu aðilarnir sem studdu frumvarpið voru þeir aðilar sem eiga að tilnefna stjórnarmenn, þ.e. Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök fiskvinnslustöðva og Samtök iðnaðarins.

Önnur atvinnulífssamtök og fyrirtæki lögðust gegn frumvarpinu. Í umsögn Íslandsbanka segir m.a.: „Stofnun nýs ríkisbanka með víðtækara starfssviði en fjárfestingarlánasjóðirnir höfðu hefur í för með sér að ríkið er að auka umsvif sín á þessum markaði en ekki draga úr þeim." Íslandsbanki segir enn fremur að hugmyndir um fjárfestingarbanka séu ekki í samræmi við þarfir atvinnulífsins og telur að á bak við hugmyndir um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins búi gömul hugsun um að fyrirtæki fjármagni fjárfestingar sínar í eitt skipti fyrir öll. Íslandsbanki bendir á að þeir reki stóran fjárfestingarlánasjóð í tengslum við banka sinn, þ.e. Verslunarlánasjóð, og sé rekstrarkostnaður hans lítill og sjóðurinn hagkvæmur.

Búnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og sparisjóðirnir sendu ríkisstjórn Íslands bréf þar sem þeir óskuðu eftir viðræðum um kaup þessara banka á fjárfestingarlánasjóðunum. Þessu bréfi var aldrei svarað. Í umsögn Búnaðarbankans er sú skoðun ítrekuð að það hefði verið mun færsælli leið en það frumvarp sem hér er til umfjöllunar.

Samband íslenskra viðskiptabanka sendir mjög vandaða umsögn um málið og leggur til að frumvarpið verði ekki samþykkt. Þeir gagnrýna harðlega skýrslu J.P. Morgan og benda á að niðurstaðan hafi verið allt að því gefin fyrir fram og að athygli J.P. Morgan hafi verið beint sérstaklega að þessari niðurstöðu. Þeir segja m.a. að fjárfestingarlánastarfsemi í viðskiptabönkum eða innan viðskiptabanka sé í raun hagkvæmari kostur en

að reka hana í sjálfstæðum fjárfestingarlánasjóðum. Þeir gagnrýna að sérstaklega mikil þekking sé fyrir hendi innan sjóðanna og benda réttilega á að tengsl við viðskiptavinina séu hvað mest innan viðskiptabankakerfisins. Viðskiptabankarnir telja að engin þeirra raka sem færð eru fyrir stofnun Fjárfestingarbankans standist þegar betur er að gáð.

Lokaorð.

Þriðji minni hluti nefndarinnar telur mjög misráðið að sameina fjárfestingarlánasjóðina með þessum hætti, eins og lagt er til í frumvarpinu. Breytingartillögur 1. minni hluta breyta engu í því efni. Það er áberandi hvað varðar frumvörp ríkisstjórnarinnar um fjármálamarkaðinn að þau breytast mjög lítið milli 1. og 2. umræðu.

Þriðji minni hluti telur rétt að stokka upp fjárfestingarlánasjóðina en gera það þá þannig að fjárfestingarlánasjóðirnir renni inn í viðskiptabankana sem styrkir þá og bankarnir síðan endurskipulagðir til framtíðar. Sú leið er ekki farin heldur sú að tryggja pólitísk áhrif stjórnarflokkanna í fjárfestingarlánaumhverfinu. 3. minni hluti hafnar þessari leið og leggst gegn frumvarpinu og telur að það hefði þurft að vinna málið betur. 3. minni hluti mun leggja til við 2. umræðu að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jón Baldvin Hannibalsson.

985. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti getur ekki staðið að þeirri afgreiðslu málsins sem meiri hluti nefndarinnar leggur til í áliti sínu og breytingartillögum með því. Leggur 1. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til frekari úrvinnslu.

Helstu agnúar á frumvarpinu eru þessir:

1. Fyrsti minni hluti telur að opinberir starfsmenn og opinberar stofnanir séu ekki best til þess fallin að fjármagna nýsköpun eða fjárfesta í frumkvæði þar sem það fólk veljist helst til starfa hjá ríkinu sem kjósi öryggi og traust. Nýsköpun og frumkvæði eru aftur á móti bundin mikilli áhættu. Þess vegna er 1. minni hluti ekki sannfærður um að hið opinbera og starfsmenn þess geti stundað áhættufjármögnun slíkra verkefna með góðum árangri.

2. Þeir sem stunda áhættusama fjármögnun verða að hafa mikla persónulega hagsmuni af því að fjárfestingin borgi sig. Það að fjárfesta fyrir annarra manna fé, svo ekki sé talað um opinbert fé, getur leitt til þess að menn hafi ekki nægilegan andvara á sér eða viðbúnað gegn hugsanlegri áhættu.

3. Í greinargerð með frumvarpinu er áhættufjármögnun skipt upp í þrjá flokka eftir áhættu: Hugmyndafé, upphafsfé og vaxtarfé. Mörg fyrirtæki hafa á undanförnum mánuðum og árum haslað sér völl á síðasttalda stiginu. Nægir þar að nefna Aflvaka hf. og Þróunarfélagið hf. auk fjölda annarra smærri aðila. Það er á fyrri tveimur stigunum, sérstaklega á því fyrsta, sem ekkert fjármagn fæst. Því er ekki breytt með stofnun þessa sjóðs því að hann á samkvæmt greinargerðinni að starfa á síðasta stiginu. Verðugt verkefni væri að örva fjármögnun verkefna á fyrstu tveimur stigunum með almennum aðgerðum.

4. Reynsla er af ráðstöfun opinbers fjár sem ætlað var til fjárfestingar. Því miður er það frekar regla en undantekning að slíkt fé hefur farið til vonlausra fjárfestinga. Undanfarna áratugi hefur fjöldi opinberra sjóða verið stofnaður til þess að örva fjárfestingu í atvinnulífinu með ýmis markmið að leiðarljósi, byggðasjónarmið, atvinnusköpun o.s.frv. Flest hefur mistekist vegna þess að ekki hefur verið farið eftir eðlilegum markmiðum um arð heldur hafa annarleg sjónarmið ráðið ferðinni.

5. Skipun stjórnar Nýsköpunarsjóðsins sýnir að höfundar frumvarpsins eru enn fastir í viðjum gamallar atvinnugreinaskiptingar. Samtök iðnaðar og sjávarútvegs eiga þarna fulltrúa en þjónustugreinar fá engan.

6. Það er skoðun 1. minni hluta að mikilvægara sé að skapa fyrirtækjum, uppfinningamönnum, fjárfestum og frumkvöðlum almenn skilyrði til nýsköpunar en ekki að stofna enn einn opinberan sjóð. Til dæmis mætti hætta að skattleggja nýsköpun en það kostar 75 þús. kr. að stofna einkahlutafélag og 150 þús. kr. að stofna hlutafélag. Þessi gjöld gefa ríkissjóði u.þ.b. 50 millj. kr. í tekjur á ári. Opinbera eftirlitskerfið er smáfyrirtækjum og nýjum fyrirtækjum fjandsamlegt. Benda má á að íslensk fyrirtæki fá mjög lítinn stuðning vegna kostnaðar við þróun og rannsóknir. Enn fremur mætti huga að betri skipan menntamála, sérstaklega starfsmenntunar. Þessum markmiðum mætti ná með hluta af því fjármagni sem ætlað er að renni til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

7. Nýsköpunarsjóðurinn verður í samkeppni við ýmis fyrirtæki sem eru að vinna á sama sviði á markaðinum. Fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd að þó nokkur samkeppni væri að myndast á þessu sviði. Hér ætlar hið opinbera að ráðast til samkeppni við einkaaðila. Tryggingardeild Nýsköpunarsjóðsins á að tryggja útflutning. Þar eru þegar til einkafyrirtæki sem gera nákvæmlega það sama.

8. Í frumvarpinu segir í 2. mgr. 9. gr.: „Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans.“ Samkvæmt 15. gr. á bankaeftirlit Seðlabanka Íslands að tryggja að svo verði. Hvaða ályktanir má draga af þessari uppbyggingu? Lán og hlutafé til nýrra fyrirtækja verða líklega lítils metin. Afleiðingin er sú að megineign sjóðsins verður bundin í tryggum verðbréfum, skuldabréfum banka og ríkissjóðs. Það verða því einungis vextirnir, 200–300 millj. kr., sem nýtast til raunverulegrar nýsköpunar. Væri nær að taka það fé til að lækka skuldir ríkissjóðs beint.

9. Fyrsti minni hluti er andvígur skattfrelsi því sem gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóðurinn eigi að njóta. Hann á hvorki að greiða stimpilgjöld né tekju- eða eignarskatta en er þó í samkeppni við einkarekstur á þessu sviði.

Fyrsti minni hluti er hlynntur þeirri hugmynd sem liggur að baki tillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, þ.e. að bjóða út fé til nýsköpunar ef tekst að tryggja að framkvæmdin verði hlutlaus, en minnir á 4. lið hér að framan. Hins vegar telur hann tilvísunina „með áherslu á landsbyggðina“ í b-lið 2. tölul. breytingartillögunnar ekki til bóta.

Ef frumvarpinu verður vísað til ríkisstjórnarinnar, eins og hér er gerð tillaga um, þarf jafnframt að huga að breytingu á frumvarpi til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., 408. mál, þannig að 4.000 millj. kr. af eigin fé hans renni í ríkissjóð.

Fyrsti minni hluti bendir á að framangreindar röksemdir gegn þeirri leið að stofna nýjan nýsköpunarsjóð komu að hluta fram í skriflegum umsögnum nokkurra aðila til nefndarinnar:

Í umsögn Eignarhaldsfélagsins Hofs sf. frá 1. apríl 1997, sem undirrituð er af Arnari Ragnarssyni, kemur fram m.a.:

„Í grundvallaratriðum teljum við að ríkisvaldið eigi ekki að hafa önnur afskipti af atvinnulífinu en að skapa því skilyrði til að starfa við markaðsbúskap. Nýsköpun og þróun eru af skornum skammti, og útflutningstekjur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa staðið í stað síðasta aldarfjórðung. Ástæðuna má þó fyrst og fremst rekja til þess umhverfis sem atvinnulífið hefur búið við. Á síðustu árum hafa skilyrði til atvinnurekstrar batnað talsvert, en hæpið er að frumkvöðlar í uppbyggingu atvinnugreina eða fyrirtækja eigi eða þurfi að hlíta ráðgjöf ríkisvaldsins.

Til þess að greiða götu nýsköpunar og útflutnings ætti frekar að setja almennar leikreglur sem auðvelda fyrirtækjum að stunda viðskipti. Með þeim hætti lendir það vandasama hlutverk að velja á milli fyrirtækja og hugmynda á markaðnum, en ekki á fámennri „dómnefnd“.

Skynsamleg leið til að styrkja innviði atvinnufyrirtækja væri t.d. afnám skattlagningar á óútgreiddum arði. Óútgreiddur arður er fjármagn sem fyrirtæki ákveða að nota áfram í rekstrinum til frekari eflingar á starfsemi sinni. Þessi arður er því, að sinni, ekki tekjur neins aðila heldur veltufé í rekstri. Með því að skattleggja veltufé er ríkisvaldið að fyrirbyggja að fyrirtækin nái að styrkja eiginfjárstöðu sína. Því fylgja aftur auknar lántökur sem minnka svigrúm fyrirtækja til nýsköpunar og þróunar.“

„Skoðun okkar er því sú að tilkoma þessa sjóðs sé ekki til þess fallin að tryggja stoðir íslensks atvinnulífs. Þá er okkur ekki ljós tilgangur þess að skipta sjóðunum upp í nýsköpunarsjóð annars vegar og fjárfestingarbanka hins vegar. Við sjáum ekkert sem mælir gegn því að innan Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sé starfrækt sérstakt áhættufjármögnunarsvið, þyki þörf á slíku.“

„Skipun stjórnar miðast við tvær atvinnugreinar, sjávarútveg og iðnað. Það er stefna stjórnvalda að öll fyrirtæki eigi jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna, óháð atvinnugrein. Í athugasemdum við frumvarpið segir að afnema eigi þá atvinnugreinaskiptingu sem verið hefur í sjóðakerfinu. Til þess að svo megi vera, þarf hins vegar meira en nafnbreytingu á sjóðum. Sú tilhögun við stjórnarkjör sem nefnd er í 4. gr. festir í sessi þá atvinnugreinaskiptingu sem þó er ætlunin að afnema.“

„Um skipun stjórnar er því tillaga okkar sú að viðskipta- og hagfræðideild HÍ skipi einn mann í stjórn, raunvísindadeild HÍ einn, VSÍ einn, ASÍ einn og viðskiptaráðherra þann fimmta. Slík skipun mun tryggja að fagleg sjónarmið ráði för.

Varðandi starfshætti sjóðsins er vert að vekja athygli á því að mestum erfiðleikum er bundið fyrir frumkvöðla að útvega fjármagn á fyrstu stigum verkefnisins. Eftir að byrjunarkostnaður er að baki og komið er að því að fjármagna útvíkkun og frekari vöxt er talsvert auðveldara að útvega fjármagn, t.d. frá Fjárfestingarbankanum, öðrum bönkum eða sparisjóðum, frá fyrirtækjum eða hlutabréfamarkaðnum. Í mörgum tilfellum mun Nýsköpunarsjóðurinn því fara í keppni við aðra lánveitendur (einkaaðila) um að lána til áframhaldandi verkefna, í stað þess að lána til frumkvöðla sem eru að brjótast af stað með nýjan rekstur."

Í umsögn Verslunarráðs Íslands frá 26. mars 1997, sem undirrituð er af Jónasi Fr. Jónssyni, kemur fram m.a.:

„Í upphafi vill Verslunarráð Íslands láta í ljós efasemdir um að nauðsyn sé á stofnun sjóðs sem þessa, þar sem af greinargerð má ætla að sjóðurinn muni sinna svipuðu hlutverki og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og ýmsar aðrar fjármálastofnanir. Er þar einkum átt við orð greinargerðar um starfshætti sjóðsins á bls. 7 í frumvarpi þar sem segir að hlutverk hans muni aðallega felast í fjármögnun vaxtar, þ.e. fjármögnun til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða."

„1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir því að Nýsköpunarsjóður verði sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, en þó með takmarkaðri ábyrgð þess hvað varðar skuldbindingar sjóðsins. Hér er um nýstárlegt form ríkisfyrirtækis að ræða sem engar sérstakar lagareglur eru um og það eitt og sér vekur upp ýmsar spurningar, til að mynda um hæfi og ábyrgð stjórnarmanna, um heimild til lánveitinga til fyrirtækja í eigu stjórnarmanna, ákvarðanatöku o.fl.

Telja verður eðlilegra og nútímalegra að í þessu tilviki sé notast við hlutafélagaformið, sem er hið almenna atvinnurekstrarform á Íslandi og skýrar og afdráttarlausar lagareglur gilda um. Slík breyting ein og sér mundi svara mörgum spurningum og gera ýmis ákvæði frumvarpsins óþörf . . ."

Í umsögn Íslandsbanka frá 2. apríl 1997, sem undirrituð er af Val Valssyni og Tryggva Pálssyni, kemur fram m.a.:

„Styrktar- og áhættufé, eins og það sem Nýsköpunarsjóður mun hafa til ráðstöfunar, er ætíð vandmeðfarið. Það hefur reynslan m.a. sýnt hér á landi. Sérstaklega er mikilvægt að ákvarðanir um notkun fjárins byggist ekki á pólitískum sjónarmiðum. Einnig er þýðingarmikið að Nýsköpunarsjóður lendi ekki í samkeppni við einkaaðila eða markaðinn á þessu sviði. Erlendis hefur þessa einmitt orðið vart og því hafa slíkir sjóðir á seinni árum sætt vaxandi gagnrýni.

Með hliðsjón af þessu leggjum við til að við 2. grein frumvarpsins verði bætt eftirfarandi ákvæði: „Í starfsemi sinni skal sjóðurinn leggja áherslu á samstarf við aðra áhugasama aðila, en forðast samkeppni við þá.""

Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða frá 7. apríl 1997, sem undirrituð er af Sigurði Hafstein, kemur fram m.a.:

„Hitt er jafnvíst að engin þróun og nýsköpun verður til án þess að verja oft á tíðum umtalsverðum fjármunum til þess að fá úr því skorið hvort góð hugmynd sé arðvænleg eða ekki. Fjárfestum fyrir þannig verkefni hefur ekki verið til að dreifa hér á landi. Þar sem sár vöntun hefur verið á stuðningi við þróun og nýsköpun sem öllum kemur til góða er eðlilegt að um samfélagslegri verkefni verði að ræða. Af reynslu erlendis frá er talið óvarlegt að reikna með því að mikið meira en 50% af fjármunum þeim sem lagðir eru til nýsköpunarverkefna skili sér til baka. Auk þess sem styrkir hljóta að verða umtals-

verðir. Því verður að telja að stofnfé sjóðsins og geta hans til fjármögnunar sé allt of lítil eigi ekki að skerða höfuðstól og hann frá upphafi því dæmdur til þess að styðja nánast eingöngu það sem öruggt má teljast. Við slíkar aðstæður mun hann ekki gagnast ætlunarhlutverki sínu heldur líklega verða rekinn með svipuðum hætti og önnur félög sem sett hafa verið á stofn hér á landi til að vinna að þróun og nýfjárfestingu og því næsta gagnslaus sem slíkur . . .

Nýsköpun í íslensku atvinnulífi snýr sem betur fer ekki að einstökum völdum starfsgreinum. Því verður að telja óheppilegt að leggja upp með tengingu við tvær greinar atvinnulífsins sem með því virðast fá sérstöðu gagnvart öðrum hvort heldur er til áhrifa og stýringar á fjármunum sjóðsins. Eðilegast er að allir þegnar búi við jafnræði þegar um mat á hugmyndum og úthlutun þeirra vegna af opinberu fé er að ræða.

Með hliðsjón af því sem að framan hefur verið greint telur Samband ísl. sparisjóða að mál þetta horfi til mikilla framfara en að á frumvarpinu verði að gera umtalsverðar breytingar til þess að tilgangi þess verði náð enda engin þörf á nýjum hlutabréfasjóði sem tekur arðsemi fram yfir annað. Af þeim starfar fjöldi fyrir.“

Alþingi, 18. apríl 1997.

Pétur H. Blöndal.

986. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins tengist frumvörpum um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Frumvarpið byggist á því að tekið verði nokkuð af eigin fé fjárfestingarlánasjóðanna sem sameina á í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og því fé, samtals 3 þús. millj. kr., ásamt 1 milljarði kr. sem fást á við sölu hlutafjár í eigu ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum verði varið til að stofna Nýsköpunarsjóðinn.

Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að auka það fjármagn sem til reiðu er til nýsköpunar í atvinnulífinu. Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra hefur talað fyrir því máli um langt skeið og hefur á yfirstandandi þingi flutt frumvarp til laga um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð (19. mál). Vísast í efni þess frumvarps og greinargerð sem því fylgir um afstöðu þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra til þessara mála.

Því miður eru ýmsir ágallar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem að frumvarpinu óbreyttu valda því að það er minna fagnaðarefni en ella að slíkur sjóður komist á laggirnar. Snýr það að ýmsum efnisatriðum frumvarpsins, svo sem að tilnefna á stjórn sjóðsins með gamaldags hætti af helstu hagsmunaaðilum og höfuðatvinnugreinum í stað þess að leita faglegra leiða og gera kröfur um sérþekkingu eða reynslu sem skilyrði fyrir stjórnarsetu. Annar minni hluti nefndarinnar mun því flytja breytingartillögu við efni frumvarpsins hvað þetta varðar.

Ýmsar áherslur í frumvarpinu valda vonbrigðum, sérstaklega hvað varðar hlutverk sjóðsins og það hvernig fjármunum hans skuli ráðstafað. Í greinargerð með frumvarpinu er talað um þrískiptingu verkefna í þróunarfjármagn eða hugmyndafé, í byrjunarfjármagn eða upphafsfé og loks í fjármagn til vaxtar eða veltuaukningar. Komist er að þeirri furðulegu niðurstöðu að meginhlutverk Nýsköpunarsjóðsins eigi að falla að þriðja flokknum, þ.e. að fjármagna vöxt fyrirtækja sem þegar hafa hafið rekstur. Að dómi flestra sem til þekkja er þörfin þvert á móti mest hvað varðar þróunarfjármagn, áhættufé til þróunarverkefna og könnunar á hugmyndum og síðan til að hefja starfsemi eða í byrjunar- eða upphafsfé. Þessi atriði eru að vísu ekki í sjálfum frumvarpstextanum en ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að halda sig við þá stefnumótun sem í greinargerðinni er boðuð hlýtur það að valda miklum vonbrigðum.

Annar minni hluti mun eins og áður sagði flytja breytingartillögur við frumvarpið til að leitast við að gera á því úrbætur og taka þær fyrst og fremst mið af frumvarpi þingflokks Alþýðubandalags og óháðra um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem tekur efni stjórnarfrumvarpsins fram að ýmsu leyti. Eftir sem áður er jákvætt og betra en ekki að fjármunum sé í auknum mæli ráðstafað til verkefna sem þessu tengjast. Er þingflokkurinn því hlynntur megintilgangi frumvarpsins að veita meira fé til nýsköpunar í atvinnulífinu og mun **styðja það með fyrirvara** um nokkur einstök efnisatriði sem í frumvarpinu felast til viðbótar því sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon,

Með nefndarálitinu var sem fylgiskjal frumvarp þingflokks Alþýðubandalags og óháðra, um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. (Þskj. 19, 19. mál, 121. löggjafarþings, sjá bls. 516–521.)

987. Breytingartillögur [407. mál]

við frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SJS).

1. Við 1. gr. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Sjóðurinn er undir stjórn fimm manna sem eru tilnefndir sem hér segir: Einn er tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega, annar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sá þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega, en forsætisráðherra skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnarinnar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Við skipan stjórnarinnar skal þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu af nýsköpun í atvinnulífi.

Forsætisráðherra skipar stjórnina og heyrir starfsemi sjóðsins undir forsætisráðuneytið.

988. Nefndarálit [407. mál]

um frv. til l. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Þetta frumvarp er eitt af fjórum frumvörpum ríkisstjórnarinnar sem fjalla um endurskipulagningu á fjármagnsmarkaði. Hin frumvörpin eru um breytingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélagsbanka, stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og um Lánasjóð landbúnaðarins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, Gylfa Arnbjörnsson frá Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans hf., Guðmund Malmquist frá Byggðastofnun og Hrein Jakobsson frá Þróunarfélagi Íslands. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um málið frá Búnaðarbanka Íslands, Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf. og Verslunarráði Íslands.

Þriðji minni hluti styður skynsamlegar aðgerðir til nýsköpunar í atvinnulífinu. Þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar er hins vegar ekki leið að því markmiði.

Inngangur.

Mikilvægast varðandi nýsköpun er að skapa þá umgjörð sem nýsköpun sprettur úr. Það er m.a. fólgið í aðgerðum af opinberri hálfu í menntamálum, stuðningi við rannsóknir og þróun, stuðningi við frumkvöðla og minni fyrirtæki og með því að auðvelda aðgang að fjármagni, upplýsingum og sérhæfðum aðilum á sviði markaðsmála og vöruþróunar.

Oft er sagt að lítill vandi sé að fá góða hugmynd, erfiðara sé að hrinda hugmyndinni í framkvæmd en langerfiðast að hagnast á hugmyndinni. Þetta er náskylt því sem margir frumkvöðlar og brautryðjendur á sviði nýsköpunar hafa lent í, að aðalerfiðleikarnir felast ekki í því að framleiða vöruna eða þjónustuna heldur að selja hana.

Verkefni á sviði nýsköpunar markast fyrst og fremst af því að nýjar hugmyndir, nýjar vörur og ný þjónusta eru alltaf í samkeppni við annað sem fyrir er á markaðnum og þessi samkeppni er í auknum mæli erlendis frá. Sífellt stærri hluti verðmætasköpunar hjá flestum þjóðum er sprottinn úr viðskiptum milli landa. Utanríkisverslun hefur aukist mun meira en sem nemur framleiðsluaukningunni undanfarin ár hjá flestum þjóðum þótt Ísland sé ekki í þeim hóp.

Slök samkeppnisstaða Íslands.

Ef staða Íslands á alþjóðamarkaði er skoðuð og samkeppnisstaða landsins greind kemur í ljós að Ísland er mjög aftarlega. Það segir okkur ekkert annað en að nýsköpun og uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra sé mjög ábótavant miðað við önnur lönd.

Til eru tvær alþjóðlegar úttektir yfir samkeppnisstöðu landa þar sem Ísland kemur illa út. Í annarri skýrslunni lendir Ísland í 25. sæti af 46 ríkjum og hefur fallið um eitt sæti frá árinu áður. Í hinni skýrslunni er Ísland í 27. sæti af 49 ríkjum. Í reynd er staðan enn verri ef tekin eru einungis OECD-ríki sem við berum okkur einkum saman við. Þá kemur í ljós að af 26 OECD-ríkjum erum við í 19. sæti. Öll lönd í Vestur-Evrópu eru fyrir ofan okkur, fyrir utan Grikkland, Portúgal, Tyrkland, Tékkland, Spán og Ítalíu.

Þegar metin er samkeppnisstaða milli landa eru margvíslegir þættir skoðaðir, svo sem framboð og hæfni vinnuafls í landinu, þjóðhagslegt mat á hagkerfi landa, að hve miklu leyti landið tekur þátt í alþjóðlegum viðskiptum, umsvif vísinda og rannsóknastarfa ásamt árangri í grunnrannsóknum, að hve miklu leyti fyrirtækjum er stjórnað á ábyrgan og hagkvæman hátt, hversu vel auðlindir og þjónusta uppfylla þarfir hagkerfisins og hversu mikil áhrif stefna stjórnvalda hefur á samkeppnishæfni og frammistöðu fjármagnsmarkaða og gæði fjármálaþjónustu. Eins og ljóst er af þessari upptalningu er lagt mat á stöðu fólksins í landinu, styrkleika hagkerfisins, alþjóðaviðingu, tækni og vísindi, stjórnun, innviði þjóðfélagsins, stjórnsýslu og fjármál. Fjöldamargir þættir eru skoðaðir og lagt mat á þá.

Þessi samanburður er vitaskuld ekki algildur en gefur vísbendingu um stöðu okkar, sérstaklega hvernig hún breytist milli ára. Ekki eru nema tvö ár síðan við hófum að taka þátt í þessum samanburði og frekar höfum við dregist aftur úr en hitt. Hins vegar er þetta stuttur tími í samanburði.

Við skoðun á þessum skýrslum kemur margt athyglisvert í ljós sem tengist þessu frumvarpi. Til að mynda erum við mjög aftarlega í alþjóðaviðingu með þátttöku í alþjóðaviðskiptum. Sömuleiðis er fjármálakerfi okkar talið mjög ábótavant. Stjórnun, þar með talin stjórnun fyrirtækja, er slök hérlendis og tækni og vísindum er lítið sinnt miðað við aðrar þjóðir. Þessi samanburður segir okkur að það er nauðsynlegt að gera allt til að efla nýsköpun í landinu.

Nýsköpunarsjóður verður ekki í nýsköpun.

Þriðji minni hluti hefði fagnað vel útbúnu frumvarpi um þennan málaflokk og stutt ríkisstjórnina eindregið ef sú hefði verið raunin. Svo er ekki. Með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er settur á stofn gamaldags viðbótarlánasjóður sem á ekki að þróa eða fóstra hugmyndir. Það er beinlínis tekið fram í greinargerð frumvarpsins að ekki sé ætlun ríkisstjórnar að þessi sjóður starfi á vettvangi nýsköpunar á nútímalegan hátt.

Í greinargerð kemur fram alþjóðleg flokkun á áhættufjármögnun vegna nýsköpunar. Þar er áhættufjármögnun skipt í þrjá flokka, þ.e. þróunarfjármagn eða hugmyndafé en fjármagn í þessum fasa fer aðallega í fyrstu til tilrauna til vöruþróunar, gerð frumáætlana og forkönnun markaða. Annar fasi felst í því að frumeintak vöru er fullgert og markaðsstarfsemi hafin. Þriðji fasinn felst í því að útvega fjármagn til vaxtar, þ.e. fjármagn til að víkka út starfsemina að aflokinni þróun vöru og þjónustu og öflun markaða.

Í greinargerð með frumvarpinu er rætt um að hlutverk Nýsköpunarsjóðs í fjárfestingarverkefnum sé aðallega í þriðja fasa, þ.e. að fjármagna vöxt. Sjóðurinn á reyndar að styðja við þróun á kynningarverkefni en það er ljóst hvert er meginverksvið Nýsköpunarsjóðs af hálfu ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lætur þess getið í nefndaráliti að ekki beri að skoða starfsemi stjóðsins of þröngt en fylgir því á engan hátt eftir með breytingartillögum í frumvarpinu né breyttu skipulagi í sjóðnum.

Stjórn sjóðsins.

Í frumvarpinu eru mjög almenn ákvæði um sjóðinn. Einungis á einu sviði eru ítarleg ákvæði og kemur þar glöggt í ljós hver sé megintilgangur ríkisstjórnarinnar við að setja á stofn Nýsköpunarsjóðinn. Þetta áhugamál ríkisstjórnarinnar kemur fram í nákvæmri útlistun í frumvarpinu á því hvernig skuli hátta stjórn sjóðsins, þ.e. hverjir eigi að sitja í stjórn sjóðsins og hverjir velji þá. Það eru einu ítarlegu ákvæðin í þessu frumvarpi og það eina sem lögð hefur verið vinna í af hálfu ríkisstjórnarinnar við undirbúning málsins.

Í stjórn sjóðsins eiga fimm menn sæti og er einn tilnefndur sameiginlega af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva, annar af Samtökum iðnaðarins, þriðji af Alþýðusambandi Íslands, fjórði af iðnaðarráðherra og sá fimmti af sjávarútvegsráðherra. Hér er gamalkunnug uppstilling á ferðinni. Vinnuveitendafélögin hafa forgang af hálfu ríkisstjórnarinnar við að stýra sjóðum sem eru búnir til fyrir opinbert fé.

Nú er það ekki þannig að heildarsamtök fyrirtækja á vinnumarkaði tilnefni stjórnarmenn heldur einungis tiltekin samtök, þ.e. vinnuveitendafélög í sjávarútvegi og vinnuveitendafélag iðnfyrirtækja. Þetta tengist forsögu málsins en þessir aðilar áttu aðild að fyrri fjárfestingarlánasjóðum, þ.e. Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði. Deilur voru um eignarhald á þessum sjóðum. Það er hins vegar leyst með því að settur er á stofn Fjárfestingarbanki atvinnulífsins sem ríkið á að fullu og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins sem er ríkisstofnun. Þessi hagsmunasamtök sem tengjast sjávarútvegi og iðnaði fá þá dúsu að forustumenn þeirra mega sitja í stjórn þessara opinberu sjóða.

Nú eru hvorki Samtök fiskvinnslustöðva né Landssamband íslenskra útvegsmanna fulltrúar allra sjávarútvegsfyrirtækja né allrar nýsköpunar í sjávarútvegi. Því fer víðs fjarri. Verksvið þessara samtaka er annað, þ.e. að semja um kaup og kjör. Sömuleiðis eru ekki öll iðnfyrirtæki innan vébanda Samtaka iðnaðarins, síst af öllu þau sem eru að hefja starfsferil á sviði nýsköpunar og þróunar nýrra hugmynda. Þeirra verkefni er einnig fyrst

og fremst að semja um kaup og kjör og mæta verkalýðsfélögunum við kjarasamningaborðið. Ekkert er hugað að því að fá til stjórnarsetu sérhæfða aðila á sviði tölvumála, ferðamála, tækniþróunar, menntamála, líftækni, verslunar og viðskipta eða á öðrum sviðum sem hægt er að nefna sem vaxtabrodda næstu árin og áratugina.

Hér er um hefðbundna, gamaldags aðferðafræði að ræða þar sem hagsmunasamtök nátengd ríkisstjórnarflokkunum eru leidd í öndvegi. Meginstefna ríkisstjórnarinnar er ekki heilbrigð uppstokkun atvinnulífsins, fjárfestingarlánasjóðaumhverfisins eða bankanna heldur að tryggja pólitískt forræði sitt á sem víðtækastan hátt í opinberum og hálfopinberum fjármálastofnunum.

Hér kemur skýrt fram helmingaskiptaregla Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sem hefur tröllriðið íslensku atvinnulífi og íslenskri pólitík um áratuga skeið. Þessi frumvörp, rétt fyrir aldamót, staðfesta meginþætti þjóðlífs okkar nær alla þessa öld, þ.e. pólitískt forræði tveggja stærstu flokkanna á sem flestum sviðum.

Álit sérfræðinga.

Nefndin kallaði til ráðuneytis aðila sem starfa á þessum markaði, þ.e. forsvarsmenn Þróunarfélags Íslands og Eignarhaldsfélags Alþýðubankans. Þeim bar saman um að þessi uppbygging á sjóði og sú umgjörð sem honum er ætlað að starfa í er ekki heppileg til að örva nýsköpun. Aðrar umsagnir sem bárust nefndinni benda til hins sama. Þótt flestir vilji efla nýsköpun skiptir mjög miklu máli hvernig að því er staðið.

Hér er byggður upp viðbótarlánasjóður sem hefur lítið með nýsköpun að gera og mun í besta falli reynast gagnslítill en hugsanlega vera til trafala í uppbyggingu nýrra hugmynda og nýsköpunar vegna þess að mikið fjármagn er dregið út úr öðrum lánastofnunum til þessa sjóðs. Þannig eru þrír milljarðar af eigin fé Fjárfestingarbankans, auk hluta Iðnþróunarsjóðs, settir inn í Nýsköpunarsjóðinn og er þessi sjóður fjárhagslega sterkur.

Sjóðurinn virðist ekki breyta nokkru sem heitið getur fyrir þau fyrirtæki sem eru í mikilli þörf fyrir áhættufjármagn. Frumvarpið tryggir þvert á móti ofurvald tveggja atvinnuvega í sjóðakerfi landsmanna. Það er brýnt að fleiri aðilar komi þar að. Alþjóðavæðing atvinnulífins getur valdið því vegna lítils framboðs á áhættufjármagni hérlendis að sífellt fleiri fyrirtæki setjist að erlendis einfaldlega vegna þess að hér eru þeim allar leiðir lokaðar. Erlendis fá þau oft nauðynlega fyrirgreiðslu og aðstoð í byrjun starfs síns. Fjölmörg dæmi þekkjast um þetta úr íslensku atvinnulífi.

Hrossakaup stjórnarliða.

Meiri hluti nefndarinnar ákvað að taka einn milljarð í viðbót út úr Fjárfestingarbankanum og setja í Nýsköpunarsjóð en eyrnamerkja hann til sérstakra verkefna á landsbyggðinni. Þetta er mjög merkileg aðferðafræði og lýsir íslenskum stjórnmálum betur en margt annað. Þarna er búinn til lítill Byggðasjóður og sú hugmyndafræði dugði til að binda saman landsbyggðarþingmenn stjórnarliðsins í hefðbundnum hrossakaupum þeirra innan þingflokka stjórnarliðsins.

Meiri hluti nefndarinnar treysti ekki Byggðastofnun til að úthluta þessum milljarði heldur ákvað að setja hann í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og engin fyrirmæli eða drög að lánareglum fylgja áliti meiri hlutans. Hér er tekinn einn milljarður af opinberu fé og síðan á að úthluta honum til vina ríkisstjórnarflokkanna, því að kveðið er skýrt á um að útlánareglur verði settar af ráðherra.

Eina nýmælið varðandi þennan milljarð er að vörslu hans og umsjón á að bjóða út. Þetta kallar meiri hlutinn einkavædda byggðastefnu. Þetta er fráleit orðanotkun. Hér er einungis um það að ræða að ríkisstjórnarflokkarnir ætla að fela umsjón á þessum milljarði af opinberu fé vinum sínum í fjármálaheiminum. Vitaskuld má reyna slíka aðferðafræði og láta menn bjóða í vörslu sjóðsins. 3. minni hluti hefur ekkert á móti því að samkeppni sé innleidd með þessum hætti en að hér sé um eitthvert sérstakt nýmæli og einkavædda byggðastefnu að ræða er fráleitt. Meginatriðið í þessu efni er að bætt er við sérstökum útlánum til landsbyggðarinnar án þess að nokkur stefnumótun fylgi af hálfu ríkisstjórnarflokkanna.

Þriðji minni hluti er alls ekki á móti auknum lánum til landsbyggðarinnar en telur að byggðamál verði að endurmeta í víðara samhengi og móta þar nýja stefnu sem miðast að því að tryggja byggð í dreifbýli með virkum hætti. Það hefur sýnt sig að lánveitingar eingöngu hafa dugað skammt til að stöðva fólksflótta frá landsbyggðinni. Hér þarf meira að koma til, svo sem uppbygging á þjónustukjörnum, sameining sveitarfélaga, stuðningur við annan atvinnuveg en sjávarútveg og margt fleira sem ríkisstjórnin beinir ekki sjónum sínum að.

Lokaorð.

Ljóst er að eins og frumvarpið er gert úr garði fer mjög lítið fjármagn til raunverulegrar nýsköpunar því að sjóðnum eru sett mjög ströng skilyrði um ávöxtum eigin fjár. Það er augljóst af allri uppbyggingu sjóðsins að hann verður áhættufælinn og mun því miður ekki koma að gagni við nauðsynlega nýsköpun.

Þriðji minni hluti hefði talið raunhæfara að verja auknu fjármagni til eflingar mennta, meðal annars tæknimenntunar og æðri menntunar, veita skattalegar undanþágur vegna nýsköpunar og þróunar, leggja áherslu á aðstoð við markaðssetningu erlendis, vanda undirbúning af hálfu stjórnvalda við kortlagningu nýrra sviða og stöðu á alþjóðlegum markaði og bætta ráðgjöf við einstaklinga og frumkvöðla. Þess í stað leggur ríkisstjórnin fram gamaldags frumvarp um viðbótarlánasjóð, sem kemur að litlu gagni. Breytingartillögur meiri hlutans breyta engu í því efni.

Þriðji minni hluti telur rétt að þetta mál verði unnið betur, fleiri aðilar sem þekkja til málsins kallaðir til við undirbúning, breiðari hópur en hér er gert ráð fyrir taki þátt í stjórn væntanlegs sjóðs og að mikilvægt er að reynsla þeirra aðila sem starfa á þessu sviði hérlendis og erlendis verði nýtt.

Þriðji minni hluti er reiðubúinn til að taka þátt í því ásamt ríkisstjórnarflokkunum að semja nýtt frumvarp og finna þessu máli betri umgjörð þannig að nýsköpun verði efld í íslensku atvinnulífi. Þetta frumvarp gerir það ekki. Þess vegna leggur 3. minni hluti til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson.

989. Skýrsla [8. mál]

dómsmálaráðherra um gjaldtöku við innheimtu vanskilaskulda, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Með beiðni (á þskj. 8) frá Sigríði Jóhannesdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um gjaldtöku lögmanna við innheimtu vanskilaskulda og tengdar aðfararaðgerðir hér á landi.

Við samantekt á skýrslu um gjaldtöku lögmanna við innheimtu vanskilaskulda naut ráðuneytið fulltingis Lögmannafélags Íslands (LMFÍ), en á stjórnsýslusviði dómsmálaráðuneytisins er ekki um að ræða aðra opinbera aðila sem koma beint að því málefni, sem skýrslunni er ætlað að fjalla um. Vert er að hafa í huga í því sambandi að málefni banka og annarra lánastofnana heyra undir viðskiptaráðuneytið sem og málefni varðandi verðskráningu, verðlag og samkeppni. Enn fremur heyra undir félagsmálaráðuneyti málefni margra stórra innheimtuaðila svo sem húsnæðislánasjóða og innheimtustofnunar sveitarfélaga. Lánasjóður íslenskra námsmanna heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Þá var leitað eftir upplýsingum frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Gögn sem þaðan bárust reyndust merkt sem trúnaðarmál og voru því endursend. Upplýsingum var safnað úr opinberum gögnum eftir því sem tök voru á.

Á hinn bóginn reyndist ekki unnt að afla upplýsinga um stöðu mála í öðrum löndum, enda stendur ráðuneytið ekki í sambandi við neina þá aðila erlendis sem ætla má að veitt geti hinar umbeðnu upplýsingar. Af þeim sökum einskorðast skýrslan við almenna umfjöllun um það efni sem þriðji töluliður skýrslubeiðnarinnar lýtur að.

Við skýrslugerðina hefur verið gengið út frá því að óskað sé eftir samantekt um innheimtu lögmanna á vanskilaskuldum, einkum þau tilvik þegar kröfuhafar eru „innheimtustofnanir eins og bankar“ eins og komist er að orði í skýrslubeiðninni. Í skýrslunni er því ekki vikið sérstaklega að innheimtu málskostnaðar í einkamálum fyrir dómi, þar sem fram fer munnlegur flutningur um ágreining svo sem varðandi greiðsluskyldu, fjárhæðir eða skuldajöfnuð.

Þá er í skýrslunni ekki fjallað um þau tilvik þegar höfða þarf dómsmál til viðurkenningar á skuld sem í sjálfu sér er óumdeild en fæst ekki greidd. Í slíkum málum er innheimtuþóknun lögmanns (málskostnaður) úrskurðuð af dómara, eftir mati eða á grundvelli framlagðs málskostnaðarreiknings. Bankar og aðrar innheimtustofnanir þurfa hins vegar sjaldnast að höfða dómsmál á hendur skuldara í hefðbundnum vanskilamálum, þar eð um þau gilda sérstakar reglur í aðfarar- og nauðungarsölulögum.

I.

Samkvæmt íslenskum rétti á kröfuhafi rétt á því að fá greiddan úr hendi skuldara eðlilegan kostnað sem leiðir af því að innheimta verður kröfu sem komin er í vanskil. Meginreglan er sú að krafa um greiðslu kostnaðar fylgir aðalkröfunni og ber vexti með sama hætti og hún.

Fari kröfuhafi ekki sjálfur með innheimtu kröfu sinnar getur hann falið öðrum að sjá um innheimtu hennar. Er innheimtan að meginstefnu til unnin samkvæmt umboði, annað hvort á grundvelli samnings eða varanlegs samningssambands milli kröfuhafa og innheimtuaðila.

Feli kröfuhafi starfandi lögmanni umboð til innheimtu, felst að öllu jöfnu í því heimild til handa lögmanninum að koma fram fyrir hönd kröfuhafans og leiða innheimtumálið til lykta. Umboðsstarfið er löghelgað og telst lögmaður opinber sýslunarmaður er hann rækir það, sbr. 1. gr. laga um málflytjendur. Í þessu felst m.a. að tilteknar skyldur hvíla á lögmanni.

Gagnvart umbjóðanda sínum er lögmanni rétt og skylt að grípa til allra lögmætra úrræða til þess að tryggja fullnustu á réttmætri kröfu hans, með því meðal annars að tryggja stöðu kröfunnar gagnvart kröfum annarra aðila.

II.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, er lögmönnum heimilt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls. Undir þetta ákvæði fellur m.a. þóknun í innheimtumálum, sem lögmaður krefur skuldara um, en í grófum dráttum má segja að sú þóknun skiptist í þrennt:

a. *Innheimtuþóknun,* þ.e. endurgjald fyrir það framlag sem lögmaður leggur af mörkum í þágu kröfuhafa til þess að krafa fáist greidd. Innheimtuþóknun getur verið tímagjald eða fast gjald fyrir einstök viðvik en algengt virðist til að mynda að ritun staðlaðra bréfa fari eftir föstu gjaldi. Þá tíðkast einnig að innheimtuþóknun sé reiknuð sem hlutfall af þeirri kröfu sem er til innheimtu.
b. *Ritun aðfarar- og nauðungarsölubeiðna,* þ.e. endurgjald fyrir að útbúa þau skjöl sem að lögum þarf að leggja fyrir stjórnvöld til að tryggja réttindi kröfuhafa eftir atvikum með fullnustu af eigum skuldarans.
c. *Kostnaður við mætingar,* þ.e. vinna og kostnaður sem fellur á lögmann þegar aðfarar- og nauðungarsölugerðir fara fram.

Innifalið í þóknun lögmanns er allur kostnaður sem hann ber af skrifstofuhaldi.

Kröfu sinni um þóknun beinir lögmaður jafnan að skuldara samhliða aðalkröfu kröfuhafans. Auk þess umboðs sem hann hefur til innheimtu aðalkröfunnar hefur lögmaðurinn forræði yfir eigin kröfu. Hann getur því ákveðið að innheimta aðeins hluta þóknunar sinnar hjá skuldara þegar til uppgjörs kemur. Þannig mun algengt, og víða tíðkast við venjubundin innheimtustörf á lögmannsskrifstofum, að veittur sé afsláttur sé krafan gerð upp eða um hana samið innan tiltekins frests, sem oft er 10 til 15 dagar frá dagsetningu þess bréfs þegar kröfu er beint til skuldara.

III.

Lögmannafélag Íslands er lögbundinn félagsskapur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna, en í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 61 4. júlí 1942 um málflytjendur, sbr. 2. gr. laga nr. 24 3. mars 1995, er kveðið á um að lögmenn skuli hafa með sér slíkt félag.

Samkvæmt 8. gr. fyrrgreindra laga ber stjórn félagsins að hafa eftirlit með að lögmenn fari að lögum í starfa sínum og að þeir ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Hefur eftirlitshlutverk félagsins tvíþættan tilgang, annars vegar að tryggja viðskiptamönnum lögmanna nægjanlega vernd, en hins vegar að veita félagsmönnum aðhald í því skyni að þeir fari að lögum og samþykktum félagsins í samskiptum við aðra aðila, þar með talda gagnaðila viðskiptamanna. Þannig hefur það áratugum saman talist vera á vald- og verksviði stjórnarinnar að tjá sig um ágreining um þóknun lögmanna, hafi slík ágreiningsefni verið borin fram á þeim vettvangi.

Aðhalds- og eftirlitshlutverki sínu sinnti félagið m.a. með því að gefa út og styðjast við leiðbeinandi gjaldskrár, en sú fyrsta var gefin út árið 1911. Var sá háttur hafður á að sérstakar stofngjaldskrár voru gefnar út á grundvelli samþykkta á aðalfundum félagsins með tilteknum grunntölum, sem sættu reglubundnum leiðréttingum í takti við verðlag. Var verðlagsviðmiðunin á seinni árum reist á svonefndri vísitölu lögmannsskrifstofa, sem í nóvember 1993 samanstóð af launavísitölu að tveimur þriðju, verðbreytingum á bensíni 12,5% og breytingum á húsaleigu 12,5%. Stofngjaldskrár LMFÍ voru síðast gefnar út 12. maí 1984 og 25. maí 1992.

Í síðustu gjaldskrá LMFÍ, sem gilti frá 1. júlí 1992, kom m.a. fram, að gjaldskráin ætti að leiða til sanngjarnrar gjaldtöku fyrir vinnu lögmanns að dæmigerðu máli á viðkomandi sviði. Einnig kom fram, að við ákvörðun gjaldtöku gæti lögmaður vikið frá gjaldskránni til hækkunar eða lækkunar. Þó var litið á innheimtuákvæði gjaldskrárinnar sem hámarksákvæði.

IV.

Með lögfestingu samkeppnislaga nr. 8 25. febrúar 1993 varð ljóst að gjaldskrá LMFÍ, eins og hún hafði verið gefin út, stangaðist á við ákvæði laganna. Af þeirri ástæðu óskaði Lögmannafélagið eftir því með bréfi 9. júlí 1993 að Samkeppnisráð veitti félaginu undanþágu til útgáfu gjaldskrár.

Sú gjaldskrá sem óskað var eftir undanþágu fyrir var samþykkt á fundi LMFÍ 29. júní 1993. Tók hún til mun færri málaflokka en hinar fyrri og átti að meginstefnu að takmarkast við þau tilvik, annars vegar þegar dómstólar eða embættismenn ákveða þóknun til handa lögmönnum en hins vegar þá þóknun sem þriðja aðila er ætlað að greiða lögmanni, þ.e. einkum í innheimtumálum.

Beiðni félagsins var studd eftirfarandi rökum:

a. Vísað var til 2. og 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur og talið að sú gjaldskrá sem í gildi hefði verið væri nauðsynlegt tæki fyrir stjórn félagsins til þess að geta sinnt lögskipuðu hlutverki sínu með eðlilegum hætti.
b. Þá var bent á að í innheimtumálum þar sem þriðja aðila væri gert að greiða þóknun, réði greiðandi þóknunar (skuldarinn) engu um það hverjum henn greiddi. Ekki yrði því séð að samkeppnissjónarmið ættu við um þann þátt gjaldskrárinnar.
c. Yrði hins vegar fallist á undanþágu vegna hinnar nýju gjaldskrár kæmi það skuldara til góða, með því að auðveldara yrði fyrir hann að átta sig á því hvern kostnað eðlilegt sé að hann greiddi innheimtumanni kröfunnar. Réttmætt sé því og eðlilegt að um greiðsluskyldu skuldara gildi ákveðnar reglur.

Erindi Lögmannafélagsins var sent til umsagnar hjá dómsmálaráðuneytinu og Neytendasamtökunum.

Í umsögn ráðuneytisins, sem dagsett er 13. september 1993, kom fram að ráðuneytið teldi nokkur rök mæla með því að veitt yrði undanþága fyrir leiðbeinandi gjaldskrá, einkum þau að sá sem greiða á lögmanni þóknun eigi í mörgum tilvikum þess ekki kost að hafa afskipti af því hvernig sú upphæð verður til sem honum er gert að greiða lögmanninum. Það sé gagnaðili, kröfuhafinn, sem velji lögmann til verksins og þurfi engra hagsmuna að gæta um það með hvaða hætti skuldarinn sé krafinn um greiðslu fyrir verkið. Ráðuneytið taldi því rétt að heimila mætti viðmiðunargjaldskrá fyrir lögmenn til tryggingar hagsmunum þriðja manns.

Í umsögn Neytendasamtakanna kom fram að samtökin eruandvíg því að veita lögmönnum undanþágu fyrir leiðbeinandi gjaldskrá, einkum með vísan til þess að slík gjaldskrá muni hindra eðlilega samkeppni innan lögmannastéttarinnar. Samkeppni á því sviði sé hins vegar til þess fallin að lækka verð á þjónustu lögmanna. Þó var minnt á að í innheimtustarfsemi réði skuldarinn engu um það hver sækti málið á hendur honum. Hann væri því í raun varnarlaus væri tilefni á annað borð fyrir innheimtumálinu.

Þá lögðu samtökin áherslu á að sett yrðu lög um innheimtustarfsemi lögmanna þar sem m.a. yrði kveðið á um hámarksþóknun fyrir innheimtu. Var bent á að slík löggjöf væri m.a. fyrir hendi í Noregi.

Niðurstaða Samkeppnisstofnunar var sú að ekki hefðu komið fram nægjanlegar röksemdir fyrir því að veita bæri undanþágu og heimila lögmannafélaginu að gefa út þá gjaldskrá sem óskað hafði verið eftir.

Að lokinni umfjöllun embættismanna í stofnuninni kom málið til kasta Samkeppnisráðs. Ákvað meiri hluti ráðsins að hafna beiðni LMFÍ á þeirri forsendu að beiðnin uppfyllti ekki skilyrði samkeppnislaga fyrir undanþágum. Fyrirtæki eða samtök sem óski eftir slíkri undaþágu þurfi með óyggjandi hætti að sýna fram á að undanþága sé í samræmi við greind skilyrði. Takist það ekki, leiði af meginreglum og -markmiðum samkeppnislaga að synja beri um undanþágu.

Einn fulltrúi í ráðinu greiddi sératkvæði og taldi að ráðinu bæri að fallast á undanþágu. Við þær aðstæður sem uppi væru við lögmannsinnheimtu myndi leiðbeinandi gjaldskrá stuðla að samræmi í ákvörðunum dómara og embættismanna um þóknun til gagnaðila. Jafnframt myndi hún gera skuldara kleift að meta hvort innheimtuþóknun sem hann er krafinn um sé innan eðlilegra marka. Um leið skapi hún skuldara vernd fyrir óeðlilegri kröfu um innheimtuþóknun af hálfu lögmanns sem hann hefur ekki sjálfur valið til starfa heldur kröfuhafi. Þessi jákvæðu áhrif leiðbeinandi gjaldskrár gerðu það að verkum að skilyrði fyrir undanþágu ættu að teljast vera fyrir hendi. Sérstaklega var vikið að því að dómsmálaráðuneytið hefði tekið undir þessar röksemdir.

Með ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppnismála í júní/júlí 1994 var útgáfa leiðbeinandi gjaldskrár Lögmannafélags Íslands bönnuð.

V.

Ekki hefur farið fram nein almenn könnun á því hvort lögmenn hafi almennt sett sér eigin gjaldskrár eftir að útgáfa leiðbeinandi gjaldskrár Lögmannafélagsins var bönnuð. Ætla verður þó, út frá þeim upplýsingum sem fyrirliggjandi eru, að margir, ef til vill flestir, lögmenn hafi sett sér slíkar gjaldskrár. Að meginstefnu til eru gjaldskrárnar aðgengilegar en ekki hvílir nein skylda á lögmönnum að gefa efni þeirra upp við opinbera aðila með reglubundnum hætti.

Lausleg könnun sem gerð var í tilefni af skýrslubeiðninni gefur þó eftirfarandi vísbendingar um þróun á helstu þáttum lögmannsþóknunar:

a. *Innheimtuþóknun lögmanna og ritun beiðna.*

Samkvæmt upplýsingum sem aflað var frá nokkrum lögmannsstofum virðast ekki hafa orðið almennar hækkanir á þessum liðum umfram hækkun lánskjaravísitölu. Sömu ályktun má draga af tölum sem starfsmenn nokkurra sýslumannsembætta létu í té varðandi algengar upphæðir á aðfararbeiðnum, en hafa verður í huga að þær tölur eru óáreiðanlegar. Til eru dæmi um hækkanir umfram lánskjaravísitölu, en sömuleiðis dæmi um að þessi gjaldtaka hafi ekki hækkað í takt við vísitölu. Þessi dæmi eru þó það fá að þau virðast ekki skekkja heildarmyndina.

b. *Mótakostnaður.*

Samkvæmt upplýsingum frá sömu aðilum og fyrr greinir hefur að meginstefnu orðið sams konar þróun varðandi mótakostnað og annan innheimtukostnað lögmanna. Til undantekninga hér heyrir þó að nokkrar lögmannsstofur hafa beitt gjaldtöku samkvæmt svokölluðu hagsmunatengdu móti. Hefur kostnaður í þeim tilvikum þótt hár.

VI.

Nokkrum sinnum á undanförnum árum hafa fjölmiðlar tekið sérstaklega til umfjöllunar gjaldtöku lögmanna í innheimtumálum. Hafa verið nefnd sláandi dæmi um þann kostnað sem til hefur orðið í innheimtuferlinu. Í því sambandi verður þó að hafa í huga, að þar er um að ræða margháttaðan annan kostnað auk lögmannsþóknunar. Á öllum þrepum innheimtu, þar sem atbeina opinberra aðila er leitað leggst við kröfuna lögákveðinn kostnaður, svo sem þinglýsingar-, stimpil- og sölugjöld, auk sérstakra aðfarar- og nauðungarsölugjalda. Þar við kann að bætast kostnaður vegna vörslusviptinga og fleiri atriða. Þá leggst virðisaukaskattur ofan á marga kostnaðarliði. Allir kostnaðarliðir bera síðan vexti sem safnast hratt upp ef málið dregst á langinn.

Á það hefur ítrekað verið bent þegar málefni þessi hafa borið á góma að bann við samræmandi gjaldskrá lögmanna kunni að hafa leitt til hækkunar á gjaldtöku frá því sem áður var. Svo sem áður greinir er ekkert sem bendir til að draga megi svo almenna ályktun varðandi stöðu mála. Hitt má þó vera ljóst að í einangruðum tilvikum kann lögmaður að gera skuldara að greiða sér óhóflega háa þóknun. Í því sambandi verður að leggja ríka áherslu á að þótt Samkeppnisráð (og úrskurðarnefnd samkeppnismála) hafi bannað Lögmannafélaginu að gefa út gjaldskrá hefur lögbundið hlutverk stjórnar félagsins ekkert breyst. Það er eftir sem áður hlutverk stjórnarinnar að skera úr ágreiningsmálum sem varða þóknun lögmanna. Sú leið stendur öllum viðskiptavinum lögmanna opin.

Að lokum verður að ítreka að framgangur innheimtumáls ræðst jafnan af viðleitni þess sem innheimtuna hefur með höndum til þess að tryggja hagsmuni umbjóðanda síns — þá að réttmæt krafa verði greidd eða greiðsla hennar tryggð að svo miklu leyti sem unnt er. Eðli málsins samkvæmt fara þessir hagsmunir kröfuhafans ekki endilega saman við hagsmuni skuldarans sem fyrst og fremst leitast við að koma málum sínum í lag. Þó hefur greinilega mátt merkja á síðustu missierum að stærri innlánsstofnanir, svo sem bankar, hafi tekið upp nýjungar til þess að efla skilvísi og réttar ákvarðanir í fjármálum heimila. Jafnframt því hafa möguleikar á skuldbreytingum aukist. Þá hafa margir bankar og sparisjóðir tekið upp það kerfi að krafa fari í svokallaða milliinnheimtu eftir að vanskil hafa staðið um nokkurn tíma, jafnvel 2–3 mánuði. Þegar skuld er kominn í milliinnheimtu er fylgst sérstaklega með málinu af hálfu starfsfólks viðkomandi innlánsstofnunar og við skuldina bætist vanskilakostnaður, sem þó virðist ekki vera tiltakanlega hár. Ef ekki er greitt þrátt fyrir þetta er skuld sett í lögfræðilega innheimtu.

Í heild virðist þetta kerfi gefa skuldurum þriggja til sex mánaða tímabil til þess að koma skuld úr vanskilum, áður en til lögfræðiinnheimtu kemur. Ekki verður séð að mikill aukakostnaður safnist á kröfuna fyrir utan vexti á þessu tímabili.

990. Nefndarálit [438. mál]

um frv. til l. um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson og Indriða H. Þorlaksson frá fjármálaráðuneyti. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Ágúst Einarsson, varaform., frsm.	Einar Oddur Kristjánsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Pétur H. Blöndal.
	Þóra Sverrisdóttir.	

991. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson, deildarstjóra í forsætisráðuneyti, og Önnu Sigríði Örlygsdóttur og Gunnar Björnsson, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá allsherjarnefnd, félagsmálanefnd, forsætisnefnd, heilbrigðis- og tryggingarnefnd, landbúnaðarnefnd, menntamálanefnd, samgöngunefnd, sjávarútvegsnefnd, meiri hluta umhverfisnefndar og utanríkismálanefnd Alþingis. Einnig bárust umsagnir frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Dómarafélagi Íslands, Félagi Háskólakennara, Félagi Háskólakennara á Akureyri, Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Félagi tónlistarskólakennara, flugráði, Jafnréttisráði, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Landssambandi lögreglumanna, landlækni, Læknafélagi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, ríkissáttasemjara, Ríkisspítölum, Sjúkraliðafélagi Íslands, Stéttarfélagi lögfræðinga, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara og Tollvarðafélagi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur um breytingar á frumvarpinu á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. 1. gr. verði felld brott þar sem hún hefur þegar verið lögtekin sem 1. gr. laga nr. 150/1996. Nefndin tók þau ákvæði, sem brýnt var að lögtekin væru fyrir áramót, út úr bandorminum fyrir jól og lagði fram í sérstöku frumvarpi.

2. Í 2. lið breytingartillagnanna er lagt til að úr lögum um Byggðastofnun verði fellt brott ákvæði um að stjórn stofnunarinnar skuli staðfesta ráðningu helstu starfsmanna.
3. Fyrir Alþingi liggja nú frumvörp til laga um Ríkisendurskoðun og um umboðsmann Alþingis þar sem m.a. er mælt fyrir um breytingar á þeim greinum sem teknar eru upp í bandorminum. Nefndin fékk þau ákvæði frumvarpanna sem lúta að starfskjörum og skipun umboðsmanns og ríkisendurskoðanda til umsagnar. Með vísan til þess leggur meiri hlutinn til að 11.–15. gr. verði felldar brott úr frumvarpinu. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að 15. gr. snýr að skipunartíma skrifstofustjóra Alþingis. Þar sem fljótlega verður lagt fram frumvarp til breytingar á ýmsum ákvæðum þingskapalaga leggur meiri hlutinn til að þetta ákvæði verði fellt brott úr því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar en tekið á málefnum skrifstofustjóra í væntanlegu frumvarpi til breytingar á þingskapalögum.
4. Í frumvarpi til laga um stöðu þjóðkirkjunnar sem er til umfjöllunar í allsherjarnefnd eru m.a. ákvæði um biskupskosningu og veitingu prestakalla. Því er lagt til að 26.–29. gr. verði felldar brott úr bandorminum.
5. Lagt er til að 38. gr. falli brott, þar sem hún hefur þegar verið lögtekin sem 2. gr. laga nr. 150/1996. Af sömu ástæðum og tilteknar eru í næsta lið á undan er lagt til að 39.–45. gr. verði felldar brott úr bandorminum.
6. Lögð er til leiðrétting á villu í frumvarpstexta 50. gr.
7. Lagt er til að úr lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði fellt brott skilyrði um að forstjóri Vinnueftirlits ríkisins þurfi að leita samþykkis stjórnar fyrir ráðningu starfsfólks.
8. 54. og 55. gr. verði felldar brott þar sem þær hafa þegar verið lögteknar með lögum nr. 161/1996.
9. 66.–68. gr. verði felldar brott þar sem þær hafa þegar verið lögteknar með lögum nr. 150/1996.
10. Lagt er til að úr lögum um opinber innkaup verði fellt brott skilyrði um að forstjóri Ríkiskaupa þurfi að hafa samráð við stjórn við ráðningu starfsfólks.
11. Lagt er til að lögákveðið hámark á fjölda lögfræðinga sem starfað geti við embætti ríkislögmanns falli brott í samræmi við það markmið nýju starfsmannalaganna að fela forstöðumanni að ákveða fjölda starfsmanna í samræmi við umfang starfsemi og fjárveitingar hverju sinni.
12. Tollverðir teljast til embættismanna, sbr. 22. gr. starfsmannalaga. Þeir skulu því skipaðir til fimm ára í senn. Í 71. gr. bandormsins er ákvæði um að tollverðir, sem starfa hjá einstökum tollstjórum, skuli skipaðir til fimm ára í senn. Hins vegar vantar sambærilegt ákvæði í 70. gr. hvað varðar þá tollverði sem starfa hjá embætti ríkistollstjóra. Meiri hlutinn leggur til að úr því verði bætt.
13. 73.–75. gr. verði felldar brott þar sem þær hafa verið lögteknar í lögum nr. 150/1996.
14. B-liður 76. gr. verði felldur brott. Um skýringu vísast í næsta lið á undan.
15. Lagt er til að felldur verði brott síðari efnismálsliður 77. gr. þar sem ekki þykir skýrt hvaða háskólagráður mundu flokkast undir stjórnfræði.
16. Lögð er til lagfæring á orðalagi 78. gr.
17. Lagt er til að yfirlæknir Þjónustu- og endurhæfingarstöðvar sjónskertra, sem jafnframt er forstöðumaður, ráði annað starfsfólk, en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að það sé ráðið af stjórn stofnunarinnar.

18. Lagt er til að fellt verði brott úr lögum skilyrði um að forstöðumaður Geislavarna ríkisins skuli hafa samráð við stjórn stofnunarinnar við ráðningu starfsfólks.
19. Lögð er til breyting á ákvæði um lögbundin hæfisskilyrði fyrir skipun í stöðu landlæknis.
20. Lögð er til sambærileg breyting á hæfisskilyrðum fyrir skipun héraðslækna og að framan greinir um landlækni.
21. Breytingartillaga við 84. gr. miðar að því að þeir sem teljast hafa starf framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar að aðalstarfi, sbr. 1. gr. starfsmannalaga, skuli skipaðir til fimm ára. Í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar Reykjavíkur verði skipaður. Miðað við núverandi stöðu mála mun það aðeins vera framkvæmdastjóri heilsugæslustöðvar Akureyrar sem bætist við embættismannahópinn við þessa breytingu.
22. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein um breytingu á efni 22. gr. laga um heilbrigðisþjónustu til samræmis við þá breytingu sem lagt er til að gerð verði á 84. gr. frumvarpsins.
23. Lögð er til leiðrétting á villu í frumvarpstexta 86. gr.
24. Lagt er til að við bætist ný grein sem feli í sér heimild fyrir heilbrigðisráðherra til að staðfesta skipurit fyrir Tryggingastofnun ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs og forstjóra.
25. Lögð er til sú breyting á 88. gr. að auk skipunar forstjóra Tryggingastofnunar ráði ráðherra einnig forstöðumenn einstakra sviða í samráði við tryggingaráð.
26. Lagt er til að ákvæði 90. gr. um að stjórn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins skuli gera tillögu til forstjóra um ráðningu sérfræðinga verði fellt brott. Ekki er slíkt ákvæði í gildandi lögum. Stjórnin er skipuð fulltrúum hagsmunaaðila og þykir meiri hlutanum eðlilegt og í samræmi við ákvæði starfsmannalaganna að forstjóri sé óbundinn við mannaráðningar. Þá er lagt til að lögbundin hæfisskilyrði forstjóra stofnunarinnar verði rýmkuð.
27. Lagt er til að almennt skilyrði um að forstjórar rannsóknastofnana atvinnuveganna verði að leita eftir áliti stjórnar viðkomandi stofnunar við ráðningu deildarstjóra, sbr. 91. gr., verði fellt brott.
28. Lögð er til sambærileg breyting á 97. gr. og hér að framan hvað varðar valdsvið forstjóra Iðntæknistofnunar.
29. 99. og 100. gr. verði felldar brott þar sem Rafmagnseftirlit ríkisins var lagt niður með lögum nr. 60/1979.
30. Lögð er til lagfæring á orðalagi 101. gr.
31. Lagt er til að ákvæði 106. gr. um að stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skuli gera tillögu til forstjóra um ráðningu sérfræðinga verði fellt brott. Um skýringu vísast í athugasemd með breytingu á 90. gr. Þá er lagt til að lögbundin hæfisskilyrði forstjóra stofnunarinnar verði rýmkuð.
32. Lagt er til að úr lögum um búnaðarfræðslu verði fellt brott skilyrði um að skólastjóri þurfi að leita eftir tillögum deildarstjórnar við ráðningu kennara. Í 22. gr. laga um búnaðarfræðslu er gert ráð fyrir að sérstök dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Í dómnefndinni eiga sæti aðilar sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru sérfræðingar á því sviði. Það ákvæði stendur áfram.

33. Lagt er til að ákvæði 117. gr. um að skólastjórn Myndlista- og handíðaskóla Íslands skuli gera tillögu til skólastjóra um ráðningu kennara verði fellt brott.
34. Lagt er til að 11. gr. laga nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, verði felld brott, enda er í breytingartillögum við 117. gr. bandormsins gert ráð fyrir að efni greinarinnar verði fært yfir í 9. gr. laganna.
35. Lagt er til að skilyrði 120. gr. um að skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands skuli leita umsagnar skólaráðs og skólanefndar við ráðningu kennara og fastra starfsmanna falli brott.
36. Þar sem breytingartillaga við 120. gr. gerir m.a. ráð fyrir að efni 2. mgr. 10. gr. laga nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands, sé flutt yfir í 9. gr. laganna er lagt til að 2. mgr. 10. gr. falli brott.
37. Lagt er til að skilyrði 125. gr. um að forstjóri Stofnunar Árna Magnússonar skuli leita umsagnar stjórnarnefndar við ráðningu sérfræðinga verði fellt brott.
38. Lagt er til að ákvæði 126. gr. um að skólanefnd Fósturskóla Íslands skuli gera tillögu til skólastjóra um ráðningu kennara og annarra starfsmanna sé fellt brott.
39. Lagt er til að úr lögum verði fellt brott skilyrði um að skólastjóri Leiklistarskóla Íslands skuli hafa samráð við skólanefnd við ráðningu kennara.
40. Lagt er til að ákvæði 133. gr. um að forstöðumaður Blindrabókasafns Íslands þurfi að leita eftir tillögum stjórnar og fá samþykki menntamálaráðuneytis við ráðningu starfsfólks sé fellt brott.
41. Lagt er til að úr lögum verði fellt brott skilyrði um að framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs Íslands skuli hafa samráð við stjórn sjóðsins við ráðningu starfsfólks.
42. Lagt er til að skilyrði 136. gr. um að skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands þurfi að fara eftir ábendingum skólastjórnar við ráðningu kennara verði fellt brott.
43. Lagt er til að skilyrði 137. gr. um að þjóðskjalavörður þurfi að leita eftir tillögum stjórnarnefndar við ráðningu skjalavarða og fastra starfsmanna verði fellt brott.
44. Lagt er til að 13. gr. laga nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistaskóla, verði samræmd við þá breytingu sem lögð er til í 140. gr. bandormsins á 12. gr. laganna.
45. Lagt er til að ákvæði 141. gr. um setningu erindisbréfs verði fellt brott enda almennt ákvæði um erindisbréf í 2. mgr. 8. gr. starfsmannalaganna.
46. 142.–144. gr. verði felldar brott þar sem þær hafa nú þegar verið lögteknar með lögum nr. 150/1996.
47. Lagt er til að skilyrði 148. gr. um að þjóðminjavörður þurfi að leita eftir tillögum þjóðminjaráðs við ráðningu safnstjóra verði fellt brott.
48. Lagt er til að skilyrði 149. gr. um að forstöðumaður Íslenskrar málnefndar þurfi að leita eftir tillögum málnefndar við ráðningu starfsfólks verði fellt brott.
49. Lagt er til að skilyrði 153. gr. um að forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra skuli leita eftir tillögum stjórnar við ráðningu starfsfólks verði fellt brott.
50. Lagt er til að orðalag 3. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, verði aðlagað að breyttum starfsmannalögum, sérstaklega í sambandi við það að prófessorar eru nú ráðnir en ekki skipaðir í starf og ekki er lengur rétt að nota orðið „kennaraembætti“. Rétt er að taka fram að 154.–156. gr. frumvarpsins, um breytingu á háskólalögunum, voru lögfestar með lögum nr. 150/1996. Hér er hins vegar verið að leggja til nokkrar viðbótarbreytingar til frekara samræmis.

51. Lögð er til breyting á 4. gr. háskólalaganna. Um skýringu vísast í næsta lið hér á undan.
52. Lagt er til að 1. mgr. 12. gr. háskólalaganna verði breytt þannig að ekki leiki vafi á að sérstök heimild laganna til ráðningar án undangenginnar auglýsingar nái einnig til ráðningar prófessora.
53. Lagt er til að við frumvarpið bætist sex nýjar greinar um breytingu á lögum um Háskóla Íslands. Í a-lið er lögð til breyting á 14. gr. laganna til samræmis við 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna eins og honum var breytt með a-lið 16. gr. laga nr. 150/1996. Sama á við um d-liðinn um breytingu á 37. gr. laganna. Breytingartillögur b-, c-, e- og f-liðar miða að því að færa orðalag laganna til samræmis við meginreglu laga nr. 70/1996.
54. Lagt er til að úr lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði fellt brott skilyrði um að framkvæmdastjóri þurfi að leita samþykkis sjóðstjórnar við ráðningu starfsfólks.
55. 158. og 159. gr. verði felldar brott þar sem þær hafa þegar verið lögteknar með lögum nr. 150/1996.
56. Lagt er til að skilyrði 13. gr. laga nr. 64/1965 um að forstjóri Hafrannsóknastofnunar þurfi að leita eftir tillögum stjórnar við ráðningu deildarstjóra verði fellt brott. Þá er lagt til að lögbundin hæfisskilyrði forstjóra stofnunarinnar verði rýmkuð.
57. Lagt er til að lögbundin hæfisskilyrði forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verði rýmkuð.
58. Lagt er til að skilyrði 173. gr. um að framkvæmdastjóri Hollustuverndar ríkisins skuli leita eftir umsögn stjórnar við ráðningu forstöðumanna verkefnasviða verði fellt brott.
59. Lagt er til að skilyrði 174. gr. um að forstjóri Náttúrufræðistofnunar þurfi að leita eftir tillögum stjórnar við ráðningu deildarstjóra og sérfræðinga verði fellt brott.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Einar Oddur Kristjánsson.

Pétur H. Blöndal. Þóra Sverrisdóttir.

992. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (SP, VS, EOK, PHB, ÞSverr).

1. Við 1. gr. Greinin falli brott.
2. Á eftir 10. gr. (er verði 9. gr.) komi ný grein, 10. gr., sem orðist svo:
   2. málsl. 6. tölul. 7. gr. laganna fellur brott.

3. Við 11.–15. gr. Greinarnar falli brott.
4. Við 26.–29. gr. Greinarnar falli brott.
5. Við 38.–45. gr. Greinarnar falli brott.
6. Við 50. gr. (er verði 33. gr.). Orðin „til fimm ára í senn“ í a-lið falli brott.
7. Við 51. gr. (er verði 34. gr.). Greinin orðist svo:
   Eftirtaldar breytingar verða á 76. gr. laganna:
   a. 1. mgr. orðast svo:
      Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.
   b. Orðin „með samþykki stjórnar hennar“ í 3. mgr. falla brott.
8. Við 54.–55. gr. Greinarnar falli brott.
9. Við 66.–68. gr. Greinarnar falli brott.
10. Við 69. gr. (er verði 47. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:
    a. Í stað orðsins „fjögurra“ í fyrri málslið kemur: fimm.
    b. Síðari málsliður orðist svo: Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar.
11. Á eftir 69. gr. (er verði 47. gr.) komi ný grein, 48. gr., með fyrirsögninni *Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann,* sem orðist svo:
    Orðin „allt að þrír“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.
12. Við 70. gr. (er verði 49. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með a-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:
    a. Á eftir orðinu „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
    b. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. kemur: Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum.
13. Við 73.–75. gr. Greinarnar falli brott.
14. Við 76. gr. (er verði 52. gr.). B-liður falli brott.
15. Við 77. gr. (er verði 53. gr.). Síðari málsliður efnismálsgreinar falli brott.
16. Við 78. gr. (er verði 54. gr.). Orðin „sér til aðstoðar“ í a-lið falli brott.
17. Við 80. gr. (er verði 56. gr.). Greinin orðist svo:
    2. gr. laganna orðast svo:
    Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.
18. Á eftir 81. gr. (er verði 57. gr.) komi ný grein, 58. gr., sem orðist svo:
    3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar.
19. Við 82. gr. (er verði 59. gr.). Við bætist nýr stafliður, b-liður, sem orðist svo: 2. málsl. orðast svo: Hann skal vera embættislæknir eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
20. Við 83. gr. (er verði 60. gr.). Við bætist nýr stafliður, b-liður, sem orðist svo: 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu héraðslæknar vera embættislæknar eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
21. Við 84. gr. (er verði 61. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 5., 6. og 8. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Ráðherra skipar þá framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna fullu starfi til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna stöðvanna og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.

22. Á eftir 84. gr. (er verði 61. gr.) komi ný grein, 62. gr., sem orðist svo:
22. gr. laganna orðast svo:
Þar sem ekki er skipaður framkvæmdastjóri í fullt starf ráða stjórnir heilsugæslustöðva starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

23. Við 86. gr. (er verði 64. gr.). Orðin „til fimm ára í senn“ í 2. efnismálsl. a-liðar falli brott.

24. Á undan 88. gr. (er verði 67. gr.) komi ný grein, 66. gr., sem orðist svo:
3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra er heimilt að staðfesta skipurit fyrir stofnunina að fengnum tillögum tryggingaráðs og forstjóra stofnunarinnar.

25. Við 88. gr. (er verði 67. gr.). Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum tryggingaráðs.
b. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra ræður forstöðumenn sviða í samráði við tryggingaráð. Forstjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við viðkomandi forstöðumenn.

26. Við 90. gr. (er verði 69. gr.). Greinin orðist svo:
50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:
Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

27. Við 91. gr. (er verði 70. gr.). Orðin „að fengnu áliti stjórnar“ í 2. efnismálsl. falli brott.

28. Við 97. gr. (er verði 76. gr.). Orðin „að fengnum tillögum stjórnar“ falli brott.

29. Við 99.–100. gr. Greinarnar falli brott.

30. Við 101. gr. (er verði 78. gr.). Efnismálsliður orðist svo: Ráðherra skipar skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins til fimm ára í senn og ræður hann kennara og annað starfslið skólans.

31. Við 106. gr. (er verði 83. gr.). Greinin orðist svo:
1. og 2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

32. Við 110. gr. (er verði 87. gr.). 2. efnismgr. orðist svo:
Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið.

33. Við 117. gr. (er verði 94. gr.). Síðari efnismálsliður a-liðar orðist svo: Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

34. Á eftir 118. gr. (er verði 95. gr.) komi ný grein, 96. gr., sem orðist svo:
11. gr. laganna fellur brott.

35. Við 120. gr. (er verði 98. gr.). Síðari efnismálsliður a-liðar orðist svo: Kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra.

36. Á eftir 120. gr. (er verði 98. gr.) komi ný grein, 99. gr., sem orðist svo:
    2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.
37. Við 125. gr. (er verði 104. gr.). Orðin „að fenginni umsögn stjórnarnefndar“ falli brott.
38. Við 126. gr. (er verði 105. gr.). A-liður orðist svo: 2. mgr. orðast svo:
    Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn.
39. Við 127. gr. (er verði 106. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:
    a. 1. málsl. orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.
    b. 4. málsl. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.
40. Við 133. gr. (er verði 112. gr.). Orðin „að fengnum tillögum stjórnar Blindrabókasafns og með samþykki menntamálaráðuneytis“ falli brott.
41. Við 135. gr. (er verði 114. gr.). Greinin orðist svo:
    4. gr. laganna orðast svo:
    Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn, að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.
42. Við 136. gr. (er verði 115. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:
    a. Í stað orðanna „fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólastjórnar.
    b. 3. mgr. orðast svo:
        Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.
43. Við 137. gr. (er verði 116. gr.). Orðin „að fenginni tillögu stjórnarnefndar“ í b-lið falli brott.
44. Á eftir 140. gr. (er verði 119. gr.) komi ný grein, 120. gr., sem orðist svo:
    Í stað orðanna „námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar.
45. Við 141. gr. (er verði 121. gr.). Orðin „og setur honum erindisbréf“ falli brott.
46. Við 142.–144. gr. Greinarnar falli brott.
47. Við 148. gr. (er verði 125. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. Orðin „að fengnum tillögum þjóðminjaráðs“ í a-lið falli brott.
    b. Í stað „4. málsl. 4. mgr.“ í b-lið komi: 2. málsl. 4. mgr.
48. Við 149. gr. (er verði 126. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
    a. 1. efnismálsl. a-liðar orðist svo: Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.
    b. Í stað orðsins „Forstöðumaður“ í 2. efnismálsl. a-liðar komi: Hann.
49. Við 153. gr. (er verði 130. gr.). Efnismálsgrein orðist svo:
    Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.
50. Við 154. gr. (er verði 131. gr.). Greinin orðist svo:
    Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
    a. Í stað orðanna „skipaðir prófessorar í starfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prófessorar sem ráðnir eru ótímabundið í fullt starf.

b. Í stað orðanna „fastráðnir eru eða settir til fulls starfs“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ráðnir eru í fullt starf.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú er háskólakennari í orlofi og annar maður er ráðinn til að gegna starfi hans tímabundið og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem í orlofi er.
d. Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: kennarastarf.

51. Við 155. gr. (er verði 132. gr.). Greinin orðist svo:
Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: kennarastarfi.

52. Við 156. gr. (er verði 133. gr.). Greinin orðist svo:
1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:
Þegar sérstaklega stendur á getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við prófessorsstarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Á sama hátt getur rektor boðið vísindamanni að taka við lektors- eða dósentsstarfi.

53. Á eftir 156. gr. (er verði 133. gr.) komi sex nýjar greinar, svohljóðandi:
a. (134. gr.)
Í stað orðanna „menntamálaráðherra veitir lausn“ í 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: fær lausn.
b. (135. gr.)
Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „undan stöðu sinni“ í fyrri málslið kemur: frá starfi sínu.
b. Í stað orðsins „stöðuna“ í síðari málslið kemur: starfið.
c. (136. gr.)
Í stað orðsins „stöðuna“ í 4. málsl. 19. gr. laganna kemur: starfið.
d. (137. gr.)
37. gr. laganna orðast svo:
Ný prófessorsstörf verða stofnuð með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar. Önnur ný kennarastörf verða stofnuð með ákvörðun rektors, að fengnum tillögum háskóladeildar.
e. (138. gr.)
Í stað orðanna „slíkar stöður“ í 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: slík störf.
f. (139. gr.)
Í stað orðanna „Kennaraembætti og kennarastöður“ í heiti VIII. kafla laganna kemur: Kennarastörf.

54. Við 157. gr. (er verði 140. gr.). C-liður orðist svo: 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

55. Við 158.–159. gr. Greinarnar falli brott.

56. Við 167. gr. (er verði 148. gr.). Greinin orðist svo:
Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 72/1984:
a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „skipar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ræður.

c. Í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi. Annar aðstoðarforstjórinn skal vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.
d. 2. mgr. orðast svo:
Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

57. Við 168. gr. (er verði 149. gr.). 3. og 4. málsl. efnisgreinarinnar orðist svo: Forstjóri ræður annað starfsfólk. Hann skal hafa lokið háskólaprófi.
58. Við 173. gr. (er verði 154. gr.). Orðin „að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar“ í b-lið falli brott.
59. Við 174. gr. (er verði 155. gr.). Orðin „að fengnum tillögum stjórnar“ falli brott.

993. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp það sem hér um ræðir er fylgifiskur breytinga sem ríkisstjórnin knúði fram á sl. vori um málefni vinnumarkaðarins. Frumvarp þetta, sem gengið hefur undir nafninu Starfsmannabandormurinn, er einkum og sér í lagi tengt breytingum sem þá voru gerðar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stjórnarandstaðan lagðist mjög hart gegn þeim breytingum, bæði hvað varðar efni og innihald en einnig aðdraganda málsins og samskipti ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar. Breytingarnar voru eins og kunnugt er knúðar fram í harðri andstöðu við verkalýðshreyfinguna og hefur ríkisstjórnin með framgöngu sinni stórspillt andrúmsloftinu í samskiptum þessara aðila þannig að í raun hefur ekki ríkt jafnmikil tortryggni og úlfúð milli þessara aðila um langt árabil. Um afstöðu minni hluta nefndarinnar til þessa máls má því að nokkru leyti vísa til ítarlegra nefndarálita frá sl. vori á þskj. 912, nefndarálits frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og framhaldsnefndarálits í sama máli á þskj. 1072.

Samkvæmt rökstuðningi ríkisstjórnarinnar í greinargerð með vinnumarkaðsfrumvörpunum á sínum tíma var tilgangurinn m.a. sá að móta nýja starfsmannastefnu, að auka sveigjanleika í starfsmannahaldi, að gera launakerfið einfaldara o.s.frv. Það má til sanns vegar færa að ríkisstjórnin sé með breytingum þessum að innleiða nýja starfsmannastefnu en hitt er öllu alvarlegra hvers eðlis sú starfsmannastefna er. Í aðalatriðum felur hún í sér stóraukna miðstýringu, aukið vald sem fjármálaráðuneytið sankar að sér varðandi stjórnsýslu ríkisins og starfsmannahald, aukið geðþóttavald stjórnenda eða toppanna í ríkiskerfinu, minna samráð við starfsfólk, meira svigrúm til geðþóttaákvarðana um launamál á vinnustað, vegið er að rótum stéttarfélaganna og samningsréttur er tekinn af fjölmörgum hópum og heilum stéttum. Breytingarnar eru tvímælalaust afturför hvað varðar allt starfsmannalýðræði og andrúmsloft á vinnustað. Fleira mætti telja.

Í Starfsmannabandorminum sjálfum er einkum gagnrýnivert hvernig dregið er úr lögbundnu samráði stjórnenda í ríkiskerfinu og einstökum stofnunum, bæði upp á við og niður á við. Stjórnendur eru leystir undan öllum skyldum um að hafa eðlilegt samráð við samstarfsfólk sitt á vinnustað, starfsmannafélög eða einstaka samstarfsmenn. Í þeim tilvikum að ríkisstofnunum eru settar stjórnir er í mörgum tilvikum dregið úr samráðsskyldu stjórnenda og viðkomandi stjórna.

Frumvarp þetta er, rétt eins og fyrri breytingar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, lagt fram í harðri andstöðu við flest öll samtök opinberra starfsmanna sem gera nánast undantekningarlaust alvarlegar athugasemdir við ýmis atriði þess. Má í því sambandi vísa í ítarlega umsögn Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins sem leggur áherslu á það að grundvöllur þess að vel takist til í stefnumörkun í starfsmannamálum sé að tekið sé tillit til sjónarmiða starfsfólks. Án þokkalegs samstarfs við þessa aðila sé ekki að vænta ávinnings af breytingum. Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins sendi nefndinni einnig mjög athyglisverð gögn erlendis frá þar sem fram kemur að umræða á erlendri grund er á allt öðrum nótum en sú úrelta frjálshyggjuforneskja sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks virðist fylgja í þessum efnum og erlendis hefur verið aflögð, sem betur fer. Nútímaleg viðhorf varðandi starfsmannamál í öðrum löndum ganga út á allt aðra hluti en þá sem hér eru á ferðinni. Fyrst og fremst er reynt að virkja starfsfólk til aukinna afkasta með bættu andrúmslofti á vinnustað og með jákvæðum samskiptum af ýmsu tagi en núverandi ríkisstjórn virðist hins vegar helst telja það til árangurs fallið að standa í endalausu stríði við starfsfólk og samtök þess.

Í umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga er farið fram á það að frumvarpinu verði vísað frá með þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að í framtíðinni verði haft samráð við starfsmenn ríkisins þegar samin eru lagafrumvörp er varða réttindi þeirra. Má segja að það endurspegli dæmigerð viðhorf sem víða koma fyrir í umsögnum frá einstökum starfsmannafélögum.

Bandalag háskólamanna sendi ítarlega umsögn ásamt ýmsum erlendum gögnum. Bandalag háskólamanna skoraði á Alþingi að hafna þeirri stefnu sem felst í frumvarpinu. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi en þau ættu að nægja til þess að sýna að frumvarp þetta er lagt fram, rétt eins og fyrri breytingar ríkisstjórnar á löggjöf um vinnumarkaðinn, þ.e. breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, í harðri andstöðu við þá sem við eiga að búa, starfandi fólk í landinu. Með vísan til þess sem að framan segir og enn fremur til rökstuðnings í nefndarálitum og umræðum um vinnumarkaðsmálin á síðasta vori lýsir minni hlutinn yfir andstöðu við efni þessa frumvarps og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.	Ágúst Einarsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Eftirtöldum nefndarálitum var útbýtt með nefndarálitinu:
Umsögn frá Félagi íslenskra náttúrufræðinga.
Umsögn frá Bandalagi háskólamanna.
Umsögn frá Stéttarfélagi sjúkraþjálfara.
Umsögn frá Tollvarðafélagi Íslands.
Umsögn frá Félagi tónlistaskólakennara.
Umsögn frá Stéttarfélagi lögfræðinga.
Umsögn frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.
Umsögn frá Landssambandi lögreglumanna.
Umsögn frá Læknafélagi Íslands.
Umsögn frá Félagi háskólakennara.
Umsögn frá Félagi háskólakennara á Akureyri.
Umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
Umsögn frá Læknafélagi Íslands.
Umsögn frá Dómarafélagi Íslands.
Umsögn frá Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.
Umsögn frá Sjúkraliðafélagi Íslands.
Umsögn frá laganefnd Lögmannafélags Íslands.

994. Frumvarp til laga [584. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Flm.: Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir,
Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Tekjur maka hafi ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins. Þeir sem missa atvinnuna fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Þær nema sem svarar lágmarkslaunum og ættu því að vera lágmarksframfærslueyrir. Eins og málum er nú háttað skerða tekjur maka lífeyrisgreiðslur og hefst skerðingin er tekjur maka fara yfir u.þ.b. 36.800 kr., en örorkubótagreiðslur skerðast af tekjum maka við 37.000 kr. Ungt fjölskyldufólk sem missir heilsuna fær því oft aðeins grunnlífeyri, 13.000 kr., úr tryggingakerfinu. Heimild fyrir þessari skerðingu er byggð á reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu, samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Ákvæði hennar hafa það í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátæktargildru jaðarskattanna. Áðurnefnd reglugerð virðist ekki eiga sér stoð í lögum og virðist auk þess andstæð laga-

ákvæðinu sem hún byggist á, en í 17. gr. almannatryggingalaganna segir að tekjur bótaþega umfram ákveðið mark skuli skerða tekjutryggingu. Ekkert er minnst á maka í greininni. Í 11. gr., þar sem fjallað er um skerðingu tekjutryggingar vegna atvinnutekna, er talað um tekjur einstaklinga og hjóna hvors um sig.

Ekki nóg með að reglugerðin sé andstæð almannatryggingalögum heldur gæti einnig verið um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir í 1. mgr.: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“ Öryrkum er þarna mismunað vegna hjúskaparstöðu og einnig eftir því hvort þeir eiga við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun hlýtur að teljast andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Reglugerðin virðst einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera brotin, ekki ein heldur fleiri, á þeim sem síst skyldi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þessi reglugerð grefur undan hjónabandinu og möguleikum öryrkja til sambúðar. Unnt að leiðrétta þetta með samþykkt þessa frumvarps.

Greiðslur til öryrkja skulu vera óháðar tekjum maka. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í velferðarkerfinu. Hér er því lagt til að bætt verði í almannatryggingalög ákvæði sem felur það í sér að tekjur maka hafi ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

995. Svar [459. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um hlutafjáreign ríkisbankanna.

1. *Í hvaða fyrirtækjum hafa ríkisbankarnir keypt hlutabréf á síðustu fimm árum? Hvert var kaupverðið í hverju einstöku tilviki?*

Meðfylgjandi töflur sýna kaup Landsbankans og Búnaðarbankans í hlutafélögum á árunum 1992–96 í þúsundum króna.

Landsbankinn.

	1992	1993	1994	1995	1996	Alls
Landsbréf hf.	6.750	4.140	5.589	6.148	6.763	29.390
Lind hf.	6.800	0	0	0	0	6.800
Þróunarfélag Íslands hf.	42.800	0	0	0	0	42.800
Hömlur hf.	10.000	0	0	0	0	10.000
Lýsing hf.	0	0	0	0	20.000	20.000
Samtals	**66.350**	**4.140**	**5.589**	**6.148**	**26.763**	**108.990**

Búnaðarbankinn.

	1992	1993	1994	1995	1996	Alls
Þróunarfélag Íslands hf.	0	6.500	0	0	0	6.500
Kaupþing Norðurlands hf.	0	0	2.240	0	0	2.240
Eignarhf. Kringlunnar hf.	0	0	0	0	40	40
Samtals	**0**	**6.500**	**2.240**	**0**	**40**	**8.780**

2. *Hversu mikinn arð hafa bankarnir fengið af þessu hlutafé? — Svar óskast sundurliðað eftir einstökum fyrirtækjum.*

Lýsing hf. greiddi 10% arð til eigenda árin 1992–96 og Landsbréf hf. sömuleiðis nema árið 1992 þegar arðgreiðslan var 8%. Þróunarfélagið greiddi út 10% arð árið 1996. Að öðru leyti hafa ríkisbankarnir ekki fengið arð af hlutafé því sem keypt var á árunum 1992–96. Samanlagðar arðgreiðslur Landsbankans af keyptu hlutafé 1992–96 námu 9.219 þús. kr. og Búnaðarbankans 650 þús. kr.

3. *Í hvaða fyrirtækjum eiga bankarnir nú hlutafé? Hvert er nafnverð þeirra og bókfært verðmæti? Hversu stór hlutur er það af heildarhlutafé viðkomandi fyrirtækis?*

Töflurnar hér að aftan sýna nafnverð, bókfært verð og eignarhlutdeild Landsbanka og Búnaðarbanka í hlutafélögum í þúsundum króna.

Landsbankinn.

	Nafnverð	Bókf. verð	Eignarhlutur
Landsbréf hf.	74.400	203.600	90,0%
Greiðslumiðlun hf.	30.000	396.600	45,4%
Þróunarfélag Íslands hf.	53.400	95.700	6,3%
Hömlur hf.	10.000	8.700	99,5%
Lýsing hf.	102.200	181.800	40,0%
Kreditkort hf.	8.200	115.400	17,5%
Snorrabraut 29 hf.	6.400	10.200	36,0%
Samtals	**284.600**	**1.012.000**	

Búnaðarbankinn.

	Nafnverð	Bókf. verð	Eignarhlutur
Greiðslumiðlun hf.	12.247	161.905	18,5%
Lýsing hf.	97.200	181.755	40,0%
Kreditkort hf.	3.497	49.445	7,5%
Kaupþing Norðurlands hf.	1.794	2.507	4,4%
Snorrabraut 29 hf.	2.676	1.881	15,0%
SWIFT	1.165	1.273	
Þróunarfélag Íslands hf.	13.000	13.654	3,0%
Verðbréfasjóður Búnaðarbankans hf.	4.000	4.003	100,0%
Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.	3.960	3.945	1,3%
Eignarhaldsfélag Kringlunnar hf.	40	40	2,5%
Urður ehf.	5.837	5.837	100,0%
Grænibær ehf.	716	716	100,0%
Samtals	**146.132**	**426.961**	

Í upphafi ársins átti bankinn 50% hlut í Kaupþingi hf., að nafnverði 22.030.000 kr., bókfært verð 106.369.000 kr., en hluturinn var seldur á árinu.

4. Hver var ávöxtun hlutafjár í eigu ríkisbankanna á síðasta ári?

Ávöxtun hlutafjár í eigu Landsbankans var 16,9% á síðasta ári en 26,6% hjá Búnaðarbankanum. Ávöxtunarhlutfallið ber að skoða sem vísbendingu. Ávöxtunarhlutfallið reiknast af hlutdeild bankanna í viðkomandi félögum. Gengið er út frá bókfærðu verði eignarhluta en ekki nauðsynlegu markaðsvirði.

996. Svar [418. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur um gjaldþrotakröfur.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga 18–30 ára sem lýstir hafa verið gjaldþrota að kröfu viðskiptabankanna 1990 til og með 1996?

Ef svo er, hversu marga einstaklinga er um að ræða á þessu tímabili, sundurliðað eftir árum:

a. að kröfu Landsbanka,
b. Búnaðarbanka,
c. Íslandsbanka,
d. sparisjóðanna,
e. Gjaldheimtunnar eða sýslumanna?

Ráðuneytið fékk upplýsingar hjá héraðsdómi Reykjavíkur og héraðsdómi Reykjaness um fjölda þeirra einstaklinga 18–30 ára sem hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota að kröfu viðskiptabanka, sparisjóða, gjaldheimtna og sýslumanna. Vegna tímafrekrar gagnasöfnunar var aðeins leitað til tveggja stærstu héraðsdóma landsins. Ekki reyndist unnt að fá samræmdar upplýsingar um gjaldþrotaúrskurði fyrir árin 1990–93.

	1994	1995	1996	Samtals
Landsbanki Íslands	3	5	3	11
Búnaðarbanki Íslands	0	0	1	1
Íslandsbanki	5	2	3	10
Sparisjóðir	0	0	0	0
Gjaldheimta	4	26	10	40
Sýslumenn	18	19	10	47
Samtals	**30**	**52**	**27**	**109**

Hafa verður í huga að hér eru aðeins veittar upplýsingar um þau tilvik þar sem tilgreindir aðilar hafa átt frumkvæði að gjaldþrotabeiðnum og þurfa þær ekki að gefa vísbendingu um aðild þeirra að gjaldþrotameðferðum að öðru leyti.

997. Svar [570. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Sigríðar Jóhannesdóttur um hækkun á skuldum heimilanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mikið hækkuðu skuldir heimilanna í landinu við það eitt að brauð hækkuðu um 10% í síðasta mánuði?

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands er hlutur brauðs í grunni vísitölu neysluverðs 0,94%. Hækkun á brauði og korni í marsmánuði leiddi til 0,09% hækkunar vísitölunnar. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands voru skuldir heimilanna við lánakerfið 349 milljarðar kr. um síðustu áramót, en þar af voru verðtryggðar skuldir 316,3 milljarðar kr., eða 90,6%. Verðtryggðar skuldir heimilanna hækkuðu því um 285 millj. kr. vegna verðhækkunar á brauði og korni. Þess skal getið að vextir óverðtryggðra lána taka að jafnaði mið af verðlagsþróun og því gæti hækkun á brauðverði einnig valdið vaxtahækkun óverðtryggðra lána, ef ekki hefur þegar verið tekið tillit til hennar í verðbólguspám. Í þessu sambandi má geta þess að undanfarin ár hafa raunvextir á óverðtryggðum lánum banka og sparisjóða verið hærri en á verðtryggðum lánum og hefur munurinn verið um 2,5% síðustu tvö til þrjú ár.

998. Frumvarp til laga [585. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

I.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, skal innheimtuhlutfall í staðgreiðslu vera 40,88% vegna launatímabila frá 1. maí 1997 til og með 31. desember 1997.

II.

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. laganna skal persónuafsláttur vera 286.812 kr. á ári og sjómannaafsláttur vera 671 kr. á dag við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1998 vegna tekna og eigna árið 1997.

Sjómannaafsláttur, 671 kr. á dag, samkvæmt þessu ákvæði, svo og persónuafsláttur, 23.901 kr. á mánuði, skal gilda í staðgreiðslu vegna launatímabila frá 1. maí 1997 til og með 31. desember 1997.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í umfjöllun sinni um 528. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, ákvað efnahags- og viðskiptanefnd að kljúfa úr því frumvarpi einstaka þætti sem þurfa að öðlast gildi fyrir 1. maí nk. og flytja í sérstöku frumvarpi. Um er að ræða tvö bráðabirgðaákvæði í framangreindu frumvarpi.

Í frumvarpinu er lagt til að við staðgreiðslu opinberra gjalda á tímabilinu frá 1. maí 1997 til og með 31. desember 1997 verði tekið tillit til þess að fyrirhugað er að skattprósenta vegna tekna ársins 1997 verði lækkuð. Við álagningu ársins 1998 vegna tekna á árinu 1997 mun mismunur sem myndast við þessar breytingar leiðréttur þannig að skattalækkun vegna mánaðanna janúar til apríl skilar sér við álagningu tekjuskatts á árinu 1998.

999. Svar [332. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um hagsmunatengsl, stjórnargreiðslur, lífeyrisgreiðslur og ferða- og bílahlunnindi stjórnenda ríkisbankanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Í hvaða eftirfarandi stjórnum sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans hafa einstakir stjórnendur bankanna átt sæti, sundurliðað þannig að fram komi formennska eða önnur stjórnarseta, hve oft sami aðilinn átti sæti í hinum ýmsu sjóðum, fyrirtækjum eða félögum, hve háar einstakar árlegar greiðslur voru hjá hinum ýmsu sjóðum eða fyrirtækjum, sundurgreint eftir árunum 1994–96:*
   a. *fyrir Landsbankann: Landsbréfa, auk þriggja sjóða sem starfa á vegum Landsbréfa hf., Hamla hf., Lýsingar hf., Lindar hf., Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorta hf., Reiknistofu bankanna, RAS-nefndar, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Fiskveiðasjóðs Íslands, Útflutningslánasjóðs, Þróunarfélags Íslands, dótturfélaganna Regins hf., Kirkjusands hf., Rekstrarfélagsins hf. og samninganefndar bankanna,*
   b. *fyrir Búnaðarbankann: Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorta hf., Reiknistofu bankanna, Lýsingar hf., Sambands íslenskra viðskiptabanka, samninganefndar bankanna, Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, Þróunarfélags Íslands hf. og Kauphings hf.,*
   c. *fyrir Seðlabankann: Fiskveiðasjóðs Íslands, Verðbréfaþings Íslands, Reiknistofu bankanna, Tryggingarsjóðs innlánsdeilda kaupfélaga og samstarfsnefndar um bankaeftirlit?*

   Óskað er eftir að fram komi árlegar heildargreiðslur að viðbættum árlegum launagreiðslum hvers og eins á þessu tímabili, þar með taldar greiðslur fyrir setu í bankaráði, risnugreiðslur og aðrar greiðslur eða fríðindi.
2. *Er að mati ráðherra í einhverjum framangreindra tilvika um að ræða óeðlileg hagsmunatengsl sem brjóta í bága við samkeppnislög eða eðlilega viðskiptahætti bankanna?*
3. *Hafa bankastjórar ríkisbanka og Seðlabanka sömu bílafríðindi og ráðherrar? Ef svo er, hversu margir bankastjórar hafa árlega sl. sex ár, sundurgreint eftir bönkum, nýtt sér kaup á eigin bifreið og hversu margir hafa afnot af bílum í eigu bankanna?*

Ef um er að ræða eigin bifreiðar, hvert var verðmæti þeirra bifreiða sem greitt var fyrir og af hvaða verðmæti var fyrning reiknuð?

4. *Hver var ferða- og dvalarkostnaður banka- og aðstoðarbankastjóra ríkisbanka og Seðlabanka, sundurliðað eftir bönkum, árunum 1994–96 og því hvort um er að ræða ferðir utan eða innan lands? Hvaða reglur gilda hjá einstökum bönkum um ferða- og dvalarkostnað og um dagpeninga maka bankastjóra?*
5. *Hverjar voru meðallífeyrisgreiðslur og hæstu greiðslur á árunum 1995 og 1996 til stjórnenda Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka sem komnir eru á eftirlaun? Hve margir þeirra nutu greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, og þá hverjum, og hve háar voru heildarlífeyrisgreiðslur til hvers og eins þeirra á þessum árum?*

Svarið er að mestu byggt á upplýsingum sem fengist hafa frá Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Seðlabanka Íslands.

Höfð er hliðsjón af sjónarmiðum um meðferð persónuupplýsinga með tilliti til almennra sjónarmiða þar um, sem m.a. koma fram í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og í upplýsingalögum. Ekki þykir fært að veita umbeðnar upplýsingar með þeim hætti að í raun séu gefnar upplýsingar um einstaklingsbundin kjör einstakra stjórnenda bankanna heldur leitast við að gefa upplýsingar um almenn launakjör sem fylgja þessum störfum.

Rétt er að taka fram að fyrr á þessum vetri svaraði ráðherra fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra ríkisbankanna og Seðlabanka Íslands (þskj. 590). Fyrirspurnir þessar eru samþættar og er nokkrum atriðum sem spurt er um í þessari fyrirspurn svarað í hinni fyrri. Vísast því til hennar um þau svör.

Litið hefur verið svo á að með stjórnendum banka sé í fyrirspurninni átt við bankastjóra og aðstoðarbankastjóra.

Seta í stjórnum sjóða, fyrirtækja, stofnana og dóttur- og hlutdeildarfyrirtækja og stjórnarlaun.

Landsbanki Íslands.

Í stjórn Landsbréfa hf., Hamla hf., Regins hf., Kirkjusands hf. og Rekstrarfélagsins hf. hafa setið þrír bankastjórar á árunum 1994–96. Einn hefur gegnt formennsku. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu í dótturfyrirtækjunum, en það eru Reginn hf., Kirkjusandur hf. og Rekstrarfélagið hf.

Tveir bankastjórar hafa setið í stjórn Sambands íslenskra viðskiptabanka á árunum 1994–96. Einn bankastjóri hefur setið í stjórn Lýsingar hf. (formaður), Kreditkorta hf., Fiskveiðasjóðs Íslands (formaður) og Samninganefndar bankanna (formaður).

Á árinu 1994 átti einn bankastjóri sæti í stjórn Lindar hf. og RÁS-nefndar og gegndi þar formennsku.

Einn aðstoðarbankastjóri hefur átt sæti í stjórn Lýsingar hf., Greiðslumiðlunar hf. (formaður), Landsbréfa hf., Reiknistofu bankanna (formaður), auk þriggja sjóða á vegum Landsbréfa hf. (formaður) og Lindar hf. (1994).

Bankastjórar Landsbanka Íslands sitja ekki í stjórnum Landssjóðsins hf., Íslenska hlutabréfasjóðsins hf. og Íslenska lífeyrissjóðsins hf.

Bankinn hefur ekki átt stjórnarmann í Þróunarfélagi Íslands hf. á þessu tímabili og eignarhlutur Landsbankans í Útflutningslánasjóði hefur verið seldur.

Árleg stjórnarlaun fyrir setu í framangreindum stjórnum á árunum 1994–96 hafa verið sem hér segir, en fyrir formennsku hefur greiðslan verið tvöföld (upphæðir í kr.):

	1994	1995	1996
Lind hf.	484.800	0	0
Fiskveiðasjóður Íslands	461.400	461.400	503.496
Landsbréf hf.	419.575	419.575	524.459
Kreditkort hf.	525.072	525.072	548.700
Samninganefnd bankanna	498.672	486.384	569.472
Samband íslenskra viðskiptabanka	488.892	488.892	536.544
Hömlur hf.	523.939	523.939	523.939
Reiknistofa bankanna	429.876	446.124	471.024
Lýsing hf.	469.020	469.021	469.020
RÁS-nefnd	484.116	484.116	0
Greiðslumiðlun hf.	565.500	566.150	566.150
Landssjóður hf.	335.010	393.341	393.341
Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.	335.010	335.010	335.010
Íslenski lífeyrissjóðurinn hf.	0	0	195.000

Búnaðarbanki Íslands.

Þrír bankastjórar sitja stjórnarfundi Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Einn bankastjóri situr í stjórn Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorta hf., Reiknistofu bankanna, samninganefndar bankanna, Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og Þróunarfélags Íslands hf.

Tveir bankastjórar sitja í stjórn Lýsingar hf., Sambands íslenskra viðskiptabanka og Kaupþings hf.

Formennsku gegndi bankastjóri í Lýsingu hf. 1994, í Sambandi íslenskra viðskiptabanka 1994 og 1995 og er greidd tvöföld þóknun þau árin.

Aðstoðarbankastjórar sátu fundi Stofnlánadeildar þessi ár og höfðu stjórnarlaun öll árin, en sitja ekki fundi lengur.

Árleg laun fyrir setu í eftirgreindum stjórnum árin 1994–96 eru sem hér segir (upphæðir í kr.):

	1994	1995	1996
Stofnlánadeild landbúnaðarins	516.720	641.160	664.560
Greiðslumiðlun hf.	565.500	566.150	566.150
Kreditkort hf.	525.072	525.072	548.700
Reiknistofa bankanna	429.876	446.124	471.024
Lýsing hf.	469.020	469.020	469.020
Samband íslenskra viðskiptabanka	488.892	488.892	536.544
Samninganefnd bankanna	498.672	486.384	569.472
Tryggingarsjóður viðskiptabanka	258.375	267.815	282.919
Þróunarfélag Íslands hf.	396.000	396.000	459.000
Kaupþing hf.	506.272	506.272	126.568

Seðlabanki Íslands.

Bankastjórar Seðlabankans eru í eftirfarandi stjórnum og nefndum á vegum bankans: Samkvæmt lögum tilnefnir Seðlabanki Íslands fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og er einn bankastjóranna varaformaður í stjórn sjóðsins og var einnig í stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka til júlí 1994. Samkvæmt lögum tilnefnir Seðlabankinn formann stjórnar Verðbréfaþings Íslands og er annar bankastjóri formaður hennar og var í stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka frá ágúst 1994 til júní 1996. (Samkvæmt lögum skipaði Seðlabankinn fulltrúa í stjórn Tryggingarsjóðsins, en lögunum var breytt á síðasta ári og á bankinn ekki lengur fulltrúa í stjórn hans.) Þriðji bankastjórinn er í stjórn Reikni-

stofu bankanna, samstarfsnefnd um bankaeftirlit frá maí 1994, samninganefnd bankanna og í stjórn Tryggingarsjóðs innlánsdeilda kaupfélaga sem Seðlabankinn tilnefnir fulltrúa í samkvæmt lögum.

Aðstoðarbankastjóri situr ekki í neinni launaðri nefnd eða stjórn á vegum bankans, en er ritari bankaráðs.

Þóknanir hafa verið sem hér segir (upphæðir í kr.):

	1994	1995	1996
Fiskveiðasjóður Íslands	461.400	461.400	503.506
Verðbréfaþing Íslands	409.140	409.140	409.140
Reiknistofa bankanna	307.590	478.243	505.219
Samstarfsnefnd um bankaeftirlit	318.000	492.104	522.312
Samninganefnd bankanna	497.800	500.000	563.250
Tryggingarsjóður viðskiptabanka	272.590	267.815	130.578
Tryggingarsjóður innlánsdeilda kaupfélaga		75.000	75.000

Hagsmunatengsl vegna setu í stjórnum, ráðum og nefndum.

Samkvæmt 42. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er bankastjórum óheimilt nema að fengnu leyfi bankaráðs að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti, nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að. Ákvæðið var fyrr sett með lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að þeim lögum segir að gert sé ráð fyrir að bankaráð tryggi að gætt verði þess megintilgangs ákvæðisins að hindra að aðrir hagsmunir en hlutaðeigandi stofnunar hafi áhrif á störf bankastjóra.

Lög um viðskiptabanka og sparisjóði gera því ráð fyrir að bankastjórar geti átt sæti í stjórnum stofnana og atvinnufyrirtækja sem viðkomandi banki á aðild að. Þetta er einnig í samræmi við almenn sjónarmið um rétt eiganda til að eiga aðild að stjórnum fyrirtækja. Þannig kýs hluthafafundur stjórn samkvæmt lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

Það er hins vegar skoðunaratriði hvort seta bankastjóra í stjórnum fyrirtækja á samkeppnismarkaði kunni að brjóta í bága við samkeppnislög þannig að um samkeppnishömlur geti verið að ræða. Í tilefni fyrirspurnarinnar óskaði ráðuneytið eftir áliti samkeppnisstofnunar á því hvort um óeðlileg hagsmunatengsl kynni að vera að ræða við stjórnarsetu í þeim tilvikum sem upplýst eru hér að framan. Í svari samkeppnisstofnunar kemur fram að Samkeppnisráð hafi ekki gripið til aðgerða gagnvart þessum stofnunum vegna þessa. Þá treystir samkeppnisstofnun sér ekki til þess að gefa álit sitt um tengsl sem spurt er um, án undangegninnar nákvæmrar skoðunar sem eftir atvikum yrði fylgt eftir með aðgerðum Samkeppnisráðs.

Aðild Seðlabanka Íslands að stjórnum er í flestum tilvikum lögbundin. Þess ber þó að geta að aðild bankans að stjórnum Verðbréfaþings Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands orkar tvímælis þar sem eftirlit með þessum stofnunum er í höndum bankaeftirlits sem lýtur yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans. Verði frumvarp til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. að lögum fellur aðild Seðlabankans að stjórn Fiskveiðasjóðs niður. Þá er í gangi vinna sem lýtur að endurskoðun á eftirliti á fjármagnsmarkaði og vinna sem lýtur að endurskoðun á Verðbréfaþingi Íslands.

Bílafríðindi bankastjóra.

Ríkisviðskiptabankarnir og Seðlabankinn taka ekki þátt í kostnaði vegna eigin bifreiða bankastjóra. Að öðru leyti vísast til svars ráðherra á þskj. 590 við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um sama málefni.

Ferða- og dvalarkostnaður.

Landsbanki Íslands.

Bankastjórar fá greiddan ferða- og dvalarkostnað erlendis á sama hátt og ráðherra, sbr. 10. gr. reglna fjármálaráðuneytisins nr. 39/1992, um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Samkvæmt ákvæðinu skulu ráðherra greiddir fullir dagpeningar auk ferða- og gistikostnaðar, risnukostnaðar og símtala. Þá gilda tilvitnaðar reglur einnig um maka bankastjóra, en samkvæmt 2. mgr. 10. gr. reglnanna fá makar ráðherra greitt fargjald og gistingu auk 50% dagpeninga ráðherra.

Sömu reglur gilda um aðstoðarbankastjóra, en þeir fá 80% af dagpeningum bankastjóra. Ferðakostnaður innan lands greiðist samkvæmt framlögðum reikningum.

Ferðakostnaður, þ.e. fargjöld, gistikostnaður og dagpeningar á ferðum erlendis, hefur verið sem hér segir árin 1994–96 (upphæðir í kr.):

	Erlendis	Innan lands
1994	11.514.540	203.058
1995	12.561.950	589.774
1996	12.389.970	386.772

Ferðakostnaður erlendis, þ.e. fargjöld, gistikostnaður og dagpeningar, hefur verið sem hér segir árin 1994–96, sundurliðað eftir bankastjórum og aðstoðarbankastjórum (upphæðir í kr.):

	Bankastjórar	Aðstoðarbankastjórar
1994	7.087.572	4.426.968
1995	6.776.797	5.785.153
1996	6.741.277	5.648.693

Búnaðarbanki Íslands.

Bankastjórar Búnaðarbankans fá greiddan ferða- og dvalarkostnað með sama hætti og bankastjórar Landsbankans. Aðstoðarbankastjórar Búnaðarbankans fá fulla dagpeninga greidda fyrir ferðir erlendis, en ekki hótelkostnað. Ferðakostnaður innan lands greiðist samkvæmt framlögðum reikningum en hann hefur enginn verið. Ekki er greiddur ferðakostnaður fyrir maka bankastjóra.

Ferðakostnaður, þ.e. fargjöld, gistikostnaður og dagpeningar á ferðum erlendis, hefur verið sem hér segir árin 1994–96 (upphæðir í kr.):

	Erlendis	Innan lands
1994	4.527.189	0
1995	5.465.282	0
1996	6.503.338	0

Ferðakostnaður erlendis, þ.e. fargjöld, gistikostnaður og dagpeningar, hefur verið sem hér segir árin 1994–96, sundurliðað eftir bankastjórum og aðstoðarbankastjórum (upphæðir í kr.):

	Bankastjórar	Aðstoðarbankastjórar
1994	3.044.887	1.482.303
1995	3.714.366	1.750.916
1996	3.940.526	2.562.812

Seðlabanki Íslands.

Reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga bankastjóra Seðlabankans á vegum bankans eru settar af bankaráði.

Reglur um ferðalög bankastjóra erlendis eru eftirfarandi:

1. Fargjöld á ferðalögum erlendis skulu greiðast eftir reikningi. Far með flugvélum miðast við betra farrými flugvéla. Far með skipum, lestum eða langferðabifreiðum miðast við 1. farrými ef við á.
2. Bankastjórar fá greiddan kostnað við gistingu (með morgunmat), risnukostnað og símtöl eftir framlögðum reikningum og dagpeninga, sem skulu vera 80% af dagpeningum bankastarfsmanna. Tvisvar á ári er bankastjóra heimilt að fá greitt fargjald og gistingu fyrir maka, sem þá skulu jafnframt greiddir dagpeningar sem svara til helmings dagpeninga bankastjóra, þ.e. 40% af dagpeningum bankastarfsmanna. Ef sérstaklega stendur á er bankastjóra þó leyfilegt að fá oftar greitt fargjald og gistingu fyrir maka en ekki dagpeninga.
3. Af dagpeningum ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld og þann kostnað sem greinir í 2. lið.
4. Á þriggja mánaða fresti skal bankastjórn gera formanni bankaráðs grein fyrir utanferðum bankastjóra á vegum bankans í liðnum ársfjórðungi, tilefni ferða og öðru sem máli kann að skipta.

Aðstoðarbankastjóri fær fargjöld greidd eftir reikningi vegna ferða erlendis auk þess sem hann fær greiddan kostnað við gistingu, símtöl eftir framlögðum reikningum svo og 65% af dagpeningum bankastarfsmanna.

Kostnaður við ferðalög innan lands greiðist eftir reikningi, enda fylgi fullnægjandi frumgögn, svo sem farmiðar, gistihúsareikningar og kvittanir frá hlutaðeigandi greiðasölum.

Af dagpeningum eru greiddir skattar í samræmi við reglur ríkisskattstjóra.

Ferðakostnaður, þ.e. fargjald, gistikostnaður og dagpeningar á ferðum erlendis, hafa verið sem hér segir árin 1994–96 (upphæðir í kr.):[1]

	Erlendis	Innan lands
1994	7.337.000	13.000
1995	7.944.000	34.000
1996	10.199.000	31.000

[1] Rétt er að taka fram að á árunum 1994–95 fóru fram bankastjóraskipti í bankanum og voru bankastjórar færri en þrír á tímabili.

Lífeyrisgreiðslur.

Ekki liggja fyrir í umræddum stofnunum upplýsingar um hve margir eftirlaunaþega nutu greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, hvaða lífeyrissjóðum og hve háar lífeyrisgreiðslur eru til hvers og eins. Að öðru leyti vísast til sjónarmiða í inngangi um framsetningu persónuupplýsinga.

Meðallífeyrisgreiðslur og hæsta lífeyrisgreiðsla til stjórnenda sem komnir eru á eftirlaun eru sem hér segir (upphæðir í kr.):

	Meðallífeyrisgreiðslur	Hæstu lífeyrisgreiðslur
Landsbanki Íslands		
1995	3.828.858	5.337.666
1996	3.827.631	5.337.666
Búnaðarbanki Íslands		
1995	3.171.161	5.415.000
1996	3.551.448	5.415.000
Seðlabanki Íslands		
1995	4.227.194	5.454.888
1996	4.780.278	6.121.699

1000. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um samningsveð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á átta fundum og fengið á sinn fund Þorgeir Örlygsson prófessor, Tryggva Gunnarsson hrl., Gunnar G. Schram prófessor, Sigurð Líndal prófessor, Þórð Ólafsson frá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands, Odd Ólason frá Íslandsbanka, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, Þórð Ásgeirsson og Árna Múla Jónasson frá Fiskistofu, Hinrik Greipsson og Ólaf Stefánsson frá Fiskveiðasjóði, Þórunni Guðmundsdóttur hrl. og Viðar Má Matthíasson prófessor. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands, Lánasýslu ríkisins, Samtökum iðnaðarins, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Bændasamtökum Íslands, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Landssambandi smábátaeigenda og Arnmundi Backman hrl. Einnig óskaði sjávarútvegsnefnd Alþingis eftir því að fá málið til umsagnar. Varð allsherjarnefnd við þeirri ósk og fylgir umsögn sjávarútvegsnefndar áliti þessu.

Frumvarp til laga um samningsveð hefur áður verið til meðferðar á 116., 117., 118., og 120. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu. Frumvarp þetta er byggt á eldri frumvörpunum, en nokkurt tillit hefur verið tekið til athugasemda sem allsherjarnefnd hafa borist þegar nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um samningsveðsetningar, en ákvæði um þær eru dreifðar í ýmsum lögum auk þess sem ýmis þýðingarmikil atriði eru ólögfest. Í frumvarpinu er einnig leitast við að eyða óvissu um ýmis álitaefni sem ekki er tekið á í gildandi löggjöf.

Meðal nýmæla frumvarpsins má nefna að rýmkaðar verða heimildir þeirra sem stunda atvinnurekstur til veðsetninga og afnumin sérréttindi tiltekinna aðila við veðsetningu. Sem dæmi má nefna að heimild til veðsetningar rekstrartækja með fasteign atvinnurekstrar verður gerð almenn og mun taka til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda en samkvæmt gildandi lögum nær þessi heimild aðeins til tiltekinna aðila. Bárust nefndinni athugasemdir um að rýmkun þessi væri of víðtæk. Meiri hlutinn getur ekki tekið undir þær ábendingar og telur að um mikið framfaraspor sé að ræða.

Þá bárust nefndinni athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um veð í vörubirgðum og söluveð. Lýsa umsagnaraðilar þar áhyggjum sínum yfir því að lánastofnanir geti, eftir að lögin taka gildi, tekið veð í eignum og rekstrarvörum fyrirtækja, án tillits til þess hvort birgðir hafa verið greiddar eða ekki. Meiri hlutinn bendir í þessu sambandi á að um er að ræða eitt af helstu nýmælum frumvarpsins og því verður ekki fallist á að breyta ákvæðunum. Telur meiri hlutinn að hagsmuni seljenda vöru til endursölu eða framleiðslu megi tryggja með öðrum hætti.

Helstu breytinguna, sem gerð hefur verið á frumvarpinu síðan það var lagt fram síðast, er að finna í 4. mgr. 3. gr. Þar er fjallað um það þegar veðsett eru fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt. Af þessari reglu frumvarpsins leiðir að óheimilt verður að veðsetja slík réttindi þótt aðilaskipti geti orðið að þeim með öðrum hætti. Þá leiðir ákvæðið til þess að hafi slík fjárverðmæti, t.d. veiðiskip eða lögbýli, verið veðsett verður eiganda þeirra óheimilt á gildistíma veðsetningarinnar að skilja hin úthlutuðu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti, nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Hvað varðar aflahlutdeild fiskiskipa er með ákvæðinu sérstaklega verið að leggja áherslu á það viðhorf löggjafans sem fram kemur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Er 4. mgr. 3. gr. ekki ætlað að breyta þessu eðli og inntaki nýtingarréttarins. Þá er einnig rétt að leggja áherslu á að sá sem tekur veðrétt í veiðiskipi eða bújörð tekur með sama hætti og eigandi fjárverðmætanna þá áhættu að hin úthlutuðu nýtingarréttindi verði skert vegna almennra ráðstafana ríkisvaldsins eða þau jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings. Er ákvæðinu ekki ætlað að hefta svigrúm löggjafans til slíkra almennra ráðstafana þannig að leitt geti til bótaskyldu ríkissjóðs, hvorki gagnvart eigendum veiðiskipa og bújarða né heldur gagnvart þeim sem öðlast hafa takmörkuð réttindi yfir slíkum verðmætum. Spunnust miklar umræður um ákvæðið í nefndinni og lét nefndin vinna fyrir sig lögfræðiálit varðandi það. Voru Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Viðar Már Matthíasson prófessor fengin til að vinna álitin sem birt eru sem fylgiskjöl með áliti þessu. Helstu niðurstöður þeirra voru að 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins veiti ekki heimild til þess að veðsetja slík réttindi, þar á meðal aflahlutdeild fiskiskips. Þá telja þau að samþykkt frumvarpsins leiði ekki af sér skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða, og lögbinda sóknarmarkskerfi eða veiðileyfagjald. Einnig komust þau bæði að þeirri niðurstöðu að umrætt ákvæði styrkti ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar.

Loks bendir meiri hlutinn á, vegna ábendinga sem fram komu í umsögnum varðandi 2. mgr. 48. gr., að um er að ræða refsiákvæði vegna skilasvika sem lýst eru refsiverð í almennum hegningarlögum. Þykir rétt að vísa í ákvæðið hér til skýringa.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Annars vegar er um að ræða leiðréttingar á kaflaheitum, en hins vegar er lagt til að gildistökuákvæði frumvarpsins verði breytt þannig að frumvarpið taki gildi 1. janúar 1998. Er breyting þessi lögð til í ljósi þess að frumvarpið hefur það víðtækar breytingar í för með sér að nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá samþykkt þess þar til það tekur gildi, en m.a. þarf að endurgera staðla að veðskjölum auk þess sem kynna þarf efni nýrra laga og þeirra breytinga sem þau hafa í för með sér.

Alþingi, 11. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm. Valgerður Sverrisdóttir. Árni R. Árnason.

Jón Kristjánsson. Hjálmar Jónsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn sjávarútvegsnefndar.

Á fundi sínum þriðjudaginn 18. mars sl. fjallaði sjávarútvegsnefnd um frumvarp til laga um samningsveð (234. mál), sbr. bréf allsherjarnefndar frá 13. mars síðastliðnum. Rætt var um efni 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, mætti á fund nefndarinnar.

Ekki er samstaða í nefndinni um afstöðu til ofangreinds efnisatriðis frumvarpsins. Á fundinum kom fram það sjónarmið að rétt væri að kalla fulltrúa frá Fiskistofu fyrir út af málinu þar sem því hefur verið haldið fram að í þeim tilvikum þegar þinglýst hefur verið sérstaklega yfirlýsingu um að veðeiganda sé óheimilt að framselja aflahlutdeild án samþykkis veðhafa bæri Fiskistofu á grundvelli rannsóknarreglu stjórnsýslulaga að ganga úr skugga um að þessa skilyrðis hefði verið gætt áður en hún staðfesti framsal. Þá veltu sumir nefndarmenn því fyrir sér hvort ákvæði 1. mgr. 48. gr. frumvarpsins leiði til þess sérregla gildi um þær veðsetningar sem átt hafa sér stað frá gildistöku laga nr. 38/1990 og fram til 1. júlí 1997.

Fylgiskjal II.

Álitsgerð Viðars Más Matthíassonar prófessors.

Í álitsgerð þessari er leitazt við að svara spurningum í 9 tölusettum liðum, sem fylgdu verksamningi dags. 5. marz 1997 milli undirritaðs og nefndasviðs skrifstofu Alþingis. Spurningum er svarað eftir þeirri röð, sem þær eru bornar fram í.

1. Veitir 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins heimild til þess að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips, sbr. 2. ml. (á að vera mgr.) 7. gr. l. 38/1990, um stjórn fiskveiða?

Svar:
Svar mitt við þessari spurningu er nei.

Þrátt fyrir að unnt sé að veita afdráttarlaust svar við spurningunni, tel ég óhjákvæmilegt, einkum í ljósi mjög mikillar umræðu um þetta málefni á síðustu árum, ekki sízt nú á síðustu mánuðum, að rökstyðja ítarlega þá afstöðu mína, sem birtist í framangreindu svari. Sú umfjöllun mín er lögfræðileg, enda um lögfræðilegt álit að ræða, en ég mun þó leitast við að setja hana fram með þeim hætti að hún sé einnig skiljanleg öðrum en lögfræðingum.

Áður en ég vík að rökstuðningi mínum vil ég taka fram, að orðin eignarréttur og eignarréttindi hafa verið notuð í umræðu um þetta mál án þess að fram hafi komið hvaða skilning beri að leggja í þessi orð. Slíkt er bagalegt, því inntak þeirra er breytilegt og það þarf að athuga það hverju sinni hver sé merking þessara orða. T.d. má benda á, að það er alls ekki víst, að hægt sé að leggja sama skilningi í orðið „eingarrétt" í 3. ml. 1. gr. l. 38/1990 um stjórn fiskveiða (hér eftir nefnd lög um stjórn fiskveiða) og á að leggja í orðið „eignarrétturinn" í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með síðari breytingum (hér eftir nefnd stjórnarskráin). Má reyndar fullyrða að merking orðanna er gerólík og að merking orðsins „eignarréttur" í stjórnarskránni sé mun víðtækara en sama orðs í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þetta þarf að skýra nánar og í upphafi þarf að skýra með almennum hætti inntak orðsins eignarréttur.

Orðið eignarréttur er almennt skilgreint svo í síðari tíma lögfræði, að um sé að ræða einkarétt ákveðins aðila, eigandans, til þess að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka, sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum (óbeinum) eignarréttindum annarra aðilja, sem stofnað hefur verið til yfir hlutunum.[1] Þetta er

[1] Sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Eignarréttur I, Reykjavík 1982-1983, bls. 4.

neikvæð skilgreining, þ.e. hún tilgreinir ekki hvaða heimildir eigandinn hefur yfir hinum líkamlegu verðmætum. Ástæðan fyrir því, að menn una við neikvæða skilgreiningu á svo mikilvægu hugtaki í lögfræði, er fyrst og fremst sú, að jákvæð skilgreining, þ.e. skilgreining þar sem taldar væru upp allar heimildir eiganda sem í eignarrétti geta falizt, yrði of viðamikil og að líkindum aldrei með öllu tæmandi. Hún yrði því ófullkomin skilgreining. Þetta breytir ekki því, að menn eru almennt sammála um það, hverjar séu mikilvægustu heimildir sem eignarrétturinn veitir eigandanum. Má segja að þær heimildir felist einkum í eftirfarandi:

Rétti til þess að ráða yfir eign (umráðaréttur).
Rétti til þess að nota eign (hagnýtingarréttur).
Rétti til þess að ráðstafa eign með löggerningi t.d. framsali (ráðstöfunarréttur).
Rétti til þess að nota eign, sem grundvöll lánstrausts (réttur til að veðsetja eign)
Rétti til þess að láta eign ganga að erfðum.
Rétti til þess að leita verndar dómstóla og eftir atvikum annarra stofnana hins opinbera til verndar eigninni.

Eigandi eignar, þ.e. sá sem hefur eignarrétt að líkamlegum verðmætum, hefur almennt allar þessar heimildir og oftast fleiri heimildir, sem þó er ekki ástæða til þess að telja upp. Rétt er þó að geta þess að í sumum tilvikum eru tiltekin réttindin, önnur en þau sem nefnd eru að ofan, talin til eignarréttinda og verður að geta sem dæmis hér, að atvinnuréttindi eru í ýmsum samböndum talin til eignarréttinda.

Þess ber einnig að geta, að oft eru gerðar með lögum eða með öðrum hætti takmarkanir á þeim heimildum, sem tilheyra eignarrétti. Oft er stofnað til svonefndra óbeinna eignarréttinda annarra yfir eign og fela hin óbeinu eignarréttindi þá í sér takmarkanir á hinum hefðbundu heimildum eigandans, þ.e. heimildunum eru að hluta til skipt upp og þær færðar í hendur annarra. Algengustu óbeinu eignarréttindin eru afnotaréttindi, ítaksréttindi, veðréttindi, haldsréttur og forkaupsréttur.

Þegar leitað er svara við því, hver hafi eignarrétt yfir fiskistofnunum við Ísland, verður að játa að það er nokkuð erfitt um svör, einkum af því að það er erfitt að setja álitaefnið í hefðbundið fræðilegt samhengi í lögfræði. Valda því ýmis atriði, svo sem eins og það, að aðgangur að þessum verðmætum hefur lengst af í Íslandssögunni verið algerlega frjáls, ekki bara fyrir Íslendinga, heldur einnig útlendinga. Þannig var á því byggt bæði í Grágás og síðar í Jónsbók, að allir menn ættu veiði fyrir utan netlög, þ.e. að öllum mönnum væri þar frjáls veiði. Er þessa reglu að finna í Rekabálki Jónsbókar, 2. Kapítula „Um viðreka ok veiði fyrir útan netlög.", sem enn er birtur í lagasafni (bls. 932 í lagasafni 1995) meðal gildandi réttarreglna, þó á því verði vissulega að hafa fyrirvara að því leyti sem reglan skarast við síðari tíma löggjöf. Auk þess eru slík verðmæti eins og náttúruauðæfi einnar þjóðar ekki það sem menn oftast hafa í huga, þegar verið er að meta, hvaða heimildir felist í eignarrétti.

Það felst í fullveldisrétti landsins, að löggjafarvaldinu er heimilt að ákvarða hvernig sé skipað eignarheimildum að verðmætum eins og fiskistofnunum við landið. Í þessu felst, miðað við núverandi stjórnskipan landsins, að sá sem getur rástafað hinum hefðbundnu heimildum eignarréttar að því er fiskistofnana við landið varðar er

löggjafinn, þ.e. Alþingi og eftir atvikum stjórnarskrárgjafinn, ef hann lætur málið til sín taka. Alþingi getur ákveðið með lögum, hvernig heimildum þeim, sem almennt felast í eignarrétti, verður skipað að því er varðar fiskistofnana við Ísland. Þeirri staðreynd, að löggjafarvaldið hafi heimildir til þess að ákveða hvernig skipað skuli heimildum þeim, sem venjulega eru taldar til eignarréttar að því er fiskistofnana varðar, má í sjálfu sér líkja við það að segja að Alþingi fari með handhöfn eignarréttar að fiskistofnunum. Ekki er þó heppilegt að viðhafa slíka hugtakanotkun. Ég hygg líka að það ráði ekki úrslitum í þeirri umræðu, sem fram fer um álitaefnið hvort orðið menn kjósa að nota, því samstaða er um að Alþingi hafi rétt til þess með lögum að ráðstafa þeim heimildum sem venjulega eru taldar felast í eignarrétti að því er varðar fiskistofnana við landið. Það er að mínu áliti kjarni málsins.

Þessi réttur kemur fram t.d. í l. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þar sem segir í 2. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar, hafsbotnsins og loftrýmisins yfir henni. Í 4. gr. þeirra laga segir enn fremur, að innan efnahagslögsögunnar hafi Ísland fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins.

Það má einnig sjá þess glögg merki í 1. gr. l. um stjórnun fiskveiða að löggjafinn telur sig hafa heimildir til þess að mæla fyrir um skipan þeirra heimilda, sem venjulega eru taldar til eignarréttar yfir nytjastofnum á Íslandsmiðum. Þar segir m.a. að nytjastofnar þessir skuli vera sameign íslenzku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðilja yfir veiðiheimildum.

Í ljósi framanritaðs og þeirrar miklu umræðu innan og utan Alþingis um það, hvað felst í því að einstökum aðiljum er úthlutað veiðiheimildum, þarf að taka afstöðu til þess, hvert sé inntak þeirra réttinda, sem stofnast við úthlutun veiðiheimilda. Lögin um stjórn fiskveiða fela í sér, að með úthlutun veiðiheimilda er þeim sem úthlutun fá, þ.e. þeim sem eiga fiskiskip er fá veiðiheimildir, fengnar tilgreindar heimildir, sem að jafnaði er taldar heyra eignarrétti til. Þessar heimildir eru réttur til hagnýtingar og réttur til ráðstöfunar með löggerningi, þó með nokkrum takmörkunum. Þetta eru að sönnu mikilvægar heimildir eignarréttar, en þetta eru alls ekki allar þær heimildir sem venjulega eru taldar til eignarréttar og lögin bera það skýrlega með sér, að það er aðeins verið að færa afmarkaðar heimildir eignarréttarins til þeirra sem fá veiðiheimildir og að úthlutunin er einungis tímabundin. Í þessu felst að slík úthlutun veiðiheimilda stofnar ekki eignarrétt í hluta af fiskistofnunum.[2]

Lögin um stjórn fiskveiða taka ekki sjálf afstöðu til þess, hvort rétturinn til veðsetningar, þ.e. rétturinn til þess að nota eign sem grundvöll lánstrausts, er fenginn í

[2] Ég vil geta þess hér, að ég tel að ekki skipti máli í þessu sambandi þó Hæstiréttur hafi í Hrd. 1993, bls. 2061 komizt að þeirri niðurstöðu, að keypt aflahlutdeild skyldi skattalega meðhöndluð sem (óáþreifanleg) eign og veita kaupanda rétt til þess að afskrifa hana með tilteknum hætti í rekstri sínum. Af þessum dómi verða að mínu mati ekki dregnar ályktanir um það álitaefni, sem hér er til skoðunar.

hendur þess sem fær úthlutað veiðiheimild. Ég tel að skýra verði lögin um stjórn fiskveiða svo, að þau færi þeim sem úthlutun veiðiheimilda fá, ekki meiri réttindi en lögin tilgreina berum orðum. Í frumvarpi til laga um samningsveð, eins og það liggur fyrir nú á 121. löggjafarþingi, er lagt til að tekið verði af skarið um þetta, með því í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er orðuð sú regla, að ekki sé heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumarki bújarðar. Með þessu ákvæði eru tekin af tvímæli um það, að veðsetning þessara réttinda er óheimil.

Tekið skal fram, að ljóst er að til þessa hafa eigendur fiskiskipa, sem úthlutað hafa fengið veiðiheimildir veðsett skipin og í flestum tilvikum tekið fram í veðskjölum að veðsetningin taki einnig til veiðiheimilda. Slík veðsetning veiðiheimilda er eins og áður segir hvergi berum orðum heimiluð í lögum. Það er á hinn bóginn vitaskuld gengið út frá því í lögunum um stjórn fiskveiða, t.d. í bráðabirgðaákvæði V, að fiskiskip séu veðsett eins og verið hefur. Í skýringum í greinargerð með því ákvæði segir m.a.: „Veðhafar, sem öðlast veðrétt í skipi eftir gildistöku laganna, verða að tryggja með öðrum hætti að veð þeirra rýrni ekki því að í frumvarpinu er ekki lagt til að samþykki þeirra þurfi til varanlegs flutnings aflahlutdeildar eftir að lögin öðlast gildi."

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. febrúar 1996[3] er komizt að þeirri niðurstöðu, að veðsetning taki ekki til veiðiheimilda og ráðstöfun þeirra til grandlauss móttakanda leiði ekki til þess að kröfuhafi geti krafizt viðurkenningar á því að veðrétturinn standi í veiðiheimildunum eftir að viðkomandi skip hafði verið selt nauðungarsölu. Hæstiréttur hefur ekki tekið afstöðu til þessa álitaefnis.

Þessu má ekki blanda saman við þá staðreynd, að veiðiheimildum er úthlutað á fiskiskip og þær fylgja skipinu og verða samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða ekki frá því skildar nema með sérstökum löggerningi, þ.e. með framsali þeirra, eða þá með sérstöku samkomulagi við sölu skips. Hæstiréttur hefur t.d. slegið því föstu í dómi að aflahlutdeild fylgi skipi við nauðungarsölu, enda sé ekki gerð önnur skipan á.[4] Það breytir heldur ekki framangreindri afstöðu, þó það sé óumdeild staðreynd, að veiðiheimildir hafa mikil áhrif á verðmæti viðkomandi skips og að verðmæti þess rýrni að mun ef veiðiheimildir eru skildar frá skipinu. Ef skip, sem fengið hefur úthlutað veiðiheimildum er veðsett, þá er líklegt að verðmæti hins veðsetta sé metið í heild, þ.e. að teknu tilliti til þeirra veiðiheimilda, sem skipið hefur. Ráðstöfun veiðiheimilda frá skipinu, sem hefur verið veðsett, myndi rýra verðmæti skipsins að mun og er því eðlilegt að sporna við því að það sé gert. Í því felst reyndar ekki ný trygging fyrir hagsmuni lánardrottna, heldur er hér verið að staðfesta afbrigði af reglu, sem verið hefur í gildi sem grundvallarregla í kröfurétti lengi, þ.e. að rýrnun veðs til muna, heimili veðhafa að jafnaði að gjaldfella skuld þá sem veðið á að tryggja. Þessi regla hefur reyndar verið orðuð í flestum veðskuldabréfum, sem notuð hafa verið og hún hefur verið tíðkuð við veðsetningar á fiskiskipum. Hún er t.d. tilgreind berum

[3] Málið er nr. E-6626/1995.
[4] Sjá dóm Hæstaréttar frá 13. febrúar 1997 í málinu nr. 177/1996 (í upphafi III. kafla dómsins).

orðum í b lið 21. gr. l. 44/1976 um Fiskveiðasjoð Íslands, þar sem segir að heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallnar í gjalddaga án uppsagnar m.a. ef veðið rýrnar verulega í verði. Reglan í 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð er því efnislega engin nýlunda, heldur er hér verið að skrá reglu, sem er afbrigið af þeirri reglu, sem þegar telst meginregla í kröfurétti

2. Ef svarið við fyrstu spurningu er jákvætt, er samkvæmt því unnt að aðskilja nýtingarréttinn við veðsetningu frá verðmætinu sem nýtingarréttinum fylgja?

Svar.
Þar sem svar mitt við fyrstu spurningu er neikvætt, er ekki þörf á því að fjalla um þessa spurningu.

3. Mun samþykkt frumvarpsins leiða til skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið sbr. 2. mgr. 7. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða og lögbinda sóknarmarkskerfi eða veiðileyfagjald?

Svar.
Svar mitt við þessari spurningu er nei. Við það er að bæta, að ég skil spurninguna svo, að verið sé að spyrja um það hvort samþykkt frumvarpsins um samningsveð hefði ein og sér þessi áhrif og í því efni er enginn vafi á, að svarið er afdráttarlaust; nei.

Nauðsynlegt er, einkum vegna allrar þeirra umræðu sem fram hefur farið innan og utan Alþingis, sem ekki sízt hefur varðað meintan eignarrétt þeirra, sem fengið hafa úthlutað veiðiheimildum á skip sín, og hverrar verndar hann njóti, að skýra afstöðu mína til þess atriðis. Verður enn af því tilefni að vekja athygli á því sem rakið er að framan, að merking orðsins eignarréttur er alls ekki alltaf hin sama og verður að kanna í hvert einstakt sinn, hvaða heimildir sá sem talinn er njóta eignarréttar hefur hverju sinni.

Veiting almenns veiðileyfis, þ.e. leyfis til þess að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland, samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, og úthlutun veiðiheimilda á grundvelli þess eftir öðrum reglum laganna felur í sér framsal tiltekinna heimilda eignarréttar til eiganda fiskiskips, þ.e. hagnýtingarréttar og ráðstöfnunarréttar. Sá sem hefur fjárfest í tækjum og búnaði, bæði skipum og einnig eftir atvikum í fiskvinnsluaðstöðu og búnaði, oft verulegar fjárhæðir, í skjóli slíks leyfis gerir það í trausti þess að hann sé ekki sviptur þessum heimildum nema til þess standi gild rök. Sá sem á fiskiskip og hefur fengið úthlutað veiðiheimildum hefur öðlast sérstök atvinnuréttindi, sem vissulega hafa fjárverðmæti fyrir hann. Til þess að hagnýta þau hefur hann lagt út í fjárfestingar, eða nýtt eldri fjárfestingar sínar, en á því er enginn grundvallarmunur. Þessi atvinnuréttindi njóta verndar stjórnarskrárinnar. Lögfræðingar eru almennt sammála um það, að atvinnuréttindi njóti verndar 72. gr.

stjórnarskrárinnar.[5] Atvinnuréttindi í þessu sambandi eru almennt taldar heimildir manna til að stunda áfram þau störf, sem þeir hafa tekið upp, en stundum einnig þau störf, sem menn hafa fengið sérstakt leyfi eða löggildingu stjórnvalda til að stunda.[6] Atvinnuréttindi í þessum skilningi falla undir hina víðtæku merkingu orðsins eignarréttur í hinu tilvitnaða stjórnarskrárákvæði. Það ber sérstaklega að hafa í huga, að það eru atvinnuréttindin þ.e. rétturinn til þess að stunda veiðar úr fiskistofnunum við Ísland og hagnýta til þess fjárfestingar í atvinnutækjum, sem verndar njóta, en ekki hinn beini eignarréttur að hluta fiskistofnanna, enda er hann ekki í höndum þess sem fengið hefur úthlutað veiðiheimildum. Hann á beinan eignarrétt að fiskiskipi því sem fær úthlutun og sá eignarréttur nýtur vissulega einnig verndar sama ákvæðis gegn ólögmætum skerðingum, en það er samt sem áður mikilvægt að gera greinarmun á eignarrétti manns á atvinnutækjunum og atvinnuréttindum hans, þ.e. réttinum til þess að stunda veiðar á grundvelli veiðiheimilda. Ástæða þess, að nauðsynlegt er að skilja þarna á milli er einkum sú, að vernd sú sem 72. gr. veitir hinum beina eignarrétti er almennt talin ríkari en sú vernd, sem ákvæðið veitir atvinnuréttindum. Kemur það t.d. fram í dómi Hæstaréttar í Hrd. 1964, bls. 573, sem skilja verður á þennan veg.[7]

Eins og fram hefur komið hafa þeir, sem eiga fiskiskip, sem fengið hafa almennt veiðileyfi og á grundvelli þess fengið úthlutað veiðiheimildum, öðlast atvinnuréttindi sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í því felst að þessi réttindi verða ekki skert bótalaust með hvaða hætti sem er. Skerðing á þessum atvinnuréttindum er því aðeins heimil, án þess að það baki íslenzka ríkinu bótaskyldu, að skerðingin byggist á almennum og málefnalegum sjónarmiðum, þar með talið að fyllsta jafnræðis sé gætt, að fyrir skerðingunni séu þjóðfélagsleg rök (t.d. nauðsyn á frekari vernd fiskistofnanna), að ekki sé gengið lengra í skerðingunni en nauðsyn krefur og að með skerðingunni sé ekki verið að færa verðmæti frá einum aðila til annars í ríkara mæli en nauðsynlegt er til þess að ná hinum lögmætu markmiðum. Fleiri sjónarmið mætti tína til, en til þess er þó ekki ástæða að sinni. Sé ekki gætt slíkra lögmætra sjónarmiða við skerðinguna og ef til grundvallar henni liggja ekki þjóðfélagsleg rök, má gera ráð fyrir að slík skerðing baki ríkinu bótaábyrgð.

Spurningin um það, hvort það myndi leiða til bótaskyldu ríkissjóðs ef komið væri á sóknarmarkskerfi, verður ekki svarað með öðrum hætti en þeim, að ef það er gert á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér á undan, þá leiðir það ekki til bótaskyldu ríkissjóðs. Hið sama á við um spurninguna um veiðileyfagjald almennt séð, að því gefnu að markmið og fjárhæð gjaldsins sé réttlætanlegt á grundvelli framangreindra sjónarmiða.

Ítrekað skal að kjarni málsins, að því er þessa spurningu varðar er sá, að samþykkt frumvarps til laga um samningsveð breytir engu í þessu efni, því þau atvinnuréttindi og sú stjórnarskrárvernd, sem eigendur fiskiskipa, sem fengið hafa almennt veiðileyfi

---

[5] Sjá t.d. Gaukur Jörundsson, Stjórnskipuleg vernd aflahæfis, atvinnuréttinda og atvinnufrelsis, Úlfljótur 3. tbl. 1968, bls. 161-189, og Um eignarnám, bls. 77.

[6] Sjá td. Gaukur Jörundsson, tilvitnuð grein í Úlfljóti, bls. 172.

[7] Sjá t.d. Gaukur Jörundsson, tilvitnuð grein í Úlfljóti, bls. 179. Sigurður Líndal hefur einnig lýst þeirri skoðun sinni, að vernd hins beina eignarréttar sé ríkari en sú vernd, sem atvinnuréttindi njóta, t.d.í fyrstu grein sinni af þremur í DV um þessi málefni, en greinin birtist 14. febrúar 1997.

og úthlutað veiðiheimildum á grundvelli þess, hafa öðlast eru þegar staðreynd. Um áhrif þess að frumvarp til laga um samningsveð verður samþykkt er annars nánar fjallað í svari við spurningu 5.

4. Stenzt ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins viðurlagaákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, þ.e. heimild Fiskistofu til að svipta skip leyfis til veiða í atvinnuskyni?

Svar.
Svar mitt við þessari spurningu er já.

Ég vil taka fram í þessu sambandi, að ég tel skýra beri 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð svo, að þar sé eiganda veðsetts fjárverðmætis sem hin tilteknu réttindi tengjast bannað að framselja réttindin með löggerningi, án þess að afla samþykkis veðahafa og þinglýsa því. Í þessu felst á kvöð er lögð á framsalsheimild hans. Ákvæðið bannar eiganda fjárverðmætis að rýra verðmæti hins veðsetta með því að skilja aflahlutdeildina frá því. Ákvæðið veitir hins vegar veðhöfum ekki víðtækari vernd en þarna er beinlínis tekið fram. Það veitir veðhöfum því ekki vernd gegn því að stjórnvöld beiti lögmæltum viðurlögum við brotum, svo sem eins og sviptingu veiðileyfis og þar með sviptingu réttar til að hagnýta og framselja veiðiheimildir, sbr. 19. gr. laga um stjórn fiskveiða og ákvæði IV. kafla laga 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Ákvæðið veitir veðhöfum heldur ekki vernd gegn því að löggjafinn ákveði aðra skipan á hagnýtingu fiskistofnanna við Ísland en aflahlutdeildarkerfið, allt að því gefnu að það sé gert með þeim hætti, sem lýst er í svari við spurningu 3.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég ekki vafa leika á því, að ákvæðið standist viðurlagaákvæði 19. gr. laga um stjórnun fiskveiða og IV. kafla laga um umgengni um nytjastofna sjávar.

5. Tryggir 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins betur ákvæði 1. mgr. (á að vera 1. ml.)1. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða um að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar eða verður það ákvæði laganna um sameign þjóðarinnar marklaust?

Svar.
Svar mitt er, að 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð skipti litlu í þessu sambandi, en styrki þó, ef eitthvað er þá hugsun, sem felst í 1. ml. 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og reyndar í 1. gr. þeirra laga almennt.

Rök mín fyrir framangreindri afstöðu eru einkum eftirfarandi.
Eins og fyrr er rakið hefur löggjafarvaldið, Alþingi, tekið um það ákvörðun í krafti fullveldisréttar Íslands m.a. með lögum 41/1979, að ákvörðunarvald um ráðstöfun á hvers konar heimildum til hagnýtingar í atvinnuskyni á fiskistofnunum við Ísland skuli vera í höndum þess. Þessum heimildum svipar til þeirra heimilda, sem venjulega eru taldar einkenna eignarrétt. Löggjafinn hefur með lögunum um stjórn

fiskveiða ákveðið að skipa þessum málum svo, að eigendur fiskiskipa, sem veiðileyfi hafa, fái úthlutað veiðiheimildum eftir nánari reglum laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim, en í því felst að löggjafin hefur ákveðið að eigendur þessara fiskiskipa skuli fara með tvær mikilvægar heimildir, sem venjulega teljast til þeirra heimilda sem heyra eignarrétti til, þ.e. heimild til hagnýtingar og heimild til ráðstöfunar með löggerningi.

Upphafsákvæði laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. 1. gr., um að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign íslenzku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðilja yfir veiðiheimildum, felur í sér stefnuyfirlýsingu af hálfu löggjafans. Þrátt fyrir að þetta ákvæði verði ekki að öllu leyti skýrt samkvæmt orðanna hljóðan, þá hefur það að mínu mati mikla þýðingu við mat á afstöðu löggjafans. Ég tel að þýðing þess sé ekki sízt sú, að framsal það á réttindum til eigenda fiskiskipa, sem almennt veiðileyfi hafa, verði að skýra þröngt, þ.e. að í því felist ekki framsal meiri heimilda en lögin beinlínis tilgreina. M.ö.o. tel ég að skýra beri lögin svo að eigandi fiskiskips, sem hefur almennt veiðileyfi, og fær úthlutað aflaheimildum, hefur ekki rýmri heimildir en lögin segja, þ.e. hann hefur aðeins hagnýtingarrétt á þeim aflaheimildum sem hann fær og aðeins rétt til að framselja þær heimildir, hvort sem um er að ræða aflamark eða aflaheimild, með þeim hætti sem lögin (eða reglugerðir) greina. Þannig tel ég að lögin verði réttilega skýrð.

Þýðing 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð í þessu sambandi er að mínu mati sú ein, að þar er tekið af skarið um það, að ein mikilvæg heimild, sem venjulega telst til eignarréttar, þ.e. heimildin til veðsetningar, fylgir ekki með við úthlutun veiðiheimilda. Þetta er í samræmi við stefnuyfirlýsingu 1. gr. laga um stjórnun fiskveiða og er henni til styrktar að því leyti að ákvæðið frumvarpsgreinarinnar segir berum orðum að veðsetningarheimildin sé ekki fyrir hendi. Reyndar setur hið tiltekna frumvarpsákvæði einnig til viðbótar skorður (kvöð) við framsali veiðiheimilda (bara aflahlutdeildar, en ekki aflamarks) og er það einungis til styrktar því sem að framan er sagt.

Yfirlýsing 3. ml. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um, að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðilja yfir veiðiheimildum er í samræmi við framanritað. Þýðing hennar er fyrst og fremst sú að undirstrika hvers eðlis þær heimildir eru, sem eigandi fiskiskips með veiðileyfi fær við úthlutun veiðiheimilda.

Að fenginni þessari niðurstöðu er eðlilegt að spurt sé, hvort þær veðsetningar á veiðiheimildum, sem tíðkast hafa fullum fetum m.a. eftir gildistöku núgildandi laga um stjórn fiskveiða, séu þá ólögmætar? Svar mitt við þeirri spurningu er á þann veg, að þær séu ekki heimilaðar með lögunum um stjórn fiskveiða og bein veðsetning á veiðiheimildum sé ekki samrýmanleg stefnuyfirlýsingunni í 1. gr. þeirra laga og því sem ég tel vera rétt lögskýring á þeim. Ég vek athygli á því að bráðabirgðaákvæði V í lögunum og skýringar á því ákvæði í greinargerð ganga ekki út frá því, að veiðiheimildir sjálfar séu veðsettar, heldur eingöngu að fiskiskip sé veðsett, og að veðhafi í fiskiskipi verði að gera ráðstafanir, ef hann vill að veðþoli rýri ekki verðmæti veðsins að mun með því að ráðstafa veiðiheimildum með löggerningi.

6. Telur þú að réttaróvissa ríki á þessu sviði og ef svo er, mun samþykkt frumvarpsins leysa úr þeirri réttaróvissu?

Svar.
Svar mitt er, að nokkur réttaróvissa sé á þessu sviði og að samþykkt frumvarps til laga um samningsveð feli í sér mikilvægt skref til að eyða þeirri óvissu.

Sú réttaróvissa sem ríkir á þessu sviði lýtur m.a. að því, að hvergi í lögum um stjórn fiskveiða er tekið af óvtírætt skarið um það hvort heimilt sé að veðsetja veiðiheimildir. Ég hef rökstutt það hér að framan, að ég tel að lögin eigi að skýra þannig, að þau heimili ekki slíka veðsetningu. Í 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð er lagt til að tekið verði af skarið um þetta atriði. Að því leyti myndi samþykkt frumvarpsins draga úr réttaróvissu.

7. Hvernig fer um þær veðsetningar sem þegar hefur verið þinglýst?

Svar.
Í ljósi framangreinds skilnings míns á því hvernig skýra á lögin um stjórn fiskveiða að því er varðar veðsetningarheimildir á veiðiheimildum, þá tel ég að samþykkt frumvarps til laga um samningsveð breyti ekki þeirri réttarstöðu, heldur einungis komi því á hreint, hvernig staðan er. Samþykkt frumvarpsins myndi samkvæmt þessu ekki hafa nein áhrif á þær veðsetningar sem þegar hefur verið þinglýst.

Ef talið yrði, að heimilt hafi verið að veðsetja veiðiheimildir, þá myndu þær veðsetningar, sem þegar hefur verið þinglýst standa, enda hefur hið tilgreinda ákvæði í frumvarpi til laga um samningsveð, ef samþykkt verður, ekki afturvirk áhrif. Það bannar einungis veðsetningar á aflaheimild eftir gildistöku laganna, ef til hennar kemur. Eldri veðsetningar myndu hins vegar ekki hafa árhif á rétt löggjafans, Alþingis, til þess að breyta um fiskveiðistjórnunarkerfi eða fella það niður. Veðhafar mega hafa gert sér ljósa þá áhættu að breytingar kynnu að verða gerðar á kerfinu, sem rýrðu rétt þeirra.

8. Getur hvaða lánadrottinn sem er stöðvað framsal veiðiheimilda?

Svar.
Svar mitt við þessari spurningu er nei.

Rökin fyrir þessu svari eru þau, að það kemur skýrlega fram í 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð, að það eru einungis veðhafar í viðkomandi fiskiskipi, sem þurfa að samþykkja framsal. Aðrir kröfuhafar/lánadrottnar hafa ekki þessar heimildir samkvæmt frumvarpsgreininni.

Hins vegar gerir greinin ráð fyrir því, að allir veðhafar, hvernig svo sem staða þeirra er hafi þennan rétt. Telja verður þó að ákvæðið verði ekki í öllum tilvikum skýrt

samkvæmt orðanna hljóðan að þessu leyti. Það er reyndar flókið álitaefni, hvort veðhafi gæti í öllum tilvikum, sama hvernig stöðu hans í veðröð og hvernig hagsmunir hans eru tryggðir, neitað um heimild ef honum sýnist svo. Þegar það er metið hvernig á að svara þessu, verður að byggja á almennum reglum fjármunaréttar og eftir atvikum stjórnsýsluréttar ef opinberir aðilar eiga í hluta. Telja verður að þær reglur leiði til þess, að opinber aðili t.d. Fiskveiðasjóður geti ekki neitað um slíkt samþykki nema málefnalegar ástæður séu til þess, t.d. þær að staða hans sem veðhafa sé með einhverjum hætti gerð lakari svo einhverju skipti. Þannig verður að telja að Fiskveiðasjóður, sem ætti kröfu tryggða með 1. veðrétti í lítið veðsettu skipi, geti ekki neitað eiganda þess um heimild til þess að framselja lítinn hluta af aflaheimildum sínum, sem ekki hefði tiltakanleg áhrif á verðmæti hins veðsetta skips, einkum ætti þetta við ef framsalið væri í því skyni gert að afla annars konar aflaheimilda frá öðrum. Ef um einkaaðilja er að ræða er málið flóknara, því ekki verða að öllu leyti gerðar sömu kröfur til þeirra um rökstuðning fyrir þeirri afstöðu að synja um framsal og gera má til stjórnvalda og ekki nýtur við jafn skýrra reglna um málsmeðferð og í stjórnsýslunni. Það er þó ekki útilokað að slíkri synjun yrði hnekkt ef mat á vægi hagsmuna veðhafans og veðþolans, þ.e. eiganda fiskiskipsins leiddi ótvírætt til þeirrar niðurstöðu að synjunin væri ósanngjörn.

> Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í dönskum dómi, sem birtur er í Ugeskrift for retsvæsen (Ufr), 1981, bls. 300 er mál, sem gæti verið hér til leiðbeiningar. Málavextir í máli þessu voru þeir, að í febrúar 1969 leigði maður nokkur, A, land til olíufélags, G, undir bensínafgreiðslustöð. Leigusamningurinn átti að gilda í tíu ár og átti að vera möguleiki að framlengja honum. Við gerð samningsins veitti G lán til A og skyldu afborganir af láninu og vöxtum og svara til leigugreiðslna samkvæmt leigusamningnum. Til tryggingar láninu setti A að veði aðra fasteign sem hann átti og var þar um að ræða stórt hús, sem hann síðar breytti í íbúðir. Á árinu 1977 kom upp ágreiningur um meintar vanefndir A á leigusamningnum og var honum rift af þeim ástæðum. Deildu A og G um réttmæti riftunar og uppgjör. A hafði selt íbúðir úr fasteign þeirri, sem hann hafði sett að veði til tryggingar láninu frá G og hafði hann fengið veðbandslausnir frá G af því tilefni. Á árinu 1978 neitaði G að veita fleiri veðbandslausnir vegna deilu þeirra og hélt hann fast við neitun sína, þrátt fyrir að A byði fram bankaábyrgð í stað veðtryggingar þeirrar, sem G hafði í húsinu. A taldi, að synjun G á því að veita veðbandslausn á húsinu skaðaði mjög lögmæta hagsmuni sína og væri óréttmæt og réttlættist alls ekki af hagsmunum G. Hann höfðaði mál á hendur G og krafðizt þess að þessi synjun hans á veðbandslausn yrði talin ólögmæt. Hæstiréttur Danmerkur féllst á þetta og taldi að G hefði ekki fært fram neinar lögmætar ástæður fyrir synjun sinni á því að veita veðbandlausn og yrði afstaða hans einungis skilin svo, að hann væri að þvinga A til sér hagstæðra samninga vegna slitanna á leigusamningnum. Var því G dæmt til að veita veðbandslausn gegn afhendingu á annarri tryggingu.
>
> Hér er talið að ástæða sé til að ætla að með svipuðum rökum mætti hnekkja synjun einkaaðilja á því að veita samþykki á framsali veiðiheimilda sem tengd eru veðsettu fiskiskipi að því gefnu, að hagsmunum hans yrði með engum hætti stofnað í tvísýnu.

9. Hvaða aðrar atvinnugreinar koma til álita í 4. mgr. 3. gr. en kvóti í sjávarútvegi og landbúnaði? Er hugsanlegt að t.d. útvarpsstöðvar með úthlutaðar rásir falli undir lagagreinina?

Svar.
Þessari spurningu er vandsvarað og það verður ekki gert í stuttu máli. Reglan í 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð miðar samkvæmt orðum sínum einkum við réttindi sem felast í aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumarki bújarðar. Af skýringum í greinargerð verður heldur ekki ráðið að önnur sérstök réttindi en „kvóti í sjávarútvegi og landbúnaði" séu höfð í huga. Það er þó ekki hægt að útiloka, miðað við orðalag ákvæðisins, að önnur réttindi verði talin falla þar undir. Það yrði að athuga það í hverju tilviki fyrir sig hvernig þau réttindi samrýmdust 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins og að auki verður að skoða sérstaklega, hvort réttindin séu yfirleitt þannig að heimilt sé að framselja þau, en fæst slík réttindi myndu vera framseljanleg.

Svo dæmi sé tekið af útvarpsrásum, sem úthlutað hefur verið, þá er því til að svara að ég hygg að skýra verði útvarpslög nr. 68/1985 (hér eftir nefnd útvarpslög) svo að leyfi til útvarps sé ekki framseljanlegt. Afstaða mín að þessu leyti styðst einkum við 2. gr., 6. og 8. tl. 3. gr. og 8. gr. útvarpslaga. Ég tel því að engin vandamál varðandi framsal réttar til útvarps, sem skipti máli varðandi skýringu á 4. mgr. 3. gr. frumvarps til laga um samningsveð, geti komið hér upp. Ég tel að ekki sé heldur heimilt að veðsetja slíkt leyfi. Hitt er svo ljóst, að tilvist leyfis til útvarps skiptir vafalaust máli um verðmæti þeirra tækja og tóla sem leyfishafi hefur aflað sér til útvarpsrekstursins. Þau tæki og tól er vissulega heimilt að veðsetja. Verði hann sviptur leyfinu kann það að rýra verðmæti hinna veðsettu tækja og tóla og getur þannig heimilað veðhafa að gjaldfella skuld eftir almennum reglum.

Auk framangreinds vil ég taka fram að ég skil útvarpslög svo að réttur til útvarps sé ekki skráður á tiltekið fjárverðmæti eins og nauðsynlegt er samkvæmt frumvarpsgreininni, heldur á tiltekinn mann eða lögaðila, sem á þeirri stundu þarf ekki að eiga nein fjárverðmæti til að reka útvarpið. Þegar af þeirri ástæðu fæ ég ekki séð að þessu skilyrði reglu 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins sé fullnægt.

Ég ítreka í þessu sambandi, að það verður að meta það hverju sinni hvort réttindin eru þannig, að þau falli undir 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins og ef svo er þá verður að skoða hvort þau eru framseljanleg eða ekki. Að fenginni þeirri niðurstöðu er hægt að segja til um það, hvort veðhafar geti bannað framsal eða ekki.

Lokaorð.

Ég vona að framangreind svör við þeim spurningum, sem mér var ætlað að svara séu nægilega skýr og skiljanleg. Ég er tilbúinn til þess að skýra sjónarmið mín frekar ef þörf krefur þegar óskað verður eftir því.

Fylgiskjal III.

Álitsgerð Þórunnar Guðmundsdóttur hrl.

Með bréfi dags. 5. mars sl. var þess óskað að ég svaraði níu spurningum frá Allsherjarnefnd Alþingis varðandi frumvarp til nýrra laga um samningsveð, sem nú liggur fyrir Alþingi. Svörin við spurningunum fara hér á eftir.

1. **Veitir 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða?**

Nei. Það er tekið skýrt fram í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins að það sé ekki heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt. Fjárverðmætin, sem réttindin eru skráð á, er hins vegar hægt að veðsetja og þar sem veðhæfni jarðarinnar og skipsins fer nú á dögum eftir þeim kvóta sem skráður er á viðkomandi skip/jörð má segja að það sé orðhengilsháttur að telja að réttindin verði ekki veðsett. Enda þótt bann sé lagt við veðsetningu þessara réttinda, þá verða þau hluti af veðsetningu fjárverðmætanna, sem þau eru skráð á vegna hinnar nánu samtengingar þeirra við skipið/jörðina. Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er því tekið sérstaklega fram að ekki sé heimilt að

skilja réttindin frá veðsetta fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

Við skoðun á því hvort þessi réttindi geti talist gilt sjálfstætt veðandlag að íslenskum rétti þarf að hafa í huga að markmið veðréttar er að tryggja greiðslu. Sá sem greiðsluna á að fá hefir rétt til að ganga að veðinu og taka það eða verð þess upp í greiðslu sína. Veðréttindi verða því skilgreind svo að þau séu réttindi sem veita heimild til að krefjast fjárgreiðslu og til þess að taka fullnustu þeirrar greiðslu sé hún ekki innt af hendi af peningaverði hinnar veðsettu eignar og gengur þessi réttur veðhafa fyrir rétti almennra kröfuhafa.

Til þess að ákveðin eign geti orðið veðandlag að íslenskum rétti þarf hún með vísan til þess sem hér hefir verið sagt að hafa eitthvert peningalegt gildi og að aðilaskipti geti orðið að henni.

Þegar skoða skal hvort aflahlutdeild fiskiskipa og greiðslumark bújarða geti talist gilt veðandlag að íslenskum rétti verður því fyrst að kanna hvort réttindi þessi hafi peningalegt gildi, hvort þau séu framseljanleg, þ.e. hvort það geta orðið aðilaskipti á þeim og hvort um eign handhafa réttindanna sé að ræða.

A. Peningalegt gildi.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að réttindi þessi hafa peningalegt gildi, einkum aflahlutdeildin. Þau voru á sínum tíma veitt handhöfum þeirra án endurgjalds, en tíðkanlegt er að þau gangi kaupum og sölum. Það er því um að ræða réttindi, sem hafa peningalegt gildi.

B. Aðilaskipti.

Það geta orðið aðilaskipti að þessum réttindum, en með ákveðnum skilyrðum þó.

Í 4. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 46. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulögin) eru aðilaskipti á greiðslumarki heimiluð. Nánari skilyrði aðilaskipta er að finna í reglugerðum settum af landbúnaðarráðherra, sbr. reglugerð nr. 541/1994 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995-1996 og reglugerð nr. 360/1995 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1995-1996. Óþarfi er að rekja skilyrði aðilaskipta hér.

Samkvæmt 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða er heimilt að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða sameina hana aflahlutdeild annars skips. Framsal aflahlutdeildar og flutningur aflamarks á milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út frá sömu verstöð eru háð samþykki Fiskistofu.

Löggjafinn hefur því heimilað aðilaskipti á aflahlutdeild og greiðslumarki að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þó að löggjafinn heimili aðilaskipti er ekki þar með sagt að þessi réttindi geti talist hæft veðandlag. Er t.d. hægt að fara með þessi réttindi á nauðungaruppboð og selja þau þar? Getur veðhafi gengið að þessum réttindum þegar greiðslufall hefur orðið á skuldinni? Til þess að geta verið handhafi þessara réttinda, aflahlutdeildar og greiðslumarks, þurfa menn að eiga fiskiskip eða lögbýli. Réttindin eiga ekki sjálfstæðan tilverurétt. Til þess að þau séu gild verða þau að vera skráð á fiskiskip eða lögbýli. Það getur því ekki hver sem er eignast þessi réttindi. Þá bendi ég aftur á að samkvæmt áður tilvitnuðum laga- og reglugerðarákvæðum eru aðilaskiptin háð ýmsum skilyrðum. Ég tel því að aðilaskipti geti ekki

orðið að þessum réttindum í merkingu aðilaskipta á veðandlagi. Þessi réttindi er ekki hægt að fara með á nauðungaruppboð og selja þau þar. Til þess eru aðilaskiptin háð of mörgum skilyrðum. Þegar af þeirri ástæðu geta þau ekki talist gilt veðandlag að íslenskum rétti.

Þá má benda hér á hæstaréttardóm frá 1996, bls. 1338: Frosti hf. gegn Línuskipi ehf. F og L gerðu með sér kaupsamning um að L keypti af F v/s Kofra ÍS-41, ásamt aflahlutdeild og aflamarksheimildum, sem voru nánar tilgreindar í kaupsamningnum. Hluti aflahlutdeildarinnar var þegar skráðar á Kofra, en hluta skyldi F flytja af öðrum skipum sínum yfir á Kofra. Í kaupsamningnum var ákvæði þess efnis að ef F gæti ekki af óviðráðanlegum ástæðum afhent skipið, t.d. vegna þess að það hefði farist, skyldi hann vera óbundinn af samningnum. Áður en til afhendingar skipsins kom kviknaði í því. Skipið var metið viðgerðarhæft. F taldi sig þá ekki þurfa að standa við kaupsamninginn með vísan til þess að jafna mætti eldsvoðanum til þess að skipið hefði farist. L krafðist innsetningar í skipið og aflahlutdeildirnar. Hæstiréttur heimilaði innsetninguna í skipið, en taldi jafnframt að með innsetningargerðinni fengi L sjálfkrafa umráð yfir aflaheimildum, sem kynnu að fylgja skipinu á þeim tíma. Yrði því ekki sérstaklega kveðið á um það að gerðin skyldi taka til þeirra aflaheimilda. Hæstiréttur taldi þannig að aflaheimildirnar væru óaðskiljanlegur hluti af skipinu og því þyrfti ekki að kveða sérstaklega á um þær í innsetningargerðinni. Öðru máli gegndi um þær aflaheimildir sem F átti að flytja af öðrum skipum yfir á Kofra. Þar þyrfti L að afla sér sérstakrar aðfararheimildar og þá væntanlega dóms um viðurkenningu á skyldu F til að ganga frá framsali aflaheimildanna.

Af ofangreindum dómi má ályktа að aflaheimildir verða ekki sjálfstætt andlag aðfarargerða og þá er heldur ekki hægt að óska eftir nauðungarsölu á þeim einum sér.

Hér er rétt að vekja athygli á orðalagi 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem segir að þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindi.

C. Er um eign að ræða í skilningi eignarréttarins?

Til þess að maður geti boðið fram fjárverðmæti sem veðandlag, þarf maður annað hvort að vera sjálfur eigandi verðmætanna eða hafa heimild (veðleyfi) frá eiganda þeirra til þess að veðsetja eignina.

Eignarréttindi hafa verið skilgreind svo í lögfræði að með þeim er átt við það að rétthafinn hafi einn heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta, oftast fjárhagslegra, eða geti krafist slíkra framlaga af öðrum. Í eignarréttindum felst það að rétthafinn getur fylgt heimildum sínum eftir með þvingunum ef á þarf að halda, oftast fyrir atbeina dómstóla og eftir atvikum annarra handhafa opinbers valds. Sameiginlegt einkenni eignarréttinda er að aðilaskipti geti orðið á þeim og að þau verða metin til fjár á peningalega mælikvarða.

Aflahlutdeild og greiðslumark geta ekki talist eign í merkingu eignarréttarins. Í fyrsta lagi er tekið skýrt fram í 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Réttindi þessi eru ekki og verða aldrei eign handhafa þeirra. Úthlutun réttindanna skapar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim. Þeir sem njóta þessara réttinda hafa ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar, en á grundvelli reynslu og spár um, hvað verða muni í fiskveiðum, eru kaup engu að síður gerð. Þessi réttindi eru þess eðlis að það er með öllu óvíst hversu lengi þau muni nýtast handhafa þeirra. Nefna má minnkandi aflamark, breytta stefnu stjórnvalda eða löggjafans.

Hér má einnig benda á að aflaheimildum og greiðslumarki verður ekki þinglýst sérstaklega á skipið eða jörðina. Aflahlutdeild er í raun aðeins tímabundinn réttur til fiskveiða og greiðslumark er aðeins samningur milli stjórnvalda og bænda um kaup þeirra fyrrnefndu á ákveðnu magni framleiðsluvara af hinum síðarnefndu.

Að vísu hefur Hæstiréttur Íslands í dómi frá 1993, bls. 2061: Hrönn hf. gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og gagnsök, talið að keypt aflahlutdeild teljist til skattskyldra eigna samkvæmt 73. gr. skattalaga nr. 75/1981 og að fyrna bæri þær eftir nánar ákveðnum reglum. Varast ber að draga of víðtækar ályktanir af þessum dómi, t.d. eins og þær að Hæstiréttur hafi með dómnum ákveðið að aflahlutdeild sé eign útgerðarmannsins. Í dómnum var deilt um heimild útgerðar til að gjaldfæra keypta aflahlutdeild eins og hvern annan rekstrarkostnað. Með dómnum var því slegið föstu að ekki væri heimilt að gjaldfæra keypta aflahlutdeild eins og rekstrarkostnað, heldur skyldi eignfæra hana og fyrna eftir reglum 32. gr. skattalaga.

2. **Ef svarið við fyrstu spurningunni er jákvætt, er samkvæmt því unnt að aðskilja nýtingarréttinn við veðsetningu frá verðmætinu sem nýtingarréttinum fylgja?**

Enda þótt ég hafi svarað fyrstu spurningunni neikvætt, þá verður aldrei hjá því komist að réttindi þessi verði hluti af veðsetningu fjárverðmætanna sem þau eru skráð á, svo sem áður sagði. Það er tekið skýrt fram í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins að ef fjárverðmætin sem réttindin eru skráð á hafa verið veðsett, þá er óheimilt að aðskilja réttindin frá fjárverðmætinu, nema með þinglýstu samþykki allra kröfuhafa. Varðar það refsingu samkvæmt 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins, þ.e. sama refsing og fyrir skilasvik samkvæmt 2. tl. 1.

mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ef slíkt er gert. Það er litið á réttindin og fjárverðmætin sem eina heild. Það sjónarmið kom einnig fram í áðurtilvitnuðum hæstaréttardómi frá 1996, bls. 1338. Með vísan til þess sem sagði hér á undan í svari við spurningu nr. 1 þá er rétt að undirstrika það að þessi nýtingarréttindi geta ekki verið sjálfstætt veðandlag, það er því ekki hægt að aðskilja þau frá fjárverðmætunum sem þau eru skráð á við veðsetningu. Til þess að geta verið handhafi aflahlutdeildar verður maður að eiga fiskiskip og til að geta verið handhafi greiðslumarks verður maður að eiga lögbýli. Réttindin verða því ekki skilin frá fjárverðmætinu sem þau eru skráð á við veðsetningu.

3. **Mun samþykkt frumvarpsins leiða til skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, og lögbinda sóknarmarkskerfi eða veiðileyfagjald?**

Nei. Það er hins vegar aldrei hægt að koma í veg fyrir að reynt yrði að fá ríkissjóð dæmdan bótaskyldan ef aflahlutdeildarkerfið yrði fellt úr gildi. Handhafar réttindanna gætu t.d. haldið því fram að verið væri að skerða eign þeirra og jafnframt væri verið að leggja hömlur á atvinnufrelsi þeirra.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um friðhelgi eignarréttarins. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji, enda verði svo mælt fyrir um í lögum og fullar bætur komi fyrir. Með vísan til þess sem áður sagði um að réttindi þessi geti ekki talist eign verður að líta svo á að skaðabótakrafa handhafa réttindanna verði ekki byggð á 72. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekki verið að svipta menn eign þeirra.

Í 75. gr. stjórnarskrárinnar segir að öllum sé heimilt að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi megi hins vegar setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.

Það er rétt að benda strax á þann mun sem er á 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Í 72. gr. er þeim sem þola mega skerðingu á eignarrétti sínum tryggðar bætur. Þeim sem verða fyrir tjóni vegna skerðingar á atvinnufrelsi sínu eru ekki tryggðar bætur samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Stjórnun fiskveiða og búvöruframleiðslu felur í sér margvíslega skerðingu á umráðum manna yfir eignum sínum, þ.m.t. atvinnuréttindi í víðtækum skilningi. Þegar leggja skal mat á það hvort þessar aðferðir sem viðhafðar eru við stjórnun atvinnugreinanna gangi gegn 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar, verður að hafa í huga að aðgerðir þessar helgast af þeim almannahagsmunum að koma í veg fyrir ofveiði fiskistofnanna og offramleiðslu á búvörum. Þegar þessi stjórnun í atvinnugreinunum var tekin upp var reynt að valda sem minnstri röskun hjá þeim, sem starfandi voru fyrir í greinunum, með því að miða hina leyfðu framleiðslu eða veiðar þessara aðila við framleiðslu eða veiðar þeirra á tilteknu magni næstu árin á undan. Skiptingin á hinu leyfða magni milli skipa og lögbýla var og er síðan byggð á ákveðnum hlutlægum reiknireglum.

Við mat á því hvort um skerðingu á atvinnufrelsi sé að ræða er rétt að hafa í huga að það má nýta bújarðir til annars en framleiðslu á búvörum, og fiskiskip er hægt nýta, enda þótt engar aflaheimildir fylgi þeim.

Skerðing framleiðsluheimildar á búvörum felur ekki í sér bann við því að stunda búvöruframleiðslu, bændum er í sjálfu sér frjálst að framleiða allt það kjöt og alla þá mjólk sem þeir geta. Framleiðsluheimildin,

greiðslumarkið, tryggir hins vegar framleiðandanum fullt verð fyrir það magn sem verðábyrgð ríkisins nær til. Þessar stjórnunaraðgerðir eru í eðli sínu tímabundnar og þær koma ekki í veg fyrir að hægt sé að nýta jörðina til annarra nota. Greiðslumarkið er aðeins sölusamningur á milli bænda og ríkisvaldsins. Ríkisvaldið skuldbindur sig til að kaupa ákveðið magn búvara á ákveðnu verði af bændum.

Á sama hátt kemur kvótaleysi ekki í veg fyrir að unnt sé að nýta fiskiskipið. Til skamms tíma var hægt að stunda veiðar á úthafinu utan efnahagslögsögunnar án allra kvóta. Þeir sem átt hafa öflug fiskiskip, en engan kvóta, hafa t.d. getað farið í Smuguna og veitt þar. Þá hafa úthafskarfaveiðar verið stundaðar takmarkalítið hingað til, þótt breyting verði nú á því. Þessir möguleikar til veiða á úthafinu þrengjast þó ár frá ári.

Ef aflahlutdeildarkerfið yrði fellt úr gildi kæmi að sjálfsögðu alltaf eitthvert annað kerfi í staðinn, a.m.k. meðan einhver fiskur er í sjónum umhverfis landið. Fiskiskip yrðu þá væntanlega ekki ónothæf. Það gæti þó alltaf gerst að einhverjir yrðu illa úti, t.d. ef menn hefði komið sér upp ákveðnum tegundum af skipum eða veiðarfærum sem yrði nánast verðlaus. Hér má til samanburðar vísa til hrd. 1964, bls. 573: Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Guðmundi Ásbjörnssyni og gagnsök. GÁ rak minkabú í Kópavogi. Á árinu 1947 lét hann gera teikningu að minkahúsi og lýsti loðdýraræktarráðunautur ríkisins því yfir að hið fyrirhugaða hús væri viðurkennt sem lögmæt varsla á minkabúi. GÁ reisti húsið og tók það í notkun ásamt minkabúrum og tækjum. Vegna ákvæða laga nr. 32/1951 þegar minkaeldi var bannað varð GÁ að hætta rekstri á búi sínu. Hann höfðaði mál á hendur ríkissjóði og krafðist bóta fyrir eigna- og atvinnutjón. Í dómi Hæstaréttar sagði að GÁ hefði reist minkahús sín og aflað sér tækja til minkaeldis í réttmætu trausti þess að honum yrði að lögum veitt heimild til að reka minkabú. Bann það sem með lögum nr. 32/1951 var lagt við minkaeldi leiddi til

þess að húsin og tækin urðu ónothæf eign fyrir GÁ. Hæstiréttur tók því til greina kröfu hans um bætur fyrir minkahúsin, búr og tæki. Varðandi bætur fyrir atvinnutjón benti Hæstiréttur á að minkaeldi hefði verið bannað hérlendis vegna hættu þeirrar og spjalla, sem minkar sem úr haldi slyppu, ollu. Það voru m.ö.o. almannahagsmunir sem réðu því að minkaeldi var bannað. Því taldi Hæstiréttur ekki efni til að bæta GÁ atvinnuspjöll vegna banns laganna við minkaeldi. Varðandi niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli er rétt að vekja athygli á því að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1954 var gert ráð fyrir ákveðnum greiðslum úr ríkissjóði í bætur til þeirra sem stundað höfðu minkaeldi. Umtalsverðar bætur voru því greiddar úr ríkissjóði vegna minkabúa, búra og tækja, sem verðlaus urðu vegna gildistöku laganna. GÁ hafði ekki fengið bætur vegna deilna um það hvort minkahús hans hefðu orðið verðlaus eða ekki. Það ber því að varast að draga of miklar ályktanir af þessum dómi um skaðabótaskyldu ríkissjóðs vegna laga, sem leggja hömlur á atvinnufrelsi manna. Alþingi ákvað með lögum að minkabúaeigendur skyldu fá bætur fyrir bú sín.

Það er því ekki hægt að viðurkenna skaðabótaskyldu ríkissjóðs í þeim tilfellum þar sem ný og/eða breytt löggjöf hefur áhrif á atvinnufrelsi eða atvinnumöguleika þeirra. Taka má sem dæmi af lyfjalögum nr. 93/1994, en með þeim voru gerðar umfangsmiklar breytingar á skipan lyfsölu í landinu. Möguleikar til að opna nýjar lyfjabúðir voru rýmkaðir mjög. M.a. voru tvær nýjar lyfjabúðir opnaðar í nágrenni við Borgar apótek í Reykjavík, en nýr lyfsali hafði tekið við því á árinu 1994 og keypti fasteign, lager og búnað apóteksins fyrir 71 milljón króna samkvæmt mati. Hefðu nýju lyfjabúðirnar tvær verið teknar til starfa þegar matið fór fram, hefði það án efa orðið umtalsvert lægra. Breytt lyfjalög leiddu þannig til minnkaðs ágóða fyrir apótekarann í Borgarapóteki og ollu honum tjóni. Hann reyndi að fá lyfsöluleyfum nýju lyfjabúðanna tveggja hnekkt með dómi, en það tókst ekki, sbr. hæstaréttardómur frá 5. desember 1996 í máli Vigfúsar

Guðmundssonar gegn íslenska ríkinu o.fl. Þessi lyfsali hefði ekki getað gert ríkissjóð skaðabótaskyldan vegna þess að ný skipan lyfsölu í landinu leiddi til tjóns fyrir hann.

Ég tel því ljóst að ef aflahlutadeildarkerfið yrði fellt úr gildi myndi það ekki leiða til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart handhöfum réttindanna.

En gætu þeir sem veð ættu í fiskiskipunum, sem réttindin eru skráð á, krafist bóta, vegna þess að veðið væri orðið miklu verðminna? Það verður að hafa í huga að allri veðsetningu fylgir áhætta. Hún er að sjálfsögðu mismikil. Ef veitt er einnar miljónar króna lán gegn 1. veðrétti í húsi, sem væri að söluverðmæti á frjálsum markaði 15 milljónir króna, er áhætta mjög lítil. Einhverjar ytri aðstæður geta þó alltaf leitt til þess að veð rýrni. Við getum tekið dæmi af söluskálum við innanverðan Hvalfjörð. Hvers virði verða þeir, þegar Hvalfjarðargöngin eru komin í notkun og umferð fyrir fjörðinn því umtalsvert minni?

Það er ekkert sem getur gefið veðhöfum til kynna að aflahlutdeildarkerfið muni standa um alla eilífð. Það þarf ekki að fylgjast mikið með þjóðmálaumræðu til að átta sig á því að þetta kerfi er ekki endilega komið til að vera til eilífðarnóns. Það þyrfti ekki einu sinni að fella það úr gildi til að gera veðið, fiskiskipið, verðlaust. Má taka sem dæmi ef svo færi að afli brygðist gjörsamlega eða fiskistofnarnir umhverfis landið hryndu með þeim afleiðingum að engu aflamarki yrði úthlutað einhvert árið. Engum dytti í hug að gera ríkissjóð bótaskyldan vegna þess.

Veðhafar gætu því ekkert frekar en handhafar réttindanna gert ríkissjóð skaðabótaskyldan ef horfið yrði frá aflahlutdeildarkerfinu.

4. Stenst ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins viðurlagaákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, þ.e. heimild Fiskistofu til að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni?

Já. Svo sem sagði hér að ofan eru réttindi þessi ekki sjálfstætt veðandlag. Það er áhætta veðhafans þegar hann lætur veðhæfni fjárverðmætanna stjórnast af þeim réttindum sem skráð eru á þau.

Þá má benda á að leyfissviptingu þeirri sem Fiskistofa getur gripið til samkvæmt IV. kafla laga nr. 57/1996 má líkja við eignaupptöku, sem er alþekkt sem refsiviðurlög, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 136. gr. tollalaga nr. 55/1987, svo dæmi séu tekin. Í 136. gr. tollalaganna er tekið fram að heimilt sé að gera upptæka vöru sem flutt hefur verið ólöglega til landsins, án tillits til þess hver sé eigandi hennar og án tillits til eignarhafta sem á henni hvíla. Þannig geta þeir sem eiga veð í vörunni glatað veðrétti sínum. Þá má nefna hér til samanburðar hrd. 1968, bls. 848: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Ragnari Sigurðssyni. Fimm menn tóku fiskibát, sem KRS átti, á leigu. Sögðust þeir ætla á ufsaveiðar. Þeir sigldu til Belgíu og fullfermdu bátinn af áfengi og tóbaki. Þeir sigldu síðan bátnum til Íslands, en upp komst um athæfi þeirra. Þeim var dæmd refsing, en eigandi bátsins var dæmdur til að þola upptöku bátsins, enda þótt hann hefði enga aðild átt að smyglmálinu. Á þessum tíma var í áfengislögum skýlaust ákvæði um upptöku skips sem notað var til að flytja áfengi til landsins ólöglega. Var talið að þetta ákvæði væri ekki andstætt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Taka má fram að eftir þennan dóm var upptökuákvæðinu í áfengislögunum breytt í heimildarákvæði.

5. Tryggir 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins betur ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða um að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar eða verður það ákvæði laganna um sameign þjóðarinnar marklaust?

Já, vegna þess að í frumvarpinu er tekið fram að óheimilt sé að veðsetja þessi réttindi. Þau eru ekki gerð að séreign handhafa réttindanna í frumvarpinu. Þau eru að vísu framseljanleg með ákveðnum takmörkunum. Og vissulega hafa þau verðgildi. Það er hins vegar skýrt tekið fram í greinargerð með frumvarpinu að verið sé að leggja áherslu á það viðhorf löggjafans að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði. Ef það er vilji löggjafans að leggja áherslu á þetta þá á að gera það í sjálfum lagatextanum. Við samningu laga á að forðast svokallaða greinargerðarlögfræði. Markmið löggjafans á að koma skýrt fram í lagatextanum sjálfum, en ekki í greinargerðinni. Þannig mætti t.d. hnýta aftan við 1. ml. 4. mgr. 3. gr., ".. enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt."

6. Telur þú að réttaróvissa ríki á þessu sviði og ef svo er, mun samþykkt frumvarpsins leysa úr þeirri réttaróvissu?

Nei. Það má að vísu halda því fram að réttaróvissa ríki á þessu sviði vegna þess að löggjafinn hefur ekki tekið á því hingað til, hvort heimilt sé að veðsetja þessi réttindi og Hæstiréttur hefur ekki enn sem komið er fjallað um veðsetningu slíkra heimilda. Ég tel hins vegar ef frumvarp þetta verður að lögum, sé í raun verið að lögfesta ástand sem nú þegar er orðið að veruleika. Allt frá því að aflahlutadeildarkerfið og fullvirðisrétturinn voru búin til hafa veðhafar "ásælst" þessi réttindi og óskað eftir því að veðrétturinn næði einnig til þeirra. Í veðskjölum hefur

því iðulega verið tilgreint að veðrétturinn nái einnig til aflahlutdeildar og fullvirðisréttar. Það má þó segja að nokkur réttaróvissa hafi ríkt varðandi það hvort þessi réttindi fylgi með í veðsetningum þegar ekkert hefur verið minnst á þau. Með vísan til hrd. 1996, 1338 verður að telja að um sé að ræða réttindi sem eru það óaðskiljanlegur hluti af þeim fjárverðmætum, sem þau eru skráð á, að jafnvel þótt ekkert sé minnst á þau í veðbréfunum, sé ekki hægt að skilja þau frá fjárverðmætinu nema með samþykki kröfuhafa. Þá hefur það tíðkast að við framsal á t.d. aflahlutdeild, er iðulega aflað samþykkis allra veðhafa. Ef frumvarp þetta verður að lögum er þannig í raun verið að lögfesta gildandi ástand, en lagasetningin er til mikilla bóta. Á það sérstaklega við það ákvæði að þinglýsa þurfi samþykki allra veðhafa fyrir framsali heimildanna. Slíkri lagareglu fylgir mikið öryggi fyrir veðhafa.

7. *Hvernig fer um þær veðsetningar sem þegar hefur verið þinglýst?*

Ef sérstaklega hefur verið tekið fram í veðbréfinu að nýtingarrétturinn fylgi með þá munu þær veðsetningar standa áfram óbreyttar. Ef frumvarpið verður að lögum mun það eins og áður sagði ekki leiða til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart veðhöfum ef t.d. aflahlutdeildarkerfið verður fellt úr gildi. Þá má spyrja: Hvernig er um þær veðsetningar sem áttu sér stað fyrir gildistöku laga um framleiðslustjórnun? Taka má sem dæmi af jörð sem veðsett hefur verið með öllum réttindum hverju nafni sem nefnast. Það er eðlilegast að líta svo á að veðrétturinn nái ekki aðeins til þeirra réttinda eða heimilda sem eru til staðar við stofnun veðsins, heldur einnig til þeirra sem síðar komu til, sbr. það sem sagði hér að framan í svari við spurningu nr. 6. Það ætti þannig ekki að skipta máli við mat á því hvort nýtingarréttindi fylgi með jörðinni við veðsetningu þeirra hvort þau séu sérstaklega tilgreind og hvort til veðréttarins sé stofnað fyrir eða eftir gildistöku laga um framleiðslustjórnun í þessum atvinnugreinum.

Bóndinn sem veðsetti jörð sína fyrir gildistöku laganna ætti því ekki að geta framselt greiðslumark sitt nema með samþykki allra veðhafa, bæði eldri og yngri. Svo sem áður sagði er nýtingarrétturinn svo óaðskiljanlegur hluti af fjárverðmætinu að hann fylgir með í veðsetningu hvort sem hann er tilgreindur í veðbréfi eða ekki.

8. Getur hvaða lánardrottinn sem er stöðvað framsal veiðiheimilda?

Já. Frumvarpið gerir á engan hátt upp á milli lánardrottna, þannig að sá sem er með þinglýst veð í fjárverðmætunum getur neitað að samþykkja framsalið. Það er ekki með þvingunarráðstöfunum, t.d. dómi, hægt að fá hann dæmdan til að samþykkja framsalið.

9. Hvaða aðrar atvinnugreinar koma til álita í 4. mgr. 3. gr. en kvóti í sjávarútvegi og landbúnaði? Er hugsanlegt að t.d. útvarpsstöðvar með úthlutaðar rásir falli undir lagagreinina?

Í fljótu bragði verður ekki séð hvaða aðrar atvinnugreinar komi til álita. Lagagreinin takmarkast við "...réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt,..". Þau leyfi sem veitt eru af stjórnvöldum eru vel flest bundin við persónu leyfishafa, en ekki tiltekið fjárverðmæti. Taka má sem dæmi af sérleyfi til fólksflutninga. Þau eru ekki skráð á langferðabifreiðina, heldur á nafn handhafa leyfisins. Þar sem sérstaklega er spurt um útvarpsstöðvar með úthlutaðar rásir er rétt að taka fram að útvarpsleyfi, en forsenda þess að fá úthlutaða útvarpsrás er að vera með útvarpsleyfi, er skráð á handhafa leyfisins, sem er annað hvort félag eða einstaklingur. Andstætt því sem gildir um aflahlutdeild og greiðslumark, sem skráð eru á ákveðin fjárverðmæti, er útvarpsleyfi ekki skráð á t.d. fasteign þá sem útvarpsstöðin er rekin í,

heldur á nafn félagsins sem rekur útvarpið. Það er að vísu mögulegt að veðsetja hlutabréf í hlutafélaginu sem rekur útvarpsstöð og er með úthlutaða útvarpsrás. Veðhafi sem gengi að hinu veðsetta hlutabréfi, myndi þá aðeins eignast samsvarandi hlut í hlutafélaginu sem ætti útvarpsstöðina. Það er mögulegt að öll hlutabréf séu veðsett sama veðhafa og ef hann gengi að veðinu, hlutabréfununum, gæti hann eignast allt hlutaféð í hlutafélaginu sem ræki útvarpsstöðina. Það hefði þó samt sem áður ekki orðið aðilaskipti á útvarpsrásinni. Það er þannig erfitt að sjá að útvarpsleyfi/útvarpsrás sé réttindi, sem skráð eru opinberri skráningu á fjárverðmæti í merkingu 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Þá má benda á að aðilaskipti á útvarpsleyfum eru verulegum takmörkunum háð og jafnvel bannaðar með öllu. Í útvarpslögum nr. 68/1985 er ekkert minnst á aðilaskipti á útvarpsleyfum. Í reglugerð nr. 610/1989 um útvarp samkvæmt tímabundnum leyfum, sem sett er samkvæmt heimild í 8. og 38. gr. útvarpslaga, segir hins vegar í 2. mgr. 5. gr. að leyfi til útvarps verði ekki framseld. Þetta ákvæði í reglugerðinni hvílir þó ekki á skýrum lagagrundvelli. Þess er þó vert að geta að samkvæmt 8. tl. 2. mgr. 3. gr. útvarpslaga er ljóst að útvarpslögin leggja talsverða áherslu á það hver sé handhafi útvarpsleyfis hverju sinni. Þrátt fyrir það er engan veginn ótvírætt að ákvæðið verði skýrt með þeim hætti, að það girði fyrir hvers konar aðilaskipti að útvarpsleyfum. Kemur þar fyrst til að aðilaskipti eru ekki berum orðum bönnuð í útvarpslögunum sjálfum og svo hitt að lögskýringargögn (t.d. greinargerð) veita ekki örugga vísbendingu í þeim efnum. Af þessum sökum er óvarlegt að skýra ákvæði útvarpslaganna sjálfra þannig að þau girði fyrir hvers konar aðilaskipti að útvarpsleyfum. Ber og í því sambandi að hafa í huga að löggjafinn fól framkvæmdavaldinu að setja nánari reglur um framkvæmd laganna og m.a. um þetta efni, sbr. 8. gr. útvarpslaganna. Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar nr. 610/1989 er tekið fram að leyfi til útvarps verði ekki framseld. Það verður að ætla að þetta framsalsbann hafi verið sett til að koma í veg fyrir að útvarpsleyfi gangi kaupum og

sölum. Hins vegar er ekki grundvöllur til að skýra reglugerðarákvæðið rýmkandi þannig að það girði fyrir hvers konar aðilaskipti að útvarpsleyfum, eins og t.d. fyrir samruna félaga. Ég tel því að það sé ekki hægt og ekki heimilt að veðsetja útvarpsleyfi (útvarpsrásir) ein sér.

1001. Breytingartillögur [234. mál]

við frv. til l. um samningsveð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VS, ÁRÁ, JónK, HjálmJ).

1. Fyrirsögn 29. gr. orðist svo: *Rekstrartæki.*
2. Fyrirsögn 31. gr. orðist svo: *Búnaður skipa.*
3. Í stað orðanna „1. júlí 1997“ í 1. mgr. 48. gr. komi: 1. janúar 1998.

1002. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Garðar Vilhjálmsson frá Landssambandi iðnverkafólks og Verkamannasambandinu, Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Þorbjörn Guðmundsson frá Samiðn, Guðmund Gunnarsson og Rúnar Bachmann frá Rafiðnaðarsambandinu og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra. Umsagnir bárust frá Landssambandi iðnverkafólks, Samiðn, Samtökum iðnaðarins, Verkamannasambandi Íslands og Vinnumálasambandinu, auk þess sem eldri umsagnir lágu fyrir.

Frumvarp þetta er flutt til að unnt sé að uppfylla skuldbindingar Íslands um réttindi ríkisborgara eða lögaðila í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að taka upp störf í iðnaði hér á landi. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA hafa ákvæði fimm EES-gerða ekki verið tekin upp í landsrétt hér til fulls. Er gerð ítarleg grein fyrir umræddum tilskipunum og efni þeirra í greinargerð með frumvarpinu en í því sjálfu er valin sú leið að fela ráðherra að kveða nánar á um rétt til að taka upp störf í iðnaði hér á landi. Gerir nefndin ekki athugasemd við þá tilhögun þar sem í þessu tilviki er um eðlilega útfærslu að ræða og skýrt kemur fram hvaða tilskipanir eru gildandi. Telur nefndin það góða reglu og nauðsynlega að í reglugerð sé skýrt kveðið á um til hvaða tilskipana hún taki og beinir því til ráðuneytisins. Hafa nefndinni verið kynnt drög að reglugerð sem setja á með stoð í þeirri heimild sem frumvarpið veitir ef samþykkt verður.

Vandinn, sem við er að eiga, er að venjulega er átt við löggiltar iðngreinar þegar rætt er um störf í iðnaði hér á landi. Málvenjan er sú að tala hér um „iðnverkafólk“ og „iðnaðarmenn“ þar sem þeir síðarnefndu starfa í löggiltum iðngreinum. Þegar fjallað er um fólk sem starfar í iðnaði í Evrópu er að jafnaði átt við fjölbreyttari faghópa en venja er hér á landi. Að einhverju leyti mun þessi vandi valda því að málið virðist flóknara úrlausnar hér á landi en ella væri.

Meginmarkmið með lagasetningunni er að tryggja að réttur ríkisborgara EES-landa til að starfa í iðnaði hér á landi sé viðurkenndur á grundvelli umræddra tilskipana. Ákvæðin eiga einnig við um íslenskan ríkisborgara sem aflað hefur sér starfsréttinda erlendis en ljóst er að slík réttindi ávinnast ekki nema með áralöngu starfi og búsetu í öðru EES-landi eins og tilskipanirnar áskilja.

Við meðferð málsins kom í ljós að efni tilskipananna getur einnig náð til prófréttinda. Veltur inntak réttindanna í raun á því að umræddar tilskipanir veita ekki víðtækari rétt en fyrir hendi var í upprunalandinu. Þannig felst ekki í starfsréttinum heimild til að kalla sig meistara eða svein án nánari tilgreiningar. Þá felst heldur ekki í réttinum heimild til að veita löggiltri iðngrein forstöðu, taka nema eða vinna störf sem sérstaka löggildingu þarf til nema slíkt sé í hverju einstöku tilviki í samræmi við skuldbindingarnar. Því þykir eðlilegt að í 1. mgr. sé rætt um rétt manna til að starfa í iðnaði en ekki talin upp hin ýmsu tilvik. Þá má benda á að samkvæmt skuldbindingunum þarf að færa sönnur á starf og starfsþjálfun í öðru EES-ríki.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Fyrri málsliður fyrri efnismálsgreinar orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

Alþingi, 21. apríl 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Svavar Gestsson.	Árni R. Árnason.
Pétur H. Blöndal.	Sighvatur Björgvinsson.	Hjálmar Árnason.

1003. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Þorstein A. Jónsson, Jón Thors og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá dómsmálaráðuneyti, Jón Guðmundsson frá Félagi fasteignasala, Martein Másson frá Lögmannafélagi Íslands, Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirlitinu, Georg Ólafsson frá Samkeppnisstofnun, Tryggva Axelsson frá viðskiptaráðuneytinu og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Félagi fasteignasala, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum og Samkeppnisstofnun. Þá barst nefndinni bréf frá nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði á síðasta ári til að vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða er lúta að starfsábyrgðartryggingum.

Lög um fasteigna- og skipasölu eru að stofni til frá árinu 1938 þótt gildandi lög séu nr. 34/1986. Undanfarin ár hefur starfað á vegum dómsmálaráðuneytisins og Félags fasteignasala samstarfsnefnd til að fjalla um málefni og starfsemi stéttarinnar. Lauk starfi þeirrar nefndar með því að hún skilaði af sér tillögum sem flestar vörðuðu öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Í framhaldi af því ákvað dómsmálaráðuneytið að taka lögin til heildarendurskoðunar.

Meginbreytingar frumvarpsins á efni gildandi laga lúta að neytendavernd, svo sem hvað varðar aukið eftirlit með starfsemi fasteigasala og hert skilyrði fyrir að geta fengið löggildingu til fasteignasölu. Þá er gildissvið laganna víkkað þar sem þeim verður framvegis einnig ætlað að ná til sölu á fyrirtækjum og nokkrar frekari breytingar lagðar til.

Umfjöllun nefndarinnar beindist að stærstum hluta að tveimur þáttum, þ.e. starfsábyrgðartryggingum fasteignasala annars vegar og söluþóknun fasteignasala hins vegar. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því við Samkeppnisstofnun að hún léti fara fram athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaðinum með tilliti til þess hvort réttlætanlegt væri að afnema ákvæði gildandi laga um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum. Í svarbréfi Samkeppnisstofnunar frá 10. mars sl. kemst hún að þeirri niðurstöðu að rétt sé að afnema umrætt ákvæði eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í frumvarpinu er í 5. gr. gert ráð fyrir að fasteignasalar skuli hafa ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem þeir valda viðskiptamönnum í störfum sínum, hvort sem tjónið stofnast af ásetningi eða gáleysi. Í umsögnum Félags fasteignasala og Lögmannafélags Íslands er bent á að umrætt ákvæði sé í andstöðu við meginsjónarmið í vátryggingarétti um að ekki sé hægt að tryggja sig fyrir eigin ásetningsbrotum. Í því sambandi er bent á að lögmenn eru aðeins skyldir til að tryggja sig gegn gáleysisbrotum. Skv. 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir að lögmenn, sem hafa með höndum fasteignasölu, teljist fullnægja tryggingarskyldu sinni með ábyrgðartryggingu lögmanna. Í ljósi þess ósamræmis sem slíkt hefði í för með sér leggur meiri hluti nefndarinnar til að ákvæðinu verði breytt þannig að tryggingarskylda fasteignasala nái aðeins til gáleysisbrota, en undir gáleysi fellur bæði einfalt og stórfellt gáleysi. Með þessari breytingu verður vátryggingarskylda fasteignasala í samræmi við vátryggingarskyldu endurskoðenda, en lög um endurskoðendur voru nýlega samþykkt á Alþingi.

Þá leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um lágmarksupphæð tryggingar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils í reglugerð, en ekki verði festar ákveðnar upphæðir í lögum. Ástæður breytingartillögunnar eru tvíþættar. Annars vegar þykir óhentugt að lögfesta ákveðnar upphæðir þannig að lagabreytingu þurfi til að breyta þeim. Hins vegar þykir nauðsynlegt að gæta samræmis milli tryggingarfjárhæðanna hjá fasteignasölum og lögmönnum, en hjá lögmönnum eru fjárhæðirnar ákveðnar í reglum sem staðfestar eru af ráðherra og gætir misræmis milli þeirra fjárhæða sem þar er að finna og fjárhæðanna í frumvarpinu. Telur meiri hlutinn eðlilegt að samræmis varðandi vátryggingarfjárhæðir sé gætt milli stétta.

Einnig leggur meiri hlutinn til breytingar á 1. og 3. mgr. 1. gr., sem miða að því að ákvæðin verði skýrari hvað varðar sölu á fyrirtækjum. Þannig er lagt til að orðunum „í atvinnuskyni“ verði bætt inn í frumvarpstextann til að taka af öll tvímæli og einnig er lagt til að ákvæðið nái ekki einungis til fyrirtækja sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi, heldur verði miðað við öll atvinnufyrirtæki eða eignarhluta í þeim, önnur en hlutafélög.

Þá leggur meiri hlutinn til að gerð verði breyting á 2. gr. þannig að eitt af skilyrðum þess að maður geti fengið löggildingu sem fasteignasali verði að hann hafi haft forræði á búi sínu í tíu ár í stað tveggja ára eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Í núgildandi lögum um málflytjendur er miðað við tvö ár eins og í frumvarpinu, en þrátt fyrir það þykir meiri hlutanum ástæða til að leggja til framangreinda breytingu. Er ljóst að kröfur að þessu leyti verða hertar er lög um lögmenn verða endurskoðuð og er lenging þessa tímabils í samræmi við almenna þróun laga hérlendis, sbr. ný lög um endurskoðendur og

lög um sölu notaðra ökutækja. Þó vill meiri hlutinn benda á að nokkurt misræmi er milli stétta í þessu sambandi og hvetur hann til þess að reglur verði samræmdar.

Loks leggur meiri hlutinn til að gerðar verði breytingar á 12. gr. frumvarpsins sem miða að því að skýra frekar hvað skuli koma fram í söluyfirliti því er fasteignasala er skylt að semja þegar honum hefur verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.

1004. Breytingartillögur [28. mál]

við frv. til l. um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VS, ÁRÁ, JónK, HjálmJ, KPál).

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Engum er heimilt í atvinnuskyni að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Sama gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur um er að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga.
   b. Í stað orðanna „sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi“ í 1. málsl. 3. mgr. komi: sbr. 1. mgr.
2. Í stað orðanna „tvö ár“ í b-lið 1. mgr. 2. gr. komi: tíu ár.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans.
   b. Í stað 4. og 5. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Kveða skal á um lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils í reglugerð.
4. Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skal þess vandlega gætt að fram komi öll grundvallaratriði varðandi ástand eignarinnar sem skipt geta kaupanda máli, svo sem varðandi stærð eignarinnar og ástand, byggingarlag og byggingarefni, áhvílandi veðskuldir og eftir atvikum ástand neysluveitu hins selda.

1005. Fyrirspurn [586. mál]

til forsætisráðherra um samræmingu á starfsemi og framkvæmdum ríkisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvað líður því að framfylgja þeirri samþykkt Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun að starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar og með því reynt að forðast tilviljunarkenndar ákvarðanir?

Hvað líður:

a. samræmingu langtímamarkmiða ráðuneyta og stofnana ríkisins,
b. gerð fjögurra ára áætlana um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma,
c. skipan nefndar til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur?

1006. Fyrirspurn [587. mál]

til forsætisráðherra um stefnumótandi byggðaáætlun.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvernig hefur gengið að framfylgja því meginmarkmiði stefnumótandi byggðaáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi í maí 1994, að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins, til hvaða aðgerða hefur verið gripið í því skyni og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar?
2. Hvernig hefur miðað þeim aðgerðum sem samþykktar voru í stefnumótandi byggðaáætlun til að auka opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni og draga að sama skapi úr sömu þjónustu og starfsemi á höfuðborgarsvæðinu? Hvernig hefur gengið að koma á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt?

1007. Fyrirspurn [588. mál]

til iðnaðarráðherra um fjárveitingu til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Til hvaða verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu er varið 80 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt lið 5.16 í 6. gr. fjárlaga, hve hárri fjárhæð í hverju tilviki og eftir hvaða reglum er farið við úthlutun?

1008. Svar [509. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um álagningarstofn skatta hjá nokkrum stéttum o.fl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver var heildarálagningarstofn til útsvars, eignar- og tekjuskatts sundurliðað eftir stéttum hjá verkfræðingum, tannlæknum, arkitektum, lögfræðingum og lyfjafræðingum við álagningu skatta árin 1994–96? Hvað eru margir í hverri stétt samkvæmt skattframtölum hvert þessara ára?*
2. *Hverjar voru framtaldar heildareignir og -tekjur framangreindra stétta, sundurliðað eftir stéttum og fjölda í hverri stétt, tekjuárin 1993, 1994 og 1995? Hvernig skiptust heildartekjur milli:*
   a. rekstrarkostnaðar,
   b. framtalinna launa?
3. *Hver var hlutur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga álagningarárin 1994–96 og hver er fjöldi þeirra samkvæmt skattframtölum þessi ár?*

Svar við þessari fyrirspurn er ekki unnt að veita innan tilgreindra tímamarka og ekki nema að undangenginni tímafrekri og kostnaðarsamri gagnavinnslu.

Í þeim gögnum sem skattyfirvöld hafa undir höndum, þ.e. skattframtölum, er ekki að finna upplýsingar um starfsstéttir framteljenda. Til þess að greina upplýsingar um tekjur og eignir eftir stéttum þarf að leita fanga í öðrum skrám, sem tiltækar kunna að vera, þar sem starfsstétt einstaklinga er tilgreind og keyra þær upplýsingar saman við framtalsskrána. Ekki er vitað hvort til staðar eru skrár sem henta til slíkrar vinnslu um þær stéttir sem tilgreindar eru. Séu þær til má gera ráð fyrir að heimild töluvnefndar þurfi til þeirrar vinnslu sem beðið er um.

Vinna af þessum toga mundi taka langan tíma og hafa í för með sér umtalsverðan kostnað. Í ljósi framangreindra upplýsinga verður að telja að ekki sé gerlegt að láta í té þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni innan tímamarkanna eða með forsvaranlegum hætti með tilliti til þess tíma og kostnaðar sem færi í öflun upplýsinganna.

1009. Frumvarp til laga [409. mál]

um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 706 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Við stofnun Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal allt hlutafé vera í eigu ríkissjóðs.

Ráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka við stofnun. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hins vegar samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi ársins 1996.

Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár í hvorum hlutafélagsbanka skv. 2. mgr. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. eiga við um störf nefndarinnar. Viðskiptaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

6. gr. hljóðar svo:

Viðskiptaráðherra ákveður skiptingu hlutafjár í hluti.

Sala á hlutafé í eigu ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. er óheimil án samþykkis Alþingis.

Þrátt fyrir 2. mgr. getur ráðherra, til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig.

19. gr. hljóðar svo:

Þar sem Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hefur verið falið í lögum að sinna sérstökum verkefnum taka Landsbanki Íslands hf. og Búnaðarbanki Íslands hf. við þeim réttindum og skyldum eftir því sem við á.

Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum réttindum og skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands vegna yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á sparisjóðum.

1010. Svar [489. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um framtíðaráætlanir um útgjöld heilbrigðis- og tryggingakerfisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða áætlanir eða spár hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gert um framtíðarútgjöld ríkisins til heilbrigðiskerfisins og almannatryggingakerfisins?

Út frá hvaða mannfjöldaspám er gengið og hvernig er áætlað að þróun útgjalda verði?

Ráðuneytið hefur látið vinna gögn um meðalnotkun fólks á nokkrum þáttum heilbrigðisþjónustu eftir aldri og kyni. Hluti af þessum upplýsingum er birtur í riti ráðuneytisins, Starfsemi sjúkrahúsa 1992–1994, töfluhefti 2, töflur NS, Notkun sjúkrahúsaþjónustu, frá september 1996. Jafnframt hefur nefnd um framtíðarþróun íslenska heilbrigðiskerfisins gert drög að kostnaðarspá sem gerir ráð fyrir mannfjölgun og aldursbreytingum en miðast við núverandi notkunarmunstur.

Ekki liggja fyrir spár um framtíðarútgjöld almannatryggingakefisins. Þær spár þarf að byggja á fjölda aldraðra, réttindum í almannatryggingakerfinu og réttindum í lífeyrissjóðum. Í dag er verulegur hluti lífeyrisgreiðslna almannatrygginga til kominn vegna lágra eftirlauna úr lífeyrissjóðum. Á næstu árum munu réttindi manna í lífeyrissjóðum batna

og ættu þá útgjöld almannatrygginga til lífeyrisgreiðslna að breytast. Í dag er ekki til uppfærð skrá yfir heildarlífeyrisréttindi hvers íbúa í lífeyrissjóðum og er því ekki hægt að gera viðunandi spá um þróun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga.

Í lögum um skráningu lífeyrisréttinda, nr. 91/1980, eru ákvæði um að skrá skuli í heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna en það hefur ekki verið framkvæmt að fullu og þyrfti að ljúka því verki til að unnt sé að leggja mat á framtíðarútgjöld almannatrygginga.

Íslendingar eru enn tiltölulega ung þjóð því aðeins 11,5% íbúanna eru eldri en 65 ára. Í nágrannalöndunum er hlutfall aldraðra á bilinu 14–18%. Hlutfall aldraðra fer ekki að vaxa að ráði hér á landi fyrr en um 2010. Á árunum 1940–1950 stækkuðu fæðingarárgangarnir úr um 2.000 í um 3.500 manns og eftir 2007 fer þeirrar fjölgunar að gæta í hópi 65 ára og eldri.

Við gerð spár um þróun heilbrigðiskerfisins er stuðst við mannfjöldaspár Hagstofunnar og Byggðastofnunar. Hagstofan gerir spár fyrir landið í heild en Byggðastofnun gerir spá fyrir landið í heild og eftir kjördæmum. Spár Hagstofunnar og Byggðastofnunar eru ekki byggðar á nákvæmlega sömu forsendum og gefa ekki sömu niðurstöðu.

Helsta niðurstaða í spá um framtíðarútgjöld heilbrigðiskerfisins er að á næstu tíu árum fjölgi íbúum um 10% en heilbrigðisútgjöld aukist um 15%. Þannig verði tveir þriðju hækkunar heilbrigðisútgjalda vegna fólksfjölgunar en þriðjungur vegna hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra. Að öðru leyti er vísað í fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Nokkur atriði um þróun mannfjölda og áhrif á heilbrigðisþjónustu.
(Febrúar 1996.)

Yfirlit

Hér eru sýndar mannfjöldaupplýsingar, spár um mannfjölgun, aldursbreytingar og flutninga.

Síðan eru teknar aldursbundnar notkunartölur um einstaka þætti heilbrigðisþjónustu og þeim beitt til að áætla aukningu á notkun eða kostnaði við heilbrigðisþjónustu. Þetta er ófullkomið kostnaðarmódel enda er einstaklingsbundnum kostnaðartölum í íslensku heilbrigðisþjónustunni ekki safnað reglulega.

Hér er ekki gerð tilraun til að áætla kostnað vegna nýrra sjúkdóma, nýrra lækninga eða breyttra lækningaaðferða.

Helstu niðurstöður eru að aldraðir eru tiltölulega færri hér á landi en í nágrannalöndunum og fer ekki að fjölga verulega fyrr en um 2007.

Fólki hefur ekki fjölgað á landsbyggðinni síðan um 1980 og Byggðastofnun spáir ekki mannfjölgun þar næstu ár.

Þrátt fyrir hæga fjölgun aldraðra sýnir einfalt framreikningsmódel 1/2% hækkun kostnaðar á ári umfram mannfjölgun sem stafar af fjölgun í eldri árgöngum. Mannfjölgun ræður enn mestu um hækkun kostnaðar í heilbrigðisþjónustu en fjölgunin er um 1% á ári.

Áætluð aukning kostnaðar næstu 10 ár vegna íbúa Suðvesturlands er um 20% en um 7% vegna íbúa landsbyggðarinnar.

Mannfjöldaspá Hagstofunnar

Hagstofan gerir mannfjöldaspár fyrir landið í heild. Síðasta spá er frá 1995 og er birt í Landshögum 1995, töflu 2.40. Fólksfjölgun í landinu er áætluð 8% á 10 árum, þannig:

Tafla 1: Mannfjöldaspá Hagstofunnar

Ár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005
Mannfjöldi	268.229	270.103	272.720	275.494	277.745	279.908	281.985	283.971	285.868	287.676	289.424
Fjölgun	0,0%	0,7%	1,7%	2,7%	3,5%	4,4%	5,1%	5,9%	6,6%	7,3%	**7,9%**

Á sama tíma er fjölgun 65 ára og eldri áætluð 12% en fjölgun 85 ára og eldri 26%. Þessi fjölgun aldraðra hefur veruleg áhrif á heilbrigðis- og tryggingakerfið. Þrátt fyrir þetta er fjöldi aldraðra hér tiltölulega minni en annars staðar á Norðurlöndunum. Á næstu mynd er sýnt áætlað hlutfall 65 ára og eldri til 2030 og borið saman við nágrannalöndin eins og hlutfallið var þar árið 1993. Það kemur fram að við náum ekki hlutfalli Finna eins og það var árið 1993 fyrr en árið 2016 og hlutfalli Svía eins og það var árið 1993 fyrr en árið 2026. Hlutfall aldraðra, 65 ára og eldri á Íslandi vex hægt til ársins 2007.

Mynd1: Spá um hlutfall aldraðra, 65 ára og eldri, á Íslandi til 2030
Hlutfall aldraðra, 65 ára og eldri, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð 1993



Á árunum 1980 til 1995 hækkaði hlutfall aldraðra, 65 ára og eldri úr 9,9% í 11,2%. Áætlað er að það verði 11,7% árið 2005 og 12,3% árið 2010. Eftir það hækkar hlutfallið hratt.

Fjöldi þeirra sem eru 85 ára og eldri hefur vaxið úr 2.100 árið 1980 í 3.200 árið 1995. Áætlað er að þeir verði 4.000 árið 2005. Þessi aldurshópur þarf mesta öldrunarþjónustu. Nú er um þriðjungur hans vistaður í hjúkrunarrými.

Mynd 2: Spá um fjölda aldraðra, 85 ára og eldri



Mannfjöldaspá Byggðastofnunar

Mannfjöldi utan Reykjavíkur og Reykjaness hefur staðið í stað síðustu 15 ár en öll mannfjölgun landsins hefur komið fram á Suðvesturlandi eins og sést í eftirfarandi töflu:

Tafla 2: Mannfjölgun eftir kjördæmum.

	1980	1995	Breyting
Reykjavík og Reykjanes	135.000	174.231	29,1%
Vesturland	14.884	14.154	-4,9%
Vestfirðir	10.479	9.018	-13,9%
Norðurland vestra	10.631	10.208	-4,0%
Norðurland eystra	25.700	26.664	3,8%
Austurland	12.856	12.780	-0,6%
Suðurland	19.637	20.754	5,7%
Landsbyggðin	94.187	93.578	-0,6%
Allt landið	229.187	267.809	16,9%

Lítilsháttar mannfjölgun er á Norðurlandi eystra og Suðurlandi en veruleg fækkun á Vestfjörðum. Byggðastofnun hefur gert spár fyrir einstök kjördæmi byggðar á aldursbundnum flutningum síðustu ára. Megin atriðið kemur fram í eftirfarandi mynd sem birtist í riti stofnunarinnar, "Breyttar áherslur í byggðamálum", júlí 1993:

Mynd 3: Framreikningur Byggðastofnunar á Mannfjölda

Mynd 25 Framreikningur mannfjölda



Miðað við þær forsendur sem hér er gengið út frá mun verða stöðnun í íbúafjölda landsbyggðarinnar á næstu árum eða jafnvel fækkun en öll fjölgun landsmanna á höfuðborgarsvæðinu. Að margra mati er slík þróun óæskileg.

Þarna er reiknað með óbreyttri þróun.

Spár Byggðastofnunar og Hagstofunnar eru ekki unnar með nákvæmlega sömu forsendum. Þannig áætlar Byggðastofnun heildarmannfjölgun í landinu á 10 árum 10% en Hagstofan 8%. Ekki má blanda þessum spám saman.
Hér er sýnd mannfjölgun í aldursflokkum í Reykjavík og Reykjanesi annars vegar og landsbyggðinni hins vegar:

Mynd 4: Mannfjölgun eftir aldursflokkum frá 1995-2005, í Reykjavík og Reykjanesi og á landsbyggðinni



Hér er spáð að fólki undir fertugu fækki á landsbyggðinni, sem er að mestu vegna flutninga og öldruðum fjölgi hægar á landsbyggðinni en á Suðvesturlandi sem er að miklu leyti vegna mikilar fjölgunar aldraðra í Reykjaneskjördæmi. Báðir þessir þættir hafa veruleg áhrif á heilbrigðisþjónustu. Minni þörf ætti að vera fyrir þjónustu við mæður og börn úti á landi og einnig tiltölulega minni aukning í þjónustu við aldraða.

Aldursbundin notkun heilbrigðisþjónustu

Áreiðanlegar upplýsingar um kostnað við heilbrigðisþjónustu eftir aldri sjúklinga eru ekki til. Það stafar af því að framleiðsla heilbrigðisþjónustunnar er ekki vel skilgreind og upplýsingum um kostnað einstaklinga er ekki safnað kerfisbundið. Einnig eru mörk á milli heilbrigðisþjónustu og annarrar þjónustu breytileg eftir löndum. Hér verða sýnd nokkur dæmi um aldursbundinn kostnað eða aðsókn að heilbrigðisþjónustu.

Fyrst eru innlagnir almennra sjúklinga á sjúkrahús. Þetta eru ekki kostnaðarupplýsingar nema allar sjúkrahúslegur séu jafndýrar. Líklegt er að myndin breytist nokkuð ef kostnaður er settur á legurnar. Nokkrir nýburar hafa dýrar legur og líklegt er að bæklunar- og hjartaaðgerðir eftir miðjan aldur hafi áhrif á kostnað.

Mynd 5: Legur eftir aldri 1989-1991
almennir sjúklingar



Aðsókn að geðdeildum er sýnd á næstu mynd. Geðdeildirnar hafa tiltölulega fleiri komur fólks frá 20 til 60 ára en almennu sjúkrahúsin. Hér er ekki um kostnaðarupplýsingar að ræða því dvalartími er mjög misjafn. Áfengismeðferð karla kemur fram á aldrinum 20-60 ára.

Mynd 6: Aldursbundin komutíðni á geðdeildir og Vog. Legudeildir og dagdeildir 1994
Dagdeild Borgarspítalans sleppt



Auðvelt er að mæla notkun hjúkrunarrúma eftir aldri sjúklinga. Eftirfarandi aldursbundin notkun byggir á notkun hjúkrunarrúma á öllum sjúkrahúsunum og notkun hjúkrunarrúma á Hrafnistu, Sólvangi, Sunnuhlíð og Skjóli, auk langlegu á Reykjalundi. Þetta er um helmingur hjúkrunarrúmanna í landinu. Notkun þeirra sem eru 85 ára og eldri er áberandi mest.

Mynd 7: Aldursbundin notkun hjúkrunarrúma á 100 íbúa



Næsta mynd sýnir aldursbundinn kostnað við sérfræðiþjónustu samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar árið 1994. Þetta eru einu raunverulegu íslensku kostnaðarupplýsingarnar sem hér eru sýndar. Gallinn er sá að hluti sérfræðiþjónustunnar er kostaður af sjúkrahúsum á föstum fjárlögum.

Mynd 8: Sérfræðiþjónusta 1994. Meðalkostnaður og sjúklingshlutur á íbúa, eftir aldri
Upplýsingar úr bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins



Loks eru hér sýndar upplýsingar um aldursbundna lyfjanotkun af apótekalyfjum frá Svíþjóð. Aldursbundin lyfjanotkun dugar þó illa til framreiknings á kostnaði því lyfjakostnaður er víða álitinn aukast um 10% á ári vegna dýrari og meiri lyfjanotkunar.

Mynd 9: Hlutfallsleg skipting smásölulyfjakostnaðar í Svíþjóð á aldursflokka



Þrjár kúrfurnar legur almennra sjúklinga, sérfræðiþjónusta og lyf frá apótekum eru svipaðar, notkun hækkar mjög með aldri. Hjúkrunarrúmanotkun er eingöngu fyrir aldraða og geðdeildakomur virðast tiltölulega jafnar frá tvítugu til sjötugs.

Enn skal minnt á að þetta eru ekki hreinar kostnaðarupplýsingar nema um sérfræðiþjónustuna.

Að lokum er sýnt hvaða áhrif ofangreindar aldursbundnar notkuna- og kostnaðartölur hafa á heilbrigðisþjónustuna. Þá er litið svo á að notkunartölurnar séu jafnframt kostnaðartölur.

Tafla 3: Hækkun á helstu kostnaðarþáttum heilbrigðisþjónustu frá 1995-2005 vegna mannfjölgunar og aldursbreytinga

	Mann-fjöldi	Almenn sjúkrahús	Geð-deildir	Þjónusta við aldraða	Sérfræðiþj. og heilsug.	Lyf	Annað	Samtals
Karlar á Suðvesturlandi	16,5%	20,9%	17,4%	35,9%	19,2%	21,0%	áætlað	21,4%
Karlar á landsbyggðinni	1,6%	6,6%	3,7%	14,3%	4,8%	7,1%		6,8%
Konur á Suðvesturlandi	15,3%	15,6%	17,9%	33,9%	16,9%	19,5%		18,5%
Konur á landsbyggðinni	2,3%	3,8%	6,1%	26,2%	5,5%	9,5%		7,4%
Hækkun	10,1%	12,5%	12,4%	29,3%	12,7%	15,4%	12,0%	14,6%
Áætlaður kostnaður 1995, millj. kr.		14.000	2.000	4.000	6.000	4.000	7.000	37.000
Áætluð hækkun á 10 árum, millj. kr.		1.754	247	1.174	763	615	840	5.393

Í heild hækkar kostnaðurinn um 14,8% meðan fólkinu fjölgar um 10,1%. Um 4,7% eru vegna hækkandi aldurs eða 0,5% á ári. Hækkun vegna íbúa Suðvesturlands er um 20% en vegna landsbyggðarinnar um 7%

Áður hefur verið sagt frá að hækkun lyfjakostnaðar með tímanum er meiri en sú hækkun sem hér kemur fram vegna aldursbreytinga. Einnig er líklegt að það dragi úr notkun hjúkrunarrúma vegna batnandi heilsu þeirra árganga sem nú eldast og nýrra þjónustuúrræða. Þá er hér ekkert tekið tillit til nýrra sjúkdóma, nýrra lækninga og breyttra aðferða.

1011. Frumvarp til laga [115. mál]

um sjóvarnir.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Sjóvarnir eru varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða sjóvarnir en Siglingastofnun Íslands með framkvæmd þeirra.

Framlög til sjóvarna ákvarðast af fjárlögum hverju sinni.

2. gr.

Hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, skal vera Siglingastofnun til ráðgjafar við mat á sjóvörnum, sbr. 4. gr.

3. gr.

Umsóknir um framlög úr ríkissjóði til sjóvarna skulu sveitarfélög senda Siglingastofnun sem sér um gerð áætlana um sjóvarnir. Í áætlunum skal meta nauðsyn framkvæmda, með hliðsjón af hættu á sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar, og áætlaðan kostnað. Jafnframt skal leggja mat á hagrænt gildi þeirra aðgerða sem lagðar eru til á hverju svæði og gera tillögu um flokkun framkvæmda í forgangsröð. Þá skal koma fram umsögn um fyrirkomulag framkvæmda og gerð þeirra mannvirkja sem reisa þarf við ströndina.

4. gr.

Hafnaráð fjallar um áætlanir Siglingastofnunar um sjóvarnir og skal ráðið setja fram umsögn um slíkar áætlanir í skriflegu áliti.

Álit ráðsins skal senda hlutaðeigandi sveitarstjórn og landeigendum til umsagnar og skal þeim gefinn tiltekinn frestur til þess að gera athugasemdir. Að þeim fresti liðnum skal ráðið yfirfara málið að nýju. Á grundvelli endanlegra álita ráðsins skal Siglingastofnun síðan semja fjögurra ára áætlun um sjóvarnir sem samgönguráðherra leggur fyrir Alþingi til samþykktar.

5. gr.

Siglingastofnun skal við gerð fjögurra ára áætlunar, sbr. 2. mgr. 4. gr., ganga úr skugga um að landsvæði það og/eða mannvirki sem verja á, svo og varnarmannvirkin sjálf, hafi fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum. Sé umrætt landsvæði og/eða mannvirki á óskipulögðu svæði skal liggja fyrir umsögn stofnunarinnar og framkvæmdirnar síðan undirbúnar á þann hátt sem skipulagslög segja til um.

6. gr.

Siglingastofnun skal sjá um tæknilegan undirbúning framkvæmda, eða fela hann verkfræðilegum ráðgjöfum, og hafa umsjón með framkvæmdum við sjóvarnir. Stofnunin skal einnig standa fyrir þeim rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar á þessu sviði.

Um undirbúning allan og framkvæmdir skal fara að lögum um opinberar framkvæmdir.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Siglingastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker matsnefnd um sjóvarnir úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.

Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda, sbr. þó 8. gr.

8. gr.

Þurfi með sjóvörnum að stöðva landbrot, sem stofnar mannvirkjum í eigu ríkisins í hættu, greiðir ríkissjóður allan kostnað þótt í landi einstaklinga eða félaga sé.

9. gr.

Nú telur Siglingastofnun, að höfðu samráði við hafnaráð, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á landi eða mannvirkjum við ströndina sem þar hafa verið reist í samræmi við skipulag, sbr. 5. gr., og skal það þá heimilt, enda komi samþykki samgönguráðuneytis til. Slíkar framkvæmdir ganga framar áætlun um sjóvarnir.

10. gr.

Siglingastofnun sér um greiðslur á hlut ríkissjóðs í hverju verki fyrir hönnun, eftirlit og framkvæmdir. Hlutaðeigandi sveitarfélag er ábyrgt fyrir framlagi sveitarsjóðs og landeigenda. Siglingastofnun sér um innheimtu á hlut landeigenda í kostnaði fyrir hvert verk. Kostnaðarhluta landeigenda fylgir lögveð í viðkomandi landareign og þeim mannvirkjum sem á henni standa. Siglingastofnun hefur með höndum uppgjör við verktaka.

11. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land er þarf til sjóvarna samkvæmt lögum þessum, svo og land til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa að tekin verði í landi hans möl, grjót og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem gerð sjóvarna hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir. Nú næst ekki samkomulag og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

1012. Frumvarp til laga [217. mál]

um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Í stað 4. málsl. 1. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðeins má skrá til fiskveiða hér á landi skip sem eru í eigu eftirtalinna aðila:

1. Íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi.
2. Íslenskra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara, sem eiga lögheimili hér á landi, eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru í eigu erlendra aðila að hámarki 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í öðrum lögaðila, sem er skráður eigandi skips, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1013. Frumvarp til laga [362. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr liður, svohljóðandi:

D. Heimilt er að gefa út atvinnuskírteini samkvæmt eldri lögum til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum þessum, en þó ekki lengur en til 31. ágúst 1999.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

1014. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 22. apríl.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 2.–3. mgr., er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Ráðherra getur kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð.

Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Ágreining um rétt má bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.

2. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr töluliður, 6. tölul., svohljóðandi:

6. Ef ríkisborgari aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1015. Breytingartillaga [115. mál]

við frv. til l. um sjóvarnir.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

Við 7. gr. Í stað orðanna „matsnefnd um sjóvarnir“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: hafnaráð.

1016. Nefndarálit [479. mál]

um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Neytendasamtökunum.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.
Egill Jónsson og Guðjón Guðmundsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. apríl 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Jónsson.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Þorvaldur T. Jónsson.	Lúðvík Bergvinsson.
	Ágúst Einarsson.	

1017. Frumvarp til laga [408. mál]

um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Eftir 2. umr., 23. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun lánastofnunar samkvæmt lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, er nefnist Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. Ákvæði laga nr. 123/1993 og laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til fjárfestingarbankans ef annað leiðir ekki af lögum þessum.

Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara.

2. gr.

Hlutverk Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er að veita íslensku atvinnulífi fjármálaþjónustu. Fjárfestingarbankinn hefur með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil að lögum eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hans.

3. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur 1. janúar 1998 við sem greiðslu á hlutafé skv. 4. gr. öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, öðrum en þeim sem ráðstafað er með öðrum hætti samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

4. gr.

Ríkissjóður er eigandi alls hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. við stofnun hans.

Viðskiptaráðherra ákveður heildarfjárhæð hlutafjár í fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Skal við það miðað að heildarfjárhæð hlutafjár við stofnun fjárfestingarbankans sé eigi hærri en sem nemur eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem rennur til fjárfestingarbankans skv. 3. gr. eins og það er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum sjóðanna fyrir árið 1996.

Ráðherra skipar sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna til að leggja mat á heildarfjárhæð stofnhlutafjár í fjárfestingarbankanum. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1997. Um aðgang nefndarinnar að gögnum og um þagnarskyldu nefndarmanna fer skv. 3. mgr. 20. gr. Ráðherra setur nefndarmönnum erindisbréf.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum fer fimm manna nefnd. Þar af skulu tveir menn skipaðir af iðnaðarráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, og tveir skulu skipaðir af sjávarútvegsráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipa einn mann sameiginlega.

6. gr.

Heimilt er að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Skulu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra þegar eftir gildistöku laga þessara hefja undirbúning að sölu hlutafjár.

7. gr.

Ákvæði 6. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 6. gr. laga nr. 123/1993, og ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, gilda ekki um innborgun hlutafjár í fjárfestingarbankanum. Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 2/1995 eiga ekki við um greiðslu hlutafjár skv. 4. og 5. gr. laga þessara.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 20. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 2/1995 gilda ekki um tölu stofnenda og fjölda hluthafa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

8. gr.

Óheimilt er að ákveða að hluthafar í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. njóti hagstæðari kjara en aðrir viðskiptamenn hans eða annarra sérstakra hlunninda í viðskiptum við hann vegna eignarhlutar síns.

9. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á þeim skuldbindingum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ríkisábyrgð er á við stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ábyrgð ríkissjóðs er með sama hætti og til hennar er stofnað og gildir uns viðkomandi skuldbinding er að fullu efnd.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. umfram það sem kveðið er á um í þessari grein og í hlutafélagalögum.

10. gr.

Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, skulu eiga kost á starfi hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá fjárfestingarbankanum, og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu.

11. gr.

Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

12. gr.

Greiðslu- og vistunarstaður skuldaskjala, sem eru í eigu eða til innheimtu hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði eða Iðnþróunarsjóði, verður hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þegar hann tekur til starfa sem lánastofnun skv. 19. gr. laga þessara. Fjárfestingarbankinn tekur við öllum réttindum og öllum skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, þar á meðal réttindum eða skyldum tengdum skuldaskjölum í eigu þeirra eða aðild að dómsmálum sem þeir reka eða rekin eru gegn þeim. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu birta tvær auglýsingar þessa efnis í Lögbirtingablaðinu. Skulu þær birtar með u.þ.b. tveggja vikna millibili, hin fyrri a.m.k. 30 dögum áður en Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur til starfa sem lánastofnun.

13. gr.

Nú er stjórnum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs heimilt samkvæmt ákvæðum skuldabréfa að taka ákvarðanir um vaxtakjör þeirra, og er stjórn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. þá heimilt að taka slíkar ákvarðanir eftir það tímamark sem greinir í 1. mgr. 19. gr. laganna.

14. gr.

Reikningseining Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ), sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 277/1991, með síðari breytingum, skal frá og með 1. janúar 1998 vera samsett úr þeim gjaldmiðlum og í sömu hlutföllum innbyrðis og liggja til grundvallar skráningu Fiskveiðasjóðs Íslands á verðgildi reikningseiningarinnar 31. desember 1997. Skal frá þeim tíma beita reikningseiningunni svo samsettri við útreikning þeirra útlána sjóðsins sem tengd eru viðmiðun við reikningseininguna. Verðgildi erlendra gjaldmiðla skal vera samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands á opinberu viðmiðunargengi.

Stjórn fjárfestingarbankans skal í janúarmánuði 1998 auglýsa úr hvaða gjaldmiðlum reikningseiningin er samsett og í hvaða innbyrðis hlutföllum. Í sömu auglýsingu skal þeim lánþegum sem hlut eiga að máli gefinn kostur á uppgreiðslu lána eða endursamningum um viðmiðunargengi skulda sinna og má setja þeim frest í því skyni, eigi skemmri en átta vikur. Skilmálabreyting skal háð samþykki síðari veðhafa samkvæmt almennum reglum. Af skjölum sem varða slíka endursamninga skal ekki greiða stimpilgjald.

Vanskil lána í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands (RFÍ) teljast alltaf í RFÍ, þ.e. þau halda gengis- og verðtryggingu fram til greiðsludags. Dráttarvextir á slíkum vanskilum skulu vera gildandi samningsvextir RFÍ-lána hverju sinni að viðbættu álagi sem nemur fjórðungi samningsvaxtanna. Dráttarvextir eru þá 1,25 sinnum samningsvextir á ári. Dráttarvextir reiknast sem dagvextir.

15. gr.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

16. gr.

Innköllun til lánardrottna Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs skal eigi gefin út.

17. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Um skattskyldu fjárfestingarbankans fer að öðru leyti eftir lögum um skattskyldu lánastofnana.

18. gr.

Þar sem Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Útflutningslánasjóði og Iðnþróunarsjóði er falið í lögum, sem í gildi verða eftir að fjárfestingarbankinn tekur til starfa sem lánastofnun, að sinna sérstökum verkefnum tekur Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. við þeim verkefnum eftir því sem við á.

19. gr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal taka til starfa sem lánastofnun 1. janúar 1998 er fjárfestingarbankinn tekur við eignum, skuldum og skuldbindingum skv. 3. gr. laga þessara. Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður skulu lagðir niður frá og með sama tímamarki og falla þá eftirtalin lög úr gildi:

1. Lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum.
2. Lög nr. 10/1984, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
3. Lög nr. 72/1985, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
4. Lög nr. 135/1989, um viðauka við lög nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.
5. Lög nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
6. Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
7. Lög nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Lög nr. 93/1986, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Umboð stjórna sem skipaðar eru samkvæmt núgildandi lögum um Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð fellur niður á því tímamarki sem greinir í 1. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Stofna skal hlutafélagið Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júlí 1997. Á fundinum skal kjósa stjórn fjárfestingarbankans og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að hann hefur tekið til starfa sem lánastofnun, skv. 19. gr. laga þessara. Fram að því tímamarki sem tilgreint er í 1. mgr. 19. gr. skal Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína sem lánastofnun. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. skal hafa samráð við stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um samninga við starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs.

Stofnhlutafé Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. verður ekki greitt til hans fyrr en 1. janúar 1998, sbr. 3. gr. laga þessara.

Frá stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og þar til hann tekur til starfa skv. 1. mgr. 19. gr. skal hann, þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu, hafa fullan aðgang að gögnum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórnendur og starfsmenn sjóðanna skulu veita stjórnendum og starfsmönnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. nauðsynlega aðstoð. Stjórnendur og starfsmenn Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. eru bundnir af þagnarskyldu með sama hætti og stjórnendur og starfsmenn umræddra sjóða.

Allur kostnaður af stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. greiðist af honum.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1018. Lög [585. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 998.

1019. Lög [344. mál]

um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 616.

1020. Lög [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 701.

1021. Lög [405. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 802.

1022. Lög [446. mál]

um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 758.

1023. Lög [438. mál]

um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 747.

1024. Lög [115. mál]

um sjóvarnir.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1011 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður greiðir allt að ⅞ hlutum kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir við sjóvarnir.

Landeigendur og sveitarfélög, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu, greiða minnst ⅛ hluta og skiptist kostnaður á milli landeigenda að tiltölu við stærð þess lands og strandlengju sem verja á. Siglingastofnun skal gera tillögur um skiptingu kostnaðar og leggja fram til afgreiðslu hlutaðeigandi sveitarstjórna. Verði ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar sker hafnaráð úr. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi skipting liggur fyrir.

Sveitarfélögin eru eigendur þeirra mannvirkja sem lögin taka til og greiða þau kostnað við viðhald vegna varnarframkvæmda, sbr. þó 8. gr.

1025. Lög [217. mál]

um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1012.

1026. Lög [362. mál]

um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1013.

1027. Lög [76. mál]

um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42. 18. maí 1978, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1014.

1028. Fyrirspurn [589. mál]

til landbúnaðarráðherra um Jarðasjóð ríkisins.

Frá Gísla S. Einarssyni.

1. Hversu margar jarðir hefur Jarðasjóður ríkisins keypt á síðustu þremur árum? Hvaða jarðir eru það, sundurliðað eftir árum?

2. Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til jarðakaupa á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt á árinu 1997, hvaða jarðir er um að ræða og hvað var greitt fyrir hverja þeirra? Hve margar jarðir hefur sjóðurinn selt og á hvaða verði?
4. Hversu margar beiðnir um jarðakaup eru nú hjá sjóðnum? Hvaða jarðir er um að ræða?
5. Eru jarðir í eigu sjóðsins í útleigu með eða án kvóta? Er mjólkur- eða sauðfjárkvóti í eigu sjóðsins?
6. Eftir hvaða reglum er farið þegar ákvarðað er um jarðakaup af hálfu sjóðsins?
7. Hvaða áætlanir eru um framhald jarðakaupa af hálfu sjóðsins?

Skriflegt svar óskast.

1029. Fyrirspurn [590. mál]

til landbúnaðarráðherra um framkvæmd GATT-samningsins.

Frá Lúðvík Bergvinssyni.

1. Hverjar hafa verið tekjur ríkissjóðs af framkvæmd samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina (GATT) vegna innflutnings á landbúnaðarvörum:
   a. sundurliðað eftir vöruflokki, hverju númeri fyrir sig,
   b. sundurliðað eftir kg í hverjum vöruflokki fyrir sig?
2. Hvert hefur verið kostnaðarverð (cif-verð) hvers vöruflokks/númers fyrir sig sem fluttur hefur verið til landsins í samræmi við framkvæmd á samningnum?
3. Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs af starfsemi ráðgjafanefndarinnar um inn- og útflutning landbúnaðarvara frá því að hún tók til starfa? Þess er farið á leit að kostnaðurinn verið sundurliðaður eftir launum nefndarmanna, ferðakostnaði og öðrum kostnaði.
4. Hversu margar reglugerðir hafa verið settar um framkvæmd á samningnum frá því að nefndin hóf störf?

Skriflegt svar óskast.

1030. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Ásdísi Sigurjóns-

dóttur frá fjármálaráðuneyti, Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti, Ólaf Skúlason biskup, Sigurjón Pétursson, Helga Hjálmsson, Eggert Hauksson og Auði Garðarsdóttur frá Samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, Geir Waage, Ólöfu Ólafsdóttur, Braga Skúlason og Gunnar Sigurjónsson frá Prestafélagi Íslands og Þorbjörn Hlyn Árnason frá kirkjueignanefnd. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Breiðabólsstaðarsókn, kirkjueignanefnd ríkis og kirkju, Fríkirkjunni í Reykjavík, leikmannaráði þjóðkirkjunnar, Prestafélagi Íslands, Hofssókn, Sauðárkrókssókn, Vatnsfjarðarsókn, Holtssókn, biskupi Íslands, Flateyrarsókn, Munkaþverársókn, Keflavíkursókn, Samtökum um aðskilnað ríkis og kirkju, Samverja, Seljasókn, Nessókn, Garðssókn, Djáknafélagi Íslands, kaþólsku kirkjunni á Íslandi, Búðasókn, Siðmennt, Fellasókn, Samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, Hjallasókn, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Hafnafjarðarsókn, Grafarvogssókn, Stafafellssókn, Þverársókn, Ássókn, Gunnlaugi Finnssyni, Brjánslækjarsókn, Ljósavatnssókn, Stykkishólmssókn, Ísafjarðarsókn, Lundarbrekkusókn, Seltjarnarnessókn, Akureyrarsókn, Húsavíkursókn, Digranessókn, Grenjaðarstaðarsókn, Hallgrímssókn, Háskóla Íslands, Ásatrúarfélaginu, Bakkasókn, Kársnessókn, Melstaðarsókn, Langholtssókn, Akureyjarsókn, Prestsbakkasókn, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, Reykjavíkurprófastsdæmi, Dómkirkjusókn og Víðistaðasókn.

Þá óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um 9., 28. og 36. gr. frumvarpsins, en þessi ákvæði snúa að skipun í starf biskups og presta og er umsögnin birt sem fylgiskjal með áliti þessu.

Frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var lagt fram á 118. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar síðan frumvarpið var síðast lagt fram. Það grundvallaratriði sem liggur að baki frumvarpinu er að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefur. Frumvarpið myndar ramma utan um starf þjóðkirkjunnar, en í því er að finna ákvæði um alla helstu þætti kirkjustarfsins, þar á meðal um stöðu og starfsemi embættismanna þjóðkirkjunnar, starfseiningar hennar og um ýmsa aðra þætti starfsemi hennar. Frumvarpið felur í sér verulega breytingu á stjórn kirkjunnar og gert er ráð fyrir að draga úr lagasetningu á því sviði en fela kirkjuþingi í staðinn að setja starfsreglur um ýmsa þætti í starfsemi þjóðkirkjunnar. Er frumvarpið að hluta til byggt á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa gert um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Þá vill nefndin benda á varðandi skipan kenningarnefndar að eðlilegt verður að teljast að guðfræðideild Háskóla Íslands eigi fulltrúa í nefndinni.

Mælir nefndin með **samþykkt** frumvarpsins með nokkrum breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði breytt í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, þannig að kveðið verði á um að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna.
2. Í öðru lagi er lagt til að 1. mgr. 11. gr. verði að sjálfstæðri grein, en þar segir að biskup Íslands hafi yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beiti sér fyrir lausn ágreiningsefna. Þykir réttara að mæla fyrir um þetta í sérákvæði, en ekki í því ákvæði þar sem fjallað er um úrskurðarnefnd.

3. Þá er lögð til breyting á 20. gr. þess efnis að þingforseti kirkjuþings verði ekki kjörinn til fjögurra ára í senn eins og kveðið er á um í frumvarpinu heldur verði kirkjuþingi falið að ákveða kjörtímabil hans.
4. Þá er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 23. gr. þar sem kveðið er á um að biskup Íslands sé forseti kirkjuráðs. Þykir óþarft að tvítaka ákvæðið, en í 10. gr., þar sem fjallað er um starfssvið biskups Íslands, er kveðið á um að hann sé forseti kirkjuráðs.
5. Einnig er lagt til að 2. mgr. 24. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að kirkjuráð kjósi sér varaforseta en biskupsritari sé ritari kirkjuráðs. Ekki þykir nauðsynlegt að kveða á um þetta í lögum, sérstaklega þar sem um rammalöggjöf er að ræða.
6. Lögð er til breyting á 28. gr. í samræmi við umsögn efnahags- og viðskiptanefndar. Gerir breytingartillagan ráð fyrir að biskup útnefni prófasta úr hópi presta, en orðalag frumvarpsins þess efnis að biskup skipaði prófasta til fimm ára í senn þótti villandi og ekki í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
7. Þá er lögð til breyting við 30. gr. þess efnis að héraðsnefndarmenn verði kosnir til tveggja ára í senn í stað fjögurra eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
8. Lagt er til að nýr málsliður bætist við 35. gr. um að ráðningartími héraðspresta skuli vera allt að þremur árum í senn. Er breyting þessi lögð fram til skýringar, í samræmi við ábendingar efnahags- og viðskiptanefndar.
9. Þá leggur nefndin til að 3. og 4. mgr. 37. gr. falli brott, en þar er kveðið á um skipun og störf stöðunefndar. Telur nefndin slíka stöðunefnd óþarfa og eðlilegra að kveðið sé á um þessi málefni í starfsreglum.
10. Lögð er til breyting við 38. gr. þannig að bætt verði við ákvæði um að kirkjuþing setji m.a. reglur um skilyrði til almennra kosninga.
11. Lögð er til breyting á 2. málsl. 39. gr. þar sem kveðið er á um veitingu embættis sóknarprests. Felur breytingin í sér að fallið verði frá að setja prest í eitt ár og skipa hann síðan ótímabundið. Þess í stað er lagt til að veita skuli embætti prests og sóknarprests til fimm ára í senn í samræmi við 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Kveður breytingartillagan jafnframt á um það hvernig farið skuli með ef tillaga kemur fram í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar. Er gert ráð fyrir því að slík tillaga sé aðeins gild ef hún kemur fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans, er þar miðað við 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um að embættismanni skuli tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Er miðað við að ferli því, sem hér er lagt til, verði lokið á tveimur mánuðum þannig að hægt sé að tilkynna presti um hvort embættið verður auglýst eða ekki innan lögmælts frests. Skylt er að leita álits úrskurðarnefndar skv. 11. gr. með atbeina biskups Íslands áður en kjörmenn afgreiða tillögu um að embættið skuli auglýst. Ef meiri hluti kjörmanna kýs að embættið verði auglýst skal senda þá samþykkt biskupi Íslands sem leggur hana fyrir ráðherra til ákvörðunar. Telur nefndin eðlilegt að sömu reglur eigi við um skipunartíma presta og annarra embættismanna, þó að embætti presta njóti óneitanlega nokkurrar sérstöðu, en reynt er að koma til móts við þau sjónarmið í síðari hluta ákvæðisins.

12. Einnig er lögð til breyting á 3. mgr. 43. gr. í samræmi við athugasemdir efnahags- og viðskiptanefndar, en í þeim kom fram að orðalag ákvæðisins gæti valdið misskilningi. Er því lagt til að orðið ráðningarbréf sé notað í stað orðsins skipunarbréf.
13. Lagt er til að tilvísun í ákvæði laga um trúfélög, um skráningu óskírðra í þjóðkirkjuna, í 48. gr. falli brott.
14. Lagt er til að 53. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að sóknarmönnum sé skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Óeðlilegt þykir að slík skylda sé lögfest.
15. Lögð er til breyting á 54. gr. er miðar að því að skýra ákvæði frumvarpsins um umsjón og aðgang að kirkjum. Gerir breytingartillagan ráð fyrir að í stað þess að mæla fyrir um að sóknarprestur skuli ráða því hvernig afnotum af kirkju skuli háttað verði nánari ákvæði um afnot af kirkju mótuð á kirkjuþingi og sett í starfsreglur, en gæta verður þess að í kirkjum fari ekkert fram sem ekki samrýmist helgi þeirra og vígslu. Er tillagan borin fram þar sem nefndinni þykir rétt að tekið verði á þessum málum á kirkjuþingi.
16. Lagt er til að 57. gr. falli brott, en þar er fjallað um samstarfsnefndir sókna. Þykir nefninni óþarfi að festa slíkt samráð í lög.
17. Einnig er lögð til breyting á 58. og 59. gr. þannig að sömu reglur gildi um organista og aðra starfsmenn sókna, en að fallið verði frá þeirri sérreglu sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gildi um organista. Voru nefndarmenn sammála um að ekki væri eðlilegt að setja í lög ákveðnar kröfur um menntun fyrir organista.
18. Þá leggur nefndin til að bætt verði við frumvarpið ákvæði um leikmannastefnu þess efnis að biskup Íslands boði til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda og önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði og kristileg félagasamtök. Gert er ráð fyrir að nánari reglur um leikmannastefnu verði settar í starfsreglur.
19. Loks eru lagðar til þrjár breytingar á 65. gr. Annars vegar er nauðsynlegt að fella brott ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um veitingu prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands og ákvæði b- og c-liðar 20. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. þar sem þau samrýmast ekki ákvæðum frumvarpsins. Hins vegar er lagt til að þeir lagabálkar sem taldir eru upp í 2. mgr. falli brott 31. desember 1998, en ekki þykir eðlilegt að Alþingi framselji vald sitt til kirkjuþings með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, auk þess sem grundvallarreglan um að lög skuli birta væri þannig brotin.

Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Guðný Guðbjörnsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara, m.a. varðandi samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þá áskilja þau sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim.

Alþingi, 23. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Umsögn efnahags- og viðskiptanefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að skipun í starf biskups og presta. Nefndin telur eðlilegt að um skipun presta fari eftir sömu reglu og um skipun annarra embættismanna samkvæmt lögum nr. 70/1996. Því er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu:

„Í stað orðsins „ótímabundið“ í síðari málslið 2. mgr. 39. gr. komi: til fimm ára í senn.“

Jafnframt bendir nefndin allsherjarnefnd á að huga að tveimur atriðum, þ.e. annars vegar hvort rétt sé að tala um „skipun“ í 1. mgr. 28. gr., sbr. einnig orðið „skipunarbréf“ í 3. mgr. 43. gr., og hins vegar að gera ákvæði 35. gr. skýrara þannig að í lögunum komi fram hvort héraðsprestar skuli ráðnir eða skipaðir til afmarkaðs tíma.

1031. Breytingartillögur [301. mál]

við frv. til l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna.
2. 1. mgr. 11. gr. verði ný grein er komi á eftir undirfyrirsögninni „Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.“
3. Við 20. gr. Orðin „til fjögurra ára“ í 5. mgr. falli brott.
4. Við 23. gr. 2. málsl. falli brott.
5. Við 24. gr. 2. mgr. falli brott.
6. Við 28. gr.
   a. Í stað orðsins „skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: útnefnir.
   b. Orðin „til fimm ára í senn“ í 1. málsl. 1. mgr. falli brott.
   c. Í stað orðsins „skipað“ í 3. mgr. komi: útnefnt.
7. Við 30. gr. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. málsl. komi: tveggja.
8. Við 35. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðningartími héraðspresta skal vera allt að þremur árum í senn.
9. Við 37. gr. 3. og 4. mgr. falli brott.
10. Við 38. gr. Á eftir orðunum „presti skv. 34. gr.“ í 2. mgr. komi: m.a. um skilyrði til almennra kosninga.
11. Við 39. gr. Í stað fyrri og síðari málsliðar 2. mgr. komi fjórir nýir málsliðir er orðist svo: Embætti sóknarprests og prests skv. 34. gr. skal veitt til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundi og er hún því aðeins gild að hún komi fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Skylt er að leita álits úrskurðarnefndar skv. 11. gr. með atbeina biskups Íslands áður en kjörmenn eða aðrir sambærilegir aðilar afgreiða tillögu þar að lútandi. Kjósi meiri hluti kjörmanna að embættið verði auglýst skal sú samþykkt send biskupi Íslands er leggur hana fyrir ráðherra til ákvörðunar.

12. Við 43. gr. 3. mgr. orðist svo:
    Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf, í samvinnu við þær stofnanir sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubréfs.
13. Við 48. gr. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.
14. 53. gr. falli brott.
15. Við 54. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Kirkjuþing setur ákvæði um afnot af kirkju og safnaðarheimili í starfsreglur, sbr. 60. gr.
16. 57. gr. falli brott.
17. Við 58. gr. Á eftir orðunum „starfsmanna sókna“ komi: þar á meðal organista.
18. Við 59. gr.
    a. Greinin orðist svo:
        Biskup Íslands boðar til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök. Nánari reglur um leikmannastefnu skal setja í starfsreglur, sbr. 60. gr.
    b. Fyrirsögn greinarinnar verði: Leikmannastefna.
19. Við 65. gr.
    a. Á eftir orðunum „9.–19. gr.“ í a-lið 1. mgr. komi: 1. málsl. 1. mgr. 27. gr.
    b. F-liður 1. mgr. orðist svo: B-liður 19. gr. og b- og c-liður 20. gr. laga nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl.
    c. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Eftirtalin lög falla úr gildi 31. desember 1998.

1032. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar, biskupi Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsþjálfun guðfræðikandídata verði tveir mánuðir í stað fjögurra áður. Ástæða styttingarinnar er sú að kostnaður við starfsþjálfunina hefur farið langt fram úr því sem áætlað var, m.a. vegna þess að kandídatar eru helmingi fleiri en áætlað var og þykir brýnt að spara á þessu sviði. Ákvæði þessu er aðeins ætlaður stuttur líftími, en í frumvarpi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lagt er til að afgreitt verði samhliða frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að ný ákvæði um starfsþjálfun verði sett í starfsreglur. Engu að síður þykir ástæða til þessara breytinga til að minnka fyrirsjáanlegan kostnað á næstunni.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 23. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Árni R. Árnason.
Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.

1033. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá var frumvarpið sent fjölmörgum aðilum til umsagnar ásamt frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og vísast um þá til upptalningar í nefndaráliti með því máli.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til að taka af öll tvímæli um hverjir eru kjörgengir til biskupskjörs, en að undanförnu hefur fjölgað prestvígðum mönnum sem ekki eru ráðnir til starfa af kirkjulegum yfirvöldum, t.d. sérþjónustuprestum á sjúkrahúsum. Er frumvarpinu ætlað að tryggja þeim sérþjónustuprestum, sem ráðnir eru til starfa af sjúkrastofnunum, kosningarrétt við biskupskjör og kjör vígslubiskupa. Einnig er í frumvarpinu lagt til að aðstoðarprestum, sem ráðnir eru af sóknarnefndum, verði tryggður sami réttur. Í þriðja lagi er lagt til að rektor Skálholtsskóla fái í þessum efnum sömu réttindi og kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Þá er lögð til breyting á ákvæðum laganna um kjör leikmanna í samræmi við skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í tvö prófastsdæmi.

Þau sjónarmið komu fram í nefndinni að stefna beri að fjölgun þeirra sem hafa rétt til þátttöku í biskupskjöri þannig að m.a. djáknar og aðrir fastir starfsmenn kirkjunnar komi þar að.

Leggur nefndin til að gerð verði ein breyting á frumvarpinu til að tryggja að þeir prestar sem ráðnir eru af sveitarfélögum, t.d. til að sinna öldruðum, fá kosningarrétt við biskupskjör.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „stjórn sjúkrastofnana“ í a-lið 1. gr. komi: eða sveitarfélögum.

Alþingi, 23. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.
Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1034. Frumvarp til laga [591. mál]

um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. tölul. V. liðar 1. gr. laganna orðast svo:

4. Skálholtsprestakall:
Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
Prestssetur: Skálholt.

2. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögunum:

a. 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo: Nú losnar embætti sóknarprests í Bergþórshvolsprestakalli og er þá heimilt að setja prest til að gegna því embætti allt til 1. janúar 1999.
b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimilt er í Grafarvogsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra að ráða sóknarpresti annan prest til aðstoðar fram til 1. janúar 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á skipan Skálholtsprestakalls, en samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laganna skal vígslubiskup í Skálholti hafa með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli. Í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir hins vegar að vígslubiskup gegni ekki prestsstörfum í Skálholtsprestakalli meðan núverandi sóknarprestur þjónar kallinu. Sóknarprestur sá sem nú gegnir starfi í Skálholtsprestakalli mun láta af störfum fyrir aldurs sakir 1. janúar 1998. Af hálfu biskups Íslands og sóknarnefnda Skálholtsprestakalls hafa komið fram eindregin tilmæli um að í Skálholti verði áfram starfandi sóknarprestur. Hefur verið vakin athygli á því að prestakallið sé víðfeðmara og meira krefjandi en svo að vígslubiskup geti sinnt því ásamt öðrum embættisskyldum. Starfi hans fylgja ferðalög og fjarvistir og því verður ekki unnt að veita þá þjónustu í prestakallinu sem verið hefur. Fjórar kirkjusóknir heyra undir prestakallið og þar fer fólki fjölgandi, auk þess sem gjarnan er leitað eftir sérstakri þjónustu sóknarprests vegna ört vaxandi sumarhúsabyggðar og fjölsóttra sögustaða í prestakallinu. Rétt þykir að verða við þessum tilmælum biskups og sóknarnefnda og eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum.

Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða, en um þessar mundir fer fram endurskoðun á Rangárvallaprófastsdæmi með það fyrir augum að fækka stöðum sóknarpresta vegna fámennis sókna og fólksfækkunar. Að svo komnu máli þykir ekki rétt að skipa prest í Bergþórshvolsprestakalli, en núverandi sóknarprestur mun láta af embætti fyrir aldurs sakir 1. júní 1997. Þess í stað er gert ráð fyrir að nágrannaprestur verði fenginn til að þjóna prestakallinu. Hefur biskup Íslands og sóknarnefnd í prestakallinu lýst sig samþykka þessu fyrir sitt leyti. Er því lagt til að sett verði inn í ákvæði til bráðabirgða heimild til að setja prest í það embætti tímabundið meðan endurskoðun á prófastsdæminu fer fram.

Í Grafarvogsprestakalli hefur íbúafjöldi vaxið með ótrúlegum hraða og telur það nú rúmlega 13.000 íbúa. Samsetning íbúa og lega sóknarinnar, sem er langfjölmennasta sókn landsins, er með þeim hætti að ekki stendur til að kljúfa prestakallið upp í tvær sóknir eins og stendur. Vegna mikils vinnuálags á prestana tvo í prestakallinu þykir óhjákvæmilegt að fjölga um einn prest til viðbótar. Lagt er til að heimild til ráðningar prestsins gildi frá gildistöku laganna til ársloka 1998, en þá er gert ráð fyrir að lög um skipan prestakalla og prófastsdæma falli úr gildi og kirkjuþing hafi sett starfsreglur um þetta efni.

1035. Frumvarp til vopnalaga. [592. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Með vopni er í lögum þessum átt við hvert það tæki eða efni sem unnt er að beita til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega, enda sé með tilliti til aðstæðna ástæða til að ætla að fyrirhugað sé að nota tækið eða efnið í slíkum tilgangi.

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan sambærilegan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni, svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða nánar en um getur í 2.–5. mgr. hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar og kveða nánar á um flokkun þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um:

a. skotvopn,
b. skotfæri,
c. sprengiefni,
d. skotelda,
e. önnur vopn, svo sem hnúajárn, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopn, rafmagnsvopn og gasvopn,
f. efni og tæki sem samkvæmt skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda en hafa svipaða eiginleika og verkanir og
g. eftirlíkingar þeirra vopna sem getur í liðum a–f.

Ákvæði laganna gilda einnig um einstaka hluta þeirra efna og tækja sem tilgreind eru í 1. mgr., svo sem láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um meðferð og notkun vopna sem greinir í 1. og 2. mgr. Þar er m.a. heimilt að kveða á um bann við einstökum vopnum.

3. gr.

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, lögreglu eða fangelsa. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Ákvæði laganna gilda ekki um eftirgreind tæki og efni:

a. naglabyssur og skothamra sem ætluð eru til að nota í byggingariðnaði,

b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, merkjabyssur eða önnur slík skotvopn og skotelda sem eingöngu eru notaðir við björgunarstörf,
c. vopn og tæki sem eingöngu eru notuð við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum,
d. önnur tæki og efni sem valda óverulegri hættu samkvæmt ákvörðun ráðherra.

II. KAFLI
Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

4. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda í atvinnuskyni nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila er með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur skotvopnaleyfi og sýnir að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi skv. 1. mgr., enda tilnefni það einn starfsmann sinn eða fleiri sem fullnægja skilyrðum 2. mgr. til þess að annast framleiðsluna.

Handhafa skotvopnaleyfis er heimilt að fengnu leyfi lögreglustjóra að hlaða skothylki til eigin nota í þau skotvopn sem hann hefur leyfi fyrir, enda sé heimilt að nota slík skotfæri hér á landi. Skilyrði slíks leyfis eru að lögreglustjóri telji viðkomandi hafa nægilega þekkingu til þess að hlaða skothylki og fara með hleðslubúnað, að hann hafi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gengist undir námskeið í hleðslu skotfæra, en ríkislögreglustjóri þarf að samþykkja námsefni og fyrirkomulag slíkra námskeiða. Í leyfi skal koma fram hversu mikið magn af púðri, hvellhettum og skothylkum leyfishafa er heimilt að kaupa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um réttindi og skyldur framleiðanda samkvæmt þessari grein, þar með talið um framleiðslu, búnað framleiðsluhúsnæðis og nauðsynlegar öryggisreglur. Áður en slík reglugerð er sett skal haft samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins.

5. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda skv. 7. gr. laga þessara felur jafnframt í sér leyfi til innflutnings á þeim vörum. Ríkislögreglustjóra er heimilt að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Áður en leyfi er veitt til innflutnings skotvopna skal leita umsagnar lögreglustjóra, slökkviliðsstjóra eða annarra aðila er með brunamál fara. Sé sótt um leyfi til innflutnings á sprengiefni skal og leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita þeim sem hafa skotvopnaleyfi leyfi til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að flytja til landsins eða framleiða skotvopn sem ekki eru númeruð eintaksnúmeri framleiðanda. Ríkislögreglustjóra er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar skotvopn hefur ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að flytja inn eða framleiða:
a. sjálfvirka eða hálfsjálfvirka skammbyssu,
b. sjálfvirkan eða hálfsjálfvirkan riffil,
c. sjálfvirka haglabyssu,

d. hálfsjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu með skothylkjahólfum sem tekur fleiri en tvö skothylki.

Innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum vopna er bannaður, enda sé ástæða til að ætla að erfitt sé að greina þær frá fyrirmyndinni.

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði, svo og slík skotfæri, skotelda og sprengiefni.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–6. mgr. er heimilt með leyfi ríkislögreglustjóra að framleiða vopn til útflutnings. Ríkislögreglustjóri getur og heimilað innflutning slíkra vopna ef þau hafa ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs þeirra eða tengsla við sögu landsins.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd innflutnings samkvæmt þessari grein, m.a. um staðfestingu lögreglustjóra á vörureikningum áður en tollafgreiðsla fer fram, um innflutning þeirra efna og tækja sem greind eru í 3.–6. mgr. og eftirlíkinga þeirra. Í reglugerðinni er einnig heimilt að ákveða nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

6. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri má fela lögreglustjórum að gefa út slík leyfi þar sem um er að ræða tímabundinn flutning á milli landa.

Ekki þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum ef þessar vörur teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

7. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema að fengnu leyfi ríkislögreglustjóra.

Leyfi skv. 1. mgr. má aðeins veita þeim einstaklingi sem hefur verslunarleyfi og skotvopnaleyfi eða sérþekkingu á þeim vörum sem þar um ræðir eftir nánari reglum sem ráðherra setur.

Leyfi skv. 1. mgr. má veita skrásettu firma eða félagi sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann sem fullnægi skilyrðum 2. mgr. og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félagasamtökum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ríkislögreglustjóri heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til að selja skotelda í smásölu.

Aðeins skal veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila sem með brunamál fara.

Leyfi skv. 1. mgr. skal ekki veita til lengri tíma en fimm ára eða til skemmri tíma ef ástæða þykir til að mati ríkislögreglustjóra.

8. gr.

Ríkislögreglustjóra er heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleigu, enda sé fullnægt ákvæðum 2., 3., 5., 6. og 7. mgr. 7. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um rekstur skotvopnaleigu og þar skal m.a. kveða nánar á um skilyrði sem leigutaki og leigusali skulu fullnægja, svo og um starfsemina að öðru leyti.

9. gr.

Verslunareigandi, innflytjandi eða framleiðandi skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skal halda færslubók yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Skal hann gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar, krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

10. gr.

Sá sem hefur fengið leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda eða leyfi til reksturs skotvopnaleigu má ekki selja eða á annan hátt afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim sem sýnir skilríki fyrir því að hann megi kaupa eða taka á móti vörunum.

Óheimilt er að afhenda kaupanda skotfæri í önnur vopn en þau sem hann hefur heimild til að nota samkvæmt skilríkjum þeim sem hann framvísar skv. 1. mgr. Sama gildir um kaup á púðri og nauðsynlegum hlutum til hleðslu skotfæra skv. 2. mgr. 2. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja takmarkanir á magn skotfæra sem einstaklingi er heimilt að kaupa.

11. gr.

Sá sem hefur leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri eða sprengiefni eða reksturs skotvopnaleigu og sá sem hefur leyfi til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. laga þessara er ekki heimilt að nota greindar vörur nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. KAFLI
Meðferð skotvopna og skotfæra.

12. gr.

Hver sem vill eignast eða nota skotvopn verður að afla sér skotvopnaleyfis. Leyfið veitir lögreglustjóri í umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili. Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um að hafa skotvopnaleyfi fyrir þann sem er á æfingum á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndu æfingasvæði.

Skotvopnaleyfi skal vera skriflegt. Í því skal tilgreina nafn, kennitölu og heimilisfang leyfishafa. Þar skal vera nýleg ljósmynd af leyfishafa. Einnig skal tilgreina nákvæmlega hvers konar skotvopn leyfishafa er heimilt að nota. Í skotvopnaleyfi skal skrá öll skotvopn í eigu leyfishafa, gerð þeirra, lástegund, hlaupvídd, hámarksfjölda skota og eintaksnúmer framleiðanda. Lögreglustjóra er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir leyfi telji hann þess þörf.

Skotvopnaleyfi skal ekki gefið út til lengri tíma en tíu ára í senn og til skemmri tíma ef ástæða þykir til. Við endurnýjun skotvopnaleyfis er lögreglustjóra heimilt að kanna hæfni leyfishafa ef sérstök ástæða þykir til.

13. gr.

Veita má leyfi fyrir skotvopnum til veiða, íþróttaiðkunar skv. 17. gr., starfa skv. 14. gr. og til sýninga og söfnunar skv. 15. gr. Umsækjandi skal gera grein fyrir því í hverju skyni sótt sé um leyfi. Skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis eru:

a. að hafa náð 20 ára aldri og ekki hafa verið sviptur sjálfræði. Í reglugerð er heimilt að víkja frá þessu aldursskilyrði vegna íþróttaskotfimi, sbr. 17. gr.,
b. að hafa ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða þessara laga,
c. að hafa nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, vera andlega heilbrigður og að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi fyrir skotvopni þótt viðkomandi hafi brotið ákvæði laga þeirra sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að brot var framið. Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið getur þó lögreglustjóri veitt umsækjanda leyfi, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki verið um að ræða árásar- eða ofbeldisbrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, ítrekuð ölvunarbrot eða brot á lögum um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eða lögum þessum.

Þeir sem sækja um leyfi fyrir skotvopnum skulu sækja námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um námskeið þessi.

14. gr.

Lögreglustjóri getur veitt félagi, stofnun eða einstaklingi leyfi til þess að eiga skotvopn ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar. Í slíku tilviki skal tilnefndur ákveðinn aðili er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra, að víkja frá ákvæði laganna um að skotvopn skuli númerað eintaksnúmeri framleiðanda við veitingu leyfa skv. 1. mgr. þegar um er að ræða umsókn bónda sem er ábúandi á lögbýli eða dýralæknis um leyfi fyrir hlaupstuttri einskota byssu, þó ekki stærri en 22 cal. (fjárbyssu) til aflífunar búfjár.

15. gr.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað einstaklingi, samtökum og opinberu safni að eiga og varðveita skotvopn sem hefur ótvírætt söfnunargildi vegna aldurs, tengsla við sögu landsins eða af öðrum sérstökum ástæðum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þessi atriði. Heimilt er að veita sömu aðilum leyfi til að eiga og varðveita takmarkað magn skotfæra fyrir framangreind vopn, enda hafi skotfærin ótvírætt söfnunargildi.

Óheimilt er að nota vopn skv. 1. mgr. til veiða og kaupa fyrir þau skotfæri nema með leyfi ríkislögreglustjóra. Vopn þessi skal skrá sérstaklega í skotvopnaskrá.

16. gr.

Skotvopni, sem er hluti dánarbús, skal innan tólf mánaða frá andláti leyfishafa ráðstafað til aðila sem hefur leyfi til að eiga slíkt skotvopn. Þegar um er að ræða skotvopn sem hefur ótvírætt minja- eða tilfinningagildi er heimilt að víkja frá þessu skilyrði.

17. gr.

Félagi er óheimilt að hafa iðkun skotfimi að markmiði án leyfis ríkislögreglustjóra. Áður en slíkt leyfi er gefið út skal ríkislögreglustjóri afla umsagnar lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík leyfi.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum.

18. gr.

Halda skal sérstaka skotvopnaskrá fyrir landið í heild. Í hana skrá lögreglustjórar upplýsingar um veitt skotvopnaleyfi samkvæmt reglum er ráðherra setur í reglugerð. Í skotvopnaskrá skal skrá allar breytingar á skotvopnum skv. 38. gr. Þar skal jafnframt skrá öll horfin skotvopn.

19. gr.

Eiganda skotvopns er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar, nema viðtakandi sýni fram á að hann hafi leyfi lögreglustjóra til að eiga það eða nota.

Eiganda skotvopns er heimilt að lána það manni til tímabundinna afnota sem leyfi hefur til að nota sams konar skotvopn. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slík afnot.

20. gr.

Hver sá sem ber á sér eða notar skotvopn skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það þegar lögregla krefst þess. Nú sýnir maður ekki skotvopnaleyfi og getur þá lögregla tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

Nú er viðkomandi með vopnið að láni eða á leigu og skal hann þá leggja fram skriflega heimild eiganda skotvopnsins því til sönnunar.

21. gr.

Sá sem fer með eða notar skotvopn skal ætíð gæta fyllstu varúðar. Óheimilt er að bera skotvopn á almannafæri.

Sá sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa er óheimil meðferð skotvopns.

Þegar ástæða er til að ætla að maður hafi brotið framangreind ákvæði getur lögregla fært hann til læknisrannsóknar, þar á meðal blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð sem heilbrigðisstarfsmaður telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

Ekki má hleypa af skoti á vegi, yfir veg, úr ökutæki, á almannafæri eða annars staðar þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Ekki má hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðruvísi fyrir um. Mál út af broti á ákvæðum þessarar málsgreinar skal því aðeins höfða að sá krefjist sem misgert var við.

22. gr.

Ekki má afhenda öðrum skotfæri en þeim sem skráður er fyrir því skotvopni sem þau eru ætluð fyrir, enda framvísi viðkomandi leyfi fyrir skotvopninu. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um afhendingu skotfæra í reglugerð, þar á meðal um bann við einstökum gerðum skotfæra.

23. gr.

Eigandi eða vörsluaðili skotvopns og skotfæra skal ábyrgjast vörslu þeirra með þeim hætti að óviðkomandi aðili nái ekki til þeirra.

Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum og læstum hirslum. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um vörslu skotvopna og skotfæra. Er m.a. heimilt að setja skilyrði um tiltekna geymslu skotvopna eftir að tilteknum skotvopnafjölda er náð.

24. gr.

Skotfélagi eða öðrum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga á öðru svæði en lögreglustjóri hefur leyft að notað verði til slíkrar starfsemi.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gerð og búnað skotsvæða, þar með talið um geymslu skotvopna og skotfæra. Samráð skal haft við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins áður en slíkar reglur eru settar.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal lögreglustjóri leita umsagnar sveitarstjórnar, Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar ríkisins.

25. gr.

Nú eyðileggst skotvopn eða því er fargað og skal það þá afskráð. Týnist skotvopn eða sé því stolið skal eigandi þess tilkynna lögreglu um það þegar í stað og skal hvarfið skráð í skotvopnaskrá.

IV. KAFLI
Meðferð sprengiefnis.

26. gr.

Hver sem vill kaupa sprengiefni verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er lögaðili veitir lögreglustjóri leyfið þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni sem sýnir fram á að honum sé það nauðsynlegt.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal gefið út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigandi sprengiefnis skal ábyrgjast vörslur þess og sjá um að óviðkomandi nái ekki til þess.

Þegar lögaðili fær leyfi skv. 1. mgr. skal hann að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn sem annist vörslur sprengiefnisins.

Þeim sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa sprengiefni er óheimilt að afhenda það öðrum nema með leyfi lögreglustjóra.

27. gr.

Sá einn má fara með sprengiefni og annast sprengingar sem fengið hefur til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili og gildir það í fimm ár frá útgáfudegi.

Aðeins má veita þeim leyfi skv. 1. mgr. sem að mati Vinnueftirlits ríkisins hefur næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð.

Sá sem fer með og notar sprengiefni skal ætíð gæta fyllstu varúðar.

28. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstakri sprengiefnageymslu.

Ráðherra skal setja í reglugerð ákvæði um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og meðferð þess. Áður en slík reglugerð er sett skal leita eftir tillögum frá Brunamálastofnun ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins.

29. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi og skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi þegar tilkynna lögreglustjóra um fundinn.

V. KAFLI
Meðferð annarra vopna.

30. gr.

Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hætta er því samfara.

Bannað er að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum:

a. bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu,
b. fjaðrahníf, fjaðrarýting, fallhníf, fallrýting, stunguvopn eða önnur slík vopn,
c. höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfu, felukylfu, kylfu sem ekki er ætluð til íþróttaiðkunar eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn,
d. sverð, sem eru sambland högg- og bitvopna,
e. kaststjörnu, kasthníf eða önnur slík vopn,
f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Heimilt er að víkja frá þessu banni vegna söfnunar eða boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Öðrum en lögreglu er óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmi eða öðru efni. Sama gildir um gasvopn.

31. gr.

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

VI. KAFLI
Meðferð skotelda.

32. gr.

Bannað er að selja eða afhenda skotelda barni yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum. Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil.

33. gr.

Þeir sem fara með skotelda skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Ráðherra setur ákvæði í reglugerð um sölu og meðferð skotelda, þar á meðal getur hann sett reglur um að ekki megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda. Jafnframt getur hann kveðið á um sérstakt eftirlit í því skyni og að innflytjandi skuli eftir atvikum bera kostnað af því.

VII. KAFLI
Refsingar, eignaupptaka o.fl.

34. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað hvenær sem er ef ekki teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, leyfishafi hefur ekki farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki sem leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi skv. 12. gr. eða 27. gr. skal lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess hvar leyfið er upphaflega gefið út.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi til bráðabirgða án fyrirvara ef brýna nauðsyn ber til.

Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu vara ábótavant að mati lögreglustjóra og getur hann þá til bráðabirgða og án fyrirvara lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni.

35. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað skal sá sem sviptur er leyfinu skila því til lögreglu ásamt þeim vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslum sínum á grundvelli leyfisins.

Þegar ekki eru fyrir hendi skilyrði til eignaupptöku getur lögreglustjóri að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu ákveðið að selja greindan varning. Við sölumeðferð skal svo sem kostur er haft samráð við eiganda varningsins. Söluandvirði að frádregnum kostnaði skal renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri vopn, efni eða tæki svo lélegt og verðlaust eða verðlítið að ekki sé rétt að selja það og skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda.

36. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eru refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

37. gr.

Skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skoteldar, sem fluttir hafa verið til landsins eða framleidd eru í landinu án heimildar eða finnast vörslulausir eða í vörslu manns án heimildar, skal gera upptæk til ríkissjóðs. Jafnframt skal gera upptæk með sama hætti önnur vopn sem ólögmæt teljast samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Allar breytingar, svo sem á lásgerð, mögulegum skotafjölda eða aukabúnaði sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkan, eru óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

Breytingar skv. 1. mgr. skulu skráðar í skotvopnaskrá og í skotvopnaleyfi.

39. gr.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Hinn 13. febrúar 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd sem falið var að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda. Var nefndinni falið að skila drögum að lagafrumvarpi og reglugerðum varðandi öll tæki sem telja má til vopna. Var nefndinni og falið að gera tillögur um meðferð vopna í eigu lögreglu og fangelsa og þjálfun í meðferð þeirra.

Í nefndinni áttu sæti Páll Hersteinsson, fyrrverandi veiðistjóri, Helgi Skúlason, kennari við Lögregluskóla ríkisins, og Högni S. Kristjánsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin ákvað í upphafi að láta vinnu við gerð almennra laga og reglna um skotvopn, skotfæri og önnur vopn, sprengiefni og skotelda hafa forgang umfram gerð reglna um meðferð vopna hjá opinberum valdhöfum.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um gildandi reglur á öðrum Norðurlöndum og hafði til hliðsjónar við samningu frumvarpsins og draga að reglugerð.

Nefndin ákvað að leitast við að eiga samstarf við þau samtök sem hagsmuna hafa að gæta af löggjöf sem þessari. Var í því skyni leitað eftir hugmyndum frá Skotsambandi Íslands og Skotveiðifélagi Íslands (SKOTVÍS). Jafnframt var óskað hugmynda frá Skotfélagi Austurlands, Skotfélagi Reykjavíkur, umhverfisráðuneytinu, Eldvarnaeftirliti Reykjavíkur og Vinnueftirliti ríkisins. Einnig var leitað eftir afstöðu tollstjóraembættisins í Reykjavík og allra lögreglustjóra. Á lokastigum frumvarpsgerðarinnar átti nefndin fundi með forsvarsmönnum SKOTVÍS og Skotsambands Íslands.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um fjölda skráðra skotvopna í landinu, sbr. fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Frumvarp þetta byggir efnislega á tillögum framangreindrar nefndar, en orðalagi hefur víða verið breytt.

II. Almennar athugasemdir.

Hér á landi voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, svo og um innflutning og sölu skotvopna, skotfæra og sprengiefna, með lögum nr. 69/1936. Þau lög sættu ekki breytingum fyrr en árið 1977 þegar samþykkt voru gildandi lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda. Á gildistíma laganna hafa orðið ýmsar breytingar á sviði skotvopnamála. Má þar m.a. nefna aukningu á vopnaeign til veiða, aukna iðkun skotíþrótta o.fl. Er eðlilegt að slíkum nýjungum sé markaður skýrari grundvöllur í löggjöf, ekki síst eftir setningu laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 (hér eftir nefnd veiðilöggjöf), svo sem nánar verður vikið að síðar.

Nefndin valdi að semja nýtt frumvarp um málefnið á grundvelli gildandi laga þar sem það var mat nefndarmanna að í grundvallaratriðum væri um að ræða löggjöf sem staðist hefði tímans tönn.

Í vinnu sinni setti nefndin sér þær forsendur:

a. að vopn væru hættuleg tæki og almennt bæri að stuðla að því að þau væru ekki höfð um hönd nema í undantekningartilvikum þegar það styddist við gild rök,
b. að það sé þekkt vandamál um allan heim að vopn tengjast afbrotum og af þeirri ástæðu verði að leitast við að takmarka vopnaeign svo sem kostur er,
c. að meginreglan sé sú að öll vopn séu bönnuð nema þau séu sérstaklega leyfð samkvæmt lögum,
d. að samræmi eigi að vera á milli löggjafar í landinu sem varðar meðferð skotvopna.

Ísland er bundið af ýmsum alþjóðaskuldbindingum á þessu sviði löggjafarinnar. Höfð hefur verið hliðsjón af þessum skuldbindingum við gerð frumvarpsins. Hins vegar eru íslenskar reglur að ýmsu leyti strangari en hinar alþjóðlegu skuldbindingar.

Með setningu veiðilöggjafarinnar á árinu 1994 voru settar ýmsar reglur sem beint snertu meðferð skotvopna og annarra vopna við veiðar. Eftir gildistöku laganna er m.a. óheimilt að nota við veiðar ýmis stungu- og eggvopn, rafvædd vopn og búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum. Einnig er nú óheimilt að nota við veiðar sjálfvirk skotvopn, svo og handhlaðnar fjölskotabyssur og hálfsjálfvirk skotvopn, með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki. Hefur þetta verið túlkað svo að heimilt sé að nota skotvopn sem taka tvö skothylki í skothylkjahólf og eitt í hlaup eða alls þrjú skot. Í frumvarpi að veiðilöggjöfinni kemur fram að þær takmarkanir, sem settar eru um hvaða vopn megi nota við veiðar, eiga sér allar uppruna í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Með hliðsjón af því ákvað nefndin að leggja til í frumvarpinu að hér á landi verði einungis leyfður innflutningur skotvopna er samræmast framangreindu ákvæði veiðilöggjafarinnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir að frá meginreglunni megi víkja í íþróttaskotfimi, söfnun og sýningu á skotvopnum. Í frumvarpinu er ekki hróflað við tilvist þeirra vopna sem lögleg eru samkvæmt gildandi lögum. Má ætla að þau hverfi smám saman úr notkun, en hafa verður í huga að við notkun þeirra við veiðar verða þau að fullnægja skilyrðum veiðilöggjafarinnar.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði rúmar heimildir ráðherra til útgáfu reglugerða. Má því segja að á ýmsum sviðum sé um rammalöggjöf að ræða. Kostur þessa fyrirkomulags felst í því að þetta er sveigjanlegt form og gefur möguleika til að bregðast við ófyrirséðri þróun á þessu sviði sem að mati nefndarinnar er nauðsynlegt.

III. Helstu nýmæli.

Í frumvarpinu er að finna nokkur nýmæli frá gildandi lögum:

1. Í frumvarpinu er hugtakið vopn skilgreint. Er skilgreiningin nokkuð víðtæk, enda er henni ætlað að ná til allra tækja og efna sem nota má til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega. Markmiðið með skilgreiningunni er að ná yfir öll tæki sem flokka má undir árásarvopn við tilteknar aðstæður. Með því að binda skilgreininguna við tilteknar aðstæður er leitast við að flokka þau tilvik þar sem handhöfn vopna í þessum skilningi er eðlileg, svo sem við vinnu.
2. Um langt skeið hefur skotfimi verið stunduð hér á landi sem íþrótt. Ekki hefur í lögum verið tekið á því hvernig skuli almennt fara um iðkun þessarar íþróttar. Hún hefur þá sérstöðu að við iðkun hennar eru notuð tæki sem strangar takmarkanir gilda um. Er í frumvarpinu kveðið á um að skotvopnaleyfi verði m.a. veitt til iðkunar íþróttaskotfimi. Í 13. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að víkja frá aldursskilyrði í þessu tilviki. Í 17. gr. frumvarpsins er almenn heimild fyrir ráðherra til að útfæra í reglugerð þann ramma sem settur skal þessari starfsemi.
3. Í frumvarpinu er að finna sérstök ákvæði um söfnun og sýningar vopna. Er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um þennan þátt vopnaeignar þar sem nokkuð er um að í skjóli söfnunar hafi einstaklingar komið sér upp verulegu magni skotvopna. Er í frumvarpinu leitast við að setja strangari takmarkanir við söfnun skotvopna en verið hafa.
4. Kveðið er á um samræmda landsskrá yfir skotvopn. Hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð slíkrar skrár í dómsmálaráðuneytinu. Með því að koma upp slíkri skrá verður allt eftirlit mun virkara.
5. Sérstök ákvæði er að finna í frumvarpinu um hnífa og önnur árásarvopn. Er vísað til þess með tillögu nefndarinnar um breytt heiti á löggjöfinni. Er hér í fyrsta sinn tekið heildstætt á öllum vopnum í landinu. Frá árinu 1988 hefur verið að finna ákvæði um vopn sem þessi í reglugerð um skotvopn og skotfæri. Þau ákvæði hafa að ýmsu leyti verið gölluð. Er hér lagt til að ákvæðin verði tekin upp í löggjöf nokkuð breytt.
6. Á undanförnum árum hafa gengið nokkrir dómar sem kveðið hafa á um að upptökuákvæði gildandi laga taki ekki til hnífa og annarra slíkra vopna. Er bætt úr þessu í frumvarpinu.
7. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sú meginregla gildi að ekki skuli veitt leyfi fyrir öðrum skotvopnum en þeim sem eru lögleg samkvæmt veiðilöggjöfinni. Gert er ráð fyrir undantekningum í ákveðnum tilvikum.
8. Lagt er til að heimilað verði að reka skotvopnaleigu. Er það rökstutt sérstaklega í athugasemdum með viðkomandi ákvæði frumvarpsins.
9. Lagt er til að ríkislögreglustjóri taki yfir þau stjórnsýsluverkefni sem ráðherra fer með samkvæmt gildandi lögum. Með hliðsjón af því er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1997 þegar embætti ríkislögreglustjóra tekur til starfa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í I. kafla frumvarpsins er fjallað um gildissvið þess en þar er að mestu leyti miðað við gildandi lög.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er hugtakið vopn skilgreint. Er skilgreiningin mjög rúm þar sem henni er ætlað að taka yfir öll þau tæki sem nota má til að deyða eða skaða heilsu manna eða dýra tímabundið eða varanlega. Tekur skilgreiningin þannig til allra skotvopna, eggvopna, stunguvopna, rafmagnsvopna o.fl. Sama gildir um tæki sem markaðssett eru sem tæki til sjálfsvarnar og ætlað er að lama einstakling með einum eða öðrum hætti. Skilgreining þessi er nauðsynleg þar sem frumvarpinu er ætlað að taka til fleiri hluta en skotvopna. Í ljósi þess hversu rúm skilgreiningin er þykir nauðsynlegt að binda hana við tilteknar aðstæður. Í því felst að tæki, sem í venjulegum skilningi væru ekki vopn, geta orðið það við tilteknar aðstæður, þ.e. þegar ætla má að þeim sé ætlað að skaða heilsu manna eða dýra.

Í 2. mgr. er hugtakið skotvopn skilgreint. Sú skilgreining er í samræmi við 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Tekur skilgreiningin í raun til allra þeirra tækja sem búin eru þeim eiginleikum að senda frá sér tiltekin skeyti sem til þess eru fallin að valda tjóni á mönnum, dýrum eða hlutum, nema slík tæki séu sérstaklega undanskilin svo sem gert er í 3. gr. frumvarpsins. Hefur þessi skilgreining ekki valdið vandræðum í framkvæmd.

Í 3. mgr. er hugtakið skotfæri skilgreint. Er skilgreiningin í samræmi við 2. mgr. 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er talin ástæða til að taka sérstaklega fram að skilgreiningin nái yfir einstaka hluta skotfæranna eins og púður og hvellhettur. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að ákvæði þess gildi einnig um einstaka hluta þeirra tækja er ákvæði frumvarpsins taka til, svo sem hvellhettna og púðurs. Felur skilgreiningin þannig í sér að ekki er nauðsynlegt að skeytið innihaldi púður, högl eða slíkt heldur getur t.d. og verið um vökva að ræða.

Í 4. mgr. er hugtakið sprengiefni skilgreint. Er skilgreiningin í samræmi við skilgreiningu þess í gildandi reglugerð um sprengiefni.

Í 5. mgr. er hugtakið skoteldur skilgreint. Skilgreining þess er í samræmi við 4. mgr. 1. gr. gildandi laga. Hefur skilgreining hugtaksins ekki valdið vafa í framkvæmd.

Í 6. mgr. er ráðherra veitt heimild til að kveða nánar á um hvaða efni og tæki falli undir 2.–5. mgr. og um nánari flokkun þeirra. Byggist heimild þessi á nauðsyn þess að löggjöfin sé sveigjanleg og veiti ráðherra heimildir til að bregðast við þróun mála á sviði vopna. Telja verður að heimild þessari muni ekki verða mikið beitt með hliðsjón af öðrum ákvæðum frumvarpsins. Felst í ákvæðinu og heimild til að flokka vopn nánar en gert er í frumvarpinu en slíkt kann t.d. að verða nauðsynlegt vegna alþjóðlegra skuldbindinga.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp vopn sem frumvarpinu er ætlað að taka til. Er m.a. um að ræða sömu vopn og greinir í 2.–5. mgr. 1. gr. frumvarpsins en að auki er í e- og f-lið bætt við ýmsum efnum og tækjum sem greind eru í 3. gr. gildandi laga. Sú breyting er gerð frá 3. gr. gildandi laga að beinlínis er kveðið á um að tilgreind vopn skuli falla undir ákvæði frumvarpsins í stað þess að ráðherra geti ákveðið að lögin taki til tilgreindra hluta. Þykja almannahagsmunir leiða til þess að lögfesta eigi takmarkanir við handhöfn þeirra tækja

er greinir í e-lið 1. mgr. Ákvæði 34. gr. gildandi reglugerðar um skotvopn og skotfæri, sem fjallar um ýmis þessara vopna, hefur reynst ófullkomið að ýmsu leyti. Við upptalningu e-liðar er við gildandi ákvæði bætt rafmagnsvopnum og gasvopnum.

Annað nýmæli í 1. mgr. er að sérstaklega er kveðið á um það í g-lið að eftirlíkingar þeirra vopna er greinir í a–f-liðar falli einnig undir ákvæði frumvarpsins. Er röksemdin fyrir þessu sú að eftirlíkingar eru orðnar þannig úr garði gerðar að þær líkjast mjög fyrirmyndum sínum, og við það hefur aukist hætta á því að slík tæki séu notuð við afbrotastarfsemi.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli sem er í samræmi við norræna löggjöf þar sem sérstaklega er tekið fram að ákvæði frumvarpsins taki einnig til einstakra hluta þeirra efna og tækja sem fjallað er um í 1. mgr. Felur þetta í sér að ákvæðin eiga við um einstaka hluta skotvopna og verða þeir því t.d. ekki fluttir inn án leyfis ríkislögreglustjóra. Er í dæmaskyni talið upp láshús, hlaup, hvellhettur og púður.

Í 3. mgr. er lagt til að ráðherra fái heimild til að setja nánari reglur um vopn sem greinir í 1. og 2. mgr. og eftir atvikum banna þau. Þykir nauðsynlegt að ráðherra hafi ótvíræða heimild til að banna tiltekin vopn.

Um 3. gr.

Í greininni er fjallað um þau vopn, tæki og efni sem eru undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Er ákvæðið að mestu leyti í samræmi við 2. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. segir að vopn í eigu lögreglu, Landhelgisgæslu og fangelsa séu undanþegin ákvæðum frumvarpsins en ráðherra setji um þau sérstakar reglur. Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög og löggjöf annarra þjóða og alþjóðasamninga þar sem vopn opinberra yfirvalda eru almennt undanþegin almennum reglum.

Í 2. mgr. eru í fjórum liðum talin upp tæki og efni sem undanþegin eru ákvæðum frumvarpsins. Er þar lagt til að sú breyting verði gerð frá gildandi lögum að umrædd tæki og efni verði alfarið undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í gildandi lögum er um að ræða heimild til handa dómsmálaráðherra til að undanþiggja þau. Þeirri heimild hefur verið beitt og eru tækin, sem tilgreind eru í a- og b-lið, undanþegin reglum gildandi laga. Þá er lögð til orðalagsbreyting að því er varðar björgunartæki þannig að ljóst sé að tækin séu undanþegin ákvæðum frumvarpsins án tillits til þess hvar ætlunin er að nota þau við björgun. Verður ekki séð að rök standi til að setja takmarkanir að því leyti. Í c-lið er að finna nýmæli þar sem lagt er til að vopn og tæki, sem notuð eru við aflífun dýra í löggiltum sláturhúsum, verði alfarið undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Samkvæmt 32. gr. gildandi reglugerðar um skotvopn og skotfæri eru undanþegin ákvæðum hennar skotvopn sem eingöngu eru notuð við slátrun dýra og eru þannig úr garði gerð að ekki hleypur af skot en út prýstist pinni. Þykja ekki standa rök til að binda undanþáguna við þessa gerð skotvopna. Með því að takmarka undanþágu við löggilt sláturhús er komið í veg fyrir að skotvopn bænda verði undanþegin ákvæðum frumvarpsins. Í d-lið er að finna heimild til handa ráðherra til að ákveða frekari undanþágur og er sú heimild í samræmi við gildandi lög. Er rétt að taka fram að ákvæði þetta skerðir ekki heimildir Vinnueftirlits ríkisins til setningar reglna um meðferð þessara vopna og tækja.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með vopn.

Er ástæða til að vekja sérstaka athygli á ákvæðum 8. gr. þar sem er það nýmæli að ríkislögreglustjóra verði heimilt að veita leyfi til reksturs skotvopnaleigu.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði 5. og 6. gr. gildandi laga verði sameinuð í eitt ákvæði. Þar segir að leyfi ríkislögreglustjóra þurfi til framleiðslu á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni eða skoteldum.

Í 1. mgr. er lagt til að settar verði nákvæmari reglur en nú gilda um hvernig staðið skuli að leyfisveitingu á grundvelli ákvæðisins. Lagt er til að leita skuli umsagnar lögreglustjóra, Vinnueftirlits ríkisins og yfirvalda brunamála. Það er eðlileg öryggiskrafa að þessir aðilar kanni aðstæður á framleiðslustað.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um skilyrði þess að leyfi til framleiðslu verði veitt. Þar segir að einstaklingur skuli hafa skotvopnaleyfi svo sem nú gildir og sýna að öðru leyti fram á hæfni sína til framleiðslunnar. Hér á landi er ekki löggilt iðngrein á þessu sviði og veldur það nokkrum erfiðleikum við að móta þær kröfur sem rétt er að setja, en í öðrum ríkjum er unnt að stunda sérstakt nám í þessari iðn. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð skilyrði um próf á þessu sviði.

Í 3. mgr. er fjallað um skilyrði þess að félag eða firma fái leyfi til framleiðslu og er ákvæðið óbreytt frá gildandi lögum.

Í 4. mgr. er lagt til að handhafa skotvopnaleyfis sé, að fengnu leyfi lögreglustjóra, heimilt að hlaða skothylki til eigin nota. Er ákvæðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr. gildandi laga og 30. gr. gildandi reglugerðar. Hins vegar er nokkuð aukið við þau skilyrði sem sett eru og m.a. kveðið á um að viðkomandi þurfi að hafa haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár og gangist undir sérstakt námskeið í þessu skyni. Er þetta gert til að tryggja að þeir er fást við að hlaða skotfæri, gjarnan í heimahúsum, hafi næga þekkingu og reynslu til að bera. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi. Ríkislögreglustjóra er veitt heimild til að útfæra þessi skilyrði nánar og er í því efni m.a. horft til þess að unnt væri að koma á fót námskeiðum í samvinnu við hagsmunaaðila. Gert er ráð fyrir því að lögreglustjóri kveði í leyfi til hleðslu skothylkja á um það magn púðurs, hvellhettna og skothylkja sem leyfishafa er heimilt að kaupa.

Í 5. mgr. er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um framleiðsluna og um hleðslu skotvopnaleyfishafa á skotfærum og að áður en slík reglugerð verður sett skuli hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins og Brunamálastofnun. Slíkt ákvæði í gildandi lögum hefur ekki verið nýtt.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um innflutning á skotvopnum, skotfærum, sprengiefni og skoteldum. Ákvæðin svara til 7. gr. gildandi laga og ákvæða í reglugerð um skotvopn og skotfæri.

Í 1. mgr. er lagt til að leyfi ríkislögreglustjóra þurfi til innflutnings á þar tilgreindum vörum og að tekið verði upp það nýmæli að þeir sem fái leyfi til verslunar með skotvopn og skotfæri skv. 7. gr. fái um leið innflutningsleyfi. Reynslan sýnir að vel flestir sem á annað borð hafa leyfi til verslunar með skotvopn og skotfæri hafa einnig leyfi til innflutnings á viðkomandi vörum. Horfir þetta fyrirkomulag til einföldunar. Þá er lagt til að ríkislögreglustjóri geti falið lögreglustjórum að veita slík leyfi. Hefur dómsmálaráðherra gert það varðandi innflutning skotelda en samkvæmt gildandi reglugerð er yfirumsjón þess í höndum lögreglustjórans í Reykjavík.

Í 2. mgr. er að finna nýmæli sem lýtur að heimild ríkislögreglustjóra til að veita einstaklingi heimild til innflutnings skotvopna og skotfæra til eigin nota. Í slíkum tilvikum þarf almennt ekki að viðhafa sömu málsmeðferð og við veitingu leyfa skv. 1. mgr. og því eðlilegt að um hann gildi sérstakar reglur.

Í a-lið 4. mgr. er lagt til að bannað verði að flytja inn eða framleiða hálfsjálfvirka eða sjálfvirka skammbyssu. Er þetta ákvæði nýmæli, en samkvæmt gildandi lögum er þetta ekki bannað beinlínis, en þar eru hömlur á því að eignast vopn sem þessi. Í b-lið er lagt til að bannað verði að framleiða eða flytja til landsins sjálfvirkan og hálfsjálfvirkan riffil og er það í samræmi við gildandi reglugerð. Í c-lið er lagt til að óheimilt verði að flytja inn eða framleiða sjálfvirka haglabyssu og í d-lið er lagt til að bannað verði að flytja inn eða framleiða hálfsjálfvirka eða handhlaðna fjölskota haglabyssu sem tekur fleiri en tvö skothylki. Taki haglabyssa fleiri en tvö skothylki verður að breyta henni til samræmis við þennan áskilnað.

Í 5. mgr. er lagt til að innflutningur og framleiðsla á eftirlíkingum skotvopna verði almennt bannaður. Gildir það um skotvopn þar sem ástæða er til að ætla að erfitt sé að greina eftirlíkinguna frá fyrirmynd hennar. Þetta er lagt til því fordæmi eru fyrir því hérlendis og erlendis að afbrot hafa verið framin með eftirlíkingum skotvopna. Þá er það staðreynd að oft er um að ræða eftirlíkingar sem fyrir allflesta er erfitt að greina frá fyrirmyndinni. Með þessu ákvæði verður ekki bannað að flytja inn eða framleiða tæki sem bersýnilega eru leikföng.

Í 6. mgr. er lagt til bann við innflutningi á sérstaklega hættulegum tegundum vopna sem ætluð eru til nota í hernaði. Styðst slíkt bann við þau rök að hér á landi er ekki her sem kallar á slíkan innflutning. Ríkislögreglustjóra verður heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu hafi vopn ótvírætt söfnunargildi eða tengsl við sögu landsins. Er það lagt til m.a. vegna þess að atburðir í sögu landsins geta kallað á það að safnað sé gömlum hernaðartækjum sem tengjast henni.

Í 7. mgr. er að finna ákvæði er heimilar undantekningu frá ákvæðum greinarinnar þegar um er að ræða framleiðslu vopna til útflutnings. Þá er ríkislögreglustjóra heimilað að leyfa innflutning vopna er greinir í 1.–6. mgr. þegar sérstaklega stendur á. Á það t.d. við þegar reglur um íþróttaskotfimi og söfnun réttlæta slíkt en gert er ráð fyrir að slíkar viðmiðanir verði útfærðar í reglugerð.

Um 6. gr.

Greinin er í samræmi við 8. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að heimild ríkislögreglustjóra til að framselja lögreglustjórum vald til að gefa út útflutningsleyfi verði takmörkuð við leyfi þar sem um er að ræða tímabundinn flutning á milli landa. Má t.d. nefna það tilvik að skotíþróttamenn fara til keppni erlendis.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um leyfi til verslunar með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda. Er hún að mestu leyti í samræmi við gildandi lög en þó er á einstökum sviðum leitast við að færa skilyrði leyfisveitinga að þeirri framkvæmd sem mótast hefur í dómsmálaráðuneytinu.

Í 1. mgr. er lagt til að ríkislögreglustjóri veiti leyfi til verslunar með tilgreind tæki og í 2. mgr. er kveðið á um þau skilyrði sem umsækjandi verður að fullnægja til að fá leyfi til verslunar. Eru þau í samræmi við gildandi lög að öðru leyti en því að ekki er skilyrði að umsækjandi hafi sérþekkingu á umræddum vörum. Er í þessu efni talið nægilegt að viðkomandi hafi skotvopnaleyfi. Hins vegar er og tekið fram að í stað skotvopnaleyfis geti komið sannanleg sérþekking á greindum vörum.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að ríkislögreglustjóri geti veitt leyfi til reksturs skotvopnaleigu. Markmiðið með þessu ákvæði er að einstaklingar geti í auknum mæli haft skotvopnaleyfi án þess að eiga sjálfir skotvopn. Hér á landi er það helst rjúpa og gæs sem veiddar eru með skotvopnum og er veiðitímabilið takmarkað. Margir nota skotvopn ekki til annarra hluta. Sá sem sjaldan fer til veiða kann frekar að kjósa að leigja sér skotvopn eða fá það lánað. Með skotvopnaleigu er lagður grunnur að því að fækka eigendum skotvopna og þar með þeim stöðum þar sem skotvopn eru varðveitt.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna sams konar heimildir og eru í 11. gr. gildandi laga þar sem kveðið er á um almennar heimildir lögreglu til eftirlits. Í 1. mgr. er lagt til að lögfest verði að þeir sem í ákvæðinu greinir skuli halda sérstakar færslubækur yfir keypt og seld skotvopn og skotfæri. Þykir þetta nauðsynlegt til að tryggja að ávallt sé unnt að rekja uppruna skotvopns og skotfæra.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldur þeirra sem hafa leyfi til verslunar og leigu skotvopna og skotfæra til að ganga eftir því að viðskiptavinir framvísi skilríkjum fyrir því að mega eignast þær vörur sem frumvarpið fjallar um. Er ákvæðið í samræmi við 12. gr. gildandi laga, en aukið er við það þannig að óheimilt er að afhenda kaupanda skotfæri í önnur vopn en hann hefur heimild samkvæmt skilríki sínu til að nota. Sama gildir um þá sem kaupa efni í skotfæri til eigin hleðslu.

Í 3. mgr. er heimild til handa ráðherra að takmarka þann fjölda skotfæra sem einstaklingi er heimilt að kaupa.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 13. gr. gildandi laga og fela í sér að þótt einstaklingur hafi leyfi til að versla með skotvopn og skotfæri eða til að leigja slíkar vörur eða safna felur það ekki í sér heimild til að nota umrædd vopn án þess að hafa fyrir þeim tilskilin leyfi.

Um III. kafla.

Í III. kafla frumvarpsins eru almenn ákvæði um meðferð skotvopna og skotfæra, svo sem um leyfisveitingu, skilyrði leyfis o.s.frv.

Helstu nýmæli, sem hér eru lögð til, eru að í 13. gr. er tekið fram í hvaða tilgangi veitt verði skotvopnaleyfi. Jafnframt eru nýmæli í 15.–17. gr. um söfnun og sýningar skotvopna, arfleiðslu á skotvopnum og um íþróttaskotfimi. Í 19. gr. eru lagðar til breyttar reglur að því er varðar afnot annarra en leyfishafa af skráðu skotvopni. Þá skal sérstaklega nefnt ákvæði í 23. gr. um heimild til handa ráðherra til að krefjast sérstakra

geymslna fyrir vopn hjá þeim einstaklingum sem hafa leyfi fyrir tilteknum fjölda skotvopna og í 18. og 25. gr. er að finna nýmæli að því er varðar skráningu skotvopna.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um útgáfu á skotvopnaleyfum.

Í 1. mgr. er lagt til það nýmæli að sá er vill eignast eða nota skotvopn skuli afla sér skotvopnaleyfis. Ekki er nauðsynlegt að sá sem vill afla sér skotvopnaleyfis eigi skotvopn. Með skotvopnaleyfi er hann einungis að afla sér heimildar til að nota skotvopn. Eignist hann skotvopn er það fært á skotvopnaleyfi hans, ella kemur fram í skilríkjum hans að hann hafi heimild til að nota skotvopn. Talið er að þetta ásamt öðru geti dregið úr skotvopnaeign einstaklinga og e.t.v. í auknum mæli stuðlað að því að einstaklingar fái lánuð eða leigð skotvopn í þau fáu skipti sem vopn eru notuð. Lagt er til að lögreglustjóra verði heimilt að veita undanþágu frá ákvæðinu vegna æfinga á vegum viðurkenndra skotfélaga á viðurkenndum æfingasvæðum. Er með þessu komið til móts við skotfélög sem telja mikilvægt fyrir íþrótt sína að hafa rýmri reglur að þessu leyti. Þrátt fyrir rýmkun þessa er leitast við að tryggja öryggi með því að binda heimildina við viðurkennd skotfélög á viðurkenndu skotsvæði.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvað skrá skuli í skotvopnaleyfi. Þar segir m.a. að í skotvopnaleyfi skuli skrá, auk persónulegra upplýsinga um leyfishafann, hvaða skotvopn honum er heimilt að nota. Jafnframt að skrá skuli í leyfi öll skotvopn í eigu leyfishafa ásamt nánar tilgreindum upplýsingum um hvert einstakt skotvopn. Þar segir að í skotvopnaleyfi skuli vera nýleg mynd af leyfishafa. Þá er lögreglustjóra heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir útgáfu skotvopnaleyfis, t.d. að leyfi sé veitt fyrir ákveðinni stærð skotvopns og að það megi einungis nota í tilteknu skyni o.s.frv.

Um 13. gr.

Í þessari grein er fjallað um þau skilyrði sem einstaklingur þarf að fullnægja til að fá heimild skv. 12. gr. til að eignast og nota skotvopn.

Í 1. mgr. eru lagðar til nokkrar breytingar frá gildandi reglum þar sem mælt er fyrir um í hvaða skyni veitt verði leyfi til notkunar skotvopna. Undirstrikar það enn frekar að útgáfa leyfa sem þessara er undantekning frá banni við vopnanotkun. Í ákvæðinu segir að leyfi verði einungis veitt til að stunda veiðar, til íþróttaskotfimi, vegna atvinnustarfsemi og til söfnunar og sýninga. Er gert ráð fyrir að umsækjandi geri grein fyrir í hvaða skyni sótt er um leyfi og fer mat á umsókn hans m.a. eftir því hver uppgefin ástæða er.

Í 1. mgr. eru ákvæði um hvaða skilyrði sett eru fyrir útgáfu skotvopnaleyfis. Eru þau að flestu leyti þau sömu og í gildandi lögum. Aldurstakmörk eru t.d. þau sömu, en þó er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um frávik frá þeim vegna íþróttaskotfimi. Með þessu er aukið svigrúm þeirra félaga sem stunda skotfimi til að bjóða yngra fólki til æfinga og keppni, að almennum skilyrðum reglugerðar uppfylltum. Er ástæða til að ætla að slíkar æfingar geti verið jákvæðar fyrir viðhorf ungmenna gagnvart þeirri takmörkuðu heimild sem almennt gildir um notkun skotvopna. Þá segir að umsækjandi megi ekki hafa gerst brotlegur við tiltekin lög og er þar um sömu ákvæði að ræða og í 15. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að brot gegn lögum um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum hafi sömu áhrif og brot gegn tilgreindum lögum. Er með þessu lögð rík áhersla á alvarleika þess að brjóta gegn ákvæðum þeirra laga. Helgast það af því að með broti á þeim er brotið gegn ákveðnu trausti sem mönnum er sýnt en leyfi fyrir notkun skotvopns er byggt á því trausti.

Í 2. mgr. eru lagðar til undanþágur frá b-lið 1. mgr. sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi ákvæðum. Lagt er til að lögreglustjóri geti þrátt fyrir þessi brot veitt leyfi ef brot var smávægilegt eða langt er um liðið. Ekki þykir rétt að setja fram ákveðin tímamörk hvað þetta varðar. Verður að meta slíkt í hverju tilviki, en áhersla er lögð á að hér er um undantekningu að ræða sem eðli máls samkvæmt ber að túlka þröngt, eins og dómsmálaráðherra hefur gert í samræmi við gildandi lög. Í gildandi reglugerð um skotvopn og skotfæri segir að lögreglustjóri geti gefið út skotvopnaleyfi þegar tvö ár eru liðin frá broti, enda hafi refsing ekki farið fram úr sektum eða varðhaldi og ekki verið um að ræða brot gegn tilteknum ákvæðum tilgreindra laga. Lagt er til að þetta ákvæði verði lögfest og jafnframt að afnumin verði heimild dómsmálaráðherra til að veita undanþágur frá þessum ákvæðum.

Í 3. mgr. er lagt til að þeir sem sæki um leyfi til að nota eða eignast skotvopn skuli sækja sérstakt námskeið í meðferð og notkun skotvopna eftir nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð. Skotvopnanámskeið eru nú byggð upp með þeim hætti að umsækjandi öðlast fræðslu um vopnið og veiðar. Samkvæmt reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995, skulu umsækjendur um veiðikort sækja tiltekin námskeið um veiðar. Æskilegt er að námskeið lögreglustjóra um skotvopn og skotfæri verði endurskipulögð og eftir atvikum sameinuð námskeiðum um veiðar.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að eins og í gildandi lögum geti fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir sótt um leyfi fyrir skotvopnum, enda tilnefni þau hæfan aðila til að annast viðkomandi skotvopn. Slík heimild er nauðsynleg svo að lögaðili sem þarf á skotvopni að halda vegna eðlis starfsemi sinnar geti fengið slíkt leyfi en þurfi ekki að sækja um það í nafni tiltekins einstaklings. Má í þeim efnum nefna veiðistjóra, atvinnustarfsemi sem verjast þarf vargi o.s.frv. Í greininni er einnig að finna heimild til að veita leyfi fyrir hlaupstuttum einskota skotvopnum en samkvæmt gildandi reglum er slík heimild takmörkuð við bændur. Er sú breyting lögð til að þessi heimild verði bundin við skotvopn af stærðinni 22 cal. og að hið sama gildi um dýralækna. Hins vegar er lagt til að afnumin verði heimild til útgáfu á skammbyssuleyfum til meindýraeyða þar sem gild rök eru ekki talin vera til staðar.

Um 15. gr.

Hér er lagt til nýmæli. Nokkur dæmi eru um að gefin hafi verið út söfnunarleyfi til einstaklinga sem eiga töluvert magn af skotvopnum. Lagt til að það fyrirkomulag verði afnumið og þess í stað lögfest ákvæði um leyfi til söfnunar sem verði bundið við eldri vopn.

Ekki er ætlunin að unnt sé í skjóli söfnunarleyfis að safna vopnum sem ella fengist ekki leyfi fyrir með sjálfstæðri umsókn heldur er með ákvæði þessu fyrst og fremst verið að stuðla að því að einstaklingar og opinber söfn geti innan skýrra marka safnað skotvopnum sem hafa gildi fyrir sögu lands og þjóðar, svo sem tengdum styrjöldum, sérstökum veiðiaðferðum o.s.frv. Þrátt fyrir slíka heimild er ástæða til að gjalda vara við því að heimilað verði að einstaklingar komi sér upp safni vopna á grundvelli söfnunarleyfis.

Í 2. mgr. er lagt til að óheimilt verði að nota vopn sem safnað er í skjóli heimildar skv. 1. mgr., svo og að kaupa skotfæri í þau, nema að fengnu leyfi ríkislögreglustjóra. Rökin að baki þessari takmörkun eru m.a. þau að vopn sem safnað er kunna að vera þess eðlis að þau séu beinlínis hættuleg vegna aldurs eða að notkun þeirra brjóti gegn ákvæðum frumvarpsins að öðru leyti.

Um 16. gr.

Í greininni eru tillögur um hvernig fara eigi með skotvopn sem tilheyrir dánarbúi. Segir þar að skotvopni skuli innan tólf mánaða ráðstafað til aðila sem leyfi hefur fyrir sambærilegu vopni. Með ákvæðinu er leitast við að tryggja að skotvopn, sem er hluti dánarbús, fari í tiltekinn lögbundinn farveg. Tólf mánaða fresturinn er m.a. til að erfingi geti aflað sér skotvopnaleyfis ef hann kýs svo. Þegar um er að ræða skotvopn sem hefur ótvírætt minja- eða tilfinningagildi er heimilt að víkja frá þessu skilyrði. Með þessu er leitast við að koma til móts við tilfinningalegt gildi sem á stundum er bundið við skotvopn sem hluta af dánarbúi. Í þessu felst að ríkislögreglustjóri getur heimilað að skotvopn verði í eigu erfingja þrátt fyrir að hann hafi ekki skotvopnaleyfi og í því skyni vikið frá skilyrðum laganna sem annars eru fyrir því að eiga skotvopn.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um skilyrði fyrir því að skotfélag fái viðurkenningu sem slíkt og um leyfi til slíkra félaga og félagsmanna þeirra til að eiga skotvopn til iðkunar á skotfimi. Það er reynsla dómsmálaráðuneytisins að nauðsynlegt sé að setja veitingu slíkra leyfa í fastari skorður. Er markmiðið fyrst og fremst að marka starfseminni ákveðinn ramma. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa rúma heimild til setningar reglugerðar. Markmiðið er að setja ákveðnar reglur um þau skilyrði sem félag þarf að fullnægja til að fá viðurkenningu sem skotfélag og að komið verði í veg fyrir að félög verði stofnuð til málamynda til þess eins að afla leyfa fyrir skotvopnum sem ella fengist ekki leyfi fyrir.

Í Noregi og Danmörku er skotfélögum almennt veitt nokkurt gildi með því að leyfi fyrir tilteknum skotvopnum eru bundin því skilyrði að leyfishafi sé í skotfélagi og stundi þar æfingar og keppni í skotfimi. Jafnframt eru þeir flokkar skotvopna sem veitt er heimild fyrir bundnir við keppnisskrár skotfélaganna. Með þessu er leitast við að koma til móts við skotfimi sem íþrótt en jafnframt tryggja ákveðna stjórn á málaflokknum. Er lagt til að svipuð leið verði farin hér á landi.

Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra setja í reglugerð ákvæði um skotvopnaleyfi til einstaklinga til iðkunar skotfimi og um leyfi til skotfélaga til eignar á skotvopnum. Í þessu felst rúm heimild til handa ráðherra til að mæla fyrir um reglur sem gilda skuli um skotfimiiðkun á vegum skotfélaga og eign skotvopna í því sambandi, en ekki þykir æskilegt að mæla ítarlega fyrir um slíkt í lögum. Er gert ráð fyrir að í þessum reglum sé m.a. kveðið á um það hvaða vopn sé heimilt að nota við skotfimi, þar með taldar skammbyssur, hvaða skilyrði einstaklingur þarf að uppfylla til að fá leyfi fyrir slíkum vopnum persónulega, í hvaða tilvikum skotfélagi er heimilt að eiga slík vopn og lána til félagsmanna við æfingar, um skotfimiiðkun yngri en 20 ára o.s.frv.

Um 18. gr.

Hér er lagt til að haldin skuli skotvopnaskrá fyrir landið í heild og að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um hana. Til viðbótar gildandi ákvæðum um skráningu skotvopna er gert ráð fyrir að um landsskrá verði að ræða, en ekki einungis skráningu í hverju umdæmi, sem felur í sér að allir lögreglustjórar munu skrá útgefin skotvopn í sömu skrána. Slík skráning bætir möguleika á eftirliti o.fl. Í greininni segir að í skotvopnaskrá skuli skrá allar breytingar sem gerðar eru á skotvopni skv. 38. gr. frumvarpsins, en það er eðlilegt þar sem rétt er að skotvopnaskrá endurspegli hvernig vopn er raunverulega úr garði gert. Öll horfin skotvopn skal og skrá, sbr. og 25. gr. frumvarpsins. Þetta leiðir til þess að með landsskrá verður á allan hátt einfaldara að halda saman upplýsingum um skotvopn sem hverfa hér á landi.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um heimild eiganda skotvopns til að ráðstafa því til annars manns og eru þau í samræmi við ákvæði 18. gr. gildandi laga. Lagt er til að meginreglan verði sú að óheimilt sé að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar, nema viðtakandi sýni fram á að hann hafi leyfi lögreglustjóra fyrir slíku vopni. Er þessi regla í samræmi við þá gildandi meginreglu að óheimilt sé að hafa skotvopn undir höndum nema með leyfi lögreglustjóra.

Í 2. mgr. er ákvæði er heimilar að eigandi skotvopns láni það öðrum manni sem leyfi hefur til að nota sams konar skotvopn. Er sú regla í samræmi við 18. gr. gildandi laga. Er með þessu haldið í þá meginreglu að skotvopn séu ekki í höndum annars en þess er leyfi hefur til að nota slík vopn.

Um 20. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við 19. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um skyldu þess er hefur skotvopn undir höndum að sýna fram á heimild sína til þess að nota vopnið. Mælt er fyrir um heimildir lögreglu til aðgerða ef skotvopnaleyfi er ekki sýnt. Heimild til aðgerða er bundin við lögreglu. Með þessu er átt við að þeir sem fara með lögregluvald, hvort heldur á sjó eða landi, geti gripið til þessara ráðstafana.

Í 2. mgr. er tekið fram að hafi viðkomandi vopn að láni eða á leigu beri honum að leggja fram skriflega heimild því til staðfestingar. Er þetta í samræmi við 1. mgr. og til þess gert að tryggja að fyrir liggi annars vegar að viðkomandi hafi almenna heimild til notkunar skotvopna og hins vegar að hann sé löglega að því vopni kominn sem hann hefur undir höndum.

Um 21. gr.

Í þessari grein er almenn varúðarregla svo sem nú er í 20. gr. gildandi laga.

Í 1. mgr. er lagt til að óheimilt verði að bera skotvopn á almannafæri. Með þessu er átt við að óheimilt sé að bera skotvopn við aðstæður sem ekki teljast eðlilegar í ljósi annarra ákvæða frumvarpsins eða annarra laga. Í því felst að ekki er bannað að bera vopn við veiðar á afréttum eða almenningum, við aflífun dýra eða á leið frá húsi til bifreiðar, á leið til veiða o.s.frv. Hins vegar er ljóst að óheimilt er að bera á sér skotvopn á ferð í þéttbýli nema á leið til og frá lögmætum aðgerðum.

Samkvæmt 2. mgr. er meðferð skotvopna bönnuð undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefni og skv. 3. mgr. er heimilt að færa þann sem grunaður er um brot á 2. mgr. til nauðsynlegra læknisrannsókna. Eru ákvæðin með sama hætti og 2. og 3. mgr. 20. gr. gildandi laga.

Í 4. mgr. er ákvæði sem er í samræmi við 4. mgr. 20. gr. gildandi laga. Þar er að finna þá öryggisreglu um meðferð skotvopna að óheimilt sé að beita þeim við þær aðstæður og með þeim hætti að leitt geti til hættu fyrir almenna vegfarendur. Frá þessu er heimilt að víkja ef nauðsyn krefur. Með því er átt við að í tilteknum tilvikum kunni að vera nauðsynlegt að víkja frá þessari reglu vegna neyðarréttarsjónarmiða.

Í 5. mgr er ákvæði sem er í samræmi við 5. mgr. 20. gr. gildandi laga um bann við að hleypa af skoti á eða yfir annars manns landi, nema lög mæli á annan veg. Með ákvæðinu er leitast við að vernda rétt landeiganda til þess að ráða yfir eigin landi.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 21. gr. gildandi laga og 1. mgr. 29. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri. Með orðalagsbreytingu er lögð áhersla á að skotfæri verði ekki afhent nema gegn framvísun skotvopnaleyfis sem staðfesti að viðkomandi hafi heimild til að nota skotvopn sem þau skotfæri eru ætluð fyrir. Er með öðrum orðum ætlast til þess að allir sem taka við skotfærum framvísi skotvopnaleyfi sínu í hvert sinn. Brot á þessum ákvæðum getur varðað afturköllun leyfis skv. 34. gr. frumvarpsins.

Í greininni er það nýmæli að ráðherra er heimilt að mæla fyrir um bann við tilteknum gerðum skotfæra en slíkt telst nauðsynlegt til að unnt sé að bregðast við þróun á markaði fyrir skotfæri. Getur ráðherra með heimild í þessu ákvæði sett í reglugerð bann við tilteknum gerðum skotfæra sem samræmast ekki þeirri notkun skotvopna sem heimil er. Hér er og átt við skotfæri í skotvopn sem samkvæmt ákvæðum frumvarpsins eru bönnuð eða má að öðru leyti telja hættuleg.

Um 23. gr.

Í 1. mgr. er lögð til regla sem er í samræmi við 1. mgr. 22. gr. gildandi laga. Er um að ræða varúðarreglu sem leggur þá skyldu á eigendur eða umráðamenn skotvopna að þeir varðveiti skotvopn með þeim hætti að tryggt sé svo sem kostur er að óviðkomandi aðilar nái ekki til þeirra. Um vörslu skotvopna og skotfæra er fjallað nánar í 2. mgr.

Í öðrum ríkjum er það vaxandi vandamál að óviðkomandi hafi komist yfir skotvopn með ólögmætum hætti, t.d. innbroti. Hér á landi eru og dæmi um að einstaklingar komist yfir skotvopn sem varðveitt eru á heimilum manna og fremji með þeim voðaverk. Af þessu tilefni er að finna þá heimild, sem lögð er til í 2. mgr., um að ráðherra geti mælt fyrir um sérstakar geymslur þegar tilteknum skotvopnafjölda er náð. Ljóst er að fjölmargir einstaklingar eiga verulegt safn skotvopna og er nauðsynlegt að leitast við að tryggja vörslur slíkra vopna.

Um 24. gr.

Í þessari grein er ákvæði sem er í samræmi við 23. gr. gildandi laga þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði sem hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra. Í því felst að skotfélögum er óheimilt að koma sér upp æfingaaðstöðu án þess að lögreglustjóri samþykki að svæðið sé notað fyrir slíka starfsemi. Með þessu er ekki ætlunin að koma í veg fyrir venjulega notkun skotvopna, svo sem prófun þeirra við eðlilegar aðstæður.

Í 2. og 3. mgr. eru nýmæli sem ætlað er að styrkja frekar að aðstæður á viðurkenndu skotsvæði séu fullnægjandi þar sem lagt er til að reglur um þau verði settar að fengnu áliti Vinnueftirlits ríkisins og Brunamálastofnunar þannig að lögreglustjórar hafi skýrar viðmiðanir til að vinna eftir þegar beðið er um viðurkenningu á skotsvæði. Er þar m.a. mælt fyrir um setja skuli reglur um gerð og búnað skotæfingasvæða.

Um 25. gr.

Í greininni er lagt til að eiganda skotvopns verði skylt að tilkynna lögreglu þegar skotvopn hverfur. Það er í samræmi við 24. gr. gildandi laga. Í greininni er það nýmæli að þegar skotvopn eyðileggst eða því er fargað skuli það afskráð. Jafnframt er mælt fyrir um að hverfi skotvopn skuli hvarfið skráð í skotvopnaskrá. Með þessu er stefnt að því að skotvopnaskráning endurspegli ávallt raunverulega stöðu mála á þessu sviði.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins er að finna reglur um sprengiefni. Er í kaflanum mælt fyrir um reglur varðandi kaup, notkun og meðferð sprengiefnis. Rétt er að vekja athygli á að nýlega hefur verið sett reglugerð um notkun og meðferð spengiefnis, nr. 497/1996.

Ákvæði þessa kafla eru í samræmi við ákvæði IV. kafla gildandi laga.

Um 26. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að sá er vill kaupa sprengiefni verði að fá til þess leyfi lögreglustjóra.

Í 2. mgr. er lagt til að sá sem óskar eftir heimild til að kaupa sprengiefni skuli sýna fram á að honum sé nauðsyn að kaupa það. Samkvæmt þessu veitir það eitt ekki sjálfstæða heimild til að kaupa ótakmarkað magn af sprengiefni þótt viðkomandi hafi heimild til að nota og fara með slík efni. Sýna þarf fram á ákveðna þörf hverju sinni.

Í 3. mgr. segir að lögreglustjóri skuli gefa út leyfi fyrir ákveðinni tegund og tilteknu magni sprengiefnis hverju sinni.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um ábyrgð leyfishafa á vörslum sprengiefnis.

Í 5. mgr. eru ákvæði um tilnefningu ábyrgðarmanna á sprengiefni í þeim tilvikum að lögaðili hefur fengið leyfi til kaupa á sprengiefni.

Í 6. mgr. er lagt bann við því að leyfishafi afhendi öðrum sprengiefni án sérstaks leyfis lögreglustjóra.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til að þeir einir megi fara með sprengiefni og annast sprengingar sem hafi til þess leyfi lögreglustjóra og til þess að fá slíkt leyfi þurfi Vinnueftirlit ríkisins að staðfesta að viðkomandi hafi næga kunnáttu til að fara með sprengiefni.

Um 28. gr.

Hér er lagt til að sprengiefni skuli geyma í sérstökum sprengiefnageymslum sem fullnægi nánari kröfum sem settar verði í reglugerð.

Um 29. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá 28. gr. gildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er mælt fyrir um reglur um önnur vopn en skotvopn og sprengiefni.

Í 3. gr. gildandi laga er mælt fyrir um heimild til handa dómsmálaráðherra til að ákveða að ákvæði laganna gildi að einhverju eða öllu leyti um vopn eins og hnúajárn, örvaboga og högg-, stungu- eða eggvopn. Að öðru leyti er ekki ákvæði í lögum um þessi vopn. Hins vegar var með reglugerð nr. 474/1988 sett ákvæði um bann við tilteknum vopnum.

Í þessum kafla frumvarpsins er lagt til að þessi ákvæði reglugerðarinnar verði lögfest nokkuð breytt. Slíkt er nauðsynlegt m.a. til að tryggja að heimilt verði að gera vopn sem þessi upptæk án tillits til þess hvort með þeim hefur verið framið brot eður ei.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að vopnaburður sé bannaður á almannafæri. Með slíku banni verður lögfest að allur hnífaburður á almannafæri verður ólöglegur nema við þær aðstæður sem eðlilegar geta talist. Gildir einu hvort vopn er borið opinberlega í þeim skilningi að það sé sýnilegt eða hvort það er borið innan klæða og með þeim hætti falið. Með hliðsjón af skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins á hugtakinu vopn felst í þessari grein að óheimilt er að bera á sér á almannafæri ýmis tæki sem í venjulegum skilningi og umhverfi teldust ekki vopn en unnt er að nota til að skaða fólk eða dýr.

Í 2. mgr. er lagt til að lögfest verði ákvæði sem nú eru í reglugerð um bann við því að flytja til landsins, framleiða eða eignast tiltekin vopn. Er markmiðið með því að stemma stigu við innflutningi og notkun alls kyns felu- og götuvopna, en hin síðari ár hafa slík vopn orðið algengari hér á landi, sem og í nágrannalöndum. Ákvæðið er efnislega strangara en t.d. í Danmörku þar sem unnt er að víkja frá því með leyfi lögreglustjóra. Ekki þykir ástæða til að veita undanþágur frá ákvæðinu þannig að heimilað verði að flytja þessi vopn til landsins eða eignast þau. Er slíkt undanþágulaust bann til þess fallið að styrkja þá stefnu að takmarka svo sem kostur er alla vopnaeign í landinu.

Þau vopn, sem lagt er til að verði bönnuð samkvæmt greininni, eru:

1. *Bitvopn ef blaðið er lengra en 12 cm, enda sé það ekki ætlað til notkunar við heimilishald eða atvinnu:* Með þessu ákvæði er leitast við að setja ákveðin stærðarmörk á þau bitvopn sem heimiluð eru í landinu. Eru þessi stærðarmörk þau sömu og samkvæmt gildandi reglum og sett að danskri fyrirmynd. Þess er hins vegar sérstaklega getið að þetta eigi ekki við um bitvopn sem ætluð eru til heimilishalds eða atvinnu þar sem ljóst er að þörf er á að nota stærri bitvopn.
2. *Fjaðrahnífar, fjaðrarýtingar, fallhnífar, fallrýtingar, stunguvopn eða önnur slík vopn:* Hér er lagt til bann við tilteknum götuvopnum og hættulegum vopnum. Fjaðrahnífar eru þannig útbúnir að blaðið er falið í skaftinu. Með því að ýta á hnapp skýst blaðið fram fyrir áhrif fjaðrarinnar. Fjaðrarýtingar eru sama eðlis að öðru leyti en því að í stað hnífsblaðs er rýtingsblað eða stingur. Fallhnífur eða fallrýtingur hefur sömu virkni, en útbúnaðurinn er þannig að opinu á skaftinu er snúið niður og ýtt á takka og fellur þá hnífsblaðið niður vegna þunga síns. Undir ákvæðið mundu falla svokallaðir „Butterfly“ hnífar sem eru þess eðlis að skaftið er tvískipt og þegar það er opnað kemur hnífsblaðið í ljós. Hægt er að opna skaftið með snöggri handarhreyfingu.

3. *Höggvopn, svo sem hnúajárn, gaddakylfur, felukylfur, kylfur sem ekki eru ætlaðar til íþróttaiðkunar eða önnur slík vopn, svo og rafmagnsvopn:* Samkvæmt þessu er lagt bann við ýmsum vopnum sem notuð eru til að komi höggi á aðila. Sem dæmi um felukylfur má nefna kylfu sem þannig er úr garði gerð að hún fellur inn í skaftið en er með gormi innan í sem hefur stálkúlu á endanum. Með snöggri handarhreyfingu er kylfunni skotið fram úr skaftinu og er þá um að ræða banvænt vopn. Að öðru leyti er í ákvæðinu lagt almennt bann við kylfum, hnúajárnum o.fl.
4. *Sverð sem eru sambland högg- og bitvopna:* Tæki sem þessi hafa í nokkrum mæli verið flutt inn en þykja engu hættuminni en þau sem bönnuð hafa verið.
5. *Kaststjörnur, kasthnífar eða önnur slík vopn:* Kaststjörnur eru málmskífur í laginu eins og stjörnur með beittum brúnum. Eru þær eins og nafnið gefur til kynna ætlaðar til að kasta. Jafnframt eru til sérstakir kasthnífar sem eðlilegt er að banna.
6. *Lásbogar, langbogar, slöngubyssur eða önnur slík vopn, svo og örvaroddar, sbr. þó 15. og 17. gr. vegna íþróttaiðkunar eða söfnunar:* Í ákvæðinu er lagt bann við tilteknum bogum og slöngubyssum. Slöngubyssur eru sérstaklega hættuleg tegund af teygjubyssum. Eru þær gerðar til að skjóta stálkúlum og eru hættulegar fyrir það að kúlan nær miklum hraða og lendir með miklum krafti í skotmarki innan ákveðinnar fjarlægðar, svo og að hægt er að miða með nokkurri nákvæmni. Í ákvæðinu er lagt bann við innflutningi örvarodda en ekki hefur tíðkast að nota slík tæki til veiða hér á landi og því ekki ástæða til annars en að banna þá. Sérstaklega eru undanþegin þessu ákvæði tæki sem þessi sem notuð eru til íþróttaiðkunar, en bogfimi er stunduð hér á landi sem íþróttagrein.

Samkvæmt 3. mgr. er öðrum en lögreglu óheimilt að flytja til landsins, framleiða eða eignast handjárn og fótajárn úr málmi eða öðru efni. Sama gildir um gasvopn. Er um að ræða slík tæki að eðlilegt þykir að setja takmörk sem þessi en þau eru í samræmi við gildandi reglugerð.

Um 31. gr.

Í greininni er lagt til bann við sölu á tilteknum bogum og örvum til barna yngri en 16 ára. Er ákvæðið í samræmi við gildandi reglur. Þykir eðlilegt að setja tiltekin takmörk við kaupum barna á bogum sem kunna að hafa slíkan togkraft að sérstakri hættu geti valdið.

Um VI. kafla.

Í VI. kafla frumvarpsins eru ákvæði um meðferð skotelda sem eru að mestu óbreytt frá ákvæðum gildandi laga.

Um 32. gr.

Í greininni er lagt til að bannað verði að selja börnum yngri en 16 ára skotelda komi það fram í leiðbeiningum að skoteldur sé ekki ætlaður yngri börnum en 16 ára. Er jafnframt lagt til að lögfest verði bann við sölu allra skotelda til barna yngri en 12 ára. Slíkt bann hefur fram til þessa verið í reglugerð en eðlilegra þykir að það sé í lögum.

Um 33. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er lögð til almenn varúðarreglu. Auk þess er lögð til heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um sölu og meðferð skotelda. Tekur það m.a. til þess hvenær heimilt er að nota skotelda.

Um VII. kafla.

Í VII. kafla frumvarpsins eru ákvæði um refsingar, eignaupptöku, afturköllun leyfa o.fl. Er hér um að ræða samsvarandi ákvæði og nú eru í VI. og VII. kafla gildandi laga. Leitast er við að skýra og skerpa á einstökum atriðum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Um 34. gr.

Í þessari grein er fjallað um afturköllun leyfa. Ákvæði greinarinnar taka til allra leyfa samkvæmt frumvarpinu.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um heimild til afturköllunar leyfa og er það með sama hætti og í 1. mgr. 31. gr. gildandi laga. Mat á því hvort afturkalla skuli leyfi er í höndum hvers lögreglustjóra. Það sem kemur til skoðunar hverju sinni er hvort skilyrði fyrir leyfi séu ekki lengur fyrir hendi, hvort farið sé að settum fyrirmælum o.s.frv. Í dæmaskyni má nefna að handahafi skotvopnaleyfis sé orðinn andlega vanheill eða að varsla á skotfærum eða skoteldum fullnægi ekki öryggisskilyrðum. Heimild þessari verður ekki beitt nema fyrir hendi séu nægjanlega ríkar ástæður til afturköllunar.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hvaða lögreglustjóri skuli afturkalla skotvopnaleyfi þegar leyfishafi hefur flutt milli umdæma eftir útgáfu leyfis.

Í 3. mgr. er lagt til það nýmæli að lögreglustjóri geti afturkallað leyfi til bráðabirgða án fyrirvara beri brýna nauðsyn til. Með þessu er átt við að lögreglustjóri geti afturkallað leyfi til bráðabirgða án þess að gæta reglna stjórnsýslulaga um andmælarétt. Þessi regla er reyndar talin gilda, þótt ólögfest sé, á grundvelli öryggissjónarmiða. Hins vegar ber að lokinni afturköllun til bráðabirgða að fara að reglum stjórnsýslulaga við endanlega ákvörðun í málinu, þar með talið um andmælarétt.

Í 4. mgr. er lagt til að lögfest verði sams konar heimild að því er varðar haldlagningu á vörum sem varðveittar eru á ótryggan hátt. Er ákvæðið í samræmi við 3. mgr. 11. gr. gildandi laga, en eðlilegra þykir að skipa því hér innan frumvarpsins með öðrum ákvæðum um afturköllun og viðurlög.

Um 35. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við 32. gr. gildanda laga.

Í 1. mgr. er lagt til að að við afturköllun leyfis beri leyfishafa að skila til lögreglu vopnum, efnum og tækjum sem hann hefur í vörslu sinni og tengjast því leyfi sem afturkallað hefur verið.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ráðstöfun á vopnum, efnum og tækjum þegar skilyrði eignaupptöku eru ekki fyrir hendi. Eignaupptaka kemur einkum til þegar framið hefur verið refsivert brot með munum eða þeirra aflað með ólögmætum hætti. Þegar hlutir sem þessir komast í vörslu lögreglu er ekki ávallt um tengsl hluta við refsiverða háttsemi að ræða heldur getur t.d. verið um að ræða afturköllun á leyfi án þess að lögbrot hafi verið framið. Eru þá skilyrði eignaupptöku ekki til staðar. Í slíkum tilvikum ber að ráðstafa greindum munum með þeim hætti sem hér eru lagðir til, þ.e. með sölu. Ekki er kveðið sérstaklega á um söluaðferð slíkra muna og er það því í valdi lögreglustjóra hverju sinni hvernig salan fer fram en gæta ber þess að fyrir muni fáist sanngjarnt verð og er í því skyni eðlilegt að haft sé samráð við eiganda viðkomandi muna en söluverð að frádregnum kostnaði rennur til hans.

Í 3. mgr. er lagt til að lögreglu sé heimilt að eyðileggja muni sem teljast lélegir og verðlausir eða verðlitlir.

Um 36. gr.

Í þessari grein er lagt til að fyrir brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim verði refsað með sekt, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum. Þá er einnig lagt til að tilraun og hlutdeild verði refsiverð. Lagt er til að refsirammi verði þyngdur nokkuð frá því sem er í 34. gr. gildandi laga. Með hliðsjón af því hve alvarleg brot á lögunum geta verið og afleiðingar af þeim þykir nauðsyn að þyngja refsingar við brotum á þeim.

Um 37. gr.

Í þessari grein er heimild til eignaupptöku skotvopna, sprengiefnis og skotelda sem aflað hefur verið andstætt ákvæðum frumvarpsins eða finnast vörslulausir. Ákvæðið er að mestu í samræmi við 1. mgr. 35. gr. gildandi laga. Þó er sérstaklega tekið fram í ákvæðinu nú að heimild til eignaupptöku taki einnig til annarra vopna sem ólögmæt teljast samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Nauðsynlegt er að þessi ákvæði verði lögfest til að upptökuheimildin nái einnig til hnífa og annarra þeirra vopna er greinir í 30. gr. en dómar hafa gengið þess efnis að upptökuheimild gildandi laga taki ekki til slíkra vopna.

Í 2. mgr. er ákvæði, sem einnig er í 2. mgr. 35. gr. gildandi laga, um heimild til að gera önnur tæki og efni þess er brýtur af sér með nefndum tækjum eða vopnum upptæk þótt hann hafi ekki beitt þeim við brot. Er um að ræða eðlilegt ákvæði með tilliti til þess atferlis sem viðkomandi hefur gerst sekur um. Er ákvæðið byggt á öryggis- og almannahagsmunum.

Um VIII. kafla.

Í VIII. kafla frumvarpsins eru ýmis ákvæði, svo sem um heimild ráðherra til að setja reglugerð, um breytingar á skotvopnum og gildistöku.

Um 38. gr.

Í þessari grein er lagt til að allar breytingar og/eða aukabúnaður sem hefur áhrif á eiginleika skotvopns eða verkan verði óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra. Eru í dæmaskyni nefndar breytingar á lásgerð eða mögulegum skotafjölda skotvopns. Má þannig nefna styttingu á hlaupi, breytingu á skotgeymi o.s.frv. Einnig tekur ákvæðið til aukahluta sem settir eru á skotvopn og er þar t.d. átt við hljóðdeyfa.

Í 2. mgr. segir að allar breytingar sem heimilaðar eru og allir aukahlutir sem leyfðir eru á skotvopn skuli skráðir í skotvopnskrá og í skotvopnaleyfi. Þykir slíkt eðlilegt til að fylgjast með þróun þessa og til að halda skrá um eiginleika skotvopna.

Um 39. og 40. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Fjöldi skráðra skotvopna á Íslandi 1995[1].

	Hagla-byssur	Rifflar	Skamm-byssur	Önnur skotvopn	Fjöldi skotvopna	Skotvopna-leyfi
Akranes	462	202	2	23	**685**	**385**
Borgarnes	577	349	6	84	**1016**	**536**
Stykkishólmur	545	437	7	80	**1069**	**614**
Búðardalur	137	118		33	**288**	**168**
Patreksfjörður	392	289		23	**704**	**460**
Bolungarvík						
Ísafjörður	733	594	68	8	**1396**	**817**
Hólmavík	282	190		24	**486**	**252**
Sauðárkrókur	820	475	2	146	**1443**	**742**
Blönduós	692	516	8	166	**1382**	**705**
Siglufjörður	206	114	2	13	**335**	**180**
Ólafsfjörður	124	63		18	**205**	**96**
Akureyri	2178	927	23	122	**3250**	**1806**
Húsavík						
Seyðisfjörður	1090	835	6	64	**1993**	**990**
Neskaupstaður	270	136	2	14	**422**	**123**
Eskifjörður	909	413		65	**1387**	**1098**
Höfn						
Vík						
Hvolsvöllur	347	282	11	126	**766**	**497**
Vestmannaeyjar	435	151	4	28	**618**	**351**
Keflavík	964	609	31	32	**1636**	**1038**
Keflavíkurflugv.						
Hafnarfjörður	2199	1174	78	58	**3508**	**1744**
Kópavogur						
Reykjavík	6526	4193	468	104	**11291**	**5446**

1 Hér verður að hafa í huga að misjafnt er í upplýsingunum hvort vopn er gefið upp sem skammbyssa eða önnur vopn en stærsti hluti skammbyssa eru fjárbyssur. Hafa verður og í huga að undir hælinn er lagt hvort leyfishafar flytja leyfi sín á milli umdæma þegar þeir flytja. Því er ekki unnt að útiloka að ýmsir séu skráðir leyfishafar á fleiri en einum stað.

Fylgiskjal II.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til vopnalaga.

Frumvarpið byggist á lögum nr. 46/1977, um skotvopn, sprengiefni og skotelda, en er víðtækara og nær til allra tækja sem telja má til vopna. Frumvarpið miðar einnig að því að setja rammalöggjöf en lagt er til að lögfestar verði rúmar heimildir dómsmálaráðherra til útgáfu reglugerða. Helstu nýmæli frá núgildandi lögum eru rakin í greinargerð. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að haldin verði samræmd landsskrá yfir skotvopn en í núgildandi lögum er kveðið á um að lögreglustjórar skuli halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi. Landsskrá þessi er víðtækari og hefur um nokkurt skeið verið unnið að gerð hennar í dómsmálaráðuneytinu en ekki er talið að það hafi teljandi kostnaðaráhrif í för með sér. Að öðru leyti er það mat fjármálaráðuneytis að nýmæli frumvarpsins muni hafa lítil eða hverfandi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

1036. Tillaga til þingsályktunar [593. mál]

um fullgildingu samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem gerður var í París 13. janúar 1993 um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra sem gerður var í París 13. janúar 1993. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samkvæmt samningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að beita aldrei efnavopnum í hernaði en tilgangur samningsins er jafnframt að stöðva framleiðslu efnavopna og eyða öllum efnavopnabirgðum sem til eru. Ákvæði samningsins um alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd hans eru þau ítarlegustu í afvopnunarsamningi til þessa og er m.a. gert ráð fyrir sannprófunum á vettvangi í hverju aðildarríki hvort heldur er vegna meintrar framleiðslu efnavopna eða eyðileggingar þeirra.

Sérstök alþjóðastofnun er sett á laggirnar með ráðstefnu aðildarríkjanna, framkvæmdaráði og tækniskrifstofu og hefur hún þegar tekið til starfa í Haag þar sem höfuðstöðvarnar eru. Stofnunin, sem hefur fjölmennu starfsliði á að skipa, mun hafa umsjón með framkvæmd samningsins, m.a. með því að senda eftirlitsmenn á vettvang til að sann-

reyna hvort efnavopnum hafi verið eytt og framleiðslu þeirra hætt. Aðildarríkin skulu bera allan kostnað af sannprófunum þessum.

Samningurinn er mjög viðamikill og skiptist hann í meginmál, sem er 24 greinar, og þrjá viðauka. Fyrsti viðaukinn fjallar um efni, annar og sá umfangsmesti um sannprófanir og sá þriðji um vernd trúnaðarupplýsinga.

Árið 1925 var gerður Genfarsamningur um bann við notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði og er hann enn í gildi. Nýr alþjóðasamningur um bann við sýkla- og eiturvopnum var gerður árið 1972. Fjórum árum fyrr hófust á afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf samningaviðræður um nýjan alþjóðasamning er bannaði ekki aðeins framleiðslu efnavopna heldur kvæði einnig á um eyðileggingu þeirra sem til væru. Nokkur ríki, fyrst og fremst risaveldin tvö, áttu þá þegar miklar birgðir slíkra vopna. Niðurstaða þessara Genfarviðræðna fékkst svo loks haustið 1992 er afvopnunarráðstefnan kom sér saman um eftirlitsákvæðin, einkum svonefndar vefengingarkannanir á vettvangi.

Samningstextinn var síðan lagður fyrir 47. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna er hvatti öll ríki heims með samhljóða ályktun til að gerast aðilar að samningnum. Fulltrúar 130 ríkja, þar á meðal Íslands, undirrituðu samninginn í París dagana 13.–15. janúar 1993 en 23. apríl 1997 höfðu 33 ríki til viðbótar undirritað hann. Meðal ríkja sem ekki hafa undirritað samninginn eru Írak, Líbýa, Sýrland og fleiri Arabaríki.

Samkvæmt XXI. gr. samningsins öðlast hann gildi sex mánuðum eftir að 65 ríki hafa fullgilt hann. Þeim fjölda var náð undir lok októbermánaðar 1996 og tekur samningurinn því gildi 29. apríl 1997. Alls höfðu 74 ríki fullgilt samninginn 23. apríl 1997. Þar á meðal voru öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins að Bandaríkjunum, Tyrklandi og Íslandi undanskildum. Búist er við að fleiri ríki bætist í hópinn fyrir gildistökudaginn og verði þar með stofnaðilar með fullum réttindum á fyrstu ráðstefnu aðildarríkjanna sem haldin verður í Haag í byrjun maí 1997.

Þörf er sérstakrar löggjafar hér á landi vegna ákvæða samningsins um alþjóðlegt eftirlit svo að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar að því leyti samkvæmt samningnum verði hann fullgiltur af Íslands hálfu. Hefur dómsmálaráðuneytið hafið undirbúning frumvarps þar að lútandi.

Samkvæmt samningnum skuldbinda aðildarríki hans sig til þess að banna mönnum og lögpersónum á landsvæði sínu eða annars staðar innan lögsögu sinnar að framkvæma nokkuð það sem samningurinn bannar aðildarríkjunum, m.a. með setningu refsilaga um slíka starfsemi. Hér á landi eru í gildi lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og hafa þau m.a. að geyma refsiákvæði. Dómsmálaráðuneytið hefur til athugunar hvort breyta þurfi þessum lögum til þess að Ísland geti staðið við framangreindar skuldbindingar verði samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu.

Samningurinn var prentaður með tillögunni á íslensku og ensku og vísast um hann til þingskjalsins (lausaskjalsins) en hann birtist einnig í C-deild Stjórnartíðinda.

1037. Fyrirspurn [594. mál]

til heilbrigðisráðherra um tekjutryggingu lífeyrisþega.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu margir lífeyrisþegar hafa fengið skerta tekjutryggingu vegna tekna maka síns árin 1994, 1995, 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum:
   a. ellilífeyrisþegar,
   b. öryrkjar?
2. Hversu margir lífeyrisþegar fengu ekki tekjutryggingu vegna tekna maka síns árin 1994, 1995, 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum:
   a. ellilífeyrisþegar,
   b. öryrkjar?

Skriflegt svar óskast.

1038. Fyrirspurn [595. mál]

til viðskiptaráðherra um reglur Seðlabankans um verðtryggingu, nr. 330/1995.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Telur ráðherra að ákvæði 9. gr. reglna Seðlabanka Íslands, nr. 330/1995, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl., varðandi afnám verðtryggingar innstæðna samræmist ákvæðum V. kafla vaxtalaga?

1039. Fyrirspurn [596. mál]

til fjármálaráðherra um tolla- og fíkniefnaleit í Reykjavík.

Frá Svavari Gestssyni.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagfæringum á Reykjavíkurflugvelli og í Reykjavíkurhöfn í því skyni að auðvelda tollaleit og fíkniefnaleit?

1040. Fyrirspurn [597. mál]

til samgönguráðherra um ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvenær er þess að vænta að vetraráætlun Breiðafjarðarferjunnar Baldurs verði breytt þannig að ferðir verði alla daga vikunnar milli Brjánslækjar og Stykkishólms í stað fimm daga vikunnar eins og nú er?

1041. Fyrirspurn [598. mál]

til fjármálaráðherra um rekstrarhagræðingu.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Hvernig hefur fé samkvæmt fjárlagalið 08-950 Rekstrarhagræðing verið ráðstafað og hver verður hagræðingin á næsta ári af hverri ráðstöfun, sbr. ákvæði í lið 5.6 í 6. gr. fjárlaga?

1042. Nefndarálit [453. mál]

um frv. til l. um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Elínu Norðmann, lögfræðing í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Jóhönnu Fleckenstein, Láru Jensdóttur og Unni Matthíasdóttur, fulltrúa fyrirburamæðra, Guðbjörgu Gunnarsdóttur og Guðbjörgu Gunnarsdóttur, fulltrúa þríburamæðra, og Sigurð Svavarsson og Ingólf Gíslason frá karlanefnd Jafnréttisráðs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 3. og 7. gr. frumvarpsins að þegar barn sem ættleiða á er sótt til útlanda skuli ættleiðandi foreldri heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar. Í frumvarpinu er rétturinn takmarkaður við ættleiðandi móður. Þetta er lagt til þar sem sú staða getur komið upp að ættleiðandi móðir komist ekki til þess að sækja barnið, t.d. vegna sjúkleika.
2. Til samræmis við breytingu skv. 1. lið er lögð til breyting á 8. gr. frumvarpsins sem felur í sér breytingar á ákvæðum 16. gr. laga um almannatryggingar. Með þeirri breytingu falla orðin „eða frumættleiðingu“ í f-lið 16. gr. brott, en óbreytt felur ákvæðið það í sér að ættleiðandi faðir geti fyrst fengið greidda fæðingardagpeninga eftir að ættleiðandi móðir hefur fengið slíka greiðslu í a.m.k. einn mánuð eftir frumættleiðingu. Þá er og lögð til orðalagsbreyting á f-lið 8. gr. frumvarpsins.

Þá mælist nefndin til þess að við endurskoðun reglugerðar um fæðingarorlof verði sérstaklega skoðuð tilvik eins og þegar stutt er á milli fæðinga barna vegna framlengds fæðingarorlofs eða fyrirburafæðinga með það fyrir augum að greiðslur skerðist ekki.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Sigríður A. Þórðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1997.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Guðmundur Hallvarðsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðni Ágústsson.
Margrét Frímannsdóttir.	Ásta R. Jóhannesdóttir.	

1043. Breytingartillögur [453. mál]

við frv. til l. um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. Við 3. gr. Síðari málsliður 2. efnismgr. orðist svo: Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.
2. Við 7. gr. 2. málsl. efnismálsgreinar d-liðar orðist svo: Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.
3. Við 8. gr.
   a. Á eftir a-lið komi nýr liður, svohljóðandi: Orðin „eða frumættleiðingu“ í f-lið falla brott.
   b. Orðin „í fóstur“ í f-lið (er verði g-liður) falli brott.

1044. Fyrirspurn [599. mál]

til landbúnaðarráðherra um ríkisjarðir.

Frá Þóru Sverrisdóttur.

1. Hversu margar eru ríkisjarðir? Hefur þeim fækkað eða fjölgað á árunum 1980–97?
2. Hversu miklar tekjur er áætlað að ríkissjóður hafi af ríkisjörðum árið 1997? Hversu mikil gjöld er áætlað að ríkissjóður beri af ríkisjörðum árið 1997?

3. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti ríkisjarða?
4. Eru uppi áætlanir í ráðuneytinu um sölu ríkisjarða?

Skriflegt svar óskast.

1045. Lög [580. mál]

um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 972.

1046. Þingsályktun [593. mál]

um fullgildingu samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 1036.

1047. Nefndarálit [480. mál]

um till. til þál. um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um efni tillögunnar og fengið á sinn fund Sigríði Snævarr, Kristin F. Árnason og Martin Eyjólfsson frá utanríkisráðuneytinu. Er gert ráð fyrir því að samræmdar heilbrigðisreglur ESB í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, sem tóku gildi 1. janúar 1997, gildi einnig á Evrópska efnahagssvæðinu. Ísland tekur einungis upp þær gerðir sem varða fisk og fiskafurðir en undanþága varðandi lifandi dýr og dýraafurðir helst óbreytt. Meginreglan verður sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eru samræmd og fela í sér aukið eftirlit og hærri gjaldtöku. Tillaga þessi tengist 476. máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.
Svavar Gestsson.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Árnason.

1048. Nefndarálit [343. mál]

um till. til þál. um könnun á veiðiþoli beitukóngs.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir um hana sem nefndinni bárust frá Hafrannsóknastofnuninni, Íslenskum sjávarafurðum hf., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Útflutningsráði.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt og leggur áherslu á að nytsamar upplýsingar úr greinargerð með tillögunni verði hafðar til hliðsjónar við úttektina.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Árni R. Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.

1049. Nefndarálit [310. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts og viðvaningshlutaskráningu.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir sem nefndinni bárust frá Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, Grunnskólanum á Hellissandi, Grunnskólanum á Raufarhöfn, Laugagerðisskóla, Glerárskóla, Þinghólsskóla, Heiðarskóla, Holtaskóla, Valsárskóla, Húnavallaskóla, Skólamálaskrifstofu Vestmannaeyjabæjar, Grunnskóla Bolungarvíkur, Grunnskóla Skútustaðahrepps, Kópavogsskóla, Framhaldsskóla Vestfjarða, Grunnskólanum á Ísafirði, Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum, Skólameistarafélagi Íslands, Skólaþjónustu Eyþings, Hagaskóla, Ölduselsskóla, Grunnskólanum á Bakkafirði, Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar, Grunnskólanum á Eiðum, Brekkubæjarskóla,

Stóru-Vogaskóla, Snælandsskóla, Hafralækjarskóla, Grunnskólanum á Eskifirði, Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Tillögutextinn er tvíþættur, þ.e. annars vegar varðar hann kaup eða leigu á skólabát til notkunar við kennslu í sjómennsku en hins vegar viðvaningshlutaskráningu sjóvinnunemenda um borð í fiskiskipum. Nefndin tekur undir meginmarkmið tillögunnar, þ.e. að sett verði á stofn nefnd er falið verði að leita leiða til að auka möguleika íslenskra ungmenna á að kynnast undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Í því sambandi verði kannaðar forsendur fyrir rekstri skólabáts, eins eða fleiri, eða leitað annarra leiða til að ná þessu marki. Ekki er talið rétt að binda hendur ráðherra um það hvernig nefndin skuli skipuð. Eðlilega felst í starfi slíkrar nefndar að leita leiða til fjármögnunar á kaupum og rekstri skólabáts.

Með hliðsjón af framansögðu leggur nefndin til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum eða leigu á skólabát, einum eða fleiri.
   Nefndin skili áliti sem fyrst.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Árni R. Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.

1050. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum þeirra, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Stefán Guðmundsson.
Einar Oddur Kristjánsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Árni R. Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Árnason.	Sighvatur Björgvinsson.

1051. Fyrirspurn [600. mál]

til dómsmálaráðherra um dóma, skaðabætur og fjölda grófra líkamsárása.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver var fjöldi grófra líkamsárása á tímabilinu 1. janúar 1993 til 1. maí 1997?
2. Hve oft hlutu þolendur örorku vegna þessara líkamsárása og hve háar voru skaða- og miskabætur til þeirra í hverju tilviki?
3. Hve þunga dóma hlutu gerendur líkamsárásanna á framangreindu tímabili?

1052. Fyrirspurn [601. mál]

til dómsmálaráðherra um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja þingsályktun um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sem samþykkt var á Alþingi 17. febrúar 1981?
2. Mun ráðherra leggja tillögur fyrir Alþingi sem tryggi eignarrétt og erfðarétt fólks í óvígðri sambúð í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 17. febrúar 1981?

1053. Fyrirspurn [602. mál]

til menntamálaráðherra um íslenska stafsetningu.

Frá Katrínu Fjeldsted.

1. Hver er stjórnskipulegur grundvöllur auglýsingar menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu, nr. 132/1974, sbr. breytingu á henni nr. 261/1977?
2. Telur ráðherra koma til greina að setja lög um íslenska stafsetningu?
3. Er bókstafurinn z ekki lengur hluti af íslenska stafrófinu?
4. Telur ráðherra koma til greina að jafnrétt verði að beita eldri reglum um z og núverandi stafsetningu?

1054. Nefndarálit [257. mál]

um till. til þál. um breyt. á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Jóhann H. Jónsson.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að markaðar tekjur af flugvallagjaldi hækki sem nemur 14 millj. kr. árið 1997, þ.e. úr 483 millj. kr. í 497 millj. kr. Eðlilegt er að gera ráð fyrir slíkri hækkun með hliðsjón af aukinni flugumferð sem orðið hefur á þessu ári.
2. Þá er lagt til að 9 millj. kr. verði veittar til viðbótar vegna slitlagsyfirlags á Akureyrarflugvelli, þ.e. í stað 35 millj. kr. verði gert ráð fyrir 44 millj. kr. til þeirra framkvæmda. Því verður gert ráð fyrir 91 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Bundið slitlag, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 82 millj. kr. Heildarfjárhæð framkvæmda við Akureyrarflugvöll árið 1997 nemur þá 71 millj. kr.
3. Þá er lögð til sú breyting að veittar verði 10 millj. kr. til viðbótar til flugstöðvarinnar á Ísafirði, þ.e. í stað 15 millj. kr. verði gert ráð fyrir 25 millj. kr. til framkvæmda við flugstöðina. Því verður miðað við 50 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Byggingar, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 40 millj. kr. Heildarfjárhæð framkvæmda við Ísafjarðarflugvöll árið 1997 nemur þá 31 millj. kr.
4. Þá er lögð til sú breyting að 10 millj. kr. verði lagðar í endurnýjun á ljósabúnaði á Hornafjarðarflugvelli. Þannig verður gert ráð fyrir 12 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Aðflugs- og ljósabúnaður, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 2 millj. kr. Heildarfjárhæð vegna framkvæmda við Hornafjarðarflugvöll nemur þá 30 millj. kr. árið 1997.
5. Lagt er til að 5 millj. kr. verði veittar til viðbótar vegna byggingar farþegaskýlis á Þórshöfn. Þannig verður miðað við 13 millj. kr. til liðarins Byggingar, undir liðnum 2.3 Áætlunarflugvellir II, í stað 8 millj. kr. Heildarfjárhæð framkvæmda við Þórshafnarflugvöll nemur þá 7 millj. kr. árið 1997.

6. Með hliðsjón af framangreindum breytingum er lagt til að óskipt fjárhæð, undir lið 2.7 Til leiðréttinga og brýnna verkefna, lækki og verði 18 millj. kr. í stað 38 millj. kr.
7. Loks er lagt til að flugvöllurinn í Borgarnesi verði færður í A-flokk (Þjónustuvellir) úr C-flokki (Sportflugvellir) og flugvöllurinn á Bakkafirði verði einnig færður í A-flokk úr D-flokki (Lendingarstaðir) og þannig haldið sömu flokkun og er í núgildandi flugmálaáætlun. Þá er lagt til að flugvellirnir á Steinasandi og Þórisdal verði færðir inn á flugmálaáætlun og settir í D-flokk (Lendingarstaðir) og flugvellirnir í Freysnesi og á Hvolsvelli verði settir í E-flokk (Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar).

Þá vill nefndin leggja áherslu á að miklar breytingar eru nú að verða á innanlandsflugi með aukinni samkeppni. Því er óhjákvæmilegt að hafa það sérstaklega til hliðsjónar við reglulega aðalendurskoðun flugmálaáætlunar á næsta ári. Þessar breytingar geta meðal annars haft í för með sér aukna þörf á lengingu flugbrauta, svo sem eins og á Vopnafirði, og einnig enduruppbyggingu flugstöðva, t.d. í Vestmannaeyjum, eins og hafist verður handa við á Ísafirði á þessu ári.

Alþingi, 30. apríl 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.	Árni Johnsen.	Kristján Pálsson.
Guðmundur Árni Stefánsson, með fyrirvara.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

1055. Breytingartillaga [257. mál]

við till. til þál. um breyt. á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að á árinu 1997 skuli framkvæmdum í flugmálum hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
1.1 Markaðar tekjur:	
1. Flugvallagjald	497
2. Eldsneytisgjald*	51
3. Lendingargjöld	52
4. Loftferðareftirlitsgjöld	14
5. Leigugjöld	18
6. Þjónustugjöld	74
7. Aðrar tekjur	52
	758
1.2 Önnur framlög:	
1. ICAO — tekjur	411
2. Framlag úr ríkissjóði	411
3. Umframtekjur frá 1996	42
Samtals	**1.622**

* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1997
2.1 Rekstur:	
1. Allar deildir	775
2. Alþjóðaflugþjónustan	447
	1.222
2.2 Áætlunarflugvellir I:	
1. Flugbrautir og stæði	15
2. Bundið slitlag	91
3. Byggingar	50
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	6
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	12
7. Veðurmælibúnaður	10
8. Varaafl	2
9. Til rannsókna- og þróunarverkefna	10
10. Ýmis búnaður	2
	198
2.3 Áætlunarflugvellir II:	
1. Flugbrautir og stæði	0
2. Bundið slitlag	30
3. Byggingar	13
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
5. Snjóhreinsibúnaður	8
6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
7. Veðurmælibúnaður	0
8. Varaafl	0
9. Ýmis búnaður	1
	52

2.4	**Áætlunarflugvellir III:**	
	1. Flugbrautir og stæði	0
	2. Bundið slitlag	0
	3. Byggingar	0
	4. Slökkvi- og björgunarbúnaður	0
	5. Snjóhreinsibúnaður	0
	6. Aðflugs- og ljósabúnaður	0
	7. Veðurmælibúnaður	0
	8. Varaafl	0
	9. Ýmis búnaður	0
		0
2.5	**Aðrir flugvellir og lendingarstaðir:**	
	Óskipt	**12**
2.6	**Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:**	
	1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
	2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar	20
	3. Annað	10
		50
2.7	**Til leiðréttingar og brýnna verkefna:**	
	Óskipt	**18**
2.8	**Yfirstjórn:**	
	Stjórnunarkostnaður	**10**
2.9	**Flugstöð Leifs Eiríkssonar**	**60**
	Samtals	**1.622**

III. FLOKKUN FLUGVALLA

3.1 Áætlunarflugvellir I.
Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

3.2 Áætlunarflugvellir II.
Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri og Þingeyri.

3.3 Áætlunarflugvellir III.
Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Borgarfjörður eystri og Þórshöfn.

3.4 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir.

A. Þjónustuflugvellir: Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

B. Aðrir flugvellir: Álftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavatn, Sprengisandur og Þórsmörk.

C. Sportflugvellir: Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.

D. Lendingarstaðir: Arngerðareyri, Búðardalur, Bær, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Steinasandur, Stórholt, Stóri-Kroppur, Tálknafjörður og Þórisdalur.

E. Lendingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar: Auðkúluheiði, Forsæti, Freysnes, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot og Þórisós.

IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1997
4.1 Reykjavík	
1. Endurnýjun slitlags	27
2. Til rannsókna og þróunarverkefna	10
	37
4.2 Akureyri	
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	10
2. Nýtt slitlagsyfirlag	44
3. Bílastæði og lóð	10
4. Stækkun flugvélahlaðs	5
5. Leiðarljós	2
	71
4.3 Vestmannaeyjar	
1. Varaafl	2
2. Veðurmælibúnaður	5
	7
4.4 Egilsstaðir	
1. Flugstöð	5
2. Ýmis búnaður	1
	6

Staður/verkefni	1997
4.5 Ísafjörður	
1. Veðurmælibúnaður	5
2. Flugstöð	25
3. Ýmis búnaður	1
	31
4.6 Hornafjörður	
1. Breikkun bundins slitlags	20
2. Ljósabúnaður	10
	30
4.7 Húsavík	
Tækjageymsla	10
	10
4.8 Sauðárkrókur	
Vörubifreið/snjótönn	6
	6
4.9 Patreksfjörður	
Tækjageymsla	6
	6
4.10 Bíldudalur	
Snjósópur	8
	8
4.11 Grímsey	
Ýmis búnaður	1
	1
4.12 Þórshöfn	
Farþegaskýli	7
	7

Staður/verkefni	1997
4.13 Vopnafjörður	
Bundið slitlag	30
	30
4.14 Aðrir flugvellir og lendingarstaðir	
Óskipt	12
	12
4.15 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður	
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl.	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athugunarstöðvar.	20
3. Upplýsingarkerfi	9
4. Flugprófunartæki	1
	50
4.16 Til leiðréttinga og brýnna verkefna	
Óskipt	18
	18
4.17 Yfirstjórn	
Stjórnunarkostnaður	10
	10
4.18 Flugstöð Leifs Eiríkssonar	
Flugstöð	60
	60
Samtals	**400**
Til reksturs flugvalla	**190**

1056. Nefndarálit [258. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð T. Magnússon héraðsdómara, Georg Lárusson sýslumann, Óla H. Þórðarson frá Umferðarráði og Ómar Smára Ármannsson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögregluskóla ríkisins, Umferðarráði, Rannsóknarlögreglu ríkisins og Lögmannafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þrennum lögum sem miða að því að gera meðferð sektamála skilvirkari, einkum hjá lögreglu, en ómarkviss og árangurslítil innheimta sekta, sem jafnvel er mismunandi milli umdæma, brýtur gegn jafnræði borgaranna og veikir réttlætiskennd þeirra og trú á réttarkerfið. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að gert er ráð fyrir að hámarksfrestur til greiðslu sektar sem lögreglustjóri getur samið um við sakborning verði eitt ár. Þá er lagt til að vararefsing vegna sektarrefsingar, allt að 100.000 kr., verði lögbundin og heimilað að sakborningur geti skriflega gengist undir slíka vararefsingu ásamt sekt hjá lögreglustjórum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til að staðla refsingar og önnur viðurlög við umferðarlagabrotum og að lögfest verði ákvæði um að við ákvörðun refsinga vegna tveggja eða fleiri umferðarlagabrota skuli beitt fullkominni samlagningu sekta. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að fest verði í lög heimild til að veita 25% afslátt af sektum vegna umferðarlagabrota ef greitt er innan 30 daga frá því að sektin var lögð á. Einnig felur frumvarpið í sér að tekið verði upp punktakerfi vegna umferðarlagabrota og lögfest að beitt skuli sviptingu ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta samkvæmt punktakerfi. Jafnframt því að nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt leggur hún áherslu á að breytingin verði kynnt landsmönnum ítarlega.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Annars vegar er þar um að ræða smávægilegar orðalagsbreytingar og leiðréttingar á tilvísunum. Hins vegar er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að lagagrundvöllur vararefsingar og lengd varðhalds skuli tilgreind í lögreglustjórasátt og að sakborningur skuli gangast skriflega undir vararefsinguna ásamt öðrum viðurlögum. Ábending um að nauðsynlegt væri að taka skýrt fram í ákvæðinu að samhliða sátt um greiðslu sektar skuli sakborningur jafnframt gangast undir vararefsingu kom frá Lögmannafélagi Íslands. Í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að sakborningur geti á síðari stigum fengið lögreglustjórasátt hnekkt án atbeina ríkissaksóknara, þó að hann geti ávallt neitað sök, neitað að gangast undir greiðslu sektar eða neitað að gangast undir tiltekna vararefsingu, telur nefndin rétt að kveða skýrt á um það í lögum að vararefsing skuli tilgreind í lögreglustjórasáttinni.

Valgerður Sverrisdóttir og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Ögmundur Jónasson.	Árni R. Árnason.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

1057. Breytingartillögur [258. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „tvær“ í inngangsmálsgrein komi: þrjár.
   b. Við bætist ný málsgrein er orðist svo:
      Lagagrundvöllur vararefsingarinnar og lengd varðhaldsins skulu tilgreind í lögreglustjórasátt og skal sakborningur gangast skriflega undir vararefsinguna ásamt öðrum viðurlögum.
2. Við 3. gr.
   a. Orðin „og reglugerðum“ í 1. málsl. 1. efnismgr. falli brott.
   b. Orðin „reglugerða eða“ í 2. efnismgr. falli brott.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „umferðarlagabrot“ í lokamálslið efnismálsgreinar komi: brot.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:
   a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
      Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr. eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð að fenginni tillögu ríkissaksóknara, og getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.
   b. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. mgr.
   c. Orðin „og 2.“ í fyrri málslið 4. mgr. falla brott.
   d. Í stað orðanna „2. mgr.“ í síðari málslið 4. mgr. kemur: 1. mgr.

1058. Nefndarálit [233. mál]

um frv. til l. um vörumerki.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Gunnar Guttormsson og Ástu Valdimarsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Umsagnir bárust frá Erlu S. Árnadóttur hrl., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Íslenskri málnefnd, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á vörumerkjarétti með tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands og réttarþróunar í öðrum löndum. Mikilvægt er að afgreiða frumvarpið á þessu þingi þar sem í því er gert ráð fyrir nýjum ákvæðum um alþjóðlega skráningu vörumerkja sem Íslandi hefur borið að framfylgja síðan 15. apríl 1997.

Nefndin leggur til að þrjár efnisbreytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að 16. gr. verði breytt til að taka af allan vafa um að ekki verði lengur unnt að skrá vörumerki fyrir heila flokka heldur ber að tilgreina nákvæmlega þá vöru eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir.

Í öðru lagi er lagt til að niðurstöður úrskurða vegna andmæla við skráningu vörumerkis verði birtar í ELS-tíðindum og sömuleiðis vörumerki sem eru afmáð úr vörumerkjaskrá, sbr. 22. og 32. gr. Þessar breytingar eru til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 43. gr. Til samræmis við einkaleyfalög og lög um hönnunarvernd er lagt til að þeim sem brýtur gegn vörumerkjarétti af ásetningi eða gáleysi verði gert að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis, auk skaðabóta fyrir tjón sem af brotinu hlýst. Þá er orðalagi í 2. mgr. 43. gr. breytt. Ef grandlaus aðili hagnast af broti gegn vörumerkjarétti ber honum að greiða hæfilegt endurgjald fyrir nýtinguna sem þó má ekki nema hærri upphæð en áætlaður hagnaður hans af brotinu.

Í 30. gr. er að finna nýmæli sem heimilar að vörumerki verði afmáð eftir kröfu þess sem lögmætra hagsmuna á að gæta ef sýnt er fram á að starfsemi eiganda vörumerkisins hafi lagst af. Eðlilegt er að afmá vörumerki ef starfsemi eiganda hefur verið lögð niður og oft eru þar miklir hagsmunir í húfi. Hins vegar verður að gera ríkar kröfur til sönnurnar á því að starfsemi hafi raunverulega lagst af.

Með frumvarpinu, ef af lögum verður, verður starf vörumerkjaskrárritara lagt niður en við hlutverki hans sem skráningaraðila vörumerkja tekur sérstök stofnun, Einkaleyfastofan. Vegna þess verður að fella brott ákvæði 92. gr. frumvarps til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. máls. Hins vegar bendir nefndin á að heiti stofnunarinnar, Einkaleyfastofan, er ekki ákveðið í lögum. Með 7. gr. einkaleyfalaga, nr. 17/1991, er mælt fyrir um að á vegum iðnaðarráðuneytisins skuli starfrækt einkaleyfaskrifstofa. Með auglýsingu nr. 187/1991 og reglugerð nr. 188/1991 var Einkaleyfastofan sett á fót, m.a. með vísan til heimildar einkaleyfalaga. Því er ljóst að lagaheimild stofnunarinnar er fyrir hendi en nefndin telur umhugsunarefni að í frumvarpinu er Einkaleyfastofunni falin framkvæmd laganna og nafn stofnunarinnar kemur ótal oft fyrir í því en nafninu væri unnt að breyta með reglugerðarbreytingu ráðherra.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Árni R. Árnason.	Hjálmar Árnason.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Pétur H. Blöndal.	Sigríður A. Þórðardóttir.

1059. Breytingartillögur [233. mál]

við frv. til l. um vörumerki.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Vörumerki skal skrá í ákveðinn flokk eða flokka vöru og þjónustu. Óheimilt er að skrá merki fyrir heilan flokk eða flokka án tilgreiningar á þeirri vöru eða þjónustu sem merki óskast skráð fyrir.
   Greiningu í vöru- og þjónustuflokka ákveður ráðherra og auglýsir.
2. Við 22. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Niðurstaða úrskurðar skv. 3. og 4. mgr. skal birt í ELS-tíðindum.
3. Við 32. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Vörumerki sem eru afmáð, sbr. 1. mgr., skal birta í ELS-tíðindum.
4. Við 43. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Í stað orðanna „að bæta tjón það sem af hefur hlotist“ í niðurlagi 1. mgr. komi: að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis og skaðabætur fyrir annað tjón sem af broti hans hefur hlotist.
   b. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Endurgjaldið má þó aldrei vera hærra en ætla má að nemi hagnaði hans af brotinu.
5. Við 67. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1997“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: 1. júní 1997.

1060. Nefndarálit [556. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra og Sigríði Snævarr sendiherra.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 28. apríl 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Árni R. Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Svavar Gestsson.	Árni M. Mathiesen.	Hjálmar Árnason.

1061. Nefndarálit [555. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, Jóhann Sigurjónsson sendiherra og Sigríði Snævarr sendiherra.

Samningnum um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, svonefndum OSPAR-samningi, er ætlað að koma í stað tveggja samninga sem höfðu það að markmiði að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins, en auk þess er að því stefnt með nýja samningnum að þeirri mengun sem fyrir er í hafinu verði útrýmt.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 28. apríl 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Siv Friðleifsdóttir.
Árni R. Árnason.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Tómas Ingi Olrich.
Árni M. Mathiesen.		Hjálmar Árnason.

1062. Nefndarálit [555. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

Frá minni hluta utanríkismálanefndar.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði **samþykkt** eins og meiri hlutinn gerir. Minni hlutinn vill hins vegar vekja athygli á því að hér er ekki tekið á mengun af völdum hernaðarumsvifa sem þó er alvarlegasta umhverfisógn Norðaustur-Atlantshafsins. Þá hefur meiri hlutinn ekki fallist á að afgreiða það þingmál sem mestu gæti skipt í þessu sambandi, þ.e. frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 130. mál. Minni hlutinn vill koma málinu á dagskrá í tengslum við tillögu um fullgildingu samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins og gefur því út þetta nefndarálit.

Alþingi, 28. apríl 1997.

Svavar Gestsson.

1063. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um landmælingar og kortagerð.

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Hrafn Hallgrímsson frá umhverfisráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ágúst Guðmundsson frá Landmælingum Íslands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Heiðar Hallgrímsson og Guðmund Hafberg frá LÍSU – Samtökum um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Skipulagi ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Landsvirkjun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, LÍSU – Samtökum um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi, Ísgrafi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landmælingum Íslands.

Niðurstaðan eftir umfjöllun nefndarinnar er að hún flytur breytingartillögur í 12 liðum við þetta frumvarp sem er aðeins 16. gr. Minni hlutinn telur flestar breytingarnar til bóta en telur engu síður ótímabært að afgreiða frumvarpið á þessu þingi. Ástæðan er sú að starfandi er nefnd sem umhverfisráðherra skipaði 20. desember 1996 til að gera tillögur um mótun stefnu í fjarkönnunarmálum. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi er „að skilgreina þarfir fyrir fjarkönnun bæði með hliðsjón af kröfunum eins og þær eru í dag sem og fyrirsjáanlegum kröfum, gera tillögur um stjórnskipun og skipulagningu málaflokksins, svo sem um samstarf einstakra stofnana og aðila, gera tillögur um framkvæmdina þar á meðal um ábyrgð og skyldur hins opinbera, gera tillögur um forgangsröðun verkefna sem og notkun, fjármögnun og gjaldtöku“. Í nefndinni eiga sæti full-

trúar þeirra stofnana ríkisins sem nýta þurfa þjónustu Landmælinga Íslands og eru flestar þeirra nú þegar að fást við kortagerð. Ljóst er að ýmsir þættir í störfum nefndarinnar lúta að efni þessa frumvarps, m.a. hvað varðar stjórnsýslu, fjármögnun og samskipti við aðrar stofnanir. Fyrir liggur að fjarkönnunarnefndin hefur óskað eftir því að beðið verði með afgreiðslu frumvarpsins þar til hún hefur lokið störfum, en henni er ætlað að skila tillögum sínum til ráðherra fyrir 1. október nk.

Til þess að stofnun eins og Landmælingar Íslands þjóni hlutverki sínu þarf að ríkja sátt um störf hennar. Ríkja þarf sátt við það fólk sem hjá stofnuninni vinnur og eins við þá sem stofnunin á að þjóna. Mikilvægt er að koma á víðtæku samkomulagi milli opinberra stofnana um það hvernig landfræðileg upplýsingasöfnun og úrvinnsla á að fara fram með sem minnstum kostnaði fyrir ríkissjóð. Gera þarf áætlanir um kostnað við endurbætur og viðhald undirstöðuþátta svo sem landhæðarnets, GPS-grunnstöðva og staðlaðra gagnasafna. Semja þarf um verkaskiptingu milli stofnana og veita þeim svigrúm til útboða vegna gagnaöflunar ef það þykir hagkvæmt. Hvað varðar hefðbundna kortagerð þarf að skoða þann þátt sérstaklega, m.a. vegna vaxandi notkunar loftmynda, gervitunglamynda og tölvugagna sem ef til vill munu koma í stað hefðbundinna korta.

Það eru skynsamleg vinnubrögð að leiða saman til nefndarstarfa fulltrúa flestra þeirra stofnana sem mál þetta varðar og fela þeim umfjöllun grundvallaratriða í stefnumótun. Það er hins vegar óskynsamlegt að ganga síðan fram hjá slíkri stjórnskipaðri nefnd um fjarkönnunarmál við samningu og afgreiðslu frumvarps sem fjallar að stórum hluta um sömu þætti og nefndinni er ætlað að fjalla um. Það er vond stjórnviska að valta yfir þá sem verkin eiga að vinna. Engin rök hafa komið fram fyrir því að þessi lagasetning sé svo brýn að hún geti ekki beðið eftir niðurstöðum fyrrgreindrar nefndar. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 2. maí 1997.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Guðmundur Beck.

1064. Breytingartillaga [301. mál]

við frv. til l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 20. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Á kirkjuþingi eiga sæti 63 fulltrúar kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 27 þeirra prestar og 36 þeirra leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks.

b. 3. mgr. orðist svo:

Í hverju kjördæmi eru kjörnir þrír prestar og þrír leikmenn, nema í 1., 2. og 3. kjördæmi þar sem kjörnir skulu sex leikmenn úr hverju kjördæmi.

1065. Nefndarálit [437. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Jónasson, Indriða H. Þorláksson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem er gerð tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Breytingartillaga í 1. tölul. lýtur að því að fella brott 1. tölul. 1. gr. Ekki þykja forsendur að svo stöddu fyrir því að gera þessa breytingu gagnvart fjármálafyrirtækjum.
2. Í 2. og 3. tölul. eru lagðar til breytingar sem allar eru af sama toga og lúta að því að fjárhæðir verði lögbundnar. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða hækkun þeirra í stað þess að lögin kveði á um vísitölubundna hækkun. Til þess að gera þá breytingu mögulega er fjárhæðunum breytt í samræmi við vísitöluhækkanir í gegnum árin.
3. Í 4. tölul. er verið að leiðrétta prentvillu. Í frumvarpinu er vísað til 2. mgr. 42. gr. en þar er átt við 3. mgr. 42. gr.
4. Í 5. tölul. er lagt til að 10. gr. frumvarpsins falli brott. Breyting sú, sem lögð var til í ákvæðinu, hefur þegar verið gerð með lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi.
5. Í 6. tölul. er svo lagt til að 45. gr. laganna, sem kveður á um vísitöluhækkanir, verði felld brott þar sem gert er ráð fyrir að allar fjáhæðir í lögunum verði lögbundnar, eins og fram hefur komið.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.

1066. Breytingartillögur [437. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. 1. tölul. falli brott.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 3. tölul. 4. gr. laganna kemur: 220.000 kr.

3. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:
   a. (6. gr.)
      Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: 6.000 kr.
   b. (7. gr.)
      Í stað fjárhæðarinnar „600.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: 1.400.000 kr.
4. Við 6. gr. (er verði 9. gr.). Í stað orðanna „skv. 1., 2. og 4. mgr. 42. gr.“ komi: skv. 1., 3. og 4. mgr. 42. gr.
5. Við 10. gr. Greinin falli brott.
6. Við 12. gr. (er verði 14. gr.). Greinin orðist svo:
   45. gr. laganna fellur brott.

1067. Nefndarálit [504. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands. Þá bárust umsagnir um málið frá Hlutafélagaskrá, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 9. gr. Síðari efnismálsgrein orðist svo:

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu hlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

Breytingartillagan felur í sér að fellt er brott ákvæði um að rekstrarkostnaði hlutafélagaskrár verði að hluta mætt með þjónustugjöldum. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að endurnýja þurfi tölvubúnað hlutafélagaskrár og samhæfa skráningar- og upplýsingakerfi hennar og fyrirtækjaskrár. Samhliða þurfi að hefjast handa við að vinna að varanlegri lausn og smíða nýtt tölvukerfi fyrir heildstæða skráningu fyrirtækja og félaga í einn gagnagrunn. Í athugasemdum við 9. gr. frumvarpsins kemur einnig fram að reiknað sé með að töluverðan tíma muni taka að koma tölvukerfi skrárinnar í nýtanlegt horf og skapa eftirspurn eftir upplýsingum úr henni. Að þessu virtu þykir ekki tímabært að útvega skránni breiðari sértekjustofn en svo að gjöldin svari til kostnaðar af þeirri þjónustu sem unnt er að láta í té meðan á endurskipulagningu stendur. Eftir því sem henni miðar áfram má hins vegar búast við að þjónustan geti aukist. Þess vegna þykir einnig rétt að haga orðalagi gjaldtökuheimildarinnar með þeim hætti að kostnaðarliðir eru tilgreindir í dæmaskyni, en með því móti er leitast við að tryggja að aukin útgjöld af þeim sökum verði ávallt endurheimtanleg.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1068. Nefndarálit [505. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands. Þá bárust umsagnir um málið frá Hlutafélagaskrá, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 8. gr. Síðari efnismálsgrein orðist svo:

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu einkahlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

Lagt er til að gjaldtökuheimild taki sams konar breytingum og í breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, af sömu ástæðum og þar greinir.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1069. Nefndarálit [506. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti og Hallgrím Snorrason og Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands. Þá bárust umsagnir um málið frá Hlutafélagaskrá, ríkisskattstjóra og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Síðari efnismálsgrein orðist svo:

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu samvinnufélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur samvinnufélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem samvinnufélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

Lagt er til að gjaldtökuheimild taki sams konar breytingum og í breytingartillögu við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, af sömu ástæðum og þar greinir.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 2. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1070. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson, Bolla Þór Bollason og Maríönnu Jónasdóttur frá fjármálaráðuneyti, Steinþór Haraldsson frá embætti ríkisskattstjóra, Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands, Björn Grétar Sveinsson frá Verkamannasambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Birgi Björn Sigurjónsson og Mörthu Á. Hjálmarsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Rannveigu Sigurðardóttur frá Bandalagi

starfsmanna ríkis og bæja, Eirík Jónsson frá Kennarasambandi Íslands og Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar má fyrst nefna tillögur um að ákvæði til bráðabirgða I og III í 4. gr. falli brott þar sem þau hafa þegar verið lögfest með lögum nr. 22/1997. Þá eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar á 3. og 5. gr. frumvarpsins. Loks er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein um viðbót við 1. mgr. 64. gr. laganna. Er breytingin samhljóða tillögu á þskj. 775 (461. mál). Gildandi ákvæði hefur við sambúðarslit eða skilnað orðið verulega íþyngjandi fyrir þann maka sem nýtt hefur persónuafslátt hins hluta tekjuárs þar sem sá maki er ekki hafði tekjur þann tíma hefur samkvæmt ákvæðinu eftir samvistarslitin haft heimild til að telja fram allar tekjur sínar á því tekjuári. Sá er nýtti sér persónuafsláttinn upphaflega í góðri trú og með samþykki maka hefur þá þurft að endurgreiða skattyfirvöldum fjárhæð sem nemur nýttum persónuafslætti makans á árinu. Meiri hlutinn telur eðlilegt sanngirnismál að úr þessu verði bætt þannig að hafi hjón slitið hjúskap eða samvistum á árinu og annað þeirra nýtt persónuafslátt hins við staðgreiðslu skatta skuli telja hann hinu fyrrnefnda til góða en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur, enda þótt þau telji fram allar tekjur sínar hvort í sínu lagi.

Alþingi, 2. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.	Einar Oddur Kristjánsson.

1071. Breytingartillögur [528. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, PHB, ÓÞÞ, EOK).

1. Við bætist ný grein, 1. gr., sem orðist svo:
   Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu.
2. Við 3. gr. (er verði 4. gr.). Í stað orðanna „á sama ári“ í 6. efnismgr. komi: á sama tekjuári.
3. Við 4. gr. (er verði 5. gr.). A- og c-liður falli brott.
4. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðanna „þann tíma“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: 1. október 1997.

1072. Nefndarálit [421. mál]

um till. til þál. um rannsókn á brennsluorku olíu.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, en hún gerir ráð fyrir að gerð verði rannsókn á orsökum þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegn um svokallaðan orkuplúsbrennsluhvata. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að á vegum umhverfisráðuneytis sé hafin vinna við málið.

Nefndin leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 2. maí 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Katrín Fjeldsted.
Árni M. Mathiesen.	Hjörleifur Guttormsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
	Kristín Halldórsdóttir.	

1073. Nefndarálit [27. mál]

um till. til þál. um varðveislu ósnortinna víðerna.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir frá Ferðafélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráði, Bændasamtökum Íslands, Landmælingum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvarðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, Félagi landfræðinga og Skipulagi ríkisins.

Tillagan felur í sér að mörkuð verði stefna um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Nefndin telur ósnortin víðerni eina af mikilvægustu auðlindum Íslands og mikilvægt að ekki verði gengið á þau nema að vel athuguðu máli. Fyrsta skrefið til varðveislu ósnortinna víðerna er að skilgreina hugtakið og marka stefnu um varðveisluna.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytisins, sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni.

Alþingi, 2. maí 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Katrín Fjeldsted.	Gísli S. Einarsson.
Árni M. Mathiesen.	Kristín Halldórsdóttir.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
	Hjörleifur Guttormsson.	

1074. Svar [415. mál]

umhverfisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar um úrskurð um umhverfisáhrif landgræðsluverkefnis á Hólasandi.

1. *Hvaða stofnanir ráðuneytisins eiga að koma að mati á umhverfisáhrifum landgræðsluverkefnisins á Hólasandi og hvert er álit þeirra á úrskurði skipulagsstjóra frá 8. ágúst 1996? Er úrskurður ráðherra frá 25. febrúar sl. í samræmi við það álit? Ef ekki, á hverju byggist úrskurður ráðherra?*

Í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, kemur ekki fram til hvaða stofnana skipulagsstjóri ríkisins skuli leita um álit áður en hann úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum. Það ræðst hins vegar af ákvæðum sérlaga um hverja stofnun fyrir sig. Samkvæmt náttúruverndarlögum hefur þó verið litið svo á að leita skuli álits Náttúruverndar ríkisins, áður Náttúruverndarráðs, í öllum tilvikum en að öðru leyti fari það eftir atvikum hverju sinni til hvaða stofnana er leitað. Þær stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið eru Hollustuvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsstjóri ákveður til hvaða stofnana hann leitar. Í því tilviki sem hér um ræðir leitaði hann til Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins. Ráðuneytið getur ekki svarað því af hverju ekki var leitað til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um álit áðurnefndra stofnana á úrskurði skipulagsstjóra og því er ekki hægt að svara því hvort úrskurður ráðherra sé í samræmi við álit þeirra.

Úrskurður ráðuneytisins var kveðinn upp eftir umfjöllun skipulagsstjóra um kæruatriði og mati ráðuneytisins á þeim.

2. *Hvaða alþjóðlegt samstarf sem Ísland á aðild að og hvaða alþjóðlegir samningar sem undirritaðir hafa verið fyrir hönd Íslands varða þetta mál? Var tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga við afgreiðslu málsins?*

Það eru einkum tveir fjölþjóðlegir samningar sem Íslendingar eru aðilar að sem hafa að geyma bein ákvæði sem tengjast uppgræðsluaðgerðunum á Hólasandi. Annars vegar samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, svokallaður Bernarsáttmáli og hins vegar samningurinn um líffræðilega fjölbreytni.

Bernarsáttmálinn miðar að því að vernda tegundir og plöntur í Evrópu og lífsvæði þeirra tegunda sem samningurinn tekur til. Kjölfestan í samningnum er fjórir viðaukar sem kveða á um dýr og plöntur sem njóta skulu friðunar, dýr sem njóta skulu verndar en heimilt er að nýta og um veiðiaðferðir. Aðildarríkjum samningsins ber að vernda búsvæði villtra dýra og plantna, sérstaklega þeirra tegunda sem eru taldar upp í viðaukunum. Einnig skulu ríkin taka sérstakt tillit til þarfa fartegunda og takmarka innflutning og útbreiðslu útlendra tegunda.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni felur m.a. í sér að hvert einstakt aðildarríki skuli marka sér stefnu á þessu sviði og semja áætlun um aðgerðir sem miða að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærri nýtingu hennar. Áætlunin skal ná til allra þátta þjóðlífsins.

Í Bernarsáttmálanum segir að hafa skuli strangt eftirlit með innflutningi útlendra tegunda auk þess sem almenn ákvæði kveða á um vernd tegunda, plantna, dýra og búsvæða. Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni segir að koma skuli í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum og að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær.

Augljóst er að framkvæmdir á Hólasandi miðast við það að nota að hluta til erlendar tegundir plantna við uppgræðsluna. Flestar þeirra, ef ekki allar, hafa verið í landinu fyrir gildistöku þessara samninga hér á landi. Þar sem reglur um innflutning á plöntum hefur skort hér á landi hefur verið skipuð nefnd til að gera tillögur um hvernig tekið skuli á þeim málum m.a. vegna ákvæða í alþjóðasamningum um verndun lífríkisins.

Hins vegar er mat ráðuneytisins að með þeim verndaraðgerðum sem gerð er grein fyrir í frummatsskýrslu fyrir framkvæmdirnar á Hólasandi sé nægjanlega tryggt að útbreiðslu erlendra tegunda verði stjórnað þannig að innfluttar plöntur á landgræðslusvæðinu ógni ekki plöntusamfélögum utan svæðisins. Auk þess er framkvæmdaraðila gert skylt að fylgjast með útbreiðslu tegunda út fyrir framkvæmdasvæðið, gefa árlega skýrslu um ástandið og uppræta tegundir sem berast kunna út af svæðinu.

Það er því mat ráðuneytisins að miðað við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar um framkvæmdir og framkvæmd þessara samninga og skuldbindinga samkvæmt þeim hafi verið tekið tillit til meginmarkmiða þeirra við afgreiðslu málsins.

3. *Hver er afstaða sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til úrskurðar skipulagsstjóra frá 8. ágúst 1996? Er úrskurður ráðherra frá 25. febrúar sl. í samræmi við það álit?*

Með bréfi oddvita Skútustaðahrepps, 24. september 1996, kærði Skútustaðahreppur úrskurð skipulagsstjóra ríkisins frá 8. ágúst 1996. Kæran barst ekki innan lögboðins kærufrests og var því ekki tekin til efnislegrar umfjöllunar í úrskurði ráðherra. Kærubréfið er svohljóðandi:

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur borist úrskurður skipulagsstjóra ríkisins vegna frumathugunar um „Mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 63/1993 vegna uppgræðslu Hólasands“.

Með vísan til laga nr. 63/1993 kærir undirritaður f.h. sveitarstjórnar Skútustaðahrepps það skilyrði í úrskurðarorði skipulagsstjóra að ekki skuli sá lúpínu nær rofjöðrum Hólasands en sem nemur 200 metrum.

Sveitarstjórn minnir á afgreiðslu sína um frummatsskýrsluna en þar lagði sveitarstjórn til að höfuðáhersla skyldi lögð á að stöðva rof í rofjöðrum Hólasands.

Samkvæmt upplýsingum Landgræðslu ríkisins kostar það of fjár að koma upp 200 metra grasbelti með rofjöðrum Hólasands og því líklegt að slík krafa verði annaðhvort til að draga verulega úr forgangi þess að hefta rof í rofjöðrum sandsins eða jafnvel til að stöðva með öllu verkefnið."

Þegar ráðuneytinu höfðu borist allar kærur innan lögboðins kærufrests vegna úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins frá 8. ágúst 1996 voru kærurnar sendar Skútustaðahreppi til umsagnar, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps, 21. október 1996, er svohljóðandi:

„Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framkvæmdaáætlunina og telur næga grein gerða fyrir umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að lokun rofjaðra hafi forgang, notaðar verði íslenskar trjá- og víðitegundir og áhersla lögð á að hafa eftirlit með sjálfsáningu lúpínu utan landgræðslusvæðisins.

Sveitarstjórn telur að leyfa eigi uppgræðslu án frekari skilyrða er þar koma fram."

Samkvæmt framansögðu má ljóst vera að ráðuneytið kom að einhverju leyti til móts við sjónarmið Skútustaðahrepps með sama hætti og tekið var tillit til ýmissa atriða sem fram komu í öðrum kærum sem bárust ráðuneytinu.

4. Hvers vegna úrskurðaði ráðherra ekki í málinu innan tilskilins tíma, þ.e. átta vikna frá því að kæra berst, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum?

Eftir að ráðuneytinu höfðu borist allar þær kærur sem bárust innan tilskilins kærufrests voru öll kærubréfin send til umsagnar, en í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, segir að áður en umhverfisráðherra kveður upp úrskurð sinn skuli hann leita umsagnar skipulagsstjóra, framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og sveitarstjórna sem hlut eiga að máli. Eins og ávallt tók nokkurn tíma að fá allar umsagnir framangreindra aðila eða rúmlega mánuð í þessu tilviki. Sá frestur sem ráðherra hefur til að kveða upp úrskurð samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er afar knappur, einkum þegar litið er til þess hversu stór, flókin og viðamikil kærumál út af mati á umhverfisáhrifum geta verið. Þá er einnig til þess að líta að ráðherra er skylt lögum samkvæmt að leita umsagnar margra aðila áður en hann kveður upp rökstuddan úrskurð. Slíkt getur verið tafsamt, en reynsla ráðuneytisins er sú að umsagnaraðilar fara gjarnan fram úr þeim tímamörkum sem ráðuneytið hefur sett. Afleiðingin verður sú að sá tími sem ráðuneytið hefur til þess að kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli allra fyrirliggjandi gagna og umsagna er oft mjög stuttur.

Þegar ljóst var að dráttur yrði á uppkvaðningu úrskurðar í Hólasandsmálinu var þegar haft samband við landgræðslustjóra og honum skýrt frá því að töf yrði á málinu vegna umfangs þess, eins og skylt er skv. 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Féllst hann fyrir sitt leyti á að farið yrði fram úr hinum knappa átta vikna fresti. Það var því í fullu samráði við framkvæmdaraðila að farið var fram úr frestinum.

5. *Telur ráðherra að þörf sé á að stærri landgræðslu- og skógræktarverkefni fari alltaf í mat á umhverfisáhrifum áður en ráðist er í framkvæmdir? Ef ekki, hver geta rökin verið?*

Landgræðslu- og skógræktarverkefni eru ekki matsskyld skv. 5. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar getur umhverfisráðherra skv. 6. gr. laganna ákveðið að aðrar framkvæmdir en taldar eru upp í 5. gr. fari í mat, kunni þær að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Áður skal ráðherra leita álits skipulagsstjóra ríkisins. Hvort einstök verkefni, stór eða smá, fara í mat er því háð líklegum áhrifum þeirra á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Þar geta komið til álita atriði eins og hversu stórt landsvæði á að leggja undir, lífríki og náttúrufar svæðisins, svo sem hvort um votlendi er að ræða. Útilokað er að gefa út yfirlýsingar um það fyrir fram hvernig ráðherra hyggst beita áðurnefndri 6. gr. gagnvart einstökum verkefnum.

Rétt er að taka fram að skiptar skoðanir eru um hvort aðgerðir af þessu tagi eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru að fara í endurskoðun og mun þetta álitaefni tvímælalaust koma til sérstakrar athugunar við þá endurskoðun.

1075. Nefndarálit [486. mál]

um frv. til l. um öryggisþjónustu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Viðar Ágústsson frá Öryggisþjónustunni Vara. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Öryggisþjónustunni Vara, Neytendasamtökunum, Öryggisþjónustunni Sívaka, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi lögreglumanna, Landssambandi slökkviliðsmanna og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpi þessu er stefnt að heildarlagasetningu um öryggisþjónustu, en hér hafa um nokkurt skeið verið starfandi fyrirtæki sem veita viðskiptavinum sínum margvíslega öryggisþjónustu sem felst einkum í því að gæta húsakynna eða athafnasvæða. Nú eru ekki í lögum takmarkanir á því hver getur haft slíkan rekstur með höndum né nánari reglur um framkvæmd starfseminnar eða hæfi þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu. Mikilvægt er að slíkar reglur séu til þar sem oft er um mikla hagsmuni að ræða og nauðsynlegt að þeir sem annast öryggisþjónustu noti sér ekki aðstöðu sína í vafasömum tilgangi. Er öryggisþjónusta skilgreind í frumvarpinu og þar er að finna ákvæði um að leyfi ráðherra þurfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni og skilyrði þess að slíkt leyfi verði veitt.

Nefndin leggur áherslu á að frumvarpið miðar ekki að því að veita þeim aðilum sem fá leyfi til að sinna öryggisþjónustu opinbert vald. Eftir sem áður verða þeir sem sinna öryggisgæslu að leita atbeina lögreglu ef beita þarf opinberu valdi, t.d. við handtöku. Nefndinni bárust athugasemdir við það að í frumvarpinu eru ekki gerðar aðrar hæfniskröfur til starfsmanna öryggisþjónustufyrirtækja en að þeir séu að minnsta kosti 18 ára að aldri og að öðru leyti til þess fallnir að rækja starfann af samviskusemi og trúverð-

ugleik. Telur nefndin ekki ástæðu til að setja frekari hæfniskröfur í lög en minnir á að strangar kröfur eru gerðar til þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu og ætlast verður til að yfirmenn fylgi því eftir að starfsmenn hafi óflekkað mannorð og valdi starfinu. Þá bárust nefndinni athugasemdir varðandi klæðnað starfsmanna öryggisþjónustufyrirtækja. Telur nefndin að gæta verði þess að einkennisklæðnaður þessi líkist ekki of mikið klæðnaði löggæslumanna. Telur nefndin ekki ástæðu til að setja skilyrði varðandi klæðnað í lög en bendir á að æskilegt sé að kveðið verði nánar á um þetta atriði í reglugerð.

Nefndin leggur til breytingu við 2. gr. frumvarpsins, um það skilyrði að einstaklingur, sem hyggst annast öryggisþjónustu, þurfi að hafa haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár. Leggur nefndin til að tími þessi verði lengdur í fimm ár. Er breytingartillagan í samræmi við þá þróun sem orðið hefur varðandi sams konar ákvæði í öðrum lögum. Má nefna sem dæmi að sölumenn notaðra ökutækja þurfa samkvæmt lögum að hafa haft forræði á búi sínu í þrjú ár og nýverið lagði allsherjarnefnd til að fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar skyldu hafa haft forræði á búi sínu síðustu tíu ár.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „tvö ár“ í c-lið 2. mgr. 2. gr. komi: fimm ár.

Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir álitið með fyrirvara en áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim.

Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Kristján Pálsson.	Árni R. Árnason.	Hjálmar Jónsson.
Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.		Guðný Guðbjörnsdóttir.

1076. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um landmælingar og kortagerð.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Hrafn Hallgrímsson frá umhverfisráðuneytinu, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ágúst Guðmundsson frá Landmælingum Íslands, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Heiðar Hallgrímsson og Guðmund Hafberg frá LÍSU – Samtökum um samræmd landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Skipulagi ríkisins, Siglingastofnun Íslands, Landsvirkjun, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landgræðslu ríkisins, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Náttúruverndarráði, LÍSU – Samtökum um samræmd landfræði-

leg upplýsingakerfi á Íslandi, Ísgrafi, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landmælingum Íslands.

Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli frá núgildandi lögum um Landmælingar Íslands. Fyrst er að telja að lagt er til að lögin nái til málaflokksins í heild í stað stofnunarinnar Landmælinga Íslands eingöngu. Þá er kveðið á um stjórnsýsluhlutverk Landmælinga Íslands og eru þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna tíunduð með ítarlegri hætti en áður. Einnig er kveðið á um sérstaka stjórn yfir stofnuninni. Lögð er af skylda til að leggja verkefnaáætlanir fyrir Alþingi en þau ákvæði hafa ekki verið virk. Loks er kveðið á um höfundar-, afnota- og útgáfurétt Landmælinga Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með allnokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru:

1. Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting við 2. gr. frumvarpsins sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara.
2. Nokkrar breytingar eru lagðar til við 3. og 4. gr. þar sem fjallað er um stjórn Landmælinga Íslands og forstjóra stofnunarinnar. Eru breytingarnar í samræmi við þá stefnu sem mótuð var með setningu nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á 120. löggjafarþingi. Þannig er í tillögunum gert ráð fyrir nokkrum breytingum á hlutverki stjórnar stofnunarinnar og leitast við að skýra hlutverk hennar nánar. Þannig er gert ráð fyrir að stjórnin móti stefnu stofnunarinnar og hafi eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu. Einnig er gerð tillaga um að forstjóri ráði starfsfólk án afskipta stjórnar. Er hér höfð til hliðsjónar 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaganna þar sem segir að forstöðumaður beri ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstöðumaður beri og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Fari útgjöld fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar sé ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar teljist óviðunandi geti ráðherra veitt forstöðumanni áminningu eða veitt honum lausn frá embætti ef um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu er að ræða. Þannig er eitt af markmiðum starfsmannalaganna að flytja vald og ábyrgð til forstöðumanna ríkisstofnana gagnstætt því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þannig er eðlilegt að forstjóri beri ábyrgð gagnvart ráðherra en stjórn stofnunarinnar hafi í umboði ráðherra eftirlit með þeim þáttum sem eru á ábyrgð forstjóra. Einnig eru menntunarkröfur sem gerðar eru til forstjóra samræmdar starfsmannastefnunni og lagt til að hann skuli hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Í þessu sambandi má benda á 6. gr. starfsmannalaganna en þar segir um almenn skilyrði þess að fá skipun eða ráðningu í starf hjá ríkinu: „Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.“
3. Lagðar eru til minni háttar orðalagsbreytingar við 5. gr. frumvarpsins.
4. Við 6. gr. er lögð til sú breyting að forstjóri geti falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta, en í frumvarpinu er ráðherra falið þetta vald. Þykir eðlilegt að forstjóri sem hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar taki ákvarðanir á þessu sviði, sbr. það sem segir í 2. tölul hér að framan.
5. Lögð er til breyting við 7. gr. er snýr að tilkynningarskyldu aðila sem stunda landmælingar og kortagerð. Er lagt til að tilkynningarskyldan verði þrengd þannig að hún nái einungis til þeirra sem huga að verkefnum við mælingar og grunnkortagerð.

Telur meiri hlutinn að svo breytt sé ákvæðið nægilega rúmt til að Landmælingar Íslands geti gegnt samræmingarhlutverki því sem stofnuninni er ætlað.

6. Þá er lagt til að 8. gr. verði felld brott en þar er kveðið á um skyldu allra sem láta mæla, mynda eða gera uppdrætti af landi til að skila fullkomnum mæligögnum til Landmælinga Íslands ef óskað er eftir. Líta verður á ákvæðið í samhengi við 11. gr., um afnotarétt af gögnum í vörslu Landmælinga Íslands, og 12. gr., um tekjur stofnunarinnar. Þá er einnig nauðsynlegt að líta til ákvæða samkeppnislaga og laga um höfundarrétt. Telja verður að afhendingarskylda sú sem kveðið er á um í 8. gr. standist ein og sér en sala stofnunarinnar á upplýsingunum í framhaldinu stangist á við ákvæði höfundalaga þar sem afhending gagnanna felur ekki í sér framsal höfundarréttar. Þá verður að telja að sú kvöð sem 8. gr. leggur á þá aðila sem safna saman og selja aðgang að upplýsingum um landmælingar og kortagerð og heimild 12. gr. til sölu þeirra takmarki möguleika framangreindra aðila til þess að selja aðgang að upplýsingum. Er rétt í þessu sambandi að benda á 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga. Þar er samkeppnisráði veitt heimild til að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á milli annars vegar þess hluta fyrirtækis sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila, þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers leyfis eða verndar.
7. Einnig er lagt til að 9. gr. verði felld brott en þar er kveðið á um gerð verkefnaáætlunar. Telur meiri hlutinn ákvæðið óþarft.
8. Lagðar eru til breytingar á 12. og 13. gr. Annars vegar eru lagðar til breytingar á 1. og 2. tölul. 12. gr. sem miða að því að skýra ákvæðið. Þannig er gert ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um að Landmælingar afli sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum. Ekki þykir ástæða til að hafa ítarlegra ákvæði í lögum heldur eðlilegt að nánari reglur séu mótaðar af framkvæmdarvaldinu. Hins vegar er lagt til að við 2. mgr. 12. gr. bætist ákvæði þess efnis að ráðherra staðfesti gjaldskrá og að 13. gr., þar sem mælt er fyrir um að gjaldskrá skuli liggja frammi og að hún sé háð samþykki ráðherra, falli brott þar sem greinin er óþörf í ljósi breytinga á 12. gr.
9. Þá er lögð til breyting á 14. gr. þar sem fjallað er um skyldur landeiganda til að heimila umferð um landareign og uppsetningu mælingapunkta. Miðar breytingin að því að takmarka heimildina við framkvæmd laga um landmælingar og kortagerð. Einnig leggur meiri hlutinn til að bætt verði inn málslið þar sem kveðið er á um að þeim sem fara um landareignir í þessu skyni beri að sýna tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.
10. Loks er lögð til sú breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins að lögin taki gildi 1. júlí 1997.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Katrín Fjeldsted.
Gísli S. Einarsson, með fyrirvara.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Tómas Ingi Olrich.

1077. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um landmælingar og kortagerð.

Frá meiri hluta umhverfisnefndar (ÓÖH, ÁMM, KF, GE, ÍGP, TIO).

1. 2. gr. orðist svo:
   Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum á sviði landmælinga og kortagerðar samkvæmt lögum þessum.
2. 3. gr. orðist svo:
   Ráðherra skipar stofnuninni þriggja manna stjórn eftir hverjar alþingiskosningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
   Stjórn Landmælinga Íslands mótar stefnu stofnunarinnar og hefur eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laga þessara.
3. 4. gr. orðist svo:
   Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.
   Forstjóri fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra.
4. Við 5. gr.
   a. Upphafsmálsliður orðist svo: Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:
   b. 2. og 3. málsl. 5. tölul. falli brott.
5. 6. gr. orðist svo:
   Forstjóri getur falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta skv. 5. gr.
6. Við 7. gr. Í stað orðanna „mælinga- og kortagerðarverkefni“ komi: verkefni við mælingar og grunnkortagerð.
7. 8. gr. falli brott.
8. III. kafli, 9. gr., falli brott.
9. Við 12. gr.
   a. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum.
   b. 2. tölul. falli brott.
   c. Við 2. mgr. bætist: sem ráðherra staðfestir.
10. 13. gr. falli brott.
11. Við 14. gr.
   a. Í stað orðanna „vegna landmælinga“ komi: við framkvæmd laga þessara.
   b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.
12. 16. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 31/1985.

1078. Nefndarálit [381. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Broddadóttur og Árna Gunnarsson frá félagsmálaráðuneyti og Jón Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafnarfjarðarkaupstað, Akureyrarkaupstað, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi eystra.

Í frumvarpinu er lögð til breytt skipan þeirra félagsmálanefnda sem auk annarra verkefna fara með barnaverndarmál, kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og gert ráð fyrir skyldu sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar allt að fjórum mánuðum aftur í tímann frá því að umsókn er lögð fram. Þá eru í frumvarpinu ýmsar aðrar smávægilegar breytingar á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að felldur verði brott seinni hluti 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, en í 1. mgr. segir að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar í samræmi við lögin og önnur lög eftir því sem við á. Nefndin telur óþarft að kveða á um að slíkar reglur skuli settar í samræmi við lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og önnur lög eftir því sem við á. Slíkt er augljóst og leiðir af eðli máls. Nefndin mælir því með **samþykkt** frumvarpsins með svohljóðandi

BREYTINGU:

Við 7. gr. Orðin „í samræmi við lög þessi og önnur lög eftir því sem við á“ í 1. mgr. falli brott.

Einar K. Guðfinnsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Kristján Pálsson.	Pétur H. Blöndal.	Magnús Stefánsson.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Bryndís Hlöðversdóttir.

1079. Nefndarálit [554. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson, ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins, og Jóhann Sigurjónsson sendiherra.

Fiskveiðisamningur þessi tekur til veiða á loðnu, kolmunna, makríl og síld úr öðrum stofnun en þeim norsk-íslenska. Færeyingum verður heimilt að veiða 30 þús. lestir af loðnu á Íslandsmiðum líkt og í fyrra en nú gefst þeim kostur á að nýta alla veiðiheimildina á vorvertíð. Í samningnum er ákvæði um gagnkvæmar veiðar á kolmunna sem vonast er til að hvetji til veiða á tegundinni. Samkvæmt upplýsingum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) hefur heldur dregið úr kolmunnaveiðum Færeyinga á svæðinu umhverfis Færeyjar síðustu ár. Þeir veiddu um 80 þús. lestir árið 1986 en á árinu 1991 dró verulega úr veiðunum og voru þær þá um 10 þús. lestir. Veiðin hefur aukist aftur á síðustu árum og árið 1995 námu veiðarnar um 26 þús. lestum. Þá er heimild í samningnum fyrir veiðum Íslendinga á 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld, annarri en norsk-íslenskri, innan færeyskrar lögsögu. Samkvæmt gögnum ICES hafa Færeyingar stóraukið makrílveiðar á svæðinu umhverfis eyjarnar á undanförnum árum. Árið 1989 voru veiddar ríflega 1.200 lestir af makríl en veiðar voru nær engar þar áður. Á árinu 1994 voru veiddar rúmlega 6.200 lestir.

Rétt er að minna á að Íslendingar og Færeyingar hafa gert fleiri samninga um fiskveiðar. Á haustþingi var staðfest samkomulag landanna frá 14. desember 1996 um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 (248. mál) en það kveður á um að aflahlutdeild Íslendinga skuli vera 233 þús. lestir og Færeyinga 82 þús. lestir af síld. Ákvæði eru um gagnkvæman rétt til veiða í efnahagslögsögu landanna. Um heimildir Færeyinga til botnfiskveiða við Ísland fer eftir samningi landanna frá árinu 1976 og hefur verið ákveðið að þær nemi 5.000 lestum á árinu 1997. Meðfylgjandi er yfirlit sjávarútvegsráðuneytisins um botnfiskveiðiheimildir Færeyinga 1983–1996.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 28. apríl 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Össur Skarphéðinsson.	Árni R. Árnason.
Tómas Ingi Olrich.	Kristín Ástgeirsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Hjálmar Árnason.	Svavar Gestsson.	Árni M. Mathiesen.

Fylgiskjal.

Sjávarútvegsráðuneytið:

Veiðiheimildir Færeyinga 1983–1996.

Í samningi frá 29. mars 1976, um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland, var Færeyingum veitt heimild til veiða á 17 þús. lestum af botnfiski við Ísland. Af þessu magni mátti þorskur ekki fara yfir 8 þús. lestir.

Í janúar 1979 var leyfilegur þorskafli lækkaður í 6 þús. lestir, en heildarafli hélst óbreyttur.

Í mars 1984 var sú breyting gerð að íslensk stjórnvöld skyldu ákveða heildarafla færeyskra skipa ár hvert. Sú ákvörðun skyldi gerð að höfðu samráði við landstjórn Færeyja og með tilliti til ástands viðkomandi fiskstofna og annarra aðstæðna sem máli skipta fyrir báða aðila. Var heildaraflinn ákveðinn 8.500 lestir fyrir árið 1984 og þar af skyldi þorskur ekki vera meiri en 2 þús. lestir. Heildaraflinn og þorskafli var síðan óbreyttur 1985 og 1986.

Árið 1987 var heildaraflinn hækkaður í 9 þús. lestir og þar af skyldi þorskur ekki fara yfir 2 þús. lestir.

Árið 1988 var heildaraflinn hækkaður í 11 þús. lestir. Þorskaflinn var óbreyttur eða 2 þús. lestir og sérstakar takmarkanir voru settar á lúðuveiðar og skyldi lúðuafli ekki vera meiri en 250 lestir.

Árið 1991 var heildaraflinn lækkaður í 9 þús. lestir. Þorskafli í 1.500 lestir en lúðuafli hækkaður í 450 lestir.

Árið 1992 var heildarafli síðan lækkaður í 6.500 lestir. Þorskafli í 1 þús. lestir en lúðuafli var óbreyttur eða 450 lestir. Í staðinn fengu íslensk skip að veiða 1 þús. lestir af makríl og 2 þús. lestir af síld í færeyskri lögsögu. Aflasamsetning færeyskra skipa á veiðum við Ísland var sem hér segir á árunum 1983–1992:

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Þorskur	5.626	2.041	2.408	2.574	1.848	1.966	2.012	1.782	1.340	883
Ýsa	1.743	707	1.180	945	1.043	797	606	603	733	757
Keila/langa	5.566	2.839	2.475	2.528	3.295	4.376	4.522	3.903	3.053	2.414
Ufsi	2.158	2.044	1.878	2.291	2.140	2.596	2.246	2.905	2.675	1.570
Annað	2.041	910	531	416	775	1.080	1.564	1.534	813	494
Lúða*	-	-	-	-	-	-	97	276	424	386
Samtals	**17.134**	**8.541**	**8.472**	**8.754**	**9.101**	**10.815**	**11.047**	**11.003**	**9.038**	**6.504**

*Lúðuafli miðast eingöngu við afla þeirra báta, sem hafa sérstakt leyfi til lúðuveiða.

Síðan heildarafli færeyskra skipa var lækkaður 1984 hafa aðeins línu- og færabátar stundað veiðar hér við land, en fyrir þann tíma voru hér einnig togarar.

Árið 1993 voru heildarveiðiheimildir lækkaðar í 6 þús. lestir, þorskafli í 700 lestir og lúðuafli í 400 lestir. Íslensk skip fengu heimild til veiða á 2 þús. lestum af síld og 1 þús. lestum af makríl. Aðeins 16 línuskipum, þar með talin lúðuskip, var heimilt að stunda veiðar samtímis.

Árið 1994 var óbreytt frá 1993.

Á árinu 1995 var heildaraflinn lækkaður í 5.000 lestir af botnfiski. Þorskafli takmarkaðist við 700 lestir, lúðuafli við 200 lestir, grálúðuafli við 100 lestir og keiluafli við 1.000 lestir. Í október var fallist á að keila hækkaði í 1.100 lestir en grálúðuafli lækkaði samsvarandi.

Á árinu 1996 var heildarkvótinn áfram 5.000 lestir. Þorskafli takmarkaðist áfram við 700 lestir, lúðuafli við 200 lestir, keiluafli við 1.500 lestir og engar grálúðuveiðar voru heimilar.

Aflasamsetning færeyskra skipa á veiðum við Ísland var eftirfarandi á árunum 1993–1996:

	1993	1994	1995	1996
Þorskur	658	739	719	703
Ýsa	745	901	764	639
Keila/langa	1.853	1.842	1.621	1.669
Ufsi	1.562	960	1.184	801
Grálúða	166	912	16	0
Karfi	448	204	331	290
Lúða	358	390	203	127
Annað	85	89	88	78
Samtals	**5.875**	**6.037**	**4.926**	**4.307**

1080. Breytingartillögur [486. mál]

við frv. til l. um öryggisþjónustu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundi Jónassyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Þess skal gætt að öryggisþjónusta í atvinnuskyni fari ekki inn á starfssvið opinberrar löggæslu og slökkviliðs.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Rekstraraðili öryggisþjónustufyrirtækis skal hafa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, sem tryggir viðskiptamanni fyrirtækisins bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fyrirtækið eða starfsmenn þess bera skaðabótaábyrgð á.
3. Við 4. gr. Á eftir orðunum „18 ára að aldri“ komi: uppfylla skilyrði b-, c- og d-liðar 2. gr.

1081. Frumvarp til laga [603. mál]

um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

II. KAFLI
Eignarréttur að auðlindum.

3. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en utan eignarlanda eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

III. KAFLI
Rannsóknir og leit.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spillt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

5. gr.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar.

IV. KAFLI
Nýting auðlinda.

6. gr.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

7. gr.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati samkvæmt ákvæðum 29. gr. Hafi ekki náðst samkomulag um endurgjaldið eða eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan 3 ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda utan eignarlanda.

Hafi landeigandi sjálfur látið rannsaka auðlindir á eignarlandi sínu eða heimilað það öðrum en ekki hefur verið veitt nýtingarleyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind í landi hans, getur landeigandi eða sá sem rannsóknirnar annaðist krafið nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsóknanna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati skv. 29. gr.

V. KAFLI
Jarðefni.

8. gr.

Ákvæði laga þessara eiga ekki við um leit, rannsókn eða nýtingu á grjóti, möl, leir, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi, sem fram fer á eignarlandi.

9. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

VI. KAFLI
Jarðhiti.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum.

Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

11. gr.

Nú vill landeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta jarðhita í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita skv. 1. mgr. fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er landeiganda ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsþarfa. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

12. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.

13. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu.

VII. KAFLI
Grunnvatn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 100 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.

15. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar.

VIII. KAFLI
Skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.

16. gr.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

17. gr.

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur ráðherra synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

18. gr.

Í rannsóknar- og eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Tímalengd leyfis, sérákvæði um hvenær starfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skuli vera lokið.
3. Staðarmörk svæðis.
4. Til hvaða auðlinda samkvæmt lögum þessum leyfið tekur, ákvæði um magn og nýtingarhraða.
5. Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
6. Upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa og skyldu til afhendingar á sýnum.
7. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
8. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
9. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti.

10. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
11. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að leyfistíma loknum.
12. Frágang á starfsstöðvum og landi sem breytt hefur verið við rannsókn eða nýtingu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að auglýsa í einu lagi eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skv. 4. gr. á tilteknu landsvæði. Á sama hátt er ráðherra heimilt að auglýsa eftir umsóknum um nýtingarleyfi skv. 6. gr.

20. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og skal þá ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

IX. KAFLI
Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf, meðferð upplýsinga o.fl.

21. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4. eða 6. gr. hefur verið veitt. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsókna og vinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum sem ráðherra setur með reglugerð.

22. gr.

Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðfræðilegum efnum óski Orkustofnun þess.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Orkustofnunar. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa jarðborunar skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

23. gr.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr., svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður, og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja.

25. gr.

Aðilar, sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu, skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

26. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber landeiganda eða umráðamanni skv. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

27. gr.

Komi upp ágreiningur milli rétthafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri rétthafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

X. KAFLI
Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir ráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

29. gr.

Nú hefur ráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar með talið um endurgjald fyrir auðlind, og getur ráðherra þá tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

30. gr.

Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðhluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

31. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á auðlindum utan eignarlanda þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum, leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins, auðlindir utan eignarlanda og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind utan eignarlanda sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

33. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum, sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin ákvað í október 1995 að fela sérstökum vinnuhópi að vinna að samningu frumvarpa til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu og rétt til virkjunar fallvatna. Voru þá hafðar í huga þær tillögur sem fram höfðu komið á Alþingi um þessi mál síðustu áratugi og einnig frumvörp sem samin höfðu verið í iðnaðarráðuneytinu í tíð síðustu ríkisstjórnar. Auk þess sem deilt hefur verið um hvaða leiðir beri að fara um skipan eignarréttar að auðlindunum hefur verið uppi ágreiningur um hvort þær tillögur sem fram hafa komið hafi farið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar. Verkefni vinnuhópsins var að huga að því hvort búa mætti frumvörp um þessi mál í þann búning að sem víðtækust samstaða gæti tekist um efni þeirra. Með bréfi iðnaðarráðherra

24. nóvember 1995 voru eftirtaldir skipaðir í vinnuhópinn: Stefán Guðmundsson alþingismaður, formaður, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður.

Frumvarp það sem hér er lagt fram er afrakstur þessarar vinnu. Ekki er áformað að afgreiða það á þessu þingi.

Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er farin sú leið að skipa í einn lagabálk reglum um allar auðlindir í jörðu, hvort sem um er að ræða í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Helstu efnisatriði frumvarpsins eru:

— Eignarréttur að auðlindum í eignarlöndum og innan netlaga í vötnum og sjó verði í höndum landeiganda.

— Lýst er yfir eignarrétti ríkisins á auðlindum í jörðu utan eignarlanda. Slík regla hefur verið í lögum um jarðefni, en ákvæði um jarðhita, grunnvatn og aðrar auðlindir í jörðu eru nýmæli.

— Sömu reglur gildi almennt um eignarrétt, leit, rannsóknir, nýtingu og leyfi opinberra yfirvalda í þeim efnum. Iðnaðarráðherra fari með veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa en Orkustofnun verði falin stjórnsýsluverkefni á þessu sviði.

— Iðnaðarráðherra í umboði ríkisins verði heimilt að hafa frumkvæði að og láta leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu, jafnt innan sem utan eignarlanda og hvort sem landeigandi sjálfur hefur hafið slíka rannsókn eða heimilað hana öðrum, nema sá aðili hafi áður fengið rannsóknarleyfi. Ráðherra getur með sama hætti heimilað öðrum að annast slíkar rannsóknir. Er þetta hliðstæð regla og er í núgildandi lögum um heimild til ríkisins til að láta leita að jarðefnum og jarðhita hvar sem er á landinu.

— Nýting auðlinda úr jörðu séu háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Í frumvarpinu felst þó að landeiganda verði heimilt að nýta á eignarlandi sínu grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos og steinefni, svo og mó, mold og surtarbrand. Þá verði honum heimilt að nýta jarðhita og grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa innan tiltekinna marka. Til þess að nýta jarðefni, svo sem málma, jarðolíu og jarðgas, svo og jarðhita og grunnvatn yfir hinum tilteknu mörkum, þarf landeigandi hins vegar nýtingarleyfi frá ráðherra.

— Sveitarfélagi hafi forgang til nýtingarleyfa vegna grunnvatns og jarðhita innan marka sveitarfélags vegna þarfa sveitarfélagsins og því tryggður réttur til umsagnar áður en nýtingarleyfi eru veitt. Enn fremur geti ráðherra heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu, óháð því hvort viðkomandi réttindi eru innan marka sveitarfélagsins eða ekki.

— Ráðherra hafi heimild til að taka auðlindir eignarnámi ásamt öðrum réttindum sem nauðsynleg eru til að nýtingarleyfi komi að notum.

— Landeigandi fái fullt endurgjald fyrir auðlind í hans eigu sem nýtt er af öðrum. Ef auðlind er tekin eignarnámi hafi landeigandi val um það hvort endurgjald fyrir þær verði metið sem bætur sem greiðist í einu lagi eða árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar stendur yfir sem ákveðin yrði sem ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi.

Þá eru í frumvarpinu ákvæði um skilyrði fyrir veitingu leyfa, vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, meðferð upplýsinga og fleira.

Eignarréttur að auðlindum í jörðu í eignarlandi.

Þótt ekki hafi verið sett heildstæð lög um eignarrétt á auðlindum í jörðu hefur í löggjöf verið byggt á því að þær fylgi eignarlandi en hagnýtingu þeirra sett almenn takmörk. Skv. 1. gr. námulaga, nr. 24/1973, fylgir landareign hverri réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna sem þar finnast í jörðu. Þá segir í 12. gr. orkulaga, nr. 58/1967, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, með þeim takmörkum sem lögin tilgreina. Samkvæmt lögunum er landeiganda veittur víðtækur hagnýtingarréttur. Ekki er í lögum kveðið sérstaklega á um grunnvatnsréttindi en litið hefur verið svo á að grunnvatn tilheyri eignarlandi. Þá hafa landeigendum verið ákvarðaðar bætur fyrir þessi réttindi, einkum jarðhita, með samningum, við eignarnám og fyrir dómstólum.

Á síðustu áratugum hafa ítrekað verið lögð fram frumvörp um eignarhald á jarðhita, bæði þingmannafrumvörp og stjórnarfrumvörp, sem miðað hafa að því að takmarka umráða- og hagnýtingarrétt landeiganda ýmist við ákveðið hitastig eða dýpt. Þau frumvörp hafa ekki hlotið afgreiðslu. Sérstaklega hefur verið dregið í efa að forsendur séu til þess að skilja eignarrétt að tilteknum auðlindum bótalaust frá eignarráðum sem fylgt hafa eignarlandi eða gera í því efni mun á jarðhita eftir hitastigi. Telja verður að slík tilhögun fái tæpast staðist ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar, einkum þegar litið er til þeirra viðhorfa sem mótast hafa til eignarréttinda hér á landi og fylgt hefur verið við mótun löggjafar og í framkvæmd t.d. við ákvörðun bóta við eignarnám á jarðhitaréttindum og við frjálsa samninga um slík réttindi.

Enn fremur verður ekki talið að fyrir hendi séu þeir hagsmunir sem knýi á um að skipta jarðhitasvæðum í lághita- og háhitasvæði, auk þess sem sú skipting er bundin tæknilegum annmörkum. Við athugun á þekktum háhitasvæðum verður að ætla að þau séu að verulegu leyti utan eignarlanda, eða í eignarlöndum í eigu ríkis og sveitarfélaga. Sem rök fyrir því að ætla ríkinu eignarráð háhita hefur það sjónarmið verið uppi að vinnsla slíks jarðhita væri kostnaðarsamari en svo að það væri almennt á færi einkaaðila að leggja út í slíka vinnslu. Þó að vissulega megi telja að slíkt kunni að eiga við í ýmsum tilvikum er þó ekki ástæða til annars en ætla að fyrirtæki á sviði stóriðnaðar og aðrir fjársterkir aðilar væru í hliðstæðri aðstöðu til að virkja slík háhitasvæði og þá á grundvelli samninga við viðkomandi rétthafa. Fyrir liggur og það fordæmi að fyrir ekki mörgum árum voru landeigendum greiddar bætur samkvæmt mati fyrir jarðhita á háhitasvæði á Suðurnesjum í þágu hitaveitu þar. Það ber hins vegar að hafa í huga að mikill kostnaður við virkjun jarðhita á háhitasvæði á almennt að hafa áhrif til lækkunar við mat á endurgjaldi fyrir slík réttindi, þegar þau eru metin t.d. vegna eignarnáms, á grundvelli þess verðs sem ætla má að slík réttindi hafi í frjálsri sölu.

Öll flokkun jarðhita eftir hitastigi eða dýpt er og þeim annmörkum háð að erfitt getur reynst að staðreyna mörk milli flokka, auk þess sem tækniþróun á þessu sviði veldur því að flokkunarmörk, sem nú byggja á tilteknum rökum, geta verið úrelt að fáum árum liðnum. Með örum tækniframförum verður sífellt auðveldara að nýta auðlindir á meira dýpi. Landeigandi getur því í dag nýtt sér auðlindir sem honum var áður ókleift að nýta vegna ónógrar tækniþekkingar eða mikils kostnaðar. Skil milli eignarréttar verða því trauðla byggð á slíkum mörkum til langframa.

Með hliðsjón af þessu er því lagt til að staðfest verði sú regla sem í raun hefur verið fylgt við túlkun eignarréttar, að eignarlandi fylgi réttur til auðlinda sem þar finnast.

Eignar- eða umráðaréttur yfir auðlindum í jörðu utan eignarlanda.

Í námulögum er staðfest að ríkið eigi rétt til jarðefna utan eignarlanda. Ekki er hins vegar að finna sambærileg lagaákvæði um rétt ríkis til jarðhita eða grunnvatns utan eignarlanda.

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var mjög fjallað um atriði er vörðuðu eignarrétt að afréttum og almenningum. Milliþinganefnd sem starfaði á árunum 1917–19, svokallaðri fossanefnd, var falið að gera úttekt á eignarrétti og vatnsréttindum, og skilaði hún tveimur frumvörpum til vatnalaga sem hvorugt var samþykkt. Þótt nefndin hafi klofnað vegna ágreinings um það grundvallaratriði hvernig eignarrétti að vatni væri háttað var hún í meginatriðum sammála um að vatnsréttindi á almenningum og afréttum utan eignarlanda væru ríkiseign. Umræðan á þingi snerist um það hvernig fara skyldi með afrétti sem kynnu að vera undirorpnir beinum eignarrétti. Svo fór að í þingsályktun frá 1919 var því sleppt að fjalla um afrétti sérstaklega. Einungis er skorað á landsstjórnina að lýsa alla vatnsorku í almenningum eign ríkisins. Í meðförum á þingi var ályktunin þó skýrð svo að tryggja bæri ríkinu vatnsréttindi í almenningum og afréttum sem ekki gætu talist eign einstakra jarða eða sveitarfélaga. Á þessum tíma átti sú skoðun almennu fylgi að fagna að land, sem ekki væri undirorpið beinum eignarrétti, væri ríkiseign. Sú skoðun er hins vegar ekki í samræmi við niðurstöður íslenskra dómstóla sem nú liggja fyrir.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1981 um eignarréttarkröfu ríkissjóðs að Landmannaafrétti er tekið á þessu atriði. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á eignarrétt ríkisins með fullnægjandi rökum, en hreppum þeim, sem töldu sig hafa rétt til afréttarins, hafði í dómsmáli á sjötta áratugnum mistekist að sýna fram á fullan eignarrétt yfir afréttinum. Þá segir í dóminum: „Hins vegar verður að telja, að handhafa ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landsvæðis þess, sem hér er um að ræða . . .“. Hæstiréttur undirstrikar enn fremur þörfina á að setja lagaákvæði um þetta atriði og segir að „Alþingi hafi ekki sett lög um þetta efni, þó það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið“.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þar sem lagt er til að kveðið verði á um að ríkið sé eigandi lands og hvers konar auðlinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti, en með þjóðlendum er átt við landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi. Þar er einnig að finna ákvæði um með hvaða hætti eigi að skera úr um mörk á eignarlöndum og þjóðlendum. Í samræmi við þetta er í þessu frumvarpi lagt til að kveðið verði á um að ríkið sé eigandi að auðlindum utan eignarlanda, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í kaflanum er kveðið á um gildissvið laganna og skilgreiningar á þeim hugtökum sem frumvarpið byggist á.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um gildissvið frumvarpsins. Tekur frumvarpið til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Samkvæmt lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er íslenska

ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Þau lög taka því við þar sem fyrirhuguðu gildissviði frumvarpsins sleppir.

Í 2. mgr. er að finna skilgreiningu á grunnhugtaki frumvarpsins, auðlind. Frumvarpinu er ætlað að taka til hvers konar auðlinda sem vinna má úr jörðu á hverjum tíma, jafnt frumefna, efnasambanda eða orku og án tillits til þess hvort viðkomandi auðlind er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi. Grunnvatn er auðlind í skilningi laganna en ekki yfirborðsvatn. Vatnalög, nr. 15/1923, taka til yfirborðsvatns og halda þau gildi sínu.

Um 2. gr.

Hér er að finna skilgreiningu á meginhugtökum laganna öðrum en hugtakinu auðlind, sem áður er lýst.

Hugtakið eignarland tekur í lögunum til þeirra landsvæða sem háð eru einkaeignarrétti. Með einkaeignarrétti er átt við að landeigandi fari með öll venjuleg eignarráð landsvæðis innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Landsvæði, sem einungis eru háð tilteknum eignarráðum, svo sem afnotarétti eins og beitarréttindum eða réttindum til veiði í vötnum, eru ekki eignarlönd í skilningi laganna. Eignarland getur verið í eigu hvaða aðila sem er, ríkis jafnt sem einstaklinga eða lögaðila.

Skilgreining á netlögum er hefðbundin og í samræmi við skilgreiningar í öðrum lögum. Áður var miðað við 60 faðma sem samsvarar 115 metrum.

Auðlindir samkvæmt frumvarpinu má flokka í þrjá meginflokka, jarðefni, jarðhita og grunnvatn. Skilgreiningar þessara hugtaka þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til að kveðið verði á um í lögum hvernig eignarrétti að auðlindum skuli háttað. Þannig sé staðfest að eignarlandi, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, fylgi eignarréttur að auðlindum í jörðu, í samræmi við ríkjandi sjónarmið um inntak eignarréttar.

Þá er staðfest í niðurlagi greinarinnar að utan eignarlanda séu auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins. Til greina kemur að kveða á um að auðlindir utan eignarlanda tilheyri ríkinu eða að íslenska ríkið ráði yfir þeim og fari með rétt til að hagnýta þær. Allar leiða þessar aðferðir við lagasetningu til sömu niðurstöðu í raun. Í niðurlagi ákvæðisins er gerður fyrirvari þess efnis að auðlindir utan eignarlanda geti verið eign annarra ef þeir sanna rétt sinn til þeirra.

Um ákvæðið vísast að öðru leyti til almennra athugasemda hér að framan.

Um III. kafla.

Hér er að finna ákvæði um heimildir stjórnvalda til þess að hlutast til um leit og rannsóknir á auðlindum í jörðu og leyfisveitingu þar að lútandi. Lagt er til að sömu reglur gildi um jarðefni, jarðhita og grunnvatn og reglur þar um því samræmdar frá því sem nú er.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórnvöldum verði gert kleift að hafa frumkvæði að leit og rannsóknum á auðlindum í jörðu og heimila það öðrum með útgáfu rannsóknarleyfis, en svo er leyfi til leitar og rannsóknar nefnt í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að heimildir ráðherra nái bæði til landsvæða utan eignarlands og innan. Þá er lagt til að heimild ráðherra til

frumkvæðis sé óháð því hvort landeigandi hafi sjálfur hlutast til um slíka leit eða rannsókn.

Landeiganda yrði samkvæmt frumvarpinu heimilt að framkvæma leit eða rannsókn á eignarlandi sínu án leyfis. Honum ber þó að gera fyrir fram grein fyrir verulegum framkvæmdum, svo sem borunum, sprengingum eða gerð námuganga, og er Orkustofnun heimilt að setja skilyrði fyrir umræddum framkvæmdum. Auk þessa kunna ákvæði annarra laga að eiga við.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um inntak rannsóknarleyfis samkvæmt frumvarpinu. Þá er kveðið á um skyldu ráðherra til að leita umsagnar Orkustofnunar við veitingu rannsóknarleyfa.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er því slegið föstu að nýting auðlinda úr jörðu sé háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða utan þeirra. Í þessu felst að einnig landeiganda er óheimilt að hefja nýtingu á jarðefnum og meiri háttar nýtingu á jarðhita og grunnvatni án leyfis ráðherra. Regla þessi á þó ekki við um nýtingu á grjóti, möl, sandi, vikri, gjalli og öðrum slíkum gos- og steinefnum, svo og mold, mó og surtarbrandi, sem fram fer á eignarlandi, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Er það óbreytt regla frá gildandi lögum. Landeiganda er og heimilt að hagnýta jarðhita án leyfis til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til iðnaðar og iðju, og grunnvatn til svipaðrar starfsemi, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. frumvarpsins. Þá þykir eðlilegt að landeigandi, sem veitt hefur verið rannsóknarleyfi, njóti forgangs við veitingu nýtingarleyfis. Hafi hann hins vegar ekki fengið rannsóknarleyfi á hann ekki slíkan forgangsrétt.

Í 2. mgr. er kveðið á um inntak nýtingarleyfis. Um skilyrði og efni nýtingarleyfa að öðru leyti er fjallað í VIII. kafla laganna.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun veiti ráðherra umsögn áður en leyfi er veitt. Þá þykir eðlilegt að sveitarstjórnir veiti umsögn um útgáfu nýtingarleyfis innan marka sveitarfélags þar sem hagsmunir þess eru ríkir bæði frá efnahagslegu og umhverfisverndarlegu sjónarmiði.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. er gert að skilyrði fyrir því að vinnsla hefjist að nýtingarleyfishafi nái samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati náist ekki samkomulag. Matið skal fara eftir ákvæðum 29. gr. en þar er fjallað um eignarnámsmat. Hefur landeigandi 60 daga frest til þessa frá útgáfudegi nýtingarleyfis, ella fellur leyfið úr gildi. Þá þykir eðlilegt að nýtingarleyfi falli úr gildi hefjist nýting ekki innan þriggja ára.

Þar sem gert er ráð fyrir því í 4. gr. að ráðherra geti hlutast til um leit og rannsókn auðlinda án tillits til þess hvort landeigandi hafi sjálfur hafið slíka leit, þykir eðlilegt að kveðið verði á um að rannsóknarniðurstöður þeirra rannsókna sem landeigandinn hefur staðið fyrir verði metnar til verðmætis gagnvart nýtingarleyfishafa. Úr ágreiningi um þá greiðslu skal skorið með mati skv. 29. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Ekki þykir eðlilegt að ákvæði frumvarpsins um leit, rannsókn og nýtingu taki til leitar og nýtingar á hinum algengari jarðefnum sem fram fer á eignarlandi. Byggt er hér á sömu afmörkun og nú er í gildi samkvæmt námulögum. Hins vegar taka ákvæði frumvarpsins um leit og nýtingu til allra jarðefna utan eignarlanda. Þannig má sem dæmi nefna að nýting á vikri innan marka eignarlands er ekki háð leyfi ráðherra en leit og nýting á vikri utan eignarlands er háð leyfi.

Um 9. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins að því er jarðhita varðar. Þykir eðlilegt að gæta hér samræmis.

Um 10. gr.

Lagt er til að öll venjuleg nýting jarðhita á eignarlandi sé heimil án leyfis ráðherra. Þannig geti landeigandi stundað atvinnurekstur sem tengdur er búskap eða eðlilegri nýtingu landsins. Lagt er til að miðað verði við tiltekin mörk hér að lútandi, allt að 5 MW. Vermi miðast við þrípunktsástand vatns, en svo nefnist það ástand þegar vatnið er 0,01°C heitt og undir 611,2 Pa (6,112 mb) þrýstingi. Þá eru ís, vatn og gufa í varmafræðilegu jafnvægi. Fyrirvari er gerður um það að tilkynna beri Orkustofnun ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Um heimild til nýtingar jarðhita til raforkuvinnslu er vísað til orkulaga, sbr. 2. mgr. Ákvæði þessara laga um leyfi til nýtingar jarðhita eiga því ekki við um raforkuvinnslu. Sömu sjónarmið gilda hins vegar að sjálfsögðu um eignarhald á jarðhita auk þess sem ákvæði laganna um vernd og meðferð jarðhitasvæða geta átt við.

Samkvæmt þessu getur landeigandi nýtt jarðhita án leyfis allt að 5 MW, en leyfi ráðherra þarf til nýtingar landeiganda á jarðhita frá 5 MW. Skv. 10. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver af stærðinni 200–2.000 kw en til að reisa og reka raforkuver stærra en 2.000 kw þarf leyfi Alþingis.

Um 11. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, en orðalagi hefur verið breytt. Í lok 3. mgr. er tekið fram að matið skuli framkvæmt í samræmi við ábúðarlög, en núgildandi ábúðarlög eru nr. 64/1976.

Um 12. gr.

Grein þessi er að stofni til byggð á 16. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Meginreglan er sú að ekki má undanskilja jarðhitaréttindi við sölu jarðar nema þegar um ríkisjarðir er að ræða, en þá ber að undanskilja jarðhitaréttindi við sölu þeirra.

Um 13. gr.

Lagt er til að sveitarfélagi verði fenginn ákveðinn forgangur til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélags. Þykir þetta nauðsynlegt með tilliti til samfélagslegra hagsmuna í sveitarfélaginu.

Um 14. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins og áður er lýst. Þannig er landeiganda heimilt að hagnýta grunnvatn án leyfis til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju innan eignarlands, allt að tilteknum mörkum sem lagt er til að verði 100 sekúndulítrar.

Um 15. gr.

Hér er um hliðstæða reglu að ræða og fram kemur í 13. gr. frumvarpsins og áður er lýst.

Um VIII. kafla

Hér er fjallað um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt lögunum, efni þeirra og afturköllun. Ákvæði kaflans taka til allra auðlinda samkvæmt lögunum og eiga bæði við um útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfis, eftir því sem við á.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Ákvæði þetta á einvörðungu við um útgáfu nýtingarleyfa. Lagt er til að ráðherra verði gert að meta umsóknir um veitingu nýtingarleyfa út frá tilteknum forsendum. Þannig skuli taka tillit til þjóðhagslegra hagsmuna, umhverfissjónarmiða og nýtingar sem hafin er í næsta nágrenni. Veiting nýtingarleyfa vegna auðlinda í eignarlandi mun því taka mið af þessum sjónarmiðum sem ganga þá framar hagsmunum landeiganda.

Um 18. gr.

Hér eru nánar tilgreind þau efnisatriði leyfis sem þurfa að vera til staðar í leyfi. Ákvæðið er hliðstætt 12. gr. námulaga, nr. 24/1973, og þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Lagt er til að ráðherra geti haft frumkvæði að rannsókn og vinnslu með því að auglýsa eftir umsóknum um leyfi. Einnig getur verið heppilegt að beita þessu ákvæði þegar fleiri aðilar sækjast eftir leyfum.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um heimildir ráðherra til afturköllunar leyfis. Þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Um IX. kafla.

Rétt þykir að fjalla í sérstökum kafla um vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf og meðferð upplýsinga. Ákvæði kaflans taka til allra auðlinda samkvæmt lögunum og eiga bæði við um starfsemi samkvæmt rannsóknar- og nýtingarleyfi, eftir því sem við á.

Um 21. gr.

Hér er lagt til að Orkustofnun verði fengið það hlutverk að hafa eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum samkvæmt útgefnum leyfum og gefa ráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsóknar og vinnslu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Frumvarpið byggir á því að Orkustofnun fari með eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum og vörslu og umsjón þekkingaröflunar hér að lútandi, sbr. 22. gr. Eðlilegt hlýtur að teljast að stofnunin fari með með þessi málefni þótt meginverkefni hennar séu á sviði jarðhita og vatnsorku.

Um 22. gr.

Hér er kveðið á um upplýsingaskyldu rannsóknar- og nýtingarleyfishafa. Í 1. mgr. er kveðið á um almenna upplýsingaskyldu þessara aðila gagnvart Orkustofnun. Gert er ráð fyrir að eigi sjaldnar en árlega á meðan á leyfistíma stendur og auk þess í lok hans verði Orkustofnun send skýrsla um framvindu mála. Til leiðbeiningar eru í ákvæðinu talin upp helstu atriði sem greina skal frá í skýrslunni, en heimilt er að kveða á um fleiri atriði í viðkomandi leyfi. Auk þess er Orkustofnun heimilt að óska eftir sýnum.

2. mgr. er að hluta byggð á ákvæðum 52. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Þá er kveðið á um þá nýjung að skylt sé að láta Orkustofnun vita ef önnur verðmæt efni en heitt vatn eða gufa finnast við jarðboranir.

Um 23. gr.

Í þessari grein er kveðið á um meðferð upplýsinga sem veittar eru Orkustofnun. Lagt er til að upplýsingar séu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis, framlengingar þess og þegar rannsóknarleyfishafa er veittur forgangur að nýtingarleyfi skv. 2. mgr. 5. gr. Þegar rannsóknarleyfishafa er veitt nýtingarleyfi í beinu framhaldi af rannsókn helst trúnaðarskyldan. Þó er gert ráð fyrir að unnt sé að takmarka trúnaðarskyldu í viðkomandi leyfi. Þannig er heimilt að tilgreina þau atriði sem ekki eru bundin trúnaði og stytta eða lengja þann tíma sem upplýsingar eru bundnar trúnaði. Gert er ráð fyrir að upplýsingar sem veittar eru samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verði í vörslu Orkustofnunar. Orkustofnun er því heimilt að ráðstafa þeim þegar trúnaðarskylda er niður fallin og utanaðkomandi aðilum heimill aðgangur að upplýsingunum.

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 49. og 50. gr. orkulaga, nr. 58/1967, nema að því leyti að hún tekur bæði til jarðhitasvæða og grunnvatns. Einnig er skýrt kveðið á um skipun matsmanna og frágang borhola.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ætlað að stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu jarðhita og grunnvatns.

Um 26. gr.

Ákvæðið á sér hliðstæðu í 18. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967, og 7. gr. núgildandi námulaga, nr. 24/1973, að breyttu breytanda.

Um 27. gr.

Grein þessi er á sér m.a. fyrirmynd í 14. gr. núgildandi orkulaga, nr. 58/1967. Greinin á við um allar auðlindir.

Um 28. gr.

Samkvæmt III. og IV. kafla frumvarpsins getur ráðherra veitt öðrum en landeiganda rannsóknar- og nýtingarleyfi. Skv. 26. gr. er landeiganda enn fremur skylt að veita leyfishöfum óhindraðan aðgang að eignarlandi og hlíta ákvæðum leyfis þar að lútandi. Verði landeigandi fyrir tjóni af þeim sökum á hann því rétt á bótum fyrir tjón sem hann sýnir fram á. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

Um 29. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins skal nýtingarleyfishafi óska eftir mati á endurgjaldi fyrir auðlind innan tiltekins tíma frá útgáfu leyfis náist ekki samkomulag þar að lútandi. Um slíkt mat er vísað til þessarar greinar, þ.e. að um eignarnámsmat skuli vera að ræða. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. segir að ráðherra geti tekið auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlinda og öðrum réttindum landeiganda. Ráðherra afhendir nýtingarleyfishafa hin eignarnumdu verðmæti. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Í 2. mgr. er almenn eignarnámsheimild til handa ráðherra til nýtingar á auðlindum, svo og til að koma í veg fyrir að nýting hefjist sem spillt geti þegar hafinni nýtingu. Þetta gæti sérstaklega átt við borun eftir jarðhita eða vatni, sbr. 17. gr. núgildandi orkulaga. Að öðru leyti eiga ákvæði þessarar greinar sér hliðstæðu í 19. gr. orkulaga og 1. og 2. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973.

3. mgr. er samhljóða 6. mgr. 8. gr. námulaga, nr. 24/1973. Samkvæmt orðanna hljóðan er ekki nauðsynlegt að hinar eignarnumdu auðlindir séu innan marka viðkomandi sveitarfélags.

4. mgr. felur í sér eðlilega sanngirnisreglu vegna hagsmuna landeiganda.

Um 30. gr.

Í þessari grein er nýmæli þess efnis að landeigandi eigi val um það hvernig endurgjald fyrir auðlind verði metið og hvernig útgreiðslu þess verði háttað, annars vegar að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða hins vegar sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Bætur fyrir annað en endurgjald ber að meta sérstaklega. Lagt er til að landeigandi hafi 45 daga frest til þess að taka ákvörðun hér að lútandi frá því að ákvörðun um eignarnám er tekin eða óskað hefur verið eftir mati, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um hvernig ákvarða skuli bætur sem greiddar eru sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Lagt er til að bæturnar verði ákveðinn hundraðshluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Ákvarða verður hvort miða skuli við söluverðmæti fullunninnar auðlindar eða hvort nota eigi aðrar viðmiðanir. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Þannig kemur til greina að miða afkomu viðkomandi námu við vinnslu jarðefna. Í niðurlagi greinarinnar er kveðið á um að í matinu skuli ákvarða gjalddaga greiðslunnar, hvort hún skuli endurskoðuð og hvort og hvernig skuli setja fram tryggingu að kröfu landeiganda.

Landeigandi hefur samkvæmt þessari grein val um það hvort hann fær bætur greiddar með eingreiðslu sem metnar eru út frá líkum og áætlunum um verðmæti og magn eða fær bætur jafnóðum sem taka mið af því hvernig vinnsla gengur. Ljóst er að ekki er hægt að gefa tæmandi leiðbeiningar um mat en í 2. mgr. er þó lagður til ákveðinn rammi utan um það mat.

Í 3. mgr. er vísað til almennra reglna um framkvæmd eignarnáms, sbr. lög nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

Um 31. gr.

Í þessari grein er lagt til að iðnaðarráðherra semji við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins í samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar. Í flestum tilvikum fer landbúnaðarráðuneytið með málefni jarða í ríkiseign, sbr. ákvæði jarðalaga. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir utan eignarlanda og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind utan eignarlanda sem leyfið tekur til fer eftir frumvarpi til laga um þjóðlendur sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Um 32. gr.

Óeðlilegt þykir að leyfi sem hér eru til umfjöllunar geti gengið kaupum og sölum eða að þau sé hægt að setja til tryggingar fjárskuldbindingum.

Um 33.–35. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Umsögn um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að öllum lögum um auðlindir í jörðu verði skipað í einn lagabálk. Með því yrði skýrt kveðið á um eignarrétt og nýtingarrétt á auðlindum á landi, í vötnum og í sjó. Einnig er gert ráð fyrir skýrum reglum um leyfi til rannsókna og nýtingu auðlinda.

Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að nokkur kostnaður við rannsóknir og leyfisveitingar falli á Orkustofnun. Orkustofnun hefur gert áætlun um þann kostnað sem af samþykkt frumvarpsins kann að leiða. Fjármálaráðuneytið hefur yfirfarið þá áætlun og með hliðsjón af henni er talið að kostnaður af samþykkt frumvarpsins geti numið 4–5 m.kr. á ári. Kostnaður iðnaðarráðuneytisins við umsjá með lögunum mun á móti lækka eitthvað en sú lækkun verður óveruleg. Skv. 9. tölul. 18. gr. er gert ráð fyrir að greiðsla kostnaðar af eftirliti falli á leyfishafa og skv. 10. tölul. að leyfisgjald verði greitt af rannsóknar- og nýtingarleyfum til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.

Ekki er talið að tekjur af þessum ákvæðum geti numið þeim fjárhæðum að þau greiði allan þann kostnað sem af samþykkt frumvarpsins leiðir.

1082. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gylfa Kristinsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneyti. Þá komu til fundar Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands, Birgir Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamanna, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ragnar Árnason frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Ásgeir Sigfússon frá Félagi framhaldsskólanema, Eyjólfur Sæmundsson og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir frá Vinnueftirliti ríkisins, Magnús L. Sveinsson og Guðmundur Þ. Ólafsson frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Sigurður Þórarinsson frá Kaupmannasamtökunum, Jón Ingi Einarsson frá Skólastjórafélagi Íslands, Margrét Friðriksdóttir frá Skólameistarafélagi Íslands, Sigurður Guðmundsson frá Félagi starfsfólks í veitingahúsum og Bragi Guðbrandsson og Hrefna Friðriksdóttir frá barnaverndarstofu. Nefndinni bárust umsagnir um málið frá Vinnueftirliti ríkisins, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bændasamtökum Íslands, Bandalagi háskólamanna, Félagi framhaldsskólanema, Verkamannasambandi Íslands og Vinnumálasambandinu.

Nefndin ræddi og skoðaði sérstaklega skilgreiningar frumvarpsins, þ.e. að ungmenni merki samkvæmt frumvarpinu einstakling undir 18 ára aldri og nánari greiningu í börn og unglinga. Nefndin telur ástæðu til að taka fram að hugtakanotkun frumvarpsins er t.d. ekki í samræmi við skilgreiningar í lögum um vernd barna og ungmenna. Skilgreiningar frumvarpsins byggjast á tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna. Þannig er í frumvarpinu miðað við að börn séu einstaklingar undir 15 ára aldri eða sem eru í skyldunámi. Þetta felur það í sér t.d. að einstaklingur, sem er 16 ára og enn í skyldunámi, telst barn samkvæmt reglum frumvarpsins.

Þá ræddi nefndin ákvæði a- og e-liðar 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra og vinnu sem stofnað getur heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hita, hávaða eða titrings. Nefndin telur rétt að þegar settar verða nánari reglur um þessi atriði verði ákvæðin meðal annars skýrð svo að t.d. öll almenn vinna ungmenna í frystihúsum og byggingarvinna geti ekki talist vinna sem felur í sér hættu fyrir heilsu ungmenna.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 6. gr. um hvíldartíma barna og unglinga. Ljóst er að undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. er að finna í 2. og 3. mgr. greinarinnar. Nefndin telur rétt að við nánari útfærslu reglna um hvíldartíma verði verslunarstörf sérstaklega skoðuð.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til sú breyting á 2. gr. frumvarpsins að skýrt verði hver skuli sækja um leyfi til Vinnueftirlits ríkisins ef ráða á börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Tekin eru af tví-

mæli um að það er í höndum þess sem ræður barn til slíkra starfa en ekki barnsins sjálfs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlitsins setja nánari reglur um það hvernig standa skuli að slíkum leyfisveitingum, sbr. 3. lið. Nefndin telur í þessu sambandi rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að Vinnueftirlitið taki saman sérstaka skrá yfir þá aðila sem fá almennt leyfi og að nánari reglur verði útfærðar með hliðsjón af slíkum almennum leyfisveitingum í stað þess að ætíð þurfi að sækja um sérstakt leyfi fyrir hvert barn um sig.

2. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á a-, b- og e-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins í samræmi við texta tilskipunarinnar. Í a-lið verði miðað við að óheimilt verði að ráða ungmenni til vinnu sem líklega sé ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra, í b-lið verði notað orðalagið „vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni“ og e-liður taki til vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu ungmenna vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
3. Þá er lögð til sú breyting á 8. gr. frumvarpsins að nánar verði skilgreint hvað átt er við með óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað og leitt geta til þess að víkja má frá ákvæðum um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga. Í greinargerð með frumvarpinu er skilgreint að ákvæði greinarinnar fjalli um svokölluð *force majeure* tilvik en nefndin telur rétt að þetta komi skýrt fram í lagatextanum. Hugtakið *force majeure* merkir ytri atvik sem ekki verða séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir þótt gerðar séu eðlilegar öryggisráðstafanir, t.d. náttúruhamfarir.
4. Lagt er til að heimildir ráðherra sem víða er að finna í frumvarpinu til setningar reglugerða, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, verði sameinaðar og settar fram í einni grein.
5. Loks er lagt til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein sem breyti ákvæðum 52. gr. laganna um lágmarkshvíldartíma. Í 52. gr. er gert ráð fyrir að vinnutíma skuli hagað þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 10 klukkustunda samfellda hvíld. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er hins vegar gert ráð fyrir 11 klukkustunda lágmarkshvíld á hverjum sólarhring. Í júní 1996 samþykktu íslensk stjórnvöld að tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104, um ákveðna þætti er varða skipulag og vinnutíma, yrði bætt við EES-samninginn. Helstu samtök atvinnurekenda og launafólks hafa þegar undirritað samkomulag um skipan vinnu- og hvíldartíma. Því er ekki talið nauðsynlegt að svo stöddu að breyta öðrum ákvæðum laganna en ákvæðinu um lágmarkshvíldartíma, en eitt af grundvallaratriðum tilskipunarinnar er ákvæðið um 11 klukkustunda lágmarkshvíld.

Alþingi, 5. maí 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.
Einar K. Guðfinnsson, með fyrirvara.	Kristján Pálsson, með fyrirvara.	Magnús Stefánsson, með fyrirvara.

1083. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við bætist ný grein, 1. gr., svohljóðandi:
   Í stað orðanna „10 klukkustunda“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: 11 klukkustunda.
2. Við 2. gr.
   a. Síðari málsliður a-liðar 2. efnismgr. orðist svo: Sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afla leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.
   b. Orðin „og í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins“ í b-lið 2. efnismgr. falli brott.
   c. 3. málsl. c-liðar 2. efnismgr. falli brott.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað orðsins „talin“ í a-lið 1. efnismgr. komi: líklega.
   b. Í stað orðanna „getur valdið“ í b-lið 1. efnismgr. komi: líklega veldur.
   c. E-liður 1. efnismgr. orðist svo: Vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
   d. Síðari málsliður 2. efnismgr. falli brott.
4. Síðari málsliður 3. efnismgr. 5. gr., 4. efnismgr. 6. gr., 5. efnismgr. 7. gr. og lokamálsliður 10. gr. falli brott.
5. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „Heimilt er í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað“ í fyrri málslið efnismálsgreinar komi: Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað er heimilt.
   b. Síðari málsliður efnismálsgreinar falli brott.
6. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Við lögin bætist ný grein, 63. gr. f, er orðast svo:
   Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um leyfisveitingar skv. a-lið 2. mgr. 60. gr., heimild til að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skv. b-lið 2. mgr. 60. gr., hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin skv. c-lið 2. mgr. 60. gr., skilyrði og takmörk vegna frávika skv. 3. mgr. 63. gr., frávik skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. a og 2.–4. mgr. 63. gr. b og um framkvæmd 62. gr., 63. gr. c og 63. gr. e.

1084. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Bárust um það umsagnir frá Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu Íslands, Háskólanum á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands og Rannsóknarráði Íslands.

Frumvarpið felur í sér að komið verði á fót Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Er stofnunin skilgreind í frumvarpinu sem samstarfsvettvangur innan lands um málefni norðurslóða og jafnframt skuli hún stuðla að aukinni hlutdeild Íslendinga í alþjóðasamstarfi um norðurslóðamálefni. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að skipuð verði sérstök samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem er ætlað það hlutverk að efla samstarf um stofnun Vilhjálms Stefánssonar, treysta samstarf innan lands og vera ráðherra til ráðgjafar. Leggur nefndin áherslu á að horft verði breitt til fræðasviða þegar skipað er í samvinnunefndina. Gert er ráð fyrir að unnið verði að markmiðum stofnunarinnar með söfnun og miðlun upplýsinga, samræmingu umhverfisrannsókna á norðurslóð, samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis og að sköpuð verði aðstaða fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að stofnunin komi upp eigin rannsóknarstofum.

Umhverfisnefnd er kunnugt um að starfandi er nefnd skipuð af umhverfisráðherra sem fjallar um endurskoðun á stjórn þeirrar náttúrufræðistarfsemi sem fellur undir umhverfisráðherra. Ekki er óeðlilegt að nefndin kanni hvernig tengslum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar við aðrar stofnanir á þessu sviði verði best fyrir komið.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Snúa breytingarnar að skipan og hlutverki stjórnar stofnunarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að formaður samvinnunefndarinnar verði formaður stjórnar en einnig er gert ráð fyrir að annar aðili úr samvinnunefnd sitji í stjórn og að sá þriðji verði skipaður án tilnefningar. Þá eru lagðar til breytingar á hlutverki stjórnar til samræmis við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en þar kemur fram sú stefna að forstjóri skuli hafa aukið vald til að fara með daglega stjórn stofnunar og ráðningu starfsmanna.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Gísli S. Einarsson.	Tómas Ingi Olrich.
Árni M. Mathiesen.	Kristín Halldórsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Ísólfur Gylfi Pálmason.		Hjörleifur Guttormsson.

1085. Breytingartillögur [364. mál]

við frv. til l. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „en hinir tveir skulu tilnefndir af samvinnunefndinni“ í 2. mgr. komi: en einn skal tilnefndur af samvinnunefndinni og einn án tilnefningar.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Stjórnin fjallar um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „lokið framhaldsnámi og“ í 1. mgr. komi: háskólamenntun og hafa.
   b. Orðin „í umboði stjórnar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar“ í 2. mgr. falli brott.
   c. Orðin „í samráði við stjórn stofnunarinnar“ í 3. mgr. falli brott.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „stjórninni“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: nefndinni.
4. Við 6. gr. Á eftir orðunum „málefni norðurslóða“ komi: sett.

1086. Frumvarp til laga [407. mál]

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum viðskiptaráðherra.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, sbr. þó II. kafla.

2. gr.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar og styðja við þróunar- og kynningarverkefni. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé eða veita lán, ábyrgðir eða styrki. Þá starfrækir sjóðurinn tryggingardeild útflutningslána skv. II. kafla.

Í starfsemi sinni er sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar.

3. gr.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er heimilt að veita lán og ábyrgðir án sérstakra trygginga annarra en þeirra er felast í verkefnunum sjálfum.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjáreign sína.

4. gr.

Í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sitja fimm menn og eru þeir skipaðir af viðskiptaráðherra til tveggja ára í senn. Stjórnin skal þannig skipuð: einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra, einn eftir tilnefningu iðnaðarráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn eftir tilnefningu sjávarútvegsráðherra samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerðir. Verkefni stjórnar eru m.a. þessi:

1. Stefnumótun og gerð starfsreglna, sem staðfestar skulu af ráðherra.
2. Ráðning framkvæmdastjóra.
3. Samþykkt rekstraráætlunar sem gerð skal fyrir fram, eitt ár í senn.
4. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins.
5. Ákvarðanir um þátttöku sjóðsins í fjármögnun, svo sem hlutafjárkaupum, lánveitingum sjóðsins, veitingu styrkja og ábyrgða og ákvarðanir um tryggingar og lánakjör.
6. Ávöxtun fjár.

6. gr.

Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um veitingu lána, ábyrgða eða styrkja innan tiltekinna marka.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun sjóðsins eða tiltekna þjónustu honum til handa, með samþykki ráðherra.

7. gr.

Stofnfé Nýsköpunarsjóðs skal vera 4.000 millj. kr. af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Afhenda skal sjóðnum tilgreinda fjárhæð þegar hann tekur til starfa, annars vegar með markaðshæfum hlutabréfum í eigu sjóðanna og hins vegar með verðtryggðu skuldabréfi útgefnu af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. til 10 ára með 20 afborgunum sem bera skal almenna markaðsvexti.

Auk stofnfjár skv. 1. mgr. skal ríkissjóður greiða Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni. Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal bjóða út vörslu fjárins og ráðstöfun í einingum með það að markmiði að hámarka arð eignarinnar samkvæmt nánari reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum stjórnarinnar. Útboðnar einingar skulu leystar upp 7–10 árum eftir að þær eru boðnar út og rennur andvirði þeirra í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. á ekki við um ráðstöfun fjár samkvæmt þessari málsgrein.

8. gr.

Ráðstöfunarfé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er:

1. Arður af eigin fé sjóðsins.
2. Afborganir og vextir af útlánum sjóðsins.
3. Hlutafjáreign sjóðsins.
4. Aðrar tekjur.

9. gr.

Nýsköpunarsjóður skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um lánveitingar, ábyrgðir, styrki og hlutafjárþátttöku skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.

Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans.

10. gr.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er einungis heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. Lán má ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

II. KAFLI
Tryggingardeild útflutningslána.

11. gr.

Auk þeirrar starfsemi sem lýst er í I. kafla skal við Nýsköpunarsjóð starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum og þjónustu.
3. Að selja ábyrgðir fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis. Einnig að tryggja verkábyrgðir innlendra aðila vegna framkvæmda sem fara að umfangi yfir þau viðmiðunarmörk sem gera opinberar framkvæmdir útboðsskyldar á Evrópska efnahagssvæðinu.
4. Að tryggja fjárfestingar innlendra fjárfesta erlendis vegna stjórnmálalegrar áhættu.
5. Að tryggja búnað sem innlendir aðilar flytja á erlenda grund í tengslum við verkefni þar vegna stjórnmálalegrar áhættu.

Með stjórn deildarinnar fer sérstök stjórnarnefnd sem í eiga sæti fimm menn. Þar af skal einn maður tilnefndur af stjórn Nýsköpunarsjóðs sitja í nefndinni og fulltrúar fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra. Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur deildarinnar.

Tryggingardeild útflutningslána tekur við eignum og skuldbindingum tryggingardeildar útflutningslána sem starfrækt er samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og er stofnfé hinnar nýju deildar ekki hluti af stofnfé sjóðsins skv. 1. mgr. 7. gr.

12. gr.

Stjórnarnefnd tryggingardeildar ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll deildarinnar en þau skulu háð samþykki fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal miðað við að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði.

Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

13. gr.

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórnarnefnd tryggingardeildar setur deildinni nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki fjármálaráðherra.

III. KAFLI
Endurskoðun, eftirlit, gildistaka o.fl.

14. gr.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga.

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með því að starfsemi Nýsköpunarsjóðs sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

16. gr.

Stjórnendur Nýsköpunarsjóðs og aðrir þeir sem vinna fyrir sjóðinn eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

17. gr.

Nýsköpunarsjóður er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti. Lán sem sjóðurinn tekur eða veitir eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

19. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Nýsköpunarsjóður skal taka til starfa 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60/1970, um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

Allur kostnaður af stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins greiðist af honum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 1. júlí 1997 skal skipa stjórn skv. 4. gr. laganna, til tveggja ára. Þar til Nýsköpunarsjóður hefur tekið til starfa skv. 1. málsl. skal stjórnin hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sjóðsins. Skal hún hafa samráð við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. um samninga við starfsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Stjórnin skal á þessu tímabili hafa fullan aðgang að gögnum þessara sjóða þrátt fyrir ákvæði laga um þagnarskyldu og skulu stjórnendur og starfsmenn sjóðanna veita stjórninni nauðsynlega aðstoð. Þá skulu stjórnendur og starfsmenn sjóðsins vera bundnir þagnarskyldu með sama hætti og stjórnendur og starfsmenn umræddra sjóða.

Allir starfsmenn Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, sem fá laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarfélaga og ekki er boðið starf hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., skulu eiga kost á starfi hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði, við starfi hjá Nýsköpunarsjóði og skal hann þá njóta sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Réttur hans til launa hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði fellur niður er hann tekur við starfinu.

Nýsköpunarsjóður yfirtekur lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem taka við starfi í sjóðnum.

Eigið fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs, sbr. lög nr. 76/1987, skal flytjast til Nýsköpunarsjóðs og varðveitast þar í sérstakri deild sem haldið skal aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins. Höfuðstóll samkvæmt þessari málsgrein telst ekki hluti af stofnfé Nýsköpunarsjóðs skv. 7. gr. Fyrstu þrjú starfsár Nýsköpunarsjóðs ráðstafar stjórn sjóðsins eignum deildarinnar í framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur og staðfestar eru af ráðherra. Að þeim tíma liðnum skal deildin lögð niður. Ef eignum deildarinnar hefur þá ekki verið ráðstafað skulu eftirstöðvar lagðar til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Um starfsemi deildarinnar gilda að öðru leyti ákvæði laga þessara.

1087. Frumvarp til laga [237. mál]

um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.
Sjóðstofnun og sjóðfélagar.

Stofnaður skal sjóður sem ber heitið Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Tilgangur sjóðsins er að vera tryggingasjóður vegna atvinnuleysis sjóðfélaga samkvæmt lögum þessum.

Sjóðfélagar eru bændur, vörubifreiðastjórar, smábátaeigendur og aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Sjóðurinn starfar í deildum samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Í þeim komi meðal annars fram sá lágmarksfjöldi einstaklinga sem til þarf svo unnt sé að stofna deild.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.
Stjórn Tryggingasjóðs og skrifstofuhald.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra, fjármálaráðuneyti og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn stjórnarmann hver og einn til vara, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn stjórnarmann. Félagsmálaráðherra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi aðalmanna.

Stjórn sjóðsins skal öll standa að gerð umsagna og tillagna um breytingar á lögum og reglum um sjóðinn og að meiri háttar ákvörðunum sem snerta fjárhag hans.

Stjórn sjóðsins skal hafa samráð og samvinnu við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna framkvæmdar laga þessara.

Þóknun stjórnarmanna greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Vinnumálastofnun skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn í umboði sjóðstjórnar og undir eftirliti og umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

3. gr.
Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar samkvæmt lögum þessum eru:

1. Bændur: Þeir sem stunda búrekstur í atvinnuskyni. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt sem stunduð er til tekjuöflunar, svo og eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda og þjónusta á lögbýlum er nýtir gæði jarðar eða aðra framleiðslu landbúnaðar í framangreindum tilgangi.
2. Smábátaeigendur: Útgerðaraðilar smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni.

3. Vörubifreiðastjórar: Þeir sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar samkvæmt lögum um leigubifreiðar.
4. Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga sem gerast aðilar að sjóðnum samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur.

II. KAFLI
Almenn skilyrði bótaréttar.

4. gr.
Almenn bótaskilyrði.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjóðfélagar, sbr. 3. gr., sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.
2. Hafa stöðvað rekstur, sbr. 5. gr.
3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.
4. Eru búsettir hér á landi.
5. Hafa á síðustu tólf mánuðum áður en þeir stöðvuðu rekstur eða urðu atvinnulausir staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði áður en rekstur stöðvaðist, en hlutfallslega lengur hafi tekjur af rekstri verið lægri en viðmiðun reiknaðs endurgjalds í hlutaðeigandi starfsgrein samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra. Hafi sjóðfélagi unnið sem launþegi þegar hann varð atvinnulaus skal hann eiga rétt á bótum úr sjóðnum hafi hann unnið samtals í a.m.k. tíu vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjómanna á fiskiskipum sem skylt er að lögskrá skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar.
6. Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir atvinnulausir í þrjá daga samfellt.
7. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur.

Sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði laga þessara um bótarétt, skal ekki á sama tíma njóta atvinnuleysisbóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

5. gr.
Lok sjálfstæðrar starfsemi.

Sjóðfélagi skal samkvæmt lögum þessum teljast atvinnulaus:

1. Ef hann hefur stöðvað rekstur.
2. Hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri.
3. Hefur ekki hafið störf sem launþegi.
4. Er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um atvinnu.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins, setja nánari viðmiðunarreglur um hvað telst stöðvun rekstrar í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

6. gr.
Geymdur bótaréttur vegna náms eða heimilisaðstæðna.

Sá sem fullnægir skilyrðum bótaréttar en fer í nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti meðan á töku fæðingarorlofs stendur.

7. gr.

Geymdur bótaréttur vegna veikinda.

Sjóðfélagi, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, en verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur þeim bótarétti er hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði sæki hann um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Atvinnuleysi vegna veikinda skapar út af fyrir sig ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

Sé um skerta vinnufærni að ræða getur svæðisvinnumiðlun óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína.

Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis Atvinnuleysistryggingasjóðs á vinnufærni umsækjanda.

8. gr.

Atriði sem girða fyrir rétt til bóta eða skerða bótatímabil.

Þrátt fyrir ákvæði 4.–7. gr. eiga eftirtaldir sjóðfélagar ekki rétt á bótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.
3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju nema hann sanni að hann hafi stundað tryggingarskylda vinnu í samfellt sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.
5. Þeir sem sviptir hafa verið leyfi til að stunda atvinnurekstur í þeim starfsgreinum sem falla undir gildissvið laga þessara. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 40 bótadaga og skerðist bótatímabil sem því nemur.
6. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.
7. Þeir sem reynt hafa að afla bóta með athæfi er greinir í V. kafla.

III. KAFLI
Bótatímabil og fjárhæð bóta.

9. gr.

Upphaf bótatímabils, biðtími og bótagreiðslur.

Sjóðfélagi, sem öðlast bótarétt samkvæmt lögum þessum, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi.

Fái hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu, dag og dag, skulu atvinnuleysisbætur hans skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

10. gr.

Lok bótatímabils.

Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Fái sjóðfélagi launaða vinnu á bótatímabili eða hefur á ný sjálfstæða starfsemi framlengist bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum.

Vari starfstímabil innan bótatímabils samfellt í tólf mánuði eða lengur skal úthlutunarnefnd endurmeta bótarétt hlutaðeigandi, sbr. 4. gr.

Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda hafi sjóðfélagi staðið skil á tryggingagjaldi vegna sjálfstæðrar starfsemi í starfsgrein sem fellur undir gildissvið laga þessara í a.m.k. sex mánuði eftir lok bótatímabils.

11. gr.

Fjárhæð bóta.

Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema 2.433 kr. á dag. Lágmarksbætur eru ¼ hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga eða ef sýnt þykir að ekki sé fyrir hendi nægilegt fé í sjóðnum til þess að mæta skuldbindingum hans.

Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Annist Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns skal fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og sjóðurinn 6%.

Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum. Fái hinn atvinnulausi ekki fullar atvinnuleysisbætur skal eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

12. gr.

Reglur um útreikning bóta.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hefur verið skráður sem sjálfstætt starfandi og hefur staðið mánaðarlega í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi miðað við síðustu tólf mánuði áður en hann varð atvinnulaus. Ella greiðast bætur hlutfallslega miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað.

Hafi hlutaðeigandi á liðnum tólf mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri skal hver mánuður sem tryggingagjald og staðgreiðsluskattur hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við úrskurð bóta.

Bótahlutfall getur aldrei orðið hærra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

Bætur vegna barna skv. 2. mgr. 11. gr. skerðast ekki.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 6. og 7. gr., og fær hann

þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið bóta á síðustu tólf mánuðum reiknast bótadagar á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

13. gr.

Skrá um ákvörðun bóta.

Stjórn sjóðsins skal semja skrá um ákvörðun bóta. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir lengd þess tímabils er umsækjandi bóta hefur staðið skil á greiðslu tryggingagjalds eða eftir starfstíma og starfshlutfalli.

IV. KAFLI
Um missi bótaréttar.

14. gr.

Atvinnuleysisskráning.

Sjóðfélagi sem nýtur bótaréttar skal skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti hann ekki skráð sig vegna veikinda skal hann skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

Skrái hann sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu skráningu þar til hann skráir sig á ný.

Stjórn sjóðsins getur, að fengnum tillögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram með öðrum hætti en vikulega.

Umsækjandi bóta skal er hann skráir sig gefa skráningaraðila upplýsingar hafi breytingar orðið á högum hans er varða rétt hans til bóta frá því að hann skráði sig síðast.

15. gr.

Þýðing þess að starfi er hafnað.

Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á því að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisaðstæðna umsækjanda.

Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 4. tölul. 8. gr.

16. gr.

Starfsleitaráætlun.

Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda jafnframt ákvæði 4. tölul. 8. gr.

17. gr.

Hlutastörf.

Bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

18. gr.

Almenn skilyrði á biðtíma.

Þeir sem sæta biðtíma eftir bótum skulu hlíta reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt. Skal þeim einnig skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta samkvæmt reglum laga þessara.

V. KAFLI
Viðurlög og refsingar.

19. gr.

Viðurlög vegna rangra, villandi eða leyndra upplýsinga.

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot í 1–2 ár.

Nú hefur maður aflað sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína og skal hann þá til viðbótar missi bóta endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

20. gr.

Sviksamlegt athæfi við öflun bóta.

Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi.

Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

VI. KAFLI
Ákvörðun bóta og málskot.

21. gr.

Úthlutunarnefnd.

Stjórn sjóðsins skal skipa úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands, Landssamband smábátaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn nefndarmann hver, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann. Félagsmálaráðherra tilnefnir tvo nefndarmenn, þar af formann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt lögum þessum.

Þóknun úthlutunarnefndar greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar svo og kostnaður sem af starfi nefndarinnar leiðir.

Vinnumálastofnun skal sjá úthlutunarnefnd fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu.

Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta.

22. gr.

Úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.

Ákvarðanir úthlutunarnefndar skal tilkynna til hlutaðeigandi umsækjanda og stjórnar sjóðsins. Þessum aðilum er heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar innan þriggja mánaða frá því að aðilum var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Úrskurðir nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

Kostnaður af störfum úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta vegna þeirra mála er varða úthlutunarnefnd sjóðsins greiðist úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

VII. KAFLI
Tekjur sjóðsins og fjárreiður.

23. gr.

Tekjur.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi sem stafar frá sjóðfélögum og rennur í sjóðinn, sbr. ákvæði laga um tryggingagjald.
2. Stofnframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. bráðabirgðaákvæði I.
3. Vextir af innstæðufé sjóðsins.

Hver starfsgrein skal njóta bóta úr sinni deild og tekjur sjóðsins frá hverri starfsgrein, sbr. 1. tölul. 1. mgr., renna til viðkomandi deildar. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum.

24. gr.

Fjárreiður.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Eftir hver áramót skal stjórn sjóðsins gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Stjórnin skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn.

Minnst tíu hundraðshluta árlegra tekna sjóðsins samkvæmt lögum um tryggingagjald skal leggja í varasjóð hverrar deildar þar til hann nemur eins árs útgreiðslu bóta miðað við síðastliðið ár. Eftir þann tíma skulu að jafnaði vera fjármunir í varasjóði sem duga til eins árs útgreiðslu bóta úr viðkomandi deild miðað við greiðslur úr honum á síðastliðnum þremur árum. Óheimilt er að ráðstafa úr varasjóði nema að fengnu samþykki ráðherra.

Ef sýnt þykir að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum deilda hans.

25. gr.

Styrkir vegna sérstakra úrræða og búferlaflutninga.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða.

Stjórnin skal setja reglur um styrki samkvæmt þessari grein sem staðfestar skulu af ráðherra.

26. gr.

Gerð ársreiknings og endurskoðun.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.

Aðgreining sjóða.

Hafi einstaklingur starfað sjálfstætt í einni þeirra starfsgreina sem falla undir gildissvið þessara laga á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um bætur úr sjóðnum en jafnframt starfað sem launþegi, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal hann eiga rétt til bóta úr sjóðnum, enda eigi hann ekki rétt til hærri bótafjárhæðar úr Atvinnuleysistryggingasjóði einum sér. Að öðrum kosti fer um rétt viðkomandi til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

28. gr.

Fjárnám og frádráttur gjalda.

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarfélaga eða hagsmunasamtaka af bótum nema skriflegt samþykki bótaþega liggi fyrir.

29. gr.

Upplýsingar vegna framkvæmdar laganna.

Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta sjóðnum og úthlutunarnefnd í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem sjóðnum eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

30. gr.

Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

Um bótarétt vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja skal fara samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

31. gr.

Reglugerð um framkvæmd laganna.

Ráðherra skal, að fenginni umsögn sjóðstjórnar, setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga.

32. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal leggja deildum Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga til stofnframlag við gildistöku laga þessara. Upphæð þessa framlags skal nema mismuninum á hlutfalli atvinnutryggingagjalds í greiddu tryggingagjaldi sjóðfélaga í viðkomandi deild og útstreymis vegna greiðslna atvinnuleysisbóta til sömu aðila samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, á tímabilinu frá 1. janúar 1996 til 1. júlí 1997.

Öðlist samtök nýrra starfsgreina aðild að sjóðnum skal á sama hátt og greinir í 1. mgr. greiða framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði til deilda hans. Vinnumálastofnun skal sjá um útreikning framlagsins og skal það að jafnaði miðast við 18 mánaða tímabil áður en viðkomandi starfsgreinasamtök öðlast aðild að sjóðnum.

II.

Þeir sjálfstætt starfandi einstaklingar sem hafa hafið bótatímabil samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, fyrir gildistöku laga þessara, skulu frá og með 1. júlí 1997 færast yfir til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga og njóta bóta úr honum einvörðungu hafi þeir tilheyrt starfsgreinum sem sjóðurinn tekur til, sbr. 3. gr., er þeir hófu bótatímabil.

Við mat á bótarétti þeirra sem njóta ekki bótaréttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði skal viðmiðunartímabilið um skilyrði bótaréttar samkvæmt lögum þessum vera 1. júlí 1995 til 1. júlí 1997.

III.

Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bótatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bótatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bótatímabil að hámarki orðið fimm ár.

IV.

Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur geta öðlast aðild að sjóðnum, að fengnu samþykki ráðherra, óski samtök þeirra þess. Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um aðild að sjóðnum skal hann leita umsagna stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

V.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. tekur 16. gr. laga þessara gildi 1. janúar 1998.

VI.

Lög þessi skulu endurskoðuð að liðnum tveimur árum frá gildistöku þeirra.

1088. Frumvarp til laga [238. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga.

Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna. Er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.

Almenningsbókasöfn skulu hvert og eitt haga starfi sínu þannig að komið verði við sem öflugastri samvinnu bókasafna í landinu um þjónustu við notendur.

2. gr.

Til almenningsbókasafna teljast:

a. bókasöfn fyrir almenning sem sveitarfélög reka,
b. bókasöfn í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og fangahúsum, rekin af hlutaðeigandi stofnunum.

3. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningsbókasafns með myndun byggðasamlags eða öðrum hætti sem samræmist sveitarstjórnarlögum.

4. gr.

Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og bókasafn grunnskóla, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna. Við slíka sameiningu skal gera ráð fyrir greiðum aðgangi almennings að þjónustu safnsins utan skólatíma.

Heimilt skal og að stofna til samningsbundins rekstrar- eða þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla á framhaldsskóla- eða háskólastigi þar sem slík tilhögun telst henta vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Landið skiptist í bókasafnsumdæmi. Menntamálaráðherra ákveður skiptinguna í reglugerð að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í hverju bókasafnsumdæmi er eitt umdæmissafn sem rækir þjónustu við umdæmið. Öllum bókasöfnum í hverju umdæmi ber að efla samvinnu sín í milli.

6. gr.

Sveitarfélög í hverju bókasafnsumdæmi ákveða í sameiningu hvaða almenningsbókasafn í umdæminu skuli gegna hlutverki umdæmissafns. Menntamálaráðherra ákveður í reglugerð hvaða skilyrðum, m.a. um sérmenntað starfslið, safnkost, aðföng, tæknibúnað og afgreiðslutíma, bókasafn þurfi að fullnægja til að gegna hlutverki umdæmissafns.

Umdæmissafn skal veita öðrum söfnum í umdæminu faglega ráðgjöf, efla samvinnu safna og vera upplýsingamiðstöð umdæmisins.

Umdæmissafn skal eftir föngum lána eða útvega öðrum söfnum og íbúum í umdæminu þann safnkost sem þau vanhagar um.

Umdæmissafni er heimilt að inna af hendi bókasafnsþjónustu við félög og stofnanir, t.d. skóla og sjúkrahús, og er heimilt að taka greiðslu fyrir þá þjónustu.

Í hverju umdæmissafni skal kappkosta að koma upp upplýsingaþjónustu eða deild sem tengist atvinnulífi í umdæminu.

7. gr.

Fyrir hverju almenningsbókasafni á vegum sveitarfélaga skal vera 3–5 manna stjórn, kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum. Kjörtímabil bókasafnsstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn setur bókasafnsstjórn erindisbréf. Standi sveitarfélög saman að rekstri bókasafns skal í samstarfssamningi kveða á um aðild hvers og eins þeirra að bókasafnsstjórn og um verkefni hennar. Sama gildir að því er varðar stjórnir umdæmissafna.

8. gr.

Sveitarfélög ráða starfslið almenningsbókasafna sem á vegum þeirra starfa, sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og búa það nauðsynlegum búnaði.

Við mannaráðningar skal tryggja eftir föngum að almenningsbókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfir verksviði safnanna. Forstöðumaður almenningsbókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi.

Við hönnun bókasafnsbygginga, svo og við kaup eða leigu húsnæðis fyrir bókasafn, skal þess gætt að safnið sé öllum aðgengilegt.

9. gr.

Framlög til almenningsbókasafna skulu ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags.

Standi sveitarfélög sameiginlega að rekstri almenningsbókasafns skal í samstarfssamningi kveðið á um skiptingu kostnaðar og þá m.a. tekið tillit til staðsetningar safnsins. Í samkomulagi um umdæmissafn, sbr. 6. gr., skal kveðið á um framlög sveitarfélaga í bókasafnsumdæminu til safnsins vegna hlutverks þess sem umdæmissafns.

10. gr.

Í öllum sjúkrahúsum landsins, dvalarheimilum aldraða og fangahúsum skal vera bókasafn sem hlutaðeigandi stofnun kostar og rekur. Heimilt er þó stofnun að semja við almenningsbókasafn í byggðarlaginu um bókasafnsþjónustu gegn greiðslu hæfilegrar þóknunar.

Stjórn stofnunar skipar vistmannabókasafni stjórn og setur henni erindisbréf.

11. gr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn stuðlar að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veitir þeim faglega ráðgjöf og á við þau samstarf, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um stofnunina og reglugerð á grundvelli þeirra.

12. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna almenningsbókasafna og hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim sé framfylgt.

Almenningsbókasöfn skulu árlega láta í té skýrslu til menntamálaráðuneytisins um fjármál og starfsemi hvers safns. Heimilt er ráðuneytinu að fela öðrum aðilum að hafa umsjón með öflun þessara upplýsinga og úrvinnslu þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr.

Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna til þriggja ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annar af Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og hinn þriðji af Bókavarðafélagi Íslands. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Ráðgjafarnefndin veitir umsögn um erindi sem menntamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, einstakar sveitarstjórnir, bókasafnsstjórnir eða forstöðumenn almenningsbókasafna vísa til hennar. Nefndin getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til þessara aðila.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir árlega 12.300 þús. kr. í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem lög þessi gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag í landinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

15. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Reglugerðin skal undirbúin í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og samráð haft við Bókavarðafélag Íslands.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1997. Um leið falla úr gildi lög nr. 50/1976, um almenningsbókasöfn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1997–2001 leggur ríkissjóður fram fé, eigi minna en 4 millj. kr. hvert ár, til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Fénu má verja til að veita bókasöfnum styrki til kaupa á tölvubúnaði í þessu skyni, svo og til þess að halda námskeið fyrir bókaverði og gefa út fræðsluefni fyrir al-

menning um hvernig færa megi sér í nyt nýja upplýsingatækni. Einnig er heimilt að veita af þessu fé styrki til annarra þróunarverkefna í þágu almenningsbókasafna, einkum rannsókna og fræðslu. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun fjárins, þar á meðal um styrkskilmála, og tekur ákvörðun um úthlutun framlaga að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna, sbr. 13. gr.

1089. Frumvarp til laga [330. mál]

um Bókasafnssjóð höfunda.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

Lög þessi taka til afnota bóka í almenningsbókasöfnum, sbr. lög nr. 50/1976, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, sbr. lög nr. 71/1994, skólasöfnum, sbr. lög um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, og lög um framhaldsskóla, nr. 80/1996, og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum.

Lögin taka til bóka á prenti, í hljóðriti og í stafrænu formi.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert skal veita framlag til Bókasafnssjóðs höfunda sem úthlutað er úr samkvæmt lögum þessum til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, enda séu bækur þeirra notaðar í þeim bókasöfnum sem lögin taka til.

3. gr.

Rétt til úthlutunar vegna afnota bóka í bókasöfnum eiga samkvæmt lögum þessum:

1. Rithöfundar, enda hafi bækur þeirra verið gefnar út á íslensku, nema um sé að ræða þýðingu eða endursamið verk, endursögn eða staðfærslu á texta úr erlendu máli.
2. Þýðendur, svo og þeir sem enduryrkja, endursegja eða staðfæra erlendar bækur á íslensku.
3. Myndhöfundar og tónskáld, enda séu hugverk þeirra hluti af þeim bókum sem getið er í 1. tölul. eða gefin út sem sjálfstæð rit á Íslandi.
4. Aðrir sem átt hafa þátt í ritun þeirra bóka sem getið er í 1. og 3. tölul., enda sé framlag þeirra skráð í Íslenska bókaskrá frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

1. mgr. á jafnframt við um bækur sem hljóðritaðar hafa verið eða skráðar til afnota og útlána með öðrum hætti.

4. gr.

Rétt til úthlutunar eftir andlát rétthafa skv. 3. gr. eiga:

1. Eftirlifandi maki.
2. Eftirlifandi einstaklingur sem var í sambúð með rétthafa þegar hann lést, enda hafi sambúðin staðið í fimm ár hið skemmsta.
3. Börn yngri en 18 ára, enda sé hitt foreldrið látið eða njóti ekki réttar samkvæmt lögum þessum.

Séu framangreindir vandamenn fleiri en einn skiptist úthlutunin jafnt á milli þeirra.

Rétthafar samkvæmt þessari grein fá aðeins helming af þeirri greiðslu sem rétthafa skv. 3. gr. hefði borið.

5. gr.

Úthluta skal árlega styrkjum úr Bókasafnssjóði eftir nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins með hliðsjón af reglugerð, sbr. 2. mgr. 6. gr. Enn fremur skal úthluta til rétthafa í samræmi við lög þessi miðað við fjölda útlána bóka samkvæmt skrá um afnot bóka í bókasöfnum sem lög þessi gilda um. Fyrir hljóðrit og útgáfur í stafrænu formi er úthlutað á sama hátt.

Úthlutun skv. 3. og 4. gr. skal ákveðin á grundvelli skýrslna frá almenningsbókasöfnum, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, skólasöfnum og öðrum bóka- og gagnasöfnum, að svo miklu leyti sem útlán þessara bókasafna eru tölvuskráð.

Fjárhæðir lægri er 1.000 kr. eru ekki greiddar út. Hámarksfjárhæð til einstakra rétthafa er 300.000 kr. Þessi mörk skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af verðlagsbreytingum.

6. gr.

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda annast úthlutun samkvæmt lögum þessum. Skal hún skipuð af menntamálaráðherra til fjögurra ára, þannig: Tveir samkvæmt tilnefningu frá Rithöfundasambandi Íslands, einn samkvæmt tilnefningu frá Hagþenki – félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, einn samkvæmt tilnefningu frá Myndstefi – Myndhöfundasjóði Íslands og formaður stjórnar án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki skulu tilnefndir í stjórn sömu menn tvisvar í röð.

Menntamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úthlutun og aðra starfsemi sjóðsins, svo og um skráningarskyldu bókasafna og annarra gagnasafna og skýrslugerð þeirra.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Um leið fellur úr gildi 14. gr. laga um almenningsbókasöfn.

1090. Frumvarp til laga [256. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Eftir 2. umr., 5. maí.)

1. gr.

Vinna skal að vörnum gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Samheitið ofanflóð er hér eftir notað um snjóflóð og skriðuföll.

2. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra málefna sem lög þessi taka til, nema þau séu sérstaklega falin öðrum ráðherrum.

3. gr.

Veðurstofa Íslands aflar gagna um snjóflóð og snjóflóðahættu og vinnur úr þeim. Hún annast mælingar á snjóalögum og rannsóknir á þeim með sérstöku tilliti til snjóflóðahættu og gefur út viðvörun um hana, sbr. 6. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands aflar gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna.

Veðurstofan skal ráða sérstaka eftirlitsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem þörf er á slíkum athugunum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Veðurstofan skal hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn um ráðningu eftirlitsmanns. Skal sveitarstjórn leggja honum til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað, svo og sjá um rekstur á tækjum og búnaði, endurgjaldslaust. Ráðherra getur sett nánari reglur um þessar skyldur sveitarstjórnar.

Laun eftirlitsmanna skulu greidd úr ríkissjóði.

4. gr.

Meta skal hættu á ofanflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Jafnframt fari slíkt mat fram á skipulögðum skíðasvæðum. Hættumat skal fela í sér mat á þeirri hættu sem lífi fólks er búin vegna ofanflóða á byggð svæði eða skipulögð byggingarsvæði. Við matið skal tekið tillit til varnarvirkja sem reist hafa verið.

Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum ofanflóða samkvæmt beiðni hlutaðeigandi sveitarfélags.

Hættumat öðlast gildi þegar ráðherra hefur staðfest það. Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð og skal það lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögu.

Reglur um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra skulu settar af ráðherra.

5. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu, undir yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast gerð neyðaráætlana, svo og sjá um leiðbeiningar og almannafræðslu um hættu af ofanflóðum í samvinnu við Veðurstofu Íslands.

Almannavarnir skulu skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast hefur vegna ofanflóða eftir því sem fyrir er mælt í lögum um almannavarnir og 6. og 7. gr. laga þessara.

6. gr.

Þegar Veðurstofa Íslands, að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd, gefur út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsir yfir hættuástandi skal fólk flytja eða það flutt á brott úr öllu húsnæði á svæði eða svæðum, sem tilgreind skulu í viðvörun Veðurstofunnar, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Svæði þessi skulu afmörkuð á sérstökum uppdráttum sem Veðurstofan skal sjá um að gera á grundvelli sérfræðilegrar þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða. Skulu uppdrættirnir staðfestir af umhverfisráðherra og kynntir Almannavörnum ríkisins og hlutaðeigandi almannavarnanefndum.

Lögreglustjóri og almannavarnanefnd sjá um að rýma húsnæði skv. 1. mgr. og má beita valdi í því skyni ef þörf krefur. Á meðan hættuástand varir er öll umferð bönnuð um það svæði, sem rýmt hefur verið, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Veðurstofan tekur ákvörðun um það hvenær hættuástandi skuli aflétt að höfðu samráði við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

Uppdrættir skv. 1. mgr. skulu endurskoðaðir í ljósi bestu þekkingar á eðli og afleiðingum snjóflóða og breyttra aðstæðna, svo sem vegna þess að reist hafa verið varanleg varnarvirki.

7. gr.

Lögreglustjóri getur hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu á ofanflóðum, þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir skv. 6. gr. Að auki er heimilt að fyrirskipa að húsnæði skuli rýmt á stærra svæði eða svæðum en gert er ráð fyrir á uppdráttum Veðurstofu Íslands, þar á meðal á stöðum sem 6. gr. tekur ekki til. Má beita valdi til þess að rýma þannig húsnæði ef þörf krefur.

Þá er lögreglustjóra heimilt í samráði við almannavarnanefnd að banna umferð um tilteknar götur og vegi vegna hættu á ofanflóðum utan svæða sem rýmd hafa verið skv. 6. gr. Í sama skyni er heimilt að banna fólki aðgang að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum.

8. gr.

Í hvert sinn sem manntjón verður í byggð af völdum ofanflóðs skal skipa sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóðsins og afleiðingar þess. Enn fremur er heimilt að skipa slíka nefnd í öðrum tilvikum ef manntjón eða verulegt eignatjón hefur hlotist af ofanflóði.

Forsætisráðherra skipar hverju sinni þrjá sérfróða menn í nefndina. Formaður nefndarinnar, sem uppfylla skal starfsgengisskilyrði héraðsdómara, skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra og umhverfisráðherra.

Rannsókn nefndarinnar skal einvörðungu miða að því að draga úr hættu af völdum ofanflóða. Nefndin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum. Henni er heimilt að krefjast framlagningar á skjölum og öðrum gögnum er varða ofanflóð og taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að kunni að geta veitt upplýsingar er að gagni mega koma við rannsóknina.

Forsætisráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

Um rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi í tengslum við ofanflóð fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, ofanflóðanefnd, til fjögurra ára í senn til að annast þau verkefni sem greinir í 2. mgr. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verkefni ofanflóðanefndar eru:

1. Að fjalla um og taka afstöðu til tillagna sveitarstjórnar skv. 10. og 11. gr.
2. Að ráðstafa fé úr ofanflóðasjóði skv. 13. gr.

Ákvarðanir ofanflóðanefndar skv. 2. mgr. öðlast fyrst gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær. Ráðherra getur sett nánari reglur um störf nefndarinnar.

10. gr.

Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.

Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir við varnarvirki í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr. Framkvæmdir skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

11. gr.

Ef hagkvæmara er talið, til að tryggja öryggi fólks gagnvart ofanflóðum, er sveitarstjórn heimilt að gera tillögu til ofanflóðanefndar um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að reisa varnarvirki eða beita öðrum varnaraðgerðum. Auk húseigna getur sveitarstjórn í sama skyni gert tillögu um kaup á lóðum eða öðrum fasteignum.

Sveitarstjórn skal sjá um að kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar skv. 2. og 3. mgr. 9. gr.

Sveitarfélag verður eigandi eigna sem keyptar eru samkvæmt þessari grein, en nýting þeirra er háð samþykki ráðherra.

Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um eignarnám fer samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu umhverfisráðuneytisins.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir og nemur 0,3‰ af vátryggingarverðmæti. Gjaldið skal innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands og fer um innheimtu þess samkvæmt lögum um viðlagatryggingu, þar á meðal skal gjaldið njóta lögtaksréttar og lögveðréttar í vátryggðri eign. Álagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtuþóknun til vátryggingafélaga samkvæmt lögum um viðlagatryggingu.
2. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Vaxtatekjur, sbr. 13. gr.
4. Aðrar tekjur.

Lán til starfsemi sjóðsins, sem eru með ábyrgð ríkissjóðs, skulu háð samþykki fjármálaráðherra.

13. gr.

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 12. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins og ofanflóðanefndar, svo og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir:

1. Greiða skal allan kostnað við gerð hættumats skv. 4. gr. og uppdrátta skv. 6. gr.

2. Greiða skal allan kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem sérstaklega er aflað til rannsókna og eftirlits með ofanflóðahættu. Sama gildir um kostnað við rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja.
3. Greiða má allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki skv. 1. og 2. mgr. 10. gr.
4. Greiða má allt að 60% af kostnaði við viðhald varnarvirkja skv. 3. mgr. 10. gr.
5. Greiða má allt að 90% af kostnaði við kaup eða eignarnám á húseignum, lóðum eða öðrum fasteignum, svo og af kostnaði við flutning húseigna, skv. 1., 2. og 4. mgr. 11. gr., eftir því sem nánar er fyrir mælt í 14. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélagi lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þess skv. 3. og 5. tölul. 1. mgr., enda sé því fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Lán skal veitt til 15 ára með sambærilegum kjörum og ofanflóðasjóði standa til boða. Þó skal endurgreiðsla af láninu, þar með taldir vextir og verðbætur, aldrei nema hærri fjárhæð á ári hverju en nemur 1% af höfuðstól lánsins, ásamt vöxtum og verðbótum, að viðbættum 0,15‰ af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélags vegna sölu eða leigu á eignum sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. Það sem eftir kann að standa af láninu að liðnum lánstíma skal falla niður.

14. gr.

Ef ákveðið er að ofanflóðasjóður taki þátt í hluta af kostnaði við kaup eða eignarnám á eignum eða flutning á húseignum skv. 5. tölul. 13. gr. skal greiðsla úr sjóðnum miðast að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkunar á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði.

Heimilt er að miða greiðslu úr sjóðnum við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar markaðsverðs.

Sjóðurinn greiðir ekki fyrir kaup á húseign sem unnt er að flytja, nema heildarkostnaður við flutning sé hærri en viðmiðunarverð skv. 1. og 2. mgr.

15. gr.

Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru hingað til lands eða framleidd eru hér á landi til varna gegn ofanflóðum.

16. gr.

Umhverfisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla brott lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, ásamt síðari breytingum.

Ef hættumat hefur verið staðfest fyrir 1. janúar 1996 fellur það sjálfkrafa úr gildi við gildistöku laganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sveitarstjórn leggur fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Skipulagstillagan skal unnin í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Ráðherra skal fá tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat. Skal styðjast við þær reglur þar til hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag.

II.

Ofanflóðasjóður skal á árinu 1997 greiða laun eftirlitsmanna skv. 3. gr.

1091. Lög [31. mál]

um helgidagafrið.

(Afgreidd frá Alþingi 5. maí.)

Samhljóða þskj. 829 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Helgidagar þjóðkirkjunnar eru þeir sem nú skal greina:

1. Sunnudagar, annar dagur jóla, nýársdagur, skírdagur, annar dagur páska, uppstigningardagur og annar dagur hvítasunnu.
2. Föstudagurinn langi, páskadagur og hvítasunnudagur.
3. Aðfangadagur jóla frá kl. 18.00 og jóladagur til kl. 6.00 að morgni næsta dags.

1092. Nefndarálit [72. mál]

um till. til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Broddadóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, Sigrúnu Júlíusdóttur, dósent í félagsvísindadeild HÍ, Láru Björnsdóttur, félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, Rannveigu Traustadóttur, lektor í félagsvísindadeild HÍ, Guðmund Gunnarsson frá samtökum aldraðra, Jónínu Bjartmarz frá Heimili og skóla, Sigurð Svavarsson frá karlanefnd Jafnréttisráðs, Ásþór Ragnarsson sálfræðing, Kristínu Jónasdóttur, Hrefnu Friðriksdóttur og Sólveigu Ásgríms frá Barnaheillum, Brynjólf Brynjólfsson frá Samvist, Pétur Lúðvígsson barnalækni, sr. Karl Sigurbjörnsson og sr. Þorvald Karl Helgason. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá Sigrúnu Júlíusdóttur dósent og sr. Þorvaldi Karli Helgasyni.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um fjölskylduhugtakið og vill hún leggja áherslu á að hugtakið hefur öðlast víðtækari merkingu á síðustu áratugum. Skilgreining á fjölskylduhugtakinu var m.a. sett þannig fram af Landsnefnd um ár fjölskyldunnar 1994 að fjölskyldan sé hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Fjölskyldumeðlimir séu oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingar, ásamt barni eða börnum (þeirra).

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að í I. kafla tillögunnar verði ekki einungis talað um fjölskylduna sem hornstein íslensks samfélags heldur og sem uppsprettu lífsgilda. Þá er lagt til að það verði ekki einungis falið ríkisstjórn á hverjum tíma að marka opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar heldur og sveitarstjórnum og að slík stefna skuli ekki einungis miða að því að styrkja fjölskylduna og vernda án tillits til gerðar hennar heldur og án tillits til búsetu. Þá er og lagt til að ein af þeim meginforsendum sem fjölskyldustefna taki mið af verði sú að fjölskyldulífið veiti öllum einstaklingum, einkum þó börnum, öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta.

Nefndin leggur til að eitt af almennum markmiðum stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu, sbr. ákvæði II. kafla tillögunnar, skuli vera það að varðveita gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar og sérstaklega skuli gætt að því við setningu skattareglna að þeir sem velja það að ganga í hjónaband standi ekki hlutfallslega verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti. Þá vill nefndin leggja áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni um samanburð á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þurfi að liggja fyrir og bendir á nauðsyn þess að slíkt efni verði kynnt almenningi. Einnig er lagt til að það verði eitt af almennum markmiðum stjórnvalda að fjölskyldur sjúkra og annarra hópa eftir því sem við á skuli, eins og fjölskyldur fatlaðra, njóta nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Enn fremur verði að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með fræðslu um fjölskylduáætlanir, en með því er átt við einstaklingsbundnar fjölskylduáætlanir um t.d. takmörkun barneigna, fjölskyldumyndun og ábyrgð.

Með hliðsjón af framangreindri breytingu, varðandi skyldu sveitarstjórna til að marka opinbera fjölskyldustefnu, er lagt til að sveitarfélögin eigi fulltrúa í fjölskylduráði, sbr. ákvæði III. kafla tillögunnar. Varðandi skipan fjölskylduráðs er auk þess gert ráð fyrir því að einn af fulltrúum ráðsins verði tilnefndur af skólum á háskólastigi en tilnefningin ekki takmörkuð við fulltrúa frá Háskóla Íslands. Þá verði það gert að skilyrði að fulltrúar sem sæti eiga í fjölskylduráði hafi víðtæka þekkingu eða reynslu af málefnum fjölskyldunnar. Nefndin leggur einnig til að eitt af hlutverkum fjölskylduráðs verði, auk þess að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, að veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum.

Þá er lagt til að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og að fastar verði kveðið að orði varðandi rétt feðra til fæðingarorlofs. Lagt er til að í stað þess að ganga út frá því að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs skuli feðrum tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann. Loks er lagt til að í stað þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981, skuli slík skilyrði sköpuð.

Einstakir nefndarmenn skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim.

Alþingi, 5. maí 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Magnús Stefánsson.	Einar K. Guðfinnsson.	Pétur H. Blöndal.
Kristján Pálsson.	Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara.	Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara.

1093. Breytingartillaga [72. mál]

við till. til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Frá félagsmálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem lýst er í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í ályktuninni.

I. KAFLI

Meginforsendur fjölskyldustefnu.

Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda. Ríkisstjórn og sveitarstjórnum á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu.

Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

a. að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar,
b. að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla,
c. að fjölskyldulífið veiti einstaklingum, einkum börnum, öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ítrasta.

II. KAFLI

Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

1. Að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna.

2. Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar, starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna m.a. með fjölskylduráðgjöf.
3. Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.
4. Að gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar verði varðveitt og þess verði meðal annars gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti.
5. Að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði kynnt og skilgreind í lögum.
6. Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka. Öldruðum verði gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.
7. Að tekið verði mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu, útivistar og umferðaröryggis.
8. Að fjölskyldur fatlaðra, sjúkra og annarra hópa njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Grundvallarréttur þeirra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur.
9. Fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.
10. Að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar og í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
11. Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar.
12. Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með auknum stuðningi við fjölskyldurannsóknir og fræðslu um fjölskylduáætlanir.

III. KAFLI
Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

1. Fjölskylduráð.

Stofnað verði opinbert fjölskylduráð sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum. Tveir verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn tilnefndur af skólum á háskólastigi, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en félagsmálaráðherra skipi þann fimmta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fulltrúar í fjölskylduráði skulu hafa víðtæka þekkingu eða reynslu af málefnum fjölskyldunnar. Starfsemi fjölskylduráðsins skal heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum,
b. að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,

c. að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar og veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum,
d. að hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu,
e. að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

2. Barnafjölskyldur.

Staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

3. Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs.

Að feðrum verði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann.

4. Tillaga um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

1094. Nefndarálit [436. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og l. nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Skarphéðin Berg Steinarsson og Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá borgarstjóranum í Reykjavík, Ríkisendurskoðun, Ríkiskaupum og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Flestar breytingartillögurnar snúa eingöngu að lagfæringu á orðalagi. Breytingartillaga í d-lið 2. tölul. snýr hins vegar að því við hvaða gengi skuli miða við mat á verðmæti innkaupa. Núverandi ákvæði um þetta efni er óljóst. Því er lagt til að miða skuli við gengi sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður með hliðsjón af þeim reglum sem tilgreindar eru í tilskipunum um opinber innkaup. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að óskýrt væri að vísa í samtök í atvinnulífi í sambandi við tilnefningu í kærunefnd útboðsmála. Því er lagt til að Verslunarráð Íslands tilnefni fulltrúa, enda eiga fulltrúar atvinnulífsins sæti í stjórn þess. Þá telur nefndin eðlilegt að sveitarfélögin hafi tilnefningarrétt í kærunefndina þegar verið er að fjalla um mál er tengjast útboðum á þeirra vegum. Nefndin leggur til að fellt verði brott úr frumvarpinu ákvæði um sérstakt kærugjald sem kærandi skal greiða þegar kæra er afhent kærunefnd útboðsmála. Slík gjaldtaka er til þess fallin að draga úr því að kærur séu lagðar fram jafnvel þótt bjóðandi telji hafa verið brotið á sér. Jafnframt er lagt til að kærunefndinni verði settur átta vikna frestur til að kveða upp úrskurði.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 6. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jón Baldvin Hannibalsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Ágúst Einarsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1095. Breytingartillögur [436. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og l. nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „Nái“ í a-lið komi: áætlað.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Á 10. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a. Á eftir orðinu „vörum“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: og þjónustu.
   b. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: 137.537 ECU vegna innkaupa á vörum á vegum Ríkiskaupa eða annarra stofnana í eigu ríkisins sem fengið hafa heimild skv. 3. gr. til að bjóða út enda sé ekki um að ræða stofnanir sem falla undir 3. og 4. tölul. Fjárhæð viðmiðunarmarka í ECU samkvæmt þessum lið breytist í samræmi við breytingar á gengi ECU gagnvart SDR, í fyrsta skipti 1. janúar 1998.
   c. 4. tölul. 1. mgr. orðast svo: 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af Pósti og síma hf. eða öðrum sambærilegum stofnunum eða fyrirtækjum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna upplýsingaþjónustu.
   d. 3. mgr. orðast svo:
      Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem auglýst hefur verið af Eftirlitsstofnun EFTA og í gildi var þann dag sem auglýsing skv. 12. gr. var send til birtingar.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað 4. og 5. málsl. 2. mgr. a-liðar komi nýr málsliður sem orðist svo: Verslunarráð Íslands skal tilnefna einn aðalmann og varamann hans.
   b. Við 6. málsl. 2. mgr. a-liðar bætist: nema verið sé að fjalla um mál er varða útboð á vegum sveitarfélaga, þá skal Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna þá.
   c. Við a-lið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Fjármálaráðherra setur nefndinni starfsreglur.
   d. 4. mgr. b-liðar falli brott.
   e. 3. mgr. c-liðar orðist svo:
      Úrskurðir kærunefndar útboðsmála skulu liggja fyrir innan átta vikna frá málskoti. Þeir eru aðfararhæfir.
   f. Orðin „áður en tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt“ í 1. mgr. f-liðar falli brott.

1096. Fyrirspurn [604. mál]

til heilbrigðisráðherra um læknisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Frá Hjálmari Jónssyni.

Geta sjúklingar, sem eru búsettir hér á landi, leitað sér lækninga á Evrópska efnahagssvæðinu á kostnað íslenska ríkisins þegar ekki er unnt að veita þeim þjónustu hérlendis innan eðlilegra tímamarka, og þá með hvaða skilyrðum?

1097. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Hafa henni borist umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Vegagerðinni, landlækni, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Heimili og skóla, lögreglustjóranum í Reykjavík og Umferðarráði.

Á 116. löggjafarþingi var með 22. gr. laga nr. 44/1993 sett í 72. gr. a umferðarlaga heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Ráðherra hefur til þessa ekki nýtt heimildina.

Hvetur allsherjarnefnd til þess að ráðherra nýti sér þá heimild sem nú er til staðar í lögum og setji, til reynslu í tvö ár, reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Að reynslutímanum loknum verði málinu vísað til Alþingis til frekari ákvörðunar.

Leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnar.**

Árni R. Árnason og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form. frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Hjálmar Jónsson.	Ögmundur Jónasson.	Jón Kristjánsson.
	Guðný Guðbjörnsdóttir.	

1098. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarp verði **samþykkt** óbreytt.
Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form, frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Lúðvík Bergvinsson.
Einar Oddur Kristjánsson.		Vilhjálmur Egilsson.

1099. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir um það frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum iðnaðarins, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Á fundi nefndarinnar 22. apríl sl. gerði Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, grein fyrir því að sjávarútvegsráðherra hefði nú í febrúar skipað starfshóp til að fjalla um endurnýjunarreglur fiskiskipa. Í ljósi þess telur sjávarútvegsnefnd rétt að fela þeim starfshópi að skoða vel þær breytingar sem frumvarpið felur í sér og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Hjálmar Árnason.	Vilhjálmur Egilsson.
Sighvatur Björgvinsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Lúðvík Bergvinsson.

1100. Nefndarálit [487. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf W. Stefánsson og Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirlitinu og Helga H. Helgason frá Félagi ungra lækna. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vátryggingaeftirlitinu, Slysavarnafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Öryrkja-

bandalagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, borgarstjóranum í Reykjavík og Læknafélagi Íslands.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum umferðarlaganna. Í fyrsta lagi er lagt til að niðurstaða mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði að lögum metin sem fullnægjandi sönnun um ölvunarástand á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt. Þá er lagt til að heimilað verði að setja almennar reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, en um langt skeið hafa verið í gildi reglur sem lögreglustjórinn í Reykjavík setti um þetta. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar er varða skráningu ökutækja, en þær eru nauðsynlegar vegna skiptingar Bifreiðaskoðunar Íslands í tvö fyrirtæki. Loks eru í frumvarpinu lagðar til hækkanir á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaganna.

Í 2. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um mælingu vínandamagns, er að finna það nýmæli að hjúkrunarfræðingar og meinatæknar geti annast töku blóðsýna sem hingað til hefur einungis verið í höndum lækna. Leggur meiri hlutinn áherslu á að gert er ráð fyrir því að hjúkrunarfræðingar og meinatæknar annist töku blóðsýna innan þeirra reglna sem um störf þeirra gilda.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Leggur meiri hlutinn til að 7. og 8. gr. frumvarpsins falli brott, en þar eru lagðar til hækkanir á vátryggingarfjárhæðum. Hjá viðmælendum nefndarinnar kom fram að brýnt væri að endurskoða XIII. kafla umferðarlaganna, um fébætur og vátryggingu, í heild sinni. Því leggur meiri hlutinn til að breytingum á vátryggingarfjárhæðum verði frestað til heildarendurskoðunar, enda hefur ekki komið fyrir að vátryggingarfjárhæðir hafi ekki dugað fyrir bótum. Því beinir nefndin því til dómsmálaráðherra að skipuð verði nefnd til að fjalla um breytingar á kaflanum í heild og skili nefndin tillögum eigi síðar en í haust.

Alþingi, 2. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason.	Kristján Pálsson.

1101. Breytingartillögur [487. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (SP, VS, HjálmJ, JónK, ÁRÁ, KPál).

1. 7. og 8. gr. falli brott.
2. 2. málsl. 9. gr. falli brott.

1102. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá sérnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson skrifstofustjóra og Láru Sverrisdóttur lögfræðing frá Ríkisendurskoðun og Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá forsætisnefnd Alþingis, Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Landsbanka Íslands og Ríkisendurskoðun. Vegna mikilvægis málsins fékk nefndin Davíð Þór Björgvinsson til að vinna fyrir sig lögfræðiálit um tiltekin efnisatriði frumvarpsins.

Nauðsynlegt þótti að skýra betur en gert er í frumvarpinu stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og samskipti milli Alþingis og ráðuneyta. Nefndin leggur ríka áherslu á það í áliti sínu að mörk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds séu skýr og meðferð fjárlaga vel skilgreind. Mikill tími fór þannig í að ræða samspil löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, sbr. 21. gr. og 33. gr., og einnig eðli fjárlaga, sbr. 23. gr. og 26. gr., og ákvæði 30. gr., um verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs. Nefndin leggur til breytingar á öllum þessum ákvæðum og um þær vísast til frekari skýringa hér á eftir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 1. gr. um að nota hugtakið „ríkisaðili“, sem skilgreint er í 2. gr. frumvarpsins, í stað þess að tala um ríkið, stofnanir þess og fyrirtæki. Í 2. gr. segir að ríkisaðilar séu þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins. Nefndin telur rétt að nota þetta hugtak í frumvarpinu almennt þegar það á við og leggur því einnig til sambærilegar breytingar á 4.–6. gr., 36. gr., 37. gr., 39. gr., 40. gr. og 49. gr.
2. Lagt er til að hugtakið æðsta stjórn ríkisins sé skýrt frekar í 1. tölul. 3. gr. þar sem fram koma þeir aðilar sem teljast til A-hluta ríkisreiknings. Þetta hugtak er óskilgreint í íslenskum rétti að öðru leyti en því að í A-hluta fjárlaga hefur tíðkast bæði í 2. gr., um gjöld samkvæmt rekstrarreikningi, og 4. gr., um sundurliðum útgjalda, að hafa æðstu stjórn ríkisins sem sérstakan lið. Á fjárlögum ársins 1997 falla þar undir embætti forseta Íslands, Alþingi, Lýðveldissjóður, ríkisstjórn, Hæstiréttur, Bessastaðir, opinberar heimsóknir, umboðsmaður Alþingis, Ríkisendurskoðun, rekstrarhagræðing og sérstakur liður um ýmis verkefni sem tilgreind eru sem undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku og minningarkapella á Ljósavatni. Nefndin leggur áherslu á að aðeins æðstu handhafar almannavaldsins flokkist undir æðstu stjórnina, þ.e. forseti lýðveldisins, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur. Það er og í samræmi við 8. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar fari saman með forsetavald í fjarveru forseta Íslands. Til samræmis við þessa breytingu er eðlilegt að upptalning á þeim aðilum, sem falla undir æðstu stjórnina, verði afmörkuð á sama máta í fjárlagafrumvarpi hverju sinni og hér er lagt til hvað varðar ríkisreikning. Þá er lagt til að fella orðið „ríkissjóður“ úr upptalningu á þeim sem teljast til A-hluta ríkisreiknings. Þó að víða í lögum megi

finna þetta orð telst ríkissjóður sem slíkur ekki sjálfstæð stofnun eða ígildi hennar. Þannig getur ríkissjóður ekki orðið sjálfstæður aðili að dómsmáli heldur verður ávallt að stefna fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins. Þetta orð hefur verið notað sem eins konar samheiti yfir fjármuni í eigu ríkisins, tekjur ríkisins og ríkisstofnana. Í raun eru það hins vegar fjármálaráðherra og einstakir fagráðherrar ásamt stofnunum og fyrirtækjum sem undir þá heyra sem fara með þessa fjármuni.

3. Lögð er til smávægileg breyting á 7. gr. um hvenær fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi. Óþarflega nákvæmt þykir að tala um tíu daga og leggur nefndin til að fresturinn verði tvær vikur frá þingsetningu.
4. Lagt er til að við c-lið 2. tölul. b-liðar 8. gr. bætist nýr málsliður sem kveði á um það að á yfirliti um samninga um fjárskuldbindingar verði sérstaklega greint á milli samningsbundinna skuldbindinga og lögbundinna skuldbindinga. Í meðferð nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að í ríkisreikningi kæmi skýrt fram allar samningsbundnar og lögbundnar skuldbindingar; má þar sérstaklega nefna lífeyrisskuldbindingar. Einnig að gerð væri grein fyrir því hvernig þær falla til frá ári til árs. Þar að auki þykir mikilvægt að ljóst sé hverju sinni að fyrir liggi skýrar upplýsingar um allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla.
5. Lögð er til breyting á orðalagi 14. gr. til að gera skýrara hvernig skuli fara með gjaldfærslu á rekstrarfjármunum í bókhaldi ríkisins. Megininntak greinarinnar er að gjaldfæra beri slíka fjármuni jafnóðum og verk er unnið, t.d. nýbyggingu húsa. Ef rekstrarfjármunir eru ófullgerðir á viðkomandi reikningsári skal gjaldfæra þá í samræmi við framvindu kaupanna.
6. Lögð er til sambærileg breyting á 18. gr. og getið er um í 1. lið hér að framan. Þó er ekki nægilega víðtækt að nota orðið „ríkisaðila“ í þessu tilviki þar sem í A-hluta skal jafnframt gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkið kostar að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á henni samkvæmt lögum eða samningi, sbr. lokamálslið 1. tölul. 3. gr. Þeim ber einnig að uppfylla ákvæði frumvarpsins um gerð ársreikninga, undirritun og skil á þeim. Því er lagt til að talað verði um „aðila í A-hluta“. Sambærileg breyting er lögð til á 19. og 20. gr. Í sambandi við skil á ársreikningum vill nefndin taka fram að eðli máls samkvæmt geta orðin „viðkomandi ráðuneytis“ í 1. mgr. 20. gr. ekki átt við Alþingi og stofnanir þess. Þau skulu senda endurskoðaða ársreikninga sína ríkisbókhaldi.
7. Lagt er til að í 21. gr. verði tekin ákvæði um skil einstakra aðila í A-, B- og C-hluta á fjárlagatillögum. Þannig verði lögfest sú framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að aðilar skila viðkomandi ráðuneyti tillögum sínum og hvert ráðuneyti skilar síðan fjárlagatillögum um þá aðila, sem undir það heyra, til fjármálaráðuneytis. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um gerð og meðferð fjárlagatillagna Alþingis. Enginn vafi leikur á þeirri sérstöðu sem Alþingi hefur í stjórnkerfinu. Byggist hún á löggjafarvaldinu, þingræðisreglunni, fjárstjórnarvaldinu, eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu o.fl. atriðum. Í stjórnarskránni og almennum lögum er að finna fyrirmæli um innri starfsemi þingsins. Forseti Alþingis er í störfum sínum aðeins ábyrgur gagnvart þinginu sjálfu, sbr. 52. gr. stjórnarskrárinnar. Í þingskapalögum kemur síðan fram að forseti Alþingis beri ábyrgð á rekstri þingsins og hafi æðsta vald í stjórnsýslu þess, en forsætisnefnd þingsins setji almennar reglur um rekstur Alþingis og stjórnsýslu. Þar segir einnig að forsætisnefnd fjalli um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir það heyra. Því er eðlilegt að sérákvæði gildi um fjárlaga-

tillögur þingsins. Þingið fer með fjárstjórnarvaldið og það leiðir því af sjálfu sér að það hefur lokaorðið um eigin fjárlagatillögur eins og um fjárlagafrumvarpið í heild sinni. Færa má fyrir því gild rök að ríkisstjórnin sem slík eigi ekki að hafa afskipti af fjárlögum Alþingis, með vísun í þingræðisregluna og sérstöðu þingsins að öðru leyti. Í sumum ríkjum eru fjárlagatillögur þingsins ekki hluti af fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í íslensku stjórnarskránni segir að allar tekjur og gjöld skuli tekin upp í fjárlagafrumvarpið. Þetta þarf ekki að skilja sem svo að ríkisstjórn á hverjum tíma eigi að taka afstöðu til fjárlagatillagna þingsins, heldur aðeins að henni sé skylt að hafa í frumvarpi tillögur um fjárveitingar til þingsins. Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið. Ljóst er að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis, eða meiri hluta þess, og því er ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem hlutaðeigandi ríkisstjórn hefur boðað. Til að taka af allan vafa um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun. Þá er í tillögum nefndarinnar loks lagt til að ákvæðið nái einnig eftir því sem við getur átt til frumvarps til fjáraukalaga.

8. Lagt er til að 23. gr. verði breytt þannig að enginn vafi leiki á að breytingar í fjárlögum á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum geti eingöngu náð til fjárlagaársins, en ekki til lengri tíma. Á síðari árum hafa breytingar á mörkuðum tekjustofnum og lögbundnum framlögum í tengslum við fjárlagafrumvarp verið lagðar fram í sérstöku frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem vísað hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar. Frumvarpi til lánsfjárlaga, sbr. 71. gr. laga nr. 52/1966, hefur verið vísað til fjárlaganefndar sem síðan hefur vísað því til efnahags- og viðskiptanefndar skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að eitt af þeim meginmarkmiðum sem lögð voru til grundvallar við samningu þess væri að fella efni lánsfjárlaga inn í fjárlög og samræma þinglega meðferð ríkisfjármálanna. Þessi markmið koma fram í 23. gr. og 26. gr. frumvarpsins. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir: *„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.“* Ljóst er því að stjórnarskrárgjafinn hefur ætlað fjárlögum vissa sérstöðu. Fram til ársins 1991 starfaði Alþingi í tveimur deildum og sætti fjárlagafrumvarp þá annarri meðferð en lagafrumvörp almennt. Við afnám deildaskiptingar Alþingis, með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991, breyttist þetta og nú hljóta fjárlög alveg sömu þinglega meðferð og öll önnur lagafrumvörp sem þingið fær til umfjöllunar, þ.e. þau skal ræða við þrjár umræður og er vísað til nefndar að lokinni 1. umræðu. Ljóst er að hægt er að deila um túlkun á hugtakinu „fjárlög“ eftir því hvaða lögskýringaraðferðum er beitt. Telja verður líklegt að þetta hugtak megi skýra nokkuð rúmt, m.a. ef horft er til þess hvernig heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga hefur verið beitt undanfarna áratugi. Færa má fyrir því gild rök að með því að færa breytingar á lánsfjárlögum og mörkuðum tekjustofnum og lögbundnum framlögum inn í fjárlagafrumvarpið verði umfjöllun um þessi mál heilsteyptari og þingmenn fái betri yfirsýn yfir alla þætti ríkisfjármálanna. Til að taka af öll tvímæli skal þó tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að inn

í fjárlög verði teknar efnisbreytingar á einstökum sérlögum heldur einungis breytingar sem varða tímabundna hækkun eða lækkun á lögbundum tekjustofnum eða framlögum. Með hliðsjón af framangreindu styður nefndin þá leið sem farin er í frumvarpinu hvað þetta varðar að teknu tilliti til þeirrar breytingar sem lögð er til á 23. gr.

9. Lögð er til breyting á 26. gr. til að taka af allan vafa um að aðeins sé átt við lántökuheimildir á því fjárlagaári sem frumvarpið fjallar um. Sama gildir um lánveitingar og ríkisábyrgðir.
10. Lagt er til að í niðurlagi 29. gr., sem varðar ráðstöfun eigna hjá A-hluta, verði talað um „samþykki viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra“ í stað „samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis“. Starfsmenn ráðuneyta vinna í umboði ráðherra sinna, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar, og það er ráðherrunum sem er stefnt ef menn telja undirmenn þeirra hafa brotið á sér rétt. Ráðherrarnir bera líka hina pólitísku ábyrgð á embættisrekstri þeirra ráðuneyta sem undir þá heyra.
11. Lagðar eru til verulegar breytingar á 30. gr. frumvarpsins, en þar er rætt um heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni (svokallaða þjónustusamninga) til lengri tíma en eins árs. Strax í upphafi umfjöllunar nefndarinnar um málið var ljóst að talsverðir ágallar voru á ákvæðinu eins og það lá fyrir. Í umsögn Ríkisendurskoðunar komu fram miklar athugasemdir við greinina og þá kom prófessor Davíð Þór Björgvinsson í áliti sínu með ábendingar um hvað betur mætti fara. Mikilvægustu athugasemdir þessara aðila voru að:
    a. ákvæðið fæli í sér víðtækt framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins til að skuldbinda ríkissjóð til langs tíma,
    b. framkvæmdarvaldshafar fengju of víðtækar heimildir til að framselja opinbert vald til þeirra sem slíkir samningar væru gerðir við,
    c. í ákvæðið vantaði heimildir til eftirlits með verktakanum,
    d. verulega skorti á að réttarstaða njótenda þjónustunnar væri tryggð,
    e. í ákvæðið vantaði uppsagnarheimildir á slíkum samningum.

    Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til telur nefndin sig hafa lagfært greinina hvað þessi atriði varðar. Á fundum nefndarinnar var ítarlega rætt hvaða heimildir ráðherra þyrfti að hafa til þess að gera slíka samninga sem í ákvæðinu greinir. Nefndin leggur áherslu á að við gerð slíkra samninga verði ávallt hafður fyrirvari um samþykki fjárveitingavaldsins til fjárgreiðslu úr ríkissjóði samkvæmt þeim, þ.e. að afla þurfi nauðsynlegrar heimildar í fjárlögum hvers árs á samningstímanum. Þá var í umfjöllun nefndarinnar nokkuð rætt um hvað fælist í framsali opinbers valds. Margar stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir framkvæmdarvaldið eru þess eðlis að stjórnvaldsákvarðanir taka aðeins til hluta af starfsemi þeirra. Í því sambandi skiptir máli hvort ákvörðun lýtur fyrst og fremst að framkvæmd þjónustu eða hvort hún er lagalegs eðlis, þ.e. snertir réttindi og skyldur manna. Þannig skiptir eðli ákvörðunarinnar máli en ekki eingöngu hver tekur hana eða hvers efnis hún er. Gott dæmi um þetta eru skólar landsins. Kennsla flokkast sem þjónustustarfsemi og telst því ekki til stjórnvaldsákvarðana. Á þetta jafnt við um eiginlega kennslu, próftöku og útskrift nemenda. Sú ákvörðun að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn dag telst aftur á móti stjórnvaldsákvörðun og fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga þar sem möguleikar nemandans til náms eru þannig beinlínis skertir. Fleiri dæmi má taka. Úr heilbrigðisgeiranum má nefna að synjun um læknisaðgerð teldist til stjórnsýsluákvörðunar en umönnun sjúkra ekki. Loks skal tekið fram að nefndin hefur nú til

umfjöllunar frumvarp til nýrra heildarlaga um Ríkisendurskoðun. Nefndin telur eðlilegt að inn í þá löggjöf verði sett ákvæði er varðar eftirlit Ríkisendurskoðunar með framkvæmd slíkra samninga.

12. Lagt er til að 33. gr. verði breytt þannig að sú skylda hvíli á fjármálaráðherra að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og hann hefur tekið ákvörðun um að inna þær af hendi. Eins og fram kemur í 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ákvæðið hefur þó ávallt verið túlkað svo að fjármálaráðherra hafi visst svigrúm til að inna af hendi greiðslu vegna ófyrirséðra atvika sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum. Í athugasemdum við frumvarpið er bent á greiðslur vegna skaðabótaskyldu sem fellur á ríkið sem dæmi um þetta. Þrátt fyrir að fjármálaráðherra sé fengið visst svigrúm í þessum efnum er eðlilegt að handhafi fjárveitingavaldsins sé upplýstur eins fljótt og hægt er um allar slíkar greiðslur. Beinast liggur við að skylda ráðherra til að tilkynna fjárlaganefnd þar um, en í henni eiga að jafnaði sæti fulltrúar allra þingflokka. Eftir sem áður ber ráðherra pólitíska ábyrgð á að ekki verði gengið lengra í greiðslum sem þessum en hvert og eitt tilvik gefur tilefni til. Gert er ráð fyrir að greiðslum af þessu tagi sé svo safnað í fjáraukalagafrumvarp og komi þá til formlegrar meðferðar Alþingis.
13. Lagðar eru til tvær breytingar á 41. gr., sem fjallar um fjárskuldbindingar B- og C-hluta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leita þurfi samþykkis fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis til að stofna til frekari skuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir. Með vísun í skýringu við 8. lið þykir réttara að segja „fjármálaráðherra og hlutaðeigandi ráðherra“. Þá þykir nefndinni orðalagið „að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins“ í niðurlagi greinarinnar óskýrt og leggur til að í staðinn verði talað um „að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins“.
14. Lagðar eru til smávægilegar orðalagsbreytingar á 45. gr. og 46. gr.
15. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 50. gr., þar sem sérstaða Alþingis er áréttuð. Fjölmörg ákvæði frumvarpsins eiga eingöngu við um ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Önnur ná hins vegar til allra ríkisaðila, m.a. Alþingis. Jafnframt verði í þessari nýju grein tekið fram að hvað Alþingi og stofnanir þess varðar taki forsætisnefnd ákvarðanir um heimild til að taka á leigu eða leigja út eignir skv. 2. mgr. 29. gr., heimild til að eiga viðskipti án staðgreiðslu skv. 32. gr., heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar skv. 2. mgr. 37. gr. og heimild til að halda eigin bankareikninga skv. 39. gr. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd hafi samráð við fjármálaráðherra um slíkar ákvarðanir þar sem eðlilegt er að hann hafi yfirsýn yfir ríkisreksturinn í heild sinni og að Alþingi fylgi almennum reglum af þessu tagi.

16. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði þar sem í frumvarpinu, sem lagt var fram síðasta haust, var gert ráð fyrir að lögin öðluðust gildi 1. janúar 1997. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár. Tillaga um brottfall ákvæðis til bráðabirgða I leiðir af þessari breytingu.

Alþingi, 6. maí 1997.

Sturla Böðvarsson, form., frsm.	Kristinn H. Gunnarsson, með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.
Árni M. Mathiesen.	Ágúst Einarsson, með fyrirvara.	Ísólfur Gylfi Pálmason.
Kristín Ástgeirsdóttir.		Pétur H. Blöndal.

1103. Breytingartillögur [100. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá sérnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja“ og „þess“ komi: ríkisaðila, og: þeirra.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „ríkissjóður, æðsta stjórn ríkisins“ í 1. tölul. komi: æðsta stjórn ríkisins, þ.e. embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur, sem og.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja“ komi: ríkisaðila.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „stofnana ríkisins“ komi: ríkisaðila.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila, sbr. lög um Ríkisendurskoðun.
6. Við 7. gr. Í stað orðanna „10 dögum“ komi: tveimur vikum.
7. Við 8. gr. Við c-lið 2. tölul. b-liðar 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Greina skal á milli samningsbundinna og lögbundinna skuldbindinga.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Varanlega rekstrarfjármuni ríkisaðila í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Verksamninga skal gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.
9. Við 18. gr.
   a. Í stað orðsins „stofnana“ í fyrri málslið 1. mgr. komi: aðila.
   b. Orðið „stofnana“ í 2. mgr. falli brott.
   c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Gerð ársreikninga.*

10. Við 19. gr.
    a. Í stað orðanna „stofnunar“ og „hennar“ komi: aðila, og: hans.
    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Undirritun ársreikninga aðila í A-hluta.*
11. Við 20. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar.
12. Við 21. gr. Við bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

    Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

    Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra.

    Sama gildir um frumvarp til fjáraukalaga, sbr. 44. gr.
13. Við 23. gr. Í stað fyrri málsliðar komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sé í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum úr ríkissjóði skulu breytingar á hlutaðeigandi sérlögum teknar upp í frumvarpið. Gildistími breytinga samkvæmt þessari grein skal vera hinn sami og fjárlaga.
14. Við 26. gr. Við fyrri málslið bætist: á fjárlagaárinu.
15. Við 29. gr. Í stað orðanna „ráðuneytis og fjármálaráðuneytis“ í lok 2. mgr. komi: ráðherra og fjármálaráðherra.
16. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

    Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.

    Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.

    Ríkisstofnunum í A-hluta skal heimilt án atbeina ráðherra að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum manna og kostnaður við verkefnið sé ekki umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar.

    Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd rekstrarverkefnisins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Lög um opinber innkaup gilda um útboð rekstrarverkefna. Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn, en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera þrír mánuðir. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

Ákvæði þessarar greinar og reglna settra samkvæmt henni skulu gilda með sama hætti um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum, sbr. 2. mgr., nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í sérlögum.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi skal gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár. Jafnframt skal gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum.

17. Við 33. gr. Síðari málsliður orðist svo: Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.
18. Við 35. gr. Í stað orðsins „þær“ í fyrri málslið komi: þeir.
19. Við 36. gr. Í stað orðanna „ríkisstjórn eða ríkisstofnun“ í fyrri og síðari málslið komi (í viðeigandi beygingarmyndum): ríkisaðili í A-hluta.
20. Við 37. gr. Í stað orðanna „innan stofnunar“ í 1. mgr. komi: hvers ríkisaðila í A-hluta.
21. Við 39. gr. Í stað orðsins „Ríkisstofnunum“ komi: Ríkisaðilum í A-hluta.
22. Við 40. gr. Í stað orðsins „stofnana“ í niðurlagi greinarinnar komi: aðila í A-hluta.
23. Við 41. gr.
    a. Í stað orðanna „samþykki fjármálaráðuneytis ásamt samþykki viðkomandi ráðuneytis“ komi: samþykki fjármálaráðherra ásamt samþykki hlutaðeigandi ráðherra.
    b. Í stað orðanna „enda sé það gert í þeim tilgangi einum að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins“ komi: enda sé það nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins.
24. Við 45. gr. Í stað orðanna „óhöfnum fjárveitingum“ í 2. málsl. komi: ónotuðum fjárveitingum.
25. Við 46. gr. Í stað orðsins „óskað“ í 2. mgr. komi: leitað.
26. Við 49. gr. 1. mgr. orðist svo:

    Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds.
27. Á eftir 49. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

    Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum gilda þau um fjárreiður Alþingis eftir því sem við á. Forsætisnefnd skal, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, taka ákvarðanir skv. 2. mgr. 29. gr., 32. gr., 2. mgr. 37. gr. og 39. gr.

28. Við 51. gr. (er verður 52. gr.).
    a. Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997 skal þó fara eftir lögum nr. 52/1966.
29. Ákvæði til bráðabirgða I falli brott.

1104. Svar [574. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Bryndísar Hlöðversdóttur um málskot úrskurða stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna til menntamálaráðuneytisins.

1. *Hversu mörgum úrskurðum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið skotið til ráðuneytisins frá því að lög nr. 21/1992 tóku gildi?*

Á tímabilinu maí 1992 til febrúar 1997 hafa ráðuneytinu borist um 40 mál er varða kvartanir viðskiptamanna Lánasjóðs íslenskra námsmanna vegna ákvarðana stjórnar sjóðsins í einstökum málum. Þá hafa einstakir lánþegar snúið sér með óformlegum hætti til ráðherra.

2. *Í hversu mörgum tilvikum hefur ráðuneytið lagt efnislegt mat á ákvörðun stjórnar LÍN?*

Ráðuneytið hefur í eitt skipti kveðið upp formlegan stjórnsýsluúrskurð. Í öðrum tilvikum hefur ráðuneytið ekki tekið efnislega afstöðu til einstakra ákvarðana sjóðstjórnar, ef frá eru talin sex tilvik þar sem ráðuneytið tjáði sig um það hvort stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefði haldið sig innan þeirra starfsreglna sem sjóðnum eru settar með lögum og reglugerðum.

3. *Um hvaða mál er þar að ræða og hvenær kvað ráðuneytið upp úrskurð sinn?*

Í því tilviki sem ráðuneytið kvað upp stjórnsýsluúrskurð laut málið að ákvörðunum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna um synjun um greiðslu fulls láns, um frítekjumarksviðmiðun og ákvörðun um eftirágreiðslu námslána. Stjórnsýsluúrskurðurinn var kveðinn upp hinn 6. júní 1995.

4. *Í hve mörgum tilvikum á þessu tímabili hefur ráðuneytið breytt efnislega niðurstöðu stjórnar LÍN?*

Í engu tilviki.

5. *Hvenær voru þeir úrskurðir kveðnir upp?*

Sjá svar við 4. spurningu.

6. *Hve lengi hefur sú framkvæmd tíðkast, sem vitnað er til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, að ekki sé unnt að skjóta úrskurðum stjórnar LÍN til æðra stjórnvalds?*

Með vísan til svara við framangreindum spurningum er ljóst að ráðuneytið hefur ætíð litið svo á að framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna hafi verið falin stjórn hans innan þess ramma sem starfsemi sjóðsins er sett með lögum, reglugerðum og úthlutunarreglum annars vegar og fjárveitingum samkvæmt fjárlögum og lánafyrirgreiðslu á grundvelli lánsfjárlaga hins vegar. Þessi afstaða ráðuneytisins byggist á ákvæðum laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, enda er stjórn sjóðsins með þeim lögum falið með skýrum hætti veigamikið hlutverk við framkvæmd laganna, þar með talið vald sem ráðherra hafði áður haft um starfsemi sjóðsins. Því leit ráðneytið ekki svo á að unnt væri að skjóta ákvörðunum stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna til þess.

Í þessu sambandi má enn fremur benda á að umboðsmaður Alþingis hefur tekið kvartanir vegna ákvarðana stjórnar Lánsjóðs íslenskra námsmanna til umfjöllunar án þess að mál hafi fyrst sætt málskoti til menntamálaráðuneytisins, en í 3. mgr. 6. gr. laga nr 13/1987, um umboðsmann Alþingis, segir að megi skjóta máli til æðra stjórnvalds sé ekki unnt að kvarta til umboðsmanns fyrr en hið æðra stjórnvald hafi fellt úrskurð í málinu. Hefur umboðsmaður Alþingis því litið svo á að kæruleiðir innan stjórnsýslunnar hafi verið tæmdar, þrátt fyrir að ákvarðanir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefðu ekki sætt málskoti til menntamálaráðuneytisins. Það skal tekið fram að umboðsmaður Alþingis hefur ekki fjallað með beinum hætti um þetta atriði í álitum sínum.

Í árslok 1994 barst menntamálaráðuneytinu stjórnsýslukæra vegna ákvarðana stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ráðuneytið tók stjórnsýslukæruna til efnislegrar meðferðar á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga og kvað upp úrskurð í því máli hinn 6. júní 1995.

Þegar það lá fyrir að umboðsmaður Alþingis fjallaði í álitum sínum í febrúar 1996 um ákvarðanir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna án þess að þær hefðu fyrst sætt málskoti til menntamálaráðuneytisins, taldi ráðuneytið óhjákvæmilegt að taka á ný til yfirvegunar hvort málskotsréttur vegna ákvarðana stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna teldist almennt fyrir hendi.

Eftir ítarlega athugun varð það niðurstaða ráðuneytisins hinn 17. apríl 1996 að líta yrði svo á að innan þess ramma sem settur er með ákvæðum laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sé málskotsréttur á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, ekki fyrir hendi a.m.k. vegna þeirra einstöku ákvarðana stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem varða framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sem stjórn sjóðsins hefur verið falið að fjalla um með ákvæðum laga nr. 21/1992. Var í samræmi við þessa niðurstöðu eftirfarandi ákvæði, nr. 5.1.5., sett í úthlutunarreglur sjóðsins þegar þær voru gefnar út árið 1996: „Umsóknum um námslán er svarað af starfsmönnum sjóðsins sem samþykkja lán eða synja í samræmi við gildandi reglur. Vilji námsmaður skjóta slíkum úrskurði til meðferðar stjórnar skal hann gera það með rökstuddu erindi. Úrskurður stjórnar er endanlegur, en unnt er að óska álits umboðsmanns Alþingis eða skjóta úrskurði til dómstóla.“

1105. Breytingartillaga [301. mál]

við frv. til l. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heildarendurskoðun skal fara fram á öllum liðum samkomulags þess sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu 10. janúar 1997, um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, eigi síðar en að liðnum 15 árum frá undirritun þess enda hefur ríkið ekki fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum nema til þess tíma.

1106. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið hefur einkum verið fjallað um þrjú ákvæði frumvarpsins, starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, vátryggingarfjárhæðir og söluþóknun fasteignasala.

Starfsábyrgðartryggingar.

Markmið frumvarpsins á að vera að auka tryggingavernd og öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Það skýtur því skökku við að í breytingartillögu meiri hlutans er fellt brott ákvæði sem lengi hefur verið í lögum um að skaðabótaskylda fasteignasala nái til ásetningsbrota með sama hætti og til gáleysis. Þannig leggur meiri hlutinn til að verulega verði dregið úr neytendavernd í fasteignaviðskiptum frá því sem nú er og dómsmálaráðherra leggur til með frumvarpinu að gildi áfram. Minni hlutinn telur fráleitt að draga úr henni enda má segja að sjaldan sé þörf eins ríkrar neytendaverndar og í fasteignaviðskiptum þar sem oftast er um að ræða aleigu fólks. Rökin fyrir því að fella út kvöð á fasteignasala um skaðabótaskyldu vegna ásetningsbrota, þ.e. þau að lögmenn séu einungis skyldir til að tryggja sig gegn gáleysisbrotum, halda ekki. Einfalt hefði verið, eins og minni hlutinn leggur til, að kveða á um að í ábyrgðartryggingu lögmanna felist ótvírætt að skaðabótaskylda þeirra líkt og fasteignasala næði einnig til ásetningsbrota.

Í umsögn Vátryggingaeftirlitsins til allsherjarnefndar frá 29. mars 1997 segir: „Þegar Alþingi samþykkti að lögbjóða starfsábyrgðartryggingu lögmanna á síðasta ári, með lögum um breytingu á lögum um málflytjendur, sbr. síðari umfjöllun, var alveg ljóst hver vilji löggjafans var. Vátryggingin á að veita viðskiptamanni lögmanns vernd hvaða ástæðu sem skaðabótaskylda lögmannsins stofnast af ef það skilyrði er uppfyllt að ábyrgðin hafi stofnast vegna lögmannsstarfa. Í athugasemdum frumvarpsins var þess getið að ekki skiptir máli gagnvart viðskiptamanninum hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis.“ Vátryggingaeftirlitið gat þess í umsögn sinni að ekki sé einhugur meðal lögfræðinga um þessa túlkun. Ýmsir telji að löggjafinn hefði þurft að láta þess getið í texta

laganna, sbr. orðin ásetningur og stórkostlegt gáleysi, því ella taki vátryggingin eingöngu til einfalds gáleysis og/eða einfalds og stórkostlegs gáleysis.

Í mars 1996 hafnaði Vátryggingaeftirlitið drögum að vátryggingaskilmálum sem fyrir lágu þar sem ásetningur og stórkostlegt gáleysi voru undanskilin. Í umsögn Vátryggingaeftirlitsins kom fram eftirfarandi: „Eftirlitið telur að að óbreyttum lögum megi lögboðin starfsábyrgðartrygging lögmanna ekki undanskilja tjón sem valdið er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Löggjafarviljinn sé afdráttarlaus og að eftir honum skuli fara.“ Vegna fyrirspurna frá minni hlutanum kom fram í bréfi frá 9. desember sl. að þar sem fyrirliggjandi vátryggingaskilmálar starfsábyrgðartrygginga lögmanna hafi ekki að geyma vátryggingavernd vegna ásetningsbrota telji eftirlitið að ákvæði 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins sé ófullnægjandi, en það kveður á um að ef fasteignasali, samhliða fasteignasölu, hefur með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur megi telja hann hafa með því fullnægt tryggingarskyldu sinni. Fram kom í bréfi eftirlitsins að breyta þyrfti 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins þannig að tryggt væri að ábyrgðartrygging fasteignasala sem hefur með höndum lögmannsstörf tæki einnig til ásetningsbrota.

Í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram að í ljósi ósamræmis sem er á milli ábyrgðartryggingar lögmanna annars vegar og fasteignasala hins vegar leggi hann til að ákvæðinu verði breytt þannig að tryggingaskylda fasteignasala nái aðeins til gáleysisbrota. Ljóst er að þetta gengur ekki upp og er hrein rökleysa. Nær hefði verið að samræmingin hefði verið í þá veru sem minni hlutinn leggur til, þ.e. að skylda lögmenn til að hafa ásetningstryggingu líkt og fasteignasalar hafa nú, en ekki að samræming felist í því að skyldur fasteignasalans dragi verulega úr neytendavernd eins og hún er í dag.

Komið hefur fram að skiptar skoðanir séu um hvort hægt sé að endurtryggja vegna ásetningsbrota. Minni hlutinn bendir á þá staðreynd að fasteignasalar hafa haft ásetningsbrot í starfsábyrgðartryggingu sinni sem tryggingafélögin hafa fallist á. Spurningu minni hlutans um hvort ætla megi að ef kveðið er ótvírætt á um tryggingarskyldu gagnvart ásetningsbrotum leiði það til hækkunar iðgjalda svaraði Vátryggingaeftirlitið með eftirfarandi hætti: „Fyrirliggjandi frumvarp kveður á um litla hækkun vátryggingarfjárhæða. Ekki verður séð að lítil hækkun vátryggingarfjárhæða hafi hækkun iðgjalda í för með sér. Vegna þess hve vátryggingarfjárhæðir eru lágar hafa íslensku vátryggingafélögin ekki tekið endurtryggingar vegna þessara starfsábyrgðartrygginga. Ætla má að þau geti það áfram þó frumvarpið verði samþykkt.“

Minni hlutinn mun því styðja dómsmálaráðherra í þeim áformum hans í 5. gr. að tryggja að skaðabótaskylda fasteignasala nái áfram til ásetningsbrota, ásamt því að flytja breytingartillögu um að skaðabótaskylda fasteignasala, sem samhliða fasteignasölu hafa með höndum lögmannsstörf, nái einnig til þeirra.

Vátryggingarfjárhæðir.

Í frumvarpinu er kveðið á um að trygging sú sem sett skuli vegna ábyrgðartryggingar í fasteignaviðskiptum skuli nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10.000.000 kr.

Í svari Vátryggingaeftirlitsins við fyrirspurnum frá minni hlutanum um hvort vátryggingarfjárhæðir frumvarpsins séu að mati eftirlitsins fullnægjandi til að tryggja fullkomlega það tjón sem fasteignakaupendur eða -seljendur geta orðið fyrir í fasteignaviðskiptum kom fram eftirfarandi: „Fullvíst má telja að umræddar fjárhæðir *tryggja ekki fullkomlega það tjón* sem fasteignakaupendur eða -seljendur geta orðið fyrir af völdum fast-

eignasala. Gera má ráð fyrir því að þær dugi í flestum tilvikum.“ Til samanburðar við framangreindar tryggingarfjárhæðir er vert að geta þess að tryggingarfjárhæðir eru eftirfarandi hjá vátryggingamiðlurum, lögmönnum og bifreiðasölum:

Vátryggingamiðlarar sem starfa við miðlun persónutrygginga: 150 millj. kr. við miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu, að greiðsluvátryggingum undanskildum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk og 50 millj. kr. í öðrum vátryggingum.

Lögmenn: Starfsábyrgðartrygging lögmanna kveður á um 5 millj. kr. vegna hvers tjónsatburðar og 15 millj. kr. í heildarfjárhæð innan hvers vátryggingartímabils. Um þessa starfsábyrgðartryggingu segir í umsögn Vátryggingaeftirlitsins: „Það eru ekki háar fjárhæðir miðað við mögulegar áhættur, en þær stuðla að lágmarksneytendavernd og duga sjálfsagt í mörgum tilvikum.“

Bílasalar: Ábyrgðartrygging gegn skaðabótakröfum sem stofnast þegar viðskiptamaður verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi bifreiðasala en með tryggingunni skal greiða bætur allt að 3 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður á hverju tólf mánaða tryggingartímabili. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða tryggingartímabils getur þó ekki orðið hærri en 9 millj. kr. Vátryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem veldur tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Fasteignasalar: Samkvæmt frumvarpinu á ábyrgðartrygging í fasteignaviðskiptum að nema minnst 5.000.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10.000.000 kr.

Athyglisvert er að í flestum tilvikum þar sem aleiga fólks er í húfi er tryggingavernd að öðru jöfnu minnst. Að mati minni hlutans er það óviðunandi og hann leggur áherslu á að tryggingarfjárhæðir í fasteignaviðskiptum verði samræmdar og tekið verið mið af því að þær geti staðið undir því tjóni sem fasteignakaupendur og -seljendur geta orðið fyrir, ásamt því að fjárhæðirnar taki breytingum í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Ekki er ákvæði um vísitölubreytingar í frumvarpinu en Vátryggingaeftirlitið hefur mælt með að slíkt ákvæði verði tekið í lög því það sé fyllri grundvöllur ef þess er getið í lögum og tilgreind sú viðmiðun sem um ræðir hverju sinni. Minni hlutinn getur ekki fallist á að vátryggingarfjárhæðir verði ákveðnar með reglugerð eins og meiri hlutinn leggur til því að nauðsynlegt er að upplýsingar um þær séu aðgengilegar í lögum, auk þess sem óviðunandi er að Alþingi framselji svo þýðingarmikið atriði í fasteignaviðskiptum alfarið til framkvæmdarvaldsins.

Ástand fasteigna.

Neytendasamtökin hafa gert verulegar athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins þar sem horfið er frá því sem gildandi löggjöf mælir fyrir um, þ.e. að tiltaka í lögum en ekki reglugerð hvað skuli koma fram í söluyfirliti. Um þessa grein segir í umsögn Neytendasamtakanna að í söluyfirliti komi fram veigamestu atriði sem lúta að forsendum kaupa og er því mikilvægt að löggjafinn kveði skýrt á um það en ekki sé nægjanlegt að reglugerð mæli fyrir um slík grundvallaratriði. Söluyfirlit þurfi að tiltaka öll þau atriði er skipta máli við sölu eigna, svo sem um ástandsskýrslur og upplýsingagjöf fasteignasala. Brýnt sé að í fasteignaviðskiptum sé viðskiptamaður ætíð upplýstur um rétt sinn til að fá ástandsskýrslu um eiginleika þeirrar fasteignar sem verið er að kaupa og að slíka skýrslu skuli hlutlaus úttektaraðili gera. Slíkar skýrslur mundu draga verulega úr fjölda þeirra ágreiningsmála sem koma upp við kaup á fasteign. Kveða þurfi skýrt á um upplýsingagjöf fasteignasalans um alla þætti sem skipta máli við kaup á fasteign, t.d. um við-

gerðarframkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru yfirvofandi, um húsgjöld og upphæð þeirra. Minni hlutinn tekur undir þessar ábendingar og athugasemdir Neytendasamtakanna og telur brýnt að skyldur fasteignasalans séu skýrar um ítarlega upplýsingagjöf um ástand eigna, fyrirhugaðar eða aðkallandi viðgerðarframkvæmdir og aðra þætti sem máli skiptir að liggi greinilega fyrir áður en gengið er frá bindandi fasteignakaupum. Meiri hlutinn hefur vegna ábendinga minni hlutans að nokkru tekið tillit til þessara sjónarmiða. Minni hlutinn telur þó ákvæðið ekki fullnægjandi þar sem m.a. er ekki kveðið á um í lögum að fyrirhugaðar eða aðkallandi viðgerðarframkvæmdir skuli koma fram í söluyfirliti, og mun því sitja hjá við afgreiðslu 12. gr. frumvarpsins.

Söluþóknun fasteignasala.

Í frumvarpinu er kveðið á um afnám ákvæðis núgildandi laga um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum. Í umsögn Samkeppnisstofnunar, dags. 27. nóvember sl., kom fram að stofnunin hafi ekki gert sérstaka athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölumörkuðum og sé því ekki í stakk búin til að meta hvort veigamikil rök séu fyrir því að hafa í lögum ákvæði um hámarksþóknun í þessum greinum. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir minni hlutans varð meiri hlutinn ekki við því að Samkeppnisstofnun yrði falið að athuga samkeppnisaðstæður á fasteignamarkaði. Minni hlutinn fór því fram á það við Samkeppnisstofnun að slík athugun færi fram og er það ekki í fyrsta sinn sem það kemur í hlut stjórnarandstöðunnar að reyna að tryggja að viðhöfð séu vönduð vinnubrögð í meðferð mála á Alþingi. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er að ekki séu sjáanleg svo veigamikil rök að þau réttlæti lögbindingu hámarksþóknunar við sölu fasteigna.

Umsögn Samkeppnisstofnunar um athugun hennar á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaði virðist í mjög litlum mæli byggjast á sjálfstæðri athugun stofnunarinnar. Afstaða hennar virðist fyrst og fremst byggjast á umsögn Félags fasteignasala sem hefur lagt ofurkapp á að ákvæðið um 2% hámarksþóknun yrði afnumið. Í umsögn Samkeppnisstofnunar er t.d. sagt að mat Félags fasteignasala sé að samkeppni sé mjög virk meðal fasteignasala. Einnig var byggt á þeim breytingum sem frumvarpið sjálft gerir ráð fyrir, t.d. að gerðar væru allstrangar kröfur til fasteignasala og þar m.a. tilgreind rík skaðabótaábyrgð sem meiri hlutinn leggur nú til að verulega verði dregið úr. Þar sem örlar á sjálfstæðu mati Samkeppnisstofnunar á samkeppnisaðstæðum er litið til þróunar þeirra í Noregi og Danmörku þar sem aðstæður eru aðrar en almennt gerist hér og fasteignaviðskipti eru með öðrum hætti.

Um Danmörku segir í áliti Samkeppnisstofnunar að samkeppnisyfirvöld þar í landi hafi haft nokkur afskipti af samþjöppun á fasteignamarkaði og varðandi Noreg er rætt um virka verðsamkeppni milli fasteignasala og nefnd dæmi um mikinn verðmun þar sem hæsta söluþóknun hafi t.d. verið mun hærri eftir að hámarksþóknun var afnumin en lögbundin þóknun var áður. Það kemur heim og saman við það sem haldið var fram við fyrstu umræðu þessa frumvarps að víða þar sem söluþóknun hjá fasteignasölum hafi verið gefin frjáls sé algengt að hún sé 3–4% og allt upp í 7% af verði fasteignar.

Athygli vekur líka sá rökstuðningur Samkeppnisstofnunar að: „Í ljósi þeirra hagsmuna sem um er að tefla í fasteignaviðskiptum, þ.e. oft á tíðum aleigu einstaklinga og/eða lífstíðarsparnað, hefur þótt réttlætanlegt þegar lögin voru sett að veita einstaklingum þá

vernd sem m.a. felst í því að þóknun fasteignasalans getur ekki orðið hærri en 2% af fasteignaverði.“ Þessi sannindi eru í fullu gildi í dag og því harla léttvægt að gera því skóna að einstaklingar í fasteignaviðskiptum þurfi minni neytendavernd í dag en þegar lögin voru sett.

Minna má á að í bréfi Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. apríl 1994, kemur fram að svo virðist sem fasteignasalar taki sér þóknun vegna annarra kostnaðarliða en þeirra er tengjast sölunni beinlínis og að því er virðist umfram það sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um fasteignaviðskipti. Hámarksþóknunin veitir því ekki jafnríka neytendavernd og ætla mætti við fyrstu sýn, segir í þessu bréfi Samkeppnisstofnunar. Þannig virðast einhver brögð hafa verið að því að fasteignasalar hafi tekið sér þóknun umfram þau 2% sem núgildandi lög kveða á um og verður að telja umtalsverð miðað við þá þjónustu sem innt er af hendi, en fyrir sölu á 8 millj. kr. íbúð er þóknunin 160 þús. kr. auk virðisaukaskatts, eða um 200 þús. kr.

Með vísan til framangreinds virðist margt benda til þess að ef hámarksþóknun fasteignasala verður afnumin verði ríkt tilhneiging til að hækka verulega þóknun í fasteignaviðskiptum og með vísan til þess hvernig staðið hefur verið að athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaði mun minni hlutinn ekki styðja 14. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 6. maí 1997.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1107. Breytingartillaga [28. mál]

við frv. til l. um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (JóhS, GGuðbj, ÖJ).

Fyrri málsliður 2. mgr. 5 gr. orðist svo: Ef fasteignasali, samhliða fasteignasölu, hefur með höndum lögmannsstörf skal hann, auk ábyrgðartryggingar þeirrar sem lögmönnum er skylt að hafa, hafa ábyrgðartryggingu sem tryggir viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir tjóni sem fasteignasalinn eða starfsmenn hans hafa valdið af ásetningi.

1108. Skýrsla [216. mál]

fjármálaráðherra um fjárhagsleg áhrif af útboðum Vegagerðarinnar og töpuðum kröfum ríkisins á hendur verktakafyrirtækjum, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Með beiðni frá Guðmundi Lárussyni og fleiri þingmönnum (á þskj. 272) er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagsleg áhrif af útboðum og tilboðum og töpuðum kröfum ríkisins á hendur verktakafyrirtækjum.

Heildarupphæðir framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar 1990–95.

Heildarútboð framkvæmda á vegum Vegagerðarinnar 1990–95 er að finna í töflunni hér að neðan. Það ber að athuga að samanburður er gerður á kostnaðaráætlun og lægsta tilboði en ekki fjárhæð verksamnings. Í flestum tilvikum er lægsta tilboði tekið og er frávik á heildartölum því hverfandi lítið. Upphæðir eru á verðlagi í desember 1996.

Ár	Kostnaðar-áætlun m.kr.	Tilboð m.kr.	Mismunur m.kr.	Hlutfall tilb. af áætlun
1990	995.340	756.458	238.882	76,0%
1991	4.701.225	3.789.187	912.038	80,6%
1992	1.498.224	916.913	581.311	61,2%
1993	3.638.362	2.554.130	1.084.232	70,2%
1994	1.286.089	918.268	367.821	71,4%
1995	2.193.586	1.583.769	609.817	72,2%
Samtals	14.312.826	10.518.726	3.794.100	71,9%

Tap ríkissjóðs vegna óinnheimtra fjármuna á árunum 1990–95.

Ekki er unnt að svara því af nákvæmni með tölum hvert var tap ríkissjóðs á árunum 1990–95 vegna óinnheimtra fjármuna, annars vegar í formi þungaskatts af ökutækjum í eigu þeirra verktakafyrirtækja sem unnu verk fyrir Vegagerðina og hins vegar í formi virðisaukaskatts hjá verktakafyrirtækjum sem unnu að verkum fyrir Vegagerðina. Fyrir því eru ýmsar ástæður:

1. Upplýsingar í álagningarkerfi þungaskatts byggjast á heildarakstri hvers ökutækis um sig. Þær gefa ekki mynd af akstri vegna einstakra verka eða í þágu einstakra verkkaupa, svo sem Vegagerðarinnar. Ógjörningur er að sundurliða álagningu þungaskattsins á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Sama máli gegnir um álagningu virðisaukaskatts.
2. Í tekjubókhaldi ríkisins er að finna upplýsingar um vanskil á þungaskatti og virðisaukaskatti. Þar er hins vegar ekki að finna þær kröfur sem afskrifaðar hafa verið sem tapaðar vegna gjaldþrota. Þær kröfur, sem ekki hafa verið innheimtar, þurfa ekki í öllum tilfellum að vera tapaðar þar sem innheimtumaður hefur oft á tíðum náð að tryggja viðkomandi kröfu með fjárnámi.
3. Skráning gagna í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs er með þeim hætti að til þess að safna upplýsingum um tapaðar kröfur hjá tilteknum hópi gjaldenda þarf forritun og úrvinnslu. Draga má í efa réttmæti þess að birta upplýsingar um álagningu skatta eða vanskil hjá hluta gjaldenda sem kunna að vera þannig að draga megi af þeim ályktanir um hverja er að ræða.
4. Á síðari árum hefur það færst í vöxt að einstaklingar og lögaðilar sem starfa sem verktakar kaupi ökutæki í gegnum kaupleigufyrirtæki. Í slíkum tilfellum er viðkomandi ökutæki skráð sem eign kaupleigufyrirtækisins. Álagning og eftir atvikum vanskil þungaskatts vegna þessara ökutækja eru færð á kennitölu kaupleigufyrirtækisins en ekki verktakans.

Á undanförnum árum hefur Vegagerðin gert þá kröfu til tilboðsgjafa að þeir veiti upplýsingar um skuldastöðu sína gagnvart ríkissjóði, að öðrum kosti verði tilboð þeirra ekki tekin gild. Þetta hefur leitt til betri skila aðila á þessum markaði og að meira jafnræði er í samkeppni í útboðum Vegagerðarinnar.

Greiðsla Vegagerðarinnar vegna vanefnda verktaka á verkum í vinnslu samkvæmt útboði árin 1990–95.

Vegagerðin hefur ekki orðið fyrir beinu fjárhagslegu tjóni vegna vanefnda verktaka enda er krafist verkábyrgða við gerð verksamninga og að þeim gengið, ef vanefndir verktaka gefa tilefni til.

Tap undirverktaka og annarra aðila á viðskiptum við verktaka sem urðu gjaldþrota eða stóðu ekki í skilum á sama tímabili.

Samkvæmt útboðsgögnum er Vegagerðin ekki aðili að samningasambandi milli verktaka og undirverktaka og getur því ekki sagt til um þau viðskipti sem þar fara fram. Vegagerðinni er þó kunnugt um að undirverktakar hafa tapað fé á viðskiptum við verktaka en ekki er vitað í hve miklum mæli.

Kröfur til verktaka sem Vegagerðin felur verk.

Í útboðslýsingum Vegagerðarinnar er eftirfarandi texti sem unnið er eftir:

„Við val á verktaka verður tekið mið af fyrri verkum hans og fjárhagsstöðu. Skilyrði er að hann sé ekki í vanskilum með opinber gjöld og æskilegt að hann hafi unnið sambærilegt verk fyrir Vegagerðina eða annan aðila. Verkstjórnendur skulu hafa reynslu af verkstjórn sambærilegra verka. Ef bjóðandi verður með undirverktaka skal þeirra getið í tilboðsskrá undir 3. lið, verkstjórnendur – verkreynsla.

Verkkaupi mun óska eftir eftirfarandi upplýsingum um bjóðanda áður en gengið verður til samninga:

1. Ársreikningum síðastliðinna tveggja ára.
2. Yfirlýsingu viðskiptabanka um að bjóðandi sé í eðlilegum bankaviðskiptum.
3. Skriflegri yfirlýsingu frá innheimtuaðilum ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld. Ekki er einungis átt við álögð gjöld í og utan staðgreiðslu heldur öll opinber gjöld, svo sem þungaskatt, virðisaukaskatt, afdregna staðgreiðslu starfsmanna og tryggingargjald. Bjóðandi veitir Vegagerðinni heimild til að sannreyna upplýsingar hjá innheimtumönnum með undirritun þessa tilboðs.
4. Skrá yfir helstu yfirmenn (yfirstjórnanda, yfirverkstjóra, tæknilegan ráðgjafa o.s.frv.) sem bjóðandi hyggst láta stjórna verkinu, ásamt greinargerð um reynslu þeirra og hæfni til að stjórna sambærilegum verkum.
5. Áætlun um önnur verk sem bjóðandi þarf að vinna meðan á þessu verki stendur."

Tiltækur tækjakostur á að koma fram í tilboði. Er sá listi yfirfarinn og metið hvort fullnægjandi sé.

Samningar um viðbótarverkþætti án útboðs við verktaka sem fyrir eru í verkum.

Nokkuð algengt er að gerðir séu samningar við verktaka um viðbótarverk. Yfirleitt er um smáverk að ræða sem hagkvæmt er að leysa með þessum hætti þar sem tækjakostur er fyrir hendi á staðnum. Samanburður hefur verið gerður á fjárhæð verksamninga og endanlegum greiðslum til verktaka og er frávik lítið. Hins vegar liggur ekki fyrir hvað er vegna magnaukningar í verki og hvað er vegna viðbótarsamnings.

Verkefnaskil.

Nokkuð algengt er að verkum sé ekki skilað á tilsettum tíma, ýmist af ástæðum sem varða verkkaupa vegna breyttra aðstæðna, ástæðum sem stafa af óviðráðanlegum orsökum, t.d. náttúrufari, eða af ástæðum sem varða verktaka.

Dagsektir.

Dagsektum er beitt ef verki er ekki lokið innan þess skilatíma sem settur hefur verið og ástæður tafanna má rekja til seinlætis verktakans eða vanefnda hans að öðru leyti. Frekari upplýsingar um beitingu dagsekta má finna í 24. kafla í Sérskilmálum Vegagerðarinnar við ÍST 30:1988.

1109. Svar [311. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Birnu Sigurjónsdóttur um kennara og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum.

1. *Hvert er hlutfallið milli grunnskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?

	Fjöldi	Stöðugildi	%
Reykjavík			
Grunnskólakennarar	1235	1144,8	98,40
Leiðbeinendur	22	18,8	1,60
Reykjanes			
Grunnskólakennarar	752	653,9	95,50
Leiðbeinendur	42	30,3	4,50
Vesturland			
Grunnskólakennarar	143	133,6	78,40
Leiðbeinendur	41	36,7	21,60
Vestfirðir			
Grunnskólakennarar	96	86,9	60,70
Leiðbeinendur	72	56,2	39,30
Norðurland vestra			
Grunnskólakennarar	95	88,7	69,70
Leiðbeinendur	56	38,6	30,30
Norðurland eystra			
Grunnskólakennarar	293	268,5	79,80
Leiðbeinendur	74	67,8	20,20
Austurland			
Grunnskólakennarar	133	120,8	80,90
Leiðbeinendur	40	28,5	19,10
Suðurland			
Grunnskólakennarar	192	167,4	89,70
Leiðbeinendur	33	19,3	10,30
Landið allt			
Grunnskólakennarar	2939	2664,6	90,00
Leiðbeinendur	380	296,2	10,00

Á töflunni sést hlutfall grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum 1996–97 skipt eftir kjördæmum. Einnig sést heildarfjöldi kennara og leiðbeinenda í grunnskólum og heildarfjöldi stöðugilda þeirra. Upplýsingar vantar frá 42 grunnskólum, flestum á landsbyggðinni, með u.þ.b. 10% nemenda. Hlutfall leiðbeinenda er yfirleitt hærra í dreifbýli en í þéttbýli og því má ætla að í þeim skólum sé hærra hlutfall leiðbeinenda en fram kemur í töflunni.

2. *Hvert er hlutfallið milli framhaldsskólakennara og leiðbeinenda miðað við stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar:*
   a. í Reykjavík,
   b. í öðrum sveitarfélögum á landinu?

	Fjöldi	Stöðugildi	%
Reykjavík			
Framhaldsskólakennarar	610	730,91	82,77
Leiðbeinendur	127	92,67	17,23
Reykjanes			
Framhaldsskólakennarar	184	214,24	73,89
Leiðbeinendur	65	50,95	26,11
Vesturland			
Framhaldsskólakennarar	37	37,89	72,55
Leiðbeinendur	14	9,16	27,45
Vestfirðir			
Framhaldsskólakennarar	12	11,02	40,00
Leiðbeinendur	18	14,54	60,00
Norðurland vestra			
Framhaldsskólakennarar	20	24,91	64,52
Leiðbeinendur	11	11,36	35,48
Norðurland eystra			
Framhaldsskólakennarar	125	150,37	77,16
Leiðbeinendur	37	34,92	22,84
Austurland			
Framhaldsskólakennarar	44	43,11	64,71
Leiðbeinendur	24	16,84	35,29
Suðurland			
Framhaldsskólakennarar	84	103,73	74,34
Leiðbeinendur	29	22,31	25,66
Landið allt			
Framhaldsskólakennarar	1116	1316,18	77,45
Leiðbeinendur	325	252,75	22,55

3. *Hvernig skiptast leiðbeinendur í grunnskólum annars vegar og framhaldsskólum hins vegar eftir menntun og kyni, þ.e. hvert er hlutfall kvenna og karla sem hafa:*
   a. lokið háskólaprófi,
   b. háskólamenntun án lokaprófs,
   c. stúdentspróf sem lokapróf,
   d. aðra menntun á framhaldsskólastigi,
   e. grunnskólapróf sem lokapróf?

Leiðbeinendur við grunnskóla (upplýsingar frá undanþágunefnd).

	Samt.	Karlar	%	% af heild	Konur	%	% af heild
Hafa lokið háskólaprófi	97	44	45,36	7,87	53	54,64	9,48
Hafa háskólamenntun án lokaprófs	102	30	29,41	5,34	72	70,59	12,88
Hafa stúdentspróf sem lokapróf	37	14	37,84	2,51	23	62,16	4,12
Hafa aðra menntun á framhaldsskólastigi	266	83	31,20	14,85	183	68,80	32,74
Hafa grunnskólapróf sem lokapróf	57	14	24,56	2,51	43	75,44	7,70
Samtals	**559**						

Leiðbeinendur við framhaldsskóla.

	Samt.	Karlar	%	% af heild	Konur	%	% af heild
Hafa lokið háskólaprófi	155	96	61,94	29,54	59	38,06	18,16
Hafa háskólamenntun án lokaprófs	56	27	48,21	8,31	29	51,79	8,92
Hafa stúdentspróf sem lokapróf	7	2	28,57	0,61	5	71,43	1,54
Hafa aðra menntun á framhaldsskólastigi	105	70	66,67	21,54	35	33,33	10,77
Hafa grunnskólapróf sem lokapróf	2				2	100,00	0,61
Samtals	**325**						

Hlutfall karla og kvenna er annars vegar reiknað af fjölda leiðbeinenda eftir menntun og hins vegar af heildarfjölda.

1110. Svar [488. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Árna M. Mathiesen um framtíðaráætlanir um útgjöld til menntamála.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða áætlanir eða spár hefur menntamálaráðuneytið gert um framtíðarútgjöld ríkisins til menntamála?

Út frá hvaða mannfjöldaspám er gengið og hvernig er áætlað að þróun útgjalda verði?

Menntamálaráðuneytið hefur gert ýmsar spár um framtíðarútgjöld ríkisins til menntamála, enda málaflokkurinn umfangsmikill. Eftir þessum áætlunum er unnið innan ráðuneytisins og í samskiptum við undirstofnanir. Einnig er við þær miðað í samskiptum menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis við fjárlagagerð. Í þeim áætlunum er bæði tekið mið af stærð þeirra árganga sem koma inn í skólakerfið á næstu árum og spám um hlutfallslega aukningu nemenda á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Ljóst er að í heild þurfa framlög hins opinbera til menntamála að aukast á næstu árum til að skólakerfið geti tekið vel á móti þeim aukna fjölda námsmanna sem þangað mun sækja. Nemendafjölgun í framhaldsskólum er metin á 60 millj. kr. á næsta ári og nemendafjölgun á háskólastigi er metin á 75 millj. kr. á næsta ári. Einnig fela ýmsar lagabreytingar í sér aukinn kostnað. Í fyrsta lagi má nefna ný framhaldsskólalög sem fela í sér viðbótarkostnað sem nemur allt að 340 millj. kr. samkvæmt kostnaðarmati fjármála-

ráðuneytis. Gert er ráð fyrir að breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna kosti yfir 200 millj. kr. á ári og í kostnaðarmati með frumvarpi til laga um háskóla er gert ráð fyrir að þau kosti a.m.k. 20 millj. kr. Þá þarf að auka verulega viðhald skóla á framhaldsskólastigi og ljóst er að eigi að bregðast við þörf fyrir stórframkvæmdir á háskólastigi næstu árin felst í því umtalsverður kostnaður.

I. Aukinn nemendafjöldi.

Ljóst er að aukinn nemendafjöldi á næstu árum mun leiða til nokkurs útgjaldaauka. Þegar litið er til fjárhags ríkissjóðs aukast bæði umsvif framhaldsskólastigs og háskólastigs vegna fjölgunar nemenda á þessum skólastigum. Rekstur grunnskóla er hins vegar kominn til sveitarfélaga og því hefur heildarframlag ríkissjóðs til menntamála lækkað en á móti hafa útgjöld sveitarfélaganna aukist.

1. Framhaldsskólar.

Hér á eftir er yfirlit yfir áætlaða þróun í fjölda framhaldsskólanema fram til ársins 2006. Áætlunin byggist á fjölda nemenda sem koma úr 10. bekk grunnskóla ár hvert. Eins og fram kemur í yfirlitinu er gert ráð fyrir áframhaldandi nemendafjölgun frá fyrra ári. Miðað við árgangastærðir má gera ráð fyrir að nemendum í framhaldsskólum fjölgi að öllu jöfnu um liðlega 400 á árinu 1998. Gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda í framhaldsskólum nái hámarki árið eftir eða skólaárið 1998/1999.

Þróun nemendafjölda í framhaldsskólum á árabilinu 1994 - 2006

Innritun:	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Ár 4	Skólaár	Stærð árganga	Breytingar frá fyrra ári
H: 1994	4.014	3.891	4.121	4.172	94 - 95	16.198	
H: 1995	4.385	4.014	3.891	4.121	95 - 96	16.411	213
H: 1996	4.422	4.385	4.014	3.891	96 - 97	16.712	301
H: 1997	4.291	4.422	4.385	4.014	97 - 98	17.112	400
H: 1998	4.251	4.291	4.422	4.385	98 - 99	17.349	237
H: 1999	4.203	4.251	4.291	4.422	99 -00	17.167	-182
H: 2000	3.990	4.203	4.251	4.291	00 - 01	16.735	-432
H: 2001	3.772	3.990	4.203	4.251	01 - 02	16.216	-519
H: 2002	3.756	3.772	3.990	4.203	02 - 03	15.721	-495
H :2003	4.076	3.756	3.772	3.990	03 - 04	15.594	-127
H: 2004	4.492	4.076	3.756	3.772	04 - 05	16.096	502
H: 2005	4.398	4.492	4.076	3.756	05 - 06	16.722	626
H: 2006	4.598	4.398	4.492	4.076	06 - 07	17.564	842

Af töflunni má ráða að fjöldi framhaldsskólanema nái hámarki skólaárið 1998/1999 en síðan dragi tímabundið úr nemendafjölda. Í töflunni er ekki gert ráð fyrir áhrifum af væntanlegum kerfisbreytingum, svo sem tilkomu Kennara- og uppeldisháskóla Íslands og listaháskóla, en árið 1999 er gert ráð fyrir að ígildi liðlega 200 nemenda flytjist af framhaldsskólastiginu yfir á háskólastigið. Á móti má gera ráð fyrir að aukið framboð náms á framhaldsskólastigi hafi einhverja nemendafjölgun í för með sér.

Þetta gefur tilefni til að ætla að sveiflur í nemendafjölda verði minni en taflan sýn-

ir. Eftir sem áður má þó gera ráð fyrir að fjöldi nemenda á framhaldsskólastigi vaxi ört eftir árið 2004 og skólaárið 2006/2007 verði nemendafjöldi meiri en skólaárið 1998/1999.

2. Háskólar.

Í yfirliti hér á eftir er sýnt hlutfall háskólanema af árgöngum 20–24 ára og áætluð fjölgun þeirra árin 1997–2000. Eins og yfirlitið ber með sér hefur hlutfall háskólanema hækkað úr 24% í 36% á síðustu 10 árum og nemendafjöldi aukist úr 5.000 í um 7.500. Hliðstæð þróun hefur orðið í flestum vestrænum ríkjum.

Hlutfall háskólanema af árgöngunum 20-24 ára og áætluð fjölgun 1997-2000

	1984	*1985*	*1986*	*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*	*1995*	*1996*	1997	1998	1999	2000
Árg. 20-24 ára	21153	20829	20381	20657	21125	20928	20472	20368	19896	19547	19847	20396	20805	21284	21508	21298	21311
Nemendafjöldi	4984	5001	5054	5011	5378	5722	6302	6799	6307	6760	6920	7328	7372	**7662***	**7743***	**7667***	**7672***
														8127*	***8474****	***8649****	***8913****
Hlutfall nem.	0,236	0,24	0,248	0,243	0,255	0,273	0,308	0,334	0,317	0,346	0,349	0,359	0,354	0,36	0,36	0,36	0,36
af árg. 20-24														0,382	0,394	0,406	0,418

***Áætlun 1: ekki er gert ráð fyrir aukningu á hlutf. nemenda sem sækja háskóla**

****Áætlun 2: línuleg aukning í hlutfalli árganga 20-24 sem sækir háskóla**

Raunfjölgun nemenda á háskólastigi 1984-1996; áætlun 1997-2000

Ár	*1984*	*1985*	*1986*	*1987*	*1988*	*1989*	*1990*	*1991*	*1992*	*1993*	*1994*	*1995*	*1996*	*1997*	*1998*	*1999*	*2000*
Fj.nem.	4984	5001	5054	5011	5378	5722	6302	6799	6307	6760	6920	7328	7372	***7672****	***7901****	**8130***	**8358***
																400**	**400**
															80***	**160*****	**240*****
Samt.															**7981**	**8690**	**8998**

*línul. fjölgun miðað við fjölgun '84-'96

** áætlaður fjöldi nem. í kennara- og uppeldisháskóla

*** áætlaður fjöldi nem. í viðskiptaháskóla



Á næstu 4–5 árum mun aðsókn að æðri menntun aukast. Stafar þetta af því að starfs-

nám færist í auknum mæli á háskólastig, stúdentum fjölgar árin 1998–2002 og fjölbreytni í háskólanámi eykst.

Fjöldi í þeim árgöngum sem innritast í framhaldsskóla á árabilinu 1994–1997 er til jafnaðar 400 fleiri en innrituðust í framhaldsskóla næstu fjögur ár á undan en það jafngildir aukningu um 1.200 nemendur í framhaldsskólum skólaárið 1997/1998 miðað við 1993/1994. Þetta mun leiða til allt að 400 nemenda fjölgunar á háskólastigi, þótt hlutfall þeirra sem sækja háskólanám hækki ekki.

Gert er ráð fyrir að framboð náms á háskólastigi aukist með kennara- og uppeldisháskóla, viðskiptaháskóla og listaháskóla auk meira námsframboðs í þeim háskólum sem fyrir eru svo sem HÍ og HA.

Sé tekið tillit til þessa aukna framboðs og breytinga á æðri menntun er gert ráð fyrir að nemendum á háskólastigi muni fjölga úr 7.500 í um 9.000 á næstu fjórum árum eða um 1.500 nemendur.

Nemendafjöldi á framhaldsskólastigi mun væntanlega komast í hámark á árinu 1998 sé litið til þeirra sem ljúka grunnskólaprófi næstu ár. Fæðingartölur benda til þess að tímabundið muni draga úr fjölda nemenda í framhaldsskólum eftir 1999.

Gera verður ráð fyrir verulega auknum fjármunum til háskólastigsins á næstu árum, annars vegar til kennslu og hins vegar til stofnkostnaðar og rekstrar á nýju skólahúsnæði.

Á þessu stigi er gert ráð fyrir að á árinu 1998 nemi fjölgun á háskólastigi alls liðlega 300 nemendum.

II. Stofnkostnaður og endurbætur.

Töluverður hluti framtíðarútgjalda menntamálaráðuneytisins er vegna stofnkostnaðar og viðhalds á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Stofnkostnaður á framhaldsskólastigi hefur verið umtalsverður á undanförnum árum, m.a. vegna framkvæmda við Borgarholtsskóla, Menntaskólann í Kópavogi, Menntaskólann á Akureyri og Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður lækki á næstu árum en hins vegar er ljóst að fjárþörf vex meira en því nemur vegna bráðnauðsynlegs viðhalds.

Ljóst er að stórframkvæmdir á sviði skólabygginga verða aðallega á háskólastigi næstu árin. Menntamálaráðherra skipaði nefnd hinn 17. október sl. til að semja áætlun um byggingarframkvæmdir skóla á háskólastigi, annarra en Háskóla Íslands. Skólarnir sem um er að ræða eru kennara- og uppeldisháskóli, Háskólinn á Akureyri, Tækniskóli Íslands, listaháskóli og verslunarháskóli. Áætlunin verður lögð fyrir ríkisstjórn til frekari ákvörðunar. Þegar litið er til fjármögnunar á nefndin einnig að leita annarra leiða en beinna fjárframlaga úr ríkissjóði.

Ljóst er að þær framkvæmdir sem snúa beint að ríkissjóði, þ.e. húsnæði fyrir kennara- og uppeldisháskóla, endurbætur og nýbyggingar á Akureyri svo og lausn á húsnæðismálum listaháskóla, kosta vart minna en 2 milljarða króna. Þótt hluti þess kostnaðar verði fjármagnaður með öðrum hætti en hefðbundnum framlögum verða eigi að síður að koma til veruleg framlög úr ríkissjóði.

III. Rannsóknastarfsemi.

Framlög á fjárlögum til ýmissa sjóða á sviði vísinda hafa ekki tekið miklum breytingum til hækkunar undanfarin ár. Framlög vegna aðildargjalda ESB hafa hins vegar hækkað verulega. Sem stendur liggja ekki fyrir upplýsingar um hver aðildargjöldin verða 1998 en á sl. ári var ekki gert ráð fyrir verulegri breytingu milli ára. Það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að efla rannsóknarstarfsemi. Á þessu stigi hafa ekki verið lagðar fram hugmyndir um aukin framlög til einstakra vísindastofnana. Nefnd ráðuneytisstjóra vinnur að tillögugerð um breytingar á skipulagi og starfsemi þeirra.

IV. Ýmislegt á framhaldsskólastigi.

Það er ekki einungis aukinn nemendafjöldi sem leiðir til hærri útgjalda heldur er einnig ljóst að rekstrarkostnaður framhaldsskóla mun hækka vegna áhrifa af nýjum framhaldsskólalögum auk ýmissa annarra atriða sem hér eru upp talin.

1. Reiknilíkan, árangursstjórnunarsamningar, breytt námsframboð.

Samkvæmt 7. gr. laga um framhaldsskóla skal skólanefnd gera „árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára“ og er áætlunin háð samþykki menntamálaráðherra. Með vísun til þessa hefur ráðuneytið ákveðið að stefnt skuli að því að gerður verði samningur við hvern framhaldsskóla fyrir sig þar sem m.a. verður kveðið á um námsframboð og viðmiðanir fyrir fjárframlög til þeirrar starfsemi sem samkomulag verður um að viðkomandi skóli hafi með höndum.

Ljóst er að breytt námsframboð og breyttar forsendur í reiknilíkani sem m.a. felst í samningsgerðinni geta leitt til a.m.k. tímabundins kostnaðarauka. Hér er átt við ákveðið þróunarstarf sbr. 31. gr. laga um framhaldsskóla þar sem kveðið er á um að menntamálaráðherra geti gert deild eða skóla að kjarnaskóla sem þróar námsefni, námsskipan og kennsluaðferðir.

Þá er í lögunum kveðið á um rétt nemenda til námsráðgjafar og gert er ráð fyrir að sú þjónusta verði aukin. Á það skal bent að aukin námsráðgjöf getur leitt til þess að nemendur velji nám við hæfi sem leiðir til lækkunar kennslukostnaðar.

2. Leiðréttting á almennum rekstri framhaldsskóla.

Með reiknilíkani fyrir rekstrarþætti er stefnt að því að samræma framlög til skóla sem í sumum tilvikum munu leiða til lækkunar en þó í mun fleiri tilvikum til hækkunar þar sem eins og áður segir er yfirleitt um verulega vanáætlun að ræða.

3. Sérkennsla.

Stefnt er að því í samræmi við framhaldsskólalög að auka þjónustu fyrir fatlaða. Í stað þess að stofnaðir verði sérskólar fyrir fatlaða verður gert samkomulag við einstaka framhaldsskóla um rekstur sérdeilda.

Í framhaldsskólalögum, 20 gr., er kveðið á um rétt nemenda til sérstakrar kennslu í íslensku sé móðurmál annað en íslenska. Undanfarin ár hefur fjöldi slíkra námsmanna aukist. Jafnframt hefur skapast aukin þörf fyrir hjálparkennslu fyrir íslenska námsmenn í framhaldsskólum sem dvalist hafa langdvölum erlendis en samkvæmt lögunum ber að veita þeim slíka kennslu. Þá er einnig stöðug þörf fyrir íslenskukennslu fyrir nýbúa sem komnir eru af framhaldsskólaaldri.

4. Mat á skólastarfi.

Gert er ráð fyrir að skólar taki upp kerfisbundið sjálfsmat til að bæta árangur skólastarfsins. Ætla má að það kalli á aukna vinnu í skólum í upphafi en á móti ætti það aðhald sem slíkt mat hefur í för með sér að leiða til hagræðingar þegar til lengri tíma er litið.

Allmikill kostnaður myndast strax í byrjun vegna stefnumörkunar og undirbúnings fyrir sjálfsmat í framhalds-, grunn- og forskólum. Sá kostnaður mun væntanlega greiðast úr ríkissjóði.

V. Námsefnisgerð.

Endurskoðun námskrár og umfjöllun um kennslu og námsgögn á grunnskólastigi kallar á endurmat á útgáfu námsefnis. Vinna þarf að námsefnisgerð í samræmi við nýja námskrá og kröfur um betra námsefni. Fjárframlög til námsgagnagerðar þurfa því að hækka eigi íslenskt námsefni að vera samanburðarhæft við það sem í boði er á alþjóðavettvangi.

VI. Upplýsingatækni.

Ríkisstjórnin hefur sett málefni upplýsingatækni á sviði menntamála í forgang og þeim hugmyndum þarf að fylgja eftir með fjárframlögum. Í því sambandi verður að hafa í huga að upplýsingatækni fylgir hagræðing, til dæmis vegna fjarkennslu, sem dregur úr öðrum fjárfestingum.

VII. Námsaðstoð.

Í fjárlagagerð næsta árs mun menntamálaráðuneytið leggja til aukningu á framlagi til jöfnunar námskostnaðar. Er það til að draga úr kostnaði þeirra nemenda sem verða að sækja nám utan heimabyggðar m.a. vegna aukinnar verkaskiptingu framhaldsskóla.

VIII. Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Gert er ráð fyrir að breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna feli í sér að framlög til sjóðsins aukist um yfir 200 millj. kr. árlega. Þá er ekki lagt mat á kostnað vegna aukinnar eftirspurnar eftir lánum.

1111. Breytingartillaga [256. mál]

við frv. til l. um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Á eftir 2. mgr. 14. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofn-

verð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað.

1112. Nefndarálit [476. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93, 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Seyðisfjarðarkaupstað og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 4. mgr. d-liðar B-liðar:
   a. Í stað orðsins „Sjávarútvegsráðuneytinu“ í fyrri málslið komi: Sjávarútvegsráðherra.
   b. Síðari málsliður orðist svo: Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Fyrri breytingartillagan snýr að ákvæði sem mælir fyrir um heimild ráðherra til að hækka eftirlitsgjald vegna landamæraeftirlits þegar í hlut eiga aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndinni þykir rétt að rýmka heimild ráðherra til að ákvarða hugsanlega hækkun gjaldsins, þó þannig að það geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið. Breytingartillaga við 4. gr. lýtur að því að miða gildistöku laganna við 1. nóvember í stað 1. júlí þar sem Evrópusambandið hefur lýst því yfir að ekki verði hægt að ganga frá málinu af þess hálfu fyrr en í haust.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Árnason.
Einar Oddur Kristjánsson.		Guðmundur Hallvarðsson.

1113. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990 (starfsþjálfun guðfræðikandídata).

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin fjallaði um málið, fékk gesti á sinn fund, sbr. nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar, og fór yfir umsagnir sem bárust frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar, biskupi Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsþjálfun guðfræðikandídata verði tveir mánuðir í stað fjögurra áður. Ástæða styttingarinnar er sú að kostnaður við starfsþjálfunina hefur farið fram úr áætlunum þar sem kandídatar eru helmingi fleiri en áætlað var.

Þó að ákvæði þessu sé aðeins ætlaður stuttur líftími, þar sem í frumvarpi um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar er gert ráð fyrir að ný ákvæði um starfsþjálfun verði sett í starfsreglur, telur minni hlutinn rétt að taka undir með guðfræðideild Háskóla Íslands og leggjast gegn þessari breytingu. Meginrökin eru þau að almennt þykir æskilegt að vanda vel til starfsþjálfunar í námi guðfræðikandídata sem annarra og ekki verður séð að hægt verði að ná sömu eða bættri starfsþjálfun á helmingi styttri tíma. Samþykkt frumvarpsins má skilja sem skilaboð um að þingið telji rétt að minnka þessa starfsþjálfun. Guðfræðideild háskólans, sem ber ábyrgð á menntun guðfræðikandídata, er ekki þeirrar skoðunar og minni hlutinn ekki heldur. Sá kostnaður sem um ræðir kemur úr kirkjumálasjóði og hefur væntanlegur sparnaður því ekki áhrif á ríkissjóð.

Alþingi, 7. maí 1997.

Guðný Guðbjörnsdóttir, frsm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ögmundur Jónasson.

1114. Lög [238. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1088.

1115. Lög [330. mál]

um Bókasafnssjóð höfunda.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 1089.

1116. Lög [259. mál]

um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 491.

1117. Frumvarp til laga [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum. Viðskiptaráðherra fer með mál er varða hlutafélög samkvæmt lögum þessum, önnur en þau sem varða skráningu hlutafélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. málsl. 18. gr. laganna kemur: ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.

4. gr.

Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hlutafélagaskrár“, þar sem þau koma fyrir í 2. mgr. 87. gr. laganna, kemur: ráðherra.

5. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 3. mgr. 90. gr. laganna kemur: ráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 97. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hún“, þar sem þau koma fyrir í 1. mgr., kemur: ráðherra, og: hann.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

7. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í upphafi 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: ráðherra.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

1. og 2. mgr. 147. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skráir íslensk hlutafélög og útibú erlendra hlutafélaga og starfrækir hlutafélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu hlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

10. gr.

158. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 147. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

1118. Frumvarp til laga [505. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Viðskiptaráðherra fer með mál er varða einkahlutafélög samkvæmt lögunum, önnur en þau sem varða skráningu einkahlutafélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og kröfuhafa um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta hlutaðeigandi, innan tveggja vikna frá því að tryggingin er boðin fram, lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 2. mgr. kemur: ráðherra.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 62. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hlutafélagaskrár“ kemur: ráðherra.
b. Í stað orðsins „skráin“ kemur: hann.

4. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í 3. mgr. 65. gr. laganna kemur: ráðherra.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hlutafélagaskrá“ og „hún“, þar sem þau koma fyrir í 1. mgr., kemur: ráðherra, og: hann.
b. Í stað orðsins „hlutafélagaskrá“ í 3. mgr. kemur: ráðherra.

6. gr.

Í stað orðsins „hlutafélagaskrár“ í upphafi 1. mgr. 82. gr. laganna kemur: ráðherra.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands skráir íslensk einkahlutafélög og útibú erlendra einkahlutafélaga og starfrækir hlutafélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu einkahlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

9. gr.

135. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 121. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

1119. Frumvarp til laga [506. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með mál er varða samvinnufélög samkvæmt lögum þessum,

önnur en þau sem varða skráningu samvinnufélaga en með þau fer ráðherra Hagstofu Íslands. Með ráðherra er í lögum þessum átt við viðskiptaráðherra nema ráðherra Hagstofu Íslands sé tilgreindur sérstaklega.

2. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Hagstofa Íslands annast skráningu samvinnufélaga og starfrækir samvinnufélagaskrá í því skyni.

Ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu samvinnufélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur samvinnufélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem samvinnufélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

3. gr.

Í stað orðanna „samvinnufélagaskrá í umboði viðskiptaráðherra“ í 13. gr. laganna kemur: samvinnufélagaskrá.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Samvinnufélagaskrá skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um skrásetningu samvinnufélags á kostnað tilkynnanda. Ráðherra Hagstofu Íslands setur nánari reglur um efni tilkynningar.

5. gr.

Í stað 3. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir sem orðast svo: Ríkissjóður greiðir til bráðabirgða kostnað vegna fundarins. Heimilt er þó að setja það skilyrði að sá er biður um boðun til fundar setji tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar. Félagið ber kostnaðinn endanlega. Greiði félagið ekki reikning innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans glatar fundarbeiðandi þó tryggingarfé sínu en á í þess stað kröfu á félagið.

6. gr.

4. málsl. 1. mgr. 57. gr. laganna orðast svo: Rísi ágreiningur milli félags og lánardrottna, sem kröfum hafa lýst, um það hvort framboðin trygging sé nægileg geta báðir aðilar innan tveggja vikna frá kröfulýsingu lagt málið fyrir héraðsdóm á heimilisvarnarþingi félagsins.

7. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 5.–8. mgr. 62. gr., 6. mgr. 64. gr. og 1. mgr. 66. gr. laganna kemur, í viðeigandi föllum: samvinnufélagaskrá.

8. gr.

Í stað orðsins „skiptaráðanda“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur: héraðsdómara.

9. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 77. gr. laganna kemur: samvinnufélagaskrá.

10. gr.

83. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

1120. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota).

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

I. KAFLI

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.

1. gr.

Við 2. mgr. 52. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá því að sekt kemur til innheimtu.

2. gr.

Við 54. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sekt sem ekki er ákveðin af dómstólum skal afplánuð í varðhaldi.

Sekt allt að 100.000 krónum sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra afplánast með varðhaldi eftir meðfylgjandi töflu:

Sekt:	Vararefsing:
0– 9.999 kr.	2 dagar
10.000– 19.999 kr.	4 dagar
20.000– 29.999 kr.	6 dagar
30.000– 39.999 kr.	8 dagar
40.000– 49.999 kr.	10 dagar
50.000– 59.999 kr.	12 dagar
60.000– 69.999 kr.	14 dagar
70.000– 79.999 kr.	16 dagar
80.000– 89.999 kr.	18 dagar
90.000–100.000 kr.	20 dagar

Lagagrundvöllur vararefsingarinnar og lengd varðhaldsins skulu tilgreind í lögreglustjórasátt og skal sakborningur gangast skriflega undir vararefsinguna ásamt öðrum viðurlögum.

II. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987.

3. gr.

Við 100. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sektir allt að 100.000 krónum fyrir brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt

þeim skulu ákveðnar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara. Í reglugerðinni skal tilgreint hvaða tegunda brota hún tekur til og hvaða sekt og önnur viðurlög skuli koma fyrir hverja tegund brots. Heimilt er að víkja frá ákvæðum reglugerðarinnar ef veigamikil rök mæla með því.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig, enda rúmist refsingin innan sektarmarka almennra hegningarlaga.

Veita má sakborningi allt að 25% afslátt af sektarfjárhæð sem lögreglustjóri hefur ákvarðað ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

4. gr.

Við 101. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svohljóðandi:

Nú hefur maður á þriggja ára tímabili gerst sekur um þrjú eða fleiri brot á lögum þessum eða reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og náð tilteknum punktafjölda samkvæmt punktakerfi vegna umferðarlagabrota, og skal hann þá sviptur ökurétti í þrjá mánuði til viðbótar þeirri sviptingu ökuréttar sem við síðasta brotinu kann að liggja. Dómsmálaráðherra setur, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar á meðal um hvaða vægi einstök brot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar vegna uppsöfnunar punkta.

III. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot sem hann hefur ákæruvald um skv. 28. gr. eða lögregla stendur mann að slíku broti og lögreglustjóri telur viðurlög við brotinu ekki fara fram úr sviptingu ökuleyfis allt að einu ári, upptöku eigna eða sekt að tiltekinni fjárhæð sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð að fenginni tillögu ríkissaksóknara, og getur lögreglustjóri þá bréflega, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sakborningi kost á að ljúka málinu með því að gangast undir hæfileg viðurlög ásamt greiðslu sakarkostnaðar. Gangist sakborningur undir ákvörðun viðurlaga hafa þau málalok sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur, ef því er að skipta. Synji sakborningur þessum málalokum eða sinni þeim ekki skal tekin ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum.

b. Í stað orðanna „2. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. mgr.

c. Orðin „og 2.“ í fyrri málslið 4. mgr. falla brott.

d. Í stað orðanna „2. mgr.“ í síðari málslið 4. mgr. kemur: 1. mgr.

IV. KAFLI
Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

1121. Frumvarp til laga [233. mál]

um vörumerki.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 338 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Vörumerki skal skrá í ákveðinn flokk eða flokka vöru og þjónustu. Óheimilt er að skrá merki fyrir heilan flokk eða flokka án tilgreiningar á þeirri vöru eða þjónustu sem merki óskast skráð fyrir.

Greiningu í vöru- og þjónustuflokka ákveður ráðherra og auglýsir.

22. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að andmæla skráningu vörumerkis eftir birtingu. Andmælum ber að skila skriflega til Einkaleyfastofunnar innan tveggja mánaða frá birtingardegi og skulu þau rökstudd.

Ef andmæli koma fram gegn skráningu vörumerkis athugar Einkaleyfastofan skráninguna að nýju í samræmi við ákvæði 19. gr. Eiganda skráningar skal tilkynnt um andmælin og gefinn kostur á að tjá sig um þau.

Taki Einkaleyfastofan andmæli ekki til greina skal formlegur úrskurður þess efnis kynntur andmælanda og eiganda skráningar.

Taki Einkaleyfastofan andmæli til greina skal formlegur úrskurður um ógildingu skráningar merkis, að hluta til eða öllu leyti, kynntur andmælanda og eiganda skráningar.

Niðurstaða úrskurðar skv. 3. og 4. mgr. skal birt í ELS-tíðindum.

32. gr. hljóðar svo:

Vörumerki verða afmáð úr vörumerkjaskrá:

1. ef skráning er ekki endurnýjuð,
2. ef eigandi merkis óskar þess,
3. ef skráning er lýst ógild í kjölfar andmæla,
4. ef skráning er lýst ógild skv. 23. gr.,
5. samkvæmt dómi um ógildingu vörumerkis,
6. samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef starfsemi eiganda vörumerkis hefur sannanlega verið hætt, sbr. 30. gr.,
7. samkvæmt ákvörðun Einkaleyfastofunnar ef augljós mistök hafa átt sér stað við skráningu, endurnýjun eða breytingu, sbr. 31. gr.,
8. ef umboðsmaður hefur ekki verið tilnefndur, sbr. 35. gr.

Vörumerki sem eru afmáð, sbr. 1. mgr., skal birta í ELS-tíðindum.

43. gr. hljóðar svo:

Þeim sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti er skylt að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis og skaðabætur fyrir annað tjón sem af broti hans hefur hlotist.

Þeim sem hagnast á broti gegn vörumerkjarétti, án þess að um ásetning eða gáleysi sé að ræða, er skylt að greiða hæfilegt endurgjald. Endurgjaldið má þó aldrei vera hærra en ætla má að nemi hagnaði hans af brotinu.

67. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, með síðari breytingum.

Með umsóknir sem berast Einkaleyfastofunni fyrir gildistöku laga þessara skal farið eftir eldri lögum.

1122. Þingsályktun [480. mál]

um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 809.

1123. Þingsályktun [555. mál]

um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 913.

1124. Þingsályktun [556. mál]

um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 914.

1125. Þingsályktun [554. mál]

um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 912.

1126. Þingsályktun [86. mál]

um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum þeirra, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði.

1127. Þingsályktun [310. mál]

um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum eða leigu á skólabát, einum eða fleiri.

Nefndin skili áliti sem fyrst.

1128. Þingsályktun [343. mál]

um könnun á veiðiþoli beitukóngs.

(Afgreidd frá Alþingi 7. maí.)

Samhljóða þskj. 615.

1129. Frumvarp til laga [381. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995.

(Eftir 2. umr., 7. maí.)

1. gr.

Á eftir orðunum „þremur fulltrúum hið fæsta“ í 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: en þó a.m.k. fimm fulltrúum ef félagsmálanefnd eru falin verkefni barnaverndarnefndar.

2. gr.

Orðin „og skal a.m.k. einn þeirra eiga sæti í félagsmálanefnd“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

3. gr.

Orðin „á vettvangi byggðasamlaga“ í 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

4. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Erlendum ríkisborgurum sem ekki eiga lögheimili í landinu skal í sérstökum tilvikum veitt fjárhagsaðstoð hér á landi. Aðstoð skal veitt af dvalarsveitarfélagi að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið, enda hafi áður verið leitað eftir aðstoð frá heimalandi. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

Ríkissjóður skal endurgreiða sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í eftirfarandi tilvikum:

a. Aðstoð við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu, sbr. 1. mgr.
b. Aðstoð við erlenda ríkisborgara skv. 12.–13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

5. gr.

Orðin „leitast við að“ í 16. gr. laganna falla brott.

6. gr.

Við 18. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef sveitarfélag ræður starfsmann skal hann hafa viðhlítandi menntun.

7. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sbr. 2. mgr., að fengnum tillögum félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram.

8. gr.

2. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:
Félagsmálanefnd er óheimilt að breyta styrk í lán nema viðkomandi óski þess.

9. gr.

25. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

10. gr.

Við 30. gr. laganna (verður 29. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er sveitarstjórn að taka gjald fyrir heimaþjónustu samkvæmt gjaldskrá.

11. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna (verður 33. gr.) fellur brott.

12. gr.

Í stað orðanna „svæðisstjórna fatlaðra“ í 3. mgr. 45. gr. laganna (verður 44. gr.) kemur: svæðisskrifstofa málefna fatlaðra.

13. gr.

49. gr. laganna fellur brott og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna (verður 54. gr.):

a. Í stað orðanna „svæðisstjórn um málefni fatlaðra“ kemur: svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.
b. Í stað orðanna „lög um málefni fatlaðra, nr. 41/1983“ kemur: lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992.

15. gr.

Í stað orðanna „66. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. 65. gr. laganna (verður 63. gr.) kemur: 64. gr.

16. gr.

Við 66. gr. laganna (verður 64. gr.) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann, sbr. 3. mgr. 21. gr.

17. gr.

Á eftir 67. gr. laganna (verður 65. gr.) kemur nýr kafli, XVIII. kafli, **Ýmis ákvæði,** með einni nýrri grein, svohljóðandi:
Veitt aðstoð til íslenskra ríkisborgara hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist úr ríkissjóði. Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglur um aðstoð samkvæmt ákvæði þessu.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1130. Frumvarp til laga [453. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Eftir 2. umr. 7. maí.)

I. KAFLI
Breytingar á lögum um fæðingarorlof, nr. 57/1987, með síðari breytingu.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarorlof samkvæmt lögum þessum merkir leyfi frá launuðum störfum vegna:

a. meðgöngu og fæðingar,
b. frumættleiðingar barns yngra en fimm ára eða
c. töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fæðingarorlofi í allt að sex mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. þó ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Skipti foreldrar með sér þessu fæðingarorlofi verður samanlagt orlof þeirra aldrei lengra en sex mánuðir.

3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlofið hafið á fæðingardegi.

Upphaf sex mánaða fæðingarorlofs vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, sbr. 2. gr., miðast við þann tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt.

4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Tilkynna skal atvinnurekanda um töku fæðingarorlofs með 21 dags fyrirvara, nema sérstakar aðstæður geri það ókleift. Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún á sama hátt tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna atvinnurekanda það með sama fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

5. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar.

II. KAFLI
Breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 27.758 kr. á mánuði í sex mánuði og greiðast móður við hverja fæðingu barns, sbr. þó 2. mgr. og ákvæði þessarar greinar um lengingu fæðingarorlofs af sérstökum ástæðum. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Að jafnaði skal móðir eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.

b. 3. mgr. orðast svo:

Greiða skal fæðingarstyrk í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur í tvo mánuði.

c. 5. mgr. orðast svo:

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt. Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Heimilt er að framlengja greiðslu fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 2. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

d. 6. mgr. orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal greiddur foreldri vegna frumættleiðingar og fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í fóstur í sex mánuði frá þeim tíma þegar barnið kemur á heimilið, enda staðfesti barnaverndarnefnd eða aðrir til þess bærir aðilar ráðstöfunina. Ef barn, sem ættleiða á, er sótt til útlanda skal ættleiðandi foreldri þó heimilt að hefja töku fæðingarorlofs við upphaf ferðar, enda hafi viðkomandi yfirvöld eða stofnun staðfest að barn fáist ættleitt. Nú eru fleiri börn en eitt ættleidd eða tekin í fóstur í einu og skal þá framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þrjá mánuði fyrir hvert barn umfram eitt.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað 1. málsl. a-liðar koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á fæðingardagpeningum samkvæmt grein þessari, enda hafi þeir að jafnaði átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna og eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð.
b. Orðin „eða frumættleiðingu“ í f-lið falla brott.
c. G-liður orðast svo: Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þeir eiga rétt á, sbr. ákvæði laga um fæðingarorlof, fellur greiðsla fæðingardagpeninga niður fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.
d. Í stað orðanna „einn mánuð“ í h-lið kemur: þrjá mánuði.
e. I-liður orðast svo: Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingardagpeninga um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan tíma. Heimilt er að framlengja fæðingarorlof um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Þörf fyrir framlengingu vegna dvalar barns á sjúkrahúsi, sbr. 1. málsl., alvarlegs sjúkleika barns eða alvarlegra veikinda móður skal rökstudd með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
f. 3. og 4. málsl. l-liðar orðast svo: Greiða skal fæðingardagpeninga í þrjá mánuði ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngutíma. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu greiðast fæðingardagpeningar í tvo mánuði.
g. M-liður orðast svo: Ættleiðandi foreldrar vegna frumættleiðingar og fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára, sbr. og 6. mgr. 15. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara um frekari framlengingu fæðingarorlofs skulu gilda um foreldra sem voru í fæðingarorlofi 1. janúar 1997.

1131. Skýrsla [605. mál]

félagsmálaráðherra um 83. og 84. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1997–97.)

I. INNGANGUR

Þau ákvæði, sem lágu til grundvallar stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) árið 1919, er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918. Í XIII. kafla Versalasáttmálans er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum, sem leiða til styrjalda þjóða í milli, leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búi við í hinum ýmsu löndum. Um markmið ILO segir í þingsályktunartillögu frá árinu 1944 að það sé að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viði stofnunin að sér upplýsingum um atvinnumál og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi eftir aðstæðum þess og þörfum.

Við upphaf nýrrar aldar virðist framangreint eiga lítið erindi. Annað kemur þó í ljós þegar viðfangsefni félags- og vinnumála eru brotin til mergjar. Iðnbyltingin leiddi af sér róttækari þjóðfélagsumbyltingu en mannkynið hafði fram að þeim tíma upplifað. Um þessar mundir á sér stað enn róttækari breyting. Rafeinda- og tölvutækni hefur breytt störfum og starfsgreinum. Samskipti á vinnumarkaði þarfnast endurskoðunar. Samtök aðila vinnumarkaðarins þurfa að laga sig að breyttum aðstæðum og taka mið af nýjum þörfum félagsmanna. Við hlið hins hefðbundna daglaunastarfs er að skapast ný tegund starfs þar sem verk er unnið utan starfsstöðvar atvinnurekandans, jafnvel á heimili launamannsins. Skipulag og starfshættir fyrirtækja hafa tekið stakkaskiptum. Það hefur einnig áhrif á samskiptareglur á vinnumarkaði. Atvinnuleysi er hlutskipti milljóna manna í heiminum. Hlutverk ríkisins við að jafna framboð og eftirspurn eftir vinnuafli er að breytast. Þetta gildir einnig um viðfangsefni þess sem atvinnurekanda. Breyting á viðhorfum til þátttöku kvenna í atvinnulífinu og jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðlífsins leggur ríki og sveitarfélögum nýjar skyldur á herðar. Þjónustustofnanir samfélagsins verða að taka meira tillit til þarfa starfsmanna með fjölskylduábyrgð.

Gjaldþrot áætlunarbúskapar í efnahagsmálum hefur umbylt fjármálasamskiptum heimsins. Afnám tolla og viðskipahindrana hefur gert heiminn að einu markaðssvæði. Frelsi í flutningi fjármagns og vinnuafls opnar ný tækifæri en hefur í sér fólgnar hættur. Fjármagnið virðist hafa forgang á kostnað velferðarkerfisins. Áherslum verður að breyta. Setja þarf fólk að nýju í fyrirrúm.

Þegar litið er yfir aðstæður nú á tímum blasa viðfangsefnin við. Búa þarf fólki mannsæmandi lífskjör, bæta þarf aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, fátækt þarf að uppræta og tryggja þarf félaga- og tjáningarfrelsi. Á ný þarf að hefja til virðingar kjörorðið um atvinnu fyrir allar vinnufúsar hendur. Niðurstaðan árið 1919 var stofnun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er ljóst að hún hefur enn verk að vinna í byrjun 21. aldar. Miklu skiptir að vandamálin séu rædd og á þeim fundnar lausnir. ILO hefur verið kjörinn vettvangur fyrir skoðanaskipti fulltrúa ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Lausnirnar felast meðal annars í fjölda alþjóðasamþykkta og tillagna sem hafa að markmiði að tryggja lífsafkomu og rétt til andlegs og líkamlegs frelsis.

Árið 1996 var viðburðarríkt í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á árinu voru haldin tvö vinnumálaþing. Reglulegt þing var haldið dagana 4.–20. júní og var það hið 83. í röðinni. Aukaþing, 84. Alþjóðavinnumálaþingið, sem helgað var málefnum skipverja, var haldið dagana 8.–22. október 1996.

Að venju var athugun á framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tillögum ILO umfangsmesta viðfangsefni 83. Alþjóðavinnumálaþingsins. Þótt merkja megi framfarir og umbætur í mörgum ríkjum eru grundvallarréttindi á sviði félags- og vinnumála fótum troðin í allt of mörgum ríkjum. Umræður á þinginu um aðstæður í Mayanmar (Burma) eru minnisstæðar. Norðurlöndin tóku virkan þátt í þeim. Þegar þingfulltrúar voru að tygja sig til heimferðar birtu fjölmiðlar frétt um andlát ræðismanns Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar í fangelsi stjórnvalda Mayanmar. Þar sat hann vegna ásakana um að hafa haft of margar ljósritunarvélar í ræðismannsbústaðnum. Þátttakendum og öðrum sem fylgdust með umræðum á þinginu brá nokkuð við þessi tíðindi.

Þingið afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt og tillögu um aðstæður þeirra sem stunda það sem hlotið hefur nafnið heimastörf. Það tekur m.a. til þess þegar launamaður vinnur tiltekin verkefni fyrir atvinnurekanda á heimili sínu. Markmiðið er að gera stöðu heimastarfsmanna sem líkasta stöðu annarra starfsmanna. Þetta gildir einkum að því er varðar réttinn til að skipuleggja sig í samtökum, þess að njóta öryggis og heilbrigðis á vinnustað og rétt til lögbundinnar tryggingaverndar, ákvæði um lágmarksaldur til vinnu, tækifæri til starfsmenntunar o.fl. Þetta ber að gera í samvinnu við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks. Í aðfaraorðum samþykktarinnar er á það minnt að alþjóðasamningar og tilmæli um aðbúnað fólks á vinnustöðum geti einnig átt við fólk sem starfar heima.

Stefna í atvinnumálum var til almennrar umræðu á þinginu. Helstu niðurstöður felast í ábendingum til aðildarríkja ILO um að halda áfram að efla starfsmenntun með það að markmiði að auka hæfni vinnuaflsins til að nýta ný tækifæri í atvinnulífinu sem aukinn hagvöxtur skapar. Einnig sé nauðsynlegt að bæta rekstrarskilyrði smárra og meðalstórra fyrirtækja. Hyggja þarf að aðgerðum í þágu þeirra hópa sem lakast eru settir á vinnumarkaðinum. Enn fremur ber að kanna þörf á endurskoðun samskiptareglna samtaka atvinnurekenda og launafólks.

Eins og áður segir fjallaði 84. Alþjóðavinnumálaþingið um málefni skipverja. Þetta var í 11. skiptið sem þingið fjallar sérstaklega um málefni þeirra. Í ávarpi forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, kom m.a. fram að á sl. þremur árum hafa farist 180 skip og með þeim 1.200 skipverjar og farþegar. Á fyrstu sex mánuðum ársins 1996 höfðu helmingi fleiri farist í sjóslysum en samtals á öllu árinu 1995. Hann benti á að miklar breytingar hefðu orðið í útgerð sl. 25 ár. Of stór skipastóll hafi valdið skipulagsbreytingum á níunda áratugnum. Aukin samkeppni hafi knúið útgerðarmenn til að leita allra leiða til að lækka útgerðarkostnað, m.a. með því að skrá skip í svonefnda alþjóðlega skipaskrá eða opna skipaskrá sem hafi heimilað fleiri frávik frá viðteknum

reglum m.a. að því er varðar skattlagningu, öryggismál, mönnun, eftirlit og rekstur. Notkun millilíða að því er varðar ráðningar og rekstur hafi gert útgerð flóknari bæði frá rekstrarlegu og lagalegu sjónarhorni. Þetta hafi kallað á endurskoðun eldri samþykkta ILO sem fjalla um aðbúnað skipverja og setningu nýrra sem taki mið af breyttum aðstæðum.

Afgreiðsla aukaþingsins á samþykkt um vinnueftirlit um borð í skipum markar viss tímamót. Hér er um að ræða fyrstu alþjóðasamþykktina um þetta efni. Í ákvæðum um gildissvið samþykktarinnar segir að hún taki til allra haffærra skipa í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem skráð eru í einhverju þeirra aðildarríkja samþykktarinnar sem stunda vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni eða eru notuð á annan hátt í ábataskyni. Ef hlutaðeigandi skip er skráð í tveimur aðildarríkjum skal það teljast á skrá í því ríki sem leggur því til fána.

Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa frá árinu 1958 var endurskoðuð með nýrri samþykkt. Með henni eru settar ákveðnar viðmiðunarreglur um daglegan og vikulegan vinnutíma eða daglegan og vikulegan hvíldartíma sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir ofþreytu vegna of mikillar vinnu. Í henni er lögð áhersla á að skipverjar njóti grundvallarreglunnar um átta klukkustunda vinnudag og einn frídag á viku. Þar að auki er kveðið á um það að hámarksvinnutími skuli ekki fara fram úr 14 klst. á sólarhring og 72 klst. á viku. Aðildarríkjum er með sama hætti heimilt að takmarka vinnutíma með ákvæðum um lágmarkshvíldartíma. Ef sú leið er valin skal kveða á um 10 klst. hvíld á sólarhring eða 77 klst. á viku.

Í tillögu nr. 187, um laun, vinnutíma og mönnun skipa, er fjallað um endurgjald fyrir aukavinnu og ýmiss konar aukagreiðslur. Markmið tillögunnar er að gera launamál einfaldari og skýrari bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn og koma þannig í veg fyrir ágreining. Í henni er miðað við lágmarksviðmiðunarlaun ILO. Í siglingamálanefnd stofnunarinnar náðist samkomulag um að lágmarkslaun háseta verði hækkuð 1. janúar 1998 úr 385 Bandaríkjadölum á mánuði í 435 Bandaríkjadali.

Með vísan til 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er hér með lögð fyrir Alþingi skýrsla um 83. og 84. Alþjóðavinnumálaþingið og birtar alþjóðasamþykktir og tillögur sem þingin afgreiddu.

2. 83. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1996

2.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Árlegt þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Alþjóðavinnumálaþingið, hið 83. í röðinni, var formlega sett miðvikudaginn 4. júní 1996. Samtals tóku þátt í þinginu 2.762 fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekanda og launafólks. Fleiri aðildarríki sendu fulltrúa til þingsins en nokkurn tíma áður eða samtals 173. Ástæðan er fjölgun aðildarríkja. Þinghaldið fór að mestu fram í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta, sem er fjölmennasta nefnd þingsins, hélt fundi í höfuðstöðvum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, alþjóðavinnumálaskrifstofunni.

Forseti þingsins var kjörinn Saif Ali Al-Jarwan, félags- og vinnumálaráðherra Sameinuðu arabísku furstadæmanna. Kjörnir voru varaforsetar úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru David S. Boateng, félags- og vinnumálaráðherra Gana, Jorge De Regil Gómez Muriel, fulltrúi atvinnurekenda í Mexíkó, og Madia Diop, fulltrúi launafólks í Senegal.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir:

Frá félagsmálaráðuneyti: Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Frá utanríkisráðuneyti: Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Haukur Ólafsson sendiráðunautur og Guðmundur B. Helgason sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ). Varamaður hennar var Jón H. Magnússon, lögfræðingur VSÍ. Fulltrúi launafólks: Ástráður Haraldsson, lögræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans var Hervar Gunnarsson, 1. varaforseti ASÍ. Fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skiptu með sér þátttöku í þinginu þannig að varamaður leysti aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans var liðinn.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

1. Skýrsla forstjóra og stjórnarnefndar.
2. Framkvæmd fjárhags- og framkvæmdaáætlun.
3. Framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna.
4. Drög að alþjóðasamþykkt um heimastörf (síðari umræða).
5. Stefna í atvinnumálum (almenn umræða).
6. Þríhliða samráð á landsvísu um efnahags- og félagsmál (almenn umræða).
7. Tillögur til þingsályktunar.
8. Kjörbréf.

Fyrirkomulaginu, sem tekið var upp á 79. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 1992, var haldið þetta þing. Í því felst að fulltrúar þeirra þriggja hópa, sem aðild eiga að þinginu, komu saman til óformlegra funda daginn fyrir formlega setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í þingnefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinna þingnefnda: fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna, nefndar sem fjallaði um drög að alþjóðasamþykkt um hollustu og öryggi námuverkamanna, þingskapanefndar og nefndar um framvindu þingsins. Fulltrúar Íslands tóku þátt í nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta og fjárhagsnefnd.

Sérstakur heiðursgestur forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, og Alþjóðavinnumálaþingsins var forseti Frakklands, Jacques Chirac.

2.2. ALMENNAR UMRÆÐUR

Fyrirkomulag á almennum umræðum á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu var nokkuð annað en undanfarin ár. Venjulega hefur forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar lagt fyrir þingið tvær skýrslur. Önnur hefur fjallað almennt um starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í hinni hefur verið brotið til mergjar eitthvert ákveðið viðfangsefni á sviði félags- og vinnumála. Að þessu sinni lá einungis fyrir þinginu skýrsla um starfsemi ILO. Auk þess var fundartími skorin niður um helming, þ.e. úr 10 mínútum í fimm mínútur. Þess má geta að fyrir fimm árum var ræðutíminn 15 mínútur. Þetta var gert með það að markmiði að stytta þingið og draga þannig úr kostnaði við þinghaldið. Þetta olli nokkurri óánægju ræðumanna.

Margir ræðumenn gerðu að umtalsefni víðtæka samninga um afnám tolla og aukið viðskiptafrelsi í heiminum. Látnar voru í ljós áhyggjur af því að þessi þróun gæti leitt til aukins atvinnuleysis og að dregið yrði úr efnahags- og félagslegu öryggi, einkum á Vesturlöndum. Ýmsir töldu nauðsynlegt að tengja saman aukna markaðsaðild og mannréttindi. Ókleift væri að opna markaði fyrir ríkjum sem virtu ekki lágmarksmannréttindi og létu jafnvel nauðungarvinnu viðgangast. Í þessu sambandi var oft rætt um verkaskipt-

ingu á milli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Sumir ræðumanna lýstu andstöðu sinni við að tengja saman viðskiptasamninga og mannréttindamál. Þessir fulltrúar töldu nauðsynlegt að fjölga fullgildingum ILO-samþykkta. Á þann hátt geti stofnunin betur gegnt hlutverki sínu sem eftirlitsaðili með því að lágmarksréttindi á sviði félags- og vinnumála séu virt.

Fjölmargir ræðumenn gerðu að umtalsefni vinnuvernd barna og ungmenna. Á undanförnum árum hefur Alþjóðavinnumálastofnunin staðið fyrir margvíslegum aðgerðum í því skyni að draga úr vinnuþrælkun barna. Árið 1995 gaf hún út bókina „First things first in child labour" þar sem teknar eru saman athyglisverðar upplýsingar um vinnu barna víðs vegar í heiminum. Þess má geta að í inngangi bókarinnar er að finna tilvitnun í orð Alberts Tomas, fyrsta forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf. Hún er á þann veg að alvarleg tilraun til að setja lög um félagsleg réttindi byrji ætíð á löggjöf um vernd barna. Þetta eru orð að sönnu að því er varðar Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO). Á fyrstu starfsárum hennar afgreiddi Alþjóðavinnumálaþingið alþjóðasamþykktir sem höfðu afgerandi áhrif á viðhorf til þessara mála. Þessar samþykktir hafa haft áhrif á samninga og samþykktir annarra alþjóðastofnana og löggjöf fjölmargra ríkja. Fulltrúar lýstu yfir stuðningi við viðleitni alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og forstjóra ILO að fjölga fullgildingum á grundvallarsamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnuvernd barna. Hér er um að ræða alþjóðasamþykkt ILO nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu. Samþykktin var afgreidd af 58. vinnumálaþinginu sem haldið var í Genf árið 1973. Henni var ætlað að koma smám saman í stað allra þeirra samþykkta sem snerta vinnu barna og höfðu verið afgreiddar af fyrri þingum og er markmiðið að útrýma algjörlega vinnu barna.

Meðal annarra málefna, sem ræðumenn gerðu að umtalsefni, má benda á stuðning ILO við þróunarríki, samningu og endurskoðun alþjóðasamþykkta og endurskipulagning stofnunarinnar.

2.3. UMRÆÐUR UM KJÖRBRÉF

Í kjörbréfanefnd eiga einungis sæti þrír fulltrúar. Hún er þar með fámennasta nefnd þingsins. Á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu áttu eftirtaldir sæti í nefndinni: Bernard A. B. Goonetilleke, ríkisstjórnarfulltrúi frá Sri Lanka, formaður, Daniel Funes de Rioja, fulltrúi atvinnurekenda í Argentínu, og Charles Grey, fulltrúi launafólks í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Að þessu sinni fjallaði nefndin um fjölmargar kærur vegna fulltrúa í sendinefndum á þinginu.

Yfirleitt fjalla kærurnar um það að ekki hafi verið rétt staðið að vali fulltrúa í sendinefndirnar. Í stofnskránni er kveðið á um rétt helstu samtaka atvinnurekenda og launafólks til að senda fulltrúa á þingið. Stundum er ekki ljóst hvaða samtök geta gert tilkall til að eiga fulltrúa í sendinefndum á Alþjóðavinnumálaþinginu og verður það tilefni deilna.

Nefndin varð sammála um að telja öll fram komin kjörbréf gild. Þegar nefndin er sammála er niðurstaða hennar afgreidd án umræðu af allsherjarþinginu.

2.4. FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd fjallar um fjármál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Í henni eiga aðeins sæti fulltrúar ríkisstjórna. Á fundum nefndarinnar á 82. vinnumálaþinginu 1995 var fjallað um fjárhagsáætlun fyrir árin 1996 og 1997. Fundir nefndarinnar voru stormasamir og var lagt hart að forstjóra og stjórnarnefnd að koma með tillögur um niðurskurð á

áætluninni. Eftir umtalsverðar deilur samþykkti þingið að lokum fjárhagsáætlun að upphæð 579,5 milljónir Bandaríkjadala. Þetta jafngildir 672.220.000 svissneskum frönkum með gengishlutfallinu 1,16.

Starf fjárhagsnefndarinnar á 83. þinginu var friðsamt í samanburði við árið á undan. Nefndin hélt einungis þrjá stutta fundi þar sem fjallað var um minni háttar málefni. Fram kom að bjartara er yfir fjárhag ILO en mörg undanfarin ár. Þetta má meðal annars þakka sparnaðaraðgerðum stjórnarnefndarinnar undanfarin ár.

Á það má minna að framlag Íslands til ILO á árinu 1996 nam 0,0296% en það svarar til 99.197 svissneskra franka. Á árinu 1997 verður hlutfallslegt framlag Íslands til stofnunarinnar það sama og það hafði verið fyrir árið 1996, þ.e. 0,03%. Í því felst að hlutur Íslands á að vera 100.833 svissneskir frankar. Veittur er afsláttur af árgjaldinu vegna skilvísrar greiðslu fyrri árgjalda þannig að það verður 98.331 svissneskur franki.

2.5. FRAMKVÆMD SAMÞYKKTA OG TILLAGNA

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta er fjölmennasta nefnd Alþjóðavinnumálaþingsins. Á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu sátu í nefndinni 207 fulltrúar með atkvæðisrétti; 115 fulltrúar ríkisstjórna, 20 fulltrúar atvinnurekenda og 72 fulltrúar launafólks. Auk þess sátu 165 áheyrnarfulltrúar fundi nefndarinnar. Þannig sátu oft á tíðum um 372 fulltrúar nefndarfundi.

Formaður var kosinn Jean-Jacques Elmiger, fulltrúi ríkisstjórnar Sviss. Þetta var í fjórða skipti sem hann gegndi þessu vandasama hlutverki. Áður hafði Jean-Jeacques Elmiger gegnt formennsku í nefndinni árið 1989 á 76. þinginu, árið 1991 á 78. vinnumálaþinginu og á 81. þinginu árið 1994.

Varaformenn voru kosnir þeir sömu og undanfarin vinnumálaþing: Alfred Wisskirchen, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskalandi, og Willy Peirens, fulltrúi launafólks í Belgíu.

Af hálfu Íslands sátu í nefndinni Ástráður Haraldsson og Hervar Gunnarsson frá ASÍ, Hrafnhildur Stefánsdóttir og Jón H. Magnússon frá VSÍ og Gylfi Kristinsson sem var fulltrúi ríkisstjórnar Íslands.

Hlutverk nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðildarríkin standi við skuldbindingar sem þau undirgangast með fullgildingu alþjóðasamþykkta ILO. Skýrslur og yfirlýsingar aðildarríkjanna og athugasemdir og álitsgerðir sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd samþykkta og tillagna er það efni sem liggur til grundvallar starfi nefndarinnar. Skýrsla sérfræðinganefndarinnar til 83. þingsins var 450 þéttskrifaðar blaðsíður. Allmörg ríki voru beðin um að mæta á fund þingnefndarinnar veita nánari upplýsingar um einstök atriði. Formaður sérfræðinganefndarinnar, Sir William Douglas, tók þátt í fyrstu nefndarfundunum sem áheyrnarfulltrúi.

Nefndarstörf.

Nefndin hélt samtals 17 fundi. Að venju var byrjað á almennum umræðum um ýmis mál í tengslum við eftirlitskerfi ILO. Síðan fjallaði nefndin sérstaklega um skýrslu sérfræðinganefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykktar nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Því næst ræddi nefndin að hve miklu leyti einstök ríki hefðu fullnægt skyldum sínum samkvæmt fullgiltum samþykktum. Síðastnefndu umræðurnar, sem snúast um mikilvægasta hlutverk nefndarinnar, voru tímafrekastar.

Almenn umræða um framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Almennar umræður í nefndinni byggja á skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og tillagna. Í skýrslunni gefur sérfræðinganefndin yfirlit yfir framvindu mála varðandi framkvæmd samþykkta og tillagna sem hafa verið afgreiddar af alþjóðavinnumálaþinginu. Stærsti hluti skýrslu sérfræðinganefndarinnar fjallar um framkvæmd einstakra aðildarríkja á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Einnig er að finna upplýsingar um það hvernig aðildarríkin uppfylla aðrar skuldbindingar, t.d. þá að kynna fyrir löggjafarsamkomu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins og hvort alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf hafa borist skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta eins og áskilið er í stofnskrá ILO.

Störf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta hefst á umræðum um almenna hluta skýrslu sérfræðinganna. Yfirleitt eru fulltrúar ríkisstjórna í meiri hluta ræðumanna sem taka þátt í þessum hluta nefndarstarfsins. Flestir gerðu að umtalsefni skoðanaskipti sem hafa orðið um hlutverk annars vegar þingnefndarinnar um framkvæmd alþjóðasamþykkta og hins vegar sérfræðinganefndar ILO. Einnig var fjallað um fjölda fullgildinga, skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta og nokkur önnur atriði sem fram koma í almenna hluta skýrslunnar. Í þessum hluta nefndarstarfsins var enn fremur rætt um úttekt sérfræðinganna á framkvæmd alþjóðasamþykktar, nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs. Að afloknum umræðum um þessi atriði hófst athugun á framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Fulltrúi ríkisstjórnar Danmerkur í nefndinni hafði að þessu sinni orð fyrir fulltrúum ríkisstjórna Norðurlandanna í almennum umræðum. Í ræðunni var lýst yfir stuðningi við stefnu ríkisstjórnarfulltrúa í stjórnarnefndinni að því er varðar forgangsröðun verkefna í framkvæmdaáætlun áranna 1998–99. Samkvæmt henni er lögð megináhersla á aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við að framfylgja mannréttindum í heiminum. Ítrekuð var sú afstaða Norðurlanda að stefna bæri að endurskoðun gildandi alþjóðasamþykkta frekar en samningu nýrra samþykkta, nauðsynlegt væri að einfalda þær og gera sveigjanlegri þannig að auðveldara verði fyrir aðildarríkin að fullgilda og framkvæma þær.

Í niðurlagi ræðunnar var lýst yfir ánægju með breytingu sem hefur verið gerð í sambandi við fyrirkomulag á skýrslugjöf um framkvæmd samþykktanna. Með breytingunni hefur verið fallist á tillögu sem m.a. Norðurlöndin settu fram á sínum tíma. Samkvæmt nýju fyrirkomulagi er óskað eftir að skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta komi fyrr en áður. Að öllu jöfnu er óskað eftir skýrslum á tveggja ára fresti um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Þessu hefur verið breytt þannig að fleiri samþykktir hafa verið settar í þann flokk þar sem einungis er krafist skýrslna á fjögurra ára fresti. Þetta dregur úr vinnu aðildarríkjanna í sambandi við skýrslugerð um framkvæmd alþjóðasamþykkta.

Önnur atriði, sem nefnd voru í ræðum fulltrúa við almenna umræðu, voru túlkun alþjóðasamþykkta, skýrslugerð aðildarríkjanna, efling eftirlitskerfis ILO, fullgildingar, kynning nýrra samþykkta fyrir löggjafarsamkomu, endurskoðun tilmæla, sérfræðiaðstoð og hlutverk alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, fullgilding samþykkta sem snerta grundvallarmannréttindi, evrópskir samningar um félags- og vinnumál, tengslin á milli stefnu í atvinnumálum og alþjóðlegra gerða á sviði félags- og vinnumála, félagslegt öryggi og alþjóðavæðing efnahagsmála.

Umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á alþjóðasamþykktum.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkta ver mestum hluta starfstíma síns í að ræða framkvæmd aðildarríkjanna á alþjóðasamþykktum og athugasemdir sem sérfræðinganefndin gerir við framkvæmd aðildarríkjanna á ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða í samþykktum sem hafa verið afgreiddar af Alþjóðavinnumálaþinginu. Athugasemdirnar eru í áðurnefndri ársskýrslu sérfræðinganefndarinnar til Alþjóðavinnumálaþingsins. Þar sem athugasemdirnar eru mun fleiri en nokkur kostur er að taka til umfjöllunar á þinginu vinnur þingnefndin eftir skrá yfir mál sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins leggja sameiginlega til að tekin verði til athugunar og umræðu í nefndinni. Þessi skrá hefur lengst með hverju ári. Á 83. þinginu voru tæplega 60 mál á skránni. Athugasemdirnar eru af ýmsu tagi. Vel er fylgst með því að nýjar alþjóðasamþykktir séu kynntar löggjafarsamkomum aðildarríkjanna innan tilskilins frests sem er eitt ár og í undantekningartilvikum 18 mánuðir. Aðildarríkin eru krafin skýringa á því ef um óhóflegan drátt er að ræða á samningu skýrslna um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta. Sérstök áhersla er lögð á skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningafrelsi, en þær eru taldar meðal grundvallarsamþykkta ILO.

Enda þótt flestar athugasemdirnar í skýrslu sérfræðinganna séu neikvæðar er þess getið sem vel er gert. Í skýrslunni er ætíð birt skrá yfir ríki sem hafa sýnt í verki að þau hafa tekið tillit til ábendinga sérfræðinganna. Að þessu sinni voru á skránni 26 aðildarríki. Þessi skráning hófst árið 1964. Frá þeim tíma hafa verið skráð 2.107 tilvik þar sem tekið hefur verið tillit til ábendinga eða gagnrýni sérfræðinganefndarinnar.

Sérstakar ábendingar.

Ýmsum viðurlögum er beitt í þingnefndinni til að freista þess að fá aðildarríkin til að sjá að sér og bæta framkvæmd á ákvæðum alþjóðasamþykkta sem þau hafa brotið. Alþjóðavinnumálastofnunin getur ekki þvingað aðildarríkin með valdi til að fara eftir ábendingum sínum. Þess í stað er höfðað til heiðurs hlutaðeigandi og skapað viðhorf meðal annarra aðildarríkja til verknaðarins. Hörðustu viðurlögin felast í því að aðildarríkis er getið í svonefndum sérstaka hluta skýrslu nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta til allsherjarþings vinnumálaþingsins. Á þinginu 1996 hlutu eftirtalin ríki þennan vafasama heiður: Iran, Myanmar (Burma) og Nígería.

Íran.

Nefndin samþykkti að geta Írans í sérstaka hluta skýrslu sinnar til allsherjarþingsins vegna alvarlegra brota á alþjóðasamþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.

Myanmar (Burma).

Í Mayanmar (Burma) eru sennilega framin um þessar mundir alvarlegustu mannréttindabrotin í heiminum. Málefni landsins hafa undanfarin ár verið reglulega til umfjöllunar á vettvangi Alþjóðavinnumálaþingsins. Það er fyrst og fremst framkvæmd og meint brot á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu, sem hafa valdið áhyggjum. Fátt nýtt kom fram í máli fulltrúa ríkisstjórnar Mayanmar sem endurflutti svo til óbreytta ræðu sem hann hélt á 82. þinginu 1995.

Nefndin samþykkti að geta Myanmar í sérstaka hluta skýrslu sinnar til allsherjarþingsins vegna brota á þessari grundvallarsamþykkt. Þetta er sjötta árið í röð sem það gerist.

Þess skal getið að sá sérstaki atburður gerðist á þinginu að 24 fulltrúar launafólks sendu forstjóra ILO kæru vegna brota Mayanmar á samþykkt nr. 29 á grundvelli 26. gr. stofnskrárinnar. Slík kæra getur leitt til þess að stofnunin ákveði að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til að kanna málavexti. Þetta sýnir að aðstæður í Mayanmar eru taldar með öllu óviðunandi.

Nefndin ræddi að nýju framkvæmd Myanmar á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og vernd réttar til að stofna félög, frá 1948. Ekki var hægt að merkja að neinar umbætur hafi átt sér stað að þessu leyti frá umræðum á 82. þinginu. Enn er ókleift að stofna frjáls og óháð stéttarfélög.

Fulltrúi norsku ríkisstjórnarinnar hélt ræðu fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlandanna fimm um málefni Mayanmar. Líkt og í fyrri ræðum árin 1994 og 1995 lýsti hann yfir þungum áhyggjum ríkisstjórnanna vegna mannréttindabrota og vanefnda ríkisstjórnar Maynmar á gefnum loforðum um úrbætur á framkvæmd samþykkta nr. 29 og 87.

Nígería.

Langar umræður áttu sér stað í nefndinni um framkvæmd Nígeríu á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi og vernd þess. Sérfræðinganefnd ILO kemst að því í skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins að verulega skortir á að borgarar Nígeríu njóti þeirra réttinda sem felast í samþykktinni. Í gildi eru lög sem takmarka starf stéttarfélaga við einungis eitt félag. Komið er í veg fyrir starfsemi annarra stéttarfélaga með öllum tiltækum ráðum, löglegum og ólöglegum. Þetta eina félag hefur þar að auki orðið að þola afskipti ríkisvaldsins af innri málum sínum. Fulltrúi Norðurlandanna tók til máls í umræðum um framkvæmd Nígeríu á samþykkt nr. 87. Hann minnti á að þetta málefni hefði verið rætt á 82. þinginu sem hefði samþykkt að geta þess í sérstaka hluta skýrslu sinnar til þingsins. Hann lét einnig í ljósi áhyggjur ríkisstjórna Norðurlanda yfir alvarlegu ástandi mannréttindamála í landinu.

Niðurstaða nefndarinnar var sú sama og árið áður. Samþykkt var einróma að geta þessa máls í sérstaka hluta skýrslu hennar til allsherjarþingsins.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á fullgiltum alþjóðasamþykktum.

Í skýrslu sérfræðinganefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til 83. vinnumálaþingsins er fjallað um framkvæmd Íslands á einni alþjóðasamþykkt, þ.e. samþykkt nr. 98, um réttinn til að semja sameiginlega. Hér fer á eftir efnisleg samantekt á helstu athugasemdum sem fram koma í skýrslunni:

Í skýrslunni segir að nefndin gefi gaum að skýrslu ríkisstjórnarinnar. Hún kveðst einnig veita athygli niðurstöðum nefndar um félagafrelsi í máli nr. 1768 [299. skýrsla nefndarinnar sem samþykkt var á 263. fundi stjórnarnefndar ILO í júní 1995].[1]

Nefndin vísar til fyrri athugasemda um nauðsyn þess að ríkisstjórnin forðist að grípa inn í kjarasamninga sem hafi verið gerðir með frjálsum samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins þar sem slíkt skerði rétt launafólks og atvinnurekenda til að semja um kjör og vinnuskilyrði. Fram kemur að skipun vinnuhóps um samskiptareglur á vinnumarkaði

[1] Hér er um að ræða niðurstöðu nefndar ILO um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar laga nr. 15/ 1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi. Niðurstöður nefndarinnar eru birtar í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 82. Alþjóðavinnumálaþingið, bls. 45–55. Félagsmálaráðuneytið í maí 1996.

4. október 1994 hafi vakið athygli nefndarinnar. Skipunin hafi að hluta til byggst á ábendingum sérfræðinganefndarinnar. Hlutverk vinnuhópsins sé að fara yfir samskiptareglur á vinnumarkaði og afla upplýsinga um slíkar reglur í nágrannalöndunum. Fyrir hópinn sé lagt að taka saman skýrslu um niðurstöðuna af athugun sinni. Ef í ljós kemur nauðsyn breytinga á íslenskri löggjöf er hópunum falið að setja fram tillögur um það efni. Sérfræðingarnir óska eftir því að ríkisstjórnin veiti upplýsingar um niðurstöður af athugun vinnuhópsins, einkum ef settar verða fram tillögur um breytingar á samskiptareglum á vinnumarkaði.

Sérfræðinganefndin kveðst enn fremur gefa því gaum að með kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1995, hafi verið gert þríhliða samkomulag með aðild ríkisstjórnarinnar líkt og áður hafi verið gert. Samningar hafi verið gerðir 21. febrúar 1995 á milli samtaka atvinnurekenda og launafólks til tveggja ára. Meginmarkmið samninganna sé að breyta launadreifingunni til hagsbóta fyrir hina lægstlaunuðu samtímis því sem stefnt sé að því að halda heildarlaunabreytingum á svipuðu stigi og í nágrannalöndunum. Gert sé ráð fyrir að samningarnir feli í sér að launabreytingar verði 3,6% 1995 og 3,1% 1996. Ríkisstjórnin bendir á að samningarnir gildi til ársloka 1996 en þeir séu uppsegjanlegir frá 31. desember 1995 ef verðlagsþróun verður í verulegum mæli önnur en í helstu samkeppnislöndum Íslands. Ef samningum er sagt upp komi kauphækkanir á árinu 1996 ekki til framkvæmda.

Í þessu sambandi kveðst nefndin vilja minna ríkisstjórnina á það álit sitt að það sé andstætt grundvallarreglum samþykktar nr. 98 að afnema ákvæði í kjarasamningi á þeirri forsendu að það sé ekki í hátt við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Sérfræðingarnir segjast treysta því að umsamdar launahækkanir í samningunum frá árinu 1995 komi til framkvæmda. Hún óskar þess að ríkisstjórnin veiti upplýsingar um framvindu mála í næstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar.

2.6. RÉTTINDI ÞEIRRA SEM VINNA HEIMASTÖRF

Á dagskrá þingsins var síðari umræða um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um félagslegar aðstæður og réttindi þeirra sem vinna það sem kalla má heimastörf, þ.e. þegar launamaður vinnur tiltekin verkefni fyrir atvinnurekanda á heimili sínu.

Fjallað var um drögin að samþykktinni í þingnefnd. Formaður nefndarinnar var kjörinn ríkisstjórnarfulltrúi Kýpur, Lenia Samuel. Varaformenn voru kosnir A. Wild, fulltrúi atvinnurekenda frá Stóra-Bretlandi, og I. Van den Burg, fulltrúi launafólks í Hollandi.

Nefndin hélt 11 fundi á meðan á þinginu stóð, einkum síðdegisfundi, þar eð fulltrúar ríkisstjórna ESB-ríkja og IMEC-hópsins (samráðshópur vestrænna ríkja) héldu samræmingarfundi árdegis. Umræður byggðust fyrst og fremst á skýrslum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar: *Home Work* IV(1), IV(2A) og IV(2B).

Helstu viðfangsefni nefndarinnar við þessa síðari umræðu voru: Hvers eðlis afgreiðsla þingsins ætti að vera, skýring orðanna heimastörf, heimastarfsmaður, atvinnurekandi og milligöngumaður og eftirlit og viðurlög.

Í skýrslu félagsmálaráðherra um 82. Alþjóðavinnumálaþingið kemur fram að mikill ágreiningur varð við fyrri umræðu á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks. Erfitt reyndist að finna skilgreiningar á heimavinnu og heimavinnandi fólki sem aðilar vinnumarkaðarins gátu sætt sig við, svo og fulltrúar stjórnvalda hinna ýmsu landa. Vandinn var einkum fólginn í því að finna orðskýringu sem greindi á milli heimastarfsmanns og sjálfstætt starfandi einyrkja. Fulltrúar launafólks höfðu hug á að hafa skilgreiningarnar nógu víðtækar til að þær næðu til sem flestra aðstæðna. Niðurstaðan varð sú að samin var skil-

greining þar sem tilgreint var hvað felast skyldi í hugtakinu heimavinna og lítið tillit tekið til mismunandi notkunar orðsins launamaður í mismunandi löndum. Á þessum grunni var byggt á 83. vinnumálaþinginu.

Spurningin um afgreiðslu alþjóðasamþykktar eða tillögu er viðvarandi deiluefni á milli fulltrúa atvinnurekenda og launafólks á Alþjóðavinnumálaþinginu. Um þetta var deilt að því er varðar aðstæður heimastarfsmanna. Fulltrúar launafólks lögðu áherslu á að þingið afgreiddi samþykkt sem yrði nánar útfærð í tillögu. Fulltrúar atvinnurekenda lögðust gegn þeirri hugmynd. Þeir töldu óæskilegt að afgreiða alþjóðasamþykkt um þetta málefni og vöktu athygli á því að slíkar samþykktir, sem taka til ákveðinna greina eða hópa á vinnumarkaði, hafi ekki hlotið undirtektir hjá aðildarríkjunum. Fáar fullgildingar séu til vitnis um þetta. Þeir héldu því enn fremur fram að drögin að alþjóðasamþykktinni miðist fyrst og fremst við hefðbundin heimastörf en ekki hin nýju störf sem mest eru til umfjöllunar og unnin eru með fjarvinnslutækni. Ekki væri tímabært að setja reglur um þessa starfsemi. Hins vegar lýstu þeir sig reiðbúna að taka þátt í samningu tillögu um hefðbundin heimastörf.

Flestir fulltrúar ríkisstjórna tóku undir nauðsyn þess að settar yrðu reglur um heimastörf. Ekki var samstaða um það hvort stefna ætti að alþjóðasamþykkt eða tillögu.

Það vakti nokkra athygli að í þessu máli komu aðildarríki Evrópusambandsins fram sem ein heild. Á þessum tíma gegndu Ítalir formennsku í ESB og fór ítalski fulltrúinn fyrir hópunum í þingnefndinni.

Við almennar umræður lýstu fulltrúar atvinnurekenda því yfir að enda þótt meiri hluti væri fyrir afgreiðslu alþjóðasamþykktar um heimastörf mundu þeir ekki taka þátt í samningu slíkrar samþykktar í nefndinni. Þeir mundu mæta á fundi nefndarinnar en hvorki taka þátt í umræðum, né flytja breytingartillögur eða taka þátt í atkvæðagreiðslum. Hins vegar tækju þeir þátt í vinnu við samningu tillögu þegar hún yrði tekin til umfjöllunar. Atkvæðagreiðslur í nefndinni leiddu í ljós að meiri hluti var fyrir afgreiðslu samþykktar og tillögu. Atvinnurekendur sátu við sinn keip og tóku ekki þátt í umfjöllun um alþjóðasamþykkt. Fulltrúar launafólks og ríkisstjórna lýstu yfir vonbrigðum sínum með þessa afstöðu fulltrúa atvinnurekenda. Í framhaldinu fóru fram umræður um skipulag nefndarstarfsins. Þessi atburður er einstæður af þeirri ástæðu að þetta er í fyrsta skipti í sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem einn hinna þriggja aðila hefur neitað að taka þátt í nefndarstarfi. Afleiðingin varð sú að sjónarmið atvinnurekenda voru ekki til umræðu við umfjöllun nefndarinnar um drögin að alþjóðasamþykktinni.

Talsmaður fulltrúa launafólks lýsti yfir ánægju með þau drög að alþjóðasamþykkt sem lágu fyrir nefndinni. Þó væri ljóst að enn væru nokkur atriði óleyst. Hann kvaðst reiðubúinn að finna lausn á þeim í samvinnu við fulltrúa ríkisstjórna þannig að niðurstaðan gæti orðið texti sem aðildarríkin gætu sætt sig við og fullgilt.

Niðurstaðan varð sú að fulltrúar atvinnurekenda treystu sér hvorki til að styðja afgreiðslu alþjóðasamþykktar né tillögu um heimastörf.

Helstu atriði alþjóðasamþykktarinnar.

Höfuðskuldbinding aðildarríkja, sem fullgilda samþykkt nr. 177, um heimastarfsmenn, kemur fram í 3. gr. Samkvæmt henni skal sérhvert aðildarríki setja, framkvæma og endurskoða stefnu ríkisins varðandi heimastörf. Markmiðið er að gera stöðu þeirra sem líkasta stöðu annarra starfsmanna. Þetta ber að gera í samvinnu við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks. Í aðfaraorðum samþykktarinnar er á það minnt að alþjóðasamningar og tilmæli um aðbúnað fólks á vinnustöðum geti einnig átt við fólk sem starfar

heima. Heimastörf séu sérstakt svið og því beri að aðlaga þessar reglur þörfum heimastarfsmanna og setja viðbótarreglur sem taka sérstakt tillit til sérstöðu slíkra starfa.

Fyrsti hluti samþykktarinnar fjallar um orðskýringar og gildissvið. Hann hefur enn fremur að geyma ákvæði sem bæði eru almenns eðlis og taka mið af sérstökum kröfum um að stefna að og koma á eins og kostur er jafnrétti á milli heimastarfsmanna og þeirra sem kalla má hefðbundna starfsmenn. Þetta skal taka til allra sviða atvinnulífsins. Sérstaklega er nefndur rétturinn til að skipuleggja sig í samtökum, réttur til öryggis og heilbrigðis á vinnustað, réttur til lögbundinnar tryggingaverndar, lágmarksaldur til vinnu, tækifæri til starfsmenntunar o.fl.

Í samræmi við lög og venjur skal aðildarríki samþykktarinnar koma upp eftirlitskerfi sem taki til heimastarfsmanna með sama hætti og annarra starfsmanna. Þannig njóti þeir lög- og samningsbundinna réttinda.

Við fyrri umræðu var þess freistað að greina sérstök vandamál og leita lausna á þeim. Þetta tókst ekki að öllu leyti. Það gilti t.d. um skýringu á orðum í 1. gr. samþykktarinnar. Einkum var vandasamt að finna orðskýringu sem greini á milli heimastarfsmanns og sjálfstætt starfandi atvinnurekanda (einyrkja). Þetta verður ljóst ef litið er á texta iiliðar í a-lið 1. gr. Þar segir m.a. að í heimastarfi felist að til verði framleiðsluvarningur eða þjónusta sem atvinnurekandi skilgreinir, óháð því hver leggur til búnað, efni eða annað sem notað er. Í lögum og reglum margra landa ræður eignarhald á búnaði og efni því hvort um sé að ræða starfsmann eða sjálfstæðan einyrkja. Fulltrúar launafólks og nokkurra ríkisstjórna vildu þrátt fyrir þetta halda orðskýringunni. Að öðrum kosti gæti einstaklingur, sem í raun er heimastarfsmaður, aðveldlega verið talinn sjálfstæður atvinnurekandi og jafnvel verktaki. Hann nyti þar með ekki verndar samkvæmt samþykktinni.

Fulltrúar ríkisstjórna lögðu fram tillögu sem fól í sér að gera greinarmun á heimastarfsmönnum og þeim sem tilfallandi taka verkefni heim með sér og vinna þau þar. Tillagan hlaut undirtektir og náði fram að ganga sem b-lið 1. gr.

Orðið *milligöngumaður* var tilefni til umræðna. Fullyrt var að skýring þess fæli í sér að litið yrði á milligöngumanninn sem atvinnurekanda. Einnig kom fram að þetta orð væri óþekkt í vinnurétti nokkurra landa og í öðrum væri starfsemi þeirra bönnuð. Niðurstaðan í nefndinni varð sú að geta milligöngumanns í texta samþykktarinnar jafnvel þótt starfsemi þeirra sé bönnuð að gildandi lögum aðildarríkis.

Um eftirlit og hugsanleg viðurlög við brotum á ákvæðum samþykktarinnar er fjallað í 9. gr. Meiri hlutinn í nefndinni var samþykkur því að taka upp ákvæði um eftirlit með heimastörfum sem samræmist lögum eða venju hlutaðeigandi aðildarríkis. Þess má geta að ekki eru í gildi á Íslandi ákvæði í lögum sem heimila vinnueftirlit inni á heimilum með sama hætti og á vinnustöðum.

Samþykktin er birt í heild sem fylgiskjal I.

Tillagan.

Tillaga nr. 184, um heimastörf, hefur að geyma ítarlegri ákvæði um útfærslu og réttindi heimastarfsmanna. Atvinnurekendur tóku þátt í umfjöllun nefndarinnar um hana. Upp komu hefðbundin ágreiningsefni á milli talsmanna þeirra og fulltrúa launafólks. Fulltrúar atvinnurekenda lögðu fram nýja tillögu um skýringu á orðunum heimastarfsmaður, heimastarf og atvinnurekandi. Þeir héldu því fram að ekki væri nauðsynlegt að orðskýringar í tillögunni væru samhljóða skýringum í samþykktinni. Tillagan hlaut ekki undirtektir í þingnefndinni. Fulltrúar atvinnurekenda vildu einnig fá aukinn rétt atvinnurekanda til aðgangs að heimili heimastarfsmanns. Þeir bentu á að samkvæmt tillögunni hvíldi

á þeim ábyrgð á vinnuumhverfi og öryggi heimastarfsmanns. Án aðgangs að heimili starfsmannsins gætu þeir ekki staðið undir þessari ábyrgð. Ekki var meiri hluti fyrir því að veita einkaaðilum aðgang að heimilum heimastarfsmanna. Hins vegar var bætt við tillögutextann ákvæði sem takmarkar ábyrgð atvinnurekenda við að upplýsa heimastarfsmann um hættu sem þeim er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að tengist starfi starfsmannsins.

Tillagan er birt í heild sem fylgiskjal V.

Niðurstaða.

Eftir umræður og samninga í þingnefndinni varð niðurstaðan sú að fulltrúar atvinnurekenda gátu hvorki stutt drög að samþykkt né tillögu um heimastörf. Atvinnurekendur unnu markvisst að því að koma í veg fyrir að þessar tvær gerðir fengju lágmarksstuðning á allsherjarþinginu (samkvæmt reglum ILO þarf lágmarksfjöldi að taka þátt í atkvæðagreiðslu með því að greiða tillögu atkvæði sitt eða greiða atkvæði gegn henni). Úrslit atkvæðagreiðslu um alþjóðasamþykkt voru þau að 246 voru samþykkir, 14 á móti og 152 sátu hjá. Lágmarkstala greiddra atkvæða var 248. Þess skal getið að samþykktin hefði fallið hefðu þeir setið hjá sem greiddu atkvæði á móti. Tillagan hlaut hins vegar stuðning meiri hluta þingfulltrúa.

2.7. STEFNA Í ATVINNUMÁLUM

Á allra síðustu árum hafa áhrif af afnámi viðskiptahindrana og aukið efnahagssamstarf í heiminum á atvinnustigi verið viðfangsefni alþjóðastofnana, t.d. OECD. Um þetta efni hefur einnig verið fjallað í skýrslum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, einkum og sér í lagi í nýrri ritröð ILO um atvinnumál í heiminum (World Employment). Með hliðsjón af sífellt auknu atvinnuleysi í heiminum, viðvarandi miklu atvinnuleysi í iðnríkjunum og fjöldaatvinnuleysi í ríkjum Austur-Evrópu þótti tímabært að taka stefnu í atvinnumálum til sérstakrar umræðu á Alþjóðavinnumálaþinginu, ekki síst með tilliti til ábendinga ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þróun félagsmála sem haldin var í Kaupmannahöfn í mars 1995 þar sem þessum vandamálum var beint til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Um þetta efni var fjallað í sérstakri þingnefnd. Formaður hennar var kosinn A. P. Zanou, fulltrúi ríkisstjórnar Benin. Varaformenn voru E. Potter, atvinnurekendafulltrúi frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, og K. Douglas, fulltrúi launafólks á Nýja Sjálandi.

Fyrir þingnefndinni lá skýrsla sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði samið. Skýrslunni var skipt í fimm kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um þau mörk sem framvinda efnahagsmála í heiminum setur stefnu í atvinnumálum. Í öðrum kaflanum er fjallað um það hvort full atvinna er enn raunhæft markmið. Fjórði kaflinn hefur að geyma tillögur um stefnu í atvinnumálum iðnríkja, þróunarlanda og landa sem áður bjuggu við miðstýrðan áætlunarbúskap.

Í umræðum í þingnefndinni kom fram gagnrýni á skýrslu alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Hún þótti leggja of mikla áherslu á hlutverk ríkisins í því að auka eftirspurn að hætti Keynes. Bent var á að sé þess freistað að draga úr atvinnuleysi með aukinni eftirspurn hafi reynslan sýnt að erfitt kunni að vera að hafa hemil á verðbólgu. Fulltrúar launafólks tóku ekki undir þessa gagnrýni og studdu tillögur sem settar voru fram í skýrslunni.

Í niðurstöðum nefndarinnar er vakin athygli á umfangsmiklu atvinnuleysi í öllum heimshlutum. Á 9. áratugnum hafi fátæk lönd orðið enn fátækari. Atvinnuástand hafi verið slæmt í þessum löndum en það hafi orðið enn verra. Í Austur-Evrópu hafi brostið á fjöldaatvinnuleysi samfara breytingu frá miðstýrðum áætlunarbúskap yfir í markaðsbúskap. Viðvarandi mikið atvinnuleysi sl. tvo áratugi hafi verið einkenni á stöðu vinnumála í iðnríkjunum. Við atvinnuleysið bætist vandi sem felst í því að þeim launamönnum fjölgar sem ekki geta framfleytt sér og sínum af greiddum launum. Einnig hafi launamunur aukist í mörgum löndum.

Lögð er áhersla á stefna beri að fullri atvinnu. Full atvinna er skilgreind þannig að allir sem eru tiltækir á vinnumarkaði, hafa verkgetu og eru í raun að leita að starfi fái vinnu. Þessu takmarki sé unnt að ná þrátt fyrir hraða tækniþróun og aukna viðskiptasamvinnu í heiminum. Ef rétt sé á haldið geti hvort tveggja aukið hagvöxt sem er forsenda fjölgunar starfa.

Helstu ábendingar eru:

— áhersla á starfsmenntun til að auka hæfni vinnuaflsins til að nýta ný tækifæri í atvinnulífinu sem aukinn hagvöxtur skapar,
— að bæta skilyrði smárra og meðalstórra fyrirtækja,
— sérstakar aðgerðir í þágu þeirra hópa sem lakast eru settir á vinnumarkaðinum,
— að kanna beri þörf á endurskoðun reglna á vinnumarkaðinum.

2.8. ÞRÍHLIÐA SAMSTARF UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLUM

Samstarf ríkisvaldsins, samtaka atvinnurekenda og launafólks um stefnu í efnahags- og félagsmálum var til almennrar umræðu á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu. Um þetta málefni var fjallað í einni af nefndum þingsins. Hún naut formennsku fulltrúa ríkisstjórnar Rúmeníu. Varaformenn voru kosnir fulltrúi atvinnurekenda í Nígeríu og fulltrúi launafólks á Barbados.

Skýrsla alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um þetta málefni (Report VI, Tripartite consultation at the national level on economic and social policy) var grundvöllur umræðna í nefndinni. Skýrslan hefur að geyma almenna lýsingu á því hvernig þríhliða samstarf á þessi sviði hefur þróast, tækifæri sem það gefur og vandamál sem upp kunna að koma. Í almennum umræðum kom m.a. eftirfarandi fram:

Allir ræðumenn, sem tóku til máls, virtust sammála um að samstarf framangreindra þriggja aðila að því er varðar stefnumörkun í efnahags- og félagsmálum væri viðunandi. Samstarf af þessu tagi væri að eflast. Nokkrir töldu hættu á að þessi þróun stefndi fulltrúalýðræðinu í hættu. Ríkisvaldið og aðildar vinnumarkaðarins færu að hlutast til um viðfangsefni sem ættu að vera á verksviði löggjafarvaldsins. Á það var lögð áhersla að fulltrúalýðræðið væri grunnurinn en þríhliðasamstarfið mikilvæg viðbót sem hefði hlutverki að gegna á afmörkuðum sviðum þjóðlífsins. Almenn samstaða var um að samstarf af þessu tagi gæti einungis þrifist í lýðræðisþjóðfélagi þar sem stundaður væri markaðsbúskapur og að því tilskildu að það byggðist á jafnræði aðila.

2.9. ÞINGSÁLYKTANIR

Á Alþjóðavinnumálaþinginu er heimilt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um önnur málefni en þau sem eru á dagskrá enda fjalli þau um viðfangsefni sem snerta starfssvið Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Tillögur til þingsályktunar eiga að berast forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar 15 dögum fyrir þingsetningu. Um þessar tillögur var fjallað í ályktunarnefnd (Resolutions Committee) sem var ein af fastanefndum þingsins.

Spenna í alþjóðamálum hefur oftar en ekki sett svip sinn á starf nefndarinnar. Undanfarin tvö ár hefur það verið átakalítið og aðildarríki hafa ekki lagt jafnmikla áherslu á þátttöku í starfi nefndarinnar sem jafnan var með þeim fjölmennari. Fyrir þremur árum voru samþykktar tillögur sem höfðu að markmiði að draga úr kostnaði við þinghaldið. Þar á meðal var tillaga um að ályktunarnefndin starfaði annað hvert ár, þ.e. það ár sem ekki væri fjallað um fjárhags- og starfsáætlun. Af þessu leiddi að nefndin starfaði ekki á 82. þinginu. Nefndin kom hins vegar saman á 83. Alþjóðavinnumálaþinginu. Yfirleitt sátu fundi hennar 134 fulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 62, fulltrúar atvinnurekenda voru 24 og 48 voru fulltrúar launafólks.

Formaður ályktunarnefndar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Úrúgvæ, Maria Carmen Ferreira. Varaformenn voru Steve Marshall, atvinnurekendafulltrúi frá Nýja Sjálandi, og Kari Tapiola, fulltrúi launafólks í Finnlandi. Gylfi Kristinsson tók þátt í starfi nefndarinnar af hálfu Íslands.

Nefndinni bárust samtals 13 tillögur til þingsályktunar. Ekki var mælt fyrir einni tillögu og var litið svo á að hún hefði verið dregin til baka. Fjórar tillögur fjölluðu um vinnu barna. Samstaða tókst um að sameina þessar tillögur í eina. Einnig tókst samkomulag um að sameina tillögur um framtíðarhlutverk ILO í að stuðla að félagslegu réttlæti í heiminum. Ástandið í Mið-Austurlöndum hefur um árabil verið eitt helsta deiluefni í nefndinni. Að þessu sinni komu fram þrjár tillögur um það efni. Samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar voru greidd atkvæði um það í hvaða forgangsröð tillögurnar yrðu afgreiddar. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er mikilvæg þar sem nefndin kemst einungis yfir að afgreiða takmarkaðan fjölda. Úrslit fóru þannig:

1. Afnám barnaþrælkunar (tillagan hlaut 117.654 vegin atkvæði).[2]
2. Framtíðarhlutverk ILO við að stuðla að félagslegu réttlæti (87.529 vegin atkvæði).
3. Vernd réttinda einstaklinga sem eiga rót að rekja til ráðningarsambands (61.239 vegin atkvæði).
4. Atvinnuleysi og félagsleg útskúfun vegna veraldarvæðingu vinnumarkaðarins (51.447 vegin atkvæði).
5. Efling ILO til að takast á við viðfangsefni á heimsvísu (49.516 vegin atkvæði).

Sátt var um niðurstöðuna. Ljóst var að náðst hafði breið samstaða um að leggja megináherslu á vinnuvernd barna og unglinga. Einnig leiddi niðurstaðan í ljós vilja þingfulltrúa til að sniðganga málefni sem voru líkleg til að valda deilum eins og tillögur um ástandið í Miðausturlöndum hefðu vafalaust gert.

Skipaður var vinnuhópur fulltrúa þeirra aðila sem stóðu að flutningi tillagnanna um vinnuvernd barna og unglinga. Vinnuhópurinn vann ötullega að því að ná samstöðu um texta nýrrar tillögu um þetta mikilvæga málefni. Skipar skoðanir voru í vinnuhópnum um orðanotkun og heiti tillögunnar. Samkomulag tókst um yfirskrift: Tillaga varðandi afnám barnavinnu. Í meginmáli hennar er m.a. lögð áhersla á að vinna barna sé óásættanleg og hana beri að afnema markvisst. Einnig kemur fram í textanum að viss tegund barnavinnu sé með þeim hætti að hana verði að leggja af án tafar. Þetta gildi fyrst og fremst þar sem börn séu í þrælkunar- eða nauðungarvinnu eða búi við lífshættulegar að-

---

[2] Setu- og atkvæðisrétt á Alþjóðavinnumálaþinginu eiga fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. Í því skyni að jafna áhrif þessara þriggja hópa eru greidd atkvæði margfölduð með ákveðnum stuðli sem tekur mið af fjölda fulltrúa hvers hóps um sig á þinginu eða í hlutaðeigandi þingnefnd. Af þessari ástæðu virðast atkvæðatölur vera í litlu samræmi við fjölda þingfulltrúa.

stæður eða umhverfi sem hefur skaðleg áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra.

Fram komu 34 breytingartillögur við þau tillögudrög sem vinnuhópurinn lagði fram. Ríkisstjórnir Bangladess, Filippseyja, Indlands, Indónesíu, Malasíu og Pakistan stóðu að flestum breytingartillögunum. Þessar ríkisstjórnir tóku mjög einstrengislega afstöðu til þess tillögutexta sem vinnuhópurinn lagði fram. Þær eiga það sameiginlegt að hafa um árabil verið skotspónn alþjóðastofnana sem hafa unnið að barnaverndarmálum. Þeim tókst að vinna til fylgis við sig fulltrúa frá nokkrum öðrum ríkjum í Suðaustur-Asíu. Niðurstaðan varð sú að nokkurt tillit var tekið til sumra breytingartillagnanna en flestar voru dregnar til baka. Samkomulag tókst um að halda nær öllum atriðunum sem voru í upphafalega textanum. Frá sjónarhóli þeirra sem lögðu mesta áherslu á þetta málefni var tillagan ásættanleg. Mikilvægt væri að skapa breiða samstöðu og þannig skapa forsendur fyrir víðtækum aðgerðum á þessu sviði.

Sátta- og samningafundir um tillöguna um vinnu barna urðu það tímafrekir að nefndinni tókst ekki að afgreiða að þessu sinni fleiri tillögur til allsherjarþingsins. Hins vegar var þessi eina tillaga afgreidd einum rómi til þingsins og afgreidd þar án mótatkvæða. Það er sérstakt ef ekki einstakt í sögu Alþjóðavinnumálaþingsins.

2.10. SAMSTARF VIÐ VESTRÆNAR OG NORRÆNAR RÍKISSTJÓRNIR

Bein aðild fulltrúa atvinnurekenda og launafólks auk fulltrúa ríkja sem eiga aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni skapar Alþjóðavinnumálaþinginu sérstöðu í samanburði við þing annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Þau eru mun fjölmennari og skoðanaskipti lífleg. Fámenn sendinefnd frá einu minnsta aðildarríkinu á því fullt í fangi með að fylgjast með öllu sem fram fer. Þess vegna skiptir samstarf við aðra miklu máli. Þar vega þyngst vikulegir samráðsfundir fulltrúa ríkisstjórna Norðurlandanna. Á þeim fer fram kynning á stöðu málefna í einstökum nefndum og lögð eru á ráðin um sameiginlegt ræðuhald Norðurlandanna á allsherjarþinginu og í nefndum.

Annað atriði, sem er til þess fallið er létta sendinefndinni þingstörfin, er samráðsfundir fulltrúa vestrænna iðnríkja. Þessir fundir eru haldnir daglega og á þeim er farið yfir þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni. Með þátttöku í þessum fundum má fá gott yfirlit yfir það sem er að gerast að þessu fjölmenna alþjóðaþingi.

3. 84. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1996

3.1. SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

84. Alþjóðavinnumálaþingið var haldið í Genf dagana 8.–22. október 1996. Þingið fór að mestu fram í höfuðstöðvum alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að undanteknum setningar- og lokaathöfnunum sem haldnar voru í Þjóðabandalagshöllinni. Hér var um að ræða aukaþing sem var helgað málefnum skipverja. Þetta var í 11. skiptið sem þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) fjallaði sérstaklega um aðbúnað og vinnuskilyrði þeirra.

Samtals tóku þátt í þinginu meira en 800 fulltrúar ríkisstjórna, útgerðarmanna og samtaka sjómanna, alls frá 85 aðildarríkum.

Forseti þingsins var kjörinn Michael Hubbard, fulltrúi ríkisstjórnar Kanada. Varaforsetar voru kjörnir úr röðum þeirra þriggja hópa sem eiga fulltrúa á þinginu. Kosnir voru ríkisstjórnarfulltrúi Indónesíu, Payaman Simanjuntak, fulltrúi atvinnurekenda á Indlandi, B. M. Ghildiyal, og fulltrúi launafólks í Japan, Shosiro Nakanishi.

Sendinefnd Íslands skipuðu eftirtaldir: Frá samgönguráðuneyti: Jósef H. Þorgeirsson. Frá utanríkisráðuneyti: Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands hjá alþjóðastofnunum í Genf. Varamenn voru: Haukur Ólafsson sendiráðunautur og Guðmundur Björgvin Helgason sendiráðsritari. Fulltrúi atvinnurekenda: Jón H. Magnússon, lögfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúi launafólks: Borgþór S. Kjærnested, starfsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin atriði:

1. Endurskoðun tillögu nr. 28, um vinnueftirlit um borð í skipum, frá árinu 1926.
2. Endurskoðun samþykkar nr. 109, um vinnutíma og mönnun skipa, frá árinu 1958.
3. Endurskoðun samþykktar nr. 9, um vinnumiðlun farmanna, frá árinu 1920.
4. Endurskoðun samþykktar nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum, frá árinu 1976.

Skipaðar voru þrjár nefndir til að fjalla um dagskrármálefni þingsins. Málefni 1. og 4. voru rædd sameiginlega í einni nefnd og hver nefndanna fjallaði um 2. og 3. dagskrárefnið. Fulltrúar Íslands sátu í öllum fjórum nefndunum.

3.2. ÞINGSETNING

Formaður stjórnarnefndar ILO, Arrate Mac Niven, setti þingið með ítarlegri ræðu. Í henni kom fram að vegna fjárhagsörðugleika hefði reynst nauðsynlegt að fresta þessu aukaþingi en fyrirhugað var að halda það árið 1995. Stjórnarnefndin hafi litið svo á að vinnuaðstæður skipverja hafi tekið svo miklum breytingum á allra síðustu árum að ekki hafi verið undan því vikist að taka málefni þeirra til sérstakrar umfjöllunar. Hann minnti á að þetta væri í 11. skipti sem Alþjóðavinnumálaþingið fjallaði um vinnuskilyrði til sjós. Þingin hefðu samtals afgreitt 36 samþykktir og 27 tillögur sem væru fyrirmynd alþjóðareglna á þessu sviði.

Niven vakti athygli á því að frá síðasta aukaþingi, sem haldið var fyrir níu árum, þ.e. árið 1987, hefði ýmislegt gerst sem hefði haft djúpstæð áhrif á framvinduna á sviði útgerðar og sjómennsku. Meðal þess sem hann nefndi var ný tegund skipaskráa, skráning skipa í svonefnda alþjóðlega skipaskrá eða opna skipaskrá, stöðug umskráning skipa og flutningur í alþjóðlega skipaskrá, rekstur þriðja aðila á skipum og tækniframfarir. Afleiðingin hafi orðið fækkun mannafla um borð í skipum og almenn fækkun farmanna í heiminum. Þar að auki hafi orðið miklir mannskaðar í alvarlegum sjóslysum. Mikilvægt viðfangsefni þingsins væri að ræða aðgerðir til að bæta öryggi skipverja.

Í ræðu formanns stjórnarnefndarinnar kom fram að aukaþingið, sem haldið var árið 1987, hafi samþykkt tillögu þar sem talin voru upp málefni sem talið var nauðsynlegt að taka til umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þessi málefni hafi verið rædd á 26. fundi siglingamálanefndar ILO árið 1991. Nefndin mælti með því að á næsta aukaþingi ILO um málefni skipverja yrði sett á dagskrá endurskoðun fimm gerða á þessu sviði. Árið 1994 hafi verið haldinn þríhliða fundur sem í raun hafi verið eins konar undirbúningsþing. Á því hafi farið fram fyrsta umræða um nauðsynlegar breytingar og umbætur á gildandi reglum.

Kosning þingforseta fór fram að aflokinni þingsetningarræðunni. Kosningu hlaut fulltrúi ríkisstjórnar Kanada, Michael Hubbard. Hann flutti stutta ræðu þegar hann tók við þessu ábyrgðarstarfi. Í henni voru dregin fram atriði sem skapa útgerð og skipverjum sérstöðu í samanburði við landverkafólk. Um er að ræða flóknar skráningarreglur, sérreglur um útgerðarmenn og ábyrgð þeirra, reglur um mönnun skipa, vinnuaðstæður og aðbúnaður skipverja o.fl. Öll þessi atriði kalla á sérstakar lausnir sem taka mið af vinnuumhvefi sem er ólíkt því sem gerist í landi.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Michel Hansenne, ávarpaði þingið. Í máli hans kom m.a. fram að frá því að þríhliðafundurinn um málefni skipverja var haldinn árið 1994 hefðu farist 180 skip og með þeim 1.200 skipverjar og farþegar. Á fyrstu sex mánuðum ársins 1996 hefðu helmingi fleiri farist í sjóslysum en samtals á öllu árinu 1995.

Forstjórinn gerði að umtalsefni breytingar sem hafa átt sér stað í útgerð sl. 25 ár. Of stór skipastóll hafi valdið skipulagsbreytingum á níunda áratugnum. Aukin samkeppni hafi knúið útgerðarmenn til að leita allra leiða til að lækka útgerðarkostnað, m.a. með því að skrá skip í svonefnda alþjóðlega skipaskrá eða opna skipaskrá sem hafi heimilað fleiri frávik frá viðteknum reglum, m.a. að því er varðar skattlagningu, öryggismál, mönnun, eftirlit og rekstur. Notkun millilíða að því er varðar ráðningar og rekstur hafi gert útgerð flóknari bæði frá rekstrarlegu og lagalegu sjónarhorni.

3.3. EFTIRLIT MEÐ AÐBÚNAÐI OG VINNUSKILYRÐUM SKIPVERJA

Ákvæði um eftirlit með aðbúnaði og vinnuskilyrðum skipverja voru hert með afgreiðslu samþykktar nr. 178, um vinnueftirlit um borð í skipum. Hér er um að ræða fyrstu alþjóðasamþykktina um þetta efni. Í ákvæðum um gildissvið samþykktarinnar segir að hún taki til allra haffærra skipa í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem skráð eru í einhverju þeirra aðildarríkja samþykktarinnar sem stunda veru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni eða eru notuð á annan hátt í ábataskyni. Ef hlutaðeigandi skip er skráð í tveimur aðildarríkjum skal það teljast á skrá í því ríki sem leggur því til fána.

Aðildarríki samþykktarinnar skal halda uppi kerfi til eftirlits með aðbúnaði og kjörum skipverja. Eftirlit skal eiga sér stað ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti en mælt er með því að það fari fram árlega. Ef aðildarríki berst kvörtun eða fær sannanir fyrir því að skip, skráð á yfirráðasvæði þess, fullnægi ekki lögum og reglugerðum um aðbúnað og kjör skipverja skal aðildarríkið gera ráðstafanir til þess að skipið verði skoðað svo fljótt sem því verður við komið. Kyrrsetja skal skip í höfn ef ástæða er til að ætla að ágallar feli í sér verulega hættu fyrir heilsu og öryggi sjófarenda uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar. Þetta skal gera án þess þó að tafir verði á siglingu skipsins eða ferðum þess sé seinkað óhóflega lengi. Heimilt skal að kæra kyrrsetninguna til dómsyfirvalda eða stjórnsýsluaðila.

Heimilt er að láta ákvæði samþykktarinnar taka til skipa sem stunda fiskveiðar í ábataskyni ef litið er svo á að því verði við komið. Slíka ákvörðun skulu hlutaðeigandi stjórnvöld taka að höfðu samráði við fulltrúa samtaka útgerðarmanna og sjómanna.

Þingið afgreiddi tillögu sem hefur að geyma ábendingar um nánari útfærslu á ákvæðum samþykktarinnar. Í henni er einkum fjallað um samræmingu og skipulag eftirlitsaðila sem og heimildir sem þeir hafa til að rannsaka skip. Þingið afgreiddi einnig ályktunartillögu þar sem mælt er með samningu sérstakra leiðbeiningarreglna fyrir eftirlitsmenn.

Samþykkt nr. 178 og tillaga nr. 185 eru birtar í heild sem fylgiskjöl II og VI.

3.4. VINNUTÍMI OG MÖNNUN SKIPA

Vinnumálaþingið endurskoðaði samþykkt nr. 109, um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa. Það afgreiddi nýja samþykkt, nr. 180, um vinnutíma og mönnun skipa. Með henni eru settar ákveðnar viðmiðunarreglur um daglegan og vikulegan vinnutíma eða daglegan og vikulegan hvíldartíma sem hafa að markmiði að koma í veg fyrir ofþreytu vegna of mikillar vinnu.

Samkvæmt samþykktinni skal aðildarríki viðurkenna að venjulegur vinnudagur sjómanna miðist við átta klukkustundir og einn frídag á viku. Þar að auki er kveðið á um það að hámarksvinnutími skuli ekki fara fram yfir 14 klst. á sólarhring og 72 klst. á viku. Aðildarríkjum er með sama hætti heimilt að takmarka vinnutíma með ákvæðum um lágmarkshvíldartíma. Ef sú leið er valin skal kveða á um 10 klst. hvíld á sólarhring eða 77 klst. á viku. Töflu yfir vinnufyrirkomulag áhafnar skal komið fyrir á aðgengilegum stað um borð í skipi. Halda skal skrá yfir daglegan vinnu- og hvíldartíma. Eftirlitsaðili skal fara yfir og árita skrána með hæfilegu millibili þannig að gengið sé úr skugga um að reglum á þessu sviði sé fylgt. Ef í ljós koma brot á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skal hlutaðeigandi stjórnvald fara fram á að gerðar verði ráðstafanir til úrbóta, m.a. að mönnun skipsins verði endurskoðuð.

Ákvæði nýju samþykktarinnar hafa verið tekin upp í sérstaka bókun við samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Verði hún fullgilt af tilskildum fjölda aðildarríkja mun hún verða hluti af hafnareftirliti.

Í tillögu nr. 187, um laun, vinnutíma og mönnun skipa, er fjallað um endurgjald fyrir aukavinnu og ýmiss konar aukagreiðslur. Markmið tillögunnar er að gera launamál einfaldari og skýrari bæði fyrir útgerðarmenn og sjómenn og koma þannig í veg fyrir ágreining. Í henni er miðað við lágmarksviðmiðunarlaun ILO. Í siglingamálanefnd náðist samkomulag um að lágmarkslaun háseta verði hækkuð 1. janúar 1998 úr 385 Bandaríkjadölum á mánuði í 435 Bandaríkjadali.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal IV, tillagan sem fylgiskjal VIII og bókunin sem fylgiskjal IX.

3.5. RÁÐNING SKIPVERJA Í SKIPRÚM

Meðal elstu gildandi samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er samþykkt nr. 9, um ráðningu farmanna í skiprúm. Samþykktin er frá árinu 1920 og hún var endurskoðuð með nýrri samþykkt sem 84. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi.

Við almennar umræður í nefndinni sem fjallaði um drög að samþykktinni kom m.a. fram í máli fulltrúa alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að markmiðið með endurskoðun samþykktarinnar frá árinu 1920 væri að breyta orðanotkun til samræmis við það sem tíðkast í nýrri samþykktum. Hann lagði einnig til að þingið tæki til umfjöllunar bótaábyrgð vinnumiðlunar vegna mistaka við ráðningar.

Talsmaður útgerðarmanna lagði áherslu á afgreiðslu samræmdra reglna sem komi í veg fyrir að vinnumiðlanir og önnur fyrirtæki sem annast ráðningarþjónustu misnoti eða fé-fletti farmenn.

Af hálfu fulltrúa farmanna var vakin athygli á skipulagsbreytingum á þessu sviði atvinnulífsins. Þær birtist með ýmsum hætti, m.a. með skorti á hæfum starfsmönnum sem hafi fengið nægilega góða þjálfun, hækkandi aldri skipastólsins, tíðum skipsköðum og skorti á öryggiseftirliti. Hann sagði það skoðun farmanna að þetta ætti sér m.a. orsakir í óheiðarlegri samkeppni sem þrifist í skjóli hentifánalanda.

Nýja samþykktin, nr. 179, um skráningu og ráðningu skipverja í skiprúm, heimilar starfsemi vinnumiðlana á vegum einkaaðila. Á vettvangi ILO hefur verið fyrirstaða gegn einkareknum vinnumiðlunum. Dregið hefur úr andstöðunni á seinustu árum að því tilskildu að þær lúti ákvæðum laga sem m.a. kveði á um starfsemi og eftirlitshlutverk stjórnvalda. Í nýju samþykktinni er tekið fram að starfsemi ráðningarþjónustu á vegum

einkaaðila sé einungis heimil samkvæmt sérstöku leyfi og eftirliti hlutaðeigandi stjórnvalda. Hún verði að vera farmanni algjörlega að kostnaðarlausu. Hlutaðeigandi stjórnvald skal enn fremur fylgjast með starfsaðferðum og gerist þess þörf hafa tækifæri til að rannsaka kvartanir vegna starfseminnar. Stjórnvöld skulu gera það að skilyrði fyrir starfsemi ráðningarþjónustu að hún gangi úr skugga um að útgerðarmaður sé í stakk búinn til að varna því að skipverjur verði strandaglópar í erlendri höfn. Þær skulu enn fremur halda skrá yfir allar ráðningar og hafa tiltæka ráðningarsamninga sem farmenn hafi aðgang að fyrir og eftir ráðningu í skiprúm. Þetta eru mikilvæg tryggingarákvæði sem hafa að markmiði að draga úr líkum á misskilningi að því er varðar kaup og önnur kjör. Koma skal upp skipulagi sem gerir farmönnum kleift að sækja rétt sinn sé á þeim brotið.

Í tilskipuninni, sem er nánari útfærsla á samþykktinni, er að finna leiðbeiningarreglur um samstarf fyrirtækja og stofnana sem annast milligöngu um ráðningar í skiprúm, útgerðarmanna og samtaka farmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnvöld beita sér fyrir samþykkt og útgáfu reglna um starfsemi vinnumiðlana og hvetja til þess að þeim séu settar vinnureglur.

Samþykkt nr. 179 er birt í heild sem fylgiskjal III og tillaga nr. 186 sem fylgiskjal VII.

3.6. BÓKUN VIÐ SAMÞYKKT NR. 147, UM LÁGMARKSKRÖFUR Á KAUPSKIPUM

Árið 1976 afgreiddi 62. Alþjóðavinnumálaþingið samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Með samþykktinni var safnað saman á einn stað ákvæðum um ýmis grundvallarréttindi farmanna sem var að finna í eldri samþykktum ILO. Enn fremur voru í samþykktinni tekin upp atriði sem þóttu nýmæli á þeim tíma, t.d. ákvæði um skyldur aðildarríkja til að hafa í lögum ákveðnar reglur um öryggi, vinnuskilyrði og aðbúnað um borð í skipum og að tryggja það að slíkum reglum sé fylgt. Þessar öryggisreglur skyldu taka til m.a. vinnutíma, stærðar áhafnar og hæfniskrafna. Enn fremur voru settar kröfur um eftirlit með ráðningu eða skráningu í skiprúm og rannsókn á kærum sem upp koma í því sambandi. Í viðauka við samþykktina eru taldar upp samþykktir sem höfðu gengið í gildi á þeim tíma og höfðu að geyma ákvæði um framangreind atriði. Frá árinu 1976 hafa 35 ríki fullgilt samþykkina. Ákvæði hennar eru nú talin lágmarksákvæði að því er varðar hollustu og öryggi, félagsleg réttindi, aðbúnað og vinnuskilyrði skipverja.

84. Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi valfrjálsa bókun við samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Líta skal á bókunina að því er varðar fullgildingu og gildistöku sem sjálfstæða gerð. Samkvæmt 2. gr. geta einungis þau aðildarríki sem hafa eða samtímis fullgilda samþykkt nr. 147 fullgilt bókunina. Við fullgildingu skuldbindur aðildarríki sig til að hafa löggjöf sem tryggir framkvæmd á ákvæðum í samþykktum sem taldar eru upp í aukaviðauka. Í A-hluta hans er tvær samþykktir, þ.e. samþykkt nr. 133, um vistarverur skipverja, og nr. 180, um vinnutíma og ráðningar farmanna. Í B-hluta eru fjórar samþykktir, þ.e. nr. 108, um persónuskírteini sjómanna, nr. 135, um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum, nr. 164, um heilsuvernd og læknishjálp skipverja, og nr. 166, um heimsendingu skipverja. Í þessu felst að ákvæði í a-lið 2. gr. samþykktar nr. 147 er gert víðtækara en jafnframt skýrara. Við umræður um bókunina var einkum deilt um það hvaða samþykktir skyldu taldar upp í aukaviðaukanum, enn fremur hvort skylda ætti aðildarríki til að taka upp ákvæði í löggjöf sína sem væru jafngild ákvæðum í einni eða öllum samþykkunum í viðaukanum. Niðurstaðan varð sú að aðildarríki skyldi bæta við viðauka samþykktar nr. 147 samþykktum sem taldar eru upp í

A-hluta aukaviðaukans. Hins vegar getur hlutaðeigandi ríki ákveðið hvort það kýs að undirgangast skuldbindingar samkvæmt einhverri eða öllum samþykktunum sem taldar eru upp í B-hluta.

Ákvæði bókunarinnar um gildistöku olli deilum. Samkomulag náðist um það að hún gangi í gildi 12 mánuðum eftir að fimm aðildarríki hafa látið skrá fullgildingar sínar, þar af skulu þrjú hafa hvert um sig á skrá skip sem samtals eru a.m.k. ein milljón brúttótonn.

Bókunin er birt sem fylgiskjal IX.

3.7. ÞINGSÁLYKTANIR

Nokkrar ályktunartillögur voru afgreiddar á 84. Alþjóðavinnumálaþinginu.

Þingið samþykkti ályktun sem felur í sér tilmæli til hlutaðeigandi stjórnvalda um að ákvæðum í nýju samþykktinni nr. 180, um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm, skuli beitt að því er varðar fiskimenn eða sjómenn sem stunda vinnu á hreyfanlegum pöllum og prömmum á hafi úti.

Einnig var afgreidd ályktun um ráðningu og vinnumiðlun sjómanna. Í henni er lögð áhersla á sérstakar vinnuaðstæður sjómanna. Vakin er athygli á því að ráðning í skiprúm fellur utan gildissviðs samþykktar nr. 96, um vinnumiðlanir sem taka gjald fyrir þjónustu sína, en endurskoðun hennar er á dagskrá 85. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið verður í júní 1997. Því er beint til 85. vinnumálaþingsins að ráðningum í skiprúm verði áfram haldið utan gildssviðs endurskoðaðrar gerðar samþykktar nr. 96 þar sem 84. þingið hafi þegar endurskoðað reglur sem gildi um þetta efni að því er varðar farmenn.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 177, um heimastörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 83. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þess að margar alþjóðlegar samþykktir og tillögur, þar sem kveðið er á um almenna staðla varðandi aðbúnað fólks á vinnustöðum, geta einnig átt við fólk sem starfar heima, og

gefur gaum að því að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem einkenna heimastörf er æskilegt að aðlaga þessar samþykktir og tillögur betur þörfum fólks sem starfar heima og bæta inn í þær stöðlum sem taka tillit til sérstöðu slíkra starfa, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi heimastörf, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 20. júní 1996, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um heimastörf, 1996.

1. gr.

Í þessari samþykkt:

a. táknar hugtakið „heimastörf“ störf sem svonefndur heimastarfsmaður innir af hendi og eru unnin:
   i. innan veggja heimilisins eða á einhverjum öðrum stað, sem hlutaðeigandi heimastarfsmaður kýs sér sjálfur, utan vinnustaðar atvinnurekanda;
   ii. gegn endurgjaldi;
   iii. með þeim árangri að til verður vara eða þjónusta sem atvinnurekandi skilgreinir, óháð því hver leggur til búnað, efni eða annað sem notað er,

   nema hlutaðeigandi hafi svo mikið sjálfsforræði og fjárhagslegt sjálfstæði að hann geti, samkvæmt landslögum, reglugerðum eða dómsúrskurði, talist sjálfstæður starfsmaður;
b. verða þeir sem hafa stöðu atvinnurekanda ekki heimastarfsmenn í skilningi þessarar samþykktar þótt þeir sinni einhverjum störfum heima hjá sér stöku sinnum fremur en á sínum venjulega vinnustað;
c. táknar hugtakið „atvinnurekandi“ aðila, einstakling eða lögaðila, sem í krafti starfsemi sinnar felur mönnum að vinna heimastörf, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annars manns, hvort sem gert er ráð fyrir slíkum milligöngumanni í landslögum eða ekki.

2. gr.

Þessi samþykkt tekur til allra sem stunda heimastörf í þeirri merkingu sem fram kemur í 1. gr.

3. gr.

Sérhverju aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt, ber að samþykkja, framkvæma og endurskoða reglulega stefnu ríkisins varðandi heimastörf, með það fyrir augum að bæta aðstöðu heimastarfsmanna, í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem slík samtök eru fyrir hendi, við hagsmunasamtök heimastarfsmanna og við samtök atvinnurekenda heimastarfsmanna.

4. gr.

1. Opinber stefna varðandi heimastörf skal, eins og mögulega er unnt, stuðla að því að heimastarfsmenn njóti jafnréttis á við aðra starfsmenn, og skal þá taka tillit til sérstöðu starfsins og, þar sem við á, aðbúnaðar þeirra sem vinna sama eða sambærilegt starf í fyrirtækinu sjálfu.

2. Stuðla skal að jafnrétti, einkanlega hvað varðar:

a. rétt heimastarfsmanna til að stofna eða ganga í samtök að eigin vali og taka þátt í starfsemi slíkra samtaka,
b. vernd gegn mismunun í ráðningu og starfi,
c. öryggi og heilbrigði á vinnustað,
d. laun,
e. lögbundna almannatryggingavernd,
f. aðgang að þjálfun,
g. lágmarksaldur til aðgangs að vinnu, og
h. mæðravernd.

5. gr.

Stefna á sviði heimastarfa skal framkvæmd með lögum og reglugerðum, heildarsamningum, gerðardómsúrskurði eða öðrum þeim hætti sem samræmist venjum hvers ríkis.

6. gr.

Gerðar skulu ráðstafanir til að koma heimastörfum inn í opinberar tölur um atvinnumál að svo miklu leyti sem það er hægt.

7. gr.

Lög og reglugerðir hvers ríkis um öryggi og heilbrigði við vinnu skulu taka til heimastarfa, þannig að tekið sé fullt tillit til sérstöðu þeirra, og skulu skilgreina skilyrði sem réttlæta að tilteknar tegundir vinnu og notkun tiltekinna efna sé bönnuð af öryggis- og heilbrigðisástæðum.

8. gr.

Þar sem heimilt er að notfæra sér milligöngumenn í heimastörfum skal kveðið á um ábyrgð atvinnurekenda annars vegar og milligöngumanna hins vegar í lögum og reglugerðum eða með dómsúrskurðum, í samræmi við lög og venjur hvers ríkis.

9. gr.

1. Með eftirlitskerfi, sem samræmist lögum og venjum hvers ríkis, skal tryggja að farið sé að þeim lögum og reglugerðum sem taka til heimastarfa.

2. Sé brotið gegn þessum lögum og reglugerðum skal sjá svo um að til séu úrræði, m.a. refsingar þar sem þær eiga við, og að þeim sé beitt á skilvirkan hátt.

10. gr.

Samþykkt þessi hefur ekki áhrif á hagstæðari ákvæði sem taka til heimastarfsmanna samkvæmt öðrum alþjóðlegum samþykktum á sviði atvinnumála.

11. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

12. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

13. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar

14. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

15. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

16. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

17. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, þrátt fyrir ákvæði 13. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

18. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 178, um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að eðlisbreytingum í skipaútgerð og þeim breytingum sem þar af leiðandi hafa orðið á aðbúnaði skipverja frá því að Tillaga um vinnueftirlit með sjómönnum var samþykkt, árið 1926, og

minnist ákvæða Samþykktar og Tillögu um vinnueftirlit frá 1947, Tillögu um vinnueftirlit með náma- og flutningaverkamönnum frá 1947 og Samþykktar um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976, og

minnist gildistöku Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, 16. nóvember 1994, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Tillögu um vinnueftirlit með sjómönnum frá 1926, sem er fyrsta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, sem einungis komi til framkvæmda í þeim ríkjum þar sem skip eru skráð,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja, 1996.

I. Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. Nema annað sé sérstaklega tekið fram tekur samþykkt þessi til allra haffærra skipa í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem skráð eru í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem samþykkt þessi er í gildi og stunda vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni eða eru notuð á annan hátt í ábataskyni. Samkvæmt samþykkt þessari skal skip, sem skráð er í tveim aðildarríkjum, aðeins teljast á skrá í því ríki sem leggur því til fána.

2. Lög og reglugerðir hvers ríkis skulu skera úr um hvaða skip geti talist haffær samkvæmt samþykkt þessari.

3. Samþykkt þessi tekur til haffærra dráttarbáta.

4. Samþykkt þessi tekur ekki til skipa undir 500 brúttólestum að stærð né heldur til fljótandi fara sem ekki eru notuð til siglinga, svo sem olíuborpalla og annarra borpalla. Það skal vera á valdi yfirstjórnar siglingamála, í samráði við helstu samtök útgerðarmanna og skipverja, að ákveða hvaða fljótandi för skuli falla undir þessa málsgrein.

5. Ákvæði samþykktar þessarar skulu taka til skipa sem stunda fiskveiðar í ábataskyni, að svo miklu leyti sem yfirstjórn siglingamála, að höfðu samráði við fulltrúa samtaka útgerðarmanna og sjómanna, telur að því verði við komið.

6. Leiki minnsti vafi á hvort tiltekin skip geti talist stunda siglingar eða fiskveiðar í ábataskyni, samkvæmt samþykkt þessari, skal yfirstjórn siglingamála úrskurða í málinu að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök útgerðarmanna, farmanna og fiskimanna.

7. Í samþykkt þessari:

a. táknar hugtakið „yfirstjórn siglingamála“ ráðherra, ráðuneyti eða annað opinbert stjórnvald sem annast útgáfu og hefur umsjón með framkvæmd reglugerða, fyrirmæla eða annarra leiðbeininga sem hafa lagagildi hvað snertir aðbúnað skipverja á öllum skipum sem skráð eru í aðildarríki;

b. táknar hugtakið „eftirlitsmaður“ hvern þann starfsmann eða embættismann á vegum hins opinbera sem annast eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja í víðasta skilningi, svo og hvern þann mann annan sem hefur tilskilin leyfi til að sinna eftirlitsstörfum á vegum stofnunar eða samtaka sem yfirstjórn siglingamála viðurkennir, í samræmi við 2. gr., 3. mgr.;
c. felur hugtakið „lagaákvæði“ í sér, auk laga og reglugerða, gerðardómsúrskurði og heildarsamninga sem hafa öðlast lagagildi;
d. táknar hugtakið „skipverji“ mann sem ráðinn er til starfa um borð í haffæru skipi sem samþykkt þessi tekur til. Leiki minnsti vafi á því hvort einhver hópur manna teljist skipverjar, samkvæmt samþykkt þessari, skal yfirstjórn siglingamála úrskurða í málinu að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda og skipverja;
e. táknar hugtakið „aðbúnaður og kjör skipverja“ það hvernig búið er að skipverjum hvað varðar viðhald og hreinlæti um borð í skipi, bæði í vistarverum og á vinnusvæði, lágmarksaldur, samkomulagsgreinar, fæði, rými fyrir áhöfn, skráningu, mönnun, hæfniskröfur, vinnutíma, læknisskoðanir, varnir gegn atvinnusjúkdómum, heilsugæslu, sjúkra- og slysabætur, félagslega velferð og skyld málefni, flutning aftur til heimalands, ráðningarkjör og -skilmála, sem heyra undir lög og reglugerðir hvers ríkis og félagafrelsi, eins og það er skilgreint í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1948 um félagafrelsi og verndun þess.

II. Skipulagning eftirlits

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki þar sem Samþykkt þessi hefur tekið gildi skal halda uppi kerfi til eftirlits með aðbúnaði og kjörum skipverja.

2. Yfirstjórn siglingamála skal samræma skoðunaraðgerðir, sem að hluta eða öllu leyti varða aðbúnað og kjör skipverja, og setja grundvallarreglur sem ber að virða.

3. Yfirstjórn siglingamála skal í öllum tilvikum vera ábyrg fyrir eftirliti með aðbúnaði og kjörum skipverja. Hún getur falið opinberum stofnunum, eða öðrum stofnunum sem hún álítur færar um það og óháðar, að annast eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja í umboði sínu. Hún skal halda skrá yfir slíkar stofnanir og sjá um að slík skrá sé aðgengileg almenningi.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að öll skip, sem skráð eru í hlutaðeigandi ríki, séu skoðuð ekki sjaldnar en með þriggja ára millibili og helst árlega, ef því verður við komið, svo votta megi að þau uppfylli lög og reglugerðir hvers ríkis um aðbúnað og kjör skipverja um borð í skipum.

2. Ef aðildarríki berst kvörtun eða fær sannanir fyrir því að skip, skráð á yfirráðasvæði þess, fullnægi ekki lögum og reglugerðum um aðbúnað og kjör skipverja skal aðildarríkið gera ráðstafanir til þess að skipið verði skoðað svo fljótt sem því verður við komið.

3. Verði verulegar breytingar á byggingu eða tilhögun vistarvera skal skoða skipið áður en þrír mánuðir eru liðnir frá breytingum.

4. gr.

Sérhvert aðildarríki skal tilnefna eftirlitsmenn, sem eru menntaðir til að gegna þeim skyldum sem þeim er ætlað, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fullvissa sig um að þeir séu nægilega margir til að uppfylla kröfur samþykktar þessarar.

5. gr.

1. Líta skal á eftirlitsmenn sem þjónustustétt til að tryggja að þeir séu óháðir breytingum í ríkisstjórn og ótilhlýðilegum áhrifum utan frá.

2. Eftirlitsmenn með viðeigandi skilríki skulu hafa heimild til:

a. að fara um borð í skip skráð í aðildarríki og athafna sig eins og þeir þurfa til fullnægjandi skoðunar;
b. að gera hverja þá rannsókn sem þeim kann að þykja nauðsynleg til að fullvissa sig um að lagaákvæði séu virt í hvívetna;
c. að krefjast úrbóta á ágöllum; og
d. þar sem þeir hafa ástæðu til að ætla að ágallar feli í sér verulega hættu fyrir heilsu og öryggi skipverja, að kyrrsetja skip í höfn uns nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar, án þess þó að tafir verði á skipinu eða ferðum þess seinkað óhóflega lengi; heimilt skal að kæra kyrrsetninguna til dómsyfirvalda eða stjórnsýsluaðila.

6. gr.

1. Meðan skoðun fer fram, eða þegar gripið er til aðgerða samkvæmt samþykkt þessari, skal eftir megni reynt að komast hjá því að skip verði fyrir óhóflegum töfum.

2. Verði skip fyrir óhóflegum töfum skal eigandi skipsins eða útgerðaraðili eiga heimtingu á bótum vegna þess tjóns sem hann verður fyrir. Þegar um meintar óhóflegar tafir er að ræða skal sönnunarbyrðin hvíla á eiganda skipsins eða útgerðaraðila.

III. VIÐURLÖG

7. gr.

1. Lög og reglugerðir hvers ríkis skulu kveða á um hæfileg viðurlög við brotum gegn þeim lagaákvæðum sem eftirlitsmenn framfylgja og við því að hindra eftirlitsmenn við skyldustörf, og þeim viðurlögum skal beita á skilvirkan hátt.

2. Eftirlitsmenn skulu koma fram af háttvísi og skulu vara við og ráðleggja fremur en að grípa til eða mæla með málarekstri.

IV. SKÝRSLUR

8. gr.

1. Yfirstjórn siglingamála skal halda skýrslur yfir eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja.

2. Hún skal gefa út árlega skýrslu um aðgerðir í þeim efnum, þar á meðal skrá yfir stofnanir með umboð til að annast eftirlit. Skýrslan skal gefin út áður en mjög langt er liðið frá lokum þess árs sem hún nær til og eigi síðar en sex mánuðum frá árslokum.

9. gr.

1. Eftirlitsmenn skulu skila skýrslu um hverja skoðun til yfirstjórnar siglingamála. Skipstjóri skipsins skal fá eitt eintak af skýrslunni, á ensku eða því tungumáli sem notað er um borð, og annað eintak skal hengt á tilkynningatöflu skipsins, hlutaðeigandi skipverjum til upplýsingar, eða sent fulltrúum þeirra.

2. Þegar skoðun er gerð eftir meiri háttar atvik skal skila skýrslu eins fljótt og við verður komið og eigi síðar en einum mánuði eftir að skoðun lýkur.

V. Lokaákvæði

10. gr.

Samþykkt þessi leysir af hólmi Tillögur um vinnueftirlit með sjómönnum frá 1926.

11. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

12. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

13. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

14. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

15. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

16. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

17. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir samþykkt þessari að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 13. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

18. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Samþykkt nr. 179, um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um skiprúmssamninga sjómanna frá 1926, Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess frá 1948, Samþykktar og Tillögu um skipulag vinnumiðlunar frá 1948, Samþykktar um rétt til að stofna félög og semja sameiginlega frá 1949, Tillögu um ráðningu sjómanna á erlend skip frá 1958, Samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs frá 1958, Tillögu um ráðningu sjómanna (tækniþróun) frá 1970, Samþykktar um lágmarksaldur frá 1973, Samþykktar og Tillögu um atvinnuöryggi farmanna frá 1976, Samþykktar um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976, Samþykktar um heimsendingu skipverja (endurskoðuð) frá 1987 og Samþykktar um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja frá 1996, og

minnist gildistöku Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, hinn 16. nóvember 1994, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm frá 1920, sem er þriðja mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi samþykkt sem nefna má Samþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm, 1996.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari:

a. táknar hugtakið „réttmætt stjórnvald“ ráðherra, þar til skipaðan embættismann, ráðuneyti eða annað stjórnvald sem hefur umboð til að gefa út reglugerðir, fyrirmæli eða leiðbeiningar sem hafa lagagildi um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm;

b. táknar hugtakið „skráningar- og ráðningarþjónusta“ hverja þá persónu, hlutafélag, stofnun, umboðsskrifstofu eða annað fyrirtæki, opinbert eða einkarekið, sem tekur að sér, fyrir hönd atvinnurekenda, að skrá skipverja til vinnu eða finna þeim skiprúm hjá atvinnurekendum;

c. táknar hugtakið „skipseigandi“ eiganda skipsins eða hvert það fyrirtæki eða persónu, svo sem framkvæmdastjóra, umboðsmann eða þurrleigutaka sem hefur tekið að sér að gera skipið út fyrir eiganda þess og þar með samþykkt að taka á sig allar skyldur og alla ábyrgð sem því er samfara;

d. táknar hugtakið „sæfarandi“ hverja þá persónu sem uppfyllir tilskilin skilyrði til að vera ráðinn til einhverra starfa um borð í haffærum skipum, öðrum en skipum á vegum hins opinbera sem þjóna hernaðarhlutverki eða öðru hlutverki sem ekki tengist viðskiptum.

2. Réttmætt stjórnvald má láta ákvæði samþykktar þessarar ná til fiskimanna eða farmanna, að því marki sem það er talið framkvæmanlegt, að höfðu samráði við fulltrúa samtaka eigenda fiskiskipa og samtök fiskimanna eða samtök eigenda farskipa í millilandasiglingum og samtök farmanna, eftir því sem við á.

2. gr.

1. Ekkert í ákvæðum samþykktar þessarar skal teljast:

a. koma í veg fyrir að aðildarríki haldi uppi frjálsri almennri skráningar- og ráðningarþjónustu fyrir skipverja, innan ramma þeirrar stefnu að koma til móts við þarfir skipverja og skipaeigenda, hvort sem sú þjónusta er hluti af eða samræmd almennri ráðningarþjónustu fyrir alla launþega og atvinnurekendur;

b. leggja aðildarríki þá skyldu á herðar að það komi á kerfi til einkarekinnar starfsemi á sviði skráningar- og ráðningarþjónustu.

2. Þar sem komið hefur verið á, eða fyrirhugað er að koma á, einkarekinni ráðningar- og skráningarþjónustu skal slík starfsemi aðeins heimil í hverju aðildarríki samkvæmt sérstöku leyfi, vottorði eða með annarri reglusetningu. Slíku kerfi skal aðeins komið á, viðhaldið eða breytt að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og skipverja. Ekki skal ýta undir óhóflega fjölgun aðila sem reka slíka skráningar- og ráðningarþjónustu.

3. Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á rétt aðildarríkis til að beita gildandi lögum og reglum ríkisins, um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm, gagnvart þeim skipum sem sigla undir fána þess.

3. gr.

Ekkert í samþykkt þessari skal með neinum hætti gera sæfaranda erfitt fyrir að neyta grundvallarmannréttinda, þar á meðal réttinda sem félagi í verkalýðsfélagi.

4. gr.

1. Aðildarríki skal, með landslögum eða viðeigandi reglugerðum:

a. tryggja að sæfarandi þurfi ekki að greiða þóknun eða önnur gjöld, hvorki beint né óbeint, að hluta né öllu leyti, fyrir skráningu eða útvegun vinnu; því skal kostnaður vegna lögbundinnar læknisskoðunar, vottorða, persónulegra ferðaskjala og sæferðabókar ekki teljast „þóknun eða önnur gjöld fyrir skráningu“.
b. ákvarða hvort og með hvaða skilyrðum skráningar- og ráðningarþjónusta má skrá skipverja og ráða í skiprúm erlendis;
c. ákveða, með tilliti til friðhelgi einkalífs og nauðsynjar þess að gæta trúnaðar, með hvaða skilyrðum aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu mega vinna úr persónuupplýsingum um skipverja, þar með talið söfnun, geymsla, samantekt og miðlun slíkra upplýsinga til þriðja aðila;
d. ákvarða skilyrði fyrir því að fresta megi eða afturkalla útgáfu leyfis, vottorðs eða annarrar slíkrar heimildar til skráningar- og ráðningarþjónustu ef viðeigandi lög og reglur hafa verið brotnar; og
e. ákveða hvaða skilyrði skuli uppfylla til að starfrækja skráningar- og ráðningarþjónustu, þar sem reglusetningin felst í einhverju öðru en útgáfu leyfa og vottorða, og jafnframt setja ákvæði um viðurlög ef þau skilyrði eru ekki virt.

2. Aðildarríki skal tryggja að réttmætt stjórnvald:

a. fylgist grannt með þeim sem reka skráningar- og ráðningarþjónustu;
b. gefi út eða endurnýi leyfi, vottorð og þess háttar heimildir ekki fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að viðkomandi skráningar- og ráðningarþjónusta fullnægi þeim skilyrðum sem lög og reglugerðir hvers ríkis setja;
c. geri kröfur um að yfirstjórn og starfsfólk í skráningar- og ráðningarþjónustu fyrir skipverja hafi fullnægjandi menntun og þekkingu á helstu þáttum siglingamála;
d. banni aðilum í skráningar- og ráðningarþjónustu að beita aðferðum, kerfum eða skrám í þeim tilgangi að hindra eða hamla því að sæfarandi verði ráðinn til vinnu;
e. krefjist þess að aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu geri ráðstafanir til að tryggja, svo sem við verður komið, að atvinnurekandi sé í stakk búinn til að varna því að skipverjar verði strandaglópar í erlendri höfn; og
f. tryggi að komið verði á sérstöku verndarkerfi, með vátryggingum eða sambærilegum ráðstöfunum eftir því sem við á, til að bæta skipverjum fjárhagslegt tjón sem þeir kunna að verða fyrir ef skráningar- og ráðningarþjónusta stendur ekki við skuldbindingar sínar.

5. gr.

1. Allir aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu skulu halda skrá yfir þá skipverja sem verið hafa á skrá og ráðnir í skiprúm á vegum þeirra og veita réttmætu stjórnvaldi aðgang að henni til skoðunar.

2. Allir aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu skulu tryggja að:

a. sérhver sæfarandi sem skráður er eða ráðinn í skiprúm á vegum þeirra uppfylli hæfniskröfur og eigi í fórum sínum þau skjöl sem nauðsynleg eru vegna hlutaðeigandi starfs;
b. ráðningarsamningar og samkomulagsgreinar séu í samræmi við viðeigandi lög, reglugerðir og heildarsamninga;
c. skipverjar séu fræddir um réttindi sín og skyldur samkvæmt ráðningarsamningum og samkomulagsgreinum áður en eða á meðan gengið er frá ráðningu.

d. viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að skipverjar geti skoðað ráðningarsamninga sína og samkomulagsgreinar fyrir og eftir undirritun þeirra og að þeir fái í hendur eintak af ráðningarsamningnum.

3. Ekkert í 2. gr. hér að ofan skal túlkað þannig að það dragi úr skyldum og ábyrgð skipseiganda eða skipstjóra.

6. gr.

1. Réttmætt stjórnvald skal tryggja að fyrir hendi sé viðhlítandi kerfi og starfsaðferðir til að rannsaka, ef þörf gerist, kvartanir vegna starfsemi aðila í skráningar- og ráðningarþjónustu, með þátttöku fulltrúa skipaeigenda og skipverja eftir því sem við á.

2. Allir aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu skulu taka kvartanir vegna starfsemi þeirra til skoðunar og bregðast við þeim og jafnframt tilkynna réttmætu stjórnvaldi um óútkljáð kvörtunarmál.

3. Verði aðilar í skráningar- og ráðningarþjónustu áskynja um kvartanir vegna aðbúnaðar og kjara skipverja um borð í skipum skulu þeir koma slíkum kvörtunum á framfæri við viðeigandi stjórnvald.

4. Ekkert í samþykkt þessari skal aftra skipverjum frá því að bera hvaða kvartanir sem vera skal upp milliliðalaust við réttmætt stjórnvald.

7. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm frá 1920.

8. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

9. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

4. Fullgilding samþykktar þessarar, frá og með þeim degi er fullgildingin tekur gildi, jafngildir uppsögn á Samþykkt um ráðningu sjómanna frá 1920.

10. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

11. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

12. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

13. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

14. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir samþykkt þessari að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 10. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

15. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar eru jafngildir.

Fylgiskjal IV.

Samþykkt nr. 180, um vinnutíma skipverja og mönnun skipa.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976 og bókunar við hana frá 1996 og ákvæðum Samþykktar um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja frá 1996, og

minnist mikilvægra ákvæða í eftirfarandi gerðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar: Alþjóðasamþykkt um öryggi á hafinu frá 1974, með breytingum, Alþjóðasamþykkt um staðla um þjálfun, löggildingu og vaktavinnu skipverja frá 1978, með breytingum frá 1995, Þingsályktun A 481 (XII) frá 1981 um Grundvallarreglur um örugga mönnun, Þingsályktun A 741 (18) frá 1993 um Alþjóðareglur um örugga stjórnun skipa og um mengunarvarnir (ISM-Code), og Þingsályktun A 772 (18) frá 1993 um þátt ofþreytu varðandi mönnun og öryggi, og

minnist gildistöku Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, hinn 16. nóvember 1994, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa (endurskoðuð) frá 1958 og Tillögu um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa frá 1958, sem er annað mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa, 1996.

I. Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til allra haffærra skipa, í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, sem skráð eru í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem samþykkt þessi er í gildi og alla jafna stunda siglingar í ábataskyni. Samkvæmt samþykkt þessari skal skip, sem skráð er í tveim aðildarríkjum, aðeins teljast á skrá í því ríki sem leggur því til fána.

2. Að því marki sem því verður við komið, að höfðu samráði við fulltrúa samtaka eigenda fiskiskipa og fiskimanna, skal réttmætt stjórnvald láta ákvæði samþykktar þessarar ná til fiskveiða í sjó í ábataskyni.

3. Leiki vafi á hvort tiltekin skip skuli teljast, samkvæmt samþykkt þessari, haffært skip eða skip sem stundar siglingar í ábataskyni eða skip sem stundar fiskveiðar í sjó í ábataskyni, skal réttmætt stjórnvald úrskurða í málinu að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda, farmanna og fiskimanna.

4. Undir samþykkt þessa falla ekki tréskip með hefðbundnu lagi, svo sem arabísk/afrísk seglskip og djúnkur.

2. gr.

Í samþykkt þessari:

a. táknar hugtakið „réttmætt stjórnvald“ ráðherra, ráðuneyti eða annað opinbert stjórnvald sem fer með umboð til að gefa út reglugerðir, fyrirmæli eða aðrar leiðbeiningar sem hafa lagagildi hvað snertir vinnu- og hvíldartíma skipverja eða mönnun skipa;

b. táknar hugtakið „vinnutími“ þann tíma sem sæfaranda er ætlað að vera að störfum í þágu skipsins;

c. táknar hugtakið „hvíldartími“ þann tíma sem ekki telst vinnutími; stutt hlé frá störfum falla ekki undir þetta hugtak;

d. táknar hugtakið „sæfarandi“ sérhvern sem þannig er skilgreindur í lögum og reglugerðum hvers ríkis eða í heildarsamningum og er ráðinn til einhverra starfa um borð í haffæru skipi sem samþykkt þessi tekur til;

e. táknar hugtakið „skipseigandi“ eiganda skipsins eða hvers kyns fyrirtæki eða persónu, svo sem framkvæmdastjóra eða þurrleigutaka, sem hefur tekið að sér að gera skipið út fyrir eiganda þess og þar með samþykkt að taka á sig allar skyldur og alla ábyrgð sem því er samfara;

II. Vinnu- og hvíldartími skipverja

3. gr.

Innan þeirra marka sem fram koma í 5. gr. skal skilgreina annaðhvort hámarksfjölda vinnustunda, sem óheimilt er að fara fram úr á tilteknu tímabili, eða lágmarksfjölda hvíldarstunda sem mönnum skal tryggður á tilteknu tímabili.

4. gr.

Aðildarríki sem hefur fullgilt samþykkt þessa viðurkennir að reglur um venjulegan vinnutíma skipverja, líkt og annarra launþega, skuli grundvallast á átta klukkustunda vinnudegi, með einum frídegi í viku og hvíld á opinberum frídögum. Það skal samt sem áður ekki hindra að aðildarríki hafi sínar aðferðir til að löggilda eða bóka heildarsamkomulag sem kveður á um venjulegan vinnutíma skipverja sem sé ekki síður hagstæður en þessi viðmiðun.

5. gr.

1. Mörk vinnutíma og hvíldartíma skulu vera sem hér segir:

a. hámarksfjöldi vinnustunda sé ekki meiri en:
   i. 14 klukkustundir á 24 stunda tímabili; og
   ii. 72 klukkustundir á sjö daga tímabili;

eða

b. lágmarksfjöldi hvíldarstunda sé ekki innan við:
   i. tíu klukkustundir á 24 stunda tímabili; og
   ii. 77 klukkustundir á sjö daga tímabili.

2. Óheimilt er að skipta hvíldartíma niður á fleiri en tvö tímabil, og skal annað gefa a.m.k. sex klukkustunda hvíld, og á milli tveggja hvíldartímabila skulu aldrei líða meira en 14 klukkustundir.

3. Útkalls-, bruna- og björgunaræfingar, og aðrar æfingar sem mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum hvers ríkis og alþjóðalögum, skal halda með þeim hætti að þær valdi sem minnstri röskun á hvíldartíma og leiði ekki til ofþreytu.

4. Að því er varðar aðstæður þar sem sæfarandi er til taks, svo sem þegar enginn er í vélarrúmi, skal hlutaðeigandi fá fullnægjandi uppbót á hvíldartíma ef venjulegur hvíldartími hefur raskast vegna útkalls til vinnu.

5. Ef enginn heildarsamningur eða gerðardómsúrskurður er fyrir hendi, eða ef réttmætt stjórnvald ákveður að ákvæði í samningi eða úrskurði séu ófullnægjandi hvað varðar 3. og 4. mgr., skal réttmætt stjórnvald setja slík ákvæði til að tryggja hlutaðeigandi skipverjum nægilega hvíld.

6. Ekkert í 1. og 2. mgr. skal koma í veg fyrir að aðildarríki hafi lög eða reglugerðir eða aðferð til þess að réttmætt stjórnvald geti löggilt eða bókað heildarsamninga sem heimila undanþágur frá þeim mörkum sem sett eru fram. Slíkar undanþágur skulu, svo sem mögulegt er, fylgja mörkuðum stöðlum, en þó er heimilt að í þeim sé gert ráð fyrir tíðari eða lengri leyfum eða að veitt sé uppbótarleyfi til skipverja sem ganga vaktir eða skipverja sem starfa um borð í skipum í stuttum ferðum.

7. Aðildarríki skal krefjast þess að tafla yfir vinnufyrirkomulag áhafnar hangi uppi á aðgengilegum stað og skal hún geyma eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja stöðu, hið minnsta:

a. tímaáætlun yfir þjónustu á sjó og þjónustu í höfn; og
b. hámarksfjölda vinnustunda og lágmarksfjölda hvíldarstunda samkvæmt lögum, reglugerðum eða heildarsamningum í fánaríkinu.

8. Taflan sem vitnað er til í 7. mgr. skal vera með stöðluðu sniði, á því tungumáli eða tungumálum sem notuð eru í hlutaðeigandi skipi og á ensku.

6. gr.

Enginn sæfarandi undir 18 ára aldri skal vinna að nóttu til. Í þessari grein merkir „nótt“ tímabil sem nær yfir níu samfelldar klukkustundir, þar á meðal tímann frá miðnætti fram til klukkan fimm að morgni. Ekki er nauðsynlegt að beita þessu ákvæði þegar það gæti spillt árangri þjálfunar ungra skipverja, á aldrinum 16 til 18 ára, sem unnið er að samkvæmt ákveðnum áætlunum.

7. gr.

1. Ekkert í samþykkt þessari skal teljast veikja rétt skipstjóra til að fara fram á að sæfarandi vinni á hvaða tíma sem vera skal þegar öryggi skipsins, fólks eða farms um borð í því er í húfi, eða þegar aðstoða þarf önnur skip eða fólk í sjávarháska.

2. Samkvæmt 1. mgr. getur skipstjóri fellt áætlanir yfir vinnu- og hvíldarstundir úr gildi um stundarsakir og farið fram á að sæfarandi vinni eins og nauðsyn krefur þar til eðlilegt ástand hefur komist á að nýju.

3. Eins fljótt og því verður við komið, eftir að eðlilegt ástand hefur komist á að nýju, skal skipstjóri tryggja að sérhver sæfarandi sem hefur unnið á áætluðum hvíldartíma fái fullnægjandi hvíld.

8. gr.

1. Aðildarríki skal krefjast þess að haldnar séu skrár yfir daglegan vinnu- og hvíldartíma skipverja svo að hægt sé að fylgjast með hvort farið er að ákvæðum í 5. gr. Sæfarandi skal fá eintök af skrám sem varða hann og skulu þau árituð af skipstjóra, eða öðrum sem skipstjóri gefur umboð til þess, og af sæfaranda.

2. Réttmætt stjórnvald skal ákveða hvaða háttur skal hafður á slíku skýrsluhaldi um borð, þar á meðal hversu langt má líða milli skráningar upplýsinga. Réttmætt stjórnvald skal ákveða form skráa yfir vinnu- og hvíldartíma skipverja, og skal hafa til hliðsjónar fáanlegar leiðbeiningar frá Alþjóðavinnumálastofnuninni eða nota staðlað form sem stofnunin leggur til. Það skal vera á því tungumáli eða þeim tungumálum sem kveðið er á um í 8. mgr. 5. gr.

3. Afrit af þeim ákvæðum í löggjöf hvers ríkis sem máli skipta og varða samþykkt þessa og af þeim heildarsamningum sem mestu varða skulu vera um borð í skipum, þar sem skipverjar hafa aðgang að þeim.

9. gr.

Réttmætt stjórnvald skal fara yfir og árita skrárnar, sem fjallað er um í 8. gr., með hæfilegu millibili til að ganga úr skugga um að farið sé að þeim ákvæðum sem mæla fyrir um vinnu- og hvíldartíma og setja samþykkt þessa í gildi.

10. gr.

Ef skrárnar eða önnur gögn gefa vísbendingar um brot á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skal réttmætt stjórnvald fara fram á að gerðar verði ráðstafanir til að komast hjá slíkum brotum í framtíðinni, þar á meðal að mönnun skipsins verði endurskoðuð ef nauðsyn krefur.

III. Mönnun skipa

11. gr.

1. Á sérhverju skipi, sem samþykkt þessi tekur til, skulu starfa nægilega margir menn svo að öryggi og skilvirkni sé tryggð, í samræmi við gerð varðandi lágmarksreglur um örugga mönnun eða annað sambærilegt réttmætt stjórnvald hefur gefið út.

2. Þegar kröfur um mönnun eru settar, samþykktar eða endurskoðaðar, skal réttmætt stjórnvald hafa í huga:

a. nauðsyn þess að komast hjá óhóflegri stjórnvinnu eða halda henni í lágmarki, að svo miklu leyti sem því verður við komið, til að tryggja nægilega hvíld og takmarka ofþreytu; og
b. þær alþjóðlegu gerðir sem raktar eru í inngangsorðum.

12. gr.

Enginn undir 16 ára aldri skal vinna um borð í skipi.

IV. Ábyrgð skipaeigenda og skipstjóra

13. gr.

Eigandi skips skal tryggja að skipstjóra sé séð fyrir því sem nauðsynlegt er til að uppfylla skuldbindingar samþykktar þessarar, þar með taldar þær sem varða hæfilega mönnun skipsins. Skipstjóri skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum samþykktar þessarar um vinnu- og hvíldartíma skipverja.

14. gr.

Aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal vera ábyrgt fyrir því að ákvæðum hennar sé beitt með lögum og reglugerðum, nema þar sem henni er hrundið í framkvæmd með heildarsamningum, úrskurði gerðardóms eða dómstóls.

15. gr.

Aðildarríki skal:

a. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal með viðeigandi þvingunum eða öðrum aðgerðum til úrbóta, til að tryggja skilvirka framkvæmd á ákvæðum samþykktar þessarar;
b. halda uppi viðeigandi eftirliti til að hafa umsjón með þeim aðgerðum sem beitt er við framkvæmd samþykktar þessarar og leggja fram nauðsynlegt fjármagn til þeirra; og
c. að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og skipverja, fylgja ákveðnum reglum við að rannsaka kvartanir varðandi þau málefni sem samþykkt þessi fjallar um.

VI. Lokaákvæði

16. gr.

Samþykkt þessi er endurskoðun á Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa (endurskoðuð) frá 1958, Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð) frá 1949, Samþykkt um vinnutíma og mannafla á skipum frá 1946 og Samþykkt um vinnutíma og stærð áhafnar frá 1936. Frá og með þeim gildistökudegi samþykktar þessarar er ekki lengur hægt að fullgilda ofangreindar samþykktir.

17. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

18. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi sex mánuðum eftir að fullgildingar fimm aðildarríkja, þar af þriggja sem hvert um sig ræður yfir skipastól sem er a.m.k. ein milljón brúttólesta, hafa verið skráðar hjá forstjóranum.

3. Síðan gengur samþykktin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

19. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, en getur síðan sagt henni upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar

20. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar skilyrðum 2. mgr. 18. gr. er fullnægt skal forstjórinn vekja athygli aðildarríkja stofnunarinnar á því hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

21. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

22. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Alþjóðavinnumálaþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir samþykkt þessari að öllu eða nokkru leyti, og sú samþykkt mælir ekki fyrir um á annan veg, skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn samþykktar þessarar, þrátt fyrir ákvæði 19. gr. hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma þegar það gerist;
b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Samþykkt þessi skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað varðar form og efni í þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

24. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar eru jafngildir.

Fylgiskjal V.

Tillaga nr. 184, um heimastörf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 83. þingsetu sinnar í Genf 4. júní 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þess að margar alþjóðlegar samþykktir og tillögur, þar sem kveðið er á um almenna staðla varðandi aðbúnað fólks á vinnustöðum, geta átt við fólk sem starfar heima, og

gefur gaum að því að vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem einkenna heimastörf er æskilegt að aðlaga þessar samþykktir og tillögur betur þörfum fólks sem starfar heima og bæta inn í þær stöðlum sem taka tillit til sérstöðu slíkra starfa, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar varðandi heimastörf, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir þingið í dag, 20. júní 1996, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um heimastörf, 1996.

I. Skilgreiningar og gildissvið

1. Í þessari tillögu:

a. táknar hugtakið „heimastörf“ störf sem svonefndur heimastarfsmaður innir af hendi og eru unnin:
   i. innan veggja heimilisins eða á einhverjum öðrum stað, sem hlutaðeigandi heimastarfsmaður kýs sjálfur, utan vinnustaðar atvinnurekanda;
   ii. gegn endurgjaldi;

iii. með þeim árangri að til verður vara eða þjónusta sem atvinnurekandi skilgreinir, óháð því hver leggur til búnað, efni eða annað sem notað er, nema hlutaðeigandi hafi svo mikið sjálfsforræði og fjárhagslegt sjálfstæði að hann geti, samkvæmt landslögum, reglugerðum eða dómsúrskurði, talist sjálfstæður starfsmaður;

b. verða þeir sem hafa stöðu atvinnurekanda ekki heimastarfsmenn í skilningi þessarar tillögu þótt þeir sinni einhverjum störfum heima hjá sér stöku sinnum fremur en á sínum venjulega vinnustað;

c. táknar hugtakið „atvinnurekandi“ aðila, einstakling eða lögaðila, sem í krafti starfsemi sinnar felur mönnum að vinna heimastörf, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annars manns, hvort sem gert er ráð fyrir slíkum milligöngumanni í landslögum eða ekki.

2. Tillaga þessi tekur til allra sem stunda heimastörf í þeim skilningi sem fram kemur í 1. gr.

II. Almenn ákvæði

3. (1) Hvert aðildarríki skyldi, í samræmi við lög og venjur ríkisins, útnefna stjórnvald eða stjórnvöld til að setja fram og framkvæma stefnu ríkisins á sviði heimastarfa, sem greint er frá í 3. gr. samþykktarinnar.
(2) Við mótun og framkvæmd þessarar stefnu skyldi, að því marki sem unnt er, nýta þríhliða stofnanir eða samtök atvinnurekenda og launafólks.
(3) Sé engum hagsmunasamtökum heimastarfsmanna til að dreifa, né heldur samtökum atvinnurekenda heimastarfsmanna, skyldi stjórnvaldið eða stjórnvöldin, sem nefnd eru í tölulið (1), gera viðeigandi ráðstafanir til að hlutaðeigandi starfsmenn og atvinnurekendur geti lýst skoðunum sínum á stefnu ríkisins og aðgerðum til að framkvæma hana.

4. Taka skyldi saman nákvæmar upplýsingar, þar á meðal gögn sem flokkuð eru eftir kyni, um umfang og eðli heimastarfa, og sjá um að þær upplýsingar séu ávallt réttar, svo byggja megi stefnu hvers ríkis varðandi heimastörf á þeim og aðgerðir til að framkvæma hana. Þessar upplýsingar skyldu gefnar út og gerðar aðgengilegar almenningi.

5. (1) Heimastarfsmönnum skyldi gerð grein fyrir starfskjörum sínum skriflega eða með öðrum þeim hætti sem samrýmist lögum og venjum hvers ríkis.
(2) Í þeim upplýsingum skyldi einkum koma fram:
a. nafn og póstfang atvinnurekanda og milligöngumanns, ef um hann er að ræða;
b. launataxti eða launaflokkur og aðferðir við útreikning launa; og
c. tegund starfs sem vinna á.

III. Eftirlit með heimastörfum

6. Hlutaðeigandi stjórnvald á vegum ríkis og, þar sem það á við, í einstökum byggðarlögum eða á hverjum stað, skyldu sjá um að skrásetja atvinnurekendur heimastarfsmanna og allra milligöngumanna í þjónustu þeirra. Í þeim tilgangi skyldi stjórnvaldið tilgreina hvers konar upplýsingar atvinnurekendum er ætlað að leggja fram eða veita yfirvöldum aðgang að.

7. (1) Þess skyldi krafist af atvinnurekendum að þeir tilkynni hlutaðeigandi stjórnvaldi þegar þeir fela manni heimastörf í fyrsta sinn.
   (2) Atvinnurekendur skyldu halda skrá yfir alla heimastarfsmenn sem þeir fá til starfa, og flokka hana eftir kyni.
   (3) Atvinnurekendur skyldu enn fremur halda skrá yfir þau verkefni sem heimastarfsmanni eru falin, þar sem fram kemur:
   a. tíminn sem ætlaður er til verksins;
   b. launaflokkur;
   c. kostnaður sem heimastarfsmaður verður fyrir, ef um slíkt er að ræða, og hversu mikið hann fær endurgreitt;
   d. allur frádráttur sem reiknaður er samkvæmt lögum og reglugerðum hvers ríkis; og
   e. heildarfjárhæð launa og útborguð laun, ásamt útborgunardegi.
   (4) Heimastarfsmönnum skyldi séð fyrir afriti af skrá þeirri sem vitnað er til í tölulið(3).
8. Að því marki sem slíkt samrýmist lögum og venjum hvers ríkis um friðhelgi einkalífsins skyldi starfsmönnum vinnueftirlits eða öðrum embættismönnum, sem gert er að framfylgja lagaboðum varðandi heimastörf, vera heimilt að fara inn á þá staði á heimili eða öðru einkaathafnasvæði þar sem störfin eru unnin.
9. Við alvarleg eða endurtekin brot gegn lögum og reglugerðum, sem taka til heimastarfa, skyldi grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við lög og venjur hvers ríkis, svo sem hugsanlega að banna ráðningu fólks til heimastarfa.

IV. Lágmarksaldur

10. Lög og reglugerðir hvers ríkis um lágmarksaldur fólks til að ráða sig í vinnu skyldu taka til heimastarfa.

V. Réttur til að bindast samtökum og semja sameiginlega

11. Greina skyldi og ryðja úr vegi lagalegum eða stjórnunarlegum takmörkunum eða öðrum hömlum gegn því að:
   a. heimastarfsmenn neyti réttar síns til að stofna eigin samtök eða gerist félagar í samtökum launafólks, að eigin vali, og taki þátt í starfi slíkra samtaka; og
   b. samtök heimastarfsmanna neyti réttar síns til að gerast aðilar að bandalögum stéttarfélaga.
12. Gerðar skyldu ráðstafanir til að stuðla að því að samið sé um kaup og kjör heimastarfsmanna í heildarsamningum.

VI. Laun

13. Ákvarða skyldi lágmarkslaun fyrir heimastörf í samræmi við lög og venjur hvers ríkis.
14. (1) Kauptaxtar heimastarfsmanna skyldu, ef mögulegt er, ákvarðaðir í heildarsamningum, eða, ef þeim er ekki til að dreifa:
   a. ákveðnir af hlutaðeigandi stjórnvaldi, að höfðu samráði við fjölmennustu samtök atvinnurekenda og launafólks og enn fremur við hagsmunasamtök heimastarfsmanna og samtök atvinnurekenda heimastarfsmanna, eða, séu tvenn síðastnefndu samtökin ekki til, við fulltrúa heimastarfsmanna og fulltrúa atvinnurekenda heimastarfsmanna; eða

b. ákveðnir af viðeigandi aðila, sem sér um að ákvarða laun, á vegum ríkis, byggðarlaga eða einstakra staða.

(2) Þar sem kauptaxtar eru ekki ákvarðaðir með einhverri þeirra aðferða sem tilgreindar eru í tölulið (1) hér að ofan skyldu heimastarfsmenn og atvinnurekendur þeirra koma sér saman um þá.

15. Fyrir sértæka vinnu, þar sem greitt er fyrir hvert unnið verk, skyldu heimastarfsmanni greidd laun sem eru sambærileg þeim launum sem starfsmaður í fyrirtæki atvinnurekandans nýtur, eða, ef ekki er um slíkan starfsmann að ræða, starfsmaður í öðru fyrirtæki með sömu starfsemi og á sama svæði.
16. Heimastarfsmenn skyldu fá greitt sérstaklega vegna:
    a. kostnaðar sem þeir verða fyrir í tengslum við starfið, svo sem vegna vatns- og orkunotkunar, fjarskipta og viðhalds véla og tækja; og
    b. tíma sem fer í viðhald véla og tækja, skipti á verkfærum, flokkun, pökkun og annað þess háttar.
17. (1) Lög og reglugerðir hvers ríkis sem varða launavernd skyldu taka til heimastarfsmanna.

    (2) Lög og reglugerðir hvers ríkis skyldu tryggja að forsendur til að draga frá launum séu skilgreindar fyrir fram og skyldu vernda heimastarfsmenn fyrir óréttmætum launafrádrætti vegna ófullnægjandi vinnu eða skemmdra efna.

    (3) Greiða skyldi heimastarfsmönnum laun annaðhvort þegar þeir skila fullunnu verki eða með reglulegu millibili, mánaðarlega hið minnsta.
18. Þegar um milligöngumann er að ræða skyldu hann og atvinnurekandi, sameiginlega og hvor um sig, bera ábyrgð á að greiða heimastarfsmönnum þau laun sem þeim ber, í samræmi við lög og venjur hvers ríkis.

VII. ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI Á VINNUSTAÐ

19. Hlutaðeigandi yfirvald skyldi sjá um að dreifa leiðbeiningum um þær reglur og varúðarráðstafanir varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað sem atvinnurekendum og heimastarfsmönnum ber að virða. Þar sem því verður við komið skyldi þýða leiðbeiningarnar á þau tungumál sem heimastarfsmenn skilja.
20. Þess skyldi krafist af atvinnurekendum:
    a. að þeir upplýsi heimastarfsmenn um hverja þá hættu sem atvinnurekanda er eða ætti að vera kunnugt um og tengist störfum þeirra og um þær varúðarráðstafanir sem gerðar skulu, og sjái þeim fyrir nauðsynlegri þjálfun þar sem það á við;
    b. að þeir tryggi að réttur öryggisbúnaður sé á vélum, verkfærum og öðrum búnaði, sem heimastarfsmönnum er lagður til, og geri sitt til að tryggja eðlilegt viðhald á þeim; og
    c. að þeir sjái heimastarfsmönnum fyrir öllum nauðsynlegum hlífðarbúnaði endurgjaldslaust.
21. (1) Þess skyldi krafist af heimastarfsmönnum:
    a. að þeir framfylgi þeim ráðstöfunum um öryggi og heilbrigði sem mælt er fyrir um;
    b. að þeir geri sitt til að gæta eigin öryggis og heilbrigðis, sem og annarra sem kunna að verða fyrir áhrifum af gjörðum þeirra og yfirsjónum í starfi, þ.á m. með réttri meðferð efna, véla, verkfæra og annars búnaðar sem þeir hafa til umráða.

22. (1) Heimastarfsmaður sem neitar að vinna verk, sem hann hefur rökstudda ástæðu til að telja að stofni öryggi hans eða heilsu í alvarlega hættu, skyldi njóta verndar gagnvart óhæfilegum afleiðingum þess, svo sem samræmist aðstæðum og venjum hvers ríkis. Heimastarfsmaður skyldi tafarlaust gera atvinnurekanda grein fyrir ástandinu.
(2) Í þeim tilvikum þegar öryggi og heilsu heimastarfsmanns, fjölskyldu hans eða almennings er stofnað í alvarlega hættu, samkvæmt úrskurði starfsmanns vinnueftirlits eða annars opinbers fulltrúa um öryggismál, skyldi banna áframhald heimastarfa uns viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta ástandið.

VIII. Vinnutími, hvíldartími og leyfi

23. Þótt sett séu ákveðin tímamörk til að ljúka verki skyldi ekki svipta heimastarfsmann möguleikanum á daglegri og vikulegri hvíld sambærilegri þeirri sem aðrir starfsmenn njóta.
24. Binda skyldi í lög og reglugerðir hvers ríkis ákvæði um það við hvaða aðstæður heimastarfsmenn skyldu, eins og aðrir launamenn, eiga rétt til launaðs leyfis á almennum frídögum, árlegs orlofs á launum og veikindaleyfis á launum.

IX. Almannatryggingar og mæðravernd

25. Heimastarfsmenn skyldu njóta verndar almannatrygginga. Henni mætti koma á með því að:
    a. færa út lagaákvæði um almannatryggingar þannig að þau taki til heimastarfsmanna;
    b. aðlaga almannatryggingakerfi þannig að þau nái yfir heimastarfsmenn; eða
    c. stuðla að myndun sérstakra kerfa eða sjóða fyrir heimastarfsmenn.
26. Lög og reglugerðir hvers ríkis á sviði mæðraverndar skyldu taka til heimastarfsmanna.

X. Vernd gagnvart uppsögnum

27. Heimastarfsmenn skyldu njóta sömu verndar og aðrir starfsmenn með tilliti til uppsagna.
28. Lögmæt yfirvöld skyldu tryggja að til séu leiðir til að leysa deilur milli heimastarfsmanns og atvinnurekanda eða þess milligöngumanns sem hann kann að hafa í þjónustu sinni.

XI. Áætlanir sem varða heimastörf

29. (1) Hvert aðildarríki skyldi, í samvinnu við samtök atvinnurekenda og starfsmanna, kynna og styðja áætlanir sem:
    a. upplýsa heimastarfsmenn um réttindi þeirra og hvers konar aðstoð þeim stendur til boða;
    b. vekja athygli á málefnum sem varða heimastörf á vettvangi samtaka atvinnurekenda og starfsmanna, innan frjálsra félagasamtaka og meðal alls almennings;
    c. auðvelda heimastarfsmönnum að bindast samtökum um hvern þann félagsskap sem þeir kjósa sér, þar á meðal samvinnufélög;
    d. sjá heimastarfsmönnum fyrir þjálfun í þeim tilgangi að auka færni þeirra (þar með talda færni á óhefðbundnum sviðum, í stjórnun og samningaviðræðum), afköst, möguleika til starfa og tekjumöguleika;

e. sjá heimastarfsmönnum fyrir þjálfun sem þeir geta nýtt sér eins nærri heimili sínu og við verður komið og þar sem ekki eru gerðar ónauðsynlegar formlegar hæfniskröfur;
f. bæta öryggi og heilbrigði heimstarfsmanna, m.a. með því að skapa þeim greiðan aðgang að búnaði, tækjum, hráefnum og öðrum nauðsynlegum efnum, þar sem öryggi og gæði eru tryggð;
g. auðvelda stofnun miðstöðva og netkerfa fyrir heimastarfsmenn í þeim tilgangi að sjá þeim fyrir upplýsingum og þjónustu og draga úr einangrun þeirra;
h. auðvelda aðgang að lánsfé, bættu húsnæði og barnagæslu; og
i. stuðla að því að heimastörf njóti viðurkenningar sem fullgild starfsreynsla.

(2) Tryggja skyldi heimastarfsmönnum í dreifbýli aðgang að þessum áætlunum.

(3) Samþykkja skyldi sértækar áætlanir til að útrýma barnavinnu við heimastörf.

XII. Aðgangur að upplýsingum

30. Þar sem því verður við komið skyldi séð svo um að heimastarfsmenn hafi aðgang að upplýsingum sem varða réttindi og vernd heimastarfsmanna og skyldur atvinnurekenda gagnvart þeim, svo og að þeim áætlunum sem vitnað er til í 29. gr., á þeim tungumálum sem heimastarfsmenn skilja.

Fylgiskjal VI.

Tillaga nr. 185, um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja.

Þar eð Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Tillögu um vinnueftirlit með sjómönnum frá 1926, sem er fyrsta mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu, sem kemur til viðbótar við alþjóðasamþykkt um vinnueftirlit með sjómönnum frá 1996,

gerir þingið í dag, 20. júní 1996, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja, 1996.

I. Samstarf og samræming

1. Yfirstjórn siglingamála skyldi gera viðeigandi ráðstafanir til að efla árangursríkt samstarf milli opinberra stofnana og annarra stofnana sem láta sig aðbúnað og kjör skipverja varða.

2. Til að tryggja samstarf milli eftirlitsmanna, skipaeigenda, skipverja og viðkomandi samtaka þeirra og til að viðhalda eða bæta aðbúnað skyldi yfirstjórn siglingamála hafa samráð við fulltrúa slíkra samtaka með reglulegu millibili, eftir þeim leiðum sem vænlegastar eru til árangurs. Yfirstjórn siglingamála skyldi ákveða tilhögun þessa samráðs eftir að hafa ráðfært sig við samtök skipaeigenda og skipverja.

II. Skipulag eftirlits

3. Yfirstjórn siglingamála, og hver sá þjónustuaðili eða hvert það stjórnvald annað sem sinnir eftirliti með aðbúnaði og kjörum sjómanna, einvörðungu eða meðfram öðru, skyldi ráða yfir nægum fjármunum til að rækja hlutverk sitt.

4. Eftirlitsmenn skyldu vera nægilega margir til að tryggt sé að þeir ræki skyldur sínar fljótt og vel: Þegar fjöldi þeirra er ákveðinn skyldi hafa í huga:

a. mikilvægi þeirra skyldustarfa sem eftirlitsmönnum er ætlað að inna af hendi, einkum fjölda, gerð og stærð skoðunarskyldra skipa og þann fjölda margslunginna lagaákvæða sem framfylgja ber;
b. þá fjármuni sem eftirlitsmenn hafa til ráðstöfunar; og
c. þær aðstæður sem verða að vera fyrir hendi þegar eftirlitsstörf fara fram til þess að þau skili árangri.

5. Kerfi um eftirlit með aðbúnaði og kjörum skipverja skyldi heimila eftirlitsmönnum:

a. að gera yfirstjórn siglingamála viðvart um sérhverja ágalla og illa meðferð, sem lagaákvæði taka ekki sérstaklega á, og koma með tillögur til úrbóta á lögum og reglugerðum; og
b. að fara um borð í skip og athafna sig óhindrað, án þess að boða komu sína, á öllum tímum sólarhringsins.

6. Yfirstjórn siglingamála skyldi:

a. koma á einföldum starfsháttum sem gera henni kleift að taka við trúnaðarupplýsingum, sem varða hugsanleg brot á lagaákvæðum, beint frá skipverjum eða frá fulltrúum þeirra, og sem gera eftirlitsmönnum kleift að rannsaka slík mál strax;
b. gera skipstjórum, skipverjum eða fulltrúum skipverja kleift að fara fram á skoðun þegar þeir telja hennar þörf; og
c. sjá skipaeigendum og skipverjum, sem og hlutaðeigandi hagsmunasamtökum, fyrir tæknilegum upplýsingum um skilvirkustu leiðir til að framfylgja ákvæðum laga og bæta aðbúnað og kjör skipverja.

III. Staða, skyldur og vald eftirlitsmanna

7. (1) Með fyrirvara um skilyrði sem lög og reglugerðir kunna að kveða á um, varðandi kvaðningu manna til opinberrar þjónustu, skyldu eftirlitsmenn hafa menntun og fullnægjandi þjálfun til að rækja skyldur sínar og, eftir því sem mögulegt er, vera menntaðir eða hafa reynslu á sviði siglinga. Þeir skyldu búa yfir nægilegri þekkingu á aðbúnaði og kjörum skipverja og kunnáttu í ensku.

(2) Yfirstjórn siglingamála skyldi ákvarða með hvaða hætti gengið er úr skugga um að þessar hæfniskröfur séu uppfylltar.

8. Gerðar skyldu ráðstafanir til að sjá eftirlitsmönnum fyrir viðeigandi endurmenntun í starfi.

9. Sérhvert aðildarríki skyldi gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hægt sé að kveðja til hæfa tæknilega sérfræðinga, eftir því sem þörf er á, til að aðstoða eftirlitsmenn við störf.

10. Eftirlitsmönnum skyldu ekki lagðar á herðar skyldur, sem, sökum þess hve margar eða hvers eðlis þær eru, kynnu að standa í vegi fyrir skilvirkri skoðun eða skerða vald þeirra eða hlutleysi í samskiptum við skipaeigendur, skipverja eða aðra hagsmunaaðila.

11. Öllum eftirlitsmönnum skyldi séð fyrir vinnuaðstöðu á heppilegum stað, búnaði og fullnægjandi farartæki svo þeir geti rækt skyldur sínar fljótt og vel.

12. (1) Eftirlitsmenn með tilskilin skilríki skyldu hafa umboð til:

a. að yfirheyra skipstjóra, skipverja eða hvern sem vera skal, þar með talið skipseiganda eða fulltrúa hans, um hvaðeina sem fellur undir ákvæði laga, í viðurvist vottar ef hlutaðeigandi fer fram á það;
b. að krefjast þess að fá að sjá hvers kyns bækur, dagbækur, skráningarskjöl, skírteini eða önnur skjöl eða upplýsingar, sem tengjast beint þeim málum sem eru til skoðunar, til að ganga úr skugga um að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga;
c. að framfylgja því að viðvaranir, sem krafist er í lögum, séu færðar til bókar; og
d. að taka sýnishorn af framleiðslu, flutningi, drykkjarvatni, vistum og efnum sem notuð eru eða meðhöndluð, svo hægt sé að greina þau.

(2) Skipseiganda eða fulltrúa hans, og sæfaranda þegar það á við, skyldi gert viðvart um sýnishorn sem tekið hefur verið, samkvæmt tölulið 1), a-lið, eða fá að vera viðstaddur þegar það er tekið. Eftirlitsmaður skyldi skrá nákvæmlega allt sem fólgið er í sýnishorninu.

13. Þegar eftirlitsmenn hefja skoðun skips skyldu þeir gera skipstjóra eða öðrum sem fer með stjórn um borð og, þegar það á við, skipverjum eða fulltrúum þeirra, viðvart um nærveru sína.

14. Yfirstjórn siglingamála skyldi tilkynnt um öll vinnuslys eða atvinnusjúkdóma, sem skipverjar verða fyrir, séu tilvikin með þeim hætti sem lög og reglugerðir kunna að kveða á um.

15. Eftirlitsmönnum skyldi:

a. bannað að hafa nokkur hagsmunatengsl, bein eða óbein, við nokkra af þeirri starfsemi sem þeim er falið að hafa eftirlit með;
b. óheimilt, að viðlagðri refsingu eða öðru lagaúrræði, að skýra frá atvinnuleyndarmálum, leynilegum starfsaðferðum eða persónulegri vitneskju sem þeir kunna að búa yfir vegna starfs síns, og á það jafnt við þótt þeir séu hættir störfum;
c. gert að halda trúnað við heimildarmann, þegar upp koma kvartanir vegna meintrar hættu eða ágalla í tengslum við aðbúnað og kjör skipverja eða meints brots á lagaákvæðum, og ekki gefa skipseiganda, fulltrúa skipseiganda eða útgerðaraðila neins konar vísbendingu um að skoðun hafi farið fram í kjölfar slíkrar kvörtunar; og
d. gert að sýna háttvísi og, að skoðun lokinni, gera skipseiganda, útgerðaraðila eða skipstjóra þegar í stað grein fyrir þeim ágöllum sem kunna að hafa áhrif á heilsu og öryggi fólks um borð í hlutaðeigandi skipi.

IV. Skýrslur

16. Í árlegri skýrslu, sem yfirstjórn siglingamála gefur út, skv. 2. mgr. 8. gr. samþykktarinnar, skyldi einnig vera að finna:

a. skrá yfir gildandi lög og reglugerðir varðandi aðbúnað og kjör skipverja og breytingar á þeim sem komið hafa til framkvæmda á árinu;
b. einstök atriði varðandi skipulag eftirlitskerfisins, sem vitnað er til í 2. gr. samþykktarinnar;
c. tölfræðilegar upplýsingar um skip og önnur skoðunarskyld athafnasvæði og um skip og önnur athafnasvæði sem eru raunverulega skoðuð;

d. tölfræðilegar upplýsingar um skipverja sem lúta skulu þeim lögum og reglugerðum sem fram koma í a-lið hér að ofan.
e. tölfræðilegar upplýsingar um brot á lögum, viðurlög sem beitt hefur verið og tilvik þar sem skip hafa verið kyrrsett í höfn; og
f. tölfræðilegar upplýsingar um vinnuslys og atvinnusjúkdóma sem skipverjar verða fyrir.

17. Skýrslurnar, sem nefndar eru í 9. gr. samþykktarinnar, skyldu teknar saman og fjalla um málefni með þeim hætti sem yfirstjórn siglingamála kann að mæla fyrir um.

Fylgiskjal VII.

Tillaga nr. 186, um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm.

Þar eð allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm frá 1920, sem er þriðja mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar Alþjóðasamþykkt um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm 1996,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi tillögu sem nefna má Tillögu um skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm, 1996.

1. Réttmætt stjórnvald skyldi:
a. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að árangursríku samstarfi milli aðila sem annast skráningar- og ráðningarþjónustu, opinberra aðila jafnt sem einkaaðila;
b. taka tillit til þarfa siglinga sem atvinnugreinar, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi, þegar mótaðar eru áætlanir í menntunarmálum skipverja með þátttöku skipaeigenda, skipverja og viðkomandi menntastofnana;
c. búa í haginn fyrir samvinnu fulltrúa samtaka skipaeigenda og skipverja við skipulagningu og rekstur skráningar- og ráðningarþjónustu, þar sem slík þjónusta er fyrir hendi;
d. halda uppi sérstöku fyrirkomulagi við söfnun og greiningu upplýsinga um allt sem máli skiptir um vinnumarkaðinn varðandi siglingar, þar með talið:
   i. núverandi og fyrirsjáanlegt framboð á skipverjum eftir aldri, kyni, stöðu og menntun og þörf atvinnugreinarinnar, og er söfnun upplýsinga um aldur og kyn þá aðeins leyfileg í tölfræðilegum tilgangi eða til að vinna sérstaklega gegn því að fólki sé mismunað eftir aldri eða kynferði;
   ii. aðgangur að störfum á innlendum og erlendum skipum;
   iii. lengd samfellds ráðningartíma;
   iv. skiprúm fyrir lærlinga, herskólanema og aðra nema; og
   v. starfsráðgjöf fyrir verðandi skipverja;
e. tryggja að þeir starfsmenn sem eiga að hafa yfirumsjón með skráningar- og ráðningarþjónustu séu nægilega menntaðir og búi yfir þeirri þekkingu á siglingum sem máli skiptir;

f. mæla fyrir um eða samþykkja rekstrarstaðla fyrir skráningar- og ráðningarþjónustu og hvetja til þess að starfseminni verði settar siðareglur; og
g. stuðla að áframhaldandi eftirliti byggðu á kerfi gæðastaðla.

2. Rekstrarstaðlarnir, sem nefndir eru til í 1. gr., f-lið, skyldu hafa að geyma ákvæði um:

a. þær hæfnis- og menntunarkröfur sem yfirstjórn og starfsmenn í skráningar- og ráðningarþjónustu verða að uppfylla, en þær skyldu fela í sér þekkingu á siglingamálum, sérstaklega á löggiltum skjölum um menntun á sviði siglinga sem eru í alþjóðanotkun, vottorðum og vinnustöðlum;
b. skráningu skipverja sem sækjast eftir starfi á sjó; og
c. málefni sem lúta að læknisskoðunum, bólusetningum, skjölum skipverja og öðru sem kann að vera sett sem skilyrði fyrir ráðningu á skip.

3. Rekstrarstaðlar, sem nefndir eru til í 1. gr., f-lið, skyldu kveða á um að hver aðili í skráningar- og ráðningarþjónustu:

a. með tilhlýðilegri virðingu fyrir friðhelgi einkalífsins og nauðsyn þess að gæta trúnaðar, haldi fullkomna skrá yfir skipverja sem þjónusta þeirra nær til og skyldi hún hafa að geyma, en þó ekki einskorðast við, upplýsingar um:
   i. menntun sæfaranda;
   ii. fyrri störf;
   iii. persónulega hagi sem máli skipta vegna ráðningar;
   iv. læknisfræðilegar staðreyndir sem máli skipta vegna ráðningar;
b. haldi skrá, sem endurnýjuð er eftir þörfum, yfir áhafnir þeirra skipa sem hann útvegar vinnuafl og tryggja að hægt sé að ná sambandi við skráningar- og ráðningarþjónustuna í neyðartilvikum hvenær sólarhringsins sem er;
c. fylgi formlegum reglum til að tryggja að skrifstofan eða einstakir starfsmenn hennar notfæri sér ekki skipverja í sambandi við framboð á vinnu á tilteknum skipum eða hjá tilteknum skipafélögum;
d. fylgi formlegum reglum til að koma í veg fyrir að tækifæri til misnotkunar á skipverjum skapist vegna hvers kyns fjárhagslegra samninga milli atvinnurekanda og sæfaranda sem skráningar- og ráðningarþjónustan hefur milligöngu um;
e. auglýsi með skýrum hætti hvaða kostnað sæfarandi ber vegna læknisskoðunar og útvegunar skjala;
f. tryggi að skipverjum sé sagt frá öllum sérskilmálum sem geta átt við um það starf sem þeir hyggjast ráða sig til og sérstökum stefnumálum atvinnurekenda í tengslum við ráðningu þeirra;
g. fylgi formlegum reglum, í samræmi við grundvallarreglur um eðlilegt réttlæti, þegar takast þarf á við vanhæfni eða agaskort, svo sem lög og venjur hvers ríkis segja til um, og, þar sem það á við, í samræmi við heildarsamninga;
h. fylgi formlegum reglum til að tryggja, að því marki sem því verður við komið, að hæfnisvottorð og læknisvottorð skipverja, sem lögð eru fram vegna ráðningar, séu nýútgefin og þeirra hafi ekki verið aflað með sviksamlegum hætti, og að meðmæli séu staðfest;
i. fylgi formlegum reglum til að tryggja að þegar fjölskyldur skipverja óska upplýsinga eða ráðlegginga meðan þeir eru á sjó sé tekið á málinu tafarlaust og af skilningi og fjölskyldunni að kostnaðarlausu; og

j. hafi það fyrir stefnu að útvega einungis þeim atvinnurekendum mannskap sem bjóða skipverjum ráðningarskilmála og -kjör sem samræmast viðeigandi lögum og reglugerðum eða heildarsamningum.

4. Ýta skyldi undir alþjóðlega samvinnu milli aðildarríkja og viðkomandi stofnana og gæti hún falið í sér:

a. kerfisbundin skipti á upplýsingum um siglingar og vinnumarkaðinn á tvíhliða svæðisbundnum og marghliða grunni;
b. skipti á upplýsingum um þá vinnulöggjöf sem lýtur að siglingum;
c. samræmingu á stefnu, starfsaðferðum og löggjöf sem fylgt er við skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm;
d. úrbætur í framkvæmd og skilyrðum fyrir alþjóðlegri skráningu skipverja og ráðningu í skiprúm; og
e. áætlanir um vinnuafl við siglingar þar sem tekið er tillit til framboðs og eftirspurnar eftir skipverjum og þarfa atvinnugreinarinnar.

Fylgiskjal VIII.

Tillaga nr. 187, um laun og vinnutíma skipverja og mönnun skipa.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum Samþykktar um vernd vinnulauna frá 1949, Samþykktar um ákvörðun lágmarkslauna frá 1970, Samþykktar um árlegt orlof farmanna með launum frá 1976, Samþykktar um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976, Samþykktar um heimsendingu skipverja (endurskoðuð) frá 1987, Samþykktar um verndun launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda frá 1992 og Alþjóðasamþykktar um sjóveð frá 1993, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun á Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð) frá 1958 og Tillögu um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum frá 1958, sem er annað mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem kemur til viðbótar við Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa, 1996,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu um laun og vinnutíma skipverja og mönnun skipa, 1996.

I. Gildissvið og skilgreiningar

1. (1) Þessi tillaga tekur til allra haffærra skipa, í eigu opinberra aðila eða einkaaðila, sem skráð eru í aðildarríki og alla jafna stunda siglingar í ábataskyni.

(2) Að því marki sem því verður við komið, að höfðu samráði við fulltrúa samtaka eigenda fiskiskipa og fiskimanna, skyldi réttmætt stjórnvald láta ákvæði þessarar samþykktar ná til fiskveiða í sjó í ábataskyni.

(3) Leiki vafi á því hvort tiltekið skip skuli, samkvæmt þessari tillögu, teljast haffært skip eða skip sem stundar siglingar í ábataskyni eða skip sem stundar fiskveiðar á sjó í ábataskyni, skyldi réttmætt stjórnvald úrskurða í málinu að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipaeigenda, farmanna og fiskimanna.

(4) Tréskip með hefðbundnu lagi, svo sem arabísk seglskip og djúnkur, falla ekki undir þessa tillögu.

2. Í þessari tillögu:

a. táknar hugtakið „grunnlaun“ þau laun, hvernig sem þau eru samsett, sem greidd eru fyrir venjulegan vinnutíma;
b. táknar hugtakið „réttmætt stjórnvald“ ráðherra, ráðuneyti eða annað opinbert stjórnvald sem fer með umboð til að gefa út reglugerðir, fyrirmæli eða aðrar leiðbeiningar sem hafa lagagildi hvað snertir laun og vinnu- og hvíldartíma skipverja eða mönnun skipa;
c. táknar hugtakið „samræmd laun“ grunnlaun, hvort sem þau eru greidd vikulega eða mánaðarlega, og aðrar tengdar greiðslur; samræmd laun geta falið í sér greiðslur fyrir alla yfirvinnu og allar aðrar launagreiðslur eða aðeins tilteknar launagreiðslur og er þá um að ræða samræmd laun að hluta;
d. táknar hugtakið „vinnutími“ þann tíma sem sæfaranda er ætlað að vera að störfum í þágu skipsins;
e. táknar hugtakið „yfirtíð“ unnar vinnustundir umfram venjulegan vinnutíma;
f. táknar hugtakið „sæfarandi“ sérhvern þann sem þannig er skilgreindur í lögum og reglugerðum hvers ríkis eða í heildarsamningum og er ráðinn til einhverra starfa um borð í haffæru skipi sem þessi tillaga tekur til;
g. táknar hugtakið „skipseigandi“ eiganda skipsins eða hvers kyns fyrirtæki eða persónu, svo sem framkvæmdastjóra eða þurrleigutaka, sem hefur tekið að sér að gera skip út fyrir eiganda þess og þar með samþykkt að taka á sig allar skyldur og alla ábyrgð sem því er samfara.

II. Laun skipverja

3. Að því er varðar skipverja sem fá greitt sérstaklega fyrir unna yfirtíð:

a. skyldi, vegna útreiknings fastra launa, fjöldi dagvinnustunda á sjó og í höfn ekki fara yfir átta klukkustundir á dag;
b. skyldi, vegna útreiknings launa fyrir yfirtíð, mælt fyrir um fjölda dagvinnustunda til grunnlauna í lögum og reglugerðum hvers ríkis eða í heildarsamningum, en þær skyldu ekki vera fleiri en 48 stundir á viku; heildarsamningar mega mæla fyrir um aðra meðferð en ekki óhagstæðari;
c. skyldi mælt fyrir um launataxta fyrir yfirtíð í lögum eða reglugerðum hvers ríkis eða í heildarsamningum, og skyldu þeir ekki vera lægri en 1,5 sinnum grunnlaun á tímann; og
d. skyldi skipstjóri, eða einhver sem hann felur það hlutverk, halda skrá yfir alla unna yfirtíð og skal sæfarandi skrifa upp á hana með reglulegu millibili.

4. Að því er varðar skipverja sem fá greidd laun sem eru að hluta eða öllu leyti samræmd:

a. skyldi skýrt kveðið á um launafjárhæð til sæfaranda í heildarsamningi, samkomulagsgreinum, ráðningarsamningi og ráðningarbréfi og, þar sem það á við, einnig um fjölda vinnustunda sem honum er ætlað að skila fyrir þau laun, og hvers konar dagpeninga sem kunna að bætast ofan á samræmd laun og við hvaða aðstæður;

b. skyldi, í þeim tilvikum þar sem greitt er tímakaup fyrir allar unnar stundir umfram þær sem samræmd laun ná yfir, taxti tímakaups ekki vera lægri en sem svarar 1,5 sinnum grunntímakaup í dagvinnu eins og hún er skilgreind í 3. mgr.; sama regla skyldi notuð varðandi yfirvinnustundir innifaldar í samræmdum launum;
c. sá hluti samræmdra launa sem greiddur er fyrir dagvinnu, eins og hún er skilgreind í 3. mgr., a-lið, skyldi ekki vera lægri en viðeigandi lágmarkslaun; og
d. skyldi haldin skrá yfir alla unna yfirtíð þeirra skipverja sem fá greidd samræmd laun að hluta og hún árituð eins og kveðið er á um í 3. mgr., d-lið.

5. Heimilt er að hafa ákvæði í lögum og reglugerðum hvers ríkis eða heildarsamningum um að mönnum skuli bætt upp yfirtíð eða vinna sem unnin er á vikulegum hvíldardegi og opinberum frídögum, og skal sú uppbót fela í sér a.m.k. jafnlangan tíma frá störfum, í landi, viðbótarleyfi í stað greiðslu eða annað.

6. Lög og reglugerðir hvers ríkis, sem samþykkt eru að höfðu samráði við fulltrúa samtaka skipverja og skipaeigenda, eða, þar sem við á, heildarsamningar, skyldu taka mið af eftirfarandi reglum:

a. allir skipverjar, sem starfa á sama skipi, skyldu njóta sömu launa fyrir jafnverðmæt störf, án mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða þjóðfélagslegs uppruna;
b. samkomulagsgreinar eða aðrir samningar, sem tilgreina viðeigandi laun eða launataxta, skyldu vera um borð í hverju skipi; hver sæfarandi skyldi hafa aðgang að upplýsingum um launa- og taxtafjárhæðir, annaðhvort með því að fá í hendur a.m.k. eitt undirritað eintak af þeim upplýsingum sem varða hann, á því tungumáli sem hann skilur, eða með því að eintak af samkomulaginu hangi uppi á stað sem skipverjar hafa greiðan aðgang að eða með einhverjum öðrum hætti;
c. laun skyldu greidd í löglegum gjaldmiðli; þar sem það á við má greiða þau með bankamillifærslu, bankaávísun, póstávísun eða peningaávísun;
d. laun skyldu greiðast mánaðarlega eða með öðru reglulegu millibili og við uppsögn skyldu öll gjaldfallin laun greidd án verulegra tafa;
e. réttmætt stjórnvald skyldi beita hæfilegum viðurlögum eða öðrum viðeigandi úrræðum þegar skipaeigendur draga úr hófi eða láta undir höfuð leggjast að standa skil á gjaldföllnum launum;
f. laun skyldu greidd beint til sæfaranda eða inn á bankareikning, sem sæfarandi tiltekur, nema hlutaðeigandi setji fram skriflegar óskir um annað;
g. með fyrirvara um h-lið skyldi skipseigandi ekki skerða frelsi sæfaranda til að ráðstafa launum sínum;
h. því aðeins skyldi heimilt að draga frá launum sæfaranda ef:
   i. lög eða reglugerðir hvers ríkis eða viðeigandi heildarsamningar fela í sér skýr ákvæði þar að lútandi;
   ii. réttmætt stjórnvald hefur greint sæfaranda frá skilyrðum fyrir slíkum frádrætti, með þeim hætti sem telst viðeigandi; og
   iii. samanlagður frádráttur fer ekki yfir þau mörk sem sett hafa verið í lögum eða reglugerðum hvers ríkis eða heildarsamningum eða úrskurðum dómstóla um slíkan frádrátt;
i. ekki skyldi draga frá launum sæfaranda vegna ráðningar og endurráðningar.

j. réttmætt stjórnvald skyldi hafa umboð til að skoða verslanir og aðra þjónustu um borð til að tryggja að þar sé sanngjarnt verð, til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi skipverja; og
k. að því marki sem laun og aðrar gjaldfallnar kröfur skipverja á hendur vinnuveitenda þeirra eru ekki tryggðar með ákvæðum Alþjóðasamþykktar um sjóveð frá 1993 skyldu slíkar kröfur verndaðar samkvæmt Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um verndun launakrafna við gjaldþrot atvinnurekanda frá 1992.

7. Aðildarríki skyldi, að höfðu samráði við samtök skipaeigenda og skipverja, fylgja föstum reglum við rannsókn á kvörtunum varðandi hvert það málefni sem fjallað er um í þessari tillögu.

III. Lágmarkslaun

8. (1) Án þess að skerða grundvallarréttinn til frjálsra samninga skyldi aðildarríki, að höfðu samráði við helstu samtök skipaeigenda og skipverja, koma á aðferðum til að ákvarða lágmarkslaun til skipverja. Helstu samtök skipaeigenda og skipverja skyldu taka þátt í að fylgja þeim aðferðum eftir.

(2) Þegar slíkum aðferðum er komið á og þegar lágmarkslaun eru ákveðin skyldi tekið tillit til alþjóðlegra vinnustaðla um ákvörðun lágmarkslauna og jafnframt til eftirtalinna grundvallarreglna:

a. hafa skyldi í huga hvers eðlis störf til sjós eru, hversu vel skip eru mönnuð og hver er venjulegur vinnutími skipverja; og
b. hækka skyldi lágmarkslaun til samræmis við breytingar á framfærslukostnaði og þörfum skipverja.

(3) Réttmætt stjórnvald skyldi tryggja:

a. með sérstöku eftirlitskerfi og þvingunaraðgerðum að ekki séu greidd lægri laun en taxti eða taxtar segja til um; og
b. að sérhverjum sæfaranda, sem hefur fengið greidd laun sem eru undir lágmarkslaunum, sé gert kleift að heimta það sem vangoldið er eftir greiðum leiðum, lagalegum eða öðrum, og án mikils tilkostnaðar.

IV. Lágmarksgrunnlaun á mánuði eða launafjárhæð fyrir fullgilda háseta

9. Í þessum kafla táknar hugtakið „fullgildur háseti“ sérhvern sæfaranda sem telst hæfur til að gegna þeim störfum sem undirmaður á dekki skal sinna, að undanskildum þeim störfum sem stjórnandi eða sérhæfðir undirmenn gegna, eða sérhvern sæfaranda sem skilgreindur er sem fullgildur háseti samkvæmt lögum, reglugerðum eða venjum hvers ríkis eða heildarsamningum.

10. Grunnlaun fullgilds háseta fyrir starf í einn almanaksmánuð skyldu ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem Sameinaða siglinganefndin ákveður reglulega, eða annar aðili sem stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar veitir umboð til þess. Í kjölfar ákvörðunar stjórnarnefndarinnar skal forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um breytta launafjárhæð. Frá og með 1. janúar 1995 nam þessi fjárhæð 385 bandaríkjadölum samkvæmt ákvörðun Sameinuðu siglinganefndarinnar.

11. Ekkert í þessum kafla skyldi teljast hafa áhrif á það fyrirkomulag sem samist hefur um milli skipaeigenda eða samtaka þeirra annars vegar og samtaka skipverja hins vegar að því er varðar breytingar á venjulegum lágmarkskjörum; þó er tilskilið að réttmætt stjórnvald hafi viðurkennt þau kjör.

V. ÁHRIF Á FYRRI TILLÖGU

12. Þessi tillaga leysir af hólmi Tillögu um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum frá 1958.

Fylgiskjal IX.

Bókun 1996 við samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 84. þingsetu sinnar í Genf 8. október 1996 eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

gefur gaum að ákvæðum 2. gr. Samþykktar um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976 (hér að neðan nefnd „aðalsamþykktin"), þar sem m.a. segir:

„Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til að —

a. setja lög og reglugerðir, fyrir þau skip sem skráð eru í hlutaðeigandi ríki, þar sem kveðið er á um —
   i. öryggisstaðla, þar á meðal staðla um hæfni, vinnutíma og mönnun, til að tryggja öryggi fólks um borð í skipum;
   ii. viðeigandi ráðstafanir í almannatryggingamálum; og
   iii. starfskjör og lífshætti á sjó, að því marki sem aðildarríki telur ákvæði um slíkt skorta í heildarsamninga eða úrskurði réttmætra dómstóla þannig að jafnbindandi sé fyrir hlutaðeigandi skipaeigendur og skipverja;

og fullvissa sig um að ákvæði slíkra laga og reglugerða séu í meginatriðum jafngild þeim samþykktum eða samþykktargreinum sem vitnað er til í viðauka með þessari samþykkt, þ.e. sé aðildarríki ekki skuldbundið til að hrinda viðkomandi samþykktum í framkvæmd með öðrum hætti"; og

gefur einnig gaum að ákvæðum 1. mgr. 4. gr. aðalsamþykktarinnar, þar sem segir:

„Ef skip hefur viðdvöl í höfn aðildarríkis, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, í venjulegum viðskiptaerindum eða af rekstrarástæðum, og hlutaðeigandi aðildarríki berast kvartanir eða fær sönnur fyrir því að skipið uppfylli ekki kröfur þessarar samþykktar, eftir að hún hefur tekið gildi, er því heimilt að taka saman skýrslu og senda stjórnvöldum þess ríkis þar sem skipið er skráð, ásamt eintaki til forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, og enn fremur að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta séu aðstæður um borð þannig að þær augljóslega stofni öryggi og heilsu manna í hættu"; og

minnist Samþykktar um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs frá 1958, 1. mgr. 1. gr., þar sem segir:

„Í þessari samþykkt felur hugtakið „misrétti" í sér —

a. hvers kyns greinarmun, útilokun eða ívilnun á grundvelli kynþáttar, litarháttar, kynferðis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða þjóðfélagslegs uppruna, sem leiðir til þess að jafnrétti til ráðningar og starfa er haft að engu eða skert;

b. hvern þann greinarmun annan, útilokun eða ívilnun, sem leiðir til þess að jafnrétti til ráðningar og starfa er haft að engu eða skert og hlutaðeigandi aðildarríki kann að kveða á um, að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launþega, þar sem slík samtök eru til, og aðra viðeigandi aðila“; og

minnist gildistöku Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, hinn 16. nóvember 1994, og

minnist Alþjóðasamþykktar um staðla um þjálfun, löggildingu og vaktavinnu skipverja frá 1978, með breytingum frá 1995, sem Alþjóðasiglingamálastofnunin gaf út, og

þar eð þingið hefur samþykkt tilteknar ábendingar sem varða endurskoðun að hluta á aðalsamþykktinni, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar eð þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi bókunar við aðalsamþykktina,

gerir þingið í dag, 22. október 1996, eftirfarandi bókun, sem nefna má Bókun 1996 við Samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum frá 1976.

1. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem staðfestir þessa bókun, skal bæta við lista þeirra samþykkta sem er að finna í viðauka með aðalsamþykktinni, þannig að hann innihaldi samþykktir í A-hluta aukaviðaukans og þær af samþykktunum, sem taldar eru upp í B-hluta þess viðauka, sem hlutaðeigandi ríki samþykkir, ef einhverjar eru, sbr. 3. gr. hér á eftir.

2. Viðbætur við þá samþykkt sem skráð er í A-hluta aukaviðaukans, sem hafa ekki tekið gildi, skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en sú samþykkt öðlast gildi.

2. gr.

Aðildarríki getur fullgilt þessa bókun um leið og, eða hvenær sem vera skal eftir að, það fullgildir aðalsamþykktina og skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar formlega fullgildingu til skrásetningar.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa bókun, skal eftir því sem við á, í yfirlýsingu með fullgildingarskjalinu, tilgreina hvaða samþykkt eða samþykktir B-hluta aukaviðaukans það samþykkir.

2. Aðildarríki, sem hefur ekki samþykkt allar samþykktir í B-hluta aukaviðaukans, getur sent forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu síðar, þar sem það tilgreinir hvaða aðra samþykkt eða samþykktir það fellst á.

4. gr.

1. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. og 3. gr. þessarar bókunar skal réttmætt stjórnvald fyrst ræða við hagsmunasamtök skipaeigenda og skipverja.

2. Réttmætt stjórnvald skal, svo fljótt sem auðið er, láta hagsmunasamtökum skipaeigenda og skipverja í té upplýsingar varðandi fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir sem tilkynningar hafa borist um frá forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, skv. 1. mgr. 8. gr. hér að neðan.

5. gr.

Í þessari bókun er litið svo á að Samþykkt um heimsendingu skipverja (endurskoðuð) frá 1987 komi, í þeim aðildarríkjum sem hafa samþykkt hana, í stað Samþykktar um heimsendingu sjómanna frá 1926.

6. gr.

1. Þessi bókun skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.

2. Þessi bókun gengur í gildi 12 mánuðum eftir að fullgildingar fimm aðildarríkja, þar af þriggja sem hvert um sig ræður yfir skipastól sem er a.m.k. 1 milljón brúttólesta, hafa verið skráðar.

3. Síðan gengur bókunin í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

7 . gr.

Aðildarríki, sem fullgilt hefur bókun þessa, getur sagt henni upp um leið og heimilt verður að segja aðalsamþykktinni upp, skv. 7. gr. hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

8. gr.

1. Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar skilyrðum, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. að ofan, hefur verið fullnægt skal forstjórinn vekja athygli aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á því hvaða dag bókunin gangi í gildi.

9. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

10. gr.

Þegar stjórn alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir Alþjóðavinnumálaþingið skýrslu um framkvæmd þessarar bókunar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

11. gr.

Ef þessi bókun verður endurskoðuð og ekki lengur heimilt að fullgilda hana skulu ákvæði 11. gr. aðalsamþykktarinnar gilda að breyttu breytanda.

12. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Aukaviðauki.

A-hluti.
Samþykkt um vistarverur skipverja (viðaukaákvæði), 1970 (nr. 133)
og
Samþykkt um vinnutíma skipverja og mönnun skipa, 1996 (nr. 180)

B-hluti.
Samþykkt um persónuskilríki sjómanna, 1958 (nr. 108)
Samþykkt um trúnaðarmenn starfsmanna, 1971 (nr. 135)
Samþykkt um heilsuvernd og læknishjálp handa skipverjum, 1987 (nr. 164)
Samþykkt um heimflutning skipverja (endurskoðuð), 1987 (nr. 166).

Fylgiskjal X.

Skipan stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kjörtímabilið 1996–99.

Fulltrúar ríkisstjórna.

Fastafulltrúar sem eru tilnefndir af eftirtöldum tíu aðaliðnaðaríkjunum:

Bandaríkin
Brasilía
Frakkland
Indland
Ítalía
Japan
Kína
Rússland
Sambandslýðveldið Þýskaland
Stóra-Bretland

Aðildarríki sem eru kjörin til að nefna aðalfulltrúa:

Bangladess
Egyptaland
Gínea
Kongó
Kólumbía
Máritíus
Nígería
Kanada
Panama
Pólland
Sádi-Arabía
Síle
Suður-Kórea
Súrínam
Svasíland
Tæland
Tyrkland
Ungverjaland

Aðildarríki sem eru kjörin til að tilnefna varafulltrúa:

Alsír
Argentína
Austurríki
Eþíópía
Filippseyjar
Finnland
Fílabeinsströndin
Indónesía
Íran
Jórdanía
Kostaríka
Króatía
Kúba
Malasía
Mexíkó
Mið-Afríkulýðveldið
Mongólía
Namibía
Pakistan
Perú
Senegal
Slóvakía
Spánn
Suður-Afríka
Svíþjóð
Sýrland
Úganda
Úkraína

Fulltrúar atvinnurekenda.

Aðalfulltrúar:

J. Aka Anghui (Fílabeinsströndin)
I.P. Anand (Indland)
A.S. Dahlan (Sádi-Arabía)
J. De Regil Gómez Muriel (Mexíkó)
F. Díaz Garaycoa (Ekvador)
D.A. France (Bretland)
E. Hoff (Noregur)
A. Katz (Bandaríkin)
J.-J. Oechslin (Frakkland)
M.A. Ould Sidi Mohamed (Máritanía)
T.D. Owuor (Kenía)
T. Suzuki (Japan)
A.K. Tan (Filippseyjar)
R. Thüsing (Þýskaland)

Varafulltrúar:

Aboughae-Obame (Gabon)
P.I. Beye (Senegal)
J.W. Botha (Suður-Afríka)
N.H. Cho (Kórea)
A.J. Donato (Brasilía)
W. Durling (Panama)
D. Funes de Rioja (Argentína)
I.C. Imoisili (Nígería)
A. Jeetun (Máritíus)
V.P. Kolmogorov (Rússland)
J.M. Lacasa (Spánn)
J. Lawson (Kanada)
S. Marshall (Nýja-Sjáland)
A. M´Kaissi (Túnís)
B. Noakes (Ástralía)
B. Robinson (Jamaíka)
L. Sasso Mazzufferi (Ítalía)
A.W. Tabani (Pakistan)
J. van Holm (Belgía)

Fulltrúar launafólks.

Aðalfulltrúar:

B. Brett (Bretland)
U. Edström (Svíþjóð)
U. Engelen-Kefer (Þýskaland)
R. Falbr (Tékkland)
C. Gray (Bandaríkin)
S. Ito (Japan)
Kikongi Di Mwinsa (Saír)
W. Mansfield (Ástralía)
S. Mookherjee (Indland)
J.-C. Parrot (Kanada)
F. Ramírez León (Venesúela)
I. Sahbani (Túnis)
S. Sanchez Madariaga (Mexíkó)
G. Sibanda (Simbabve)

Varafulltrúar:

E. Abou-Rizki (Líbanon)
C.A. Agyei (Gana)
K. Ahmed (Pakistan)
C. Angco (Filippseyjar)
A. Baldassini (Argentína)
M. Blondel (Frakkland)
Y. Kara (Ísrael)
A. Lettieri (Ítalía)
I. Mayaki (Níger)
D. Mokgalo (Suður-Afríka)
B.P. Mpangala (Tansanía)
P. O´Donovan (Írland)
M. Rozas (Síle)
M.V. Shmakov (Rússland)
L. Sombes (Kamerún)
P. Sundaram (Srí Lanka)
C.L. Trotman (Barbadoseyjar)
T. Wójcik (Pólland)
R. Zainal (Malasía)

Fylgiskjal XI.

Skýrsla um starf nefndar sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu á árinu 1996.

Þríhliða samstarf á milli ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO) sérstöðu þegar skipulag hennar er borið saman við skipulag annarra stofnana sem starfa innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í öllum nefndum og ráðum stofnunarinnar eiga sæti fulltrúar ríkisstjórna, atvinnurekenda og launafólks. ILO hefur með ýmsum hætti reynt að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkjanna í þá átt að þau taki upp hliðstæða samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks um málefni vinnumarkaðarins. Dæmi um þetta er alþjóðasamþykkt nr. 144, um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem Ísland fullgilti árið 1981. Í anda samþykktar nr. 144 var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Á árinu 1996 skipuðu eftirtaldir nefndina: Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Ástráður Haraldsson, lögræðingur ASÍ, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur VSÍ, og fulltrúi félagsmálaráðuneytisins og jafnframt formaður nefndarinnar, Gylfi Kristinsson deildarstjóri.

Verkefni nefndarinnar á árinu 1994 voru svipuð og næstu ár á undan, þ.e. að fara yfir drög að skýrslum til alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf um framkvæmd fullgiltra alþjóðasamþykkta, svara spurningaskrám sem skrifstofan sendir aðildarríkjunum þegar undirbúin eru drög að nýjum samþykktum og fjalla um athugasemdir sem sérfræðinganefnd ILO gerir við framkvæmd á alþjóðasamþykktum. Nefndin ræðir einnig framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu.

Nefnd um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hélt á árinu 1996 samtals 13 fundi. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru:

a. Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er aðildarríki skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta. Þessi skylda er tvíþætt. Í fyrsta lagi skulu aðildarríkin gefa ILO reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa fullgilt. Í öðru lagi getur stjórnarnefnd ILO falið alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd ákvæða í öðrum samþykktum sem þau hafa ekki fullgilt. Lagt er til í 5. gr. tillögu nr. 152, um samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, að stjórnvöld hafi samráð við aðila vinnumarkaðarins um samningu þessara skýrslna.

Á árinu 1996 undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta sem Ísland hefur fullgilt:

Samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
Samþykkt nr. 87. um félagafrelsi og verndun þess.
Samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
Samþykkt nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.
Samþykkt nr. 122, um stefnu í atvinnumálum.
Samþykkt nr. 139, um varnir gegn og eftirlit með krabbameinsvaldandi efnum.

Að auki undirbjó nefndin skýrslu um framkvæmd á einni alþjóðasamþykkt sem Ísland hefur ekki fullgilt. Um er að ræða samþykkt nr. 150, um stjórn vinnumála: hlutverk starfsemi og skipulag. Þess skal getið samkvæmt 19. gr. stofnskrár ILO getur alþjóðavinnumálaskrifstofan óskaði eftir skýrslum um framkvæmd samþykkta sem ekki hafa verið fullgiltar.

b. Fullgilding alþjóðasamþykkta.

Nefndin fjallaði á seinni hluta ársins um hugsanlega fullgildingu Íslands á eftirtöldum samþykktum:

Samþykkt nr. 175, um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf.

Samþykkt nr. 174, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir meiri háttar iðnaðarslys.

Samþykkt nr. 173, um verndun launakrafna starfsmanna við gjaldþrot atvinnurekanda.

Samanburði á skuldbindingum sem felast í samþykktunum og ákvæðum í íslenskum lögum og samningum var ekki lokið í árslok 1996.

c. Skýrsla um 82. Alþjóðavinnumálaþingið 1995.

Aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnumálaþingin hafa afgreitt. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir, tillögur og ályktanir sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1996 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslu félagsmálaráðherra um 82. Alþjóðavinnumálaþingið sem haldið var 1995. Það þing afgreiddi nýja alþjóðasamþykkt um aðgerðir til að tryggja öryggi og hollustuhætti í námum.

82. Alþjóðavinnumálaþingið lauk fyrri umræðu um drög að nýrri alþjóðasamþykkt um heimastörf.

Í skýrslunni er birt niðurstaða nefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem fjallar um félagafrelsi í kærumáli ASÍ vegna setningar laga nr. 15/1993, um bann við verkfalli og verkbanni á ms. Herjólfi.

d. Undirbúningur fyrir þátttöku í 83. og 84. Alþjóðavinnumálaþinginu 1996.

ILO-nefndin fjallaði á fundum sínum fyrri hluta árs 1996 um dagskrármál 83. Alþjóðavinnumálaþingsins. Á fundunum var farið yfir drög að alþjóðasamþykkt um réttindi þeirra sem vinna heimastörf. Enn fremur var farið yfir skýrslur sem alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman til undirbúnings umræðum um helstu dagskrármál vinnumálaþingsins.

Málefni 84. Alþjóðavinnumálaþingsins, sem haldið var dagana 8.–22. október 1996, komu til umfjöllunar ILO-nefndarinnar í júní 1996. Á dagskrá þingsins var m.a.: Endurskoðun alþjóðasamþykktar nr. 29 um slysavarnir skipverja (1929). Endurskoðun alþjóðasamþykktar nr. 109 um vinnulaun, vinnutíma og mönnun skipa (1958). Endurskoðun alþjóðasamþykktar nr. 9 um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920). Endurskoðun hluta af samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum (1976).

e. Félagsmálasáttmáli Evrópu.

Með erindisbréfi félagsmálaráðherra, dags. 5. maí 1988, var ILO-nefndinni falið að fjalla um framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu. Mörg ákvæði í félagsmálasáttmálanum eiga sér hliðstæðu í samþykktum ILO. Það er því að ýmsu leyti hagkvæmt að sama nefndin fjalli um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Skýrsla um framkvæmd ákvæða sáttmálans.

Í byrjun árs 1996 afgreiddi nefndin skýrslu um framkvæmd eftirtalinna greina sáttmálans:

11. gr., um rétt til heilsuverndar.
12. gr., um rétt til félagslegs öryggis.
13. gr., um rétt til félagslegrar aðstoðar og læknishjálpar.
14. gr., um rétt til að njóta góðs af félagslegri velferðarþjónustu.
18. gr., um rétt til að stunda arðbært starf í landi annars samningsaðila.

Athugasemdir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmálans.

Í byrjun febrúar bárust félagsmálaráðuneytinu athugasemdir sem nefnd óháðra sérfræðinga á vegum Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum félagsmálasáttmála Evrópu á árunum 1991 og 1994 (European Social Charter: Committee of Independent Experts, Conclusions XIII-3). Í nóvember barst skýrsla sérfræðinganna um framkvæmd Íslands á nokkrum greinum sem fyrst og fremst fjalla um félagslega aðstoð og heilbrigðis og tryggingarmál (European Social Charter: Committee of Independent Experts, Conclusions XIII-4). Nefndin fór yfir athugasemdir sérfræðinganna. Gerð verður grein fyrir athugasemdunum í viðauka við skýrslu félagsmálaráðherra um 85. Alþjóðavinnumálaþingið sem kemur út í byrjun næsta árs.

1132. Svar [579. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um starfshætti og styrkveitingar Áforms.

1. *Hvaða reglur gilda um styrkveitingar úr sjóði Áforms, átaksverkefnis samkvæmt lögum nr. 27/1995?*

Varðandi reglur sem gilda um styrkveitingar Áforms vísast til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna landbúnaðarafurða, en þar segir: „Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.“ Stjórnin hefur unnið að framkvæmd laganna án frekari leiðbeininga um framkvæmd átaksverkefnisins sem tekur til vöruþróunar og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum, innan ramma árlegra fjárveitinga.

2. *Hvaða verkefni voru unnin og/eða stofnað til af Áformi árin 1995 og 1996?*

A. Verkefni sem Áform beitti sér fyrir og kostaði eða var þátttakandi í árið 1995.

1. Kynning og sala á íslensku dilkakjöti í Bandaríkjunum. Varðandi kostnað, sjá svar við 7. spurningu.
2. Könnun á markaðsmöguleikum fyrir íslenskt dilkakjöt í Evrópu undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða, 869.827 kr.
3. Útgáfa á kynningarbæklingi fyrir dilkakjöt, sniðnum að þörfum kjötkaupmanna, 1.761.215 kr., þar af var mótframlag Framleiðnisjóðs 750.000 kr.
4. Öflun einkaleyfis á notkun merkis vegna kynningar á dilkakjöti.
5. Könnun á mörkuðum fyrir ýmsar íslenskar afurðir undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.
6. Ferð á ráðstefnu og sýningu IFOAM – Alþjóðasamtaka lífrænna framleiðenda í Frankfurt, 392.921 kr.
7. Stjórnarfundir IFOAM í Reykjavík í september 1995, 501.594 kr.
8. Alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík um lífrænan landbúnað í september 1995, 715.949 kr.
9. Vinna við stefnumörkun „Vistrænt Ísland – til móts við framtíðina“ í samvinnu við landbúnaðarráðuneytið og Bændasamtök Íslands.
10. Fyrirlestrar, fræðslufundir og kynningarstarf.

B. Eftirtalin verkefni fengu styrk frá Áformi árið 1995.

1. Sjö bændur í Mýrdal og víðar, til fóðuröflunar fyrir lífræna búfjárrækt, 1.588.970 kr. Þar af var mótframlag Framleiðnisjóðs 783.500 kr.
2. Líffræðistofnun Háskóla Íslands til rannsókna á fitusýrum í íslensku dilkakjöti kr. 1.430.000,00. Þar af var mótframlag Framleiðnisjóðs 730.000 kr.

C. Verkefni sem Áform beitti sér fyrir og kostaði eða var þátttakandi í árið 1996.

1. Framhald kynningar og söluverkefnis fyrir dilkakjöt í Bandaríkjunum. Varðandi kostnað sjá svar við 7. spurningu.
2. Sala og kynning á dilkakjöti o.fl. afurðum í Evrópu, 985.642 kr.
3. Endurútgáfa kjötbæklings, 373.058 kr.
4. Umhverfisverkefni (Eco village) í samvinnu við Reykjavíkurborg og fimm önnur sveitarfélög, 1.867.620 kr., þar af mótframlag sveitarfélaga 910.000 kr.
5. Þátttaka í fundi um lífræna framleiðslu í Noregi, 106.044 kr.
6. Þátttaka í aðalfundi IFOAM í Kaupmannahöfn (þrír fulltrúar) 484.872 kr.
7. Þátttaka í undirbúningi að stofnun samtaka smáeyja sem stefna að aðlögun í búskaparhátttum til lífrænnar þróunar.
8. Þátttaka í kynningarfundum og ráðstefnum, erlend félagsgjöld 240.589 kr.
9. Móttaka blaðamanna frá ýmsum þjóðum.
10. Vinna við undirbúning að þátttöku í BIO FAC sýningunni í Frankfurt í mars 1997.
11. Vinna við undirbúning að vottunar- og staðalkerfi fyrir sjávarafurðir.
12. Undirbúin tilraun við Bændaskólann á Hvanneyri með vinnslu á húsasorpi.

D. Eftirtalin verkefni fengu styrk frá Áformi árið 1996:

1. Rannsókn á fóðuröflun fyrir lífræna búfjárrækt á vegum bænda í Mýrdal í samvinnu við RALA (framhaldsstyrkur), 846.250 kr., jafnhá fjárhæð frá Framleiðnisjóði.
2. RALA vegna ferðar tveggja sérfræðinga á ráðstefnu IFOAM um lífræna framleiðslu í Kaupmannahöfn, 380.344 kr.
3. Kynningarstarf á vegum kokkalandsliðsins, innan lands og erlendis, 1.000.000 kr.
4. Umfjöllun í Bændablaðinu og ferð blaðamanns á ráðstefnu og sýningu á lífrænum afurðum í Kaupmannahöfn, 50.000 kr.
5. Tilraunir með lífræna sauðfjárrækt á Ströndum, 250.000 kr.
6. Rannsókn á lúpínu o.fl. íslenskum lækningajurtum á vegum Háskóla Íslands, 400.000 kr.
7. Rannsóknir og kynbætur á lúpínu sem beitarjurt á vegum RALA, 2.500.000 kr., þar af 1.250.000 kr. mótframlag frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.
8. Tilraun með lífræna ylrækt á vegum Garðyrkjuskóla ríkisins og Sambands garðyrkjubænda, 528.000 kr.
9. Ritun námsefnis um lífræna ræktun á vegum Bændaskólans á Hvanneyri, 500.000 kr.
10. Þátttaka íslenskra kjötiðnaðarmanna í keppni í Danmörku í nýtingu og úrbeiningu lambafalla, 50.000 kr.
11. Rannsókn á íslensku byggi sem fóðri fyrir mjólkurkýr á vegum Tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum, 130.000 kr.
12. Erlendur Garðarsson vegna undirbúnings PQC-gæðakerfis, 250.000 kr.
13. Íðir, vegna handverkssýningar, 150.000 kr.

3. Hver þessara verkefna teljast til vistrænna og hver til lífrænna verkefna?

Skilgreiningu á því hvað er lífræn framleiðsla er að finna í lögum nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/995. Um það sem kallað hefur verið „vistræn“ framleiðsla gilda ákvæði reglugerðar nr. 90/1996. Stjórn Áforms hefur ekki skipt verkefnum upp milli vistrænna og lífrænna.

4. *Hver var kostnaður Áforms við hvert verkefni og hvert var mótframlag Framleiðnisjóðs?*

Vísað er til svars við 2. spurningu.

5. *Hvaða skilgreiningu á orðinu „vistrænn" er stuðst við í störfum Áforms?*

Í störfum Áforms er stuðst við þá skilgreiningu á orðinu „vistrænn" sem er að finna í ákvæðum reglugerðar nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, og hljóðar svo: Sértæk gæðastýrð íslensk landbúnaðarafurð er framleidd af búfé, þar með taldir laxfiskar, sem hvorki hefur fengið sýkla- né sníklalyf eftir tveggja vikna aldur, aldrei verið gefnir hormónar eða vaxtarhvetjandi efni né alið á fóðri sem hefur verið meðhöndlað með skordýraeitri eða illgresiseyði. Einnig nytjajurtir og afurðir þeirra þar sem notkun áburðar, lyfja eða varnarefna er í samræmi við viðurkennd sjónarmið um hreinleika og hollustu afurða og verndun umhverfis með tilliti til mengunarvarna.

6. *Hefur Áform mótað sérstaka stefnu í markaðsmálum, t.d. um kynningu á íslenskum landbúnaðarafurðum erlendis? Ef svo er, hver er sú stefna og hefur hún hlotið samþykki landbúnaðarráðuneytisins?*

Áform hefur ekki aðra stefnu í markaðs- og kynningarmálum er þá sem mörkuð er í 1. og 3. gr. laga nr. 26 1996.

7. *Hve miklum fjármunum hefur verið varið til kynningar og markaðssetningar á íslensku lambakjöti í Bandaríkjunum? Hvert var framlag Áforms og hvert var mótframlag Framleiðnisjóðs?*

Kostnaður við kynningar og markaðsstarf í Bandaríkjunum var sem hér segir:

1995 18.092.382 kr., þar af greiddi Framleiðnisjóður 4.086.776 kr.

1996 9.113.436 kr., þar af greiddi landbúnaðarráðuneyti 5.000.000 kr. og Framleiðnisjóður 2.500.000 kr.

1997 2.015.400 kr.

8. *Hve miklum fjármunum var varið til reksturs Áforms árin 1995 og 1996, sundurliðað í laun stjórnar, laun starfsmanns og framkvæmdastjóra, verktakagreiðslur, ferðakostnað og kostnað vegna ráðstefna og funda?*

Fjármunir til reksturs Áforms árin 1995 og 1996 voru eins og sést í töflunni (upphæðir í kr.):

	1995	1996
Stjórnarlaun*	877.464	1.128.168
Ferðakostnaður stjórnar	750.0270	1.111.842
Annar ferðakostnaður**		696.998
Skrifstofuaðstoð, laun og launatengd gjöld	536.597	936.882
Verktakagreiðslur, verkefnisstjórn	4.154.600	4.200.000
Verktakagreiðslur, sérfræðiaðstoð	1.927.689	1.318.579
Sérgreindur kostnaður vegna funda og ráðstefna***	1.395.344	134.507

* Stjórn Áforms tók til starfa. 1. maí 1995.

** Áður tilgreindur hér að framan undir ýmsum liðum.

*** Undir þennan lið fellur kostnaður við alþjóðaráðstefnu um lífrænan landbúnað og stjórnarfundur IFOAM í september 1995.

1133. Nefndarálit [487. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar leggst gegn þeim tillögum meiri hlutans að fella brott ákvæði 7. og 8. gr. frumvarpsins sem fela í sér hækkanir á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaga til samræmis við breytingar sem gerðar voru á skaðabótalögum sem tóku gildi 1. júlí 1993.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu voru bætur til einstaklings vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega með skaðabótalögunum. Orðrétt segir í greinargerð með frumvarpinu: „Með hækkun á margföldunarstuðli skaðabótalaganna samkvæmt lögum nr. 42/1996 geta hámarksbætur vegna slysa nú orðið um 52 millj. kr. Ekki er kunnugt um tjón í slysatryggingu ökumanns sem áætlað er að muni nema hærri fjárhæð en nemur vátryggingarfjárhæðinni. Hins vegar hafa orðið nokkur slysatjón í ábyrgðartryggingu ökutækja þar sem bætur eru áætlaðar hærri eða á bilinu 20–30 millj. kr. Án lagabreytingar er ekki unnt að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna umfram verðlagsbreytingar. Nauðsynlegt er hins vegar að vátryggingarfjárhæðirnar séu jafnan það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast.“

Vátryggingarfjárhæð vegna slysatryggingar ökumanns er nú 20 millj. kr., en í frumvarpinu er lagt til að fjárhæðin hækkin í 60 millj. kr. Vegna líkamstjóns eða missis framfæranda er vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar nú 495 millj. kr. en í frumvarpinu er lagt til að hún hækki í 800 millj. kr. Hér er í báðum tilvikum um að ræða hækkanir í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ekki er talið að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutækjatryggginganna einar sér hafi teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar. Undir það álit tekur Vátryggingaeftirlitið sem hefur frá setningu skaðabótalaganna ítrekað bent á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum til samræmis við ákvæði skaðabótalaga. Í kjölfar samþykktar skaðabótalaga sendi eftirlitið bréf til dómsmálaráðuneytisins 18. febrúar 1994 þar sem bent var á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum og hefur eftirlitið síðan árlega ítrekað þetta álit sitt við dómsmálaráðuneytið.

Ljóst er að án slíkrar hækkunar er ekki víst að í öllum tilvikum sé fullnægjandi vátryggingarfjárhæð fyrir hendi samkvæmt skaðabótalögunum vegna tjóna sem rekja má til ökutækja. Í alvarlegum umferðarslysum er því ekki nægjanleg vátryggingarvernd fyrir hendi í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Minni hlutinn vill ekki bera ábyrgð á því að hækkun vátryggingarfjárhæðanna bíði heildarendurskoðunar á XIII. kafla umferðarlaganna, um fébætur og vátryggingu, og telur rétt að fjárhæðirnar hækki nú þegar þótt gildissvið bótareglna bíði heildarendurskoðunar. Í umfjöllun nefndarinnar um málið ítrekaði fulltrúi Vátryggingaeftirlitsins að brýnt væri að hækka vátryggingarfjárhæðirnar og leggst eftirlitið gegn því að breytingum á þeim verði frestað þar til heildarendurskoðun á XIII. kafla umferðarlaga liggur fyrir.

Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn því að fella brott 7. og 8. gr. frumvarpsins sem fjalla um hækkun vátryggingarfjárhæða í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, en greiðir atkvæði með 1. og 2. grein sem fjalla um að niðurstaða mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði að lögum metin sem fullnægjandi sönnun um

ölvun á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt. Minni hlutinn styður sömuleiðis ákvæði frumvarpsins um að settar verði almennar reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja í samráði við samtök fatlaðra og þau stjórnvöld sem fara með málefni fatlaðra.

Alþingi, 9. maí 1997.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Ögmundur Jónasson.

1134. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

1135. Breytingartillaga [72. mál]

við brtt. á þskj. 1093 [Opinber fjölskyldustefna].

Frá Rannveigu Guðmundsdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Á eftir 1. lið III. kafla komi nýr liður, svohljóðandi:

2. *Sjóður um fjölskylduvernd.*

Stofnaður verði sjóður sem hafi það markmið að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumálefna. Tekjur hans skulu ákvarðaðar með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Fjölskylduráð skal fara með stjórn sjóðs um fjölskylduvernd. Hlutverk hans verði eftirfarandi:

a. Að veita fé til styrktar tilraunaverkefnum sem hafa það að markmiði að bæta þjónustu við fjölskylduna eða skilyrði hennar til að rækja hlutverk sitt.
b. Að veita fé til rannsókna á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

1136. Breytingartillaga [409. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skal taka starfskjör bankastjóra, staðgengla bankastjóra,

aðstoðarbankastjóra og forstöðumanna til endurskoðunar. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skulu laun þeirra og önnur starfskjör miðuð við laun og starfskjör stjórnenda ríkisstofnana sem kjaranefnd ákveður. Seta þeirra fyrir hönd hlutafélaganna í stjórnum annarra fyrirtækja eða stofnana skal talin hluti af almennri starfsskyldu. Ferða- og dvalarkostnaður, bifreiðahlunnindi o.fl. skal vera hinn sami og annarra bankastarfsmanna.

1137. Lög [504. mál]

um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1117.

1138. Lög [505. mál]

um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1118.

1139. Lög [506. mál]

um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1119.

1140. Lög [258. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. (innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota).

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1120.

1141. Lög [233. mál]

um vörumerki.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1121 (sbr. 338).

1142. Lög [381. mál]

um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, sbr. lög nr. 31/1994 og 130/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1129.

1143. Lög [453. mál]

um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof.

(Afgreidd frá Alþingi 9. maí.)

Samhljóða þskj. 1130.

1144. Frumvarp til laga [486. mál]

um öryggisþjónustu.

(Eftir 2. umr., 9. maí.)

1. gr.

Til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni þarf leyfi ráðherra. Samkvæmt lögum þessum getur öryggisþjónusta falist í eftirfarandi:

a. eftirliti með lokuðum svæðum eða svæðum opnum almenningi, hvort heldur er með eftirlitsferðum vaktmanna eða myndavélum,
b. flutningi verðmæta,
c. að taka við og sinna boðum frá einstaklingum um aðstoð,
d. að taka við og sinna boðum frá viðvörunarkerfum vegna eldsvoða, vatnsleka eða innbrots,
e. annarri öryggisþjónustu hliðstæðri þeirri sem getur í a–d-lið samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Leyfi til að annast öryggisþjónustu má veita einstaklingi eða skráðu félagi.

Einstaklingur sem hyggst annast öryggisþjónustu skal fullnægja þessum skilyrðum:

a. vera orðinn 25 ára,
b. vera lögráða,
c. hafa haft forræði á búi sínu síðustu fimm ár,
d. hafa hvorki gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um skotvopn, né verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda hafi brot ekki verið smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið, og
e. ekki verði talið varhugavert að hann geti með viðunandi hætti sinnt þeirri þjónustu sem hann tekur að sér.

Heimilt er að veita skráðu félagi leyfi til að annast öryggisþjónustu fullnægi framkvæmdastjóri þess skilyrðum 2. mgr. og stjórnarmenn félagsins skilyrðum b–d-liðar 2. mgr. Nú er nýr framkvæmdastjóri ráðinn eða breyting verður á stjórn félags og skal þá senda ráðuneytinu tilkynningu þess efnis innan 14 daga.

3. gr.

Leyfi til að annast öryggisþjónustu skal veitt til fimm ára í senn. Í leyfisbréfi skal tilgreina þá öryggisþjónustu sem leyfið tekur til. Heimilt er að binda leyfið tilteknum skilyrðum um framkvæmd þjónustu og önnur atriði.

4. gr.

Starfsmaður leyfishafa, sem sinnir framkvæmd öryggisþjónustu, skal vera að minnsta kosti 18 ára að aldri og að öðru leyti til þess fallinn að rækja starfann af samviskusemi og trúverðugleik.

5. gr.

Ráðherra skal fella úr gildi leyfi til að annast öryggisþjónustu ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum 2. gr. Sama gildir ef leyfishafi eða starfsmaður hans hefur orðið uppvís að ítrekaðri eða verulegri vanrækslu í starfi þannig að öryggisþjónustan teljist ekki fullnægjandi eða ef ekki hefur verið gætt þeirra skilyrða sem leyfi er bundið við.

Ráðuneytið hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa og ber honum að veita því allar nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína og önnur atriði sem þýðingu hafa. Til að sinna eftirliti hafa starfsmenn ráðuneytisins án dómsúrskurðar aðgang að starfsstöð leyfishafa.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

1145. Breytingartillaga [486. mál]

við frv. til l. um öryggisþjónustu.

Frá Sólveigu Pétursdóttur.

Í stað orðanna „talið varhugavert“ í e-lið 2. mgr. 2. gr. komi: talinn vafi á.

1146. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf W. Stefánsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Bjarna Sigtryggsson frá utanríkisráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og utanríkisráðuneytinu.

Frumvarpið felur í sér tillögu um breytingar á kosningalögum sem auðvelda eiga Íslendingum sem búa erlendis að kjósa utan kjörfundar. Telur nefndin æskilegt að stuðlað sé að því að sem flestir þessara aðila geti nýtt kosningarrétt sinn. Í máli fulltrúa dómsmálaráðuneytisins kom fram að í ráðuneytinu væri nú unnið að breytingum á kosningalöggjöfinni og yrði frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi næsta haust. Mælist nefndin til þess að efnisatriði þessa frumvarps verði tekin inn í þá endurskoðun.

Nefndin leggur til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnar.**

Alþingi, 9. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.

1147. Nefndarálit [403. mál]

um till. til þál. um mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa umsagnir um það borist frá Stígamótum, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Kvennaathvarfinu, Landssambandi lögreglumanna, dómsmálaráðuneytinu, Lögmannafélagi Íslands, Sýslumannafélagi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands og Biskupsstofu.

Felur tillagan í sér að skipuð verði nefnd til að móta áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum í samræmi við yfirlýsingu sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993.

Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að skipa þrjár nefndir til að vinna að málefnum er varða heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum. Einni nefndinni, sem í munu eiga sæti fulltrúi ráðuneytisins, dómara og ríkissaksóknara, verður falið að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni. Annarri nefndinni, sem í munu sitja fulltrúar tilnefndir af ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum í Reykjavík auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, er ætlað að huga að meðferð mála vegna heimilisofbeldis og rannsókn þeirra hjá lögreglu og skila ráðherra tillögum um nauðsynlegar úrbætur í því efni. Loks hefur dómsmálaráðherra ákveðið að skipa nefnd sem í eiga sæti fulltrúar tilnefndir af heilbrigðis-, menntamála- og félagsmálaráðuneytum auk dómsmálaráðuneytis. Mun nefndin eiga að kanna hvort nauðsynlegt sé að breyta löggjöf í þeirri viðleitni að sporna við ofbeldi gegn konum, huga að því hvernig efla megi starfsemi samtaka sem vinna að forvarnamálum og hjálparúrræðum vegna heimilisofbeldis, leggja fram tillögur um forvarnir, sem og hjálparúrræði fyrir þolendur og þá sem fremja slík ofbeldisbrot og loks að taka til skoðunar hverjir eigi að kosta þau hjálparúrræði sem um er að ræða. Skulu nefndirnar hafa lokið störfum fyrir 1. apríl 1998.

Nefndin tekur undir efni tillögunnar um nauðsyn samstarfs ráðuneyta og samtaka sem vinna að forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði en í ljósi þess að nú þegar er unnið að þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnar.**

Alþingi, 9. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Ögmundur Jónasson.	Kristján Pálsson.

1148. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

Við 33. gr. Greinin falli brott.

1149. Fyrirspurn [606. mál]

til umhverfisráðherra um eftirlit með samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvað er áætlað að umsjón með samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna muni árlega hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir Hollustuvernd ríkisins?

Hvernig hyggst ríkisstjórnin bæta stofnuninni útgjaldaaukann vegna samningsins?

1150. Fyrirspurn [607. mál]

til menntamálaráðherra um fjárhagsstöðu sérsambanda ÍSÍ.

Frá Össuri Skarphéðinssyni.

Hvað er áætlað að skuldir sérsambanda ÍSÍ séu miklar?

Í hve miklum ábyrgðum er ÍSÍ fyrir sérhvert sérsambandanna?

Skriflegt svar óskast.

1151. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1995.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun telur að sú reikningsskilaaðferð, sem fjármálaráðherra ákvað að nota við færslu lífeyrisskuldbindinga, sé ekki í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur.

Unnið er að breytingu á löggjöf um ríkisreikning með því markmiði að úrbætur verði gerðar og lagareglur verði skýrari.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherra taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ítrekuðu ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Gísli S. Einarsson.
Árni Johnsen.	Kristinn H. Gunnarsson.	Árni M. Mathiesen.
Ísólfur Gylfi Pálmason.	Bryndís Hlöðversdóttir.	Hjálmar Jónsson.
Kristín Halldórsdóttir.		Arnbjörg Sveinsdóttir.

1152. Nefndarálit [502. mál]

um frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson og Ragnheiði H. Þórarinsdóttur frá menntamálaráðuneyti, Þór Magnússon þjóðminjavörð, Hönnu Rósu Sveinsdóttur frá Félagi íslenskra safnmanna og Magnús Skúlason frá húsafriðunarnefnd ríkisins. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Félagi íslenskra safnmanna, húsafriðunarnefnd ríkisins og Þjóðminjasafni.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á þjóðminjalögum. Annars vegar er um að ræða breytingar á stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands sem miða að því að auka svigrúm þjóðminjaráðs til að móta starfsskipulag safnsins á þann hátt sem best er talið samrýmast verkefnum þjóðminjavörslunnar og skilvirkum starfsháttum. Hins vegar er um að ræða breytingu er lýtur að húsafriðunarákvæðum laganna. Felst í tillögunni að eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 verði gert skylt að gera minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins viðvart ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Nú er unnið að endurskoðun á reglugerð sem sett er á grundvelli þjóðminjalaga. Menntamálanefnd telur mikilvægt að við þá endurskoðun verði sérstaklega fjallað um stöðu fornleifarannsókna og starfsskilyrði minjasafna.

Mælir nefndin með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Felast þær annars vegar í því að lagt er til að fellt verði brott ákvæðið um að samþykki þjóðminjaráðs þurfi þegar þjóðminjavörður ræður yfirmenn stjórnunareininga. Er breytingartillagan í samræmi við þá stefnu sem mótuð var í starfsmannamálum ríkisins með samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á

120. löggjafarþingi. Hin breytingin snýr að því að felld eru brott orðin „safnstjóri Þjóðminjasafns“ í 2. mgr. 2. gr. laganna eins og annars staðar í þjóðminjalögum, en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að slíkt heiti verði ekki til í lögum. Í stað þess er lagt til að orðin „staðgengill þjóðminjavarðar“ verði notuð.

Alþingi, 9. maí 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm.	Hjálmar Árnason.	Svanfríður Jónasdóttir, með fyrirvara.
Tómas Ingi Olrich.	Ólafur Örn Haraldsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Sigríður Jóhannesdóttir.		Guðmundur Hallvarðsson.

1153. Breytingartillögur [502. mál]

við frv. til l. um breyt. á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Í stað orðanna „safnstjóri Þjóðminjasafns“ í 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna komi: staðgengill hans.
2. 3. efnismgr. 2. gr. orðist svo:
   Þjóðminjavörður ræður starfsmenn Þjóðminjasafns. Skulu yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðrir sérfræðingar hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu.

1154. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, Benedikt Valsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Breytingartillaga við 2. gr. frumvarpsins lýtur að því að lækka greiðslur framleiðenda og annarra fiskkaupenda af hráefnisverði afla sem þeir taka við af smábátum inn á greiðslumiðlunarreikning hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Að mati Lífeyrissjóðs sjómanna hafa þessar greiðslur verið of háar hingað til og nokkur vinna farið í að endurgreiða smábátaeigendum mismun á inngreiddum fjárhæðum frá greiðslumiðlunarreikningum og þeim iðgjöldum sem þeim hefur borið að greiða til lífeyrissjóðanna. Til að ná fram jafnvægi þarna á milli er jafnframt lögð til nokkur lækkun á hlutfallsgreiðslu til lífeyrissjóðsins

skv. 1. tölul. 8. gr. laganna. Breytingar á 2. og 3. tölul. 8. gr. laganna miða að því að fjárhæðir samkvæmt þeim töluliðum verði þær sömu og verið hefur. Breytingarnar eru lagðar til að sameiginlegri beiðni Lífeyrissjóðs sjómanna og Landssambands smábátaeigenda. Breytingartillaga við 4. gr. (er verður 5. gr.) er lögð fram til að taka af allan vafa um hverjir það eru sem geta óskað eftir skipun gerðardóms samkvæmt ákvæðinu. Þá er lagt til að tekið verði fram í lögunum að gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna sé heimilt að taka mið af fleiri atriðum en fjölda félagsmanna í dómsúrlausnum sínum. Loks skal tekið fram að í breytingartillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að sambærileg regla og gildir um framleiðendur og fiskkaupendur, um greiðslu inn á greiðslumiðlunarreikninga, gildi um þá er taka sjávarafurðir í umboðssölu.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., með fyrirvara.	Árni R. Árnason, frsm.	Stefán Guðmundsson.
Vilhjálmur Egilsson, með fyrirvara.	Guðmundur Hallvarðsson.	Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.
Hjálmar Árnason.		Einar Oddur Kristjánsson,

1155. Breytingartillögur [444. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
   a. Í stað „15%“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 8%.
   b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:
   a. Á eftir orðinu „fiskkaupendur“ kemur: svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu.
   b. Í stað „10%“ kemur: 8,4%.
   c. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er verði 4. gr., sem orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
   a. Í stað „48%“ í 1. tölul. kemur: 37,5%.
   b. Í stað „47%“ í 2. tölul. kemur: 56,5%.
   c. Í stað „5%“ í 3. tölul. kemur: 6%.
4. Við 4. gr. (er verði 5. gr.)
   a. Í stað orðanna „getur aðili“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr.

b. Á eftir 3. málsl. 2. efnismgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr.

1156. Nefndarálit [517. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Umsögn um málið barst frá Öryrkjabandalaginu. Í lögum um erfðafjárskatt er kveðið á um að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlisfólks sem gert hefur erfðaská, skuli ekki greiða erfðafjárskatt. Jafnframt er áréttað í lögunum að í erfðaskrá skuli stöðu sambýlismanns ótvírætt getið. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma. Ljóst er hins vegar að til þess að heimilt verði að fella niður erfðafjárskatt við slíkar aðstæður hjá aðilum sem lögum samkvæmt njóta erfðaréttar er ekki nægjanlegt að um sameiginlegt heimilishald hafi verið að ræða heldur þurfa mjög sérstakar aðstæður að auki að koma til. Nefndin leggur til að fastar verði kveðið að orði en gert er í frumvarpinu þar sem sérstakar aðstæður eru skilgreindar sem sjúkleiki, varanleg örorka eða aðrar sambærilegar aðstæður. Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „svo sem sjúkleiki, varanleg örorka“ í fyrri efnismálslið 1. gr. komi: svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi.

Alþingi, 6. maí 1997.

Kristín Ástgeirsdóttir, form., frsm.	Siv Friðleifsdóttir.	Arnbjörg Sveinsdóttir.
Einar K. Guðfinnsson.	Magnús Stefánsson.	Pétur H. Blöndal.
Bryndís Hlöðversdóttir.	Kristján Pálsson.	Rannveig Guðmundsdóttir.

1157. Tillaga til þingsályktunar [608. mál]

um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og um fullgildingu samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vín 20. desember 1988 og að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum sem gerður var í Strassborg 8. nóvember 1990.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vín 20. desember 1988 og fullgildingar á samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum sem gerður var í Strassborg 8. nóvember 1990. Samningarnir eru prentaðir sem fylgiskjöl með tillögu þessari.

Markmið beggja samninganna er að efla alþjóðasamvinnu um afbrotavarnir, einkum að því er varðar baráttu gegn fíkniefnaverslun.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni (hér eftir nefndur fíkniefnasamningurinn) er gerður í kjölfar tveggja eldri samninga Sameinuðu þjóðanna á sviði fíkniefnamála. Um er að ræða alþjóðasamninga um ávana- og fíkniefni frá 30. mars 1961 og 21. febrúar 1971. Ísland er aðili að báðum þessum samningum, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22 og 23/1974, 16/1975 og 19/1976. Markmið samninganna frá 1961 og 1971 er að skilgreina og flokka hvaða efni teljast vera fíkniefni annars vegar og skynvilluefni hins vegar og setja reglur um alþjóðlegt eftirlit með þessum efnum. Með fíkniefnasamningnum frá 1988 er hins vegar ætlunin að berjast gegn fíkniefnabrotum og fíkniefnaverslun með hertri refsilöggjöf aðildarríkja hans og alþjóðlegri samvinnu.

Í 3. gr. fíkniefnasamningsins er að finna skilgreiningu á fíkniefnabrotum og þvætti ávinnings af slíkum brotum sem aðildarríkjum er skylt að gera refsiverð í löggjöf sinni. Skilgreiningin á fíkniefnabrotum er ítarlegri en skilgreining eldri samninga um þetta efni. Skilgreining samningsins á þvætti er hin fyrsta á alþjóðavettvangi og hefur hún orðið fyrirmynd annarra alþjóðlegra samninga og gerða sem fjalla um þvættisbrot. Samningurinn markar því ótvírætt upphafið í alþjóðlegri samvinnu um baráttu gegn peningaþvætti.

Í 5. gr. samningsins er kveðið á um skyldu aðildarríkja til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera megi fíkniefni, efni og tæki sem notuð eru til fíkniefnaframleiðslu og ávinning fíkniefnabrota upptækan, eða verðmæti sem koma í stað ávinnings. Þar er einnig mælt fyrir um alþjóðlega samvinnu um upptöku ávinnings af fíkniefnabrotum.

Í 6. gr. er vikið að reglum um framsal vegna brota sem samningurinn tekur til. Aðilar skuldbinda sig til að framselja meinta brotamenn, eða saksækja ella.

Í 7.–8. gr. samningsins er að finna ákvæði er eiga að auðvelda rannsókn, saksókn og dómsmeðferð í málum sem lúta að fíkniefnabrotum og peningaþvætti í tengslum við slík brot.

Í samningnum er einnig að finna ýmis ákvæði um eftirlit með fíkniefnabrotum o.fl.

Fíkniefnasamningurinn öðlaðist gildi 11. nóvember 1990. Aðildarríki að samningnum voru 139 miðað við 28. apríl 1997.

Samningurinn um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum (hér eftir nefndur þvættissamningurinn), sem gerður var á vettvangi Evrópuráðsins, sækir fyrirmynd sína að hluta til fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna, einkum ákvæðanna um skilgreiningu á þvætti og skyldu aðildarríkja til að gera upptækan ávinning af afbrotum eða jafnvirði slíks ávinnings. Með þvættissamningnum er þó stigið skrefi lengra að því leyti að hann tekur ekki aðeins til ávinnings af fíkniefnabrotum, heldur til ávinnings af öllum refsiverðum afbrotum. Samningurinn geymir einnig ítarlegri reglur um alþjóðlega samvinnu og málsmeðferð með svipuðum hætti og í þeim Evrópusamningum sem þegar hafa verið gerðir á þessu sviði.

Í 2. og 6. gr. samningsins er að finna ákvæði um eignaupptöku og þvættisbrot. Þessi ákvæði eru gerð að fyrirmynd fíkniefnasamningsins frá 1988.

Í III. kafla samningsins, 7.–35. gr., er að finna ítarleg ákvæði um alþjóðlega samvinnu og skyldu aðildarríkja, þar sem ávinningur af broti finnst, til að grípa til rannsóknaraðgerða og eignaupptöku að beiðni annars aðildarríkis þar sem rannsókn fer fram og loks eru ákvæði um málsmeðferð.

Þvættissamningurinn öðlaðist gildi 1. september 1993. Hinn 28. apríl 1997 höfðu 14 aðildarríki Evrópuráðsins fullgilt samninginn. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 8. nóvember 1990.

Með lögum nr. 10/1997 voru lögfest ýmis ákvæði og gerðar ýmsar lagabreytingar sem nauðsynlegar voru til þess að unnt verði að standa við skuldbindingar sem aðildarríki gangast undir samkvæmt samningunum tveimur. Með nýju ákvæði í almennum hegningarlögum var mælt fyrir um refsingu fyrir peningaþvætti og það jafnframt mælt refsivert í tengslum við brot á lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum, lyfjalögum og tollalögum. Einnig voru rýmkaðar heimildir almennra hegningarlaga og sérrefsilaga til eignaupptöku og settar skýrar lagaheimildir til grundvallar fullnustu á erlendum beiðnum um upptöku eigna hér á landi og fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda um eignaupptöku erlendis.

Samningarnir voru prentaðir með tillögunni á íslensku og ensku og vísast um þá til þingskjalsins (lausaskjalsins) en þeir birtast einnig í C-deild Stjórnartíðinda.

1158. Nefndarálit [544. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 60/1995.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsögn barst nefndinni frá Vélstjórafélagi Íslands.

Frumvarpið felur í sér breytingu á ákvæði til bráðabirgða og leiðir til þess að sá umþóttunartími sem gefinn var vélgæslumönnum, sem fæddir eru árið 1945 og fyrr, á skipi með 75–220 kw. vél til að öðlast vélgæsluréttindi framlengist frá 1. september 1996 til 1. maí 1998.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 7. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.	Árni Johnsen.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1159. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 45/1994.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust á 120. þingi frá Vegagerðinni og Umferðarráði.

Við umfjöllun um tillöguna í samgöngunefnd var rætt um þýðingu reiðhjólabrauta í þéttbýli og strjálbýli og vakin athygli á nauðsyn þess að auka öryggi reiðhjólamanna sem fer fjölgandi.

Á hinn bóginn er ljóst að kostnaður við gerð reiðhjólastíga gæti orðið mikill auk þess sem vel hefur gefist að gangstígar og þar með reiðhjólastígar séu á verksviði sveitarfélaga. Þó er ljóst að huga verður að öryggi hjólreiðamanna utan þéttbýlissvæða.

Því er lagt til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til umfjöllunar í tengslum við endurskoðun vegalaga og með ósk um að Vegagerðin meti kostnað auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin verða að bera.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

1160. Nefndarálit [354. mál]

um till. til þál. um stofnun Stephansstofu.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valgeir Þorvaldsson frá Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Valgeir Þorvaldssyni, Útflutningsráði Íslands, Háskólanum á Akureyri, stjórn Snorra Þorfinnssonar ehf. og Ferðamálaráði.

Nefndin leggur til að sérstaklega verði kannaðar leiðir til þess að efla starfsemi Vesturfarasetursins á Hofsósi með því að setja á stofn sérstaka skrifstofu er sjái um samskipti við fólk af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada.

Í tillögugreininni er kveðið á um mun víðtækara verksvið skrifstofunnar auk þess sem ekki var gert ráð fyrir að tengja þá starfsemi við Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Nefndin telur nauðsynlegt að skilgreina betur þá athugun sem gerð yrði og einskorða hana við Íslendinga í Vesturheimi. Enn fremur telur nefndin eðlilegt að slík starfsemi verði í tengslum við Vesturfarasetrið á Hofsósi. Hluti þeirrar starfsemi sem tillögugreinin mælir fyrir um er nú þegar unninn á Hofsósi á vegum Vesturfarasetursins, auk þess sem þar hefur þegar verið hafinn undirbúningur vegna málsins að öðru leyti.

Með hliðsjón af því að opinberir aðilar hafa einnig unnið að skráningu fólks af íslenskum ættum vestan hafs er eðlilegt að kannað sé hvernig tengja megi þá vinnu við það starf sem þegar er hafið og ætlunin er að efla enn frekar við Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að kanna hvernig unnt sé að efla starfsemi Vesturfarasetursins á Hofsósi með því að setja á stofn sérstaka skrifstofu, kennda við Stephan G. Stephansson, sem sæi um samskipti við fólk af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Ragnar Arnalds.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

1161. Nefndarálit [303. mál]

um till. til þál. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust um það á 120. þingi frá Siglingastofnun Íslands, Hollustuvernd ríkisins, Olíuverslun Íslands hf., Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Vélstjórafélaginu, Náttúruverndarráði, Slysavarnafélagi Íslands, Olíufélaginu hf., Sjómannasambandinu, umhverfisráðuneytinu, Skeljungi hf., Landhelgisgæslunni og Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Nefndin leggur til að ríkisstjórninni verði falið í samráði við hagsmunaaðila, m.a. Siglingastofnun Íslands, olíufélög og skipafélög, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Þá verði fellt brott ákvæði tillögunnar um að sett verði skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest“ nema í ákveðinni, tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi). Með hliðsjón af upplýsingum sem fram hafa komið er ekki talin nauðsyn á sérstökum ákvæðum hér á landi um bann við losun á sjókjölfestu, „ballest“, umfram ákvæði svokallaðrar MARPOL-samþykktar sem Ísland er skuldbundið til að framfylgja.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með svohljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.	Árni Johnsen.
Guðmundur Árni Stefánsson.		Ásta R. Jóhannesdóttir.

1162. Nefndarálit [387. mál]

um till. til þál. um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Hafsteinsson frá Landhelgisgæslunni og Hilmar Helgason frá Sjómælingum Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg.

Alþingi, 9. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Guðmundur Hallvarðsson.	Árni R. Árnason.
Stefán Guðmundsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Sighvatur Björgvinsson.

1163. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá Ögmundi Jónassyni.

Við 30. gr. Greinin falli brott.

1164. Svar [457. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Ágústs Einarssonar, Sighvats Björgvinssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar um framkvæmd GATT-samningsins.

1. *Hver hefur verið innflutningur á landbúnaðarvörum, sem skuldbindingar í GATT-samningnum um lágmarksmarkaðsaðgang taka til, frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina tók gildi 1. júlí 1995 til 31. desember 1996? Óskað er upplýsinga um hverja árshelft um sig.*
   a. *Hvert er innflutningsmagn og innflutningsverð á vörum sem tilgreindar eru í viðaukum IIIA og IVA með tollalögunum, sundurliðað eins og þar er gert:*
      1. *með tolli skv. 1. mgr. 6. gr. A tollalaga, þ.e. 32% af grunntolli, eða lægri tolli,*
      2. *með tolli sem lækkaður hefur verið skv. 3. mgr. 6. gr. A tollalaga,*
      3. *með fullum tollum?*
   b. *Hver var hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu sömu vöruflokka?*
   c. *Hvernig svarar hlutdeild innflutnings skv. a-lið til þeirra skuldbindinga GATT-samningsins að tryggja innflutning á tilteknu lágmarki af landbúnaðarvörum, 3–5% af meðalinnanlandsneyslu, sbr. álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við afgreiðslu GATT-samningsins á Alþingi (þingskjal 69 í 27. máli á 119. löggjafarþingi)?*

Innflutningur á landbúnaðarvörum vegna skuldbindinga Íslands við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) um lágmarksaðgang nam 291,7 tonnum að verðmæti 132,9 millj. kr. á tímabilinu 1. júlí 1995 til 31. desember 1996. Sundurliðun eftir vörutegundum og skipting á hvern árshelming fyrir sig er í töflu á fylgiskjali I.

Í fylgiskjali II eru upplýsingar um innflutningsmagn á vörum sem tilgreindar eru í viðaukum III A og IV A með tollalögum. Nær allur innflutningur samkvæmt þessum liðum er á lækkuðum tolli, þ.e. 32% af grunntolli, og nánast ekkert er flutt inn á fullum tolli.

Í 3. dálki fylgiskjals II eru upplýsingar um markaðsaðgang en hann var ákveðinn 3% af innanlandsneyslu viðmiðunarársins á 1. markaðsári.

Í 5. dálki sama fylgiskjals eru upplýsingar um innflutning á 1. markaðsári, 1. júlí 1995 til 30. júní 1996. Með samanburði á 5. dálki og 3. dálki má sjá hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu þar sem um nær engan innflutning á hærri tollum var að ræða.

2. *Hver hefur verið innflutningur á landbúnaðarvörum í 6. og 7. kafla tollskrár, sem skuldbindingar í GATT-samningnum um ríkjandi markaðsaðgang taka til, frá því að samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina tók gildi 1. júlí 1995 til 31. desember 1996? Óskað er upplýsinga um hverja árshelft um sig.*
   a. *Hvert er innflutningsmagn og innflutningsverð á vörum úr 6. og 7. kafla tollskrár sem tilgreindar eru í viðaukum IIIB og IVB með tollalögunum, sundurliðað eins og þar er gert:*
      1. *með 30% tolli skv. 2. mgr. 6. gr. A tollalaga eða lægri tolli,*
      2. *með tolli sem lækkaður hefur verið skv. 4. mgr. 6. gr. A tollalaga,*
      3. *með fullum tollum?*
   b. *Hver var innflutningur á sömu vörutegundum á tímabilinu 1. júlí 1993 til 1. júlí 1995?*
   c. *Hver var hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu sömu vöruflokka?*
   d. *Hvernig svarar innflutningur skv. a-lið til þeirra skuldbindinga Íslands í GATT-samningnum að tryggja að aðgangur fyrir innflutning á þessum vörum að markaði hér á landi verði ekki verri en hann var áður?*

Innflutningur á landbúnaðarvörum í 6. og 7. kafla tollskrár sem skuldbindingar Íslands við WTO um ríkjandi markaðsaðgang taka til var 8.470 tonn að verðmæti 788,4 millj. kr. á tímabilinu 1. júlí 1995 til 31. desember 1996. Í fylgiskjali III er tafla er sýnir sundurliðun þessa innflutnings eftir vörutegundum, svo og skiptingu innflutnings eftir árshelmingum.

Ekki reyndist unnt að sundurliða innflutninginn eftir mismunandi háum tollum, sbr. 1. 2. og 3. lið, þar eð tollar eru svo breytilegir á þeim tímabilum sem spurt er um. Ef vinna ætti slíka sundurgreiningu þyrfti að athuga hverja einustu tollskýrslu og tæki sú vinna a.m.k. 1–2 mánuði.

Innflutningur á landbúnaðarvörum í 6. og 7. kafla tollskrár á tímabilinu 1. júlí 1993 til 1. júlí 1995 nam 15.397 tonnum að verðmæti 1.115,4 millj. kr. Á fylgiskjali IV sést sundurliðun eftir vörutegundum og eftir tímabilum.

Í fylgiskjali V sést hlutdeild innflutnings í innanlandsneyslu með samanburði á skuldbindingum Íslands um markaðsaðgang og innflutningi á 1. markaðsári en umsaminn markaðsaðgangur er sá sami og innanlandsneysla viðmiðunarársins.

Í d-lið er spurt um hvernig innflutningur svari til þeirra skuldbindinga Íslands í GATT-samningnum að tryggja að aðgangur fyrir innflutning á blómum og grænmeti að markaði á Íslandi verði ekki verri en hann var áður. Svar við þessum lið er í fylgiskjali V. Þar sést umsaminn markaðsaðgangur og raunverulegur innflutningur á 1. markaðsári. Í fylgiskjalinu kemur m.a. fram að innflutningur á blómlaukum o.fl. í vörulið 0601 nam 124,2 tonnum á 1. markaðsári Úrúgvæ-samnings GATT, þ.e. 1. júlí 1995 til 1. júlí 1996. Innflutningur á þessum sömu vörutegundum á viðmiðunarárunum nam hins vegar 66,1 tonni. Á þessum lið er innflutningur á 1. markaðsári því tvöfalt meiri en áður var.

Á lifandi plöntum, græðlingum o.fl. í vörulið 0602 nam innflutningur á 1. markaðsári 173,6 tonnum en innflutningur viðmiðunarárið nam 192,5 tonnum. Þar er innflutningur heldur minni en áður.

Á tómötum, nýjum eða kældum, í vörulið 0702 nam innflutningur á 1. markaðsári 394,6 tonnum en á viðmiðunarárinu var innflutningur 205,6 tonn. Þar er aukningin 92%. Segja má að vel hafi tekist að tryggja aðgang að íslenskum markaði fyrir þessar vörur.

3. *Hverjar voru tolltekjur ríkisins og tekjur af sölu tollkvóta af þeim vörum sem um er fjallað í 1.–2. lið, flokkaðar með sama hætti og þar er gert?*

Tolltekjur ríkisins af innfluttum landbúnaðarvörum samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi námu 62,5 millj kr. á tímabilinu 1. júlí 1995 til 31. desember 1996.

Tolltekjur ríkisins af innfluttum landbúnaðarvörum samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi á sama tímabili námu 378,8 millj. kr. Í fylgiskjölum II og VI eru töflur er sýna sundurliðun aðflutningsgjalda.

Tekjur ríkissjóðs af sölu tollkvóta árið 1995 voru 1.254.750 kr. og 14.475.459 kr. árið 1996.

Þar sem landbúnaðarráðuneytið fer lögum samkvæmt með yfirstjórn á innflutningi landbúnaðarvara leitaði utanríkisráðuneytið til þess um allar tölulegar upplýsingar. Vann landbúnaðarráðuneytið þær í samráði við embætti ríkistollstjóra. Sérstök ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara starfar samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Í nefndinni eru fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Nefnd þessi gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um innflutning landbúnaðarvara.

Fylgiskjal I.

Innflutningur samkvæmt lágmarksmarkaðsaðgangi.

Vörulýsing	Vöruliður	Innflutningur 1.7.'95-31.12.'95 í tonnum	Innflutningur 1.7.'95-31.12.'95 í kr.	Innflutningur 1.1.'96-30.06.'96 í tonnum
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210			
Samtals		0	0	0
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210			
Samtals		0,031	24.302	0
Unnar kjötvörur:	1502 1602			
Samtals		16,63	7.988.669	10,774
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210			
Samtals		0,456	92.230	0
Egg2)	0407 0408			
Samtals		26,913	6.973.017	27,212
Smjör:	0405			
Samtals		0,045	12.366	0
Ostur:	0406			
Samtals		33,441	18.408.970	42,09
Annað kjöt:	0208 0210			
Samtals		0,291	89.560	2,065
Samtals		77,807	33.589.114	82,141

Innflutningur 1.1.'96-30.06.'96 f kr.	Innflutningur 1.7.'96-31.12.'96 f tonnum	Innflutningur 1.7.'96-31.12.'96 f kr.	Samtals innflutningur 1.7.'95-31.12.'96 f tonnum	Samtals innflutningur 1.7.'95-31.12.'96 f kr.
0	0,102	62.781	0,102	62.781
0	1,049	597.795	1,08	622.097
5.316.232	34,125	17.856.528	61,529	31.161.429
0	1,056	805.809	1,512	898.039
8.065.116	35,955	11.212.645	90,08	26.250.778
0	0	0	0,045	12.366
22.746.414	55,741	26.877.395	131,272	68.032.779
1.618.682	3,754	4.140.725	6,11	5.848.967
37.746.444	131,782	61.553.678	291,73	132.889.236

Fylgiskjal II.

Innflutningur á 1. markaðsári.
(Viðauki IIIA.)

Vörulýsing	Vöruliður	Markaðsaðg. á 1. ári í tonnum	Úthl. tollkv. 1.7.'95-30.6.'96 í tonnum	Innflutningur 1.7.'95-30.6.'96 í tonnum	Skýringar
1	2	3	4	5	6
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210				Tollkv. hefur ekki verið auglýstur vegna heilbrigðisástæðna
Samtals		57	0	0	
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210			0,031	
Samtals		38	38	0,031	
Kjöt og ætir hlutar af kindum:	0204 0206 0210				Tollkv. hefur ekki verið auglýstur vegna heilbrigðisástæðna.
Samtals		207	0	0	
Unnar kjötvörur:	1502 1602			27,4	
Samtals		52	64	27,4	
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210			0,456	
Samtals		36	36	0,456	
Kjöt og ætir hlutar af hestum:	2. kafli				Tollkv. hefur ekki verið augl. v/heilbr. ástæðna
Samtals		9	0	0	
	15. - 23. kafli				*Ekki ljóst hver innfl. hefur verið.
Samtals		9	*	*	
Egg2)	0407 0408			3,5 50,6	*Ótakmarkaður innfl. f. majonesgerðir. Tollkvótar hafa einnig verið auglýstir.
Samtals		35	*	54,1	
Smjör:	0405				Tollkvóti hefur oft verið auglýstur. Enginn sótt um.
Samtals		32	44	0,045	
Ostur:	0406				
Samtals		68	75	75,531	

1) Tolltaxti er 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðs, sbr. viðauki IIA.
2) Á við um egg í skurn.

Innflutningur á 2. markaðsári.
(Viðauki IIIA.)

Vörulýsing	Vöruliður	Markaðsaðg. á 2. ári í tonnum	Úthl. tollkv. 1.7.'96-30.06.'97 í tonnum	Innflutningur 1.7.'96-31.12.'96 í tonnum	Skýringar
1	2	3	4	5	6
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni	0201 0202 0206 0210			0,102	Tollkv. hefur ekki verið auglýstur vegna heilbrigðis-ástæðna
Samtals		64,6	0	0,102	
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210			0,039 1,01 	
Samtals		43,2	43,2	1,049	
Kjöt og ætir hlutar af kindum:	0204 0206 0210				Tollkv. hefur ekki verið auglýstur vegna heilbrigðis-ástæðna.
Samtals		234,6	0	0	
Unnar kjötvörur:	1502 1602			34,125	
Samtals		58,8	58,8	34,125	
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210			1,056	
Samtals		40,6	40,6	1,056	
Kjöt og ætir hlutar af hestum:	2. kafli				Tollkv. hefur ekki verið augl. v/heilbr. ástæðna
Samtals		10,2	0	0	
	15. - 23. kafli				*Ekki ljóst hver innfl. hefur verið.
Samtals		10,2	*	*	
Egg2)	0407 0408			1,432 34,523	*Ótakmarkaður innfl. f. majonesgerðir. Tollkvótar hafa einnig verið auglýstir.
Samtals		43,2	*	35,955	
Smjör:	0405				
Samtals		36,2	36,2	0	
Ostur:	0406				
Samtals		78,2	78,2	55,741	

VIÐAUKI IVA.

Annað kjöt:	0208				
Samtals		0	4	3,754	

1) Tolltaxti er 32% af grunntaxta viðkomandi vöruliðs, sbr. viðauki IIA.
2) Á við um egg í skurn.

Innflutningur samkvæmt lágmarksaðgangi. Tekjur af aðflutningsgjöldum.

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1995

Vörulýsing	Vöruliður	Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210						
Samtals		0,031	16.537	0	16.537	2.315	18.852
Unnar kjötvörur:	1502 1602						
Samtals		16,630	18.530.239	12.790.433	5.739.806	803.573	6.543.379
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210						
Samtals		0,456	239.180	0	239.180	33.485	272.665
Egg2)	0407 0408						
Samtals		26,913	13.350.645	11.319.073	2.031.573	284.420	2.315.993
Smjör:	0405						
Samtals		0,045	33.264	0	33.264	4.657	37.921
Ostur:	0406						
Samtals		33,441	22.437.136	5.622.431	16.814.705	2.354.060	19.168.765
Annað kjöt:	0208 0210						
Samtals		0,291	143.500	0	143.500	20.090	163.590
Samtals		**77,807**	**54.750.500**	**29.731.937**	**25.018.563**	**3.502.602**	**28.521.165**

Innflutningur - tímabilið 1.7. 1995 - 31.12. 1996

Vörulýsing	Vöruliður	Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210						
Samtals		0,102	108.393	0	108.393	15.175	123.568
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210						
Samtals		1,08	774.689	292.423	482.267	67.517	549.784
Unnar kjötvörur:	1502 1602						
Samtals		61,529	53.182.230	38.279.361	14.902.868	2.086.403	16.989.271
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210						
Samtals		1,512	1.607.009	1.022.568	584.440	81.822	666.262
Egg2)	0407 0408						
Samtals		90,08	17.896.159	14.383.659	3.512.500	491.750	4.004.250
Smjör:	0405						
Samtals		0,045	33.264	0	33.264	4.657	37.921
Ostur:	0406						
Samtals		131,272	86.600.433	47.208.511	39.391.925	5.514.874	44.906.799
Annað kjöt:	0208 0210						
Samtals		6,11	7.173.727	3.683.292	3.490.436	488.661	3.979.097
Samtals		**291,73**	**167.375.904**	**104.869.815**	**62.506.092**	**8.750.860**	**71.256.952**

Innflutningur - tímabilið 1.1. - 30.6. 1996

Vörulýsing	Vöruliður	Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Unnar kjötvörur:	1502 1602						
Samtals		10,774	13.778.386	10.152.279	3.626.107	507.655	4.133.762
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Egg2)	0407 0408						
Samtals		27,212	1.762.126	1.160.231	601.895	84.265	686.160
Smjör:	0405						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Ostur:	0406						
Samtals		42,090	28.146.334	19.559.604	8.586.730	1.202.143	9.788.873
Annað kjöt:	0208 0210						
Samtals		2,065	1.590.124	452.947	1.137.176	159.205	1.296.381
Samtals		**82,141**	**45.276.970**	**31.325.062**	**13.951.907**	**1.953.269**	**15.905.176**

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1996

Vörulýsing	Vöruliður	Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
Kjöt og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni:	0201 0202 0206 0210						
Samtals		0,102	108.393	0	108.393	15.175	123.568
Kjöt og ætir hlutar af svínum:	0203 0206 0209 0210 0210						
Samtals		1,049	758.153	292.423	465.730	65.202	530.932
Unnar kjötvörur:	1502 1602						
Samtals		34,125	20.873.605	15.336.649	5.536.956	775.174	6.312.130
Kjöt og ætir hlutar af alifuglum:	0207 0210						
Samtals		1,056	1.367.829	1.022.568	345.260	48.337	393.597
Egg2)	0407 0408						
Samtals		35,955	2.783.387	1.904.355	879.032	123.065	1.002.097
Smjör:	0405						
Samtals		0	0	0	0	0	0
Ostur:	0406						
Samtals		55,741	36.016.967	22.026.476	13.990.491	1.958.670	15.949.161
Annað kjöt:	0208 0210						
Samtals		3,754	5.440.104	3.230.344	2.209.759	309.367	2.519.126
Samtals		131,782	**67.348.438**	**43.812.816**	**23.535.621**	**3.294.990**	**26.830.611**

Fylgiskjal III.

Innflutningur samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.
(Kafli 6–7.)

Vöruliður	Vörulýsing	Innflutningur 1.7.'95-31.12.'95 í tonnum	Innflutningur 1.7.'95-31.12.'95 í kr.	Innflutningur 1.1.'96-30.06.'96 í tonnum
úr 0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og *forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-*plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212: Samtals	74.901	25.853.886	49.316
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró: Samtals	114.502	17.244.883	59.095
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt: Samtals	9.845	8.625.543	19.669
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt: Samtals	274.088	51.249.092	17.291
	Alls	473.336	102.973.404	145.371
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar: Samtals	496.559	14.427.123	745.933
0702	Tómatar, nýir eða kældir: Samtals	88.767	7.904.089	305.858
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar: Samtals	618.229	24.906.701	543.521
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt: Samtals	425.524	22.977.180	623.025
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt: Samtals	233.863	21.976.188	225.142
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar: Samtals	127.505	5.257.820	242.170
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar: Samtals	73.188	5.502.804	139.273
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar: Samtals	160.645	24.975.881	337.200
	Alls	2.224.280	127.927.786	3.162.122

Innflutningur 1.1. '96-30.06. '96 f kr.	Innflutningur 1.7. '96-31.12. '96 f tonnum	Innflutningur 1.7. '96-31.12. '96 f kr.	Samtals innflutningur 1.7. '95-31.12. '96 f tonnum	Samtals innflutningur 1.7. '95-31.12. '96 f kr.
15.920.142	62.362	19.795.566	186.579	61.569.594
20.249.026	64.953	22.060.359	238.550	59.554.268
19.298.755	9.939	9.456.697	39.453	37.380.995
12.817.411	281.187	45.933.530	572.566	110.000.033
68.285.334	418.441	97.246.152	1.037.148	268.504.890
23.197.830	481.158	13.533.787	1.723.650	51.158.740
37.353.732	73.376	8.554.508	468.001	53.812.329
23.142.511	564.689	19.100.911	1.726.439	67.150.123
52.775.080	328.595	20.821.765	1.377.144	96.574.025
31.579.930	273.494	26.832.144	732.499	80.388.262
12.008.597	111.490	7.526.224	481.165	24.792.641
18.611.714	54.732	6.205.306	267.193	30.319.824
62.945.944	159.083	27.767.599	656.928	115.689.424
261.615.338	2.046.617	130.342.244	7.433.019	519.885.368

Fylgiskjal IV.

Innflutningur samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.
(Kafli 6–7. 1. júlí 1993 til 1. júlí 1995.)

Vöruliður	Vörulýsing	Innflutningur 1.7.'93-31.12.'93 í tonnum	Innflutningur 1.7.'93-31.12.'93 í kr.	Innflutningur 1.1.'94-30.06.'94 í tonnum	Innflutningur 1.1.'94-30.06.'94 í kr.
úr 0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vaxtl eða blóma; síkoríu-plöntur og síkorírætur, þó ekki síkorírætur í nr. 1212:				
	Samtals	72.521	21.410.985	45.881	18.133.807
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:				
	Samtals	26.063	12.005.582	38.393	18.760.705
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:				
	Samtals	7.520	5.689.919	24.338	21.106.713
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og gras, mosi og skóflr, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:				
	Samtals	267.731	40.976.632	17.022	11.757.216
	Alls	373.835	80.083.118	125.634	69.758.441
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:				
	Samtals	2.821.761	63.270.557	2.303.708	60.184.026
0702	Tómatar, nýir eða kældir:				
	Samtals	54.790	5.719.499	315.851	32.908.948
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:				
	Samtals	533.627	22.165.629	540.676	22.563.389
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:				
	Samtals	265.559	16.556.860	730.704	39.474.666
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:				
	Samtals	163.742	12.816.850	156.848	18.345.989
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:				
	Samtals	153.253	7.667.532	261.787	12.137.016
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:				
	Samtals	83.436	9.142.878	159.972	15.856.256
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:				
	Samtals	122.332	19.564.162	329.002	68.528.814
	Alls	4.198.500	156.903.967	4.798.548	269.999.104

Innflutningur 1.7.'94-31.12.'94 í tonnum	Innflutningur 1.7.'94-31.12.'94 í kr.	Innflutningur 1.1.'95-30.06.'95 í tonnum	Innflutningur 1.1.'95-30.06.'95 í kr.	Samtals innflutningur 1.7.'93-01.07.'95 í tonnum	Samtals innflutningur 1.7.'93-01.07.'95 í kr.
76.395	24.689.156	30.731	14.106.016	225.528	78.339.964
32.782	13.882.552	38.962	19.715.896	136.200	64.364.735
9.516	9.323.991	19.823	19.438.441	61.197	55.559.064
329.080	50.425.148	17.484	13.078.521	631.317	116.237.517
447.773	98.320.847	107.000	66.338.874	1.054.242	314.501.280
1.432.865	44.994.560	209.450	11.229.270	6.767.784	179.678.413
59.137	7.399.758	278.697	28.523.704	708.475	74.551.909
587.597	25.225.847	525.359	27.726.804	2.187.259	97.681.669
297.091	18.988.986	617.872	41.338.358	1.911.226	116.358.870
193.480	18.781.048	170.179	20.480.508	684.249	70.424.395
61.348	3.188.553	166.360	6.999.461	642.748	29.992.562
87.875	7.214.303	149.977	20.686.583	481.260	52.900.020
202.308	33.497.338	306.226	57.696.195	959.868	179.286.509
2.921.701	**159.290.393**	**2.424.120**	**214.680.883**	**14.342.869**	**800.874.347**

Fylgiskjal V.

Ríkjandi markaðsaðgangur. Innflutningur á 1. markaðsári.
(Tollk. 6–7.)

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Umsaminn markaðsaðgangur (í tonnum)	Innflutningur 1.7.'95-30.6.'96 (í tonnum)
0601		Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:		
	-	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoríuplöntur og síkoríurætur:		
0601 2002	- -	Pottaplöntur	60,8	123,9
0601 2009	- -	Annað	5,3	0,3
			66,1	124,2
0602		Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:		
0602 1000	-	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	13,0	1,0
0602 2000	-	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur	6,1	30,9
0602 3000	-	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	7,3	2,8
0602 4000	-	Rósir, einnig ágræddar	7,0	7,1
	-	Annað:		
0602 9100	- -	Sveppaþræðir (Mycelíum)	135,6	84,9
0602 9900	- -	Annars	23,5	46,9
			192,5	173,6
0603		Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:		
	-	Nýtt:		
	- -	Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:		
0603 1001	- - -	Innflutningur á tímabilinu 1. desember til 30. apríl	*	*
0603 1002	- - -	Innflutningur á öðrum tíma	*	*
0603 1009	- -	Annars	*38,3	*25,2
0603 9000	-	Annað	3,6	4,3
			41,9	29,5
0604		Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:		
0604 1000	-	Mosi og skófir	1,5	1,3
	-	Annað:		
	- -	Nýtt:		
0604 9101	- - -	Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar	272,3	250,0
0604 9109	- - -	Annað	23,2	37,6
0604 9900	- -	Annars	2,7	2,5
			299,7	291,4
0701		Kartöflur, nýjar eða kældar:		
0701 1000	-	Útsæði	*303,6	1242,5
			303,6	1.242,5
0702		Tómatar, nýir eða kældir:		
0702 0001	-	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	*	
0702 0002	-	Innflutningur á öðrum tíma	*205,6	*394,6
úr			205,6	*394,6
0703		Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:		
0703 9000	-	Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir	55,8	116,9
			55,8	116,9
0704		Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:		

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Tollskrárnúmer		Vörulýsing	Umsaminn markaðsaðgangur (í tonnum)	Innflutningur 1.7. '95-30.6. '96 (í tonnum)
0704 1000	-	Blómkál og hnappað spergilkál	235,6	301,3
0704 2000	-	Rósakál	6,7	5,0
0704 9000	-	Annað	874,1	742,3
			1.116,4	**1.048,6**
0705		Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:		
	-	Salat:		
	- -	Salat, kálhausar (head lettuce):		
0705 1101	- - -	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	*	
0705 1102	- - -	Innflutningur á öðrum tíma	*136,8	*451,3
0705 1900	- -	Annað	16,7	2,8
	-	Síkoría:		
0705 2100	- -	Kaffifífilsblöð (Cichorium intybus var. foliosum)	0,3	4,9
0705 2900	- -	Annað	0,0	0,0
			153,8	**459,0**
0706		Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:		
0706 1000	-	Gulrætur og næpur	327,2	286,2
0706 9000	-	Annað	139,8	83,5
			467,0	**369,7**
0707		Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:		
0707 0001	-	Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	*	
0707 0009	-	Innfluttar á öðrum tíma	*158,1	*212,5
úr			**158,1**	***212,5**
0709		Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:		
0709 3000	-	Eggaldinjurtir	3,1	7,5
0709 4000	-	Selja, önnur en seljurót	8,3	42,2
	-	Sveppir og tröfflur:		
0709 5100	- -	Sveppir	11,4	30,1
	-	Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:		
0709 6001	- -	Allrahanda (pimento)	26,7	0,7
	- -	Paprika:		
0709 6002	- - -	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	*	
0709 6003	- - -	Innflutningur á öðrum tíma	*	
0709 6009	- -	Önnur	*165,4	*328,0
	-	Annað:		
0709 9001	- -	Sykurmaís	43,6	28,7
0709 9002	- -	Kúrbítur (Courgettes)	*	
0709 9003	- -	Ólívur	*	
0709 9009	- -	Annars	*21,0	*60,6
			279,5	**497,8**

* Magn og tollur nær yfir öll tollskrárnúmerin samanlagt (var áður eitt tollskrárnúmer).

Fylgiskjal VI.

Innflutningur samkvæmt ríkjandi markaðsaðgangi.
Tekjur af aðflutningsgjöldum.

Innflutningur - tímabilið 1.7. 1995 - 31.12. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
úr								
0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:							
		Samtals	186.579	31.378.999	14.136.729	17.242.269	4.224.355	21.466.624
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:							
		Samtals	238.550	143.410.170	124.549.228	18.860.943	4.620.929	23.481.872
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	39.453	51.867.122	33.519.400	18.347.722	4.495.191	22.842.913
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	572.566	55.452.696	531.594	54.921.102	13.455.666	68.376.768
		Alls	**1.037.148**	**282.108.987**	**172.736.950**	**109.372.036**	**26.796.141**	**136.168.177**

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
úr								
0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:							
		Samtals	62.362	4.311.167	1.385	4.309.782	1.055.896	5.365.678
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:							
		Samtals	64.953	38.763.622	30.926.324	7.837.298	1.920.137	9.757.435
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	9.939	15.348.237	9.569.383	5.778.854	1.415.819	7.194.673
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	281.187	23.657.977	15.243	23.642.734	5.792.468	29.435.202
		Alls	**418.441**	**82.081.002**	**40.512.334**	**41.568.668**	**10.184.320**	51.752.988

Innflutningur - tímabilið 1.1. - 30.06. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
úr								
0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:							
		Samtals	49.316	15.618.313	9.580.973	6.037.339	1.479.148	7.516.487
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:							
		Samtals	59.065	55.365.829	48.913.315	6.452.514	1.580.865	8.033.379
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	19.669	24.967.865	17.077.608	7.890.257	1.933.112	9.823.369
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	17.291	6.584.795	51.730	6.533.065	1.600.600	8.133.665
		Alls	**145.341**	**102.536.801**	**75.623.627**	**26.913.174**	**6.593.726**	**33.506.900**

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1995

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
úr								
0601	Blómlaukar, rótarhnýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoríu-plöntur og síkoríurætur, þó ekki síkoríurætur í nr. 1212:							
		Samtals	74.901	11.449.520	4.554.371	6.895.148	1.689.311	8.584.459
0602	Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:							
		Samtals	114.502	49.280.719	44.709.588	4.571.131	1.119.927	5.691.058
0603	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	9.845	11.551.020	6.872.408	4.678.612	1.146.259	5.824.871
0604	Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:							
		Samtals	274.088	25.209.924	464.621	24.745.304	6.062.597	30.807.901
		Alls	**473.336**	**97.491.183**	**56.600.989**	**40.890.194**	**10.018.095**	**50.908.289**

Innflutningur - tímabilið 1.7. 1995 - 31.12. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	1.723.650	124.635.860	66.197.334	58.438.526	8.181.400	**66.619.926**
0702	Tómatar, nýir eða kældir:							
		Samtals	468.001	22.726.646	80.609	22.646.037	3.170.448	**25.816.485**
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	1.726.439	20.826.397	223.067	20.603.331	2.884.468	**23.487.799**
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:							
		Samtals	1.377.144	58.849.917	8.944.279	49.905.638	6.986.795	**56.892.433**
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:							
		Samtals	732.499	31.552.958	417.547	31.135.410	4.358.961	**35.494.371**
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	481.165	20.177.433	4.860.804	15.316.629	2.144.330	**17.460.959**
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	267.193	6.803.620	28.677	6.774.942	948.493	**7.723.435**
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	656.928	86.514.527	21.897.401	64.617.126	9.046.405	**73.663.531**
		Alls	**7.433.019**	**372.087.358**	**102.649.718**	**269.437.640**	37.721.299	**307.158.939**

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	481.158	34.916.855	6.262.981	28.653.874	4.011.545	**32.665.419**
0702	Tómatar, nýir eða kældir:							
		Samtals	73.376	2.455.059	0	2.455.059	343.709	**2.798.768**
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	564.689	7.087.223	0	7.087.223	992.212	**8.079.435**
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:							
		Samtals	328.595	14.555.834	2.993.094	11.562.740	1.618.785	**13.181.525**
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:							
		Samtals	273.494	9.915.958	0	9.915.958	1.388.235	**11.304.193**
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	111.490	4.485.363	20.461	4.464.901	625.087	**5.089.988**
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	54.732	1.760.817	0	1.760.817	246.515	**2.007.332**
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	159.083	17.681.000	1.805.009	15.875.991	2.222.641	**18.098.632**
		Alls	**2.046.617**	**92.858.109**	**11.081.545**	**81.776.564**	**11.448.728**	**93.225.292**

Innflutningur - tímabilið 1.1. - 30.06. 1996

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	745.933	54.396.963	39.443.818	14.953.145	2.093.442	**17.046.587**
0702	Tómatar, nýir eða kældir:							
		Samtals	305.858	18.155.412	0	18.155.412	2.541.760	**20.697.172**
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	543.521	6.842.787	0	6.842.787	957.991	**7.800.778**
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:							
		Samtals	623.025	25.218.335	1.649.900	23.568.436	3.299.583	**26.868.019**
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:							
		Samtals	225.142	8.777.645	0	8.777.645	1.228.871	**10.006.516**
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	242.170	9.204.377	3.420.935	5.783.442	809.683	**6.593.125**
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	139.273	2.052.978	0	2.052.978	287.417	**2.340.395**
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	337.200	49.269.879	19.058.370	30.211.509	4.229.614	**34.441.123**
		Alls	**3.162.122**	**173.918.377**	**63.573.023**	**110.345.354**	15.448.361	**125.793.715**

Innflutningur - tímabilið 1.7. - 31.12. 1995

Vöruliður	Vörulýsing		Magn í tonnum	Aðflutningsgj. brútto kr.	Niðurfelld aðflutningsgj kr.	Greidd aðflutningsgj. kr.	Vsk. í tolli kr.	Samtals Vsk. og aðfl.gj. í tolli kr.
0701	Kartöflur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	496.559	35.322.042	20.490.535	14.831.507	2.076.413	**16.907.920**
0702	Tómatar, nýir eða kældir:							
		Samtals	88.767	2.116.174	80.609	2.035.566	284.979	**2.320.545**
úr 0703	Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	618.229	6.896.387	223.067	6.673.320	934.266	**7.607.586**
0704	Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:							
		Samtals	425.524	19.075.748	4.301.286	14.774.463	2.068.426	**16.842.889**
0705	Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:							
		Samtals	233.863	12.859.355	417.547	12.441.808	1.741.854	**14.183.662**
0706	Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	127.505	6.487.693	1.419.408	5.068.285	709.561	**5.777.846**
0707	Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:							
		Samtals	73.188	2.989.824	28.677	2.961.147	414.561	**3.375.708**
úr 0709	Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:							
		Samtals	160.645	19.563.648	1.034.022	18.529.626	2.594.150	**21.123.776**
		Alls	**2.224.280**	**105.310.873**	**27.995.150**	**77.315.723**	**10.824.209**	**88.139.932**

1165. Nefndarálit [447. mál]

um till. til þál. um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýtir ál við framleiðslu sína.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Útflutningsráði Íslands, Íslenska álfélaginu hf., Samtökum iðnaðarins, Sambandi iðnmenntaskóla og verkfræðideild Háskóla Íslands.

Verkfræðideild Háskólans fagnar efni tillögunnar og bendir á mikilvægi þess að auka rannsóknir á þessu sviði. Samtök iðnaðarins benda á þann möguleika að í stað þess að efna til sérstaks átaks eins og tillagan gerir ráð fyrir verði frekar efnt til samstarfs við þau fyrirtæki íslensk sem þegar nýta ál í framleiðslu sinni, með sérstöku verkefni undir merkjum Átaks til atvinnusköpunar um frekari úrvinnslu á áli. Nefndin telur þetta réttmæta ábendingu og telur að orðalag tillögugreinarinnar komi ekki í veg fyrir að þessi leið verði valin. Þá vekur nefndin athygli á því að nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins vinnur að úttekt á úrvinnslu áls og annarra léttmálma og kann efni þessarar ályktunar að falla saman við þá vinnu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. maí 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Svavar Gestsson.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Sighvatur Björgvinsson.	Árni R. Árnason.
Pétur H. Blöndal.	Hjálmar Árnason.	Jóhanna Sigurðardóttir.

1166. Nefndarálit [104. mál]

um till. til þál. um olíuleit við Ísland.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Orkustofnun. Í greinargerð Orkustofnunar um olíuleit við Ísland kemur fram að eiginleg olíuleit hafi ekki farið fram á íslenskum hafsvæðum í þeim skilningi sem olíuiðnaðurinn leggur í hugtakið. Aftur á móti hafi verið stundaðar frumkannanir af því tagi sem opinberar jarðfræðistofnanir í hverju ríki leitast við að halda uppi. Fram kemur að kostnaður við eiginlega olíuleit er óhemjumikill og að ekki verði ráðist í slíkar rannsóknir nema verulega sterkar vísbendingar liggi fyrir um að olíu sé að finna. Náttúrufræðistofnun bendir á að líkurnar á því að olía eða gas finnist hér á landi séu of litlar til að réttlæta þann mikla kostnað sem óhjákvæmilega fylgdi slíkum rannsóknum. Hafrannsóknastofnunin bendir á að ef vilji er til að hleypa nýjum þrótti í olíuleit við Ísland er eðlilegt að nokkrum tíma yrði varið til undirbúnings, sem fælist í því m.a. að skilgreina verkefni og forgangsröðun, kanna áhuga erlendra aðila til samstarfs og afmarka valkosti í rannsóknum og áætla kostnað við þá. Í niðurlagi greinargerðar með til-

lögunni kemur reyndar fram að flutningsmenn telja eðlilegt að ríkisstjórnin skipi starfshóp vísindamanna er ynni að framgangi málsins og fylgdist með störfum erlendra rannsóknaraðila. Orkustofnun bendir á að nú þegar sé starfandi nefnd um vísindalegar hafsbotnsrannsóknir á vegum Rannsóknarráðs Íslands. Fram til 1993 starfaði sérstök hafsbotnsnefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins en hún var ekki endurskipuð er umboð hennar rann út.

Nefndin telur að hér sé um mikilvægt mál að ræða og að nauðsynlegt sé fyrir íslensk stjórnvöld að halda vöku sinni í því. En með vísan til framangreindra umsagna telur nefndin eðlilegt að iðnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp er meti hvort hefja skuli markvissar olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands. Slíkur hópur þyrfti m.a. að vera skipaður vísindamönnum frá opinberum stofnunum sem fengist hafa við rannsóknir á þessu sviði og þeim sem eiga sæti í nefnd Rannsóknarráðs um vísindalegar hafsbotnsrannsóknir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Hópurinn meti sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til að geyma olíu eða gas.

Alþingi, 7. maí 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Sighvatur Björgvinsson.	Guðjón Guðmundsson.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Hjálmar Árnason.	Sigríður A. Þórðardóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Árni R. Árnason.	Pétur H. Blöndal.

1167. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til skipulags- og byggingarlaga.

Frá umhverfisnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingimar Sigurðsson og Hrafn Hallgrímsson frá umhverfisráðuneytinu, Stefán Thors, skipulagsstjóra ríkisins, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gústaf Ólafsson og Ríkharð Oddsson frá Byggingarfræðingafélagi Íslands, Kristján Geirsson frá Náttúruverndarráði, Auði Sveinsdóttur og Svanhildi Skaftadóttur frá Landvernd, Margréti Kaaber frá Útivist, Hauk Jóhannesson frá Ferðafélagi Íslands, Gest Ólafsson, Sigurð Guðmundsson, Ragnar Jón Gunnarsson og Ásdísi Hlökk Theódórsdóttur frá Félagi skipulagsfræðinga, Einar Hannesson og Böðvar Sigvaldason frá Landssambandi veiðifélaga, Gísla Gíslason og Einar Sæmundsen frá Landmótun, Guttorm Sigurbjarnason frá Hinu ís-

lenska náttúrufræðifélagi, Ólaf Guðmundsson frá Landssambandi íslenskra akstursíþróttamanna, Einar Haraldsson frá Skotvís, Árna Tryggvason frá Íslenska Alpaklúbbnum, Sigurgeir Þórarinsson og Þránd Arnþórsson frá Ferðaklúbbnum 4x4, Guðna B. Pálsson og Helga Má Halldórsson frá Arkitektafélagi Íslands, Svein Guðmundsson frá Félagi sumarhúsaeigenda, Magnús Skúlason og Ragnar Jón Gunnarsson frá húsafriðunarnefnd ríkisins, Ásbjörn Jóhannesson frá Landssambandi íslenskra rafverktaka, Pétur Stefánsson frá Verkfræðingafélagi Íslands, Pál Jónsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands, Guðjón Sigurðsson og Gunnar Jónsson frá Iðnfræðingafélagi Íslands, Snæbjörn Jónasson, formann nefndar um skipulag miðhálendisins, Einar Gunnarsson frá utanríkisráðuneytinu, Guðjón Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og Ellert Eiríksson og Einar Má Jóhannesson frá Reykjanesbæ. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Byggingarfræðingafélagi Íslands, Guðjóni Sigurðssyni, byggingarfulltrúanum í Reykjavík, Skoðunarstofunni hf., Landssambandi íslenskra rafverktaka, Landssambandi veiðifélaga, Jóhanni G. Sigurðssyni, Stykkishólmsbæ, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Landssambandi stangaveiðifélaga, Landssambandi sumarhúsaeigenda, Rafverktökum á Vesturlandi, húsafriðunarnefnd ríkisins, arkitektum hjá Borgarskipulagi Reykjavíkurborgar, Félagi skipulagsfræðinga, Arkitektafélagi Íslands og Brunamálastofnun ríkisins. Auk þess studdist nefndin við fjölmargar umsagnir sem henni bárust um málið á 120. löggjafarþingi.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi. Það var síðan lagt fyrir 120. þing lítið breytt og aftur á 121. þingi óbreytt. Byggist frumvarpið að mestu leyti á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á 113. og 115. löggjafarþingi og náðu ekki fram að ganga. Um er að ræða ný heildarlög á sviði skipulags- og byggingarmála, en nú gilda um það efni skipulagslög frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Helstu breytingar frá núgildandi lögum eru að aukið vald er fært til sveitarfélaga. Þá eru skilgreind í frumvarpinu mismunandi stig skipulagsáætlana sem hingað til hafa einungis verið skilgreind í reglugerð. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni hennar flutt til sveitarfélaganna og að hluta til Skipulagsstofnunar, einnig er embætti skipulagsstjóra ríkisins lagt niður og í staðinn kemur ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem fer bæði með skipulags- og byggingarmál. Þá er gert ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök úrskurðarnefnd sem ætlað er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum og kærum í stað þess að umhverfisráðherra úrskurði um þau mál. Loks eru lagðar til nokkrar breytingar á skipulagsgjaldi.

Umfjöllun umhverfisnefndar hefur verið mjög ítarleg og leggur nefndin til umfangsmiklar breytingar á frumvarpinu. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu breytingum. Í umfjölluninni er miðað við þau greinarnúmer sem lögð eru til grundvallar í frumvarpinu svo breyttu, sbr. fylgiskjal, en nefndin leggur til nokkuð breytta uppröðun efnis. Til hægðarauka og vegna umfangs breytingartillagnanna er frumvarpið með innfelldum breytingum birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Ekki eru lagðar til verulegar breytingar á I. kafla frumvarpsins. Nokkrar breytingar eru gerðar á skilgreiningum í 2. gr. í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu.

2. Á II. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um stjórnvöld skipulags- og byggingarmála, eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að staða Skipulagsstofnunar í frumvarpinu verði styrkt með því að bæta inn í 3. gr., um stjórn skipulags- og byggingarmála, að ráðherra til aðstoðar sé Skipulagsstofnun. Þá er í 4. gr. skerpt á hlutverki Skipulagsstofnunar sem eftirlitsaðila og lagt til að skýrt verði tekið fram að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Einnig eru gerðar breytingar á 5. gr. í samræmi við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lúta breytingarnar annars vegar að menntunarkröfum sem gerðar eru til skipulagsstjóra ríkisins, en lagt er til að hann skuli hafa háskólamenntun í stað sérmenntunar. Hins vegar er lagt til að skýrt verði tekið fram í frumvarpinu að skipulagsstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar.

   Á 6. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæðið um að sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa sé skylt að mynda byggingareftirlitssvæði með nágrannasveitarfélagi eða -félögum. Aftur á móti er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um kosningu byggingar- og skipulagsnefndar og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæðið um að formenn skipulags- og byggingarnefnda skuli vera aðaleða varamenn í sveitarstjórn. Einnig er lagt til að ákvæði um að slökkviliðsstjórar og heilbrigðisfulltrúar eigi rétt til setu á fundum skipulags- og byggingarnefnda verði fellt brott, en óþarft þykir að lögbinda slíkan rétt þar sem eðlilegt er að starfsmenn sveitarfélaga sitji fundi nefndanna þegar það á við.

   Á 7. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. M.a. er lagt til að byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar séu framkvæmdastjórar byggingarnefnda og skipulagsnefnda. Einnig er lagt til að sveitarstjórn geti í einstökum tilvikum veitt samþykki sitt fyrir því að starfsmaður skipulags- eða byggingarnefndar vinni eitthvert það starf sem koma kann til afgreiðslu byggingarnefndar í umdæmi hans. Þykir rétt að sveitarstjórn geti veitt undanþágu að þessu leyti þar sem upp geta komið sérstakar aðstæður. Eftir sem áður er ljóst að meginreglan er að starfsmönnum er óheimilt að vinna slík verk.

   Loks er lögð til breytt skipan úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í 8. gr. þannig að einn nefndarmanna sé skipaður án tilnefningar en tveir samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti. Gert er ráð fyrir að annar þeirra sem Hæstiréttur skipar sé formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Þá er lengdur sá tími sem nefndin hefur til að kveða upp úrskurð úr sex vikum í tvo mánuði. Loks er lagt til að kveðið verði á um það að um málsmeðferð, að öðru leyti en því sem kveðið er sérstaklega á um, fari eftir stjórnsýslulögunum.
3. Í III. kafla er fjallað um gerð og framkvæmd skipulags. Eru lagðar til allnokkrar breytingar á kaflanum, m.a. er lögð til breyting á uppröðun greina sem miðar að því að gera framsetningu skýrari. Þannig er fjallað um skipulagsskyldu í 9. gr. og kemur þar fram að landið allt sé skipulagsskylt. Lagðar eru til viðamiklar breytingar á greininni og gert ráð fyrir að þar verði aðallega fjallað um skipulagsáætlanir. Þá kemur einnig fram að svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skuli vera í innbyrðis samræmi. Í 10. gr. er fjallað um skipulagsreglugerð. Eru gerðar tillögur um nokkuð breytta uppsetningu greinarinnar en þar er kveðið á um helstu atriði sem fjalla á um í reglugerðinni. 11. gr. snýr að áætlunum um landnotkun á landsvísu. Kemur greinin í stað 29. gr. þar sem fjallað er um landsskipulag. Þykir ný fyrirsögn vera í samræmi við ákvæðið, en þar er kveðið á um að Skipulagsstofnun skuli afla gagna

og hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt. Þá er í ákvæðinu heimild fyrir umhverfisráðherra til að skipa sérstaka nefnd ef upp kemur ósamræmi eða hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana.

Í 12.–15. gr. er fjallað um svæðisskipulag, en í frumvarpinu eru ákvæði um sama efni í 25.–28. gr. Eru ákvæðin nokkuð breytt og m.a. er lagt til að fellt verði brott ákvæði um svæðisskipulag miðhálendisins þar sem nefnd sú sem unnið hefur að því er að ljúka störfum. Ekki eru lagðar til grundvallarbreytingar á 12. gr., en þó er lagt til að í stað þess að lögbundið sé að svæðisskipulag skuli endurskoða á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum verði það lagt í mat sveitarstjórnar hvort nauðsynlegt sé að endurskoða skipulagið. Þá er einnig lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi þar sem að ágreiningur er milli sveitarstjórna. Í 13. gr. er fjallað um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulags. Eru þar ítarlegar reglur um hvernig farið skuli með þessi atriði og áhersla er lögð á að svæðisskipulag verði kynnt vel fyrir íbúum sveitarfélaganna og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við það. Þá er einnig gert ráð fyrir að tillagan sé auglýst utan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að henni og kynnt sveitarstjórnum nærliggjandi sveitarfélaga sérstaklega, enda getur svæðisskipulag haft áhrif á hagsmuni aðila utan svæðisins sem undir það fellur. Lagt er til að nýrri grein verði bætt við frumvarpið, 14. gr. þar sem fjallað er um hvernig fara skuli með breytingar á svæðisskipulagi. Ef gera á verulegar breytingar er gert ráð fyrir að farið verði inn í sama ferli og við gerð svæðisskipulags, en einnig er gert ráð fyrir að unnt sé að fara einfaldari leið ef um óverulegar breytingar er að ræða. Þannig geti ein sveitarstjórn sent rökstudda tillögu um breytingu til Skipulagsstofnunar eftir að breytingin hefur verið kynnt fyrir þeim sveitarstjórnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu og hún hefur verið auglýst með áberandi hætti. Gert er ráð fyrir að slíkri tillögu fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Loks er fjallað um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð í 15. gr., en í henni felst að framkvæmdaraðili framkvæmdar sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins eða áætlun um framkvæmd fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð. Á þetta t.d. við um þjóðvegi, orkumannvirki og fjarskiptalínur. Er nánar fjallað um það í ákvæðinu hvernig fara skuli með auglýsingu og afgreiðslu slíkrar svæðisskipulagsmeðferðar.

Í 16.–22. gr. er fjallað um aðalskipulag, en ákvæði um aðalskipulag eru í 11.–18. gr. frumvarpsins. Nokkrar breytingar eru gerðar á ákvæðum um aðalskipulag og eru sett fram grundvallaratriði um aðalskipulag í 16. gr. Í 17. gr. er fjallað um kynningu aðalskipulagstillögu og er eins og varðandi svæðisskipulag lögð mikil áhersla á að tillagan sé ítarlega kynnt íbúum sveitarfélags og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana. Þá er einnig gert ráð fyrir að aðalskipulagstillögur séu kynntar fyrir sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Í 18. gr. er fjallað um auglýsingu og samþykkt aðalskipulagstillögu og miða þær breytingar sem þar eru gerðar að því að auðvelda almenningi að hafa áhrif á tillöguna með því að koma með athugasemdir. Í 19. gr. er síðan kveðið á um staðfestingu, birtingu og gildistöku aðalskipulags og er sú grein lítið breytt frá 14. gr. frumvarpsins. Í 20. gr. er fjallað um frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags og er greinin nær óbreytt frá 15. gr. frumvarpsins. Í 21. gr. er síðan fjallað um breytingu á aðalskipulagi. Er þar gerður greinarmunur á veru-

legum og óverulegum breytingum og kemur ákvæðið í stað 17. gr. frumvarpsins, en 16. gr. þess fellur brott. Um verulegar breytingar fer eins og um gerð aðalskipulags, en ef um óverulegar breytingar er að ræða er heimilt að sleppa því kynningarferli sem kveðið er á um í 17. gr. og fer þá um auglýsingu og meðferð sveitarstjórnar skv. 18. gr. Í 22. gr. er fjallað um ágreining um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga og eru óverulegar breytingar lagðar til á ákvæðinu sem er í 18. gr. frumvarpsins.

Í 23.–26. gr. er fjallað um deiliskipulag, en ákvæði um deiliskipulag eru í 19.–24. gr. frumvarpsins. Grunnreglur um deiliskipulag koma fram í 23. gr. og er hún nokkuð breytt frá 19. gr. frumvarpsins. Meðal nýjunga sem þar eru settar fram er ákvæði um að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli samhliða gerð bæja- og húsakönnun sem höfð skuli til hliðsjónar við gerð tillögunnar. Með bæja- og húsakönnunum er átt við ákveðna aðferðafræði til að meta listrænt og menningarsögulegt gildi hins byggða umhverfis og samspil þess við náttúruna. Má líta á niðurstöðu slíkrar könnunar sem eins konar gagnasafn yfir hús og hverfi sem þurfi sérstakt aðhald í umfjöllun sveitarfélags í skipulags- og byggingarmálum. Í 24. gr. er fjallað um deiliskipulag á landi í einkaeign. Er þar kveðið á um að þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi skuli eigandi láta endurgjaldslaust af hendi þá hluta landsins sem samkvæmt skipulagi eru ætlaðir til almannaþarfa. Er lagt til að eiganda verði ekki gert að láta landið af hendi fyrr en framkvæmdir hefjast, auk þess sem lagt er til að kveðið verði á um að land falli aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi ef landnotkun er breytt. Er gert ráð fyrir að landeigandi og sveitarfélag semji um það í hvaða ástandi landinu er skilað. Í 25. gr. er fjallað um kynningu, samþykkt og gildistöku deiliskipulags og eru breytingar á þeirri grein í samræmi við breytingar á sams konar greinum um svæðisskipulag og aðalskipulag og miða þær að því að auðvelda aðkomu íbúa sveitarfélagsins að skipulaginu, með hertum kröfum um auglýsingar og kynningu. Í 26. gr. er fjallað um breytingu á deiliskipulagi og er þar gert ráð fyrir að um verulegar breytingar fari eins og verið væri að gera nýtt skipulag en séu breytingar óverulegar skuli fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem hafa hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar. Eru óverulegar breytingar skilgreindar mjög þröngt, mun þrengra en gert er samkvæmt núgildandi lögum. Er gert ráð fyrir að aðeins sé hægt að falla frá auglýsingu ef um óverulegar breytingar er að ræða sem annaðhvort eru vegna ófyrirséðra aðstæðna á staðnum eða ef breytingarnar hafa aðeins staðbundin áhrif, er þarna m.a. átt við mælipunkta og minni háttar breytingar á einstökum húsum.

Með 27. gr. er lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um framkvæmdaleyfi. Á það við um framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi og hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess. Falla skógrækt, landgræðsla og efnistaka til dæmis þarna undir. Framkvæmdir þessar þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og fara skal um þær eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir eru ekki hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

Í 28. gr. er fjallað um mælingar og kortagerð og er ákvæðið lítið breytt frá frumvarpinu, en felld er niður málsgreinin sem kveður á um að sveitarstjórn ákveði í samráði við Skipulagsstofnun hvar mælingar, myndataka úr lofti og kortagerð skuli fara fram.

29. gr. fjallar um landeignaskrá og er það breyting frá frumvarpinu en þar er í 31. gr. fjallað um lóðaskrá. Þykir orðið landeignaskrá lýsa því betur hvað átt er við. Aðrar breytingar á greininni eru óverulegar.

30. gr., um skiptingu landa og lóða, 31. gr., um forkaupsrétt sveitarstjórna að fasteignum, og 32. gr., um heimildir til eignarnáms, eru efnislega óbreyttar frá frumvarpinu.

Á 33. gr. er lögð til sú breyting að felld verði brott málsgrein þar sem kveðið er á um að eigi sé skylt að greiða bætur ef skipulagsákvörðun sem bótakrafa byggist á sé til þess að bæta úr ágöllum sem tengjast fasteigninni. Þykir óþarfi að kveða sérstaklega á um svo sjálfsagðan hlut í lögum.

Í 34. gr. er fjallað um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu og eru aðeins lagðar til óverulegar breytingar á greininni sem leiðir af öðrum breytingum sem lagðar eru til á frumvarpinu.

Í 35. gr. er fjallað um skipulagsgjald. Nokkrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu og er leitast við að gera það skýrara. Samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar felur ákvæðið í sér að af nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta er skylt að greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati húseignar, en til nýbygginga teljast öll nýreist hús sem metin eru til brunabóta og viðbyggingar við eldri hús ef virðingarverð viðbyggingar nemur allt að ⅕ hluta verðs eldra hússins. Einnig er gert ráð fyrir að skipulagsgjald verði greitt af mannvirkjum sem háð eru byggingarleyfi en eru ekki virt til brunabóta og miðast gjaldið þar við stofnverð mannvirkisins. Af mannvirkjum sem ekki eru háð byggingarleyfi er almennt ekki greitt skipulagsgjald, nema af stofnkerfum rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta utan þéttbýlis. Skýrist þessi munur sem gerður er á þéttbýli og dreifbýli af því að Skipulagsstofnun ber kostnað af skipulagsvinnu við stofnkerfi í dreifbýli, en sveitarfélögin bera sjálf þennan skipulagskostnað í þéttbýli. Því væri óeðlilegt að þau sveitarfélög greiddu skipulagsgjald til ríkisins af þessum mannvirkjum.

4. IV. kafli frumvarpsins fjallar um mannvirki og leggur nefndin til allnokkrar breytingar á kaflanum. Röð greina helst þó óbreytt, en greinarnúmer breytast frá frumvarpinu vegna breytinga á III. kafla. Í 36. gr. er fjallað um gildissvið kaflans og er greinin lítið breytt. Í greininni kemur fram að undir kaflann falla hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Þá er talið upp hvers konar framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi og að slík mannvirki skuli byggð í samræmi við skipulag.

Lagt er til að 37. gr., um byggingarreglugerð, 38. gr., um hlutverk byggingarnefnda, 39. gr., um störf byggingarnefnda, og 40. gr., um byggingarfulltrúa, verði nær óbreyttar frá frumvarpinu.

Í 41. gr. er fjallað um byggingareftirlit. Leggur nefndin til að málslið verði bætt við greinina um aðgang byggingareftirlitsmanna að íbúðarhúsum þess efnis að eftirlitsmönnum sé ekki heimilt að fara inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði. Telur nefndin að breyting þessi sé nauðsynleg til að tryggja friðhelgi heimilisins í samræmi við grunnrök 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á 42. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. Annars vegar er lagt til að 4. mgr. verði felld brott, en þar er kveðið á um ábyrgð framleiðanda raðframleiddra byggingareininga og húsa á göllum sem fram kunna að koma í vörunni. Þykir óeðlilegt að tekið sé fram sérstaklega í lögum hver ábyrgð framleiðenda þessarar tegundar byggingarefnis er, og telur nefndin rétt að um slíkt fari eftir almennum ábyrgðarreglum. Hins vegar er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við greinina sem heimilar byggingarfulltrúa, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þá er kveðið á um hvernig greiðslu kostnaðar við yfirferðina skuli háttað.

Á 43. gr., er fjallar um byggingarleyfi, leggur nefndin til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi felast breytingarnar í því að lagt er til að það verði sveitarstjórn en ekki byggingarnefnd sem veitir byggingarleyfi. Þá er lagt til að bætt verði við greinina, til áherslu, ákvæði um að framkvæmdir sem byggingarleyfi þarf fyrir skuli vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Einnig er lögð til sú breyting að byggingarleyfi feli í sér leyfi til framkvæmda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að afla þurfi sérstaks framkvæmdaleyfis til að hefja framkvæmdir samkvæmt byggingarleyfi. Í samræmi við þessa breytingu er lagt til að 47. gr. frumvarpsins, um framkvæmdaleyfi, falli brott. Ekki má rugla þessu saman við framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. en þar er gert ráð fyrir að framkvæmdaleyfis sé aflað áður en famkvæmdir sem ekki þarf byggingarleyfi fyrir eru hafnar. Loks er lagt til að tvær málsgreinar bætist við greinina. Mælir önnur þeirra fyrir um að byggingarnefnd sé heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst nefndinni. Þó er gert ráð fyrir að slík frestun sé aðeins heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Skal tilkynna umsækjanda sérstaklega um frestun afgreiðslu. Ákvæði þetta er að norskri fyrirmynd og telur nefndin nauðsynlegt að slík frestunarheimild verði sett í lög í ljósi þróunar þeirrar sem átt hefur sér stað og vegna tveggja nýgenginna úrskurða umhverfisráðherra um niðurfellingu á synjun byggingarnefndar Reykjavíkur um heimild til niðurrifs á húsum. Hin viðbótin, sem lögð er til við greinina, snýr að því þegar sótt er um byggingarleyfi í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Skal skipulagsnefnd í slíkum tilvikum fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en leyfið er afgreitt í byggingarnefnd. Þá er í ákvæðinu skilgreint hvað felst í grenndarkynningu, en með slíkri kynningu er átt við það að nágrönnum, er hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig um það innan ákveðins frests sem skal vera að minnsta kosti fjórar vikur. Þegar byggingarnefnd hefur tekið málið til afgreiðslu skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. Er grenndarkynning í ákveðnum tilfellum mjög æskilegur kostur umfram hið umfangsmikla kynningarferli sem frumvarpið gerir ráð fyrir að meginstefnu.

Í 44. gr. er fjallað um útgáfu byggingarleyfis og breytist ákvæðið til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 43. gr., um byggingarleyfi. Þannig er gert ráð fyrir að byggingarleyfi sé gefið út eftir að sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti. Einnig þarf umsækjandi að hafa greitt tilskilin gjöld eða hafa samið um greiðslu þeirra. Þá er lagt til að við greinina bætist ákvæði þess efnis að veita megi leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda ef sérstaklega stendur á og er gert ráð

fyrir að leyfið takmarkist hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Einnig getur byggingarfulltrúi veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni áður en byggingarleyfi hefur verið gefið út. Þá er gert ráð fyrir að byggingarstjóri undirriti yfirlýsingu um ábyrgð sína áður en framkvæmdir hefjast og einnig skal hann tilkynna byggingarfulltrúa um nöfn iðnmeistara. Loks er kveðið á um það að þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli sé sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara að því er þetta varðar. Þá er kveðið á um að staðfesting sveitarstjórnar falli úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.
Eins og áður segir er lagt til að 47. gr. frumvarpsins, um framkvæmdaleyfi, falli brott.

Í 45. gr. er fjallað um gildistíma byggingarleyfis og eru lagðar til breytingar á ákvæðinu í samræmi við breytingar á ákvæðum um útgáfu byggingarleyfis og niðurfellingu ákvæðisins um framkvæmdarleyfi.

Smávægilegar breytingar eru lagðar til á 46. gr., um hönnunargögn, og 47. gr., um áritun hönnuða. Meðal annars er lagt til að sá sem áritar aðaluppdrátt sé samræmingarhönnuður.

Í 48. gr. er fjallað um löggildingu hönnuða. Þar leggur nefndin til allnokkrar breytingar. Snúa þær að þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að öðlast löggildingu sem hönnuður auk þess sem lagt er til að rafiðnfræðingum verði bætt í hóp þeirra sem öðlast geta löggildingu sem hönnuðir. Þær stéttir, sem geta fengið löggildingu sem hönnuðir, eru þá arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir. Skulu þeir sem sækja um löggildingu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum þar um. Þær viðbótarkröfur sem eru gerðar eru misjafnar eftir stéttum og samanstanda af starfsreynslu og sérhæfingu annars vegar og námskeiði og prófi hins vegar. Er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila sem skipuleggja á námskeið til undirbúnings prófi sem skylt er að sækja og halda próf sem ná á til þeirra greina sem helst reynir á í störfum hönnuða við íslenskar aðstæður. Er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf auk þess sem mælt er fyrir um það að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd námskeiðahalds og prófs og lágmarksárangur til að standast það. Þannig skulu arkitektar sækja námskeið og standast próf áður en þeir sækja um löggildingu sem hönnuðir. Byggingarfræðingar þurfa auk þess að sækja námskeið og standast próf að hafa lokið að minnsta kosti 20 mánaða starfsreynslutíma. Aðrir umsækjendur um löggildingu þurfa auk þess að sækja námskeið og standast próf að hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu og skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Gert er ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt. Þá skal ráðherra á hverju ári senda lista yfir löggilta hönnuði til Skipulagsstofnunar og byggingarfulltrúa.

Í 49. gr. er fjallað um löggildingu á sérsviði. Þar eru lagðar til smávægilegar breytingar sem leiðir af breytingum þeim sem lagðar eru til á 48. gr., meðal annars er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði um að rafiðnfræðingar geti fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um stærðartakmarkanir veitna.

Smávægilegar breytingar eru lagðar til á 50. gr., um löggildingu prófhönnuða, og á 51. gr., um umsjón með byggingarframkvæmdum, er lögð til sú breyting að vélvirkjameisturum verði bætt inn í upptalningu þeirra sem geta orðið byggingarstjórar. Gert er ráð fyrir að 52. og 53. gr. verði óbreyttar frá frumvarpinu.

Á 54. gr., um bílastæðagjald, er lögð til orðalagsbreyting sem ætlað er að skýra ákvæðið þannig að mælt verði fyrir um að bílastæðagjöld renni í sérstakan sjóð sem varið skal til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

Ekki eru lagðar til breytingar á 55. gr., en nokkrar breytingar eru lagðar til á 56. gr. Snúa þær að því að mæla skýrar fyrir um hvernig fara skuli með framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis. Þau atriði, sem bætt hefur verið við greinina, snúa í fyrsta lagi að því að mælt er fyrir um að ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og skal hin ólöglega bygging eða byggingarhluti fjarlægður, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Hins vegar er mælt fyrir um að óheimilt sé að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging eða byggingarhluti hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Telur nefndin nauðsynlegt að slíkt ákvæði sé sett í lög þar sem dæmin sýna að skipulagi hefur oft verið breytt eftir að mannvirki hefur verið reist og eru slík vinnubrögð óviðunandi og fara gegn anda frumvarps þessa.

Lagt er til að 57. gr. verið óbreytt frá frumvarpinu og lagðar eru til smávægilegar breytingar á 58., 59. og 60. gr.

Í 61. gr. er fjallað um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Ekki eru lagðar til breytingar á greininni, en um hana spunnust nokkrar umræður í nefndinni. Telur umhverfisnefnd eðlilegt að íslensk mannvirki á varnarsvæðum heyri undir íslensk lög og að í skipulagsnefnd varnarsvæða sitji fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að varnarsvæðinu.

Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins um að lögin taki gildi 1. janúar 1998 í stað 1. september 1997, en nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá samþykkt laganna þar til þau taka gildi.

Á ákvæði til bráðabirgða eru lagðar til nokkrar breytingar. Snúa þær í fyrsta lagi að því að heimila sveitarstjórn að leyfa einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag. Áður skal sveitarstjórn þó hafa fengið meðmæli Skipulagsstofnunar. Heimilt er að binda leyfið ákveðnum skilyrðum. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæðið málsgrein um það hvernig fara skuli með ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag. Getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag. Í þriðja lagi er lagt til að starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laganna haldi fullum rétti sínum til starfa þó að þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem sett eru fram í 7. gr. Loks er bætt við ákvæði vegna breytingarinnar sem lögð er til á 48. gr., um löggildingu hönnuða. Mælir ákvæðið fyrir um það að þeir arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir, sem við gildistöku laga

þessara hafa lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu, eigi kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

Alþingi, 9. maí 1997.

Ólafur Örn Haraldsson, form., frsm.	Árni M. Mathiesen.	Gísli S. Einarsson.
Tómas Ingi Olrich.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjörleifur Guttormsson, með fyrirvara.
Katrín Fjeldsted.	Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara.	Kristján Pálsson.

Fylgiskjal.

Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga með innfelldum breytingartillögum umhverfisnefndar.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.
Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag og til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla laga þessara um mannvirki.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttógólffflatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólffflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.

Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra,
g. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Skipulagsstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd.

Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um byggingar- og skipulagsnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar, eftir því sem við á, skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög gera þá með sér samning um stofnun nefndanna sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Starfslið byggingar- og skipulagsnefnda.

Í hverju sveitarfélagi eða byggingar- og skipulagsnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 48. og 49. gr. laga þessara og skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans. Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi, en að öðrum kosti skal einnig starfa í sveitarfélaginu skipulagsfulltrúi. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um kröfur til menntunar og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar.

Starfsmanni byggingar- og skipulagsnefnda er óheimilt að vinna nokkuð það starf sem kann að koma til afgreiðslu byggingarnefndar í umdæmi hans skv. IV. kafla laga þessara, nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

8. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn án tilnefningar og tveir tilnefndir af Hæstarétti. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Ráðherra skal með reglugerð setja nefndinni nánari ákvæði um störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

Nefndinni er heimilt að kveðja til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulags.

9. gr.

Skipulagsskylda.

Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

10. gr.

Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdrátta, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

11. gr.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu.

Skipulagsstofnun skal afla gagna, hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt, svo sem um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki og náttúruvernd.

Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.

12. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórnar eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili.

Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Um gerð svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Hver sveitarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa. Stofnunin tilnefnir fulltrúa sinn til þess að starfa með nefndinni með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti. Að fengnum tillögum samvinnunefndarinnar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skulu viðkomandi sveitarstjórnir meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulagið. Verði tekin ákvörðun um endurskoðun fer um málsmeðferð eins og um nýtt svæðisskipulag sé að ræða.

Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga.

13. gr.

Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting svæðisskipulags.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi hátt og skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Þegar samvinnunefnd hefur gert tillögu að svæðisskipulagi skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni. Samvinnunefnd tekur að fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórn aðliggjandi sveitarfélaga. Samvinnunefnd skal auglýsa niðurstöður sínar og jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögu samvinnunefndarinnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Unnt er að staðfesta tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.

14. gr.

Breyting á svæðisskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn sem er aðili að staðfestu svæðisskipulagi að breyta þurfi því og fer þá um málsmeðferð skv. 12. og 13. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu svæðisskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 3. mgr. 13. gr. og skal hún þá senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Áður skal hún hafa kynnt breytinguna öðrum sveitarstjórnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu og auglýst hana með áberandi hætti. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð.

Sérstakri svæðisskipulagsmeðferð er heimilt að beita vegna fyrirhugaðra mannvirkja, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja eða fjarskiptalína, eða áætlana um slíka mannvirkjagerð. Sá aðili, sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd, getur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins eða áætlunin fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að sérstöku svæðisskipulagi í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og er tillagan höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Íbúum og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði, skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til Skipulagsstofnunar. Stofnunin tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda í samráði við framkvæmdaraðila og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að slíku svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn Skipulagsstofnunar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu á slíku svæðisskipulagi.

Ráðherra staðfestir sérstakt svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Aðalskipulag.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Um gerð aðalskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

Aðalskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fer um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða.

17. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr.

Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

18. gr.

Auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því með áberandi hætti. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.

Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.–2. mgr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 2. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.

19. gr.

Staðfesting, birting og gildistaka aðalskipulags.

Aðalskipulag, eða breyting á því, er háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar að öllu leyti eða að hluta skal rökstudd með greinargerð þar sem komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

20. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

21. gr.

Breyting á aðalskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 17. og 18. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. gr. Skal þá fara um breytinguna skv. 18. gr. Er sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

22. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr.

23. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag skal gera á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir í þegar byggðum hverfum getur sveitarstjórn veitt heimild til framkvæmda að undangenginni grenndarkynningu, sbr. 7. mgr. 43. gr.

Deiliskipulag skal setja fram í greinargerð og á uppdrætti. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum skipulagsins lýst og einstök atriði þess skýrð, svo og skipulags- og byggingarskilmálar sem kveða nánar á um skipulagskvaðir og önnur atriði sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu. Í deiliskipulagi skal útfæra nánar ákvæði aðalskipulags um viðkomandi svæði.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun er höfð skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.

Um gerð deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

24. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða byggingarhæfar. Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um sumarbústaðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

25. gr.

Kynning, samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst og kynnt á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags í 1. og 2. mgr. 18. gr. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða sem er annaðhvort vegna ófyrirséðra aðstæðna á staðnum eða hefur einungis staðbundin áhrif. Þá skal fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar, sbr. 7. mgr. 43. gr. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun hið breytta skipulag, sbr. 3. mgr. 25. gr., ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem skógrækt og landgræðsla eða breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveða upp úr um það.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

28. gr.

Mælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

29. gr.

Landeignaskrár.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins, landeignaskrá. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og númer sem skal þinglýsa.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang landeignaskrár, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna.

30. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í landeignaskrá, sbr. 29. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

31. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku skipulags samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

32. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.

2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja varðveislu skipulagsins.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðaskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir lögum nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

33. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að hann leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.

34. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð áætlana sem ná til landsins alls greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum eða fyrirtækjum. Skipulagsstofnun ber kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu, sbr. 1. mgr. 11. gr.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning.
3. Þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun án sérstaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfærir stofnunin árlega til sveitarsjóðs helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu.

4. Sveitarfélag, sem ekki fær yfirfærðan helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, getur gert sérstakan samning við Skipulagsstofnun og getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarþátttöku Skipulagsstofnunar.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
6. Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul.

35. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅕ verðs eldra hússins. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af stofnverði þess. Af þeim mannvirkjum, sem ekki eru háð byggingarleyfi skv. 43. gr., er ekki greitt skipulagsgjald nema af stofnkerfum rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta utan þéttbýlis.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1.–3. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

IV. KAFLI
Mannvirki.

36. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, vegir, brýr og jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Enn fremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara. Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

37. gr.

Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga byggingarreglugerð er nær til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd þessa kafla.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi fatlaðra, öryggi, tæknilegan frágang og viðhald. Kveða skal á um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræsingu, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, umgengni og öryggi á vinnustöðum, gróður og frágang lóða. Enn fremur skulu vera ákvæði um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa og þess háttar.

Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa og gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig gjöldin skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og þarfnast skýringa, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til annarra reglugerða sem áhrif hafa á framkvæmd hennar og gildandi staðla um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum. Enn fremur skal vísa til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær reglur sem byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar skal m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðisbyggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytisins og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

38. gr.

Hlutverk byggingarnefnda.

Byggingarnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem það á við, fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir sem berast og ályktar um úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við gildandi skipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Byggingarnefnd leitar umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila, t.d. um ferlimál, brunamál, hollustuhætti og öryggismál.

39. gr.

Störf byggingarnefnda.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi, a.m.k. einu sinni í mánuði, svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Nefndinni er skylt að rökstyðja afgreiðslu á erindum sem henni berast. Ákvarðanir nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Byggingarnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum, minni háttar framkvæmdum, enda sé ótvírætt að framkvæmd samræmist gildandi deiliskipulagi og að hönnunargögn séu fullnægjandi. Erindi, sem byggingarfulltrúi afgreiðir með þessum hætti, skulu færð til bókar á næsta fundi nefndarinnar til formlegrar afgreiðslu.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er honum heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Rísi ágreiningur milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls sker ráðherra úr en leita skal hann áður umsagnar Skipulagsstofnunar.

40. gr.

Byggingarfulltrúar.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að aðaluppdrættir séu í samræmi við gildandi skipulag, lög og reglugerðir.

Byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna byggingarleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út byggingarleyfi, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir og eftirlit einstakra þátta byggingarframkvæmda, eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn sem ákvarðanir byggingarnefndar eru byggðar á séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

41. gr.

Byggingareftirlit.

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis ábótavant eða stafi af því hætta að mati byggingarfulltrúa, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum og byggingarlýsingu, skal hann gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

42. gr.

Kröfur til hönnunar og efnisvals.

Byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða að krefjast umsagnar löggiltra prófhönnuða á kostnað byggjanda.

Byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og hús skulu hafa hlotið vottun faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnareglugerða, standist staðla og falli að verklagi og sérístenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda.

Byggingarfulltrúi getur krafið framleiðanda eða innflytjanda um vottorð eða prófunarskýrslu frá faggiltri prófunarstofu á viðkomandi byggingarsviði um að byggingarefni, sem er til sölu, standist kröfur staðla og byggingarreglugerðar.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að óháðum löggiltum hönnuðum eða sérfræðingum með tilhlýðilega þekkingu sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist. Standist mannvirkið ekki prófun skal byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

Byggingarfulltrúa er heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Vegna yfirferðar séruppdrátta skal greiða sérstakt gjald sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um starfsreglur og gjaldtöku vegna þessa.

43. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma eða á breyttri notkun húss.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga.

Byggingarnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst nefndinni. Er slík frestun heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Frestun á afgreiðslu málsins skal tilkynnt umsækjanda. Eigandi fasteignar, sem verður fyrir tjóni vegna frestunar byggingarnefndar á afgreiðslu byggingarleyfis, á rétt til bóta.

Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

44. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, þar sem við á, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Áður en framkvæmdir eru hafnar skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína og tilkynna byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

Staðfesting sveitarstjórnar fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

45. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 57. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Sveitarstjórn er heimilt að setja ítarlegri reglur um byggingarhraða í byggingarskilmála.

46. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja sem heyra undir þessi lög greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, skipulagi lóðar og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Séruppdrættir eru:

1. Byggingaruppdrættir sem gera nánari grein fyrir mannvirki í heild sinni.
2. Uppdrættir að skipulagi lóðar, gróðri og girðingum.
3. Burðarþolsuppdrættir sem gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.
4. Uppdrættir lagnakerfa, svo sem raflagna, hitalagna, neysluvatnslagna, loftræstikerfa, slökkvilagna, sem sýna eðli þeirra, fyrirkomulag og frágang. Á séruppdráttum er gerð grein fyrir þeim kröfum sem reglur og staðlar um öryggis-, umgengnis- og heilbrigðismál gera til hönnunar.
5. Deiliuppdrættir er gera nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á öðrum uppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

47. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 48. og 49. gr. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Sá sem áritar aðaluppdrátt er samræmingarhönnuður. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum á að séruppdrættir, sem lagðir eru fram til samþykktar, séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

48. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir, sem sækja um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skulu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.

Arkitektar og byggingarfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir. Prófið skal ná til þeirra greina sem helst reynir á í störfum hönnuða við íslenskar aðstæður. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófi sem umsækjendum er skylt að sækja. Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd námskeiðahalds og prófs og lágmarksárangur til að standast það.

Byggingarfræðingar þurfa, auk þess að standast próf skv. 3. mgr., að hafa lokið 20 mánaða starfsreynslutíma.

Umsækjendur, aðrir en arkitektar og byggingarfræðingar, skulu hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Að starfsreynslutímanum loknum skulu umsækjendur sækja námskeið og undirgangast próf það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta hönnuði til Skipulagsstofnunar og byggingarfulltrúa.

49. gr.

Löggilding á sérsviði.

Arkitektar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu ráðherra til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.

Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.

50. gr.

Löggilding prófhönnuða.

Verkfræðingar með sérmenntun og löggildinu á viðkomandi hönnunarsviði geta hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir, sbr. 6. mgr. 42. gr., enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á þessu sviði, þar af minnst eitt ár við eftirlit með framkvæmdum.

Ráðherra setur nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Setja má það skilyrði að umsækjandi gangist undir próf.

51. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis skal vera byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, vélvirkjameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 52. gr. og tilskilið starfsleyfi.
2. Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Byggingarstjóri gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta. Við lok framkvæmda skal byggingarstjóri staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

52. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Samtaka iðnaðarins. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta iðnmeistara til byggingarfulltrúa.

V. KAFLI
Leyfisgjöld.

53. gr.
Byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnir skulu ákveða gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Jafnframt skal ákveða gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

54. gr.
Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

55. gr.
Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 53. og 54. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

VI. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

56. gr.
Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Hann skal leita staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem verða má.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og síðan skal hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið skal Skipulagsstofnun láta fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

Óheimilt er að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Byggingarnefnd getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1.–6. mgr.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi vegna almenns öryggis og hollustu koma í veg fyrir að húsið verið tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

57. gr.
Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

58. gr.

Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 48. eða 49. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því að ráðherra svipti hlutaðeigandi hönnuð löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

59. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

60. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

VII. KAFLI
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

61. gr.

Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðunm eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

62. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í stað orðanna „á skipulögðum svæðum“ í 25. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, kemur: samkvæmt gildandi skipulagi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.
3. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
4. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
5. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
6. Starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara halda fullum rétti sínum til starfa þrátt fyrir ákvæði 7. gr.
7. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 48. og 49. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

1168. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til skipulags- og byggingarlaga.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „umhverfisspjöll“ í 2. efnislið komi: og ofnýtingu.
2. Við 2. gr.
   a. Orðið „samfelldu“ í 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðanna „en ekki heimild til að hefja framkvæmdir“ í 2. mgr. komi: og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

c. Í stað orðanna „og varðar m.a. einstakar lóðir og byggingar á þeim, kvaðir á lóðum, götur, stíga og opin svæði“ í 3. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.
d. Í stað orðanna „byggingarleyfi að uppfylltum nánari skilyrðum“ í 4. mgr. komi: skipulag og sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla laga þessara um mannvirki.
e. 5. mgr. orðist svo:
Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja.
f. Í stað orðanna „vörugeymslur, útivist, landbúnað o.s.frv.“ í 6. mgr. komi: útivist og landbúnað.
g. Í stað orðanna „ítölu o.fl.“ í 7. mgr. komi: og ítölu.
h. 8. mgr. falli brott.
i. 9. mgr. orðist svo:
Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttógólffletar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.
j. 10. mgr. orðist svo:
Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.
k. Í stað orðsins „deiliskipulagi“ í 11. mgr. komi: skipulagi.
l. 12. mgr. orðist svo:
Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.
m. 2. málsl. 13. mgr. orðist svo: Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.
n. Á eftir 13. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

3. Við 3. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.
4. 4. gr. orðist svo:
Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:
a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra,
g. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,

h. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. Við 5. gr.
a. Í stað orðsins „sérmenntun“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: háskólamenntun.
b. Á eftir orðunum „ábyrgð á stjórn“ í 2. mgr. komi: rekstri.
c. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í 2. mgr. komi: Skipulagsstofnunar.
d. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Skipulagsstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. 6. gr. orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd.

Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um byggingar- og skipulagsnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar, eftir því sem við á, skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög gera þá með sér samning um stofnun nefndanna sem ráðherra staðfestir.

7. 7. gr. orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi eða byggingar- og skipulagsnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 48. og 49. gr. laga þessara og skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans. Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi, en að öðrum kosti skal einnig starfa í sveitarfélaginu skipulagsfulltrúi. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um kröfur til menntunar og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar.

Starfsmanni byggingar- og skipulagsnefnda er óheimilt að vinna nokkuð það starf sem kann að koma til afgreiðslu byggingarnefndar í umdæmi hans skv. IV. kafla laga þessara, nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

8. 8. gr. orðist svo:

Umhverfisráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn án tilnefningar og tveir tilnefndir af Hæstarétti. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Ráðherra skal með reglugerð setja nefndinni nánari ákvæði um störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

Nefndinni er heimilt að kveðja til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

9. 9. gr. orðist svo:

Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

10. 10. gr. orðist svo:

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdrátta, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

11. 11. gr. verði 16. gr. og orðist svo:

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Um gerð aðalskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

Aðalskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fer um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða.

12. Við 12. gr. er verði 17. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga.
    b. Í stað orðanna „13. gr.“ í 2. mgr. komi: 18. gr.
13. Við 13. gr. er verði 18. gr.
    a. Í stað orðanna „á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á staðnum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: með áberandi hætti.
    b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur.
    c. Í stað orðanna „boðið“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: gefinn kostur á.
    d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.
    e. 2. málsl. 4. mgr. falli brott.
    f. Í stað orðanna „Senda skal Skipulagsstofnun endanlega tillögu“ í 1. málsl. 5. mgr. komi: Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana.
    g. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu.*
14. Við 14. gr. er verði 19. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr.:
    a. Á eftir orðunum „frestun staðfestingar“ í 1. málsl. komi: að öllu leyti eða að hluta.
    b. Orðin „m.a.“ í 1. málsl. falli brott.
    c. 2. málsl. orðist svo: Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.
15. Við bætist ný grein, 14. gr., og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Breyting á svæðisskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn sem er aðili að staðfestu svæðisskipulagi að breyta þurfi því og fer þá um málsmeðferð skv. 12. og 13. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu svæðisskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 3. mgr. 13. gr. og skal hún þá senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Áður skal hún hafa kynnt breytinguna öðrum sveitarstjórnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu og auglýst hana með áberandi hætti. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

16. Við 15. gr. er verði 20. gr. Í stað orðsins „tillögu“ í 1. mgr. komi: umsögn.
17. 16. gr. falli brott.
18. Við 17. gr. er verði 21. gr.
    a. Greinin orðist svo:

    Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 17. og 18. gr.

    Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. gr. Skal þá fara um breytinguna skv. 18. gr. Er sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Breyting á aðalskipulagi.*
19. Við 18. gr. er verði 22. gr. 3. mgr. orðist svo:

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr.

20. 19. gr. er verði 23. gr. orðist svo:

Deiliskipulag skal gera á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir í þegar byggðum hverfum getur sveitarstjórn veitt heimild til framkvæmda að undangenginni grenndarkynningu, sbr. 7. mgr. 43. gr.

Deiliskipulag skal setja fram í greinargerð og á uppdrætti. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum skipulagsins lýst og einstök atriði þess skýrð, svo og skipulags- og byggingarskilmálar sem kveða nánar á um skipulagskvaðir og önnur atriði sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu. Í deiliskipulagi skal útfæra nánar ákvæði aðalskipulags um viðkomandi svæði.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun er höfð skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.

Um gerð deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

21. Við 20. gr. er verði 24. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
    a. Á eftir orðunum „skal hann“ í 1. málsl. komi: þegar framkvæmdir hefjast.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

22. Í stað 21., 22. og 23. gr. komi ný grein, 25. gr., og orðist svo ásamt fyrirsögn:

Kynning, samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst og kynnt á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags í 1. og 2. mgr. 18. gr. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

23. Við 24. gr. er verði 26. gr.
   a. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað 1. málsl. 2. mgr. komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða sem er annaðhvort vegna ófyrirséðra aðstæðna á staðnum eða hefur einungis staðbundin áhrif. Þá skal fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar, sbr. 7. mgr. 43. gr.
   c. Í stað orðanna „til athugunar, sbr. 21. gr., eða staðfestingarmeðferðar, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr., ásamt athugasemdum hagsmunaaðila, umsögn sinni um þær og“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: sbr. 3. mgr. 25. gr., ásamt.
   d. 3. mgr. orðist svo:

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

24. 25. gr. verði 12. gr. og orðist svo:

Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórnar eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili.

Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Um gerð svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Hver sveitarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa. Stofnunin tilnefnir fulltrúa sinn til þess að starfa með nefndinni með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti. Að fengnum tillögum samvinnunefndarinnar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skulu viðkomandi sveitarstjórnir meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulagið. Verði tekin ákvörðun um endurskoðun fer um málsmeðferð eins og um nýtt svæðisskipulag sé að ræða.

Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga.

25. 26. gr. falli brott.

26. Við 27. gr. er verði 13. gr.

a. Greinin orðist svo:

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi hátt og skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Þegar samvinnunefnd hefur gert tillögu að svæðisskipulagi skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni. Samvinnunefnd tekur að fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórn aðliggjandi sveitarfélaga. Samvinnunefnd skal auglýsa niðurstöður sínar og jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögu samvinnunefndarinnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Unnt er að staðfesta tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting svæðisskipulags.*

27. Við bætist ný grein, 27. gr., er orðist svo ásamt fyrirsögn:

Framkvæmdaleyfi.

Allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem skógrækt og landgræðsla eða breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveða upp úr um það.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

28. 28. gr. verði 15. gr. og orðist svo:

Sérstakri svæðisskipulagsmeðferð er heimilt að beita vegna fyrirhugaðra mannvirkja, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja eða fjarskiptalína, eða áætlana um slíka mannvirkjagerð. Sá aðili, sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd, getur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins eða áætlunin fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að sérstöku svæðisskipulagi í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og er tillagan höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Íbúum og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði, skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til Skipulagsstofnunar. Stofnunin tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda í samráði við framkvæmdaraðila og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að slíku svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn Skipulagsstofnunar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu á slíku svæðisskipulagi.

Ráðherra staðfestir sérstakt svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

29. Við 29. gr. er verði 11. gr.

a. Greinin orðist svo:

Skipulagsstofnun skal afla gagna, hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt, svo sem um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki og náttúruvernd.

Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Áætlanir um landnotkun á landsvísu.*

30. Við 30. gr. er verði 28. gr.

a. 2. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. 2. mgr. verði 2. málsl. 1. mgr.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Mælingar og kortagerð.*

31. Við 31. gr. er verði 29. gr.
    a. Greinin orðist svo:

    Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins, landeignaskrá. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og númer sem skal þinglýsa.

    Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang landeignaskrár, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna.

    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Landeignaskrá.*
32. Við 32. gr. er verði 30. gr.
    a. Í stað orðanna „lóðaskrá, sbr. 31. gr.“ í 2. mgr. komi: landeignaskrá, sbr. 29. gr.
    b. Á eftir orðunum „krafist þess“ í 3. mgr. komi: af eigendum landa og jarða.
    c. Í stað orðsins „lóðaskrá“ í 3. mgr. komi: landeignaskrá.
33. Við 33. gr. er verði 31. gr.
    a. Í stað orðanna „aðal- eða deiliskipulags“ í 1. mgr. komi: skipulags samkvæmt lögum þessum.
    b. Í stað orðsins „skipulagsáætlunina“ í 1. mgr. komi: skipulag.
    c. Við 2. málsl. 2. mgr. bætist: og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.
34. Við 34. gr. er verði 32. gr.
    a. Orðin „og sanngjörnum“ í 3. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðanna „eiganda þeirrar eignar“ í 3. mgr. komi: eigendur þeirra eigna.
    c. Í stað orðanna „reglum laga“ í 4. mgr. komi: lögum.
35. Við 35. gr. er verði 33. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist: eða að hann leysi fasteignina til sín.
    b. 2. og 3. mgr. falli brott.
    c. 2. og 3. málsl. 5. mgr. orðist svo: Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.
36. Við 36. gr. er verði 34. gr.
    a. Í stað orðanna „sem hún annast fyrir landsskipulag“ í 1. tölul. komi: sbr. 1. mgr. 11. gr.
    b. Í stað orðanna „endurskoðun og gerð aðalskipulags“ í 3. tölul. komi: gerð aðalskipulags og endurskoðun.
    c. Orðin „sbr. 37. gr.“ í 3. tölul. falli brott.
    d. 1. málsl. 4. tölul. orðist svo: Sveitarfélag, sem ekki fær yfirfærðan helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, getur gert sérstakan samning við Skipulagsstofnun og getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar.
    e. 6. tölul. orðist svo: Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul.

37. Við 37. gr. er verði 35. gr.
    a. Í stað 1. mgr. komi þrjár málsgreinar, svohljóðandi:

    Til þess að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald.

    Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅓ verðs eldra hússins. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af stofnverði þess. Af þeim mannvirkjum, sem ekki eru háð byggingarleyfi skv. 43. gr., er ekki greitt skipulagsgjald nema af stofnkerfum rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta utan þéttbýlis.

    Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.

    b. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 2. mgr. komi: 1.–3. mgr.
38. Við 38. gr. er verði 36. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:

    Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan.

    b. Orðin „utan þéttbýlis“ í 1. málsl. 2. mgr. falli brott.
    c. Við 1. málsl. 2. mgr. bætist: enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum.
    d. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
39. Við 39. gr. er verði 37. gr.
    a. Á eftir orðinu „byggingarreglugerð“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: er nær til alls landsins.
    b. Síðari málsliður 1. mgr. falli brott.
    c. Orðið „grenndarkynningu“í 1. málsl. 3. mgr. falli brott.
40. Við 40. gr. er verði 38. gr.
    a. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir sem berast og ályktar um úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar.
    b. Í stað orðanna „staðfest aðalskipulag og gildandi deiliskipulag“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: gildandi skipulag.
    c. Í stað orðanna „m.a. ferlinefnd fatlaðra“ í 3. mgr. komi: t.d. um ferlimál, brunamál, hollustuhætti og öryggismál.
41. Við 41. gr. er verði 39. gr.
    a. Orðin „nr. 8/1986“ í 1. mgr. falli brott.
    b. Í stað orðsins „synjanir“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: afgreiðslu.
    c. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
    d. 4. mgr. falli brott.

42. Við 42. gr. er verði 40. gr.
    a. Í stað orðsins „skipulagsáætlanir“ í 1. mgr. komi: skipulag.
    b. Í stað orðsins „framkvæmdaleyfis“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: byggingarleyfis.
    c. Í stað orðanna „framkvæmdaleyfi og leyfi til niðurrifs mannvirkja“ í 3. málsl. 2. mgr. komi: að fengnu samþykki sveitarstjórnar.
43. Við 43. gr. er verði 41. gr.
    a. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.
    b. 5. mgr. falli brott.
44. Við 44. gr. er verði 42. gr.
    a. Í stað orðanna „prófreikninga hönnunar frá löggiltum prófhönnuði“ í 1. mgr. komi: umsagnar löggiltra prófhönnuða.
    b. 4. mgr. falli brott.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

       Byggingarfulltrúa er heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Vegna yfirferðar séruppdrátta skal greiða sérstakt gjald sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um starfsreglur og gjaldtöku vegna þessa.
45. Við 45. gr. er verði 43. gr.
    a. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 1. mgr. komi: sveitarstjórnar.
    b. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein er orðist svo:

       Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.
    c. 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
    d. Orðin „nr. 88/1989“ í 4. mgr. falli brott.
    e. Við greinina bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

       Byggingarnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst nefndinni. Er slík frestun heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Frestun á afgreiðslu málsins skal tilkynnt umsækjanda. Eigandi fasteignar, sem verður fyrir tjóni vegna frestunar byggingarnefndar á afgreiðslu byggingarleyfis, á rétt til bóta.

       Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

46. Við 46. gr. er verði 44. gr.
    a. 1. mgr. falli brott.
    b. Í stað 3. mgr. komi fjórar nýjar málsgreinar er orðist svo:

    Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

    Áður en framkvæmdir eru hafnar skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína og tilkynna byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

    Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

    Staðfesting sveitarstjórnar fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

    c. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Útgáfa byggingarleyfis.*
47. 47. gr. falli brott.
48. Við 48. gr. er verði 45. gr.
    a. Greinin orðist svo:

    Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

    Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt byggingarleyfið úr gildi.

    Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 57. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

    Sveitarstjórn er heimilt að setja ítarlegri reglur um byggingarhraða í byggingarskilmála.

    b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Gildistími byggingarleyfis.*
49. Við 49. gr. er verði 46. gr.
    a. Í stað orðanna „og séruppdrætti“ í 1. mgr. komi: séruppdrætti og deiliuppdrætti.
    b. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo: Uppdrættir lagnakerfa, svo sem raflagna, hitalagna, neysluvatnslagna, loftræstikerfa, slökkvilagna, sem sýna eðli þeirra, fyrirkomulag og frágang. Á séruppdráttum er gerð grein fyrir þeim kröfum sem reglur og staðlar um öryggis-, umgengnis- og heilbrigðismál gera til hönnunar.
50. Við 50. gr. er verði 47. gr.
    a. Í stað orðanna „51. og 52. gr.“ í 1. mgr. komi: 48. og 49. gr.
    b. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Sá sem áritar aðaluppdrátt er samræmingarhönnuður.
51. 51. gr. er verði 48. gr. orðist svo:

    Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir, sem sækja um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skulu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.

Arkitektar og byggingarfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir. Prófið skal ná til þeirra greina sem helst reynir á í störfum hönnuða við íslenskar aðstæður. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófi sem umsækjendum er skylt að sækja. Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd námskeiðahalds og prófs og lágmarksárangur til að standast það.

Byggingarfræðingar þurfa, auk þess að standast próf skv. 3. mgr., að hafa lokið 20 mánaða starfsreynslutíma.

Umsækjendur, aðrir en arkitektar og byggingarfræðingar, skulu hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Að starfsreynslutímanum loknum skulu umsækjendur sækja námskeið og undirgangast próf það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta hönnuði til Skipulagsstofnunar og byggingarfulltrúa.

52. Við 52. gr. er verði 49. gr.
    a. Á eftir orðinu „Arkitektar“ í 1. mgr. komi: og byggingarfræðingar.
    b. Í stað orðanna „byggingartæknifræðingar og byggingarfræðingar“ í 3. mgr. komi: og byggingartæknifræðingar.
    c. Orðið „Byggingarfræðingar“ í 4. mgr. falli brott.
    d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

       Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.
53. Við 53. gr. er verði 50. gr. Á eftir orðunum „sem prófhönnuðir“ í 1. mgr. komi: sbr. 6. mgr. 42. gr.
54. Við 54. gr. er verði 51. gr.
    a. Á eftir orðinu „pípulagningarmeistarar“ í 1. tölul. 2. mgr. komi: vélvirkjameistarar.
    b. Í stað orðanna „55. gr.“ í 1. tölul. 2. mgr. komi: 52. gr.
55. 55. gr. verði 52. gr.
56. 56. gr. verði 53. gr.
57. Við 57. gr. er verði 54. gr.
    a. 2. mgr. orðist svo:

       Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.
    b. 3. mgr. falli brott.

58. Við 58. gr. er verði 55. gr. Í stað orðanna „56. og 57. gr.“ í 3. mgr. komi: 53. og 54. gr.
59. Við 59. gr. er verði 56. gr. Greinin orðist svo:

    Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Hann skal leita staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem verða má.

    Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og síðan skal hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

    Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið skal Skipulagsstofnun láta fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

    Óheimilt er að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

    Byggingarnefnd getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

    Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1.–6. mgr.

    Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi vegna almenns öryggis og hollustu koma í veg fyrir að húsið verið tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

    Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.
60. 60. gr. verði 57. gr.
61. Við 61. gr. er verði 58. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
    a. Í stað orðanna „51. eða 52. gr.“ komi: 48. eða 49. gr.
    b. Orðin „og skal tilkynna ráðherra um hana“ falli brott.
62. Við 62. gr. er verði 59. gr. Orðin „og skal tilkynna ráðherra um hana“ í 1. mgr. falli brott.
63. Við 63. gr. er verði 60. gr. 2. mgr. falli brott.
64. Við 64. gr. er verði 61. gr. Fyrri málsliður 3. mgr. orðist svo: Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum.
65. Við 65. gr. er verði 62. gr.
    a. Í stað orðanna „1. september 1997“ komi: 1. janúar 1998.
    b. 3. málsl. orðist svo: Í stað orðanna „á skipulögðum svæðum“ í 25. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, kemur: samkvæmt gildandi skipulagi.

66. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Í stað orðanna „39. gr.“ í 1. tölul. komi: 37. gr.
    b. Á eftir 2. tölul. komi tveir nýir töluliðir er orðist svo:
        3. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
        4. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
    c. 4. tölul. (er verði 6. tölul.) orðist svo: Starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara halda fullum rétti sínum til starfa þrátt fyrir ákvæði 7. gr.
    d. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 48. og 49. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

1169. Nefndarálit [493. mál]

um frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Kolbeinsson og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Auðun Ágústsson frá Fiskistofu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Eyþingi, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum dragnótamanna, Siglingastofnun Íslands, Sjómannasambandi Íslands, smábátafélaginu Hörpu í Bolungarvík, Sveinbirni Jónssyni í Súgandafirði, Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Vélstjórafélagi Íslands og útgerðum togbátanna Danska Péturs VE 423, Drangavíkur VE 80, Frás VE 78, Freyju RE 38, Ófeigs VE 325, Þinganess SF 25 og Þórs Péturssonar GK 504.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 5. gr. A- og b-liður breytingartillagnanna lúta að því að bæta við þeim skipum er falla undir 2. og 3. flokk 2. mgr. og hafa heimild til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelginnar. Í c-lið er lögð til orðalagsbreyting á 3. mgr. 5. gr. til að gera ákvæðið skýrara. Í d-lið er lögð til lagfæring á 4. mgr. 5. gr. þannig að ekki fari milli mála að einungis sé haldin skrá yfir þau skip sem falla undir greinina. Jafnframt þykir eðlilegt að Siglingastofnun Íslands haldi skrána í stað Fiskistofu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í e-lið er lagt til að við flokk 3 í F-lið (Breiðafjörður) bætist nýtt hólf á tímabilinu 1.

september–31. desember. Loks er lagt til í f-lið að úr frumvarpinu falli brott hólf fyrir flokka 2 og 3 utan Vestfjarða (G.2).

2. Lagt er til að orðalag 12. gr. verði mildað þannig að skipstjóra verði falið að meta í hvert sinn hvort hann geti orðið við tilmælum veiðieftirlitsmanns um að kasta út eða leggja veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni.
3. Lagt er til að auk Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu geti Landhelgisgæslan haft eftirlit með þeim veiðitilraunum og vísindarannsóknum í fiskveiðilandhelginni sem ráðherra hefur veitt heimild fyrir, sbr. 13 gr.
4. Lögð er til lagfæring á orðalagi 14. gr.
5. Lögð er til leiðrétting á tilvísun í 21. gr.
6. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði með hliðsjón af því að breytingartillögur við 2. mgr. 5. gr. þurfa strax að taka gildi. Lögin í heild koma hins vegar ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi næsta árs.
7. Lagt er til að ákvæði til bráðabirgða falli brott. Ákvæðið mælir fyrir um tímabundnar heimildir fyrir tiltekinn hóp skipa. Ekki verður lengur þörf fyrir ákvæðið þar sem í breytingartillögum við 5. gr. er lagt til að þessum skipum verði bætt við flokka 2 og 3.

Loks vill nefndin taka fram að í framhaldi af lögfestingu þessa frumvarps er eðlilegt að hugað verði að breytingum á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967, vegna samspils þessara tveggja lagabálka.

Alþingi, 12. maí 1997.

Steingrímur J. Sigfússon, form., frsm.	Árni R. Árnason.	Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Hallvarðsson.	Einar Oddur Kristjánsson.	Hjálmar Árnason.
Lúðvík Bergvinsson.	Vilhjálmur Egilsson.	Sighvatur Björgvinsson.

1170. Breytingartillögur [493. mál]

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á greininni:
   a. Við 2. flokk í 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.
   b. Við 3. flokk í 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.
   c. Í stað orðsins „vélarafl“ í síðasta málslið 3. mgr. komi: afl aðalvélar.

d. 4. mgr. orðist svo:
Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir aflvísa þeirra skipa sem stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal sú skrá lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.
e. Við F-lið 8. mgr. (Breiðafjörður) bætist nýr liður, F.4, svohljóðandi: Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skorarvita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'0 N.
f. G-liður 8. mgr. (Vestfirðir) orðist svo:
Allir flokkar:
Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

2. Við 12. gr. 2. málsl. orðist svo: Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði.
3. Við 13. gr. Á eftir orðinu „Hafrannsóknastofnunarinnar“ í 2. málsl. komi: Landhelgisgæslunnar.
4. Við 14. gr. 1. málsl. orðist svo: Ráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara.
5. Við 21. gr. Í stað „20. gr. og 21. gr.“ í 2. málsl. komi: 21. gr. og 22. gr.
6. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.
7. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

1171. Nefndarálit [410. mál]

um frv. til lögræðislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Enn fremur komu til fundar Friðrik Sigurðsson og Svanfríður Larsen frá Þroskahjálp, og Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, og frá Geðlæknafélagi Íslands komu Magnús Skúlason, Halldóra Ólafsdóttir og Kristófer Þorleifsson. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um frumvarpið frá Félagi íslenskra heimilislækna, starfshópi um málefni geðsjúkra, barnaverndarráði, Barnaverndarstofu, Landssambandi lögreglumanna, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Lögmannafélagi Íslands, Barnaheillum, Dómarafélagi Íslands, Þroskahjálp, Geðhjálp, Foreldrafélagi Gagnfræðaskóla Akureyrar, Öryrkjabandalagi Íslands og Heimili og skóla.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um lögræði. Meðal helstu nýmæla þess er að mun ítarlegri reglur um nauðungarvistanir og meðferð lögræðismála fyrir dómstólum eru í frumvarpinu en í gildandi lögum og miða reglurnar að því að tryggja betur réttarstöðu nauðungarvistaðra og þeirra sem krafist er að sviptir verði lögræði. Mikilvægt nýmæli frumvarpsins er einnig að þeir sem eru fjárráða en eiga erfitt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar geta fengið skipaðan ráðsmann er fari með fjármál þeirra að því er varðar tilteknar eignir. Í frumvarpinu er nýmæli um tímabundna svipt-

ingu lögræðis og heimild til að svipta menn fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir hans. Þá er lagt til að settar verði reglur um rétt nauðungarvistaðs manns til að njóta stuðnings og ráðgjafar sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar. Einnig er að finna það nýmæli í frumvarpinu að dómari getur skipað sóknaraðila talsmann ef hann óskar eftir því. Þá eru í frumvarpinu ítarlegri reglur um lögráðamenn en í núgildandi lögum, einkum um lögborna lögráðamenn, og mikilvægt nýmæli um að þóknun til skipaðs lögráðamanns megi greiða úr ríkissjóði ef sérstaklega stendur á.

Miklar umræður urðu í nefndinni um hækkun sjálfræðisaldurs, en frumvarpið gerir ráð fyrir að hann miðist áfram við 16 ár. Komu fram rök bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs, en mælt var með hækkun í nær öllum umsögnum sem nefndinni bárust. Þá hefur nefndin einnig haft til umfjöllunar 49. mál, en þar leggja flutningsmenn til hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Allsherjarnefnd bárust alls tíu umsagnir um það mál og mæltu níu umsagnaraðilar af tíu með breytingunni, en ekki var tekin afstaða til málsins í umsögn dómsmálaráðuneytisins. Umsagnaraðilar sem mæltu með hækkun sjálfræðisaldurs voru Barnaheill, Heimili og skóli, Félag framhaldsskólanema, Sýslumannafélag Íslands, Félagsmálastjóri Akureyrar, Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, Félagsmálastofnun Kópavogs, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Barnaverndarstofa. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og þykir nefndinni rétt að ákvörðun um þetta atriði komi til atkvæða í þinginu.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Helstu atriði breytingartillagna nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár. Í athugasemdum við I. kafla frumvarpsins eru reifuð ítarleg rök bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs sem ýmsar stofnanir, félög og samtök færðu fram í umsögnum sínum til nefndar þeirrar er frumvarpið samdi. Meiri hluti umsagnaraðila mælti með hækkun sjálfræðisaldurs en enginn mælti gegn hækkuninni. Nefndin, sem samdi frumvarpið, tók ekki afstöðu til þess álitaefnis hvort hækka bæri sjálfræðisaldurinn og gekk þannig frá málinu að samin voru tvö frumvörp sem voru efnislega eins að öðru leyti en því er þetta efni varðar. Þá liggur fyrir að verkefnisstjórn dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum lagði til í skýrslu sinni, sem hún sendi frá sér í júní 1996, að sjálfræðisaldur yrði hækkaður í 18 ár. Helstu rök, sem færð hafa verið fyrir hækkun sjálfræðisaldurs, eru að þjóðfélagsaðstæður hafi breyst á síðustu árum. Þorri íslenskra ungmenna búi nú í foreldrahúsum fram undir tvítugt og njóti stuðnings foreldra sinna. Þannig hafi sjálfræði aðeins táknrænt gildi fyrir þennan hóp. Einnig hefur verið bent á að með minnkandi atvinnumöguleikum ungmenna og lengri skólagöngu hafi aðstæður þeirra breyst og fæst þeirra séu fær um að framfæra sig sjálf eða reka heimili. Þá hefur verið á það bent að hið íslenska fyrirkomulag sé ekki í samræmi við löggjöf í nágrannalöndum okkar þar sem sjálfræðisaldur er 18 ár, en komið hefur fram í nefndinni að fjölskyldur sem flytjast til Norðurlanda geta lent í vandræðum vegna þessa misræmis. Þá hafa verið færð rök fyrir því að rétt sé að fylgja meginreglu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri séu skilgreindir sem börn. Einnig hefur verið bent á að óeðlilegt misræmi felist í því að forsjárskyldur falli niður við 16 ára aldur barna, en framfærsluskylda haldist til 18 ára aldurs. Þá hefur verið bent á að á grundvelli barnaverndarsjónarmiða sé rétt að hækka sjálfræðisaldurinn þar sem barnaverndarnefndir geti ekki haft afskipti af málefnum unglings sem náð hefur 16 ára aldri nema með samþykki hans. Þannig geti meðferðarstarf, sem hafið er fyrir 16 ára aldur, glatast

þar sem unglingur rjúfi oft öll tengsl við meðferðaraðila í krafti fengins sjálfræðis. Þannig ætti að verða auðveldara að beita viðeigandi stuðningsúrræðum í barnaverndarmálum ef sjálfræðisaldurinn er hækkaður. Loks má nefna að bent hefur verið á hvað varðar afbrot og vímuefnaneyslu ungmenna á aldrinum 16–18 ára að auðveldara geti verið að ná til og grípa í taumana hjá einstaklingum á þessum aldri ef sjálfræðisaldur verður hækkaður.

Helstu rök, sem færð hafa verið gegn hækkun sjálfræðisaldurs, lúta að því að með hækkuninni sé verið að svipta stóran hóp ungmenna rétti til að takast á við sjálfsábyrgð. Einnig hafa verið sett fram þau rök að með hækkun sjálfræðisaldurs sé einkum verið að reyna að ná til hóps unglinga sem sé á villigötum vegna afbrota og neyslu vímuefna. Þá hafa verið færð fram þau rök að skólaskyldu barna ljúki við 16 ára aldur, og að ekki sé óeðlilegt að sjálfræði og skólaskylda fari saman. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að skólaskyldu á Norðurlöndum lýkur við 16 ára aldur þó að unglingar verði ekki sjálfráða fyrr en 18 ára. Þá er það af sumum talinn kostur að ungmenni öðlist sjálfstæði stig af stigi þannig að þau fái fyrst sjálfræði og síðan fjárræði og þar með lögræði. Þá hafi sýnt sig að oftar en ekki hafi 16 ára aldurinn í för með sér aukna ábyrgð á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Að öllu þessu athuguðu telur allsherjarnefnd rétt að leggja til hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár.

2. Lögð er til breyting við 4. mgr. 10. gr. í samræmi við ábendingar Dómarafélags Íslands. Lýtur breytingin að málsmeðferð í lögræðissviptingarmálum og felst í því að dómara er skylt að lokinni rannsókn máls að gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega. Telja verður að slík breyting geti leitt til skilvirkari málsmeðferðar. Bendir Dómarafélagið á að reynslan hafi leitt í ljós að það fyrirkomulag að viðhafa skriflega vörn í lögræðissviptingarmálum geti leitt til seinkunar á lyktum máls.
3. Þá felast breytingarnar í því að lagt er til að sá tími, sem nauðungarvistun sem dómsmálaráðuneytið getur heimilað skv. 3. mgr. 19. gr., verði lengdur úr 15 sólarhringum í 21 sólarhring. Fram kom hjá fulltrúum Geðlæknafélags Íslands sem komu á fund nefndarinnar að lenging þessi væri mjög æskileg þar sem áhrifa lyfjameðferðar sé ekki alltaf farið að gæta að fullu eftir 15 sólarhringa. Mæltu þeir þar af leiðandi með því að tími nauðungarvistunar yrði lengdur í 21 sólarhring og byggjast tillögur nefndarinnar á þessum ábendingum, en gera þarf breytingar á 19. og 29. gr. vegna þessa.
4. Einnig felast tillögur nefndarinnar í því að gerð verði breyting á 3. mgr. 30. gr. þess efnis að við greinina bætist ákvæði um að í kröfu um að nauðungarvistun verði aflétt komi fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera. Barst nefndinni ábending um þessa breytingu frá Dómarafélagi Íslands. Til grundvallar henni liggur það sjónarmið að það sé í þágu skjóts framgangs málsins og til frekari hagræðingar að dómari geti skipað nauðungarvistuðum manni talsmann um leið og honum berst krafa um að nauðungarvistun verði aflétt. Í samræmi við þessa breytingu leggur nefndin til smávægilega breytingu á 1. mgr. 31. gr.
5. Breytingartillaga við 2. mgr. 51. gr. tengist tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Við hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár falla forsjá barna og fjárhald niður við sömu aldursmörk og á því 2. málsl. 2. mgr. 51. gr. ekki lengur við.

6. Einnig er lögð til breyting á 2. mgr. 58. gr. er tengist tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Með hækkuðum sjálfræðisaldri kemur að sjálfsögðu ekki til þess að ungmenni undir 18 ára aldri verði svipt sjálfræði sínu og á því heimildin til að vista sjálfræðissviptan mann nauðugan á heimili eða stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna ekki við. Sú heimild, sem 2. mgr. 58. gr. veitir til að vista sjálfræðissviptan mann á stofnun, að skilyrðum ákvæðisins fullnægðum, er því bundin við stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra.
7. Tillaga um ákvæði til bráðabirgða er einnig tengd tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Með þessu ákvæði er lagt til að þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 haldi því. Þetta hefur eingöngu þýðingu varðandi ungmenni sem náð hafa 16 ára aldri við gildistöku laganna, en eru ekki orðin 18 ára. Unglingur, sem fæddur er 31. desember 1981 og verður því 16 ára á gamlársdag 1997, öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 og heldur því þrátt fyrir gildistöku nýrra laga þar sem mælt er fyrir um 18 ára sjálfræðisaldur. Unglingur, sem fæddur er 1. janúar 1982 og verður því 16 ára 1. janúar 1998, öðlast hins vegar ekki sjálfræði fyrr en að tveimur árum liðnum, þ.e. þegar hann nær 18 ára aldri, þar sem gildistaka laganna miðast við 1. janúar 1998. Ljóst er að hér skapast ákveðið tímabundið misræmi. Hjá því er hins vegar örðugt að komast þegar lagt er til að sjálfræðisaldur verði hækkaður. Sú lagaskilaregla sem hér er lögð til byggist að meginstofni á því sjónarmiði að þeir unglingar, sem öðlast hafa sjálfræði í gildistíð gildandi lögræðislaga, verði ekki sviptir þeim réttindum.

Loks telur nefndin rétt að benda á að samhliða hækkun sjálfræðisaldurs þarf að huga að breytingu á ákvæðum annarra laga þó að nefndin telji ekki nauðsynlegt að gera þessar breytingar þegar í stað.

Fyrirvari Hjálmars Jónssonar og Árna R. Árnasonar lýtur að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og styðja þeir ekki breytingartillögur þar að lútandi.

Alþingi, 9. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Jón Kristjánsson.	Árni R. Árnason, með fyrirvara.	Guðný Guðbjörnsdóttir.
Kristján Pálsson.	Ögmundur Jónasson.	Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.

1172. Breytingartillögur [410. mál]

við frv. til lögræðislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða.

b. 2. og 3. mgr. falli brott.

2. Við 10. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Dómari skal eftir að rannsókn máls er lokið gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega áður en það er tekið til úrskurðar.
3. Við 19. gr. Í stað orðanna „15 sólarhringa“ í 3. mgr. komi: 21 sólarhring.
4. Við 29. gr. Í stað orðanna „15 sólarhringa“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 21 sólarhring.
5. Við 30. gr. Á eftir fyrri málslið 3. mgr. komi nýr málsliður er orðist svo: Í kröfunni skal koma fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera.
6. Við 31. gr. Við 1. mgr. bætist: hafi sú ósk ekki þegar komið fram.
7. Við 51. gr. Síðari málsliður 2. mgr. falli brott.
8. Við 58. gr. Orðin „eða heimili eða stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:
   Þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 við gildistöku laga þessara halda sjálfræði sínu. Þeir sem ósjálfráða eru fyrir æsku sakir við gildistöku laganna öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæði 1. gr.

1173. Nefndarálit [528. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk hún á sinn fund ýmsa sérfróða aðila auk umsagna, en þeirra er nánar getið í áliti meiri hlutans.

Frumvarp þetta er tilkomið vegna loforða ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga, einkum gagnvart verkalýðshreyfingunni. Það er liður í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Meginefni frumvarpsins eru breytingar á skattalögum þannig að skattar lækki á næstu fjórum árum um 5 milljarða kr. Það gerist með því að tekjuskattshlutfall er lækkað í áföngum um 4 prósentustig, þ.e. staðgreiðsluhlutfall lækkar úr um 42% í 38%. Barnabótakerfi er breytt þannig að ein tekjutengd greiðsla kemur í stað núverandi kerfis ótekjutengdra barnabóta og tekjutengds barnabótaauka. Jafnframt er hátekjuskattur hækkaður úr 5% í 7% sem þýðir að heildarskatturinn lækkar úr 47% í 45% þar sem almenna tekjuskattshlutfallið er lækkað um 4 prósentustig. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um að skattleysismörk hækki um 2,5% næstu þrjú árin.

Hluti af þessu frumvarpi var lögfestur fyrir 1. maí með stuðningi stjórnarandstöðunnar, þ.e. þau ákvæði sem áttu að koma til framkvæmda í staðgreiðslu 1. maí. Stjórnarandstaðan taldi eðlilegt að launþegar yrðu ekki látnir gjalda seinagangs ríkisstjórnarinnar en málið kom seint fram á Alþingi og beið nokkurn tíma áður en mælt var fyrir því. Þau vinnubrögð eru ámælisverð.

Í afgreiðslu frumvarpsins nú af hálfu meiri hlutans er lagt til að almenn ákvæði þess séu lögfest. Gagnrýnisvert er að skattalækkunin er látin ná upp allan tekjustigann. Þeir sem bera mest úr býtum við þessar breytingar eru því barnlaust hátekjufólk. Það þýðir að hátekjumaðurinn ber mest úr býtum við breytingarnar. Tillögur Alþýðusambandsins voru að taka upp fleiri skattþrep og láta ekki hækkunina ná til hæstu tekna. Flestar nágrannaþjóðir okkar eru með fleiri en eitt skattþrep í tekjuskatti, en við Íslendingar erum einungis með eitt þrep sem meginreglu í okkar tekjuskattskerfi.

Ekki er hægt að gera mjög miklar breytingar á frumvarpinu þar sem það var liður í kjarasamningum og ríkisstjórnin lofaði að tryggja framgang þess. Breytingar gætu stefnt kjarasamningum í hættu, en það er ekki vilji stjórnarandstöðunnar.

Minni hlutinn gagnrýnir hins vegar harðlega fyrirkomulag barnabóta í frumvarpinu. Engu er varið til þess að auka barnabætur, en það er brýnt. Í stað þess er alfarið tekin upp tekjutenging barnabóta sem þýðir að barnabætur lækka hjá fjölmörgum einstaklingum. Það er skoðun minni hlutans að hækka hefði þurft barnabætur og draga úr tekjutengingunni. Barnafólk hefur komið illa út úr skattabreytingum undanfarinna ára. Það er mikilvægt að sýna þeim meiri skilning við skattabreytingar. Minni hlutinn telur að til álita hefði komið að draga verulega úr eða jafnvel afnema tekjutengingu barnabóta þannig að barnabætur hefðu hækkað í áföngum á nokkrum árum. Slíkt hefði kostað um 5 milljarða kr. en verið skynsamlegt til lengri tíma.

Frumvarpið felur ekki í sér neina uppstokkun á núverandi skattakerfi. Minni hlutinn hefur áhyggjur af millitekjuhópum í þjóðfélagi okkar sem bera þungar klyfjar af tekjuskatti. Tiltölulega fáir bera þungan hlut í tekjuskattskerfinu, en hátekjufólk hefur notið sérstakra ívilnana af hálfu núverandi ríkisstjórnar eins og sést best af því að heildarskattbyrði þess lækkar við þessar breytingar. Einnig má geta um útfærslu ríkisstjórnarinnar á svokölluðum fjármagnstekjuskatti þar sem skattar hátekjumanna sem hafa miklar vaxtatekjur voru lækkaðir verulega. Þar sýndi ríkisstjórnin hug sinn í verki.

Minni hlutinn mun greiða þessu frumvarpi leið í gegnum þingið þar sem það tengist samningum ríkisstjórnarinnar við verkalýðshreyfinguna.

Breytingartillögur meiri hlutans felast í því að felld eru úr frumvarpinu ákvæðin sem voru lögfest fyrir 1. maí. Jafnframt er gerð tillaga um að bætt verði við frumvarpið ákvæði sem er samhljóða frumvarpi á þskj. 775, þ.e. 461. máli. Það frumvarp felur í sér að hafi hjón slitið hjúskap eða samvistum á árinu og annað þeirra nýtt persónuafslátt hins við staðgreiðslu skatta skuli telja hann hinu fyrrnefnda til góða en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Þetta hefur gildi við sambúðarslit eða skilnað og hefur verið verulega íþyngjandi fyrir þann maka sem nýtt hefur persónuafslátt hins hluta tekjuárs. Minni hlutinn styður þessa breytingartillögu meiri hlutans.

Að öðru leyti mun minni hlutinn ekki leggjast gegn frumvarpinu. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, en minni hlutinn hefði kosið aðra útfærslu á skattalækkunum til handa launafólki, einkum gagnvart millitekjufólki og barnafjölskyldum.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk álitinu.

Alþingi, 9. maí 1997.

Ágúst Einarsson, frsm. Steingrímur J. Sigfússon. Jón Baldvin Hannibalsson.

1174. Fyrirspurn [609. mál]

til dómsmálaráðherra um tjón á bílum.

Frá Guðna Ágústssyni.

1. Hvers vegna er reglum um skráningarferli skemmdra bifreiða ekki framfylgt nema um innfluttar tjónabifreiðar?
2. Hvers vegna eru skoðanavottorð bifreiða, sem skemmst hafa erlendis, viðgerðra af fagmönnum hér og skoðaðra af löggiltum aðilum, stimpluð „tjónabifreið“ sem fylgir bifreiðinni upp frá því, en slíks er ekki krafist af sams konar tjónabifreið sem skemmist hér á landi og er seld af tryggingafélagi eða eiganda?
3. Hvaða reglum er framfylgt varðandi tjónabíla, mismunandi mikið skemmda, sem eigandi eða sá sem eignast lætur sjálfur gera við? Eru þeir burðarvirkis- og hjólstöðumældir af skoðunarstöð, og þá að beiðni hvers?
4. Hve margar bifreiðar lenda í umferðaróhöppum árlega og hve stór hluti tjóna á bílum er bótaskyldur?
5. Hver annast skráningu og mat tjóna á bílum á tjónastað?
6. Hvaða eftirlit er af hálfu umferðaryfirvalda með viðgerð bifreiða sem hafa orðið fyrir bótalausu tjóni?

1175. Frumvarp til laga [610. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum, og breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

I. KAFLI

Lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 7. mgr. orðast svo:

Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, afli frystiskipa, svo og afli skipa sem leyfi hafa til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sem fluttur er á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk en allt að 15% á aðrar tegundir.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sé óunnum fiski landað innan lands hjá aðila er fellur undir skilgreiningu 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og hefur gilt vinnsluleyfi fyrir viðkomandi starfsemi samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sjávarafla og eftirlit með framleiðslu þeirra skulu aðeins 75% teljast til aflamarks. Ákvæði þetta á einnig við um rækju en ekki um uppsjávarfiska.

Sé fiskur veiddur á línu eða handfæri, veiðiferð stendur skemur en einn sólarhring og aflanum er landað til vinnslu innan lands skulu aðeins 50% teljast til aflamarks.

II. KAFLI

Lög um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna um fasteignaskatt skulu fasteignir, sem nýttar eru til fiskvinnslu, vera undanþegnar fasteignaskatti á árunum 1998–2002. Með fiskvinnslu er átt við vinnslu sjávarafurða sem fellur undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, og hefur gilt vinnsluleyfi samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um hvers konar starfsemi teljist fiskvinnsla samkvæmt þessari grein og hvaða eignir fiskvinnslunnar séu undanþegnar fasteignaskatti. Sé sama eign notuð til fiskvinnslu og einhvers annars skal undanþágan eingöngu ná til þess hluta eignarinnar sem notaður er til fiskvinnslu.

III. KAFLI

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er leitast við að styrkja stöðu ísfiskskipa og landvinnslu gagnvart frystiskipum og öðrum skipum sem vinna afla sinn um borð og tillögur settar fram til þess að jafna samkeppnisskilyrði landvinnslu gagnvart sjóvinnslu. Núverandi löggjöf mismunar að þessu leyti og verður ekki talið eðlilegt að löggjafinn stuðli sérstaklega að því að öflugasta matvælavinnsla Íslendinga eigi undir högg að sækja vegna lagaákvæða er íþyngja henni sérstaklega en ívilna útgerð og vinnslu á sjó.

Skýrsla um stöðu og þróun bolfiskfrystingar í landi.

Að beiðni þingflokks Alþýðubandalagsins lagði sjávarútvegsráðherra fyrir Alþingi á yfirstandandi þingi skýrslu um stöðu og þróun bolfiskfrystingar í landi, 13. mál, þskj. 451. Þar kemur fram að botnfiskvinnsla er rekin með 8,5% tapi miðað við rekstrarskilyrði í ágúst 1996 og afkoman í frystingunni er enn verri eða 12,5% tap. Meginskýringin á versnandi afkomu landvinnslunnar, sem gefin er í skýrslunni, er hækkun á kostnaði innan lands á sama tíma og afurðaverð erlendis hefur farið lækkandi. Þar ber hæst kostnað vegna kaupa á hráefni sem hefur hækkað úr 57% af tekjum botnfiskvinnslunnar í 63% frá 1994 til ágúst 1996. Samkvæmt því sem fram kemur í áðurnefndri skýrslu stafar stór hluti vanda botnfiskvinnslunnar af því hvernig tekjuskiptingin er innan sjávarútvegsins milli útgerðar og vinnslu. Útgerðinni, sem er seljandi aflans, hefur tekist að fá fram hærra söluverð en vinnslan getur greitt án hallareksturs. Afkoman í veiðunum er verulega betri og í heild er hagnaður um 3,5% af tekjum, þar af er útgerð frystiskipa með 6,5% hagnað. Hins vegar er athyglisvert að afkoma ísfisktogara er í járnum.

Gríðarlegur munur er á afkomu landvinnslu og sjóvinnslu samkvæmt þessum tölum, annars vegar er 12,5% tap og hins vegar 6,5% hagnaður, og af þeim sökum er óhjákvæmilegt að stöðugt dragi úr landvinnslu þrátt fyrir viðamiklar hagræðingaraðgerðir um þessar mundir.

Efalaust ræður það miklu um versnandi gengi landvinnslunnar undanfarin ár hversu mikill samdráttur hefur verið í bolfiskvinnslunni. Á árunum 1986–89 voru árlega unnin 400–460 þús. tonn í frystingu og söltun, næstu tvö ár um 380 þús. tonn árlega, en síðan 1991 hefur verið mikill samdráttur og árið 1995 fóru aðeins um 260 þús. tonn til vinnslu í frystingu og söltun. Á sama árabili hefur hlutur sjóvinnslunnar fjórfaldast, úr 24 þús. tonnum í um 100 þús. tonn.

Efni frumvarpsins.

Í löggjöf eru nokkur atriði sem hafa haft áhrif á þann veg að ívilna sjóvinnslu og er lagt til í þessu frumvarpi að sá mismunur verði afnuminn. *Í fyrsta lagi* er ísfiskskipum nú reiknað álag á útfluttan, óunninn fisk þegar metið er hversu miklu af aflamarki skipsins er náð, en frystiskip sleppa við álag, jafnvel þótt frá þeim sé fluttur út heilfrystur fiskur, sem hlýtur að teljast algerlega óunninn. *Lagt er til að allur útflutningur skipa falli undir ákvæði um álag og ráðherra verði falið að ákveða hvert álagið skuli vera hverju sinni.*

Þá er *í öðru lagi* bent á að notað aflamark frystiskipa og vinnsluskipa er ekki reiknað út frá veiddum afla heldur lönduðum afurðum og notaðir ákveðnir reiknistuðlar til þess að reikna magn af fiski upp úr sjó út frá lönduðum afurðum. Ítrekað hafa komið fram ábendingar um að þessi aðferð ívilni umræddum skipum og færi þeim í raun umframaflamark. Má þar benda á umfjöllun í Morgunblaðinu, t.d. frá 6. september 1992 þar sem fram kemur að frystitogarar sem gera út á karfa og grálúðu fái 20–30% meiri aflaheimildir í reynd en ísfisktogarar vegna þess að þeir hendi um 20% af karfa- og grálúðuafla sínum. Með öðrum orðum, frystiskipin geta valið sér hráefni. Til þess að jafna þennan mun *er lagt til að ískfiskskip, sem landa óunnum fiski til vinnslu innan lands, fái ívilnum þannig að einungis 75% af aflanum teljist til notaðs aflamarks.*

Með þessum tveimur aðgerðum er samkeppnisstaða ísfiskskipa jöfnuð frá því sem nú er gagnvart vinnsluskipum og frystiskipum og því ætti útgerð þeirra að styrkjast og landvinnslan fengi væntanlega í kjölfarið meira magn til vinnslu. Þá er rétt að vekja athygli á því að *þessi ívilnun á aflamarki þegar landvinnsla á í hlut felur í sér ákveðna byggðatengingu á kvóta.*

Í þriðja lagi er lagt til að landvinnslan verði undanþegin fasteignaskatti næstu fimm árin og er það til samræmis við stöðu sjóvinnslunnar sem greiðir engan fasteignaskatt. Það atriði ásamt því að landvinnslan fær óbeina hlutdeild í úthlutuðu aflamarki með ívilnunarreglunni dregur úr aðstöðumun milli landvinnslunnar og sjóvinnslunnar.

Þá er *að lokum stuðlað sérstaklega að veiðum með línu og handfærum þar sem aflanum er landað sem ferskustum til vinnslu innan lands. Er það gert með því að telja aðeins helming aflans til aflamarks.* Eru fyrir því þau rök að um sé að ræða besta hráefnið sem völ er á og eðlilegt sé að stuðla að því að úr aflanum verði unnin sem mest verðmæti.

Samanlögð áhrif frumvarpsins eru þau að stuðlað er að því að stærri hluti en nú af afla veiddum á Íslandsmiðum verði unninn innan lands fyrst og fremst með því að jafna samkeppnisstöðu ísfisk- og ferskfiskskipa gagnvart frysti- og vinnsluskipum, svo og að draga úr aðstöðumun milli landvinnslu og sjóvinnslu.

Fylgiskjal I.

ÚR SKÝRSLU SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA UM STÖÐU OG ÞRÓUN BOLFISKFRYSTINGAR Í LANDI, SAMKVÆMT BEIÐNI
(Á þskj. 451 á 121. löggjafarþingi.)

Efnahagsleg afkoma bolfiskfrystingar í landi og aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að treysta rekstrarstöðu hennar.

Samkvæmt uppgjöri Þjóðhagsstofnunar sem birtist í Þjóðhagsáætlun ársins 1997 hefur stofnunin að mestu lokið uppgjöri á ársreikningum sjávarútvegsfyrirtækja fyrir árið 1995. Niðurstöður þeirra sýna að afkoma sjávarútvegs í heild var góð á árinu 1995 og hafði batnað frá árinu 1994. Á árinu 1994 var hagnaður sjávarútvegsins í heild 3% af tekjum ef miðað er við árgreiðsluaðferð Þjóðhagsstofnunar og hækkaði í 4,5% árið 1995. Afkoma í útgerð, loðnu- og rækjuvinnslu var tiltölulega góð bæði árin, en halli var af botnfiskvinnslunni árið 1995. Afkoma einstakra greina sjávarútvegsins var mjög mismunandi eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

Tafla 1. Afkoma sjávarútvegs. Hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum.

	1994	1995	Rekstrarskilyrði í ágúst 1996
Sjávarútvegur í heild[1) 2)]	3,0	4,5	-0,5
Veiðar og vinnsla botnfisks	1,0	1,5	-2,5
Veiðar	-1,0	4,0	3,5
Bátar	-2,0	4,5	3,0
Togarar	-2,5	3,0	0,0
Frystiskip	2,0	3,5	6,5
Botnfiskvinnsla	3,0	-2,5	-8,5
Frysting	4,5	-4,5	-12,5
Söltun	0,0	1,0	-1,5
Veiðar og vinnsla rækju	13,0	13,0	-3,0
Loðnuveiðar og -bræðsla	8,0	9,5	15,0

[1)] Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og loðnuveiðar og -bræðsla. Þessar greinar ná til tæplega 90% af allri sjávarafurðaframleiðslunni.
[2)] Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni.

Frá árinu 1995 hefur afkoma sjávarútvegs versnað mikið og er talið miðað við rekstrarskilyrði í ágúst sl. að tap hafi orðið af rekstri sjávarútvegsins í heild sem nemur 0,5% af tekjum. Afkoma eftir greinum er áfram mjög misjöfn.

...

Þróun frystingar bolfisks um borð í frystiskipum sl. tíu ár og breyting á starfsskilyrðum frystingar í landi samanborið við frystingu um borð í skipum.

Í töflum 4 og 5 má sjá að á árinu 1986 bárust um 584 þús. tonn af bolfiski á land. Var aflanum ráðstafað þannig það árið að um 78% voru unnin í landi, tæp 17% voru flutt út óunnin og 4,2% voru unnin um borð í vinnsluskipum. Frysting um borð í vinnsluskipum jókst hratt á árunum 1986–94, bæði í magni og sem hlutfall af heildarbolfiskafla

Tafla 4. Ráðstöfun bolfiskafla á heimamiðum – afli í tonnum.

Ár	Landvinnsla					Útfl. ísaður, heill		Sjóvinnsla	Annað	Alls
	Frysting	*Söltun*	*Hersla*	*Ísaður* flattur fiskur m/skipum	hausaður eða flök m/flugv.	skip	gámar			
1986	298.932	150.133	4.728	1.590	0	35.195	61.979	24.574	6.893	584.025
1987	281.354	180.883	8.362	2.891	0	39.479	61.833	37.295	7.195	619.291
1988	256.269	171.488	8.642	4.930	0	44.482	65.778	65.613	7.041	624.243
1989	242.148	151.051	13.593	13.445	0	44.867	70.897	72.618	5.774	614.393
1990	258.145	129.476	2.899	12.025	6.389	36.005	77.350	89.656	6.494	618.439
1991	270.258	126.691	1.265	6.724	8.361	29.452	53.290	96.502	6.032	598.575
1992	233.771	102.875	998	7.967	8.781	22.272	47.897	100.537	6.380	531.478
1993	235.259	98.102	1.316	320	11.844	18.248	41.275	103.750	6.233	516.346
1994	181.597	104.108	271	118	15.002	14.103	30.755	115.165	6.581	467.700
1995	157.485	108.507	1.258	0	16.204	11.523	22.825	95.081	7.792	420.674
1996*	108.914	87.437	657	0	14.655	3.555	20.672	69.991	4.876	310.759

* janúar–september

á heimamiðum. Á árinu 1995 og það sem af er ársins 1996 hefur heldur minni afli hlutfallslega verið unninn um borð í vinnsluskipum en var árið 1994. Athyglisvert er að hlutur landvinnslunnar hefur frá árinu 1988 verið á bilinu 64–70% af heildarbolfiskafla og að aukinn hlut sjóvinnslu eftir 1990 virðist að mestu mega rekja til minnkandi útflutnings á óunnum ísuðum afla. Á árinu 1995 voru um 67% heildarbolfiskafla á heimamiðum unnin í landi, um 8% flutt út óunnin og um 27% unnin um borð í vinnsluskipum. Tafla 4 sýnir einnig hinn mikla samdrátt í bolfiskveiðunum. Á árinu 1986 nam aflinn eins og fyrr segir um 584 þús. tonnum, hann jókst í um 624 þús. tonn á árinu 1988 en var kominn niður í um 420 þús. tonn árið 1995.

Tafla 5. Hlutfallsleg skipting bolfiskafla á heimamiðum eftir ráðstöfun.

Ár	Landvinnsla	Útfl. ísaður, ferskur	Sjóvinnsla, frysting	Annað
1986	78,0%	16,6%	4,2%	1,2%
1987	76,5%	16,4%	6,0%	1,2%
1988	70,7%	17,7%	10,5%	1,1%
1989	68,4%	18,8%	11,8%	0,9%
1990	66,1%	18,3%	14,5%	1,1%
1991	69,0%	13,8%	16,1%	1,0%
1992	66,7%	13,2%	18,9%	1,2%
1993	67,2%	11,5%	20,1%	1,2%
1994	64,4%	9,6%	24,6%	1,4%
1995	67,4%	8,2%	22,6%	1,9%
1996*	68,1%	7,8%	22,5%	1,6%

* janúar–september

Fylgiskjal II.

Stjórnvöld hafa afhent frystitogurum veiðiréttinn.
(Úr Morgunblaðinu, sunnudaginn 11. maí 1997.)

„BYGGÐARLÖG á landsbyggðinni, sem eiga mest undir línuveiðum og landvinnslu, hafa minni fisk með tilheyrandi atvinnuleysi og fólksflótta. Á sama tíma er stanslaus aukning í kvótaeign frystitogara, sem hafa verið að kaupa upp þær veiðiheimildir, sem línubátar fengu í skiptum fyrir afnám línutvöföldunar."

Þetta er m.a. niðurstaða útflutningshóps Félags íslenskra stórkaupmanna sem kynnti á blaðamannafundi í gær þær afleiðingar, sem afnám línutvöföldunar á síðasta ári hefur haft í för með sér. Þar kom fram að línuafli á tímabilinu frá nóvember til febrúar hafi aðeins verið innan við helmingur þess sem hann var á sama tímabili í fyrra. Innan vébanda útflutningshóps FÍS eru öll sjávarútflutningsfyrirtæki landsins að undanskildum sölusamtökunum SH, ÍS og SÍF.

Sveltir saltfiskmarkaðir.

Í áliti hópsins segir að verðmætustu saltfiskmarkaðir Íslendinga á Spáni, Ítalíu og Grikklandi, sem vilja eingöngu „krókaveiddan fisk" vegna hvítleika og gæða fisksins, séu nú sveltir af íslenskum fiski og hafi orðið að leita sér að krókafiski frá Færeyjum og Noregi, þar sem engar hömlur séu á veiðum smábáta á króka. Íslendingar séu þar af leiðandi að missa þessa markaði vegna pólitískrar veiðistjórnunar.

Enn fremur segir: „Landvinnslan sem og fiskvinnslufólk virðist engan rétt hafa. Núverandi sjávarútvegsnefnd Alþingis undir stjórn Þorsteins Pálssonar, sjávarútvegsráðherra, hefur fært frystitogurum og kvótaeigendum réttinn til
veiða. Þessi þróun hefur verið á kostnað bátaflotans sem árum saman hefur þjónað landvinnslunni. Þetta hefur verið gert með aukinni virkni kvótakerfisins á kostnað landvinnslunnar svo sem með afnámi frjálsra veiða smábáta með krókum, úreldingu smábátaflotans og afnámi línutvöföldunar.

Við nýjar kvótaúthlutanir, svo sem á síld og úthafskarfa, hafa frystitogarar og nótaskip alfarið fengið þann kvóta, en smærri bolfiskskip ekkert. Og til viðbótar úthlutun á þorskkvóta hafa sömu skip fengið fullan hlut. Eðlilegra væri að smærri bolfiskskip, sem veiða fyrir landvinnsluna, fengju alla viðbótarúthlutunina á bolfiski. Það myndi tryggja best uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni."

1176. Frumvarp til laga [611. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson.

1. gr.

Við C-lið 7. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Hagnaður af sölu aflahlutdeildar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða. Hagnaðurinn er mismunur söluverðs og þess hluta kaupverðs sem ekki hefur verið færður til gjalda.

2. gr.

Við 52. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða en hún telst vera réttindi tengd ófyrnanlegum náttúruauðæfum og verða þau réttindi eigi fyrnd. Kaupverð aflahlutdeildar telst ekki til rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Við 75. gr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er mörkuð skýr stefna um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeild sem úthlutað er með lögum um stjórn fiskveiða. Nauðsynlegt er af hálfu Alþingis að taka af skarið um hvernig með skuli fara í þessum efnum, enda margt álitaefnið. Lagt er til í frumvarpinu að aflahlutdeild verði skilgreind sem ófyrnanleg réttindi til þess að nýta náttúruauðæfi og því verði kostnaður vegna kaupa á slíkum réttindum ekki færður til gjalda í rekstrarreikningi. Á hinn bóginn verði hagnaður af sölu aflahlutdeildar færður til skattskyldra tekna samkvæmt frumvarpinu. Með þessari skattalegu meðferð stendur einungis hagnaður af rekstri eftir skatta undir kaupum á aflahlutdeild nema til komi framlög frá eigendum eða önnur eiginfjáraukning. Þar með er loku skotið fyrir það fyrirkomulag sem nú er að útgerðarmaður geti komist hjá því að nokkru leyti að greiða tekjuskatt af hagnaði útgerðar með því að festa kaup á aflahlutdeild. Sú takmörkun leiðir til þess að verð á aflaheimildum mun óhjákvæmilega lækka í verði sem hlýtur að teljast æskilegt markmið. Þá er gert ráð fyrir að verðmæti aflahlutdeildar verði ekki fært til eignar í skilningi skattalaganna, þ.e. það verðmæti myndi ekki stofn til eignarskatts.

Í fylgiskjali er sá hluti skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu sem fjallar um skattalega meðferð aflaheimilda, en nefndin skilaði af sér ítarlegri greinargerð í apríl-mánuði 1993.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að hagnaður af sölu aflaheimilda færist sem skattskyldar tekjur. Hagnaður er mismunur á söluverði og kaupverði, ef það er til staðar, annars er söluverðið allt skattskylt. Þar sem til þessa hefur verið heimilt að afskrifa kaupverð hefur það verið fært til gjalda í rekstrarreikningi og þar sem svo háttar til færist sem skattskyldar tekjur mismunur á söluverði og eftirstöðvum kaupverðs, þ.e. því sem ekki hefur verið fært til gjalda.

Um 2. gr.

Bætt er við í upptalningu 52. gr. sem fjallar um hvað telst ekki til rekstrarkostnaðar ákvæði um aflahlutdeild og kveðið á um að hún teljist vera réttindi tengd ófyrnanlegum náttúruauðæfum og að þau réttindi verði eigi fyrnd. Loks er tekið fram að kaup á slíkum réttindum teljist ekki til rekstrarkostnaðar.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að bætt verði við 75. gr. að aflahlutdeild teljist ekki til eignar og leiðir af breytingartillögunni að verðmæti aflahlutdeildarinnar telst ekki með við ákvörðun á eignarskattsstofni. Er það til áréttingar því sjónarmiði að réttindin til að nýta fiskimiðin verði ekki varanleg og því ekki eðlilegt að líta ekki á þau sem eign.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Úr skýrslu nefndar um mótun sjávarútvegsstefnu.

(Á þskj. 360 á 117. löggjafarþingi.)

2.9. Skattaleg meðferð aflaheimilda.

Alþingi hefur ekki markað skýra stefnu um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeildir. Ágreiningur hefur verið milli skattyfirvalda um eðli þessara viðskipta og hvernig túlka beri skattalög viðvíkjandi þeim. Ekki er deilt um viðskipti með aflamark innan eins árs, heldur eingöngu um hvernig líta skuli á viðskipti með varanlega aflahlutdeild. Viðskipti með aflamark innan árs koma fram sem tekjur hjá seljanda og kostnaður færist hjá kaupanda eins og hver önnur rekstrargjöld.

Ríkisskattstjóri hefur litið á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir með sömu augum og viðskipti með skip. Venjulegast er að varanlegar aflahlutdeildir fylgi með skipum í viðskiptum með þau þótt oftsinnis sé hluti aflahlutdeilda undanskilinn þegar skip eru seld eða að varanlegar aflahlutdeildir ganga sjálfstætt kaupum og sölum. Samkvæmt sjónarmiðum ríkisskattstjóra má afskrifa þann kostnað sem lagt er í vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda um 6%–8% á ári. Með söluhagnað vegna aflahlutdeilda er farið með sama hætti og þegar skip eiga í hlut. Um það gilda ákvæði laga um tekju- og eignarskatt sem taka til söluhagnaðar af eignum sem heimilt er að fyrna.

Ríkisskattanefnd (sem nú er yfirskattanefnd) hefur litið á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir þannig að þau ætti að gera alfarið upp innan ársins. Það sem seljandi fær í sinn hlut skal þá tekjufært á söluári og það sem kaupandi greiðir skal gjaldfært á kaupári. Rökstuðningur ríkisskattanefndar í úrskurði hennar frá 20. maí 1992 byggðist „... m.a. á eðli (veiðiheimildanna), að engum sérstökum ákvæðum er til að dreifa um meðferð veiðiheimildanna í skattskilum svo og að ekki er hægt að henda reiður á neinu afmörkuðu tímabili til gjaldfærslu eins og fyrirkomulagi er nú háttað á þessu sviði ...“

Rétt er að geta álits reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda frá 26. ágúst 1991 þar sem það ráð er gefið að kostnað vegna sjálfstæðra kaupa á varanlegum aflahlutdeildum skuli gjaldfæra á fimm árum. Hefur sú aðferð verið mest notuð af fyrirtækjum vegna eigin uppgjörs.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa einkum komið fram tvö sjónarmið um hvernig skattaleg meðferð viðskipta með varanlegar aflaheimildir skuli vera. Nefndin er þeirrar skoðunar að tekjur og gjöld vegna viðskipta með aflamark innan árs færist alfarið til tekna og gjalda á viðkomandi ári.

Nefndin getur ekki fallist á að úrskurður ríkisskattanefndar frá 20. maí 1992 sé eðlilegt fyrirkomulag. Nefndin telur að eðli viðskipta með aflamark innan árs sé gjörólíkt viðskiptum með varanlegar aflahlutdeildir og því hljóti skattaleg meðferð þessara viðskipta að endurspegla þennan mismun.

Annars vegar hefur komið fram það sjónarmið í nefndinni að líta eigi á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir svipað og viðskipti með eignir sem eigi er heimilt að fyrna. Þannig eigi ekki að vera mögulegt að afskrifa kostnað vegna kaupa á varanlegum aflahlutdeildum nema sú staða komi upp að aflamarkskerfinu verði breytt og að verðmæti varanlegra aflahlutdeilda í viðskiptum falli mjög verulega eða verði að engu. Eðli varanlegra aflahlutdeilda sé þannig að verðmæti þeirra rýrnar ekki við notkun en slíkt er grundvallaratriði þegar fyrnanlegar eignir eiga í hlut. Því ætti í sjálfstæðum viðskiptum með varanlegar aflahlutdeildir og eins þegar skip eiga jafnframt í hlut að færa viðskiptin með varanlegu aflahlutdeildirnar sér. Slíkt fyrirkomulag hlýtur að endurspegla vilja til þess að aflamarkskerfið verði varanlegt.

Hins vegar hefur komið fram það sjónarmið að vegna sögulegra ástæðna sé vart annað fært en að fara með sölu á varanlegum aflahlutdeildum með sama hætti og viðskipti með skip. Þegar takmarkanir voru settar á innflutning skipa og viðbætur við fiskiskipaflotann takmarkaðar seint á áttunda áratugnum hækkaði verð fiskiskipa í viðskiptum innan lands. Sú verðhækkun stafaði af því að sjálfur aðgangurinn að veiðunum varð að verðmæti í viðskiptum. Þetta verðmæti endurspeglaðist líka í verði skipa á tímum sóknarmarksins. Síðan þegar aflamarkskerfi er tekið upp alfarið má segja að verð skipa í viðskiptum taki mið af ástandi skipsins sjálfs svo og þeim aflahlutdeildum sem því fylgja. Þannig hafa öll viðskipti um meira en 10 ára skeið með skip með aðgangsrétt að miðunum og síðar með skip með aflahlutdeildir byggst á því að viðskiptalegt verðmæti eða kostnaður vegna keypts aðgangsréttar eða aflahlutdeilda væri afskrifanlegur með sama hætti og skip. Á þessu hafa fjárhagslegar skuldbindingar fjölmargra fyrirtækja byggt. Með því að gera kostnað vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda óafskrifanlegan væri verið að lækka verð þeirra verulega í viðskiptum og þar með rýra eignir, verðmætamat og veðhæfni allra sjávarútvegsfyrirtækja með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Slíkt kalli á svo mikla röskun á stöðu sjávarútvegsins gagnvart lánardrottnum sínum og hlutabréfamarkaði að það sé ekki fært að líta á kostnað vegna keyptra aflahlutdeilda sem óafskrifanlegan. Því verði að meðhöndla viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir skattalega með

sama hætti og viðskipti með skip. Enn fremur eru þau rök færð fyrir því að kostnaður vegna varanlegra aflahlutdeilda eigi að vera afskrifanlegur að rétturinn til nýtingar fiskstofnanna sé háður ákvörðun Alþingis og því óviss þrátt fyrir að líta megi á náttúruauðlindina sem varanlega. Því sé það eðlileg varfærni í rekstri að afskrifa kostnaðinn við öflun varanlegra aflaheimilda.

Niðurstaða nefndarinnar er sú í ljósi ofansagðs að leggja til að óheimilt verði að fyrna (afskrifa) kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða að frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. september 1996. Fram til þess tíma verði farið með þessi viðskipti í samræmi við fyrrgreind sjónarmið ríkisskattstjóra og lögum breytt til að taka af tvímæli um þessi atriði.

1177. Nefndarálit [483. mál]

um till. til þál. um hafnaáætlun 1997–2000.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson og Jón Leví Hilmarsson frá Siglingastofnun Íslands, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Jón Gunnar Stefánsson og Margréti Gunnarsdóttur frá Grindavíkurbæ og Eyjólf Sæmundsson og Má Sveinbjörnsson frá Hafnarfjarðarkaupstað. Umsagnir um tillöguna bárust nefndinni frá Siglingastofnun Íslands, Hafnasamlagi Suðurnesja, Hafnarfjarðarhöfn og Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar í formi þingsályktunartillögu.

Hafnaáætlun, sem verk- og kostnaðaráætlun samþykktri af Alþingi, verður ekki hrint í framkvæmd nema fyrir liggi nauðsynlegar greiðsluheimildir í fjárlögum. Hafnaáætlun hefur aldrei verið samþykkt með þeim hætti sem hafnalög gera ráð fyrir. Skuldbindingar ríkisins vegna hafnaframkvæmda námu um síðustu áramót 728,3 millj. kr. Frammi fyrir þessum vanda stendur fjárveitingavaldið nú. Því taldi nefndin nauðsynlegt að fjalla ítarlega um stöðu og framkvæmd áætlunarinnar. Vegna aðstæðna er sífellt koma upp er ljóst að óhjákvæmilegt mun reynast að gera breytingu á hafnaáætlun á gildistíma hennar. Mikilvægt er því að fyrir liggi við samþykkt hafnaáætlunar um hvernig afgreiða beri slík frávik.

Sé um að ræða beiðnir, er fela í sér breytingu á framkvæmdaröðun, án þess að það raski fjárveitingu yfirstandandi árs, er eðlilegt að þær fari fyrir hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, að höfðu samráði við samgöngunefnd Alþingis.

Komi upp þær aðstæður að nauðsynlegt reynist að ráðast í framkvæmdir fyrr en hafnaáætlun gerir ráð fyrir ber að leggja áherslu á að sveitarfélag getur ekki tekið ákvarðanir þar að lútandi sem skuldbinda ríkissjóð. Samkvæmt hafnalögum er hafnastjórn óheim-

ilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, en sveitarfélög eru framkvæmdaraðili í hafnamálum. Semji sveitarfélag um að flýta eða ljúka framkvæmdum og annast fjármögnun á hlut ríkisins fyrr en hafnaáætlun gerir ráð fyrir leggur nefndin til að slíkt komi til umsagnar samgöngunefndar Alþingis áður en heimild er veitt skv. 20. gr. hafnalaga. Engu að síður er áhættan af síðbúnu samþykki Alþingis á fjárframlagi til verksins sveitarfélagsins. Í þessu efni þarf að huga að lögum um opinberar framkvæmdir auk hafnalaga en þar er m.a. að finna áskilnað um að fé til framkvæmda af þessu tagi skuli tryggt áður en hafist er handa.

Varðandi þá spurningu hvort samgönguráðuneyti og Siglingastofnun sé heimilt að leyfa sveitarfélagi að hefja framkvæmd sem ekki er inni á samþykktri hafnaáætlun verður að telja slíkt óeðlilegt í ljósi hugsunarinnar að baki hafnaáætlunar og í raun hafnalaga. Alþingi gegnir lykilhlutverki í þessu efni og ef framkvæmd er hvorki á hafnaáætlun né á fjárlögum getur hvorki samgönguráðuneytið né Siglingastofnun tekið skuldbindandi ákvarðanir um þær fyrir ríkissjóð.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Breytingarnar taka allar mið af því að framlag ríkisins til hafnaframkvæmda verði hið sama og tillagan gerir ráð fyrir en um nokkrar tilfærslur verkefna er að ræða. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við hafnarframkvæmdir í Snæfellsbæ árið 1997 hækki úr 14,9 millj. kr. í 21,4 millj. kr. vegna endurbyggingar á trébryggju í smábátahöfn í stað grjótgarðs á sama stað. Í stað flotbryggju á Rifi komi síðan flotbryggja í Ólafsvík.
2. Lagt er til að verkefni verði flutt á milli ára á Tálknafirði og í Súðavík. Í stað þess að steypa þekju á stálþil á Tálknafirði árið 1997 verði byggður skjólgarður í smábátahöfn og í stað þess að lengja trébryggju árið 1997 í Súðavík verði styrktur og lengdur brimvarnargarður.
3. Þá er lögð til tilfærsla verkefna á Hvammstanga og Skagaströnd. Norðurgarður á Hvammstanga hefur verið endurhannaður og ljóst er að framkvæmd við hann verður ódýrari en áætlað var. Í stað þess verða fjármunir settir í dýpkun hafnar á Hvammstanga árin 1999–2000 og verklok vegna grjótvarnar á Skagaströnd.
4. Lagt til að bætt verði við liðnum Smábátaaðstaða innan Nausthamarsbryggju, grjóthleðsla og frágangur, undir liðnum Suðurland, Vestmannaeyjar. Til framkvæmda þar verði settar 5 millj. kr. sem skiptast á milli áranna 1998 og 1999–2000 og í staðinn er lækkað framlag sem þeirri fjárhæð nemur til endurbyggingar Nausthamarsbryggju.
5. Loks er lagt til að bætt verði inn liðnum Stálþil Háabakka; rammað þil og steyptur kantur (120 m), undir liðnum Reykjanes, Hafnarfjörður. Kostnaður við framkvæmdina er áætlaður 63,3 millj. kr. og er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs verði 30% eða 19 millj. kr. Jafnframt verði frestað fram yfir lok áætlunartímabilsins uppgjöri á 19 millj. kr. skuld ríkissjóðs við Hafnarfjarðarhöfn.

Alþingi, 9. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Magnús Stefánsson.	Egill Jónsson.
Árni Johnsen.	Stefán Guðmundsson.	Kristján Pálsson.
Guðmundur Árni Stefánsson.	Ragnar Arnalds.	Ásta R. Jóhannesdóttir.

1178. Breytingartillaga [483. mál]

við till. til þál. um hafnaáætlun 1997–2000.

Frá samgöngunefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar skv. 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, að árin 1997–2000 skuli framkvæmdum í hafnamálum hagað samkvæmt eftirfarandi hafnaáætlun:

I. Ný hafnarmannvirki 1997–2000 sem ríkið styrkir samkvæmt hafnalögum.

Heildarkostnaður og ríkishluti.
(Fjárhæðir í m.kr.)

Kjördæmi / Höfn	1997		1998		1999-2000		Alls 1997-2000	
	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.
Vesturland								
Grundartangi	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Akranes	18,8	11,7	0,0	0,0	16,0	12,0	34,8	23,7
Snæfellsbær	21,4	12,9	28,4	17,8	0,0	0,0	49,8	30,7
Grundarfjörður	8,1	4,8	0,0	0,0	90,0	54,0	98,1	58,8
Stykkishólmur	2,7	1,6	30,0	18,0	6,0	3,6	38,7	23,2
	51,1	**31,0**	**58,4**	**35,8**	**112,0**	**69,6**	**221,5**	**136,4**
Vestfirðir								
Reykhólahöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Vesturbyggð	4,9	2,9	2,7	1,6	0,0	0,0	7,6	4,5
Tálknafjörður	8,0	7,2	0,0	0,0	7,5	4,5	15,5	11,7
Bolungarvík	7,4	4,4	27,1	19,8	0,0	0,0	34,5	24,2
Ísafjarðarbær	44,9	26,9	58,8	41,7	199,6	122,6	303,3	191,2
Súðavík	15,3	13,8	0,0	0,0	10,0	6,0	25,3	19,8
Norðurfjörður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Drangsnes	6,4	5,8	0,0	0,0	0,0	0,0	6,4	5,8
Hólmavík	2,5	1,5	0,0	0,0	10,6	6,4	13,1	7,9
	89,4	**62,5**	**88,6**	**63,1**	**227,7**	**139,5**	**405,7**	**265,1**
Norðurland vestra								
Hvammstangi	16,7	10,0	19,9	12,0	11,0	8,3	47,6	30,3
Blönduós	3,6	2,1	0,0	0,0	1,5	1,1	5,1	3,2
Skagaströnd	9,2	8,3	0,0	0,0	6,3	3,8	15,5	12,1
Sauðárkrókur	20,2	18,2	39,3	29,5	2,7	1,6	62,2	49,3
Hofsós	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Haganesvík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Siglufjörður	12,1	7,3	10,0	6,0	118,0	76,4	140,1	89,7
	61,7	**45,9**	**69,2**	**47,5**	**139,6**	**91,2**	**270,5**	**184,6**

Kjördæmi / Höfn	1997		1998		1999-2000		Alls 1997-2000	
	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.	Heildark.	Ríkishl.
Norðurland eystra								
Hafnasamlag Eyjafjarðar	6,0	5,4	0,0	0,0	44,1	26,5	50,1	31,9
Hrísey	4,0	2,4	0,0	0,0	23,4	17,6	27,4	20,0
Hafnasamlag Norðurlands	16,3	9,9	0,0	0,0	156,1	99,1	172,4	109,0
Grímsey	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Húsavík	45,6	41,1	106,5	79,9	34,6	24,2	186,7	145,2
Tjörneshöfn	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópasker	0,0	0,0	3,1	1,9	4,9	3,7	8,0	5,6
Raufarhöfn	4,0	2,4	4,1	2,9	56,6	35,7	64,7	41,0
Þórshöfn	37,1	33,4	30,0	22,5	18,9	11,4	86,0	67,3
	113,0	**94,6**	**143,7**	**107,2**	**338,6**	**218,2**	**595,3**	**420,0**
Austurland								
Bakkafjörður	3,7	2,2	0,0	0,0	0,0	0,0	3,7	2,2
Vopnafjörður	24,2	18,4	0,0	0,0	65,0	42,8	89,2	61,2
Borgarfjörður eystri	24,5	22,1	0,0	0,0	0,0	0,0	24,5	22,1
Seyðisfjörður	1,8	1,1	0,0	0,0	12,7	9,0	14,5	10,1
Neskaupstaður	6,0	5,4	1,8	1,1	0,0	0,0	7,8	6,5
Eskifjörður	0,0	0,0	34,6	20,8	80,7	48,4	115,3	69,2
Reyðarfjörður	2,9	2,5	0,0	0,0	0,0	0,0	2,9	2,5
Fáskrúðsfjörður	13,3	8,0	0,0	0,0	0,0	0,0	13,3	8,0
Stöðvarfjörður	0,0	0,0	13,8	10,4	0,0	0,0	13,8	10,4
Breiðdalsvík	8,1	4,8	0,0	0,0	0,0	0,0	8,1	4,8
Djúpivogur	0,0	0,0	2,0	1,2	32,0	24,0	34,0	25,2
Hornafjörður	26,7	24,1	54,7	35,8	101,8	65,7	183,2	125,6
	111,2	**88,6**	**106,9**	**69,3**	**292,2**	**189,9**	**510,3**	**347,8**
Suðurland								
Vestmannaeyjar	41,0	31,2	89,4	54,8	212,7	127,6	343,1	213,6
Þorlákshöfn	0,0	0,0	29,6	17,8	17,9	13,5	47,5	31,3
	41,0	**31,2**	**119,0**	**72,6**	**230,6**	**141,1**	**390,6**	**244,9**
Reykjanes								
Grindavík	140,0	126,0	0,0	0,0	90,0	67,5	230,0	193,5
Sandgerði	1,4	1,3	20,2	12,1	56,5	41,4	78,1	54,8
Hafnasamlag Suðurnesja	21,4	19,3	6,0	3,6	34,4	22,3	61,8	45,2
Hafnarfjörður	0,0	0,0	13,3	4,0	50,0	15,0	63,3	19,0
Garðabær	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kópavogur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Reykjavík	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
	162,8	**146,6**	**39,5**	**19,7**	**230,9**	**146,2**	**433,2**	**312,5**
Óskipt	7,0	4,7	7,9	5,3	14,9	10,0	29,8	20,0
Samtals allt landið	**637,2**	**505,1**	**633,3**	**420,5**	**1.586,5**	**1005,7**	**2.857,0**	**1.931,3**

II. Sundurliðun framkvæmda í einstökum höfnum.

Skýringar við töflu:
Tölur í dálkum eru áætlaður heildarkostnaður í milljónum kr. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkis.
Verðlag í áætlun miðast við nóvember 1996 (byggingarvísitala 217,4 stig).

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTURLAND				
Grundartangi				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Akranes				
Faxabryggja 1. áf.; raflögn og lýsing	5,7			60%
Faxabryggja 1. áf.; lagnir og steypt þekja (1.540 m²)	11,7			60%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Aðalhafnargarður, styrking á brimvörn (100 m kafli næst enda)			16,0	75%
Snæfellsbær				
Arnarstapi:				
Lengd viðlega (u.þ.b. 6 m)		5,0		75%
Rifshöfn:				
Endurb. trébryggja smábátahöfn (5x32 m) og vatns- og raflagnir	19,6			60%
Staurakista endurbyggð og lengd		15,0		60%
Ólafsvík:				
Slitlag á tengibraut frá Norðurtanga að hafnarvog, malbik (700 m²)	1,8			60%
Flotbryggja (60 m)		8,4		60%
Grundarfjörður				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)	2,7			60%
Flotbryggja (30 m)	5,4			60%
Ný viðlegu- og löndunarbryggja fyrir togara (100 m stálþil - 1. áf.)			90,0	60%
Stykkishólmur				
Uppsátur fyrir smábáta í Skipavík (skáplan 5x30 m)	2,7			60%
Steinbryggja endurbyggð		30,0		60%
Hafskipabryggja, styrking landgangs			6,0	60%
	51,1	**58,4**	**112,0**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
VESTFIRÐIR				
Reykhólahöfn				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Vesturbyggð				
Brjánslækur:				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Patreksfjörður:				
Smábátahöfn, upptökubraut fyrir báta og frágangur fláa	4,9			60%
Bíldudalur:				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x30 m)		2,7		60%
Tálknafjörður				
Garður við smábátahöfn, hækkun og styrking (u.þ.b. 5.000 m³)	8,0			90%
Steypt þekja, lagnir og lýsing (600 m²)			7,5	60%
Ísafjarðarbær				
Þingeyri:				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Flateyri:				
Endurbygging stálþils, rammað þil og st. kantur (120 m).			63,1	60%
Endurbygging stálþils, gengið frá lögnum og steypt þekja (1.200 m²)			11,9	60%
Suðureyri:				
Grjótvörn efst við Brjótinn (1.800 m³)			5,8	75%
Ísafjörður:				
Raflögn og lýsing við 1. áf. Bátahöfn	5,4			60%
Stálþilsbakki með steyptum kanti (70 m)	39,5	5,4		60%
Dýpkuð Sundahöfn (75.000 m³)		37,6		75%
Dýpkað í innsiglingu við Suðurtanga (10.000 m³)		5,0		75%
Stálþilsbakki, lagnir, lýsing og steypt þekja (1400 m²)		10,8	5,4	60%
Endurbyggð Bátahöfn 2. áf.; rifið þil Olíumúla og stálþil fullbúið (40 m)			40,6	60%
Bátahöfn, dýpkun (23.000 m³)			12,8	75%
Ásgeirsbakki, endurbygging 1. áf. (90 m)			60,0	60%
Bolungarvík				
Brjótur/ Grundargarður: Frág. lýsing og lagnir	3,0			60%
Rif á skjólvegg við Brjót (280 m)	4,4	3,7		60%
Grundargarður: Breikkun og styrkt grjótvörn á u.þ.b. 300 m kafla (24.000 m³)		23,4		75%
Súðavík				
Brimvarnargarður Norðurgarði styrktur og lengdur (u.þ.b. 15 m fram fyrir enda)	15,3			90%
Lenging harðviðarbryggju (17 m)			10,0	60%

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Norðurfjörður				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Drangsnes				
Styrking grjótgarðs Kokkálsvík	6,4			90%
Hólmavík				
Slitlag á Norðurgarð og við hafnarvog (klæðning 1.100 - steypa 120 m²)	2,5			60%
Viðlegubryggja úr timbri við Norðurgarð, síðari áfangi (20 m)			10,6	60%
	89,4	**88,6**	**227,7**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND VESTRA				
Hvammstangi				
Endurbætur á Norðurgarði, rammað stálþil, fyllt og steyptur kantur (60 m)	16,7	13,3		60%
Stálþil Norðurgarði; lagnir og steypt þekja (200 m²)		6,6		60%
Dýpkun hafnar, sprengingar að hluta (5.000 m³)			11,0	75%
Blönduós				
Endurbætt lýsing og frág. raf'm- og vatnslögn á bryggju	3,6			60%
Dýpkun, hreinsað laust efni úr dokkinni (óvisst magn)			1,5	75%
Skagaströnd				
Innsiglingarmerki á Brúnkollu	0,9			90%
Grjótvörn við enda Vesturgarðs, verklok	8,3			90%
Skúffugarður, lokið við kant (44 m), lýsing og malbikuð þekja (1.500 m²)			6,3	60%
Sauðárkrókur				
Lenging sandfangara (30 m)	8,5			90%
Norðurgarður, lenging brimvarnargarðs (60 m)	11,7			90%
Norðurgarður, lenging brimvarnargarðs (60 m)		39,3		75%
Tengibraut Hafnargarður - Sandeyri (800 m²)			2,7	60%
Hofsós				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Haganesvík				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Siglufjörður				
Lagnir, lýsing og þekja á Löndunarbryggju (1.200 m²)	12,1			60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		2,0		60%
Smábátadokk, flotbryggja (40 m) og grjóthleðsla við vestur- og suðurkant		8,0		60%
Skjólgarður frá enda Brjótsins (33.000 m³)			37,0	75%
Bæjarbryggja, endurbygging, 1. áf. (100 m stálþil)			81,0	60%
	61,7	**69,2**	**139,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
NORÐURLAND EYSTRA				
Hafnasamlag Eyjafjarðar				
Ólafsfjörður:				
Dýpkað innan hafnar (5.000 m³)	6,0			90%
Dalvík:				
Suðurgarður, þekja (600 m²)			4,1	60%
Norðurgarður, stálþil, endurb. fremsti hluti bryggju (53 m)			40,0	60%
Árskógssandur:				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Hrísey				
Frágangur á lögnum og lýsingu við nýja stálþilið	4,0			60%
Lenging Norðurgarðs (16.000 m³)			23,4	75%
Hafnasamlag Norðurlands				
Hjalteyri:				
Viðhaldsdýpkun	0,2			90%
Akureyri:				
Krossanes: Lagnir lýsing og steypt þekja (1.180 m²).	14,1			60%
Fiskihöfn: Dýpkun (85.000 m³)			35,8	75%
Fiskihöfn: Vesturbakki, fullbúið þil með lögnum og þekju (120 m) og frágangur fláa			107,0	60%
Svalbarðseyri:				
Frágangur grjótfláa innan hafnar	2,0			60%
Grenivík:				
Smábátaaðstaða, flotbryggja - öldubrjótur (40 m)			11,5	60%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x20 m)			1,8	60%
Grímsey				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Húsavík				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Brimvarnargarður frá enda Norðurgarðs (70.000 m³)	44,2			90%
Brimvarnargarður frá enda Norðurgarðs (70.000 m³)		106,5		75%
Dýpkað svæði vestan Þvergarðs og grynning utan hafnar (2.500 m³ spr. og gröftur)			23,2	75%
Norðurgarður: Rammað þil í skáa við enda, fyllt að og steyptur kantur (20 m)			11,4	60%
Tjörneshöfn				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Kópasker				
Viðlegubryggja smábáta (10 m)		3,1		60%
Skjólgarður, fljótandi öldubrjótur			4,9	75%

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
Raufarhöfn				
Tengibraut Hafskipabryggja - Togarabryggja (1.800 m²)	4,0			60%
Bryggjurif Fiskavíkurbryggja		1,3		60%
Grjótgarður í stað Fiskavíkurbryggju (4.000 m³)		2,8	3,2	75%
Löndunarbryggja við Bræðslu, rammað þil og steyptur kantur (40 m)			41,4	60%
Dýpkað við Löndunarbryggju (u.þ.b. 8.000 m³ laust, 500 m³ klöpp)			8,2	75%
Löndunarbryggja við Bræðslu: Lagnir og lýsing			3,8	60%
Þórshöfn				
Suðurgarður, grjótgarður (32.000 m³)	37,1			90%
Norðurgarður, lenging grjótgarðs (22.000 m³)		30,0		75%
Botn milli bátabr. og togarakants, frág. grjótflái (37 m) og steypt þekja (600 m²)			6,2	60%
Hafskipakantur 13 m lenging, rammað þil og steyptur kantur			10,1	60%
Hafskipakantur, lagnir, lýsing og steypt þekja (200 m²)			2,6	60%
	113,0	**143,7**	**338,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
AUSTURLAND				
Bakkafjörður				
Tengibraut á hafnarsvæði, slitlag (klæðning 2.300 m²)	3,7			60%
Vopnafjörður				
Smábátaaðstaða, skjólgarður 130 m (15.000 m³)	13,0			90%
Flotbryggja (30 m)	5,2			60%
Grjótvörn á hafnarsvæði milli Miðbryggju og Verksmiðjubr. (5.000 m³)	6,0			60%
Löndunarbryggja við fiskmjölsverksmiðju			40,0	60%
Dýpkun að Löndunarbryggju			25,0	75%
Borgarfjörður eystri				
Skarfaskersgarður (15.000 m³)	24,5			90%
Seyðisfjörður				
Bryggja við Mjölhús, lýsing og frágangur á lögnum	1,8			60%
Fjarðarhöfn, landgangur vegna ferju			9,2	75%
Smábátahöfn, lýsing og raflögn			2,0	60%
Dráttarbraut, lokafrágangur			1,5	60%
Neskaupstaður				
Dýpkun hafnar (12.600 m³)	6,0			90%
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		1,8		60%
Eskifjörður				
Stálþilsbryggja m.v. 8 m dýpi, rammað þil og steyptur kantur (80 m)		26,0	33,0	60%
Dýpkun við stálþilsbryggju (18.000 m³)		8,6		60%
Stálþilsbryggja með 8 m dýpi, lagnir, lýsing og steypt þekja (20x80 m)			17,7	60%
Lenging Bræðslubryggju (20 m)			30,0	60%
Reyðarfjörður				
Dýpkun við Vöruhafnarkant	2,4			90%
Festipollar við Vöruhafnarkant	0,5			60%
Fáskrúðsfjörður				
Lenging hafskipabryggju; jarðvegsskipti, lagnir, lýsing og steypt þekja	13,3			60%
Stöðvarfjörður				
Smábátahöfn, skjólgarður (9000 m³)		13,8		75%
Breiðdalsvík				
Gengið frá lögnum og lokið við þekju (1080 m²)	8,1			60%
Djúpivogur				
Uppsátur fyrir smábáta (skáplan 5x25 m)		2,0		60%
Dýpkað í innsiglingu, að hluta klapparsprenging (11.100 m³)			32,0	75%
Hornafjörður				
Dýpkun við loðnubryggju klapparsprenging (1.800 m²)	21,4			90%
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (12.000 m³)	5,3			90%
Dýpkun hafnar, viðhaldsdæling í höfn og innsiglingu (15.000 m³ pr. ár)		6,4	12,8	75%
Dýpkun við leiðigarð í Ósnum		13,5		75%
Endurbyggð trébryggja við vogarhús (90 m - timburbr.)		34,8		60%
Stálþil, Álaugarey - Krossey; rammað þil og steyptur kantur (100 m)			52,6	60%
Stálþil, Álaugarey - Krossey; lagnir, lýsing og steypt þekja (100x15 m)			18,8	60%
Dýpkun hafnar, við stálþil Álaugarey (35.000 m³)			17,6	75%
	111,2	**106,9**	**292,2**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
SUÐURLAND				
Vestmannaeyjar				
Friðarhafnarkantur austurendi, nýbygging: Rammað þil og st. kantur (70 m)	19,0	28,0		60%
Dýpkun við austurenda Friðarhafnark. (11.500 m³ - að hluta klapparspr.)	22,0			90%
Dýpkun hafnar við stálþil Löngu (15.000 m³)		6,0		75%
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur		1,4		75%
Friðarhafnarkantur austurendi: Lagnir, lýsing og steypt þekja (1.400 m²)			16,2	60%
Friðarhafnarkantur endurbygging: Rammað þil og steyptur kantur (284 m)		51,0	77,0	60%
Friðarhafnarkantur endurbygging: Lagnir, lýsing og malbikuð þekja (5.680 m²)			32,5	60%
Smábátaaðstaða innan Nausthamarsbryggju, grjóthleðsla og frágangur		3,0	2,0	60%
Nausthamarsbryggja, endurbygging 1. áf. (150 m)			85,0	60%
Þorlákshöfn				
Miðbakkabryggja, lýsing, lagnir og þekja (2.600 m²)		29,6		60%
Dýpkun innsiglingar (20.000 m³)			9,0	75%
Suðurvarargarður, brimvörn styrkt (5.000 m³)			8,9	75%
	41,0	**119,0**	**230,6**	

Höfn Lýsing framkvæmda	1997 m.kr.	1998 m.kr.	'99-2000 m.kr.	Hlutur ríkissj.
REYKJANES				
Grindavík				
*) Dýpkun innsiglingarleiðar í 7 m - innri hluti (15.000 m²)	140,0			90%
**) Dýpkun innsiglingarleiðar - ytri hluti, byrjunaráfangi (8.000 m²)			90,0	75%
Sandgerði				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Endurb. kant (172 m) og þekja Norðurgarði (st. 2.060 m²/ malbik 1.380 m²)		20,2		60%
Flotbryggja (40 m)			6,5	60%
Dýpkað í 6 m að Norðurgarði, klappardýpkun (u.þ.b. 5.000 m² svæði)			50,0	75%
Hafnasamlag Suðurnesja				
Garður:				
Grjótvörn utan á bryggju (7.000 m³)			11,1	75%
Endurbætt lýsing og innsiglingarljós á bryggjuhaus			3,3	60%
Reykjanesbær:				
Leiðarmerki, upplýsingakerfi fyrir sjófarendur	1,4			90%
Björgunarstigar á bryggjur, (Keflavík 31 stigi, Njarðvík 33 stigar)		6,0		60%
Ljósamastursshús og lagnir á Aðalhafnargarð, Keflavík			5,5	60%
Þekja, Helguvík (2.130 m²)			14,5	60%
Vogar:				
Grjótvörn utan á hafnargarði styrkt, 300 m kafli (u.þ.b. 15.000 m³ stórgrýti)	20,0			90%
Hafnarfjörður				
Stálþil Háabakka; rammað þil og steyptur kantur (120 m)		13,3	50,0	30%
Garðabær				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
Kópavogur				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
REYKJAVÍK				
Engar ríkisstyrktar framkvæmdir				
	162,8	**39,5**	**230,9**	

*) Miðað við að ríkishluti framkvæmda við dýpkun innri hluta siglingarleiðar að Grindavíkurhöfn, sem áætlað er að framkvæma árið 1997, verði fjármagnaður á árunum 1998-2000.

**) Ytri hluti innsiglingarleiðar er alls 31.000 m². Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að dýpka um 8.000 m² svæði.

III. Áætlaðar fjárveitingar ríkissjóðs.

(Fjárhæðir í m.kr.)

Bráðabirgðalán veitt úr hafnabótasjóði 1995 greiðast upp á þremur árum nema lán til Neskaupstaðar og Þorlákshafnar, sem greiðast upp 1997. Skuld við hafnasjóði, að undanskildum 19 m.kr. til Hafnarfjarðar, er gerð upp á tímabilinu. Alls 732 m.kr. að meðtöldum styrkhæfum fjármagnskostnaði. Ríkisframlag að upphæð 163 m.kr. vegna framkvæmda á árunum 1997 og 1998 verður gert upp á árunum 1998–2000. Ónotuð fjárveiting, sem nýtist í framkvæmdir á tímabilinu, er 44 m.kr.

Kjördæmi	1997			1998			1999-2000		
Höfn	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls	Fjárv. til nýfrkv.	Skuld/ (inneign)	Fjárv. alls
Vesturland									
Grundartangi	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Akranes	11,5	3,5	15,0	0,0	3,5	3,5	12,0	7,4	19,4
Snæfellsbær	10,9	1,4	12,3	17,8	3,8	21,6	0,0	1,7	1,7
Grundarfjörður	4,8	(0,2)	4,6	0,0		0,0	54,0		54,0
Stykkishólmur	1,6	(0,1)	1,5	18,0		18,0	3,6		3,6
	28,8	**4,6**	**33,4**	**35,8**	**7,3**	**43,1**	**69,6**	**9,1**	**78,7**
Vestfirðir									
Reykhólahöfn	0,0			0,0		0,0	0,0		0,0
Vesturbyggð	2,9	5,4	8,3	1,6	4,6	6,2	0,0	4,2	4,2
Tálknafjörður	7,2	(5,9)	1,3	0,0		0,0	4,5		4,5
Bolungarvík	4,4	(3,1)	1,3	19,8		19,8	0,0		0,0
Ísafjarðarbær	26,9	6,2	33,1	41,7	5,9	47,6	122,6	11,9	134,5
Súðavík	13,8	(0,4)	13,4	0,0		0,0	6,0		6,0
Norðurfjörður	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Drangsnes	4,6	(0,8)	3,8	0,0	1,2	1,2	0,0		0,0
Hólmavík	1,5		1,5	0,0		0,0	6,4		6,4
	61,3	**1,4**	**62,7**	**63,1**	**11,7**	**74,8**	**139,5**	**16,1**	**155,6**
Norðurland vestra									
Hvammstangi	10,0		10,0	12,0		12,0	8,3		8,3
Blönduós	2,1	2,9	5,0	0,0		0,0	1,1		1,1
Skagaströnd	8,3	8,0	16,3	0,0	12,6	12,6	3,8	4,0	7,8
Sauðárkrókur	16,9	(2,3)	14,6	29,5	1,3	30,8	1,6		1,6
Hofsós	0,0	1,6	1,6	0,0		0,0	0,0		0,0
Haganesvík	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Siglufjörður	7,3	(0,5)	6,8	6,0		6,0	76,4		76,4
	44,6	**9,7**	**54,3**	**47,5**	**13,9**	**61,4**	**91,2**	**4,0**	**95,2**

Kjördæmi / Höfn	1997 Fjárv. til nýfrkv.	1997 Skuld/ (inneign)	1997 Fjárv. alls	1998 Fjárv. til nýfrkv.	1998 Skuld/ (inneign)	1998 Fjárv. alls	1999-2000 Fjárv. til nýfrkv.	1999-2000 Skuld/ (inneign)	1999-2000 Fjárv. alls
Norðurland eystra									
Hafnasamlag Eyjafjarðar	4,5	10,7	15,2	0,0	8,9	8,9	26,5	9,1	35,6
Hrísey	2,4	2,6	5,0	0,0	1,7	1,7	17,6	1,6	19,2
Hafnasamlag Norðurlands	9,9	30,9	40,8	0,0	28,9	28,9	99,1	52,9	152,0
Grímsey	0,0	2,4	2,4	0,0	1,8	1,8	0,0	1,7	1,7
Húsavík	41,1	(7,3)	33,8	70,9		70,9	24,2	9,0	33,2
Tjörneshöfn	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Kópasker	0,0	1,7	1,7	1,9		1,9	3,7		3,7
Raufarhöfn	2,4	0,1	2,5	2,9		2,9	35,7		35,7
Þórshöfn	27,8	2,9	30,7	22,5	5,6	28,1	11,4		11,4
	88,1	**44,0**	**132,1**	**98,2**	**46,9**	**145,1**	**218,2**	**74,3**	**292,5**
Austurland									
Bakkafjörður	2,2	(2,0)	0,2	0,0		0,0	0,0		0,0
Vopnafjörður	16,5		16,5	0,0	1,9	1,9	42,8		42,8
Borgarfjörður eystri	18,4	(1,7)	16,7	0,0	3,7	3,7	0,0		0,0
Seyðisfjörður	1,1	20,1	21,2	0,0	5,8	5,8	9,0	5,3	14,3
Neskaupstaður	4,5	4,8	9,3	1,1	6,8	7,9	0,0		0,0
Eskifjörður	0,0	0,5	0,5	20,8		20,8	48,4		48,4
Reyðarfjörður	2,5	(2,5)	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Fáskrúðsfjörður	8,0	(1,7)	6,3	0,0		0,0	0,0		0,0
Stöðvarfjörður	0,0	0,2	0,2	10,4		10,4	0,0		0,0
Breiðdalsvík	4,8	(4,8)	0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Djúpivogur	0,0	4,8	4,8	1,2		1,2	24,0		24,0
Hornafjörður	20,9	(7,5)	13,4	35,8		35,8	65,7	3,2	68,9
	78,9	**10,2**	**89,1**	**69,3**	**18,2**	**87,5**	**189,9**	**8,5**	**198,4**
Suðurland									
Vestmannaeyjar	27,9	11,0	38,9	54,8	11,0	65,8	127,6	24,0	151,6
Þorlákshöfn	0,0	41,7	41,7	17,8	7,0	24,8	13,5	14,5	28,0
	27,9	**52,7**	**80,6**	**72,6**	**18,0**	**90,6**	**141,1**	**38,5**	**179,6**
Reykjanes									
Grindavík	0,0	26,0	26,0	0,0	68,0	68,0	67,5	131,9	199,4
Sandgerði	1,1	10,0	11,1	12,1	10,0	22,1	41,4	16,4	57,8
Sandgerði, afb. lán		34,4	34,4		34,4	34,4		34,4	34,4
Hafnasamlag Suðurnesja	16,1	25,1	41,2	3,6	27,0	30,6	22,3	47,1	69,4
Hafnarfjörður	0,0		0,0	4,0		4,0	15,0		15,0
Garðabær	0,0		0,0	0,0	0,1	0,1	0,0		0,0
Kópavogur	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
Reykjavík	0,0		0,0	0,0		0,0	0,0		0,0
	17,2	**95,5**	**112,7**	**19,7**	**139,5**	**159,2**	**146,2**	**229,8**	**376,0**
Óskipt	4,7	(2,6)	2,1	5,3		5,3	10,0		10,0
Samtals allt landið	**351,5**	**215,5**	**567,0**	**411,5**	**255,5**	**667,0**	**1.005,7**	**380,3**	**1.386,0**
			SAMTALS FJÁRVEITINGAR 1997–2000						**2.620,0**

1179. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá Margréti Frímannsdóttur og Svavari Gestssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Einn bankastjóri skal starfa við hvorn hlutafélagsbanka fyrir sig. Um ráðningu og starfskjör bankastjóra, staðgengla bankastjóra, forstöðumanns endurskoðunardeildar og eftir atvikum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög.
2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
   Strax við gildistöku laga þessara skal ráðherra hlutast til um að hafist verði handa við að undirbúa sameiningu hlutafélagsbankanna tveggja þannig að slíkri sameiningu verði lokið innan fjögurra ára.

1180. Nefndarálit [485. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kjartan Gunnarsson frá viðskiptaráðuneytinu, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Helga Þórsson og Rúnar Guðmundsson frá Vátryggingaeftirlitinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Árna Reynissyni, löggiltum vátryggingamiðlara, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu og Verslunarráði Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til lagfæringar á skilgreiningum í 2. gr. til einföldunar og frekari skýringar.
2. Lagðar eru til breytingar á 5., 12., 16. og 21. gr. varðandi hæfisskilyrði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, aðalumboðsmanna og vátryggingamiðlara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessir aðilar skuli vera fjár síns ráðandi. Samkvæmt gildandi lögum mega þeir hins vegar aldrei hafa misst forræði á búi sínu. Nefndin telur eðlilegt að gera nokkuð stífar kröfur til slíkra aðila eins og annarra sem starfa við fjárvörslu eða á fjármagnsmarkaði. Því er lagt til að gerð verði sú krafa að þeir hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum áður en þeir stofna vátryggingafélag, taka sæti í stjórn eða eru ráðnir framkvæmdastjórar þess, gerast aðalumboðsmenn erlends vátryggingafélags eða fá leyfi til að stunda vátryggingamiðlun. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að mismunandi hæfisskilyrði eru í gildi varðandi hinar ýmsu starfsstéttir, bæði hvað varðar fjárforræði og önnur atriði. Mikilsvert er að slík skilyrði séu sem sambærilegust, ekki síst meðal þeirra aðila sem starfa

á sama sviði, og því ljóst að huga þarf að samræmingu á hæfisskilyrðum á næstunni.
3. Lögð er til breyting á orðalagi a-liðar 13. gr. þannig að greinin verði í betra samræmi við 5. gr. tilskipunar 95/26/ESB (svokölluð BCCI-tilskipun).
4. Lagt er til að 14. gr. verði orðuð upp á nýtt en frumvarpsgreinin gæti talist almennari og nokkru víðtækari varðandi afhendingu trúnaðarupplýsinga en BCCI-tilskipunin. Þá er lagt til að við bætist ákvæði úr 16. gr. tilskipunar 92/49/ESB og 15. gr. tilskipunar 92/96/ESB, sem ekki hafa verið lögfest, um upplýsingar varðandi einstök vátryggingafélög.
5. Lagðar eru til breytingar á 17. gr. þar sem fylgja þarf nánar ákvæðum tilskipunar 73/239 um útibú erlendra utansvæðisfélaga.
6. Lagt er til að 2. mgr. 85. gr. laganna falli brott þar sem 15. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að almennt gjaldtökuákvæði fyrir eftirlit komi í 52. gr. laganna.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.	Steingrímur J. Sigfússon.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1181. Breytingartillögur [485. mál]

við frv. til l. um breyt á l. um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. E-liður skilgreiningarinnar *náin tengsl* orðist svo: félög sem vátryggingafélagið á hlut í og sem félagasamstæða, sem vátryggingafélagið tilheyrir, á virkan eignarhlut í, þó þannig að samanlögð hlutdeild þeirra nemi minnst 20%.
   b. Skilgreining á *vátryggingamiðlun* orðist svo: faglega starfsemi lögaðila eða einstaklings sem starfar sjálfstætt og veitir upplýsingar, faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi í frumtryggingum eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingafélagi og starfar óháður einstökum vátryggingafélögum.
2. Við 5. gr. Lokamálsliður a-liðar orðist svo: Stofnandi má hvorki vera í greiðslustöðvun né hafa verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.
3. Við 12. gr. Upphafsmálsliður efnismálsgreinar a-liðar orðist svo: Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

4. Við 13. gr. Í stað orðsins „hugsanleg“ í a-lið 1. efnismgr. komi: líkleg.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:
   a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkar upplýsingar má eingöngu veita í einni heild eða samandregnar þannig að einstök vátryggingafélög séu ekki auðkennd, nema um sakamál sé að ræða.
   b. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um skipti á upplýsingum við þá sem hafa eftirlit með aðilum sem fjalla um gjaldþrot og slit vátryggingafélaga, lánastofnana og annarra fjármálastofnana, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þessum félögum og stofnunum og skipti á upplýsingum við tryggingastærðfræðinga vátryggingafélaga, sbr. 37. gr., og þá sem eftirlit hafa með þeim. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýsingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.
   c. Við 7. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama á við um upplýsingar til stjórnvalda skv. 6. mgr. Njóti þau aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga gilda sömu reglur og skulu hlutaðeigandi stjórnvöld veita upplýsingar um nöfn þeirra sem upplýsingarnar eiga að fá og gera nákvæma grein fyrir skyldum þeirra á þessum vettvangi áður en þær eru veittar.
6. Við 16. gr. Efnismálsliður a-liðar orðist svo: Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.
7. Við 17. gr.
   a. Í stað 1.–3. málsl. 1. efnismgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Félagið skal uppfylla skilyrði III. kafla um gjaldþol er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á, þó þannig að gjaldþol þess nemi aldrei minna en helmingi viðeigandi fjárhæðar skv. 33. gr. Skal félagið hafa hér á landi fjármuni er nema helmingi fjárhæðarinnar skv. 33. gr. eða þriðjungi lágmarksgjaldþols, hvort sem hærra er, en fjármunir þar umfram upp að lágmarksgjaldþoli skulu varðveittir í aðildarríki.
   b. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 33. gr.“ í 1. málsl. 2. efnismgr. komi: 33. gr.
8. Við 21. gr. Upphafsmálsliður efnismálsgreinar b-liðar orðist svo: Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að umsækjandi sé lögráða, hann hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.
9. Við 25. gr. Á eftir a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: 2. mgr. fellur brott.

1182. Nefndarálit [549. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi sérleyfishafa, Samtökum landflutningamanna, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Landssambandi vörubifreiðastjóra og Bílgreinasambandinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Greiða skal skráðum eigendum ökutækja, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd og nýskráð hafa verið á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku laga þessara eða sem gjaldskyld aðvinnsla hefur verið framkvæmd á á sama tímabili, einn sjötta hluta þess vörugjalds sem greitt hefur verið af þeim sökum. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skilyrði að henni verði ráðstafað til leigutaka bifreiðar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1183. Nefndarálit [550. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Bergþór Magnússon og Hermann Jónasson frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir um málið frá Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi sérleyfishafa, Samtökum landflutningamanna, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, Landssambandi vörubifreiðastjóra og Bílgreinasambandinu.

Við umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að ekki er þörf á að hækka hámarksfjárhæð bifreiðagjalds jafnmikið og frumvarpið gerir ráð fyrir til að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þeirrar lækkunar á vörugjaldi af ökutækjum sem lögð er til á þingskjali 907 og nefndin mælir með að verði samþykkt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „32.000 kr.“ komi: 26.750 kr.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Sólveig Pétursdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Pétur H. Blöndal.
Einar Oddur Kristjánsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1184. Frumvarp til laga [612. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Í stað ártalsins „1998“ í 21. gr. laganna kemur: 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, áttu upphaflega að taka gildi 1. janúar 1996 en gildistökunni var með lögum nr. 120/1995 frestað til 1. janúar 1998 þar sem rétt þótti að kanna aðrar leiðir til að ná settu marki. Fjármálaráðherra mælti nú á vormánuðum fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögunum þar sem gert er ráð fyrir að horfið verði frá endurgreiðslukerfi en í staðinn tekið upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu. Málinu hefur verið vísað til efnahags- og viðskiptanefndar en sökum þess hve seint það kom fram hefur nefndinni ekki unnist tími til að fjalla ítarlega um það. Í umsögnum sem nefndinni hafa borist frá olíufélögunum kemur fram að viðamikið mál sé að koma upp slíku litunarkerfi og að frestur fram til næstu áramóta nægi þeim ekki í því sambandi. Því er hér lagt til að gildistöku laganna verði frestað um eitt ár en jafnframt gerir nefndin ráð fyrir að taka málið til umfjöllunar strax og það hefur verið lagt fram að nýju í upphafi næsta löggjafarþings þannig að lögfesta megi það fyrir áramót svo að litunarkerfi geti komist á í ársbyrjun 1999. Fjármálaráðherra mun þá, í samvinnu við hagsmunaaðila, vinnast tími til að skoða málið betur í sumar, m.a. með tilliti til þeirra umsagna sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist.

1185. Nefndarálit [299. mál]

um till. til þál. um gerð kynslóðareikninga.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Alþýðusambandi Íslands, fjármálaráðuneytinu, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Margrét Frímannsdóttir.

1186. Nefndarálit [314. mál]

um till. til þál. um verðbólgureikningsskil.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Félagi löggiltra endurskoðenda, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Í stað „viðskiptaráðherra“ komi: fjármálaráðherra.
2. Síðari málsliður 3. mgr. falli brott.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Margrét Frímannsdóttir.

1187. Nefndarálit [431. mál]

um till. til þál. um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Félagi framhaldsskólanema, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Margrét Frímannsdóttir.

1188. Nefndarálit [300. mál]

um till. til þál. um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Verslunarráði Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Nefndin mælir með að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Ágúst Einarsson.	Valgerður Sverrisdóttir.
Pétur H. Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Einar Oddur Kristjánsson.
Sólveig Pétursdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Margrét Frímannsdóttir.

1189. Frumvarp til laga [613. mál]

um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskrám o.fl.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

I. KAFLI

Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996.

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

II. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Jafnframt taka lögin til skýrslna sálfræðinga og félagsráðgjafa hvort sem þær teljast skrár í skilningi 2. mgr. eða ekki.

3. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Um skyldu læknis og annarra sem færa sjúkraskrá til þess að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit skrárinnar, í heild eða að hluta, fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

III. KAFLI

Breyting á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

4. gr.

2.–4. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

5. gr.

4. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Um aðgang sjúklings að upplýsingum úr sjúkraskrá fer eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI

Gildistaka.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða því að heilbrigðis- og tryggingaefnd hefur ákveðið að mæla með samþykkt frumvarps til laga um réttindi sjúklinga, 260. máls. Breytingar þessar er nauðsynlegar til samræmis ef framangreint frumvarp og breytingartillögur við það verða að lögum, en í IV. kafla frumvarpsins er kveðið á um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám.

Í frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga er í 2. mgr. 15. gr. gert ráð fyrir að þeim sem standa að vísindarannsókn sé heimill aðgangur að sjúkraskrám ef rannsókn krefst þess og hún uppfyllir skilyrði vísindarannsóknar samkvæmt skilgreiningu í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er hins vegar ekki kveðið á um hver eigi að meta hvort þeim skilyrðum sé fullnægt og ekki er gert ráð fyrir heimildum til að setja aðgangi að slíkum upplýsingum og meðferð þeirra ákveðin skilyrði eða takmörk, svo sem að umfjöllun í niðurstöðum rannsóknar sé með þeim hætti að ekki verði unnt að þekkja eða persónugreina þá einstaklinga sem rannsakaðir eru.

Við umfjöllun allsherjarnefndar um frumvarp til upplýsingalaga á 120. löggjafarþingi 1995–96 varð það niðurstaða nefndarinnar að fella takmarkanir á almennum aðgangi að sjúkraskrám og skýrslum sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki niður en veita úrskurðarnefnd um upplýsingamál, sem til var stofnað með V. kafla upplýsingalaga, nr. 50/1996, heimildir til að leyfa aðgang að þeim í rannsóknarskyni þegar þær hefðu verið afhentar skjalasafni, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna. Jafnframt var nefndinni heimilað að binda slík leyfi þeim skilyrðum sem hún mæti nauðsynleg hverju sinni, þar á meðal þeim sem að framan getur, svo og þagnarskyldu þeirra sem aðgangurinn væri veittur. Þessi leið varð fyrir valinu m.a. vegna þess að þá hafði ekki verið mótuð heildarstefna um hvernig aðgangi að þessum upplýsingum yrði best fyrir komið. Í ljósi þess að í frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga er leitast við að safna á einn stað öllum helstu réttarreglum er varða réttarstöðu sjúklinga virðist ekki hjá því komist að taka heildstætt á aðgangi að þeim upplýsingum sem hér um ræðir þannig að samræmis verði gætt um skilyrði og framkvæmd lagareglna á þessu sviði.

Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, nr. 227/1991, með síðari breytingum, er sjúkraskrá safn sjúkragagna sem unnin eru eða fengin annars staðar frá vegna meðferðar einstaklinga hjá lækni eða á heilbrigðisstofnun. Þá hvílir skv. 2. gr. sú skylda á öllum læknum sem taka einstaklinga til greiningar og meðferðar að halda sjúkraskrá um hvern þeirra og færa í hana komu-, innlagnar- og útskriftardag, heilsufars- og sjúkrasögu, upphafsgreiningu, rannsóknaráætlun, meðferðaráform, niðurstöður rannsókna og umsagnir ráðgefandi sérfræðinga. Við útskrift sjúklings af heilbrigðisstofnun ber síðan skv. 10. gr. að flytja öll rituð sjúkragögn saman í eina sjúkraskrá og flytji sjúklingur milli starfssvæða heilsugæslustöðva skal heilsugæslustöð svæðisins sem hann flytur frá senda heilsufarsskrá viðkomandi til heilsugæslustöðvar svæðisins sem hann flytur til. Af þessum réttarreglum um tilurð, söfnun og meðferð upplýsinga í sjúkraskrám má ljóst vera að hver sjúkraskrá er dæmigerð fyrir þá kerfisbundnu skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild sem skírskotað er til í gildissviðsákvæði 2. mgr. 1. gr. laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989 (tölvulaga), en þau lög gilda eingöngu um upplýsingagjöf úr skrám sem hafa að geyma persónuupplýsingar. Um leið falla sjúkraskrár sem slíkar utan gildissviðs og meginreglu upplýsingalaga, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 1. og 2. mgr. 3. gr. þeirra laga, með því að þau gilda almennt ekki um aðgang að upplýsingum í skrám, en á þessum greinarmun eru lagaskilin á milli upplýsingalaga og tölvulaga m.a. reist. Að auki er

gildissvið tölvulaganna víðtækara en upplýsingalaga að því leyti að þau taka ekki einungis til skráningar á vegum hins opinbera heldur ná þau einnig til einkaaðila.

Af þessum sökum er í breytingartillögu við 15. gr. frumvarps til laga um réttindi sjúklinga lagt til að tölvunefnd, sem starfar skv. X. kafla tölvulaga, verði falið það hlutverk að afgreiða umsóknir um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám í þágu vísindarannsókna, en í breytingartillögu við 2. gr. frumvarpsins er því jafnframt bætt við skilgreiningu þess hugtaks að mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar, sem stofnað er til með breytingartillögu við 29. gr. frumvarpsins, hafi leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið standi framkvæmd rannsóknar ekki í vegi. Með þessu móti verður aðgangur að sjúkraskrám í rannsóknarskyni ávallt háður opinberu eftirliti án tillits til þess hvort skráarhaldari eða vörslustaður telst til hins opinbera eða ekki. Um leið er í þessu frumvarpi lagt til að þetta hlutverk úrskurðarnefndar um upplýsingamál varðandi aðgang að sjúkraskrám falli brott.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga er leitast við að safna á einn stað öllum helstu réttarreglum er varða réttarstöðu sjúklinga, þar á meðal um aðgang sjúklings að upplýsingum í sjúkraskrá sinni, sbr. 14. gr. frumvarpsins. Sams konar ákvæði hefur til skamms tíma verið í 16. gr. læknalaga, nr. 53/1988, sbr. nú 3. gr. laga nr. 50/1990 og 4. tölul. 25. gr. laga nr. 50/1996, en það var þangað flutt úr 10. gr. laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, nr. 63/1981. Til að auðvelda lagatúlkun og í samræmi við það markmið frumvarps til laga um réttindi sjúklinga að auka yfirsýn yfir gildandi lagareglur á því sviði er í þessari grein lagt til að 16. gr. læknalaga vísi um rétt sjúklings til aðgangs að upplýsingum úr sjúkraskrá sinni til þeirra laga. Millitilvísanir í lögum eru hin hefðbundna leið þegar svona háttar til og því einungis um lagatæknilega breytingu að ræða.

Um 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. upplýsingalaga er úrskurðarnefnd um upplýsingamál ekki einungis falið að fjalla um aðgang að gömlum sjúkraskrám heldur einnig um skýrslur sálfræðinga og félagsráðgjafa sem afhentar hafa verið opinberu skjalasafni. Skýrslur þessar eru ýmist þess eðlis að þær geyma upplýsingar um tiltekin mál í skilningi upplýsingalaga eða safn fleiri en eins máls og teljast þá skrár í skilningi tölvulaga. Samkvæmt því færi það eftir efni hverrar skýrslu á grundvelli hvaða laga yrði leyst úr beiðni um aðgang að henni.

Enda þótt ákvæði upplýsinga- og tölvulaga standi til að takmarka aðgang almennings að svo viðkvæmum persónuupplýsingum sem skýrslur af þessu tagi hafa yfirleitt að geyma er í þessari grein lagt til að tölvulögin taki til þeirra allra án tillits þess hvort þær myndi skrár í skilningi þeirra laga eða hvort nota á þær í rannsóknaskyni eða ekki. Sú breyting stendur í beinum tengslum við þá breytingu sem lögð er til í 4. gr. þessa frumvarps en með því móti vinnst jafnframt það að skýrslur um einstök mál í vörslu einkaaðila, sem að öðrum kosti mundu hvorki falla undir upplýsingalög né tölvulög, koma til með að heyra undir hin síðarnefndu.

Um 3. gr.

Gildandi ákvæði vísar til læknalaga um skyldu læknis til að veita sjúklingi eða umboðsmanni hans aðgang að sjúkraskrá. Hér er lagt til að sams konar tilvísun vísi til laga um réttindi sjúklinga, sbr. athugasemdir við 1. gr. þessa frumvarps.

Um 4. gr.

Í greinargerð með frumvarpi þessu hefur verið lýst aðdraganda þess að úrskurðarnefnd um upplýsingamál var falið það hlutverk að veita aðgang að sjúkraskrám og skýrslum sálfræðinga og félagsráðgjafa sem afhentar hafa verið skjalasafni. Jafnframt var þar lýst ástæðum þeirrar breytingartillögu sem gerð er við 15. gr. frumvarps til laga um réttindi sjúklinga. Í samræmi við hana er í þessari grein lagt til að þetta hlutverk úrskurðarnefndarinnar falli niður. Auk þess er áður greinir kemur þar tvennt til. Annars vegar það að meginhlutverk úrskurðarnefndarinnar er af öðrum toga spunnið og felst í því að þjóna sem kærustig við úrlausn ágreiningsmála um aðgang að upplýsingum samkvæmt upplýsingalögum. Hins vegar það að sjúkraskrár og sá hluti skýrslna sálfræðinga og félagsráðgjafa sem telja verður skrár í skilningi tölvulaga og komnar eru á skjalasafn hefðu að öðrum kosti fallið utan gildissviðs upplýsingalaga.

Um 5. gr.

Gildandi ákvæði vísar til læknalaga um aðgang sjúklings að sjúkraskrá sinni. Hér er lagt til að sams konar tilvísun vísi til laga um réttindi sjúklinga, sbr. athugasemdir við 1. gr. þessa frumvarps.

Um 6. gr.

Lagt er til að gildistökudagur verði hinn sami og laga um réttindi sjúklinga verði það frumvarp að lögum.

1190. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um réttindi sjúklinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Elínu Norðmann, lögfræðing í heilbrigðisráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, sr. Sigfinn Þorleifsson, sjúkrahúsprest á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Sverri Bergmann, Tómas Zoëga, Sigurð Björnsson og Örn Bjarnason frá Læknafélagi Íslands, Þorgeir Örlygsson formann og Sigrúnu Jóhannesdóttur ritara frá tölvunefnd, Pálma Jónsson lækni, forstöðumann öldrunardeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Ólaf Ólafsson landlækni, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni, Harald Briem yfirlækni, Helga Seljan, Ásgerði Ingimarsdóttur og Hauk Þóroddsson yfirlækni frá Öryrkjabandalaginu, Elínu Viðarsdóttur og Margréti Ragnarsdóttur frá Félagi hjartveikra barna, Helga Hjörvar og Erlu Guðmundsdóttur frá Blindrafélagi Íslands, Kára Stefánsson frá Íslenskri erfðagreiningu, Jónas Hallgrímsson og Valgarð Egilsson frá Rannsóknastofu Háskólans, Sigurð Guðmundsson frá siðaráði landlæknis, Pétur Hauksson og Ingimund Sigurðsson frá Geðhjálp, Tómas Zoëga frá Geðverndarfélagi Íslands, Þorstein Ólafsson frá Styrkt-

arfélagi krabbameinssjúkra barna, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, og Reyni Arngrímsson, sérfræðing í erfðasjúkdómum.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá tölvunefnd, spítalasamskiptanefnd Votta Jehóva, Blindrafélaginu, Samtökunum Lífsvog, Landssambandi aldraðra, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjálfsbjörg, MS-félagi Íslands, Félagi nýrnasjúkra, Þroskahjálp, Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Landspítalanum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Öryrkjabandalagi Íslands, Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Læknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Geðverndarfélagi Íslands, læknaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala, forsætisráðuneyti, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Umhyggju, Félagi eldri borgara, siðaráði landlæknis, landlæknisembættinu, Lögmannafélagi Íslands, Geðlæknafélagi Íslands, umboðsmanni barna og Reyni Arngrímssyni, sérfræðingi í erfðasjúkdómum.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á skilgreiningu á orðinu vísindarannsókn í 4. mgr. 2. gr. sem taki mið af því að samkvæmt breytingartillögu við 29. gr. skal ráðherra setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir. Slíkar nefndir þurfa að meta rannsókn hverju sinni og þarf matið að leiða í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd rannsóknar. Þá er einnig lögð til sú breyting að vísindarannsókn skuli vera rannsókn sem gerð er til að auka þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Í upphafi rannsókna liggur ekki alltaf ljóst fyrir að þekking sú sem aflað verður muni gera mönnum kleift að bæta heilsu eða lækna sjúkdóma. Hér er því um rýmkun að ræða.
2. Lagt er til að 1. mgr. 3. gr. falli brott þar sem 1. gr. felur efnislega í sér að staða sjúklinga skuli vera sem jöfnust á öllum sviðum. Þá er lagt til að í stað orðsins meðferð í 2. mgr. 3. gr. verði notað hugtakið heilbrigðisþjónusta sem tekur m.a. til meðferðar. Í samræmi við þetta eru einnig lagðar til orðalagsbreytingar á 3. og 4. mgr.
3. Lagt er til að við 4. gr. bætist ákvæði um að leitast verði við að kynna almenningi orsakir og afleiðingar sjúkdóma hjá börnum og fullorðnum. Með þessu er stefnt að því að tryggja að fólk geti sýnt eðlileg viðbrögð ef það t.d. kemur að sjúkum einstaklingi sem er hjálparþurfi. Þá leggur nefndin áherslu á að tryggt verði að upplýsingar samkvæmt þessari grein verði til á hljóðsnældum fyrir þá sem þurfa á slíku að halda.
4. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 5. gr. sem lúta að því hvaða upplýsingum sjúklingur eigi rétt á.
5. Geti sjúklingur ekki tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr., t.d. um heilsufar sitt eða meðferð, er lagt til að þær skuli veittar nánum vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði. Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að slíkar upplýsingar skuli veittar nánasta vandamanni eða lögráðamanni og er því um rýmkun að ræða, enda getur það reynst erfitt í ákveðnum tilvikum að skilgreina hver er nánasti vandamaður sjúklings.
6. Nokkrar breytingar eru lagðar til á 8. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að það skuli vera í höndum læknis að upplýsa sjúkling sem hafnar meðferð um afleiðingar þeirrar ákvörðunar og í öðru lagi er lagt til að skýrt komi fram að sjúklingur geti ekki stöðvað meðferð hvenær sem er ef á annan hátt er mælt fyrir í öðrum lögum. Ljóst er með

hliðsjón af t.d. ákvæðum lögræðislaga og sóttvarnalaga að það er ekki alltaf á valdi sjúklings að stöðva meðferð þó að það sé meginreglan. Í þriðja lagi er lagt til að það sé í höndum læknis eða þess heilbrigðisstarfsmanns sem stjórnar meðferðinni að útskýra nákvæmlega fyrir sjúklingi hvaða afleiðingar það getur haft að stöðva meðferð.

7. Lagt er til að við 1. mgr. 10. gr. bætist ákvæði sem felur í sér tilvísun til 15. gr. að því er varðar aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna. Með þessari breytingu er lögð áhersla á muninn á því að samþykkja þátttöku í vísindarannsókn og síðan hvaða reglur gilda um aðgang að gögnum sem þegar eru til staðar.
8. Lagðar eru til breytingar á 14. gr. um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að skilgreina sjúkraskrá sem eign heilbrigðisstofnunar, þar sem hún er færð, eða læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns sem hana færir á eigin starfsstofu sé gert ráð fyrir því að sjúkraskrár skuli varðveita hjá framangreindum aðilum. Í öðru lagi er lagt til að við 3. mgr. bætist ákvæði sem kveður á um að ef sá sem veitt hefur upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða viðkomandi neitar á óréttmætum grundvelli að samþykkja að sjúklingi skuli sýndar upplýsingarnar geti landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum. Synjun landlæknis má síðan skjóta til úrskurðar heilbrigðisráðherra. Þegar upplýsingar í sjúkraskrám eru hafðar eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum og viðkomandi neitar því að sjúklingi verði veittur aðgangur að þeim upplýsingum verður að hafa í huga meginregluna sem mælir fyrir um að slíkar upplýsingar skuli ekki sýndar nema með samþykki viðkomandi. Markmiðið með þeirri reglu er að koma í veg fyrir að aðgangur að viðkvæmum upplýsingum sem nákominn aðili hefur veitt lækni skaði samband sjúklings og þess sem upplýsingarnar veitti, t.d. ef maki, foreldri eða nákominn ættingi sjúklings upplýsir lækni um mjög viðkvæm fjölskyldumálefni sem sjúklingi er jafnvel ókunnugt um. Við mat á því hvaða ástæður geti réttlætt það að sjúklingur fái ekki aðgang að upplýsingum úr eigin sjúkraskrá má landlæknir aðeins byggja ákvarðanir sínar á sjónarmiðum sem teljast málefnaleg miðað við framangreint markmið meginreglunnar. Landlækni væri því skylt, ef neitun lægi fyrir, að koma í veg fyrir að aðgangur að viðkvæmum upplýsingum sem nákominn aðili hefur veitt geti skaðað samband sjúklings og þess sem upplýsingarnar veitti eins og að framan er greint, en á fundi nefndarinnar kom fram að sérstaklega þyrfti að gæta að þessu varðandi geðsjúka. Þessi undanþága frá meginreglunni gerir þannig kröfu til þess að fram fari mat á hagsmunum sjúklings af því að fá slíkar upplýsingar gagnvart hagsmunum þess sem upplýsingarnar veitti af að þeim sé haldið leyndum. Athuga ber að í ákveðnum tilvikum geta það einnig verið hagsmunir sjúklings að fá ekki slíkar upplýsingar. Í samræmi við framangreinda breytingu og með hliðsjón af því að nefndin leggur til að efnislegt ákvæði um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám verði í lögum um réttindi sjúklinga en ekki í læknalögum er í þriðja lagi lagt til að ákvæði 3.–5. mgr. 16. gr. læknalaga verði tekin upp í frumvarpið í stað þess að vísa til læknalaga eftir því sem við á.
9. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum 15. gr. sem, eins og 14. gr., lúta að aðgangi að sjúkraskrám. Í fyrsta lagi er lagt til að í 1. mgr. verði sérstaklega tekið fram að upplýsingar í sjúkraskrám séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Þá þykir í öðru lagi rétt að vísa sérstaklega til ákvæðis 12. gr. um þagnarskyldu starfsmanns í heilbrigðis-

þjónustu. Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði við ákvæði sem kveði á um að þess skuli gætt að sjúkraskrár séu geymdar á tryggum stað og einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfi hafi aðgang að þeim. Í fjórða lagi er lagt til að ekki sé nægjanlegt, ef vísindarannsókn krefst aðgangs að sjúkraskrám, að rannsókn uppfylli skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr., heldur þurfi tölvunefnd að auki að heimila aðgang að skránum samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Slíkt leyfi verði síðan unnt að binda þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni, svo sem að gætt sé þagmælsku og að niðurstöður séu ekki birtar undir nafni þeirra einstaklinga er upplýsingarnar varða eða á annan sambærilegan hátt. Þá leggur nefndin til að lífsýni verði talin hluti af sjúkraskrá og lúti þá sömu reglum og að framan er greint.

10. Lagðar eru til breytingar á 18. gr. sem miða að því að það skuli vera í höndum læknis að gefa sjúklingi skýringar á bið eftir meðferð en ekki í höndum ótilgreinds heilbrigðisstarfsmanns. Þá er ákvæði 2. mgr. umorðað og lagt til að skylt verði að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar en hjá þeim lækni sem hann leitar til.
11. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 20. gr. sem lúta að því að sjúklingur skuli eiga rétt á að leita til þess læknis sem honum hentar best og að fá álit annars læknis á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum.
12. Lagt er til að 2. mgr. 21. gr. falli brott, en hún kveður á um skyldur sjúklinga til að fylgja fyrirmælum læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Óljóst er hvernig þetta ákvæði samrýmist öðrum greinum frumvarpsins og hvernig eigi að bregðast við ef sjúklingur fer ekki eftir því sem fyrir hann er lagt.
13. Tvær breytingar eru lagðar til á 22. gr. Fyrri breytingin felur í sér að í stað orðsins heilbrigðisstarfsmaður í 2. mgr. komi læknir, en slíkt þykir eðlilegt þar sem læknar bera meginábyrgð á sjúklingum á heilbrigðisstofnunum. Þá er lagt til að í stað orðsins vistunarúrræði í 3. mgr. verði notað úrræði þar sem önnur úrræði en vistun og heimaþjónusta geta komið til greina fyrir sjúkling sem útskrifa á af heilbrigðisstofnun.
14. Lagðar eru til viðbætur við 23. gr. þess efnis að auk sjúklings eigi nánustu vandamenn rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings.
15. Lögð er til sú breyting á 24. gr. að skýrt skuli vera að það sé á ábyrgð læknis að virða rétt dauðvona sjúklings sem ótvírætt gefur til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar. Hins vegar er lagt til að bætt verði við ákvæði sem lýtur að því þegar dauðvona sjúklingur er of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð. Í slíkum tilvikum skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar. Nefndin vill leggja áherslu á ábyrgð læknisins við ákvarðanatöku varðandi framhald eða lok meðferðar og að ekki megi skapa þá stöðu að vandamönnum sjúklings finnist þeir beri þá ábyrgð. Þá vill nefndin leggja sérstaka áherslu á að gefnar verði út samræmdar leiðbeinandi reglur um framangreint til allra sjúkrastofnana.
16. Lagðar eru til breytingar á 25. gr. sem fjallar um upplýsingar um heilsufar og meðferð sjúkra barna. Annars vegar er lögð til sú breyting að í stað þess að foreldri eða forráðamanni skuli veittar upplýsingar um sjúkt barn skuli ákvæðið taka til foreldra. Með þessari breytingu á að tryggja það að forsjárlaust foreldri eigi sama rétt á upplýsingum og það foreldri sem fer með forsjá barns ef það leitar eftir þeim og er það

í samræmi við ákvæði barnalaga. Hins vegar er lagt til að fyrri málsliður 2. mgr. verði fluttur í 26. gr. þar sem það ákvæði snýr að því að sjúk börn skuli höfð með í ráðum varðandi meðferð. Slíkt á ekki heima í ákvæði um upplýsingagjöf og því er lagt til að í staðinn komi inn ákvæði er lúti að því að sjúkum börnum skuli veittar upplýsingar að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska.

17. Lagðar eru til breytingar á 26. gr. til samræmis við breytingar á 25. gr. Lagt er til að í stað foreldris eða forráðamanns séu það foreldrar sem fara með forsjá barns sem geta samþykkt eða neitað að samþykkja meðferð. Breyting þessi er í samræmi við ákvæði barnalaga og samkvæmt ákvæðinu er ljóst að forsjárlausir foreldrar geta ekki samþykkt eða neitað meðferð. Þá eru og lagðar til orðalagsbreytingar á greininni.
18. Lagt er til að við ákvæði 27. gr., sem felur í sér ýmis ákvæði um sjúk börn, bætist ákvæði um að hlífa beri börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum. Þá er lagt til að ákvæði 2. mgr. verði umorðað og bætt við að sköpuð verði aðstaða fyrir foreldra og aðra nána vandamenn sjúkra barna sem dveljast hjá þeim á heilbrigðisstofnun eftir því sem kostur er. Þá er lagt til að sjúk börn á skólaskyldualdri skuli fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og þroska en ákvæðið taki ekki einungis til þeirra barna sem dveljast á heilbrigðisstofnun.
19. Lögð er til umorðun á ákvæði 1. mgr. 28. gr. sem tekur til athugasemda og kvartana sjúklinga vegna meðferðar.
20. Loks er lagt til að í 29. gr. verði ráðherra gert skylt að setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði þar sem m.a. verði ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr.

Einstakir nefndarmenn skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 9. maí 1997.

Össur Skarphéðinsson, form., frsm., með fyrirvara.	Siv Friðleifsdóttir.	Katrín Fjeldsted.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Sólveig Pétursdóttir.	Guðmundur Hallvarðsson.
Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara.	Guðni Ágústsson.	Ásta R. Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

1191. Breytingartillögur [260. mál]

við frv. til l. um réttindi sjúklinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

1. Við 2. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

2. Við 3. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „meðferð“ í 2. mgr. komi: heilbrigðisþjónustu.
   c. Í stað orðanna „meðferð og aðbúnaði“ í 3. mgr. komi: þjónustu.
   d. 4. mgr. orðist svo:

      Sjúklingur á rétt á samfelldri þjónustu og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem hana veita.
3. Við 4. gr. Við greinina bætist nýr málsliður er orðist svo: Jafnframt skal leitast við að veita almenningi upplýsingar um orsakir og afleiðingar sjúkdóma hjá börnum og fullorðnum.
4. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. falli brott.
   b. Inngangsmálsliður 2. mgr. orðist svo: Sjúklingur á rétt á upplýsingum um.
5. Við 6. gr. Í stað orðanna „nánasta vandamanni“ í 3. mgr. komi: nánum vandamanni.
6. Við 8. gr.
   a. Í stað orðsins „heilbrigðisstarfsmaður“ í 1. mgr. komi: læknir.
   b. 2. mgr. orðist svo:

      Sjúklingur getur stöðvað meðferð hvenær sem er, nema á annan hátt sé mælt í öðrum lögum. Hafni sjúklingur meðferð skal læknir hans eða sá heilbrigðisstarfsmaður sem stjórnar meðferðinni upplýsa sjúkling um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gilda ákvæði 26. gr.
7. Við 10. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna gilda ákvæði 15. gr.
8. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

   Sjúkraskrá skal varðveita á heilbrigðisstofnun þar sem hún er færð eða hjá lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni sem hana færir á eigin starfsstofu.

   Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni hans, í heild eða að hluta, og afhenda þeim afrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Heimilt er að taka gjald fyrir afrit af sjúkraská samkvæmt ákvæðum 12. gr. upplýsingalaga.

   Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

   Telji læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár skal án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

   Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar. Synjun landlæknis má skjóta til úrskurðar heilbrigðisráðherra.

   Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál, sbr. 12. gr.

Sjúkraskrár skulu geymdar á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Tölvunefnd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna, enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara. Unnt er að binda slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. og 2. mgr. gætt.

10. Við 18. gr.
    a. Í stað orðsins „heilbrigðisstarfsmaður“ í 1. mgr. komi: læknir.
    b. 2. mgr. orðist svo:

Skylt er að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar.

11. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu á sjúklingur rétt á að leita til þess læknis sem honum hentar best. Þá á hann rétt á að fá álit annars læknis á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum. Sama gildir um aðra heilbrigðisstarfsmenn.

12. Við 21. gr. 2. mgr. falli brott.
13. Við 22. gr.
    a. Í stað orðsins „heilbrigðisstarfsmaður“ í 2. mgr. komi: læknir.
    b. Í stað orðsins „vistunarúrræði“ í 3. mgr. komi: úrræði.
14. Við 23. gr. Síðari málsliður 2. mgr. orðist svo: Sjúklingur og nánustu vandamenn hans eiga rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings.
15. Við 24. gr.
    a. Á eftir orðunum „tilraunum til endurlífgunar skal“ í síðari málslið komi: læknir.
    b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sé dauðvona sjúklingur of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar.

16. Við 25. gr.
    a. Í stað orðanna „foreldri eða forráðamanni“ í 1. mgr. komi: foreldrum.
    b. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Sjúkum börnum skulu veittar upplýsingar að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska.
17. Við 26. gr.
    a. 1. mgr. orðist svo:

Foreldrar sem fara með forsjá barns skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns yngra en 16 ára. Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri.

b. 2. mgr. orðist svo:
Neiti foreldrar sem fara með forsjá barns að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr., skal læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

c. Í stað orðanna „heilbrigðisstarfsmanni skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega“ í 3. mgr. komi: skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til nauðsynlegrar meðferðar.

18. Við 27. gr.

a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:
Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.

b. 2. mgr. (er verði 3. mgr.) orðist svo:
Sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er.

c. 4. mgr. (er verði 5. mgr.) orðist svo:
Sjúk börn á skólaskyldualdri skulu fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi.

19. Við 28. gr. 1. mgr. orðist svo:
Athugasemdum sjúklings vegna þjónustu á heilbrigðisstofnun skal beint til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

20. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1192. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um búnaðargjald.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Gísla Karlsson og Þórólf Sveinsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Arnar Karlsson frá Landssamtökum sauðfjárbænda og Kristin Gylfa Jónsson frá Svínaræktarfélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Búnaðarsambandi Austur-Húnavatnssýslu, Búnaðarsambandi Austur-Skaftfellinga, Búnaðarsambandi Dalamanna, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Landssambandi kartöflubænda, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, Sambandi garðyrkjubænda, Sambandi íslenskra loðdýrabænda, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Vinnuveitendasambandi Íslands og Æðarræktarfélagi Íslands.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til lagfæring á orðalagi fyrri málsliðar 1. gr.
2. Lögð er til breyting á síðari málslið 2. gr. varðandi það hverjir teljist undanþegnir gjaldskyldu. Í frumvarpinu eins og það var lagt fram er gert ráð fyrir að þeir búvöruframleiðendur verði undanþegnir greiðslu búnaðargjalds sem hafa skattskylda veltu undir 212.900 kr. á ári. Hagkvæmara þykir við framkvæmd laganna að miða við að þeir búvöruframleiðendur verði gjaldskyldir sem eru og eiga að vera virðisaukaskattsskyldir. Því er lagt til að þeir verði undanþegnir búvörugjaldi sem hvorki eru skráningarskyldir né á skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þetta auðveldar bæði framkvæmd og eftirlit og meiri festa verður í skrá yfir gjaldskylda aðila.
3. Breytingartillaga við 3. gr., sem fjallar um gjaldstofn búnaðargjalds, miðar að því að lagfæra tilvísanir í lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og gera greinina skýrari.
4. Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að staðgreiðslu búnaðargjalds sé skilað á reglulegum gjalddögum virðisaukaskatts. Í 1. mgr. 33. gr. laga um virðisaukaskatt er heimild til handa þeim sem stunda landbúnað til að fara fram á aukauppgjör á virðisaukaskatti. Þeir sem það kjósa gera þá jafnan upp útskatt af skattskyldri veltu samhliða kröfu um endurgreiðslu á innskatti. Lagt er til að 4. gr. verði breytt þannig að miðað verði við slíkt aukauppgjör í sambandi við skil á búnaðargjaldi. Þetta þykir betri aðferð þar sem annars getur orðið ósamræmi á milli virðisaukaskattsskila og skila á búnaðargjaldi, gjaldandanum til óþæginda.
5. Lagt er til að við 5. gr., er fjallar um innheimtu búnaðargjalds, bætist heimild fyrir skattstjóra til að leggja sérstakt 20% vanskilaálag á vangoldið búnaðargjald þegar álagning þinggjalda fer fram. Álagið ásamt því sem vangoldið er verði síðan innheimt á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru á árinu. Álagið er ákvarðað nokkuð hátt til að tryggja sem best skil á búnaðargjaldi. Þá er lagt til að um endurgreiðslu ofgreidds búnaðargjalds fari eftir 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
6. Ein mikilvægasta breytingartillaga nefndarinnar varðar 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hvernig tekjum af búnaðargjaldi skuli skipt. Lagt er til að ráðstöfun tekna af búnaðargjaldi verði lögbundin. Til að gera það framkvæmanlegt er lagt til að birtur verði viðauki við lögin þar sem nánari skipting á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs er sundurliðuð. Þá kemur einnig fram í viðaukanum skipting gjaldsins á milli Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
7. Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða I til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 6. gr. og þá breytingu sem meiri hlutinn leggur til að gerð verði við lánasjóðsfrumvarpið um lækkun á neytenda- og jöfnunargjaldi til Stofnlánadeildarinnar það sem eftir er ársins.

8. Loks er lagt til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða um að fram til ársloka 1999 skuli 1% af óskiptum tekjum búnaðargjalds, í stað 0,5% skv. 4. mgr. 6. gr., renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Ljóst er að breytt innheimtufyrirkomulag kallar á nokkurn stofnkostnað í upphafi, svo sem breytingu á hugbúnaði og eyðublaðagerð. Í ljósi þessa þykir rétt að innheimtuþóknun verði árin 1998 og 1999 tvöfalt hærri en lögin kveða á um.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Magnús Stefánsson.	Hjálmar Jónsson, með fyrirvara.	Árni M. Mathiesen.

1193. Breytingartillögur [478. mál]

við frv. til l. um búnaðargjald.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, GuðjG, SJóh, MS, HjálmJ, ÁMM).

1. Við 1. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 2,65% af gjaldstofni skv. 3. gr.
2. Við 2. gr. Síðari málsliður orðist svo: Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir sem hvorki eru skráningarskyldir né á skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.
3. Við 3. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. 2. málsl. orðist svo: Til gjaldskyldrar veltu telst velta skv. 11.–13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að frádregnu andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem talið hefur verið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.
   b. 3. og 4. málsl. falli brott.
4. Við 4. gr. Í stað „og 31. gr.“ í 3. málsl. komi: 31. gr. og 1. mgr. 33. gr.
5. Við 5. gr.
   a. Í stað 2. og 3. málsl. 4. mgr. komi þrír nýir málsliðir sem orðist svo: Komi í ljós mismunur á milli álagningar og staðgreiðslu skal skattstjóri reikna sérstakt 20% vanskilaálag á þá fjárhæð sem vangreidd er. Mismun ásamt álagi skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram. Hafi gjaldskyldur aðili ofgreitt búnaðargjald í staðgreiðslu skal um endurgreiðslu fara eftir 112. gr. laga nr. 75/1981.
   b. 5. mgr. orðist svo:

      Um ábyrgð á greiðslu, upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir og málsmeðferð skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981.

6. Við 6. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:
   Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt	*Önnur afurðavelta*
Til Búnaðarsjóðs	1,225% af stofni	1,575% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni
Til Framleiðsluráðs landbúnaðarins	0,275% af stofni	0,275% af stofni

   Hluti Búnaðarsjóðs skiptist síðan á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs í samræmi við viðauka við lög þessi.
7. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað hlutfallstölunnar „1,25%“ komi: 1,05%.
8. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 6. gr. skal 1% af óskiptum tekjum af búnaðargjaldi renna í ríkissjóð á árunum 1998 og 1999 til að standa straum af stofnkostnaði vegna álagningar og innheimtu gjaldsins.
9. Við bætist viðauki, svohljóðandi:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Búnaðarsjóður				Lána-sjóður landb.	Fram-leiðslur. landbún.	Alls
	BÍ	Bsb.	Búgr.	Bjarg.			
Nautgripaafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	0,275	2,650
Sauðfjárafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	0,275	2,650
Hrossaafurðir	0,325	0,500	0,550	0,200	0,800	0,275	2,650
Svínaafurðir	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	0,275	2,650
Alifuglakjöt	0,125	0,250	0,200	1,000	0,800	0,275	2,650
Egg	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	0,275	2,650
Kartöflur, gulrófur	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Annað grænmeti og blóm	0,325	0,500	0,750	0,000	0,800	0,275	2,650
Grávara	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Æðardúnn	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Skógarafurðir	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650

1194. Nefndarálit [424. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð landbúnaðarins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Friðriksson frá landbúnaðarráðuneyti, Ara Teitsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Leif Kr. Jóhannesson og Gunnar Jónasson frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Gísla Karlsson og Þórólf Sveinsson frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, Arnar Karlsson frá Landssamtökum sauðfjárbænda og Kristin Gylfa Jónsson frá Svínaræktarfélagi Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga, Bændasamtökum Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Íslandsbanka hf., Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Tryggingamiðstöðinni hf., Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Seðlabanka Íslands, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Vátryggingafélagi Íslands hf. Einnig barst nefndinni umsögn frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að tekið verði af skarið í lagatextanum sjálfum um að sjóðurinn teljist lánastofnun í skilningi laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þó verður hann undanþeginn skilyrði þeirra laga um hlutafélagsform.
2. Lagt er til að sjóðnum verði veitt heimild til að afla sér fjár með skuldabréfaútgáfu eða öðrum sambærilegum hætti. Rétt er þó að taka fram að jafnframt er í 4. gr. gert ráð fyrir að sjóðurinn geti tekið lán samkvæmt heimildum í lánsfjárlögum á hverjum tíma.
3. Lagt er til að orðalagi d-liðar verði breytt þannig að óyggjandi sé að ráðherra skuli staðfesta ársreikninga sjóðsins.
4. Lögð er til lagfæring á orðalagi f-liðar 5. gr.
5. Lagt er til að 6. gr. verði breytt með hliðsjón af því að landbúnaðarnefnd hefur lagt til, í frumvarpi til laga um búnaðargjald sem hún fjallaði um samhliða, breytingu á hlutfalli tekna búnaðarmálagjalds sem renna skulu til Lánasjóðs landbúnaðarins.
6. Lagt er til að ákvæði 7. gr. verði rýmkað. Fram kom hjá fulltrúum Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem mættu á fund nefndarinnar að Stofnlánadeildin láni ekki bara til hefðbundinna búgreina heldur einnig ýmissar annarrar atvinnustarfsemi í sveitum. Sem dæmi var tekið lán sem veitt var bónda til að koma sér upp aðstöðu til verkunar á grásleppuhrognum.
7. Lagt er til að fellt verði brott skilyrði um að lágmarkstími lána skuli vera 5 ár. Eðlilegt er að það sé samningsatriði milli lántakanda og sjóðsins. Ekki er hins vegar lögð til breyting á hámarkslánstíma, 12 eða 25 ár eftir lánaflokkum.
8. Lagt er til að dregið verði úr afdráttarlausu skilyrði 11. gr. um að sjóðurinn skuli varðveita raungildi eigin fjár. Eðlilegra er að hafa það sem markmið til að stefna að.
9. Lagt er til að við bætist ný grein um heimild bankaeftirlits Seðlabankans til eftirlits með starfsemi sjóðsins.

10. Lagðar eru til nokkrar breytingar á gildistökuákvæði. Í fyrsta lagi að lögin taki gildi strax en komi þó ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi næsta árs. Í því sambandi leggur meiri hlutinn jafnframt til að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins falli brott þar sem ekki sé eðlilegt að stjórn sjóðsins verði skipuð fyrr en við stofnun. Eðlilegra er að ráðherra skipi sérstaka nefnd er vinni að undirbúningi stofnunar sjóðsins. Til þess þarf hann ekki sérstaka lagaheimild. Þá er lagt til að orðinu „réttindum“ verði bætt við upptalningu 2. mgr. 12. gr. um hvað sjóðurinn skuli yfirtaka við stofnun. Með því er m.a. tryggt að Lánasjóðurinn yfirtaki öll skattaleg réttindi og skyldur Stofnlánadeildarinnar. Þá er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði um að ekki skuli gefa út innköllun til lánardrottna Stofnlánadeildarinnar við yfirtökuna og ákvæði sem tryggir rétt starfsmanna Stofnlánadeildarinnar. Loks leggur meiri hlutinn til að lögum um Stofnlánadeildina verði breytt frá 1. júní nk. þannig að neytenda- og jöfnunargjald lækki samanlagt úr 2% af heildsöluverði í 0,8%.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Magnús Stefánsson.
Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.

1195. Breytingartillögur [424. mál]

við frv. til l. um Lánasjóð landbúnaðarins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, GuðjG, MS, SJóh, HjálmJ, ÁMM).

1. Við 1. gr. Við bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sjóðurinn telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og gilda þau lög um starfsemi hans nema annað sé boðið í lögum þessum. Honum verður ekki gert að starfa í formi hlutafélags.
2. Við 2. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í því skyni er sjóðnum heimilt að afla sér fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.
3. Við 4. gr. D-liður orðist svo: að undirrita ársreikninga sem staðfestir skulu af ráðherra.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „í afskriftarsjóð“ í f-lið komi: á afskriftareikning.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins eru vaxtatekjur, þjónustugjöld og tekjur af búnaðargjaldi.
6. Við 7. gr. Á eftir e-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: til annarrar atvinnustarfsemi í sveitum.

7. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. 1. málsl. falli brott.
   b. Í stað orðanna „en 5–12 ár til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu“ í 2. málsl. komi: en lán til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu til allt að 12 ára.
8. Við 11. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. Á eftir orðinu „skal“ í fyrri málslið komi: leitast við að.
   b. Í stað orðanna „greiða niður“ í síðari málslið komi: lækka.
9. Á eftir 11. gr. komi ný grein, er verði 12. gr., svohljóðandi:
   Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 123/1993 eftir því sem við getur átt.
10. Við 12. gr., er verði 13. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. mgr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.
   b. Í stað orðsins „Jafnframt“ í síðari málslið 1. mgr. komi: 1. janúar 1998.
   c. Á eftir orðinu „eignum“ í 2. mgr. komi: réttindum.
   d. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ekki skal gefin út innköllun til lánardrottna Stofnlánadeildar landbúnaðarins við yfirtökuna. Allir starfsmenn Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu eiga rétt á sambærilegu starfi hjá Lánasjóði landbúnaðarins við stofnun hans.
   e. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      1. júní 1997 breytast lög nr. 45/1971 þannig að í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga komi: 0,4%.
11. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.

1196. Breytingartillaga [479. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar (GÁ, EgJ, GuðjG, MS, ÁMM, HjálmJ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995:

a. Í stað orðanna „og hrossakjöts“ í fyrri málslið kemur: hrossakjöts og nautgripakjöts.
b. Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í síðari málslið kemur: 3%.
c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 600 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 1.100 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

1197. Nefndarálit [477. mál]

um frv. til l. um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti, Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Sigurð Örn Hansson frá embætti yfirdýralæknis, Andrés Jóhannesson kjötmatsformann, Helga Óskarsson og Steinþór Skúlason frá Landssamtökum sláturleyfishafa og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum. Þá bárust umsagnir um málið frá Landssambandi sláturleyfishafa og Samtökum iðnaðarins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginhluti þeirra tillagna felst í að orðalag frumvarpsins verði samræmt skilgreiningum sem fram koma í 2. gr. Ástæða er þó til að gera sérstaklega grein fyrir nokkrum af breytingartillögunum.

Rétt þykir að tala alfarið um kjötskoðunarlækna í stað þess að greina á milli héraðsdýralækna og kjötskoðunarlækna. Í því sambandi er lögð til sú breyting á skilgreiningu orðsins „kjötskoðunarlæknir“ að talað verði um „héraðsdýralækna, eða aðra dýralækna samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis“. Ljóst er, með hliðsjón af lögum um dýralækna, að almennt verða það héraðsdýralæknar sem munu gegna hlutverki kjötskoðunarlækna. Hins vegar þykir nauðsyn á að yfirdýralæknir geti tilnefnt annan dýralækni til að rækja þessar skyldur þegar héraðsdýralæknir getur ekki sinnt þeim. Þá er lagt til að í 3. gr. verði tekin skilgreining á sláturleyfishöfum, en jafnframt að skilgreining á sláturhúsi verði felld þar brott þar sem það hugtak er nægilega skýrt í 5. gr.

Breytingartillögu við 4. gr. leiðir af tillögu nefndarinnar til breytingar á 15. gr., um að gera kjötmatið alfarið óháð yfirdýralækni.

Lagt er til að í 5. gr. verði tekið skilyrði um að hverju sláturhúsi beri að hafa löggiltar vogir. Það er eðlilegt og í samræmi við þær reglur er gilda í hliðstæðum atvinnugreinum, eins og í sjávarútvegi, að láta opinbera aðila löggilda vogir sem notaðar eru við vigtun sláturafurða í sláturhúsum.

Lagt er til að orðalag 2. mgr. 6. gr. verði mildað. Að jafnaði hlýtur sá einn að vera ráðinn sláturhússtjóri er hefur menntun eða reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar. Nefndin telur ekki ástæðu til að ráðherra setji sérstakar reglur um hæfisskilyrði þeirra. Þá telur nefndin ekki að svo komnu rök fyrir því að lögfesta afdráttarlaust skilyrði um að slátrarar skuli hafa slátraramenntun. Ekki hefur verið boðið upp á slíka menntun hér á landi til þessa, nema í formi stuttra námskeiða sem haldin hafa verið. Nefndin telur að sjálfsögðu eðlilegt að sláturleyfishafar tryggi að starfsfólk þeirra hafi þá þekkingu sem þarf til að geta sinnt starfi sínu eins og best verður á kosið. Meðan ekki er til staðar fullgild slátraramenntun hér á landi, til samræmis við það sem gerist í nálægum löndum, telur nefndin hins vegar ekki forsendur fyrir því að setja óundanþægt skilyrði um ráðningu slátraramenntaðra manna inn í lögin.

Nefndin telur ekki ástæðu til að eftirlitsgjald skv. 11. gr. verði bundið við 2,50 kr. á hvert kíló kjöts eins og frumvarpið gerir ráð fyrir heldur verði það hámarksfjárhæð gjaldsins, en ráðherra ákvarði fjárhæð þess með hliðsjón af kostnaði við eftirlitið. Þannig er eðlilegt að ef tekjuafgangur verður í þeim sjóði er gjaldið rennur til í árslok verði gjaldið lækkað sem því nemur árið eftir. Jafnframt er lagt til að lögfest verði hverjir teljist vera gjaldskyldir aðilar og ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra einfaldað með hliðsjón af því. Einnig er lagt til að ráðherra verði gert að setja reglugerð um hvernig staðið skuli að heilbrigðiseftirliti samkvæmt greininni þannig að þeir sem njóta þjónustunnar fái séð í hvað þeir eru að greiða. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram í þessu sambandi að eðlilegt væri að þeir sem skyldaðir eru til greiðslu gjaldsins fái, ef óskað er, aðgang að viðhlítandi gögnum varðandi kostnað við eftirlitið og stöðu þess sjóðs sem gjaldinu er ætlað að renna til.

Þá er lagt til að 17. og 20. gr. frumvarpsins falli brott þar sem tilgangi þeirra verður náð með fullnægjandi hætti í öðrum ákvæðum laganna. Breytingartillaga við 18. gr. miðar að því gera ákvæðið skýrara.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði um heimild fyrir ráðherra til að afturkalla löggildingu sláturhúsa ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Loks leggur nefndin til að við bætist ákvæði til bráðabirgða um að heimilt verði að ráða allt að fjóra yfirkjötmatsmenn til aðstoðar kjötmatsformanni á þessu ári við að kynna nýjar reglur um gæðamat til samræmingar þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Í dag eru starfandi þrír yfirkjötmatsmenn, en samkvæmt frumvarpinu munu stöður þeirra verða lagðar niður um mitt þetta ár. Heimilt verður því að ráða þá áfram út árið, og einn til viðbótar ef þörf krefur, til að sinna þessu verkefni.

Í umsögn Landssambands sláturleyfishafa til nefndarinnar kom fram að nauðsyn væri á að marka skýra línu milli verksviðs kjötskoðunarlækna annars vegar, sem heyra undir landbúnaðarráðherra, og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hins vegar, sem heyrir undir umhverfisráðuneyti. Í dag væri málum þannig háttað að kjötskoðunarlæknir sæi um allt eftirlit annað en hvað varðar aðstöðu starfsfólks, frárennslismál og sýnatökur á vatni sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sæi um. Slíkt tvöfalt kerfi væri dýrara og óhagkvæmara bæði fyrir ríkið og sláturhúsin. Þá hefur borið á því að óljós skil þarna á milli hafi leitt til ágreinings milli kjötskoðunarlækna og heilbrigðiseftirlits í sambandi við einstök sláturhús. Landbúnaðarnefnd tekur undir gagnrýni sláturleyfishafa í þessu sambandi og beinir þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann hlutist til um, í samráði við umhverfisráðherra, að koma þessum málum í betra horf.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Ágúst Einarsson.
Magnús Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.

1198. Breytingartillögur [477. mál]

við frv. til l. um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðsins „*Sláturfénaður*“ í greininni og í öðrum greinum frumvarpsins komi í viðeigandi föllum og beygingarmyndum orðið: sláturdýr.
   b. Skilgreining á orðinu „*Sláturhús*“ falli brott.
   c. Við bætist ný skilgreining er orðist svo: *Sláturleyfishafi*: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.
   d. Í stað orðanna „Dýralæknir sem“ komi: Héraðsdýralæknir, eða annar dýralæknir samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, sem.
   e. Orðskýringar greinarinnar raðist í stafrófsröð.
2. Við 4. gr. Síðari málsliður orðist svo: Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður skulu vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis, hvor á sínu sviði, um allt er lýtur að framkvæmd laganna.
3. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðanna „kæligeymslur, frystihús“ í 1. málsl. komi: kjötgeymslur.
   b. Orðin „að þeirra dómi“ í 1. málsl. falli brott.
   c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað orðsins „fénaði“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: dýrum.
   b. Í stað orðanna „og til úrvinnslu og geymslu“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: úrvinnslu eða geymslu.
   c. Í stað orðsins „héraðsdýralæknar“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: kjötskoðunarlæknar.
   d. 2. mgr. orðist svo:

      Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátraramenntun.
5. Við 7. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. málsl.:
   a. Orðin „þeim sem sett voru“ falli brott.
   b. Í stað orðsins „héraðsdýralækni“ komi: kjötskoðunarlækni.
6. Við 8. gr. Orðin „kjöts og“ falli brott.
7. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „sjúkan fénað“ í 2. mgr. komi: sjúk dýr.
   b. Í stað orðanna „eða frystihús“ í 3. mgr. komi: kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.
8. Við 10. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
   a. Í stað orðsins „búfé“ í b-lið komi: sláturdýrum.
   b. Orðið „kjöti“ í d-lið falli brott.
   c. Í stað orðanna „afurðum og úrgangi“ í e-lið komi: sláturafurðum og sláturúrgangi.

9. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „sláturfénaði sem um getur í lögum þessum“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sláturdýrum.
   b. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar.
   c. Í stað orðanna „kjöti og slátri“ í 4. málsl. 1. mgr. komi: sláturafurðum.
   d. Í stað orðanna „gjald af öllu innvegnu kjöti í afurðastöð“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi.
   e. 2. málsl. orðist svo: Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts.
   f. 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
   g. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:
      Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein.
10. Við 14. gr.
   a. Orðið „Kjöt“ í upphafi 1. mgr. falli brott.
   b. Í stað orðsins „afurðanna“ í niðurlagi 1. mgr. komi: þeirra.
   c. Orðin „kjöts og“ í 4. mgr. falli brott.
11. Í stað orðsins „afurða“ í heiti IV. kafla komi: sláturafurða.
12. Við 15. gr.
   a. Í stað orðanna „allt kjöt og slátur af sláturfénaði er um getur í lögum þessum og flutt er“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: allar sláturafurðir sem fluttar eru.
   b. Í stað orðanna „endurmati á kjöti og slátri“ í 2. mgr. komi: yfirmati á sláturafurðum.
   c. Orðin „kjöti og“ og „og yfirdýralæknis“ í 3. mgr. falli brott.
13. Við 16. gr.
   a. Í stað orðanna „kjöti og innyflum af sláturfénaði“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: sláturafurðum.
   b. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Einnig skal hann, eftir því sem hann metur þörf á, gera athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.
   c. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi.
14. Við 17. gr. Greinin falli brott.
15. Við 18. gr. (er verði 17. gr.). Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir sláturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.
16. Við 19. gr. (er verði 18. gr.). Í stað orðanna „héraðsdýralæknum eða fulltrúum þeirra“ komi: og kjötskoðunarlæknum.
17. Við 20. gr. Greinin falli brott.
18. Við 21. gr. (er verði 19. gr.). Í stað orðsins „afurðir“ komi: sláturafurðir.

19. Á eftir 21. gr. (er verði 19. gr.) komi ný grein, 20. gr., sem orðist svo:
    Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, m.a. ef sláturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.
20. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
    Heimilt er að ráða allt að fjóra yfirkjötmatsmenn til aðstoðar kjötmatsformanni fram til ársloka 1997 vegna kynningar á nýjum reglum um gæðamat á kindakjöti til samræmis við reglur Evrópusambandsins.

1199. Nefndarálit [523. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Landgræðslu ríkisins.

Nefndin telur rétt að búfjáreigendur fái að velja hvort þeir kjósa að merkja sauðfé sitt og geitfé með brennimarki eða plötumerki og leggur því til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 4. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Ágúst Einarsson.
Guðjón Guðmundsson.	Magnús Stefánsson.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.

1200. Nefndarálit [524. mál]

um frv. til l. um Suðurlandsskóga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Erling Jónasson frá landbúnaðarráðuneyti, Björn Jónsson skógræktarráðunaut, Jón Loftsson skógræktarstjóra,

Gunnar Sverrisson skógarbónda, Stefán Thors og Hólmfríði Sigurðardóttur frá Skipulagi ríkisins, Kristján Geirsson og Trausta Baldvinsson frá Náttúruvernd ríkisins og Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Búnaðarsambandi Suðurlands, Sambandi garðyrkjubænda, Landgræðslu ríkisins, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Bændasamtökum Íslands og Skógrækt ríkisins.

Í máli forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndar ríkisins komu fram athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við Suðurlandsskóga um að þær hafi svo víðtæk umhverfisáhrif að slíkar framkvæmdir beri að fara í umhverfismat skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Í athugasemdum skipulagsstjóra ríkisins kom fram að hann leggur ríka áherslu á að áður en verkefnið hefjist verði gerð sérstök skipulagsáætlun sem nái til skógræktar fyrir það svæði sem verkefnið nær til. Haga þurfi skógræktaráætluninni þannig að samráð við hagsmunaaðila verði tryggt og almenningi gefist kostur á því að gera athugasemdir við áætlunina.

Í ljósi þessara athugasemda telur nefndin að í þeim tilfellum þar sem farið verður í stór ræktunarverkefni á vegum Suðurlandsskóga verði skoðað sérstaklega hvort beita beri 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að vandað verði til undirbúnings framkvæmdanna og tillit tekið til flestra þátta og sjónarmiða. Í þessu sambandi má benda á 25. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, sem kveður á um samþykki skipulagsyfirvalda fyrir notkun lands til nytjaskógræktar.

Skógrækt ríkisins hefur þróað vinnureglur sem tengjast skipulagsmálum en þær eru m.a. að forðast beri einrækt trjátegunda, skógarjaðrar verði ræktaðir með mörgum tegundum til fegrunar og skjóls, skógrækt verði felld að landslagi bæði hvað varðar jarðvinnslu og gróðursetningu, sjaldgæf vistkerfi verði skilin eftir við gerð skógræktaráætlana og að skilin verði eftir opin svæði kringum fornar mannvistarleifar. Nefndin leggur ríka áherslu á að frekari þróun vinnureglna Skógræktarinnar verði í náinni samvinnu við Skipulag ríkisins svo að þær verði í samræmi við lög og í sátt við hagsmunaaðila.

Þrátt fyrir þessar áherslur nefndarinnar og athugasemdir sem fram komu við frumvarpið leggur nefndin ekki til að sett verði sérákvæði í þessi lög sem kveði á um að áætlunin skuli fara í mat á umhverfisáhrifum, um það gilda önnur lög. Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, lúta allar að orðalagi þess en ekki efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „ræktun“ í 2. mgr. komi: og umhirðu.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:

   Suðurlandsskógar greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

3. Við 5. gr.
   a. 2. mgr. orðist svo:
      Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda skv. 1. mgr.
   b. Í stað orðanna „ákvæðum 1. og 2. mgr.“ í 3. mgr. komi: ákvæði 1. mgr.
4. Við 7. gr.
   a. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.
   b. 1. málsl. 2. mgr. falli brott.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Ágúst Einarsson.
Guðjón Guðmundsson.	Magnús Stefánsson.	Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.

1201. Nefndarálit [546. mál]

um till. til þál. um skógræktaráætlun.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir um það frá Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** óbreytt.

Ágúst Einarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Guðjón Guðmundsson.
Sigríður Jóhannesdóttir.	Magnús Stefánsson.	Hjálmar Jónsson.
Árni M. Mathiesen.		Lúðvík Bergvinsson.

1202. Nefndarálit [377. mál]

um till. til þál. um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir um það frá Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins, Neytendasamtökunum og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

Alþingi, 12. maí 1997.

Guðni Ágústsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Ágúst Einarsson.
Magnús Stefánsson.	Guðjón Guðmundsson.	Sigríður Jóhannesdóttir.
Lúðvík Bergvinsson.	Hjálmar Jónsson.	Árni M. Mathiesen.

1203. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím Ara Arason, Áslaugu Guðjónsdóttur og Margréti Gunnlaugsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Grétar Þorsteinsson, Ara Skúlason, Gylfa Arnbjörnsson og Benedikt Davíðsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson, Þórð Magnússon og Víglund Þorsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson frá Vinnumálasambandinu, Hrafn Magnússon og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Birgi Björn Sigurjónsson og Mörthu Á. Hjálmarsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ólaf Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Jónas Fr. Jónsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Rúnar Guðmundsson,

Helga Þórsson og Jóhönnu Gústafsdóttur frá Vátryggingaeftirlitinu og Baldur Guðlaugsson, Sigurð R. Helgason, Guðmund Snorrason, Áslaugu Magnúsdóttur, Vigdísi Hauksdóttur og Bolla Magnússon frá Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Árna Reynissyni, löggiltum vátryggingamiðlara, Bandalagi háskólamanna, Félagi frjálslyndra hagfræðinema, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Verslunarráði Íslands og Vinnumálasambandinu og sameiginlegar umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands annars vegar og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands hins vegar.

Gerðar eru tillögur um breytingar á frumvarpinu á sérstöku þingskjali. Þær eru:

1. Lagðar eru til tvær breytingar á 2. gr. Annars vegar er lagt til að skilgreining á sjóðfélaga verði gerð skýrari. Hins vegar er lögð til breyting á 2. mgr. til að taka af öll tvímæli um að aðild samkvæmt ráðningarsamningi víki ávallt fyrir aðild samkvæmt sérlögum eða kjarasamningi. Jafnframt er felld brott tilvísun til samþykkta sjóðanna þar sem 2. málsl. 3. gr. tekur á því atriði.
2. Lagt er til að 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. verði skipt í tvo málsliði í því skyni að gera ákvæðið skýrara en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða. Jafnframt er lagt til að ráðningarsamningi verði bætt við upptalninguna í 2. málsl. 1. mgr. til samræmis við ákvæði 2. gr.
3. Lagt er til að núverandi 8. gr. verði sameinuð 7. gr. frumvarpsins, þó með þeirri breytingu að að lífeyrissjóðir fái að bjóða upp á samninga um lífeyrissparnað, enda fullnægi þeir tilteknum kröfum sem tilgreindar eru í breytingartillögu við 8. gr. (sbr. 4. lið). Þá er lagt til að skilyrðið um starfsstöð hér á landi verði ekki eingöngu látið ná til líftryggingafélaga heldur einnig verðbréfafyrirtækja, viðskiptabanka og sparisjóða, enda geta erlendar bankastofnanir og verðbréfafyrirtæki veitt hér þjónustu án starfsstöðvar. Það er hins vegar óþarft að setja þetta skilyrði varðandi lífeyrissjóðina enda geta erlendir lífeyrissjóðir ekki stundað hér starfsemi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.
4. Lagt er til að í stað núverandi 8. gr., er flyst yfir í 7. gr., komi þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til þess að lífeyrissjóðir geti boðið upp á samninga um lífeyrissparnað. Gert er ráð fyrir að lífeyrissjóðir verði að tryggja fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrarins sem felst í samtryggingu og þess sem felst í að gera samninga um lífeyrissparnað þannig að rekstur samtryggingasjóðs niðurgreiði ekki rekstur vegna sparnaðarsamninga. Þetta er í samræmi við markmið samkeppnislaga, sbr. einkum 14. gr. þeirra laga. Ekki er verið að gera þá kröfu að rekstur þessara tveggja þátta verði algerlega aðskilinn í sérstökum félögum heldur að kostnaði verði skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti á milli þeirra. Annað skilyrði sem lífeyrissjóður þarf að uppfylla til að taka við iðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað er að hann tiltaki þá lágmarkstryggingavernd sem starfsemi hans er ætlað að taka mið af. Miðað við greiðslu iðgjalds í 40 ár og 70 ára ellilífeyrisaldur á lágmark þetta að leiða til þess að sjóðfélögum sé tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir til æviloka sem er a.m.k. 50% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af. Lágmarkstryggingaverndin á jafnframt að leiða til samsvarandi örorku-, maka- og barnalífeyrisréttinda, sbr. ákvæði III. kafla frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að ákvæði um lág-

markstryggingavernd verði í samþykktum lífeyrissjóðs og í samræmi við tryggingafræðilega athugun. Iðgjaldi umfram það sem áætlað er að þurfi til að standa undir lágmarksverndinni á hver sjóðfélagi að geta ráðstafað eins og viðbótariðgjaldi til samtryggingar eða í samræmi við samning um lífeyrissparnað og þá hjá viðkomandi lífeyrissjóði eða öðrum. Ákvæði um lágmark tryggingverndar gefur lífeyrissjóði kost á því að útfæra verndina þannig að hún byggi samtímis á samtryggingu, skv. III. kafla, og samningi um lífeyrissparnað skv. II. kafla. Lífeyrissjóður getur því boðið sjóðfélögum sínum að uppfylla lágmarksskilyrðin með því að hluti iðgjalds þeirra fari til samtryggingar og hluti til lífeyrissparnaðar. Þannig er gefinn kostur á því að lágmarksverndin sé tryggð með samþættingu samtryggingar og séreignar. Þá felst einnig í hinu nýja ákvæði að lífeyrissjóðum verði óheimilt að íþyngja eða leggja sérstakan kostnað á sjóðfélaga ef hann kýs að iðgjaldi til lífeyrissparnaðar sé ráðstafað til annars samningsaðila. Þetta er til þess að koma í veg fyrir að sjóðfélögum sé mismunað velji þeir þessa leið.

5. Lögð er til breyting á 9. gr. sem leiðir af breytingunum hér á undan og felst í því að leyfa lífeyrissjóðum að taka við iðgjöldum með lífeyrissparnaðarsamningum. Gert er ráð fyrir að í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður tekur við iðgjaldi sem aðeins er ætlað að fara til lífeyrissparnaðar verði hann að ganga úr skugga um að samtryggingarhlutinn hafi verið greiddur til annars lífeyrissjóðs. Þetta á einkum við þegar viðkomandi einstaklingur skilar sjálfur iðgjaldinu en í þeim tilvikum þegar lífeyrissjóður eða samningsbundinn atvinnurekandi skilar því, sbr. breytingu á 8. gr., yrði það að sjálfsögðu óþarft. Í því skyni að tryggja að tiltekið lágmark sé ávallt greitt til samtryggingar þykir nauðsynlegt að gera ríkari kröfur til lífeyrissjóðanna en annarra sem bjóða upp á lífeyrissparnaðarsamninga þar sem starfsemi þessara lífeyrissjóða er blönduð og því mikilvægt fyrir eftirlitsaðila að geta staðreynt að lágmarksupphæð hafi verið greidd til samtryggingar.
6. Lagðar eru til tvær breytingar á 10. gr., annars vegar að lífeyrissjóðum verði bætt við upptalninguna í greininni, sbr. þær breytingar sem lagðar eru til á 7. og 8. gr., og hins vegar að lögfestur verði þriggja mánaða frestur fyrir ráðherra til að taka afstöðu til reglna um samninga um lífeyrissparnað. Eðlilegt er að ráðherra séu sett ákveðin tímamörk í því efni.
7. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. sem fela í sér að útborgunartími samninga um lífeyrissparnað verði styttur úr 15 árum í sjö ár þannig að hægt verði að taka sparnaðinn út áður en almennar greiðslur úr lífeyrissjóðum hefjast. Þetta ætti að gera þeim sem gert hafa slíka samninga um lífeyrissparnað kleift að minnka við sig vinnu eftir 60 ára aldur.
8. Lögð er til breyting á 13. gr. þannig að tekin séu af öll tvímæli um að ávinnsla lífeyrisréttinda vegna viðbótariðgjalds og lágmarksiðgjalds þurfi ekki að fara saman.
9. Lögð er til breyting á heiti III. kafla til samræmis við breytingartillögur um að lífeyrissjóðir geti verið með séreignadeildir.
10. Lagt er til að almennt ákvæði 1. mgr. 20. gr. um starfsemi lífeyrissjóða verði gert skýrara og tekið verði mið af þeirri staðreynd að innlán í bönkum og sparisjóðum teljast ekki til verðbréfa.
11. Eins og segir í 2. mgr. 21. gr. skulu 800 sjóðfélagar að jafnaði vera í lífeyrissjóði nema sjóðurinn tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna með öðrum hætti. Lagt er til að slík áhættudreifing þurfi að fara fram í samræmi við tryggingfræðilega athugun ef sjóðfélagar eru færri en 800 þannig að þeir séu ekki lakar tryggðir

en sjóðfélagar í stærri sjóðum. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um þetta í reglugerð.

12. Lögð er til sú breyting á 1. mgr. 24. gr. að tryggingafræðileg athugun verði gerð á fjárhag lífeyrissjóða árlega en ekki þriðja hvert ár til þess að tryggja enn frekar það markmið frumvarpsins að lífeyrissjóður eigi jafnan fyrir skuldbindingum sínum. Breytingartillögu við 3. mgr. leiðir af framangreindu.
13. Lagt er til að orðalagi 5. tölul. 2. mgr. 29. gr. verði breytt þannig að stjórn lífeyrissjóðs tilnefni fulltrúa í stjórnir félaga sem sjóður á aðild að í stað þess að hún ákveði hver taki þar sæti. Eðlilega er það aðalfundur hlutaðeigandi félags sem formlega ákveður hver taki sæti í stjórn þess.
14. Bent hefur verið á að kostnaðarsamt geti verið að senda öllum sjóðfélögum lífeyrissjóðs skriflega tilkynningu um fundarboðun á ársfund eins og 2. mgr. 30. gr. gerir ráð fyrir. Því er lagt til að skilyrði um skriflega boðun sé fellt brott. Boðun með tryggilegum hætti ætti þannig að vera fullnægt með tilkynningu í fjölmiðlum.
15. Lögð er til sú breyting á 5. tölul. 1. mgr. 35. gr. að í stað þess að tala um „tekjur“ lífeyrissjóðs verði notuð orðin „iðgjöld og annað ráðstöfunarfé“. Breytingin er lögð til þar sem fjármunir þeir, sem lífeyrissjóðir veita viðtöku í formi iðgjalda og vaxta til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts samkvæmt lögum þessum, teljast ekki til „tekna“ í eiginlegum skilningi þess orðs.
16. Lagt er til að í 36. gr. verði talað um „bankaeftirlit Seðlabanka Íslands“ í stað þess að tala um „bankaeftirlitið“. Í frumvarpinu er ýmist vísað til bankaeftirlitsins eða bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Til þess að gæta innbyrðis samræmis er lagt til að það verði tilgreint sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands í fyrsta sinn sem til þess er vitnað í hverjum kafla.
17. Lögð er til breyting á 37. gr. um að orðin „jafnskjótt og það er talið hagkvæmt“ falli brott þar sem þau hafi ekki sjálfstæða þýðingu með tilliti til málsliðarins sem á eftir kemur.
18. Lagðar eru til tvær breytingar á 39. gr. 1. mgr. ákvæðisins fjallar um hreina eign til greiðslu lífeyris. Í því sambandi er átt við hreina eign til greiðslu lífeyris eftir endurmat vegna núvirðingar eigna, sbr. niðurlag 1. mgr. 24. gr., en ekki hreina eign til greiðslu lífeyris samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Lagt er til að við bætist nýr málsliður þar sem tekin verði af öll tvímæli um þetta atriði. Þá er lagt til að við bætist ný málsgrein um sérstök hæfisskilyrði tryggingafræðinga lífeyrissjóða. Sambærilegt ákvæði er í 42. gr. hvað varðar endurskoðendur lífeyrissjóða.
19. Lögð er til smávægileg orðalagsbreyting á 45. gr.
20. Lögð er til orðalagsbreyting á 51. gr. þannig að talað verði um „banka“ en ekki „ríkisbanka“. Breytingin lýtur bæði að því að ákvæðinu er jafnframt ætlað að ná til Seðlabanka Íslands, en einnig að stefnt er að því að breyta ríkisbönkunum svokölluðu, þ.e. Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, í hlutafélög um næstu áramót.
21. Af breytingartillögum við 7. og 8. gr. frumvarpsins leiðir að lagt er til að 55. gr. falli brott.
22. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 56. gr.
23. Lagt er til að gildistöku frumvarpsins verði frestað um sex mánuði, þ.e. til næstu áramóta, enda þarf mikil undirbúningsvinna að fara fram áður en lögin geta tekið gildi.

Þrír nefndarmenn rita undir álit þetta með fyrirvara. Pétur H. Blöndal ritar undir með fyrirvara þar sem hann hyggst leggja fram sérstakar breytingartillögur við tvö atriði. Annars vegar um að lífeyrissjóðirnir og inneign á grundvelli samninga um lífeyrissparnað teljist eign sjóðfélaga. Hins vegar að félagsfundur fari með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs og að sjóðfélagar kjósi stjórn sjóðsins beinni kosningu. Fyrirvari Einars Odds Kristjánssonar varðar 2. gr. frumvarpsins og þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á henni. Hann telur nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins og Samtök áhugafólks um lífeyrissparnað í samvinnu við efnahags- og viðskiptanefnd reyni að ná saman um orðalag þess ákvæðis í sumar. Sátt um þetta atriði sé grundvallarforsenda fyrir farsælli lausn málsins. Ólafur Þ. Þórðarson er með almennan fyrirvara við málið.

Alþingi, 12. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Pétur H. Blöndal, með fyrirvara.
Sólveig Pétursdóttir.	Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.

1204. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, PHB, SP, EOK, ÓÞÞ).

1. Við 2. gr.
   a. Síðari málsliður 1. mgr. orðist svo: Sjóðfélagi er sá sem hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi eins og nánar er fyrir mælt í lögum þessum.
   b. 2. mgr. orðist svo:
      Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlögum eða kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda en ella ráðningarsamningum.
2. Við 5. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. Í stað fyrri málsliðar komi tveir málsliðir, svohljóðandi: Skyldutrygging skal að lágmarki nema 10% af iðgjaldastofni. Sé iðgjaldið hærra en 10% getur það skipst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald.
   b. Á eftir orðinu „kjarasamningi“ í 2. málsl. komi: ráðningarsamningi.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „8. gr. um lífeyrissparnað“ í 1. mgr. komi: 3. mgr.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
      Eftirtaldir aðilar hafa heimild til móttöku iðgjalda með samningi um lífeyrissparnað samkvæmt lögum þessum:
      1. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.
      2. Líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og hafa starfsstöð hér á landi.
4. Lífeyrissjóðir, enda uppfylli þeir skilyrði 8. gr. laga þessara.

4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Lífeyrissjóður sem móttekur iðgjald með samningi um lífeyrissparnað skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hann skal tryggja fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrar sjóðsins sem lýtur að samtryggingu skv. III. kafla og þess hluta rekstrar sem tengist samningum um lífeyrissparnað. Þess skal gætt að rekstur lífeyrissjóðs sem tengist lífeyrissparnaði sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem lýtur að samtryggingu skv. III. kafla.
2. Hann skal tiltaka lágmark tryggingaverndar þannig að hluta iðgjalds sé varið til hennar, en því sem umfram er sé ráðstafað eins og viðbótariðgjaldi, sbr. 3. mgr. 5. gr. Lágmark tryggingaverndar skal fela í sér miðað við 40 ára inngreiðslutíma a.m.k. 50% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri frá því að taka hans hefst, þó ekki síðar en frá 70 ára aldri, sbr. 14. gr., a.m.k. 50% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í örorkulífeyri á mánuði miðað við full réttindi til framreiknings, sbr. 15. gr., a.m.k. 25% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í fullan makalífeyri á mánuði, sbr. 16. gr., ef við á, og barnalífeyri skv. 17. gr. eftir því sem við á.

Kveðið skal á um lágmark tryggingaverndar í samþykktum lífeyrissjóðs og skal hún vera í samræmi við tryggingafræðilega athugun.

Iðgjaldi til lífeyrissparnaðar skv. 2. tölul. 1. mgr. skal ráðstafa í samræmi við samning skv. 9. gr. Kjósi sjóðfélagi annan samningsaðila en viðkomandi lífeyrissjóð ber sjóðnum að ráðstafa iðgjaldinu til þess aðila án kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann.

5. Við 9. gr.
   a. Í stað „8. gr.“ í lokamálslið komi: 7. gr.
   b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Á sama hátt og öðrum aðilum, sem tilgreindir eru í 1.–3. tölul. 3. mgr. 7. gr., er lífeyrissjóði, sem uppfyllir skilyrði 8. gr., heimilt að taka einungis við iðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað. Sjóðurinn skal þó áður fá staðfesta aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem lágmarksiðgjald rennur til og að iðgjald hafi verið innt af hendi sem ekki er lægri upphæð en ákveðin er skv. 2. tölul. 1. mgr. 8. gr.

6. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „og verðbréfafyrirtæki“ í 1. málsl. komi: verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir.
   b. Við bætist nýr málsliður, sem verði 3. málsl., svohljóðandi: Taka skal afstöðu til reglna um lífeyrissparnað og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra.

7. Við 11. gr.
   a. Í stað „15 árum“ og „75 ára“ í 2. mgr. komi: sjö árum, og: 67 ára.
   b. Í stað „15 árum“ í 3. mgr. komi: sjö árum.
   c. Í stað „15 ár“ og „75 ára“ í 4. málsl. 4. mgr. komi: sjö ár, og: 67 ára.

8. Við 13. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. 2. málsl. falli brott.
   b. 3. málsl. orðist svo: Í samþykktum lífeyrissjóðs skal kveðið nánar á um ávinnslu réttinda en hún getur verið mismunandi eftir því hvort iðgjald er lágmarksiðgjald eða viðbótariðgjald.
9. Fyrirsögn III. kafla verði: **Samtryggingaréttindi í lífeyrissjóðum.**
10. Við 20. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Starfsemi lífeyrissjóðs skal lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Iðgjöld og annað ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs skal ávaxta sameiginlega með innlánum í bönkum og sparisjóðum eða í framseljanlegum verðbréfum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.
11. Við 21. gr. Eftirfarandi breytingar verði á 2. mgr.:
    a. Við bætist: í samræmi við tryggingafræðilega athugun.
    b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð.
12. Við 24. gr.
    a. Í stað orðanna „Eigi sjaldnar en þriðja hvert ár“ í upphafi 1. mgr. komi: Árlega.
    b. Orðin „eða framreiknaða niðurstöðu slíkrar athugunar sem miðuð er við áramótin á undan“ í lok 3. mgr. falli brott.
13. Við 29. gr. Í stað orðanna „taka sæti“ í 5. tölul. 2. mgr. komi: vera fulltrúi.
14. Við 30. gr. Orðið „skriflega“ í 2. mgr. falli brott.
15. Við 35. gr. Í stað orðsins „tekjum“ í 5. tölul. 1. mgr. komi: iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé.
16. Við 36. gr. Í stað orðsins „bankaeftirlitið“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: bankaeftirlit Seðlabanka Íslands.
17. Við 37. gr. Orðin „jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og“ í 2. málsl. 2. mgr. falli brott.
18. Við 39. gr.
    a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður sem verði 2. málsl. og orðist svo: Hrein eign til greiðslu lífeyris skal við þessa athugun endurmetin við núvirðingu.
    b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
       Tryggingafræðingur lífeyrissjóðs má ekki sitja í stjórn hans, vera starfsmaður hans eða starfa í þágu hans að öðru en tryggingafræðilegri athugun á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins, sbr. 24. gr.
19. Við 45. gr. Orðið „bankastjórn“ í 1. mgr. falli brott.
20. Við 51. gr. Í stað orðsins „ríkisbanka“ komi: banka.
21. Við 55. gr. Greinin falli brott.
22. Við 56. gr. (er verði 55. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á fyrri málslið 1. mgr.:
    a. Í stað orðsins „ríkisbanka“ komi: banka.
    b. Í stað orðsins „grundvelli“ komi: réttindagrundvelli.
23. Við 60. gr. (er verði 59. gr.). Fyrri málsliður orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

1205. Frumvarp til laga [301. mál]

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

I. KAFLI
Heiti og undirstaða.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

II. KAFLI
Réttarstaða.

2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 60. gr.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um trúfélög, nr. 18/1975, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Stjórn og starfsskipan.
1. Almennt.

5. gr.

Þjóðkirkjan ræður starfi sínu innan lögmæltra marka.

2. Biskup Íslands.

Almennt.

6. gr.

Ísland er eitt biskupsdæmi.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Hann hefur aðsetur í Reykjavík.

Biskupskosning.

7. gr.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.

8. gr.

Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands.

Skipun biskups Íslands.

9. gr.

Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

Starfssvið biskups Íslands o.fl.

10. gr.

Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál, nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum.

Biskup vígir kirkjur. Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf.

Heimilt er biskupi að vígja til prestsembættis og djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuðum í landinu.

Um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi.

11. gr.

Biskup Íslands hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi. Vegna agabrota getur hann gripið til þeirra úrræða sem lög og kirkjuhefð leyfa.

Úrskurðarnefnd.

12. gr.

Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn tilnefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal skipaður án tilnefningar og sé hann löglærður.

Varði mál meint agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests sérstaklega getur nefndin lagt til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um mál hans er fjallað og skal þá annar settur til að gegna starfi hans á meðan.

Í úrskurði vegna agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:

a. lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,
b. mælt fyrir um að hann skuli fluttur til í starfi,
c. mælt fyrir um að hann skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar eða
d. lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um úrskurðarnefnd í starfsreglur skv. 59. gr.

Áfrýjunarnefnd.

13. gr.

Niðurstöðu úrskurðarnefndar skv. 12. gr. má skjóta til áfrýjunarnefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Hafa málsaðilar og kirkjuráð heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur. Um úrræði þau sem áfrýjunarnefnd getur gripið til með úrskurði gildir hið sama og frá var greint um úrskurðarnefnd í 12. gr. Um réttaráhrif kærðs úrskurðar gilda ákvæði 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Áfrýjunarnefnd er skipuð þremur löglærðum mönnum sem fullnægi almennum skilyrðum til þess að vera skipaðir hæstaréttardómarar og sé einn þeirra formaður. Skulu þeir allir skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við meðferð einstakra mála skal nefndin skipuð tveimur sérfróðum mönnum til viðbótar sem nefndin kveður sjálf til starfans.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar, sem skulu vera rökstuddir og að jafnaði kveðnir upp innan sex vikna frá því að mál barst nefndinni, eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd í starfsreglur skv. 59. gr.

Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skv. 23. gr. skulu framfylgja úrskurðum skv. 12. og 13. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra starfsmanna.

Um hæfi nefndarmanna skv. 12. og 13. gr. gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, svo og almenn ákvæði þeirra laga um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skv. 12. gr. og áfrýjunarnefnd skv. 13. gr. að því marki sem starfsreglur, er settar verða skv. 59. gr., mæla eigi fyrir á annan veg.

Kenningarnefnd.

14. gr.

Biskup Íslands skipar ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Um staðgengil biskups Íslands.

15. gr.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum.

Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

3. Vígslubiskupar.

Almennt.

16. gr.

Vígslubiskupar skulu vera tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal. Þeir hafi tilsjón með kristnihaldi í umdæmum sínum og séu biskupi til aðstoðar um kirkjuleg málefni og annist þau biskupsverk er biskup Íslands felur þeim. Nánari ákvæði um starfssvið vígslubiskupa skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Forseti Íslands skipar vígslubiskupa.

Kosning vígslubiskupa.

17. gr.

Um kosningu og kjörgengi vígslubiskupa gilda sömu reglur og um biskupskjör eftir því sem við getur átt, sbr. 7. og 8. gr. Kirkjuþing setur nánari reglur um kosningu vígslubiskups í hvoru vígslubiskupsumdæmi fyrir sig.

Vígslubiskupsumdæmi o.fl.

18. gr.

Umdæmi vígslubiskups í Skálholti nær yfir Múla-, Austfjarða-, Skaftafells-, Rangárvalla-, Árness-, Kjalarness-, Reykjavíkur-, Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dala-, Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.

Umdæmi vígslubiskups á Hólum nær yfir Húnavatns-, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuþing getur ákveðið aðra skipan vígslubiskupsumdæma. Öðlast hin nýja skipan þá fyrst gildi er tvö kirkjuþing hafa samþykkt slíka tillögu óbreytta.

Biskupafundur.

19. gr.

Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum, sbr. 59. gr. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings, sbr. 50. gr.

4. Kirkjuþing.

Almennt.

20. gr.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka.

Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 19. og 28. gr.

Samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Kirkjuþing kýs stjórn prestssetrasjóðs.

Skipan kirkjuþings.

21. gr.

Á kirkjuþingi á sæti 21 fulltrúi kjörinn til fjögurra ára í senn. Eru níu þeirra prestar og tólf leikmenn úr hópi sóknarnefndafólks.

Kjördæmi kirkjuþings eru:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.
2. Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.
3. Kjalarnessprófastsdæmi.
4. Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
5. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
8. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
9. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

Í hverju kjördæmi er kjörinn einn prestur og einn leikmaður, nema í 1., 2. og 3. kjördæmi þar sem kjörnir skulu tveir leikmenn úr hverju kjördæmi.

Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands. Hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna.

Kirkjuþing skal halda ár hvert. Óski þriðjungur kirkjuþingsmanna eftir er skylt að kalla kirkjuþing saman innan viku frá því að krafa um slíkt var sett fram.

Kirkjuþing setur nánari ákvæði um kjör til kirkjuþings og þingsköp í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Fastanefndir kirkjunnar.

22. gr.

Kirkjuþing kýs við upphaf hvers kjörtímabils fastanefndir kirkjunnar samkvæmt nánari reglum skv. 59. gr.

Kirkjuleg stjórnvöld.

23. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnsýslu í öllum efnum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.

Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

5. Kirkjuráð.

Almennt.

24. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar.

Skipan kirkjuráðs.

25. gr.

Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kýs og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi að aflokinni kosningu. Kirkjuráðsmenn sitja þar til nýtt kirkjuráð hefur verið kjörið.

Starfssvið kirkjuráðs.

26. gr.

Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra.

Ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda, sem heyra undir lögsögu kirkjuráðs, má skjóta til kirkjuráðs til endanlegrar úrlausnar. Undanskildar eru ákvarðanir úrskurðar- og áfrýjunarnefnda skv. 12. og 13. gr., svo og ákvarðanir biskups skv. 11. gr. og um kenningu kirkjunnar, sbr. 10., 19., 20. og 28. gr. Varði málskot ákvörðun biskups Íslands er hann hefur áður tekið víkur hann sæti í kirkjuráði meðan það mál er til meðferðar þar og tekur þá sá vígslubiskup, sem eldri er að biskupsvígslu, sæti hans.

Ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verður eigi áfrýjað til kirkjuþings en fjalla má um málefnið á kirkjuþingi að frumkvæði einstakra kirkjuþingsmanna.

Um málsmeðferð í kirkjuráði, svo og meðal annarra kirkjulegra stjórnvalda, skal fylgt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt, leiði annað eigi af ákvæðum laga eða starfsreglna sem kirkjuþing setur skv. 59. gr. Hið sama á almennt við um sérstakt hæfi kirkjulegra stjórnvalda til meðferðar einstakra mála.

27. gr.

Kirkjuráð í samráði við forseta kirkjuþings undirbýr fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess.

Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til hennar á fjárlögum.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi.

Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993.

6. Prestastefna.

28. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

Á prestastefnu eiga setu og atkvæðisrétt vígslubiskupar og allir starfandi þjóðkirkjuprestar skv. 33. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun og guðfræðingar sem gegna föstum störfum á vegum þjóðkirkjunnar. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti enda séu þeir innan safnaða er starfa á játningargrundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju.

Á prestastefnu skal fjalla um málefni prestastéttarinnar, svo og önnur kirkjuleg málefni. Prestastefna hefur tillögu- og umsagnarrétt um mál er varða kenningu kirkjunnar og helgisiði og annars heyra undir biskup og kirkjuþing, sbr. 10., 11. og 20. gr.

7. Prófastar.

Almennt.

29. gr.

Biskup Íslands útnefnir prófasta úr hópi presta. Nánari reglur um skipan þeirra og störf skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Prófastar eru fulltrúar biskups Íslands í prófastsdæmum og trúnaðarmenn hans og hafa í umboði hans almenna tilsjón með kirkjulegu starfi þar.

Biskup getur útnefnt prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu.

Héraðsfundir og héraðsnefndir.

30. gr.

Héraðsfundi skal halda í hverju prófastsdæmi ár hvert. Héraðsfundur er vettvangur prófastsdæmis til þess að ræða um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu og önnur þau málefni sem lög leggja til hans eða stjórnvöld kirkjumála vísa þangað til umfjöllunar, umsagnar eða úrlausnar eða safnaðarfundir, sóknarnefndir, sóknarprestar og starfsmenn sókna óska eftir að þar verði rædd.

31. gr.

Héraðsnefnd prófastsdæmis skal starfa á milli héraðsfunda og er hún framkvæmdanefnd héraðsfundar. Prófastur er formaður héraðsnefndar en héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn til tveggja ára í senn. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs.

32. gr.

Nánari reglur um héraðsfundi og héraðsnefndir skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

8. Prestar.

Almennt.

33. gr.

Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir föstu prestsstarfi í þjóðkirkjunni. Hann lýtur tilsjón kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum þótt hann gegni launuðu starfi á vegum aðila sem ekki heyra undir þjóðkirkjuna.

34. gr.

Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Sóknarprestur er hirðir safnaðar og gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og eftir því sem reglur og venjur segja til um.

35. gr.

Í fjölmennum prestaköllum er heimilt að skipa fleiri presta en einn. Séu prestar fleiri en einn í prestakalli skulu þeir undir forustu sóknarprests skipta með sér störfum í samræmi við almennar starfsreglur þar að lútandi, sbr. 59. gr.

36. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Ráðningartími héraðspresta skal vera allt að þremur árum í senn.

Embættisgengi presta o.fl.

37. gr.

Ráðherra skipar í embætti sóknarpresta. Biskup Íslands skipar í önnur prestsembætti, sbr. 35., 36., 44. og 45. gr.

38. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. 25 ára aldur. Biskup Íslands getur þó veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands um hið síðarnefnda.
3. Að kandídat hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Að öðru leyti verður kandídat að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Val á presti.

39. gr.

Þegar prestakall eða prestsstaða losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 35. gr., m.a. um skilyrði til almennra kosninga, skal setja í starfsreglur skv. 59. gr.

40. gr.

Ráðherra veitir þeim embætti sóknarprests sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu, að fenginni tillögu biskups. Biskup Íslands veitir þeim embætti prests skv. 35. gr. sem hlotið hefur bindandi val en ákvarðar að öðrum kosti veitingu.

Embætti sóknarprests og prests skv. 35. gr. skal veitt til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Komi fram tillaga í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar skal hún afgreidd á safnaðarfundi og er hún því aðeins gild að hún komi fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Skylt er að leita álits úrskurðarnefndar skv. 12. gr. með atbeina biskups Íslands áður en kjörmenn eða aðrir sambærilegir aðilar afgreiða tillögu þar að lútandi. Kjósi meiri hluti kjörmanna að embættið verði auglýst skal sú samþykkt send biskupi Íslands er leggur hana fyrir ráðherra til ákvörðunar.

41. gr.

Hafi enginn sótt um prestakall eða embætti er ráðherra heimilt að setja prest í embættið í allt að eitt ár samkvæmt tillögu biskups. Prestakallið eða embættið skal auglýst að nýju að setningartímanum liðnum.

Almennt um skyldur presta.

42. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við kalli sínu jafnskjótt og föng eru á eftir að hann hefur hlotið skipun eða ráðningu. Biskup Íslands getur þó veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu.

Nú er prestssetur í prestakalli, og er þá presti skylt að hafa þar aðsetur og lögheimili nema biskup heimili annað um stundarsakir, að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda.

43. gr.

Nánari ákvæði um starfsskyldur presta skulu settar í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Sérþjónustuprestar.

Almennt.

44. gr.

Þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf, í samvinnu við þær stofnanir sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubréfs.

Prestar er starfa erlendis.

45. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

Nánari ákvæði.

46. gr.

Nánari ákvæði um sérþjónustupresta skal setja í almennar starfsreglur, sbr. 59. gr.

9. Djáknar.

47. gr.

Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem á grundvelli köllunar og vígslu gegnir fastri djáknaþjónustu í þjóðkirkjunni.

Djáknar eru ráðnir af sóknarnefnd í samráði við sóknarprest til þess að gegna sérstaklega tilgreindum störfum á sviði líknar- og fræðslumála innan safnaðar.

Heimilt er í samráði við viðkomandi sóknarnefnd og sóknarprest og/eða sjúkrahúsprest að ráða djákna til starfa á sjúkrastofnun.

Til að hljóta ráðningu og vígslu sem djákni þarf hlutaðeigandi að hafa lokið viðeigandi prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands og hlotið tilskilda starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Hafi umsækjandi um djáknastarf lokið prófi frá erlendum djáknaskóla skal biskup Íslands leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.

Um þjónustu djákna fer nánar eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

10. Sóknir og prestaköll.

Almennt.

48. gr.

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og starfsvettvangur hennar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

49. gr.

Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka.

Kirkjusókn er sjálfstæð fjárhagsleg og félagsleg eining en tengist öðrum sóknum innan sama prestakalls, ef um það er að ræða, með samstarfi eða á annan hátt sem héraðsfundur kann að mæla fyrir um eða einstakar sóknarnefndir stofna til. Þá tengjast kirkjusóknir öðrum sóknum innan prófastsdæmis með sameiginlegum héraðsfundi.

Sóknarmenn eru allir þeir sem lögheimili eiga í sókn, miðað við 1. desember næstliðinn, hafa hlotið skírn og eru skráðir í þjóðkirkjuna.

Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni og bera sameiginlega skyldur eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða með lögmæltum ákvörðunum.

Skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

50. gr.

Kirkjuþing setur starfsreglur skv. 59. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk, svo og um niðurlagningu kirkju eða tilfærslu.

51. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

Safnaðarfundir.

52. gr.

Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert. Þar skulu rædd málefni sóknarinnar, þar á meðal þau mál sem lögmælt er að undir fundinn séu borin, svo og þau mál sem héraðsfundur, sóknarprestur, prófastur, biskup Íslands eða kirkjumálaráðherra skýtur þangað. Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum.

Aðra safnaðarfundi skal halda ef meiri hluti sóknarnefndar óskar þess eða einn fjórði hluti sóknarmanna sem atkvæðisrétt eiga á safnaðarfundum.

Sóknarmenn njóta kosningarréttar og kjörgengis á safnaðarfundum þegar þeir eru fullra sextán ára.

Skipun, störf og starfshættir sóknarnefnda.

Almennt.

53. gr.

Í hverri kirkjusókn er sóknarnefnd sem annast rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar og styður kirkjulegt starf í sókninni ásamt sóknarpresti og starfsmönnum sóknarinnar.

Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn.

Sóknarnefndarmenn eru þrír í sóknum þar sem sóknarmenn eru færri en 300, en ella fimm, þó svo að þegar sóknarmenn eru 1.000 hið fæsta mega sóknarnefndarmenn vera sjö og níu ef sóknarmenn eru 4.000 eða fleiri, allt miðað við 1. desember næstliðinn. Fjölga skal sóknarnefndarmönnum, ef því er að skipta, á næsta aðalsafnaðarfundi þegar kjör sóknarnefndarmanna á fram að fara, eftir að þeir verða 1.000 eða 4.000 hið fæsta. Nú fækkar sóknarmönnum niður fyrir greind mörk og ákveður aðalsafnaðarfundur þá hvort fækka skuli sóknarnefndarmönnum.

Kjósa skal a.m.k. jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til liðsinnis þegar hún telur ástæðu til.

Hlutverk og starfshættir.

54. gr.

Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Hún hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Kirkjuþing setur ákvæði um afnot af kirkju og safnaðarheimili í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Sóknarnefnd skal gæta réttinda kirkju og gera prófasti viðvart ef út af bregður.

55. gr.

Um stöðu, starf og starfshætti sóknarnefnda skal setja nánari ákvæði í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Safnaðarfulltrúar.
56. gr.

Sóknarnefnd kýs safnaðarfulltrúa og varamann hans úr sínum hópi til fjögurra ára í senn.

Starfsmenn kirkjusókna.
57. gr.

Kirkjuþing skal setja ákvæði um stöðu og störf starfsmanna sókna, þar á meðal organista, í starfsreglur, sbr. 59. gr.

Leikmannastefna.
58. gr.

Biskup Íslands boðar til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök. Nánari reglur um leikmannastefnu skal setja í starfsreglur, sbr. 59. gr.

IV. KAFLI
Starfsreglur.

59. gr.

Um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en þá sem fyrr hafa verið taldir fer eftir almennum reglum um starfshætti hennar er kirkjuþing setur og hafi að geyma nánari fyrirmæli um stjórnun og starfshætti kirkjunnar á grundvelli laga þessara. Í reglum þessum skal m.a. kveðið á um hlutverk starfsmanna þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.

Kirkjuráð gefur út reglur þær og stofnskrár er um ræðir í 1. og 2. mgr. ásamt breytingum sem kunna að verða gerðar á þeim. Skulu reglur og stofnskrár, sem og breytingar á þeim, birtast á prenti í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að kirkjuþing samþykkti þær. Ber kirkjuráði að hafa eftirlit með því að eintök þeirra séu aðgengileg fyrir almenning frá þeim tíma, auk þess sem kirkjuráð annast dreifingu þeirra og kynningu með tilhlýðilegum hætti.

Hafi eigi verið á annan veg mælt í reglum þeim sem hér um ræðir öðlast þær, sem og breytingar, bindandi gildi á þrítugasta degi frá útgáfudegi þeirra. Eftir þann tíma ber öllum starfsmönnum þjóðkirkjunnar, sem og öðrum þeim sem reglunum er ætlað að binda, að fara eftir þeim.

V. KAFLI
Launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

60. gr.

Ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

61. gr.

Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 60. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 70/1996, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 12. og 13. gr.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 59. gr.

VI. KAFLI
Jarðeignir kirkna.

62. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu átta ár, upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests.

VII. KAFLI
Gildistaka og brottfall laga.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

64. gr.

Við gildistöku laga þessara falla eftirtalin lagaákvæði brott svo sem hér segir:

a. 1. mgr. 3. gr., 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 9.–19. gr., 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. og 35.–45. gr. laga nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.
b. 1.–2. gr., 11. gr., 14.–15. gr., 1. mgr. 16. gr., 19. gr., 22. gr., 29. gr. og 36. gr. laga nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
c. 1.–5. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr. og II. kafli laga nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.

d. 1. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 96/1980, um biskupskosningu.
e. 1. gr. laga nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
f. B-liður 19. gr. og b- og c-liður 20. gr. laga nr. 35/1970, um Kristnisjóð o.fl.
g. Í stað orðanna „Kirkjuráð“ og „kirkjuráðs“ í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 137/1993, um prestssetur, kemur: Kirkjuþing, og: kirkjuþings.

Eftirtalin lög falla úr gildi 31. desember 1998:
a. Lög nr. 96/1980, um biskupskosningu.
b. Lög nr. 48/1982, um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar.
c. Lög nr. 25/1985, um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.
d. Lög nr. 44/1987, um veitingu prestakalla.
e. Lög nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

1206. Frumvarp til laga [302. mál]

um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör).

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:
a. 1. tölul. orðast svo:
   1. Biskup Íslands, þjónandi vígslubiskupar, sóknarprestar og prófastar, svo og aðstoðarprestar og sérþjónustuprestar ráðnir af ráðherra, kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar) og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðikandídatar, svo og biskupsritari og aðrir starfsmenn biskupsstofu í föstu starfi með sama skilorði, aðstoðarprestar ráðnir af sóknarnefndum og prestar sem ráðnir eru af stjórn sjúkrastofnana eða sveitarfélögum til prestþjónustu þar og lúta yfirstjórn kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum, enda gegni þeir því starfi sem aðalstarfi, og prestvígðir menn sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.
b. 3. tölul. orðast svo:
   3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1207. Frumvarp til laga [28. mál]

um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

I. KAFLI
Heimildir til að selja fasteignir, skip og fyrirtæki.

1. gr.

Engum er heimilt í atvinnuskyni að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Sama gildir um kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum eða eignarhluta í þeim, hvort heldur um er að ræða fyrirtæki í eigu einstaklinga eða félaga, annarra en hlutafélaga.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

Þar sem rætt er um fasteignasölu og fasteignaviðskipti í lögum þessum er einnig átt við sölu fyrirtækja, sbr. 1. mgr., og sölu skráningarskyldra skipa. Þar sem rætt er um fasteignasala í lögum þessum er átt við þá sem hafa heimild ráðherra til að annast sölu framangreindra eigna.

Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra. Er slík áritun á skjal skilyrði fyrir þinglýsingu þess. Sama gildir um félagasamtök sem annast byggingarframkvæmdir fyrir félagsmenn sína.

Þeir sem hafa, í öðru EES-ríki, fengið löggildingu til að starfa sem fasteignasalar eða leyfi til málflutnings hafa heimild til að annast fasteignaviðskipti að fullnægðum skilyrðum sem ráðherra setur um prófraun og tryggingar.

2. gr.

Hver maður getur fengið löggildingu sem fasteignasali ef hann:

a. er heimilisfastur hér á landi,
b. er lögráða og hefur haft forræði á búi sínu undanfarin tíu ár,
c. leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn hans kunna að verða fyrir af hans völdum,
d. hefur staðist próf fyrir fasteignasala.

Undanþegnir prófi eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er að synja manni um löggildingu ef hann hefur gerst sekur um brot á ákvæðum almennra hegningarlaga eða verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga.

3. gr.

Sá sem öðlast vill löggildingu sem fasteignasali skal standast próf sem sýni að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu að hann sé starfinu vaxinn.

Ráðherra skipar prófnefnd til að standa fyrir prófi fyrir þá sem öðlast vilja löggildingu sem fasteignasalar. Skal prófnefnd skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti þrír menn og þrír til vara.

4. gr.

Ráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá sem þreyta vilja próf fyrir fasteignasala. Prófnefnd, eða menn sem hún tilnefnir, hefur á hendi forstöðu námskeiðs, sér um prófraun og ákveður námsefni, nema ráðherra feli það öðrum aðilum, svo sem Háskóla Íslands.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þar með talin þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum er ráðherra ákveður.

5. gr.

Fasteignasala er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa vátryggingu hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða setja aðra tryggingu jafngilda að mati ráðherra. Kveða skal á um lágmark vátryggingarfjárhæðar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils í reglugerð. Þar sem tveir eða fleiri fasteignasalar starfa saman og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hver annars teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu og skal þá lágmarkstryggingarfjárhæð hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern fasteignasala umfram einn.

Ef fasteignasali, samhliða fasteignasölu, hefur með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu sem slíkur má telja hann hafa með því fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

6. gr.

Ráðherra gefur út löggildingarskírteini fyrir fasteignasala.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það sem löggildingin veitir honum rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum er það varðar.

Sá einn má nefna sig fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasala sem hefur til þess löggildingu.

7. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn.

Fasteignasali skal tilkynna ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð en er þó heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því sem starfsstöð hans er í. Tilkynna ber ráðherra um stofnun slíks útibús og um tilhögun á rekstri þess.

II. KAFLI
Réttarstaða fasteignasala, störf þeirra og starfshættir.

8. gr.

Fasteignasali hefur réttindi og ber skyldur sem opinber sýslunarmaður, þar á meðal þagnarskyldu um það er hann fær vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara.

9. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign sem honum hefur verið falin til umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Fasteignasala er óheimil milliganga um sölu fasteignar hafi hann, vegna annarra starfa sinna eða starfsmanna sinna, sérstakar upplýsingar sem hafa þýðingu við sölu eignarinnar og aðrir hafa ekki aðgang að.

Fasteignasali skal tilkynna aðilum hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

10. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

11. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum til að ganga frá samningum og annarri skjalagerð. Sama er ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega hvort um einkaumboð er að ræða.

12. gr.

Þegar fasteignasali hefur fengið eign til sölumeðferðar eða honum verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningsgerð skal hann semja rækilegt yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu eignarinnar. Skal þess vandlega gætt að fram komi öll grundvallaratriði varðandi ástand eignarinnar sem skipt geta kaupanda máli, svo sem varðandi stærð eignarinnar og ástand, byggingarlag og byggingarefni, áhvílandi veðskuldir og eftir atvikum ástand neysluveitu hins selda.

13. gr.

Fasteignasala er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna og skal geta þess í skjölunum, þar á meðal í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum, veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi. Skal nafn fasteignasala koma fram svo eigi verði um villst. Einnig skal fasteignasali geta nafns síns í öllum auglýsingum.

Öll skjalagerð og samningsgerð skal svo úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig glögg.

14. gr.

Fasteignasali skal, þegar óskað er milligöngu hans um kaup eða sölu eignar, gera samning við umbjóðanda sinn um þóknun fyrir starfann og greiðslu útlagðs kostnaðar, þar með talinn auglýsingakostnaður.

III. KAFLI
Aðili fullnægir ekki skilyrðum til fasteignasölu.

15. gr.

Eftirlit með starfsemi fasteignasala er í höndum ráðherra.

Fullnægi fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali er honum óheimil frekari starfsemi og ber að skila til ráðuneytisins löggildingarskírteini sínu. Heimilt er að afhenda aðila löggildingarskírteinið að nýju sýni hann fram á að hann fullnægi lagaskilyrðum til löggildingar sem fasteignasali.

Ef ráðherra berast upplýsingar um að maður sem ekki hefur fengið löggildingu til fasteignasölu stundi slíka starfsemi, eða að fasteignasali fullnægi ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar sem fasteignasali en starfi þó áfram sem slíkur, er ráðherra heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

16. gr.

Sæti fasteignasali ákæru í opinberu máli ber ákvörðun um sviptingu löggildingar undir dómara þess máls.

IV. KAFLI
Heimild til útgáfu reglugerða, refsiákvæði og gildistaka.

17. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um námskeið og próf fyrir fasteignasala. Í reglugerðinni skulu vera ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna. Ákvæði reglugerðarinnar um tilhögun námskeiðs, inntökuskilyrði, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett að fengnum tillögum prófnefndar.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð hvaða upplýsingar skuli koma fram í söluyfirliti eigna og staðfesta með reglugerð stöðluð eyðublöð fyrir slík yfirlit. Jafnframt getur hann sett nánari ákvæði um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þar á meðal um að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteignasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

Ráðherra kveður í reglugerð á um prófraun og tryggingar að því er varðar þá sem hafa fengið leyfi til að starfa við fasteignasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í reglugerð skal mælt fyrir um nánara fyrirkomulag tryggginga skv. 5. gr. og um sjálfsáhættu tryggingartaka.

Heimilt er með reglugerð að mæla fyrir um rekstur útibúa skv. 2. mgr. 7. gr. laga þessara.

Heimilt er að setja reglugerð um samninga um þóknun skv. 14. gr laga þessara.

18. gr.

Það varðar sektum að:

a. nefna sig fasteigna-, skipa- eða fyrirtækjasala án þess að hafa löggildingu sem slíkur,
b. annast fasteignasölu án löggildingar eða heimildar samkvæmt lögum þessum,
c. tilkynna ekki um starfsstöð eða útibú,

d. semja ekki söluyfirlit eða gera það með ófullnægjandi hætti,
e. árita ekki skjöl um fasteigna-, skipa- eða fyrirtækjaviðskipti eða gera það með ófullnægjandi hætti,
f. brjóta gegn ákvæðum 12. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986, með síðari breytingum.

Þeir sem hafa fengið útgefið leyfi til fasteignasölu á grundvelli laga nr. 47/1938 eða á grundvelli laga nr. 34/1986 halda réttindum sínum enda fullnægi þeir skilyrðum þessara laga til löggildingar sem fasteignasali.

1208. Frumvarp til laga [487. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 45. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,25 milligrömmum í lítra lofts, en er minna en 0,60 milligrömm, eða ökumaður er undir áhrifum áfengis þótt vínandamagn í blóði hans eða útöndun sé minna telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.
b. 3. mgr. orðast svo:
Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira eða vínandamagn í lofti, sem hann andar frá sér, nemur 0,60 milligrömmum í lítra lofts eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Inngangsmálsliður 1. mgr. orðast svo: Lögreglumaður getur framkvæmt öndunarpróf á ökumanni vélknúins ökutækis ef.
b. 2. mgr. orðast svo:
Lögreglumaður getur fært ökumann til rannsóknar á öndunarsýni eða til blóð- og þvagrannsóknar ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta framkvæma öndunarpróf eða er ófær um það. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisskoðunar. Sama á við þegar grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því.
c. Við bætist ný málsgrein, er verður 3. mgr., og orðast svo:
Lögregla annast töku öndunarsýnis. Læknir, hjúkrunarfræðingur eða meinatæknir annast töku blóðsýnis. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Öndunarpróf, öndunarsýni, blóðsýni o.fl.**

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Orðið „og“ í e-lið fellur brott.
b. Við bætist nýr liður, er verður f-liður, og orðast svo: gjald fyrir viðurkenningu á gerð ökutækja og búnaði þeirra, og.
c. Núverandi f-liður verður g-liður.

4. gr.

65. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, orðast svo:

Fela má hlutafélagi sem ríkissjóður á hlut í, Skráningarstofunni hf., að annast skráningu ökutækja, svo og aðra umsýslu varðandi skráningu ökutækja, gerð þeirra og búnað.

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun hf. og Skráningarstofunni hf.

5. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna, sbr. lög nr. 44/1993, fellur brott.

6. gr.

Á eftir XI. kafla laganna kemur nýr kafli, XI.a. SÉRAÐSTÆÐUR HREYFIHAMLAÐRA, með nýrri grein, 78. gr. a, er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingarfjárhæðir skv. 2. mgr. 91. gr. og 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga skulu á árinu 1998 taka breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar frá 1. mars 1997.

1209. Lög [256. mál]

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

(Afgreidd frá Alþingi 12. maí.)

Samhljóða þskj. 1090.

1210. Frumvarp til laga [159. mál]

um landmælingar og kortagerð.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

I. KAFLI
Tilgangur og skipulag.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja að ávallt séu til nauðsynlegar staðfræðilegar og landfræðilegar upplýsingar um landið og að unnið sé að söfnun og úrvinnslu upplýsinga er hafa gildi fyrir landmælingar og kortagerð á Íslandi.

2. gr.

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að verkefnum á sviði landmælinga og kortagerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skipar stofnuninni þriggja manna stjórn eftir hverjar alþingiskosningar. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórn Landmælinga Íslands mótar stefnu stofnunarinnar og hefur eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laga þessara.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Landmælinga Íslands til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Hann skal hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun.

Forstjóri fer með daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk. Hann ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

II. KAFLI
Verkefni.

5. gr.

Verkefni Landmælinga Íslands samkvæmt lögum þessum eru:

1. Gerð leiðbeininga um landmælingar og kortagerð og notkun staðla á því sviði.
2. Landfræðilegar og staðfræðilegar mælingar. Í því felst m.a. að leggja út hnitakerfi fyrir landið allt og tryggja viðhald og nákvæmni mælipunkta.
3. Viðhald nauðsynlegra grunnupplýsinga um hnitakerfið svo sem hvaða mælingar séu til, hver hafi framkvæmt þær, áreiðanleiki þeirra og aðgengi.
4. Öflun gagna og úrvinnsla á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu.
5. Útgáfa og endurnýjun korta af landinu í prentuðu og stafrænu formi.
6. Kortlagning örnefna.

7. Að gæta hagsmuna stjórnvalda í erlendu samstarfi á sviði landmælinga og kortagerðar að því marki sem umhverfisráðherra ákveður.
8. Annað það er ráðherra kann að ákveða.

6. gr.

Forstjóri getur falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta skv. 5. gr.

7. gr.

Aðilar, sem stunda landmælingar og kortagerð, skulu gæta samræmis í vinnslu og vistun gagna og tilkynna Landmælingum Íslands um fyrirhuguð verkefni við mælingar og grunnkortagerð.

III. KAFLI
Höfunda- og afnotaréttur.

8. gr.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast.

Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

9. gr.

Landmælingar Íslands miðla upplýsingum og veita aðgang að gögnum í vörslu stofnunarinnar. Ef um er að ræða frumgögn sem eiga uppruna utan stofnunar skal samið um frekari dreifingu við upprunaaðila.

Heimilt er að veita afnotarétt af öllum upplýsingum á sviði landmælinga og kortagerðar sem eru í vörslu Landmælinga Íslands að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu.

IV. KAFLI
Fjármögnun.

10. gr.

Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:

1. Með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum.
2. Með þjónustugjöldum vegna afgreiðslu gagna.

Gjaldtaka skal ákvörðuð í gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands skal að öðru leyti greiðast af framlögum sem ákvörðuð eru í fjárlögum.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

11. gr.

Skylt er að heimila þá för um landareign og uppsetningu mælingapunkta sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd laga þessara. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

12. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 31/1985.

1211. Frumvarp til laga [364. mál]

um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

2. gr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og
g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Umhverfisráðherra skipar Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sbr. 5. gr., skal vera formaður stjórnar, en einn skal tilnefndur af samvinnunefndinni og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin fjallar um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar.

4. gr.

Umhverfisráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og hafa stundað rannsóknir sem tengjast fræðisviði stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með daglega stjórn stofnunarinnar og hefur umsjón með rekstri hennar. Hann skal í samráði við stjórn annast stefnumótun og áætlanagerð og hafa umsjón með fjáröflun.

Forstöðumaður ræður aðra starfsmenn.

5. gr.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í nefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Um fjölda nefndarmanna og samsetningu fer samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Umhverfisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Hlutverk nefndarinnar er að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og málefni stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

6. gr.

Umhverfisráðherra getur, að fengnum tillögum samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1212. Þingsályktun [27. mál]

um varðveislu ósnortinna víðerna.

(Afgreidd frá Alþingi 12. maí.)

Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytisins, sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni.

1213. Frumvarp til laga [528. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Hafi þau samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu.

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „30,41%“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 26,41%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 68. gr. laganna:

a. Í stað fjárhæðarinnar „294.528“ í 1. mgr. A-liðar kemur: 286.944.
b. Í stað fjárhæðarinnar „689“ í 4. mgr. B-liðar kemur: 671.

4. gr.

Í stað A- og B-liða 69. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

A. Barnabætur.

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Framfærandi telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi. Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr., teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir í lok tekjuársins skilyrði 3. mgr. 63. gr. enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári. Þannig skal fjárhæð barnabóta skv. 3. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 4. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 170.614 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en 7 ára. Búi framfærandi barns í óvígðri sambúð skal hann ekki teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Barnabætur skv. 3. mgr. skerðast í jöfnu hlutfalli við tekjuskattsstofn umfram 1.141.042 kr. hjá hjónum og umfram 570.521 kr. hjá einstæðu foreldri. Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Skerðingarhlutfallið skal vera 5% með einu barni, 9% með tveimur börnum og 11% með þremur börnum eða fleiri.

Barnabætur vegna hvers barns á framfæri hjóna skerðast um 1,5% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna fer fram úr 4.174.466 kr. uns þær falla niður. Á sama hátt skerðast barnabætur vegna hvers barns á framfæri einstæðra foreldra um 3% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 6.262.219 kr. uns þær falla niður.

Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama tekjuári vegna barnsins.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. og 96. gr. eftir því sem við getur átt.

Barnabætur skulu ákveðnar við álagningu, sbr. X. kafla. Nánari reglur, m.a. um fyrirframgreiðslu og útborgun barnabóta, innheimtu ofgreiddra barnabóta og skuldajöfnun barnabóta á móti opinberum gjöldum til ríkissjóðs, opinberum gjöldum til sveitarfélaga og vangreiddum meðlögum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Við lögin bætast ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (I.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur reiknast með eftirfarandi hætti við álagningu tekjuskatts árin 1998 og 1999 vegna tekna áranna 1997 og 1998:

a. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1998 vegna tekna ársins 1997 skal tekjuskattur reiknast 29,31% af tekjuskattsstofni.
b. Við álagningu tekjuskatts á árinu 1999 vegna tekna ársins 1998 skal tekjuskattur reiknast 27,41% af tekjuskattsstofni.

b. (II.)

Þrátt fyrir ákvæði A- og B-liða 68. gr. laganna skal:

a. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1998 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 1999 vegna tekna og eigna árið 1998 persónuafsláttur vera 280.320 kr. og sjómannaafsláttur vera 656 kr.
b. Við staðgreiðslu tekjuskatts árið 1999 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna árið 1999 persónuafsláttur vera 279.948 kr. og sjómannaafsláttur vera 655 kr.

c. (III.)

Sérstakur tekjuskattur manna.

Á tekjuskattsstofn manna vegna tekna á árunum 1998, 1999 og 2000 skal á árunum 1999, 2000 og 2001 leggja sérstakan tekjuskatt eins og nánar greinir í ákvæði þessu.

Á tekjuskattsstofn einstaklinga umfram 3.120.000 kr., eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 6.240.000 kr. skal reikna sérstakan 7% tekjuskatt.

Ef hjón hafa bæði tekjuskattsstofn umfram 3.120.000 kr. reiknast þeim sinn hlutinn hvoru hins sérstaka tekjuskatts. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna lægri en 3.120.000 kr. reiknast hinu hjóna allur sérstaki tekjuskatturinn.

Sérstakur tekjuskattur samkvæmt ákvæði þessu skal ekki innheimtur með staðgreiðslu opinberra gjalda.

d. (IV.)

Fyrirframgreiðsla manna á sérstökum tekjuskatti.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 1999 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember 1998. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1998 vegna tekna á árinu 1997 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2000 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til

desember 1999. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 1999 vegna tekna á árinu 1998 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2001 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember árið 2000. Fyrirframgreiðslan skal vera 7% af tekjuskattsstofni samkvæmt skattframtali ársins 2000 vegna tekna á árinu 1999 umfram 3.120.000 kr. hjá einstaklingi og umfram 6.240.000 kr. hjá hjónum.

Gjalddagar fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. skulu vera fyrsti dagur mánaðanna ágúst til og með desember. Um framkvæmd fyrirframgreiðslunnar skal kveða nánar á í reglugerð.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða skv. 1. mgr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema hann geti sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum á milli ára. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um þetta atriði.

Nú kemur í ljós við álagningu á sérstökum tekjuskatti að fyrirframgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði hefur verið of há og skal við mismuninn bæta 2,5% álagi.

e. (V.)

Um sérstakan tekjuskatt samkvæmt bráðabirgðaákvæði III og IV skulu ákvæði VIII.–XIII. kafla laganna gilda eftir því sem við getur átt.

f. (VI.)

Hækka skal fjárhæðir sem um ræðir í 17., 30., 41., 2. mgr. 67. gr., 69., 78., 83. og 84. gr. laganna, svo og ákvæðum til bráðabirgða III og IV í lögum þessum, sem hér segir:

a. 1. janúar 1998 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1999 vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs.
b. 1. janúar 1999 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2000 vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs.
c. 1. janúar 2000 skulu umræddar fjárhæðir hækka um 2,5% og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 og eigna í lok þess árs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í þessari grein.

Ákvæði 2. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2000 vegna tekna ársins 1999 og við staðgreiðslu á því ári.

Ákvæði 3. gr. kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna ársins 2000 og við staðgreiðslu opinberra gjalda á því ári.

Ákvæði 4. gr. kemur til framkvæmda við ákvörðun barnabóta á árinu 1998. Skulu barnabætur skv. A-lið 69. gr., eins og það ákvæði hljóðaði fyrir gildistöku þessara laga, greiddar vegna barna sem fædd eru á þriðja ársfjórðungi ársins 1997 eða fyrr eða öðluðust heimilisfesti hér á landi fyrir 1. október 1997 og skal lokagreiðsla barnabóta þannig ákvarðaðra vera eigi síðar en 30. október 1997. Aldursmörk skulu og miðuð við umræddan ársfjórðung.

Ákvæði til bráðabirgða í 5. gr. koma til framkvæmda eins og þar greinir.

1214. Frumvarp til laga [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Við útflutning sjávarafurða sem fluttar hafa verið inn til landsins til vinnslu eða umpökkunar skal upprunalands hráefnis getið í fylgiskjölum.
b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 2. málsl. orðast svo: Á umbúðum skal koma fram leyfisnúmer vinnslustöðva þannig að unnt sé að rekja uppruna afurðanna til framleiðandans.
b. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málsliður er orðast svo: Sé afurðin send ópökkuð skulu sömu upplýsingar koma fram í fylgiskjölum.

3. gr.

Á eftir III. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, IV. kafli, **Innflutningur sjávarafurða**, með fjórum nýjum greinum, 19.–22. gr., og V. kafli, **Landamærastöðvar**, með fimm nýjum greinum, 23.–27. gr., og breytist töluröð annarra kafla og greina samkvæmt því. Þessar nýju greinar orðast svo:

A. (IV. kafli.)

a. (19. gr.)

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Innflytjandi sjávarafurða, sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal tilkynna Fiskistofu um komu sendinga með hæfilegum fyrirvara.

Vinnsluleyfishafi, sbr. 12. gr., eða annar viðtakandi þessara sjávarafurða skal halda dagbók yfir mótteknar sendingar og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala. Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

Fiskistofu er heimil skyndiskoðun á þessum sjávarafurðum og sýnataka til rannsókna.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni af henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni til vinnslu eða umpökkunar hjá viðurkenndum vinnsluleyfishafa. Afla fiskiskipa frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem landað er hér á landi, skal skoða á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Fiskistofa skal leggja áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

b. (20. gr.)

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Allur innflutningur lifandi fisks og fiskafurða, að meðtöldu fiskmjöli frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, skal fara um landamærastöðvar eða hafnir sem heimild hafa fyrir innflutningi, sbr. V. kafla þessara laga. Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Sjávarútvegsráðuneytið getur veitt undanþágu frá 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt eða ef fram kemur rökstudd beiðni þar að lútandi frá yfirvöldum í ríkjum innan EES.

Innflutningur á sjávarafurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með sjávarafurðum uppfylli kröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

c. (21. gr.)

Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu, sbr. 3. mgr. 20. gr. Birta skal þessa skrá í Stjórnartíðindum. Einnig skal birta mánaðarlega þær breytingar sem verða á henni.

d. (22. gr.)

Öryggisákvæði.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna og dýra réttlætir slíkt getur ráðuneytið án fyrirvara stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

B. (V. kafli.)

a. (23. gr.)

Eftirlitsmenn Fiskistofu eða aðrir þar til bærir eftirlitsaðilar annast eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni skal setja á fót landamærastöðvar þar sem starfi eftirlitsmenn sem eru sérþjálfaðir til þessara starfa og séu ábyrgir fyrir nauðsynlegum skoðunum á sjávarafurðum sem um stöðvarnar fara. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um slíkan innflutning þar sem getið er um magn, tegund, áfangastað og hvenær áætlað er að sending berist.

b. (24. gr.)

Á landamærastöðvum eða í þeim höfnum sem heimild hafa fengið fyrir innflutningi skal fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu til að sannreyna uppruna hennar og ákvörðunarstað og að sendingin sé frá vinnslustöð, vinnsluskipi eða frystiskipi sem er á skrá ráðuneytisins yfir viðurkennda aðila, sbr. 21. gr. þessara laga.

Eftirlitsmaður skal kanna ástand afurðanna og taka sýni til rannsókna á rannsóknastofu. Skal hann í þeim efnum fylgja gildandi reglum um tíðni skoðana og um sýnatökur. Komi í ljós við skynmat eða rannsókn að þær séu óhæfar til manneldis skal eyða þeim. Heimilt er þó að endursenda afurðina að fengnu leyfi yfirvalda í framleiðslulandi eða að nýta hana í fiskmjöl enda sé hún laus við eiturefni. Innflytjandi er ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

Í tollvörugeymslu skal aðeins fara fram athugun á skjölum og samanburður á þeim og sendingu.

c. (25. gr.)

Innflytjandi eða annar viðtakandi sjávarafurða sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna Fiskistofu með hæfilegum fyrirvara hvert afurðirnar verða sendar og tilgreina magn, tegund og hvenær áætlað er að þær berist.

d. (26. gr.)

Um gjaldtöku fyrir landamæraeftirlit.

Fiskistofa skal innheimta gjald til að bera uppi kostnað af eftirliti með sjávarafurðum frá viðurkenndum framleiðendum, verksmiðjuskipum og frystiskipum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Fyrir hvert tonn af fyrstu 100 tonnum af innfluttum sjávarafurðum úr sömu sendingu skal greiða 405 kr. Fyrir hvert tonn þar umfram skal lækka gjaldið í 202 kr. Þó skal gjald af heilfrystum fiski sem aðeins hefur verið slægður lækka í 121 kr. fyrir hvert tonn. Fyrir hverja sendingu skal þó aldrei greiða minna en 2.460 kr.

Heimilt er að breyta framangreindum gjöldum með tilliti til breytinga á meðalgengi Evrópumyntar (ECU). Grunngjaldið er miðað við gengi Evrópumyntar í mars 1997 eða 81 kr. Gjaldið greiðist af innflytjanda afurðanna og greiðist þar sem eftirlitið fer fram eða á landamærastöð.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að hækka gjöld skv. 2. mgr. ef í ljós kemur að kostnaður Fiskistofu af eftirliti með innfluttum sjávarafurðum er meiri en sem nemur þessum gjöldum. Gjaldið skal þó aldrei vera hærra en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið.

Innflytjanda sjávarafurða eða öðrum aðila sem óskar eftir aðgangi að tollvörugeymslu ber að greiða fyrir eftirlit þar. Heimilt er að innheimta gjaldið áður en afurðir eru fluttar í tollvörugeymslu.

e. (27. gr.)

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fjölda landamærastöðva, staðsetningu þeirra, rekstur, búnað, útgáfu vottorða, tíðni skoðana, sýnatökur og rannsóknir. Með reglugerð skal einnig kveðið á um hvaða sendingar séu undanþegnar skoðunum og um nánara fyrirkomulag við gjaldtöku, þar á meðal um lækkunarheimildir og innheimtu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1997.

1215. Frumvarp til laga [437. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 12. maí.)

1. gr.

5. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Góðgerðarstarfsemi er undanþegin skattskyldu, enda renni hagnaður af henni að öllu leyti til líknarmála. Skilyrði fyrir undanþágu er að starfsemin sé á ábyrgð og fjárhagsleg áhætta aðila og hann hafi fengið staðfestingu skattstjóra um að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Eftirtalin starfsemi telst góðgerðarstarfsemi samkvæmt ákvæðinu:

1. basarsala, merkjasala og önnur hliðstæð sala góðgerðarfélaga, enda vari starfsemin ekki lengur en í þrjá daga í hverjum mánuði eða í fimmtán daga sé um árlegan atburð að ræða,
2. söfnun og sala verðlítilla notaðra muna, enda sé einungis selt til skattskyldra aðila,
3. sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið afhenta án endurgjalds.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Aðilar, sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir 3. og 5. mgr. 2. gr., skulu greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu þegar vara er framleidd eða þjónusta innt af hendi eingöngu til eigin nota og í samkeppni við skattskylda aðila skv. 1. mgr. Jafnframt skulu aðilar sem stunda byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á eigin kostnað, þar með talið viðhald og endurbætur, greiða virðisaukaskatt af eigin vinnu, vinnu starfsmanna og efnis- og tækjanotkun, hvort sem byggt er til sölu, leigu eða til eigin nota. Eigin vinna byggingaraðila er þó ekki skattskyld þegar aðili byggir eingöngu til eigin nota, enda noti hann ekki vinnuafl launþega við hönnun eða framkvæmdir og vinnan er ekki í iðn- eða sérfræðigrein hans eða sambærilegri grein. Þá skulu ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra greiða virðisaukaskatt af skattskyldum vörum og þjónustu vegna eigin nota, enda sé ekki um að ræða vinnu eða þjónustu skv. 3. mgr. 42. gr. sem innt er af hendi utan sérstaks fyrirtækis eða þjónustudeildar. Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, þar með talið um það hvenær starfsemi geti verið í samkeppni við atvinnufyrirtæki, skattverð, bókhald o.fl.

3. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 3. tölul. 4. gr. laganna kemur: 220.000 kr.

4. gr.

Í stað orðanna „framleiðslu vöru til sölu í atvinnuskyni á síðari rekstrarárum“ í 2. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna kemur: sölu á skattskyldri vöru eða þjónustu í atvinnuskyni á síðari rekstrartímabilum.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

1. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Fjarskiptaþjónusta telst ekki vera veitt erlendis ef kaupandi hefur annaðhvort búsetu eða starfsstöð hér á landi.
2. Við bætast nýir töluliðir sem orðast svo:
   9. Þjónusta sem veitt er erlendum fiskiskipum vegna löndunar eða sölu afla hér á landi.
   10. Sala á þjónustu til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi, enda sé hún að öllu leyti nýtt erlendis.
3. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.

6. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 7. mgr. 20. gr. laganna kemur: 6.000 kr.

7. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „600.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: 1.400.000 kr.

8. gr.

Á eftir orðunum „villandi gögn“ í 4. málsl. 4. mgr. 25. gr. laganna kemur: eða tilkynnt skattrannsóknarstjóra ríkisins grun um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga skv. 6. mgr. 26. gr.

9. gr.

Við 1. mgr. 27. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Þá skal aðili sæta álagi ef endurgreiðsla skv. 1., 3. og 4. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. hefur verið of há.

10. gr.

Í stað tölunnar „45“ í 5. mgr. 28. gr. laganna kemur: 15.

11. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Aðili, sem kaupir skattskylda þjónustu erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi, skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Sama gildir um þjónustu erlends aðila sem veitt er hér á landi, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðili sem skráður er skv. 5. gr. undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. Þetta gildir þó ekki þegar þjónusta er veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

1. 3. mgr. orðast svo:

   Innflutningur á rituðu máli, sem sent er til vísindastofnana, bókasafna og annarra opinberra stofnana án endurgjalds, er undanþeginn greiðslu virðisaukaskatts, án tillits til í hvaða formi efnið er, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni. Sama gildir um ritað mál sem öðrum aðilum er sent án endurgjalds, enda fari fob-verð sendingar ekki yfir 5.000 kr. og innflutningurinn sé ekki í viðskiptaskyni.
2. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Vörur, sem fluttar eru til landsins af aðilum sem skráðir eru skv. 5. gr., eru undanþegnar virðisaukaskatti ef fob-verð sendingar nemur ekki hærri fjárhæð en 1.500 kr. Áfengir drykkir og tóbak eru þó ekki undanþegin virðisaukaskatti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um undanþágu virðisaukaskatts samkvæmt þessu ákvæði.

13. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Endurgreiða skal ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á eftirtalinni þjónustu eða vöru:

1. Sorphreinsun, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps og annars úrgangs, þar með talið brotamálma. Ákvæði þetta tekur einnig til leigu eða kaupa á sorpgámum vegna staðbundinnar sorphirðu.
2. Ræstingu.
3. Snjómokstri og snjó- og hálkueyðingu með salti eða sandi.
4. Björgunarstörfum og öryggisgæslu vegna náttúruhamfara og almannavarna.
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífinu og lokið hafa háskólanámi, sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.
6. Þjónustu vaktstöðva vegna samræmdrar neyðarsímsvörunar.

14. gr.

45. gr. laganna fellur brott.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

1216. Lög [486. mál]

um öryggisþjónustu.

(Afgreidd frá Alþingi 12. maí.)

Samhljóða þskj. 1144 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Leyfi til að annast öryggisþjónustu má veita einstaklingi eða skráðu félagi.

Einstaklingur sem hyggst annast öryggisþjónustu skal fullnægja þessum skilyrðum:

a. vera orðinn 25 ára,
b. vera lögráða,
c. hafa haft forræði á búi sínu síðustu fimm ár,
d. hafa hvorki gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um skotvopn, né verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda hafi brot ekki verið smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið, og
e. ekki verði talinn vafi á að hann geti með viðunandi hætti sinnt þeirri þjónustu sem hann tekur að sér.

Heimilt er að veita skráðu félagi leyfi til að annast öryggisþjónustu fullnægi framkvæmdastjóri þess skilyrðum 2. mgr. og stjórnarmenn félagsins skilyrðum b–d-liðar 2. mgr. Nú er nýr framkvæmdastjóri ráðinn eða breyting verður á stjórn félags og skal þá senda ráðuneytinu tilkynningu þess efnis innan 14 daga.

1217. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um stuðning við konur í Afganistan.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Jón Egil Egilsson frá utanríkisráðuneytinu og lögðu þeir einnig fram ýmis gögn um málið.

Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að bæta hag allra íbúa Afganistan og tryggja almenn mannréttindi í landinu. Á 51. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var Ísland meðflytjandi tillögu sem var samþykkt þar sem fordæmd er mismunun gagnvart konum og stúlkum, sem og önnur brot á mannréttindum og mannúðarlögum. Þingið samþykkti einnig án atkvæðagreiðslu ályktun þar sem minnt er á þjóðréttarlegar skuldbindingar Afganistans og mismunun gagnvart konum. Þá gerðist Ísland aðili að ræðu Evrópusambandsins í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna 14. apríl 1997, en í henni er vikið sérstaklega að aðstæðum kvenna og stúlkna þar í landi. Í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna er ástand mannréttindamála í Afganistan einnig til umfjöllunar.

Með hliðsjón af því að ríkisstjórnin vinnur þegar að efnislegum framgangi þessa þingmáls telur nefndin eðlilegast að ljúka umfjöllun sinni um málið og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Hjálmar Árnason.	Hjálmar Jónsson.

1218. Nefndarálit [481. mál]

um till. til þál. um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Árna Johnsen, formann Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Nefndin leggur nú sem endranær áherslu á mikilvægi góðra og náinna samskipta við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Binda nefndarmenn vonir við að breytingar á Vestnorræna þingmannaráðinu leiði í raun til aukinna áhrifa þess í stjórnmálaumræðu um vestnorræn málefni.

Í nefndinni var rætt sérstaklega um þá nýbreytni sem lögð er til að greiða skuli árgjald til starfsemi ráðsins og setja á stofn skrifstofu þess með einum starfsmanni. Telur nefndin sanngjarnt að Ísland greiði helming þess rekstrarkostnaðar sem af þessu hlýst og áætlaður er um 5 millj. kr. á ári.

Í 17. gr. stofnskrár ráðsins eru ákvæði um aðsetur starfsmannsins og skal það vera í einu af þingum landanna. Gera skal samning við það þjóðþing um skiptingu á útgjöldum til starfsemi aðalskrifstofunnar. Nefndin fagnar því að uppi eru áform um að þessi starfsmaður hafi aðsetur í húsakynnum Alþingis og telur það vera í samræmi við forustuhlutverk Íslands innan ráðsins. Í væntanlegum samstarfssamningi við skrifstofu Alþingis má gera ráð fyrir að skrifstofan standi straum af kostnaði við vinnuaðstöðu og tækjakost og venjubundna þjónustu, svo sem eðlilegum síma- og póstburðarkostnaði. Aftur á móti greiðir ráðið sjálft allan launakostnað, ferðakostnað og annan almennan rekstur ráðsins.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt.**

Alþingi, 7. maí 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Hjálmar Árnason.	Hjálmar Jónsson.

1219. Nefndarálit [267. mál]

um till. til þál. um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Jón Egil Egilsson frá utanríkisráðuneytinu. Bárust nefndinni einnig ýmsar upplýsingar frá ráðuneytinu.

Á alþjóðavettvangi hafa Íslendingar ákveðið stutt tillögur um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum. Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna studdu 155 ríki bann af þessu tagi, án mótatkvæða. Í alþjóðasamstarfi þingmanna hefur þetta málefni einnig verið til umræðu og hafa alþingismenn ávallt stutt tillögur um slíkt bann. Meðal annars samþykkti 96. þing Alþjóðaþingmannasambandsins í september 1996 ályktun um stuðning við gerð lagalega bindandi alþjóðasamnings um bann við framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum og um nauðsyn þess að hreinsa landsvæði þar sem jarðsprengjum hefur verið dreift.

Þótt nokkurrar bjartsýni gæti er ekki hægt að segja til um hvort samkomulag um bann við jarðsprengjunotkun næst á þessu stigi. Hins vegar er fullvíst að Ísland mun undirrita alþjóðlegan samning um þetta efni þegar og ef hann liggur fyrir. Með vísan til þessara fyrirliggjandi upplýsinga leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. maí 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Hjálmar Árnason.	Hjálmar Jónsson.

1220. Nefndarálit [424. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð landbúnaðarins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Upphafið að starfrækslu sérstaks stofnlánasjóðs fyrir landbúnaðinn má rekja til Ræktunarsjóðs Íslands sem stofnaður var með lögum frá Alþingi í mars árið 1900. Ýmsar breytingar urðu síðan á fyrirkomulagi þessara mála þar til Stofnlánadeild landbúnaðarins tók til starfa 1962. Stofnlánadeildin starfar nú samkvæmt lögum nr. 45/1971, með áorðnum breytingum. Hún hefur haft tekjur úr ríkissjóði með árlegu framlagi, sérstökum sjóðagjöldum sem lögð hafa verið á framleiðsluvörur bænda og vaxtagreiðslum. Skv. 1. gr. laga nr. 45/1971 er hlutverk Stofnlánadeildarinnar að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Því er ljóst að frumvarpinu sem hér er til meðferðar um lánasjóð landbúnaðarins er ekki ætlað að breyta því fyrirkomulagi sem nú ríkir í þessum málum sem rekja má aftur til síðustu aldamóta. Með framlagningu frumvarpsins hefur ríkisstjórnin tekið þá pólitísku ákvörðun að viðhalda rekstri sérstaks niðurgreidds lánasjóðs fyrir landbúnaðinn þrátt fyrir að þessi stefna hafi fyrir löngu gengið sér til húðar eins og dæmin og staða greinarinnar sýna.

Í fyrsta lagi gerir minni hluti nefndarinnar athugsemdir við þá hugmyndafræði sem birtist í frumvarpinu að áfram skuli rekinn sérstakur niðurgreiddur lánasjóður fyrir landbúnaðinn. Sú niðurgreiðsla er að mestu leyti fjármögnuð af bændum sjálfum með greiðslu sjóðagjalda. Þessi hugmyndafræði um miðstýringu í fjárfestingum greinarinnar verður enn undarlegri í ljósi þess að nú þegar er offjárfesting á ýmsum sviðum í greininni og eng-

in hagfræðileg rök fyrir rekstri slíks niðurgreidds sjóðs. Minni hlutinn telur því að sú stefna, sem birtist í frumvarpinu, gangi gegn þeirri almennu frelsisþróun sem orðið hefur á íslenskum fjármagnsmarkaði undanfarin ár, auk þess sem frumvarpið gangi gegn veigamestu röksemdunum fyrir nauðsyn endurskipulagningar á íslenskum fjármagnsmarkaði, svo sem um formbreytingar Landsbanka og Búnaðarbanka. Því telur minni hlutinn að fara hefði átt þá leið að fella Stofnlánadeild landbúnaðarins inn í annan hvorn ríkisbankann og láta markaðinn annast almenna lánastarfsemi til landbúnaðarins eins og til annarra atvinnugreina.

Í öðru lagi gagnrýnir minni hlutinn harðlega þá útfærslu að landbúnaðurinn skuli skattlagður sérstaklega til þess að afla tekna fyrir sjóðinn, en þær síðan notaðar til þess að endurlána fé til framleiðenda greinarinnar á niðurgreiddum vöxtum. Minni hlutinn telur að þessi miðstýrða aðferðafræði sé tímaskekkja og hefði talið mun eðlilegra að fella þessar álögur á bændur niður. Telji ríkisvaldið áfram nauðsynlegt að styðja landbúnaðinn sérstaklega sé eðlilegra að gera það með sérstökum framlögum á fjárlögum í stað þeirrar millifærslu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í þriðja lagi vill minni hlutinn vekja athygli á því að þrátt fyrir tilurð þessa sjóðs og þrátt fyrir að hann sé að stórum hluta fjármagnaður af greininni sjálfri eru þau skilyrði sem sett eru fyrir lánveitingum og koma fram í 8. og 9. gr. frumvarpsins þannig úr garði gerð að það er mat minni hlutans að einungis lítill hluti bændastéttarinnar sé svo vel stæður að hann uppfylli þau skilyrði sem þar koma fram.

Sú hugmyndafræði, sem birtist í því að á árinu 1997 ákveða stjórnvöld að viðhalda þeirri stefnu að á íslenskum lánamarkaði skuli reka sérstakan lánasjóð sem fjármagnaður sé með því að skattleggja heila atvinnugrein í því skyni að veita niðurgreidd lán til fárra útvaldra, horfir undarlega við út frá þeirri þróun sem orðið hefur á íslenskum fjármagns- og lánamarkaði.

Þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir breytingum á tekjuöflun sjóðsins frá gildandi lögum er bændum áfram ætlað að standa undir niðurgreiðslu vaxta með sjóðagjöldum.

Alþingi, 12. maí 1997.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Ágúst Einarsson.

1221. Nefndarálit [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ásdísi Höllu Bragadóttur frá menntamálaráðuneytinu, Lárus Jónsson og Gísla Fannberg frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Harald Guðna Eiðsson og Vilhjálm H. Vilhjálmsson frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Þórð Kristleifsson og Stefán Jóhann Arngrímsson frá Bandalagi íslenskra sérskólanema, Drífu Snædal og Brján Jónsson frá Iðnnemasambandi Íslands, Aðalstein Leifsson frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Birgi Björn Sigurjónsson frá Bandalagi háskólamanna og Hannes Þorsteinsson frá Kennarasambandi Íslands. Þá bárust nefnd-

inni umsagnir um málið frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Bandalagi háskólamanna og samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að endurgreiðsluhlutfall verði lækkað frá því sem nú er, þ.e. úr allt að 7% í 4,75%. Í öðru lagi er lagt til að teknir verði upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum. Þannig geta námsmenn fengið mánaðarlegar greiðslur gegnum bankakerfið frá upphafi námstíma án þess að bera af þeim fjármagnskostnað. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að við ákvörðun vaxtastyrks verði komið til móts við þá námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði til þess að fá fullt lán ef þeim tekst að ná tilskildum árangri síðar á námsárinu. Þá er lagt til að skipan stjórnar sjóðsins verði breytt þannig að stjórnarmönnum verði fjölgað úr sex í átta. Iðnnemasamband Íslands fái aðalmann í stað áheyrnarfulltrúa og menntamálaráðherra einn fulltrúa til viðbótar. Einnig er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði veitt sérstök heimild til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla. Loks er lagt til að tekin verði inn í lögin ákvæði vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða þrjár breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að samþykki sjóðstjórnar þurfi þegar framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Er tillagan í samræmi við þá stefnu sem mótuð var í starfsmannamálum ríkisins með samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á 120. löggjafarþingi. Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi málskotsnefnd þriggja manna sem ætlað er að skera úr um það hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Getur nefndin staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins og eru úrskurðir nefndarinnar endanlegir. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nefndinni frekari starfsreglur. Loks er lögð til breyting sem snýr að því að fellt verði brott orðið „ríflegan“ í efnismálsgrein 6. gr., en nægilegt þykir að stjórnin hafi skyldu til að áætla útsvarsstofn án þess að sérstaklega sé tekið fram að hann skuli vera ríflegur.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Hjálmar Árnason. Tómas Ingi Olrich.

Ólafur Örn Haraldsson. Guðmundur Hallvarðsson.

1222. Breytingartillögur [531. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar (SAÞ, HjÁ, TIO, ÓÖH, GHall).

1. Við 1. gr. 2. málsl. efnismálsgreinar b-liðar orðist svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

2. Við 2. gr. 2. efnismálsl. a-liðar orðist svo: Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. 6. gr.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:
   Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.
   Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.
   Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum.
4. Við 6. gr. Orðið „ríflegan“ í 2. málsl. efnismálsgreinarinnar falli brott.

1223. Nefndarálit [363. mál]

um till. til þál. um eflingu íþróttastarfs.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir frá menntamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélagi Íslands og Íþróttasambandi Íslands.

Felur tillagan í sér að skipuð verði sjö manna nefnd til að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og um samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Menntamálanefnd telur mikilvægt að skilningur þjóðarinnar á gildi líkamsræktar og hollra lífshátta verði aukinn og að hvetja eigi landsmenn til iðkunar íþrótta auk þess sem brýnt er að stuðla að eflingu árangurs íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi.

Nefndin mælir með **samþykkt** tillögunnar.

Alþingi, 12. maí 1997.

Sigríður A. Þórðardóttir, form., frsm. Hjálmar Árnason. Svanfríður Jónasdóttir.

Tómas Ingi Olrich. Ólafur Örn Haraldsson. Guðný Guðbjörnsdóttir.

Guðmundur Hallvarðsson. Sigríður Jóhannesdóttir.

1224. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um samningsveð.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Af hálfu 1. minni hluta er ekki ágreiningur við meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu frumvarpsins nema hvað varðar síðari málslið 4. mgr. 3. gr. og tekur 1. minni hluti undir meirihlutaálitið að öðru leyti. Í allsherjarnefnd var mikill ágreiningur um túlkun fyrrnefnds ákvæðis en textinn í frumvarpinu er eftirfarandi: „Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.“

Á fundi nefndarinnar komu m.a. prófessorarnir Þorgeir Örlygsson, sem jafnframt er höfundur frumvarpsins, og Sigurður Líndal frá lagadeild Háskóla Íslands, lögmenn og fulltrúar frá bönkum, Fiskistofu og Fiskveiðasjóði. Skriflegar umsagnir komu frá lögmönnunum Arnmundi Backman hrl., Viðari Má Matthíassyni hrl. og Þórunni Guðmundsdóttur hdl.

Ágreiningur er um hvort umrætt ákvæði heimili veðsetningu aflaheimilda með skipi eða ekki og hvaða afleiðingar veðsetning aflaheimilda hefur á eignarhald fiskstofnanna, hugsanlegar breytingar á núverandi aflastýringarkerfi og hvaða áhrif breytingar af þessu tagi hafi á byggð landsins.

Nefndin fór mjög ítarlega yfir málið enda hefur það verið umdeilt bæði á Alþingi og úti í þjóðfélaginu í mörg ár. Að mati 1. minni hluta er almenn andstaða við veðsetningu aflaheimilda og er frumvarpið lagt fram undir því yfirskini að ekki sé verið að heimila veðsetningu aflaheimilda. Frumvarpshöfundur telur að þegar talað er um að ekki megi skilja réttindin frá fjárverðmætinu sé aðeins um kvöð að ræða. Slíkt sé gert til að eyða réttaróvissu en með því sé ekki verið að heimila veðsetningu aflaheimilda.

Að eyða réttaróvissu er einföld aðgerð og í því skyni leggur 1. minni hluti fram breytingartillögu við 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Óvissa um túlkun umrædds ákvæðis í frumvarpinu eins og það er lagt fram er mjög mikil og að mati 1. minni hluta enn meiri eftir yfirferð nefndarinnar en áður. Ber þar hæst yfirlýsingar frá Sigurði Líndal, lagaprófessor við Háskóla Íslands, Arnmundi Backman hrl. og fulltrúum Fiskistofu og Fiskveiðasjóðs, sem telja allir að með samþykkt þessa frumvarps sé verið að heimila veðsetningu aflaheimilda með skipi.

Refsiheimildir í frumvarpinu benda til þess að ströngustu refsingum verði beitt ef vikið verður frá ákvæðum þess. Þar má taka sem dæmi að skylt er að leita samþykkis allra veðhafa ef selja á varanlega aflahlutdeild af skipinu. Oft eru mjög margir veðhafar í hverju skipi og seinvirkt að leita til allra vegna minnsta tilflutnings eða skipta. Brot varða allt að sex ára fangelsi samkvæmt ákvæði 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins með sama hætti og gildir um skilasvik, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Mikil áhersla á refsingar bendir ekki til þess að aðeins sé um kvöð að ræða heldur veðsvik að áliti frumvarpshöfundar. 1. minni hluti leggur ekki fram breytingartillögu við 2. mgr. 48. gr. frumvarpsins en hefur bent á misræmið sem felst í þessu.

Ef litið er á megináherslur þeirra sem komu á fundi nefndarinnar eða skiluðu henni skýrsum má skipta þeim þannig niður:

1. Höfundur frumvarpsins, Þorgeir Örlygsson prófessor, hefur túlkað umrætt ákvæði á þá leið að sú kvöð sé lögð á eiganda fiskiskips að óheimilt sé að skilja aflahlutdeid frá skipi nema með leyfi veðhafa. Hann álítur einnig að strangara ákvæði, eins og það að banna veðsetningar skipa umfram húftryggingamat þeirra, takmarki um of veðsetningarmöguleika útgerðarinnar. Hann álítur sömuleiðis að við uppboð megi selja kvótann til að mæta veðkröfum þeim sem fylgja skipinu. Þar með er meint kvöð orðin veðandlag og seljanleg til að mæta veðkröfum.
2. Að áliti Sigurðar Líndal lagaprófessors er ótvírætt verið að veðsetja aflahlutdeildina ef skipið er veðsett. Síðari málsliður 4. mgr. 3. gr. sé sérákvæði sem upphefji almennt ákvæði fyrri málsliðar um að kvóta sé ekki heimilt að veðsetja einan sér. Hann telur jafnframt að veðsetningarheimildin sem felist í frumvarpinu leiði til þess að:
   a. löggjafinn missi að einhverju leyti vald yfir kvótakerfinu,
   b. möguleikar löggjafans til breytinga á kvótakerfinu þrengist og breytingar á því verði ekki gerðar nema á löngum tíma, og
   c. erlendir aðilar sem eignist veð í skipi eignist um leið kvóta.
3. Fulltrúar Fiskistofu og Fiskveiðasjóðs töldu að frumvarpið heimilaði veðsetningu aflaheimilda með skipi.
4. Arnmundur Backman hrl. taldi ótvírætt að ákvæðið heimilaði veðsetningu aflaheimilda en að öðru leyti vísast í álit Arnmundar. Lögmennirnir Viðar Már Matthíasson og Þórunn Guðmundsdóttir telja ekki frekar en frumvarpshöfundurinn að heimild til veðsetningar aflahlutdeildar felist í frumvarpinu. Þórunn telur þó í álitsgerð sinni „að það sé orðhengilsháttur að telja að réttindin verði ekki veðsett“. Þórunn segir einnig í kaflanum um aðilaskipiti í álitsgerð sinni: „Þessi réttindi er ekki hægt að fara með á nauðungaruppboð og selja þau þar.“ Þessi skoðun hennar fer þvert á skoðun frumvarpshöfundarins, eins og fram kemur í 1. lið hér að framan.

Eins og upptalningin ber með sér ríkir mjög mikil óvissa um túlkun síðari málsliðar 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Vilji löggjafans verður þannig óskýr og því hlutverk dómstóla í stað löggjafans að skera úr um hvað felist í raun og veru í ákvæðinu. Þær skýringar, sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu, m.a. að svigrúm löggjafans breytist ekki við slíkar almennar ráðstafanir og þær leiði ekki til bótaskyldu ríkissjóðs, eru ekki rökstuddar og koma ekki fram í lagatextanum sjálfum. Hvorki kemur fram í lagatextanum né skýringum með honum að veðsetning aflaheimlida með skipi sé óheimil. Fullyrðingar um að veðsetning aflaheimilda með skipi verði ekki heimilar með samþykkt þessa frumvarps eru því órökstuddar með öllu.

Að áliti 1. minni hluta er það óviðunandi niðurstaða þegar um svo mikilvægt mál og umdeilt er að ræða að Alþingi taki ekki skýrt og afdráttarlaust á þeim ákvæðum sem ágreiningur er um.

Afleiðingarnar af þessum hringlandahætti geta að mati 1. minni hluta orðið þessar:

1. Veðsetning aflaheimilda með skipi verður af dómstólum talin lögmæt enda ekkert sem fram kemur í frumvarpinu eða nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar sem bannar hana.

2. Þar sem röksemdir meiri hlutans eru byggðar á veikum grunni og veðsetning kvótans verður heimil mun ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, um að fiskstofnarnir við Íslandsstrendur séu sameign íslensku þjóðarinnar, verða veikara. Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að sameignarákvæðið verið ekki skert. Það stenst ekki því að þá er út frá því gengið að veðsetning aflaheimilda með skipi verði óheimil en eins og fyrr hefur komið fram eru miklar líkur á að það sé rangt.
3. Aflaheimildir safnast á færri hendur og í kjölfarið fylgir meiri og hraðari byggðaröskun en nú er. Ef löggjafinn vill breyta aflastýringarkerfinu vegna yfirvofandi byggðaröskunar og beita breyttri fiskveiðistjórnun til þess verður slík stjórnun mjög erfið og tekur langan tíma. Þar með má segja að fiskveiðistjórnun sem möguleiki til byggðastýringar sé úr sögunni því að þær aðgerðir tækju tug ára eða lengri tíma í framkvæmd.
4. Veðskuldir sjávarútvegsins munu allar færast á skip með aflaheimildum og þar með verða allar breytingar á kvótakerfinu torveldar. Núverandi sveigjanleiki í aflastýringarkerfinu með aflaframsali mun minnka verulega, færslur milli óskyldra aðila minnka og verða aðeins innan stórfyrirtækja og dótturfyrirtækja þeirra. Samþjöppun aflaheimilda á færri fyrirtæki verður því hraðari.
5. Erlendir aðilar geta komist yfir aflaheimildir tímabundið.

Að lokum bendir 1. minni hluti á álit þeirra Viðars Más Matthíassonar hrl. og Þórunnar Guðmundsdóttur hdl. sem eru birt sem fylgiskjal með nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar en álit Arnmundar Backman hrl. er birt sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Fyrsti minni hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu á 4. mgr. 3. gr. sem 1. minni hluti gerir tillögu um.

Alþingi, 12. maí 1997.

Kristján Pálsson.

Fylgiskjal.

Álitsgerð Arnmundar Backmans hrl.
(9. apríl 1997.)

1. spurning.
Spurt er hvort 4. mgr. 3. gr. frv. heimili veðsetningu réttinda eins og aflahlutdeildar fiskiskips sbr. 2. mgr. 7.gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða?

Að mínu mati er spurning þessi óþörf. Umrædd 4. mgr. tekur afdráttarlaust fram og eins skýrt og hægt er á móðurmálinu, að það sé ekki heimilt. Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu. En hvað hangir á spýtunni? Er ekki eitthvað annað sem skiptir máli í þessu sambandi en það hvort heimilt sé að veðsetja aflahlutdeild *sérstaklega*. Þeir sem fylgst hafa með umræðu þessara mála, áhuga útgerðarmanna á því að geta notfært sér aflahlutdeild í eigu þjóðarinnar til veðs í viðskiptum sínum við lánadrottna og þeir sem fylgst hafa með fæðingu þessa frumvarps, vita að orðalag málsgreinarinnar nú er niðurstaða eftir miklar pólitískar þrautir. Sátt um meðferð kvótans að þessu leyti , sátt sem í raun er aðeins orðskrúð eða orðhengilsháttur, fagurgali sem hefur enga raunhæfa þýðingu aðra en þá að útgerðarmenn ná sínu fram. Og þá er eins gott að viðurkenna það og afleiðingar þess og fallast berum orðum og án sjónhverfinga á þörf þeirra fyrir að mega færa sér aflahlutdeildina í nyt til veðsetningar.

Ef .4 mgr. 3.gr. er umorðuð segir hún eftirfarandi:..... *Ekki er heimilt að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega en heimilt er að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. .....Þetta er kjarni málsins með einfaldri gagnályktun. Þannig ætti greinin að hljóða. Og þar með er þeirri spurningu svarað, að þannig er heimilt að veðsetja aflahlutdeildina.*

Skip án aflahlutdeildar er í flestum tilfellum verðlítið miðað við verðmæti veiðiheimildarinnar sem það hefur eftir núverandi kerfi og oftast mikið veðsett þar að auki. *Ella væri þörfin fyrir veðfestingu aflahlutdeildar með skipi ekki fyrir hendi.* Veðhafi í skipi með aflahlutdeild (Útlendingur?), lánadrottinn, hefur einn í hendi sér hvort útgerðarmaður fær að selja hana frá skipinu eða ekki og hann lánar í samræmi við það.

3. spurning.
Mun samþykki frv. leiða til skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið o.s.frv.

Frumvarpið gerir það ekki, verði það að lögum. Hins vegar tel ég ekki svo afdráttarlaust eins og margir aðrir lögræðingar að ríkissjóður sé fyllilega laus við skaðabótaábyrð gagnvart útgerðarmönnum ef aflahlutdeildarkerfið yrði aflagt. Enda þótt aflalahlutdeild verði ekki bein eign útgerðarmanns eftir núverandi kerfi, verður hún óbein eign hans, sem afnotaréttur, og trúlega veðsett banka-og sjóðakerfinu ef frumvarp þetta nær fram að ganga. *Þessum gæðum fylgja atvinnuréttindi sem varin eru af eignarréttarákvæði stjórnarskrár.* Sá útgerðarmaður sem varið hefur miklum fjármunum til kaupa á varanlegum veiðiheimldum og veðsett þau með skipi sínu í samræmi við ákvæði frv. ,verður fyrir stór tjóni og sömuleiðis veðhafar hans í banka-og sjóðakerfinu og aðrir, s.s seljendur veiðiheimilda, ef aflahlutdeildarkerfið verður lagt niður. Einhver mun m.ö.o. tapa og einhverjir munu vafalast reyna að velta því tjóni sínu á ríkissjóð. Skerðing þessara artvinnuréttinda er því aðeins heimil skv. stjórnarskrá að almenningsþörf krefji. Almenningsþörf krefst vissulega þegar um er að ræða nauðsyn frekari friðunar, en spurning er hvort ákvæðinu er fullnægt við það eitt að skipta um kerfi, t.d. yfir í sóknarmark eða veiðileyfagjald samfara almennri aukningu á veiðiheimildum og batnandi ástandi fiskistofna. Það dreg ég mjög í efa. Samþykkt frumvarpsins um samningsveð breytir ekki neinu um bótaskyldu ríkissjóðs í þessu efni heldur aðeins því *hver verður fyrir tjóninu.*

Veiðiheimildir eru takmörkuð gæði meðan veiðar eru ekki frjálsar. Aflahlutdeildir ganga kaupum og sölum, eins og kunnugt er. Söluverð þeirra fer eftir eftirspurn. Það þýðir að ýmislegt annað en aflagning aflahlutdeildarkerfisins getur orðið til vandræða ef frv. verður að lögum. Ef ástand þorskstofnsins batnar t.d. svo verulega að því setta takmarki verði náð að heimila nálægt óheftar veiðar eða jafn miklar og mestar voru áður, gæti þorskkvóti orðið verðlaus. Og sömuleiðis ef settar yrðu reglur sem bönnuðu eða takmörkuðu mjög kvótaframsal, eða um slíkt samið í kjarasamningumum. Þar með færu í hár saman hagsmunir veðhafa, banka og sjóða og stjórnkerfi fiskveiða.

Eftir kynni mín af svokölluðum kvótasölum og stöðu sjómanna í þeim efnum, veit ég að þessi viðskipti ganga út á það leynt og ljóst að brjóta lög og samninga á sjómönnum til að fjámagna kvótakaup. Löggjafinn og dómstólar hafa reynt að stemma stigu við því, en án árangurs. Ég held því þess vegna fram, að daginn eftir samþykki frumvarps sem heimilar það sem 4.mgr.3. gr. frv. heimilar upphefjist víðtæk og umfangssmikil veðsetning á skipum og aflahlutdeild saman, ýmist til að fjármagna kvótakaupin sjálf en einnig til annarra þarfa. Innan skamms verður ráðstöfunaréttur aflahlutdeildar íslenskra veiðiskip í stórum stíl hjá lánadrottnum og sérstaklega hjá bankakerfinu, með Landsbanka Íslands í fararbroddi og með ríkissjóð sem aðal ábyrgðarmann. *Við það verður pólitiskt ómögulegt að breyta stjórnkerfi fiskveiða og kvótakerfið festist endanlega í sessi.*

4.Spurning.
Stenst ákvæði 4.mgr. 3.gr. frv ákvæði laga 57/1996 þ.e.leyfissviptingar o.s.frv.?

Í þessu eins og öðru, stenst frv. lagalega. Frv. bannar aðeins frjálst framsal aflahlutdeildar ef skip er veðsett og færir ráðstöfunarrétt kvótans til veðhafa. Vandinn er hins vegar ekki sá hvort frv.standist ákvæði laga 57/96 heldur hver sé staða veðhafa og útgerðarmanns við sviptingu veiðileyfis. Skv. 15.gr. laganna má svipta skip atvinnuleyfi í eitt ár við ítrekun brots. *Slíkt gæti stefnt útgerðarmanni í greiðsluþrot og jafnvel riðið honum að fullu. Þá vakna mjög flóknar spurningar tengdar því að útgerðarmanni hefur með frv verið heimilað óbeint að veðsetja verðmæti sem af honum hafa verið tekin vegna vegna brots á lögum og gef ég mér þá að veðskuldir séu miklu hærri en nemur verðmæti skipsins eins, enda tilgangurinn með ákvæði 4.mgr.3.gr.frv. enginn annar. Hver er staða veðhafa við gjaldþrot útgerðarmanns eða nauðasamninga? Eða öllu heldur, hver er staða veðhafa við nauðungaruppboð á skipi. Önnur áleitin spurning er sú hver sé staða veðhafa ef skip ferst og tryggingarverðmæti eru í engu samræmi við veðskuldir. Hvernig á að skipta andvirði skips á milli veðhafa í tilfelli nauðungaruppboðs eða sjótjóns, eftir veðröð skv. lögum eða í hlutfalli ?*

Auðvitað má loka augunum og segja að lánadrottnar verði að fara varlega í veðsetningum og lánafyrirgreiðslu. En kerfið býður upp á að einhver tapi ef leyft verður að veðsetja umfram andvirði skipsins eða tryggingarbóta þess. Bankar, sjóðir og einstaklingar. Útgerðarmaður gæti líka orðið bótaskyldur ef hann veldur veðhafa tjóni með ólögmætum hætti t.d. broti á l.57/96.

Ávinningurinn af frv. er sá að þeirri réttaróvissu verður eytt hvort heimilt verði að veðsetja aflahlutdeild *sérstaklega*. Slíkt hefur varla staðið til í raun, og væri í fullkomnu ósamræmi við grundvallarreglur veiðistjórnunar skv. lögum. Hins vegar heimilar frv. veðsetningu aflaheimildar með skipi og við það er ávinningur fyrir útgerðarmenn og sá ávinningur fyrir sjómenn að varanlegri aflaheimild skipa, sem sjómenn eiga hlutdeild í að lögum og samningum, verður erfiðara að ráðasafa frá skipi í raun eða til málamynda. Að öðru leyti vaknar réttaróvissa á mörgum sviðum, sem myndi væntanlega leiða af sér röð málaferla og mikið tjón verða af fyrir einhverja í þessu þjóðarbúi.

1225. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til l. um samningsveð.

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar (KPál).

4. mgr. 3. gr. orðist svo:

Eigi er heimilt að veðsetja sérstaklega, eða með öðrum verðmætum, aflahlutdeild fiskiskips, greiðslumark bújarðar eða önnur réttindi til nýtingar í atvinnurekstri sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt.

1226. Skýrsla [614. mál]

allsherjarnefndar um 176. mál, frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum, nr. 31/1993 (ellilífeyrisréttindi).

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar 176. mál, frumvarp til laga um breytingar á hjúskaparlögum. Telur nefndin nauðsynlegt að huga að því sem þar kemur fram, en þar sem athugun nefndarinnar á málinu er ekki lokið að fullu ákvað hún að gera þinginu grein fyrir athuguninni með skýrslu skv. 1. mgr. 31. gr. þingskapalaga.

Frumvarp um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram alls sjö sinnum frá árinu 1989, síðast á 120. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er sama efnis. Það felur í sér að ellilífeyrisréttindi hjóna sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Mál þetta hefur nokkuð verið rætt í nefndinni og eru nefndarmenn sammála um nauðsyn þess að leysa úr því vandamáli sem upp kemur ef slit verða á fjárfélagi hjóna og aðeins annar maka hefur áunnið sér lífeyrisréttindi eða lífeyrisréttindi annars eru miklum mun meiri en hins. Ljóst er að engin einföld lausn er til á þessu máli.

Hafa þær ábendingar komið fram á fundum nefndarinnar að áður en afstaða er tekin til þess hvort eðlilegt sé að breyta hjúskaparlögum þannig að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem ávinnast meðan á hjónabandi stendur, skuli ekki falla utan skipta við hjónaskilnað þurfi að huga að eftirfarandi atriðum:

1. Í fyrsta lagi þarf að huga að gildistöku slíks ákvæðis. Meginreglan er að lög eru ekki afturvirk og því mundi lagabreyting aðeins ná til ellilífeyrisréttinda sem ávinnast eftir gildistöku laganna.
2. Þá þarf að hafa í huga að réttindi hjá lífeyrissjóðum eru verðmetin með tilliti til stöðu sjóðfélagans og koma þar inn þættir eins og aldur, kyn og fleira. Samkvæmt þeim reglum sem nú er unnið eftir mundi það raska fjárhagsstöðu sjóðanna ef hjónaskilnaður ætti að leiða til þess að réttindi væru yfirfærð til maka þannig að tekið yrði tillit til stöðu hans. Þannig þarf að taka afstöðu til þess hvort það eru réttindin sem slík eða verðmæti þeirra á ákveðnum tímapunkti sem eiga að koma til skipta. Ef niðurstaðan verður sú að réttindin sjálf komi til skipta eru líkur á því að slíkt hefði mikil fjárhagsleg áhrif fyrir lífeyrissjóðina og þær tryggingafræðilegu forsendur sem þeir vinna eftir.

3. Einnig þarf að huga að áhrifum umræddra breytinga á búskipti. Ef lífeyrisréttindi verða aðeins metin til fjár við hjónaskilnaði og gengið út frá því að sjálf réttindin séu óskiptanleg er hætt við að það gæti leitt til þvingaðra skipta, sérstaklega þar sem lífeyrisréttindi eru tiltölulega stór hluti af heildareignum búsins.
4. Ef valin er sú leið að maki njóti eftir skipti ákveðinnar hlutdeildar í réttindum sem ráðist áfram einungis af stöðu sjóðfélagans getur komið upp einkennileg staða, til dæmis ef fráskilinn sjóðfélagi verður öryrki. Í slíku tilviki gæti fyrrverandi maki mögulega fengið hlutdeild í útborguðum örorkulífeyri, en slíkt verður að teljast óeðlilegt. Þannig þyrfti að athuga hvort hægt er að takmarka hlutfallsrétt maka við elli- og fjölskyldulífeyrisréttindi.
5. Þá telur nefndin að samhliða vinnu við þetta mál eigi að huga að möguleikum þeirra sem eru utan vinnumarkaðar á að greiða til lífeyrissjóða og njóta beint eða óbeint sambærilegrar skattalegrar meðferðar og þeir sem afla tekna. Þannig gæti til dæmis komið til álita að heimila þeim makanum sem aflar tekna að draga iðgjald beggja frá tekjum sínum.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið hér er ljóst að kanna þarf margt betur áður en lagabreyting í þessa átt er afgreidd. Því hefur allsherjarnefnd falið nefndasviði Alþingis að vinna í sumar að mótun tillagna um málið í samvinnu við dómsmála- og fjármálaráðuneyti og mun nefndin taka málið til athugunar að nýju í haust.

Alþingi, 13. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Jónsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Kristján Pálsson.

1227. Svar [326. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um fjölda slysa á helstu ferðamannastöðum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu mörg slys hafa verið skráð á helstu ferðamannastöðum síðustu fimm árin? Svar óskast sundurliðað eftir árum og stöðum.

Þar sem þessar upplýsingar liggja ekki fyrir í samgönguráðuneytinu eða stofnunum þess ritaði ráðuneytið landlæknisembættinu bréf, dags. 18. febrúar sl., þar sem sagði m.a.:

„Hjá samgönguráðuneytinu og stofnunum þess liggja engar upplýsingar fyrir um efni fyrirspurnarinnar.

Fyrir þær sakir er fyrirspurninni beint til embættis yðar með ósk um að þér látið ráðuneytinu í té umbeðnar upplýsingar.

Ráðuneytið kann ekki að skilgreina hvað í hugtakinu „ferðamannastaður“ felst en telur þó að umferðarslys eða slys í bæjum og kauptúnum falli utan ramma fyrirspurnarinnar þótt það kunni í einstaka tilvikum að orka tvímælis. Á hinn bóginn hljóti útivistarsvæði, svo sem skíðasvæði og tjaldsvæði, að vera innan ramma fyrirspurnarinnar.“

Svar landlæknis barst ráðuneytinu í bréfi 11. mars sl. með eftirfarandi upplýsingum um slys í óbyggðum árin 1990–95:

	Íslendingar	Útlendingar
Dauðaslys 1990–94	13	5
Slys 1991–95 (Slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur)	75	15

Þar sem þetta svar fullnægði ekki fyrirspurn alþingismannsins að mati ráðuneytisins óskaði ráðuneytið eftir sundurliðun þessara talna eftir árum og stöðum, með bréfi 14. mars sl.

Þegar ekkert svar hafði borist frá embætti landlæknis 21. mars sl. ritaði ráðuneytið öllum sjúkrahúsum landsins, 15 að tölu, svo og Landsbjörgu, Landssambandi björgunarsveita, og Slysavarnafélagi Íslands sams konar bréf og sent var embætti landlæknis og óskaði eftir framangreindum upplýsingum.

Forsvarsmenn 12 sjúkrahúsa svöruðu fyrirspurn ráðuneytisins. Í öllum tilvikum kom fram að ekki væri fyrirliggjandi sérstök flokkun slysa eftir ferðamannastöðum og að ekki væri til skráning slysa eftir skíðasvæðum eða tjaldsvæðum. Frá sjúkrahúsinu á Akranesi kom eftirfarandi listi yfir slys í óbyggðum árin 1992–96:

1992	8 slys
1993	13 slys
1994	8 slys
1995	19 slys
1996	24 slys
Samtals	**72 slys**

Svör Landsbjargar, Slysavarnafélagsins og landlæknisembættisins voru eftirfarandi:

Landsbjörg.

Landsbjörg heldur enga skrá um slys sem verða á ferðamannastöðum eða annars staðar.

Allar slíkar skráningar eiga að vera í höndum landlæknisembættisins. Möguleiki er á að starfsmenn og landverðir Ferðafélags Íslands á helstu ferðamannastöðum og útivistarsvæðum geti veitt slíkar upplýsingar og/eða þau sjúkrahús eða þær heilsugæslustöðvar sem eru næstar stöðunum.

Vegna þessa var haft samband við Ferðafélag Íslands og kom fram í símtali að starfsmenn og landverðir félagsins skrá ekki slys á ferðamannastöðum enda telja þeir það ekki vera í sínum verkahring.

Slysavarnafélag Íslands.

Þann 1. apríl sl. barst Slysavarnafélaginu fyrirspurn ráðuneytisins um slys og slysaskráningu á ferðamannastöðum síðustu fimm árin. Slíkar upplýsingar eru því miður ekki til hjá félaginu og hefur engin sérstök skráning farið fram í þessu sviði.

Félagið tekur hins vegar undir nauðsyn þess að sérstaklega vel sé fylgst með hvaða slys eiga sér stað og tengjast ferðamannastöðum. Einnig tekur félagið undir það að nausynlegt sé að skilgreina við hvað er átt með orðinu „ferðamannastaður".

Hins vegar má benda á það að hægt er að hafa samband við sjúkrahúsin, heilsugæslustöðvar og almenna ferðamannastaði með fyrirspurn um slys á viðkomandi svæðum. Með því móti mætti ef til vill gera sér grein fyrir ástandi þessara mála.

Landlæknisembættið.

Með núverandi slysaskráningarkerfi er ekki mögulegt að finna upplýsingar um slys í óbyggðum, sundurliðað eftir árum og stöðum. Stefnt er að því að um næstu áramót verði allar heilsugæslustöðvar og bráðamóttökur sjúkrahúsa farnar að skrá slys eftir slysaskráningarkerfinu NOMESCO. Þá kemst á samræmd slysaskráning á öllu landinu. Sú skráning verður mun ítarlegri en sú sem nú er viðhöfð víðast hvar á landinu og þá verður hægt að svara spurningum eins og þeim sem Hjálmar Árnason alþingismaður er að óska svara við. Ekki er hægt að afla slíkra upplýsinga sem stendur en allt horfir til betri vegar.

1228. Svar [513. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um læknis- og lyfjakostnað.

1. *Hver var hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins árin 1993–96 í:*
   a. *kostnaði við heimilislækningar,*
   b. *kostnaði við sérfræðiþjónustu lækna,*
   c. *lyfjakostnaði,*
   d. *tannlæknakostnaði?*

   Svar óskast sundurgreint eftir fjölda lækna og greiðslum Tryggingastofnunar til þeirra á núgildandi verðlagi.

   Hverjar eru helstu skýringar ef um er að ræða útgjaldabreytingar milli ára umfram verðlagsþróun? Hver var þátttaka sjúklinga í heildarlæknis- og lyfjakostnaði árin 1993–96 skv. a–c-lið og sem hlutfall af heildarlæknis- og lyfjakostnaði? – Upphæðir óskast tilgreindar á núgildandi verðlagi, sundurliðaðar eftir árum.

Um hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við heimilislækningar, sérfræðiþjónustu lækna, lyf og tannlækningar vísast til meðfylgjandi yfirlits.

Helstu skýringar á útgjaldabreytingum milli ára eru eftirfarandi:

Heilsugæslu- og heimilislækningar.

Íslendingum fjölgar og meðalaldur þeirra fer hækkandi. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins eykst lækniskostnaður af þeim sökum um u.þ.b. 2,5% ár hvert. Að teknu tilliti til þessa koma fram sveiflur í kostnaði vegna heilsugæslu- og heimilislækninga á árunum 1995 og 1996. Annars vegar er um að ræða liðlega 8% hækkun milli áranna 1994 og 1995 og hins vegar um 5% lækkun milli áranna 1995 og 1996. Útgjaldahækkun milli áranna 1994 og 1995 má skýra með nýjum kjarasamningi við heilsugæslu- og heimilislækna sem tók gildi hinn 1. júní 1995 og hækkaði laun þeirra um 9–10%. Til samanburðar hækkaði launavísitala um 4,5% milli áranna 1994 og 1995 og neysluverðsvísitala um 1,4%. Lækkun kostnaðar vegna heilsugæslu- og heimilislækn-

inga milli áranna 1995 og 1996 skýrist af útgöngu heilsugæslulækna í tæpan einn og hálfan mánuð á árinu 1996. Útganga læknanna varð til þess að útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins urðu u.þ.b. 40 m.kr. lægri en ætla mátti.

Sérfræðilækningar.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins eykst sérfræðilækniskostnaður um u.þ.b. 2,5% ár hvert vegna fjölgunar Íslendinga og öldrunar. Hækkun sérfræðikostnaðar milli áranna 1993 og 1994 má að mestu skýra með tilfærslu á röntgenstarfsemi frá St. Jósefsspítala, Landakoti, til nýstofnaðs fyrirtækis, Læknisfræðilegrar myndgreiningar hf. Þessi tilfærsla hafði í för með sér að greiðslur sem áður höfðu verið bókaðar af Tryggingastofnun ríkisins með sérreikningum sjúkrastofnana bókast nú með sérfræðilækniskostnaði. Lækkun sérfræðikostnaðar milli áranna 1994 og 1995 skýrist af því að á árinu 1995 var settur kvóti á þann einingafjölda sem Tryggingastofnun ríkisins kaupir af sérfræðingum, þ.e. þegar ákveðnum einingafjölda er náð veita sérfræðingar stofnuninni afslátt af umsömdu einingarverði. Hækkun milli áranna 1995 og 1996 er tilkomin vegna nýs segulómtækis hjá Læknisfræðilegri myndgreiningu hf. sem leiddi til liðlega 70 m.kr. útgjaldaauka á árinu 1996.

Lyf.

Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfseðilsskyldra lyfja hefur aukist að meðaltali um 12–14% milli ára (verðlag hvers árs), þ.e. ef undanskilin eru þau ár sem sérstakar aðgerðir hafa verið í gangi til lækkunar lyfjakostnaðar. Ástæður fyrir þessari hækkun eru einkum:

— Ný og dýrari lyf koma á markað. Hér má nefna ný lyf fyrir krabbameinssjúklinga, MS-sjúklinga, alnæmissjúklinga, ný hormónalyf og geðdeyfðarlyf.
— Meðalaldur þjóðarinnar hækkar.
— Afköst sjúkrahúsa hafa aukist og sjúklingar útskrifast fyrr en áður. Þessir þættir, auk annarra, leiða til aukinnar lyfjanotkunar utan stofnana, sem aftur leiðir til aukinna útgjalda hjá Tryggingastofnun ríkisins.
— Almennar verðhækkanir.

Eftirfarandi tafla yfir lyfjakostnað á árunum 1993–1996 miðast við útsöluverð lyfja úr apóteki með virðisaukaskatti á verðlagi hvers árs. Hér er eingöngu um skráð lyf á hverjum tíma að ræða og engin sundurliðun á kostnaði almannatrygginga á móti kostnaði sjúklinga. Til viðbótar kemur kostnaður vegna óskráðra lyfja sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu í einstökum tilvikum og er stærsti hluti þeirra til notkunar á sjúkrastofnunum. Nákvæmar tölur um kostnað vegna þeirra liggja ekki fyrir, en könnun sem gerð var 1995 sýndi að á árinu 1994 var hann u.þ.b. 400 m.kr á heildsöluverði. Full ástæða er að ætla að þessi kostnaður hafi aukist verulega síðan þá.

Lyfin eru hér flokkuð eftir aðalverkun samkvæmt skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og flokkunum raðað í töfluna eftir lækkandi söluverði 1996.

Einkennandi fyrir þá lyfjaflokka sem mest hafa hækkað að krónutölu, tauga- og geðlyf, öndunarfæralyf, þvagfæralyf, kynhormón og hjarta- og æðalyf, er að í öllum þessum lyfjaflokkum hafa á undanförnum árum komið fram ný og mikilvirk lyf sem jafnframt eru dýr. Sérstaklega skal bent á dýrasta flokkinn, tauga- og geðlyf, sem hækkað hefur um 581 m.kr á tímabilinu. Þar munar mestu um örfá ný lyf í flokki geðdeyfðarlyfja sem hækkað hafa kostnaðinn um 246 m.kr. Þessi lyf eru hrein viðbót við þau geðdeyfðarlyf sem fyrir voru. Um kynhormónalyf er það að segja að á síðustu árum hefur

hormónameðferð við tíðahvarfavandamálum farið ört vaxandi jafnframt því að fram hafa komið ný, dýr lyfjaform sem auðvelda langtímameðferð.

Sama má segja um öndunarfæralyfin. Þar hafa komið ný, dýr lyf og lyfjaform við astma. Allar þessar nýjungar hafa verið teknar hratt í notkun hér og allar eru að mestum hluta greiddar af almannatryggingum.

Rétt er að geta þess að nýjungar leiða ekki alltaf til aukins kostnaðar eins og sjá má í flokki meltingarfæralyfja. Þar hefur bylting í meðferð sársjúkdóms leitt til þess að kostnaður hefur svo til staðið í stað og vænta má lækkunar þegar fram í sækir. Jafnframt hefur með samstilltu átaki tekist að hefta kostnaðaraukningu og notkun sýkingalyfja, en notkun og kostnaður þessara tveggja lyfjaflokka var í örustum vexti á síðasta áratug.

	Verðmæti í mkr apóteksverð m. vsk (verðlag hvers árs)				Hækkun 1993-1996	
	1993	1994	1995	1996	mkr	%
Tauga-og geðlyf	1.065,0	1.264,8	1.463,3	1.646,5	**581,5**	54,6%
Hjarta-og æðasj.	692,4	746,8	777,8	801,5	**109,1**	15,8%
Meltingarfæralyf	737,5	722,5	766,4	760,6	23,1	3,1%
Öndunarfæralyf	425,3	514,9	605,8	699,1	**273,8**	64,4%
Sýkingalyf	580,3	615,1	547,4	622,5	42,2	7,3%
Þvagfæral.kynhorm.	318,6	403,8	474,0	525,6	**207,0**	65,0%
Húðlyf	310,7	363,0	372,2	372,4	61,7	19,9%
Blóðlyf	243,5	269,7	258,5	299,3	55,8	22,9%
Vöðva-og beinasj.	230,0	245,5	254,9	292,2	62,2	27,0%
Krabbameinslyf	162,5	206,3	218,9	204,8	42,2	26,0%
Ymis lyf	165,8	181,8	174,1	167,7	1,8	1,1%
Augn-og eyrnalyf	126,9	134,3	140,8	162,9	36,1	28,4%
Hormónalyf	108,8	119,4	131,2	136,5	27,7	25,4%
Sníklalyf	21,4	25,4	28,4	33,8	12,4	58,2%
alls	5.188,652	5.813,180	6.213,594	6.725,364	1.536,7	29,6%



Tannlækningar.

Lækkun tannlæknakostnaðar milli áranna 1993 og 1994 má skýra með breytingum á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra vegna tannlæknaþjónustu og gætti áhrifa breyttrar greiðsluþátttöku einnig milli áranna 1994 og 1995. Hækkun kostnaðar milli áranna 1995 og 1996 er fyrst og fremst vegna aukinna útgjalda Tryggingastofnunar ríkisins af tannréttingum.

Um þátttöku sjúklinga í heildarlæknis- og lyfjakostnaði vísast til eftirfarandi, en ekki liggja fyrir allar umbeðnar upplýsingar þar að lútandi:

Heilsugæslu- og heimilislækningar.

Rekstur heilsugæslustöðva er fjármagnaður með fjárveitingum á fjárlögum, komugjöldum sjúklinga og greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Föst laun heilsugæslulækna eru greidd af framlögum til heilsugæslunnar, en auk þess fá þeir greiðslur fyrir læknisverk, svonefndar einingagreiðslur, frá Tryggingastofnun ríkisins. Sjálfstætt starfandi heimilislæknar fá allar sínar greiðslur, að frátalinni greiðsluþátttöku sjúklinga, frá Tryggingastofnun ríkisins, annars vegar í formi rekstrarstyrks og ígildi fastra launa heilsugæslulækna og hins vegar í formi einingagreiðslna fyrir hvert læknisverk. Stór hluti af

kostnaði við heilsugæslu og heimilislækningar fer í gegnum heilsugæsluna, sem sinnir auk heimilislækninga margvíslegri heilsuvernd auk annarra verkefna, svo sem skólatannlækningum í Reykjavík og sjúkraflutningum. Ekki er því unnt að svara innan þess frests sem gefinn er spurningunni um þátttöku sjúklinga í heildarkostnaði við heimilislækningar. Til að svara þeirri spurningu þarf ráðuneytið mun meiri tíma. Upplýsingar um svonefnd komugjöld, þ.e. greiðslur sjúklinga fyrir viðtöl á heilsugæslustöðvum, liggja þó fyrir en þau námu liðlega 180 m.kr. á árinu 1993. Greiðslur sjúklinga til sjálfstætt starfandi heimilislækna eru þá ekki taldar með. Heildarútgjöld ríkisins það ár vegna heilsugæslu og heimilislækninga voru liðlega 2.500 m.kr. (greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins meðtaldar að frátöldum greiðsluhluta sjúklinga til sjálfstætt starfandi heimilislækna). Greiðsluþátttaka sjúklinga (þ.e. svonefnd komugjöld) var um 7,2% af heildargjöldum ríkisins vegna heilsugæslu og heimililækninga á árinu 1993. Ítrekaðir eru þó þeir fyrirvarar sem fyrr eru nefndir. Samkvæmt reglugerð nr. 68/1996, sem tók gildi 30. janúar 1996, hækkaði greiðsla sjúkratryggðra fyrir þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu. Endanlegur reikningur vegna heilsugæslunnar fyrir árið 1996 liggur ekki fyrir en ef miðað er við áætlaða útkomu ársins er greiðsluþátttaka sjúklinga tæp 8% af heildarútgjöldum ríkisins vegna heilsugæslu og heimilislækninga (sömu forsendur og fyrir árið 1993).

Sérfræðiþjónusta.

Heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna sérfræðilæknisþjónustu var samkvæmt innsendum reikningum 1.593 m.kr. á árinu 1995, þar af var hlutur stofnunarinnar 1.093 m.kr. Þátttaka sjúklings í heildarsérfræðikostnaði var þar af leiðandi 500 m.kr. eða um 31,4%. Á árinu 1996 var heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilæknisþjónustu samkvæmt innsendum reikningum 1.744 m.kr., þar af var hlutur stofnunarinnar 1.231 m.kr. Þátttaka sjúklings í heildarsérfræðikostnaði var þar af leiðandi 513 m.kr. eða um 29,4%. Hlutur sjúklings í heildarkostnaði lækkar milli áranna 1995 og 1996 þrátt fyrir hækkun á greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra, sbr. reglugerð nr. 68/1996. Þetta skýrist m.a. af því að Tryggingastofnunin er að greiða fyrir dýrari rannsóknir og að fjárhæð sú sem afsláttarskírteini sjúklinga hefur verið miðuð við breyttist ekki þrátt fyrir hækkun greiðsluhlutdeildar sjúkratryggðra í byrjun árs 1996.

Lyf.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins var heildarkostnaður lyfseðilsskyldra lyfja sem hér segir á árunum 1993–96 (tölur í m.kr. og á verðlagi hvers árs):

	1993	1994	1995	1996
Heildarkostnaður	3.822	4.266	4.575	5.216
Hluti Tryggingastofnunar	2.560	2.901	3.225	3.547
Hluti sjúklings	1.262	1.365	1.350	1.669
Hluti sjúklings sem % af heild	33,0	32,0	29,5	32,0

Tannlækningar.

Heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannlæknaþjónustu var samkvæmt innsendum reikningum 891 m.kr. á árinu 1995, þar af var hlutur stofnunarinnar 647 m.kr. Þátttaka sjúklings í heildarkostnaði var þar af leiðandi 244 m.kr. eða um 27,3%. Á árinu 1996 var heildarkostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt innsendum reikningum 1.043 m.kr., þar af var hlutur stofnunarinnar 755 m.kr. Þátttaka sjúklinga í heildarkostnaði var þar af leiðandi 288 m.kr. eða um 27,6%.

Tannlækningar hafa þá sérstöðu að ekki er um að ræða greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í tannlækningum annarra en þeirra sem eru 16 ára og yngri og elli- og örorkulífeyrisþega. Heildarkostnaður við tannlækningar landsmanna liggur því ekki fyrir með sama hætti og kostnaður við þjónustu sérfræðilækna og heilsugæslu- og heimilislækna.

Yfirlit læknis- og lyfjakostnaðar árin 1993–96.

Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins á verðlagi hvers árs í þús. kr.

	1993	1994	1995	1996
Heilsugæslu- og heimilislæknar*	432.065	447.561	490.871	479.183
Sérfræðilæknar	938.620	1.129.115	1.078.863	1.248.621
Lyf	2.560.554	2.900.915	3.224.978	3.546.955
Tannlæknar	776.600	696.180	703.703	807.182

*Án læknavaktar í Reykjavík.

Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins á núgildandi verðlagi í þús. kr.
(Miðað við neysluverðsvísitölu marsmánaðar 1997.)

	1993	1994	1995	1996
Heilsugæslu- og heimilislæknar[1]	460.550	469.130	507.251	482.351
Sérfræðilæknar	1.000.501	1.183.530	1.114.865	1.256.876
Lyf	2.729.365	3.040.718	3.332.598	3.570.405
Tannlæknar	827.799	729.730	727.186	812.518

Kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins sundurgreindur eftir fjölda lækna.
(Tölur í þús. kr. á verðlagi marsmánaðar 1997.)

	1993	1994	1995	1996
Heilsugæslu- og heimilislæknar	460.550	469.130	507.251	482.351
Fjöldi heilsugæslu- og heimilislækna[1]	199	202	205	207
Meðalgreiðsla á hvern lækni	2.314	2.322	2.474	2.330
Sérfræðilæknar	1.000.501	1.183.530	1.114.865	1.256.876
Fjöldi sérfræðinga[2]	383	388	398	388
Meðalgreiðsla á hvern sérfræðing	2.612	3.050	2.801	3.239
Tannlæknar	827.799	729.730	727.186	812.518
Fjöldi tannlækna[3]		259	275	273
Meðalgreiðsla á hvern tannlækni		2.817	2.644	2.976

[1] Fjöldi heilsugæslu- og heimilislækna sem að jafnaði senda reikninga í hverjum mánuði.
[2] Fjöldi sérfræðinga sem hafa sent reikninga til Tryggingastofnunar ár hvert
[3] Fjöldi tannlækna sem hafa sent reikninga til Tryggingastofnunar ár hvert. Upplýsingar um fjölda tannlækna á árinu 1993 liggja ekki fyrir.

2. *Hver hefur orðið hlutfallsleg hækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga á framangreindu tímabili miðað við grunnhækkun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar?*

Grunnlífeyrir og tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega hefur hækkað sem hér segir tímabilinu 1993–96 (bótataxtar á mánuði fyrir einstaklinga, kr.):

	Janúar 1993	Desember 1996	Breyting %
Ellilífeyrir	12.329	13.373	8,47
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	22.684	24.605	8,47
Örorkulífeyrir	12.329	13.373	8,47
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega	23.320	25.294	8,46

Hlutfallsleg hækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga utan sjúkrahúsa, hjúkrunar- og dvalarheimila á sama tímabili er sem hér segir:

Lyf.

Hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði lyfseðilsskyldra lyfja hefur aukist úr u.þ.b. 29–30% í byrjun árs 1993 í u.þ.b. 31–32% á árinu 1996, en Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar. Á móti hækkun á hlut sjúklings í lyfjakostnaði hefur álagning, bæði í heildsölu og smásölu, lækkað á tímabilinu. Þá hefur hámarksgreiðslu sjúklings verði haldið óbreyttri. Einnig er rétt að geta mikillar breytingar á lyfjavali þannig að neyslan hefur í auknum mæli færst frá dýrari lyfjum til ódýrari.

Á síðastliðnu ári fóru apótekin að veita afslátt af greiðsluhluta sjúklings í lyfjum. Hér er því eingöngu unnt að bera saman meðalhlutdeild sjúklinga í skráðu lyfjaverði en upplýsingar liggja ekki fyrir um hve mikið afsláttarkjör sem apótek veita lækka meðalhlutdeildina.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Fyrir 12. janúar 1993 var í gildi reglugerð nr. 194/1992, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þeirri reglugerð var greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgen sem hér segir:

— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, sem leita til sérfræðings greiða fyrstu 1.500 kr. fyrir hverja komu. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða fyrir hverja komu til sérfræðings, 500 kr.

— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 1.500 kr. fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 500 kr.

— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 600 kr. af kostnaði við hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar á rannsóknarstofu. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 200 kr.

— Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, greiða fyrstu 600 kr. af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiða 200 kr.

Í reglugerð nr. 14/1993 var kveðið á um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgen. Með reglugerðinni, sem tók gildi 12. janúar 1993, var ákveðið að taka upp hlutfallsgreiðslu, þ.e. 1.200 kr. + 40% af heildarverði fyrir komu til sérfræðings á stofu og á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. nánar hér á eftir.

Samkvæmt reglugerð nr. 68/1996, sem tók gildi 30. janúar 1996, urðu breytingar á greiðslu sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgen.

Á tímabilinu 1993–96 urðu eftirfarandi breytingar á hlutdeild sjúklinga í sérfræðilækniskostnaði, sbr. fyrrnefndar reglugerðir nr. 14/1993 og 68/1996:

a. Fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa hefur hlutdeild sjúkratryggðra hækkað úr 1.200 kr. + 40% af umsömdu eða ákveðnu verði í 1.400 kr. + 40%. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta hefur hækkað úr 400 kr. + ⅓ af 40% af umsömdu eða ákveðnu verði í 500 kr. + ⅓ af 40%.

b. Gjald fyrir hverja komu á rannsóknarstofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknarstofa hefur hækkað úr 900 kr. í 1.000 kr. eða um 11,1%. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta er óbreytt, 300 kr.
c. Gjald fyrir röntgen hefur hækkað úr 900 kr. í 1.000 kr. eða um 11,1%. Hlutdeild lífeyrisþega og barna sem njóta umönnunarbóta er óbreytt, 300 kr.

Þá hefur sú breyting einnig orðið á tímabilinu að sjúkratryggðir á aldrinum 67–70 ára greiða nú sama gjald og sjúkratryggðir á aldrinum 16–66 ára, þ.e. 1.400 kr. + 40% fyrir komu til sérfræðings á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku og 1.000 kr. fyrir komu á rannsóknarstofu og í röntgenrannsókn. Þetta tekur þó ekki til örorkulífeyrisþega, ellilífeyrisþega 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris og ellilífeyrisþega 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.

Hlutfallsleg hækkun sérfræðiþjónustunnar á tímabilinu 1993–96 er breytileg þar sem um er að ræða hlutfallsgjald sem er þannig reiknað að sjúkratryggðir greiða fyrst fasta upphæð og síðan ákveðið hlutfall af því sem þá stendur eftir af umsömdu eða ákveðnu heildarverði. Til frekari upplýsinga um hlutfallslega hækkun sérfræðikostnaðar sjúklinga eru hér tekin tvö dæmi.

— Fyrir viðtal og skoðun hjá lyflækni án sérgreindra rannsókna eða aðgerða greiddi sjúklingur 1.692 kr. í byrjun árs 1993. Hlutdeild sjúklings í sams konar viðtali var 1.924 kr. í lok árs 1996. Hlutfallsleg hækkun er 13,7%
— Útreiknað meðalverð á slysastofu fyrir nýkomu var samkvæmt upplýsingum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur 2.248 kr. í upphafi árs 1993. Í lok árs 1996 var útreiknað meðalverð 2.370 kr. Hlutfallsleg hækkun er 5,4%.

Heilsugæsluþjónusta.

Fyrir 12. janúar 1993 var í gildi reglugerð nr. 194/1992, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt reglugerðinni var greiðsla sjúkratryggðra fyrir þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu sem hér segir:

— Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma, 600 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta samkvæmt reglugerð nr. 150/1992 og eru eldri en 6 ára, 200 kr.
— Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, 1.000 kr. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta og eru eldri en 6 ára, 350 kr.
— Fyrir vitjun 1.000 kr. á dagvinnutíma og 1.500 kr. utan dagvinnutíma. Elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 350 kr. fyrir vitjun á dagvinnutíma og 500 kr. fyrir vitjun utan dagvinnutíma.

12. janúar 1993 tók gildi reglugerð nr. 14/1993, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna almennrar heilsugæslu. Sú reglugerð var í gildi til 30. janúar 1996 er reglugerð nr. 68/1996 tók gildi.

Á tímabilinu 1993 til 1996 urðu eftirfarandi breytingar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu, sbr. fyrrnefndar reglugerðir nr. 14/1993 og 68/1996:

a. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma hefur greiðsla sjúkratryggðra hækkað úr 600 kr. í 700 kr. eða um 16,7%. Greiðsla lífeyrisþega, barna sem njóta umönnunarbóta og barna yngri en 16 ára hefur hækkað úr 200 kr. í 300 kr. eða um 50%.

b. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma hefur greiðsla sjúkratryggðra hækkað úr 1.000 kr. í 1.100 kr. eða um 10,0%. Greiðsla lífeyrisþega, barna sem njóta umönnunarbóta og barna yngri en 16 ára hefur hækkað úr 400 kr. í 500 kr. eða um 25,0%.
c. Fyrir vitjun á dagvinnutíma hefur greiðsla sjúkratryggðra hækkað úr 1.000 kr. í 1.100 kr. eða um 10,0%. Greiðsla lífeyrisþega, barna sem njóta umönnunarbóta og barna yngri en 16 ára er óbreytt, 400 kr.
d. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma hefur greiðsla sjúkratryggðra hækkað úr 1.500 kr. í 1.600 kr. eða um 6,7%. Greiðsla lífeyrisþega, barna sem njóta umönnunarbóta og barna yngri en 16 ára er óbreytt, 600 kr.

Þá hefur sú breyting einnig orðið á tímabilinu að sjúkratryggðir á aldrinum 67–70 ára greiða nú sama gjald og sjúkratryggðir á aldrinum 16–66 ára. Það gildir þó ekki um örorkulífeyrisþega, ellilífeyrisþega 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris og ellilífeyrisþega 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.

1229. Frumvarp til laga [90. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „10 klukkustunda“ í 1. mgr. 52. gr. laganna kemur: 11 klukkustunda.

2. gr.

59. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði þessa kafla gilda um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

3. gr.

60. gr. laganna orðast svo:

Börn má ekki ráða til vinnu.

Heimilt er að víkja frá meginreglu 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Börn er heimilt að ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Sá sem ræður börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri skal afla leyfis frá Vinnueftirliti ríkisins áður en til ráðningar kemur.
b. Heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

c. Heimilt er að ráða börn sem náð hafa 14 ára aldri til starfa af léttara tagi. Börn, sem náð hafa 13 ára aldri, má ráða til starfa af léttara tagi í takmarkaðan stundafjölda á viku, svo sem léttra garðyrkju- og þjónustustarfa og annarra hliðstæðra starfa.

4. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Unglinga er heimilt að ráða til vinnu með þeim takmörkunum sem greinir í kafla þessum.

5. gr.

62. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að ráða ungmenni til vinnu sem unnin er við eftirfarandi aðstæður:

a. Vinnu sem líklega er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra.
b. Vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni.
c. Vinnu þar sem hætta er á skaðlegri geislun.
d. Vinnu þar sem fyrir hendi er slysahætta sem gera má ráð fyrir að börn og unglingar geti átt í erfiðleikum með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
e. Vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu þeirra vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.

Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga.

6. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Virkur vinnutími barna, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., er takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.
b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukkustundir.
c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.
d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

Virkur vinnutími unglinga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. mgr. greinar þessarar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.

Ef daglegur, virkur vinnutími er lengri en fjórir tímar á barn og unglingur rétt á minnst 30 mínútna hléi á hverjum degi sem skal vera samfellt ef kostur er.

7. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. a, er orðast svo:

Óheimilt er að láta börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6. Óheimilt er að láta unglinga vinna á tímabilinu frá kl. 22 til kl. 6.

Heimilt er að víkja frá ákvæði 2. málsl. 1. mgr. þessarar greinar á sérstökum starfssviðum, enda skal fullorðinn einstaklingur hafa umsjón með unglingnum ef þörf er á slíkri umsjón til verndar honum. Þó er óheimilt að láta ungling vinna á tímabilinu frá kl. 24 til kl. 4.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum og störf á sviði menningarmála, lista, íþrótta eða auglýsinga.

Unglingar eiga, áður en þeir hefja næturvinnu og með reglulegu millibili eftir það, rétt á heilbrigðisskoðun og athugun á vinnuhæfni sinni sér að kostnaðarlausu, nema þeir vinni einungis í undantekningartilvikum á þeim tíma sem vinna er bönnuð. Framkvæmd slíkrar skoðunar er á ábyrgð viðkomandi atvinnurekanda.

8. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. b, er orðast svo:

Börn, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., skulu fá minnst 14 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring.

Á hverju sjö daga tímabili skulu börn sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr. laga þessara og unglingar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil sem skal vera samfellt ef kostur er. Lágmarkshvíldartími þessi skal að jafnaði taka til sunnudags.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. greinar þessarar þegar um er að ræða vinnu sem er skipt upp yfir daginn eða varir í stuttan tíma hverju sinni.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. greinar þessarar þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Undanþága þessi á við þegar um er að ræða vinnu á sjúkrastofnunum eða sambærilegum stofnunum, störf á sviði landbúnaðar, ferðamála eða í hótel- og veitingarekstri og vinnu sem er skipt upp yfir daginn.

9. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. c, er orðast svo:

Í óviðráðanlegum tilvikum (force majeure) sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað er heimilt að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglingarnir fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum.

10. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. d, er orðast svo:

Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafríi stendur.

11. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. e, er orðast svo:

Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum. Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu.

12. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr. f, er orðast svo:

Ráðherra skal að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja nánari reglur um leyfisveitingar skv. a-lið 2. mgr. 60. gr., heimild til að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi skv. b-lið 2. mgr. 60. gr., hvað teljist störf af léttara tagi og við hvaða skilyrði þau skuli unnin skv. c-lið 2. mgr. 60. gr., skilyrði og takmörk vegna frávika skv. 3. mgr. 63. gr., frávik skv. 2. og 3. mgr. 63. gr. a og 2.–4. mgr. 63. gr. b og um framkvæmd 62. gr., 63. gr. c og 63. gr. e.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1230. Þingsályktun [72. mál]

um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu á grundvelli þeirra meginforsendna og markmiða sem lýst er í þingsályktun þessari. Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að framkvæma þær aðgerðir sem kveðið er á um í ályktuninni.

I. KAFLI

Meginforsendur fjölskyldustefnu.

Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda. Ríkisstjórn og sveitarstjórnum á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu.

Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

a. að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar,
b. að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla,
c. að fjölskyldulífið veiti einstaklingum, einkum börnum, öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta.

II. KAFLI
Almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu.

1. Að skapa skilyrði til þess að ná jafnvægi milli fjölskyldulífs og atvinnu. Að leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra í heimilishaldi og við umönnun og uppeldi barna sinna.
2. Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar, starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna, m.a. með fjölskylduráðgjöf.
3. Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum.
4. Að gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar verði varðveitt og þess verði meðal annars gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti.
5. Að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði kynnt og skilgreind í lögum.
6. Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka. Öldruðum verði gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er.
7. Að tekið verði mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu, útivistar og umferðaröryggis.
8. Að fjölskyldur fatlaðra, sjúkra og annarra hópa njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Grundvallarréttur þeirra til fjölskyldustofnunar, heimilis og virkrar þátttöku í samfélaginu verði virtur.
9. Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi.
10. Að unnið sé gegn misrétti í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar og í garð fjölskyldna samkynhneigðra.
11. Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar.
12. Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með auknum stuðningi við fjölskyldurannsóknir og fræðslu um fjölskylduáætlanir.

III. KAFLI
Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar.

1. Fjölskylduráð.

Stofnað verði opinbert fjölskylduráð sem hafi það hlutverk að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar. Fjölskylduráðið verði skipað fimm mönnum. Tveir verði kosnir hlutfallskosningu af Alþingi, einn tilnefndur af skólum á háskólastigi, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en félagsmálaráðherra skipi þann fimmta án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Fulltrúar í fjölskylduráði skulu hafa víðtæka þekkingu eða reynslu af málefnum fjölskyldunnar. Starfsemi fjölskylduráðsins skal heyra undir félagsmálaráðuneyti.

Hlutverk fjölskylduráðs skal m.a. vera eftirfarandi:

a. að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum,
b. að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,
c. að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar og veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum,
d. að hvetja til aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu,
e. að stuðla að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna.

2. *Barnafjölskyldur.*

Staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og úrbætur gerðar þar sem nauðsynlegt er talið.

3. *Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs.*

Að feðrum verði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann.

4. *Tillaga um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð.*

Sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981.

1231. Lög [237. mál]

um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1087.

1232. Lög [409. mál]

um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1009 (sbr. 706).

1233. Lög [408. mál]

um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1017.

1234. Lög [407. mál]

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1086.

1235. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Jón Þórodd Jónsson og Friðrik Friðriksson frá Pósti og síma hf.

Á undanförnum áratugum hefur samstarf Íslendinga við aðrar þjóðir aukist hröðum skrefum á flestum sviðum. Þessari þróun verður ekki snúið við og Íslendingum er nauðsynlegt að sinna alþjóðasamskiptum vel. Ávinningi af þessum samskiptum fylgir einnig kostnaður sem sjálfsagt er að leitast við að takmarka eins og kostur er, m.a. með notkun nýrrar tækni í fjarskiptamálum. Tekur nefndin að þessu leyti undir efni tillögunnar. Mörg einkafyrirtæki hafa tekið nýja fjarskiptatækni í þjónustu sína og mikilvægt er að hið opinbera geri það einnig í þeim tilvikum þar sem slíkt horfir til hagræðis. Í tillögunni felst þörf ábending til opinberra aðila um að kanna slíka kosti til hlítar. Með vísan til þess leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 7. maí 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Össur Skarphéðinsson.	Tómas Ingi Olrich.	Árni R. Árnason.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Hjálmar Árnason.	Hjálmar Jónsson.

1236. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá sérnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson skrifstofustjóra og Láru Sverrisdóttur lögfræðing, frá Ríkisendurskoðun og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason skrifstofustjóra, frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, Félagi löggiltra endurskoðenda, fjármálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg sem og frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. 2. mgr. 1. gr. verði felld brott þar sem efni hennar kemur fram í 3. gr.
2. Að horfið verði frá þeirri tilhögun 2. gr. að forsætisnefnd ákvarði launakjör ríkisendurskoðanda. Ákvörðun um launakjör hans heyri því áfram undir Kjaradóm. Þá þykir ákvæði um ráðningu starfsmanna eiga betur heima hér en í 2. mgr. 3. gr.
3. Lagt er til að orðalag 3. gr. verði einfaldað og gert skýrara. Þá þykir nefndinni eðlilegra að tala um að það sé stofnunin Ríkisendurskoðun sem slík er sé engum háð í störfum sínum en ekki bara embættismaðurinn ríkisendurskoðandi.
4. Lagt er til að orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. verði skipt upp í tvo málsliði. Annars vegar verði afdráttarlaust kveðið á um það að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkið á að hálfu eða meira. Hins vegar að í þeim tilvikum þegar ríkissjóður á helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kjörinn á aðalfundi, skuli fulltrúi þess ráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins í hlutaðeigandi fyrirtæki gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga fyrirtækisins. Ekki þykir rétt að láta aðrar reglur gilda í þessum efnum þegar ríkið á í hlut heldur en almennt gilda samkvæmt félagarétti. Hins vegar er með þessu tryggt að Ríkisendurskoðun fari með endurskoðunarumboðið í þessum fyrirtækjum. Eftir sem áður mun Ríkisendurskoðun á grundvelli 4. gr. geta falið löggiltum endurskoðendum að endurskoða reikninga þessara aðila. Þannig liggur t.d. alveg ljóst fyrir að Ríkisendurskoðun mun áfram verða endurskoðandi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands eftir að þeir hafa verið gerðir að hlutafélögum um næstu áramót eða svo lengi sem ríkið á a.m.k. helmingshlut í hvorum banka fyrir sig. Þá eru lagðar til tvær aðrar breytingar á 6. gr. Annars vegar að í samræmi við hugtakanotkun í frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins verði talað um samninga um rekstrarverkefni þegar verið er að vísa í samninga sem í daglegu tali eru oft nefndir þjónustusamningar. Hins vegar að í ákvæðið komi heimild fyrir Ríkisendurskoðun til að innheimta af þeim ríkisaðilum sem um getur í 2. mgr. gjald sem nemur kostnaði við endurskoðun ársreikninga hvers aðila fyrir sig.
5. Lagðar eru til lagfæringar á orðalagi 7. gr. á tveimur stöðum.
6. Á 8. gr. eru einnig lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar.

7. Lagt er til að við 9. gr. bætist ákvæði sem tryggi að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem um ræðir í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., enda þótt öðrum sé í sérlögum falin endurskoðun þeirra. Sem dæmi um þetta má taka fyrirtæki eins og Landsvirkjun.
8. Þá eru lagðar til tvær breytingar á 11. gr. Annars vegar orðalagsbreyting í samræmi við breytingu á 3. og 7. gr. Hins vegar er lagt til að ákvæðið verði rýmkað þannig að það verði ekki bara fjárlaganefnd heldur allar nefndir þingsins sem geti haft frumkvæði að því að Ríkisendurskoðun beiti skoðunarheimildum sínum skv. 7. og 9. gr. gagnvart einstökum aðilum, þó þannig að um slíkar beiðnir fari eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur. Ríkisendurskoðun hefur samt alltaf ákvörðunarvaldið um það hvort hægt sé að verða við slíkum óskum sem fram koma.

Alþingi, 12. maí 1997.

Sturla Böðvarsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Ágúst Einarsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Pétur H. Blöndal.
Sighvatur Björgvinsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Árni M. Mathiesen.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Kristinn H. Gunnarsson.	

1237. Breytingartillögur [262. mál]

við frv. til l. um Ríkisendurskoðun.

Frá sérnefnd.

1. Við 1. gr. 2. mgr. falli brott.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „forsætisnefnd Alþingis“ í 3. málsl. komi: Kjaradómi.
   b. Á eftir 3. málsl. komi nýr málsliður sem orðist svo: Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafið skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.
   Starfsmenn Ríkisendurskoðunar skulu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.
4. Við 6. gr.
   a. Í stað 1. málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila.

b. Í stað orðsins „rekstur“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: rekstrarverkefni.
c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ríkisendurskoðun er heimilt að taka gjald fyrir fjárhagsendurskoðun á ársreikningum ríkisaðila sem um ræðir í 2. mgr. er nemi þeim kostnaði sem af endurskoðuninni hlýst.

5. Við 7. gr.
a. Í stað orðsins „grundvallargögnum“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: frumgögnum.
b. Í stað orðsins „ríkisendurskoðandi“ í 3. mgr. komi: Ríkisendurskoðun.

6. Við 8. gr.
a. Á eftir orðunum „Fjárhagsendurskoðun skal“ í upphafi 8. gr. komi: samkvæmt góðri endurskoðunarvenju.
b. Í stað orðanna „góðar reikningsskilavenjur“ í 1. tölul. komi: góða reikningsskilavenju.
c. Í stað orðsins „þjónustusamninga“ í 3. tölul. komi: samninga um rekstrarverkefni.

7. Við 9. gr.
a. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Enn fremur getur Ríkisendurskoðun gert stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þó að öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra.
b. Í stað orðsins „Einnig“ í upphafi 2. málsl. 1. mgr. komi: Þá.

8. Við 11. gr.
a. Í stað orðanna „ríkisendurskoðandi“ og „hann“ í fyrri málslið komi: Ríkisendurskoðun, og: stofnunin.
b. Í stað orðanna „Fjárlaganefnd getur“ í upphafi síðari málsliðar komi: Þingnefndir geta, samkvæmt nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

1238. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um samningsveð.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar.

Annar minni hluti nefndarinnar er andvígur því ákvæði 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér heimild til veðsetningar á kvóta með skipi.

Sameign þjóðarinnar veðsett.

Rökstuðningur meiri hlutans um að ekki sé verið að veðsetja kvóta er ekki nægilega trúverðugur, í fyrsta lagi vegna þess að skip og aflahlutdeild verða ekki aðskilin án samþykkis veðhafa, en í öðru lagi bannar ákvæði fyrri málsliðar 4. mgr. veðsetningu á kvóta sem síðan er tekið aftur í síðari málsliðnum. Þannig er heimiluð veðsetning á kvótanum með skipinu með því að málsgreinin kveður á um að hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindi frá fjárverðmætinu, nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti. Með síðari málsliðnum er merking fyrri málsliðarins óljós. Því virðist það orð-

hengilsháttur hjá þeim sem halda því fram að ákvæði greinarinnar heimili ekki veðsetningu á kvóta.

Þótt því sé haldið fram, m.a. í lögfræðiálitum, að aflaheimildir geti ekki talist sjálfstætt veðandlag hefur því ekki verið mótmælt að samkvæmt frumvarpinu fylgir aflahlutdeild fiskiskipi við veðsetningu. Þannig er 4. mgr. 3. gr. skýr að því leyti að hún segir að þótt ekki sé heimilt að veðsetja kvótann einan og sér sé heimilt að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. Um það hvort ákvæði frumvarpsins veiti heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips segir m.a. í áliti Þórunnar Guðmundsdóttir hrl.: „Enda þótt bann sé lagt við veðsetningu þessara réttinda, þá verða þau hluti af veðsetningu fjárverðmætanna . . . ". Í því áliti kemur einnig fram, eins og 2. minni hluti hefur haldið fram, að það sé orðhengilsháttur að telja að réttindin verði ekki veðsett því að réttindin verði ekki skilin frá fjárverðmætinu sem þau eru skráð á við veðsetningu. 2. minni hluti tekur undir það sem fram kemur í umsögn Sjómannasambands Íslands að lítil efnisbreyting hafi í reynd orðið á frumvarpinu frá því sem fyrri frumvörp gerðu ráð fyrir því að enn gerir ákvæði frumvarpsins ráð fyrir heimild útgerðarmanna til að veðsetja aflaheimildir þótt það sé fært í annan búning. Það breytir ekki þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar *að heimila veðsetningu á auðlind sem er sameign þjóðarinnar.*

Með lagabreytingunni er m.a. verið að firra lánastofnanirnar sjálfar og lánveitendur ábyrgð á lánaviðskiptum sínum með því að heimila þeim veðsetningu í kvóta sem er skv. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sameign þjóðarinnar. Hér á með heimild frá Alþingi að heimila útgerðarmönnum að veðsetja eign sem er eign allrar þjóðarinnar. Með þessu eru forréttindi útgerðaraðila sem geta hagnast á sölu eða leigu á kvóta fullkomnuð og nú á að heimila þeim að veðsetja aflaheimildar með skipi eins og hverja aðra þinglýsta eign sína. Þannig þurfa útgerðaraðilar ekki að sæta sömu viðskiptalögmálum og aðrir lántakendur sem ekki geta tekið veð í sameiginlegri þjóðareign ef veð í þeirra eigin eignum er ekki til staðar.

Grafið undan sameignarákvæðinu um stjórn fiskveiða.

Annar minni hluti telur að með 4. mgr. 3. gr. sé grafið undan sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og stuðlað að því að kvótinn geti í meiri mæli orðið eign fjármálastofnana og þar með gert það erfiðara að breyta stjórnkerfi fiskveiða. Um það segir í áliti Arnmundar Backmans hrl. sem lagt var fyrir allsherjarnefnd og beðið um af Kristjáni Pálssyni alþingismanni:

„Eftir kynni mín af svokölluðum kvótasölum og stöðu sjómanna í þeim efnum, veit ég að þessi viðskipti ganga út á það leynt og ljóst að brjóta lög og samninga á sjómönnum til að fjármagna kvótakaup. Löggjafinn og dómstólar hafa reynt að stemma stigu við því en án árangurs. Ég held því þess vegna fram að daginn eftir samþykkt frumvarps sem heimilar það sem 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins heimilar, upphefjist víðtæk og umfangsmikil veðsetning á skipum og aflahlutdeild saman, ýmist til að fjármagna kvótakaupin sjálf, en einnig til annarra þarfa. Innan skamms verður ráðstöfunarréttur aflahlutdeildar íslenskra veiðiskipa í stórum stíl hjá lánardrottnum og sérstaklega hjá bankakerfinu, með Landsbanka Íslands í fararbroddi og með ríkissjóð sem aðalábyrgðarmann." Arnmundur Backman hrl. dregur síðan þá ályktun að við það verði pólitískt ómögulegt að breyta stjórnkerfi fiskveiða og kvótakerfi verði endanlega fest í sessi.

Þá má einnig benda á hæstaréttardóm frá 1993 í máli Hrannar HF gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að *keypt* aflahlutdeild teljist til skattskyldra eigna skv. 73. gr. skattalaga, nr. 75/1981, og að fyrna beri þær

eftir ákveðnum reglum. Það sjónarmið hefur komið fram, þótt 2. minni hluti taki ekki undir það, að þessi dómur veiki ákvæði laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Í framhaldi af þessum hæstaréttardómi tíðkast það að selja og kaupa síðan strax aftur eigin aflahlutdeild til að geta formlega skráð aflahlutdeildina sem keypta en ekki sem áunnin réttindi. Enn virðist eiga að höggva í sama knérunn með ákvæðum 4. mgr. 3. gr. þessa frumvarps.

Um það hvort ákvæði frumvarpsins nái til eldri veðsetninga hefur því verið haldið fram af fulltrúum fjármálastofnana að væntanlega yrði látið reyna á hvort eldri veðsetningar falli undir ákvæði 4. mgr. 3. gr. ef núverandi veð vegna eldri lánveitinga yrðu álitin ótrygg. Fulltrúi Landsbankans hefur haldið því fram að ef breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem rýra mundu veðsetningar kröfuhafa yrði látið reyna á skaðabótaskyldu ríkisins, sbr. og ábendingu Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. um að slíkt yrði vissulega reynt.

Annar minni hluti telur því rétt til styrktar sameignarákvæðinu í lögum um stjórn fiskveiða að skýrt komi fram í þessum lagatexta að þrátt fyrir umrætt ákvæði myndi úthlutun slíkra réttindi ekki eignarrétt. Því leggur 2. minni hluti fram breytingartillögu, sbr. ábendingu í lögfræðiáliti Þórunnar Guðmundsdóttur, sem allsherjarnefnd leitaði álits hjá, að aftan við 1. málsl. 4. mgr. 3. gr. komi „enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum“. Eftir þá breytingu hljóðar ákvæðið svo: Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar, enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum. Breytingartillaga þessi er efnislega nær samhljóða niðurlagi 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990.

Ýtt undir kvótabrask.

Hætta er einnig á að með því að heimila veðsetningu á kvóta með skipi auðveldi það útgerðarmönnum aðgang að fjármagni til kvótakaupa sem ýtt getur undir kvótabrask. Ljóst er einnig að veðhafarnir eða fjármálastofnanirnar munu fá veruleg ítök í framkvæmd á fiskveiðistefnunni með því að hver og einn kröfuhafi hefur stöðvunarvald um hvort hægt sé að selja varanlega aflaheimild frá fiskiskipi. Í áliti Þórunnar Guðmundsdóttur hrl. kemur fram að hvaða lánardrottinn sem er geti stöðvað framsal veiðiheimilda. Orðrétt segir: „Frumvarpið gerir á engan hátt upp á milli lánardrottna, þannig að sá sem er með þinglýst veð í fjárverðmætunum getur neitað að samþykkja framsalið. Það er ekki með þvingunarráðstöfunum, t.d. dómi, hægt að fá hann dæmdan til að samþykkja framsalið.“ Þetta á þó ekki við um flutning á aflamarki milli skipa innan ársins, sbr. greinargerð með 3. gr. frumvarpsins.

Bótaskylda ríkissjóðs.

Skiptar skoðanir eru meðal umsagnaraðila um bótaskyldu ríkissjóðs, komi til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu, og hvort ákvæði frumvarpsins skipti máli í því sambandi. Varðandi bótskyldu ríkissjóðs er því ýmist haldið fram að ríkið verði ekki skaðabótaskylt komi til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu eða að ríkið verði skaðabótaskylt ryri breyting á fiskveiðistjórnunarkerfinu við kröfuhafa.

Þórunn Guðmundsdóttir hrl. telur í sínu áliti að hvorki handhafar réttinda eða veðhafar geti gert ríkissjóð skaðabótaskyldan verði horfið frá aflahlutdeildarkerfinu, m.a. með tilvísun í 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Viðar Már Matthíasson prófessor telur í sínu

áliti til nefndarinnar að ríkið verði ekki skaðabótaskylt vegna samþykktar þessa frumvarps eins og sér, og ekki ef við breytingu á kerfinu er byggt á almennum málefnalegum sjónarmiðum og fyllsta jafnræðis gætt og að fyrir skerðingunni séu þjóðfélagsleg rök. Ef kerfinu verði hins vegar breytt þannig að verðmæti verði færð frá einum aðila til annars í ríkari mæli en nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum verði ríkissjóður bótaskyldur án tillits til samþykktar þessa frumvarps með tilvísun til 72. gr. stjórnarskrárinnar sem er auðvitað vafasamt út frá 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Viðar Már Matthíasson telur að samþykkt þessa frumvarps veiki bótaskyldu ríkissjóðs, ef eitthvað er, vegna þess að með því er ítrekað að ein heimild eignarréttarins, heimild til veðsetningar, fylgir ekki við úthlutun veiðiheimilda og því sé ekki hægt að fara með málið skv. 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt þar sem skerðing krefst skaðabóta. Því verði að líta á málið út frá 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnuréttindi sem má setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjast, án bóta.

Annar minni hluti lítur svo á að skv. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé ljóst að úthlutun aflaheimilda myndar ekki eignarrétt og því séu engar forsendur fyrir því að líta á málið út frá 72. gr. stjórnarskrárinnar, óháð því frumvarpi sem hér um ræðir.

Þrengir möguleika til breytinga á fiskveiðikerfinu.

Það er álit 2. minni hluta að samþykkt frumvarpsins muni auka líkur á því að krafist verði óréttmætra skaðabóta úr ríkissjóði og að það muni ýta undir víðtækari sölu á aflaheimildum sem yrði til að auðvelda eldri kvótahöfum að láta nýju kynslóðina leysa til sín þessi réttindi á því háa verði sem nú er í gangi.

Það er þó kjarni málsins að 2. minni hluti telur að frumvarpið muni þrengja mjög möguleika til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu og að engin knýjandi rök hafi komið fram fyrir samþykkt þessa frumvarps, hvorki í greinargerð né í umsögnum.

Breytingartillögur 2. minni hluta.

Með þeim rökum sem hér hefur verið lýst er 2. minni hluti algjörlega andvígur 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem heimilar veðsetningu á kvóta með skipi og mun flytja breytingartillögur, annars vegar um að það ákvæði verði fellt brott og hins vegar um að ítrekað verði í lagatexta að úthlutun slíkra réttinda skapi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum.

Alþingi, 13. maí 1997.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm.	Guðný Guðbjörnsdóttir.	Ögmundur Jónasson.

1239. Breytingartillaga [234. mál]

við frv. til l. um samningsveð.

Frá 2. minni hluta allsherjarnefndar (JóhS, GGuðbj, ÖJ).

Við 3. gr.

a. Við fyrri málslið 4. mgr. bætist: enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum.
b. Síðari málsliður 4. mgr. falli brott.

1240. Nefndarálit [244. mál]

um frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Pál Hreinsson, aðstoðarmann umboðsmanns, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um þær greinar frumvarpsins sem snúa að starfskjörum umboðsmanns Alþingis og fór þess á leit við skrifstofu Alþingis að framkvæmt yrði kostnaðarmat í samræmi við 2. mgr. 30. gr. þingskapalaga og fylgir kostnaðarmatið áliti þessu.

Meginbreyting frumvarpsins á efni gildandi laga um umboðsmann Alþingis felst í að tryggja að starfssvið umboðsmanns nái til allrar opinberrar stjórnsýslu, bæði ríkis og sveitarfélaga, en ekki hefur verið fullt samræmi milli gildissviðs stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og starfssviðs umboðsmanns. Umboðsmaður hefur líka fram til þessa einungis getað fjallað um þær stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga sem kæranlegar hafa verið til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Þá er í frumvarpinu gengið út frá að starfssvið umboðsmanns nái einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur með lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Er sú heimild mjög brýn þar sem færst hefur í vöxt að einkaaðilum sé fengið slíkt opinbert vald í hendur. Þá eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á efni, m.a. að greint verði betur á milli þeirra mála sem byrja að frumkvæði aðila sem telja rétt á sér brotinn og þeirra mála sem byrja að frumkvæði umboðsmanns Alþingis.

Í 1. gr. frumvarpins er eins og í gildandi lögum gert ráð fyrir að umboðsmaður sé kosinn af Alþingi til fjögurra ára. Hins vegar er í 13. gr. gert ráð fyrir að forsætisnefnd ákveði laun umboðsmanns, en laun hans eru nú ákvörðuð af Kjaradómi. Nefndin telur ekki ástæðu til breytinga á þessum ákvæðum frumvarpsins. Í 13. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að forsætisnefnd ákvarði biðlaun umboðsmanns er hann lætur af starfi, en samkvæmt gildandi lögum á umboðsmaður rétt á biðlaunum í þrjá mánuði. Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar kemur fram að ekki sé ástæða til að um biðlaunarétt umboðsmanns Alþingis fari eftir öðrum reglum en almennt gilda um embættismenn ríkisins og

leggur nefndin til að í 13. gr. verði vísað í VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í 10. gr. er lagt til að fest verði í lög að umboðsmaður geti lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla. Var þetta nokkuð rætt í nefndinni, en slíkt ákvæði er nú að finna í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns. Voru nefndarmenn sammála um að eðlilegt væri að umboðsmaður hefði heimild til að mæla með gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum hans. Fram kom í máli umboðsmanns að aðeins ætti að nýta heimild þessa í undantekningartilfellum.

Gert er ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins leiði af sér 3,5 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir leggur allsherjarnefnd til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Ögmundur Jónasson.
Hjálmar Jónsson.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

Fylgiskjal.

Skrifstofa Alþingis,
nefndasvið:

Umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann Alþingis.

Frumvarpið felur í sér nokkrar breytingar frá núgildandi lögum. Helsta efnisbreytingin er sú að gert er ráð fyrir að starfssvið umboðsmanns nái til stjórnsýslu sveitarfélaga á sama hátt og nú er um stjórnsýslu ríkis. Einnig er gert ráð fyrir að starfssvið umboðsmanns nái einnig til starfsemi einkaaðili að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald. Aðrar breytingar snúa helst að því að gera lögin um umboðsmann skýrari og er í því skyni gert ráð fyrir að ýmis ákvæði sem áður var að finna í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis verði tekin inn í lögin.

Vegna aukins umfangs embættisins er gert ráð fyrir að bæta þurfi við einu stöðugildi lögfræðings. Áætlaður kostnaður vegna þess er 3,5 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar kalli á frekari kostnað.

1241. Breytingartillaga [244. mál]

við frv. til l. um umboðsmann Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Í stað orðanna „ákvörðun forsætisnefndar“ í 3. málsl. 1. mgr. 13. gr. komi: VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1242. Svar [442. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um nauðasamninga samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrirspurning hljóðar svo:

1. *Hvað hafa margir einstaklingar leitað heimildar til samninga um greiðslu eignarskatts og/eða tekjuskatts skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og hversu margir hafa leitað nauðasamnings við skuldheimtumenn skv. 4. mgr. sömu greinar frá því að lögin tóku gildi?*
2. *Hversu margir samningar hafa verið gerðir samkvæmt lögum nr. 64/1996 síðan þau tóku gildi, sundurliðað skv. 3. mgr. og 4. mgr. 1. gr. laganna?*
3. *Hverjar eru fjárhæðir sem samið hefur verið um? Svar óskast sundurliðað eftir umsóknum.*

Í 1. gr. laga nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, segir í 3. mgr. að telji innheimtumaður tök á að tryggja greiðslu sem ellegar muni tapast með samningi um greiðslu skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja slíkan samning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Í 4. mgr. segir að telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skuli hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er síðan heimilt að samþykkja nauðasamning að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og að uppfylltum skilyrðum sem nánar eru tilgreind í lögunum.

Erindi sem send voru Ríkisendurskoðun til umsagnar á umræddu tímabili eru:

Tímabil	Skv. 3. mgr. 1. gr.	Skv. 4. mgr. 1. gr.
1.6.–31.12. 1996	5	0
1.1–30.4. 1997	2	2

Erindi samþykkt á grundvelli ákvæða 1. gr. laga nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru á umræddu tímabili:

Tímabil	Skv. 3. mgr. 1. gr.	Skv. 4. mgr. 1. gr.
1.6.–31.12. 1996	2	0
1.1–30.4. 1997	1	0

Upphæðir sem fallist er á á grundvelli ákvæða 1. gr. laga nr. 64/1996, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru á umræddu tímabili (upphæðir í kr.):

Tímabil	Skv. 3. mgr. 1. gr.	Skv. 4. mgr. 1. gr.
1.6.–31.12. 1996	3.182.167	0
1.1–30.4. 1997	339.573	0

Frá því að lög nr. 64/1996 tóku gildi hefur ekkert erindi uppfyllt 4. mgr. 1. gr. Í flestum tilfellum hafa aðilar ekki uppfyllt ákvæði 1. og 2. tölul. 4. mgr. en þar er kveðið á um að gjaldendur skuli vera skuldlausir í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi eða vörugjaldi. Loks skal bent á 5. mgr. 1. gr. nefndra laga en samkvæmt henni skal Ríkisendurskoðun að loknu hverju innheimtuári gefa Alþingi skýrslu um alla samninga á grundvelli 3. og 4. mgr.

1243. Lög [301. mál]

um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1205.

1244. Skýrsla [160. mál]

menntamálaráðherra um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Inngangur.

Skýrsla þessi um háskólastigið er unnin í menntamálaráðuneytinu samkvæmt beiðni þingflokks jafnaðarmanna, sbr. þingskjal 177.

Eins og fram kom í bréfi menntamálaráðherra til forseta Alþingis, dags. 3. janúar sl., eru spurningar í beiðni um skýrsluna mjög umfangsmiklar. Hluti spurninganna fjallar um upplýsingar sem ekki eru fyrirliggjandi í aðgengilegu formi og sem ráðuneytið hefur þurft að leita eftir til ýmissa stofnana. Sumum hlutum spurninganna er ekki hægt að svara m.a. vegna þess að upplýsingar hafa ekki verið teknar saman, hvorki hjá OECD né annars staðar. Á þetta t.d. við um ýmsar upplýsingar 20 ár aftur í tímann.

Að mati ráðuneytisins er ekki unnt frá aðferðafræðilegu sjónarmiði og miðað við eðlilegar kröfur um áreiðanleika, að svara á ábyrgan hátt þeim spurningum sem krefjast tölulegs samanburðar á ýmsum þáttum í starfsemi íslenskra háskóla og sambærilegra óskilgreindra háskóla erlendis (sbr. 5, 10, 11, 15, 16 og 19). Mismunandi sögulegar, efnahagslegar og félagslegar forsendur flækja slíka samanburðarvinnu mjög og verður hún vart unnin af öðrum en vísindamönnum við hlutlausa rannsóknastofnun á sviði félags- og menntamála. Telji Alþingi þennan þátt upplýsinga nauðsynlegan kemur að mati ráðuneytisins til álita að fela slíkri stofnun að vinna þennan samanburð þótt kostnaður af slíku verði nokkur.

Í viðauka er birt skýrslan Upplýsingar um námsaðstoð í ýmsum Evrópulöndum sem unnin var af LÍN árið 1994. Fyrirkomulag námsaðstoðar í viðkomandi löndum hefur í meginatriðum haldist óbreytt síðustu árin og upplýsingarnar því í fullu gildi, sbr. 20. spurningu.

Tölur í millifyrirsögnum vísa til spurninga í þingskjali 177.

1. Fjöldi nemenda, kennara og annarra starfsmanna í skólum á háskólastigi 1980–96.

Tafla 1 og mynd 1 sýna fjölda nemenda eftir kyni og skólum 1980–96 samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá Hagstofu Íslands. Á þessum árum hefur fjöldi nemenda á háskólastigi meira en tvöfaldast og hefur konum fjölgað mun meira en körlum. Hluta þessarar fjölgunar má skýra með stærri árgöngum og einnig hefur þeim skólum sem skilgreindir eru á háskólastigi fjölgað. Samkvæmt alþjóðlegri flokkun menntunar, ISCED, telst nám vera á háskólastigi þegar til undirbúnings er krafist æðstu menntunar á næsta stigi fyrir neðan, þ.e. framhaldsskólastigi. Í samræmi við þessa flokkun eru skólar sem krefjast stúdentsprófs til inngöngu, en bjóða ekki háskólagráðu, flokkaðir á háskólastigi frá og með árinu 1990.

Tafla 1b sýnir fjölda kennara í skólum á háskólastigi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarfjölda starfsliðs.

Tafla 1. Fjöldi nemenda í skólum á háskólastigi 1980–1996.

		1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Háskóli	KK	1851	1977	2097	2092	2132	2129	2023	1965	1930	2011	1852	2100	1976	2124	2286	2261	2474
Íslands	KVK	1304	1438	1665	1777	1996	2118	2189	2143	2241	2371	2327	2870	2566	2660	2820	2938	3229
	ALLS	3155	3418	3765	3872	4128	4247	4212	4108	4171	4382	4179	4970	4542	4784	5106	5199	5703
Háskólinn á	KK								14	25	25	43	67	74	99	161	150	upplýs.
Akureyri	KVK								17	33	48	74	92	106	155	222	232	vantar
	ALLS								31	58	73	117	159	180	254	383	382	331*
Kennaraháskóli	KK	85	66	74	78	69	52	55	66	115	140	148	157	113	152	109	141	upplýs.
Íslands	KVK	281	289	306	319	287	262	309	369	447	526	492	533	481	507	514	497	vantar
	ALLS	366	355	380	397	356	314	364	435	562	666	640	690	594	659	623	638	624*
Samvinnuháskólinn	KK									24	50	42	43	49	47	40	34	48
á Bifröst	KVK									9	24	30	29	25	30	36	35	49
	ALLS									33	74	72	72	74	77	76	69	97
Tækniskóli	KK	90	108	99	106	104	101	81	82	61	72	73	107	294	276	235	234	upplýs.
Íslands	KVK	0	0	17	33	44	53	67	59	45	47	48	48	99	95	78	95	vantar
	ALLS	90	108	116	139	148	154	148	141	106	119	121	155	393	371	313	329	358*
Búvísindadeild	KK	19	8	11	3	8	6	12	4	11	7	16	9	15	6	10	4	14
Bændaskólans	KVK	3	1	1	0	3	3	8	5	9	4	8	4	11	6	11	5	11
á Hvanneyri	ALLS	22	9	12	3	11	9	20	9	20	11	24	13	26	12	21	9	25
Fósturskóli Íslands	KK											2	3	3	3	3	4	upplýs.
	KVK											213	273	269	300	236	209	vantar
	ALLS											215	276	272	303	239	213	224
Þroskaþjálfaskóli	KK											1	0	2	2	3	3	1
Íslands	KVK											57	64	96	96	87	92	72
	ALLS											58	64	98	98	90	95	73
Íþróttakennaraskóli	KK											30	39	35	33	32	33	35
Íslands	KVK											29	30	26	34	36	29	30
	ALLS											59	69	61	67	68	62	65
Tölvuháskóli	KK									33	64	50	71	79	99	112	112	upplýs.
Verslunarskóla Íslands	KVK									23	22	22	32	16	10	18	24	vantar
	ALLS									56	86	72	103	95	109	130	136	184*
Tónlistarskólinn	KK											10	19	20	18	24	19	upplýs.
í Reykjavík	KVK											37	37	32	30	28	24	vantar
	ALLS											47	56	52	48	52	43	46
Myndlista- og	KK											40	35	37	37	56	43	upplýs.
Handíðaskóli	KVK											130	112	113	122	147	105	vantar
Íslands	ALLS											170	147	150	159	203	148	171
Leiklistarskóli	KK											12	9	9	10	11	12	12
Íslands	KVK											12	11	11	11	11	12	12
	ALLS											24	20	20	21	22	24	24
Samtals		**3633**	**3890**	**4273**	**4411**	**4643**	**4724**	**4744**	**4724**	**5006**	**5411**	**5798**	**6794**	**6557**	**6962**	**7326**	**7347**	**7925**
Samtals skólar	Karlar	2045	2159	2281	2279	2313	2288	2171	2131	2166	2305	2174	2483	2521	2704	2841	2824	upplýs.
sem veita	Konur	1588	1728	1989	2129	2330	2436	2573	2593	2784	3020	2979	3576	3288	3453	3681	3802	vantar
háskólagráðu	Alls	3633	3890	4273	4411	4643	4724	4744	4724	4950	5325	5153	6059	5809	6157	6522	6626	7138
Samtals skólar sem	Karl	0	0	0	0	0	0	0	0	33	64	145	176	185	202	241	226	upplýs.
veita lægri prófgr á	Kon	0	0	0	0	0	0	0	0	23	22	500	559	563	603	563	495	vantar
háskólastigi	Alls	0	0	0	0	0	0	0	0	56	86	645	735	748	805	804	721	787

* Áætlun – Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1. Fjöldi nemenda á háskólastigi.



Tafla 1b. Fjöldi kennara í skólum á háskólastigi.[1)]

FJÖLDI KENNARA Í SKÓLUM SEM BJÓÐA HÁSKÓLAGRÁÐU[2)]

	79–'80			*89–'90*			*94–'95*		
	Karlar	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*
Prófessorar	78	3	81	110	5	115	117	5	122
Dósentar	82	2	84	108	19	127	115	29	144
Lektorar	64	19	83	97	44	141	115	73	188
Kennarar[3)]	16	0	16	7	0	7	6	2	8
Samtals	**240**	**24**	**264**	**322**	**68**	**390**	**353**	**109**	**462**

1. Stundakennarar eru ekki taldir með.
2. Tölur eru frá HÍ, HA, KHÍ, búvísindadeild BH og námi á háskólastigi í TÍ og SB.
3. Fastráðnir kennarar við Tækniskóla Íslands og Samvinnuháskólann á Bifröst aðrir en lektorar.

FJÖLDI FASTRÁÐINNA KENNARA Í SKÓLUM SEM BJÓÐA EINUNGIS NÁM TIL LÆGRI PRÓFGRÁÐU

	89–90			*94–95*		
	Karlar	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*
Kennarar	39	48	87	45	58	103
Stöðugildi	27,33	35,16	62,49	28,34	36,51	64,85

* Upplýsingar um kennara á háskólastigi til lægri prófgráðu á árinu 1980-1981 liggja ekki fyrir.
Upplýsingar vantar um fjölda kennara við Tónlistarskólann í Reykjavík og
Þroskaþjálfaskóla Íslands fyrir bæði skólaárin

Heimild: Starfsmannasvið menntamálaráðuneytis

2. Kostnaður við kennslu og rannsóknir á háskólastigi sl. 13 ár.

Tafla 2.

Fjöldi nema á háskólastigi	*Ár*	*HÁSKÓLAR OG RANNSÓKNIR* *Alm. rekstur*	*Viðhald*	*Stofnkostn.*	*Verðlag 1997* *Alls milljónir kr.*
4724	1985	1.650	42	183	1.875
4744	1986	1.899	64	160	2.123
4724	1987	2.323	74	110	2.507
4950	1988	2.461	71	305	2.837
5325	1989	2.417	74	222	2.714
5153	1990	2.414	81	204	2.699
6059	1991	2.693	100	166	2.960
5809	1992	2.284	93	432	2.810
6157	1993	2.554	113	470	3.137
6522	1994	2.571	157	567	3.296
6626	1995	2.495	250	556	3.301
7138	1996	2.633	174	570	3.377
	1997	2.843	170	575	3.588

Hér er farið eftir flokkun í ríkisreikningi (þ.e. skólar sem bjóða upp á nám til lægri prófgráðu á háskólastigi eru ekki meðtaldir hér).

Eingöngu eru bornar saman tölur aftur til ársins 1985. Skýringin er sú að frá og með árinu 1985 var ríkisreikningur birtur samkvæmt nýjum tegundalykli sem tekinn var í notkun fyrir bókhald ríkisins frá og með ársbyrjun 1985. Samanburður við fyrri ár getur því gefið villandi mynd, sbr. skýringar í ríkisreikningi 1985.

Heimild: Ríkisreikningur 1985 – 1995. Fjárlög. Framreiknað miðað við neysluverðsvísitölu

Mynd 2. Háskólar og rannsóknir.
Verðlag 1997.



3. Kostnaður á hvern nemanda í skólum á háskólastigi sl. 20 ár.

Ár	02-201 Háskóli Íslands			Háskólinn á Akureyri			Kennaraháskóli Íslands			Tækniskóli Íslands (án frumgr.d.)			Samtals	Samtals	Meðaltal
	Almennur rekstur. Þús. kr	Fjöldi nem.	Rekstur pr.nem. H.Í.	Almennur rekstur. Þús. kr	Fjöldi nem.	Rekstur pr.nem. H.A.	Almennur rekstur. Þús. kr	Fjöldi nem.	Rekstur pr.nem. Kh. Í.	Almennur rekstur. Þús. kr	Fjöldi nem.	Rekstur pr.nem. T.Í.	Almennur rekstur. Þús. kr	Fjöldi nem.	Rekst. pr.nem. Þús. kr
1985	1.145.156	4247	270				188.055	314	599				1.333.211	4.561	292
1986	1.333.897	4212	317				215.190	364	591				1.549.087	4.576	339
1987	1.612.748	4108	393	22.073	31	712	263.488	435	606				1.898.309	4.574	415
1988	1.656.795	4171	397	53.693	58	926	290.839	562	518				2.001.328	4.791	418
1989	1.642.657	4382	375	63.423	73	869	273.994	666	411				1.980.074	5.121	387
1990	1.643.001	4179	393	89.393	117	764	264.277	640	413				1.996.671	4.936	405
1991	1.855.660	4970	373	114.389	159	719	293.644	690	426				2.263.693	5.819	389
1992	1.436.693	4542	316	118.853	180	660	283.057	594	477				1.838.604	5.316	346
1993	1.488.908	4784	311	142.998	254	563	293.974	659	446	155.457	371	419	2.081.337	6.068	343
1994	1.480.851	5106	290	172.111	383	449	284.004	623	456	155.414	313	497	2.092.380	6.425	326
1995	1.379.094	5199	265	175.276	382	459	289.850	638	454	160.934	329	489	2.005.154	6.548	306
1996	1.471.199	5703	258	204.739	331	619	310.840	624	498	161.264	358	450	2.148.042	7.016	306

Heimild: Ríkisreikningur 1985 – 995. Fjárlög 1996. Framreiknað m.v. neysluverðsvísitölu.

Skýringar:

Hér er farið eftir flokkun á háskólastig skv. ríkisreikningi. Ekki er gerð tilraun til þess að sundurliða kostnað eftir námsviðum. Mjög misjafnt er hversu langt er síðan skólarnir byrjuðu að skipta kostnaði á deildir í bókhaldi og ekki er fært verkefnabókhald. Skólarnir skipta kostnaði niður á ýmis viðfangsefni þar á meðal deildir. Í flestum tilfellum stendur bókfærður rekstrarkostnaður einstakra deilda fyrir kostnað af þeim námskeiðum sem viðkomandi deild stendur fyrir, án tillits til þess hvort nemendur annarra deilda sækja þessi námskeið. Verulegur hluti af kennslukostnaði einstakra námsviða getur með þessu móti verið færður í bókhald annarra deilda.

Misbrestur er einnig á að gerð sé grein fyrir sameiginlegum kostnaði deilda með sambærilegum hætti milli skóla. Auk þess er það viðtekin venja að hlutdeild einstakra deilda í sameiginlegum kostnaði tekur mið af nemendafjölda deilda. Slík skilgreining á skiptingu sameiginlegs kostnaðar á sér litla stoð í raunveruleikanum. Þetta getur leitt til þess að hlutdeild sambærilegra deilda í tveimur skólum í sameiginlegum kostnaði getur verið misþyngjandi, háð því hvaða öðrum deildum skólarnir hafa á að skipa.

Rannsóknir innan ofantalinna skóla eru meðtaldar en tölur eru án rannsóknastofnana sem hafa sérgreind fjárlaganúmer.

Heimild: Ríkisreikningur 1985–1995. Fjárlög 1996. Framreiknað miðað við neysluverðsvísitölu.

Rekstrarkosnaður á háskólanema í HÍ, KHÍ, HA og TÍ.
Verðlag 1997.



4. Dreifing nemenda á háskólastigi hérlendis (háskólagráða) á námsvið sl. 15 ár, borið saman við önnur ríki OECD.

Tafla 4. Fjöldi nema á háskólastigi eftir kyni, námssviði og tímabili.

	1980–81			*1985–86*			*1990–91*			*1994–95*		
	Karlar	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*	*Karlar*	*Konur*	*Alls*
Tungumál, mannvísindi	371	467	838	389	615	1004	348	709	1057	453	844	1297
Listir*	0	0	0	0	0	0	0	0	0	76	143	219
Uppeldisfræði, íþróttir, kennaranám	111	354	465	79	366	445	196	641	837	251	1176	1427
Samfélagsvísindi, lögfræði	259	189	448	333	346	679	350	494	844	546	606	1152
Viðskipta- og hagfræði	397	107	504	491	283	774	467	301	768	378	261	639
Náttúrufræði, stærðfræði	218	99	317	354	163	517	289	153	442	446	184	630
Tæknigreinar, verkfræði	294	21	315	323	38	361	320	39	359	550	89	639
Landbúnaður, matv.fr., þjónusta	37	22	59	22	30	52	51	26	77	95	37	132
Lækningar, heilbr.greinar	358	329	687	297	595	892	202	639	841	285	818	1103
Samtals	**2045**	**1588**	**3633**	**2288**	**2436**	**4724**	**2223**	**3002**	**5225**	**3080**	**4158**	**7238**

Aths: Tölur fyrir tímabilið 1994–95 ná yfir allt háskólanám en eldri tölur ná aðeins til náms til háskólagráðu.

* Listnám fyrst flokkað sem háskólanám 1994-5

Heimild: Landshagir 1992 og 1995

Tafla 4 og myndir 4a og 4b sýna hlutfallslega dreifingu nemenda á háskólastigi á námsvið hér á landi á 15 ára tímabili og í samanburði við önnur lönd skólaárið 1992–93. Allar tölur í töflu 4b og tölur fyrir tímabilið 1994/1995 í töflu 4a ná yfir allt háskólanám, þar með talið nám til lægri prófgráðu á háskólastigi. Eldri tölur í töflu 4a ná aðeins til náms til háskólagráðu.

Mynd 4a. Hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi á námsvið 1980–95.



Mynd 4b. Hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi á námsvið 1992–93. (Samanburður við önnur lönd.)



6. Menntun fastráðinna kennara við skóla á háskólastigi hérlendis.

Menntun fastráðinna kennara 1996–97, samkvæmt upplýsingum skóla.



	HÍ	HA	TÍ	Samv	KHÍ	Búvís
BS/BA/BEd	5	7	20	4	8	0
MS/MA/Cand.	97	14	7	4	23	3
Dr. (Ph.D)	199	13	3	2	10	7

Myndin sýnir menntun fastráðinna kennara við sex háskóla og skóla á háskólastigi kennsluárið 1996/97 samkvæmt upplýsingum frá skólunum sjálfum. Skólarnir eru: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Tækniskóli Íslands, Samvinnuháskólinn að Bifröst og búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Sýndur er fjöldi fastráðinna kennara en kennsluhlutfall er breytilegt og skiptist milli kennslu, rannsókna og stjórnunar. Kennsla við suma skóla (TÍ og búvísindadeild) skiptist milli kennslu í greinum sem leiða til háskólagráðu og til lægri námsgráðu. Meinatæknar og röntgentæknar við Tækniskóla Íslands eru reiknaðir í hópi þeirra sem lokið hafa BS-prófi.

Menntun fastráðinna kennara 1996–97, samkvæmt upplýsingum skóla



	HÍ	HA	TÍ	KHÍ	Búvís
Dr. (Ph.D)	66%	38%	10%	24%	70%
MA/MS/Cand	32%	41%	23%	56%	30%
BA/BS/BEd	2%	21%	67%	20%	0%

Myndin sýnir hlutfall menntagráða meðal fastráðinna kennara árið 1996/97 samkvæmt upplýsingum skóla.

7. Hlutfall Íslendinga sem lokið hafa háskólaprófi sl. 40 ár, borið saman við önnur ríki OECD.

Tafla 7. Hlutfall aldurshópa 25–64 ára í OECD ríkjum sem lokið hafa háskólamenntun - 1994.

	25-34 ára	*35-44 ára*	*45-54 ára*	*55-64 ára*
Kanada	51	49	45	31
Bandaríkin	32	36	33	24
Ástralía	24	28	22	15
Nýja–Sjáland	21	26	26	18
Austurríki	9	10	7	4
Belgía	30	24	20	11
Bretland	23	24	20	15
Danmörk	20	24	19	13
Finnland	22	22	19	12
Frakkland	24	18	16	8
Grikkland	25	21	14	9
Holland	24	25	19	14
Írland	24	19	15	11
Ítalía	8	10	7	4
Portúgal	13	14	9	6
Spánn	25	16	10	6
Svíþjóð	27	30	26	17
Þýskaland	20	27	24	17
Ísland	16	17	10	6
Noregur	31	31	25	18
Sviss	22	23	22	17
Tyrkland	7	8	8	4
Meðaltal landanna	**23**	**23**	**19**	**13**

Heimildir: OECD: Education at a Glance, 1996
Hagstofu Íslands: Vinnumarkaðskannanir

Hér á landi og í flestum öðrum ríkjum OECD er fremur nýlega farið að halda nákvæma skráningu yfir fjölda þeirra sem ljúka háskólanámi. Því er sú leið farin þegar kanna á breytingar á hlutfalli þeirra sem lokið hafa háskólagráðu undanfarin ár að afla upplýsinga um þetta atriði með könnunum og niðurstöður flokkaðar eftir aldri svarenda. Þannig er miðað við að þeir sem eru á aldrinum 25–34 ára 1994 hafi lokið prófi frá því um miðjan síðasta áratug til miðs þessa áratugar og 45–54 ára frá miðjum sjöunda til miðs áttunda áratugarins o.s.frv. Slíkar upplýsingar lágu fyrir um flest OECD-lönd og vann Hagstofa Íslands sérstaklega sams konar upplýsingar fyrir Ísland úr vinnumarkaðskönnun sinni. Ísland hefur sérstöðu miðað við önnur OECD-lönd að því leyti að hér ljúka nemendur háskólanámi eldri en í öðrum löndum og kemur það fram í samanburðinum í töflu 7.

8. Hlutfall Íslendinga sem stunduðu nám á háskólastigi sl. 20 ár hérlendis og erlendis, borið saman við önnur ríki OECD.

Tafla 8. Hlutfallsleg skólasókn á háskólastigi í OECD löndum 1994 eftir aldursflokkum og kyni.

	18-21 ára			*22-25 ára*			*29-29 ára*		
	Karlar+ konur	*Karlar*	*Konur*	*Karlar+ Konur*	*Karlar*	*Konur*	*Karlar+ konur*	*Karlar*	*Konur*
Kanada	40,3	35,0	45,8	22,8	23,1	22,6	9,6	10,4	8,8
Bandaríkin	34,9	31,5	38,5	20,9	21,1	20,8	10,4	9,2	11,6
Ástralía	29,3	26,8	31,8	13,6	14,3	12,9	8,5	9,3	7,7
Nýja-Sjáland	30,9	27,8	34,1	13,9	13,9	13,8	7,2	7,1	7,4
Austurríki	12,0	11,2	12,8	13,3	14,3	12,3	8,0	9,2	6,8
Belgía	37,4	33,5	41,5	14,7	16,1	13,2	3,8	4,5	3,1
Danmörk	9,1	8,9	9,4	22,1	20,5	23,8	10,9	10,9	10,9
Finnland	16,6	13,7	19,6	27,3	26,6	28,0	12,2	12,1	12,3
Frakkland	33,2	29,0	37,6	17,0	15,3	18,7	4,6	4,4	4,8
Þýskaland	11,2	8,5	14,0	17,2	20,2	14,0	10,3	12,8	7,6
Grikkland	36,7	35,7	37,7	10,1	12,3	7,7	2,2	2,5	1,9
Írland	30,5	30,1	30,9	7,9	8,7	7,1	2,4	2,8	2,0
Holland	22,1	21,3	23,0	18,4	20,4	16,3	6,2	7,3	5,1
Portúgal	19,3	15,7	23,0	13,4	11,6	15,2	4,8	4,5	5,1
Spánn	25,4	22,2	28,8	17,5	17,1	17,8	6,2	6,6	5,8
Svíþjóð	12,3	10,3	14,4	15,3	15,0	15,6	7,2	7,5	6,9
Bretland	23,6	23,3	23,8	8,4	8,8	8,0	4,4	4,4	4,4
Tékkland	14,8	15,2	14,4	7,6	7,7	7,4	1,5	1,7	1,3
Ísland	7,9	7,3	8,5	18,8	16,7	20,9	6,8	5,8	7,7
Noregur	17,1	14,6	19,8	23,6	22,8	24,5	10,4	10,5	10,2
Sviss	7,6	8,0	7,2	14,2	18,5	10,0	7,1	9,8	4,4
Tyrkland	10,5	12,3	8,6	7,2	9,4	4,9	3,2	4,1	2,1
Meðaltal	**21,5**	**20,1**	**23,9**	**15,3**	**16,1**	**15,2**	**6,6**	**7,2**	**6,3**

Heimild: OECD: Education at a Glance, 1996

Samanburður á skólasókn á Íslandi og í öðrum OECD-ríkjum er erfiður þar sem skipulag háskólastigs er ólíkt milli landa og nemendur hefja háskólanám eldri hér en í öðrum löndum. Í töflu 8 má sjá samanburð á hlutfallslegri skólasókn á háskólastigi í OECD-löndum eftir aldursflokkum og kyni.

9. og 14. Löggjöf í nágrannalöndum um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi. Fyrirkomulag stjórnsýslu við skóla á háskólastigi hérlendis í samanburði við háskóla erlendis.

Hér á landi hafa til þessa gilt sérlög um hverja háskólastofnun án þess að sett hafi verið heildarlög um háskólastigið en frumvarp til slíkra laga er nú til umfjöllunar á Alþingi. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa um nokkurra ára skeið verið í gildi lög fyrir háskólastigið og í Finnlandi var frumvarp til slíkra laga lagt fyrir þingið í febrúar sl. Samkvæmt lögunum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og frumvarpinu í Finnlandi koma háskólalögin í stað laga um einstakar stofnanir. Hér á landi er gert ráð fyrir að nánari reglur um háskóla verði að finna í sérlögum, reglugerðum, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrám háskóla.

Samkvæmt gildandi lögum hér á landi eru rektorar HÍ og KHÍ kjörnir úr hópi prófessora til þriggja ára í senn af starfsmönnum og stúdentum. Rektor HA er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára að fenginni bindandi tillögu háskólanefndar. Í Noregi og Danmörku eru rektorar háskóla kjörnir úr hópi prófessora (og lektora) af starfsmönnum og stúdentum samkvæmt nánari reglum. Í Svíþjóð eru rektorar skipaðir af ríkisstjórninni til sex ára hið lengsta eftir tillögum háskólastjórna. Áður en stjórn háskóla gerir tillögu til ríkisstjórnarinnar skal leitað álits kjörfundar. Samkvæmt frumvarpi til háskólalaga í Finnlandi skulu rektorar kjörnir af kjörnefnd til fimm ára í senn.

Hér á landi og á hinum Norðurlöndunum eru háskólaráð/stjórnir æðstu valdastofnanir háskóla. Hér á landi eru þessi ráð og þessar nefndir skipuð starfsmönnum og nemendum viðkomandi háskóla eftir kosningu samkvæmt nánari ákvæðum í lögum og reglugerðum. Samkvæmt frumvarpi til laga um háskóla skulu í háskólaráði eiga sæti allt að tíu fulltrúar þar af tveir skipaðir af menntamálaráðherra. Í Noregi er við hvern háskóla háskólastjórn skipuð níu til þrettán aðilum, þar af eru tveir utan skólans. Í Svíþjóð er meirihluti háskólastjórnar skipaður aðilum utan skólans og velur ríkisstjórnin hluta þeirra sem sitja í stjórn háskóla. Í Danmörku og samkvæmt frumvarpi til nýrra háskólalaga í Finnlandi sitja í háskólaráðum þessara landa fulltrúar valdir innan skólanna samkvæmt sérstökum reglum.

Þar sem nokkuð ítarleg grein er gerð fyrir fyrirhuguðum breytingum á stjórnsýslu háskóla hér á landi í frumvarpi til laga um háskóla verður hér ekki farið nánar út í samanburð á lögum og stjórnsýslu háskóla hér og í nágrannalöndunum, heldur gerð stuttlega grein fyrir þessum atriðum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk.

Háskólalögin (lög um háskóla o.fl. 23.12.1992/1089) sem tóku gildi í ársbyrjun 1993 eru rammalög sem heimila margbreytni í innra skipulagi skólans. Lögin fela í sér mikla sjálfstjórn einstakra skóla, þar með taldar samþykktir á reglum um starfsemi hvers skóla. Lögin ná til 12 háskóla (universiteter og højskoler).

Samkvæmt lögum er háskólaráð (konsistorium) æðsta stofnun hvers skóla í faglegum málefnum. Ráðið fylgist með því að hlutverk háskólans sé rækt hvað varðar menntun og rannsóknir, og mótar almenna stefnu um starfsemina og þróun skólans til lengri tíma litið. Háskólaráð samþykkir skipurit skólans, þar með talið skipan deilda og stofnana, fjárlagatillögur (budget) og reglur um skipan og starfshætti þar sem m.a. er fjallað um innri skipan í starfsemi hvers skóla. Háskólaráði er heimilt að láta í ljósi álit sitt á hverju því sem hefur afgerandi áhrif á skipulag verkefna og starfsemi skólans.

Í háskólaráði sitja: rektor, sem jafnframt er formaður, tveir fulltrúar utan skólans, fimm fulltrúar stjórnar háskólans, tveir fulltrúar kennara og vísindamanna, tveir fulltrúar tæknilegs aðstoðarfólks og skrifstofumanna og þrír fulltrúar nemenda (15 alls).

Hverjum skóla er stjórnað af rektor sem kjörinn er úr hópi prófessora og lektora til fjögurra ára í senn. Reglur um rektorskjör eru settar af háskólaráði. Rektor tekur ákvarðanir í öllum málum sem ekki er fjallað um af öðrum stofnunum skólans. Í sérstökum tilvikum fer rektor einnig með málefni einstakra stjórnsýslueininga skólans.

Rektorsskipti geta orðið á miðju kjörtímabili rektors að því tilskildu að fyrir því sé meirihluti í háskólaráði eða ef ráðherra ákveður rektorsskipti með vísun til sérstakra aðstæðna.

Í háskólum þar sem áhersla er lögð á fleiri svið skal kjósa rannsóknarháskóladeildarráð (fakultetsråd) á hverju áherslusviði. Fyrir hvert slíkt svið skal kjósa deildarforseta til fjögurra ára í senn. Kjör deildarforseta er háð samþykki rektors.

Finnland.

Í ársbyrjun 1997 var lagt fram í þinginu frumvarp um ein lög fyrir alla (20) háskóla landsins sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Samkvæmt frumvarpinu ná lögin ekki til starfsgreinaháskóla og háskóla hersins, né til einkaháskóla ef slíkir skólar yrðu stofnaðir. Háskólunum ber, samkvæmt lögum, að koma á verkaskiptingu sín á milli. Tryggt er frelsi til kennslu og rannsókna og virða ber vísindasiðfræðileg vinnubrögð og heiðarleika í vísindastarfinu. Mat á frammistöðu skal vera reglubundinn þáttur í starfseminni til þess að tryggja gæði starfsins.

Í slíku mati skal tillit tekið til áhrifa skólans á þá sem ljúka námi og þjóðfélagsleg áhrif m.a. hagræn áhrif, félagsleg áhrif, m.a. áhrif á vinnumarkaðinn, menntun og menningarleg áhrif. Háskólarnir njóta umtalsverðs frelsis í eigin málum. Við hvern skóla er háskólastjórn (konsistorium við háskólana í Åbo og Helsinki) sem fer með æðsta vald í málefnum skólans. Stjórn samþykkir m.a. fjárhags- og starfsáætlanir, veitir umsagnir í málefnum sem varða skólann og ákveður starfsreglur fyrir ýmsa þætti í starfseminni og fyrir undirstofnanir. Í stjórn eiga sæti, auk rektors sem er formaður, fulltrúar úr hópi prófessora og aðstoðarprófessora, annarra kennara, fræðimanna, starfsmanna og nemenda. Fjöldi stjórnarmanna úr hverjum þessara hópa skal vera minni en helmingur þeirra sem sitja í stjórn hverju sinni og heimilt er að allt að þriðjungur þeirra sem eiga sæti í stjórn háskóla sé sóttur út fyrir raðir starfsmanna og nemenda. Háskólastjórn ákveður innra skipulag starfseminnar, m.a. um deildir og starfseiningar.

Rektor og vararektor (prorektor) eru kjörnir af kjörnefnd til fimm ára í senn. Rektor stjórnar starfsemi skólans. Deildarforseti, sem kjörinn er úr hópi prófessora og aðstoðarprófessora, stjórnar deild og forstöðumaður stjórnar öðrum starfseiningum. Verkefni rektors háskólanna í Helsingi og Åbo eru í höndum háskólakanslara sem er skipaður til fimm ára í senn af forseta lýðveldisins að tillögu ráðherra sem velur úr hópi þriggja einstaklinga sem kjörnefnd tilnefnir. Í kjörnefnd eiga sæti fulltrúar prófessora og aðstoðarprófessora, fulltrúar kennara, fræðimanna og annarra starfsmanna.

Nokkur sérákvæði gilda um kjör og verkefni kanslara við Háskólann í Åbo og Helsinkiháskóla.

Háskólastjórn ákveður skipulag kennslu og rannsókna og skipan í rannsóknaháskóladeildir eða aðrar einingar og einnig stofnanir sem heyra undir þær. Heimilt er að við háskóla starfi ein eða fleiri faglegar stjórnir (kollegium) sem fjalla um öll kennslu- og rannsóknamálefni. Við háskóla má einnig starfrækja stofnanir sem ekki heyra undir rannsóknaháskóladeildir eða aðrar starfseiningar (sbr. að framan). Í stjórn slíkra stofnana er heimilt að velja aðila utan skólans eða úr hópi nemenda.

Noregur.

Ný lög um háskóla tóku gildi 1. janúar 1996. Lögin ná til fjögurra hefðbundinna háskóla (universitet), tíu rannsóknaháskóla (vitenskaplige høgskoler) og 26 ríkisháskóla (statlige høgskoler). Með þessum lögum féllu úr gildi háskólalögin frá 1989 sem voru fyrstu samræmdu háskólalögin í Noregi en giltu aðeins um tvær fyrstnefndu tegundir háskólanna þar í landi.

Háskólar lúta háskólastjórn og háskólaráði. Stjórnin er æðsta stig stjórnsýslunnar innan skólans og ber ábyrgð á starfsemi hans. Stjórn háskóla hefur almennar heimildir samkvæmt lögunum. Háskólastjórn getur þó framselt rektorsembætti eða öðrum rekstraraðilum (forvaltningsorgan) ábyrgð í einstökum málum. Háskólastjórn skipa níu, ellefu eða þrettán aðilar: Rektor og staðgengill hans, tveir til fjórir fulltrúar kennara og vísindamanna, einn til þrír fulltrúar starfsmanna deilda og yfirstjórnar, tveir til fjórir fulltrúar nemenda og tveir til fjórir fulltrúar aðila utan skólanna. Meirihluti stjórnar skal vera skipaður fulltrúum kennara og vísindamanna, eða þessum fulltrúum, auk fulltrúa nemenda. Ráðuneytið skipar fulltrúa aðila utan skólans úr hópi sem tilnefndur er af háskólaráði og fylkisþingi. Háskólaráð er stjórn háskólans til ráðgjafar í almennum og stefnumarkandi málum. Í háskólaráði eiga sæti fulltrúar kennara og vísindamanna, starfsmanna deilda og yfirstjórnar og fulltrúar námsmanna. Engir utanaðkomandi fulltrúar eiga sæti í háskólaráði. Ráðið skipa fæst 15 fulltrúar og í lögunum er kveðið á um hlutföll í samsetningu ráðsins. Stjórn háskóla ákveður hve margir sitja í háskólaráði.

Rektor og staðgengill hans eru kjörnir til þriggja ára í senn úr hópi þeirra starfsmanna sem gegna kennslu- eða rannsóknaskyldu. Ráðuneytið ákveður nánari reglur um kjör rektora og staðgengils. Rektor er formaður háskólastjórnar og ber almenna ábyrgð á starfseminni.

Gert er ráð fyrir deildum fyrir kennslu og rannsóknastarfsemi. Ráðuneytið staðfestir deildaskiptingu að tillögu háskólastjórnar. Deild má kalla háskóladeild (fakultet) samkvæmt lögum. Háskóladeild hefur eigin stjórn sem skipuð er fulltrúum kennara, vísindamanna, starfsmanna og nemenda. Fulltrúi aðila utan skólans getur átt aðild að stjórn deildar. Stjórn háskóla ákveður fjölda fulltrúa og samsetningu deildarstjórna. Forstöðumaður deildar er valinn af þeim sem gegna kennslu- eða rannsóknarskyldum. Hann skal vera úr þeim hópi. Háskólastjórn setur nánari reglur um kosningu forstöðumanns deildar. Stjórnin ákveður hvort forstöðumaður beri titilinn deildarforseti (dekanus).

Svíþjóð.

Um alla háskóla (universitet og högskolor) í Svíþjóð gilda háskólalögin (1992:1434) sem tóku gildi 1. júlí 1993. Í lögunum er kveðið á um hvort hlutaðeigandi háskóli sé undir stjórn hins opinbera eða sveitarfélaga. Frekari ákvæði er að finna í reglugerð um háskóla nr. 1993:100.

Að lögum hefur stjórn háskóla umsjón með öllum málefnum hans og ber ábyrgð á að skólinn ræki hlutverk sitt. Stjórn háskóla tekur meiriháttar ákvarðanir sem varða m.a. innra skipulag, fjárlagabeiðnir og ársreikninga (og ársskýrslur). Stjórnin setur almennar reglur og fylgir eftir óskum sem beint er til stjórnvalda og ákveður stofnun prófessorsembætta.

Ríkisstjórnin velur hluta þeirra sem sitja í stjórn háskóla. Meiri hluti háskólastjórnar er skipaður aðilum utan skólans. Ætlast er til að fulltrúar ríkisstjórnar í háskólastjórn búi yfir reynslu af því tagi sem kemur að notum í kennslu eða rannsóknum við háskólann. Ríkisstjórnin ákveður fyrir hvern skóla hve margir fulltrúar kennara og nemenda eiga sæti í stjórn skólans. Fulltrúar kennara eru kosnir innan skólans. Fulltrúar annarra starfsmanna eiga aðild að stjórn skólans með rétti til þátttöku og málfrelsi á fundum stjórnar. Fulltrúar þeirra eru skipaðir í samræmi við ákvæði reglugerðar um skipan fulltrúa starfsmanna. Í stjórn háskóla eiga í hæsta lagi 12 fulltrúar sæti, auk rektors. Stjórnarmenn, að rektor frátöldum, eru skipaðir til þriggja ára í senn.

Við hvern háskóla skal starfa rektor sem stjórnar starfsemi skólans. Hann er skipaður af ríkisstjórninni til sex ára hið lengsta eftir tillögu háskólastjórnar. Áður en stjórn háskóla gerir tillögu til ríkisstjórnar skal leitað álits kjörfundar. Sá sem gerð er tillaga um að gegni embætti rektors skal hafa verið metinn hæfur til að gegna lektors- eða prófessorsembætti. Í verkahring rektors er að vera formaður háskólastjórnar, skipa í stöður prófessora og aðrar kennslustöður og útnefna deildarforseta (decanus). Við háskóla þar sem rannsóknir eru stundaðar og boðið er upp á rannsóknarnám skal samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar starfa rannsóknarháskóladeild (fakultet) á viðkomandi fræðasviði. Rannsóknarháskóladeildir og háskólar eru tilgreindir í reglugerð um háskóla. Málefni rannsóknarháskóladeilda annast þeir aðilar sem stjórn háskólans felur það verkefni. Við rannsóknarháskóladeild starfa ein eða fleiri stjórnarnefndir (fakultetsnämnd) sem skipta með sér verkum. Sameiginleg stjórnarnefnd fleiri rannsóknarháskóladeilda verður aðeins komið á fót með samþykki ríkisstjórnar. Í þeim háskólum þar sem rannsóknarháskóladeildir starfa ber stjórnarnefndin einnig ábyrgð á grunnnámi í hlutaðeigandi fræðigreinum.

Meirihluti þeirra sem sitja í stjórnarnefnd skal valinn úr hópi vísindalegra gjaldgengra kennara. Nemendur eiga rétt á að hafa fulltrúa í stjórnarnefnd. Fulltrúar eru útnefndir með kosningum innan deildar, að frátöldum nemendafulltrúum. Heimilt er kjörgengum að velja til setu í stjórnarnefnd einstaklinga innan deildar eða utan sem taldir eru hæfir að sinna því verkefni að sitja í stjórnarnefnd.

Við hvern háskóla skal starfa „stöðuveitinganefnd“ (tjänsteförslagsnämnd) sem gerir tillögur um veitingu lektors- og prófessorsembætta. Háskólinn sem í hlut á ákveður hve margar stöðuveitinganefndir starfa innan vébanda hans. Í þeim háskólum þar sem starfræktar eru rannsóknarháskóladeildir skulu jafnmargar stöðuveitinganefndir starfa.

12. Framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi sl. 20 ár og samanburður við önnur OECD-ríki.

Mynd 12.1. Heildarframlög og ársverk í rannsókna- og þróunarstarfsemi 1975–95. Verðlag 1995.



	1975	1981	1985	1990	1993	1995
Ársverk	509	744	834	1192	1364	1673
Heildarframlög. Millj. kr.	1.886	2.383	2.746	4.384	5.671	6.953

Mynd 12.1 sýnir heildarframlög á verðlagi ársins 1995 og ársverk í rannsókna- og þróunarstarfsemi á Íslandi 1975–95. Upplýsingarnar byggja á gögnum frá Rannsóknarráði Íslands. Á tíu ára tímabili 1985–95 hækka framlögin úr rúmum 2,7 milljörðum kr. í tæpa sjö og fjöldi ársverka eykst úr 834 í 1673. Árið 1985 kostaði hvert ársverk í rannsókna- og þróunarstarfsemi 3,3 millj. kr., en 4,16 millj. kr. árið 1995 miðað við sama verðlag.

Mynd 12.2. Heildarframlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi 1975–95. Verðlag 1995.



Myndin sýnir þróun heildarframlaga Íslendinga til rannsókna og þróunarstarfsemi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Árviss aukning hefur orðið allt frá árinu 1981, en nokkuð há tala fyrir árið 1975 skýrist af fjárfestingu (rannsóknarskip). Myndin byggir á upplýsingum frá Rannís.

Mynd 12.3. Framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi 1975–95 í nokkrum OECD-ríkjum. Verðlag 1995.



Myndin sýnir samanburð á heildarframlögum nokkurra OECD-landa til rannsókna og þróunarstarfsemi á tímabilinu 1987/8 til 1994/5. Myndin er byggð á upplýsingum frá OECD. Nokkur breytileiki er í því hve miklar upplýsingar liggja fyrir og vantar upplýsingar fyrir nokkur lönd og ár. Valdar voru upplýsingar um lönd þar sem samfelldastar upplýsingar var að finna í gögnum OECD og einatt hafa verið notuð í samanburði á framlögum til þessara verkefna. Það vekur athygli að í engu landi hefur verið jafn skýr stígandi í aukningu heildarframlaga til þessara mála og á Íslandi. Enn er Ísland þó ekki að finna í flokki þeirra landa sem mestu verja til rannsókna og þróunarstafsemi og verður það fyrst og fremst skýrt með því að hlutur atvinnulífsins er lægri hér á landi en í grannlöndunum.

13. Opinber framlög til háskólastigsins sl. 20 ár í samanburði við opinber framlög í öðrum ríkjum OECD.

Tafla 13. Bein opinber framlög OECD-ríkja til skóla á háskólastigi 1993 sem hundraðshlutfall af vergri landsframleiðslu.

	Bein opinber framlög til skóla á háskólastigi
Kanada	1,7
Mexíkó	0,7
Bandaríkin	1,2
Ástralía	1,1
Japan	0,4
Nýja-Sjáland	1,2
Austurríki	1,1
Belgía	1,0
Bretland	0,7
Danmörk	1,3
Finnland	1,8
Frakkland	0,9
Grikkland	0,8
Holland	1,3
Írland	1,0
Ítalía	0,8
Portúgal	0,8
Spánn	0,8
Svíþjóð	1,5
Þýskaland	0,9
Ísland	0,7
Noregur	1,5
Sviss	1,2
Tyrkland	0,8
Meðaltal landanna	**1,0**

Heimild: OECD: Education at a Glance, 1996.

Tafla 13 sýnir framlög til skóla á háskólastigi sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í samanburði við önnur lönd. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru ekki talin með í þessari skilgreiningu OECD. Þau námu árið 1993 0,41% af VLF og að þeim meðtöldum er framlag til háskólastigsins hér á landi 1,1% af VLF.

17. Samvinna skóla á háskólastigi hérlendis miðað við önnur lönd.

Við samanburð á samstarfi háskóla hér á landi og erlendis þarf að taka mið af sérstöðu Íslands hvað varðar fæð stofnana og námssviða. Í flestum tilvikum er námsframboð í tiltekinni grein einskorðað við eina stofnun hér á landi. Háskólar hér hafa gert með sér allmarga tvíhliða samstarfssamninga um afmörkuð málefni svo sem fjarkennslu, kennaramenntun, upplýsingatækni o.fl. Hliðstæðir samningar eru algengir í nágrannalöndunum bæði milli skóla innan hvers lands og milli landa. Stór alþjóðleg samstarfsverkefni eins og ERASMUS og NORDPLUS hafa enn frekar stuðlað að samningum tveggja eða fleiri háskóla í Evrópu um afmörkuð verk. Jafnframt þessu hefur alþjóðlegt samstarf eins og t.d. norrænt verkefni um mat á námi milli háskóla þar sem gefin hefur verið út handbók til einföldunar á mati (nordisk antagningsmanual) skilað beinum árangri í samstarfi milli háskóla innan hvers lands fyrir sig.

Samstarfsnefnd háskólastigins hefur starfað hér á landi samkvæmt skipunarbréfi ráðuneytisins fjögur ár í senn frá árinu 1987. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar 13 skóla. Hlutverk nefndarinnar er m.a.:

1. Að vera vettvangur fyrir umræður um málefni sem varða háskólastigið.
2. Að beita sér fyrir samvinnu um úrlausnir sameiginlegra viðfangsefna.
3. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál á verksviði nefndarinnar.

Meðal viðfangsefna sem nefndinni ber að fjalla um eru:

1. Verkaskipting milli skóla um nám á háskólastigi.
2. Gagnkvæm viðurkenning námsþátta.
3. Skilgreining krafna fyrir hliðstætt nám og prófgráður.
4. Möguleikar á samvinnu um kennslu á einstöku námskeiðum.
5. Aðrir hagnýtir samstarfsmöguleikar, m.a. á sviði rannsókna, bókasafna, upplýsingastarfsemi og skráningarkerfis.

Á vegum samstarfsnefndarinnar hafa starfað vinnuhópar sem fjallað hafa um og gert tillögur til úrbóta á framangreindum sviðum.

Samkvæmt ákvæðum 24. gr. frumvarps til laga um háskóla sem nú er til umfjöllunar á Alþingi skulu íslenskir háskólar hafa með sér samráð og samstarf og þar er gert ráð fyrir að samstarfsnefnd háskólastigsins verði lögbundin og að hún fái þar með formlegra vægi en verið hefur til þessa.

Til samanburðar við samstarf íslenskra háskóla skal hér stuttlega gerð grein fyrir formlegu samstarfi háskóla í Danmörku og Noregi.

Danmörk.

Í dönsku háskólalögunum eru ekki ákvæði um samstarf háskóla en í gildi er umburðarbréf danska menntamálaráðuneytisins frá 5. september 1978 um samráðshóp háskólarektora (Rektorkollegiet for de højere uddannelsesinstitutioner).

Markmið með starfi samráðshóps háskólarektora er að stuðla að samstarfi milli háskólanna innbyrðis annars vegar og milli háskóla og stjórnvalda hins vegar. Stjórnvöld sjá samráðshópnum fyrir starfsliði og aðstöðu. Samráðshópurinn fjallar um sameiginleg málefni háskólastigsins og mál einstöku stofnana eftir atvikum ásamt þeim málefnum er stjórnvöld óska umfjöllunar um hverju sinni. Alls eiga 17 háskólar aðild að samráðshópnum.

Skrifstofa samráðshópsins í Kaupmannahöfn annast þjónustu við ýmsar fastanefndir og ráð sem starfa á vegum hópsins. Jafnframt skal skrifstofan veita háskólunum þjónustu vegna alþjóðlegra tengsla og fyrir hönd menntamálráðuneytisins ber hún m.a. ábyrgð á tengslum Dana við menntamálaverkefni ESB og fleiri alþjóðleg verkefni.

Noregur.

Samkvæmt 2. gr. norsku háskólalaganna nr. 22/1995 skulu háskólar starfa saman og reyna að bæta faglega upp námsframboð hver annars.

Hugtakið Noregsnet í lögunum vísar til þess markmiðs að safna öllum háskólastofnunum innan æðri menntunar í Noregi í eitt kerfi þar sem markmiðið er að auka gæðin og ná fram bættri nýtingu fjármagns, búnaðar og mannafla, með samhæfingu og verkaskiptingu kennslu- og rannsóknastofnana í sérhæfða heild. Netið á einnig að gefa stúdentum aukna möguleika á að flytjast á milli háskóla og tengja saman menntun frá fleiri en einni stofnun. Skilyrði fyrir þessu er að próf, námsgreinar og námsgráður sé auðvelt að fella að og meta frá einni stofnun til annarrrar.

Norska háskólaráðið (Det norske universitetsråd) er samstarfsvettvangur norskra háskóla (universiteter og vitenskaplige høgskoler). Tíu háskólar eiga aðild að ráðinu.

Ráðið fær fjárhagslegan stuðning frá stjórnvöldum og rekur sína eigin skrifstofu í Bergen. Háskólaráðið skal stuðla að þróun sameiginlegra markmiða fyrir rannsóknir og æðri menntun í Noregi og fyrir rannsókna- og menntastefnu þjóðarinnar. Háskólaráðið skal stuðla að samhæfingu og verkaskiptingu innan háskólastigsins og við aðra aðila innan lands. Jafnframt skal ráðið vera tengiliður milli háskólastigsins í Noregi og hins aljóðlega rannsókna- og menntasamfélags.

Á vegum háskólaráðsins starfa ýmsar nefndir og hópar og má nefna t.d. að á vegum þess eru starfandi alls 37 fagráð sem eru samstarfsvettvangur háskólanna um afmörkuð fagleg málefni. Fjalla fagráðin m.a. um samhæfingu kennslu og rannsókna hvert á sínu sviði og veita umsagnir og upplýsingar um fagleg málefni.

18. Hlutfall nemenda af landsbyggðinni við nám á háskólastigi sl. 20 ár borið saman við mannfjölda eftir kjördæmum.

Erfitt er að áætla fjölda þeirra nemenda sem koma af landsbyggðinni þar sem margir er leggja stund á háskólanám flytja lögheimili sitt til þess staðar þar sem þeir stunda námið, sem oftast er höfuðborgarsvæðið. Tafla 18 hér á eftir gefur þó vísbendingu um hversu hátt hlutfall íbúa í hverjum landshluta leggur stund á háskólanám.

Tafla 18. Skólasókn á háskólastigi skipt á landsvæði lögheimilis, að hausti 1980 og 1991–1995.

Fjöldi háskólan.	*Alls*	*Reykja-vík*	*Reykja-nes*	*Vestur-land*	*Vest-firðir*	*Norður-land v.*	*Norður-land e.*	*Austur-land*	*Suður-land*
1980	3633	2042	783	115	89	77	220	93	165
1991	6161	3381	1416	229	98	148	463	158	241
1992	5672	3063	1314	200	75	148	476	133	226
1993	7059	3678	1637	257	129	181	590	184	365
1994	7238	3801	1682	230	133	179	602	187	365
1995	7.409	4.108	1.681	236	121	163	535	181	327

Mann-fjöldi	*Alls*	*Reykja-vík*	*Reykja-nes*	*Vestur-land*	*Vest-firðir*	*Norður-land v.*	*Norður-land e.*	*Austur-land*	*Suður-land*
1980	229.172	83.766	51.234	14.884	10.464	10.631	25.700	12.856	19.637
1991	259.577	99.623	65.216	14.532	9.756	10.340	26.382	13.180	20.548
1992	262.193	100.850	66.416	14.476	9.685	10.359	26.678	13.058	20.671
1993	264.919	101.824	67.956	14.513	9.602	10.445	26.752	13.035	20.792
1994	266.783	103.020	69.149	14.292	9.453	10.293	26.785	12.911	20.880
1995	267.806	104.258	69.959	14.161	9.015	10.214	26.665	12.779	20.755

Hlutf. háskóla-nema miðað v. mannfjölda	*Alls*	*Reykja-vík*	*Reykja-nes*	*Vestur-land*	*Vest-firðir*	*Norður-land v.*	*Norður-land e.*	*Austur-land*	*Suður-land*
1980	1,59%	2,44%	1,53%	0,77%	0,85%	0,72%	0,86%	0,72%	0,84%
1991	2,37%	3,39%	2,17%	1,58%	1,00%	1,43%	1,75%	1,20%	1,17%
1992	2,16%	3,04%	1,98%	1,38%	0,77%	1,43%	1,78%	1,02%	1,09%
1993	2,66%	3,61%	2,41%	1,77%	1,34%	1,73%	2,21%	1,41%	1,76%
1994	2,71%	3,69%	2,43%	1,61%	1,41%	1,74%	2,25%	1,45%	1,75%
1995	2,77%	3,94%	2,40%	1,67%	1,34%	1,60%	2,01%	1,42%	1,58%

Heimild: Landshagir 1996.

21. Áætluð þróun háskólastigsins hérlendis næstu 20 árin miðað við önnur ríki OECD.

Alþingi hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um háskóla. Helsta markmið þess er að festa í sessi skipan þess skólastigs sem tekur við af framhaldsskólastigi og kallað hefur verið háskólastig. Í frumvarpinu eru dregin saman þau meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til að geta talist háskóli og veitt háskólagráðu við námslok. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að nánar sé kveðið á um starfsemi hvers háskóla í sérlögum, reglugerð, starfsreglum, samþykktum eða skipulagsskrá hvers skóla. Verði frumvarp þetta að lögum mun það móta umhverfi háskólastofnana á Íslandi næstu árin og jafnvel áratugina.

Í athugasemdum með frumvarpinu eru dregnir fram nokkrir þættir sem þegar eru farnir að móta háskólastigið og sem ætla má að muni einkenna þróun þess næstu árin. Hliðstæð þróun hefur þegar átt sér stað í nágrannaríkjunum og bendir ekkert til að breyting verði þar á næstu árin. Sjálfstæði háskóla hefur aukist og mun væntalega halda áfram að aukast á komandi árum. Stjórnsýsla verður aðlöguð að þeim auknu völdum og þeirri ábyrgð sem fylgir í kjölfar sjálfstæðis þeirra. Aukin samkeppni stofnana um opinbert fjármagn kallar á auknar kröfur um skilvirkni og skýrari mælikvarða um árangur. Stóraukin erlend samskipti hafa leitt til meiri samkeppni íslenskra háskóla við erlendar menntastofnanir og einkaaðilar hér á landi hafa í auknum mæli sýnt áhuga á því að reka háskóla í samkeppni við ríkisvaldið. Full ástæða er til að ætla að þessi þróun muni halda áfram næstu árin hér á landi sem erlendis.

Ekki er ólíklegt að þær breytingar á ytri skilyrðum sem nefndar hafa verið, breytt rekstrarform, auknar kröfur um gæði og alþjóðleg samkeppni, muni leiða til hliðstæðra breytinga hjá háskólum eins og átt hafa sér stað hjá fyrirtækjum í almennum rekstri. Hagræðing og aukinn faglegur styrkur sem felst í stærri rekstrareiningum mun væntanlega leiða til frekari sameiningar stofnana og aukinnar samvinnu í framtíðinni. T.d. hefur Alþingi nú til umfjöllunar frumvarp til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir sameiningu fjögurra skólastofnana í eina og á grundvelli laga nr. 43/1995 um listmenntun á háskólastigi er gert ráð fyrir sameiningu Leiklistarskólans, Tónlistarskólans í Reykjavík og hluta Myndlista- og handíðaskóla Íslands í eina stofnun. Ætla má að þegar fram í sækir verði starfandi hér á landi 5–6 háskólar er keppi um nemendur og fjármagn á vissum sviðum en hafi með sér nána samvinnu á öðrum sviðum

Hlutfall háskólanema af árgöngunum 20–24 ára hefur hækkað úr 24% í 36% síðustu tíu ár og nemendafjöldi aukist úr 5000 í 7000. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í flestum vestrænum ríkjum. Á næstu fjórum til fimm árum mun ásókn í æðri menntun aukast m.a. vegna þess að starfsnám mun væntanlega færast í auknum mæli yfir á háskólastig. Stúdentum mun fjölga árin 1998–2002 og fjölbreytni í framboði á háskólamenntun mun aukast. Virðist ekki ólíklegt að fjöldi íslenskra háskólanema verði kominn í um 9000 árið 2000.

Viðauki.

Upplýsingar um námsaðstoð í ýmsum Evrópulöndum.
(Unnið af LÍN 1994.)

Formáli.

Menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, skipaði 17. september 1993 starfshóp til þess að „afla upplýsinga um hvernig aðstoð við námsmenn er háttað, þ.e. styrkja og lánafyrirkomulagi í nokkrum OECD löndum". Í starfshópinn voru skipaðir Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri LÍN, Gísli Fannberg, deildarstjóri og Per Landrö, ráðgjafi. Í skipunarbréfi er gert ráð fyrir að álit hópsins liggi fyrir hinn 1. nóvember 1994.

Fyrir liggja nú upplýsingagögn um námsaðstoð á Norðurlöndum og í þeim Evrópulöndum sem eiga aðild að ESB. Fyrst og fremst er um að ræða samantekt um „helstu tegundir fjárstuðnings til háskólanáms í löndum innan Evrópusambandsins" Sú samantekt hefur verið lögð fram á norrænum þingum fulltrúa lánasjóða, m.a. að ósk íslensku fulltrúanna. Þá liggur einnig fyrir bók sem er gefin út af Dr. Josef Raabe og Deutsches Studentenwerk árið 1993 og ber heitið „Economic and Social Support for Students in the Countries of the European Community." Hópurinn hefur kynnt sér bókina og stuðst við hana einkum að því er varðar fjárhæðir námsaðstoðar í löndum ESB. Þá hefur þess verið farið bréflega á leit við menntamálaráðuneyti ýmissa landa að þau láti í té upplýsingar og rætt við forráðamenn menntamálayfirvalda um framangreint efni. Lögð hafa verið drög að upplýsingaöflun um námsaðstoð utan Evrópu, t.d. í Bandaríkjunum en þessi gögn eru ekki enn til staðar.

Starfshópurinn ákvað að láta frá sér fara áfangaskýrslu um viðfangsefni sitt þar sem fram eru settar þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir.

Í skýrslunni er fyrst og fremst stuðst við ofangreindar heimildir en í þeim eru upphæðir í ECU eða myntum einstakra landa. Þar sem íslenskra fjárhæða er getið er miðað við gengi 23. sept. 1994.

Þess skal að lokum getið að upplýsingar um námsaðstoð eru væntanlegar síðar, t.d. um opinbera námsaðstoð í Bandaríkjunum og verður þá ákvörðunaratriði hvort verkinu verður haldið áfram, upplýsinga leitað um námsaðstoð fleiri landa og ítarlegri upplýsinga um aðstoð í þeim löndum, sem hér er að finna í skýrslunni en að því búnu gefin út lokaskýrsla um viðfangsefnið.

Reykjavík í október 1994.

Samantekt og meginniðurstöður.

Námsaðstoð er mjög misjöfn í þeim Evrópulöndunum, sem upplýsingar ná til. Stuðningsupphæðir eru afar misháar og form aðstoðar og skilyrði fyrir aðstoð einnig mismunandi. Skýr vísbending um þessar breytilegu aðstæður er að hlutfall þeirra námsmanna á háskólastigi sem njóta námsaðstoðar í hinum ýmsu löndum er frá því að vera 2,5% á Ítalíu og upp í 100%, t.d á sumum Norðurlandanna.

Veruleg vandkvæði eru á að bera saman hversu mikils virði í raun opinber námsaðstoð er fyrir námsmennina sjálfa. Víðast er um sambland af opinberum styrkjum og lánum að ræða, sem oft bera háa vexti. Greiðsluskilmálar námslána eru einnig miserfiðir. Augljóst er að hátt styrkhlutfall aðstoðar eins og t.d. í Danmörku (69%) er námsmönnum hagstætt, ef meta á virði aðstoðarinnar fyrir þá sem einstaklinga. Hér á landi felst bein námsaðstoð nánast eingöngu í lánum með niðurgreiddum vöxtum. Erfitt er að bera saman þá aðstoð við hvern og einn sem nýtur beinna styrkja og tekur tiltölulega dýr lán. Slíkur samanburður er því ekki gerður í þessari skýrslu. Sú samantekt sem hér er gerð felst fyrst og fremst í því að upplýsa hvaða aðstoð námsmönnum er tryggð í einstökum Evrópulöndum til framfærslu og til þess að standa straum af námskostnaði meðan á námi stendur án tillits til þess hvort aðstoð er veitt í formi styrks eða láns.

Þau aðalatriði sem hafa ber í huga ef bera á saman þá kosti sem námsmönnum stendur til boða til aðstoðar í löndum sem skýrslan nær til eru eftirfarandi:

- Stendur námsaðstoðin öllum námsmönnum í framhaldsnámi til boða?
- Hvað er námsmönnum tryggð há fjárhæð vegna framfærslu og kostnaðar?
- Hversu lengi getur námsmaður fengið aðstoð?
- Getur námsmaður nýtt sér aðstoðina til náms utan heimalands?
- Er um styrk eða lán að ræða og hver eru vaxta- og endurgreiðslukjör lána?
- Hvenær fá menn aðstoðina greidda út, fyrir fram eða eftir á?

Leitast er við að taka saman svör við þessum spurningum hér á eftir. Það skal á hinn bóginn tekið fram að ofangreindum spurningum er ekki raðað eftir röð sem svarar til mikilvægis þeirra.

Upphæð námsaðstoðar.

Munur á námsaðstoð í Evrópulöndum kemur m.a. fram í því að aðstoð til einstaklinga sem búa í leiguhúsnæði getur numið í Danmörku, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Lúxemburg fjárhæð sem jafngildir um það bil 52.000 til 62.000 ísl. kr. á mánuði en í Grikklandi og Ítalíu er hliðstæð aðstoð um 46–47.000 kr. á ári. Norðar í Evrópu er stuðningurinn meiri eða um 234.000 ísl. kr. á skólaári í Frakklandi og 370.000 í Þýskalandi svo dæmi séu tekin.

Afar misjafnar reglur gilda um hversu mikið mið er tekið af framfærslubyrði námsmanns vegna barna og maka bæði á Norðurlöndum og ríkjum ESB þegar réttur til námsaðstoðar er metinn. Verulegt tillit er tekið til framfærslubyrði vegna barna og maka námsmanns hér á Íslandi þegar námsaðstoð viðkomandi er ákveðin svo telja má að um einsdæmi sé að ræða, t.d. er ekkert tillit tekið til slíkrar framfærslubyrði í námsaðstoðarkerfi Dana, Svía og Finna. Í Noregi og sums staðar í Evrópu er tekið tillit til barna á framfæri námsmanns, þegar námsaðstoð er ákveðin, en það er gert í mun minna mæli en á Íslandi. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að verulegt tillit er tekið til tekna námsmanna og maka samkvæmt íslenskum reglum, en það breytir því ekki að tekjulitlum íslenskum námsmanni með fjölskyldu á framfæri eru tryggðar hærri upphæðir til framfærslu en annars staðar í þeim löndum sem upplýsingar liggja fyrir um í þessari skýrslu. Athyglisvert er að samanburður á annarri félagslegri aðstoð leiðir í ljós að tekjulitlum íslenskum námsmönnum með börn á framfæri er tryggður hærri lágmarks framfærslueyrir í heild á mánuði, þ.e. bæði námsaðstoð, barnabætur og annar stuðningur en gerist annars staðar á Norðurlöndum. (Sjá sérstaka yfirlitstöflu um heildaraðstoð til námsmanna á Norðurlöndum og forsendur hennar.)

Önnur aðstoð.

Námsmenn eiga víða í Evrópulöndum rétt á margvíslegum öðrum stuðningi fram yfir beina námsaðstoð. Þar er t.d. um að ræða greiðslur frá almennum opinberum tryggingum og sveitarfélögum. Þessi aðstoð er veruleg, einkum á Norðurlöndum, en þar liggja haldbestar upplýsingar fyrir um þennan stuðning. Það skal tekið fram að hér er ekki um eiginlega námsaðstoð að ræða þar sem þessar bætur standa öðrum en námsmönnum einnig til boða. Námsmenn á Norðurlöndum fá víðast barnabætur (allt að 23.500 kr. á mánuði fyrir tvö börn á framfæri á Íslandi), húsaleigubætur og staðaruppbót (í Finnlandi) auk beinnar námsaðstoðar. (Sjá meðfylgjandi yfirlitstöflu um heildaraðstoð til námsmanna á Norðurlöndum og forsendur hennar.) Flóknar reglur gilda víða í Evrópulöndum um viðbótaraðstoð, afslátt á húsaleigu, skólagjöldum o.s.frv. Því er óhægt um vik að gera nákvæman samanburð á þeirri heildaraðstoð sem námsmenn eiga kost á milli einstakra landa. Í stórum dráttum er sérstaða Norðurlandabúa þó að því er varðar náms- og félagslega aðstoð mjög skýr. Þar er um að ræða mun meiri stuðning en tíðkast annars staðar í Evrópu. Í sumum Evrópulöndum er þó um að ræða verulega aðstoð í formi barnabóta og skattafsláttar til foreldra sem eiga börn á framfæri sem eru í námi.

Tillit til tekna og efnahags.

Við ákvörðun á upphæð námsaðstoðar er yfirleitt tekið tillit til tekna námsmanna í Evrópulöndum (og sums staðar maka þeirra, t.d. hér á landi). Tekjutillitið er þó lítið í Danmörku og Hollandi. Í öðrum Evrópulöndum utan Norðurlandanna er yfirleitt tekið mið af tekjum námsmanna og einnig ekki síður af efnahag og tekjum foreldra við ákvörðun námsaðstoðar, en það er ekki gert á Norðurlöndum nema í því tilviki að börn fái stuðning sem eru undir 18 ára aldri. Að auki er oftast tekið tillit til dvalarstaðar námsmanns, t.d. hvort hann býr í foreldrahúsum eða leiguhúsnæði. Í sumum löndum er gerður greinarmunur á stuðningi með hliðsjón af vegalengd milli skóla og dvalarstaðar.

Lengd stuðningstíma og tillit til námsframvindu.

Reglur eru mjög mismunandi um hversu lengi og á hvaða námsstigi menn geta notið námsaðstoðar í hinum ýmsu löndum. Víðast á Norðurlöndum er um að ræða stuðning við námsfólk í undirbúningsnámi (hliðstæðu menntaskóla- eða fjölbrautanámi hér á landi) og getur sá stuðningur átt sér stað í tvö til þrjú ár. Íslensk námsaðstoð hefur ekki náð til þessa námsstigs nema að því leyti að fólk í iðnnámi hefur verið lánshæft. Þá hafa menn í undirbúningsnámi hér á landi sem hafa þurft að sækja nám utan svæða sem þeir áttu lögheimili getað fengið styrk, (svonefnda „dreifbýlisstyrki").

Þegar litið er einvörðungu á framhaldsnáms, þ.e. sérnám og háskólanám geta íslenskir námsmenn notið stuðnings í lengri tíma á því námsstigi en annars staðar á Norðurlöndum og í þeim löndum sem þessi skýrsla fjallar um. Á framhaldsskólastigi geta íslenskir námsmenn fengið aðstoð í 10 ár í heild en víðast er réttur til aðstoðar á því stigi takmarkaður við mun styttri tíma. Á Norðurlöndum svo dæmi sé tekið er grundvallarreglan sú að menn geta fengið aðstoð í framhaldsnámi (sérnámi og háskólanámi) í þann árafjölda sem hægt er að ljúka einni námsbraut samkvæmt skipulagi skóla að viðbættu einu ári. Ef menn skipta um námsbraut dregst sá réttur sem menn höfðu nýtt sér á fyrri braut yfirleitt frá þegar menn hefja nám á annarri námsbraut.

Víðast er tekið mið af námsframvindu við mat á rétti til námsaðstoðar og sums staðar eru mjög ströng skilyrði sett á þessu sviði, t.d. er styrkur tekinn af námsmönnum sem þurfa að endurtaka námsár í Belgíu og Frakklandi. Á Norðurlöndum fylgjast lánasjóðir með námsframvindu og víðast verða menn að sýna fram á að þeir stundi nám með eðlilegum hætti til þess að hljóta viðvarandi námsaðstoð. Hér á landi gilda þær reglur að menn þurfa yfirleitt nú samkvæmt lögum nr. 21/1992 að sýna fram á námsárangur áður en þeir eru aðstoðarhæfir og fá lán afgreitt í hlutfalli við árangur.

Reglur um námsaðstoð utan viðkomandi ríkis.

Athyglisvert er að mjög er takmarkað að námsmenn geti nýtt sér stuðning samkvæmt reglum síns ríkis til náms utan þess. Sem dæmi má nefna að fremur þröngar skorður eru á stuðningi við norska, danska og finnska námsmenn, sem vilja leggja stund á nám utan Norðurlandanna. Íslenskir og sænskir námsmenn njóta mun frjálslegri stuðnings til náms erlendis. Á ESB svæðinu eru reglur frjálsastar í þessu efni í Lúxemburg og Frakklandi. Þar er tryggt að nota megi styrki hvar sem er innan Evrópusambandsins án skilyrða. Sex ríki ESB (Spánn, Grikkland, Írland, Ítalía, Portúgal og Bretland) leyfa hins vegar ekki að styrkir séu færðir milli landa svo menn geti stundað fullt nám erlendis. Í hinum ESB löndunum fjórum (Þýskalandi, Belgíu, Danmörku og Hollandi) er með þröngum skilyrðum hægt að nýta styrki til náms utan þeirra landa. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að hér á Íslandi og í Luxemburg er fábreyttara framboð á námsbrautum en í öðrum löndum sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Eins og fram kemur í umfjöllun um einstök Evrópulönd eru skólagjöld víða innheimt í löndum ESB, þ.e. í átta löndum sambandsins en ekki í Danmörku, Grikklandi, Lúxemburg og Þýskalandi. Skólagjöldin íþyngja því námsfólki sem hyggur á nám í þeim löndum sem þeirra krefjast, nema námsmenn séu aðstoðaðir til að mæta þeim kostnaði. Afar mismunandi reglur gilda í hinum ýmsu Evrópulöndum um stuðning til að mæta þessum námskostnaði bæði í Evrópu og annars staðar t.d. í bandarískum háskólum. Víða er það svo að námsmenn í viðkomandi ríki fá styrk til að mæta þessum kostnaði ef nám er stundað í heimalandi. Á hinn bóginn er stuðningur til að mæta þessum kostnaði vegna náms í öðru landi mjög takmarkaður í flestum Evrópulöndum, þar á meðal á Norðurlöndum. Íslenskir námsmenn geta átt rétt á allt að rúmlega tveggja millj. kr. láni til þess að standa straum af námskostnaði sem hlýst af skólagjöldum í framhaldsháskólanámi erlendis og rúmlega einni millj. kr. láni til tíu ára vegna skólagjalda í grunnháskóla eða sérnámi erlendis með markaðsvöxtum banka.

Form námsaðstoðar.

Námsaðstoð á Íslandi er sérstæð að því leyti að hún er nánast öll í formi lána með niðurgreiddum vöxtum. Víðast eru veittir beinir styrkir sem grunnaðstoð og þá einnig lán sem bera oft venjulega markaðsvexti, þ.e. allt frá rúmlega 5% í Danmörku til 8–9% í Finnlandi. Í mörgum ESB löndum er í æ ríkara mæli verið að fara út í lánakerfi samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Vextir leggjast einnig oftast á lánin á námstíma nema í Noregi og á Íslandi, t.d. 7,4% í Svíþjóð og 8–9% í Finnlandi. (Sjá sérstakt yfirlitsblað um vexti af námslánum á Norðurlöndum og endurgreiðslureglur) Styrkur er hæstur á Norðurlöndum í Danmörku eða um 69% af heildarnámsaðstoð til einstaklinga eða um 36.600 ísl. kr. á mánuði en lægri í öðrum löndum, t.d. er styrkur í Noregi 18% til einstaklinga á skólaárinu 1994–95.

Hlutfall námsmanna sem njóta opinberrar aðstoðar.

Hlutfall þeirra námsmanna á háskólastigi sem njóta námsaðstoðar í ESB löndum er mjög mismunandi eða frá því að vera að líkindum nálægt 100% í Danmörku og niður í að vera 2,5% á Ítalíu og 10–15% í Portúgal og Grikklandi, en hlutfallið er 18–34% í Belgíu, fyrrum Vestur Þýskalandi og Írlandi en hærra, þ.e. 75–90% í Bretlandi og áður Austur Þýskalandi. Á Íslandi tóku 63% af þeim lán sem áttu rétt á því vegna náms hér á landi skólaárið 1990–91 en á síðasta skólaári hafði þetta hlutfall lækkað í rúm 44%.

Hæfi ríkisborgara annarra landa til námsaðstoðar.

Miklar umræður hafa átt sér stað undanfarið, m.a. milli forráðamanna norrænna lánasjóða, um áhrif EES-samnings á námsaðstoð í Evrópu. Í því sambandi er athyglisvert að samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er í engu landi ESB litið svo á að námsmenn annarra bandalagsríkja séu skilyrðislaust hæfir til að þiggja stuðning úr aðalnámsaðstoðarkerfi þess. Skilyrðin eru undantekningarlaust fremur þröng. Sum ríki (Spánn og Portúgal) veita einungis námsaðstoð til ríkisborgara annarra landa gegn gagnkvæmum rétti spænskra og portúgalskra námsmanna í viðkomandi löndum. Önnur ríki takmarka þær tegundir fjárstuðnings sem ríkisborgarar annarra ríkja geta sótt um. Þau ríki sem frjálslyndust eru í þessum efnum setja samt þau skilyrði að annað foreldri námsmanns starfi eða hafi starfað í viðkomandi ríki. (Belgía, Danmörk, Þýskaland og Holland.) Námsmenn frá öðrum ríkjum bandalagsins hafa alls engan aðgang að lánakerfi námsmanna á Írlandi.

Ísland.

Námsaðstoð á Íslandi er veitt samkvæmt lögum nr. 21/1994, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerð samkvæmt þeim lögum og úthlutunarreglum sem samþykktar eru af stjórn LÍN og staðfestar af ráðherra.

Skólagjöld.

Innritunargjald er greitt til Háskóla Íslands. (Gjaldið er nú 19.500 kr. fyrir skólaárið 1994–95, auk þess sem greitt er til stúdentaráðs.) Skólagjöld eru greidd í nokkra sérskóla en yfirleitt eru skólagjöld ekki greidd á framhaldsskólastigi.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Námsaðstoð er eingöngu veitt í formi verðtryggðra lána til langs tíma með allt að 3% vöxtum (nú 1% vöxtum samkvæmt reglugerð). Stuðningstími er að hámarki 10 ár í heild. Tekið er tillit til framfærslu barna og maka námsmanns í aðstoðinni. Þá getur tekjulítill námsmaður með börn á framfæri fengið barnabætur og barnabótaauka. Hámarksbarnabætur og barnabótaauki fyrir fjölskyldu með tvö börn er um 23.500 kr. á mánuði. Þær bætur teljast ekki til tekna þegar lán er reiknað. Lög hafa verið sett um húsaleigubætur, sem ganga í gildi 1. janúar 1995 og munu námsmenn eiga rétt á húsaleigubótum samkvæmt þeim lögum. Reykjavíkurborg greiðir styrk til heimavinnandi maka manna, sem eru með börn á framfæri. (Sjá yfirlitstöflu um stuðning við námsmenn á Norðurlöndum og forsendur hennar.) Þá geta íslenskir námsmenn fengið styrk úr nýstofnuðum Rannsóknarnámssjóði Íslands og fleiri sjóðum.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð?

Nám á Íslandi: Námsmenn sem þess óska og stunda sérnám, iðnnám, framhaldsnám, grunn- eða framhaldsháskólanám geta átt rétt á námsaðstoð í samræmi við ákveðnar reglur. Stuðningur er ekki veittur nemendum í almennu undirbúningsnámi (t.d. menntaskóla- og fjölbrautaskólanámi). Hlutanám (undir 75% af fullu námi) er ekki lánshæft.

Nám erlendis: Veitt eru lán vegna náms erlendis með afar litlum takmörkunum í megindráttum eftir sömu reglum og gilda um lánshæft nám á Íslandi, þ.e. að teknu tilliti til grunnframfærslu í hverju landi og borg, enda fullnægi þeir skólar, sem námsmenn hyggjast sækja, ákveðnum skilyrðum. Framboð á námi hér á landi hindrar yfirleitt ekki rétt manna til námsaðstoðar erlendis. Lánað er til einkanáms í tónlist í allt að þrjú ár og lánað er eftir vissum reglum til undirbúningsnáms erlendis í tungumálum. Þá eru veitt ferðalán til námsmanna sem stunda nám erlendis. Þau nema skólaárið 1994–95 29.000 kr. vegna ferðakostnaðar til og frá námsstað í Evrópu en 45.000 kr. til og frá námsstað annars staðar í heiminum.

Lán vegna skólagjalda erlendis.

Lánað er vegna skólagjalda erlendis. Veitt eru sérstök lán vegna skólagjalda til 10 ára með markaðsvöxtum banka vegna sérnáms og grunnháskólanáms erlendis í þrjú ár samtals að hámarki 17.000 bandaríkjadollarar, eða 1.150.000 ísl. kr. Lán með venjulegum kjörum námslána eru veitt vegna skólagjalda í framhaldsháskólanámi. Þau lán geta numið að allt að 31.000 bandaríkjadollurum samtals eða um 2,1 millj. ísl. kr.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara.

Erlendir ríkisborgarar geta fengið aðstoð til lánshæfs náms á Íslandi enda njóti Íslendingar hliðstæðs réttar í heimalöndum þeirra. Námsmenn frá Norðurlöndum geta fengið námsaðstoð frá LÍN til að stunda nám hér á landi að uppfylltum skilyrðum um að þeir hafi stundað vinnu og búið hér á landi í tvö ár.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Árlegur stuðningstími. Að jafnaði er ekki veitt aðstoð nema í níu og hálfan mánuð en getur þó náð frá upphafi námsárs til síðasta prófdags samkvæmt upplýsingum skóla.

Hámarkstími: Veitt er aðstoð að hámarki 10 ár ef námsmaður leggur stund á framhaldsháskólanám.

Upphæð námsaðstoðar. Er hún breytileg?

Upphæð námsaðstoðar er breytileg. Hún fer eftir tekjum námsmanns og maka, fjölskylduaðstæðum, dvalarstað námsmanns og námsárangri. Framfærslulán til einstaklings sem stundar nám á Íslandi og býr í leiguhúsnæði er nú (september 1994) 52.384 kr. en einstaklings í foreldrahúsum 70% af þeirri upphæð eða 36.669. Framfærslulán hjá hjónum eða sambýlisfólki með börn á framfæri hækkar um 25% fyrir hvert barn á framfæri þeirra. Lán til einstæðra foreldra hækka um 45% fyrir hvert barn. Lán eru einnig með ákveðnum skilmálum veitt vegna framfærslu maka, ef hjón eða sambýlisfólk eiga tvö börn, maki er atvinnulaus eða hefur ekki atvinnuleyfi. Makalán nemur þá 50% af láni vegna námsmanns og barna. Þá eru veitt lán vegna ferðakostnaðar eftir ákveðnum reglum og bóka-, efnis- og tækjakostnaðar og veitt er lán vegna helmings af venjulegu meðlagi til greiðanda þess.

Hámarkslán sem menn geta fengið á mánuði eru sem hér segir í ísl. kr:
(Miðað er við vísitölu í september.)

Einstaklingur í leiguhúsnæði	52.384	
Einstaklingur í foreldrahúsum	36.669	
Námsm. með tvö börn og á maka á framfæri	117.684	
Lán vegna bóka- og efniskaupa	20.954	á skólaári

Tekjutillit og frítekjumark.

Tekjur koma yfirleitt til frádráttar lánsrétti. Þær eru samkvæmt reglum 1994–95 skilgreindar sem tekjur sem mynda skattstofn viðkomandi. Í því felst að barnabætur, barnabótaauki, o.fl. teljast ekki til tekna. Tekið er tillit til tekna námsmanna og maka þeirra þegar réttur manna til námslána er reiknaður. Aftur á móti er ekki tekið tillit til eigna námsmanna né tekna eða fjárhags foreldra.

Námsmönnum sem búa í leiguhúsnæði er heimilt að afla 180.000 kr. og námsmönnum sem dvelja í foreldrahúsnæði er heimilt að afla 140.000 kr. án þess að þær tekjur hafi áhrif á rétt þeirra til námslána. Tekjur umfram framangreindar fjárhæðir hafa þau áhrif að 50% þeirra dragast frá rétti til námsaðstoðar. Tillit er tekið til tekna maka á þann veg að til frádráttar frá láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram framfærslu.

Námsframvinda.

Forsenda fyrir námsaðstoð samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, er að menn skili námsárangri áður en lán eru afgreidd. Námsmenn fá einungis fullt lán fyrir 100% námsframvindu, þ.e. ef menn geta lokið námi eftir þrjú ár samkvæmt skipulagi skóla, fá menn að hámarki 100% lán í þrjú skólaár. Lágmarksárangur sem námsmenn þurfa að skila á önn er 75% og fá menn þá lán á þeirri önn í samræmi við árangursskil, þ.e. menn geta fengið 75% lán í fjögur ár til þess að ljúka þriggja ára námi með því að skila alltaf lágmarksárangri.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Veruleg breyting varð á umsóknum manna um námsaðstoð eftir breytingu laga- og reglna um LÍN á árunum 1991 og 1992. Af heildartölu þeirra námsmanna sem stunda lánshæft framhaldsnám á Íslandi tóku 63,3% lán skólaárið 1990–91, en um 43% skólaárið 1993–94.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Í lögum um LÍN er sett fram sú viðmiðun að námslán nægi til að standa straum af framfærslu og námskostnaði.

Koma námsmenn frá aðildarlöndum að EES-samningi til greina sem stuðningsþegar?

Námsmenn frá þeim ríkjum sem eru aðilar að EES-samningi geta notið íslenskrar námsaðstoðar en að takmörkuðu leyti. Þeir geta fengið aðstoð til að stunda nám á Íslandi ef íslenskir námsmenn geta fengið stuðning samkvæmt reglum heimalands viðkomandi námsmanns. Heimildir eru ekki í lögum til þess að veita erlendum ríkisborgara íslenska námsaðstoð til þess að stunda nám í öðrum löndum.

Láns- og endurgreiðslukjör.

Lánin eru verðtryggð og bera allt að 3% ársvexti frá námslokum en engir vextir reiknast á námstíma. Samkvæmt núgildandi reglugerð eru vextir 1% af veittum lánum. Lánin eru afborgunarlaus í tvö ár eftir námslok. Endurgreiðslutími er ekki ákveðinn. Gjalddagar eru tveir á ári. Gert er ráð fyrir að menn greiði að lágmarki 50.700 ísl. kr. (vísitala í október 1994) án tillits til tekna á ári upp í afborganir og vexti á fyrri gjaldaganum, þ.e. í mars. Tekjutengd afborgun greiðist síðar á árinu, þ.e. í september. Ef lánþegar hafa bruttóárstekjur umfram 1.014.000 (miðað við vísitölu í október 1994), ber þeim að greiða á septembergjalddaga 5% af þeim umframtekjum sínum til LÍN vegna lána sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 21/1994. Aðrar reglur gilda um fyrri lán, þ.e. aðalreglan í því tilviki er sú að menn greiða ekki meira en 3,75% af bruttótekjum sínum af þeim lánum.

Framfærslutafla 1994–95.

Taflan sýnir mánaðarlega framfærslu í mynt viðkomandi lands miðað við fjölskyldustæður (september 1994). Viðbótarlán vegna maka er ekki inni í þessum tölum.

Stuðull	*0,7*	*1*	*1,25*	*1,45*	*1,5*	*1,75*	*1,9*	*2,35*
Ísland	36.669	52.384	65.480	75.957	78.576	91.672	99.530	123.102
Danmörk		5.198	6.498	7.537	7.797	9.096	9.876	12.215
Noregur		5.453	6.816	7.907	8.180	9.543	10.361	12.815
Svíþjóð		5.329	6.661	7.727	7.994	9.326	10.125	12.523
Finnland		4.025	5.031	5.836	6.038	7.044	7.648	9.459
Bretland		583	729	845	874	1.020	1.108	1.370
London		649	811	941	974	1.136	1.233	1.525
Frakkland		4.583	5.729	6.645	6.874	8.020	8.708	10.770
París		5.037	6.296	7.304	7.556	8.815	9.570	11.837
Þýskaland		1.316	1.645	1.908	1.974	2.303	2.500	3.093
München		1.446	1.808	2.097	2.169	2.530	2.747	3.398
Sviss		1.771	2.214	2.568	2.656	3.099	3.365	4.162
Holland		1.288	1.610	1.868	1.932	2.254	2.447	3.027
Austurríki		12.580	15.725	18.241	18.870	22.015	23.902	29.563
Spánn		87.025	108.781	126.186	130.538	152.294	165.348	204.509
Ítalía		1.237.417	1.546.771	1.794.255	1.856.126	2.165.480	2.351.092	2.907.930
Bandaríkin B		929	1.161	1.347	1.394	1.626	1.765	2.183
Bandaríkin C		1.049	1.311	1.521	1.574	1.836	1.993	2.465
Kanada		970	1.212	1.406	1.455	1.698	1.843	2.280

Stuðlar:

0,7	Foreldrahúsnæði á Íslandi
1,0	Grunnframfærsla einstaklings
1,25	Hjón með eitt barn
1,45	Einstætt foreldri með eitt barn
1,5	Hjón með tvö börn
1,75	Hjón með þrjú börn
1,9	Einstætt foreldri með tvö börn
2,35	Einstætt foreldri með þrjú börn

Noregur.

Statens lånekasse for utdanning, eða norski lánasjóðurinn, veitir námsaðstoð í Noregi og fer hún eftir lögum, reglum og reglugerðum sem um hann gilda.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru ekki greidd í Noregi nema í einkaskólum og sérskólum. Sjóðurinn veitir að hámarki lán sem nemur um 170.000 ísl. kr. á ári vegna skólagjalda innan lands eða á hinum Norðurlöndunum.

Helstu tegundir aðstoðar.

Norski lánasjóðurinn veitir bæði styrki og lán. Styrkurinn nemur skólaárið 1994–95 um 18% af heildaraðstoð þeirra sem eru eldri en 19 ára og búa í leiguhúsnæði, en er hærra hlutfall af aðstoðinni við yngri námsmenn. Aðstoð er veitt vegna framfærslu barna og maka eftir sérstökum reglum.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð?

Vegna náms í Noregi. Námsaðstoð er veitt öllum námsmönnum á aldrinum 16– 65ára er stunda nám í framhaldsskólum (þ.e. nám á mennta- og fjölbrautaskólastigi), lýðháskólum, iðnskólum og háskólum. Erlendir ríkisborgarar geta undir vissum kringumstæðum fengið aðstoð vegna náms í Noregi. Ef um fullt nám er að ræða er ekki veitt aðstoð nema námstíminn sé a.m.k. þrír mánuðir (innan lands) og hálft námsár (erlendis). Það má veita aðstoð í hlutanám (50% nám) innan lands ef námstíminn er a.m.k. fimm mánuðir.

Vegna náms erlendis. Ef stundað er nám annars staðar á Norðurlöndunum er veitt aðstoð eftir sömu reglum og gilda fyrir nám í Noregi. Einnig er veitt aðstoð vegna háskólanáms utan Norðurlanda ef námið er viðurkennt í Noregi og vegna sérnáms ef sambærilegt nám verði ekki stundað í Noregi. Aðstoð er ekki veitt til tveggja ára „Associate degree“ eða vegna náms á fyrsta ári í venjulegu BA-/BS-námi í Bandaríkjunum.

Aðstoð vegna greiðslu skólagjalda: Vegna náms í ákveðnum greinum erlendis utan Norðurlanda er veittur styrkur vegna skólagjalda, t.d. lyfjafræði og læknisfræði að hámarki nálægt 370.000 ísl. kr. á ári. (Í nokkrum greinum, t.d. verkfræði, tölvufærði og mastersnámi í viðskiptafræði er veittur styrkur allt að 90.000 norskar kr. eða um 900.000 ísl. kr. á ári.) Ekki er veittur skólagjaldastyrkur vegna doktorsnáms.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara.

Borgarar aðildarríkja að EES-samningi geta fengið norska námsaðstoð, t.d. ef foreldrar námsmanns starfa eða hafa starfað í Noregi samkvæmt reglum EES-samnings um óheftan flutning fólks í atvinnuleit milli samningslandanna eða námið sé tengt því starfi sem erlendur ríkisborgari frá EES-landi hefur stundað í Noregi. Skilyrði fyrir því að þessi réttur nái til aðstoðar vegna náms utan Noregs er að viðkomandi hafi búið í landinu í a.m.k. tvö ár.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Að jafnaði er veitt aðstoð í 10 mánuði á almanaksári. Veitt er aðstoð í hámark fimm ár til náms á mennta- og fjölbrautaskólastigi og hámark sex ár vegna náms á háskólastigi. Veitt er aðstoð í sem samsvarar venjulegri („norm“) lengd námstíma og í eitt ár að auki. Undir vissum kringumstæðum er hægt að fá undanþágu frá þessum reglum.

Hámarksupphæð lána og styrkja.

Upphæð námsaðstoðar fer eftir námi, aldri (mismunandi reglur fyrir námsmenn eldri og yngri en 19 ára) og félagslegum aðstæðum.

Grunntölur 1994–95, ísl. kr.	*Styrkur*	*Lán*	*Samtals*
Nemendur eldri en 19 ára*			
— sem búa í foreldrahúsum		35.992	35.992
— sem búa ekki í foreldrahúsum . . .	9.588	45.101	54.689
Nemendur yngri en 19 ára*			
— sem búa í foreldrahúsum	7.738	21.956	29.694
— sem búa ekki í foreldrahúsum . . .	24.195	24.195	48.390

* Námsmenn sem eru yngri en 19 ára með barn eða börn á framfæri, giftir eða eru í háskólanámi fá einnig mánaðarlegan styrk og lán eins og 19 ára og eldri.

Veita má aðstoð vegna framfærslu maka og barna samkvæmt ákveðnum reglum og einnig aðstoð vegna bóka- og efniskostnaðar. Vegna veikinda og barnsburðar á námstíma má breyta veittu láni í styrk (hámark þrír mánuðir á námsári vegna veikinda, 42 vikur vegna barneignar).

Ferðastyrkur er veittur vegna náms innan lands og á Norðurlöndum fyrir þrjár ferðir á námsári samkvæmt taxta sjóðsins að frádregnum 800 norskra kr.

Vegna náms erlendis utan Norðurlanda er veitt aðstoð vegna einnar ferðar á ári; 50% styrkur, 50% lán samkvæmt taxta sjóðsins.

Aðrir styrkir.

Í listaháskólum ýmiss konar er veittur 100% styrkur af reiknaðri námsaðstoð á bilinu 1.980–7.070 norskar kr. á mánuði. Listamaður í framhaldsnámi getur fengið allt að 450.000 ísl. kr. á ári í styrk. Flóttamenn í framhaldsskólanámi geta fengið styrki samkvæmt ákveðnum reglum. Veittar eru um 60.000 ísl. kr. í styrk vegna tveggja mánaða sumarnáms við nokkra háskóla í Noregi. Styrkur þessi er óháður tekjum námsmanns. Nemar frá Nord–Troms og Finnmark sem búa í leiguhúsnæði og stunda nám í framhaldsskóla fá 560 norskar kr. á mánuði eða um 5.600 ísl. kr. í viðbótarstyrk.

Aðrar bætur.

Námsmenn njóta einnig bóta úr almannatryggingakerfi, t.d. barnabóta. Námsmaður með tvö börn á framfæri getur þannig fengið 17.776 ísl. kr., samkvæmt upplýsingum norska lánasjóðsins (sjá yfirlitstöflu um heildaraðstoð til námsmanna á Norðurlöndum). Þá veita einnig ýmsir aðrir aðilar styrki svo sem fram kemur síðar.

Tekjutillit og frítekjumark.

Námsmenn mega hafa 3.000 norskar kr., eða um 30.000 ísl. kr., í vinnutekjur á mán. á námstíma án þess að lán skerðist, en 60% af vinnutekjum umfram þessa upphæð og 60% af öðrum tekjum á námstíma dregst frá reiknaðri námsaðstoð. Séu eignir námsmanns meiri en 146.000 norskar kr. minnkar námsaðstoðin. Tekjur og eignir foreldra námsmanna yngri en 19 ára og tekjur og eignir maka námsmanna geta skert námsaðstoð. Barnabætur og húsaleigustyrkir frá hinu opinbera teljast ekki til tekna.

Lánskjör og endurgreiðslur.

Lánin bera nú 7,5% vexti frá námslokum. Vextir eru frádráttarbærir til skatts. Endurgreiðslur hefjast einu til einu og hálfu ári eftir námslok og er endurgreiðslutími allt að 20 ár. Veittar eru undanþágur frá þessari reglu. Greiðslu skal vera lokið fyrir 65 ára aldur. Fyrstu þrjú árin eftir að námi lýkur eru endurgreiðslur lágar, eða sem nemur 4% af heildarskuld, lágmark 2.810 norskar kr. eða um 28.000 ísl. kr. tvisvar á ári, en eftir það lágmark 4.000 norskar kr., eða um 40.000 íslenskar tvisvar á ári. Lánþegi borgar ákveðið gjald fyrir hverja tilkynningu/rukkun. Ríkisstjórninni er heimilt að breyta afborgunartíma og vöxtum.

Lánþegi getur sótt um niðurfellingu á vaxtagreiðslum og frestun eða niðurfellingu á afborgunum vegna lágra tekna, veikinda o.fl.

Lánþegi búsettur í Noregi getur sótt um að ársgreiðsla verði lækkuð í 6% (lágmark 7.000 norskar kr. 1994) af brúttóárstekjum (hámark sjö ár).

Þeir sem lokið hafa mjög löngu námi (tíu missera eða lengra) eiga rétt á að fá felld niður lán að einhverju leyti (19.900 til 46.900 norskar kr.). Þá eiga þeir sem lokið hafa löngu námi á eðlilegum („normeruðum“) eða styttri tíma rétt á ákveðinni niðurfellingu (hámark 19.500 norskar kr.).

Lánþegar sem setjast að í Norður-Noregi (Finnmark og Nord-Troms) og læknar sem starfa í sínu fagi á nokkrum öðrum stöðum í Noregi eiga rétt á niðurfellingu lána upp að vissu marki (10% af höfuðstólnum á ári; lágmark 1.100 og hámark 16.500 norskar kr.).

* Miðað er við sölugengi norskrar krónu í sept. 1994, þ.e. 9,998 ísl. kr.

Danmörk.

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte, eða danski lánasjóðurinnn, veitir námsaðstoð í Danmörku og fer aðstoðin eftir lögum, reglum og reglugerðum sem um sjóðinn gilda.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru ekki greidd í Danmörku nema í einkaskólum og sérskólum.

Helstu tegundir aðstoðar.

Danski lánasjóðurinn veitir bæði styrki og lán. Styrkur er um 69% af hámarksheildaraðstoð þeirra sem eru eldri en 19 ára og búa í leiguhúsnæði. Þetta er hæsta styrkhlutfall sem um getur á Norðurlöndum. Aðstoð er ekki veitt frá sjóðnum vegna barna (barnafjöldi hefur þó áhrif á frítekjumark) og maka námsmanns.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð?

Vegna náms í Danmörku: Allir danskir ríkisborgarar sem hafa náð 18 ára aldri eiga rétt á námsaðstoð. Námið þarf að njóta viðurkenningar hins opinbera og vera að lágmarki þriggja mánaða nám. Námsmenn verða að sækja tíma og taka próf.

Vegna náms erlendis: Námsmaður sem hyggst stunda nám á Norðurlöndum getur fengið aðstoð til þess samkvæmt dönskum reglum en námið þarf að vera viðurkennt af dönskum menntamálayfirvöldum og menntunin að vera nothæf í Danmörku. Hámarkstími aðstoðar til náms utan Norðurlanda er þrjú ár. Ef námsbrautin er lengri en þrjú ár er veitt aðstoð síðustu þrjú árin. Áhersla er lögð á að menntunin komi að gagni og styrki samkeppnisstöðu Dana. Veita má stuðning til lengri tíma ef námið, sem valið er, býðst ekki í Danmörku og menntunin uppfyllir þörf á danska vinnumarkaðnum.

Aðstoð vegna skólagjalda erlendis: Styrkur er veittur allt að 85% til greiðslu skólagjalda í námi erlendis en þó ekki hærri en um það bil 180.000 ísl. kr. á ári. Ströng skilyrði eru að sérstök þörf sé fyrir fólk með slíka menntun og hún sé ekki í boði í Danmörku.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara: Borgarar ESB geta fengið danska námsaðstoð, t.d. ef foreldrar námsmanns starfa eða hafa starfað í Danmörku samkvæmt reglum ESB um óheftan flutning fólks milli sambandslandanna eða námið sé tengt því starfi sem erlendur ríkisborgari frá ESB hefur stundað í Danmörku.

Námsframvindukröfur.

Aðstoð „án klippikorts“:

Gerð er krafa um að nemendur séu í fullu námi, taki tilskilin próf og ljúki verkefnum. Þeir námsmenn, sem ekki uppfylla þessi skilyrði að fullu, en geta að áliti skólans lokið á tilskyldum tíma, fá undanþágu.

Námsmaður sem þarf að taka upp námsár eða hluta úr námsári getur einnig fengið aðstoð til þess.

Aðstoð „með klippikorti“:

Námsmaður verður að vera í fullu námi, taka próf og verkefni í „normal takt“. Skólinn metur hvort námsárangur nemenda er fullnægjandi eða ekki. Ef námsmaður uppfyllir ekki kröfur skólans um námsframvindu ber skólanum að sjá til þess að aðstoð stöðvist með því að tilkynna Lánasjóðnum um ófullnægjandi námsárangur viðkomandi námsmanns.

Skólinn skal gera athugun á námsframvindu nýrra nemenda innan sex mánaða eftir að þeir hefja nám. Ef þeir eru þá ekki í fullu námi stöðvast námsaðstoð. Eftir það skal skólinn athuga námsframvindu nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Lítilsháttar seinkun í námi kemur venjulega ekki að sök ef námsmaður getur að mati skólans haldið eðlilega áfram námi. Í þeim tilfellum er námsaðstoð ekki stöðvuð.

Námsmenn geta þó að uppfylltum vissum skilyrðum fengið viðbótaraðstoð „forsinkelsesklip“ ef þeir geta ekki lokið námi á réttum tíma. Hámark þessarar viðbótaraðstoðar er 12 mánuðir.

Námsmenn erlendis eiga að senda upplýsingar um námsárangur tvisvar á ári til Lánasjóðsins.

Fjöldi námsmanna sem hljóta stuðning.

Að líkindum er hlutfall þeirra sem njóta námsaaðstoðar um 100% af fjölda námsmanna í stuðningshæfu námi. Árið 1992 hlutu 210.000 námsmenn styrki frá danska lánasjóðnum og 78.000 þeirra tóku einnig lán.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Að jafnaði er veitt aðstoð 12 mánuði á ári nema námsmaður óski annars.

Hjá danska lánasjóðnum er veitt tvenns konar aðstoð, „án klippikorts“ og „með klippikorti“ (uden for klippekortet og i klippekortet). Námsaðstoð „án klippikorts“ er veitt vegna náms á menntaskólastigi (første ungdomsuddannelse).

Á menntaskólastigi: Veitt er aðstoð að hámarki í 23 mánuði á þessu námsstigi enda verður námsmaður að hafa náð 18 ára aldri og vera í fullu námi. Námsmenn þurfa ekki klippikort til þess að fá aðstoð á þessu stigi og þessi stuðningstími dregst ekki frá þegar þeir síðan fá klippikort.

Annað lánshæft nám: Þegar námsmenn hefja nám á háskólastigi, iðnnám eða annað nám sem háð er klippikortinu fá þeir úthlutað þessu korti sem tiltekur hversu marga mánuði þeir geta fengið námsaðstoð í fyrirhugað nám. Þetta fyrirbrigði er þó ekki kort sem klippt er af, heldur nokkurs konar mælistika á fjölda aðstoðarmánaða.

Tekið er mið af eðlilegum námstíma („normerad studietid"), þ.e. veitt eru lán/styrkir í fimm ár til fimm ára náms o.s.frv. Þar sem námsbraut er skipt upp í lægri og hærri gráðu, t.d. ef námsmaður stefnir að mastersgráðu en þarf fyrst að taka BA-próf, er fyrst gefið út klippikort fyrir BA-námi 36 „klipp". Þegar viðkomandi hefur lokið BA-gráðunni fær hann síðan annað klippikort fyrir mastersferilinn 24 „klipp". Ef námsmenn skipta um nám fá þeir nýtt klippikort og er þá dregin frá sú aðstoð sem þeir hafa þegar fengið. Námsaðstoð sem þeir hafa mögulega fengið „án klippikorts" dregst þó ekki frá. Námsmenn sem skipta um nám eða hafa fallið á prófum geta þó sótt um 12 mánaða viðbót við klippikortið. Þá var sú nýbreytni tekin upp skólaárið 1994–95 að veita sérstakt námslokalán (ekki styrk) í eitt ár. Námsmenn sem eignast börn á námstíma eða verða veikir eða hafa aðra gilda ástæðu geta sótt um 12 mánaða hámarksviðbót við klippikortið.

Ef námsmenn hafa valið að taka ekki lán/styrki alla mánuði ársins einhvern tíma á námstímanum geta þeir fengið tvöfalda námsaðstoð á síðasta námsári sínu í jafnmarga mánuði og þeir hafa sparað.

Námsmenn í doktorsnámi fá yfirleitt styrk frá viðkomandi skóla. Þessi styrkur er að hámarki 149 „klipp" en hvert slíkt samsvarar 3.493 d. kr. eða 38.912 ísl. kr. en geta þó yfirleitt einnig sótt um aðstoð frá danska lánasjóðnum. Miðað er við að doktorsnám taki þrjú ár eftir meistaragráðu og geta námsmenn fengið lán og styrki þann tíma til viðbótar klippikortinu.

Upphæð lána og styrkja.

Upphæð lána og styrkja fer eftir því hvort námsmaðurinn býr í foreldrahúsum eða leiguhúsnæði. Námslán og styrkir hjá danska lánasjóðnum eru sem hér segir:

Hámarksstyrkir og lán á mánuði í ísl. kr.

	Styrkir	*Lán*	*Samtals*
Í foreldrahúsum	22.246	17.211	39.457
Í leiguhúsnæði	38.912	17.211	56.123

Styrkurinn er skattskyldur ef laun og styrkir fara yfir ákveðið mark.

Námsmenn undir 20 ára aldri í menntaskólanámi fá yfirleitt námsaðstoð eins og þeir væru í foreldrahúsum, þó er hægt að sækja um undanþágu ef tilefni er til.

Danski lánasjóðurinn miðar sína útreikninga við almanaksárið, ekki skólaárið, þannig að 1. jan. ár hvert hefst nýtt aðstoðarár.

Frítekjumark.

Upp að 19 ára aldri eru lán og styrkir háðir tekjum foreldra. Námsmenn, sem fá aðstoð, mega hafa 3.493 danskar kr. á mánuði jafnframt án þess að lánið/styrkurinn skerðist, þ.e. 41.916 danskar kr. (eða 466.944 ísl. kr.) í tekjur á ári án þess að lán/styrkir skerðist þó þeir fái námslán eða styrki allt árið. Ef námsmaður fær ekki aðstoð allt árið, má hann hafa 11.158 danskar kr. í tekjur þá mánuði sem hann fær ekki aðstoð án þess að lánið/styrkurinn skerðist. Ef námsmaður hefur barn/börn undir 18 ára aldri á framfæri sínu hækkar frítekjumarkið um 16.135 danskar kr. á ári fyrir hvert barn.

Aðrar bætur.

Námsmenn geta fengið barnabætur og húsaleigubætur frá almannatryggingum og sveitarfélögum. Sem dæmi má nefna að námsmaður með tvö börn á framfæri getur fengið barnabætur sem nema um 15.300 ísl. kr. og húsaleigubætur um það bil 5.500 ísl. kr. á mánuði. (Heimild: Danski lánasjóðurinn) (Sjá yfirlitstöflu um heildaraðstoð við námsmenn á Norðurlöndum og forsendur hennar.)

Lánskjör og endurgreiðslur.

Á námstíma leggjast 4% vextir á námslán en eftir að námi lýkur bera þau vexti sem svara til forvaxta banka eins og þeir eru á hverjum tíma. Stjórnvöld ákveða þó árlega hvort vextir eru greiddir niður eða ekki.

Endurgreiðslur hefjast einu ári eftir lok þess skólaárs sem námsmaðurinn lauk námi. Sem dæmi má nefna að hafi maður lokið námi í júní 1994 hefjast endurgreiðslur árið 1996. Lánin endurgreiðast á 7–15 árum. Það fer eftir eftir upphæð skuldarinnar hversu langur endurgreiðslutíminn er.

* Miðað er við sölugengi danskrar krónu í 23. september 1994, þ.e. 11,14 ísl. kr.

Færeyjar.

Studulsstovnurin, eða færeyski lánasjóðurinn, veitir námsaðstoð samkvæmt reglugerð og lögum um menntastyrki frá 1988 sem sniðin voru eftir dönsku lögunum, en eru nokkuð einfaldari útgáfa.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru ekki greidd í Færeyjum.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Færeyski lánasjóðurinn veitir bæði styrki og lán. Árið 1994 nemur styrkurinn um 66% af heildaraðstoð þeirra sem eru eldri en 18 ára og búa í leiguhúshæði, um 56% af heildaraðstoð þeirra sem eru eldri en 18 ára og búa í foreldrahúsum, en 100% hjá þeim sem eru yngri en 18 ára. Vegna náms erlendis er í sumum tilfellum veitt viðbótaraðstoð vegna framfærslu barna.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð vegna náms í Færeyjum?

Námsaðstoð er veitt þeim er stunda nám á framhaldsskólastigi, þ.e. nám í menntaskólum, verslunarskólum og tækniskólum, og þeim er stunda nám á æðra stigi, þ.e. nám í sjómannaskóla, vélskóla, kennaraskóla, hjúkrunarskóla og háskóla.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð vegna náms erlendis.

Veitt er svokölluð ferðaaðstoð vegna náms erlendis samkvæmt ákveðnum reglum. Til dæmis er allt lánshæft nám hjá danska lánasjóðnum (SU) líka lánshæft hjá Stuðulsstovnurin. Umsækjandi þarf að hafa verið búsettur í Færeyjum síðustu tvö ár áður en nám hefst eða búið þar a.m.k. fimm ár samhangandi áður en hann varð tvítugur.

Færeyingar við nám í Danmörku hafa sömu réttindi til námsaðstoðar þar og Danir.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð vegna náms utan Norðurlandanna?

Helstu skilyrðin til þess að fá aðstoð vegna náms utan Norðurlandanna er að menntunin sé mikilvæg, helst á háskólastigi og að hún nýtist í Færeyjum. Einnig er tekið tillit til fyrri námsárangurs og tungumálakunnáttu. Aðstoð er veitt með því skilyrði að náminu ljúki með lokaprófi. Aðstoð vegna svokallaðs Post Graduate náms er veitt að hámarki í eitt ár. Í viðbót við framfærsluaðstoð er veitt aðstoð vegna skólagjalda samkvæmt ákveðnum reglum. Námsaðstoð vegna náms utan Norðurlanda skiptist að jöfnu í lán og styrk.

Aðstoð vegna skólagjalda erlendis.

Veitt er hámark DKK 22.500 í styrk og sama upphæð í lán, samtals DKK 55.000 (um 613.000 ísl. kr.) á ári ef um nám utan Norðurlanda er að ræða.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara.

Erlendur ríkisborgari getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum átt rétt á aðstoð vegna náms í Færeyjum.

Hann hefur flust til Færeyja með foreldrum sínum og sest að þar áður en hann var tvítugur.

Hann er Norðurlandabúi sem hefur verið búsettur í tvö ár eða lengur í Færeyjum rétt áður en nám hefst, og fær ekki aðstoð frá sínu heimalandi.

Hann er ekki Norðurlandabúi en hefur verið búsettur í tvö ár eða lengur í Færeyjum rétt áður en nám hefst og fær ekki aðstoð í sínu heimalandi. Það nám sem hann ætlar að stunda í Færeyjum er þar að auki ekki lánshæft í hans heimalandi.

Ath. að danskir ríkisborgarar eiga sama rétt og Færeyingar til námsaðstoðar í Færeyjum.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Veitt er aðstoð í þann tíma sem skólahald stendur yfir. Veitt er aðstoð í sem samsvarar venjulengri lengd námstíma og í eitt ár að auki vegna náms innan lands og í tvö ár að auki vegna náms erlendis. Undir vissum kringumstæðum (vegna veikinda, barneignar o.s.frv.) er hægt að fá undanþágu frá þessum reglum. Veitt er aðstoð í hámark eitt ár til Post Graduate náms erlendis.

Hámarksupphæð lána og styrkja.

Grunntölur 1994, ísl. kr.

	Styrkir	*Lán*	*Samtals*
Námsmaður eldri en 18 ára í leiguhúsnæði	24.574	12.710	37.284
Námsmaður eldri en 18 ára í foreldrahúsnæði	16.100	12.710	28.810
Námsmaður undir 18 ára aldri í leiguhúsnæði	15.252	0	15.252
Námsmaður undir 18 ára aldri í foreldrahúsnæði	6.780	0	6.780

Tekjutillit og frítekjumark.

Námsaðstoðin er óháð eigin tekjum og tekjum foreldra og er skattfrjáls.

Lánskjör og endurgreiðslur.

Á námstíma leggjast 4% vextir á námslán en eftir að námi lýkur bera þau vexti sem eru 1% yfir forvexti danska seðlabankans eins og þeir eru á hverjum tíma.

Endurgreiðslur hefjast einu eftir námslok og er endurgreiðslutími 8–15 ár. Fer það eftir upphæð skuldarinnar hversu langur endurgreiðslutíminn er. Lágmarksendurgreiðsla er nú 2.228 ísl. kr. á mánuði.

Svíþjóð.

Centrala studiestödsnämnden, sænski lánasjóðurinn, veitir námsaðstoð í Svíþjóð og fer aðstoðin eftir lögum, reglum og reglugerðum sem um þá stofnun gilda.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru ekki greidd í Svíþjóð nema í einkaskólum og sérskólum.

Helstu tegundir aðstoðar.

Sænskri námsaðstoð má skipta í fjóra flokka: Í fyrsta lagi er um að ræða aðstoð sem nefnd er á sænsku „Studiemedel“ og sem er sambærilegust því sem gerist hér á landi og verður fyrst og fremst fjallað um hér. Í öðru lagi er um að ræða „Studiehjälp“ fyrir nemendur milli 16–20 ára í framhaldsskóla og í þriðja lagi „Vuxenstudiestöd“ þ.e. fullorðinsaðstoð fyrir lítt menntað fólk í atvinnuleit. Þá nær í fjórða lagi sænsk námsaðstoð til fólks sem stundar nám með vinnu. Námsaðstoð sú sem nefnist á sænsku „Studiemedel“ felst bæði í lánum og styrkjum.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð?

Vegna náms í Svíþjóð. Sænski lánasjóðurinn veitir lán til háskólanáms og annars náms eftir stúdentspróf, (eftergymnasial utbildning). Einnig er veitt aðstoð til menntaskólanáms, lýðháskólanáms og ýmiss konar fullorðinsfræðslu frá og með haustönn þess árs sem nemendur verða 20 ára. Námsmenn eldri en 45 ára eiga yfirleitt ekki rétt á námsaðstoð, þó eru veittar undanþágur frá þeirri reglu. Þeir sem eru byrjaðir í námi þegar þeir ná 45 ára aldri fá leyfi til að ljúka því námi. Veitt er hlutalán/styrkir (hálft lán/styrkur) til hlutanáms.

Nám erlendis. Veitt er aðstoð til náms á Norðurlöndum ef námsmaðurinn er sænskur ríkisborgari, námið er viðurkennt af menntamálayfirvöldum viðkomandi lands og námið telst minnst þriggja mánaða fullt nám. Veitt er aðstoð vegna náms utan Norðurlandanna. Í því tilviki þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Að vera sænskur ríkisborgari, hafa verið búsettur í Svíþjóð síðustu tvö ár áður en nám hefst.

Hægt er að sækja um undanþágu ef viðkomandi hefur átt lögheimili á einhverju hinna Norðurlandanna, eða ef viðkomandi ætlar að ljúka námi sem þegar er hafið og hann gerir ekki hlé á námi sínu, eða ef viðkomandi hefur fengið aðstoð til náms á menntaskólastigi og heldur óslitið áfram námi á háskólastigi.

Námið þarf að vera minnst 13 vikna fullt nám. Aðrar kröfur eru að námið sé: 1) skipulagt af menntamálayfirvöldum viðkomandi lands, eða 2) að námið sé viðurkennt af menntamálayfirvöldum viðkomandi lands, eða 3) viðurkennt af annarri viðurkenndri stofnun, eða 4) námið geti verið hluti af háskólanámi sem í boði er í Svíþjóð.

Ef um nám á menntaskólastigi er að ræða, er skilyrði að sambærilegt nám sé ekki í boði í Svíþjóð.

Veitt er aðstoð við undirbúningsnám í tungumálum með eftirfarandi skilyrðum: Að viðkomandi hafi lokið námi í sænsku og ensku sem svarar til tveggja ára náms í menntaskóla, að námið sé tekið við háskóla eða í tengslum við háskóla, að námið sé minnst 15 vikna fullt nám, að náminu ljúki með prófi eða viðurkenningu.

Aðstoð til að læra evrópsk tungumál er aðeins veitt við skóla í Evrópu. Aðstoð vegna náms í ensku er veitt í 20 vikur, önnur tungumál 40 vikur.

Námsmenn erlendis geta sótt um aðstoð vegna ferðakostnaðar. CSN ákveður á hverju ári upphæð ferðakostnaðar.

Aðstoð vegna greiðslu skólagjalda í námi erlendis.

Veitt eru lán vegna skólagjalda í námi erlendis en hámarkið er sem svarar 55.000 ísl. kr. á mánuði eða 6.000 sænskum kr. samkvæmt reglum 1994–95.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara.

Borgarar EES-landa geta fengið sænska námsaðstoð, t.d. ef foreldrar námsmanns starfa eða hafa starfað í Svíþjóð samkvæmt reglum EES um óheftan flutning fólks í atvinnuleit milli samningslandanna eða námið sé tengt því starfi sem erlendur ríkisborgari frá EES landi hefur stundað í Svíþjóð. Skilyrði fyrir því að þessi réttur nái til aðstoðar vegna náms utan Svíþjóðar er að viðkomandi hafi búið í landinu í a.m.k. tvö ár.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Árlega er veitt aðstoð í eðlilegan tíma („normalt" skólaár), þ.e. 40 vikur eða um níu mánuði, sem skóli starfar.

Veitt er aðstoð í allt að þrjú ár vegna náms á menntaskólastigi og allt að sex ár vegna náms á háskólastigi eða sambærilegu stigi. Undir vissum kringumstæðum er unnt að fá undanþágu frá þessum reglum.

Hámarksupphæð lána og styrkja í ísl. kr. á mánuði.

	Styrkir	*Lán*	*Samtals*
Í fullu námi	17.336	45.030	62.366
Í hlutanámi	8.668	22.515	31.183

Í námsaðstoðinni er ekki tekið tillit til barna eða maka á framfæri námsmanns.

Frítekjumark.

Ef tekjur námsmanns fara yfir ákveðið mark minnkar námsaðstoð sem nemur helmingi af þeirri upphæð sem fer framyfir. Frítekjumark ákvarðast þannig (miðað er við hálft ár, „kalenderhalvår") í sænskum kr.:

Námstími:	*1. júlí til 31. des.*	*1. jan. til 30. júní.*
4 mán.	29.920	26.400
4 ½ mán.	29.920	22.880
5 mán.	24.640	19.360

Ef veitt er aðstoð vegna hlutanáms er frítekjumarkið hærra, t.d. er frítekjumark vegna hlutanáms í fjóra mánuði; 52.800 og vegna hlutanáms í fimm mánuði er frítekjumark 49.280.

Námsframvindukröfur.

Þegar veitt er námsaðstoð til náms í menntaskóla er ekki fylgst með námsárangri nemenda. Þegar hins vegar er veitt aðstoð til náms í lýðháskóla, fullorðinsfræðslu o.s.frv. verða námsmenn að stunda fullt nám og ljúka námi á eðlilegum tíma. Að öðrum kosti er námsaðstoð stöðvuð. Þegar veitt er aðstoð til náms á háskólastigi er oftast gerð sú krafa að námsmenn skili eðlilegum námsárangri, (i normal takt). Það er þó misjafnt eftir námsgreinum hvað telst eðlilegur námsárangur. Í sumum námsgreinum er gerð krafa um 100% námsárangur, í öðrum, svo sem hagfræði, lögfræði, félagsfræði og ýmsum fleiri greinum er gerð krafa um að námsmenn ljúki a.m.k. 30 punktum á ári, sem er 75% námsárangur, til að geta fengið fulla námsaðstoð.

Aðrar bætur.

Námsmenn geta einnig átt rétt á stuðningi úr almannatryggingum og frá sveitarfélögum t.d. barnabótum og húsaleigubótum. Sem dæmi um þennan stuðning má nefna að námsmaður með tvö börn á framfæri getur fengið um það bil 13.800 ísl. kr. í barnabætur á mánuði og 17.900 ísl. kr. í húsaleigustyrk miðað við að hann greiði 3.200 sænskar kr. í húsaleigu. (Heimild: Sænski lánasjóðurinn.) (Sjá yfirlitstöflu um heildaraðstoð við námsmenn á Norðurlöndum.)

Lánskjör og endurgreiðslur námslána.

Sænsk námslán bera vexti frá útborgunardegi. Vaxtaprósentan er ákveðin árlega af stjórnvöldum. Á árinu 1994 eru vextir af námslánum 7,4% í Svíþjóð. Vextir eru ekki frádráttarbærir til skatts. Endurgreiðslur geta hafist hálfu áru eftir að námi lýkur. Ef síðasta lán er veitt vegna haustannar líður eitt ár áður en endurgreiðslur hefjast. Endurgreiðslur miðast við 4% af tekjum samkvæmt síðustu álagningu skatts. Þá er gert ráð fyrir að ýmsir liðir dragist frá brúttótekjum, t.d útgjöld vegna ferðalaga í starfi, kaupa á fagbókum eða tvöfalds heimilishalds. Sérstakar reglur gilda um endurgreiðslu lánþega sem búsettir eru erlendis. Þeim er gert að greiða 20% af heildarskuld við áramót, eða lágmark 5.280 sænskar kr. árið 1994 (47.974 ísl. kr.) Skuld lánþega námsláns er afskrifuð við 65 ára aldur.

* Miðað er við sölugengi sænskrar krónu í september 1994, þ.e. 9,086 ísl. kr.

Finnland.

Folkpensionsanstaltens studiestödscentral eða finnski lánasjóðurinn, sem er orðinn deild í stofnun, sem hefur umsjón með eftirlaunum, veitir námsaðstoð í Finnlandi og fer aðstoðin eftir lögum, reglum og reglugerðum sem um sjóðinn gilda.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru ekki greidd í Finnlandi nema í einkaskólum og sérskólum.

Helstu tegundir aðstoðar.

Finnski lánasjóðurinn veitir bæði styrki og lán. Styrkur nemur frá 21% af hámarksaðstoð fyrir námsmenn sem búa í leiguhúsnæði og eru í framhaldsskólanámi en 57% fyrir námsmenn í háskólanámi.

Hverjir eiga rétt á námsaðstoð?

Vegna náms í Finnlandi. Námsaðstoð er veitt öllum þeim er stunda nám í menntaskólum, lýðháskólum, íþróttaskólum, iðnskólum („mellanstadiet“) og háskólum („universitet och högskolor“). Erlendir ríkisborgarar geta undir vissum kringumstæðum fengið námsaðstoð í Finnlandi, t.d. gilda sérreglur fyrir Norðurlandabúa, borgara frá ríkjum sem eru aðilar að EES samningnum og flóttamenn. Aðstoð er ekki veitt nema námstíminn sé a.m.k. tveir mánuðir. Aðstoð er veitt til hlutanáms.

Vegna náms erlendis. Veitt er aðstoð til grunn- og framhaldsháskólanáms og viðbótarsérnáms erlendis, en stuðningurinn er mjög takmarkaður Undirbúningsnám í tungumálum er ekki lánshæft. Lán er ekki veitt vegna aukins ferðakostnaðar.

Aðstoð vegna greiðslu skólagjalda erlendis: Slík aðstoð er ekki veitt.

Lánshæfi erlendra ríkisborgara.

Borgarar ríkja sem standa að EES samningnum geta fengið finnska námsaðstoð, t.d. ef foreldrar námsmanns starfa eða hafa starfað í Finnlandi samkvæmt reglum EES samningsins um óheftan flutning fólks í atvinnuleit milli samningslandanna eða námið sé tengt því starfi sem erlendur ríkisborgari frá EES landi hefur stundað í Finnlandi. Skilyrði fyrir því að þessi réttur nái til aðstoðar vegna náms utan Finnlands er að viðkomandi hafi búið í landinu í a.m.k. tvö ár.

Hversu lengi er aðstoðin veitt?

Árlegur lánstími. Vegna náms í framhaldsskóla er að jafnaði veitt aðstoð í níu mánuði á skólaári. Námsmaður í háskólanámi getur fengið aðstoð í 12 mánuði ef hann stundar fullt nám allan tímann.

Vegna náms í framhaldsskóla er veitt aðstoð sem samsvarar eðlilegum („normeruðum“) árafjölda, þ.e. þrjú ár til að ljúka námi. Ef námsmenn verða veikir geta þeir fengið aðstoð í eitt ár til viðbótar. Vegna háskólanáms er veitt aðstoð sem samsvarar eðlilegum („normeruðum“) árafjölda eða að hámarki 55 mánuði til að stunda grunnháskólanám. Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er veitt aðstoð í allt að 70 mánuði.

Upphæð lána og styrkja.

Námsaðstoð felst í lánum og styrkjum. Upphæð námsaðstoðar fer eftir námi, aldri og félagslegum aðstæðum. Greiða verður skatt af styrknum ef heildartekjur fara yfir ákveðið mark. Hámarkslán með ríkisábyrgð er að jafnaði 1.200 finnsk mörk eða um 16.500 ísl. kr.

Hámarksstyrkir og lán 1994–95.

	Styrkur	*Lán*	*Samtals*
Námsmaður í háskólanámi, 20 ára og eldri:			
— sem búa hjá foreldrum	10.332	16.532	26.865
— sem búa í leiguhúsnæði	21.630	16.532	38.162
Námsmaður, 17 ára, í leigu	10.332	11.021	21.353

Ath. Hér er „staðaruppbót“ ekki meðtalin, sem er áætluð í öðrum töflum.

Margir námsmenn eiga einnig kost á aukastyrk vegna búsetu (staðaruppbót) sem nemur 75% af húsaleigukostnaði (lágmark finnskra marka að upphæð 150, hámark 950 mörk á mánuði, þ.e. ísl. kr. 13.100). Vegna náms erlendis getur staðaruppbótin orðið hæst 950 finnsk mörk á mánuði. Þeir sem falla ekki undir reglurnar um staðaruppbót geta sótt um húsaleigubætur hjá sveitarfélaginu þar sem þeir búa.

Tekjutillit og frítekjumark.

Námsstyrkur skerðist um 10% fyrir hver 200 finnsk mörk (2.700 ísl. kr.) sem tekjur eru umfram 1.700 mörk (23.400 ísl. kr.) á mánuði á námstímanum. Ríkisábyrgð fellur niður ef mánaðartekjur á námstíma eru 4.000 finnsk mörk eða hærri (55.108 ísl. kr.). Staðaruppbót skerðist einnig um 10% fyrir hver 300 mörk sem tekjur eru umfram 2.400 finnsk mörk á mánuði á námstímanum. Í leyfi er ekki tekið tillit til tekna. Námsaðstoð skerðist ekki vegna eigna námsmanns eða vegna tekna og eigna maka eða foreldra. Þó geta tekjur foreldra námsmanna sem eru yngri en 20 ára og í framhaldsskólanámi haft áhrif á námsaðstoð.

Aðrar bætur.

Námsmenn njóta einnig bóta úr almannatryggingakerfi og styrkja frá sveitarfélögum, t.d. barnabóta, húsaleigubóta og sérstaks styrks til heimavinnandi maka sem gætir barna. Sem dæmi um námsmann með tvö börn á framfæri fær hann 17.056 ísl. kr. í barnabætur, 24.325 ísl. kr. í húsaleigustyrk og sérstakan styrk ef maki er heimavinnandi og gætir barna að upphæð 51.769 ísl. kr. á mánuði. (Heimild: Finnski lánasjóðurinn.) (Sjá yfirlitstöflu um heildaraðstoð við námsmenn á Norðurlöndum og forsendur hennar.)

Kjör á finnskum námslánum.

Lánin eru fengin í almennum bönkum með ríkisábyrgð. Hámarksábyrgð er að jafnaði 1.200 finnsk mörk (um ísl. kr. 16.500) á mánuði og gildir ábyrgðin í 30 ár. Lánþegi semur sjálfur við bankann um vexti og endurgreiðslu. Lánin bera vexti á meðan á námi stendur en bankinn veitir sjálfkrafa aukalán vegna vaxtakostnaðar á námstíma. Vextirnir eru frádráttarbærir til skatts.

Námsaðstoð vegna fullorðinna.

Fullorðinsstyrkur. Námsmenn á aldrinum 30–54 ára sem ekki hafa verið í fullu námi lengur en fjóra mánuði síðastliðin fimm ár og nemendur á aldrinum 25–29 ára sem ekki hafa verið í fullu námi lengur en fjóra mánuði síðastliðin átta ár, eiga rétt á styrk sem nemur 25% af föstum brúttómánaðarlaunum áður en nám hófst þó ekki minna en 1.570 finnsk mörk (21.600 ísl. kr.) né meira en 2.800 mörk (38.600 ísl. kr.) á mán. ef þeir stunda fullt nám í a.m.k. átta vikur. Tekjur allt að 2.000 mörk á mánuði (27.500 ísl. kr.) á námstíma hafa ekki áhrif á styrkinn. Ekki er heldur tekið tillit til eigna námsmanns eða tekna og eigna maka. Greiða skal skatt af styrknum.

Styrkurinn er veittur að hámarki í tvö ár (hámark 12 mánuði vegna licenciat- og doktorsnáms).

Námslán. Hámarkslán til fyrrnefndra námsmanna með ríkisábyrgð er 1.700 finnsk mörk á mánuði (23.400 ísl. kr.).

Orlof. Ríkisstarfsmenn, sem eru á aldrinum 30–60 ára og kennarar í grunn- og menntaskóla geta fengið styrk að upphæð 1.300 mörk á mánuði (17.900 ísl. kr.).

Staðaruppbót. Fyrrnefndir námsmenn geta fengið staðaruppbót eftir sömu reglum og gilda fyrir „venjulega“ námsmenn.

* Sölugengi á finnsku marki í september 13,777 ísl. kr.

Mánaðarleg námsaðstoð á Norðurlöndum.

A. Einstaklingur í leiguhúsnæði.

(Námsmenn 20 ára og eldri í háskóla.)

	Lán	*Styrkur*	*Samtals*
Ísland	52.384		[1]52.384
Danmörk	17.211	38.912 (69%)	56.123
Finnland	16.532	[2]24.385 (60%)	40.917
Noregur	45.101	9.588 (18%)	54.689
Svíþjóð	45.030	17.336 (28%)	62.366
Færeyjar	12.709	24.574 (66%)	[3]37.283

1) Sérstök lán vegna bóka-, efnis- og tækjakaupa eru veitt á Íslandi og í Noregi. Þau eru ekki innifalin í þessum tölum.

2) Finnsku styrktölurnar eru miðaðar við 200 finnsk mörk meðal staðaruppbót. Uppbótin er sem svarar 75% af húsaleigu og getur orðið 956 mörk á mánuði. Hún er t.d. 950 FIM (13.088 ísl. kr.) ef stundað er nám erlendis.

3) Færeysku tölurnar eru byggðar á upplýsingum um styrki og lán á heilu ári, en miðað er við að veittur sé stuðningur í 12 mánuði, eins og í Danmörku.

B. Námsmaður með maka og tvö börn á framfæri.

	Lán	*Styrkur*	*Samtals*
Ísland	117.864		117.864
Danmörk	17.211	38.912 (69%)	56.123
Finnland	16.532	24.385 (60%)	40.917
Noregur	53.159	33.623 (39%)	86.782
Svíþjóð	45.030	17.366 (28%)	62.366
Færeyjar	12.709	24.574 (66%)	37.283

Upplýsingar eru miðaðar við eftirfarandi gildistíma reglna: Finnland, Noregur og Svíþjóð, skólaárið 1994–95, Danmörk almanaksárið 1995, Ísland í september 1994, Færeyjar 1993–94.

Gengi 23. september 1994.

Dönsk króna:	11.140
Finnskt mark:	13.777
Norsk króna:	9.998
Sænsk króna:	9.086

Námsaðstoð á Norðurlöndum.

A. Vextir af námslánum og verðbólga.

		Vextir	
	Verðbólga	*Á námstíma*	*Frá námslokum*
Ísland	1,6%	Verðtr.	Verðtr.+1%
Danmörk	2,0%	4%	5,25%
Finnland	1,6%	8–9%	8–9%
Noregur	1,4%	0	7,5%
Svíþjóð	2,7%	7,4%	7,4%

* Verðbólga miðað við 12 mánuði, júlí 1993 til júlí 1994, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands.
Vextir eru frádráttarbærir til skatts í Danmörku, Noregi og Finnlandi en ekki í Svíþjóð og verðtrygging ekki á Íslandi.
Í lögum um LÍN er heimilt að leggja allt að 3% vexti á námslán, en samkvæmt reglugerð bera þau nú 1% vexti.

B. Endurgreiðslureglur námslána.

	Danmörk	*Finnland*	*Ísland*	*Noregur*	*Svíþjóð*
Endurgr. hefst eftir	1 ár	[1]Skv. samn.	2 ár	12–18 mán.	6–12 mán.
Hámarksendgr. tími	7–15 ár	30 ár	Óákv.	20 ár	Að 65 ára aldri
Lágmarks árl. endgr.	13.368 ísl.kr.	Skv. samn.	50.700	[2]56.189* [2]79.984*	
Tekjutenging	Nei	Nei	[3]Já	Nei*	[4]Já

1) Í Finnlandi lána bankar námslán, sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir og endurgreiðslur geta því farið eftir samkomulagi milli lánþega og banka þeirra.
2) Lágmarks árleg greiðsla fyrstu þrjú árin í Noregi eru 56.189 ísl. kr. eða 4% af heildarláni ef sú tala er hærri og þar á eftir er lágmarks árleg greiðsla 79.984 ísl. kr. Lánþegi getur sótt um lækkun í sem svarar 6% af brúttotekjum (lágmark 59.988 ísl. kr.) að hámarki í sjö ár.
3) Á Íslandi endurgreiðast 5% af brúttótekjum, ef sú tala er hærri en 50.700 (október 1994) fyrstu fimm árin en 7% eftir það.
4) Í Svíþjóð endurgreiðast 4% af brúttótekjum.

Gengi 23.9.94: Dönsk kr. 11,140; finnskt mark 13,777; norsk kr. 9,998; sænsk kr. 9,086 ísl. kr.

Heildaraðstoð við námsmenn á Norðurlöndum.

Dæmi um mánaðarlega opinbera aðstoð við námsmenn með fjölskyldu á framfæri. (Hámarksupphæð á mánuði í ísl. kr. Sjá skýringar.) Sama gengisviðmiðun og í fyrri töflum.

	Ísland	*[1]Danmörk*	*Finnland*	*Noregur*	*Svíþjóð*
Námsaðstoð[2]	54.712	56.123	40.917	59.288	62.366
Viðbót, maki og tvö börn	65.480			32.093	
Barnabætur o.þ.h.	23.475	15.286	17.056	17.776	13.807
Húsaleigubætur	[3]16.000	5.458	24.325		[4]17.956
Önnur aðstoð			[5]51.769		
Samtals á námstíma	159.667	76.867	134.067	109.157	94.129

Framangreint dæmi er byggt á upplýsingum forráðamanna norrænna lánasjóða í júní og október 1994 um heildarstuðning við tekjulítinn námsmann í háskólanámi með tekjulausan heimavinnandi maka á framfæri og tvö börn (þriggja og tveggja ára).

1) Danir telja dæmið lítt raunsætt miðað við danskar aðstæður. Talið er að óhjákvæmilega hlyti fjölskyldan að hafa einhverjar tekjur, vinnutekjur, atvinnuleysisbætur eða aðra félagslega aðstoð vegna makans, ef námsmaður er í námi heimafyrir í Danmörku.
2) Námsaðstoð: Innifalinn er stuðningur vegna framfærslu, staðaruppbót (í Finnlandi) og lán vegna bókakaupa.
3) Ísland: Húsaleigubætur samkvæmt nýjum lögum og reglum um húsaleigubætur, sem taka gildi 1. janúar 1995 miðað við 32.000 ísl. kr. sem greiddar eru í húsaleigubætur. Ath. lán vegna bóka- tækja og efniskostnaðar með í námsaðstoðartölu.
4) Svíþjóð: Húsnæðisstyrkur miðað við 3.200 sænskar kr. í húsaleigu á mánuði.
5) Finnland. „Önnur aðstoð" er heimilisaðstoð til maka vegna gæslu barna og má í raun líta á sem lið í atvinnuleysisbótum.

Belgía (frönskumælandi svæði).

Skólagjöld.

Skólagjöld eru hin sömu fyrir Belga og aðra námsmenn frá ESB-löndum. Aðrir erlendir námsmenn greiða mjög há skólagjöld. Styrkþegar greiða lægri skólagjöld.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Styrkir.

Takmörkuð lán með lágum vöxtum fyrir fjölskyldur með þrjú eða fleiri börn á framfæri. Lánsfjárhæðin er ekki há.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Tvennt er forsenda námsaðstoðar í Belgíu, þ.e. eðlileg námsframvinda og fjárhagsleg þörf.

Styrkir.

Fjölskyldutekjur (bágstaddar fjölskyldur).

Framvinda náms. Þess er krafist að námsmenn nái prófum; ef námsár er endurtekið fellur styrkurinn niður vegna endurtekins árs.

Aldur. Styrkþegi verður að vera yngri en 35 ára.

Fullt nám.

Umsóknir frá þeim sem þegar hafa tekið háskólapróf (gráðu eða diplóm) eru ekki teknar til greina.

Lán.

Fjöldi barna á framfæri að lágmarki þrjú.

Fjölskyldutekjur.

Engar kröfur í sambandi við námsárangur.

Umsóknir frá þeim sem þegar hafa tekið háskólapróf (gráðu eða diplóm) eru ekki teknar til greina.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

20%.

Stuðningsfjárhæðin er breytileg. Eftir hverju fer hún?

Tekjum foreldra.
Fjölda barna á framfæri foreldra.
Vegalengd milli heimilis og skóla.
Námsári.
Hvort taka þarf húsnæði á leigu.

Upphæð aðstoðar.

Framfærslukostnaður er metinn 182.000 belgískir frankar í frönskumælandi hluta Belgíu eða um 386.000 kr. á skólaári. Meðalstyrkur, 863 ECU á ári eða um 72.000 ísl. kr., nægir alls ekki fyrir framfærslu, sem áætlað er að kosti um 4.550 ECU á ári, eða 379.000 ísl. kr. Meðalaðstoð (support) hefur verið 34.500 belgískir frankar eða 73.100 ísl. kr. á ári. Hámarksaðstoð getur numið 112.000 belgískum frönkum sem jafngilda um 237.000 ísl. kr., eða um 25.000 ísl. kr. á mánuði miðað við 9.5 mánaða skólaár. Þá er tekið tillit til barna á framfæri námsmanns og getur stuðningur numið tæplega 10.000 kr. á mánuði fyrir fyrstu tvö börnin.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Stuðningur til fulls náms erlendis er aðeins veittur á frönskumælandi svæðinu ef sambærilegt nám stendur ekki til boða í Belgíu (á frönskumælandi svæðinu). Á þýskumælandi svæðinu (þar sem er enginn háskóli) er meiri sveigjanleiki í kerfinu og meira um það að nota megi styrki til náms í Þýskalandi og Hollandi.

Aðrar félagslegar bætur.

Fjölskyldubætur eru greiddar þar til námsmaðurinn er orðinn 25 ára. Fjölskyldubætur nema 9.250 belgískum frönkum á mánuði með tveimur börnum, eða 19.670 ísl. kr.

Skattafsláttur ef tekjur námsmannsins eru innan vissra marka, sem nemur 8.750 belgískum frönkum eða 18.607 ísl. kr.

Lægri skólagjöld fyrir styrkþega.

Lægri fargjöld í almenningsfarartækjum (námsmannafarmiðar).

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Þeir koma til greina en með takmörkunum. Námsmenn frá öðrum ESB-löndum mega sækja um styrk ef annað foreldrið starfar í Belgíu, eða um lán ef fjölskyldur þeirra (með minnst þrjú börn) eru búsettar í Belgíu.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Sjóðir, einkastofnanir og háskólar veita ýmsa aðra styrki.

* Miðað er við gengi á belgískum franka 2,1266 ísl. kr. og á ECU 83,59 ísl. kr.

Belgía (flæmskumælandi svæði).

Skólagjöld.

Skólar krefjast skólagjalda. Á skólaárinu 1992/93 innheimtu háskólar að hámarki 450 ECU í skólagjöld, þ.e. 37.500 ísl. kr.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Styrkir.

Lög um fjárstuðning gera ráð fyrir lánum, en hingað til hefur ekki verið gefin út tilskipun um að hrinda því í framkvæmd.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega

Skattskyldar atvinnutekjur og aðrar tekjur námsmanns og þeirra sem bera ábyrgð á framfæri hans.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

20,17% þeirra sem eru í námi í fullri lengd á háskólastigi og utan háskóla.

27,19% þeirra sem eru í styttra námi utan háskóla. Meðaltalið er um 23%.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Stuðningfjárhæðin fer eftir:

Tekjum námsmanns og foreldra.

Hvort námsmaðurinn býr í foreldrahúsum.

Vegalengd milli heimilis og skóla.

Upphæð fjárstuðnings.

Stuðningurinn á að nægja fyrir uppihaldi og námskostnaði. Í reynd eru styrkir fremur lágir — mest 2.275 ECU á ári, þ.e. um 189.000 ísl. kr. á ári. Námsmenn í leiguhúsnæði fá 50–90.000 belgíska franka eða 105.000 til 189.000 kr. á ári og námsmenn sem búa í foreldrahúsum um 55.000 belgíska franka eða 116.000 ísl. kr. á ári í heildarstuðning.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Stuðningur til fulls náms erlendis er aðeins veittur á flæmskumælandi svæðinu ef sambærilegt nám stendur ekki til boða í Belgíu eða, undir ákveðnum kringumstæðum, ef fjölskylda námsmannsins býr erlendis. Námsmenn, sem sækja menntun til Hollands, mega nota styrkinn þar (GENT-áætlunin).

Aðrar félagslegar bætur.

Fjölskyldubætur eru greiddar þar til námsmaðurinn er orðinn 25 ára.

Skattafsláttur ef börn eru við nám.

Lægri skólagjöld fyrir styrkþega.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Námsmenn frá öðrum ESB-löndum mega sækja um styrk ef annað foreldrið starfar, eða hefur starfað, í Belgíu, eða ef þeir hafa búið með fjölskyldum sínum í Belgíu í minnst tvö ár.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Einkasjóðir og stofnanir veita styrki og lán. Háskólar veita sérstaka styrki til námsmanna sem taldir eru hafa afar bágar aðstæður.

* Miðað er við gengi á belgískum franka 2,1266 og ECU 83,59 ísl. kr.

Þýskaland.

Skólagjöld.

Engin skólagjöld eru greidd. Námsmenn greiða lítið framlag á hverju misseri í tryggingu. (Sozialgebühren).

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Samkvæmt Bundesausbildungsförderungsgesetz (BAföG) er blandað stuðningskerfi, með 50% styrk og 50% vaxtalausu láni. Lánið er að hámarki til 20 ára. Lágmarksársgreiðsla er 2.400 þýsk mörk eða um það bil 105.000 ísl. kr. Einungis er veitt aðstoð til að ljúka einni námsbraut (námsgráðu).

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Aldur: undir 30 ára við upphaf náms.

Kröfur eru gerðar um námsárangur. BAföG-stuðningur er aðeins veittur í takmarkaðan tíma, og námsmenn verða að sýna fram á námsárangur. (Frá og með 5. misseri er styrkur því aðeins veittur að námsmaður sýni fram á að hann stundi námið á virkan hátt, sbr. BAföG, 48. gr.).

Fjölskyldutekjur. Samkvæmt lögum er stuðningur tryggður ef námsmaðurinn hefur ekki efni á (tekjur til) að mæta framfærslukostnaði og námsgjöldum (aðallega í formi stuðnings frá foreldrunum).

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning samkvæmt BAföG.

Árið 1992 hlutu 32% námsmanna í fyrrverandi Vestur-Þýskalandi og 90% námsmanna í fyrrverandi Austur-Þýskalandi stuðning. Foreldrar styðja 68% námsmanna í fyrrum Vestur-Þýskalandi.

Stuðningsfjárhæð er breytileg. Hún fer eftir:

Tekjum námsmanns, maka hans og foreldra.

Dvalarstað (hvort námsmaðurinn býr í foreldrahúsum eða ekki).

Staðsetning skólans (breytilegt eftir því hvort nám er stundað í Vestur- eða Austur-Þýskalandi eða erlendis).

Upphæð námsaðstoðar.

Veita má stuðning sem nægir fyrir uppihaldi og námskostnaði. Mánaðarfamfærsla einstaklings í námi er áætluð 1.086 þýsk mörk eða um 47.500 ísl. kr. Hámarksstyrkur að viðbættu láni eru DM 870 á mánuði fyrir námsmenn í leiguhúsnæði eða um 38.053 ísl. kr. (sbr. sérstakan bækling um BAföG) og 640 DM eða sem svarar 27.993 ísl. kr. fyrir námsmenn í foreldrahúsnæði. Ekki er tekið tillit til barna á framfæri námsmanns í upphæð námsaðstoðar. Hins vegar geta námsmenn með börn á framfæri og fatlaðir námsmenn fengið lán í lengri tíma.

Tilfærsla: Er fjárstuðningurinn veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Það er gert innan ákveðinna marka.

BAföG-kerfið, sem er helsta stuðningskerfið, veitir fjárstuðning til náms erlendis ef námið telst gagnlegt. Stuðningur er yfirleitt veittur til eins árs. Styrkurinn er aukinn mismikið eftir því í hvaða landi námið fer fram.

Aðrir styrkir standa námsmönnum til boða vegna náms erlendis. Slíka styrki veita Deutscher Akademischer Austauschdienst (DAAD), sjóðir sem styrkja sérstaklega efnilega námsmenn, og aðrar einkastofnanir. Slíkir styrkir eru veittir eingöngu á grundvelli námsárangurs. Þeir koma að hluta til í staðinn fyrir BAföG-stuðninginn, og eru veittir aðeins til eins árs.

Aðrar félagslegar bætur.

Bætur eru greiddar til fjölskyldu námsmanns þar til námsmaðurinn er orðinn 27 ára. Skattafsláttur er veittur ef börn eru við nám.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Það er gert að takmörkuðu leyti.

Námsmenn frá öðrum ESB-löndum mega hljóta stuðning samkvæmt BAföG, eða annan stuðning, ef þeir hafa starfað í Þýskalandi áður en þeir sækja um stuðning og bein tengsl eru milli starfsins og námsins sem þeir hyggjast sækja, eða foreldrar þeirra hafa nýtt sér rétt sinn um óheftan flutning fólks milli ESB-landa og börn þeirra eiga rétt á að dveljast áfram í Þýskalandi. Árið 1989 voru 13.000 erlendis námsmenn á styrkjum í Þýskalandi þar af 2.700 frá ESB löndum.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Opinberir sjóðir, einkasjóðir, stéttarfélög, stjórnmálaflokkar og kirkjur veita styrki, aðallega af almannafé, hæfustu námsmönnum.

Styrkir eru veittir efnilegum námsmönnum, einkum til doktorsnáms.

Styrkir eru veittir erlendum námsmönnum (DAAD-styrkir fyrir námsmönnum frá þróunarlöndum, og löndum Mið- og Austur-Evrópu. Í sumum tilvikum veita einnig stjórnmálahreyfingar styrki.)

* Miðað er við gengi á þýsku marki 43,74 ísl. kr.

Grikkland.

Skólagjöld.

Grískir námsmenn, og námsmenn frá löndum þar sem Grikkir eru undanþegnir námsgjöldum, greiða engin skólagjöld.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Fyrir 1992/93 voru veittir styrkir fyrir framhaldsnám (háð námsárangri), og vaxtalaus lán frá öðru námsári; þess var krafist að námsmenn stæðust 80% af prófum fyrra árs.

Frá 1992/93 gildir blandað kerfi með styrkjum og lánum (50% styrkur, 50% vaxtalaus lán). Námsstyrkir eru veittir mjög hæfum nemendum miðað við námsárangur. Þeir námsmenn sem ná besta árangri hljóta námsstyrki, en fjöldi styrkþega á hverju sviði er takmarkaður.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Styrkir og lán.
Fjöldi námsmanna á hverju sviði er takmarkaður.
Fjölskyldutekjur.
Kröfur eru gerðar varðandi námsárangur.
Vegalengd milli heimilis og skóla.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

7%.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Breytileg (einkum eftir námsárangri).

Upphæð námsaðstoðar.

Styrkir og lán: 563 ECU á námsmann á ári, eða 46.900 ísl. kr. Námsstyrkir eru breytilegir eftir afköstum. Bestu námsmenn hljóta 750 ECU (62.500 ísl. kr.) á ári í námsstyrk. Námsmenn í næstbesta flokki fá 563 ECU styrk og námsmenn í þriðja flokki hljóta breytilegar fjárhæðir eftir fjölda námsmanna í deildinni.

Framhaldsnám: Frá og með 1993 verður stuðningurinn föst fjárhæð, 263 ECU á mánuði eða um 22.000 ísl. kr. Ekki er tekið tillit til barna á framfæri námsmanns.

Tilfærsla: Er fjárstuðningurinn veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Stuðningur er ekki veittur til þess.
Engin opinber stuðningur er veittur til náms erlendis til fyrstu háskólagráðu.
Styrkir til framhaldsnáms; styrkurinn nægir fyrir öllum kostnaði námsmanns.

Aðrar félagslegar bætur.

Ókeypis læknisþjónusta.
Ókeypis námsgögn og prófgögn.
25%–50% afsláttur af fargjöldum almenningsfarartækja.
Fjölskyldubætur greiddar áfram vegna barna sem stunda nám.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Það er gert en aðeins að takmörkuðu leyti.

Ekki virðist sem þeir eigi aðgang að hinu opinbera stuðningskerfi (fjöldi styrkja fyrir Grikki er þegar mjög takmarkaður).

Hins vegar veitir Grikkland styrki til 10–20 mánaða fyrir námsmenn frá 35 löndum víða um heim, þar á meðal ESB-löndum, að Lúxemborg og Hollandi undanskildum. Þeir sem hafa háskólagráðu frá löndum sem eiga aðild að Evrópuráðinu mega einnig sækja um styrk til að semja doktorsritgerð í Grikklandi.

Háskólinn í Aþenu rekur eigið stuðningskerfi; erlendir námsmenn mega sækja þangað um stuðning.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Háskólinn í Aþenu hefur eigin sjóð sem nota má til að veita grískum og erlendum námsmönnum stuðning.

* Miðað er við gengi á grískri drökmu 0,2878 og ECU 83,59 ísl. kr.

Spánn.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru greidd. Undanþágu má veita námsmönnum sem þiggja styrki, námsmönnum með stórar fjölskyldur og einnig sérstaklega efnilegum námsmönnum.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

„Almennir" styrkir fyrir alla námsmenn á háskólastigi.

Styrkir fyrir nám jafnhliða starfi, og styrkir fyrir þá sem vinna sem aðstoðarkennarar á síðustu tveimur árum náms sem stendur í fimm eða sex ár, eða á þriðja ári þriggja ára náms.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Hvort styrkur er veittur fer eftir:

Fjölskyldutekjum.

Námsárangri námsmanns (kröfur eru breytilegar eftir námssviði, háskóla o.s.frv.).

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Um 20% allra námsmanna hljóta opinberan stuðning.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Stuðningsfjárhæðin fer eftir:

Fjölskyldutekjum.

Dvalarstað (vegalengd milli heimilis og skóla).

Auk þess gilda strangar reglur um námsframvindu.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Á skólaárinu 1991/92 var hámarksstyrkur 476.000 pesetar eða 247.000 ísl. kr. yfir árið. Framfærsla hefur verið áætluð frá 40–50.000 pesetar á mánuði. Sérstakt tillit er ekki tekið til framfærslu barna.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Það er ekki gert nema vegna framhaldsnáms.

Aðrar félagslegar bætur.

Styrkþegar greiða ekki skólagjöld.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Styrkir eru ekki veittir til þeirra nema gagnkvæm réttindi séu veitt.

Strangt tekið eiga námsmenn frá öðrum ESB-löndum ekki rétt á fjárstuðningi frá spænska ríkinu. Hins vegar eru í gildi tvíhliðasamningar, en samkvæmt þeim koma nokkrir námsmenn til greina sem styrkþegar, einkum á framhaldsstigi.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Héruðin og háskólarnir sjálfir veita margs konar styrki. Þess er þó gætt að námsmenn njóti ekki aðstoðar nema frá einum aðila.

* Miðað er við gengi peseta 0.5283 ísl. kr.

Frakkland.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru greidd en þau eru lág í háskólum. Hærri gjöld eru innheimt í „grandes écoles" og mjög há gjöld í einkareknum „grandes écoles". Námsmenn sem hljóta styrki eru undanþegnir gjöldum í hinu ríkisrekna menntakerfi.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Styrkir, háð fjárhag námsmanns.

Margs konar aðrir styrkir og lán, háð fjárhag námsmanns eða tegund náms, einkum:

Sérstakir styrkir til einstaklinga" (aides individuelles exceptionnelles — AIE) sem fræðslustjóri umdæmisins (Recteur d'Academie) getur veitt námsmönnum ef tekjur foreldranna eru aðeins lítið yfir mörkum sem gilda fyrir styrkveitingu, eða námsmönnum sem er gert að endurtaka námsár en þykja eiga stuðning sérstaklega skilið.

Lán (prêts d'honneur): vaxtalaus lán sem veitast miðað tekjur og ætluð eru námsmönnum sem ekki koma til greina sem styrkþegar (1.240 ECU að meðaltali, eða 103.652 ísl. kr.). Lánin eru veitt til 10 ára.

Styrkir tengdir opinberri vinnuskyldu: námsmennirnir skuldbinda sig til að vinna hjá hinu opinbera í fimm ár ef þeir reynast hæfir í opnum prófum til að gegna opinberum embættum.

Frá og með árinu 1992–93 eru í boði bankalán með 50% ríkisábyrgð. Lánin eru veitt í þrjú ár og geta numið 13.000 frönskum frönkum eða 166.413 ísl. kr.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Hvort styrkur er veittur fer eftir:

Aldri: námsmaðurinn verður að vera yngri en 26 ára við upphaf náms.

Fjölskyldutekjum og fjölda manna á framfæri námsmanns (viðmiðunin er fremur lág).

Námsárangri námsmanns; sé námsmanni gert að endurtaka námsár fellur styrkveitingin niður.

Vaxtalaus lán:

Námsmenn, sem eiga ekki aðgang að öðrum fjárstuðningi, geta tekið vaxtalaus lán sem nefnd á vegum viðkomandi Académie veitir; nefndirnar setja sér reglur um úthlutun.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Árið 1992–93 hlutu 18% námsmanna, sem voru skráðir í menntastofnunum undir umsjá Menntamálaráðuneytis (háskólastig), styrk frá því ráðuneyti.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Hún er breytileg og fer eftir tekjum og skuldbindingum námsmanns eða fjölskyldu hans (fjölda barna á framfæri, vegalengd milli heimilis og skóla, fötlun, o.s.frv.).

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Upphæðirnar eru fremur lágar (hæst 2.807 ECU (233.000 ísl. kr.) á ári 1993–94) þegar styrkir eru veittir með tilliti til fjárhags námsmanns. Styrkir, sem veittir eru miðað við námsárangur, eru hærri (3.070 og 3.320 ECU). Stuðningurinn á að nægja fyrir öllum nauðsynlegum útgjöldum þegar námsmaður stundar nám á háskólastigi í eitt skólaár (9 mánuði).

Framfærsla er áætluð 4.200 franskir frankar í París, þ.e. 54.200 ísl. kr. en 3.880 franskir frankar annars staðar í landinu (49.000 ísl. kr.).

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Stuðningur er veittur vegna náms í öðru ESB-ríki. Sömu styrkir eru veittir, og háð sömu skilyrðum, og veittir eru vegna náms í Frakklandi.

Aðrar félagslegar bætur.

Skattafsláttur til 25 ára aldurs ef barn stundar nám.

Styrkir sem Recteur d'Academie veitir til að mæta kostnaði vegna starfs sem er hluti af háskólanámi, þ.m.t. ferðakostnaði.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Þeir koma til greina en að takmörkuðu leyti.

Einhleypir námsmenn frá öðrum ESB-löndum mega sækja um styrki ef:

Þeir hafa starfað fastráðnir í fullu eða hálfu starfi í Frakklandi í tvö ár, eða annað foreldrið starfar, eða hefur starfað, í Frakklandi, eða var búsett í Frakklandi 1. október á næstliðnu ári.

Giftur námsmaður (ríkisborgari í einhverju ESB-landi, eða ríkisborgari í þriðja landi, en annað foreldri hans er ríkisborgari í ESB-landi) má sækja um styrk ef: Maki hans, sem er franskur ríkisborgari, þénar mánaðarlaun sem eru minnst jöfn ríkistryggðum lágmarkslaunum (salaire minimum interprofessionnel de croissance, SMIC).

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Óreglubundnar bætur sem sveitarstjórnir (héruð, départements og bæjarfélög greiða).

Styrkir sem fyrirtæki og sjóðir veita.

* Miðað er við gengi á frönskum franka 12,801 ísl. kr. og ECU 83,59 ísl. kr.

Írland.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru innheimt. Námsmenn geta látið meta skólagjöld sem þeir greiða (í heild eða að hluta) með tilliti til fjölskyldutekna eða (frá og með skólaárinu 1993/1994) til eigin tekna, sé um eldri námsmenn að ræða. Menntamálaráðuneytið endurgreiðir slík gjöld til sveitarstjórna (sýslustjórna og bæjarstjórna), sem greiða þau beint til menntastofnana.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

a) Styrkir samkvæmt styrkveitingakerfi til háskólanáms.

b) Lán með vöxtum, sem helstu bankar veita á seinni stigum náms.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Aldur námsmanns: lágmarksaldur er 17 ára.

Námsmaðurinn verður að hafa náð Higher Leaving Certificate–prófi (lokaprófi úr framhaldsskóla).

Styrkir eru veittir vegna fulls náms.

Námsárangri námsmanns í menntaskóla (árangri í lokaprófi úr framhaldsskóla). Engar frekari kröfur eru gerðar hvað varðar námsárangur.

Fjölskyldutekjur.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Um 34%.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Stuðningsfjárhæðin fer eftir:

Dvalarstað námsmanns,

Tekjum námsmanns, foreldra hans og maka,

Fölskyldustærð.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Framfærslu- og ferðakostnaði. Hámarksstyrkur er nú 1.811 ECU (150.000 ísl. kr.) til „fjarstaddra" námsmanna sem búa meira en 24 km frá skóla og 722 ECU (60.000 ísl. kr.) til „nærstaddra", sem búa innan 24 km frá skóla. Hámarksstyrkur vegna námsgjalda er yfirleitt 2.480 ECU (206.500 ísl. kr.) en fjárhæðin tekur allmiklum breytingum eftir því um hvað nám er að ræða.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Tilfærsla er ekki fyrir hendi nema e.t.v. fyrir stutta námsdvöl erlendis.

Aðrar félagslegar bætur.

Skólagjöld eru lækkuð eða felld niður.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Svo er ekki.

Yfirleitt eiga námsmenn frá öðrum ESB-löndum ekki rétt á fjárstuðningi frá hinu írska lánskerfi fyrir háskólamenntun.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Hver háskóli veitir eigin styrki.

* Miðað er við gengi á írsku pundi 105,54 ísl. kr. og ECU 83,59 ísl. kr.

Ítalía.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru greidd og skattar til sveitarstjórna. Styrkþegar eru undanþegnir skólagjöldum.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

a) Styrkir sem fara eftir fjárhag námsmanns.
b) Námsstyrkir sem veittir eru samkvæmt námsárangri eða fjárhag námsmanns.
c) Aðrir styrkir sem eru ætlaðir til að laða námsmenn að minni háskólum.
d) „Prestito d'onore": lán með lágum vöxtum sem veitt eru á vissum svæðum fyrir sérhæft nám og til undirbúnings ritgerðar. Endurgreiðslu þessara lána geta numið allt að 20% af tekjum.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Styrkir.
Fjölskyldutekjur.
Námsmenn verða að ná prófi í árslok.
Námsstyrkir (á grundvelli námsárangurs).
Veittir eftir opna samkeppni efnialitlum námsmönnum sem ekki koma til greina við aðra fjárhagsaðstoð.
Aðstoð er veitt í hámark fjögur til sex ár.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

2,5%. Námsmenn, sem eiga aðgang að [öðrum] stuðningi, koma ekki til greina, þar sem fjöldi styrkja er mjög takmarkaður.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Stuðningsfjárhæðin fer eftir:
Héraði (héraðsstjórnir sjá um að veita styrkina).
Dvalarstað námsmanns.
Tekjum foreldranna.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Meðalstyrkur er 551 ECU á ári (46.058 ísl. kr.).
Framfærslukostnaður er áætlaður 441 ECU á mánuði (36.863 ísl. kr).
Styrkurinn nægir því alls ekki fyrir kostnaði.

Tilfærsla: Er fjárstuðningurinn veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Svo er ekki.
Enginn stuðningur er veittur til fulls náms erlendis. Einkasjóðir og stofnanir bjóða styrki til þess. Einnig eru til námsstyrkir sem háskólarnir veita til framhaldsnáms erlendis.

Aðrar félagslegar bætur.

Í sumum héruðum eru veitt afsláttargjöld í almenningsfarartæki.
Fjölskyldubætur greiddar til 26 ára aldurs ef börn eru enn við nám.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Að takmörkuðu leyti.
Skilyrði: að foreldrar starfi, eða hafa starfað, á Ítalíu.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Styrkir úr einkasjóðum og stofnunum til náms erlendis.

Aðrir svæðisbundnir styrkir.

Styrkir til erlendra námsmanna, sem utanríkisráðuneytið veitir.

* Miðað er við gengi á ítalskri líru 0,04334 ísl. kr. og ECU 83,59 ísl. kr.

Lúxemborg.

Skólagjöld.

Engin skólagjöld eru greidd.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Blandað kerfi. Stuðningurinn er í tvennu lagi: styrkur og lán með vöxtum.

Styrkurinn er breytilegur en getur numið allt að 50% ef um stórar og tekjulitlar fjölskyldur er að ræða. Hámarksstuðningstími er fimm til sjö ár.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Tekjur foreldranna og námsmanns (til ákvörðunar um fjárhæð styrksins).

Engar kröfur eru gerðar um námsárangur.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

80%.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Hún fer eftir:

Fjárhag námsmanns eða foreldra hans.

Upphæð skólagjalda sem greidd eru erlendis (uppbót), vegna skólagjalda umfram 5.000 LFR eða 10.633 ísl. kr.

Hvort námsmaðurinn er við nám í Lúxemborg (á fyrsta ári) eða erlendis.

Hvort námsmaðurinn hefur börn á framfæri.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Skólagjöldum erlendis, húsnæði, fæði og öðrum kostnaði.

Hámarksaðstoð í heild fyrir öðru en skólagjöldum er 13.000 þýsk mörk á ári eða 568.620 ísl. kr.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Stuðningur er veittur til náms erlendis.

Þar sem heilt nám á háskólastigi býðst ekki í Lúxemborg verða námsmenn að ljúka háskólamenntun sinni erlendis og full tilfærsla gildir um styrkina. Fari skólagjöld í erlendum háskóla upp fyrir ákveðin mörk greiðir Lúxemborgarríkið mismuninn.

Aðrar félagslegar bætur.

Fjölskyldubætur greiddar þar til barn er orðið 25 ára, en til 27 ára aldurs ef það er við nám. Bæturnar nema 1400 þýskum mörkum á ári fyrir eitt barn eða 61.236 ísl. kr.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Að takmörkuðu leyti.

Námsmenn frá öðrum ESB-ríkjum koma til greina til þess að þiggja beinan stuðning ef þeir eru búsettir í Lúxemborg.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Styrkir til framhaldsnáms, styrkir úr einkasjóðum og stofnunum, styrkir frá sveitarstjórnum eða erlendum ríkjum samkvæmt tvíhliðasamningum.

* Miðað er við gengi LBF 2,1266 ísl. kr. og ECU 58,58 kr.

Holland.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru innheimt.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

Grunnstyrkir til allra námsmanna.

Auk þess eru veitt lán sem bera vexti sem eru um það bil hálfu prósenti yfir markaðsvöxtum.

Viðbótarstyrkir ef sýnt þykir að foreldrar geta ekkert aðstoðað námsmann.

Hámarksstuðningstími er fimm ár. Eftir þann tíma er möguleiki á viðbótarstuðningi í formi láns í tvö ár.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Námsmaður verður að vera orðinn 18 ára og má ekki vera eldri en 26 ára.

Fullt nám.

Engar kröfur eru gerðar um námsárangur.

Grunnstyrkurinn er veittur án tillits til tekna foreldranna.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Engar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir, en hlutfallið er talið nálægt 100% vegna grunnstyrksins.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Hún fer eftir:

Dvalarstað (hvort námsmaðurinn býr í föðurhúsum eða ekki).

Fjárhag foreldra og tekjum námsmanns (styrkurinn er lækkaður ef tekjur fara upp fyrir ákveðin mörk).

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Framfærslu, námsgögnum og skólagjöldum.

Í Hollandi er miðað við að grunnstyrkurinn nægi fyrir um helmingi fjárþarfa námsmanns; af þessum sökum stendur námsmönnum viðbótarstuðningur til boða.

Til námsmanns í leiguhúsnæði er grunnstyrkur 570 hollensk gyllini eða 22.200 ísl. kr. á mánuði. Við það bætist hámarkslán 310 hollensk gyllini fyrir háskólastúdenta eða 12.000 á mánuði og í ákveðnum tilfellum viðbótarstyrkur sem nemur um 254 gyllinum eða 9.900 ísl. kr. á mánuði, þ.e. ef foreldrar geta ekki stutt námsmann.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

a) Samningar eru í gildi við flæmsk stjórnvöld í Belgíu og stjórnvöld í Norður-Rín-Westphalen í Þýskalandi. Frá og með árinu 1993/94 eiga námsmenn rétt á styrkjum til náms á þessum svæðum. Samningar þessir eru til reynslu og hyggjast stjórnvöld færa út svipaðar heimildir til annarra svæða.

b) Aðrir styrkir fást fyrir námsdvöl erlendis, einkum samkvæmt STIR (Stimuleringsprogramma voor internationalisering van het hoger onderwijs), sem er áætlun sem hleypt var af stokkunum árið 1988–89 til að stuðla að því að fólk færi til náms erlendis.

Aðrar félagslegar bætur.

Kort sem gildir fyrir ókeypis ferðir í öllum almenningsfarartækjum.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Að takmörkuðu leyti.

Ríkisborgarar annarra landa koma til greina fyrir grunnstyrkinn ef þeir eru yngri en 23 ára og:

Hafa ótakmarkað landvistarleyfi, eða

foreldrar þeirra hafa búið í Hollandi í þrjú ár samfleytt, eða

annað foreldrið hefur/hafði hollenskt ríkisfang, er fætt í Hollandi og hefur búið þar í samtals 15 ár, eða

annað foreldrið býr og starfar eða hefur starfað í Hollandi og er ríkisborgari annars ESB-ríkis eða fyrrverandi Júgóslavíu, Marokkó, Túnis, Svíþjóðar eða Noregs, eða

þeir eru munaðarlausir, giftir eða eldri en 21 árs og hafa búið í Hollandi í minnst þrjú ár með landvistarleyfi.

Frá og með árinu 1992/93 verða skólagjöld námsmanna frá öðrum ESB-ríkjum, sem koma til Hollands til að stunda fullt nám, endurgreitt á sama grundvelli og skólagjöld heimamanna samkvæmt ESB-reglugerð nr. 1612/68 um frjálsan flutning launamanna innan ESB, sem kveður á um jafna stöðu ríkisborgara ESB-landa hvað varðar aðgang að menntun.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Takmarkaður fjöldi styrkja fyrir erlenda námsmenn (samkvæmt tvíhliðasamningum).

* Miðað er við gengi á hollensku gyllini, HFL, 39,020 ísl. kr. og ECU 83,59 kr.

Bretland.

Helstu fjárstuðningskerfi fyrir námsmenn eru á vegum stjórnvalda í hinum ýmsu fræðsluumdæmum (fræðsluskrifstofa í Englandi og Wales, menntamáladeild (Education Department) innan Scottish Office og menntamáladeild Norður Írlands), en viðmiðanir eru yfirleitt þær sömu hvarvetna í Bretlandi.

Skólagjöld.

Skólagjöld eru innheimt fyrir allt nám á háskólastigi; hver menntastofnun ákveður sín gjöld.

Viðkomandi sveitarstjórn greiðir gjöld beint til viðkomandi stofnunar vegna námsmanna sem hljóta styrk, án tillits til tekna foreldranna. Gjöldin eru greidd að fullu samkvæmt ákvörðun um hámark sem innanríkisráðherra (Secretary of State) tekur.

Helstu tegundir fjárstuðnings.

a) Grunnstyrkir sem viðkomandi fræðsluskrifstofa veitir. Grunnstyrkir eru einungis veittir til einnar námsbrautar (námsgráðu).

b) Lán (síðan 1990/91). Lánin eru aðeins veitt til námsmanna í grunnháskólanámi („undergraduate" námi). Þau eru verðtryggð en vaxtalaus og greiðast upp á 5–7 árum. Stefnt er að því að hlutfall milli lána og styrkja verði 50%.

c) Sjóðir sem veita stuðning efnalitlum námsmönnum.

Viðmiðanir við mat á hæfi manna sem stuðningsþega.

Allir námsmenn eiga rétt á styrk og láni hafi þeir verið búsettir í Bretlandi í öðrum tilgangi en vegna náms, í þrjú ár áður en námið hefst. Þess er krafist að þeir stundi viðurkennt, fullt nám á háskólastigi (ekki framhaldsnám) eða grunnnám til kennararéttinda.

Viðbótarskilyrði fyrir stuðningsveitingu (sem metin eru á hverju ári):

a) Vegna grunnstyrks:

Fjölskyldutekjur. Þær mega ekki fara yfir sem svarar 1,3 millj. ísl. kr. þá hafa þær áhrif á námsaðstoð.

Námsárangur.

b) Lán eru óháð tekjum námsmanns en veitast aðeins námsmönnum yngri en 50 ára.

Hlutfall nemenda sem hljóta stuðning.

Í Englandi og Wales:

Árið 1989–90 hlutu 76% námsmanna styrk.

Árið 1990–91 hlutu 76% námsmanna styrk, og 28% þeirra sem rétt áttu tóku lán.

Árið 1991–92 tóku 36% þeirra sem rétt áttu lán.

Í Skotlandi

Árið 1991–92 hlutu 73,6% námsmanna styrk, og 37% þeirra sem hæfir töldust tóku lán.

Er stuðningsfjárhæðin breytileg? Eftir hverju fer hún?

Hámarksstyrkur er hinn sami fyrir allar menntastofnanir í Bretlandi, en fjárhæðin sem greidd er út til námsmanns er breytileg og fer eftir:

Tekjum foreldranna og/eða námsmanns, og

Dvalarstað námsmanns (í London eða annars staðar; í foreldrahúsum eða annars staðar).

Lánsfjárhæð fer eftir námsári (hún er lægri á síðasta ári náms) og dvalarstað námsmanns, en er óháð fjölskyldutekjum.

Fyrir hvaða kostnaðarliðum á stuðningurinn að nægja?

Framfærslu (húsnæði og fæði), ferðakostnaði, einhverjum bókum og námsgögnum.

Hámarksstyrkur á hverju ári 1992/1993 var um 3.356 ECU (280.000 ísl. kr.) (miðað við að námsmaðurinn byggi í London og ekki í foreldrahúsum). Annars staðar hámark 240.00 ísl. kr. Framfærsla í London er talin 475 bresk pund eða um 50.000 ísl. kr. og 375 annars staðar í Bretlandi eða um 40.000 ísl. kr. Hámarkslán á námsárinu 1991–92 var 660 bresk pund eða 70.613 ísl. kr. miðað við að námsmaður búi í London en ekki í leiguhúsnæði. Annars staðar er hámarkið 580 pund eða 62.054 ísl. kr. á ári. Fyrir námsmenn í foreldrahúsum er hámarkið 460 pund eða 49.215 ísl. kr. á ári.

Tilfærsla: Er fjárstuðningur veittur svo að námsmenn geti stundað fullt nám erlendis?

Svo er ekki.

Hvorki styrkir né lán eru veitt vegna fulls náms erlendis.

Hins vegar má veita námsmönnum, sem samkvæmt námsskrá sinni er gert að dveljast minnst eina önn í öðru landi, styrk fyrir þetta tímabil, en fjárhæðin fer eftir viðkomandi landi.

Utanríkisráðuneytið (Foreign and Commonwealth Office) og British Council veita einnig styrki til náms erlendis.

Námsmenn, sem stunda nám eða starfa utan Bretlands í eitt skólaár sem hluta af háskólanámi sínu, geta átt rétt á láni.

Námsmönnum, sem sækja um að stunda nám við menntastofnun á háskólastigi á Írlandi, má veita fjárstuðning, en ákvörðunin er komin undir viðkomandi fræðsluskrifstofu, og veitingin er ekki sjálfsögð. (Námsmenn eiga ekki rétt á fjárstuðningi til náms á Írlandi og því telst slíkt ekki til „tilfærslu“ innan ESB.)

Aðrar félagslegar bætur.

Viðkomandi sveitarstjórn greiðir skólagjöld vegna námsmanna, sem hljóta styrk, beint til viðkomandi stofnunar.

Í sumum tilvikum má veita viðbótarstyrk vegna ferðakostnaðar.

Foreldrum eru aðeins greiddar fjölskyldubætur vegna barna innan 18 ára.

Koma námsmenn frá öðrum ESB-löndum til greina sem stuðningsþegar?

Að takmörkuðu leyti.

Endurgreiðsla til námsmanna sem uppfylla eftirfarandi skilyrði nær aðeins til skólagjalda.

Þeir verða að hafa verið búsettir í Bretlandi í öðrum tilgangi en aðallega vegna náms, í þrjú ár áður en námið hefst,

Þeir verða að stunda viðurkennt, fullt nám á háskólastigi, og

Þeir mega ekki hafa hlotið styrk frá fræðsluskrifstofu umdæmis (í Englandi, Wales eða Skotlandi), frá menntamála- og bókasafnsráði (Education and Library Board) (á Norður-Írlandi) eða frá menntamáladeild (Education Department) innan Scottish Office, menntamáladeild Norður Írlands eða heilbrigðisráðuneytinu.

Farandverkamenn frá öðru ESB-ríki og börn þeirra geta einnig átt rétt á styrk eða láni ef þeir stunda stuðningshæft nám og uppfylla skilyrðin sem stuðningsþegar að öðru leyti.

Námsmenn frá öðrum ESB-ríkjum sem fá skólagjöld endurgreidd koma þó ekki til greina sem lánþegar.

Aðrir styrkir, lán og niðurgreiðslur.

Einkasjóðir, iðnfyrirtæki, herinn, menntasjóðir og styrktarsjóðir veita aðra styrki fyrir einstaklinga, og bankastofnanir veita lán til náms.

* Miðað er við gengi á bresku pundi, GBP, 106,99 og ECU 83,59 ísl. kr.

1245. Lög [302. mál]

um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör).

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1206.

1246. Lög [241. mál]

um breyting á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990 (starfsþjálfun guðfræðikandídata).

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 370.

1247. Lög [28. mál]

um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1207.

1248. Lög [364. mál]

um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1211.

1249. Lög [528. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1213.

1250. Lög [341. mál]

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 613.

1251. Lög [476. mál]

um breytingu á lögum nr. 93, 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1214.

1252. Lög [437. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1215.

1253. Þingsályktun [481. mál]

um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 810.

1254. Þingsályktun [299. mál]

um gerð kynslóðareikninga.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 555.

1255. Þingsályktun [300. mál]

um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

1256. Þingsályktun [314. mál]

um verðbólgureikningsskil.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra aðila til að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólgureikningsskilum hérlendis. Athugun nefndarinnar nái m.a. til skoðunar á lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, svo og á fyrirkomulagi á fjárreiðum ríkisins.

Nefndina skipi m.a. endurskoðendur, kennarar í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands og sérfræðingar úr ráðuneytum viðskipta og fjármála, svo og aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaði hérlendis og búa yfir víðtækri þekkingu á þessu sviði.

Nefndin ljúki störfum fyrir apríllok 1998 og geri tillögur um lagabreytingar ef hún telur nauðsyn á því.

1257. Þingsályktun [431. mál]

um erlendar skuldir þjóðarinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 735.

1258. Frumvarp til laga [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði VII. kafla um starfsemi erlendra vátryggingafélaga gilda ekki um endurtryggingar sem þau vátryggingafélög, sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skv. 26. gr., kaupa erlendis.

2. gr.

Við 7. gr. laganna bætast eftirfarandi skilgreiningar:

— *náin tengsl,* tengsl vátryggingafélags við
  a. önnur félög í félagasamstæðu sem vátryggingafélagið tilheyrir,
  b. þá sem eiga virkan eignarhlut í vátryggingafélaginu, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  c. þá sem eiga virkan eignarhlut í móðurfélagi vátryggingafélags, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  d. félög sem vátryggingafélagið á virkan eignarhlut í, þó þannig að hlutdeildin nemi minnst 20%,
  e. félög sem vátryggingafélagið á hlut í og sem félagasamstæða, sem vátryggingafélagið tilheyrir, á virkan eignarhlut í, þó þannig að samanlögð hlutdeild þeirra nemi minnst 20%,
— *vátryggingamiðlun,* faglega starfsemi lögaðila eða einstaklings sem starfar sjálfstætt og veitir upplýsingar, faglega ráðgjöf og aðstoð við að koma á vátryggingasamningi í frumtryggingum eða við framkvæmd ákvæða slíks samnings gagnvart vátryggingafélagi og starfar óháður einstökum vátryggingafélögum,
— *vátryggingamiðlari,* einstakling eða lögaðila sem stundar vátryggingamiðlun og hefur að öllu leyti frjálst val um það til hvaða félags miðlað er,
— *vátryggingaumboðsmaður,* þann sem starfar í nafni og fyrir hönd ákveðinna vátryggingafélaga, eins eða fleiri, við að kynna, gera tillögu um og undirbúa vátryggingasamninga eða aðstoða við framkvæmd slíkra samninga, svo sem þegar tjón hefur orðið,
— *vátryggingasölumaður,* starfsmann sem starfar á vegum vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns eða vátryggingafélags og annast m.a. undirbúningsvinnu, kynningu vátrygginga, allt án heimildar til að skuldbinda um vátryggingu á nokkurn hátt þá sem unnið er fyrir, og innheimtu iðgjalda hafi samningur verið gerður.

3. gr.

Í stað lokamálsliðar lokamálsgreinar 8. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Stórfyrirtæki teljast þau fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða: að niðurstöðutala efnahagsreiknings nái 6,2 milljónum ecu, að ársvelta nái 12,8 milljónum ecu og að ársverk á reikningsárinu séu a.m.k. 250. Sé fyrirtæki hluti félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings. Vátryggingaeftirlitið get-

ur heimilað að litið sé á starfsgreinasamtök, sameiginleg verkefni eða fyrirtæki sem tímabundið mynda hóp sem eitt fyrirtæki í skilningi þessarar málsgreinar.

4. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Aðrir en þeir sem skráðir eru í vátryggingamiðlaraskrá mega ekki bera heiti sem kunna að benda til eða gefa í skyn að þeir stundi miðlun vátrygginga eða láta nokkuð frá sér fara opinberlega, í prentuðu máli eða á annan hátt, sem skilja mætti á þann veg að vátryggingamiðlun sé rekin.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 2. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Stofnendur skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Stofnandi má hvorki vera í greiðslustöðvun né hafa verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ríkisborgarar og lögaðilar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum 2. mgr. enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki eða lögaðilarnir með aðsetur þar. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

6. gr.

Við 3. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna bætist: og greinargerð um önnur náin tengsl sem félagið er í.

7. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Setja skal reglugerð um réttaraðstoðarvátryggingar, greinaflokk skv. 17. tölul. 1. mgr., til þess að tryggja hagsmuni vátryggingataka í ágreiningsmáli við vátryggingafélagið sjálft.

8. gr.

Á eftir 2. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef félag er í nánum tengslum við aðra skal einungis veita starfsleyfi ef þau tengsl hindra ekki eftirlit með starfsemi félagsins. Ef löggjöf þriðja ríkis gildir um þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við og hindrar eftirlit með starfsemi félagsins skal synja um starfsleyfi, svo og ef líklegt er að vandkvæði við framkvæmd þeirrar löggjafar geri eftirlit torvelt. Ef raunverulegar aðalstöðvar félagsins eru ekki hér á landi skal synja um starfsleyfi.

9. gr.

1. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Lágmarksgjaldþol mælt í ecu skal þrátt fyrir ákvæði 30. og 31. gr. aldrei vera lægra en hér segir:

1. Í líftryggingafélagi, sbr. 23. gr. 800.000
2. Í félagi sem rekur ábyrgðartryggingar, sbr. 10.–13. tölul. 1. mgr. 22. gr., eða greiðslu- og efndavátryggingar, sbr. 14. og 15. tölul. 1. mgr. 22. gr., sjá þó 6. tölul. þessarar greinar 400.000
3. Í félagi sem rekur skaðatryggingar, sbr. 3.–8., 16. eða 18. tölul. 1. mgr. 22. gr. 300.000
4. Í félagi sem rekur slysa- og sjúkratryggingar, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 22. gr. 300.000
5. Í félagi sem rekur réttaraðstoðarvátryggingar, sbr. 17. tölul. 1. mgr. 22. gr. eða aðrar eignatryggingar, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 22. gr. 200.000
6. Í félagi sem rekur greiðsluvátryggingar, sbr. 14. tölul. 22. gr., og ársiðgjöld nema að lágmarki 2.500.000 ecu eða 4% heildariðgjalda ... 1.400.000

10. gr.

Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda um náin tengsl eftir því sem við getur átt. Ekki má mynda náin tengsl nema sýnt sé að þau hindri ekki eftirlit með starfsemi félagsins.

11. gr.

Við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Telji Vátryggingaeftirlitið að náin tengsl hindri eftirlit með starfsemi vátryggingafélags skal það fara fram á að tengslin verði strax rofin, nema það telji aðrar ráðstafanir fullnægjandi.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 43. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum. Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra skal vera með þeim hætti að tryggt sé talið að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt.

b. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig skal tilkynna verulegar breytingar á skipulagi samstæðu þegar þær ganga í gildi.

13. gr.

Í stað 2. mgr. 46. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Endurskoðendum vátryggingafélags er skylt að veita Vátryggingaeftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar er það óskar. Þeim er einnig skylt að gera Vátryggingaeftirlitinu tafarlaust viðvart fái þeir í starfi sínu fyrir félagið eða þá sem vátryggingafélagið er í nánum tengslum við vitneskju um:

a. líkleg brot á þeirri löggjöf sem gildir um starfsemi félagsins,
b. málefni sem kunna að hafa úrslitaþýðingu fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins,
c. athugasemdir eða fyrirvara í áritun á ársreikning.

Upplýsingar, sem endurskoðandi veitir Vátryggingaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

a. Á eftir 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkar upplýsingar má eingöngu veita í einni heild eða samandregnar þannig að einstök vátryggingafélög séu ekki auðkennd, nema um sakamál sé að ræða.
b. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama gildir um skipti á upplýsingum við þá sem hafa eftirlit með aðilum sem fjalla um gjaldþrot og slit vátryggingafélaga, lánastofnana og annarra fjármálastofnana, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þessum félögum og stofnunum og skipti á upplýsingum við tryggingastærðfræðinga vátryggingafélaga, sbr. 37. gr., og þá sem eftirlit hafa með þeim. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýsingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.
c. Við 7. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama á við um upplýsingar til stjórnvalda skv. 6. mgr. Njóti þau aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga gilda sömu reglur og skulu hlutaðeigandi stjórnvöld veita upplýsingar um nöfn þeirra sem upplýsingarnar eiga að fá og gera nákvæma grein fyrir skyldum þeirra á þessum vettvangi áður en þær eru veittar.

15. gr.

4. mgr. 52. gr. laganna orðast svo:

Vátryggingaeftirlitið leggur gjald á starfsemi vátryggingamiðlara til þess að standa undir kostnaði þess við eftirlit með starfsemi þeirra. Gjaldið skal nema 0,033% af heildarupphæð iðgjalda sem miðlað er til vátryggingafélaga á því ári, þó eigi lægri fjárhæð en 25.000 kr.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 71. gr. laganna:

a. 2. málsl. 3. mgr. orðast svo: Hann skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi.

b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Bókhaldsgögn og önnur gögn viðvíkjandi starfsemi útibúsins skulu varðveitt í útibúinu sjálfu.

Ákveða má með samningum við eitt eða fleiri þriðju ríki að beita öðrum ákvæðum um eftirlit með starfsemi útibúsins en segir í lögum þessum að því tilskildu að hinum vátryggðu sé tryggð nægileg og sambærileg vernd. Ekki má í slíkum samningum veita útibúum félaga með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins rýmri skilyrði en útibúum vátryggingafélaga með aðalstöðvar þar. Samráð skal haft við önnur aðildarríki um samninga af þessu tagi og þau upplýst um þá áður en þeir eru gerðir.

17. gr.

Í stað 2. mgr. 72. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Félagið skal uppfylla skilyrði III. kafla um gjaldþol er miðast við starfsemi þess hér eftir því sem við á, þó þannig að gjaldþol þess nemi aldrei minna en helmingi viðeigandi fjárhæðar skv. 33. gr. Skal félagið hafa hér á landi fjármuni er nema helmingi fjárhæðarinnar skv. 33. gr. eða þriðjungi lágmarksgjaldþols, hvort sem hærra er, en fjármunir þar umfram upp að lágmarksgjaldþoli skulu varðveittir í aðildarríki. Sameiginlegt eftirlit eins aðildarríkis með gjaldþoli fyrir öll útibú félagsins á Evrópska efnahagssvæðinu getur komið í stað þeirrar aðferðar sem lýst er í þessari málsgrein og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð. Gilda þá ákvæði 66. gr. um eftirlit með gjaldþoli útibúanna eftir því sem við á.

Fjárhæð samsvarandi fjórðungi þess lágmarks sem krafist er í 33. gr. skal lögð fram sem geymslufé í upphafi og varðveitt á stað sem Vátryggingaeftirlitið samþykkir. Geymsluféð skal einungis notað til að tryggja að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar vegna gerðra vátryggingasamninga hér á landi. Einstakir vátryggðir geta ekki gert kröfu um fullnustu greiðslu nema að því marki sem það að mati Vátryggingaeftirlitsins skerðir ekki rétt annarra vátryggðra til fullnustu á vátryggingaskuldbindingum félagsins.

18. gr.

Við 1. mgr. 73. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði IV. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

19. gr.

Við 74. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði X. og XI. kafla gilda eftir því sem við getur átt um útibúið.

20. gr.

80. gr. laganna orðast svo:

Sá sem hyggst stunda miðlun vátrygginga hér á landi skal senda ráðuneytinu skriflega umsókn um starfsleyfi.

Starfsleyfi vátryggingamiðlara gefið út í aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi enda séu uppfyllt skilyrði laga þessara. Sé starfsemin ekki háð starfsleyfi skal vátryggingamiðlari sækja um starfsleyfi og gilda þá sömu reglur og um innlenda vátryggingamiðlara.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Skilyrði starfsleyfis er búseta hér á landi, að umsækjandi sé lögráða, hann hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu fimm árum verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, svo og löggjöf um vátryggingastarfsemi. Þá er það skilyrði að menn búi yfir þeirri þekkingu sem nauðsynleg er til starfans, hafi engin fjárhagsleg tengsl af neinu tagi við vátryggingafélög vegna eignaraðildar eða hagsmuna, annarra en tengjast þeim vátryggingasamningum sem komið er á og teljist að öðru leyti hæfir til þess að reka þessa starfsemi á viðhlítandi hátt. Þeir skulu einnig leggja fram vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu til að bæta tjón sem kann að hljótast af starfa þeirra og þeir eru bótaskyldir fyrir. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðum enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum.

c. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Óheimilt er vátryggingamiðlara að hefja miðlun vátrygginga fyrr en ráðherra hefur veitt starfsleyfi eða skráning í vátryggingamiðlaraskrá hefur átt sér stað.

d. 6. mgr. orðast svo:

Ráðherra setur nánari ákvæði með reglugerðum um skilyrði starfsleyfis, um starfsemi vátryggingamiðlara, þar með talin skil á gögnum, svo sem rekstrar- og efnahagsreikningi, um starfsábyrgðartryggingu, þar á meðal um fjárhæð vátryggingar og lágmarksskilyrði hennar, um prófnefnd og námskeið og próf til að mega stunda miðlun vátrygginga.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Vátryggingamiðlari má ekki taka við þóknun af neinu tagi frá vátryggingafélagi nema vegna vátryggingasamninga sem komið hefur verið á milli vátryggingafélagsins og vátryggingataka.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Vátryggingamiðlari má ekki taka við iðgjöldum fyrir hönd vátryggingafélags nema samkvæmt skriflegri heimild.

c. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Vátryggingamiðlara er skylt að upplýsa þá sem hann starfar fyrir um þóknun sem hann þiggur vegna viðskiptanna fari þeir fram á það.

23. gr.

2. málsl. 83. gr. laganna orðast svo: Hann skal gera fullnægjandi grein fyrir tegund og umfangi vátryggingaáhættunnar til að unnt sé að gera vátryggingataka tilboð.

24. gr.

84. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 85. gr. laganna:

a. Í stað 2. og 3. málsl. 1. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Í reglugerð skal kveða á um þau atriði sem skrá skal.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Í stað 3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Vanræki vátryggingamiðlari gróflega skyldur sínar, greiði ekki eftirlitsgjald, samrýmist starfsemin ekki hlutverki hans sem vátryggingamiðlara eða séu skilyrði starfsleyfis ekki lengur uppfyllt skal Vátryggingaeftirlitið afturkalla starfsleyfi. Þó er heimilt, telji Vátryggingaeftirlitið það fullnægjandi, að veita viðvörun eða frest til úrbóta því sem úrskeiðis hefur farið. Ráðherra skal staðfesta afturköllun starfsleyfis innan sjö daga.

Sé skráningarskyld starfsemi rekin án heimildar skal Vátryggingaeftirlitið þegar í stað gera ráðstafanir til að slíkri starfsemi verði hætt.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1259. Frumvarp til laga [517. mál]

um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þá getur félagsmálaráðherra ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi eða aðrar sambærilegar aðstæður. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1260. Þingsályktun [104. mál]

um olíuleit við Ísland.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Hópurinn meti sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til að geyma olíu eða gas.

1261. Þingsályktun [447. mál]

um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýtir ál við framleiðslu sína.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 759.

1262. Frumvarp til laga [502. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 13. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Í stað orðanna „safnstjóri Þjóðminjasafns“ í 4. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: staðgengill hans.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu.

Um skipulag safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Sérsöfn geta haft stöðu deilda í Þjóðminjasafni.

Þjóðminjavörður ræður starfsmenn Þjóðminjasafns. Skulu yfirmenn stjórnunareininga safnsins og aðrir sérfræðingar hafa sérfræðimenntun á starfssviði sínu.

4. gr.

Síðasti málsliður 22. gr. laganna fellur brott.

5. gr.

Í stað ártalsins „1900“ í 2. mgr. 36. gr. laganna kemur ártalið: 1918.

6. gr.

5. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið bankastofnun nema húsafriðunarnefnd ákveði aðra tilhögun að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögunum orðast svo:
Ráðið skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., fyrir árslok 2000.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1263. Nefndarálit [478. mál]

um frv. til l. um búnaðargjald.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er markmið þess að einfalda fyrirkomulag á innheimtu sjóðagjalda frá því sem nú er. Í stað búnaðarmála-, neytenda-, jöfnunar- og framleiðsluráðsgjalds er ætlunin að innheimta eitt gjald, búnaðargjald, af búvöruframleiðendum og á það að nema 2,65% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu. Frumvarpið tengist öðru frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi, um Lánasjóð landbúnaðarins, þar sem 1,1% af þeim 2,65% sem innheimt eru er ætlað að renna í þann sjóð. Að öðru leyti er ætlunin sú, eins og fram kemur í 6. gr. frumvarpsins, að 1,275% renni til Búnaðarsjóðs og 0,275% renni til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Búnaðargjald er því sérstakar álögur á bændur til að standa undir því félagsmálakerfi sem stjórnvöld og bændur sjálfir hafa komið sér upp í tímans rás.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að gjaldtaka eins og sú sem hér er ætlað að koma á sé tímaskekkja, hér sé um að ræða einhvers konar aðstöðugjald eða veltuskatt sem leggst á bændur án tillits til afkomu þeirra. Minni hlutinn telur að slíkar álögur eigi að heyra sögunni til og getur ekki stutt frumvarpið, þrátt fyrir að þar sé að finna ákvæði um lækkun sjóðagjalda frá því sem nú er en samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er ætlunin að innheimta rúmlega 370 millj. kr. á ári með búnaðargjöldum. Minni hlutinn tekur undir athugasemdir sem fram koma hjá VSÍ um að þeir sem njóti þessarar gjaldtöku séu farnir að líta á þær sem fastar tekjur og að frumvarp til laga um búnaðargjald, sem er ætlað að gilda í framtíðinni, bindi greininni sömu bagga og hafa íþyngt fortíðinni. Því telur minni hlutinn að það frumvarp sem hér er til meðferðar sé aðeins tilraun til að staga í ónýtt millifærslu- og sjóðakerfi landbúnaðarins sem fyrir löngu er gengið sér til húðar. Því getur minni hlutinn ekki stutt frumvarpið í þeirri mynd sem það er.

Í fyrsta lagi leggur minni hlutinn áherslu á að hann er algerlega andvígur álögum sem byggjast á veltu búvöruframleiðslunnar án tillits til afkomu hennar. Fyrir nokkrum árum var aðstöðugjald lagt af enda gjaldið í engu samræmi við hugmyndir manna um eðlilega skattheimtu og eftirtektarvert að gamla aðstöðugjaldshugmyndin skuli ganga aftur í þessu frumvarpi. Í ljósi erfiðrar afkomu bænda undanfarin ár hlýtur minni hlutinn að gagnrýna þá forgangsröðun, sem birtist í frumvarpinu, að skylda bændur til að greiða til félagsmála- og millifærslukerfa greinarinnar án tillits til afkomu. Í þessu frumvarpi birtist því skýr vilji ríkisstjórnarinnar til að viðhalda félagsmála- og millifærslukerfi landbúnaðarins óbreyttu.

Í öðru lagi bendir minni hlutinn sérstaklega á að samkvæmt áætlun sem lögð var fyrir landbúnaðarnefnd um innheimtu og skiptingu búnaðargjalds er gert ráð fyrir því að tæpar 40 millj. kr. renni til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Í ársreikningi Framleiðsluráðsins fyrir verðlagsárið 1994–95 kemur fram að eigið fé ráðsins er tæpar 210 millj. kr. og umhugsunarefni hvort það eigi að vera hlutverk ráðsins að safna sjóðum á meðan afkoma bænda er ekki betri en raun ber vitni. Minni hlutinn telur að það hefði verið eðlilegra að skoða hvort ekki hefði mátt reyna að leita leiða til þess að hagræða og spara innan félagsmálakerfisins, t.d. með því að fela hlutverk ráðsins öðrum stofnunum sem fyrir eru í kerfinu, eins og Lánasjóði landbúnaðarins og Hagþjónustunni, og lækka um leið gjaldið um sem nemur hlut Framleiðsluráðs.

Í þriðja lagi vekur minni hlutinn sérstaka eftirtekt á því gjaldi sem rennur til Búnaðarsjóðs. Það rennur til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinafélaga. Með þeirri innheimtu er löggjafinn að kveða á um innheimtu félagsgjalda í gegnum skatta. Minni hlutinn minnir á að þessi innheimtuaðferð fær vart samrýmst hugmyndum manna um félagafrelsi.

Í fjórða lagi minnir minni hlutinn á eftirfarandi álit sjömannanefndar, en að því stóðu bændur ásamt fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, um þann hluta búnaðargjaldsins sem ætlað er að renni til Lánasjóðs landbúnaðarins. Taldi sjömannanefndin að „*forsendur væru brostnar fyrir niðurgreiðslu vaxta á lánsfé með álagningu gjalda á innlenda búvöruframleiðslu. Horfið hafi verið frá slíkum niðurstöðum í öðrum atvinnugreinum, enda ávallt hætta á því að þær ýti undir óarðbærar fjárfestingar.*“ Að mati minni hlutans hafa forsendur ekkert breyst frá samþykkt ályktunarinnar.

Alþingi, 13. maí 1997.

Lúðvík Bergvinsson, frsm. Ágúst Einarsson.

1264. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Jón Sveinsson, stjórnarformann Íslenska járnblendifélagsins hf., Halldór J. Kristjánsson, Jón Ingimarsson og Guðjón A. Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Indriða H. Þorlákssson frá fjármálaráðuneytinu, Ólaf Magnússon og Jón Gíslason frá Samtökum um óspillt land í Hvalfirði, Guðbrand Hannesson, oddvita Kjósarhrepps, Jónas Vigfússon, sveitarstjóra Kjalarneshrepps, Jón Valgarðsson, oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps, Marinó Þór Tryggvason, oddvita Skilmannahrepps, Anton Ottesen, oddvita Innri-Akraneshrepps, Sigurð Valgeirsson, oddvita Leirár- og Melahrepps, Gunnar Sigurðsson, forseta bæjarstjórnar á Akranesi, Jónas A. Aðalsteinsson hrl., Hermann Sveinbjörnsson, Ólaf Pétursson og

Þór Tómasson frá Hollustuvernd ríkisins, Halldór Jónatansson, Jóhann Má Maríusson, Elías Elíasson og Kristján Gunnarsson frá Landsvirkjun, Baldur Guðlaugsson hrl., Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Alfreð Þorsteinsson, formann veitustofnana Reykjavíkur, Ingólf Hrólfsson og Eystein Jónsson frá Hitaveitu Reykjavíkur, Valdimar K. Jónsson prófessor, Má Guðmundsson og Ólaf Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands, Geir A. Gunnlaugsson og Garðar Ingvarsson frá Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL), Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, og Guðmund Einarsson frá Elkem ASA. Auk þess fékk nefndin mikið af skriflegum gögnum til skoðunar.

Með lögum nr. 18/1977 var ríkisstjórninni falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem reisa skyldi og reka verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði og hafa með höndum framleiðslu á kísiljárni og tengdan atvinnurekstur, Íslenska járnblendifélagsins hf. Frá árinu 1984 hafa hluthafar verið þrír, íslenska ríkið með 55% eignarhlut, norska fyrirtækið Elkem með 30% eignarhlut og japanska fyrirtækið Sumitomo sem á því ári keypti 15% eignarhlut í fyrirtækinu af Elkem. Með samþykkt laga nr. 28/1989 var fyrirtækinu heimilað að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga (þskj. 768 á 111. löggjafarþingi) kemur fram að af lagaheimildum og samþykktum um Íslenska járnblendifélagið hf. sé ljóst að fyrirtækinu sé ætlaður vöxtur í framleiðslu á kísiljárni. Voru skipulag og stærð verksmiðjusvæðisins við það miðuð að verksmiðjuna mætti stækka mjög verulega. Á þeim tíma var stækkun hins vegar ekki talin tímabær.

Með þeim samningum, sem nú hafa náðst milli eigenda Íslenska járnblendifélagsins hf., er stefnt að stækkun verksmiðjunnar með ofni III og jafnframt er stjórn félagsins falið að kanna grundvöllinn fyrir enn frekari stækkun. Stækkun verksmiðjunnar um einn ofn þýðir að afkastageta hennar eykst úr 70 þús. tonnum í 110 þús. tonn og er slík stækkun talin styrkja samkeppnisstöðu verksmiðjunnar þegar til lengri tíma er litið. Vegna þessa munu skapast um 30–35 ný störf. Ef járnblendiverksmiðjan verður stækkuð enn frekar verður hún sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Ljóst er að ef ekki hefði orðið af breytingum á eignarhaldi í fyrirtækinu hefðu áform um stækkun verksmiðjunnar verið úr sögunni sem aftur hefði leitt til fækkunar starfsmanna og verri afkomu Landsvirkjunar, sbr. það sem síðar segir í áliti þessu um rafmagnssamning. Samkomulag er um hækkun hlutafjár að nafnvirði 423,9 millj. kr. sem Elkem greiðir að fullu fyrir með 932,5 millj. kr. Þar með eignast Elkem 51% hlut í fyrirtækinu, íslenska ríkið mun eiga 38,5% hlut og hlutur Sumitomo verður 10,5%. Heildarverðmæti alls hlutafjár í verksmiðjunni er metið á 2.548 millj. kr. áður en arður fyrir árið 1996 hefur verið greiddur út. Eftir hlutafjáraukningu mun Elkem eiga fjóra menn í stjórn félagsins, íslenska ríkið tvo og Sumitomo einn. Í samningnum er kveðið á um að Íslenska járnblendifélagið hf. verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands og hefur íslenska ríkið rétt til þess að selja hluta af sinni eign með almennu útboði. Nefndin hefur sérstaklega kannað mat á verðmæti hlutafjár í félaginu og gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við það.

Þjóðhagsleg áhrif af stækkun verksmiðjunnar eru meðal annars þau að á framkvæmdatímanum aukast fjárfestingar um 6 milljarða kr. Áður hefur verið getið um ný störf og þegar tillit er tekið til innfluttra aðfanga má ætla að stækkunin ein skili u.þ.b. einum milljarði kr. til landsframleiðslunnar, eða um 0,3%. Þjóðhagsstofnun bendir á að varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslu vegna stóriðju á Grundartanga geti orðið allt að 0,7% með traustri hagstjórn. Í því sambandi bendir stofnunin á að mikilvægt er að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði á næstu árum með því að gæta ýtrasta aðhalds í rík-

isfjármálum og taka nægilega þétt í taumhaldið á peningamálum til að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda.

Elkem ASA er stærst fyrirtækja í heiminum í framleiðslu á kísiljárni með um 13% markaðshlutdeild og á kísilmálmi með um 18% markaðshlutdeild. Af þessu leiðir að fyrirtækið er stór aðili á heimsmarkaði með þessar afurðir. Vegna fyrirhugaðrar meirihlutaeignar Elkem í Íslenska járnblendifélaginu hf. kallaði iðnaðarnefnd Guðmund Einarsson, framkvæmdastjóra kísiljárn- og kísilmálmdeildar Elkem, á sinn fund frá Noregi. Félagið rekur á annan tug verksmiðja, flestar í Noregi en einnig í Kanada og Bandaríkjunum. Fram kom að Elkem leitast við að fela heimamönnum framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hverrar verksmiðju og að fyrirtækið telur að samkeppnishæfni þess byggist á góðu og hæfu vinnuafli. Því sé fyrirtækinu akkur í að halda góðum tengslum við starfsmenn sína. Varðandi verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. kom fram að Elkem vænti sér góðs af samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og teldi að rekstur þess væri góður. Þá væri rannsókna- og þróunardeild fyrirtækisins öflug og yrði enn efld. Hefur deildin sýnt sérstakt áræði í þróunarstarfi að mati Elkem. Varðandi umhverfismál kom fram að Elkem legði áherslu á að búnaður fyrirtækisins fylgdi ströngustu kröfum og taldi Guðmundur að þeim kröfum sem gerðar væru hérlendis svipaði til krafna sem gerðar væru í Noregi.

Nefndin hefur kynnt sér rafmagnssamning Landsvirkjunar og Íslenska járnblendifélagsins hf. vegna stækkunar verksmiðju félagsins. Stækkun járnblendiverksmiðjunnar mun styrkja fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og stuðla að því markmiði að raforkuverð til almenningsveitna lækki um 3% árlega frá árinu 2001 til ársins 2010 en haldist síðan óbreytt, en þetta telur meiri hlutinn mjög mikilvæga forsendu fyrir stækkuninni.

Mengunarvarnir járnblendiverksmiðjunnar hafa bæði verið ræddar í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd, enda eru strangar kröfur til mengunarvarna og umhverfismála mikilvægar í rekstri stóriðju, jafnt hér á landi sem annars staðar. Í tengslum við gerð skýrslu umhverfisnefndar um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga (470. mál, þskj. 796), sem iðnaðarnefnd hefur haft til skoðunar, fór umhverfisnefnd í heimsókn í járnblendiverksmiðjuna og kynnti sér mengunarvarnir sérstaklega. Bæði meiri og minni hluti umhverfisnefndar benda á nauðsyn þess að svo verði búið að Hollustuvernd ríkisins að hún geti sinnt eftirliti með mengunarvörnum betur en nú. Undir þetta sjónarmið tekur meiri hlutinn. Þá bendir meiri hluti umhverfisnefndar á að óvenjutíðar sleppingar á reyk frá járnblendiverksmiðjunni stöfuðu af bilunum og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í verksmiðjunni og að rekstrartími reykhreinsivirkja hefði á árinu 1996 verið 99,28% á reykhreinsivirki 1 og 98,97% á reykhreinsivirki 2. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá járnblendiverksmiðjunni og Hollustuvernd ríkisins er sá reykur sem sést frá verksmiðjunni ryk sem ekki veldur meiri mengun en ryk yfirleitt. Hinar mengandi lofttegundir séu hins vegar ekki sjáanlegar. Á fundi með iðnaðarnefnd upplýstu umhverfisráðuneyti og Hollustuvernd ríkisins að vinna við endurskoðun hins tuttugu ára gamla starfsleyfis járnblendiverksmiðjunnar væri þegar hafin. Við stækkun verksmiðjunnar (ofn III) verður gefið út nýtt starfsleyfi fyrir rekstur Íslenska járnblendifélagsins hf. í heild. Þær upplýsingar komu fram að strangari kröfur verða gerðar varðandi brennisteinsmagn í kolum en í núverandi starfsleyfi. Þá verða verulega hertar kröfur varðandi losun á ryki og jafnframt verða sett mörk fyrir tímalengd losunar ef bilun verður í tækjabúnaði. Meiri hlutinn leggur áherslu á endurskoðun starfsleyfis járnblendiverksmiðjunnar og að í nýju starfsleyfi verði gerðar strangar, en um leið eðlilegar, kröfur til mengunarvarna er taki mið af staðháttum.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, ná ekki til framkvæmda samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994. Telur hann eðlilegt að fyrir hugsanlega framtíðarstækkun járnblendiverksmiðjunnar (IV. og V. ofn) verði gert mat á umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi á svæðinu í heild.

Í tengslum við umfjöllun málsins fór iðnaðarnefnd í vettvangsferð í járnblendiverksmiðjuna og ræddi við framkvæmdastjórn og trúnaðarmenn starfsmanna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Sighvatur Björgvinsson.
Árni R. Árnason.	Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.
Pétur H. Blöndal.		Jóhanna Sigurðardóttir.

1265. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 2. gr. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
   Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna. Innstæða eða réttindi samkvæmt samningi um lífeyrissparnað eru eign rétthafa.
2. Við 18. gr. Á eftir orðinu „sjóðfélaga" í fyrri málslið 2. mgr. komi: sem og hlutdeild hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Greinargerð.

Ekki hefur verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóða. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum en hver fer með forræði fyrir eignunum sem standa á móti réttindunum? Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt skiptist í 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald launagreiðanda, mætti draga þá ályktun að launþegar eigi 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Þessi ályktun er líka í samræmi við upphafið að stofnun lífeyrissjóða almennt, en þeim var ætlað að taka við húsbóndaábyrgð vinnuveitenda. Þessi siðferðilega ábyrgð er ævarforn og felst í því að bónda bar að sjá hjúi sínu farborða eftir langa þjónustu ef vinnuþrek þess dvínaði sökum elli eða örorku. Uppbygging velferðarkerfis með almannatryggingar sem þungamiðju hefur flutt framfærsluábyrgðina frá atvinnurekanda til ríkis og sveitarfélaga. Skylduaðild launþega að lífeyrissjóði með lagaboðum 1974 og 1980, sem og fyrirliggjandi frumvarp, undirstrikar enn frekar þennan flutning á húsbóndaábyrgð til ríkisins. Þar sem engin húsbóndaábyrgð er á framfærslu launþegans lengur er ekki hægt að rökstyðja að atvinnurekendur eigi hlut í lífeyrissjóðunum.

Skipting iðgjalds í 4% og 6% er hluti af kjarasamningum og í raun marklaus. Hækka mætti laun allra landsmanna um 6% iðgjaldshlut atvinnurekenda og launþegar greiddu 9,434% (=10%/1,06) af hækkuðu launanum og báðir aðilar stæðu eins.

Þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverri ástæðu á hann einn kröfu á lífeyrissjóðinn en ekki atvinnurekandinn. Það undirstrikar e.t.v. best þá skoðun að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn en ekki aðrir, enda er talað um hreina eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa yfirleitt verið skipaðar til helminga af samtökum atvinnurekenda og launþega, en sú skipan mála grundvallast á hinni gömlu hugmynd um húsbóndaábyrgð. Þá voru það hagsmunir atvinnurekenda að sjóðirnir væru vel reknir. Eftir að þessi hugmynd riðlaðist eru ekki forsendur fyrir aðild atvinnurekenda að stjórnum lífeyrissjóða. Því er hér lagt til að skýrt verið kveðið á um eignaraðildina í lagatextanum.

Í síðari breytingartillögunni er lagt til að sérhverjum sjóðfélaga verði sendar upplýsingar um það hversu stóran hlut hann „á“ í hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris og skal þá miða við tryggingafræðilegt mat á verðmæti áunninna réttinda. Þannig verði sjóðfélaginn betur meðvitaður um þessa eign sína. Að meðaltali eiga sjóðfélagar réttindi hjá lífeyrissjóðum að verðmæti yfir 2 millj. kr.

1266. Breytingartillögur [530. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Á undan 29. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

   Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra. Stjórn lífeyrissjóðs boðar til félagsfundar. Henni ber að boða félagsfund innan viku ef sjóðfélagar með 1/10 atkvæðavægis eða endurskoðendur sjóðsins krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Til félagsfundar skal boðað með dagskrá í auglýsingu í fjölmiðlum með minnst fjögurra vikna og mest sjö vikna fyrirvara.

   Atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fer eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra eftir nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Sjóðfélagi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að fara með atkvæði sitt á félagsfundi. Slíkt umboð gildir aldrei lengur en tvö ár og það má afturkalla hvenær sem er.

   Aðili sem ber beina ábyrgð á skuldbindingum lífeyrissjóðs eða ábyrgð á breytilegu iðgjaldi til hans skal þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. fara með meiri hluta atkvæða á félagsfundi sjóðsins og við stjórnarkjör skv. 5. mgr. samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins.

   Aðalfund skal halda árlega í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Í fundarboði skal auglýst eftir framboðum til stjórnar og gefa tveggja vikna framboðsfrest. Á aðalfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal kjósa með beinum hætti á aðalfundi eða með almennri leynilegri póstatkvæðagreiðslu fyrir aðalfund ef kosning á aðalfundi er óframkvæmanleg.

2. Við 29. gr. (er verði 30. gr.). Eftirfarandi breytingar verði á 1. mgr.:
   a. 1. og 2. málsl. falli brott.
   b. Í stað orðsins „Stjórnin" í 3. málsl. komi: Stjórn lífeyrissjóðs.
3. 30. gr. falli brott.

Greinargerð.

Hér er lagt til að um félagsfundi lífeyrissjóða gildi svipaðar reglur og um hluthafafundi hlutafélaga. Reglur um atkvæðavægi eru þó vandmeðfarnar vegna þess hagsmunaáreksturs sem óhjákvæmilega verður milli eldri og yngri sjóðfélaga við val á forsendum sem notaðar eru við tryggingafræðilega úttekt, sérstaklega við mat á þeirri ávöxtun sem vænst er að sjóðurinn muni ná næstu áratugi. Staða sjóðsins batnar verulega ef reiknað er með hárri ávöxtun og þá er að öðru óbreyttu hægt að hækka lífeyri til þeirra sem nú taka lífeyri. Það verða því hagsmunir eldri sjóðfélaga að reikna með hárri ávöxtun. Hins vegar þarf að skerða lífeyri líðandi stundar ef reiknað er með lágri ávöxtun en við það verður sjóðurinn sterkari en ella í fjarlægri framtíð, þegar yngri sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Atkvæðavægi eldri sjóðfélaga verður mjög mikið ef miðað er við áunnin réttindi eða inneign. Þeir hefðu því hugsanlega of sterk ítök með þeim hætti. Ef miðað er við höfðatölu fá þeir sem eiga mjög lítil réttindi, t.d. vegna hlutastarfs, of sterk ítök. Þeir geta auk þess átt atkvæðisrétt í tveimur eða þremur sjóðum samtímis. Þetta má hindra með því að miða við þann rétt sem sjóðfélaginn kemur til með að ávinna sér um starfsævina (framreiknaður réttur), en þá er hugsanlegt að yngri sjóðfélagar fái of mikil ítök miðað við hagsmuni þeirra. Lausnin gæti falist í því að miða við blöndu af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Þegar aðili, t.d. ríkissjóður, ber ábyrgð á lífeyrissjóði, beina eða óbeina, er eðlilegt að hann hafi öll tök á stjórn sjóðsins og breytingum á samþykktum því að hann á allt undir því að skynsamlega sé staðið að rekstri sjóðins.

Nauðsynlegt getur verið að grípa til póstatkvæðagreiðslu ef aðstæður eru þannig að sjóðfélagar geta ekki kosið beinni kosningu á félagsfundi. Það getur átt við ef lífeyrissjóðurinn er mjög fjölmennur eða ef sjóðfélagar eru mjög dreifðir, t.d. sjómenn.

Breytingartillögur í 2. og 3. lið leiðir af tillögu fyrsta liðar.

1267. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um síðara frumvarpið til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þessu þingi og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir þær umsóknir um ríkisborgararétt sem nefndinni bárust í því skyni að kanna hvort þær uppfylla þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veit-

ingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 frá 118. löggjafarþingi. Síðan fjallaði nefndin um umsóknirnar.

Við afgreiðslu á frumvarpinu hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin mælir með **samþykkt** frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 97 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Alþingi, 13. maí 1997.

Sólveig Pétursdóttir, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Ögmundur Jónasson.
Árni R. Árnason.	Jón Kristjánsson.	Hjálmar Jónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristján Pálsson.	Guðný Guðbjörnsdóttir.

1268. Breytingartillögur [413. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Mikhail, þjálfari á Akureyri, f. 2. júní 1962 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
2. Akbacheva, Ekaterina Borisovna, sjúkraliði á Akureyri, f. 23. september 1967 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
3. Alguno, Grace Cañada, starfsstúlka í Reykjavík, f. 11. október 1963 á Filippseyjum.
4. Anbari, Aziza Ascour, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. ágúst 1968 í Marokkó.
5. Andersen, Torbjørn, læknir á Seltjarnarnesi, f. 5. júlí 1967 í Noregi.
6. Andrea Andrésdóttir, barn í Dóminíkanska lýðveldinu, f. 29. september 1996 í Reykjavík.
7. Baumruk, Petr, þjálfari í Hafnarfirði, f. 25. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
8. Baumruková, Jaroslava, röntgentæknir í Hafnarfirði, f. 20. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
9. Benhaj, Mohammed, starfsmaður í Reykjavík, f. 18. mars 1960 í Marokkó.
10. Björnsson, Lydia Amimo, starfsstúlka í Hveragerði, f. 29. desember 1967 í Kenýa.
11. Borgwardt, Günter, verkamaður í Garði, f. 7. ágúst 1938 í Þýskalandi.
12. Boutazert, Farid, lagerstjóri í Reykjavík, f. 16. janúar 1965 í Alsír.
13. Brault, Octavia Finnbogadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. mars 1970 í Bandaríkjunum.
14. Brem, Regula, bóndi að Stóra-Kroppi, f. 15. febrúar 1950 í Sviss.

15. Burk, Patricia Ann, bakari í Reykjavík, f. 18. júní 1953 í Bandaríkjunum.
16. But, Olga, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. janúar 1965 í Póllandi. Fær réttinn 31. ágúst 1997.
17. Cajes, Maria Florinda Perez, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 30. maí 1963 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.
18. Calderon, Jennifer Soon, verkakona í Reykjavík, f. 19. október 1972 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1997.
19. Capaul, Jean-Marc, forritari í Reykjavík, f. 19. apríl 1964 í Sviss.
20. Costello, Mary, húsmóðir á Akureyri, f. 26. janúar 1923 á Írlandi.
21. Daniel, Marsha Lorraine, kennari í Reykjavík, f. 17. ágúst 1966 í Bandaríkjunum.
22. Davenport, Mignon Hazelie, starfsstúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1949 í Malasíu.
23. Dicdican, Julita A., fiskverkakona í Njarðvík, f. 14. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. september 1997.
24. Dimitrova, Tatiana Kirilova, sérfræðingur í Reykjavík, f. 12. júlí 1969 í Búlgaríu.
25. Dungog, Rosario, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 28. apríl 1962 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.
26. Esztergál, Judit, íþróttakennari í Reykjavík, f. 9. mars 1967 í Ungverjalandi. Fær réttinn 9. september 1997.
27. Foley, Dolores Mary, húsmóðir á Selfossi, f. 17. ágúst 1970 á Írlandi.
28. Fatalla, Emmanuel S., starfsmaður í Reykjavík, f. 8. október 1975 á Filippseyjum.
29. Fatalla, Ronald Surban, verkamaður í Reykjavík, f. 22. febrúar 1978 á Filippseyjum. Fær réttinn 13. júní 1997.
30. Gorska, Anna Izabela, beitingakona á Breiðdalsvík, f. 22. desember 1971 í Póllandi.
31. Guðjónsson, Anna, fiskverkakona á Grundarfirði, f. 27. maí 1969 í Póllandi.
32. Hani, Ali, atvinnulaus í Reykjavík, f. 4. maí 1958 í Marokkó.
33. Harber, Frances, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Suður-Afríku.
34. Haxhiajdini, Arsim, verkamaður í Reykjavík, f. 14. mars 1967 í Júgóslavíu. Fær réttinn 8. júní 1997.
35. Healy, Thor Patriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1982 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 16. maí 1997.
36. Helgi Sveinn Heimisson, nemi á Egilsstöðum, f. 16. desember 1979 á Egilsstöðum.
37. Herman, Sigrún Toby, námsráðgjafi í Reykjavík, f. 19. febrúar 1949 í Keflavík.
38. Ho, Lydia V., starfsstúlka í Reykjavík, f. 26. mars 1950 á Filippseyjum. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
39. Ignatiev, Nikolai Michailovich, verkfræðingur í Reykjavík, f. 20. maí 1953 í Sovétríkjunum.
40. Ignatieva, Evguenia Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 26. maí 1978 í Sovétríkjunum.
41. Ignatieva, Lilia Dmitrievna, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. febrúar 1953 í Sovétríkjunum.
42. Ignatieva, Olga Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1976 í Sovétríkjunum.
43. Jessen, Peter Winkel, byggingatæknir í Reykjavík, f. 15. október 1948 í Danmörku.
44. Jónsson, Manuel Viggó Coronil, nemi í Reykjavík, f. 22. ágúst 1977 á Spáni.
45. Kamilla Rún Gísladóttir, barn á Grundarfirði, f. 20. ágúst 1990 í Reykjavík.

46. Karaolanis, Antonios, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 20. maí 1964 í Grikklandi.
47. Klimaszewska, Henryka, fiskverkakona í Keflavík, f. 11. mars 1971 í Póllandi. Fær réttinn 18. maí 1997.
48. Kolbrún Linda Sigurðardóttir, barn í Bessastaðahreppi, f. 13. júlí 1991 í Reykjavík.
49. Kro, Anna Valdís, nemi að Lómatjörn, f. 12. desember 1978 á Akureyri.
50. Kro, Ingunn Agnes, nemi að Lómatjörn, f. 27. mars 1982 á Akureyri.
51. Kumari, Shobha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1967 á Indlandi. Fær réttinn 2. júní 1997.
52. Lamai, Suphan, verkakona í Hafnarfirði, f. 31. október 1965 í Tælandi.
53. Lilliendahl, Iskra Savova, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1953 í Búlgaríu. Fær réttinn 24. september 1997.
54. Mamelin, Annick Micheline, fiskverkakona í Keflavík, f. 9. apríl 1959 í Frakklandi.
55. Mamelin, René, verkamaður í Keflavík, f. 20. ágúst 1946 í Frakklandi.
56. Mamood, Tishk Taha Karim, tæknifræðingur í Reykjavík, f. 6. nóvember 1961 í Írak. Fær réttinn 4. ágúst 1997.
57. Mankowska, Bozena Marja, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 25. mars 1953 í Póllandi.
58. Mansour, Mousaad Badr Abdel Salam, blómaskreytingamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1960 í Egyptalandi. Fær réttinn 17. september 1997.
59. Mellk, Karen, aðstoðarframkvæmdastjóri í Hveragerði, f. 31. ágúst 1951 í Bandaríkjunum.
60. Micic, Biljana, verkakona í Kópavogi, f. 11. desember 1962 í Júgóslavíu.
61. Mikulás, Stanislav, fimleikaþjálfari í Keflavík, f. 29. desember 1952 í Slóvakíu. Fær réttinn 19. ágúst 1997.
62. Ming, Chen, fimleikaþjálfari, sendiráði Íslands í Peking, f. 18. júlí 1964 í Kína.
63. Mlindwa Stefánsson, Rhoda Robert, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1965 í Tansaníu.
64. Mouritzen, Thorleif Andor, fiskverkamaður á Dalvík, f. 13. nóvember 1934 í Færeyjum.
65. Oliver, Shaun David, sjómaður á Hellissandi, f. 26. október 1970 í Zimbabwe.
66. Orongan, Ornesa Neis, verkakona í Kópavogi, f. 21. mars 1959 á Filippseyjum.
67. Ólafsson, Natalia, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. nóvember 1971 í Rússlandi.
68. Pálsson, Beata, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. apríl 1960 í Póllandi. Fær réttinn 28. júní 1997.
69. Petkov, Borislav Timchev, hagfræðingur í Reykjavík, f. 13. desember 1962 í Búlgaríu.
70. Pilkington, Brian Charles, teiknari í Reykjavík, f. 20. júlí 1950 í Englandi.
71. Podhajska, Anna Agnieszka, tónlistarkona á Akureyri, f. 11. september 1953 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
72. Podhajski, Marek Andrzej, tónlistarmaður á Akureyri, f. 7. apríl 1938 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
73. Popiolkiewicz, Ewa Katarzyna, fiskverkakona í Hnífsdal, f. 28. ágúst 1965 í Póllandi.
74. Popiolkiewicz, Mariusz Jan, fiskverkamaður í Hnífsdal, f. 23. maí 1962 í Póllandi.
75. Potapcik, Denis, nemi í Reykjavík, f. 21. mars 1979 í Litháen. Fær réttinn 16. júní 1997.

76. Potapcik, Tatjana, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1952 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 16. júní 1997.
77. Profic, Beata Anna, sjúkraþjálfari á Eyrarbakka, f. 10. mars 1967 í Póllandi.
78. Raksil, Saengthian, verkakona á Stöðvarfirði, f. 1. janúar 1963 í Tælandi.
79. Ramos Pinto, Marilene, verkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1956 í Brasilíu.
80. Robertson, James Norbert, verkamaður í Garði, f. 14. apríl 1954 í Bandaríkjunum.
81. Robertson, Robert Stephen, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1968 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. maí 1997.
82. Sawangjaitham, Kanachana, ræstingakona í Reykjavík, f. 25. janúar 1974 í Tælandi. Fær réttinn 12. júní 1997.
83. Sawangjaitham, Narumon, matreiðslukona í Bessastaðahreppi, f. 14. júní 1960 í Tælandi.
84. Soodchit, Soysuda, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. febrúar 1966 í Tælandi. Fær réttinn 10. september 1997.
85. Stachorska, Joanna Izabela, nemi í Reykjavík, f. 11. september 1975 í Póllandi.
86. Steinmann, Erika, verkakona á Egilsstöðum, f. 28. maí 1948 í Sviss.
87. Troufan, Alexei Ivanovits, handknattleiksþjálfari í Mosfellsbæ, f. 15. ágúst 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
88. Troufan, Elena Grigorjevna, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 30. mars 1960 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
89. Troufan, Maxim, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. febrúar 1979 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
90. Varadaraj, William, verkamaður á Selfossi, f. 7. apríl 1964 á Indlandi.
91. Vistra, Dina Catubig, starfsstúlka í Hveragerði, f. 28. desember 1964 á Filippseyjum.
92. Walker, Kristín Sybil, starfsstúlka á Akureyri, f. 25. janúar 1944 í Englandi.
93. Williams, Jerry Dwayne, nemi á Höfn, f. 18. september 1981 í Bandaríkjunum.
94. Wunsch, Bettina, húsmóðir á Hellu, f. 24. maí 1971 í Þýskalandi. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
95. Yan, Jianhua, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. mars 1953 í Kína. Fær réttinn 19. júlí 1997.
96. Ye, Qing, nemi í Reykjavík, f. 24. maí 1968 í Kína.
97. Zanoria, Priscilla Rondina, fiskvinnslukona í Ólafsvík, f. 22. janúar 1967 á Filippseyjum.

1269. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og leitað skýringa um einstök atriði frá fjármálaráðuneyti. Nefndin leitaði enn fremur eftir áliti Ríkisendurskoðunar um frumvarpið.

Greiðsluyfirlit samkvæmt frumvarpinu sýnir að innheimtar tekjur eru 545 millj. kr. hærri en fjárlög og fjáraukalög 1996 gerðu ráð fyrir. Á gjaldahlið er óskað eftir nettó lækkun á heimildum að fjárhæð 1.441,5 m.kr. sé miðað við heimildir samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 1996. Lækkunin skýrist af því að ónotaðar fjárheimildir eru að fjárhæð 3.730 m.kr. og umframgjöld að fjárhæð 2.289 m.kr.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar um að nauðsynlegt sé að taka í frumvarpið yfirlit um umframgjöld stofnana og fjárlagaliða og leggur því fram breytingartillögu þar sem viðbótarfjárheimildir á einstakar stofnanir koma fram.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að í kjölfar breytinga samkvæmt frumvarpi að lögum um fjárreiður ríkisins verði settar skýrar reglur um flutning fjárheimilda svo og ónotaðar fjárveitingar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 13. maí 1997.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Árni Johnsen.
Árni M. Mathiesen.	Ísólfur Gylfi Pálmason.	Hjálmar Jónsson.
	Arnbjörg Sveinsdóttir.	

1270. Breytingartillaga [529. mál]

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (JónK, StB, ÁJ, ÁMM, ÍGP, HjálmJ, ArnbS).

Við bætist ný grein, 3. gr., sem orðist svo:

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101-1	Embætti forseta Íslands	2.376	
201-1	Alþingi	315	
211-1	Lýðveldissjóður	1	
520-1	Opinberar heimsóknir	4.087	
620-6	Ríkisendurskoðun	813	
	Samtals æðsta stjórn ríkisins		7.592

01 Forsætisráðuneyti

190-115	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	242	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu	840	
241-1	Umboðsmaður barna	572	
901-1	Húsameistari ríkisins	39.383	
902-1	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	995	
902-6	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	718	
	Samtals ráðuneyti		42.750

02 Menntamálaráðuneyti

201-1	Háskóli Íslands	47.770
203-1	Raunvísindastofnun Háskólans	5.657
211-1	Tækniskóli Íslands	15.955
223-1	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	571
231-1	Rannsóknarráð Íslands	182
236-6	Vísindasjóður	302
237-6	Tæknisjóður	220
302-1	Menntaskólinn á Akureyri	9.600
303-1	Menntaskólinn á Laugarvatni	10.759
304-1	Menntaskólinn við Hamrahlíð	23.019
305-1	Menntaskólinn við Sund	5.022
307-1	Menntaskólinn á Egilsstöðum	4.495
308-1	Menntaskólinn í Kópavogi	10.263
309-1	Kvennaskólinn í Reykjavík	2.211
318-1	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	10.351
318-5	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	61.732
319-113	Forfallakennsla	4.003
319-115	Prófkostnaður	25.254
319-119	Kennslueftirlit	428
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	12.480
351-1	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.762
352-1	Flensborgarskóli	10.621
356-1	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.594
359-1	Verkmenntaskólinn á Akureyri	11.407
360-1	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4.082
363-1	Framhaldsskólinn á Laugum	1.088
365-1	Borgarholtsskóli	6.493
430-1	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5.363
506-1	Vélskóli Íslands	1.885
507-1	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	4.839
514-6	Iðnskólinn í Reykjavík	32.300
517-1	Hótel- og veitingaskóli Íslands	1.075
523-1	Fósturskóli Íslands	3.710
551-1	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	2.313
562-1	Leiklistarskóli Íslands	2.688

564-1	Listdansskólinn	8.842	
571-1	Sjómannaskólahúsið	849	
700-1	Grunnskólar, Reykjavík	6.613	
701-1	Grunnskólar, Reykjanesi	146.488	
703-1	Grunnskólar, Vesturlandi	11.651	
706-1	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	24.410	
707-1	Grunnskólar, Austurlandi	7.251	
718-1	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	273	
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	730	
730-1	Skólabúðir að Reykjum	42	
750-5	Skólar fyrir fatlaða	4.172	
750-6	Skólar fyrir fatlaða	588	
872-1	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.506	
884-1	Jöfnun á námskostnaði	21.400	
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	8.829	
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	400	
904-1	Safnahúsið við Hverfisgötu	6.385	
905-1	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2.606	
906-1	Listasafn Einars Jónssonar	614	
907-1	Listasafn Íslands	7.701	
909-1	Blindrabókasafn Íslands	630	
972-1	Íslenski dansflokkurinn	1.168	
973-1	Þjóðleikhús	287	
974-1	Sinfóníuhljómsveit Íslands	30	
976-1	Menningarsjóður	9.080	
981-1	Kvikmyndasjóður	41.824	
983-110	Fræðistörf	12.478	
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	200	
999-143	Skriðuklaustur	4.813	
999-190	Ýmis framlög	4.918	
	Samtals ráðuneyti		680.272

03 Utanríkisráðuneyti

101-1	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	36.959	
201-1	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	9.562	
201-6	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3.400	
301-1	Sendiráð Íslands í Bonn	617	
303-1	Sendiráð Íslands í London	436	
304-1	Sendiráð Íslands í Moskvu	527	
305-1	Sendiráð Íslands í Ósló	308	
306-1	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	2.602	
307-1	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	867	
308-1	Sendiráð Íslands í Washington	2.003	
309-1	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	948	

312-1	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1.055	
390-1	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.021	
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	3.644	
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	439	
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	632	
401-139	Evrópuráðið	688	
401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	4.080	
401-168	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	26	
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	2.027	
401-173	Þróunarsjóður EFTA	202	
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	300	
	Samtals ráðuneyti		72.343

04 Landbúnaðarráðuneyti

101-1	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.924	
190-112	Mat á búvörum	4.424	
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	236	
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	231	
211-1	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.355	
221-1	Veiðimálastofnun	4.537	
233-1	Yfirdýralæknir	8.178	
261-1	Bændaskólinn á Hvanneyri	10.595	
271-5	Bændaskólinn á Hólum	15.600	
271-6	Bændaskólinn á Hólum	9.700	
283-6	Garðyrkjuskóli ríkisins	14.100	
293-1	Hagþjónusta landbúnaðarins	105	
311-6	Landgræðsla ríkisins	4.100	
321-1	Skógrækt ríkisins	13.423	
331-1	Héraðsskógar	11.900	
805-110	Vaxta- og geymslukostnaður	1.723	
805-132	Afsetning birgða	163.364	
831-6	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	4	
	Samtals ráðuneyti		268.499

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-1	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	802	
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaröflun	3.800	
190-151	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	1.426	
190-190	Ýmislegt	2.540	
202-5	Hafrannsóknastofnun	3.100	

203-1	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	12.450	
204-6	Fiskistofa	2.500	
901-1	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	20	
	Samtals ráðuneyti		26.638

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101-1	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	811
111-1	Kosningar	5
190-121	Próf málflytjenda	1.423
190-122	Próf skjalaþýðenda	274
190-123	Próf fasteignasala	539
190-131	Matsnefnd eignarnámsbóta	317
190-132	Tölvunefnd	318
190-133	Mannanafnanefnd	500
190-145	Mannréttindaskrifstofa Íslands	1.000
190-170	Samfélagsþjónustunefnd	309
190-181	Réttur barna, útgáfa	300
201-1	Hæstiréttur	380
216-1	Héraðsdómur Austurlands	697
290-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	584
290-112	Setu- og varadómarar	63
291-601	Húsnæði Hæstaréttar	2.951
301-1	Ríkissaksóknari	2.020
302-1	Rannsóknarlögregla ríkisins	13.541
311-1	Lögreglustjórinn í Reykjavík	6.927
341-1	Áfengis- og fíkniefnamál	193
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	90
390-111	Eftirlit með ökuritum	830
390-601	Tæki og búnaður	1.452
390-610	Bifreiðir	1.827
391-5	Húsnæði löggæslustofnana	1.269
397-1	Schengen samstarf	350
412-1	Sýslumaðurinn á Akranesi	19.077
413-1	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	398
416-1	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	3.270
417-1	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	1.012
421-1	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	386
424-1	Sýslumaðurinn á Akureyri	6.745
426-1	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	6.276
430-1	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	369
431-1	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	637
433-1	Sýslumaðurinn á Selfossi	1.516
434-1	Sýslumaðurinn í Keflavík	7.608
490-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	9.667

490-121	Óviss útgjöld	245	
490-130	Kostnaður samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	24.580	
490-140	Snjóathugunarmenn	320	
490-160	Gagnalínukostnaður	2.029	
491-601	Tæki og búnaður	1.600	
491-660	Upplýsingakerfi sýslumanna	20.102	
501-1	Fangelsismálastofnun ríkisins	1.734	
501-5	Fangelsismálastofnun ríkisins	723	
591-6	Fangelsisbyggingar	537	
701-101	Yfirstjórn	13.160	
701-111	Vígslubiskup Skálholti	472	
701-113	Vígslubiskup Hólum	311	
	Samtals ráðuneyti		161.744

07 Félagsmálaráðuneyti

272-6	Byggingarsjóður verkamanna	113	
321-6	Brunamálastofnun ríkisins	1.972	
331-1	Vinnueftirlit ríkisins	23.442	
331-6	Vinnueftirlit ríkisins	4.000	
400-620	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar	4.014	
401-1	Barnaverndarráð	34	
701-1	Málefni fatlaðra, Reykjavík	13.768	
703-1	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	564	
705-1	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	3.072	
707-1	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.307	
708-1	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	8.344	
710-1	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	670	
711-1	Styrktarfélag vangefinna	11.681	
720-1	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	458	
750-1	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.687	
981-110	Félagsdómur	363	
981-181	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	800	
984-1	Atvinnuleysistryggingasjóður	25.556	
999-150	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	258	
999-153	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	298	
	Samtals ráðuneyti		103.401

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101-6	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.280	
201-1	Tryggingastofnun ríkisins	15.446	
206-1	Sjúkratryggingar	112.000	

301-1	Landlæknir	10.130	
311-1	Héraðslæknir í Reykjavík	112	
315-1	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	26	
324-1	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	12.500	
326-1	Sjónstöð Íslands	1.110	
327-6	Geislavarnir ríkisins	1.254	
340-690	Styrkir til ýmissa framkvæmda	5.318	
370-6	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	10.300	
371-1	Ríkisspítalar	152.671	
371-5	Ríkisspítalar	79.800	
385-1	Framkvæmdasjóður aldraða	2.399	
393-1	Lyfjamál	1.344	
399-163	Áfallahjálp	1.949	
399-165	Heilsuefling	1.956	
399-190	Ýmis framlög	3.674	
404-1	Sjúkraskýlið Hólmavík	253	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	21.202	
500-115	Leigutekjur starfsmannaíbúða	4.579	
510-1	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	11.741	
511-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjar-umdæmi nyrðra	1.129	
512-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjar-umdæmi syðra	7.311	
513-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	3.129	
514-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjar-umdæmi	8.527	
522-1	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	770	
524-1	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2.912	
552-1	Heilsugæslustöðin Dalvík	1.053	
553-1	Heilsugæslustöðin Akureyri	2.529	
557-1	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	373	
561-1	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	532	
565-1	Heilsugæslustöðin Eskifirði	599	
566-1	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	54	
567-1	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	2	
571-1	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	209	
572-1	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2.123	
574-1	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	5	
575-1	Heilsugæslustöðin Hellu	1.617	
576-1	Heilsugæslustöðin Laugarási	3.098	
578-1	Heilsugæslustöðin Hveragerði	370	
582-1	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	10.325	
583-1	Heilsugæslustöðin Garðabæ	253	
585-1	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	560	
621-1	Áfengisvarnir og bindindismál	475	
	Samtals ráðuneyti		498.999

09 Fjármálaráðuneyti

101-6	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.787	
103-1	Ríkisbókhald	2.857	
105-1	Ríkislögmaður	383	
201-1	Ríkisskattstjóri	1.496	
202-1	Skattstofan í Reykjavík	707	
204-1	Skattstofa Vestfjarða	6	
205-1	Skattstofa Norðurlands vestra	177	
212-120	Olíugjald	4.441	
215-6	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1.841	
251-1	Gjaldheimtan í Reykjavík	2.651	
262-1	Tollstjórinn í Reykjavík	1.876	
402-1	Fasteignamat ríkisins	105	
481-6	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	34.121	
901-1	Framkvæmdasýslan	1.756	
981-660	Sölvhóll	3.061	
981-691	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	1.488	
989-1	Launa- og verðlagsmál	121.148	
999-113	Kjarasamningar	3.902	
999-114	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	12.880	
999-115	Kjararannsóknir	654	
999-117	Ýmis sameiginlegur kostnaður	6.726	
999-145	Ýmsar nefndir	6.420	
999-150	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1.695	
999-160	Dómkröfur	49.696	
999-165	Kjaradómur og kjaranefnd	609	
	Samtals ráðuneyti		263.483

10 Samgönguráðuneyti

101-1	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	728	
190-120	Rannsóknanefnd sjóslysa	3.342	
190-121	Lög- og réttindaskráning sjómanna	271	
190-126	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	135	
190-133	Flugeftirlitsnefnd	170	
190-160	Whilborg-rejser, Bing	1.489	
190-190	Ýmislegt	3.725	
190-191	Athugun á öryggi fiskiskipa	257	
190-601	Breytingar á húsnæði	20.000	
190-601	Breytingar á húsnæði	9.504	
335-1	Siglingastofnun Íslands	301	
471-1	Flugmálastjórn	607	
651-1	Ferðamálaráð	77	
	Samtals ráðuneyti		40.606

11 Iðnaðarráðuneyti

101-1	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.602	
201-1	Iðntæknistofnun Íslands	9.233	
203-1	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	606	
299-114	Iðnþróun og tækninýjungar	1.886	
299-115	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	1.468	
299-124	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	2.341	
299-130	Alþjóðlegt rannsóknasamstarf	3.272	
299-148	Átak til atvinnusköpunar	17.700	
299-160	Verkefnaútflutningur	1.122	
302-1	Rafmagnseftirlit ríkisins	2.320	
399-115	Niðurgreiðsla á rafhitun	4.168	
399-121	Orkunefnd	83	
	Samtals ráðuneyti		47.801

12 Viðskiptaráðuneyti

101-1	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.453	
190-110	Neytendasamtökin	1.650	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	894	
190-190	Ýmis viðskipta- og bankamál	2.836	
903-1	Skráning hlutafélaga	739	
	Samtals ráðuneyti		10.572

13 Hagstofa Íslands

101-6	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	7.811	
	Samtals ráðuneyti		7.811

14 Umhverfisráðuneyti

101-1	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	6.278	
101-1	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	400	
101-6	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	600	
190-122	Stefnumörkun í umhverfismálum	723	
190-123	Ýmis umhverfisverkefni	13.463	
190-129	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	568	
190-140	Alþjóðastofnanir	261	
201-1	Náttúruverndarráð	6.068	
201-6	Náttúruverndarráð	2.094	
221-1	Hollustuvernd ríkisins	12.254	
301-1	Skipulagsstjóri ríkisins	2.376	
301-1	Skipulagsstjóri ríkisins	1.500	
310-1	Landmælingar Íslands	1.787	
401-1	Náttúrufræðistofnun Íslands	7.860	
	Samtals ráðuneyti		56.232

1271. Nefndarálit [529. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

Frá minni hluta fjárlaganefndar.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarpið til meðferðar og leitað skýringa fjármálaráðuneytis á einstökum atriðum. Enn fremur leitaði nefndin eftir áliti Ríkisendurskoðunar sem gerði verulegar athugasemdir við framsetningu og uppsetningu frumvarpsins. Minni hlutinn er sammála því mati Ríkisendurskoðunar að viðbótarheimildir, sem sótt er um í frumvarpinu, eru verulegar með tilliti til þess að fyrri fjáraukalög fyrir árið 1996 voru afgreidd þegar einungis tæpur hálfur mánuður var eftir af fjárlagaárinu og hefði því átt að vera nokkuð ljóst hver þörfin raunverulega væri. Í áliti Ríkisendurskoðunar segir m.a.:

„Ljóst er að framlagning frumvarpsins er með nokkuð öðru sniði en tíðkast hefur undanfarin ár. Í því sambandi má einkum nefna eftirfarandi:

1. Umframgjöldum og ónotuðum fjárheimildum er nú skipt á hagræn viðfangsefni, þ.e. rekstur, tilfærslur, stofnkostnað og viðhald.
2. Ekki er lengur sótt formlega um umframgjöld einstakra stofnana, sbr. 3. gr. í uppgjörsfjáraukalögum fyrri ára.
3. Ónotaðar fjárheimildir eru ekki sérstaklega tilgreindar í lagagreinum frumvarpsins heldur gengið út frá því að þær falli sjálfkrafa niður með samþykkt frumvarpsins.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur hagræn skipting umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda fyrst og fremst upplýsingagildi og virðist í reynd fyrst og fremst vera sett fram í frumvarpinu með það í huga. Stofnunin telur þó bagalegt að þær upplýsingar sem veittar eru í fylgiskjali 1 í frumvarpinu gefa alls ekki fullnægjandi upplýsingar um fjárhæðir sem birtast í 2. gr. frumvarpsins. Þá telur stofnunin hættu á því að með þessari framsetningu verði frumvarpið óþarflega flókið fyrir aðra en sérfræðinga. Eins og frumvarpið er nú sett fram þarf að leggja í talsverða reiknivinnu til að átta sig fyllilega á heildarstærðum þess og því hversu mikið er í reynd sótt um af aukafjárveitingum fyrir einstakar stofnanir. Ríkisendurskoðun hefði talið æskilegra að setja frumvarpið fram með þeim hætti að afstaða sé tekin til afkomu einstakra stofnana í lagatexta frumvarpsins, en rekja þess í stað einstaka hagræna liði í skýringartexta þess þar sem það væri talið eiga við.

Ríkisendurskoðun telur vart stætt á því að Alþingi sé ekki gefinn kostur á því að taka formlega afstöðu til umframgjalda einstakra stofnana og fjárlagaliða, sbr. 3. gr. fyrri uppgjörsfjáraukalaga. Með brottfalli 3. gr. telur stofnunin að uppgjörsfjáraukalögin séu í reynd einungis orðin formsatriði. Er með því stigið stórt skref aftur á bak í uppgjörsmálum ríkissjóðs að mati stofnunarinnar. Sama á við um brottfall ónotaðra fjárheimilda úr lagatexta frumvarpsins sem hingað til hefur verið tekin formleg afstaða til. Í því sambandi má minna á að Ríkisendurskoðun hefur talið eðlilegt að birta í 3. gr. ónotaðar fjárheimildir einstakra stofnana á sama hátt og umframgjöld þannig að formleg afstaða sé tekin til afkomu þeirra á árinu.

Að lokum ítrekar stofnunin þá skoðun sína að tekin verði afstaða til flutnings umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda samhliða uppgjörsfjáraukalögunum, en ekki beðið með þá ákvörðun þar til í lok næsta fjárlagaárs eins og verið hefur síðastliðin ár. Með þeirri tilhögun skapast mun traustari grundvöllur fyrir stofnanir ríkisins til að byggja sinn rekstur á.“

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar og er sammála niðurstöðu meiri hlutans sem flytur breytingartillögur er lúta að framsetningu frumvarpsins í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar. Minni hlutinn mun þó **sitja hjá** við afgreiðslu frumvarpsins í heild.

Alþingi, 13. maí 1997.

Kristín Halldórsdóttir, frsm. Bryndís Hlöðversdóttir. Gísli S. Einarsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

1272. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið á sinn fund Finn Ingólfsson iðnaðarráðherra, Halldór J. Kristjánsson ráðuneytisstjóra, Jón Ingimarsson skrifstofustjóra og Guðjón A. Guðjónsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Indriða H. Þorlákssson, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, Jón Sveinsson hrl., Ólaf Magnússon og Jón Gíslason frá Samtökum um óspillt land í Hvalfirði, Guðbrand Hannesson, oddvita Kjósarhrepps, Jónas Vigfússon, sveitarstjóra Kjalarneshrepps, Jón Valgarðsson, oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps, Marínó Þór Tryggvason, oddvita Skilmannahrepps, Anton Ottesen, oddvita Innri-Akraneshrepps, Sigurð Valgeirsson, oddvita Leirár- og Melahrepps, Gunnar Sigurðsson, forseta bæjarstjórnar á Akranesi, Jónas A. Aðalsteinsson hrl., Hermann Sveinbjörnsson, Ólaf Pétursson og Þór Tómasson frá Hollustuvernd ríkisins, Halldór Jónatansson, Jóhann Má Maríusson, Elías Elíasson og Kristján Gunnarsson frá Landsvirkjun, Baldur Guðlaugsson hrl., Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Alfreð Þorsteinsson, formann veitustofnana Reykjavíkur, Ingólf Hrólfsson og Eystein Jónsson frá Hitaveitu Reykjavíkur, Valdimar K. Jónsson prófessor, Má Guðmundsson og Ólaf Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands, Geir A. Gunnlaugsson og Garðar Ingvarsson frá Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL), Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, Kenneth D. Peterson, Richard A. Roman, James F. Hensel og Gene Caudill frá Columbia Ventures Corporation, Árna Vilhjálmsson, hrl. og lögfræðilegan ráðgjafa Norðuráls hf., Sigurð Arnalds frá verkfræðistofunni Hönnun, Erlend Magnússon, fjármálaráðgjafa frá Nomura Bank International, Jón Þorvaldsson og Huldu Styrmisdóttur frá fyrirtækinu Hugtök og Ellen Ingvadóttur, löggiltan skjalaþýðanda og dómtúlk. Auk þess barst nefndinni mikið af skriflegum gögnum frá þessum aðilum.

Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld reynt að nýta þá auðlind sem felst í hreinni og endurnýjanlegri orku landsins, m.a. með því að selja orku til erlendra stóriðjufyrirtækja sem setja vilja á fót verksmiðju hér á landi. Sem dæmi má nefna að undirbúningur að byggingu álbræðslu Atlantsálshópsins á Keilisnesi var langt kominn þegar honum var frestað og hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um hvort þeirri framkvæmd

verði fram haldið. Aðrar áætlanir hafa gengið eftir eins og stækkun álvers Ísals í Straumsvík. Mun framkvæmdum við stækkunina ljúka á þessu ári.

Við mat á því hvort álverið í Straumsvík yrði stækkað kom m.a. til skoðunar sá kostur að nota hluta af búnaði úr álverksmiðju Vereinigte Aluminium Werke (VAW) sem staðsett var í Töging í Þýskalandi. Alusuisse ákvað að nota eigin tækni við stækkun álversins í Straumsvík en í ágúst 1995 keypti fyrirtækið Columbia Aluminium Corporation (CAC), seinna Columbia Ventures Corporation (Columbia), hluta af búnaði álversins í Töging. Í framhaldi af kaupunum kynntu fulltrúar CAC sér aðstæður til að reisa álver hér á landi. Í september 1996 ákvað Columbia að hefja viðræður við íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun um rekstur álverksmiðju hérlendis, frekar en í Venesúela þar sem þó buðust hagstæð skilyrði, m.a. hagstætt orkuverð. Byggðist staðarvalið m.a. á þeirri undirbúningsvinnu sem fram hafði farið á vegum sveitarfélaga, MIL, Landsvirkjunar og stjórnvalda. Samkomulagið við Columbia og dótturfélag þess, Norðurál hf., felur í sér fjóra samninga. Í fyrsta lagi fjárfestingarsamning við ríkisstjórn Íslands. Í öðru lagi lóðarsamning við ríkissjóð. Í þriðja lagi hafnarsamning við hafnarsjóð Grundartangahafnar og í fjórða lagi rafmagnssamning við Landsvirkjun.

Norðurál hf. mun reisa og starfrækja álverið. Miðað er við að það framleiði í byrjun um 60 þús. tonn af hrááli á ári en gert er ráð fyrir stækkun þess síðar. Fjárfestingarkostnaður við að reisa álverið með 60 þús. tonna ársframleiðslugetu er áætlaður um 12 milljarðar kr. Columbia hefur tryggt sér aðföng til framleiðslunnar sem og sölu á hrááli sem framleitt verður í álverinu til 10 ára. Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi í álveri Norðuráls verði 110–135 manns í upphafi en aukist síðan í 150 manns.

Vegna álvers Norðuráls, stækkunar járnblendiverksmiðjunnar og árlegrar aukningar raforkueftirspurnar hins almenna markaðar er gert ráð fyrir að fjárfesting í orkumannvirkjum nemi um 22 milljörðum kr. án vaxta á þeim tíma sem framkvæmdir standa yfir. Nefndin kynnti sér rafmagnssamning Landsvirkjunar og Norðuráls sérstaklega. Í umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um samninginn kemur fram að þótt um verulega lækkun álverðs yrði að ræða frá grunnspá yfir samningstímabilið næði Landsvirkjun engu að síður þeirri arðgjöf sem talin er tryggja fyrirtækinu fullnægjandi skaðleysi af framkvæmdum. Að mati þeirra er samningurinn Landsvirkjun hagstæður og hefur jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Stuðlar hann þannig að því markmiði að raforkuverð til almenningsveitna lækki um 3% árlega frá árinu 2001 til ársins 2010 en haldist síðan óbreytt, en þetta telur meiri hlutinn mjög mikilvæga forsendu fyrir samþykkt málsins og gerir því ekki athugasemdir við þennan þátt málsins.

Framkvæmdir vegna stóriðjuveranna á Grundartanga munu standa yfir næstu fjögur ár en ná hámarki á næsta ári, 1998. Alls verður fjárfest fyrir um 36 milljarða kr. og um 1.600 ársverk þarf til framkvæmdanna. Þjóðhagsstofnun bendir á að fjárfestingar aukist í heild um 14% frá því sem orðið hefði á þessu ári og um 24% á næsta ári. Hagvöxtur 1997 verður 1,2% meiri en ella vegna þessara framkvæmda. Þessi áhrif fjárfestinganna fjara síðan út árin 1999–2000 að mati Þjóðhagsstofnunar. Til frambúðar bætast við tæplega 180 störf í iðjuverunum og raforkuvinnslu. Þjóðhagsstofnun áætlar að varanleg áhrif af stóriðju á Grundartanga séu heildaraukning landsframleiðslunnar um 1,1% og að heildaraukning þjóðarframleiðslu geti orðið allt að 0,7% með traustri hagstjórn. Þjóðhagsstofnun telur efnahagsskilyrði eins og þau eru nú metin lofa góðu um framhaldið. Horfur eru á miklum hagvexti í ár og næstu tvö ár, meiri en í helstu viðskiptalöndunum. Þjóðhagsstofnun telur það liggja í hlutarins eðli að mikill vöxtur í efnahagslífinu muni reyna á þanþol hagkerfisins á næstu missirum, m.a. vegna meiri halla á viðskiptajöfnuði en

æskilegt getur talist. Vegna þessa bendir stofnunin á að mikilvægt er að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði á næstu árum með því að gæta ýtrasta aðhalds í ríkisfjármálum og taka nægilega þétt í taumana á peningamálum til að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda.

Umhverfismál eru sérlega mikilvægur þáttur stóriðju- og virkjunarframkvæmda. Mikil opinber umræða hefur verið um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers á Grundartanga, um starfsleyfi álversins, um virkjunarframkvæmdir á hálendinu og síðast en ekki síst um stefnu Íslendinga varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Er slík umræða af hinu góða. Umhverfisnefnd fjallaði að eigin frumkvæði um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga og skilaði Alþingi ítarlegri skýrslu, 470. mál á þskj. 796, sem lögð var fram fyrir 1. umr. þessa máls sem hér er til afgreiðslu. Í starfsleyfi fyrir álver Norðuráls kemur fram að bygging og rekstur álversins skuli vera í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfinu skal bygging og rekstur þess einnig vera í samræmi við bestu fáanlegu tækni sem völ er á í kerskálum og þurrhreinsivirkjum, sbr. mengunarvarnareglugerð, nr. 48/1994, tilmæli 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM) og tilskipun ráðherraráðs ESB um mengunarvarnir og eftirlit (nr. 96/61/ESB). Norðuráli ber að senda heilbrigðiseftirliti Akranessvæðis og heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis afrit af öllum skýrslum sem fyrirtækinu ber að senda Hollustuvernd ríkisins. Telur meiri hlutinn þetta ákvæði leyfisins mikilvæga tryggingu þess að nágrannasveitarfélög verksmiðjunnar fylgist á eðlilegan hátt með rekstri hennar. Starfsleyfið mælir fyrir um að komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós skuli Hollustuvernd í samráði við heilbrigðisnefnd halda fund með Norðuráli hf. og leita lausna til úrbóta. Í framhaldi af slíkum viðræðum skal Hollustuvernd ríkisins gera tillögur til umhverfisráðherra um endurskoðun starfsleyfisins telji stofnunin þörf á. Meiri hlutinn telur að þessi öryggisákvæði starfsleyfisins séu nægilega skýr.

Í ljósi þeirrar almennu umræðu sem orðið hefur um byggingu álvers á Grundartanga tekur meiri hlutinn undir með meiri hluta umhverfisnefndar að marka þurfi heildarstefnu í virkjunar-, stóriðju- og umhverfismálum og leggur jafnframt áherslu á það sjónarmið meiri hluta umhverfisnefndar að hrein og endurnýjanleg orka landsins sé ein af tiltölulega fáum auðlindum þess og að nýting hennar sé ein af undirstöðum þjóðarbúsins. Sérstaklega ber að fagna fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem meiri hlutinn leggur áherslu á að hraðað verði. Það er mat meiri hluta umhverfisnefndar að álverið á Grundartanga verði í hópi þeirra álvera á Norðurlöndum sem ströngustu kröfur eru gerðar til og niðurstaða hans er að þær kröfur, sem gerðar séu í starfsleyfi, séu nægilegar. Undir þetta tekur meiri hluti iðnaðarnefndar og vísar að öðru leyti til greinargóðs álits meiri hluta umhverfisnefndar varðandi umhverfisþátt málsins. Jóhanna Sigurðardóttir og Sighvatur Björgvinsson gera sérstakan fyrirvara við umhverfisþátt málsins og telja að strangari kröfur hefði mátt gera til mengunarvarna. Telja verði þó að þær séu fullnægjandi miðað við núgildandi viðmiðanir í lögum. Þá tekur Jóhanna Sigurðardóttir undir gagnrýni minni hluta umhverfisnefndar á málsmeðferð við undirbúning og kynningu framkvæmdanna.

Iðnaðarnefnd óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um þann þátt málsins er lýtur að skattlagningu, reikningsskilareglum, tollum og vörugjöldum og er hún birt sem fylgiskjal. Ekki er gert ráð fyrir heildstæðri sérmeðferð á sköttum Norðuráls hf. heldur eru íslensk skattalög lögð til grundvallar með tilteknum frávikum sem nauðsynlegt var að gera. Sérskattlagningarreglur frumvarpsins eru bæði íþyngjandi og ívilnandi

fyrir Norðurál hf. Efnahags- og viðskiptanefnd telur að þegar heildaráhrifin séu metin komi í ljós að skatttekjur ríkisins verði svipaðar og ef almenn skattalög hefðu gilt óbreytt. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir athugasemd við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins og telur að ákvæðið feli í sér framsal á skattlagningarvaldi yfir til sveitarfélaga en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við 5., 6. og 8. gr. frumvarpsins. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, tekur undir athugasemdir meiri hlutans um 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. en telur jafnframt að ýmsa þætti málsins hefði þurft að skoða betur.

Með vísan til þess að sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahreppa hafa óskað eftir breytingu á skatthlutfalli af álagningarstofni og athugasemda efnahags- og viðskiptanefndar leggur meiri hlutinn til breytingu á niðurlagi 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. Lagt er til að fasteignaskattur sá, sem Norðuráli hf. ber að greiða, verði 0,75% af 2.393 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1996 (217,8 stig). Þar með er skýrt kveðið á um það hver álagningarstofn fasteignaskattsins sé, enda skal skattamálum skipað með lögum. Þá er bætt við ákvæðum um álagningu og innheimtu fasteignaskattsins. Við ákvörðun á álagningarstofninum var haft til hliðsjónar mat á verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja miðað við 60.000 lesta upphaflega framleiðslugetu álversins eins og gert er ráð fyrir í fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Columbia og Norðuráls hf. Álagningarstofni fasteignaskatts verður því að breyta með lögum þegar og ef til stækkunar verksmiðju Norðuráls kemur nema álagningarstofn og álagning miðist við gildandi lög á þeim tíma.

Þá leggur meiri hlutinn til að ný grein bætist við frumvarpið sem kveður á um heimild ríkisstjórnarinnar til að láta flytja veg sem liggur um fyrirhugaða verksmiðjulóð.

Að lokum leggur meiri hlutinn til, að ósk Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps, að hreppunum verði heimilað að stofna sameiginlega byggingarnefnd sem fjallar einvörðungu um öll byggingarmál álvers á Grundartanga, svo og allt byggingareftirlit með framkvæmdunum. Skal byggingarnefndinni heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa á meðan á framkvæmdum stendur en að öðru leyti skal fara að ákvæðum byggingarlaga. Þessi heimild er nauðsynleg þar sem byggingarlög gera eingöngu ráð fyrir því að sveitarfélög, sem hafa samvinnu sín á milli með stofnun svæðisbyggingarnefndar, feli svæðisnefndinni öll byggingarmálefni sveitarfélagsins en ekki einstök verkefni.

Með vísan til þess að hér er um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. maí 1997.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Guðjón Guðmundsson.	Árni R. Árnason.
Sigríður A. Þórðardóttir.	Hjálmar Árnason.	Pétur H. Blöndal.
Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara.		Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Álit efnahags- og viðskiptanefndar.
(18. apríl 1997.)

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga (445. mál).

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að almennar íslenskar skattareglur muni gilda að langmestu leyti um byggingu og starfsemi hins fyrirhugaða álvers. Þó er vikið frá því í nokkrum atriðum. Hluti þess markast af því að um erlenda eignaraðila er að ræða. Þannig verður félaginu ekki heimilt að draga allt að 7% útborgaðs arðs frá skattskyldum tekjum. Það ákvæði íslenskra skattalaga hefði leitt til tekjutaps fyrir ríkissjóð. Á móti íþyngjandi áhrifum þessa fyrir félagið eru veittar ívilnanir á öðrum sviðum. Þegar heildaráhrifin eru metin kemur í ljós að skatttekjur ríkisins verða svipaðar og ef almenn skattalög hefðu gilt óbreytt.

Meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar þykir sérstök ástæða til að gera athugasemdir við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilt að leggja á fasteignaskatt *„sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“* eins og segir orðrétt í ákvæðinu. Meiri hlutinn telur að umrætt ákvæði feli í sér ákveðið framsal á skattlagningarvaldi yfir til sveitarfélaganna og telur eðlilegra að binda skattinn við fastákveðna fjárhæð eða afmarka hann betur á annan máta í frumvarpinu. Meiri hlutinn sér að öðru leyti ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við 5. gr., 6. gr. og 8. gr. frumvarpsins.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, telur að ýmsa þætti málsins hefði þurft að skoða betur. Í fyrsta lagi sé álitamál hvort yfirleitt eigi að stefna að sérsamningum af þessu tagi í stað þess að láta íslensk skattalög gilda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ef nýtt er heimild til sérsamninga þá skuli þeir gilda í að lágmarki 20 ár. Um ákvæði 5. gr. um undanþágur frá lögum og skattlagningu er það að segja að mörg atriði eru í sjálfu sér eðlileg, ef farið er út í sérsamninga um skattamál á annað borð. Annað orkar tvímælis. Þá eru ákvæði 6.–8. tölul. 5. gr. um ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga hæpin. Sérstaklega það að skattstofninn sé í reynd gerður að samningsatriði, sbr. niðurlag 6. tölul. 5. gr., og tekur minni hlutinn undir tillögur meiri hlutans í því sambandi. Ljóst er einnig að ekki mun gæta jafnræðis milli sveitarfélaga á svæðinu hvað varðar ávinning af tilkomu verksmiðjunnar þar sem framkvæmdirnar geta samkvæmt frumvarpinu fært þeim tveimur sveitarfélögum sem eiga lóðina sem verksmiðjan verður reist á miklar tekjur meðan nágrannasveitarfélög fá ekkert í sinn hlut.

Mesta athygli minni hlutans vekur þó lokamálsgrein 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir að félagið geti á hverju ári samningstímans, frá og með árinu 2000, valið hvort það færi sig alfarið undir íslensk skattalög eða ekki. Félaginu verður þannig gert kleift að velja hvorn kostinn sem því verður hagstæðari á þeim tíma, þ.e. sérsamninginn eða hin almennu ákvæði íslenskra skattalaga. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið hafi slíkan valrétt og verður það því bundið til 20 ára ef félagið ákveður að halda sig við samninginn. Loks er rétt að vekja athygli á framsalsákvæði 9. gr. frumvarpsins sem sýnir í hnotskurn þann rúma rétt sem viðsemjendum Íslendinga er veittur í þessum samningum. Með

ákvæðinu er félaginu heimilt að framselja, t.d. til lánveitenda, alla skattasamninga sem það hefur gert við ríkið. Er þetta sagt nauðsynlegt vegna væntanlegrar verkefnafjármögnunar.

Niðurstaða minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er því sú að málið sé vanbúið til afgreiðslu og mun hann því ekki styðja lögfestingu frumvarpsins.

1273. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (StG, GuðjG, ÁRÁ, SAÞ, HjÁ, PHB, SighB, JóhS).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein með fyrirsögninni **Verksmiðjulóðin**, svohljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta flytja núverandi veg af fyrirhugaðri verksmiðjulóð, sbr. 2. gr., í samræmi við skipulag á svæðinu.
2. Við 4. gr. (er verði 5. gr.) bætist ný málsgrein svohljóðandi:
   Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi er heimilt, þrátt fyrir ákvæði byggingarlaga, að stofna sjálfstæða, sameiginlega byggingarnefnd til þess að fjalla um öll byggingarmál álvers á Grundartanga, svo og allt byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur. Byggingarnefndinni er heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa meðan á framkvæmdum stendur en að öðru leyti skal fara að ákvæðum byggingarlaga.
3. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðanna „0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“ í 6. tölul. 1. mgr. komi: 0,75% af 2.393 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja sem þarf til um 60 þús. lesta álframleiðslu á ári, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1996 (217,8 stig). Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu álbræðslunnar.

1274. Lög [159. mál]

um landmælingar og kortagerð.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1210.

1275. Lög [487. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 13. maí.)

Samhljóða þskj. 1208.

1276. Nefndarálit [475. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11 maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar hefur ýmislegt að athuga við fyrirliggjandi frumvarp. Fyrst ber að nefna þá staðreynd að aðalefni málsins, þ.e. stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, liggur ekki fyrir þinginu, heldur einungis spurningin um það hvort Íslendingar eiga að selja meiri hluta sinn í verksmiðjunni eða ekki. Það er í sjálfu sér mikið mál en er ekki eina málið og í raun fór minnstur tími nefndarinnar í að fjalla um það.

Raforkuverð.

Að mati minni hlutans er raforkuverð viðunandi samkvæmt þeim samningi sem liggur fyrir vegna þriðja ofnsins. Samkvæmt norskum blöðum er verðið rétt innan við ellefu norskir aurar hver kílóvattstund. Þetta verð nær ekki aðeins til stækkunarinnar heldur líka til eldri hluta verksmiðjunnar. Í því felst ávinningur fyrir Landsvirkjun sem selur fyrirtækinu orku.

Í Noregi hafa flestar verksmiðjur Elkem góða rafmagnssamninga að sögn forráðamanna fyrirtækisins. Þessir samningar renna út á árunum 2006–2010. Statkraft, norska orkusölufyrirtækið, vill nýta sér þessa staðreynd til þess að hækka orkuverðið. Þar er nú boðið til samninga um 20–22 norska aura á kílóvattstund eða um 30 mills. Norsku fyrirtækin munu ekki sætta sig við þetta verð; við munum beita pólitískum þrýstingi til að lækka verðið, sagði forstjóri Elkem á fundi nefndarinnar! En meðan verðið er svona hátt flyst þessi iðnaður frá Noregi og eitthvert annað. Hvert? Væntanlega til Íslands. Þetta skapar því um leið gullið tækifæri fyrir Íslendinga til að hækka raforkuverð til stóriðju hér á landi. Það virðist ráðamönnum landsins enn ekki ljóst. Þess vegna hafa þeir í raun fallist á fjórða og fimmta áfanga verksmiðjunnar og gera þar ráð fyrir of lágu orkuverði.

Áhyggjur starfsmanna.

Starfsmenn verksmiðjunnar á Grundartanga hafa haft miklar áhyggjur af því að Elkem eignist meiri hluta í verksmiðjunni. Verður ekki sagt að viðtöl nefndarinnar við Guðmund Einarsson forstjóra hafi dregið úr áhyggjum af starfsmannamálum en Elkem er óvenjumikið í blöðum í Noregi vegna átaka við starfsmenn. Kom enda fram að það væri eitt aðalstefnumála fyrirtækisins og forráðamanna þess að fækka starfsmönnum; ekki að vísu með því að segja þeim upp sem fyrir eru heldur með því að ráða ekki nýja í stað þeirra sem hætta. Þó er bent á að í mörgum verksmiðjum Elkem í Noregi sjá verktakar

um stóran hluta verkefnanna annarra en framleiðslunnar sjálfrar. Í því sambandi má nefna viðhaldsdeildir og mötuneyti. Þannig er augljóst að starfsmennirnir á Grundartanga standa frammi fyrir óvissu auk þess sem forstjóraskipti verða nú í fyrirtækinu og ekki ofmælt að starfsmenn sjái eftir núverandi forstjóra úr starfi.

Þeir starfsmenn sem iðnaðarnefnd ræddi við tóku fram að þeir óttuðust að starfsmannastefnan yrði harðari en þeir ættu að venjast og að þeir kæmu síður að opnum dyrum en verið hefur á Grundartanga. Starfsmennirnir spurðu: Og hvað gerist ef upp kemur sama staðan og 1992? Verður fyrirtækinu ekki lokað? Þá var gripið til aðgerða í samráði við starfsmenn. Nú verða allar boðleiðir miklu lengri.

Forráðamenn fyrirtækisins bentu á að framleiðslukostnaðarverð á járnblendi hafi lækkað mjög verulega. Árið 1979 hafi framleiðslan verið 200–250 tonn á hvern starfsmann og svo hafi verið allt fram til 1989. Þá hafi starfsmönnum verksmiðjunnar, þróunardeildinni, tekist að breyta fyrirtækinu þannig að framleiðsla á starfsmann jókst í um 325 tonn. Þegar kreppan reið yfir iðnaðinn, sú mesta á öldinni, tókst að auka framleiðsluna í 400–425 tonn á mann. Nú er framleiðslan 600 tonn á mann.

Það er þróunardeild Járnblendiverksmiðjunnar sem hefur skilað þessum árangri. Forráðamenn verksmiðjunnar bentu á að með því að ríkið selur sinn hluta í járnblendiverksmiðjunni hverfa Íslendingar út úr vinnslu í stóriðju hér á landi. Það er slæmt, sögðu þeir. Það er mikilvægt að við höfum einhver yfirráð í úrvinnsluiðnaðinum en þurfum ekki að reiða okkur eingöngu á aðra. Enn fremur er ljóst, sögðu forsvarsmenn verksmiðjunnar, að með Elkem verða allar boðlínur miklu lengri. Við fengum um daginn þykkan doðrant með eyðublöðum til að sækja um mismunandi upphæðir til mismunandi verkefna, sögðu þeir. Það verður allt þyngra í vöfum.

Elkemfyrirtækið varð ríkt á því að finna upp Söderberg-rafskaut; þau hefðu aldrei verið fundin upp eftir þessum doðröntum frá Elkem.

Þriðja besta í heimi.

Eitt af því sem gagnrýnt var af stjórnarandstöðunni við meðferð málsins var matið á fyrirtækinu. Kom fram að það væri ákaflega erfitt að meta fyrirtækið í raun. Gert hefði verið ráð fyrir því í mati á fyrirtækinu að langtímameðalverð á afurðum þess væri um 4.160 norskar kr. tonnið. Í apríl í ár var verðið 4.560 norskar kr. tonnið, en fór hæst í 5.500 kr. og lægst í 3.550 kr. á einum ársfjórðungi þannig að sveiflurnar eru gífurlegar. Og lægsta verðið nú á síðustu árum er jafnframt lægsta verðið á öldinni. Er eðlilegt að taka það með í reikninginn þegar langtímameðalverð er ákveðið? Matsverðið á fyrirtækinu var eins og fyrr sagði miðað við 4.160 norskar kr. á tonnið. Það þýðir verð í kringum 225–250 millj. norskra kr. fyrir fyrirtækið. Ef meðalverðið í fyrra hefði hins vegar verið lagt til grundvallar hefði verðið á fyrirtækinu átt að vera um 1,5 milljarðar norskra kr. Við meðferð málsins í nefndinni kom þannig fram að verðið á fyrirtækinu var í rauninni allt of lágt þegar hlutur Íslands var seldur.

Endurbyggingarverð verksmiðjunnar á Grundartanga er talið vera um 800 millj. norskra kr. og strípaður þriðji ofninn kostar, að talið er, a.m.k. 260–280 millj. norskra kr.

Hagnaður fyrirtækisins var 280 millj. kr. árið 1994, 544 millj. kr. árið 1995, 660 millj. kr. 1996 og 600 millj. kr. 1997. Hér er því um að ræða gott fyrirtæki, að ekki sé meira sagt. Kom reyndar fram að verksmiðjan á Grundartanga er talin með þeim bestu í heimi í þessari grein. Sú þriðja besta í heiminum! Bendir allt til þess að vel hefði mátt reka fyrirtækið áfram með tveimur ofnum og að öryggi starfsfólks og þjóðarinnar hefði ekkert

síður mátt tryggja með því að tryggja að fyrirtækið með óbreyttu eignarhaldi hefði bætt við þriðja ofninum.

Við umfjöllun málsins heyrðist oft að Elkem hefði beitt járnblendiverksmiðjuna hörðu í ójöfnum leik og því hefðu menn gefist upp í miðju fljótinu. Elkem á 34 verksmiðjur. Virtist það vera skoðun samningamanna ríkisins að það væri ekkert annað að gera en að gefast upp af því að fyrirtækið væri markaðsráðandi. Flett var ofan af þeirri bábilju í meðförum nefndarinnar; í heiminum eru á markaði um 2,4 milljónir tonna af kísiljárni. Elkem er með um 300 þúsund tonn þannig að hér er ekki um að ræða þann yfirburðarisa sem oft hefur verið talið.

Í umræðu verður nánar fjallað um aðdraganda málsins og fleiri þætti þess.

Alþingi, 13. maí 1997.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Bréf trúnaðarmanna hjá Íslenska járnblendifélaginu til iðnaðarráðuneytis.
(3. febrúar 1997.)

Á fundi trúnaðarmanna hjá Íslenska járnblendifélaginu þann 3. febrúar 1997 var fjallað um þær viðræður sem fram hafa farið um stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga og breytingar á eignarhaldi milli eigenda. Í nýlegu viðtali við Viðskiptablaðið kemur fram hjá Jóni Sveinssyni, stjórnarformanni Íslenska járnblendifélagsins, að viðræður um stækkun tengist breytingum á eignarhaldi verksmiðjunnar og að ákvörðun um hvort tveggja verði tekin á líkum tíma. Þar kemur einnig fram sá möguleiki að Elkem eignist jafnstóran hlut og ríkið, eða jafnvel meiri hluta.

Af þessu tilefni viljum við trúnaðarmenn starfsfólks koma því á framfæri við iðnaðarráðuneytið hver sé skoðun okkar á þessum málum.

Þegar miklir erfiðleikar voru í rekstri járnblendisverksmiðjunnar hélt ríkið sínum hlut á meðan Elkem seldi af sínum. Við spyrjum okkur að því hvert verði viðhorf erlendra meirihlutaeigenda til starfseminnar þegar erfiðleikar steðja að. Við teljum að við breytingu á eignarhlut, þar sem erlendir aðilar ættu meiri hluta, væri stofnað í hættu þeim góðu og víðtæku tengslum sem verið hafa milli starfsfólks og forustumanna járnblendifélagsins. Sama á við bæði um 18 ára vinsamleg samskipti, þar sem við höfum sameiginlega leyst úr vandamálum fremur en að búa þau til, og tengsl framkvæmdastjóra við trúnaðarmenn sem hafa verið tryggð með fundum um öll málefni fyrirtækisins auk viðræðufunda um kjaramál þegar þau hafa verið efst á baugi.

Því skorum við á iðnaðarráðuneytið að taka ákvörðun um stækkun verksmiðjunnar ótruflað af áformum um breytt eignarhald og að gæta í hvívetna hagsmuna starfsfólks og ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. trúnaðarmanna

Þórður Björgvinsson,
aðaltrúnaðarmaður.

Fylgiskjal II.

Frásögn fulltrúa starfsmanna af fundi um fyrirhugða stækkun járnblendiverksmiðjunnar.

Mættir til fundar: Mánudaginn 24. febrúar boðaði Jón Sveinsson fulltrúa starfsmanna í samstarfsnefnd og trúnaðarmenn starfsmanna til fundar. Auk þeirra voru á fundinum: Halldór Kristjánsson, ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneyti, Jóhannes Nordal, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, Sturla Böðvarsson alþingismaður, lögfræðingur iðnaðarráðuneytisins, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri ÍJ og Stefán Reynir Kristinsson fjármálastjóri.

Inngangur.

Halldór rakti stöðu mála og skipti erindi sínu í fjóra þætti:

1. Meginsjónarmið varðandi stækkun.
2. Þjóðhagsleg áhrif stækkunar.
3. Staða viðræðna við Columbia Ventures um álver á Grundartanga.
4. Staða viðræðna um stækkun ÍJ.

Hvers vegna stækkun nú?

Markmiðið með stækkun er að bæta stöðu ÍJ til lengri tíma. Nú bjóðast hagstæðir raforkusamningar vegna mjög hagkvæmra virkjunarkosta. Hæpið er að slíkir samningar náist síðar. Hugmyndir um stækkun hafa lengi verið á borðinu af hálfu Íslendinga, en það var ekki fyrr en í október síðastliðinn að Elkem féllst á stækkun.

Afstaða Elkem.

Elkem tengir stækkunina kröfu um að verða meirihlutaeigandi. Elkem mundi þá draga úr framleiðslu í Noregi og huga að áframhaldandi stækkun hér. Þeim hefur verið boðinn 45% eignarhluti við byggingu ofns 3 og 60% við byggingu ofns 4. Síðar kom fram að stefna ríkisins er að selja sinn hluta í fyrirtækinu og þá eiga Elkem og Sumitomo forkaupsrétt.

Möguleikar á breyttum eignarhlutföllum.

Þröngar skorður eru settar við breytingum á eignaraðild í samningum um ÍJ. Halldór Kristjánsson taldi Elkem nauðsynlegan samstarfsaðila vegna þess hve sterkt fyrirtækið er á mörkuðum. Stefna ríkisins er hins vegar sú að meirihlutaeign Elkem tengist ekki stækkun verksmiðjunnar um einn ofn, heldur frekari stækkun eða skráningu félagsins á verðbréfaþingi. Þó kom fram að Elkem er boðið að auka hlut sinn í 51% þó að ekki verði af stækkun umfram ofn 3. Þarna eru því mótsagnir.

Breytingar á samningum eru háðar samþykki allra aðila. Markaðssamningi verður ekki breytt nema með samþykki allra og hann gildir næstu sjö ár. Einnig verða allir að samþykkja breytingu á eignaraðild. Aukning hlutafjár og lántöku vegna ofns 3 er háð samþykki ⅔ hluta eigenda. Allt þetta er bundið í samningum um ÍJ.

Ljóst er að Sumitomo staðfestir ekki stækkun nema gerður verði nýr markaðssamningur.

Elkem tengir stækkun aukinni eignaraðild og nýjum markaðssamningi.

Íslenska ríkið stefnir að því að skrá félagið á verðbréfamarkaði og losa sig út úr rekstri þess. Jafnframt að leggja grundvöll að langtímauppbyggingu.

Nú er stefnt að því að næstu skref verði þau að á stjórnarfundi í byrjun mars verði tekin ákvörðun um ofn 3, raforkusamningur staðfestur og samkomulag um breytta eignaraðild. Nýr markaðssamningur verði þá einnig staðfestur. Frumvarp um þessar breytingar verði síðan lagt fyrir Alþingi í apríl. Hlutafjáraukning komi til á fyrri hluta þessa árs og málið að fullu frágengið í maí.

Framkvæmdir tengdar stóriðju á Grundartanga.

Framkvæmdir sem tengjast aukinni stóriðju á Grundartanga eru um 36 milljarðar kr., þ.e. álver, ofn 3 og virkjanir: 22,2 milljarðar í virkjanir, 11,3 í álver og 2,7 í ofn 3. Þetta eykur erlenda fjárfestingu um 51%. Um 44% af þessu er innflutningur en 56% innlendur kostnaður. Framkvæmdirnar munu skapa 1.600 ársverk, þar af 560 árið 1997. Staðan árið 2000 mun verða sú að útflutningsverðmæti eykst um 8,5 milljarða, þar af eru 4,5 milljarðar innlend verðmætasköpun. Þessar framkvæmdir skapa 180 varanleg störf.

Viðræður um álver.

Viðræður við Columbia Ventures eru á lokastigi. Frumvarp um álverið er til umfjöllunar hjá ríkisstjórn. Orkusamningur er tilbúinn. Allir aðrir samningar eru tilbúnir, svo sem fjárfestingarsamningur, lóðarsamningur, hafnarsamningur, samningur um hráefni og afurðir o.fl. Vinna við starfsleyfi er á lokastigi og fyrirtækið Norðurál ehf. hefur verið skráð.

Búið er að bjóða út hluta rafbúnaðar. Tilboð í jarðvegsvinnu voru opnuð 21. febrúar og gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir um miðjan mars ef allt fer sem horfir. Landsvirkjun er í startholunum til að hefja virkjunarframkvæmdir á fjórum stöðum: Hágöngumiðlun, stækkun Búrfells, á Nesjavöllum og við Sultartanga. Framkvæmdir vegna Sultartanga þarf að bjóða út hið fyrsta til að virkjunin verði tilbúin til að afhenda orku 1999.

Viðræður við Elkem.

Viðræður við Elkem snúast nú að mestu um verðmæti hlutafjár ÍJ. Gert er ráð fyrir að með hlutafjáraukningu fái Elkem aukinn hlut þannig að eignaskiptingin verði 45% í eigu íslenska ríkisins, 45% í eigu Elkem og 10% í eigu Sumitomo. Japanirnir munu halda einum stjórnarmanni. Greiðslum á hlutafé verði lokið á árinu 1997 og arður vegna ársins 1996 gangi upp í greiðslur. Ef tekin er ákvörðun um ofn 4 fyrir 1. júlí 1999 fær Elkem kauprétt á allt að 15% í viðbót. Ríkið seldi hluta eignar sinnar á markaði 1999.

Umræður og fyrirspurnir.

Í umræðum að loknu þessu framsöguerindi kom fram að starfsmenn hafa áhyggjur af breytingum á eignaraðild, bæði hvað varðar stjórnun fyrirtækisins og samskipti. Einnig kom fram gagnrýni á hve sterka stöðu Elkem virðist hafa og að Íslendingar nýttu ekki það hve mikið þeir hafa að bjóða, bæði ódýra raforku í samkeppni við dýra ótrygga orku og að við erum ekki lengur tæknilega háðir Elkem. ÍJ hefur náð góðum árangri og þróað aðferðir í rekstri sem norsku verksmiðjurnar hafa síðan tekið upp. Ekki komu skýr svör við spurningum sem lagðar voru fram um samninga sem í gildi eru eða við gagnrýni á samninga. Svo virðist sem mikil áhersla sé lögð á raforkusölu, en hagsmunir ÍJ séu ekki aðalatriðið í þessum samningum.

Sigurður Guðni Sigurðsson. *Þórður Björgvinsson.*

1277. Svar [455. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Arnbjargar Sveinsdóttur um ferðakostnað sjúklinga.

1. *Hversu margar ferðir sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands hafa verið greiddar af Tryggingastofnun frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?*

Á árunum 1990–96 greiddi Tryggingastofnun ríkisins samtals ferðakostnað vegna 20.391 ferðar sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Um nánari sundurliðun eftir árum, sjúkdómaflokkum og landshlutum vísast til fylgiskjals I. Tekið skal fram að við sundurliðun eftir sjúkdómaflokkum er miðað við ICD-númer (International Classification of Deseases), sbr. fylgiskjal VI.

2. *Hversu margar kærur hafa borist til tryggingaráðs vegna úrskurða Tryggingastofnunar um ferðakostnað sjúklinga innan lands frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?*

Á árunum 1990–96 bárust tryggingaráði alls 255 kærur vegna ákvarðana Tryggingastofnunar ríkisins um ferðakostnað innan lands. Úrskurðir tryggingaráðs vegna framangreindra mála voru samtals 204. Um nánari sundurliðun eftir árum vísast til fylgiskjals II. Þar koma jafnframt fram ástæður þess að kærumálum til tryggingaráðs á umræddu tímabili lauk ekki öllum með úrskurði ráðsins.

Um sundurliðun úrskurða eftir sjúkdómaflokkum vísast til fylgiskjals III. Er sú sundurliðun sem þar kemur fram miðuð við ICD-númer.

Um sundurliðun úrskurða eftir landshlutum vísast til fylgiskjals IV.

3. *Hversu mörgum kærum á úrskurðum Tryggingastofnunar um ferðakostnað sjúklinga innan lands hefur tryggingaráð hafnað frá árinu 1990, sundurliðað eftir árum, sjúkdómum og landshlutum?*

Á árunum 1990–96 hafnaði tryggingaráð kröfum kæranda í 164 málum. Um nánari sundurliðun synjana eftir árum og landshlutum vísast til fylgiskjals IV.

Um sundurliðun synjana eftir sjúkdómaflokkum vísast til fylgiskjals V. Er sú sundurliðun miðuð við ICD-númer.

Fylgiskjal I.

Greiðsluþátttaka TR í ferðum sjúklinga innan lands árin 1990–96.

Heildarfjöldi samþykkta:

Ár:	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
	1.087	2.422	3.100	3.967	3.881	2.984	2.950

Eftir sjúkdómaflokkum, skv. ICD 9:

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
I:	0	18	12	21	28	9	16
II.	118	216	214	323	450	417	506
III:	29	145	165	262	305	285	210
IV:	0	0	15	16	12	5	8
V:	26	78	103	163	160	163	135
VI:	176	503	661	754	755	587	488
VII:	149	187	262	334	379	336	333
VIII:	13	63	130	220	170	112	73
IX:	330	118	533	359	225	172	308
X:	50	137	195	317	344	200	182
XI:	11	35	51	37	43	27	24
XII:	27	68	46	67	84	58	77
XIII:	87	242	252	403	425	248	255
XIV:	37	116	144	212	175	153	128
XV:	9	16	15	45	34	25	26
XVI:	9	41	63	103	86	42	37
XVII:	33	123	128	184	123	51	85

V-greiningar:

4	28	48	33	73	93	55

Án ICD:

0	3	25	17	10	1	5

Skv. landshlutum:

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Reykjavík & nágrenni:	149	281	293	360	350	201	130
Suðurnes:	25	92	64	114	132	122	80
Vesturland:	112	133	197	210	234	193	231
Vestfirðir:	127	259	377	509	545	373	354
Norðurland vestra:	130	233	351	448	488	346	377
Norðurland eystra:	146	407	510	655	658	580	633
Austurland:	210	648	879	1095	1040	755	760
Suðurland:	164	305	380	510	484	381	374
Án póstfangs:	21	43	59	66	50	22	12

Fylgiskjal II.

Kærur til tryggingaráðs vegna ferðakostnaðar sjúklinga innan lands árin 1990–96.

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Endursk. á deild og fallið frá kæru		1	2	1	15	20	5
Greiðsluþátttöku hafnað		1	3	6	37	62	55
Greiðsluþátttaka samþykkt	1	1	2		14	11	3
Kærandi ósáttur við gr.þátttöku					2		
Geiðsluþáttt.hafnað að hluta/samþ.að hluta			1	2			1
Fullnægjandi gögn bárust ekki			1	2		2	2
Kærufrestur liðinn							2
Kærur alls	1	3	9	11	68	95	68
Úrskurðir alls	1	2	6	8	53	73	61

Fylgiskjal III.

Úrskurðir eftir sjúkdómaflokkum (ICD númer + HNE).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
I				1	1		
II					5	1	1
III			1		2	1	2
IV							1
V					1		2
VI					1	11	3
VII				2	4	3	4
VIII					1	1	
IX					1	5	5
X				1	3	15	13
XI					3	3	1
XII				1	6	1	2
XIII			1	2	11	14	21
XIV						4	1
XV							
XVI			2	1	8	3	2
XVII					1		
XVIII							
HNE	1	2	2		5	11	3
Alls	1	2	6	8	53	73	61

Fylgiskjal IV.

Úrskurðir og synjanir eftir landshlutum.

Úrskurðir eftir landshlutum

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Alls
Reykjavík og nágrenni					1	1	2	4
Suðurnes								
Vesturland					1	2	2	5
Vestfirðir					12	20	9	41
Norðurland	1	1	4	5	18	20	20	69
Austurland		1	1	2	16	25	27	72
Suðurland			1	1	5	5	1	13
	1	2	6	8	53	73	61	204

Synjanir eftir landshlutum

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	Alls
Reykjavík og nágrenni					1		2	4
Suðurnes								
Vesturland						2	2	4
Vestfirðir					7	15	7	29
Norðurland		1	2	4	13	18	19	57
Austurland			1	2	12	23	24	62
Suðurland					4	4	1	9
		1	3	6	37	62	55	164

Fylgiskjal V.

Synjanir eftir sjúkdómaflokkum (ICD númer + HNE).

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
I				1	1		
II							1
III			1		2	1	2
IV							
V							1
VI					1	9	3
VII					3	2	3
VIII					1	1	
IX					1	3	5
X				1	2	12	11
XI					2	3	1
XII				1	5		2
XIII			1	2	9	15	20
XIV						4	1
XV							
XVI			1	1	5	1	2
XVII							
XVIII							
HNE		1			5	11	3
Alls		1	3	6	37	62	55

Fylgiskjal VI.

ICD-númer.

I.	Infectious and parasitic diseases.	Smit- og sníklasjúkdómar.
II.	Neoplasms.	Æxli.
III.	Endocrine, nutritional and metabolic diseases and immunity disorders.	Innkirtla-, næringar- , efnaskipta-sjúkdómar og sjúkdómar í ónæmiskerfi.
IV.	Diseases of the blood and blood-forming organs.	Sjúkdómar í blóði og merg.
V.	Mental disorders.	Geðsjúkdómar.
VI.	Diseases of the nervous system and sense organs.	Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum.
VII.	Diseases of the circulatory system.	Sjúkdómar í blóðarásarkerfi.
VIII.	Diseases of the respiratory system.	Sjúkdómar í öndunarfærum.
IX.	Diseases of the digestive system.	Sjúkdómar í meltingarfærum.
X.	Diseases of the genitourinary system.	Sjúkdómar í þvag- og kynfærum.
XI.	Complications of pregnancy, child-birth and the puerperium.	Vandamál tengd þungun, barns-burði og sængurlegu.
XII.	Diseases of the skin and subcutaneous tissue.	Sjúkdómar í húð og húðbeð.
XIII.	Diseases of the musculoskeletal system and connective tissue.	Sjúkdómar í vöðvum, beinum og bandvefi.
XIV.	Congenital anomalies.	Meðfæddir gallar.
XV.	Certain conditions originating in the perinatal period.	Tilteknir kvillar með upptök á burðarmálsskeiði.
XVI.	Symptoms, signs and ill-definated conditions.	Einkenni, teikn og illskilgreinan-leg vandamál.
XVII.	Injury and poisoning.	Áverkar og eitranir.

1278. Frumvarp til laga [189. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr., 14. maí.)

I. KAFLI
FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 3. mgr. orðast svo:

Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.
Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.

6. gr.

Í stað orðsins „deildarstjóri“ í 14. gr. laganna kemur: skrifstofustjóri.

Breyting á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

7. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

8. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra liða í samræmi við það.

9. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar.

10. gr.

2. málsl. 6. tölul. 7. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 85/1985:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.
b. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.
c. Í stað orðsins „skipaður“ í 4. málsl. kemur: ráðinn.

13. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ræður.

Breyting á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

14. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til þess að stjórna Landhelgisgæslunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

15. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: lög um lögreglumenn og lög um meðferð opinberra mála.

Breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn.

16. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með síðari breytingu.

17. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 39/1994, orðast svo: Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið.

18. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 67/1982, orðast svo:

Forseti Hæstaréttar skipar dóminum ritara til fimm ára í senn og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 18/1975, um trúfélög.

19. gr.

2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Hann skal hafa almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, með síðari breytingu.

20. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 5/1978:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar jafnframt vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins til fimm ára í senn.
c. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar lögreglumenn rannsóknarlögreglunnar til fimm ára í senn. Rannsóknarlögreglustjóri ræður annað starfslið, þar á meðal löglærða deildarstjóra og/eða fulltrúa.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu.

21. gr.

3. mgr. 114. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 12/1992, orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.

Breyting á lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

22. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn.

23. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fangaverði til fimm ára í senn, en forstöðumaður stofnunar ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingu.

25. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar héraðsdómara ótímabundið.

26. gr.

Á eftir orðinu „héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, kemur: til fimm ára í senn.

27. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

28. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumaður.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.
c. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissaksóknari.

Breyting á lögum nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

30. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Forseti Íslands skipar“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra skipar til fimm ára í senn.
b. Aftan við orðið „lögreglustarfa“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: til fimm ára í senn.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.
b. Við 2. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

III. KAFLI
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingu.

33. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 75/1996:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.
b. Í stað orðsins „skipað“ í 4. mgr. kemur: tilnefnt.

Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

34. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.
b. Orðin „með samþykki stjórnar hennar“ í 3. mgr. falla brott.

Breyting á lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

35. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnréttisráð hefur skrifstofu og skipar ráðherra framkvæmdastjóra þess til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

36. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

37. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

IV. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingu.

38. gr.

2. málsl. 1. mgr. 90. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 84/1985, laganna orðast svo: Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

39. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

40. gr.

Í stað orðanna „III. kafla laga nr. 38/1954“ í 6. gr. laganna kemur: lögum.

Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingu.

41. gr.

7. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 51/1994, orðast svo:

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

42. gr.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skattstjóra til fimm ára í senn.

43. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 1. málsl. 1 mgr. 87. gr. laganna kemur: ráða.

44. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr., eins og henni var breytt með 13. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo:
   Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

45. gr.

1. málsl. 89. gr. laganna, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo: Ráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

46. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í fyrri málslið kemur: fimm.
b. Síðari málsliður orðast svo: Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

48. gr.

Orðin „allt að þrír“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingu.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með a-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. kemur: Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum.

50. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna, eins og henni var breytt með f-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. 4. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjórar ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

51. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

52. gr.

1.–3. tölul. 7. mgr. ákvæðis laganna til bráðabrigða falla brott.

V. KAFLI
HAGSTOFA ÍSLANDS

Breyting á lögum nr. 24/1913, um hagstofu Íslands, með síðari breytingu.

53. gr.

5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 71/1919, orðast svo: Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

VI. KAFLI
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

54. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

55. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður yfirlækni, að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

56. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

57. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

58. gr.

3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

59. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn.
b. 2. málsl. orðast svo: Hann skal vera embættislæknir eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „skipar“ í 3. málsl. kemur: ræður.

60. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 148/1994:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu héraðslæknar vera embættislæknar eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „fjögurra“ í 3. mgr. kemur: fimm.

61. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:
a. 5., 6. og 8. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra skipar þá framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna fullu starfi til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna stöðvanna og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.

62. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Þar sem ekki er skipaður framkvæmdastjóri í fullt starf ráða stjórnir heilsugæslustöðva starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

63. gr.

Í 6. mgr. 29. gr. laganna falla brott orðin „yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og“.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:
a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar ríkisspítalanna samkvæmt stjórnskipulagi ríkisspítala.
b. Í stað orðsins „ráða“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: skipa.
c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna sjúkrahúsanna.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra staðfestir stjórnskipulag ríkisspítala að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.
e. 8. mgr. orðast svo:

Forstjóri ríkisspítala skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Um ákvörðun launa fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

65. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:
a. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
b. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
c. Í stað orðsins „Skipa“ í 5. mgr. kemur: Ráða.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

66. gr.

3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra er heimilt að staðfesta skipurit fyrir stofnunina að fengnum tillögum tryggingaráðs og forstjóra stofnunarinnar.

67. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Forstjóri ræður skrifstofustjóra, tryggingafræðing, aðalgjaldkera og deildarstjóra að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingalækni að fengnum tillögum tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis. Forstjóri ræður einnig aðra starfsmenn.

68. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

69. gr.

50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

70. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Breyting á lögum nr. 47/1968, um vörumerki.

71. gr.

2. málsl. 12. gr. laganna orðast svo: Skráninguna annast vörumerkjaskráritari er ráðherra skipar til fimm ára í senn.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingu.

72. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn.

73. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Orkumálastjóri ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar.
b. Í 2. málsl. falla brott orðin „nr. 55/1962“.

74. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rafmagnsveitustjóri ríkisins ræður fasta starfsmenn.
c. Í 2. málsl. 2. mgr. falla brott orðin „nr. 55/1962“.

Breyting á lögum nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

75. gr.

Í stað orðsins „4ra“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

76. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:
Forstjóri ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda.

77. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í umboði stjórnar og“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:
Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

VIII. KAFLI
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

78. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins til fimm ára í senn og ræður hann kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 3/1955, um skógrækt.

79. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skógræktarstjóra til fimm ára er annast framkvæmd þessara mála.

80. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skógræktarstjóri ræður skógarverði.

Breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum.

81. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 54/1975 og 8. gr. laga nr. 73/1996:

a. Við 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Landgræðslustjóri ræður fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum.

82. gr.

4. gr. laganna orðast svo:
Landgræðslustjóra er heimilt að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

83. gr.

1. og 2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingu.

84. gr.

1. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 63/1994, orðast svo: Ráðherra skipar veiðimálastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

85. gr.

7. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

86. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:
a. 1. mgr. orðast svo:
Skólastjóri ræður fasta kennara og stundakennara.
b. 3. mgr. orðast svo:
Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

87. gr.

1. og 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:
Skólastjóri ræður fasta kennara sem fullnægja skulu sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.
Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingu.

88. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1989, orðast svo:
Ráðherra skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.

89. gr.

Í stað orðsins „launalögum“ í 3. málsl. 16. gr. laganna, eins og henni var breytt með 41. gr. laga nr. 108/1988, kemur: ákvörðun kjaranefndar.

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

90. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn.

91. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

92. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess til fimm ára í senn. Forstöðumaður hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

IX. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

93. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

94. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólastjórnar. Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.
b. 4. mgr. fellur brott.

95. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

96. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

97. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands.

98. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra.
b. Í stað orðsins „skipaður“ í 2. mgr. kemur: ráðinn.

99. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

100. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Launakjör skjólastjóra skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjaranefnd. Launakjör kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

101. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólanefnd. Ráðherra skipar rektor til fimm ára í senn.

102. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Enn fremur ræður hann kennara og annað starfsfólk skólans.

103. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar.

104. gr.

2. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þeir skulu ráðnir af forstöðumanni.

Breyting á lögum nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

105. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn.
b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands.

106. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.
b. 4. málsl. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

107. gr.

2. og 3. málsl. 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 58/1978, um Þjóðleikhús.

108. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn" í 1. mgr. kemur: skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr. orðast svo:

Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal skipa annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

109. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið skipar" í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þjóðleikhússtjóri ræður.

110. gr.

Í stað orðsins „ráðinn" í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: skipaður.

111. gr.

Í stað orðsins „ráðinn" í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands.

112. gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður Blindrabókasafns ræður starfslið stofnunarinnar.

113. gr.

Í stað orðsins „þriggja" í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

114. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn, að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

115. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólastjórnar.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

116. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

Breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

117. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

118. gr.

Í stað orðsins „skipaðir“ í 2. málsl. 6. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðnir.

Breyting á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með síðari breytingu.

119. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 71. gr. laga nr. 87/1989, fellur brott.

120. gr.

Í stað orðanna „námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

Breyting á lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

121. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990.

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

122. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „Ráðinn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Skipaður.
c. Í stað orðsins „ráðningu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: skipun.
d. Í stað orðsins „ráðningar“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skipunar.

123. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður nauðsynlegt starfslið.

Breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingu.

124. gr.

Orðin „til fimm ára í senn“ í 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 98/1994, falla brott.

125. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 4. gr. laga nr. 98/1994:

a. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Þjóðminjavörður ræður safnstjóra að fengnum tillögum þjóðminjaráðs.
b. 4. málsl. 4. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd.

126. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák.

127. gr.

Orðin „nr. 38/1954“ í 5. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

128. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. fellur brott.
b. 4. málsl. orðast svo: Um ráðningu hans fer eins og segir í háskólalögum um prófessora.

129. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Menntamálaráðherra skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Forstöðumaður ræður.
b. Orðin „forstöðumanns og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tveggja.

Breyting á lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

130. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

131. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipaðir prófessorar í starfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prófessorar sem ráðnir eru ótímabundið í fullt starf.
b. Í stað orðanna „fastráðnir eru eða settir til fulls starfs“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ráðnir eru í fullt starf.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú er háskólakennari í orlofi og annar maður er ráðinn til að gegna starfi hans tímabundið og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem í orlofi er.
d. Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: kennarastarf.

132. gr.

Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: kennarastarfi.

133. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við prófessorsstarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Á sama hátt getur rektor boðið vísindamanni að taka við lektors- eða dósentsstarfi.

134. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðherra veitir lausn“ í 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: fær lausn.

135. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „undan stöðu sinni“ í fyrri málslið kemur: frá starfi sínu.
b. Í stað orðsins „stöðuna“ í síðari málslið kemur: starfið.

136. gr.

Í stað orðsins „stöðuna“ í 4. málsl. 19. gr. laganna kemur: starfið.

137. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Ný prófessorsstörf verða stofnuð með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar. Önnur ný kennarastörf verða stofnuð með ákvörðun rektors, að fengnum tillögum háskóladeildar.

138. gr.

Í stað orðanna „slíkar stöður“ í 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: slík störf.

139. gr.

Í stað orðanna „Kennaraembætti og kennarastöður“ í heiti VIII. kafla laganna kemur: Kennarastörf.

Breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

140. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1. málsl. kemur: fimm.
c. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

141. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

142. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

143. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn.

144. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Orðin „til sex ára í senn“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. fellur brott.

X. KAFLI
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála, með síðari breytingu.

145. gr.

2. gr. laganna, sbr. lög nr. 26/1954, orðast svo:

Ráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjóri veitir Flugmálastjórn Íslands forstöðu og annast daglega stjórn hennar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Í erindisbréfi flugmálastjóra, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Flugmálastjóri ræður aðra starfsmenn Flugmálastjórnar.

Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með framkvæmdarvald samkvæmt lögum um loftferðir og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á sviði flugmála.

Breyting á vegalögum, nr. 45/1994.

146. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu. Ráðherra ræður aðstoðarvegamálastjóra að fengnum tillögum vegamálastjóra. Vegamálastjóri ræður aðra starfsmenn Vegagerðarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

147. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs skipar ráðherra ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður.

XI. KAFLI
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

148. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 72/1984:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „skipar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ræður.
c. Í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi. Annar aðstoðarforstjórinn skal vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.
d. 2. mgr. orðast svo:

Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

149. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn og ræður aðstoðarforstjóra, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra ræður forstöðumenn sviða að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk. Hann skal hafa lokið háskólaprófi. Ráðherra ákveður stjórnskipulag Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

150. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.

XII. KAFLI
UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964.

151. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skipulagsstjóra ríkisins til fimm ára í senn að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

Breyting á lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

152. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Veðurstofustjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands.

153. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu.

154. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 70/1995:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 5. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þeir skulu ráðnir af framkvæmdastjóra.

Breyting á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

155. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Forstjóri ræður deildarstjóra og sérfræðinga.

Breyting á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

156. gr.

1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar veiðistjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr.

XIII. KAFLI
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.

157. gr.

Í stað orðanna „sem til þess eru skipaðir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sem það er falið.

158. gr.

Í stað orðsins „embættismanna“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: starfsmanna.

159. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar til fimm ára í senn þá starfsmenn sem taldir eru í 1. og 2. flokki 8. gr. Heimilt er þó að skipa kjörræðismenn ótímabundið. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

160. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Eigi þarf nýja skipun þótt embættismaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks skv. 8. gr. en skipunartími hans framlengist við flutninginn til fimm ára í senn.

161. gr.

Í stað orðsins „embættismenn“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: starfsmenn.

XIV. KAFLI
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

162. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fimm.

163. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993.

164. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

165. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 50. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

166. gr.

1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi skipaðir til lengri tíma en fimm ára í senn.

XV. KAFLI
GILDISTAKA
167. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1279. Frumvarp til lögræðislaga. [410. mál]

(Eftir 2. umr., 14. maí.)

I. KAFLI
Lögræði.
Lögræði.
1. gr.

1. Lögráða verða menn 18 ára. Lögráða maður er sjálfráða og fjárráða.
2. Nú stofnar maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, til hjúskapar, og er hann þá lögráða upp frá því.

Sjálfræði.
2. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

Fjárræði.
3. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema lög mæli á annan veg.

II. KAFLI
Svipting lögræðis.
Skilyrði lögræðissviptingar o.fl.
4. gr.

Svipta má mann lögræði með úrskurði dómara ef þörf krefur, sjálfræði einu sér, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

a. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubrests.
b. Ef hann sökum ofdrykkju eða ofnotkunar ávana- og fíkniefna er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé.
c. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.
d. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.

Takmörkuð lögræðissvipting.

5. gr.

1. Svipta má mann lögræði sínu tímabundið ef ótímabundin svipting þykir ekki nauðsynleg. Tímabundin lögræðissvipting skal þó ekki ákveðin skemur en sex mánuði í senn. Tímabundin lögræðissvipting fellur sjálfkrafa niður að sviptingartímanum loknum, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um framlengingu hennar eða um ótímabundna sviptingu. Ef svo hagar til framlengist hin tímabundna svipting þar til úrskurður dómara liggur fyrir.

2. Svipta má mann fjárræði varðandi tilteknar eignir hans hvort sem fjárræðissvipting er tímabundin eða ótímabundin. Þessi heimild er bundin við:

a. Fasteignir, loftför, skráningarskyld skip og skráningarskyld ökutæki.
b. Viðskiptabréf.
c. Fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum, svo og inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Ákvæði laga þessara um sjálfræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna sjálfræðissviptingu skv. 1. mgr. Ákvæði laganna um fjárræðissviptingu og réttaráhrif hennar eiga einnig við um tímabundna fjárræðissviptingu skv. 1. mgr. og enn fremur um fjárræðissviptingu skv. 2. mgr. að því er varðar þær eignir sem sviptingin tekur til, nema annað sé tekið fram.

Lögræðissvipting til bráðabirgða.

6. gr.

1. Svipta má mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði 4. gr. þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á lögræðissviptingu þegar í stað, enda hafi þá verið borin fram krafa um lögræðissviptingu fyrir sama dómstóli samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.

2. Í málum til sviptingar lögræðis til bráðabirgða gilda ákvæði þessa kafla. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. um skyldu dómara til að gefa varnaraðila kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður verjandi hans, ákvæði 4. mgr. sömu greinar og ákvæði 1., 2. og 4. mgr. 11. gr. gilda þó einungis að því leyti sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að lögræðissviptingu verði við komið þegar í stað.

3. Ákvörðun um lögræðissviptingu til bráðabirgða skal tekin með úrskurði sem skjóta má til Hæstaréttar, sbr. 16. gr.

4. Lögræðissvipting til bráðabirgða gildir þar til úrskurður dómara í lögræðissviptingarmáli öðlast gildi, málinu lýkur á annan hátt eða þar til úrskurður um bráðabirgðasviptingu er felldur úr gildi með nýjum úrskurði.

5. Ákvæði laga þessara um réttaráhrif lögræðissviptingar eiga einnig við um lögræðissviptingu til bráðabirgða.

Aðilar lögræðissviptingarmáls.

7. gr.

1. Varnaraðili er sá sem krafist er að verði sviptur lögræði sínu.

2. Sóknaraðili er sá sem ber fram kröfu um lögræðissviptingu manns. Sóknaraðili lögræðissviptingarmáls getur verið:

a. Maki varnaraðila, ættingjar hans í beinan legg og systkini.
b. Lögráðamaður eða ráðsmaður varnaraðila.
c. Sá sem næstur er erfingi varnaraðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá sem ekki er afturtæk.

d. Félagsmálastofnun eða samsvarandi fulltrúi sveitarstjórnar á dvalarstað varnaraðila þegar talið er réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila er fengist hefur á annan hátt.
e. Dómsmálaráðherra þegar gæsla almannahags gerir þess þörf.

3. Enn fremur getur maður sjálfur óskað eftir því að hann verði sviptur lögræði.

Form og efni kröfu um lögræðissviptingu.

8. gr.

1. Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Þar skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn sóknaraðila, kennitala hans og lögheimili.
b. Nafn varnaraðila, kennitala hans og lögheimili, enn fremur dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
c. Hvort krafist er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja.
d. Ef krafist er tímabundinnar lögræðissviptingar skal tilgreina til hve langs tíma sviptingar er krafist.
e. Ef krafist er sviptingar fjárræðis varðandi tilteknar eignir skal tilgreina nákvæmlega til hvaða eigna krafa tekur.
f. Nöfn og heimilisföng maka varnaraðila eða sambúðarmaka, lögráða barna hans og foreldra og upplýsingar um hvort þessum aðilum sé kunnugt um kröfuna.
g. Nöfn heimilislæknis varnaraðila og sérfræðinga þeirra er hann kann að hafa leitað til, ef um þá er vitað, nema vottorð þessara aðila fylgi kröfu um lögræðissviptingu.
h. Ástæður þær er krafa um lögræðissviptingu byggist á.
i. Á hvaða lagagrunni aðild sóknaraðila er byggð.

2. Kröfu skal, ef unnt er, fylgja læknisvottorð eða önnur gögn sem hún styðst við.

Varnarþing.

9. gr.

Krafa um sviptingu lögræðis og niðurfellingu lögræðissviptingar skal borin upp við héraðsdómara í þinghá þar sem varnaraðili á lögheimili. Ef varnaraðili hefur fastan dvalarstað í annarri þinghá en þar sem lögheimili hans er skal þó bera fram kröfu í þeirri þinghá. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili varnaraðila né fastan dvalarstað skal bera kröfu fram við héraðsdóm Reykjavíkur.

Málsmeðferð.

10. gr.

1. Mál til sviptingar lögræðis sæta almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Dómari tekur kröfu um lögræðissviptingu fyrir svo fljótt sem unnt er.

3. Dómari skipar varnaraðila verjanda samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála eftir að hafa gefið honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði, nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust. Óskylt er þó að skipa verjanda ef varnaraðili hefur sjálfur ráðið sér lögmann til þess að gæta réttar síns. Dómari getur einnig skipað sóknaraðila talsmann, óski hann eftir því.

4. Dómari skal eftir að rannsókn máls er lokið gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega áður en það er tekið til úrskurðar.

5. Þinghöld í máli til sviptingar lögræðis skulu fara fram fyrir luktum dyrum.
6. Dómara ber að hraða meðferð máls til sviptingar lögræðis svo sem kostur er.
7. Sóknaraðili getur afturkallað kröfu sína á hvaða stigi máls sem er.

Rannsókn máls.

11. gr.

1. Dómara ber að tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en hann kveður upp úrskurð um sviptingu lögræðis.
2. Dómari getur sjálfur aflað sönnunargagna, svo sem læknisvottorðs ef slíkt vottorð hefur ekki fylgt kröfu um lögræðissviptingu, og annarra gagna sem hann telur þörf á. Dómari skal kalla varnaraðila fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana, nema ástandi hans sé svo háttað samkvæmt vottorði læknis að það sé tilgangslaust. Dómari kveður sóknaraðila og vitni fyrir dóm, ef þess er þörf.
3. Ef varnaraðili sinnir ekki kvaðningu dómara um að koma fyrir dóm getur dómari leitað liðsinnis lögreglu við að sækja hann. Lögreglu er skylt að verða við slíkum fyrirmælum dómara.
4. Ef ekki er unnt að kveðja varnaraðila fyrir dóm skal dómari fara á þann stað þar sem varnaraðili dvelst og kynna sér ástand hans af eigin raun. Ekki er þó þörf á þessu ef ótvírætt má telja af læknisvottorði eða öðrum gögnum að það sé þýðingarlaust fyrir úrslit málsins.
5. Ef dómari telur þess þörf getur hann ákveðið að varnaraðila sé óheimilt að vera viðstaddur skýrslugjöf sóknaraðila og vitnisburð vitna að nokkru eða öllu leyti. Áður en úrskurður um lögræðissviptingu er upp kveðinn skal varnaraðila þó ávallt kynnt hvað fram hefur komið við skýrslugjöfina eða vitnisburðinn sem máli skiptir, nema slíkt sé auðsjáanlega tilgangslaust eða stríði gegn þeim hagsmunum sem leiddu til ákvörðunar dómara samkvæmt þessari málsgrein.
6. Skylt er öllum þeim, sem vegna starfa sinna geta veitt upplýsingar um varnaraðila sem dómari telur að skipt geti máli fyrir úrslit málsins, að veita honum þær og láta honum í té þau gögn um varnaraðila sem dómari krefst. Sama á við um aðra þá sem vegna tengsla sinna við varnaraðila geta veitt sambærilegar upplýsingar.

Úrlausn máls.

12. gr.

1. Svipting lögræðis skal ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni.
2. Áður en liðnir eru þrír sólarhringar frá því að mál var tekið til úrskurðar kveður dómari upp úrskurð í því.

Réttaráhrif úrskurðar um lögræðissviptingu.

13. gr.

1. Réttaráhrif úrskurðar um sjálfræðissviptingu miðast við uppkvaðningu úrskurðar.
2. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart hinum svipta sjálfum og þeim sem vissu eða máttu vita um sviptinguna miðast við uppkvaðningu úrskurðar.
3. Um réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu gagnvart grandlausum aðilum fer samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 76. gr.

Birting úrskurðar, skráning o.fl.

14. gr.

1. Eigi má án leyfis dómara birta almenningi á nokkurn hátt annað af því sem fram hefur komið í máli til sviptingar lögræðis en úrskurðinn. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum.

2. Verjandi varnaraðila skal kynna honum niðurstöðu úrskurðar dómara í lögræðissviptingarmáli svo fljótt sem við verður komið. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef það er bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands varnaraðila.

3. Dómari skal svo fljótt sem við verður komið senda staðfest endurrit úrskurðar um sviptingu lögræðis með ábyrgðarbréfi, eða á annan jafntryggan hátt, til dómsmálaráðuneytisins. Jafnframt skal dómari senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem hinn lögræðissvipti á lögheimili eða þar sem hann hefur fastan dvalarstað, ef dvalarstaður er annar en þar sem hann á lögheimili, með sama hætti ásamt þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að yfirlögráðandi geti sinnt skyldum sínum skv. 4. mgr. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta skal senda staðfest endurrit úrskurðarins til yfirlögráðandans í Reykjavík. Dómari skal enn fremur sjá til þess að niðurstaða úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem ekki er bundin við tilteknar eignir, verði birt í Lögbirtingablaði. Skal sú birting fara fram svo fljótt sem við verður komið.

4. Yfirlögráðandi skal þegar í stað, er honum hefur borist úrskurður dómara um fjárræðissviptingu, grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal úrskurðinum þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.
b. Ef hinn fjárræðissvipti er eigandi viðskiptabréfs skal athugasemd um sviptingu fjárræðis rituð á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem lögráðamaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.
c. Ef hinn fjárræðissvipti rekur atvinnu sem geta ber eða getið er á firmaskrá skal skrá þar athugasemd um úrskurðinn.
d. Ef hinn fjárræðissvipti á fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um sviptingu fjárræðis með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum. Ef hinn fjárræðissvipti á hlut í félagi skal tilkynna um sviptinguna til stjórnar félagsins með sama hætti.

5. Ef fjárræðissvipting er einungis bundin við tilgreindar eignir nær skylda sú sem kveðið er á um í 4. mgr. einungis til þeirra eigna.

6. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá um lögræðissvipta menn.

Niðurfelling lögræðissviptingar.

15. gr.

1. Nú telur sá sem átt getur aðild að lögræðissviptingarmáli skv. 7. gr. að ástæður sviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram kröfu við héraðsdómara um að lögræðissvipting verði felld niður með úrskurði að nokkru eða öllu leyti.

2. Komi krafa frá hinum lögræðissvipta sjálfum er dómara óskylt að taka hana til meðferðar nema sex mánuðir hið skemmsta séu liðnir frá sviptingu. Sé um tímabundna sviptingu að ræða sem ákveðin var í tólf mánuði eða skemur er dómara óskylt að taka kröfu til meðferðar nema helmingur tímans sé liðinn hið skemmsta.

3. Krafa um niðurfellingu lögræðissviptingar skal vera skrifleg og rökstudd og studd gögnum um breyttar aðstæður hins lögræðissvipta ef unnt er.

4. Um meðferð máls til niðurfellingar lögræðissviptingar gilda ákvæði 8. gr., eftir því sem við á, 9. gr., 1.–6. mgr. 10. gr., 11. gr., 12. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 1., 3. og 4. mgr. 16. gr. og 17. gr.

5. Ef úrskurður dómara í máli til niðurfellingar lögræðissviptingar breytir eða fellir úr gildi úrskurð um lögræðissviptingu fer um birtingu hans og skráningu eftir sömu reglum og fram koma í 3.–6. mgr. 14. gr.

Málskot.

16. gr.

1. Úrskurðir samkvæmt lögum þessum sæta kæru til Hæstaréttar. Um málskotið fer samkvæmt almennum reglum um meðferð einkamála með þeim frávikum sem greinir í lögum þessum.

2. Málskot frestar ekki réttaráhrifum úrskurða um lögræðissviptingu, nema dómari mæli svo fyrir í úrskurði.

3. Hraða ber meðferð máls fyrir Hæstarétti svo sem kostur er.

4. Staðfest endurrit af dómi Hæstaréttar skal senda dómsmálaráðuneyti og héraðsdómara málsins. Ef úrskurði er breytt í Hæstarétti skal héraðsdómari og aðrir þeir sem greindir eru í 3.–6. mgr. 14. gr. laga þessara gera þær ráðstafanir sem þar er mælt fyrir um.

Málskostnaður.

17. gr.

1. Þóknun skipaðs verjanda, skipaðs talsmanns sóknaraðila og annan málskostnað, þar með talinn kostnað við öflun læknisvottorða og annarra sérfræðiskýrslna, skal greiða úr ríkissjóði.

2. Ef málskot til Hæstaréttar hefur verið bersýnilega tilefnislaust má gera kæranda að endurgreiða ríkissjóði kærumálskostnaðinn.

III. KAFLI
Nauðungarvistun.

Nauðungarvistun.

18. gr.

Með nauðungarvistun í lögum þessum er bæði átt við það þegar sjálfráða maður er færður nauðugur í sjúkrahús og haldið þar og þegar manni, sem dvalið hefur í sjúkrahúsi af fúsum og frjálsum vilja, er haldið þar nauðugum.

Skilyrði nauðungarvistunar o.fl.

19. gr.

1. Sjálfráða maður verður ekki vistaður nauðugur í sjúkrahúsi.

2. Þó getur læknir ákveðið að sjálfráða maður skuli færður og vistaður nauðugur í sjúkrahúsi ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða verulegar líkur eru taldar á að svo sé eða ástand hans er þannig að jafna megi til alvarlegs geðsjúkdóms. Sama gildir ef maður á við alvarlega áfengisfíkn að stríða eða ofnautn ávana- og fíkniefna. Ákvæði 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála samkvæmt þessari málsgrein. Ef vakthafandi sjúkrahúslæknir ákveður nauðungarvistun manns samkvæmt þessari málsgrein

skal bera ákvörðun hans undir yfirlækni svo fljótt sem verða má. Frelsisskerðing samkvæmt þessari málsgrein má ekki standa lengur en 48 klukkustundir nema til komi samþykki dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr.

3. Með samþykki dómsmálaráðuneytisins má vista sjálfráða mann gegn vilja sínum í sjúkrahúsi til meðferðar í allt að 21 sólarhring frá dagsetningu samþykkis ráðuneytisins ef fyrir hendi eru ástæður þær sem greinir í 2. mgr. og nauðungarvistun er óhjákvæmileg að mati læknis.

4. Lögreglu er skylt að verða við beiðni læknis um aðstoð við að flytja mann nauðugan í sjúkrahús skv. 2. og 3. mgr. og skal læknir þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til.

5. Heilbrigðisráðherra ákveður með reglugerð hvaða sjúkrahús hafa heimild til að taka við mönnum sem vistaðir eru skv. 2. og 3. mgr.

Hverjir beiðst geta nauðungarvistunar.

20. gr.

Beiðni um nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi skv. 3. mgr. 19. gr. geta þeir aðilar lagt fram sem taldir eru í a-, b- og d-liðum 2. mgr. 7. gr.

Form, efni og fylgigögn með beiðni um nauðungarvistun.

21. gr.

1. Beiðni um nauðungarvistun skv. 3. mgr. 19. gr. skal vera skrifleg og beint til dómsmálaráðuneytisins. Beiðni skal að jafnaði rituð á eyðublað sem dómsmálaráðuneytið lætur í té.

2. Í beiðni skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn beiðanda, kennitala og lögheimili.
b. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
c. Tengsl beiðanda og þess sem beiðst er að vistaður verði.
d. Ástæður fyrir beiðni.
e. Upplýsingar um í hvaða sjúkrahúsi og eftir atvikum á hvaða deild vista á hlutaðeigandi.

3. Með beiðni skal fylgja læknisvottorð sem eigi má vera eldra en þriggja daga þegar það berst ráðuneytinu, nema alveg sérstaklega standi á. Í vottorðinu, sem að jafnaði skal ritað á eyðublað sem ráðuneytið lætur í té, skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn þess sem beiðst er að vistaður verði, kennitala og lögheimili. Auk þess dvalarstaður hans ef annar er en lögheimili.
b. Hvar og hvenær skoðun fer fram.
c. Lýsing læknis á andlegu og líkamlegu ástandi hlutaðeigandi.
d. Sjúkdómsgreining læknis, ef unnt er.
e. Afstaða þess, sem beiðst er að vistaður verði, til beiðni um nauðungarvistun hans, eftir því sem við verður komið.
f. Yfirlýsing læknis um að nauðungarvistun sé að hans mati óhjákvæmileg.
g. Dagsetning vottorðs, undirskrift læknis og nafnstimpill.

4. Kostnaður af læknisvottorði greiðist úr ríkissjóði.

Málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

22. gr.

1. Dómsmálaráðuneytið skal þegar er því berst beiðni um nauðungarvistun taka málið til afgreiðslu. Skal ráðuneytið afla þeirra gagna er það telur nauðsyn bera til ef eigi er talið unnt að afgreiða mál á grundvelli beiðni og meðfylgjandi læknisvottorðs.

2. Ákvæði 13., 14. og 18. gr. stjórnsýslulaga gilda ekki við meðferð mála um nauðungarvistun.

3. Þegar nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir skal dómsmálaráðuneytið án tafar ákveða hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki.

Trúnaðarlæknir dómsmálaráðuneytisins.

23. gr.

1. Á vegum dómsmálaráðuneytisins skal starfa trúnaðarlæknir sem ráðuneytið getur leitað umsagnar hjá ef þörf krefur áður en heimild er veitt til nauðungarvistunar.

2. Trúnaðarlæknir ráðuneytisins hefur jafnan heimild til að kanna ástand manns sem dvelst í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og kynna sér sjúkraskrá hans.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

24. gr.

Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um hvort nauðungarvistun skuli heimiluð eða ekki skal vera skrifleg og rökstudd og skal hún tilkynnt þeim er beiðni bar fram. Ef beiðni er samþykkt skal ákvörðun jafnframt send yfirlækni á hlutaðeigandi sjúkrahúsi þegar í stað með tryggilegum hætti, ásamt ljósriti af læknisvottorði því er fylgdi beiðni.

Kynning á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns.

25. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal tilkynna nauðungarvistuðum manni án tafar eftirtalin atriði, nema slíkt sé bersýnilega þýðingarlaust vegna ástands hans:

a. Um ástæður nauðungarvistunar.
b. Um rétt til að njóta aðstoðar og stuðnings ráðgjafa skv. 27. gr.
c. Um ákvörðun dómsmálaráðuneytisins skv. 3. mgr. 19. gr., ef því er að skipta.
d. Um rétt til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæðum 1. mgr. sé framfylgt.

3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns samkvæmt þessari grein.

Skráning í sjúkraskrá.

26. gr.

1. Vakthafandi sjúkrahúslæknir skal, eftir því sem við á, skrá eftirfarandi atriði í sjúkraskrá nauðungarvistaðs manns svo fljótt sem verða má:

a. Hvenær nauðungarvistun hefst skv. 2. mgr. 19. gr.
b. Samþykki dómsmálaráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr.
c. Ákvarðanir um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð skv. 28. gr. og rökstuðning fyrir nauðsyn hennar.
d. Hvenær vakthafandi sjúkrahúslæknir tilkynnti yfirlækni um ákvarðanir sínar skv. 2. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 28. gr.

e. Hvenær nauðungarvistuðum manni var kynntur réttur hans til að bera ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð undir dómstóla skv. 30. gr., réttur til að ráðfæra sig við ráðgjafa skv. 27. gr. og ákvörðun ráðuneytis skv. 3. mgr. 19. gr. Ef slík kynning fer ekki fram þegar í stað skulu ástæður þess skráðar í sjúkraskrá.
f. Hvenær staðfesting hafi borist frá dómstóli um að fram sé komin krafa um að hlutaðeigandi skuli sviptur sjálfræði sínu, sbr. 2. mgr. 29. gr.

2. Yfirlæknir hefur eftirlit með og ber ábyrgð á að ákvæði 1. mgr. sé framfylgt.
3. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um skráningar samkvæmt þessari grein.

Ráðgjafi nauðungarvistaðs manns.

27. gr.

1. Nauðungarvistaður maður á rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar.

2. Vakthafandi læknir skal, ef nauðungarvistaður maður óskar þess, hafa samband við ráðgjafann svo fljótt sem verða má og tilkynna honum um nauðungarvistunina. Nauðungarvistaður maður á rétt á að ræða við ráðgjafann einslega um hvaðeina sem nauðungarvistunina varðar og hafa samband við hann reglulega, nema ástandi hins nauðungarvistaða sé þannig háttað að það hafi enga þýðingu. Ráðgjafinn hefur heimild til að kynna sér sjúkraskrá hins nauðungarvistaða.

3. Ráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt skulu fara skv. 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. XIV. kafla almennra hegningarlaga.

4. Þóknun ráðgjafa, sem sérstaklega skal ráðinn til þess að veita nauðungarvistuðum mönnum aðstoð, skal greiðast úr ríkissjóði.

5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ráðningu ráðgjafa samkvæmt þessari grein, réttindi hans og skyldur og þóknun honum til handa.

Meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi.

28. gr.

1. Maður, sem nauðungarvistaður er í sjúkrahúsi án þess að samþykki dómsmálaráðuneytis liggi fyrir, skal hvorki sæta þvingaðri lyfjagjöf né annarri þvingaðri meðferð nema skilyrðum 3. mgr. þessarar greinar sé fullnægt. Í slíkum tilvikum gildir ákvæði 3. mgr. einnig að öðru leyti.

2. Maður, sem nauðungarvistaður er til meðferðar í sjúkrahúsi með samþykki dómsmálaráðuneytis, skal einungis sæta þvingaðri lyfjagjöf samkvæmt ákvörðun yfirlæknis. Sama á við um aðra þvingaða meðferð.

3. Vakthafandi læknir getur þó tekið ákvörðun um að nauðungarvistaður maður skuli sæta þvingaðri lyfjagjöf eða annarri þvingaðri meðferð ef hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur eða ef lífi hans eða heilsu er annars stefnt í voða. Ákvörðun um þvingaða lyfjagjöf eða aðra þvingaða meðferð í þessum tilvikum skal tilkynnt yfirlækni svo fljótt sem verða má og skal hann taka ákvörðun um frekari meðferð.

4. Heilbrigðisráðherra getur sett nánari reglur um þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð samkvæmt þessari grein.

Lok nauðungarvistunar.

29. gr.

1. Nauðungarvistun manns í sjúkrahúsi má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 48 klst., sbr. 2. mgr. 19. gr., nema samþykki dómsmálaráðuneytis komi til. Nauðungarvistun, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneytinu, má aldrei haldast lengur en yfirlæknir telur hennar þörf og eigi lengur en 21 sólarhring frá dagsetningu ákvörðunar ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga þessara.

2. Þó má framlengja nauðungarvistun manns ef krafa hefur verið gerð fyrir dómi um að hann verði sviptur sjálfræði sínu. Þegar krafa hefur verið gerð um að maður, sem vistaður er nauðugur í sjúkrahúsi, verði sviptur sjálfræði skal dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dóminum. Skal þetta gert með símskeyti eða öðrum tryggilegum hætti.

Réttur sjálfráða manns til að bera ákvörðun um nauðungarvistun og þvingaða meðferð í sjúkrahúsi undir dómstóla.

30. gr.

1. Heimilt er þeim sem vistaður hefur verið nauðugur í sjúkrahúsi skv. 2. eða 3. mgr. 19. gr. að bera ákvörðun um nauðungarvistunina undir dómstóla.

2. Heimilt er þeim sem gert hefur verið að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. að bera þá ákvörðun undir dómstóla.

3. Krafa skv. 1. eða 2. mgr. skal vera skrifleg og beint til viðkomandi dómstóls. Í kröfunni skal koma fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera. Ráðgjafi skal aðstoða við kröfugerð samkvæmt þessari grein ef þess er óskað og sjá um að dómstóli berist krafan þegar í stað.

Málsmeðferð fyrir dómi.

31. gr.

1. Dómari skal taka kröfu skv. 30. gr. fyrir án tafar. Dómari skipar þeim er kröfu ber fram talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og skal gefa honum kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði hafi sú ósk ekki þegar komið fram.

2. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar skv. 2. mgr. 19. gr. eða ákvörðunar um þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skv. 28. gr. skal dómari tilkynna yfirlækni viðkomandi deildar um kröfuna. Skal yfirlæknirinn þegar í stað láta dómara í té athugasemdir sínar þar sem gerð er grein fyrir ástæðum vistunar, þvingaðrar lyfjagjafar eða meðferðar, eftir því sem við á.

3. Ef krafist er niðurfellingar nauðungarvistunar, sem samþykkt hefur verið af dómsmálaráðuneyti, skal dómarinn kynna ráðuneytinu kröfuna, sem skal láta dómaranum í té gögn þau sem vistunin er reist á, ásamt athugasemdum sínum ef því er að skipta.

4. Að öðru leyti fer um mál þessi skv. II. kafla laganna, eftir því sem við á.

5. Svo fljótt sem við verður komið kveður dómari upp úrskurð um hvort ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða lyfjagjöf eða meðferð skuli standa eða hún felld úr gildi.

6. Þegar óskað er eftir samþykki dómsmálaráðuneytis til nauðungarvistunar manns, sem dvelur nauðugur í sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun læknis, og sú ákvörðun hefur verið borin undir dómstól, skal ráðuneytið án tafar tilkynna viðkomandi dómstóli um kröfuna og um lyktir málsins er það hefur hlotið afgreiðslu í ráðuneytinu. Meðferð máls fyrir dómi frestar ekki málsmeðferð í dómsmálaráðuneytinu.

Réttur nauðungarvistaðs manns til bóta.

32. gr.

1. Dæma skal bætur úr ríkissjóði vegna nauðungarvistunar sjálfráða manns ef lögmæt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

2. Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta.

3. Að öðru leyti gilda almennar reglur skaðabótaréttar.

IV. KAFLI
Ráðsmenn.

Skilyrði skipunar ráðsmanns.

33. gr.

Fjárráða maður, sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, getur óskað eftir því að honum verði skipaður ráðsmaður, enda geri hann sér grein fyrir þýðingu þeirrar ráðstöfunar.

Form og efni umsóknar um skipun ráðsmanns.

34. gr.

1. Umsókn um skipun ráðsmanns skal að jafnaði rituð á eyðublað sem yfirlögráðandi lætur í té.

2. Í umsókn skulu eftirfarandi atriði koma fram:

a. Nafn umsækjanda, kennitala, lögheimili, svo og dvalarstaður ef hann er annar en lögheimili.
b. Ef umsækjandi er í hjúskap eða sambúð skal nafns maka eða sambúðarmaka getið, svo og afstöðu hans til umsóknarinnar.
c. Ástæður þess að skipunar ráðsmanns er óskað.
d. Nákvæm upptalning þeirra eigna sem ráðsmanni er ætlað að sjá um.
e. Ef óskað er eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal þess getið.

3. Umsókn skal fylgja læknisvottorð þar sem grein er gerð fyrir heilsufari umsækjandans, svo og mati læknis á því hvort hann geri sér grein fyrir þýðingu ráðstöfunar skv. 33. gr.

Eignir sem afhentar verða ráðsmanni til umsjónar.

35. gr.

Heimilt er að fela ráðsmanni umsjón eftirtalinna eigna samkvæmt ákvæðum þessa kafla:

a. Fasteigna, loftfara, skráningarskyldra skipa og skráningarskyldra ökutækja.
b. Viðskiptabréfa.
c. Fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum, svo og inneigna í verðbréfasjóðum.

Stjórnsýsluumdæmi.

36. gr.

Umsókn skal bera upp við yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur.

Málsmeðferð.

37. gr.

1. Yfirlögráðandi skal taka umsókn til afgreiðslu án ástæðulausra tafa.

2. Yfirlögráðandi skal veita umsækjanda nauðsynlega aðstoð og leiðbeina honum, þar á meðal um lagalega þýðingu skipunar ráðsmanns og um útfyllingu umsóknar.

3. Yfirlögráðandi skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun verður tekin í því. Hann getur lagt fyrir aðila að afla nánar tilgreindra gagna eða aflað þeirra sjálfur. Hann skal m.a. kynna sér af eigin raun hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði 33. gr.

4. Hafi umsækjandi ekki óskað eftir því að tiltekinn maður verði skipaður ráðsmaður skal ráðsmaður valinn í samráði við umsækjanda.

5. Ef umsækjandi er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um málið, þar á meðal um val á ráðsmanni. Það sama gildir um sambúðarmaka.

6. Umsækjandi getur afturkallað umsókn sína á hvaða stigi málsmeðferðar sem er. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður fer um lausn hans frá störfum skv. 47. og 48. gr.

Hæfi ráðsmanna.

38. gr.

1. Um almennt og sérstakt hæfi ráðsmanna fer eftir 53. og 54. gr.

2. Enginn verður skipaður ráðsmaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Ákvörðun um skipun ráðsmanns o.fl.

39. gr.

1. Að uppfylltum skilyrðum 33. gr. skipar yfirlögráðandi umsækjanda ráðsmann. Heimilt er að skipa hjónum sama ráðsmann. Það sama gildir um sambúðarmaka.

2. Ráðsmanni skal ekki falin umsjón annarra eigna en nauðsynlegt er miðað við þarfir umsækjandans.

3. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að skipa sama umsækjanda fleiri en einn ráðsmann, enda fari þeir ekki með umsjón sömu eigna.

4. Ákvörðun um skipun ráðsmanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram:

a. Nafn þess sem fær sér skipaðan ráðsmann, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er ráðsmaður.
c. Ástæður skipunar ráðsmannsins.
d. Nákvæm tilgreining á þeim eignum sem faldar eru ráðsmanni til umsjónar.
e. Þóknun ráðsmanns og greiðslufyrirkomulag hennar.

5. Yfirlögráðandi skal gefa út skipunarbréf til ráðsmanns þar sem getið skal m.a. þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og d-liðum 4. mgr.

6. Skipun ráðsmanns er ótímabundin.

Tilkynning um skipun ráðsmanns og skráning ráðsmanna.
40. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda ráðsmanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi ráðsmanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Eftir að ráðsmaður hefur verið skipaður skal yfirlögráðandi þegar í stað grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis skal skipun hans þinglýst á viðkomandi eign. Ekki skal greiða þinglýsingargjald vegna þessa.
b. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón viðskiptabréfs skal skipunarinnar getið með sérstakri áritun á bréfið. Það sama gildir um viðskiptabréf sem ráðsmaður kann að kaupa síðar fyrir skjólstæðing sinn.
c. Hafi ráðsmanni verið falin umsjón fjármuna á innlánsreikningum hjá bönkum eða sparisjóðum skal hlutaðeigandi innlánsstofnun tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum jafntryggum hætti. Sama á við um inneignir í verðbréfasjóðum.

3. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra.

Réttaráhrif skipunar ráðsmanns.
41. gr.

1. Þegar tilkynning er komin til manns um að honum hafi verið skipaður ráðsmaður glatar hann rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanni hafa verið faldar til umsjónar. Þetta tekur þó ekki til heimildar hans til ráðstöfunar eigna með erfðaskrá.

2. Réttaráhrif skipunar ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr. 40. gr.

3. Löggerningar skjólstæðings ráðsmanns um eign, sem fara í bága við 1. mgr., binda hann ekki, nema löggerningur hafi annaðhvort verið staðfestur af ráðsmanni, og eftir atvikum yfirlögráðanda, eða honum verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir skjólstæðinginn.

4. Um löggerninga skjólstæðings ráðsmanns og meðferð ráðsmanns á fjármunum hans gilda, auk ákvæða þessa kafla, reglur 1. og 3. mgr. 67. gr., 1. mgr. 68. gr., 1., 2. og 4. mgr. 77. gr. og 78. gr.

Heimildir ráðsmanns.
42. gr.

1. Ráðsmaður fer með sömu heimildir fyrir þeim eignum sem honum hefur verið falin umsjón með og skjólstæðingur hans hafði fyrir skipun hans, nema annað leiði af lögum. Lögmæt ráðstöfun ráðsmanns á þessum eignum bindur skjólstæðing hans.

2. Ráðsmaður getur ekki bundið skjólstæðing sinn við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda.

3. Ráðsmaður getur hvorki selt né veðsett fasteign, loftfar, skráningarskylt skip eða skráningarskylt ökutæki í eigu skjólstæðings síns, nema með skriflegu samþykki yfirlögráðanda. Það sama gildir um útleigu slíkra eigna til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

Starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskylda.

43. gr.

1. Um starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskyldu gilda ákvæði 1.–3. mgr. 60. gr. og 61. gr.

2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur ráðsmanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Þóknun ráðsmanns.

44. gr.

1. Við skipun ráðsmanns ákveður yfirlögráðandi þóknun hans með tilliti til eðlis og umfangs starfans.

2. Þóknun ráðsmanns skal greidd af skjólstæðingi hans.

3. Ráðsmaður og skjólstæðingur hans geta hvor um sig krafist endurskoðunar á fjárhæð þóknunar ráðsmannsins.

Skýrslugjöf ráðsmanns.

45. gr.

1. Ráðsmaður skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

2. Ef fjárhald, sem falið hefur verið ráðsmanni, er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Kostnaður af endurskoðuninni greiðist af skjólstæðingi ráðsmanns.

3. Ráðsmaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum hvenær sem hann krefst þess.

4. Þegar ráðsmaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

Breyting á störfum ráðsmanns.

46. gr.

1. Skjólstæðingur ráðsmanns getur óskað þess við yfirlögráðanda að breyting verði gerð á því hvaða eignir eru faldar ráðsmanni til umsjónar.

2. Meðferð slíkra mála fer eftir sömu reglum og gilda um skipun ráðsmanns eftir því sem við getur átt.

Lausn ráðsmanns frá störfum.

47. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa ráðsmann frá störfum óski hann þess. Ráðsmaður skal þó jafnan gegna áfram starfa sínum þar til skipaður hefur verið nýr ráðsmaður, sé þess þörf.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita ráðsmanni lausn frá störfum ef skilyrði 33. gr. eru ekki lengur fyrir hendi, sbr. þó 48. gr. Það sama á við hafi ráðsmaður vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði 1. mgr. 54. gr.

3. Skjólstæðingur ráðsmanns getur hvenær sem er óskað þess að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og honum fengin umsjón eigna sinna á ný. Yfirlögráðandi skal verða við þeirri ósk nema ákvæði 48. gr. eigi við.

4. Við gjaldþrot ráðsmanns eða gjaldþrot eða andlát skjólstæðings hans fellur sjálfkrafa niður skipun ráðsmanns. Verði skjólstæðingur ráðsmanns sviptur fjárræði fellur skipun ráðsmanns niður við skipun lögráðamanns.

Frestun á meðferð máls o.fl.

48. gr.

1. Þegar maður, sem fengið hefur sér skipaðan ráðsmann, óskar eftir breytingu eða niðurfellingu á þeirri skipan, og yfirlögráðandi hefur ástæðu til að ætla að högum hans sé svo farið sem segir í 4. gr. laganna, getur yfirlögráðandi frestað að taka málið til meðferðar í sjö daga. Að þeim tíma liðnum skal yfirlögráðandi taka málið til meðferðar, nema áður hafi verið gerð krafa fyrir dómi um að hlutaðeigandi verði sviptur fjárræði. Skal málinu þá frestað þar til úrskurður liggur fyrir.

2. Breytist heilsufar skjólstæðings ráðsmanns svo að hann uppfyllir ekki lengur skilyrði 33. gr. skal ráðsmaður vekja athygli yfirlögráðanda á því. Skal þá yfirlögráðandi taka ákvörðun um hvort ráðsmanni skuli þá þegar veitt lausn frá störfum eða hvort beðið skuli úrskurðar í fjárræðissviptingarmáli.

Tilkynning um lausn ráðsmanns frá störfum o.fl.

49. gr.

1. Hafi verið tekin ákvörðun um breytingu á störfum ráðsmanns eða honum veitt lausn frá störfum skal ráðsmanni og skjólstæðingi hans tilkynnt um það með ábyrgðarbréfi eða með öðrum sannanlegum hætti. Hafi ráðsmanni verið veitt lausn frá störfum skal dómsmálaráðuneyti tilkynnt um það með sama hætti.

2. Hafi orðið breyting á stöðu eða störfum ráðsmanns skv. 46.–48. gr. laganna skal yfirlögráðandi sjá til þess svo fljótt sem við verður komið að það sé tilkynnt og skráð með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 40. gr.

3. Réttaráhrif breytinga á stöðu eða störfum ráðsmanns gagnvart grandlausum aðilum eru háð því að ráðstafanir þær hafi farið fram sem greindar eru í 2. mgr.

Gjöld.

50. gr.

1. Fyrir skipun ráðsmanns og breytingar á störfum hans skal greiða 5.000 kr. er renni í ríkissjóð. Sama gjald skal greiða þegar ráðsmanni er veitt lausn frá störfum að ósk skjólstæðings hans.

2. Gjöld skv. 1. mgr. skulu greidd af skjólstæðingi ráðsmanns.

V. KAFLI

Lögráðamenn.

Lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir æsku sakir.

51. gr.

1. Foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð forsjá og fer um hana samkvæmt ákvæðum barnalaga og lögum um vernd barna og ungmenna.

2. Foreldrar barns, sem fara með forsjá þess, eða aðrir þeir sem falin hefur verið forsjá barns samkvæmt barnalögum fara með fjárhald þess.

3. Ef fjárhaldsmenn barns eru tveir fara þeir sameiginlega með fjárhald þess. Annar fjárhaldsmanna getur veitt hinum umboð til þess að fara einn með fjárhaldið. Umboð má veita til tiltekins tíma eða takmarka við sérstakt erindi. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

4. Nú eru fjárhaldsmenn barns tveir og getur annar þeirra þó tekið við fjármunum þeim sem fjárhaldsmaður hefur lögum samkvæmt heimild til að veita viðtöku þannig að fullt gildi hafi gagnvart þriðja manni, nema hinn fjárhaldsmaðurinn hafi tilkynnt þriðja manni að slíkt sé óheimilt. Ef annar fjárhaldsmanna barns er tímabundið hindraður í að gegna fjárhaldinu eru nauðsynlegar ákvarðanir hins um fjárhaldið gildar. Ágreining fjárhaldsmanna barns um fjárhaldið má bera undir yfirlögráðanda.

5. Yfirlögráðandi skal skipa þeim sem ófjárráða er fyrir æsku sakir fjárhaldsmann ef fjárhaldsmanns skv. 2. mgr. nýtur eigi við eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og ef fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

6. Yfirlögráðandi getur skipað þeim sem ófjárráða er fyrir æsku sakir sérstakan fjárhaldsmann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, ef þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur fjárhaldsmaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

7. Yfirlögráðandi skal gefa barni, sem náð hefur tólf ára aldri, kost á að tjá sig um mál áður en fjárhaldsmaður skv. 5. mgr. eða sérstakur fjárhaldsmaður skv. 6. mgr. er skipaður nema slíkt sé talið barni til tjóns eða þýðingarlaust fyrir niðurstöðu máls. Enn fremur er rétt að gefa yngra barni kost á að tjá sig um mál ef það þykir hafa aldur og þroska til þess.

8. Nú hefur foreldri ákveðið hver vera skuli að því látnu fjárhaldsmaður barns er það hefur forsjá fyrir og skal þá skipa hann fjárhaldsmann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins eða mælt sé fyrir um fjárhaldið í lögum.

Lögráðamenn lögræðissviptra manna o.fl.

52. gr.

1. Nú er maður með dómsúrskurði sviptur sjálfræði eða fjárræði, eða hvoru tveggja, og hverfa þá lögráðin til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn lögræðissvipti á lögheimili í. Ef hinn lögræðissvipti hefur fastan dvalarstað í öðru umdæmi hverfa lögráðin þó til yfirlögráðanda í því umdæmi. Ef hvorki er kunnugt um lögheimili né fastan dvalarstað hins lögræðissvipta hverfa lögráðin til yfirlögráðandans í Reykjavík.

2. Yfirlögráðandi skal skipa hinum lögræðissvipta lögráðamann svo fljótt sem verða má eftir að honum berst staðfest endurrit úrskurðar um lögræðissviptinguna.

3. Ákvæði laga þessara um lögráðmenn eiga einnig við um lögráðmenn þeirra sem sætt hafa takmarkaðri lögræðissviptingu skv. 5. gr., nema annað sé tekið fram.

Sérstakir lögráðamenn.

53. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert er fastur lögráðamaður hefur eigin hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

Hæfi lögráðamanna.

54. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal vera lögráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

2. Enginn verður skipaður lögráðamaður nema hann hafi veitt til þess samþykki sitt.

Málsmeðferð.

55. gr.

1. Yfirlögráðandi skal gefa hinum lögræðissvipta kost á að bera fram ósk um hver skipaður verði lögráðamaður hans nema slíkt sé augsýnilega tilgangslaust.

2. Óski hinn lögræðissvipti eftir því að tiltekinn maður verði skipaður lögráðamaður hans skal skipa hann lögráðamann, nema hagsmunir hins lögræðissvipta krefjist annars.

3. Ef hinn lögræðissvipti er í hjúskap skal maka hans veitt færi á að tjá sig um val á lögráðamanni. Sama á við um sambúðarmaka.

Ákvörðun um skipun lögráðamanns.

56. gr.

1. Ákvörðun um skipun lögráðamanns skal vera skrifleg og skulu eftirtalin atriði koma þar fram.

a. Nafn hins ólögráða, kennitala hans og lögheimili, svo og dvalarstaður ef annar er en lögheimili.
b. Nafn, kennitala og lögheimili þess sem skipaður er lögráðamaður.
c. Hvar og hvenær viðkomandi var sviptur lögræði, sjálfræði eða fjárræði og hvort um sé að ræða tímabundna sviptingu. Ef svipting er tímabundin skal koma fram hvenær hún fellur úr gildi. Ef um fjárræðissviptingu er að ræða, sem einungis nær til tiltekinna eigna, skulu þær nákvæmlega tilgreindar.
d. Þóknun lögráðamanns og fyrirkomulag á greiðslu hennar.

2. Yfirlögráðandi skal, að tekinni ákvörðun skv. 1. mgr., gefa út skipunarbréf til lögráðamanns þar sem getið skal þeirra atriða sem fram koma í a-, b- og c-liðum 1. mgr.

3. Skipun lögráðamanna er ótímabundin, nema um tímabundna sviptingu sé að ræða.

Tilkynning um skipun lögráðamanns og skráning lögráðamanna.

57. gr.

1. Yfirlögráðandi skal senda lögráðamanni skipunarbréf hans þegar í stað með ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Enn fremur skal hann á sama hátt senda skjólstæðingi lögráðamanns og dómsmálaráðuneyti staðfest endurrit skipunarbréfsins.

2. Dómsmálaráðuneytið heldur skrá yfir skipaða lögráðamenn.

Heimildir lögráðamanns o.fl.

58. gr.

1. Lögráðamaður sjálfræðissvipts manns hefur heimild til að taka nauðsynlegar ákvarðanir um þá persónuhagi hins sjálfræðissvipta sem hann er ófær um að taka sjálfur. Lögmæt ákvörðun lögráðamanns bindur sjálfræðissviptan mann svo sem sjálfráða hefði hann gert.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur lögráðamaður sjálfræðissvipts manns ekki ákveðið að hann skuli vistaður á stofnun gegn vilja sínum nema lífi eða heilsu hins svipta sé hætta búin að mati læknis. Lögráðamaður getur þá ákveðið að hinn sjálfræðissvipti verði vistaður á stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra. Lögráðamaður skal tilkynna yfirlögráðanda um ákvörðun sína. Um flutning manns á stofnun samkvæmt þessari málsgrein og meðferð hans þar gilda ákvæði 4. mgr. 19. gr., 25., 26., 27. og 28. gr., eftir því sem við á.

3. Lögráðamaður ófjárráða manns ræður yfir fé hans, nema lög mæli um á annan veg. Hafi maður einungis verið sviptur fjárræði varðandi tilteknar eignir ræður lögráðamaður aðeins fyrir þeim eignum hans. Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann svo sem fjárráða hefði hann gert.

Réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun um vistun á stofnun undir dómstóla.

59. gr.

1. Heimilt er sjálfræðissviptum manni að bera ákvörðun lögráðamanns síns um vistun hans á stofnun, sbr. 2. mgr. 58. gr., undir dómstóla.

2. Dómari skal kalla lögráðamann fyrir dóm, kynna honum kröfuna og gefa honum kost á að tjá sig um hana.

3. Um meðferð mála skv. 1. mgr. fyrir dómi gilda að öðru leyti ákvæði 31. gr. laganna, eftir því sem við á.

Starfsskyldur lögráðamanns.

60. gr.

1. Lögráðamaður skal hafa samráð við hinn ólögráða um framkvæmd starfa síns, eftir því sem við verður komið, nema um minni háttar ákvarðanir sé að ræða.

2. Lögráðamaður skal haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni.

3. Lögráðamanni er skylt að fara að fyrirmælum yfirlögráðanda og dómsmálaráðuneytis.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um störf og starfsskyldur lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

Skaðabótaskylda lögráðamanns.

61. gr.

Lögráðamaður skal bæta ólögráða manni tjón af lögráðamannsstörfum sínum ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

Þóknun og útlagður kostnaður skipaðs lögráðamanns.

62. gr.

1. Skipaður lögráðamaður skal ávallt eiga rétt á endurgreiðslu á nauðsynlegum útlögðum kostnaði vegna starfans. Yfirlögráðandi getur ákveðið að lögráðamaður skuli fá sanngjarna þóknun fyrir störf sín. Útlagðan kostnað og þóknun skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða. Yfirlögráðandi getur þó ákveðið að fé þetta skuli greitt úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því.

2. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þóknun lögráðamanna.

Skýrslugjöf lögráðamanns.

63. gr.

1. Lögráðamaður manns, sem ófjárráða er fyrir ræsku sakir, skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald hins ófjárráða ef verðmæti eigna hans er 500.000 kr. eða þar yfir. Ef þeim sem ófjárráða er fyrir ræsku sakir hefur verið skipaður fjárhaldsmaður fer þó um skýrslugjöf skv. 3. mgr.

2. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal, þegar eftir að hann hefur verið skipaður, taka saman skýrslu um eignir og skuldir hins svipta og senda hana yfirlögráðanda. Þetta á þó ekki við ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

3. Lögráðamaður fjárræðissvipts manns skal fyrir 1. mars ár hvert gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið á fyrra ári um fjárhald og eignaumsýslu hins fjárræðissvipta.

4. Nú áskotnast ófjárráða manni verðmæti í gjöf, vinning í happdrætti eða á annan hátt, sem nemur 500.000 kr. eða meira, og skal þá lögráðamaður þegar tilkynna yfirlögráðanda um það. Þetta á þó ekki við um fjárræðissviptan mann ef hann hefur aðeins verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir.

5. Ef fjárhald lögráðamanns er umfangsmikið eða sérstakar ástæður gefa tilefni til getur yfirlögráðandi mælt svo fyrir við lögráðamann að fjárhaldið skuli endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi ákveðið að kostnaður af slíkri endurskoðun skuli greiddur úr ríkissjóði.

6. Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir ráðstöfunum sínum varðandi fjárhaldið hvenær sem hann krefst þess.

7. Þegar skipaður lögráðamaður fær lausn frá störfum skal hann gefa yfirlögráðanda skýrslu, á eyðublaði sem hann leggur til, um fjárhald og eignaumsýslu skjólstæðings síns.

8. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um skýrslugjöf samkvæmt þessari grein.

Lausn skipaðs lögráðamanns frá störfum.

64. gr.

1. Yfirlögráðandi skal leysa skipaðan lögráðamann frá störfum óski hann þess. Lögráðamaður skal þó jafnan gegna áfram starfi sínu þar til skipaður hefur verið nýr lögráðamaður.

2. Yfirlögráðandi skal að eigin frumkvæði veita skipuðum lögráðamanni lausn frá störfum hafi hann vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfylli ekki lengur skilyrði laga um almennt hæfi sem lögráðamaður.

3. Við andlát skjólstæðings skipaðs lögráðamanns fellur sjálfkrafa niður skipun lögráðamanns.

Tilkynning um lausn lögráðamanns frá störfum og skráning.

65. gr.

Um tilkynningu um lausn lögráðamanns frá störfum og skráningu um lausn hans fer skv. 57. gr.

VI. KAFLI
Meðferð á fjármunum ófjárráða manna.

Gildissvið.

66. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við um meðferð á fjármunum þeirra sem ófjárráða eru fyrir ásku sakir og þeirra sem sviptir hafa verið fjárræði, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Varðveisla og ávöxtun eigna ófjárráða manns.

67. gr.

1. Eignir ófjárráða manns skulu varðveittar tryggilega og þær ávaxtaðar eins og best er á hverjum tíma.

2. Eignir ófjárráða manns, sem eru að verðmæti yfir 500.000 kr., skulu varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns við yfirlögráðanda.

3. Lögráðamaður skal ávallt halda peningum og viðskiptabréfum ófjárráða manns aðgreindum frá eigin fjármunum.

4. Yfirlögráðandi getur, ef hann telur ástæðu til, tekið í sínar vörslur fjármuni í eigu hins ófjárráða. Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé hins ófjárráða sem yfirlögráðandi hefur tekið í sínar vörslur.

5. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru. Þegar um er að ræða fjárræðissviptingu varðandi tilteknar eignir á þetta þó aðeins við um þær eignir sem sviptingin tekur til.

6. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varðveislu og ávöxtun fjármuna ófjárráða manna.

Tekjur og arður af eignum o.fl.

68. gr.

1. Lögráðamaður skal sjá til þess að tekjur og arður af eignum ófjárráða manns nýtist í þágu hins ófjárráða.

2. Lögráðamaður getur, ef hann telur ástæðu til og slíka ráðstöfun í samræmi við hagsmuni hins ófjárráða, afhent honum hæfilegt fé til eigin nota af tekjum hans eða arði. Lögráðamaður getur á sama hátt með leyfi yfirlögráðanda, sbr. 5. mgr. 67. gr., afhent hinum ófjárráða fjármuni af höfuðstól hans til eigin nota ef tekjur hans hrökkva ekki til.

Kaup og sala á eignum o.fl.

69. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar, loftfars, skráningarskylds skips eða skráningarskylds ökutækis, svo og atvinnufyrirtækis hans. Sama gildir ef ófjárráða manni eru afhentar slíkar eignir án þess að endurgjald komi fyrir. Eignir samkvæmt þessari málsgrein skulu eigi látnar af hendi, nema hinum ófjárráða sé auðsjáanlega hagur að því.

2. Samþykki yfirlögráðanda þarf til þess að leigusamningur um fasteign ófjárráða manns sé gildur ef leigusamningur er til lengri tíma en þriggja ára, nema kveðið sé á um rétt til uppsagnar með hæfilegum fyrirvara.

3. Samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til allra ráðstafana varðandi fjárhald ófjárráða manns sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, miðað við efni hins ófjárráða, svo sem kaup eða sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns.

4. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Veðsetningar og önnur eignarhöft.

70. gr.

1. Samþykki yfirlögráðanda þarf til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign, loftfar, skráningarskylt skip, skráningarskylt ökutæki eða atvinnufyrirtæki í eigu ófjárráða manns. Sama gildir um lagningu veðbanda eða annarra eignarhafta á viðskiptabréf og bankainnstæður og lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að ræða. Samþykki yfirlögráðanda skal því aðeins veitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.

2. Yfirlögráðanda er einungis heimilt að veita samþykki til ráðstafana skv. 1. mgr. til tryggingar skuldum hins ófjárráða. Ef sérstaklega stendur á getur yfirlögráðandi þó samþykkt veðsetningu til tryggingar skuldum lögráðamanns.

3. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um form og efni beiðna lögráðamanna um samþykki yfirlögráðenda samkvæmt þessari grein og um þau gögn sem beiðni skulu fylgja.

Ábyrgð fyrir þriðja mann.

71. gr.

1. Óheimilt er að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

2. Yfirlögráðandi getur þó veitt undanþágu frá 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á vegna hagsmuna hins ófjárráða.

Lán fjármuna.

72. gr.

1. Óheimilt er að lána fé ófjárráða manna nema með samþykki yfirlögráðanda. Lán skal aðeins veita gegn tryggu veði í fasteign. Lánsfjárhæðin má ekki fara fram úr ⅔ hlutum af fasteignamati eignarinnar. Yfirlögráðandi veitir því aðeins samþykki sitt að hinum ófjárráða sé hagur að ráðstöfuninni.

2. Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal taka fram að lánið sé allt þegar afturkræft ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana og má þá krefjast nauðungarsölu veðsins án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

3. Ef maður hefur einungis verið sviptur fjárræði sínu varðandi tilteknar eignir eiga ákvæði þessarar greinar aðeins við þær eignir.

Tilkynningarskylda til yfirlögráðanda.

73. gr.

1. Skylt er öllum þeim sem inna af hendi fjárgreiðslu til lögráðamanns ófjárráða manns, sem er eign hins ófjárráða, að tilkynna yfirlögráðanda ef greiðslan er að fjárhæð 500.000 kr. eða þar yfir.

2. Tilkynningu skv. 1. mgr. skal beina til yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn ófjárráða maður á lögheimili í.

VII. KAFLI
Löggerningar ólögráða manna.

Gildissvið.

74. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga við bæði þegar maður er ólögráða fyrir ásku sakir og þegar maður hefur verið sviptur lögræði, nema annað leiði af lögum þessum. Hafi maður verið sviptur fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir eiga ákvæði þessa kafla aðeins við um þær eignir.

Ráðstöfunarréttur ófjárráða manns.

75. gr.

1. Ófjárráða maður ræður ekki fé sínu nema lög mæli á annan veg.

2. Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé sem hann hefur unnið sér inn eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

3. Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með töldum dánargjöfum, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á um. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði ræður hann þó aðeins því gjafafé sem hann hefur fengið eftir að úrskurður gekk um sviptingu fjárræðis.

4. Ófjárráða maður ræður einnig með sama hætti því fé sem lögráðamaður hans hefur látið hann hafa til ráðstöfunar.

5. Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla eða fari hinn ófjárráða ráðlauslega með féð getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé meðan sú ráðstöfun helst.

6. Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé, svo og verðmætis er í stað þess kemur.

7. Ákvæði þessarar greinar heimila hvorki ófjárráða manni að stofna til skulda né veðsetja þá fjármuni sem þau taka til.

Löggerningar ólögráða manns.

76. gr.

1. Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

2. Nú hefur maður verið sviptur fjárræði, án þess að fjárræðissvipting sé bundin við tilteknar eignir, og binda hann þá ekki löggerningar sem fara í bága við fjárræðissviptinguna og hann gerir eftir birtingu úrskurðar í Lögbirtingablaði. Ef ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. eru gerðar áður en úrskurður er birtur miðast réttaráhrif sviptingarinnar, varðandi eignir sem þar eru greindar, við þær ráðstafanir.

3. Réttaráhrif úrskurðar um fjárræðissviptingu, sem einungis tekur til tiltekinna eigna, gagnvart grandlausum aðilum, miðast við að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 14. gr.

Riftun samnings ólögráða manns.
77. gr.

1. Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning sem hann skorti heimild til að gera og getur þá hinn aðili samningsins rift honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

2. Nú veit maður að hann semur við ólögráða mann og hefur ekki ástæðu til að ætla að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi og getur hann þá ekki rift samningnum fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar. Sama gildir ef afla þarf samþykkis yfirlögráðanda.

3. Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann og svo er ástatt sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar getur hann ekki rift samningnum meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

4. Ákvörðun um riftun samnings skal bæði tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum og lögráðamanni hans.

Skilaskylda samningsaðila við ógildingu samnings vegna lögræðisskorts o.fl.
78. gr.

1. Nú veldur lögræðisskortur ógildingu samnings og skal þá hvor aðili skila aftur þeim verðmætum sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur skal aðili greiða verð hans eftir því sem hér segir:

a. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans sem fyrir hendi voru þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni má færa niður bætur úr hendi hans eftir því sem sanngjarnt þykir.
b. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

2. Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð samnings eða afhendingu umsaminna verðmæta eða hann hefur á saknæman hátt valdið því að hlutur hefur farið forgörðum er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar hans að skila aftur og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

3. Nú sannast í opinberu máli að hinn ólögráða maður hefur gerst sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð samnings eða framkvæmd og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

Fullnusta í eignum sem fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. tekur til.
79. gr.

Nú stofnar maður, sem sviptur hefur verið fjárræði að því er varðar tilteknar eignir skv. 2. mgr. 5. gr. laga þessara, til skulda eða tekur á sig ábyrgð fyrir þriðja mann, eftir að ráðstafanir skv. 4. mgr. 14. gr. hafa verið gerðar, og verður þá ekki leitað fullnustu í þeim eignum hans sem sviptingin tekur til.

VIII. KAFLI
Yfirlögráð.
Yfirlögráðendur.
80. gr.

Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi.

Hlutverk yfirlögráðenda.
81. gr.

1. Yfirlögráðendur skipa lögráðamenn og ráðsmenn.
2. Yfirlögráðendur hafa eftirlit með störfum skipaðra lögráðamanna og ráðsmanna samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um eftirlit með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir.
3. Yfirlögráðendur sinna enn fremur þeim störfum er þeim eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

Gerðabækur yfirlögráðenda.
82. gr.

1. Yfirlögráðendur halda gerðabækur sem hafa að geyma ákvarðanir þeirra samkvæmt lögum þessum
2. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um færslur yfirlögráðenda í gerðabækur.

Málskot.
83. gr.

Stjórnvaldsákvörðun yfirlögráðanda samkvæmt lögum þessum má skjóta til dómsmálaráðherra innan 30 daga frá birtingu hennar.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.
Verðbreytingar.
84. gr.

Fjárhæðir þær sem getið er í 1. mgr. 50. gr., 1. og 4. mgr. 63. gr., 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 73. gr. eru grunnfjárhæðir og er heimilt að láta þær taka árlega sömu hlutfallslegu breytingum og vísitala neysluverðs, í fyrsta skipti 1. janúar 1999. Dómsmálaráðherra skal þá tilkynna um breytingarnar með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Gildistaka.
85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Brottfallin lög.
86. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lögræðislög, nr. 68/1984, með áorðnum breytingum.

Lagaskil.

87. gr.

1. Kröfu um nauðungarvistun, lögræðissviptingu eða niðurfellingu lögræðissviptingar, sem sett var fram í gildistíð laga nr. 68/1984 og ekki hefur verið leyst úr við gildistöku laga þessara, skal leysa úr samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984, nema sá er kröfu setti fram óski eftir því að úr máli skuli leyst samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. Skyldur lögráðamanna, sem skipaðir hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 eða eldri laga, eru þær sem greinir í lögum þessum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 við gildistöku laga þessara halda sjálfræði sínu. Þeir sem ósjálfráða eru fyrir æsku sakir við gildistöku laganna öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæði 1. gr.

1280. Frumvarp til laga [493. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr., 14. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

4. gr.

Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

5. gr.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

1. Horn (grp. 1) ..... 66°27'4 N – 22°24'3 V
2. Selsker (viti) ..... 66°07'5 N – 21°30'0 V
3. Ásbúðarrif (grp. 2) ..... 66°08'1 N – 20°11'0 V
4. Siglunes (grp. 3) ..... 66°11'9 N – 18°49'8 V
5. Flatey (Skjálfanda) (grp. 4) ..... 66°10'3 N – 17°50'3 V
6. Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5) ..... 66°17'8 N – 17°06'8 V
7. Rauðinúpur (grp. 6) ..... 66°30'7 N – 16°32'4 V
8. Rifstangi (grp. 7) ..... 66°32'3 N – 16°11'8 V
9. Hraunhafnartangi (grp. 8) ..... 66°32'2 N – 16°01'5 V
10. Langanes (grp. 9) ..... 66°22'7 N – 14°31'9 V
11. Skálatáarsker ..... 65°59'7 N – 14°36'4 V
12. Almenningsfles ..... 65°33'1 N – 13°40'5 V
13. Glettinganes (grp. 10) ..... 65°30'5 N – 13°36'3 V
14. Norðfjarðarhorn (grp. 11) ..... 65°10'0 N – 13°30'8 V
15. Gerpir (grp. 12) ..... 65°04'7 N – 13°29'6 V
16. Hólmur (Seley) (grp. 13) ..... 64°58'9 N – 13°30'6 V
17. Skrúður (Þursi) (grp. 15) ..... 64°54'1 N – 13°36'8 V
18. Papey (viti) ..... 64°35'5 N – 14°10'5 V
19. Hvítingar (grp. 18) ..... 64°23'9 N – 14°28'0 V
20. Stokksnes (grp. 19) ..... 64°14'1 N – 14°58'4 V
21. Hrollaugseyjar (grp. 20) ..... 64°01'7 N – 15°58'7 V
22. Ingólfshöfði (grp. 22) ..... 63°47'8 N – 16°38'5 V
23. Hvalsíki (grp. 23) ..... 63°44'1 N – 17°33'5 V
24. Meðallandssandur I (grp. 24) ..... 63°32'4 N – 17°55'6 V
25. Meðallandssandur II (grp. 25) ..... 63°30'6 N – 17°59'9 V
26. Mýrnatangi (grp. 26) ..... 63°27'4 N – 18°11'8 V
27. Kötlutangi (grp. 27) ..... 63°23'4 N – 18°42'8 V
28. Lundadrangur (grp. 28) ..... 63°23'5 N – 19°07'5 V
29. Bakkafjara (skúr við sæstreng) ..... 63°32'3 N – 20°10'9 V
30. Knarrarós (viti) ..... 63°49'4 N – 20°58'6 V
31. Hafnarnes ..... 63°50'6 N – 21°23'5 V
32. Selvogur (viti) ..... 63°49'3 N – 21°39'1 V
33. Krýsuvíkurberg (viti) ..... 63°49'8 N – 22°04'2 V
34. Reykjanes (aukaviti) ..... 63°48'0 N – 22°41'9 V
35. Önglabrjótsnef ..... 63°49'0 N – 22°44'3 V
36. Stafnes (viti) ..... 63°58'3 N – 22°45'5 V
37. 1. sjm. r/v V af Garðskagavita ..... 64°04'9 N – 22°43'6 V
38. Malarrif (viti) ..... 64°43'7 N – 23°48'2 V
39. Dritvíkurtangi ..... 64°45'0 N – 23°55'3 V
40. Skálasnagi ..... 64°51'3 N – 24°02'5 V
41. Öndverðarnes (viti) ..... 64°53'1 N – 24°02'7 V
42. Skor (viti) ..... 65°24'9 N – 23°57'2 V

43. Bjargtangar (grp. 33) ..... 65°30'2 N – 24°32'1 V
44. Kópanes (grp. 34) ..... 65°48'4 N – 24°06'0 V
45. Barði (grp. 35) ..... 66°03'7 N – 23°47'4 V
46. Straumnes (grp. 36) ..... 66°25'7 N – 23°08'4 V
47. Kögur (grp. 37) ..... 66°28'3 N – 22°55'5 V
48. Horn (grp. 38) ..... 66°27'9 N – 22°28'2 V

Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við stærðir þeirra og aflvísa þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með aflvísa 2.500 eða hærri.
2. flokkur: Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með aflvísa lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með aflvísa 1.600 og hærri. Í þennan flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.
3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri aflvísa en 1.600. Enn fremur fiskiskip 26 metrar og styttri sem togveiðiheimildir höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á aflvísum þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

Þar sem í lögum þessum er rætt um aflvísi skips er miðað við reiknaðan aflvísi þess. Sé skip búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: HÖ x ÞS. Sé skip ekki búið skrúfuhring er aflvísir þess reiknaður þannig: 0,60 x HÖ x ÞS. HÖ merkir hér skráð afl aðalvélar skipsins í hestöflum, ÞS merkir þvermál skrúfu í metrum.

Siglingastofnun Íslands skal halda skrá yfir aflvísa þeirra skipa sem stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót og skal sú skrá lögð til grundvallar við ákvörðun veiðiheimilda samkvæmt þessari grein.

Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum Siglingastofnunar Íslands.

Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð um gerð og útbúnað fiskivarpna og dragnótar.

Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við samanlagða lengd þeirra og samanlagða aflvísa þeirra.

Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

A. Norðurland.

Allir flokkar:

A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

B. Austurland.

Allir flokkar:

B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

C. Suðausturland.

Allir flokkar:

C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

Flokkar 2 og 3:

C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.

Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí – 30. september.

C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).

Flokkur 3:

C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.

C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

D. Suðurland.

Allir flokkar:

D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).

D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi.

D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

Flokkar 2 og 3:

D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34).

Flokkur 3:

D.6. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.

Á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlandsins, eru fiskveiðar með öllum veiðarfærum bannaðar allt árið. Svæði þetta takmarkast að austan af línu sem dregin er þannig að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan og að vestan takmarkast það af línu sem dregin er þannig að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman.

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Allir flokkar:

E.1. Allt árið utan línu sem dregin er 5 sjómílur utan við Geirfugladrang í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N – 24°12'00 V.

E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

Flokkar 2 og 3:

E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38).

F. Breiðafjörður.

Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

F.4. Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skoravita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'00 N.

G. Vestfirðir.

Allir flokkar:

Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

6. gr.

Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, en ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

7. gr.

Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.

Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, sbr. 7. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

8. gr.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

Þá er ráðherra heimilt að banna notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og vatnslögnum.

9. gr.

Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Getur ráðherra með reglugerð m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

10. gr.

Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum til eftirlitsmanna, sem útgefin eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv. 3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til Hafrannsóknastofnunarinnar eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefnir í því skyni.

Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur Hafrannsóknastofnunin bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal veiðieftirliti Fiskistofu og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd slíkra skyndilokana.

Sjávarútvegsráðuneytið skal, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. Hafrannsóknastofnuninni er þó heimilt að grípa til skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

11. gr.

Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.
2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum, sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati Hafrannsóknastofnunarinnar og fyrir liggi ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.
3. Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

12. gr.

Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

13. gr.

Ráðherra getur, að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að Hafrannsóknastofnunin fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Ráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráðherra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

16. gr.

Við brotum gegn 3.–5. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr. laga þessara.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

17. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

18. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

19. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 16. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

20. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri, eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

21. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

1281. Þingsályktun [387. mál]

um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg.

1282. Breytingartillaga [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi taka gildi 1. október 1997.

1283. Breytingartillögur [478. mál]

við frv. til l. um búnaðargjald.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar (LB, ÁE).

1. Við 1. gr. Í stað hlutfallstölunnar „2,65%“ í fyrri málslið komi: 2,375%
2. Við 6. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:
   Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt	*Önnur afurðavelta*
Til Búnaðarsjóðs	1,225% af stofni	1,575% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni

   Hluti Búnaðarsjóðs skiptist síðan á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs í samræmi við viðauka við lög þessi.
3. Við bætist viðauki, svohljóðandi:

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Búnaðarsjóður				Lána-sjóður landb.	Alls
	BÍ	Bsb.	Búgr.	Bjarg.		
Nautgripaafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	2,375
Sauðfjárafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	2,375
Hrossaafurðir	0,325	0,500	0,550	0,200	0,800	2,375
Svínaafurðir	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	2,375
Alifuglakjöt	0,125	0,250	0,200	1,000	0,800	2,375
Egg	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	2,375
Kartöflur, gulrófur	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	2,375
Annað grænmeti og blóm	0,325	0,500	0,750	0,000	0,800	2,375
Grávara	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	2,375
Æðardúnn	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	2,375
Skógarafurðir	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	2,375

1284. Nefndarálit [309. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1997–2000.

Frá meiri hluta samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Hallgrímsson, Jón Rögnvaldsson, Hannes Sigurðsson og Eymund Runólfsson frá Vegagerðinni. Umsagnir bárust nefndinni frá Borgarfjarðarhreppi, Vegagerðinni, Súðavíkurhreppi, Broddaneshreppi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Öxarfjarðarhreppi, hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps, Bláfjallanefnd og Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

Að þessu sinni er lagt til að einvörðungu tvö ár vegáætlunar verði endurskoðuð. Um þessar mundir er verið að ljúka mörgum stórum verkefnum og því þykir eðlilegra að miða við styttra tímabil en vani er. Gert er ráð fyrir að á næsta þingi verði lögð fram tillaga til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára, 1998–2001.

Að öðru leyti hafa starfshættir við afgreiðslu tillögunnar verið með hefðbundnum hætti. Þingmenn kjördæma hafa unnið að gerð tillagna um skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna og verkefna í framkvæmdaátaki á stofnvegum, svo og til tengivega. Hlutföll milli kjördæma í þessum verkefnaflokkum eru hin sömu og fyrir árin 1997 og 1998 í gildandi vegáætlun (vegáætlun fyrir árin 1995–1998).

Breytingar eru gerðar á tekjuhlið áætlunarinnar á þann veg að tekjur ársins 1997 hækka um 150 millj. kr. frá tillögunni. Þessi hækkun byggist á endurskoðun markaðra tekna í apríl síðastliðnum. Sú endurskoðun bendir til að tekjur af bensíngjaldi hækki um 40 millj. kr., tekjur af árgjaldi þungaskatts hækki um 60 millj. kr. og tekjur af kílómetragjaldi þungaskatts hækki um 50 millj. kr. Endurskoðunin var gerð sameiginlega af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og Vegagerðarinnar.

Reiknað er með að tekjur haldi áfram að aukast 1998 og er tekjuáætlunin það ár hækkuð um 182 millj. kr. Á því ári er einnig tekið inn lánsfé vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga að fjárhæð 400 millj. kr. Þetta er helmingur áætlaðs kostnaðar við tengingarnar og á að endurgreiðast af vegáætlun á árunum 1999–2003. Hinn helmingurinn kemur sem lánsfé í gegnum Spöl ehf. og á að endurgreiðast af veggjaldi eins og kostnaðurinn við sjálf göngin. Samkvæmt þessu hækkar niðurstöðutala ársins 1998 um 582 millj. kr.

Bæði árin eru hér reiknuð á sama verðlagi, þ.e. verðlagi ársins 1997 (áætluð vísitala vegagerðar 5350), enda á að leggja fram nýja vegáætlun á næsta þingi eins og áður sagði.

Skipting útgjalda breytist einnig nokkuð og eru helstu breytingarnar þær að auknar tekjur renna til almennra verkefna og bundinna slitlaga, höfuðborgarsvæðis og stórverkefna á stofnvegum, svo og tengivega og brúa 10 m og lengri. Þá hækka framlög til safnvega og tilrauna lítillega, en síðasttaldi liðurinn er bundinn í vegalögum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að frestað verði framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu vegna hættu á þenslu af völdum mikilla framkvæmda í stóriðju og virkjunum. Í útgjaldalið tillögunnar er þessi frestun sett upp þannig að 222 millj. kr. eru færðar af framkvæmdaliðum yfir á flóabáta (liður 2.9). Er þá miðað við að þessir fjármunir séu notaðir til að flýta afborgunum af lánum vegna ferja en fjármunina átti síðan að endurgreiða af liðnum flóabátar 1999. Reykjavíkurborg óskaði eftir því við samgönguráðherra að hætt yrði við þessa frestun. Í framhaldi af því var samið um að borgin frestaði framkvæmdum hjá sér sem næmi þessari upphæð, en í staðinn héldust vegaframkvæmdir óskertar. Liðurinn 2.9 til flóabáta er því lækkaður um áðurnefndar 222 millj. kr. og bætast við liðina 2.3.1.4 Framkvæmdaátak og 2.3.1.2 Höfuðborgarsvæðið.

Framkvæmdir í Hvalfirði eru teknar inn í gjaldahlið með sama hætti og í tekjuhlið. Þá er uppsetningu gjaldahliðar einnig breytt þannig að lán til verkefna á Skeiðarársandi og í Hvalfirði eru aðgreind frá fjárveitingum. Þessi lán eiga að greiðast af vegáætlun á næstu árum. Þessi nýja uppsetning þykir skýrari en sú fyrri, sem gerði ekki greinarmun á lánsfé og fjárveitingu að þessu leyti, og komist verður frekar hjá tvítalningu þegar fjárveitingar koma á vegáætlun til endurgreiðslu þessara lána.

Meiri hlutinn er sammála um að næsta vetur verði daglegar ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hækkar það rekstrarkostnað Baldurs um tæplega 6 millj. kr. á ári. Jafnframt verði snjómokstursdögum fjölgað til samræmis við það.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að nokkrar breytingar eru gerðar við vegaskrá og flokkun vega. Meiri hlutinn hefur farið yfir þessar breytingar og gerir ekki athugasemdir við þær, enda koma vegaskrárnar til endurskoðunar í heild á næsta þingi.

Alþingi, 13. maí 1997.

Einar K. Guðfinnsson, form., frsm.	Egill Jónsson.	Magnús Stefánsson.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Kristján Pálsson.

Fylgiskjal.

Vegagerðin:

Skipting vegafjár eftir kjördæmum.
Samantekt.

SKIPTING ÚTGJALDA
2.3. Til nýrra þjóðvega.
1. Stofnvegir, 2. Tengivegir og 3. Til brúagerðar, brýr > 10m.

Suðurland.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
d5	Selfoss – Biskupstungnabraut	5	
1	Hringvegur		
d6	Vegamót við Hveragerði	11	
240	Stórhöfðavegur		
02	Hraunvegur – Stórhöfði		21
30	Skeiða- og Hrunamannavegur		
06	Flúðir – Hvítárdalur		8
31	Skálholtsvegur		
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	30	
36	Þingvallavegur		
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	2	38
37	Laugarvatnsvegur		
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	52	11
39	Þrengslavegur		
01	Hringvegur – Þorlákshafnarvegur	12	
	Tengingar vegna breikkunar brúa	5	5
	Samtals	**117**	**83**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
26	Landvegur		
02	Hagabraut – Galtalækur	21	18
204	Meðallandsvegur		
01	Ásgarður – Fossar		10
250	Dímonarvegur		
01	Hringvegur – Fljótshlíðarvegur	9	
253	Gunnarshólmavegur		
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	3	5
255	Akureyjarvegur		
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	3	5
261	Fljótshlíðarvegur		
02	Hvolsvöllur – Hlíðarendi	3	
266	Oddavegur		
01	Hringvegur – Oddi		16
268	Þingskálavegur		
03	Hólar – Landvegur	3	

275		Ásvegur		
	01	Hringvegur – Ásmúli		5
	02	Um Háfshverfi	4	
32		Þjórsárdalsvegur		
	02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	17	15
33		Gaulverjabæjarvegur		
	01	Hringvegur – Hamarsvegur		4
35		Biskupstungnabraut		
	07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	12	8
305		Villingaholtsvegur		
	01	Hringvegur – Þjórsárver	7	
310		Votmúlavegur		
	01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur		4
329		Mástunguvegur		
	01	Skyggnir – Laxárdalur	4	
345		Kaldbaksvegur		
	01	Um Hruna	4	
		Samtals	**90**	**90**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Andalækur (37)	9	11
Öxará hjá Valhöll (363)	26	
Hörgsá (1)		17
Samtals	**35**	**28**
Suðurland samtals	**242**	**201**

Reykjanes.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
f9	Botnsvogur	9	
41	Reykjanesbraut		
14-19	Lýsing	35	
14-19	Endurbætur		75
42	Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)		
	Frumhönnun Suðurstrandarvegar		2
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)		
	Hringtorg og undirgöng	37	6
421	Vogavegur		5
	Samtals	**81**	**88**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
48	Kjósarskarðsvegur		
01	Lagfæringar	5	
417	Bláfjallavegur		
01	Hringvegur – Bláfjöll	16	5
426	Bláalónsvegur	4	
431	Hafravatnsvegur		
01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur		21
461	Meðalfellsvegur		
01	Um Meðalfellsvatn		5
	Samtals	**25**	**31**
Reykjanes samtals		**106**	**119**

Reykjanes og Vesturland.

Tenging Hvalfjarðarganga		400
	Samtals	**400**

Vesturland.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
g1	Botnsvogur	9	
g5	Borgarnes	6	
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	30	63
54	Ólafsvíkurvegur		
09	Urriðaá – Bjarnarfoss	34	
10	Vegamót Fróðárheiðar		10
56	Vatnaheiði		10
57	Snæfellsnesvegur		
09	Kolgrafafjörður		10
12	Búlandshöfði (heimaframlag)	25	
12	Búlandshöfði (stórverkefni)		31
60	Vestfjarðavegur		
07	Búðardalur – Klofningsvegur	7	11
	Samtals	**111**	**135**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir		37
518	Hálsasveitarvegur		
02	Reykholt – Stóriás	55	
528	Norðurárdalsvegur		
01	Snjóastaðir		5
540	Hraunhreppsvegur		
01	Snjóastaðir		17
	Samtals	**55**	**59**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Bláfeldará (54)	8	
Brákarsund (531, styrkvegur)		46
Samtals	**8**	**46**
Vesturland samtals	**174**	**240**

Vesturland og Vestfirðir. Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
60	Vestfjarðavegur		
10-21	Gilsfjörður (S)	117	222
10	Gilsfjörður (H)	35	63
21	Gilsfjörður (H)	29	71
	Samtals	**181**	**356**

Vestfirðir. Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
60	Vestfjarðavegur		
37	Dynjandisheiði	10	
47	Jarðgöng (H)	41	5
47	Jarðgöng (S)	233	
61	Djúpvegur		
11	Um Víðidalsá		17
25-30	Ísafjarðardjúp (S)	60	90
36	Súðavík	1	
45	Óshlíð	7	10
62	Barðastrandarvegur		
02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	31	52
	Samtals	**383**	**174**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
612	Örlygshafnarvegur		
01	Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur	23	
632	Laugardalsvegur		
01	Djúpvegur – Hrafnabjörg	6	
635	Snæfjallastrandarvegur		
01	Djúpvegur – Nauteyri	5	
643	Strandavegur		
04	Um Bala		10
645	Drangsnesvegur		
01	Strandavegur – Hella		27
	Samtals	**34**	**37**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)	16	
Samtals	**16**	
Vestfirðir samtals	**433**	**211**

Norðurland vestra.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	3	
m5	Við Íbishól	2	
m6	Við Varmahlíð, lýsing		3
m7	Um Húseyjarkvísl	2	10
m8	Við Djúpadalsá	1	
74	Skagastrandarvegur		
03	Við Skagaströnd, lýsing	3	
76	Siglufjarðarvegur		
02	Út-Blönduhlíð	9	
06	Hofsós – Höfðaá		50
09	Hraun – Almenningsnöf	59	
	Samtals	**79**	**63**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
702	Heggstaðanesvegur		
01	Hringvegur – Mýrar	3	
715	Víðidalsvegur		
01	Hringvegur – Kolugil	1	
722	Vatnsdalsvegur		
01	Þórdísarlundur – Hnjúkur	16	
724	Reykjabraut		
01	Um Orrastaðaflóa	23	
746	Tindastólsvegur		4
752	Skagafjarðarvegur		
02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	2	
03	Svartárdalsvegur – Jökulsá		37
793	Skarðsvegur		
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	2	
	Samtals	**47**	**41**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Húseyjarkvísl (1)	33	
Samtals	**33**	
Norðurland vestra samtals	**159**	**104**

Norðurland eystra.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur		6
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	100	95
82	Ólafsfjarðarvegur		
09	Lágheiði		5
85	Norðausturvegur		
06-09	Tjörnes	10	
11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	30	52
25	Þistilfjörður, flugvöllur	8	
87	Kísilvegur		
04	Hvammavegur – Klambrasel		10
	Samtals	**148**	**168**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
83	Grenivíkurvegur		
02-03	Laufás – Ártún		54
848	Mývatnsvegur		
01	Neslandavík – Kísilvegur	45	
867	Öxarfjarðarheiðarvegur	3	
	Þingey, göngubrú		3
	Samtals	**48**	**57**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Fnjóská hjá Laufási (83)		63
Samtals		**63**
Norðurland eystra samtals	**196**	**288**

Norðurland eystra og Austurland.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
	Tenging Norður- og Austurlands (S)	118	180
r6-r7	Jökulsá – Biskupsháls (H)	10	10
s1-s7	Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir (H)		4
	Samtals	**128**	**194**
	Áætluð skipting:		
	Norðurland eystra	*80*	*10*
	Austurland	*48*	*184*

Austurland.
Stofnvegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
t0	Jökulsá á Dal, (S)	30	20
t1	Skóghlíð – Urriðavatn	33	40
u1	Um Breiðdalsá	18	
u5	Um Fossárvík		30
v7	Laxá í Nesjum	11	
x1	Uppsalir – Staðará		20
x5	Um Fjallsá	7	
y0-y2	Skeiðarársandur	250	100
	Einbreið slitlög	14	15

92		Norðfjarðarvegur		
	00	Egilsstaðir	4	
	06	Reyðarfjörður	4	
	12	Neskaupstaður		8
93		Seyðisfjarðarvegur		
	02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	6	
	02	Miðhúsaá – Kofi	18	
	03	Kofi – Efri Stafur		16
	03	Fjarðarárbrú	3	
96		Suðurfjarðarvegur		
	03	Þernunes – Vattarnes		75
	06	Fáskrúðsfjörður	4	
	07	Um Selá		5
99		Hafnarvegur		
	02-03	Höfn í Hornafirði	1	5
917		Hlíðarvegur		
	06	Um Gljúfursá	28	
	06	Um Öxl	8	
		Þéttbýlisstaðir Austurlandi		
		Lagfæringar á þjóðvegum	10	10
		Austurlandsgöng	2	3
		Samtals	**451**	**347**

Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
85	Norðausturvegur		
40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	11	
94	Borgarfjarðarvegur		
07	Á Vatnsskarði	18	36
919	Sunnudalsvegur		
01	Hlíðarvegur – Refstaður	4	
924	Jökuldalsvegur eystri		
01	Um Jökulsá hjá Hjarðarhaga		4
932	Egilsstaðavegur		3
	Samtals	**36**	**40**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Lagarfljót, göngubrú (1)		14	
Fossá í Berufirði (1)		26	
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)			8
	Samtals	**40**	**8**
Austurland samtals		**527**	**395**

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
e3	Rauðavatn – Nesbraut	88	
f3	Í Mosfellsbæ		210
41	Reykjanesbraut		
01	Ánanaust, breikkun	37	
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur		36
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg	134	55
	Leiðaval	1	
49	Nesbraut		
02	Höfðabakki – Miklabraut	290	75
03	Breikkun Miklubrautar		23
03	Gatnamót við Skeiðarvog		160
417	Bláfjallavegur		
01	Hringvegur – Bláfjöll	5	5
450	Sundabraut, undirbúningur	10	10
	Undirgöng í Garðabæ	47	
	Göngubrýr og undirgöng	31	40
	Skiltabrýr	5	10
	Greiðsla skulda í Reykjavík	197	198
	Ýmis verk	10	15
	Samtals	**855**	**837**

Stórverkefni, óstaðsett.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Jarðgangarannsóknir		2
Óskipt		38
Samtals		**40**

YFIRLIT

Skipting fjár.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Suðurland samtals	242	201
Reykjanes samtals	106	119
Reykjanes og Vesturland samtals		400
Vesturland samtals	174	240
Vesturland og Vestfirðir samtals	181	356
Vestfirðir samtals	433	211
Norðurland vestra samtals	159	104
Norðurland eystra samtals	196	288
Norðurland eystra og Austurland samtals	128	194
Austurland samtals	527	395
Höfuðborgarsvæðið samtals	855	837
Stórverkefni, óstaðsett		40
Samtals	**3.001**	**3.385**

Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
57	Snæfellsnesvegur		
12	Búlandshöfði		31
60	Vestfjarðavegur		
10-21	Gilsfjörður	117	222
47	Jarðgöng	233	
61	Djúpvegur		
25-30	Ísafjarðardjúp	60	90
1	Hringvegur		
	Tenging Norður- og Austurlands	118	180
t0	Jökulsá á Dal	30	20
	Austurlandsgöng	2	3
	Jarðgangarannsóknir		2
	Óskipt		38
	Samtals	**560**	**586**

Til brúagerðar. Brýr 10 m og lengri.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Andalækur (37)		9	11
Öxará hjá Valhöll (363)		26	
Bláfeldará (54)		8	
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)		16	
Húseyjarkvísl (1)		33	
Lagarfljót, göngubrú (1)		14	
Fossá í Berufirði (1)		26	
Hörgsá (1)			17
Brákarsund (531, styrkvegur)			46
Fnjóská hjá Laufási (83)			63
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)			8
	Samtals	**132**	**145**

1285. Breytingartillögur [309. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1997–2000.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (EKG, EgJ, MS, StG, ÁJ, KPál).

1. Inngangsmálsgreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga nr. 45/1994, að árin 1997 og 1998 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.
2. Við I. Liðurinn orðist svo:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997	1998
1.1. Markaðar tekjur:		
1. Bensíngjald	4.820	4.890
2. Þungaskattur, km-gjald	1.950	2.000
3. Þungaskattur, árgjald	875	900
	7.645	7.790
Fært í framkvæmdaátak (1.3.1.)	- 350	- 360
1.2. Fært í ríkissjóð	- 806	- 646
	6.489	6.784
1.3. Framkvæmdaátak:		
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350	360
2. Framlag úr ríkissjóði	350	350
3. Endurgreiðsla lánsfjár	- 50	- 210
	650	500
Samtals	7.139	7.284
1.4. Lánsfé:		
1. Lán vegna Skeiðarársands	100	
2. Lán vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga		400
	100	400
Samtals	**7.239**	**7.684**

3. Í stað II. *Skipting útgjalda* komi:

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997		1998	
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	141		141	
2. Tæknilegur undirbúningur	145		145	
		286		286
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	243		244	
2. Vegir og vegyfirborð	345		350	
3. Brýr og önnur vegamannvirki	42		46	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	245		250	
		875		890
2. Vetrarþjónusta		650		660
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	516		531	
2. Endurnýjun malarslitlaga	212		216	
3. Styrkingar og endurbætur	278		284	
4. Viðhald brúa og varnargarða	114		114	
5. Öryggisaðgerðir	62		62	
6. Vatnaskemmdir	93		93	
		1.275		1.300
4. Þéttbýlisvegir		330		340
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnvegir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	595		751	
2. Höfuðborgarsvæðið	479		548	
3. Stórverkefni	560		586	
4. Framkvæmdaátak	650		500	
5. Skeiðarársandur	150		100	
		2.434		2.485
2. Tengivegir		335		355
3. Til brúagerða				
1. Brýr 10 m og lengri	132		145	
2. Smábrýr	15		15	
		147		160
4. Girðingar		31		34
2.4. Til safnvega:		170		177
2.5. Til landsvega:		52		52
2.6. Til styrkvega:		25		25
2.7. Til reiðvega:		11		11
2.8. Til tilrauna:		68		69
2.9. Til flóabáta:		450		440
Samtals		**7.139**		**7.284**
Lán vegna Skeiðarársands		100		
Lán vegna Hvalfjarðar				400
Samtals		**7.239**		**7.684**

4. Við II. *Skipting útgjalda* bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
d5	Selfoss – Biskupstungnabraut	5	
1	Hringvegur		
d6	Vegamót við Hveragerði	11	
36	Þingvallavegur		
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur		33
37	Laugarvatnsvegur		
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	52	11
1	Hringvegur		
f9	Botnsvogur	9	
41	Reykjanesbraut		
14-19	Lýsing	35	
14-19	Endurbætur		45
42	Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)		
	Frumhönnun Suðurstrandarvegar		2
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)		
	Hringtorg og undirgöng		6
421	Vogavegur		5
1	Hringvegur		
g1	Botnsvogur	9	
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir		36
54	Ólafsvíkurvegur		
09	Urriðaá – Bjarnarfoss	34	
10	Vegamót Fróðárheiðar		10
56	Vatnaheiði		10
57	Snæfellsnesvegur		
09	Kolgrafafjörður		10
12	Búlandshöfði	25	
60	Vestfjarðavegur		
07	Búðardalur – Klofningsvegur	7	11
10	Gilsfjörður	35	63
60	Vestfjarðavegur		
21	Gilsfjörður	29	71
37	Dynjandisheiði	10	
47	Jarðgöng	41	5
61	Djúpvegur		
11	Um Víðidalsá		17
36	Súðavík	1	
45	Óshlíð	7	10
62	Barðastrandarvegur		
02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	3	34
1	Hringvegur		
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	3	
m5	Við Íbishól	2	
m6	Við Varmahlíð, lýsing		3
m7	Um Húseyjarkvísl	2	10
m8	Við Djúpadalsá	1	
74	Skagastrandarvegur		
03	Við Skagaströnd, lýsing	3	
76	Siglufjarðarvegur		
02	Út-Blönduhlíð	9	
06	Hofsós – Höfðaá		30
09	Hraun – Almenningsnöf	34	

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur		6
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	38	44
r6-r7	Jökulsá – Biskupsháls	10	10
82	Ólafsfjarðarvegur		
09	Lágheiði		5
85	Norðausturvegur		
06-09	Tjörnes	10	
11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	30	52
25	Þistilfjörður, flugvöllur	8	
87	Kísilvegur		
04	Hvammavegur – Klambrasel		10
1	Hringvegur		
s1-s7	Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir		4
t1	Skóghlíð – Urriðavatn	33	40
u1	Um Breiðdalsá	18	
u5	Um Fossárvík		30
v7	Laxá í Nesjum	11	
x1	Uppsalir – Staðará		20
x5	Um Fjallsá	7	
	Einbreið slitlög	14	15
92	Norðfjarðarvegur		
00	Egilsstaðir	4	
06	Reyðarfjörður	4	
12	Neskaupstaður		8
96	Suðurfjarðarvegur		
03	Þernunes – Vattarnes		75
06	Fáskrúðsfjörður	4	
07	Um Selá		5
99	Hafnarvegur		
02-03	Höfn í Hornafirði	1	5
917	Hlíðarvegur		
06	Um Gljúfursá	28	
06	Um Öxl	8	
	Samtals	**595**	**751**

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1	Hringvegur		
e3	Rauðavatn – Nesbraut	88	
f3	Í Mosfellsbæ		210
41	Reykjanesbraut		
01	Ánanaust, breikkun	37	
12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur		36
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg	134	55
	Leiðaval	1	
49	Nesbraut		
02	Höfðabakki – Miklabraut	17	
03	Breikkun Miklubrautar		23
03	Gatnamót við Skeiðarvog		21
417	Bláfjallavegur		
01	Hringvegur – Bláfjöll	5	5
	Greiðsla skulda í Reykjavík	197	198
	Samtals	**479**	**548**

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
57	Snæfellsnesvegur		
12	Búlandshöfði		31
60	Vestfjarðavegur		
10-21	Gilsfjörður	117	222
47	Jarðgöng	233	
61	Djúpvegur		
25-30	Ísafjarðardjúp	60	90
1	Hringvegur		
	Tenging Norður- og Austurlands	118	180
t0	Jökulsá á Dal	30	20
	Austurlandsgöng	2	3
	Jarðgangarannsóknir		2
	Óskipt		38
	Samtals	**560**	**586**

1.4. Framkvæmdaátak.
Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
240	Stórhöfðavegur		
02	Hraunvegur – Stórhöfði		21
30	Skeiða- og Hrunamannavegur		
06	Flúðir – Hvítárdalur		8
31	Skálholtsvegur		
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	30	
36	Þingvallavegur		
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	2	5
39	Þrengslavegur		
01	Hringvegur – Þorlákshafnarvegur	12	
	Tengingar vegna breikkunar brúa	5	5
41	Reykjanesbraut		
14-19	Endurbætur		30
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)		
	Hringtorg og undirgöng	37	
1	Hringvegur		
g5	Borgarnes	6	
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	30	27
62	Barðastrandarvegur		
02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	28	18
76	Siglufjarðarvegur		
06	Hofsós – Höfðaá		20
09	Hraun – Almenningsnöf	25	
1	Hringvegur		
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	62	51
93	Seyðisfjarðarvegur		
02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	6	
02	Miðhúsaá – Kofi	18	
03	Kofi – Efri Stafur		16
03	Fjarðarárbrú	3	
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi		
	Lagfæringar á þjóðvegum	10	10
	Samtals	**274**	**211**

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
49	Nesbraut		
02	Höfðabakki – Miklabraut	273	75
03	Gatnamót við Skeiðarvog		139
450	Sundabraut, undirbúningur	10	10
	Undirgöng í Garðabæ	47	
	Göngubrýr og undirgöng	31	40
	Skiltabrýr	5	10
	Ýmis verk	10	15
	Samtals	**376**	**289**
	Framkvæmdaátak samtals	**650**	**500**

1.5. Skeiðarársandur.

		1997 m.kr.	1998 m.kr.
	Hringvegur		
	Lagfæringar eftir hlaup í nóvember 1996	150	100
	Samtals	**150**	**100**

2. Tengivegir.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
26	Landvegur		
02	Hagabraut – Galtalækur	21	18
204	Meðallandsvegur		
01	Ásgarður – Fossar		10
250	Dímonarvegur		
01	Hringvegur – Fljótshlíðarvegur	9	
253	Gunnarshólmavegur		
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	3	5
255	Akureyjarvegur		
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	3	5
261	Fljótshlíðarvegur		
02	Hvolsvöllur – Hlíðarendi	3	
266	Oddavegur		
01	Hringvegur – Oddi		16
268	Þingskálavegur		
03	Hólar – Landvegur	3	
275	Ásvegur		
01	Hringvegur – Ásmúli		5
02	Um Háfshverfi	4	
32	Þjórsárdalsvegur		
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	17	15
33	Gaulverjabæjarvegur		
01	Hringvegur – Hamarsvegur		4
35	Biskupstungnabraut		
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	12	8
305	Villingaholtsvegur		
01	Hringvegur – Þjórsárver	7	
310	Votmúlavegur		
01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur		4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
329	Mástunguvegur		
01	Skyggnir – Laxárdalur	4	
345	Kaldbaksvegur		
01	Um Hruna	4	
48	Kjósarskarðsvegur		
01	Lagfæringar	5	
417	Bláfjallavegur		
01	Hringvegur – Bláfjöll	16	5
426	Bláalónsvegur	4	
431	Hafravatnsvegur		
01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur		21
461	Meðalfellsvegur		
01	Um Meðalfellsvatn		5
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir		37
518	Hálsasveitarvegur		
02	Reykholt – Stóriás	55	
528	Norðurárdalsvegur		
01	Snjóastaðir		5
540	Hraunhreppsvegur		
01	Snjóastaðir		17
612	Örlygshafnarvegur		
01	Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur	23	
632	Laugardalsvegur		
01	Djúpvegur – Hrafnabjörg	6	
635	Snæfjallastrandarvegur		
01	Djúpvegur – Nauteyri	5	
643	Strandavegur		
04	Um Bala		10
645	Drangsnesvegur		
01	Strandavegur – Hella		27
702	Heggstaðanesvegur		
01	Hringvegur – Mýrar	3	
715	Víðidalsvegur		
01	Hringvegur – Kolugil	1	
722	Vatnsdalsvegur		
01	Þórdísarlundur – Hnjúkur	16	
724	Reykjabraut		
01	Um Orrastaðaflóa	23	
746	Tindastólsvegur		4
752	Skagafjarðarvegur		
02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	2	
03	Svartárdalsvegur – Jökulsá		37
793	Skarðsvegur		
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	2	
83	Grenivíkurvegur		
02-03	Laufás – Ártún		54
848	Mývatnsvegur		
01	Neslandavík – Kísilvegur	45	
867	Öxarfjarðarheiðarvegur	3	
	Þingey, göngubrú		3
85	Norðausturvegur		
40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	11	
94	Borgarfjarðarvegur		
07	Á Vatnsskarði	18	36
919	Sunnudalsvegur		
01	Hlíðarvegur – Refstaður	4	
924	Jökuldalsvegur eystri		
01	Um Jökulsá hjá Hjarðarhaga		4
932	Egilsstaðavegur	3	
	Samtals	**335**	**355**

3. Til brúagerða.
1. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Andalækur (37)	9	11
Óxará hjá Valhöll (363)	26	
Bláfeldará (54)	8	
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)	16	
Húseyjarkvísl (1)	33	
Lagarfljót, göngubrú (1)	14	
Fossá í Berufirði (1)	26	
Hörgsá (1)		17
Brákarsund (531, styrkvegur)		46
Fnjóská hjá Laufási (83)		63
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)		8
Samtals	**132**	**145**

5. Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1997 og 1998.

1286. Nefndarálit [309. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1997–2000.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Minni hluti nefndarinnar gagnrýnir harðlega fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um vegáætlun og breytingartillögur meiri hlutans. Ástæðurnar eru aðallega af tvennum toga. Í fyrsta lagi eru engin haldbær rök sem mæla með því að stytta áætlunartímabilið um helming, eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til. Upphafleg tillaga, sem samgönguráðherra mælti fyrir við fyrri umræðu málsins, gerði ráð fyrir hefðbundinni endurskoðun, þ.e. að þingið afgreiddi nýja vegáætlun til næstu fjögurra ára, 1997–2000. Allt starf nefndarinnar miðaðist við þann ramma eða þar til meiri hlutinn tilkynnti í síðustu viku að ríkisstjórnin hefði ákveðið að áætlunin ætti aðeins að ná til næstu tveggja ára. Engar skýringar hafa komið fram á þessum gjörbreyttu vinnubrögðum sem draga mjög úr vægi hinnar mikilvægu áætlunargerðar. Hér er í raun gengið í þveröfuga átt við það sem almennt er talið skynsamlegt, þ.e. að leggja línur enn lengra inn í framtíðina en hin venjubundnu fjögur ár. Minni hlutinn tekur ekki ábyrgð á vinnubrögðum í þessa veru. Því er unnt að fullyrða að ekki sé um raunverulega áætlunargerð að ræða við afgreiðslu vegáætlunar að þessu sinni, heldur einvörðungu verið að endurskoða og skera niður gildandi vegáætlun sem ætlað var að standa til ársloka 1998.

Þannig á ekki að standa að áætlunargerð. Þetta þýðir í raun að þær vegaframkvæmdir, sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun samgönguráðherra á árunum 1999 og 2000, eru óafgreiddar og fullkomin óvissa á öllu landinu um hvernig með þær framkvæmdir verður farið og hvort í þær verður ráðist. Það er óþolandi ástand. Víða er að finna samkomulag í einstökum kjördæmum um að forgangsraða verkefnum í tímaröð næstu fjögur árin. Þannig höfðu sum landsvæði fallist á að verða seinna á áætlunartímabilinu gegn því að tryggt yrði að þá yrði ráðist í framkvæmdir. Nú eru slíkir samningar í uppnámi því að meiri hlutinn skilar auðu hvað varðar árin 1999 og 2000.

Í öðru lagi gagnrýnir minni hlutinn niðurskurð í framlögum til vegamála. Í fylgiskjali I er birt tafla, unnin af Vegagerðinni, yfir framlög til verkefnaflokka í vegáætlun þar sem bornar eru saman tölur í gildandi vegáætlun sem Alþingi samþykkti 25. febrúar 1995. Þar sést niðurskurðurinn greinilega. Allt tal þessarar ríkisstjórnar um mikilvægi og arðsemi samgöngubóta til að treysta byggð í landinu og auka umferðaröryggi reynist hjóm eitt þegar til kastanna kemur. Dregið er stórlega úr framlögum. Sú gjörð er á ábyrgð núverandi stjórnarmeirihluta. Ekki síður er sýnilegur sá mikli niðurskurður í vegamálum sem núverandi ríkisstjórn er ábyrg fyrir þegar fylgiskjal II er skoðað, en þar hefur hagdeild Vegagerðarinnar tekið saman fjárhagsleg viðskipti vegasjóðs og ríkissjóðs á árunum 1986–2000. Þar er þróunin á yfirstandandi kjörtímabili öll á verri veg. Af mörkuðum tekjum til vegasjóðs og sérstökum framlögum rennur æ minna til vegabóta en hærri fjárhæðir í ríkissjóð.

Á hinn bóginn var niðurskurður yfirstandandi árs ákveðinn við fjárlagaafgreiðslu í desember sl. þannig að vegáætlun fyrir árið 1997 tekur mið af þeirri gjörð. Enn er þó möguleiki á að snúa við óheillaþróun niðurskurðar og svikinna loforða í vegamálum við raunverulega endurskoðun vegáætlunar 1998–2001 og enn fremur við fjárlagagerð fyrir komandi ár.

Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við einstakar tillögur. Um þau mál hefur verið þokkaleg sátt innan nefndarinnar þótt ævinlega megi deila um einstakar framkvæmdir og forgangsröðun. Auk þess hafa niðurstöður kjördæmahópanna verið færðar inn í tillöguna þar sem það á við.

Í ljósi framangreinds mun því minni hlutinn sitja hjá við atkvæðagreiðslu um tekjuhlið áætlunarinnar en greiða gjaldahlið hennar atkvæði. Það er þó gert með vísan til athugasemda sem fram koma í álitinu.

Alþingi, 13. maí 1997.

Guðmundur Árni Stefánsson, frsm. Ragnar Arnalds. Ásta R. Jóhannesdóttir.

Fylgiskjal I.

Vegagerðin:

Samanburður á vegáætlun fyrir árin 1995–1998 og tillögu um vegáætlun fyrir árin 1997–1998.

	Vegáætlun 1995–1998			Endurskoðuð vegáætlun 1996		Vegáætlun 1997–1998			
	1996 m.kr.	1997 m.kr.	1998 m.kr.	1996 m.kr.	%	1997 m.kr.	%	1998 m.kr.	%
Alm. verk. og bundið slitl. . .	957	753	815	782	81,7	595	79,0	751	92,1
Höfuðborgarsvæðið	484	557	578	431[1]	89,0	479[1]	86,0	548[1]	94,8
Stórverkefni	567	702	630	463	81,7	560	79,8	586	93,0
Framkvæmdaátak	1.032	774	516	650[2]	63,0	650[2]	84,0	500[2]	96,9
Skeiðarársandur						250		100	
Stofnvegir samtals	3.040	2.786	2.539	2.326	76,5	2.534	91,0	2.485	97,9
Tengivegir	336	372	392	275	81,8	335	90,1	355	90,6
Brýr	159	163	163	130	81,8	147	90,2	160	98,2
Safnvegir	181	194	194	159	87,8	170	87,6	177	91,2

[1] Skuld við Reykjavík haldið utan við lækkun.

[2] Frestun til 1999.

Fylgiskjal II.

Vegagerðin:

Uppgjör vegasjóðs gagnvart ríkissjóði 1986–2000.

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992
Innheimtar markaðar tekjur	1.960,0	2.288,9	3.005,0	4.120,0	4.501,0	5.154,0	5.731,0
Sérstök framlög	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Greiðslur alls til Vegagerðarinnar	1.959,4	2.151,0	2.900,0	3.718,0	4.690,0	5.190,0	5.566,1
Mismunur (verðlag hvers árs) . . .	0,6	137,9	105,0	402,0	-189,0	-36,0	164,9
Vísitala vegagerðar (meðaltal árs)	1.770,0	2.223,0	2.780,0	3.374,0	4.254,0	4.554,0	4.645,0
Mismunur (verðlag vegáætl. 1997)	1,8	331,9	202,1	637,4	-237,7	-42,3	189,9
Staða í árslok (verðlag 1997) . .	**1,8**	**333,7**	**535,8**	**1.173,2**	**935,5**	**893,2**	**1.083,1**

	1993	1994	1995	1996[1]	1997[2]	1998[2]	1999[2]	2000[2]
Innheimtar markaðar tekjur	6.158,0	6.447,0	6.842,0	7.347,0	7.495,0	7.608,0	7.722,0	7.837,0
Sérstök framlög	0,0	0,0	350,0	350,0	350,0	350,0	350,0	0,0
Greiðslur alls til Vegagerðarinnar	7.317,1	7.305,9	7.612,0	6.940,0	7.089,0	7.102,0	7.116,0	7.331,0
Mismunur (verðlag hvers árs) . . .	-1.159,1	-858,9	-420,0	757,0	756,0	856,0	956,0	506,0
Vísitala vegagerðar (meðaltal árs)	4.757,0	4.894,0	5.026,0	5.167,0	5.350,0	5.350,0	5.350,0	5.350,0
Mismunur (verðlag vegáætl. 1997)	-1.303,6	-938,9	-447,1	783,8	756,0	856,0	956,0	506,0
Staða í árslok (verðlag 1997) . .	**-220,5**	**-1.159,4**	**-1.606,5**	**-822,6**	**-66,6**	**789,4**	**1.745,4**	**2.251,4**
Ferjur (fjárveit. hvers árs)	380,0	530,0	469,0	466,0	672,0	440,0	208,0	430,0
Ferjur (verðlag vegáætl. 1997) . .	427,4	579,4	499,2	482,5	672,0	440,0	208,0	430,0

[1] Tölur fyrir innheimtu 1996 eru ekki endanlegar, en ættu samt ekki að breytast mikið.

[2] Tölur samkvæmt þingsályktunartillögu um vegáætlun fyrir árin 1997–2000.

1287. Breytingartillaga [530. mál]

við frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá Guðmundi Hallvarðssyni.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Stjórnir lífeyrissjóða skulu undirbúa reglur um hvernig staðið verði að því að skipta lífeyrisréttindum sem áunnist hafa í hjónabandi eða sambúð milli aðila við hjónaskilnað eða sambúðarslit. Slíkar reglur skulu teknar upp í samþykktir lífeyrissjóða fyrir 1. janúar 1998.

1288. Frumvarp til laga [444. mál]

um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 14. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað „15%“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 8%.
b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „fiskkaupendur“ kemur: svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu.
b. Í stað „10%“ kemur: 8,4%.
c. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það.
b. Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 3. tölul., er verði 2. tölul., kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað „48%“ í 1. tölul. kemur: 37,5%.
b. Í stað „47%“ í 2. tölul. kemur: 56,5%.
c. Í stað „5%“ í 3. tölul. kemur: 6%.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum, tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr. Úrskurður gerðardóms er bindandi. Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

Sjávarútvegsráðherra getur sett reglur um starfsemi gerðardóms samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Í stað orðanna „Stofnfjársjóði fiskiskipa“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna: „Fiskveiðasjóður Íslands“ kemur: Lífeyrissjóður sjómanna.
b. Orðin „Stofnfjársjóðs fiskiskipa og“ falla brott.
c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

   Aðilar greiðslumiðlunar skv. 8. og 9. gr. skulu koma sér saman um skiptingu kostnaðar sem leiðir af umsýslu Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir greiðslumiðlunina. Náist ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar skal ráðherra setja reglugerð um slíka skiptingu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.

1289. Frumvarp til skipulags- og byggingarlaga. [98. mál]

(Eftir 2. umr., 14. maí.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið laga þessara er:

að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,

að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

2. gr.
Skilgreiningar.

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki eða breyta notkun þeirra. Leyfið felur í sér samþykkt aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma og heimild til að hefja framkvæmdir að uppfylltum skilyrðum, sbr. 44. gr.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmarkaða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag og sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla laga þessara um mannvirki.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítölu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli brúttógólffletar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagskvaðir: Kvaðir sem lagðar eru á einstakar lóðir í skipulagi, svo sem um fjölda bílastæða, umferðarrétt eða legu lagna.

Skipulagsskilmálar: Ákvæði í skipulagsáætlun um nánari útfærslu skipulags um samsetningu byggðar, byggingarlínur, hæð húsa o.fl.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili.

Þéttbýli: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttleiki byggðar: Landnýting innan þéttbýlis miðað við brúttóflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

II. KAFLI
Stjórnvöld skipulags- og byggingarmála.

3. gr.
Stjórn skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun, sbr. 4. gr.

Sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana. Þær fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna.

4. gr.
Skipulagsstofnun.

Ríkið starfrækir Skipulagsstofnun. Hlutverk stofnunarinnar er:

a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,
b. að veita ráðgjöf um skipulags- og byggingarmál,
c. að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum,
d. að aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana,
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála,
f. að sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra,
g. að annast og stuðla að rannsóknum á sviði skipulags- og byggingarmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila, svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál,
h. að fylgjast með og veita upplýsingar um ferlimál fatlaðra,
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

5. gr.

Skipulagsstjóri ríkisins.

Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar. Hann skal hafa háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingarmála. Ráðherra skipar skipulagsstjóra til fimm ára í senn.

Skipulagsstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Skipulagsstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

6. gr.

Byggingar- og skipulagsnefndir.

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd.

Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um byggingar- og skipulagsnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar, eftir því sem við á, skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög gera þá með sér samning um stofnun nefndanna sem ráðherra staðfestir.

7. gr.

Starfslið byggingar- og skipulagsnefnda.

Í hverju sveitarfélagi eða byggingar- og skipulagsnefndarumdæmi skal starfa byggingarfulltrúi. Byggingarfulltrúi skal uppfylla skilyrði 48. og 49. gr. laga þessara og skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun tilkynningu um ráðningu hans. Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

Sveitarstjórn getur falið byggingarfulltrúa að annast einnig skipulagsmál og nefnist hann þá skipulags- og byggingarfulltrúi, en að öðrum kosti skal einnig starfa í sveitarfélaginu skipulagsfulltrúi. Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um kröfur til menntunar og starfsreynslu skipulagsfulltrúa. Skipulagsfulltrúi er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar.

Starfsmanni byggingar- og skipulagsnefnda er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu byggingarnefndar í umdæmi hans skv. IV. kafla laga þessara, nema með sérstöku samþykki sveitarstjórnar.

8. gr.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.

Umhverfisráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn án tilnefningar og tveir tilnefndir af Hæstarétti. Skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

Ráðherra skal með reglugerð setja nefndinni nánari ákvæði um störf hennar, verkefni, valdsvið, starfsskilyrði o.fl.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra.

Nefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tiltaka afgreiðslufrest sem aldrei skal þó vera lengri en þrír mánuðir.

Komi fram í ágreiningsmáli krafa um stöðvun framkvæmda skal úrskurðarnefnd þegar í stað kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun ber sveitarstjórn að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Kostnaður vegna úrskurðarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI
Gerð og framkvæmd skipulags.

9. gr.
Skipulagsskylda.

Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. ákvæði 43. gr. þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúruminjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

10. gr.
Skipulagsreglugerð.

Umhverfisráðherra setur reglugerð, er nær til alls landsins, um gerð skipulagsáætlana að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið nánar á um gerð skipulagsáætlana, svo sem um innihald skipulagsgreinargerða, framsetningu skipulagsuppdrátta, skipulagskvaðir og skipulagsskilmála, um samráð og kynningu tillagna og afgreiðslu skipulagsáætlana.

Í skipulagsreglugerð skal skilgreina landnotkunarflokka og umhverfisvernd, svo og önnur hugtök sem fyrir koma í reglugerðinni og þarfnast skýringa.

Í skipulagsreglugerð skal kveðið á um öryggisforsendur og takmarkanir á landnotkun, t.d. vegna náttúruvár eða mengunar. Þá skal sérstaklega kveðið á um aðgengi og þarfir barna, fatlaðra og aldraðra.

Í skipulagsreglugerð skulu vera ákvæði um starfshætti skipulagsnefnda, skipulagsfulltrúa og samvinnunefnda um svæðisskipulag og um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa og annarra þeirra sem falin er gerð skipulagsáætlana.

11. gr.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu.

Skipulagsstofnun skal afla gagna, hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt, svo sem um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki og náttúruvernd.

Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.

12. gr.

Svæðisskipulag.

Svæðisskipulag skal gert að frumkvæði viðkomandi sveitarstjórnar eða Skipulagsstofnunar í því skyni að samræma stefnu sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkunar á minnst 12 ára tímabili.

Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Um gerð svæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

Viðkomandi sveitarstjórnir skulu í samráði við Skipulagsstofnun koma á fót samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Hver sveitarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa. Stofnunin tilnefnir fulltrúa sinn til þess að starfa með nefndinni með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti. Að fengnum tillögum samvinnunefndarinnar setur ráðherra henni starfsreglur sem auglýstar skulu í B-deild Stjórnartíðinda.

Að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skulu viðkomandi sveitarstjórnir meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulagið. Verði tekin ákvörðun um endurskoðun fer um málsmeðferð eins og um nýtt svæðisskipulag sé að ræða.

Á svæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi. Slíkt svæðisskipulag getur náð til hluta lands innan marka viðkomandi sveitarfélaga.

13. gr.

Kynning, auglýsing, samþykkt og staðfesting svæðisskipulags.

Áður en tillaga að svæðisskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í samvinnunefnd skulu tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt á almennum fundi eða fundum eða á annan fullnægjandi hátt og skal kynningin auglýst með áberandi hætti.

Þegar samvinnunefnd hefur gert tillögu að svæðisskipulagi skal hún auglýst í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila, sem telur sig eiga hagsmuna að gæta, gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni. Samvinnunefnd tekur að fresti liðnum afstöðu til athugasemda og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórn aðliggjandi sveitarfélaga. Samvinnunefnd skal auglýsa niðurstöður sínar og jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn nefndarinnar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögu samvinnunefndarinnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það. Samvinnunefndin sendir samþykkta tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir síðan tillögur til ráðherra um lokaafgreiðslu svæðisskipulagsins.

Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Unnt er að staðfesta tiltekin atriði þess ef öll viðkomandi sveitarfélög samþykkja þá tilhögun.

14. gr.

Breyting á svæðisskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn sem er aðili að staðfestu svæðisskipulagi að breyta þurfi því og fer þá um málsmeðferð skv. 12. og 13. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu svæðisskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 3. mgr. 13. gr. og skal hún þá senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Áður skal hún hafa kynnt breytinguna öðrum sveitarstjórnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu og auglýst hana með áberandi hætti. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð.

Sérstakri svæðisskipulagsmeðferð er heimilt að beita vegna fyrirhugaðra mannvirkja, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja eða fjarskiptalína, eða áætlana um slíka mannvirkjagerð. Sá aðili, sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd, getur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins eða áætlunin fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að sérstöku svæðisskipulagi í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og er tillagan höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Íbúum og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði, skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til Skipulagsstofnunar. Stofnunin tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda í samráði við framkvæmdaraðila og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að slíku svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn Skipulagsstofnunar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu á slíku svæðisskipulagi.

Ráðherra staðfestir sérstakt svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Aðalskipulag.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu.

Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Um gerð aðalskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar.

Aðalskipulag skal endurskoða á fjögurra ára fresti, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, og fer um málsmeðferð eins og um nýtt aðalskipulag sé að ræða.

17. gr.

Kynning aðalskipulagstillögu.

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt skv. 18. gr.

Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

18. gr.

Auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu.

Sveitarstjórn skal auglýsa tillögu að aðalskipulagi eða breytingu á því með áberandi hætti. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu.

Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum og að hver sá sem eigi geri athugasemdir við auglýsta tillögu innan tilskilins frests teljist samþykkur henni.

Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.

Ákveði sveitarstjórn við síðari umræðu um tillögu að aðalskipulagi að breyta henni í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1.–2. mgr.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að aðalskipulagi skal sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun hana til afgreiðslu, ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær, innan átta vikna frá því frestur til að gera athugasemdir skv. 2. mgr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sveitarstjórnar um þær.

19. gr.

Staðfesting, birting og gildistaka aðalskipulags.

Aðalskipulag, eða breyting á því, er háð staðfestingu ráðherra og tekur gildi þegar staðfestingin hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsstofnun skal innan fjögurra vikna frá því að tillaga barst henni gera tillögu til ráðherra um staðfestingu aðalskipulagsins, synjun eða frestun á staðfestingu að öllu leyti eða að hluta.

Tillaga Skipulagsstofnunar um synjun eða frestun staðfestingar að öllu leyti eða að hluta skal rökstudd með greinargerð þar sem komi fram hvort formgallar séu á afgreiðslu sveitarstjórnar eða efnislegir gallar á gerð skipulags. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita umsagnar sveitarstjórnar.

20. gr.

Frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra að fresta um ákveðið árabil, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, gerð aðalskipulagsáætlunar fyrir ákveðið svæði ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins.

Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Slík svæði skal auðkenna á uppdrætti.

21. gr.

Breyting á aðalskipulagi.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 17. og 18. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. gr. Skal þá fara um breytinguna skv. 18. gr. Er sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun tillöguna skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

22. gr.

Ágreiningur um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga.

Takist sveitarstjórnum samliggjandi sveitarfélaga ekki að leysa ágreining um atriði sem samræma þarf í aðalskipulagi þeirra skal, að frumkvæði Skipulagsstofnunar, sérstakri nefnd falið að gera tillögu að skipulagi sem er sameiginlegt fyrir þessi sveitarfélög að því er ágreiningsatriðin varðar.

Sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli skulu hver um sig skipa tvo menn í nefndina, en Skipulagsstofnun einn mann og skal hann vera formaður hennar. Skipulagsstofnun skal aðstoða nefndina eftir þörfum.

Komist nefndin að sameiginlegri niðurstöðu skulu sveitarstjórnir sem hlut eiga að máli hver um sig auglýsa tillögu nefndarinnar sem aðalskipulagstillögu í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr.

23. gr.

Deiliskipulag.

Deiliskipulag skal gera á grundvelli aðalskipulags fyrir einstök svæði eða reiti þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir í þegar byggðum hverfum getur sveitarstjórn veitt heimild til framkvæmda að undangenginni grenndarkynningu, sbr. 7. mgr. 43. gr.

Deiliskipulag skal setja fram í greinargerð og á uppdrætti. Í greinargerð deiliskipulags er forsendum skipulagsins lýst og einstök atriði þess skýrð, svo og skipulags- og byggingarskilmálar sem kveða nánar á um skipulagskvaðir og önnur atriði sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu. Í deiliskipulagi skal útfæra nánar ákvæði aðalskipulags um viðkomandi svæði.

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun er höfð skal til hliðsjónar við gerð tillögunnar.

Um gerð deiliskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. laga þessara og ákvæði í skipulagsreglugerð.

24. gr.

Deiliskipulag á landi í einkaeign.

Þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi að ósk landeiganda skal hann þegar framkvæmdir hefjast láta endurgjaldslaust af hendi við sveitarfélagið þá hluta landsins sem samkvæmt skipulaginu eru ætlaðir til almannaþarfa, svo sem undir götur, leikvelli og opin svæði. Landeiganda er þó ekki skylt að láta af hendi með þessum hætti meira land en sem svarar þriðjungi af flatarmáli þeirra lóða er þannig verða

byggingarhæfar. Ef landnotkun er breytt fellur landið aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi og skulu landeigandi og sveitarstjórn semja um það í hvaða ástandi skila skuli landinu.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um sumarbústaðasvæði þar sem sveitarfélag annast ekki gatnagerð eða aðrar sameiginlegar framkvæmdir og rekstur.

25. gr.

Kynning, samþykkt og gildistaka deiliskipulags.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi skal hún auglýst og kynnt á sama hátt og kveðið er á um varðandi auglýsingu aðalskipulags í 1. og 2. mgr. 18. gr. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal sveitarstjórn fjalla um tillöguna á nýjan leik að undangenginni umfjöllun skipulagsnefndar. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillöguna er ekki skylt að taka hana til annarrar umræðu í sveitarstjórn heldur skal senda hana Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. Niðurstaða sveitarstjórnar skal auglýst.

Ákveði sveitarstjórn að breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 1. mgr.

Senda skal Skipulagsstofnun deiliskipulag sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn ásamt athugasemdum og umsögnum um þær. Jafnframt skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær. Telji Skipulagsstofnun að form- eða efnisgallar séu á deiliskipulagi sem henni er sent skal hún koma athugasemdum sínum á framfæri við sveitarstjórn.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr.

Breytingar á deiliskipulagi.

Ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða sem er annaðhvort vegna ófyrirséðra aðstæðna á staðnum eða hefur einungis staðbundin áhrif. Þá skal fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar, sbr. 7. mgr. 43. gr. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun hið breytta skipulag, sbr. 3. mgr. 25. gr., ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

27. gr.

Framkvæmdaleyfi.

Allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem skógrækt og landgræðsla eða breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveða upp úr um það.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

28. gr.

Mælingar og kortagerð.

Mæla skal og kortleggja byggð og nærliggjandi svæði eins og ástæða þykir til vegna skipulagsvinnu. Umráðamönnum lands og lóða er skylt að leyfa mælingamönnum að fara um lönd og lóðir eftir því sem þörf krefur vegna mælinga og leyfa þeim að setja föst merki þar sem slíkt er nauðsynlegt, enda sé það ekki til lýta eða tjóns.

29. gr.

Landeignaskrár.

Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélagsins, landeignaskrá. Skrá þessi skal hafa tilvísun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélaginu nöfn og númer sem skal þinglýsa.

Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, skal kveðið nánar á um skráningu lóða og fasteigna og gerð og frágang landeignaskrár, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna.

30. gr.

Skipting landa og lóða.

Óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til.

Áður en sveitarstjórn veitir slíkt samþykki fyrir byggingarlóðir ákveður hún nafn götu og númer en aðrar afmarkaðar landareignir skulu hafa heiti til skrásetningar í landeignaskrá, sbr. 29. gr.

Sveitarstjórn getur krafist þess af eigendum landa og jarða að gerður sé fullnægjandi hnitsettur uppdráttur af nýjum landamerkjum eða lóðamörkum til afnota fyrir landeignaskrá og þinglýsingarstjóra.

31. gr.

Forkaupsréttur sveitarstjórna að fasteignum.

Við gildistöku skipulags samkvæmt lögum þessum eignast sveitarstjórn forkaupsrétt að fasteignum sem henni er nauðsynlegt að fá umráð yfir til þess að framkvæma skipulag.

Sveitarstjórn getur áskilið sér sérstakan forkaupsrétt að tilteknum fasteignum sem ekki falla undir 1. mgr. í þeim tilgangi að greiða fyrir áætlaðri þróun sveitarfélagsins. Samþykkt sveitarstjórnar um slíkan forkaupsrétt skal hljóta staðfestingu ráðherra og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eigendum fasteigna sem forkaupsréttur tekur til er skylt að bjóða sveitarstjórn að ganga inn í kaup fasteignanna við sölu. Innan fjögurra vikna frá því að sveitarstjórn er boðið að neyta forkaupsréttar skal hún segja til um hvort hún vill neyta réttarins eða ekki. Svari sveitarstjórn eigi boði eiganda fasteignar innan tilskilins frests skal líta svo á að forkaupsrétti sé hafnað.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki ákvæðum annarra laga um víðtækari forkaupsrétt sveitarfélaga. Um meðferð forkaupsréttarmála fer samkvæmt lögum nr. 22/1932.

32. gr.

Heimildir til eignarnáms.

Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt sveitarstjórn heimild til að taka eignarnámi landsvæði, fasteignir og efnisnámur eða takmörkuð eignarréttindi að slíku innan sveitarfélagsins ef nauðsyn ber til vegna áætlaðrar þróunar sveitarfélagsins samkvæmt staðfestu aðalskipulagi.

Sveitarstjórn er heimilt að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og á grundvelli gildandi deiliskipulags að taka eignarnámi vegna framkvæmdar skipulagsins:

1. Fasteignir sem sveitarstjórn er samkvæmt skipulaginu nauðsynlegt að fá umráð yfir til almannaþarfa.
2. Lóð sem eigandi nýtir ekki á þann hátt sem gildandi deiliskipulag ákveður, enda sé liðinn frestur sem honum hefur verið settur til að byggja á lóðinni eða breyta nýtingu hennar.
3. Fasteign eða hluta fasteignar sem friðunar- eða hverfisverndarákvæði taka til, enda sé eignarnámið nauðsynlegt til að tryggja varðveislu skipulagsins.
4. Fasteign eða hluta fasteignar á byggingarreit sem endurbyggja skal samkvæmt deiliskipulagi, enda hafi ekki náðst samkomulag við eiganda um þátt hans í endurbyggingunni og eignarnám sé nauðsynlegt til að greiða fyrir henni.
5. Lóð eða lóðarhluta sem stendur í vegi fyrir nýrri lóðaskiptingu sem ákveðin er í deiliskipulagi.

Eignarnám er því aðeins heimilt að sveitarstjórn hafi áður með sannanlegum hætti leitast við að ná samningum við eigendur þeirra eigna eða réttinda sem hún hyggst taka eignarnámi.

Um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun um bætur fer eftir lögum nr. 11/1973. Bætur vegna eignarnáms greiðast úr sveitarsjóði.

33. gr.

Bætur vegna skipulags og yfirtaka eigna.

Nú veldur gildistaka skipulags því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún muni rýrna svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sá sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að hann leysi fasteignina til sín.

Við ákvörðun bóta vegna skipulagsaðgerða skal taka tillit til þeirrar verðhækkunar sem þær kunna að hafa í för með sér á viðkomandi eign. Við ákvörðun bóta skal m.a. miða við hvort nýtt skipulag hefur þegar áhrif á verðmæti eignarinnar eða síðar, hvaða kröfur eru gerðar um nýtingarhlutfall, húsahæðir, bifreiðastæði, leiksvæði barna og opin svæði að því er snertir sambærilegar eignir, svo og hvort skipulagið gerir afstöðu fasteignarinnar gagnvart götu hagstæðari eða óhagstæðari en áður var. Þá ber og að miða við þann arð sem eðlileg notkun eignarinnar gefur af sér.

Sá sem telur sig eiga rétt á bótum eða krefst yfirtöku samkvæmt þessari grein skal senda kröfu sína til sveitarstjórnar. Viðurkenni sveitarstjórn bótaskyldu skal hún annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur. Fallist sveitarstjórn á kröfu um yfirtöku skal matsnefnd eignarnámsbóta falið að ákveða kaupverð.

34. gr.

Greiðsla kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Kostnaður við gerð skipulagsáætlana greiðist sem hér segir:

1. Kostnaður við gerð áætlana sem ná til landsins alls greiðist að fullu af viðkomandi stofnunum eða fyrirtækjum. Skipulagsstofnun ber kostnað vegna nauðsynlegrar gagnaöflunar og gagnavinnslu, sbr. 1. mgr. 11. gr.
2. Kostnaður við gerð svæðisskipulags greiðist til helminga af Skipulagsstofnun og hlutaðeigandi sveitarfélögum í samræmi við áðurgerðan samning.
3. Þar sem sveitarstjórn annast reglulega gerð aðalskipulags og endurskoðun án sérstaks samnings við Skipulagsstofnun yfirfærir stofnunin árlega til sveitarsjóðs helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu.
4. Sveitarfélag, sem ekki fær yfirfærðan helming innheimtra skipulagsgjalda í sveitarfélaginu, getur gert sérstakan samning við Skipulagsstofnun og getur hún tekið þátt í kostnaði við gerð eða endurskoðun aðalskipulags sem nemur allt að helmingi kostnaðar. Þar sem sérstakar aðstæður ríkja, t.d. ef þörf er á óvenju umfangsmikilli skipulagsvinnu í fámennu sveitarfélagi, er unnt að semja um hærri kostnaðarþátttöku Skipulagsstofnunar.
5. Kostnaður við gerð deiliskipulags greiðist úr sveitarsjóði.
6. Kostnaður við gerð grunnkorta sem nauðsynleg eru vegna svæðis- og aðalskipulags skiptist til helminga milli Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarfélags nema í þeim sveitarfélögum sem árlega fá endurgreiddan helming innheimtra skipulagsgjalda, sbr. 3. tölul.

35. gr.

Skipulagsgjald.

Til þess að standa straum af kostnaði Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga við framkvæmd skipulags- og byggingarmála skal innheimta í ríkissjóð sérstakt gjald af mannvirkjum er nefnist skipulagsgjald.

Af nýbyggingum, sem virtar eru til brunabóta, skal greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati hverrar húseignar. Nýbygging telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldra hús ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur a.m.k. ⅕ verðs eldra hússins. Skipulagsgjald af mannvirkjum sem ekki eru virt til brunabóta skal nema 0,3% af stofnverði þess. Af þeim mannvirkjum, sem ekki eru háð byggingarleyfi skv. 43. gr., er ekki greitt skipulagsgjald nema af stofnkerfum rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta utan þéttbýlis.

Skipulagsgjald fellur í gjalddaga þegar virðingargjörð hefur farið fram og Fasteignamat ríkisins hefur tilkynnt hana til innheimtumanns ríkissjóðs. Því fylgir lögveð í eigninni og gengur það fyrir öllum öðrum veðkröfum er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með fjárnámi.

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1.–3. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til Skipulagsstofnunar eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda næstliðins árs.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu, innheimtu og ráðstöfun gjalds þessa.

IV. KAFLI
Mannvirki.

36. gr.
Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla taka til hvers konar bygginga ofan jarðar og neðan.

Undanþegin byggingarleyfi eru götur, vegir, brýr og jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir. Enn fremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum.

Mannvirki, sem undanþegin eru byggingarleyfi, skulu byggð í samræmi við skipulagsákvæði skv. III. kafla laga þessara. Leiki vafi á því hvort mannvirki er háð byggingarleyfi skal leita niðurstöðu úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.

37. gr.
Byggingarreglugerð.

Ráðherra setur í samráði við Skipulagsstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga byggingarreglugerð er nær til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd þessa kafla.

Í byggingarreglugerð skal mælt fyrir um kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi fatlaðra, öryggi, tæknilegan frágang og viðhald. Kveða skal á um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftræsingu, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar. Þá skulu í byggingarreglugerð vera ákvæði um þær lágmarkskröfur sem gerðar eru varðandi einstaka hluta bygginga og mismunandi tegundir þeirra, umgengni og öryggi á vinnustöðum, gróður og frágang lóða. Enn fremur skulu vera ákvæði um staðsetningu gáma, húsvagna, báta, torgsöluhúsa og þess háttar.

Enn fremur skal í byggingarreglugerð kveðið á um hönnunargögn og löggildingu hönnuða, viðurkenningu, réttindi og skyldur byggingarstjóra og iðnmeistara, hvernig háttað skuli byggingareftirliti, verksviði byggingarfulltrúa og gjöldum fyrir byggingarleyfi, mælingar, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té og hvernig gjöldin skuli innheimt. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um framkvæmd lokaúttektar.

Í byggingarreglugerð skal skýra orð og hugtök sem þar er fjallað um og þarfnast skýringa, svo sem um stærðir og byggingarstig mannvirkja. Í byggingarreglugerð skal vísa til annarra reglugerða sem áhrif hafa á framkvæmd hennar og gildandi staðla um tæknilega útfærslu eða annað sem snýr að mannvirkjum. Enn fremur skal vísa til ákvæða og skuldbindinga sem fylgja aðild Íslands að alþjóðasamningum.

Sveitarstjórn getur sett staðbundna samþykkt með viðbótarreglum við þær reglur sem byggingarreglugerð hefur að geyma. Þar skal m.a. fjalla um sérstakar kröfur til bygginga vegna flóða, ofanflóða- eða jarðskjálftahættu, friðunar eldri byggðar og trjágróðurs, girðingar umhverfis lóðir og um uppsetningu auglýsingaskilta og um önnur atriði er ráðast af staðbundnum aðstæðum eða viðhorfum. Einnig má þar setja sérstök ákvæði um atriði er varða staðbundna stjórn byggingarmála í sveitarfélaginu. Hafi sveitarfélög myndað svæðisbyggingarnefnd geta þau sameiginlega sett samþykkt samkvæmt þessari málsgrein.

Staðbundnar byggingarsamþykktir skal senda til staðfestingar ráðuneytisins og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

38. gr.

Hlutverk byggingarnefnda.

Byggingarnefndir, skipulags- og byggingarnefndir þar sem það á við, fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Byggingarnefnd fjallar um byggingarleyfisumsóknir sem berast og ályktar um úrlausn þeirra til viðkomandi sveitarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við gildandi skipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Byggingarnefnd leitar umsagnar og ráðgjafar sérfróðra aðila, t.d. um ferlimál, brunamál, hollustuhætti og öryggismál.

39. gr.

Störf byggingarnefnda.

Byggingarnefnd skal halda reglulega fundi, a.m.k. einu sinni í mánuði, svo framarlega sem erindi liggja fyrir til afgreiðslu. Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð eru móttekin erindi og hvaða afgreiðslu þau fá. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

Nefndinni er skylt að rökstyðja afgreiðslu á erindum sem henni berast. Ákvarðanir nefndarinnar skal leggja fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Byggingarnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að gefa út byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir tilteknum, minni háttar framkvæmdum, enda sé ótvírætt að framkvæmd samræmist gildandi deiliskipulagi og að hönnunargögn séu fullnægjandi. Erindi, sem byggingarfulltrúi afgreiðir með þessum hætti, skulu færð til bókar á næsta fundi nefndarinnar til formlegrar afgreiðslu.

Telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt nefndarinnar eða sveitarstjórnar er honum heimilt innan mánaðar frá því að honum er kunnugt um afgreiðslu sveitarstjórnar að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skv. 8. gr.

Rísi ágreiningur milli byggingarnefndar og sveitarstjórnar um afgreiðslu máls sker ráðherra úr en leita skal hann áður umsagnar Skipulagsstofnunar.

40. gr.

Byggingarfulltrúar.

Byggingarfulltrúi er framkvæmdastjóri byggingarnefndar. Hann gengur úr skugga um að aðaluppdrættir séu í samræmi við gildandi skipulag, lög og reglugerðir.

Byggingarfulltrúi ákveður í samræmi við byggingarreglugerð hvaða hönnunargögn skulu lögð fram vegna byggingarleyfis. Hann gengur úr skugga um að þau séu í samræmi við þær reglur er gilda um viðkomandi framkvæmd og hann áritar uppdrætti um samþykkt á þeim. Hann gefur út byggingarleyfi, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, og annast eftirlit með því að allar framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við samþykkta uppdrætti. Hann annast úttektir og eftirlit einstakra þátta byggingarframkvæmda, eftir því sem nauðsyn krefur, svo og lokaúttekt fullbyggðs mannvirkis, og gefur út vottorð þar um, allt eftir því sem nánar er kveðið á um í byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi skal sjá um að öll gögn sem ákvarðanir byggingarnefndar eru byggðar á séu tryggilega varðveitt. Hann skal einnig annast skráningu fasteigna og önnur störf sem honum eru falin samkvæmt lögum og reglugerðum eða af sveitarstjórn.

41. gr.

Byggingareftirlit.

Byggingarnefndarmönnum, byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans skal frjáls aðgangur að lóðum og mannvirkjum til eftirlits með byggingarframkvæmdum.

Uppdrættir, samþykktir og áritaðir af byggingarfulltrúa, skulu ætíð liggja fyrir á byggingarstað og vera eftirlitsmönnum aðgengilegir.

Liggi rökstuddur grunur fyrir um að fullbyggðu mannvirki sé verulega áfátt með tilliti til ákvæða laga og reglugerða um byggingarmál skal byggingarfulltrúa og starfsmönnum hans heimill aðgangur þar til eftirlits. Eigi er þó heimilt að fara í þessum tilgangi inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum úrskurði dómara.

Sé ásigkomulagi, frágangi, notkun, umhverfi eða viðhaldi húss eða annars mannvirkis ábótavant eða stafi af því hætta að mati byggingarfulltrúa, eða ekki er gengið frá því samkvæmt samþykktum uppdráttum og byggingarlýsingu, skal hann gera eiganda eða umráðamanni þess aðvart og leggja fyrir hann að bæta úr því sem áfátt er.

42. gr.

Kröfur til hönnunar og efnisvals.

Byggingarfulltrúa er heimilt þegar um vandasama hönnun er að ræða að krefjast umsagnar löggiltra prófhönnuða á kostnað byggjanda.

Byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og hús skulu hafa hlotið vottun faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnareglugerða, standist staðla og falli að verklagi og sérislenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda.

Byggingarfulltrúi getur krafið framleiðanda eða innflytjanda um vottorð eða prófunarskýrslu frá faggiltri prófunarstofu á viðkomandi byggingarsviði um að byggingarefni, sem er til sölu, standist kröfur staðla og byggingarreglugerðar.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast sérstakra eftirlitsmanna þegar um byggingu meiri háttar mannvirkja er að ræða. Einnig getur hann krafist þess að óháðum löggiltum hönnuðum eða sérfræðingum með tilhlýðilega þekkingu sé falið eftirlit með byggingarframkvæmdum þegar um óvenjulega eða nýja byggingartækni er að ræða.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefjast álagsprófunar mannvirkis til staðfestingar burðarþoli og virkniprófun lagnakerfa eftir að það hefur verið reist. Standist mannvirkið ekki prófun skal byggingarfulltrúi gefa byggjanda ákveðinn frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Að öðrum kosti getur hann látið bæta úr því sem áfátt er á kostnað byggjanda.

Byggingarfulltrúa er heimilt að fengnu samþykki sveitarstjórnar að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Vegna yfirferðar séruppdrátta skal greiða sérstakt gjald sem nemi þeim útgjöldum sem yfirferðin hefur í för með sér. Í byggingarreglugerð skal kveðið á um starfsreglur og gjaldtöku vegna þessa.

43. gr.

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma eða á breyttri notkun húss.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga.

Byggingarnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst nefndinni. Er slík frestun heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Frestun á afgreiðslu málsins skal tilkynnt umsækjanda. Eigandi fasteignar, sem verður fyrir tjóni vegna frestunar byggingarnefndar á afgreiðslu byggingarleyfis, á rétt til bóta.

Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

44. gr.

Útgáfa byggingarleyfis.

Gefa má út byggingarleyfi þegar eftirtöldum skilyrðum hefur verið fullnægt:

1. Sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld, svo sem gatnagerðargjald, bílastæðagjald og tengigjöld, þar sem við á, hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið um greiðslu þeirra.

Standi sérstaklega á má veita leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda og takmarkast leyfið þá hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Byggingarfulltrúi getur veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni án þess að byggingarleyfi hafi verið gefið út.

Áður en framkvæmdir eru hafnar skal byggingarstjóri undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína og tilkynna byggingarfulltrúa nöfn iðnmeistara.

Þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli er sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi, eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara.

Staðfesting sveitarstjórnar fellur úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

45. gr.

Gildistími byggingarleyfis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi hafi byggingarframkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess. Í reglugerð skal kveða nánar á um hvenær talið er að byggingarframkvæmdir séu hafnar.

Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt byggingarleyfið úr gildi.

Hafi byggingarframkvæmdir stöðvast í tvö ár hið skemmsta getur sveitarstjórn að tillögu byggingarnefndar með sex mánaða fyrirvara lagt dagsektir á byggingarleyfishafa, sbr. 57. gr., eða tekið ófullgerðar byggingarframkvæmdir eignarnámi samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Sveitarstjórn er heimilt að setja ítarlegri reglur um byggingarhraða í byggingarskilmála.

46. gr.

Hönnunargögn.

Hönnunargögn bygginga og annarra mannvirkja sem heyra undir þessi lög greinast í uppdrætti og fylgiskjöl. Uppdrættir greinast í aðaluppdrætti, séruppdrætti og deiliuppdrætti. Til fylgiskjala heyra m.a. forsendur og útreikningar.

Aðaluppdrættir skulu gera grein fyrir formi, útliti, stærð og staðsetningu mannvirkis, byggingarefnum, byggingaraðferðum, innra skipulagi og notkun, brunavörnum, skipulagi lóðar og hvernig mannvirkið fellur að næsta umhverfi og samþykktu deiliskipulagi.

Séruppdrættir eru:

1. Byggingaruppdrættir sem gera nánari grein fyrir mannvirki í heild sinni.
2. Uppdrættir að skipulagi lóðar, gróðri og girðingum.

3. Burðarþolsuppdrættir sem gera grein fyrir burðarkerfi mannvirkis.
4. Uppdrættir lagnakerfa, svo sem raflagna, hitalagna, neysluvatnslagna, loftræstikerfa, slökkvilagna, sem sýna eðli þeirra, fyrirkomulag og frágang. Á séruppdráttum er gerð grein fyrir þeim kröfum sem reglur og staðlar um öryggis-, umgengnis- og heilbrigðismál gera til hönnunar.
5. Deiliuppdrættir er gera nánari grein fyrir einstökum atriðum sem fram koma á öðrum uppdráttum og útfærslu þeirra í smáatriðum.

Í byggingarreglugerð skal kveða nánar á um kröfur varðandi hönnunargögn, svo sem vegna mismunandi bygginga.

47. gr.

Áritun hönnuða.

Aðal- og séruppdrættir skulu vera gerðir af hönnuðum sem hafa fengið löggildingu, sbr. 48. og 49. gr. Hönnuðir skulu árita teikningar sínar og þannig ábyrgjast að hönnun sé faglega unnin og í samræmi við lög og reglugerðir um byggingarmál.

Sá sem áritar aðaluppdrátt er samræmingarhönnuður. Samræmingarhönnuður ber ábyrgð gagnvart byggingaryfirvöldum á að séruppdrættir, sem lagðir eru fram til samþykktar, séu í samræmi innbyrðis og við aðaluppdrætti.

Hönnuðir, sem leggja uppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingar.

48. gr.

Löggilding hönnuða.

Rétt til að leggja fram uppdrætti vegna byggingar- eða framkvæmdaleyfis hafa þeir sem til þess hafa hlotið löggildingu ráðherra.

Arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir, sem sækja um löggildingu samkvæmt lögum þessum, skulu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.

Arkitektar og byggingarfræðingar er sækja um löggildingu skulu standast próf sem þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila annast. Umhverfisráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir. Prófið skal ná til þeirra greina sem helst reynir á í störfum hönnuða við íslenskar aðstæður. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófi sem umsækjendum er skylt að sækja. Ráðherra ákveður gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf. Skal fjárhæðin taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófs. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd námskeiðahalds og prófs og lágmarksárangur til að standast það.

Byggingarfræðingar þurfa, auk þess að standast próf skv. 3. mgr., að hafa lokið 20 mánaða starfsreynslutíma.

Umsækjendur, aðrir en arkitektar og byggingarfræðingar, skulu hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu. Starfsreynslutíminn skal ekki vera skemmri en þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið að á starfsreynslutímanum. Að starfsreynslutímanum loknum skulu umsækjendur sækja námskeið og undirgangast próf það sem mælt er fyrir um í 3. mgr. Ráðherra leitar umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta hönnuði til Skipulagsstofnunar og byggingarfulltrúa.

49. gr.

Löggilding á sérsviði.

Arkitektar og byggingarfræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti, uppdrætti að skipulagi lóða og tilheyrandi deiliuppdrætti.

Verkfræðingar og tæknifræðingar með viðkomandi sérmenntun geta fengið löggildingu ráðherra til að hanna og gera séruppdrætti að burðarvirkjum, boðveitum, rafkerfum og raflögnum í mannvirkjum, vatns-, hita- og fráveitukerfum, loftræsikerfum og lýsingarkerfum.

Byggingarverkfræðingar og byggingartæknifræðingar geta hlotið löggildingu ráðherra til að gera aðal- og byggingaruppdrætti og tilheyrandi deiliuppdrætti, enda hafi þeir öðlast a.m.k. fimm ára starfsreynslu hjá löggiltum aðila á því sviði.

Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta, hver á sínu sviði.

Rafiðnfræðingar geta fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði. Ráðherra setur stærðartakmarkanir veitna í reglugerð.

50. gr.

Löggilding prófhönnuða.

Verkfræðingar með sérmenntun og löggildinu á viðkomandi hönnunarsviði geta hlotið sérstaka löggildingu ráðherra sem prófhönnuðir, sbr. 6. mgr. 42. gr., enda hafi þeir minnst sex ára starfsreynslu á þessu sviði, þar af minnst eitt ár við eftirlit með framkvæmdum.

Ráðherra setur nánari reglur um hæfnisskilyrði prófhönnuða, störf þeirra og starfshætti. Setja má það skilyrði að umsækjandi gangist undir próf.

51. gr.

Umsjón með byggingarframkvæmdum.

Við stjórn framkvæmda hvers mannvirkis skal vera byggingarstjóri.

Byggingarstjórar geta orðið:

1. Húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningarmeistarar, vélvirkjameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu skv. 52. gr. og tilskilið starfsleyfi.
2. Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.

Byggingarstjóri er framkvæmdastjóri byggingarframkvæmda. Hann ræður iðnmeistara í upphafi verks með samþykki eiganda eða samþykkir ráðningu þeirra. Samsvarandi gildir um uppsögn iðnmeistara. Byggingarstjóri ber ábyrgð á því að byggt sé í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir. Hann skal hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu er gildi a.m.k. í fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði. Að öðru leyti fer um umboð byggingarstjóra, verksvið hans og ábyrgð gagnvart eiganda byggingarframkvæmda eftir samningi þeirra á milli. Í byggingarreglugerð skulu vera nánari ákvæði um slíkan samning. Áður en byggingarframkvæmdir hefjast skal byggingarstjóri staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Byggingarstjóri gerir byggingarfulltrúa viðvart um lok úttektarskyldra verkþátta. Við lok framkvæmda skal byggingarstjóri staðfesta að byggt hafi verið í samræmi við samþykkta uppdrætti, lög og reglugerðir.

Hætti byggingarstjóri sem framkvæmdastjóri mannvirkis áður en verki er lokið skal það tilkynnt byggingarfulltrúa. Byggingarframkvæmdir skulu þá stöðvaðar uns nýr byggingarstjóri er ráðinn. Gera skal úttekt á þeim verkhluta sem lokið er og skulu fráfarandi og aðkomandi byggingarstjórar undirrita hana, ef þess er kostur, ásamt byggingarfulltrúa.

Ábyrgð nýs byggingarstjóra gagnvart byggingarnefnd takmarkast við þá verkþætti sem unnið er að eftir að hann hefur störf.

52. gr.

Iðnmeistarar.

Iðnmeistari ber ábyrgð gagnvart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á að þeir verkþættir, sem hann tekur að sér að hafa umsjón með, séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti og lög og reglugerðir. Skal hann áður en hann kemur til verksins staðfesta ábyrgð sína fyrir byggingarfulltrúa.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við byggingarframkvæmdir sem hlotið hafa til þess leyfi ráðherra. Iðnmeistarar, sem hafa fullgilt meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla, geta hlotið slíka löggildingu, enda séu þeir starfandi sem meistarar í iðn sinni. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Samtaka iðnaðarins. Nánar skal kveðið á um menntun, starfsreynslu, réttindi og skyldur iðnmeistara í byggingarreglugerð.

Hætti iðnmeistari umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það byggingarfulltrúa.

Framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með skulu stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal gera úttekt á þeim verkþáttum er fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skal úttekt undirrituð bæði af fráfarandi iðnmeistara og hinum nýja, ef þess er kostur. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Ráðherra sendir árlega lista yfir löggilta iðnmeistara til byggingarfulltrúa.

V. KAFLI
Leyfisgjöld.

53. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Sveitarstjórnir skulu ákveða gjöld fyrir leyfi til að reisa, stækka eða breyta byggingarmannvirki. Jafnframt skal ákveða gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té. Gjöld þessi mega ekki nema hærri upphæð en sem nemur kostnaði við útgáfu leyfa, útmælingu, eftirlit og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

54. gr.

Bílastæðagjald.

Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð. Gjaldið má nema allt að áætluðum kostnaði við gerð þeirra bílastæða sem á vantar. Sveitarstjórn getur sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir.

Bílastæðagjöld skulu renna í sérstakan sjóð og skal honum varið til uppbyggingar almenningsbílastæða í nágrenni viðkomandi lóðar.

55. gr.

Greiðsla gjalda.

Sveitarstjórn ákveður gjalddaga byggingarleyfis- og bílastæðagjalda og hvernig þau skuli innheimt. Eigi má gefa út byggingarleyfi fyrr en gjöld þessi hafa verið greidd samkvæmt settum reglum eða samið hefur verið um greiðslu þeirra.

Vanskil á greiðslu gjalda skv. 1. mgr. veitir byggingarfulltrúa heimild til að neita að gefa út vottorð um viðkomandi mannvirki.

Gjöldum skv. 53. og 54. gr. fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi.

VI. KAFLI
Þvingunarúrræði og viðurlög.

56. gr.

Framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni, hún byggð á annan hátt en leyfi stendur til eða ef bygging er tekin til annarra nota en sveitarstjórn hefur heimilað getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir tafarlaust. Hann skal leita staðfestingar byggingarnefndar svo fljótt sem verða má.

Ef byggingarframkvæmd, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og síðan skal hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Hafi mannvirki, sem fellur undir IV. kafla laga þessara, verið reist án samþykkis sveitarstjórnar og hún látið hjá líða að fjarlægja það innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið skal Skipulagsstofnun láta fjarlægja mannvirkið á kostnað sveitarfélags.

Óheimilt er að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging, eða byggingarhluti, hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt.

Byggingarnefnd getur ávallt mælt fyrir um að fjarlægja skuli ólöglega byggingu eða byggingarhluta, jarðrask skuli afmáð eða starfsemi hætt.

Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða byggingarfulltrúa og byggingarnefnd við þær aðgerðir er greinir í 1.–6. mgr.

Reynist brunaöryggi ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skal byggingarfulltrúi og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúi vegna almenns öryggis og hollustu koma í veg fyrir að húsið verið tekið í notkun fyrr en úr hefur verið bætt.

Sveitarsjóður eða eftir atvikum ríkissjóður á endurkröfu á byggingaraðila á öllum kostnaði sem hann hefur haft af ólöglegri mannvirkjagerð og á lögveð fyrir kröfu sinni í öllu efni sem notað hefur verið við byggingarframkvæmdina.

57. gr.

Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Sinni aðili ekki fyrirmælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan þess frests sem sveitarstjórn setur getur hún ákveðið dagsektir þar til úr verður bætt. Hámark dagsekta skal ákveðið í byggingarreglugerð. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

Byggingarnefnd getur látið vinna verk, sem hún hefur lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 1. og 2. mgr. má innheimta með fjárnámi.

58. gr.

Úrræði gagnvart brotum hönnuða.

Ef hönnuður, sem fengið hefur löggildingu skv. 48. eða 49. gr., leggur fram hönnunargögn þar sem brotið er í bága við ákvæði laga þessara, reglugerðar settrar samkvæmt þeim eða skipulagsáætlunar getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því að ráðherra svipti hlutaðeigandi hönnuð löggildingu.

Ráðherra getur veitt hönnuði áminningu og við ítrekað brot svipt hann löggildingu um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu löggildingar skal hann leita umsagnar Skipulagsstofnunar og viðkomandi fagfélags og gefa hönnuði kost á að tjá sig um málið.

59. gr.

Úrræði gagnvart brotum byggingarstjóra og iðnmeistara.

Ef byggingarstjóri eða iðnmeistari, sem ábyrgð ber á byggingarframkvæmdum, brýtur ákvæði laga, reglugerða eða samþykkta um skipulags- og byggingarmálefni getur byggingarnefnd veitt honum áminningu. Séu brot alvarleg eða ítrekuð getur nefndin óskað eftir því við ráðherra að hann verði sviptur viðurkenningu.

Ráðherra getur veitt iðnmeistara áminningu og við ítrekað brot svipt hann viðurkenningu sinni um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um sviptingu viðurkenningar skal hann leita umsagnar byggingarnefndar viðkomandi sveitarfélags og gefa iðnmeistara kost á að tjá sig.

60. gr.

Refsiábyrgð.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 19/1991.

VII. KAFLI
Yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum og gildistökuákvæði.

61. gr.
Um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á auglýstum varnarsvæðum í samræmi við ákvæði laga nr. 106/1954, sbr. og lög nr. 110/1951.

Ákvæði skipulags- og byggingarlaga og reglugerða settra samkvæmt þeim eiga við um skipulags- og byggingarmál á varnarsvæðum eftir því sem við getur átt, þar á meðal um gjaldheimtu. Utanríkisráðherra skipar skipulags- og byggingarnefnd sem fer með þessi mál og getur hann falið nefndinni að sinna öðrum skyldum verkefnum á varnarsvæðunum.

Nefndin skal í starfi sínu hafa náið samráð við Skipulagsstofnun og sveitarfélög sem hlut geta átt að máli, svo sem á Suðurnesjum. Utanríkisráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð að höfðu samráði við umhverfisráðherra.

62. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Jafnframt falla úr gildi skipulagslög, nr. 19/1964, með síðari breytingum, og byggingarlög, nr. 54/1978, með síðari breytingum. Í stað orðanna „á skipulögðum svæðum“ í 25. gr. laga nr. 93/1996, um náttúruvernd, kemur: samkvæmt gildandi skipulagi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Skipulagsreglugerð skv. 10. gr. og byggingarreglugerð skv. 37. gr. skulu öðlast gildi um leið og lögin.
2. Að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag. Ráðherra getur að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar veitt undanþágu frá þessu ákvæði þar sem aðstæður knýja ekki á um gerð aðalskipulags. Ráðherra getur einnig að tillögu Skipulagsstofnunar sett sveitarstjórn styttri frest en tíu ár ef aðstæður knýja á um gerð aðalskipulags.
3. Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr.
4. Ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag getur Skipulagsstofnun sett sveitarstjórn frest til að ganga frá tillögu að aðalskipulagi. Gangi sveitarstjórn ekki frá aðalskipulagstillögu innan þess frests leggur stofnunin til við ráðherra að byggingarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð í sveitarfélaginu verði stöðvuð þar til fyrir liggur aðalskipulag.
5. Ákvæði laga þessara skulu ekki hafa áhrif á eldri rétt hönnuða til þess að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, né heldur viðurkenningu byggingaryfirvalda til handa iðnmeisturum og byggingarstjórum sem viðurkenndir eru til þess að standa fyrir framkvæmdum hver á sínu sviði við gildistöku laganna.
6. Starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laga þessara halda fullum rétti sínum til starfa þrátt fyrir ákvæði 7. gr.

7. Hafi þeir aðilar, sem taldir eru upp í 48. og 49. gr., þegar við gildistöku laga þessara lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu skulu þeir eiga kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

1290. Lög [591. mál]

um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 1034.

1291. Lög [541. mál]

um breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum nr. 156/1996, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 895.

1292. Lög [485. mál]

um breyting á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 1258.

1293. Lög [517. mál]

um breytingu á lögum um erfðafjárskatt, nr. 83/1984, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 1259.

1294. Lög [502. mál]

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 14. maí.)

Samhljóða þskj. 1262.

1295. Breytingartillaga [493. mál]

við frv. til l. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá Árna R. Árnasyni.

Í stað 21. og 22. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru frá sama tíma felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

Greinargerð.

Hér er lögð til lagfæring á uppsetningu gildistökuákvæða frumvarpsins. Í upphaflegu frumvarpi var gert ráð fyrir að lögin öðluðust ekki gildi fyrr en um næstu áramót. Hluti þeirra breytingartillagna sem samþykktar voru við 2. umræðu málsins þarf hins vegar að taka gildi strax þótt lögin komi ekki til framkvæmda í heild sinni fyrr en í upphafi næsta árs. Jafnframt er gert ráð fyrir að eldri lög haldi gildi sínu þar til hin nýju lög koma til framkvæmda.

1296. Svar [370. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um kostnað við störf einkavæðingarnefndar.

1. *Hver er orðinn heildarkostnaður við störf einkavæðingarnefndar, sundurliðað í þóknun til nefndarmanna, í einstaka fundi og ráðstefnur, útgáfu, auglýsingar og aðra helstu útgjaldaliði?*

Kostnaður við störf framkvæmdanefndar um einkavæðingu hefur verið eftirfarandi (í þús. kr.):

	1992	1993	1994	1995	1996	1997[2]
Þóknun	1.570	1.824	1.825	998	2.173	0
Fundir og ráðstefnur	15	736	124	0	223	562
Vinna sérfræðinga	1.199	4.675	282	691	680	458
Auglýsingar	0	226	97	343	2.841[1]	48
Útgáfa/prentun	14	9	302	236		787
Annað	26	130	128	334	257	87

[1] Kostnaður við auglýsingar og útgáfu/prentun er ekki sundurgreindur árið 1996. Um er að ræða kynningarátak sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu stóð fyrir.
[2] Til loka mars.

Rétt er að taka fram eftirfarandi til skýringar:

a. Til viðbótar við þennan kostnað sem hér er tilgreindur hefur verðbréfafyrirtækjum verið greidd sölulaun en þau eru hlutfall af söluverði hverju sinni. Sölulaunin voru framanaf dregin frá sölutekjum en eru nú gjaldfærð. Til einföldunar eru sölulaun ekki tilgreind hér.
b. Þegar framkvæmdanefnd um einkavæðingu var skipuð á nýjan leik í ársbyrjun 1996 voru henni falin aukin verkefni frá því sem áður var. Nú er nefndinni ætlað hlutverk við útboð á þjónustu og sölu annarra eigna en hlutabréfa.

2. *Hver er orðinn heildarkostnaður einstakra ráðuneyta, stofnana og hins opinbera í heild sem tengist einkavæðingaráformum frá stjórnarskiptum árið 1991?*

Leitað var til allra ráðuneyta eftir svörum við þessari spurningu. Ekkert ráðuneytanna tilgreindi annan kostnað við einkavæðingu en þann sem frá er greint í svari við fyrri spurningu.

1297. Svar [473. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um veiðileyfi smábáta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Voru einhverjir bátar með krókaleyfi árin 1990–92 sem eins var ástatt um, m.a. af svipaðri stærð, og bátarnir Elías Már ÍS 99, Rakel María ÍS 199, Vismin ÁR 12 og Marteinn KE 200?

Hvaða bátar voru það? Hve miklum afla lönduðu þeir í heild og hve miklu landaði hver bátur?

Þar sem hér er um að ræða flókið mál sem fengið hefur nokkuð misvísandi umfjöllun í fjölmiðlum mun ráðuneytið rekja málavexti.

Í frumvarpi því um stjórn fiskveiða, sem unnið var í ráðuneytinu fyrri hluta árs 1990 og lagt var fyrir Alþingi, sagði í 3. og 4. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða að bátum undir 10 brl. skyldi úthlutað veiðileyfi með aflahlutdeild. Í 1. málsl. 5. mgr. var síðan veitt undanþága frá því og var hún svohljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989 og útgerðum báta undir 6 brúttótonnum sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatakmörkunum í stað aflahlutdeildar."

Eins og skýrlega kemur fram í þessum málslið var að því stefnt þegar við framlagningu frumvarpsins að þeir bátar, sem veiðileyfi fengju eftir 31. desember 1989, ættu aðeins kost á krókaleyfi væru þeir undir 6 brúttótonnum. Bátar, sem hefðu fengið veiðileyfi fyrir þann tíma, mættu hins vegar vera allt að 6 brúttórúmlestir að stærð.

Í meðferð Alþingis á frumvarpi um stjórn fiskveiða kom engin tillaga fram um að breyta 1. málsl. 5. mgr. Hins vegar komu fram ýmsar tillögur um breytingar á öðrum ákvæðum þessarar sömu greinar svo og öðrum greinum frumvarpsins. Leiddi það til þess að ýmsar greinar frumvarpsins voru prentaðar aftur og í einni gerð þeirra varð starfsmaður ráðuneytisins var við að „brúttótonn" hafði breyst í „brl." á einu þingskjalanna og hljóðaði textinn þannig: „Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar gefst útgerðum báta undir 6 brl., sem skráðir eru á skipaskrá fyrir 31. desember 1989 og útgerðum báta undir 6 brl. sem skráðir eru á skipaskrá eftir þann tíma en fyrir gildistöku laga þessara, kostur á að velja á árunum 1991, 1992 og 1993 leyfi til veiða með línu og handfæri með dagatakmörkunum í stað aflahlutdeildar."

Hér er vitanlega um merkingarlausa tvítekningu að ræða og hafði ráðuneytið samband við starfsmann Alþingis vegna þessa og var upplýst að um mistök í prentun hefði verið að ræða og að þessi villa yrði leiðrétt.

Þann 11. maí 1990 sendi forseti neðri deildar Alþingis síðan ráðuneytinu lög um stjórn fiskveiða sem samþykkt voru á Alþingi 5. maí 1990. Ráðuneytið leitaði síðan staðfestingar forseta Íslands og eftir að staðfesting forseta var fengin voru lögin birt. Sá texti sem staðfestur var og birtur í A-deild Stjórnartíðinda er algerlega í samræmi við texta upphaflega frumvarpsins og eins og fyrr var rakið var samkvæmt honum aðeins heimilt að veita bátum sem skráðir voru eftir 31. desember 1989 krókaleyfi væru þeir undir 6 brúttótonnum. Var framkvæmd ráðuneytisins í samræmi við það.

Til umboðsmanns Alþingis leituðu síðan þrír aðilar og kvörtuðu yfir úthlutun veiðileyfa til fjögurra báta þeirra á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1991. Í kvörtunum þeirra er því haldið fram að „ákvæði laga nr. 38/1990 hafi með afturvirkum hætti skert möguleika þessara báta til að fá veiðiheimildir frá því sem verið hefði í tíð eldri laga, þegar smíði bátanna var hafin", eins og segir í bréfi umboðsmanns Alþingis til ráðuneytisins 29. ágúst 1991. Kvörtun þeirra sneri í raun ekki að framkvæmd umrædds lagaákvæðis heldur fyrst og fremst að því að þeir áttu ekki kost á sömu veiðiheimildum og þeir hefðu átt samkvæmt fyrri lögum um stjórn fiskveiða.

Í svari umboðsmanns Alþingis, sem barst í lok september 1991, er rakinn ferill orðalags 1. málsl. 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpi um stjórn fiskveiða við meðferð Alþingis á frumvarpinu og er það niðurstaða umboðsmanns að að lokinni 2. umræðu í efri deild Alþingis hafi „brl." komið í stað orðsins „brúttótonn". „Brl." hafi síðan verið notað í þingskjölum við meðferð málsins í efri deild en í endanlegum, staðfestum og birtum lagatexta sé orðið brúttótonn.

Taldi umboðsmaður Alþingis í bréfi sínu til ráðuneytisins „að vafi sé, hvort dómstólar féllust á að orðalag ákvæðisins um brúttótonn hafi orðið til á stjórnskipulegan hátt og þar með hvort það hafi lagagildi". Í framhaldi af því er því beint til ráðuneytisins „að það taki það til athugunar, hvort rétt sé að taka til endurskoðunar þær ákvarðanir, sem það hefur tekið á grundvelli 1. málsliðar 6. mgr. II ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 ...".

Sú spurning vaknaði við þessa niðurstöðu umboðsmanns Alþingis hvort orðið „brl." hefði orðið til á stjórnskipulegan hátt. Mátti færa að því ýmis rök að svo væri ekki. Engin tillaga um að breyta „brúttótonnum" í „brl." hafði komið fram á Alþingi en slíkt er

forsenda fyrir því að heimilt sé að breyta texta með þessum hætti og enn fremur hafði í staðfestum og birtum lagatexta verið „brúttótonn“ en ekki „brl.“ Hefði „brl.“ ekki lagagildi hlaut það að vera eðlilegasta niðurstaðan að bátar, sem komu eftir 31. desember 1989, ættu ekki kost á krókaleyfi.

Þrátt fyrir þessa óvissu tók ráðuneytið þá ákvörðun, vegna álits umboðsmanns Alþingis, að gefa þeim aðilum, sem synjað hafði verið um krókaleyfi vegna þess að bátar þeirra væru stærri en 6 brúttótonn, miðað við skráningu þeirra fyrir 18. ágúst 1990, sbr. 5. gr. laganna, kost á slíku leyfi. Með þeim hætti var allur vafi túlkaður þessum aðilum í vil. Var hér um 17 aðila að ræða.

Þeir aðilar, sem leitað höfðu til umboðsmanns Alþingis, höfðuðu síðan mál á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra og kröfðust skaðabóta fyrir tjón það sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir vegna þess að þeim hafði verið synjað um krókaleyfi frá 1. janúar 1991 til 10. október 1991. Niðurstaða héraðsdóms Reyjavíkur var sú að íslenska ríkið væri skaðabótaskylt og byggðist hún á því að orðalag ákvæðisins um brúttótonn hefði ekki orðið til á stjórnskipulegan hátt og hefði því ekki lagagildi. Synjun ráðuneytisins á krókaleyfi byggðist því á ákvæði sem ekki hefði lagagildi og væri því ólögmæt.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar og var áfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda. Í niðurstöðu Hæstaréttar var fallist á þá niðurstöðu að ákvæðið um brúttótonn hefði ekki orðið til á stjórnskipulegan hátt. Þegar orðið brúttótonn sé hins vegar fallið brott fáist ekki merking í ákvæðið um þá báta sem skráðir voru eftir 31. desember 1989. Í lögunum sé því ekki til að dreifa öðrum ákvæðum um veiðileyfi en 5. mgr. bráðabirgðaákvæðisins um úthlutun aflahlutdeildar. Synjun ráðuneytisins á krókaleyfi hafi því farið samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt sé þess að gæta að útgerð skipanna hefði ekki átt rétt til krókaleyfis, ef ekki hefði verið hreyft við orðinu brúttótonnn við meðferð þingskjala á skrifstofu Alþingis þar sem bátarnir voru stærri en 6 brúttótonn og ekki skráðir á skipaskrá fyrir gildistöku laganna.

Samkvæmt þessari niðurstöðu Hæstaréttar er ljóst að enginn nýr bátur, sem skráður var eftir 31. desember 1989, hefði í raun átt að eiga kost á krókaleyfi, nema hann kæmi í stað annars báts sem slíkt leyfi hefði haft og væri minni en 6 brúttótonn.

Í fylgiskjali er tafla sem sýnir skipaskrárnúmer þeirra báta sem skráðir voru á tímabilinu 1. janúar 1990 til 18. ágúst 1990 og fengu krókaleyfi, sem og afla þeirra á árunum 1990–92.

Fylgiskjal.

Afli krókabáta sem voru nýskráðir á tímabilinu 1. janúar 1990 til 18. ágúst 1990.

	Þorskur			Ýsa			Ufsi			Karfi			Steinb.			Skark.			Annað		
	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92	90	91	92
2032	49.980	77.362	77.359	17.162	10.422	4.703	12.575	2.957	3.418	546	352	313	3.420	3.609	290	0	125	63	670	670	821
2056	62.922	55.933	54.881	434	2.848	7.262	978	25.264	3.341	0	0	0	2.363	2.821	4.143	3	0	0	2	2	0
2062	34.885	197.898	192.689	3.474	26.431	34.563	41	2.649	1.042	50	817	1.361	161	4.099	9.827	0	326	0	1.726	1.726	2.687
2069	52.279	144.711	182.965	26.431	64.899	53.314	2.032	909	431	53	108	1.221	1.601	108.159	36.080	0	54	127	8.372	8.372	5.372
2081	4.871	71.335	62.491	18.405	46.418	27.934	42	1.436	2.538	0	1.056	924	68	7.814	4.031	0	200	34	1.462	1.462	3.170
2082	4.285	37.311	53.235	11.956	29.299	12.736	0	790	1.405	0	232	252	211	5.562	4.651	0	50	0	1.879	1.879	1.238
2088	0	41.183	58.158	0	34	823	0	17.320	20.294	0	646	1.650	0	0	448	0	0	0	0	0	395
2089	12.653	56.618	31.029	113	5.869	6.561	0	148	3.666	0	0	0	1.049	4.254	4.342	5	0	4	201	201	0
2090	8.479	46.585	54.395	1.326	3.676	4.015	0	7.220	1.080	0	605	92	581	0	38	0	0	0	486	486	833
2094	2.950	40.604	41.497	1.390	7.339	6.063	0	4.473	14.932	0	3.516	3.658	430	7.808	1.130	0	0	0	600	600	679
2098	0	21.523	4.205	0	1.012	16	0	243	441	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2104	4	115.623	107.930	88	25.177	23.324	0	2.019	783	0	91	105	0	38.730	6.855	0	0	0	66	66	1.087
2112	9	11.534	852	124	125	2.847	0	1.174	1.453	0	611	0	0	9	0	0	0	0	0	0	170
2121	391	71.796	52.613	5.457	8.740	5.623	0	2.423	0	0	717	55	52	1.815	948	0	43	0	1.037	1.037	1.888
7103	0	48.068	52.741	83	2.902	3.132	0	7.786	2.008	0	464	385	0	1.026	117	0	0	0	0	0	590
7116	0	51.185	57.856	0	31	0	0	566	208	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7131	31	15.171	27.498	31	257	1.003	0	562	1.816	0	10	273	0	1.252	2.739	0	0	0	0	0	118
7190	0	48.335	30.604	0	619	1.360	0	119	14	0	21	10	0	1.371	1.568	0	0	0	0	0	109
7199	17.802	67.363	37.162	1.044	4.515	12.281	10.996	4.987	253	3.152	2.234	0	185	1.771	5.385	0	0	0	1.093	1.093	1.574
7210	22.187	78.411	86.123	41	189	486	5.832	1.286	3.576	427	105	123	0	0	0	0	0	0	0	0	76
7211	25.681	27.687	22.771	1.442	1.070	0	1.008	2.732	1.295	0	0	0	2.105	3.882	1.590	0	28	2.292	35	35	155
7214	4.318	12.139	15.149	101	410	351	2.736	2.678	5.679	36	319	155	2	17	0	0	0	0	0	0	13
7217	10.196	97.950	74.055	38	1.311	1.303	2.529	8.454	51	59	91	0	0	0	7.722	0	0	0	50	50	0
7220	126	43.073	56.351	154	4.406	2.944	71	9.557	3.302	0	2.449	1.358	0	2.081	156	0	0	0	4	4	1.052
7221	4.469	38.635	62.054	531	9.665	5.704	2.233	2.814	394	12	108	92	6	60	511	0	0	0	13	13	431
7223	31.660	92.114	64.708	9	6.676	7.346	78	4.234	533	0	185	19	0	0	94	0	0	0	42	42	358
7224	36.055	79.423	66.646	14	0	0	404	1.494	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	18
7226	49	35.546	30.398	247	11.245	14.620	15	20.723	19	0	0	10	0	22.793	16.810	0	50	0	85	85	811
7228	0	28.056	28.331	0	1.388	6.948	0	1.980	3.084	0	0	0	0	18	6.029	0	0	128	0	0	0
7230	947	31.211	39.636	3.644	12.155	5.014	12	83	760	0	0	0	79	9.536	4.288	0	0	14	437	437	58
7232	0	74.803	138.142	256	242	4.439	0	38.879	3.365	0	774	1.192	0	2.126	13.034	0	0	11	0	0	0
7234	48.131	129.123	145.747	0	0	2.955	899	4.738	550	0	150	45	0	0	1.598	0	0	0	0	0	475
7235	0	25.028	34.230	0	0	0	0	271	943	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.277
7242	3.239	31.698	26.387	0	227	86	2.033	16.315	15.802	597	4.290	3.216	11	0	0	0	0	0	19	19	146
7247	4.866	25.683	18.851	5	256	16	9.577	10.087	12.412	170	1.483	546	0	0	0	0	0	0	36	36	255
7248	0	49.756	87.380	0	26.440	18.352	0	946	257	0	406	238	0	17.303	12.373	0	179	564	0	0	1.467
7253	8.526	19.902	29.454	56	224	306	7.049	5.474	10.608	591	904	818	0	0	0	0	0	0	0	0	24
7255	0	17.522	11.273	0	52	75	0	2.023	2.161	0	30	0	0	5	0	0	0	0	0	0	0
7256	7.500	9.930	24.226	50	13	0	0	148	19	0	0	0	340	1.050	0	0	0	0	90	90	0
7258	0	2.240	9.679	0	0	143	0	45	3.123	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7261	0	9.676	8.456	0	14	0	0	13.020	16.812	0	62	76	0	0	0	0	0	0	0	0	4
7262	0	296	7.341	0	0	0	0	163	120	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7266	3.357	52.730	57.196	0	0	253	9.078	28.298	2.151	371	613	127	0	0	0	0	0	0	104	104	121
7268	119	34.326	57.840	107	13.853	7.439	0	641	229	0	203	174	3	1.083	690	0	0	0	6	6	622
7269	11.830	52.990	51.962	144	968	4.943	0	699	126	0	0	0	867	2.976	3.525	0	0	0	0	0	0
7272	1.244	75.461	53.236	0	230	42	3.036	7.611	3.745	65	598	73	0	0	0	0	0	0	0	0	0
7276	0	34.311	40.243	0	3.649	2.058	0	829	1.895	0	0	38	0	10.700	8.077	0	0	5	0	0	246
7277	1.555	16.292	55.166	931	7.356	35.750	26	126	4.240	0	63	476	0	4.547	8.291	0	0	137	550	550	1.978
7278	21.961	34.942	32.863	1.847	2.851	3.089	800	8.623	2.776	0	0	0	1.738	2.689	2.731	266	0	883	276	276	9
7281	2.769	29.444	68.024	0	2.460	8.280	3.768	14.528	2.239	263	499	488	0	120	274	0	0	0	18	18	763
7282	0	13.474	63.147	0	21	0	0	91	0	0	0	100	0	0	0	0	0	0	0	0	0
51 skip	502.322	2.524.002	2.747.224	97.132	347.980	340.498	77.847	292.627	161.384	6.392	24.811	19.663	15.271	271.088	170.385	275	1.056	4.264	19.357	19.357	31.090

1298. Svar [275. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um óendurkræfa styrki á vegum ráðuneyta.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvaða óendurkræfir styrkir eru veittir á vegum ráðuneyta Stjórnarráðsins hvers um sig til einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka?*
2. *Eru einhverjar reglur um úthlutun styrkjanna, eftirfylgni af hálfu ráðuneytanna og mat á árangri af styrkveitingunum?*
3. *Hversu háar fjárhæðir veitir hvert ráðuneyti árlega í styrki sem þessa?*

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1997, óskaði forsætisráðuneytið eftir svörum ráðuneyta við þeim spurningum sem fram koma í fyrirspurninni. Jafnframt fór ráðuneytið þess á leit að ráðuneyti tilgreindu í svari sínu við 1. lið fyrirspurnarinnar eingöngu fasta styrki sem veittir eru en ekki tilfallandi styrki sem ráðuneyti veita af ýmsum liðum sem eru beinlínis ætlaðir til slíkra styrkveitinga. Meðal slíkra styrkja má nefna ýmsa safnliði, styrktarsjóði sem heyra undir ráðuneyti, ráðstöfunarfé ráðherra og aðra fjárlagaliði. Fjöldi tilfallandi styrkja af þessari gerð er mikill og taldi ráðuneytið að samkvæmt orðanna hljóðan væri ekki verið að beiðast upplýsinga um sérhverja styrkveitingu eða sérhvern styrkþega. Varðandi svör við 3. lið fyrirspurnarinnar óskaði forsætisráðuneytið eftir því að veittar yrðu upplýsingar fyrir sl. þrjú ár, en ekki var tiltekið sérstakt tímabil í fyrirspurninni.

Þau svör, sem forsætisráðuneytinu bárust frá ráðuneytunum og fylgja hér á eftir, eru með nokkuð misjöfnu móti, auk þess sem þau eru misjafnlega ítarleg. Af svörunum má glögglega ráða að ráðuneytin hafa mismiklar styrkveitingar með höndum og að eðli styrkjanna er ekki síður fjölbreytilegt. Af svörunum má einnig ráða að nokkrum örðugleikum er háð að gera greinarmun á styrkjum, framlögum og tilfærslum sem ráðuneytin fara með.

Forsætisráðuneyti.

1. Forsætisráðuneytið veitir árlega ýmsa styrki til félagasamtaka, einstaklinga, fyrirtækja og opinberra stofnana. Styrkina má greina í tvennt. Annars vegar er um að ræða styrki sem veittir eru af ráðstöfunarfé ráðherra og sérstökum ríkisstjórnarlið sem vistaður er á fjárlögum hjá fjármálaráðuneyti og hins vegar styrkir sem veittir eru fyrir tilstuðlan styrktarsjóða sem starfandi eru á vegum ráðuneytisins. Þeir sjóðir fá ýmist fé á fjárlögum eða frá öðrum aðilum.

Styrktarsjóðir, sem heyra undir ráðuneytið, eru Gjöf Jóns Sigurðssonar, Þjóðhátíðarsjóður, Þjóðhátíðargjöf Norðmanna og Grænlandssjóður. Að auki má telja ýmis reglubundin framlög og má þar nefna framlag til Þróunarfélags Reykjavíkur sem numið hefur 1,5 m.kr. á ári og árlegt framlag til Hrafnseyrarnefndar sem numið hefur að jafnaði um 1,5 m.kr.

2. Allir styrkir sem taldir eru upp í málsgreininni hér að framan eru veittir reglubundið. Málefni sjóða ráðuneytisins eru tíðast falin sérstökum stjórnum sem starfa samkvæmt staðfestum skipulagsskrám. Um þær reglur, sem lagðar eru til grundvallar úthlutunum, eftirfylgni og mat á árangri af styrkveitingum vísast til gildandi skipulagsskráa.

Ekki hafa verið settar sérstakar reglur varðandi veitingu þeirra styrkja sem ráðstafað er af ráðuneytinu sjálfu. Umfang þeirra er takmarkað og eðli þeirra oftast slíkt að styrkveitingarnar gefa ekki sérstakt tilefni til formlegrar eftirfylgni.

3. Samtals námu styrkveitingar ráðuneytisins eftirfarandi fjárhæðum sl. þrjú ár samkvæmt upplýsingum úr ríkisbókhaldi:

Ár	M.kr.
1994	9,7
1995	16,1
1996	15,1

Föst framlög (sbr. 1. lið) til Þróunarfélags Reykjavíkur og Hrafnseyrarnefndar eru talin með en ekki útgjöld til Þjóðhátíðarsjóðs, Þjóðhátíðargjafar Norðmanna eða Grænlandssjóðs. Að auki eru hér taldar með styrkveitingar sem forsætisráðherra bar upp í ríkisstjórn og millifærðar voru af ráðstöfunarfé hennar.

Utanríkisráðuneyti.

1. Auk styrkja til ýmissa alþjóðlegra samtaka, stofnana, þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi, sem ekki er ástæða til að tíunda hér, hafa eftirfarandi fastir styrkir verið veittir á undanförnum þremur árum: Styrkir til Útflutningsráðs, Þjóðræknifélagsins vegna samskipta við Vestur-Íslendinga, til aðila vinnumarkaðarins vegna þátttöku í EFTA- og EES-samstarfi, Samtaka um vestræna samvinnu, Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna, Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og styrkir til fyrirtækja til markaðssetningar erlendis. Voru síðasttöldu styrkirnir greiddir með sérstöku framlagi ríkisstjórnar.

2. Ráðuneytið fylgist með starfi þeirra aðila sem styrkirnir renna til, ýmist með þátttöku í stjórnum og nefndum eða með óformlegum samskiptum. Ákveðnar reglur voru settar um ráðstöfun styrkja til markaðssetningar en úthlutun þeirra fór þannig fram að nefnd fulltrúa utanríkis-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis- og sjávarútvegsráðuneytis, auk fulltrúa Útflutningsráðs, gerði tillögu til ríkisstjórnar um skiptingu þeirra. Styrkirnir hafa nú verið aflagðir.

3. Yfirlit yfir styrki sl. þrjú ár:

a. Félag um vestræna samvinnu: 100 þús. kr. á ári.
b. Orkustofnun vegna Jarðhitaháskóla Sameinuðu þjóðanna 28,5 m.kr. árið 1994, 32 m.kr. árið 1995 og 39,6 m.kr. árið 1996.
c. Útflutningsráð 3 m.kr. árið 1994, 4,8 m.kr. árið 1995 og 4,4 m.kr. árið 1996.
d. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi 750 þús. kr. árið 1994, 800 þús. kr. árið 1995 og 600 þús. kr. 1996.
e. Þjóðræknifélagið 1,5 m.kr. árið 1995 og 3 m.kr. árið 1996.
f. Til aðila vinnumarkaðarins vegna EES-samstarfs 2,2 m.kr. árið 1994, 1,4 m.kr. árið 1995 og 1,2 m.kr. árið 1996.
g. Sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna 3,5 m.kr. árið 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Ráðuneytið veitir enga fasta styrki utan þeirra sem fram koma í fjárlögum (sjá lið 06-190). Veittir eru styrkir til Orators, félags laganema, vegna lögfræðiaðstoðar við almenning og til mannréttindaskrifstofu Íslands.

Menntamálaráðuneyti.

1. Styrkveitingar á vegum menntamálaráðuneytisins eru í meginatriðum tvenns konar að því er fjárheimildir varðar. Annars vegar úthlutun úr formlegum sjóðum, hins vegar framlög af svonefndum safnliðum í fjárlögum.

Gengið er út frá því að fyrirspurnin taki ekki til sjóða sem starfa samkvæmt sérstökum lagaákvæðum og hafa sérgreinda fjárveitingu í fjárlögum. Dæmi um slíka sjóði eru launasjóðir listamanna (lög nr. 35/1991, með síðari breytingum), Menningarsjóður (lög nr. 79/1993), Menningarsjóður félagsheimila (lög nr. 107/1970, með síðari breytingum), þýðingarsjóður (lög nr. 35/1981), Listskreytingasjóður ríkisins (lög nr. 71/1990, með síðari breytingum), Myndlistarsjóður Íslands (reglugerð nr. 244/1993, sbr. höfundalög, nr. 73/1972, með síðari breytingum), Kvikmyndasjóður Íslands (lög nr. 94/1984, með síðari breytingum), Húsafriðunarsjóður (lög nr. 88/1989, með síðari breytingum), Menningarsjóður útvarpsstöðva (lög nr. 68/1985, með síðari breytingum) og Íþróttasjóður (lög nr. 49/1956, með síðari breytingum). Barnamenningarsjóður hefur nú sérgreinda fjárveitingu í fjárlögum en hefur ekki verið lögfestur á annan hátt að svo komnu. Um hann gilda reglur nr. 246/1994.

Safnliðir sem einkum koma til álita við styrkveitingar á sviði menningarmála, þ.e. til „einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka", eru þessir (miðað við fjárlög 1997):

02-919-190 Söfn, ýmis framlög.
02-982-122 Starfsemi áhugaleikfélaga.
02-982-124 Starfsemi atvinnuleikhópa.
02-982-125 Starfsemi hljómsveita.
02-982-190 Listir.
02-983-110 Fræðistörf.
02-983-111 Styrkir til útgáfumála.
02-988-190 Æskulýðsmál.
02-989-190 Ýmis íþróttamál.

Eftirtaldir safnliðir taka til verksviðs ráðuneytisins í heild:

02-199 Ráðstöfunarfé.
02-984 Norræn samvinna.
02-999-190 Ýmis framlög.

2. Ráðstöfun fjár af safnliðum er með mismunandi hætti eftir viðfangsefnum. Að nokkru marki er ráðstöfun ákveðin af Alþingi samkvæmt „sérstökum yfirlitum" er fylgja fjárlögum. Það á við að hluta um liðina 02-919-190 Söfn, ýmis framlög, 02-982-190 Listir, 02-988-190 Æskulýðsmál og 02-999-190 Ýmis framlög.

Úthlutun styrkja til starfsemi áhugaleikfélaga (02-982-122) er ákveðin á grundvelli tillagna Bandalags íslenskra leikfélaga svo sem gert er ráð fyrir í leiklistarlögum. Framlög til atvinnuleikhópa (02-982-124) eru veitt á grundvelli umsókna að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar leiklistarráðs með hliðsjón af sömu lögum.

Um ráðstöfun framlaga af liðnum 02–982–190 Listir, þ.e. að því leyti sem skiptingin er ekki ákveðin í fjárlögum, hefur frá 1996 verið hafður sá háttur á að vekja athygli á fjárveitingunni með auglýsingu í byrjun árs. Miðað er við að úthlutun fari fram nokkrum sinnum á ári á grundvelli umsókna sem fyrir liggja við upphaf hvers úthlutunarskeiðs. Komið hefur verið á fót ráðgjafarnefndum á sviði einstakra listgreina sem veita ráðuneytinu umsögn um umsóknir. Af þessum lið er m.a. veitt fé til starfsemi Bókmenntakynningarsjóðs sem starfar samkvæmt reglum nr. 456/1982.

Um ráðstöfun framlaga af öðrum safnliðum gildir sú meginregla að framlög eru ákveðin á grundvelli umsókna, oft að fengnum umsögnum eftir eðli máls.

Þegar styrkveiting er tilkynnt umsækjanda er jafnframt tekið fram að greinargerð um notkun styrkfjárins skuli send ráðuneytinu fyrir tiltekinn tíma.

3. Greiðslur styrkja af eftirtöldum fjárlagaliðum árin 1994–96 eru sem hér segir í þús. kr.:

		1994	1995	1996
02–919–190	Söfn, ýmis framlög	3.050	8.705	4.450
02–982–122	Starfsemi áhugaleikfélaga	14.000	14.000	14.000
02–982–124	Starfsemi atvinnuleikhópa	10.850	13.400	12.950
02–982–125	Starfsemi hljómsveita (fyrst 1997)			
02–982–190	Listir	49.554	41.817	56.874
02–983–110	Fræðistörf	1.472	1.176	2.162
02–983–111	Styrkir til útgáfumála	1.082	140	2.138
02–988–190	Æskulýðsmál	13.081	13.450	6.100
02–989–190	Ýmis íþróttamál	8.234	9.694	1.680
02–199	Ráðstöfunarfé	16.255	18.000	14.115
02–984	Norræn samvinna	3.192	23.742	8.001
02–999–190	Ýmis framlög	16.158	7.268	3.812

Fjármálaráðuneyti.

Utan þeirra styrkja sem greiðast af ráðstöfunarfé ráðherra og veittir eru samkvæmt ákvörðunum hans veitir fjármálaráðuneytið eingöngu styrki til stjórnmálaflokka samkvæmt fjárlögum og umsóknum stjórnmálaflokka. Sérstök nefnd gerir tillögu um skiptingu þess fjár sem rennur til starfsemi stjórnmálaflokkanna en ekki er haft sérstakt eftirlit með því hvernig því fé er varið.

Landbúnaðarráðuneyti.

1. Ráðuneytið hefur veitt þessa styrki á árunum 1994–96 (tölur í m.kr.):

	1994	1995	1996
Skógræktarfélag Íslands	3,0	3,0	3,0
NASCO	3,6	5,7	4,4
Æðarræktarfélag Íslands	0,2	0,2	0,2
Landgræðslusjóður			3,0

2. Ekki hafa verið samdar reglur um úthlutun þessara styrkja en ákvörðun um veitingu þeirra er tekin við gerð fjárlaga ár hvert og að undangengnu mati á verkefnum sem styrkt eru.

3. Sjá svar við 1. lið fyrirspurnarinnar.

Sjávarútvegsráðuneyti.

1. Vísað er til upptalningar í fjárlögum á stofnunum og félagasamtökum sem hljóta fasta styrki frá ráðuneytinu (sjá lið 10–190). Þá kemur fram að á fjárlögum hvers árs er gert ráð fyrir greiðslu styrkja til verkefna er lúta að eldi sjávardýra, rannsóknarverkefnum, starfsmenntun, markaðsöflun, kynningu og tilraunum ýmsum og iðnþróunarverkefnum svo eitthvað sé nefnt.

3. Heildarfjárhæðir styrkja eru sem hér segir (í þús kr.):

	1994	1995	1996
Styrkir til atvinnuvega og fyrirtækja	32.325	17.550	20.200
Styrkir til einstaklinga og samtaka	1.181	14.273	11.039
Samtals	33.506	31.823	31.239

Umhverfisráðuneyti.

Ekki eru veittir fastir styrkir á vegum þess og ekki eru í gildi fastar reglur um veitingu þeirra. Eingöngu eru veittir styrkir til verkefna sem tengjast umhverfismálum. Ráðuneytið veitti á sl. þremur árum styrki samtals sem hér segir: 6,8 m.kr. á árinu 1994, 7,5 m.kr. á árinu 1995 og 11,6 m.kr. á árinu 1996.

Iðnaðarráðuneyti.

1. Á vegum iðnaðarráðuneytis eru eftirfarandi fastir styrkir á fjárlögum: Styrkir til verkstjórnarfræðslu, til Staðlaráðs, til sjóðs til eflingar atvinnulífi í Mývatnssveit og vegna viðskiptafulltrúa í Moskvu.

2. Um aðra styrki en þá sem ákveðnir eru á fjárlögum er að jafnaði tekin ákvörðun á fundi ráðherra, ráðuneytisstjóra, aðstoðarmanns ráðherra og fjármálastjóra. Sé um stærri verkefni að ræða er óskað skýrslu um ráðstöfun styrkfjárhæðar og árangur.

Á árinu 1995 gerðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður og Iðntæknistofnun Íslands sérstakan samstarfssamning um átak til atvinnusköpunar. Samningurinn tekur til verkefna sem samstarfsaðilarnir hafa einn eða fleiri staðið að ásamt nýjum verkefnum sem leiða til nýsköpunar í atvinnulífinu. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Iðntæknistofnun eru fjármögnunaraðilar samningsins. Framkvæmd samningsins er í höndum Iðntæknistofnunar en markmið samningsins er þríþætt:

a. Að standa sameiginlega að verkefnum sem stuðla að atvinnusköpun og aukinni samkeppnishæfni atvinnulífsins.
b. Að samræma verkefni til hvatningar og stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja, svo og einstaklinga á sviði atvinnu- og nýsköpunar.
c. Að hvetja til aukins alþjóðasamstarfs fyrirtækja á sviði markaðsmála og tækniyfirfærslu. Innan ramma verkefnis þessa eru veittir styrkir til ýmissa þróunarverkefna sem áður voru veittir af ráðuneytinu.

3. Á meðfylgjandi yfirliti kemur fram hvaða fjárhæðir hafa verið greiddar af tilfærslum og styrkjum til stofnana í A-hluta ríkisreiknings, fyrirtækja og atvinnuvega, einstaklinga, heimila og samtaka (sbr. bókunartegundir 5910 til 5914 í ríkisbókhaldi). Niðurgreiðslur á húshitun, sem einnig eru færðar sem tilfærsluliður til einstaklinga, heimila og samtaka, eru ekki taldar með. Heildarfjárhæðir eru eftirfarandi:

Ár	M.kr.
1994	140,5
1995	92,4
1996	65,2

Viðskiptaráðuneyti.

1. Viðskiptaráðuneytið veitir fasta styrki til Neytendasamtakanna og Icepro-nefndar.
2. Sjá svar iðnaðarráðuneytis, 2. lið.
3. Á meðfylgjandi yfirliti kemur fram hvaða fjárhæðir hafa verið greiddar af tilfærslum og styrkjum til stofnana í A-hluta, fyrirtækja og atvinnnuvega, einstaklinga, heimila og samtaka (sbr. bókunartegundir 5910 til 5914 í Ríkisbókhaldi). Heildarfjárhæðir eru eftirfarandi:

Ár	M.kr.
1994	10,9
1995	9,4
1996	7,7

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

1. Eftirtöldum félagasamtökum og stofnunum eru veittir árlegir óendurkræfir styrkir (tilfærslur á fjárlögum): Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg Akureyri, sumardvalarheimili í Reykjadal, Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík, Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands, Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands, Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri, Krabbameinsfélag Íslands – krabbameinsskráning, Krabbameinsfélag Íslands – krabbameinsleit, Hjartavernd, Monica-rannsóknir, Hjartavernd – rannsóknarstöð, Krýsuvíkurskóli – vist- og meðferðarheimili.

Auk framangreindra fastra styrkja (tilfærslna) eru á fjárlögum hverju sinni óskiptar fjárveitingar sem nýttar eru til ýmissa styrkveitinga til einstaklinga, félagasamtaka og stofnana, eða sem hér segir: Málefni fatlaðra – styrkir til ýmissar starfsemi, Málefni fatlaðra – styrkir til ýmissa framkvæmda, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, ýmis framlög.

2. Þeim stofnunum og félagasamtökum sem veittir eru fastir árlegir styrkir (tilfærslur) er gert að skila árlega fjárlagatillögum fyrir komandi ár. Við gerð fjárlaga er af hálfu ráðuneytis farið yfir stöðu hvers styrkþega fyrir sig, enda fylgja með fjárlagatillögum þeirra tölulegar upplýsingar um reksturinn ásamt greinargerð. Hér er í öllum tilvikum verið að veita styrki til félagasamtaka og stofnana sem eru með reglubundna starfsemi, á sviði forvarna, endurhæfingar eða rannsókna.

Í annan stað eru þjónustusamningar grundvöllur greiðslu styrkja, t.d. til Krabbameinsfélags Íslands vegna krabbameinsleitar. 1. janúar sl. tók einnig gildi þjónustusamningur við Hjartavernd um kaup á þjónustu af rannsóknarstöð Hjartaverndar. Þá er nú unnið að gerð þjónustusamnings við Krabbameinsfélag Íslands um krabbameinsskrána. Í samningum þessum er gerð ítarleg krafa um árangur af styrkveitingunni.

Hvað varðar óskiptar fjárveitingar á fjárlögum ber þess að geta að fjárlaganefnd Alþingis skiptir ákveðnum hluta óskiptrar fjárveitingar sem er á fjárlagaliðum 08–399–1.90 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, ýmis framlög, en ráðuneytið því sem eftir stendur þegar úthlutun fjárlaganefndar liggur fyrir.

Ráðuneytið hefur sett ákveðnar reglur um úthlutun styrkja af óskiptum fjárlagaliðum og er þar átt við eftirfarandi fjárlagaliði: Málefni fatlaðra – styrkir til ýmissar starfsemi, Málefni fatlaðra – styrkir til ýmissa framkvæmda, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, ýmis framlög (sjá fylgiskjal I).

3. Ráðuneytið vísar til meðfylgjandi yfirlits þar sem fram koma fjárhæðir greiddra fastra styrkja (tilfærslna) sl. þrjú ár, auk heildarfjárhæða annarra styrkja sem veittir voru á tímabilinu (sjá fylgiskjal II).

Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands veitir enga fasta styrki og hefur ekki gert undanfarin þrjú ár.

Samgönguráðuneyti.

1. Eftirtaldir styrkir voru veittir samkvæmt ákvæðum fjárlaga (1994–96):

	Ár	Þús. kr.
Slysavarnaskóli sjómanna	1996	33.600
Slysavarnafélag Íslands	1995	32.000
	1994	31.500
Tilkynningarskylda íslenskra skipa	1996	18.200
Slysavarnafélag Íslands	1995	20.200
	1994	18.200
GPS-staðsetningarkerfi	1996	4.200
Kerfisverkfræðistofnun Háskóla Íslands	1995	0
	1994	6.000
Slysavarnafélag Íslands	1996	16.700
Slysavarnafélag Íslands	1995	16.700
	1994	16.700
Landsbjörg	1996	9.000
Björgunarfélag Vestmannaeyja	1996	2.000
Landsbjörg	1995	7.000
Björgunarfélag Vestmannaeyja	1995	2.000
Landsbjörg	1994	9.000
Ferðamálasamtök Vestur-Norðurlanda	1996	1.000
Ferðamálaráð Íslands	1995	1.000
	1994	1.000

Ekki eru taldir upp tæplega 50 styrkir sem veittir eru til vetrarsamgangna og vöruflutninga en flestir eru þeir greiddir til sveitarfélaga eða aðila sem þau tilnefna. Einnig eru greiddir nokkrir styrkir til flugfélaga sem fljúga til fámennra staða og til sjúkraflugs en gerð er grein fyrir þeim styrkveitingum í fjárlögum.

2. Lögð er fram rökstudd beiðni um framlag á fjárlögum og er fylgst með ráðstöfun styrkjanna.

3. Sjá svar við 1. lið.

Félagsmálaráðuneyti.

1. Styrki á vegum félagsmálaráðuneytisins fá ýmis samtök er sinna líknar-, félags- og vinnumálum. Um er að ræða samtök er sinna málefnum vinnumarkaðarins, málefnum fatlaðra, málefnum barna eða annarra þjóðfélagshópa. Þessir styrkir eru ákvarðaðir með þrennum hætti:
   a. fjárlaganefnd Alþingis tekur ákvörðun um nokkra þeirra við afgreiðslu fjárlaga,
   b. félagsmálaráðherra skiptir fjárveitingum sem ákveðnar eru til tiltekinna verkefna af fjárlaganefnd,
   c. um er að ræða styrki sem sótt er um til félagsmálaráðuneytisins og ráðherra tekur ákvörðun um samkvæmt heimildum fjárlaga.

2. Félagsmálaráðuneytið veitir yfirleitt ekki styrki til samtaka sem fá styrki frá öðrum ráðuneytum. Meginregla varðandi styrkveitingar sem félagsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um er sú að styrkir eru veittir á grundvelli umsókna þar sem sótt er um fjármagn til ákveðinna verkefna eða málefna. Í flestum tilvikum gera aðilar grein fyrir hvernig styrkurinn var nýttur.

3. Á árunum 1994–96 voru fjárhæðir styrkja sem veittir voru á vegum félagsmálaráðuneytisins sem hér segir:

Ár	Þús. kr.
1994	58.909
1995	54.630
1996	48.212

Styrkir félagsmálaráðuneytisins sl. þrjú ár eru eftirfarandi (fjárhæðir í þús. kr.):

a. Styrkir ákveðnir af fjárlaganefnd við afgreiðslu fjárlaga:

	1996	1995	1994
Barnaheill	200	200	200
Blindrafélagið	5.000	3.000	2.900
Daufblindrafélag Íslands	800	700	
Félag einstæðra foreldra	500	1.000	
Félag heyrnarlausra	3.000	3.000	2.500
Félagasamtökin Vernd	250	500	1.000
Geðhjálp	3.500	3.500	3.000
Geðverndarfélag Akureyrar	300	300	250
Hlaðvarpinn		400	700
Íslensk ættleiðing	2.000	2.000	2.000
Krossgötur			1.500
Kvennaráðgjöfin	500	500	600
Landssamband aldraðra	300	300	
Landssamtökin Sjálfsbjörg	2.600	3.000	3.000
Landssamtökin Þroskahjálp	3.200	2.500	2.500
Sjálfseignarstofnunin Móðir og barn		200	1.000
Námskeið aðstandenda fatlaðra barna	250	1.000	1.000
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð	500	500	
Samtökin 78	500	350	200
Skjöldur			1.000
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra	1.500	1.500	1.500
Umsjónarfélag einhverfra	500	500	500
Samtals	**25.400**	**24.950**	**25.350**

b. Fjárveiting ákveðin af fjárlaganefnd en skipting ákveðin af félagsmálaráðherra:

	1996	1995	1994
Alþýðusamband Íslands	8.130	10.730	10.900
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	1.880	2.480	2.520
Færeyska sjómannafélagið	500	500	900
Leigjendasamtökin	1.000	1.300	1.300
NORDJOBB	1.600	1.600	1.675
Sjómannadagsráð Bolungarvíkur	100	100	100
Vinnumálasambandið	1.100		
Vinnuveitendasamband Íslands	3.290	5.790	5.880
Samtals	**17.600**	**22.500**	**23.275**

c. Styrkir ákveðnir af félagsmálaráðherra:

	1996	1995		1994
		1. jan.–30. apr.	1. maí–31. des	
Alnæmissamtökin				625
Alþýðusamband Íslands		200		
Atvinnumiðlun námsmanna		400		
Barnaheill				2.000
Byggingarstaðlaráð		300		
Evrópsku laganemasamtökin				25
Ferðasjóður Nordisk Forum				500
Ferðastyrkur á mót Evrópusamtaka barna		65		
Félag forsjárlausra foreldra				150
Félag heyrnarlausra		800		
Félag hjartasjúklinga í Þingeyjarsýslum	100			
Félag lögreglumanna				100
Félag misþroska barna				75
Félag ræstingarstjóra		100		250
Félag starfsfólks í veitingahúsum	200			
Félagið Heyrnarhjálp				200
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra	200			
Geðdeild Landspítalans		100		
Handknattleikssamband Íslands				290
Handverkstæðið Ásgarður	50		50	
Handverkstæðið Vinabær	50			
Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands	50			
Iðnnemasamband Íslands	200		250	200
Iðntæknistofnun vegna CE-merkinga	300			
Íslenska blissnefndin			100	
Íþrótta- og tómstundaráð	400			
Íþróttasamband fatlaðra	100			
Krabbameinsfélag Íslands	200			
Kvenfélagasamband Íslands			75	75
Kvenna- og karlakeðjan				75
Kvennaathvarfið		400	150	
Kvenréttindafélag Íslands	200	100		
Kvikmyndafélagið UMBI				300
Landssamtökin Heimili og skóli				850
Landssamtökin Þroskahjálp	50	500	80	50
LAUF		200	50	
Leikhópurinn Perlan			100	50
MG-félag Íslands		150		
Málþing				30
Miðstöð fólks í atvinnuleit	100			400
Mæðrastyrksnefnd Akureyrar	150		150	150
Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar	150		150	150

Mæðrastyrksnefnd Kópavogs	150			150
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur	400		400	500
Námskeið um heimaþjónustu	401			60
Norræn samtök um þarfir sjúkra barna			100	
Rannsókn á aðstæðum og félagslegri færni barna				285
Rannsókn á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum				75
Rannsóknastofa í kvennafræðum				250
Rannsóknastofa uppeldis- og menntamála			300	
Rauði kross Íslands				264
Ráðstefnustyrkur	150			
Ritvöllur		150		
Samtök maka þolenda kynferðislegs ofbeldis		150		
Samtök stríðsbarna á Íslandi				200
Sjónvarpsþáttur um nýbúa				200
Skala-leikhópurinn			300	
Skákklúbbur Sjálfsbjargar	60			
Soroptimistasamband Íslands			150	
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	100	50		
Stígamót				60
Stráið		100		
Stúdentaráð Háskóla Íslands	400		300	1.350
Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna	50	200		50
Styrkur til þátttöku í Genfarskólanum	60		40	80
Stöðvum unglingadrykkju		200		
Sveðisskrifstofa Norðurlands eystra	500			
Umhyggja				100
Unglingaathvörfin				25
UNIFEM á Íslandi.	200		150	
Útgáfa blaðsins „Gegn atvinnuleysi“				50
Útgáfa bæklings um málefni geðsjúkra	30			
Útskriftarhópur tölvunarfræðinga	100			
Vistheimilið Árbót		120		
Æskulýðssamband Íslands	50			40
Samtals	**5.151**	**4.285**	**2.895**	**10.284**

Fylgiskjal I.

Reglur um veitingu styrkja af almennum safnliðum ráðuneytis.
(14. mars 1996.)

1. Safnliðir ráðuneytisins eru almennt ekki ætlaðir til úthlutunar styrkja og því almennt ekki auglýst eftir umsóknum.
2. Í upphafi starfstíma hvers ráðherra skal mörkuð stefna um hvort og til hvaða málefna styrkir skuli veittir, jafnframt því hvernig afgreiðslu mála skuli háttað.
3. Styrki skal að jafnaði ekki veita nema til starfsemi sem tilheyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og/eða varðar málefni á sviði heilbrigðis- og tryggingamála sem brýnt er að leysa og sýnt að umsækjandi á ekki kost á fjárveitingu með öðrum hætti. Að jafnaði skulu ekki veittir styrkir til eftirfarandi:
   — Auglýsinga í blöðum.
   — Vegna málefnis/starfsemi sem ekki heyrir undir ráðuneytið.
   — Vegna náms eða ráðstefnusetu einstaklinga hér á landi sem erlendis.
   — Til að standa undir kostnaði við útskriftir stúdenta og þess háttar.
   — Til almenns reksturs stofnana.
4. Ef styrkumsóknir berast ráðuneytinu skulu þær að jafnaði vera skriflegar og studdar nægilegum gögnum. Munnlegar umsóknir, bornar fram við ráðherra eða embættismenn ráðuneytis, skulu skjalfestar og rökstuddar.
5. Umsækjendur skulu ávallt fá skrifleg svör um afgreiðslu mála.
6. Fjármálastjóri aðalskrifstofu heldur skrá um styrkveitingar þar sem tilgreindur er umsækjandi, stutt lýsing á umsókn og afgreiðsla umsóknarinnar. Fjármálastjóri aðalskrifstofu sér um frágang á afgreiðslu mála í samræmi við settar reglur, en leitað skal staðfestingar ráðuneytisstjóra í öllum vafatilvikum. Þá skal fjármálastjóri aðalskrifstofu jafnframt sjá til þess að styrkþegi geri skilmerkilega grein fyrir nýtingu styrksins.
7. Umsóknir skulu fá eins skjóta afgreiðslu og frekast er unnt.

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir óendurkræfa styrki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árunum 1994–96 (tölur í þús. kr.).

	1994	1995	1996
Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra	11.100	11.300	11.300
Sjálfsbjörg, Akureyri	4.100	4.200	4.200
Sumardvalarheimili í Reykjadal	9.700	9.900	9.900
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík	11.000	11.200	11.200
Endurhæfingarstöð Geðverndarfélags Íslands	2.000	2.000	2.000
Gigtlækningastöð Gigtarfélags Íslands	4.400	4.500	4.500
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga, Akureyri	1.500	1.500	1.500
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsleit	2.000	2.000	2.000
Krabbameinsfélag Íslands, krabbameinsskráning	98.500	100.500	104.000
Hjartavernd, Monica rannsóknir	3.700	3.500	3.500
Hjartavernd, rannsóknastöð	8.100	10.300	10.300
Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili	0	12.000	14.000
Málefni fatlaðra, styrkir til ýmissar starfsemi	4.000	4.159	2.380
Málefni fatlaðra, styrkir til ýmissa framkvæmda	7.000	26.218	1.900
Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, ýmis framlög*	19.960	23.709	16.595

* Úthlutun hér er að hluta til samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar Alþingis.

1299. Svar [451. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Hallvarðsson um virðisaukaskatt af vöruflutningum.

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að leiðrétta þá mismunun sem fram kemur í lögum um virðisaukaskatt um að greiða skuli 24,5% virðisaukaskatt af almennum vöruflutningum innan lands en engan virðisaukaskatt af innanlandsflutningi þegar flutt er beint til eða frá landinu (samsettir flutningar)?

Samkvæmt 2. tölul. 12. gr. virðisaukaskattslaganna eru vöruflutningar milli landa undanþegnir skattskyldri veltu. Það sama á við um flutningskostnað innan lands þegar flutt er beint til eða frá landinu. Rökin fyrir þessari reglu er að erfitt er að skipta flutningskostnaði, t.d. vegna flutninga með skipi sem kemur við á mörgum höfnum innan lands áður en það kemur til endanlegs áfangastaðar. Þá kann hagræðing að ráða hvort flutt er landleiðina eða með skipi.

Þrátt fyrir að vöruflutningar innan lands séu undanþegnir með þessum hætti hefur það ekki áhrif á samkeppnisstöðu flutningafyrirtækja að því leyti sem skattskyldir aðilar kaupa flutningaþjónustuna. Þeir geta nýtt sér frádráttarheimild laganna (innskatt) og hreinsað þannig skattinn af þjónustunni. Skiptir því ekki máli hvort skattskyldir aðilar kaupa samsetta flutninga án virðisaukaskatts eða láta flytja vöruna með almennum flutningsaðila sem er virðisaukaskattsskyldur. Í þeim tilvikum sem óskattskyldir aðilar kaupa flutningaþjónustu getur þessi undanþáguregla haft áhrif á endanlegt vöruverð. Þar sem

flutningar af þessum toga eru að mestu leyti fyrir innlend fyrirtæki og aðra skattskylda aðila má gera ráð fyrir að reglan hafi haft óveruleg áhrif í framkvæmd og hingað til ekki talin þörf á að breyta henni. Með breyttum aðstæðum í landflutningum þar sem bein aðild skipafélaga að þeim fer vaxandi kann hins vegar að vera ástæða til að endurskoða þetta fyrirkomulag með tilliti til samkeppnisaðstæðna og mun það verða athugað á næstunni.

1300. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til skipulags- og byggingarlaga.

Frá umhverfisnefnd.

1. Við 21. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. og 18. gr. Skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst sveitarstjórn. Fallist ráðherra á tillöguna skal auglýsa hana á áberandi hátt. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar og birt í B-deild Stjórnartíðinda.
2. Við 26. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo: Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða.
3. Við 43. gr. Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr.
   a. Í stað orðsins „Byggingarnefnd“ í 1. málsl. komi: Sveitarstjórn.
   b. Orðið „nefndinni“ í 1. málsl. falli brott.
   c. Í stað orðsins „byggingarnefndar“ í 4. málsl. komi: sveitarstjórnar.
   d. Á eftir orðunum „afgreiðslu byggingarleyfis“ í 4. málsl. komi: samkvæmt þessari málsgrein.

1301. Skýrsla [615. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

I. FJÁRÖFLUN

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1996 var ákveðið að draga úr útgjöldum til vegamála frá því sem vegáætlun 1995-1998 gerði ráð fyrir. Af þeim sökum var vegáætlun fyrir árið 1996 endurskoðuð, en reglubundin endurskoðun vegáætlunar átti ekki að fara fram fyrr en á þinginu 1996-1997.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi voru innheimtar tekjur vegasjóðs af mörkuðum tekjustofnum á árinu 1996 sem hér segir:

	Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur m.kr.
1.1. Markaðar tekjur :		
1. Bensíngjald	4.405	4.420
2. Þungaskattur, árgjald	685	714
3. Þungaskattur, km-gjald	1.560	1.679
4. Bætt innheimta þungaskatts	100	100
5. Innheimtuátak í þungaskatti	50	50
6. Hækkun á þungaskatti	34	34
1.2. Fært í ríkissjóð	-637	-800
	6.197	6.197
1.3. Framkvæmdaátak :		
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350	350
3. Framlag úr ríkissjóði	350	350
2. Lánsfé	0	0
4. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 1.3.3	-50	-50
	650	650
Samtals vegáætlun	6.847	6.847
Breytingar samkvæmt heimild í 6. grein fjárlaga	-13	-13
Hækkun vegáætlunar vegna aukinna markaðra tekna	93	93
Aukafjárveiting vegna Skeiðarársands	150	150
Samtals fjárveiting	7.077	7.077

Greiðslur til Vegagerðarinnar voru samkvæmt endurskoðaðri vegáætlun með ofangreindum breytingum.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðaeign

Samkvæmt upplýsingum frá Skráningarstofunni hf. voru nýskráðar fólksbifreiðir 9.515 á árinu 1996 á móti 6.931 árið áður sem samsvarar 37% aukningu. Á sama tíma voru nýskráðar 87 hópferðabifreiðir á móti 70 árið áður eða um 24% fleiri. Nýskráðar vöru- og sendibifreiðir voru 1.002 á árinu 1996 en voru 891 árið áður og er aukningin þar tæp 13%. Endurnýjun bifreiða landsmanna á árinu 1996 var í heild tæp 8%.

Áframhaldandi aukning er í innflutningi og nýskráningu bifreiða og í töflunni hér að neðan má sjá vaxandi aukningu í bifreiðaeign landsmanna eftir samdráttartímabil á árunum 1990-1994.

	Bifreiða-eign 31.12.94	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.95	Nettó aukning í %	Bifreiða-eign 31.12.96
Fólksbifreiðir	116.243	2,57	119.232	4,76	124.909
Hópferðabifreiðir	1.249	3,68	1.295	5,25	1.363
Vöru-/sendibifreiðir	14.348	2,85	14.757	3,41	15.260
Samtals	131.840	2,61	135.284	4,62	141.532

1.1.1. Bensíngjald

Bensínsalan á tekjuárinu nam 183 m.l og var um að ræða 2,2% söluaukningu milli ára. Innheimta bensíngjalds skilaði alls 4.675 m.kr. á tekjuárinu, sem var 15 m.kr. hærri upphæð en reiknað var með í endurskoðaðri vegáætlun. Gjaldið var hækkað um 2,65% þann 1. febrúar 1996. Gjaldið var síðan lækkað aftur í fyrra horf, tímabundið þ.e. frá 10. maí til 1. júlí 1996, vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar. Var það gert með því fororði að þessi lækkun ætti ekki að skerða tekjur Vegagerðarinnar. Miðað við bensínsölu á þessu tímabili má reikna með því að bensíngjaldið hefði átt að skila 18 m.kr. meiri tekjum en það gerði, og var sú upphæð tekin inn í uppgjör ríkissjóðs við vegasjóð.

Dagsetning	Bensíngjald kr/l	Hækkun %	Byggingar-vísitala stig	Bensíngjald mætti vera kr/l
01.02.96 Blýbensín	27,11	2,65	208,5	30,12
01.02.96 Blýlaust	25,51	2,65	208,5	27,54
10.05.96 Blýlaust	24,85	—	tímabundin lækkun	
01.07.96 Blýlaust	25,51	—		
31.12.96 Blýlaust	25,51	—	217,8	28,77

Bensíngjald á blýlausu bensíni hefur um árabil verið 5,88% lægra en af blýbensíni. Sala á blýbensíni fór stöðugt minnkandi og í mars 1996 ákváðu síðan olíufélögin að hætta sölu þess á Íslandi en tóku í staðinn upp sölu á 98 oct blýlausu bensíni. Sala blýbensíns nam um 12% af heildarsölunni og má ætla að þessi ákvörðun hafi skert tekjur vegáætlunar um 35 m.kr. Um svipað leyti ákváðu olíufélögin einnig að hætta sölu á 92 oct bensíni.

Verð á bensíni hefur farið hækkandi. Lítrinn af 95 oct bensíni kostaði í ársbyrjun um 70 krónur, en var kominn í um 77 krónur í árslok. Verð er hins vegar nokkuð breytilegt eftir olíufélögum og afgreiðslumáta.

Ár	Bensínsala m.l	Meðaleyðsla lítrar á bifr.	Verð á lítra 31.12. 92 oct.	95 oct.	98 oct.	Bensíngjald Venjulegt	Blýlaust
1987	155,7	1.324	33,7		35,4	12,60	
1988	164,8	1.321	36,6		38,3	12,60	
1989	166,4	1.336	49,9		54,1	19,39	17,74
1990	169,4	1.387	56,8		62,9	20,55	18,80
1991	175,4	1.436	59,4	63,3	66,4	22,25	20,35
1992	179,1	1.474	60,4	63,4	67,5	23,82	21,78
1993	178,4	1.519	64,4	66,9	70,5	23,80	22,40
1994	180,5	1.537	66,8	69,9	73,6	26,41	24,85
1995	179,0	1.510	67,7	70,0	73,5	26,41	24,85
1996	183,0	1.496		77,0	81,7 *)	27,11	25,51

*) Frá 1996 er 98 oct bensín blýlaust

Meðaleyðsla á bíl virðist nú fara hægt minnkandi eftir nokkuð reglulega aukningu undanfarinna ára.

1.1.2.-6. Þungaskattur

Gjaldskrár þungaskatts voru hækkaðar um 3,2% 1. janúar 1996. Innheimtar tekjur af kílómetragjaldinu námu alls 1.879 m.kr. og af árgjaldinu 793 m.kr. Reyndist innheimtan 148 m.kr. meiri en reiknað hafði verið með við gerð vegáætlunar fyrir 1996 en við gerð hennar hafði samt verið tekið tillit til 150 m.kr. áætlaðra viðbótartekna vegna bættrar innheimtu.

Orsakir þessarar miklu aukningar í innheimtu þungaskatts má að stórum hluta rekja til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á þungaskattskerfinu á undanförnum þremur árum.

Í ársbyrjun 1994 tók Vegagerðin við eftirliti með þungaskatti og við það stórjókst eftirlitið. Í kjölfar frestunar laga um olíugjald, sem taka áttu gildi 1. janúar 1996, var í ársbyrjun 1996 hafist handa við að endurskoða þann hluta laga um fjáröflun til vegagerðar sem fjallar um þungaskatt. Í byrjun júní voru síðan samþykkt lög um breytingu á áðurnefndum lögum á Alþingi. Breytingin fólst einkum í því að nú sér ríkisskattstjóri um framkvæmd laganna og að ákvæði um eftirlit og viðurlög voru hert til muna.

Auk áðurnefndra atriða hefur reglulega verið gert átak í innheimtu þessara gjalda á tímabilinu.

Eins og áður hefur komið fram hafa tekjur af þungaskatti aukist verulega og má reikna með því að þungaskattskerfið sé nú árlega að skila um 400 m.kr. meiri tekjum en það gerði áður og án þess að reiknað sé með gjaldskrárbreytingum.

Gildistöku laga um olíugjald var frestað um tvö ár og eiga þau nú að taka gildi í ársbyrjun 1998. Enn á eftir að útfæra nánar framkvæmd laganna, en nauðsynlegt er að tryggt verði að þeir gjaldstofnar, sem taka eiga við af þungaskattinum, skili Vegagerðinni sömu tekjum og þungaskatturinn gerir.

1.2. FÆRT Í RÍKISSJÓÐ

Samkvæmt vegáætlun var gert ráð fyrir 637 m.kr. færslu á mörkuðum tekjum í ríkissjóð.

Aukin innheimta markaðra tekna hækkaði þá tölu í 800 m.kr. Auk þess kemur frádráttur vegna heimildar í 6. grein fjárlaga sem nam 13 m.kr. Á móti kemur hins vegar að Vegagerðin fékk aukafjárveitingu sem nam 93 m.kr. vegna hinnar miklu aukningar í innheimtu markaðra tekna og síðan 150 m.kr. aukafjárveitingu vegna bráðabirgðavegtenginga í kjölfar náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi.

Nettó tilfærsla á mörkuðum tekjum í ríkissjóð (fyrir utan 50 m.kr. endurgreiðslu á láni vegna framkvæmdaátaks) nam því samkvæmt þessu uppgjöri 570 m.kr. á árinu, en vegna tímabundinnar lækkunar bensíngjalds, sem áður hefur verið minnst á og skerti tekjur vegasjóðs um 18 m.kr. er tilfærslan metin á 588 m.kr.

1.3. FRAMKVÆMDAÁTAK

Haldið var áfram með sérstakt framkvæmdaátak í vegagerð. Samkvæmt vegáætlun 1995-1998 skyldi fjáröflun til framkvæmdaátaks alls vera 3.500 m.kr. á fimm árum. Notkun fjárins átti að fara fram á fjórum árum og mest fyrst eins og sést á meðfylgjandi töflu. Mismun útgjalda og fjáröflunar á fyrstu árum átaksins átti að fjármagna með lánsfé.

Framkvæmdaátak samkvæmt vegáætlun 1995-1998 (vl 1995)*:

	1995	1996	1997	1998	1999
Frá mörkuðum tekjustofnum	310	350	355	360	375
Sérstakt framlag úr ríkissjóði	350	350	350	350	350
Lánahreyfingar	590	300	45	-210	-725
Framkvæmdir	1.250	1.000	750	500	0

* Samþykkt vegáætlun er hærri, sem nemur áætlaðri verðlagshækkun milli 1995 og 1996 fyrir árin 1996-1998.

Við endurskoðun vegáætlunar 1996 var dregið úr átakinu, og varð ráðstöfunarfé 650 m.kr. í stað 1.000 m.kr. Er þá miðað við að framkvæmdir skv. átakinu standi til 1999 eins og fjáröflun. Fjármögnunin 1996 var með þeim hætti, að 350 m.kr. komu frá mörkuðum tekjum og 350 m.kr. sem sérstakt framlag úr ríkissjóði. Endurgreiddar voru 50 m.kr. af láni ríkissjóðs, sem tekið var 1995.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting útgjalda samkvæmt vegáætlun 1996 með þeim breytingum sem gerðar voru í samráði við samgönguráðuneyti og samgöngunefnd og breytingum í samræmi við fjáraukalög.

	(Fjárhæðir í m.kr.)	Vegáætlun 1996	Breyting 1996	Fjárveiting 1996
2.1.	**Stjórn og undirbúningur**	**284**		**284**
	1. Skrifstofukostnaður	140		140
	2. Tæknilegur undirbúningur	144		144
2.2.	**Viðhald þjóðvega**			
	1. Almenn þjónusta	**805**		**805**
	1. Sameiginlegt	215		215
	2. Vegir og vegyfirborð	335		335
	3. Brýr og önnur vegamannvirki	35		35
	4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220		220
	2. Vetrarþjónusta	**660**		**660**
	3. Viðhald	**1.244**	**137**	**1.381**
	1. Endurnýjun bundinna slitlaga	493		493
	2. Endurnýjun malarslitlaga	205		205
	3. Styrkingar og endurbætur	260		260
	4. Viðhald brúa og varnargarða	100		100
	5. Öryggisaðgerðir	94		94
	6. Vatnaskemmdir	92	-13	79
	7. Skeiðarársandur		150	150
	4. Þéttbýlisvegir	**310**		**310**
2.3.	**Til nýrra þjóðvega**	**2.326**	**93**	**2.419**
	1. Stofnvegir			
	1. Almenn verkefni og bundin slitlög	782		782
	2. Höfuðborgarsvæðið	431		431
	3. Stórverkefni	463	93	556
	4. Framkvæmdaátak	650		650
	2. Tengivegir	**275**		**275**
	3. Til brúagerða	**130**		**130**
	1. Brýr 10 m og lengri	118		118
	2. Smábrýr	12		12
	4. Girðingar	**28**		**28**
2.4.	**Til safnvega**	**159**		**159**
2.5.	**Til landsvega**	**60**		**60**
2.6.	**Til styrkvega**	**25**		**25**
2.7.	**Til reiðvega**	**10**		**10**
2.8.	**Til tilrauna**	**65**		**65**
2.9.	**Til flóabáta**	**466**		**466**
	Samtals	6.847	230	7.077

2.0. VERÐLAGSFORSENDUR OG AFKOMA 1996 OG YFIRLIT YFIR FJÁRMAGN TIL VEGAMÁLA

Við endurskoðun vegáætlunar fyrir 1996 var meðalvísitala vegagerðar áætluð 5150 stig og hafði þá verið gert ráð fyrir tæplega 3% hækkun verðlags frá 1995. Í reynd varð vísitalan 5176 þannig að frávik voru ekki mikil.

Markaðir stofnar skiluðu mun meiri tekjum en gert var ráð fyrir, þrátt fyrir áætlanir um aukningu og bætta innheimtu. Alls skiluðu þeir 7.365 m.kr. ef teknar eru með í reikninginn 18 m.kr., sem tímabundin lækkun bensíngjalds er talin hafa kostað vegasjóð. Áætlunin gerði hins vegar ráð fyrir 7.184 m.kr.

Færsla markaðra tekna í ríkissjóð, sem skyldi vera 144 m.kr. á árinu 1996 samkvæmt vegáætlun fyrir 1995-1998 var hækkuð í 637 m.kr. Framkvæmdaátakið, sem hófst 1995 hélt áfram, en dregið var úr framkvæmdahraðanum. Framlag til þess lækkaði úr rúmum milljarði í 650 m.kr. Þessar breytingar má rekja til viðleitni ríkisstjórnarinnar til að minnka ríkishallann og draga úr þensluáhrifum, en batamerki voru fyrirsjáanleg í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Niðurstaða þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1996 varð því 6.847 m.kr. Vegna bættrar innheimtu markaðra tekna fékk Vegagerðin hins vegar aukafjárveitingu sem nam 93 m.kr. og síðan 150 m.kr. til að koma á vegasambandi í kjölfar hamfaranna á Skeiðarársandi. Niðurskurður samkvæmt 6. grein fjárlaga nam 13 m.kr. þannig að í sinn hlut fékk Vegagerðin alls 7.077 m.kr. á árinu 1996.

Ef litið er framhjá hamförunum á Skeiðarársandi var árið nokkuð gott fyrir Vegagerðina, vetur mildur og yfirleitt góður gangur í framkvæmdum.

Taka vinnulána var með meira móti þetta árið, en almennt má segja að afkoma Vegagerðarinnar á árinu 1996 hafi verið góð.

Í súluritinu hér að neðan koma fram framlög til vegamála í m.kr. á verðlagi 1996 á árunum 1966 til 1996.



Hér að neðan má sjá framlög til vegamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1966 til 1996. Miðað er við endurskoðaðan grunn þjóðarframleiðslu.



2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald

Um sl. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni 347 í 341 stöðugildi en voru 346 í 340 stöðugildum um áramótin 1995-1996. Stöðugildi með starfsnúmeri eru 355. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1996 var 396 en 403 á árinu 1995. Heildarvinnuframlag á árinu 1996 reiknað í dagvinnustundum nam 552 mannárum og hafði lækkað úr 569 á árinu 1995. Launagreiðslur voru 863 m.kr á árinu 1996 og launatengd gjöld 108 m.kr. Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda fastra starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og umdæmum.

	Reykjavík	Suðurland	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Samtals
Yfirstjórn, skrifstofa	19	3	2	4	6	3	3	2	42
Tæknilegur undirbúningur	44	9	8	7	3	5	7	6	89
Vegaeftirlit	8	0	0	0	0	0	0	0	8
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	9	0	0	0	0	0	1	1	11
Iðnlærðir verkstjórar	1	1	3	1	1	2	1	1	11
Verkstjórar	1	8	7	7	6	3	10	8	50
Iðnaðarmenn	0	2	8	6	2	3	6	5	32
Vélamenn	5	6	9	11	13	5	11	10	70
Verkamenn	2	3	2	5	3	3	6	2	26
Ráðskonur, matreiðslumenn	1	1	0	1	1	1	1	2	8
Fastir starfsmenn í desember 1996	90	33	39	42	35	25	46	37	347
Fastir starfsmenn í desember 1995	86	34	39	43	37	26	46	35	346
Fastir starfsmenn í desember 1994	88	34	34	43	38	25	44	35	341
Fastir starfsmenn í desember 1993	85	35	32	44	35	27	46	33	338
Fastir starfsmenn í desember 1992	89	37	32	44	34	27	42	35	340
Fastir starfsmenn í desember 1991	94	33	28	44	33	29	45	34	340
Fastir starfsmenn í desember 1990	104	33	21	42	35	28	46	33	342
Fastir starfsmenn í desember 1989	106	30	24	43	34	27	47	34	345
Fastir starfsmenn í desember 1988	116	31	17	40	32	29	45	35	345
Fastir starfsmenn í desember 1987	117	31	19	44	32	30	45	40	358
Fastir starfsmenn í desember 1986	123	32	18	46	32	29	48	43	371
Fastir starfsmenn í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385

2.1.1. Skrifstofukostnaður

Fjárveiting í vegáætlun var 140 m.kr.

Til þess liðar telst eftirfarandi starfsemi: Yfirstjórn Vegagerðarinnar og stjórnsýslusvið, sem nær yfir fjárreiðudeild, hagdeild og lögfræði- og starfsmannahald.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur

Fjárveiting í vegáætlun var 144 m.kr.

Tæknisvið í Reykjavík nær yfir áætlanadeild, framkvæmdadeild, rekstrardeild, tölvudeild og þjónustudeild. Á tæknisviði fer fram hönnun brúa og aðstoð við umdæmi í veghönnun. Unnið er úr umferðartalningum og slysaskýrslum og tillögur gerðar um úrbætur. Haldið er utanum alla skráningu í viðhaldi og þjónustu, vinnubrögð samræmd og fjárveitingum til viðhalds og þjónustu skipt milli umdæma og þjónustusvæða. Miðlun upplýsinga til vegfarenda og almennings er sífellt mikilvægari og er henni stjórnað í samvinnu við umdæmin. Haft er eftirlit með ásþunga bifreiða og þungaskatti. Tölvuþjónusta er rekin í Reykjavík fyrir allar umdæmisskrifstofur og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar. Á tæknisviði er umsjón með rekstri vélakosts Vegagerðarinnar í samvinnu við umdæmi og rekin birgðastöð fyrir allt landið. Starfsmenn tæknisviðs vinna auk þess að ýmsum tilrauna- og rannsóknarverkefnum í samvinnu við rannsókna- og þróunardeild Vegagerðarinnar. Sé unnið við ákveðna framkvæmd sem hefur fjárveitingu í vegáætlun er kostnaður færður á verkið en ef vinnan tengist ekki ákveðnu verkefni er hún greidd af þessum lið.

Haldið var við skrám um þjóðvegi og lengd þeirra, en samkvæmt nýjum vegalögum er þeim skipt í fjóra flokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í eftirfarandi töflu má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun þann 1. janúar 1996.

Umdæmi	Stofnvegir km	Tengivegir km	Safnvegir km	Landsvegir km	Samtals km
Suðurland	620	981	519	543	2.663
Reykjanes	301	172	62	44	579
Vesturland	588	702	403	145	1.838
Vestfirðir	794	412	247	65	1.518
Norðurland vestra	410	630	365	202	1.607
Norðurland eystra	637	563	359	489	2.048
Austurland	921	475	372	321	2.089
Samtals	4.271	3.935	2.327	1.809	12.342

Á tæknisviði er haldið við skrám um umferð á þjóðvegum landsins og upplýsingum um slys á þjóðvegum, sem gerð er lögregluskýrsla um. Niðurstöður um slys eru birt í sérstakri skýrslu. Einnig er haldið við skrám um lengd vega með bundnu slitlagi.

Á árinu 1996 var lagt bundið slitlag á 122 km. Lenging vega með bundnu slitlagi er þó ekki nema 106 km þar sem víða er um styttingu á vegakerfinu að ræða þar sem lagðir eru nýir vegir. Stærstan hluta mismunarins má þó rekja til vega-skemmda á Skeiðarársandi. Frá árinu 1995 eru vegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með stofn- og tengivegum.



Á síðunum hér á eftir er yfirlit yfir umferð á vegum landsins árið 1995, en úrvinnsla umferðartalninga fyrir árið 1996 er ekki lokið. Vakin er athygli á því að frá árinu 1995 eru vegir í kaupstöðum og kauptúnum taldir með þjóðvegakerfinu. Umferð á þessum vegum er mun meiri en annars staðar á vegum landsins og er sú viðbót sýnd sérstaklega árið 1994.






Ársumferð 1995
> 1000 bílar á dag
500 - 1000 bílar á dag
200 - 500 bílar á dag
< 200 bílar á dag

Í eftirfarandi töflu er sýnd lengd þjóðvega flokkuð eftir sumardagsumferð (júní-september). Gerður er greinarmunur á vegum með bundnu slitlagi og vegum með malarslitlagi. Einnig er sýndur fjöldi ekinna km í hverju umdæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstri. Umferð er samkvæmt umferðartalningu 1995, en lengd vega miðað við árslok 1996. Vakin er athygli á því að vegir sem áður voru þjóðvegir í þéttbýli eru nú samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 taldir til þjóðvega.

		Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1995														Ársumferð 1995			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1.000	1.000-1.500	1.500-2.000	2.000-3.000	3.000-5.000	5.000-10.000	Yfir 10.000				% skipting	
Umdæmi	Gerð slitlags	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	Alls km	Eknir m.km	Í kjörd. %	Í landi %	
Suðurland	Malar	265	167	308	107	36	11	0	0	0	0	0	0	0	894	26	13	2	
	Bundið	26	22	44	43	146	163	88	57	24	43	14	37	0	707	172	87	12	
	Samtals	291	189	352	150	182	174	88	57	24	43	14	37	0	1.601	198	100	14	
Reykjanes	Malar	20	27	42	21	13	9	5	4	0	2	0	0	0	143	11	1	1	
	Bundið	0	15	22	6	22	12	1	39	24	28	46	53	62	330	752	99	54	
	Samtals	20	42	64	27	35	21	6	43	24	30	46	53	62	473	763	100	55	
Vesturland	Malar	253	247	200	108	58	9	0	0	0	0	0	0	0	875	22	20	2	
	Bundið	3	1	28	51	97	78	20	45	18	56	18	0	0	415	90	80	6	
	Samtals	256	248	228	159	155	87	20	45	18	56	18	0	0	1.290	112	100	8	
Vestfirðir	Malar	246	226	317	38	0	0	0	0	0	0	0	0	0	827	15	35	1	
	Bundið	0	2	139	146	50	8	9	17	0	6	2	0	0	379	28	65	2	
	Samtals	246	228	456	184	50	8	9	17	0	6	2	0	0	1.206	43	100	3	
Norðurland vestra	Malar	300	225	97	43	17	0	0	0	0	0	0	0	0	682	13	17	1	
	Bundið	0	1	16	27	85	19	67	139	4	0	0	0	0	358	62	83	4	
	Samtals	300	226	113	70	102	19	67	139	4	0	0	0	0	1.040	75	100	5	
Norðurland eystra	Malar	176	309	92	123	63	11	0	0	0	0	0	0	0	774	23	21	2	
	Bundið	1	7	29	47	90	94	21	72	46	7	7	5	0	426	87	79	6	
	Samtals	177	316	122	169	153	105	21	72	46	7	7	5	0	1.200	110	100	8	
Austurland	Malar	188	254	248	67	69	9	0	0	0	0	0	0	0	835	22	29	2	
	Bundið	9	11	45	186	201	74	14	7	7	6	1	0	0	561	53	71	3	
	Samtals	197	265	293	253	270	83	14	7	7	6	1	0	0	1.396	75	100	5	
Samtals	Malar	1448	1.455	1.304	507	256	49	5	4	0	2	0	0	0	5.030	132	11	11	
	Bundið	39	59	323	506	691	448	220	376	123	146	88	95	62	3.176	1.244	89	89	
	Alls	1487	1.514	1.627	1.013	947	497	225	380	123	148	88	95	62	8.206	1.376	100	100	

Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki 1995

2.2. ÞJÓNUSTA OG VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

Í vegáætlun 1996 með síðari breytingum var fjárveiting viðhalds þjóðvega 3.156 m.kr. Viðhaldi þjóðvega er skipt í almenna þjónustu, vetrarþjónustu, viðhald og þéttbýlisvegi. Sú breyting var gerð á vegalögum (nr. 45/1994), sem tóku gildi við samþykkt vegáætlunar 25. febrúar 1995 að vegir í kaupstöðum og kauptúnum voru felldir inn í þjóðvegakerfið og fjárveiting til viðhalds og þjónustu þeirra gerð að sérstökum lið undir viðhaldi þjóðvega. Fjárveiting til þéttbýlisvega var 310 m.kr. Við samanburð á þeim töflum og súluritum sem sýnd eru hér á eftir þarf að hafa í huga þá breytingu á vegalögum sem tók gildi á árinu 1995.

Markmið þjónustu og viðhalds er að stuðla að greiðum samgöngum og varðveita þau verðmæti sem bundin eru í þjóðvegakerfinu. Hér er um að ræða mikið og vaxandi starf. Samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 er þjóðvegum skipt í eftirfarandi flokka stofnvegir, tengivegir, safnvegir og landsvegir. Heildarlengd þjóðvega er 12.342 km og á árinu 1995 var umferð á þeim um 1.376 milljónir ekinna km (sjá töflu hér að framan). Væntingar vegfarenda til vegakerfisins og bættrar þjónustu þess munu stöðugt aukast.

Í súluritinu hér að neðan kemur fram þróun í kostnaði við þjónustu og viðhald þjóðvega frá 1966. Tölurnar eru í m.kr. á verðlagi 1996. Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu þjóðvega í þéttbýli varð 286 m.kr. árið 1995 og 328 m.kr. árið 1996 og er hann talinn með í kostnaði þau ár.



Taflan hér að neðan sýnir fjárveitingar og heildarkostnað viðhalds og þjónustu ásamt hlutdeild vetrarþjónustu á árunum 1977 til 1996. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi hvers árs. Frá og með árinu 1995 er viðhaldskostnaður þjóðvega í þéttbýli talinn með öðrum viðhaldskostnaði í samræmi við vegáætlun.

Ár	Fjárv. í vegáætlun m.kr.	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-þjónusta m.kr.	Vetrarþjónusta sem hlutfall af heildarkostnaði %
1977	18,78	19,78	5,00	25,3
1978	32,20	34,97	8,45	24,2
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,92	16,75	20,4
1981	140,06	138,78	42,98	31,0
1982	220,90	236,90	55,90	23,6
1983	414,00	425,30	137,10	32,2
1984	532,30	556,70	156,80	28,2
1985	691,00	645,20	96,80	15,0
1986	821,10	777,00	179,10	23,1
1987	875,00	909,20	141,70	15,6
1988	1.063,00	1.055,30	248,20	23,5
1989	1.485,00	1.489,70	526,70	35,4
1990	1.852,00	1.800,82	594,80	33,0
1991	1.878,00	1.887,10	393,00	20,8
1992	2.045,00	2.082,76	466,81	22,4
1993	2.300,00	2.336,00	587,15	25,1
1994	2.481,00	2.394,51	582,40	24,3
1995	3.052,00	3.275,56	1.020,79	31,2
1996	2.935,00	3.062,80	614,22	20,1

Kostnaður vegna viðhalds og þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var árið 1995 279,4 m.kr. Þar af nam kostnaður vegna vetrarþjónustu í þéttbýli 69,7 m.kr. Árið 1996 var samsvarandi kostnaður 327,9 m.kr. og 85,6 m.kr.

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu á kostnaði við viðhald og þjónustu stofn- og tengivega milli umdæma 1996. Upphæðir eru í m.kr. Akstur er samkvæmt umferðartalningu 1995. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

	Viðhald og þjónusta					Viðhald og almenn þjónusta		
Kjördæmi	Kostnaður árið 1996 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður á hvern km þ.kr.	Akstur 1995 m.km	Kostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður alls m.kr.	Kostnaður á km þ.kr.	Kostnaður á ekna 100 km kr.
Suðurland	398,1	1.601	248,7	198	201	352,0	220,0	178
Reykjanes	719,4	473	1.520,9	763	94	585,0	1.236,8	77
Vesturland	412,9	1.290	320,1	112	369	338,0	262,0	302
Vestfirðir	432,9	1.206	359,0	43	1.007	324,0	268,7	753
Norðurland vestra	315,7	1.040	303,6	75	421	246,0	236,5	328
Norðurland eystra	384,5	1.200	320,4	110	350	283,0	235,8	257
Austurland	399,3	1.396	286,0	75	532	321,0	229,9	428
Samtals/meðaltal:	3.062,8	8.206	373,2	1.376	271	2.449,0	298,5	178

Í eftirfarandi töflu kemur fram kostnaður við viðhald og almenna þjónustu stofn- og tengivega árin 1982-1996 ásamt ýmsum stærðum sem hafa áhrif á viðhaldsþörfina. Fyrir árið 1996 eru notaðar umferðartölur ársins 1995. Sú breyting er gerð frá og með árinu 1995 að þjóðvegir í þéttbýli eru taldir með í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Ár	Kostnaður m.kr.	Vísitala viðhalds-kostnaðar	Kostnaður á verðlagi 1996 m.kr.	Lengd stofn- og tengivega km	Kostnaður pr. km á verðlagi 1996 þ.kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á á stofn- og tengivegum m.km	Kostnaður pr. 100 ekna km verðl. 1996
1982	181,00	570	1.687	8.306	203,1	100.936	500	337,4
1983	288,20	1.064	1.439	8.277	173,9	100.459	485	296,7
1984	399,90	1.198	1.773	8.268	214,4	108.254	524	338,4
1985	548,40	1.595	1.826	8.222	222,1	113.202	586	311,6
1986	597,90	1.825	1.740	8.231	211,4	117.117	606	287,1
1987	767,50	2.285	1.784	8.265	215,8	125.950	726	245,7
1988	807,10	2.890	1.484	8.269	179,5	133.148	774	191,7
1989	963,00	3.538	1.446	8.256	175,1	138.602	795	181,9
1990	1.189,75	4.375	1.445	8.254	175,1	137.778	807	179,1
1991	1.494,10	4.673	1.698	8.249	205,8	134.181	889	191,0
1992	1.615,95	4.758	1.804	8.249	218,7	136.874	896	201,3
1993	1.749,00	4.879	1.904	8.020	237,4	136.148	892	213,5
1994	1.812,11	4.993	1.928	8.023	240,3	131.836	920	209,6
1995	2.254,77	5.172	2.316	8.241	281,0	135.280	1.349	171,7 *)
1996	2.448,58	5.312	2.449	8.206	298,4	141.530	1.376	178,0

*) Frá og með árinu 1995 eru þjóðvegir í þéttbýli meðtaldir í tölum um kostnað, vegalengdir og akstur.

Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu á þjóðvegum í þéttbýli var 242,3 m.kr. á árinu 1996. Án þjóðvega í þéttbýli varð kostnaður 219,3 kr. á hverja 100 ekna km á árinu 1996, en var 228,3 kr á hverja 100 ekna km árið 1995.

Súluritið hér á eftir sýnir þróun í kostnaði við viðhald og almenna þjónustu frá árinu 1966. Kostnaður vegna viðhalds og almennrar þjónustu þéttbýlisvega er talinn með kostnaði 1995 og 1996.



Súluritið hér að neðan sýnir kostnað við viðhald og almenna þjónustu stofnvega og tengivega á hverja ekna 100 km á verðlagi 1996. Vakin er athygli á því að breytingin sem varð á vegalögum 1995 hefur áhrif á þennan samanburð bæði hvað varðar lengd þjóðvega og umferð.



2.2.1. Almenn þjónusta

Verkefni sem tilheyra almennri þjónustu er sú viðhalds- og viðgerðarvinna á vegum, vegamannvirkjum og vegsvæðum sem þarf til að viðhalda því ástandi sem er fyrir og ætla má að þurfi að vera til að uppfylla þau markmið sem sett eru varðandi greiða umferð og almennt umferðaröryggi.

Fjárveiting til almennrar þjónustu var 805 m.kr. og var skipt í fjóra meginflokka þ.e. til sameiginlegrar þjónustu, til vega og vegyfirborðs, til brúa og annarra vegamannvirkja og til vegmerkinga og vegbúnaðar.

2.2.1.1. Sameiginlegt

Fjárveiting til þessara verkefna var 198 m.kr. og var henni varið til að greiða stjórnun og ýmis sameiginleg verkefni þ.m.t. hreinsun vegsvæða og kostnað vegna vatnaskemmda o.fl. svo og upplýsingamiðlunar og eftirlits með vegum auk margs annars til að auðvelda umferðinni að komast leiðar sinnar á öruggan og þægilegan hátt.

2.2.1.2. Vegir og vegyfirborð

Fjárveiting til vega og vegyfirborðs var 342 m.kr. og voru helstu kostnaðarliðir viðgerðir á tilfallandi skemmdum á slitlögum, lagfæringum á öxlum (hliðræmum), vegheflun og rykbinding. Innan þessa verkefnaflokks voru einnig unnin ýmis smærri verk eins og viðgerðir á tilfallandi skemmdum vegna aurbleytu, úrrennslis o.þ.h.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1996 með klórkalsíum, magnesíumklóríð, salti eða sjó. Í töflunni kemur einnig fram lengd malarvega með mikla sumarumferð í hverju umdæmi, annars vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 200 bílar á dag og hins vegar lengd vega með sumarumferð meiri en 300 bílar á dag.

	Rykbundnir km *)						malarvegir km	
Umdæmi	klór-kalsíum	magnesum klóríð	úrgangs-salt	nýtt salt	sjór	samtals	SDU> 200	SDU> 300
Suðurland	218	0	84	129	264	695	154	47
Reykjanes	65	0	0	80	235	380	54	33
Vesturland	120	0	279	153	170	722	175	67
Vestfirðir	89	0	29	199	490	807	38	0
Norðurland vestra	123	0	98	4	6	231	60	17
Norðurland eystra	59	0	152	239	0	450	197	74
Austurland	116	0	123	109	184	532	145	78
Samtals	790	0	765	913	1.349	3.817	823	316

*) Hér eru taldir þeir km vegar sem hafa verið rykbundnir á árinu án tillits til þess hve oft hefur verið rykbundið.

2.2.1.3. Brýr og önnur vegamannvirki

Fjárveiting til þessa verkefnaflokks var 31 m.kr og var henni varið til að greiða kostnað við umhirðu, lagfæringar og minni háttar viðgerðir á brúm, stærri vegræsum, vegskálum og varnargörðum.

2.2.1.4. Vegmerkingar og búnaður

Fjárveiting til vegmerkinga og vegbúnaðar var 234 m.kr. og var henni varið til að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar á vegum, endurnýjun og viðhald á kantstikum, umferðarmerkjum og vegriðum og gerð og rekstur áningarstaða meðfram vegum.

2.2.2. Vetrarþjónusta

Fjárveiting í vegáætlun var 660 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 62,7 m.kr. Til ráðstöfunar voru því 597,3 m.kr. Veturinn frá áramótum til vors var óvenju snjóléttur um allt land og kostnaður við vetrarþjónustu því með minnsta móti. Haustið var einnig snjólétt en tíð víða risjótt og kostnaður við vetrarþjónustu yfir meðallagi síðari hluta árs. Heildarkostnaður við vetrarþjónustu varð 528,6 m.kr. Innistæða sem flyst til ársins 1997 er því 68,6 m.kr.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu á öllu landinu árin 1987-1996. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi ársins 1996.

Ár	Vísitölur	Jan.-júní m.kr	Okt.-des. m. kr.	Allt árið m.kr.
1987	2358	177	146	323
1988	2997	310	138	448
1989	3710	594	170	764
1990	4483	539	175	714
1991	4793	261	180	441
1992	4885	308	206	514
1993	4962	369	267	636
1994	5046	341	280	621
1995	5223	808	171	979
1996	5378	273	256	529
Meðalkostnaður sl. 10 ára.				597

Hér að neðan má sjá heildarkostnað við vetrarþjónustu á árunum 1966-1996 í súluriti. Upphæðir eru í m.kr. á verðlagi 1996. Kostnaður vegna vetrarþjónustu þjóðvega í þéttbýli 71,8 m.kr 1995 og 85,6 m.kr. 1996 er ekki meðtalinn.



Á töflunni hér á eftir má sjá kostnað við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum á árinu 1996.

Kaflar:	Lengd kafla km	Kostnaður m.kr.	Kostn. á km þús.kr.
Hellisheiði: Reykjavík – Hveragerði og Þrengslavegur	48	21,3	438
Holtavörðuheiði	37	9,0	244
Fróðárheiði	14	4,0	285
Steingrímsfjarðarheiði	47	4,8	102
Siglufjarðarvegur: Ketilás – Siglufjörður	25	8,2	327
Öxnadalsheiði	25	9,1	364
Dalvík – Ólafsfjörður	18	4,8	267
Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalur	146	9,9	68
Vopnafjarðarheiði	51	4,0	78
Fjarðarheiði	24	5,3	220
Oddsskarð	21	5,5	264
Vegið meðaltal			242

Á töflunni hér á eftir má sjá hve lengi ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa á árinu 1996. Einnig kemur fram á hve mörgum dögum ársins var unnið við vetrarþjónustu á viðkomandi fjallvegi.

	Vetrarþjónustudagar														
	Hlutfall af 365 dögum														
	Jan.	Feb.	Mars	Apr.	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	%	
Fróðárheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	61
Svínadalur	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0,3	39
Kletthás	14	25	28	8	0	0	0	0	0	1	0	4	80	21,9	22
Hálfdán	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	52
Dynjandisheiði	14	29	31	11	0	0	0	0	0	1	0	12	98	26,8	26
Hrafnseyrarheiði	15	29	23	13	0	0	0	0	0	4	3	9	96	26,3	40
Steingrímsfjarðarheiði	0	4	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1,4	55
Holtavörðuheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	55
Vatnsskarð nyrðra	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	53
Siglufjv:Fljót-Siglufj.	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	0,5	52
Lágheiði	23	29	14	11	0	0	0	0	0	3	30	31	141	38,6	22
Öxnadalsheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	83
Dalvík-Ólafsfjörður	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0,3	73
Hólssandur	25	29	31	30	16	0	0	0	0	3	30	31	195	53,4	13
Öxarfjarðarheiði	25	29	31	30	13	0	0	0	0	4	30	31	193	52,9	8
Sandvíkurheiði	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	22,0	22
Vopnafjarðarheiði	1	7	0	3	0	0	0	0	0	1	0	1	13	3,6	40
Möðrudalsöræfi	0	5	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	6	1,6	45
Hellisheiði eystri	20	26	9	15	3	2	0	0	0	2	25	31	133	36,4	28
Vatnsskarð eystra	0	8	0	2	0	0	0	0	0	1	3	7	21	5,8	29
Fjarðarheiði	0	1	0	1	0	0	0	0	0	0	0	1	3	0,8	97
Oddsskarð	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0,0	92
Breiðdalsheiði	0	10	0	2	0	0	0	0	0	0	0	3	15	4,1	28


Takmarkanir á ásþunga vegna aurbleytu
á helstu þjóðvegum landsins vorið 1996.
27 d. oj.
15 d. 7 t.
20 d. oj.
9 d. 7 t.
21 d. oj.
11 d. 7 t.
24 d. oj.
9 d. oj.
13 d. 7 t.
29 d. 7 t.
15 d. 7 t.
17 d. 7 t.
30 d. oj.
11 d. 7 t.
23 d. 5 t.
3 d. 5 t.
24 d. 7 t.
37 d. 5 t.
46 d. oj.
9 d. 7 t.
33 d. oj.
12 d. 7 t.
21 d. 5 t.
28 d. 7 t.
21 d. 7 t.
15 d. 7 t.
8 d. 7 t.
25 d. 7 t.
35 d. 7 t.
26 d. 5 t.
23 d. 7 t.
7 d. vl.
13 d. oj.
23 d. 5 t.
9 d. vl.
10 d. oj.
23 d. 7 t.
29 d. 7 t.
27 d. 5 t.
5 d. 7 t.
30 d. 7 t.
11 d. oj.
43 d. 7 t.
39 d. 7 t.
46 d. 7 t.
46 d. 7 t.
26 d. 7 t.
14 d. 5 t.
20 d. 7 t.
30 d. 7 t.
38 d. 7 t.
21 d. 7 t.
49 d. 7 t.
14 d. Vl
16 d. 5 t.
14 d. 5 t.
17 d. 7 t.
10 d. 7 t.
36 d. 5 t.
14 d. 7 t.
54 d. 7 t.
35 d. vl
24 d. 7 t.
16 d. 7 t.
Vegur lokaður (v.l.), eða aðeins opinn jeppum (o.j.).
5 tonna áslþungi (5 t.).
7 tonna áslþungi (7 t.).
Kafla skipting.
Kafla skipting.

2.2.3. Viðhald

Verkefni sem falla undir viðhald vega miða að því að varðveita verðmæti vegarins, og hæfni hans til að bera þann umferðarþunga, sem honum er ætlaður. Fjárveiting til viðhalds vega var 1.381 m.kr og er henni skipt í sex meginflokka, sem eru endurnýjun bundinna slitlaga, endurnýjun malarslitlaga, styrkingar og endurbætur, viðhald brúa og varnargarða, öryggisaðgerðir, vatnaskemmdir. Auk þess var veitt aukafjárveiting af fjáraukalögum vegna Grímsvatnahlaups í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í október 1996.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig viðhaldskostnaður skiptist milli hinna einstöku liða viðhalds og milli umdæma samkvæmt bókhaldi Vegagerðarinnar.

Umdæmi	Endurnýjun bundinna slitlaga þús.kr.	Endurnýjun malar-slitlaga þús.kr.	Styrkingar og endurbætur þús.kr.	Viðhald brúa og varnargarða þús.kr.	Öryggis-aðgerðir þús.kr.	Vatna-skemmdir þús.kr.	Samtals þús.kr.
Sameiginlegt	0	0	1.140	4.852	2.925	0	8.917
Suðurland	79.259	31.305	36.923	27.610	16.829	4.876	196.802
Reykjanes	192.645	8.455	16.432	1.511	8.869	1.561	229.473
Vesturland	65.084	18.415	55.583	0	6.903	3.211	149.196
Vestfirðir	78.841	26.469	33.996	14.471	2.516	21.511	177.804
Norðurland vestra	53.433	13.530	38.991	16.581	7.986	5.227	135.748
Norðurland eystra	59.176	31.728	25.212	16.733	4.034	59	136.942
Austurland	82.951	14.495	52.219	17.608	481	2.686	170.440
Samtals	611.389	144.397	260.496	99.366	50.543	39.131	1.205.322

Samkvæmt reglugerð nr. 325 frá 2. júní 1995 ber Vegagerðinni að greiða helming áætlaðs viðhaldskostnaðar girðinga með stofn- og tengivegum. Í samræmi við hana var af viðhaldsfé greiddur viðhaldskostnaður girðinga að upphæð 8.355 þús.kr.

Kostnaður við bráðabirgðaaðgerðir á Skeiðarársandi vegna Grímsvatnahlaups varð 135.652 þús.kr.

2.2.3.1. Endurnýjun bundinna slitlaga

Fjárveiting var 493 m.kr. Lagðir voru 422 km af bundnu slitlagi sem skiptist á tegundir og umdæmi eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Klæðing km	Klæðing þ.m²	Malbik km	Malbik þ.m²	Steypa km	Steypa þ.m²	Alls km	Alls þ.m²
Suðurland	75,5	453	0,0	0	0,0	0	75,5	453
Reykjanes	30,0	176	24,9	149	0,0	0	54,9	325
Vesturland	64,1	385	2,4	14	0,0	0	66,5	399
Vestfirðir	25,9	156	14,4	86	0,0	0	40,3	242
Norðurland vestra	70,2	420	0,0	0	0,0	0	70,2	420
Norðurland eystra	55,3	332	0,0	0	0,0	0	55,3	332
Austurland	59,5	326	0,0	0	0,0	0	59,5	326
Samtals	380,5	2.247	41,7	250	0,0	0	422,2	2.497

Í þessum tölum eru ekki blettanir og hjólfarafyllingar. Allar yfirlagnir hafa verið umreiknaðar í 6 m breið slitlög.

2.2.3.2. Endurnýjun malarslitlaga

Fjárveiting til endurnýjunar malarslitlaga var 205 m.kr. Lagt var malarslitlag á 490 km af malarvegum. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum.

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig þetta magn skiptist í unnið og óunnið efni og á milli umdæma.

Umdæmi	Óunnið efni km	Óunnið efni m³	Unnið efni km	Unnið efni m³	Mölburður alls km	Mölburður alls m³
Suðurland	15	8.146	23	10.937	38	19.083
Reykjanes	8	2.835	20	9.165	29	12.000
Vesturland	22	8.844	60	15.540	82	24.384
Vestfirðir	2	350	20	6.134	22	6.484
Norðurland vestra	0	0	81	7.628	81	7.628
Norðurland eystra	0	0	109	23.112	109	23.112
Austurland	4	1.125	125	34.738	129	35.863
Samtals	51	21.300	439	107.254	490	128.554

Vinnsla efnis í slitlög og burðarlög 1996 var eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

Umdæmi	Fyrir malarslitlög m³	Fyrir bundin slitlög m³	Fyrir burðalög og jöfnunarlög m³	Samtals m³
Suðurland	20.600	20.141	51.786	92.527
Reykjanes	0	0	0	0
Vesturland	22.597	5.780	26.964	55.341
Vestfirðir	10.594	3.451	5.963	20.008
Norðurland vestra	15.505	8.636	4.991	29.132
Norðurland eystra	19.280	19.936	84.726	123.942
Austurland	20.050	8.942	28.086	57.078
Samtals	108.626	66.886	202.516	378.028

Hér er aðeins talið efni sem unnið er fyrir Vegagerðina. Efni sem keypt er í einu eða öðru formi er ekki meðtalið. Vegagerðin starfrækir eina mulningsvélasamstæðu en meginhluti verksins var boðinn út.

2.2.3.3. Styrkingar og endurbætur

Fjárveiting var 260 m.kr. Miklum hluta þess fjár er varið til styrkinga og endurbóta á malarvegum með lítið burðarþol og þarf að takmarka umferðarþunga á vegna aurbleytu. Veruleg aukning er þó á styrkingum vega með bundnu slitlagi. Á það sérstaklega við um vegi sem endurbættir hafa verið af viðhaldsfé til þess að geta lagt á þá bundið slitlag, elstu vegina með bundnu slitlagi og þar sem þunga-umferð er mest.

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir styrkingar vega á árinu 1996.

	Vegir með bundnu slitlagi				Malarvegir		Styrkingar alls	
	Burðarlag með möl		Bundið burðarlag					
Umdæmi	km	m³	km	m³	km	m³	km	m³
Suðurland	6,0	12.736	0,0	0	21,3	17.616	27,3	30.352
Reykjanes	0,0	0	0,0	0	2,0	16.200	2,0	16.200
Vesturland	0,0	0	8,3	6.980	15,0	15.092	23,3	22.072
Vestfirðir	0,0	0	4,7	6.450	5,7	7.620	10,4	14.070
Norðurland vestra	0,0	0	5,4	5.022	0,7	300	6,1	5.322
Norðurland eystra	0,0	0	5,8	2.296	15,3	20.910	21,1	23.206
Austurland	0,0	0	0,0	0	46,5	58.200	46,5	58.200
Samtals	6,0	12.736	24,2	20.748	106,5	135.938	136,7	169.422

2.2.3.4. Viðhald brúa og varnargarða

Fjárveiting var 100 m.kr. Um 21 m.kr var varið til breikkunar á einbreiðum brúm, bæði með breikkun gömlu brúnna og endurnýjunar þeirra með nýjum brúm eða röraræsum. Viðhaldsfé brúa hefur verið notað til slíkra verkefna undanfarin ár til að minnka slysahættu og auka öryggi vegfarenda. Almennt viðhald brúa líður nokkuð fyrir þetta. Um 13 m.kr var varið til rofvarna og lagfæringa og endurbóta á varnargörðum við brýr. Alls var unnið við 35 brýr af þeim 1.338 brúm, sem eru á þjóðvegum landsins. Lengd þessara brúa er samtals um 29,5 km. Auk þess eru um 150 brýr utan þjóðvega sem margar hverjar gegna hlutverki sem göngubrýr eða eru notaðar sem reiðleiðir.

2.2.3.5. Öryggisaðgerðir

Fjárveiting var 94 m.kr. Um 8 m.kr. var varið til öryggisaðgerða við einbreiðar brýr á tveggja akreina vegum. Unnið hefur verið eftir áætlun frá 1991 og er verkefninu að mestu lokið, en það miðar að því að auka öryggi vegfarenda á þessum stöðum sem hafa sýnt sig að skapa verulega slysahættu. Til breikkunar einbreiðra brúa var varið um 51 m.kr og til annarra öryggisaðgerða 35 m.kr. Verkefnin eru af ýmsu tagi sem tengjast auknu öryggi vegfarenda, svo sem uppsetning vegriðs, lagfæringa á blindhæðum og beygjum og lýsingu við vegi á vegamótum og í nágrenni þéttbýlis.

2.2.3.6. Vatnaskemmdir

Fjárveiting samkvæmt vegaáætlun var 92 m.kr., en í samræmi við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 um skerðingu á ráðstöfunarfé stofnana vegna markaðsátaks erlendis til að lengja ferðamannatíma hér á landi, var fjárveiting lækkuð um 13 m.kr. Fjárveiting var því um 79 m.kr.

Mestur kostnaður varð vegna viðgerða á sjávarrofvörnum á Vestfjörðum en þar hafa víða orðið verulegar skemmdir á vegum vegna sjávarflóða. Á Norðurlandi vestra urðu skemmdir á vegum vegna skriðufalla í Vatnsdal og á Austurlandi vegna vatnaskemmda við Skriðdalsvatn. Á öðrum stöðum á landinu var um minni háttar viðgerðir að ræða.

2.2.3.7 Skeiðarársandur

Veitt var 150 m.kr aukafjárveiting af fjáraukalögum vegna Grímsvatnahlaups í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í október 1996.

Hinn 30. september 1996 hófst eldgos í Vatnajökli, norðan Grímsvatna og var fljótlega ljóst að öll bráðnun í eldgosinu safnaðist fyrir í Grímsvötnum og að fyrr eða síðar hæfist jökulhlaup þaðan sem ógnaði vegum og brúm á Skeiðarársandi. Í október var unnið að fyrirbyggjandi aðgerðum á Skeiðarársandi til að minnka tjón á mannvirkjum, auk þess sem vísindamenn Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og Orkustofnunar unnu að mati á aðstæðum og fylgdust með framgangi mála.

Að morgni hins 5. október hófst skyndilega jökulhlaup úr Grímsvötnum, sem náði hámarki að kvöldi hins sama dags og rénaði hratt daginn eftir. Það er mat vísindamanna að hámarksrennsli í hlaupinu hafi verið nálægt 50.000 m^3/sek.

Skemmdir á vegamannvirkjum í hlaupinu urðu verulegar, þar sem 376 m langa brú á Gígju tók af og um 200 m af brúnni á Skeiðará. Auk þess skemmdust eða eyðilögðust um 13 km af vegum og um 6 km af varnargörðum.

Hinn 8. október var hafist handa við gerð bráðabirgðavegasambands yfir Skeiðarársand með vegtengingu yfir þann hluta brúar á Skeiðará sem eftir stóð, slóðagerð yfir Skeiðarársand og 160 m langri bráðabirgðabrú á Gígju. Vegasamband komst á aftur hinn 27. október.

2.2.4. Þéttbýlisvegir

Fjárveiting var 310 m.kr. og var henni varið til að greiða viðhald og þjónustu á þjóðvegum innan þéttbýlisstaða. Samkvæmt 5. gr. vegalaga er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti. Á árinu 1995 voru gerðir samningar við 52 sveitarfélög um þjónustu á þjóðvegum innan þeirra og samningar við 4 sveitarfélög um viðhald þjóðvega. Samningar við þessi sveitarfélög voru endurskoðaðir og endurnýjaðir á árinu 1996. Vegagerðin annaðist sjálf viðhald og þjónustu þjóðvega í öðrum sveitarfélögum.

2.3. NÝIR ÞJÓÐVEGIR

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda

Engin föst lán voru tekin til vegaframkvæmda á árinu 1996.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda

Að venju voru tekin bráðabirgðalán til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmum vinnubrögðum. Voru lán þessi að meiri hluta frá bæjar- og sveitarfélögum eða alls 449,5 m.kr., en 227,8 m.kr. voru í formi vinnulána frá verktökum og 11,8 m.kr. frá öðrum aðilum. Þar af endurlánuðu sveitarfélögin 276,1 m.kr., en 413,0 m.kr. voru ný lán.

Bráðabirgðalán til stofnvega urðu samtals 464,5 m.kr. Þar af fóru 301,5 m.kr. til Reykjanesumdæmis til vega á höfuðborgarsvæðinu, en 51 m.kr. til brúar á Gilsfjörð í Vestfjarðaumdæmi. Verktakalán til vegar á Hólsfjöllum og víðar í Norðurlandsumdæmi eystra urðu 50 m.kr., en afgangurinn skiptist á milli Skálholtsvegar á Suðurlandi og Seyðisfjarðarvegar á Austurlandi.

Lán til tengivega urðu samtals 221,3 m.kr. að mestu leyti lán og endurlán sveitarfélaga á Suðurlandi eða 161 m.kr. og lán og endurlán sveitarfélaga á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Lán til safnvega á Vesturlandi frá Borgarbyggð voru samtals 3,3 m.kr. í árslok.

Bráðabirgðalán í árslok voru því samtals 689,1 m.kr. á móti 501,8 m.kr. í árslok árið 1995 og skiptust þannig eftir viðfangsefnum í milljónum króna.

	Árslok 1995 m.kr.	Árslok 1996 m.kr.
Stofnvegir	352,1	464,5
Tengivegir	146,9	221,3
Safnvegir	2,8	3,3
Samtals	501,8	689,1

Á nokkrum stöðum var fjárvöntun mætt með tímabundnum lánum milli verkefna.

2.3.1. Stofnvegir

Fjárveitingar til nýrra þjóðvega samkvæmt vegáætlun með síðari breytingum voru 2.852 m.kr. og skiptist uphæðin þannig að til stofnvega fóru 2.419 m.kr., til tengivega 275 m.kr., sérstakar fjárveitingar til brúagerða 130 m.kr og til girðinga 28 m.kr.

Á súluritinu hér að neðan má sjá heildarframlag til nýbygginga stofnvega, tengivega, brúa og girðinga á árunum 1966-1996. Upphæðir eru á verðlagi 1996.



2.3.1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

Fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga voru 782 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.2. Höfuðborgarsvæðið

Fjárveitingar til vegagerðar á höfuðborgarsvæðinu voru 431 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.3. Stórverkefni

Fjárveitingar til stórverkefna í vegáætlun voru 463 m.kr og 93 m.kr. aukafjárveiting af fjáraukalögum til Vestfjarðaganga eða samtals 556 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.1.4. Framkvæmdaátak

Fjárveitingar vegna framkvæmdaátaks voru 650 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.2. Tengivegir

Fjárveitingar til tengivega voru 275 m.kr. og er skipting þeirra sýnd í fskj. 1. Ráðstöfun þessa fjár kemur fram í fskj. 2.

2.3.3. Brýr

2.3.3.1. Brýr 10 m og lengri

Fjárveiting til brúa 10 m og lengri var 118 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1. Gerð er grein fyrir byggingu einstakra brúa í fskj. 2.

2.3.3.2. Smábrýr

Fjárveiting til smábrúa var 12 m.kr. í vegáætlun og var henni skipt eins og sýnt er í fskj. 1.

2.3.4. Girðingar

Fjárveitingar til girðinga voru 28 m.kr. Fjárveitingum var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum um girðingar. Enn er nokkuð óunnið í þeim málum. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 1996 og stöðu þessara mála í árslok.

Umdæmi	Óafgreitt 1.1.'96 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'96 Ristar stk.	Afgreitt 1996 Girðingar km	Afgreitt 1996 Ristar stk.	Nýjar kröfur Girðingar km	Nýjar kröfur Ristar stk.	Óafgreitt 1.1.'97 Girðingar km	Óafgreitt 1.1.'97 Ristar stk.
Suðurland	52,0	2	10,5	0	6,5	0	48,0	2
Reykjanes	17,1	0	2,2	0	2,0	0	16,9	0
Vesturland	119,5	3	22,5	11	19,2	8	116,2	0
Vestfirðir	9,0	5	6,2	2	0,0	0	2,8	3
Norðurland vestra	43,0	7	22,4	3	1,0	2	21,6	6
Norðurland eystra	115,1	7	5,5	2	5,2	0	114,8	5
Austurland	79,0	2	12,7	0	5,7	3	72,0	5
Samtals	434,7	26	82,0	18	39,6	13	392,3	21

Unnið var að uppgræðslu fyrir hluta af nýbyggingarfé og sýnir taflan hér að neðan framkvæmdir 1995 og stöðu þessa málaflokks í árslok.

Umdæmi	Framkvæmdir 1996 Sáning ha.	Framkvæmdir 1996 Áburðardreifing ha.	Samtals ha.	Ósáð 1. jan. 1997 ha.
Suðurland	113	67	180	105
Reykjanes	9	20	29	35
Vesturland	43	80	123	360
Vestfirðir	41	55	96	40
Norðurland vestra	4	76	80	188
Norðurland eystra	145	121	266	496
Austurland	105	116	221	480
Samtals	460	535	995	1.704

2.4. SAFNVEGIR

Fjárveiting til safnvega var 159 m.kr. og var fé þessu skipt milli héraðsnefnda eða hliðstæðra aðila í sýslum landsins í samræmi við reglugerð nr. 62/1964 eins og sýnt er í eftirfarandi töflu.

		Fjárveiting 1996 í þús.kr.
1.	Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu	7.106
2.	Héraðsnefnd Rangæinga	13.289
3.	Héraðsnefnd Árnessýslu	16.496
4.	Héraðsnefnd á Suðurnesjum	891
5.	Sýsluvegasjóður Kjósarsýslu	3.604
6.	Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu	6.719
7.	Héraðsnefnd Mýrasýslu	8.279
8.	Vegasamlag Snæfellinga	7.195
9.	Héraðsnefnd Dalasýslu	4.732
10.	Sýslumaðurinn á Patreksfirði, Austur-Barðastrandarsýsla	1.921
11.	Héraðsnefnd Barðstrendinga, Vestur-Barðastrandarsýsla	3.834
12.	Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu	5.357
13.	Héraðsnefnd Strandasýslu	4.361
14.	Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu	6.198
15.	Héraðsnefnd Austur-Húnvavatnssýslu	5.582
16.	Héraðsnefnd Skagfirðinga	12.609
17.	Héraðsnefnd Eyjafjarðar	10.005
18.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Suður-Þingeyjarsýsla	9.902
19.	Sýslumaðurinn á Húsavík, Norður-Þingeyjarsýsla	6.824
20.	Héraðsnefnd Múlasýslna	19.912
21.	Héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu	4.183
	Samtals	159.000

2.5. LANDSVEGIR

Fjárveiting til landsvega var 60 m.kr. og var henni skipt milli umdæma eins og sýnt er í eftirfarandi yfirliti.

Umdæmi	fjárveiting í þús. kr
Suðurland	13.500
Reykjanes	1.500
Vesturland	7.100
Vestfirðir	1.500
Norðurland vestra	16.000
Norðurland eystra	13.700
Austurland	7.500
Geymt frá fyrra ári	-800
Samtals	60.000

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu framkvæmdum við landsvegi.

Suðurland

Fjárveiting til landsvega á Suðurlandi var 13,5 m.kr., auk 9 m.kr. fjárveitingar til brúargerðar á Jökulfall á Kerlingarfjallavegi og var hún endurbyggð á sama stað. Lokið var byggingu brúar á yfirfall frá Hrauneyjarfossvirkjun fyrir fjárveitingu frá áringu 1995, en færslu Sprengisandsleiðar um virkjanasvæði var frestað. Fjárveitingum var varið til viðhalds og þjónustu á 543 km af landsvegum í umdæminu.

Reykjanes

Fjárveiting til landsvega á Reykjanesi var 1,5 m.kr. var henni varið til viðhalds og þjónustu á 44 km af landsvegum í umdæminu.

Vesturland

Fjárveiting til landsvega á Vesturlandi var 7,1 m.kr. Unnið var við endurbætur á Arnarvatnsvegi og Kaldadal auk þess sem Dritvíkurvegur var byggður upp og lagt á hann bundið slitlag í tengslum við gerð áningastaðar. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu á 145 km af landsvegum í umdæminu.

Vestfirðir

Fjárveiting til landsvega á Vestfjörðum var 1,5 m.kr. var henni varið til viðhalds og þjónustu á 65 km af landsvegum í umdæminu.

Norðurland vestra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi vestra var 16 m.kr. Um 12 m.kr var varið til uppbyggingar á 4,3 km löngum kafla á Kjalvegi frá Arnarbæli að Kúlukvísl. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu á 202 km af landsvegum í umdæminu.

Norðurland eystra

Fjárveiting til landsvega á Norðurlandi eystra var 13,7 m.kr. Á Sprengisandsleið var veginum breytt við Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti, þannig að hún liggur nú að fossinum. Dimmuborgarvegur var endurnýjaður og lagður bundnu slitlagi. Dettifossvegur eystri var endurbyggður og gert nýtt bílastæði við enda hans. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu á 489 km af landsvegum í umdæminu.

Austurland

Fjárveiting til landsvega á Austurlandi var 7,5 m.kr. Vegna stórhlaups í Kreppu var um 4 m.kr varið til lagfæringa vegna skemmda við brúna á Kreppu. Auk þess var Kverkfjallaleið endurbætt. Að öðru leyti var fjárveitingu varið til viðhalds og þjónustu á 321 km af landsvegum í umdæminu.

2.6. STYRKVEGIR

Fjárveiting til styrkvega var 25 m.kr. og var henni varið til eftirfarandi framkvæmdaflokka.

Framkvæmdaflokkur	fjárveiting í þús. kr.
Götur í þéttbýli	8.800
Vegir yfir fjöll og heiðar	11.350
Annað	9.640
Geymt frá fyrra ári	-4.892
Óskipt	102
Samtals	25.000

2.7. REIÐVEGIR

Fjárveiting var 10 m.kr. Landssamband hestamannafélaga skipti þessari fjárhæð á eftirfarandi hátt.

			Fjárveiting 1996 í þús.kr.
1.	Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu		3.750
2.	Hestamannafélagið	Dreyri, Akranesi	250
3.	–	Skuggi, Borgarnesi	250
4.	–	Faxi, Borgarfirði	250
5.	–	Stormur, Vestfjörðum	300
6.	–	Blakkur, Strandasýslu	400
7.	–	Snarfari, Skagaströnd	250
8.	–	Stígandi, Skagafirði	250
9.	–	Glæsir, Siglufirði	200
10.	–	Léttir og Funi, Akureyri og Eyjafjarðarsveit	1.500
11.	–	Feykir, Norður-Þingeyjarsýslu	150
12.	–	Freyfaxi, Suður-Múlasýslu	300
13.	–	Sindri, Mýrdal	200
14.	–	Kópur, Vestur-Skaftafellssýslu	225
15.	–	Geysir, Rangárvallasýslu	250
16.	–	Trausti, Laugardal, Grímsnesi	675
17.	–	Smári, Hreppum, Árnessýslu	300
18.	–	Logi, Biskupstungum	200
19.	–	Ljúfur, Hveragerði	300
		Samtals:	10.000

2.8. TILRAUNIR

Með nýjum vegalögum sem samþykkt voru 1994 var tvöfaldað það fjármagn sem verja skal til rannsókna og tilrauna. Það er nú 1% af mörkuðum tekjum sem renna til vegagerðar, og árið 1996 nam fjárveitingin 65 m.kr.

Hér á eftir eru taldir þeir verkefnaflokkar sem unnið var að á árinu og helstu verkefnin:

- Steinefni, burðarlög og slitlög
  - Eiginleikar og gæði steinefna
  - Berggreining - endurbætur á aðferð
  - Ljós steinefni í slitlög
  - Berggerð og kornalögun
  - Niðurbrot steinefna vegna álags
  - Veðrunarþol malbiks
  - Efnisvinnsla, verktækni/þekking
  - Aflfræðilegir eiginleikar bundinna slitlaga
  - Festun burðarlaga með froðubiki
  - Bikfestun burðarlaga - reynsla af tilraunum
  - Athugun á lágmarksþykkt burðarlaga
  - Athugun á CBR aðferð við hönnun
  - Þjöppunarpróf fyrir burðarlög
  - Sementsfestun efra burðarlags
  - Hágæðamalbik
  - Steinkast úr klæðingum
  - Klæðingar með bikþeytum
  - Ákvörðun bindiefnismagns í klæðingu
  - Hjólfarafylling undir klæðingu
  - Drenmalbik
  - Hálkuvarið malbik
  - Sig og skrið í asfaltbundnum slitlögum
  - Viðhaldsaðferðir
  - Klæðing með lágu leysiefna innihaldi
- Vegyfirborð
  - Tilraunir með ný vegmerkingarefni
  - Samnorræn tilraun með termoplast endurskinsefni
  - Mælitæki til endurskinsmælinga
- Brýr og steinsteypa
  - Steypurannsóknir
  - Steypa í sjó
  - Áhrif mismunandi íblenda á loftdreifingu í steinsteypu
  - Brúargólf úr vikureiningum
  - Jarðskjálftamælingar í brúm
- Vatnafar og jöklar
  - Rannsóknir á Skeiðarárjökli
  - Mælingar á botni sjávar framan við Jökulsárlón
  - Rannsóknir á flóðum vatnsfalla
  - Skráning snjóflóða á vegum
  - Snjóflóðaviðvaranir

Samgöngu- og umferðarrannsóknir
- Kröfur til vegakerfis við uppbyggingu ferðaiðnaðar
- Flutningamagn á vegakerfinu
- Slysakostnaður
- Þróun umferðarteljara
- Mat á loftmengun
- Mengun meðfram þjóðvegum

Tæki og búnaður
- Rafgirðingar
- Harðkornadekk
- EE-hjólbarðanaglar
- Framlag til kaupa á nýjum Borros jarðvegsbor
- Upplýsingabúnaður frá veðurstöðvum til vegfarenda
- Vigtunarbúnaður í vegum
- GPS tæki, þróun mælinga

Ýmiss verkefni
- Sáningartilraunir
- Ysjun í setlögum við brýr og vegi
- Loftþrýstingur í dekkjum
- Erlent rannsóknarsamstarf
- Kynningarstarf

Mörg þau verkefni sem nú eru í gangi, eru langtímaverkefni þar sem unnið er að mælingum og söfnun upplýsinga um ýmis atriði. Einna mest er umfang ýmiss konar rannsókna á steinefnum, burðarlögum og slitlögum, en þeim verkefnum hefur verið komið fyrir sem einu stóru hópverkefni (nefnist BUSL). Að því starfi koma einnig Reykjavíkurborg, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskóli Íslands. Hafið er erlent samstarf um rannsóknir og tilraunir í vegagerð með ýmsum þjóðum í Evrópu.

2.9 FLÓABÁTAR

Samkvæmt vegáætlun fyrir 1996 var fjárveiting til þessa liðar 466 m.kr. Hafði þá verið gert ráð fyrir frestun afborgana af ferjulánum að upphæð 100 m.kr. Þar sem ríkissjóður hefur tekið yfir eignarhald ferjunnar Herjólfs og þar með allar skuldir voru greiðslur Vegagerðarinnar til ríkissjóðs vegna Herjólfslána lækkaðar um þessar 100 m.kr.

Ríkisstyrktar ferjur eru sem fyrr 7 talsins, en auk þess er greiddur af þessum lið styrkur vegna vetrarsamgangna við Norðurfjörð á Ströndum. Rekstrarsamningar eru í gildi milli Vegagerðarinnar og allra ferjurekstraraðilanna.

Rekstur Grímseyjarferjunnar Sæfara var boðinn út að nýju um mitt ár og tók nýr rekstraraðili, Flutningamiðstöð Norðurlands, við rekstrinum. Samningar við aðra rekstraraðila hafa verið endurnýjaðir þegar þeir hafa runnið út.

Á árinu voru undirritaðir samningar um Hvalfjarðargöng og er vinna við gerð ganganna komin vel á veg. Áætlað er að göngin verði tekin í notkun síðla árs 1998. Þar með er fyrirsjáanlegt að styrkur til reksturs Akranesferjunnar Akraborgar mun hætta um svipað leyti.

Stærsti hluti þessa liðar er afborganir og vextir af lánum vegna ferjukaupa. Skuldir þessar eru í erlendum gjaldmiðlum og stór hluti þeirra með breytilegum LIBOR vöxtum. Eins og fyrr er getið var ákveðið að fresta afborgunum að upphæð 100 m.kr. af lánum vegna Herjólfs. Afborganir þessar voru færðar afturfyrir í greiðsluröðinni.

Heildarútgjöld til þessa liðar á árinu 1996 nam 468,7 m.kr. Neikvæður mismunur er fluttur til næsta árs.

Ferja	Afborganir og vextir af ferjulánum í m.kr.	Rekstrar-styrkur í m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Herjólfur	105,3	88,0	0,0	193,3
Akraborg	25,0	18,5	0,0	43,5
Baldur	100,0	38,2	10,0	148,2
Fagranes	7,1	19,0	0,0	26,1
Sævar	0,0	13,1	0,1	13,2
Sæfari	15,5	18,0	4,7	38,2
Anný	0,0	4,3	0,0	4,3
Norðurfjarðarflutningar	0,0	1,5	0,0	1,5
Sameiginlegt	0,0	0,0	0,4	0,4
Samtals	252,9	200,6	15,2	468,7

Fskj. 1

1. Til stofnvega

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
a6	Kirkjubæjarklaustur – Skál	7
d6	Vegamót við Hveragerði	19
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	56
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	22
	Reykjanesumdæmi	
41	Reykjanesbraut	
14-19	Endurbætur	65
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
g5	Lýsing Borgarnesi	8
54	Ólafsvíkurvegur	
07-08	Lágafell – Staðará	28
09	Urriðaá – Bjarnarfoss	35
57	Snæfellsnesvegur	
12	Búlandshöfði	40
58	Stykkishólmsvegur	
01	Lýsing	5
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	21
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður	21
47	Jarðgöng	89
61	Djúpvegur	
25-30	Ísafjarðardjúp	21
62	Barðastrandarvegur	
02	Brjánslækur – Kross	19
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	5
76	Siglufjarðarvegur	
09	Ólafsfjarðarvegur – Almenningsnöf	48

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
p6	Dagverðareyrarvegur – Akureyri	10
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	25
rl	Garður – Geiteyjarströnd	21
82	Ólafsfjarðarvegur	
08	Ólafsfjörður – Vatnsendi	25
85	Norðausturvegur	
06	Húsavík – Héðinshöfði	21
10	Krossdalur – Vestursandsvegur	21
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
t0	Dimmidalur – Skóghlíð	15
u3-u4	Krossá – Búðaá	15
y2	Skeiðarársandur	10
85	Norðausturvegur	
35	Sandvíkurheiði – Hvammsgerði	37
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	31
96	Suðurfjarðavegur	
02	Eyri – Þernunes	32
03	Þernunes – Vattarnes	10
	Samtals	782

1.2. Höfuðborgarsvæðið

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
1	Hringvegur	
e2	Reiðgöng	16
e3	Rauðavatn – Nesbraut	31
f3	Í Mosfellsbæ	30
41	Reykjanesbraut	
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg	7
14	Gatnamót við Ásbraut	68
49	Nesbraut	
02	Höfðabakki – Miklabraut	56
03	Breikkun Miklubrautar	22
411	Arnarnesvegur	
04	Bæjarbraut – Reykjanesbraut	8
	Greiðsla skulda í Reykjavík	193
	Samtals	431

1.3. Stórverkefni

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	82
47	Jarðgöng	284
61	Djúpvegur	
25-30	Ísafjarðardjúp	59
1	Hringvegur	
	Tenging Norður- og Austurlands	127
	Austurlandsgöng	4
	Samtals	556

1.5. Framkvæmdaátak
Almenn verkefni
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Suðurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
b4	Vík – Hvammsá	16
b8	Sandhólmavegur – Dímonarvegur	3
26	Landvegur	
02	Hagabraut – Galtalækur	14
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	4
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stjóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	14
	Reykjanesumdæmi	
41	Reykjanesbraut	
14-19	Endurbætur	23
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur – Bláfjöll	17
	Vesturlandsumdæmi	
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Bæjarsveitarvegur – Kleppjárnsreykir	22
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur – Klofningsvegur	14
	Vestfjarðaumdæmi	
60	Vestfjarðavegur	
39	Þverá í Brekkudal	6
61	Djúpvegur	
07-09	Skriðnesenni – Kollafjarðarnes	2
45	Óshlíð	8
62	Barðastrandarvegur	
02	Brjánslækur – Kross	7
	Norðurlandsumdæmi vestra	
1	Hringvegur	
k1	Við Staðarskála, lýsing	2
75	Sauðárkróksbraut	
05	Skagavegur – flugvöllur, lýsing	3
76	Siglufjarðarvegur	
02	Framnes – Sauðárkróksbraut	21

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Norðurlandsumdæmi eystra	
1	Hringvegur	
q8	Við Laugar	5
rl	Garður – Geiteyjarströnd	4
85	Norðausturvegur	
25	Þistilfjörður, flugvöllur	10
87	Kísilvegur	
04-05	Hveravellir – Þverá	23
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Þverá – Laugaland	24
	Austurlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
t2	Við Fellabæ	7
92	Norðfjarðarvegur	
00	Egilsstaðir	4
06	Reyðarfjörður	3
10	Göng – Oddsdalur	17
	Samtals	273

Höfuðborgarsvæðið
(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
49	Nesbraut	
01	Gatnamót við Höfðabakka	34
02	Höfðabakki – Miklabraut	283
450	Sundabraut, undirbúningur	2
	Fífuhvammsvegur	10
	Göngubrýr og undirgöng	38
	Skiltabrýr	5
	Óráðstafað	5
	Samtals	377
	Framkvæmdaátak samtals	650

2. Tengivegir

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Suðurlandsumdæmi	
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Hrafntóftir – Ásvegur	5
26	Landvegur	
02	Hagabraut – Galtalækur	9
208	Búlandsvegur	
00-01	Hringvegur – Fjallabaksleið nyrðri	4
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	11
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	11
262	Vallavegur	
01	Um Efrahvol	1
282	Ásmundarstaðavegur	
01	Hringvegur – Ásmundarstaðir	2
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	9
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	9
304	Oddgeirshólavegur	
01	Hringvegur – Oddgeirshólar	5
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Eyrarbakkavegur – Litla-Sandvík	1
374	Hvammsvegur	
01	Hringvegur – Hringvegur	3
	Reykjanesumdæmi	
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur – Bláfjöll	14
427	Ísólfsskála- og Krýsuvíkurvegur	
	Frumhönnun Suðurstrandarvegar	7
	Vesturlandsumdæmi	
1	Hringvegur	
g1	Um Botnsvog	6
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Bæjarsveitarvegur – Kleppjárnsreykir	17
505	Melasveitarvegur	
01	Snjóastaðir	5
518	Hálsasveitarvegur	
02	Reykholt – Stóriás	10
540	Hraunhreppsvegur	
01	Snjóastaðir	5
574	Útnesvegur	
01	Við Kamb	4

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
	Vestfjarðaumdæmi	
612	Örlygshafnarvegur	
01	Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur	5
635	Snæfjallastrandarvegur	
01	Djúpvegur – Nauteyri	11
645	Drangsnesvegur	
01	Strandavegur – Hella	14
	Norðurlandsumdæmi vestra	
715	Víðidalsvegur	
01	Hringvegur – Kolugil	1
722	Vatnsdalsvegur	
01-04	Hringvegur – Hringvegur	17
752	Skagafjarðarvegur	
02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	10
792	Flugvallarvegur Siglufirði	
	Norðurtún – flugvöllur	2
793	Skarðsvegur	
01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	2
	Skíðavegur í Tindastól	2
	Norðurlandsumdæmi eystra	
807	Skíðadalsvegur	
01	Sakka – Hofsós	21
848	Mývatnsvegur	
01	Neslandavík – Kísilvegur	16
853	Hvammavegur	
01	Hagi – Ystihvammur	5
	Austurlandsumdæmi	
85	Norðausturvegur	
40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	8
94	Borgarfjarðarvegur	
06	Um Selfljót	5
931	Upphéraðsvegur	
04	Brekkugerði – Hengifossá	18
	Samtals	275

3. Til brúagerða

3.1. Brýr 10 m og lengri

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
1	Hringvegur	
b5	Húsá í Mýrdal	12
F347	Kerlingarfjallavegur (landsvegur)	
	Jökulfall	9
60	Vestfjarðavegur	
39	Þverá í Brekkudal	11
1	Hringvegur	
m8	Djúpadalsá	30
1	Hringvegur	
q6	Djúpá hjá Krossi	14
93	Seyðisfjarðarvegur	
01	Eyvindará	42
	Samtals	118

3.2. Smábrýr

(Fjárhæðir í m.kr.)

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveiting 1996
5373	Háhólsvegur (safnvegur, Mýrasýslu)	
	Urriðaá	6
64	Flateyrarvegur	
01	Breiðadalsá	6
	Samtals	12

Fskj. 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 1996

Suðurland

1 Hringvegur

a6 Kirkjubæjarklaustur – Skál

Fjárveiting til almennra verkefna var 7 m.kr. og var hún notuð til greiðslu hluta skuldar frá 1993.

b4 Vík – Hvammsá

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 16 m.kr og var hún notuð til greiðslu skuldar frá 1994.

b5 Húsá í Mýrdal

Fjárveiting til brúagerða var 12 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

b8 Sandhólmavegur – Dímonarvegur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 3 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

d6 Vegamót við Hveragerði

Fjárveiting til almennra verkefna var 19 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 12 m.kr. Byggt var hringtorg við vegamót Hringvegar, Þorlákshafnarvegar og Breiðumarkar ásamt götulýsingu á torginu og austur að vegamótum Hringvegar og Grænumerkur. Einnig var reist 5,5 km löng girðing með Hringvegi og Þorlákshafnarvegi. Verktaki var Vélgrafan hf., Selfossi.

25 Þykkvabæjarvegur

02 Hrafntóftir – Ásvegur

Fjárveiting var 5 m.kr og var henni varið til greiðslu skuldar.

26 Landvegur

02 Hagabraut – Múli

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 14 m.kr og 9 m.kr af fjárveiting til tengivega. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári að upphæð 16 m.kr. Byggður var 1,2 km langur kafli við Holtsmúla.Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

03 Múli – Þingskálavegur

Fjárveiting var engin, en Landsvirkjun lagði fram 7 m.kr auk þess sem tekin voru lán frá Holta- og Landssveit og Landsvirkjun að upphæð 22 m.kr og verktakalán að upphæð 8 m.kr. Boðinn var út 11,2 km langur kafli milli Fellsmúla og Galtalækjar, sem ljúka skal við í júní 1997. Á þessu ári var lokið við að leggja bundið slitlag á 4 km kafla af veginum. Verktaki er Nesey hf., Gnúpverjahreppi.

31 Skálholtsvegur

02 Helgastaðir – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna var 56 m.kr. og 4 m.kr. af framkvæmdaátaki. Auk þess var tekið verktakalán að upphæð 25 m.kr. Vegurinn var fullgerður að mestu leyti. Eftir er að leggja bundið slitlag á heimreið að Skálholti. Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

32 Þjórsárdalsvegur

02 Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 14 m.kr og til tengivega 9 m.kr. Greiddar voru 10 m.kr af skuld við Gnúpverjaveg (325). Boðin var út lagning á 7,7 km löngum kafla frá Þverá að Ásólfsstöðum og skal verki lokið 1. júlí 1997. Verktaki er Suðurverk hf., Hvolsvelli.

35 Biskupstungnabraut

07 Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur

Fjárveiting til tengivega var 9 m.kr og eftirstöðvar frá fyrra ári 5 m.kr. Framkvæmdum var frestað til næsta árs.

36 Þingvallavegur

02 Heiðará – Steingrímsstöð

Eftirstöðvar frá fyrra ári voru 20 m.kr. Lokið var við byggingu 3,3 km langs kafla milli Heiðarár og Steingrímsstöðvar. Verktaki var Vörubílstjórafélagið Mjölnir í Árnessýslu.

37 Laugarvatnsvegur

04 Reykjavegur – Biskupstungnabraut

Fjárveiting til almennra verkefna var 22 m.kr. Auk þess var inneign frá fyrra ári 18 m.kr. Boðin var út lagning 5,7 km langs kafla frá Reykjavegi (355) að Úthlíð og skal framkvæmdum lokið í júlí 1997. Verktaki er Dalverk sf., Selfossi.

208 Skaftártunguvegur

01 Hringvegur – Fjallabaksleið nyrðri

Fjárveiting var 4 m.kr. Var hún notuð til að lagfæra um 5 km langan kafla. Verktaki var Framrás ehf., Vík.

253 Gunnarshólmavegur

01 Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi

Fjárveiting var 11 m.kr. Tekið var verktakalán að upphæð 12 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 6,2 km kafla milli Voðmúlastaða og Gunnarshólma. Verktaki var Slitlag ehf., Hellu.

255 Akureyjarvegur.

01 Strandarhöfuð – Njálsbúð

Fjárveiting var 11 m.kr. Tekið var verktakalán að upphæð 12 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 6,6 km kafla milli Strandarhöfuðs og Akureyjar. Verktaki var Slitlag ehf., Hellu.

262 Vallavegur

01 Um Efra Hvol

Fjárveiting var 1 m.kr. Var henni varið til greiðslu skulda.

275 Ásvegur

01 Hringvegur – Sandhólaferja.

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir lán og framlag frá Ásahreppi að upphæð 15,2 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 4,3 km kafla milli Skammalækjar og Framness. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Höfn

282 Ásmundarstaðavegur

01 Hringvegur – Ásmundarstaðir

Fjárveiting var 2 m.kr. Var henni varið til greiðslu skuldar við Ásahrepp.

304 Oddgeirshólavegur

01 Hringvegur – Oddgeirshólar

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr og var henni varið til greiðslu skuldar frá 1993.

316 Kaldaðarnesvegur

01 Eyrarbakkavegur – Litla Sandvík

Fjárveiting til tengivega var 1 m.kr. Endurbyggður var 1,0 km langur kafli.

374 Hvammsvegur

01 Hringvegur – Hringvegur

Fjárveiting til tengivega var 3 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 0,8 km langan kafla.

Reykjanes

1 Hringvegur

f9 Hvítanes – Botnsá

Innstæða frá 1994 var 21 m.kr. til vegagerðar og 11 m.kr til brúagerðar. Gerð er grein fyrir framkvæmdum í greinargerð um framkvæmdir á Vesturlandi.

41 Reykjanesbraut

14-19 Endurbætur

Fjárveiting til almennra verkefna var 65 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks 23 m.kr. auk innstæðu frá fyrra ári að upphæð 47 m.kr. eða samtals 135 m.kr. Sett var upp veglýsing frá álverinu í Straumsvík að Ytri Njarðvík, eða á 26 km löngum kafla. Verktakar voru Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi og Ingileifur Jónsson, Svínavatni.

417 Bláfjallavegur

01 Hringvegur – Bláfjöll

Fjárveiting til tengivega var 14 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks 17 m.kr., eða samtals 31 m.kr. Verktakinn Háfell hf. lauk lagningu 5,5 km vegar, sem byrjað var á árið áður, en þó varð að fresta lögn bundins slitlags vegna óöryggis varðandi vatnsvernd.

42 Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)

Frumhönnun Suðurstrandarvegar

Fjárveiting til tengivega var 7 m.kr. Lokið var við kortagerð og unnið við mælingar og forathugun veglínu frá Grindavík til Þorlákshafnar.

45 Garðskagavegur

00 Reykjanesbraut – Leira

Innistæða frá fyrri árum var 110 m.kr. Boðin var út lagning Garðskagavegar frá nýju hringtorgi á Reykjanesbraut við Rósaselstjarnir ofan byggðar í Keflavík á núverandi Garðskagaveg utan við hesthúsahverfið Mánagrund. Í verkinu var einnig innifalin færsla á um 2 km löngum kafla Sandgerðisvegar (429) næst nýja hringtorginu. Samtals eru nýju vegirnir um 6,3 km að lengd. Verktaki er Völur hf., Reykjavík. Verkinu skal lokið fyrir 1. júlí 1997.

426 Bláalónsvegur

01 Að Bláalóni

Innstæða frá fyrra ári var 6 m.kr. auk láns frá Heilsufélaginu að upphæð 14 m.kr. Lagður var vegur að fyrirhugaðri nýrri aðstöðu Heilsufélagsins. Verktaki var Loftorka-Reykjavík hf.

Höfuðborgarsvæðið

1 Hringvegur

e2 Reiðgöng

Fjárveiting var 16 m.kr. Greidd var skuld til Vatnsveitu Reykjavíkur vegna reiðganga

e3 Rauðavatn – Nesbraut

Fjárveiting var 31 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

f3 Í Mosfellsbæ

Fjárveiting var 30 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

41 Reykjanesbraut

12 Gatnamót við Fífuhvammsveg

Fjárveiting var 7 m.kr. auk láns frá Kópavogsbæ að upphæð 120 m.kr. Byggð var 28 m löng brú á Reykjanesbraut yfir Fífuhvammsveg ásamt aðliggjandi römpum. Verktaki var JVJ hf., Hafnarfirði.

14 Gatnamót við Ásbraut

Fjárveiting var 68 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

49 Nesbraut

01 Gatnamót við Höfðabakka

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 34 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

02 Höfðabakki – Miklabraut

Fjárveiting var 56 m.kr. og vegna framkvæmdaátaks var 283 m.kr. Vegurinn um Ártúnsbrekku var breikkaður um 3 akreinar á um 1,2 km löngum kafla og byggð 65 m löng brú á Elliðaár, ásamt lengingu á undirgöngum við Breiðhöfða og rennu yfir vesturál Elliðaáa. Verktaki var Völur hf., Reykjavík og Sveinbjörn Sigurðsson hf., Reykjavík.

03 Breikkun Miklubrautar

Fjárveiting var 22 m.kr. Austurakbraut Miklubrautar var breikkuð í þrjár akreinar frá Grensásvegi að Reykjanesbraut (Sæbraut). Verkið var í umsjá Reykjavíkurborgar.

011 Göngubrýr og undirgöng

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 38 m.kr. Í samvinnu við Reykjavíkurborg var byrjað á göngubrú yfir Miklubraut á móts við Rauðagerði. Framkvæmdum verður lokið fyrir 17. júní 1997. Verktakar eru Borgarverk hf., Borgarnesi og Stálbær hf., Reykjavík

411 Arnarnesvegur

04 Bæjarbraut-Reykjanesbraut

Fjárveiting var 8 m.kr. Greiddar voru landbætur samkvæmt samningi.

450 Sundabraut

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 2 m.kr. Unnið var að frumathugun vegar yfir Kleppsvík.

Fífuhvammsvegur

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 10 m.kr. Greidd var skuld við Kópavogsbæ.

Greiðsla skulda í Reykjavík

Fjárveiting var 193 m.kr. Geitt var upp í skuld við Reykjavíkurborg í samræmi við samning borgarinnar við Vegagerðina þar um.

Skiltabrýr

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 5 m.kr. Settar voru upp skiltabrýr yfir rampa Kringlumýrarbrautar.

Óráðstafað

Fjárveiting vegna framkvæmdaátaks var 5. m.kr. Fjárveitingin var nýtt við breikkun Nesbrautar um Ártúnsbrekku.

Vesturland

1 Hringvegur

f9-g0 Um Botnsvog

Fjárveiting til tengivega var 6 m.kr. Ónotuð innistæða frá 1994 af fjárveitingum Vesturlands til vegagerðar var 15,5 m.kr.og 10,5 m.kr. til brúargerðar. Auk þess voru ónotaðar innistæður af fjárveitingum Reykjaness 21 m.kr til vegagerðar og 11 m.kr. til brúargerðar. Heildarfjárveiting var því 64 m.kr. Hafin var bygging nýrrar brúar á Botnsá og gerð vegar að brúnni boðin út. Verkinu á að ljúka í júlí 1997. Verktaki við vegagerð er Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi. Byggingu brúarinnar annast vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

g5 Lýsing í Borgarnesi.

Fjárveiting til almennra verkefna var 8 m.kr. og var hún notuð til að greiða skuld frá árinu 1993.

50 Borgarfjarðarbraut

03 Bæjarsveitarvegur – Kleppjárnsreykir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 22 m.kr. og til tengivega 17 m.kr. Framkvæmdum var frestað vegna ágreinings um vegstæði.

54 Ólafsvíkurvegur

07-08 Lágafell – Staðará

Fjárveiting til almennra verkefna var 28 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1994.

09 Urriðaá – Bjarnarfoss

Fjárveiting til almennra verkefna var 35 m.kr. Unnið var við 4,0 km langan kafla Urriðaá – Kaldá, sem boðinn var út í október 1995 og verður framkvæmd lokið á árinu 1997. Verktaki er Bjarni Vigfússon, Staðarsveit.

57 Snæfellsnesvegur

12 Búlandshöfði

Fjárveiting til almennra verkefna var 40 m.k. og innistæða var 11,8 m.kr. Framkvæmdir voru hafnar við nýbyggingu 6,0 km kafla frá Mýrum að Búlandi. Framkvæmdum á að ljúka á árinu 1997. Verktaki er Árvélar ehf., Selfossi.

58 Stykkishólmsvegur

01 Lýsing

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar frá árinu 1993.

60 Vestfjarðavegur

07 Búðardalur – Klofningsvegur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 14 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og lokið við frágang vegsvæðis.

505 Melasveitarvegur

01 Snjóastaðir

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. en framkvæmdum frestað vegna breytinga á hönnun og gerð mats á umhverfisáhrifum.

518 Hálsasveitarvegur

02 Reykholt – Stóriás

Fjárveiting til tengivega var 10 m.kr. Unnið var efni til uppbyggingar kaflans. Verktaki var Borgarverk hf., Borgarnesi.

540 Hraunhreppsvegur

01 Snjóastaðir

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar frá fyrra ári.

574 Útnesvegur

01 Við Kamb

Fjárveiting til tengivega var 4 m.kr. Keypt voru gömul bæjarhús til niðurrifs og lagfæringar gerðar vegna snjóastaðar. Verktaki var Bjarni Vigfússon, Staðarsveit.

Vegtengingar Hvalfjarðarganga

Fjárveiting af vegaáætlun var engin en Spölur hf. fjármagnar hluta verksins af lánum til Hvalfjarðarganga. Í tengslum við framkvæmdir við Hvalfjarðargöng og vegi að þeim, voru 2,6 km af Innrahólmsvegi (núverandi Akrafjallsvegi) frá Innnesvegi að Kirkjubóli og 3,0 km af Innnesvegi (núverandi Akrafjallsvegi) endurbyggðir eða styrktir og lagðir bundnu slitlagi. Auk þess var styrktur um 1,5 km langur kafli af núverandi Akrafjallsvegi sem aðkomuleið að Hvalfjarðargöngum meðan á byggingu þeirra stendur. Verktaki var Háfell ehf., Reykjavík.

Í framhaldi af því var hafin lögn á nýjum Hringvegi frá Hvalfjarðargöngum að vegamótum núverandi Akranesvegar og Hringvegar sunnan Laxár í Leirársveit, alls 12,3 km. og nýjum vegi, Akrafjallsvegi, frá Hvalfjarðargöngum að vegamótum núverandi Akranesvegar norðan Akraness, alls 7,5 km. Verkið var boðið út í júní 1996. Verklok verða í júlí 1998.Verktaki er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða hf., Selfossi.

Vestfirðir

60 Vestfjarðavegur

21 Gilsfjörður

Fjárveiting til stórverkefna var 82 m.kr., 21 m.kr. til almennra verkefna af hlut Vestfjarða og 21 m.kr. af hlut Vesturlands. Fjárveiting frá fyrra ári var 63 m.kr. Tekið var vinnulán að upphæð 56 m.kr. Til framkvæmda voru því 243 m.kr. Verkið var auglýst til útboðs í lok desember 1995. Verkið var hafið síðustu dagana í febrúar með gerð námuvegar sunnan fjarðar og lögn vegar að brúarstæði norðan fjarðar. Unnið var allt árið fram í miðjan desember. Staða verksins um áramót er þannig að brúin var steypt í október en smávægilegur frágangur á henni eftir. Vegurinn af Króksfjarðarnesinu út að brúnni er langt kominn, þó vantar burðarlag og grjótvörn og frágangi öllum ólokið. Að sunnan er langt komið að leggja veginn um 700 m út í fjörðinn. Fylling er komin í hæð 4 miðað við meðalsjávarborð og grjót er að miklu leyti komið á staðinn en eftir að raða því. Búið er að vinna nokkuð af grjóti á lager til að nota næsta ár. Verktaki er Klæðning hf., Garðabæ, undirverktaki við brúargerð er Viðar hf., Kópavogi.

39 Þverá í Brekkudal

Fjárveiting var 11 m.kr. til brúagerða og 6 m.kr. af framkvæmdaátaki. Settur var 2,4 m víður stálhólkur, 57 m langur, í ána og lagður 0,9 km langur vegarkafli. Verktaki var Höttur sf., Fjarðarhorni.

47 Vestfjarðagöng

Fjárveiting til stórverkefna var 191 m.kr., til almennra verkefna 89 m.kr. Auk þess aukafjárveiting á fjáraukalögum að upphæð 93 m.kr., eða samtals 373 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 140 m.kr. Í lok ársins var skuld vegna Vestfjarðaganga 300 m.kr.

Göngin voru opin til almennrar umferðar frá áramótum fram í miðjan maí. Þá var hafist handa við lögn slitlags í göngunum. Verktakafyrirtækið Hlaðbær - Colas hf. lagði slitlagið og framleiddi malbikið sem undirverktaki Vesturíss. Lagður var sími í gegnum göngin á vegum Pósts og síma. Unnið var að hönnun og uppsetningu upplýsinga- og öryggiskerfis, Rafteiknistofan hf. hannar kerfið setur upp og prófar, því verki var ekki lokið um áramót. Póllinn hf., Ísafirði lagði allar lagnir vegna kerfisins eins og allar aðrar raflagnir í göngunum. Starfsmenn Vegagerðarinnar settu upp öll skilti, loftræsiblásara og fleira. Utan ganganna vann Vesturís að ýmsum frágangi við vegsvæði og vinnusvæði. Þann 14. september voru göngin vígð af samgönguráðherra við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni. Strax að lokinni vígslunni voru göngin opnuð, nánast fullbúin til almennrar umferðar, eftir sumarlanga lokun.

61 Djúpvegur

07-09 Skriðnesenni – Kollafjarðanes

Fjárveiting var 2 m.kr. Unnið var að kortagerð og öðrum athugunum á vegstæði.

30-31 Ísafjarðardjúp

Fjárveiting til stórverkefna var 59 m.kr. og 21 m.kr. til almennra verkefna. Greidd var skuld að upphæð 25 m.kr. Lokið var við 11,6 km langan kafla með bundnu slitlagi. Verktaki var Fylling hf., Hólmavík, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið.

45 Óshlíð

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 8 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

62 Barðastrandarvegur

02 Brjánslækur – Kross

Fjárveiting var 19 m.kr til almennra verkefna og 7 m.kr. af framkvæmdaátaki, eða samtals 26 m.kr. Gengið var frá og lagt slitlag á 3,9 km langan kafla frá Moshlíð að Rauðsdal, sem hafin var vinna við 1995, vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði slitlagið. Hafin var vinna við 3,3 km langan kafla frá Rauðsdal að Hvammi. Verktaki við þann kafla var Fylling hf., Hólmavík.

612 Örlygshafnarvegur

01 Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. Boðin var út undirbygging á 1,9 km löngum kafla á Skápadalshlíð. Unnið var að grjótvinnslu en verkið sjálft ekki hafið enda átti því ekki að ljúka fyrr en sumarið 1997. Verktaki er Friðgeir Hjaltalín, Grundarfirði.

635 Snæfjallastrandarvegur

01 Djúpvegur – Nauteyri

Fjárveiting til tengivega var 11 m.kr. Lagðir voru tveir vegarkaflar. Annar var frá Hvannadalsá að Þverá 2,0 km langur. Hinn var fyrir utan Hamar 1,9 km langur. Auk þess var lagfærður vetrarvegur. Eftir er að leggja malarslitlag á veginn og smávægilegum frágangi er ólokið. Verktaki var Fylling hf., Hólmavík.

645 Drangsnesvegur

01 Strandavegur – Hella

Fjárveiting til tengivega var 14 m.kr. Greitt var vinnulán að upphæð 3,8 m.kr. og lokið við frágang á 3,8 km löngum kafla sem byrjað var á 1995. Verktaki var Vinnuvélar Jóhanns Bjarnasonar, Hellu.

Norðurland vestra

1 Hringvegur

k1 Við Staðarskála, lýsing

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 2 m.kr. Greidd var skuld frá árinu 1995.

m4 Um Bólstaðarhlíðarbrekku

Fjárveiting til almennra verkefna var 5 m.kr. Greidd var skuld, 4 m.kr., frá árinu 1995. Til framkvæmda var því 1 m.kr sem notuð var til greiðslu landbóta og girðinga í Bólstaðarhlíðarbrekku.

m8 Djúpadalsá

Fjárveiting til brúagerða var 30 m.kr. Brúin er 50 m löng og var akbraut hennar breikkuð úr 4 m í 8 m. Verkið var unnið af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

75 Sauðárkróksbraut

05 Skagavegur – flugvöllur, lýsing

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 3 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar frá árinu 1995.

76 Siglufjarðarvegur

02 Framnes – Sauðárkróksbraut

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 21 m.kr. og lánsheimild 9 m.kr og var fjárveitingin notuð til greiðslu skuldar frá árinu 1995.

09 Ólafsfjarðarvegur – Almenningsnöf

Fjárveiting til almennra verkefna 48 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 8 m.kr. frá árinu 1995. Til framkvæmda voru því 40 m.kr. Lagður var 4,1 km langur kafli frá Hrauni og norður fyrir Hraundal. Verktaki var V. Brynjólfsson, Skagaströnd. Verkinu er ekki lokið. Efra burðarlag og bundið slitlag verður lagt sumarið 1997.

715 Víðidalsvegur

01 Hringvegur – Kolugil

Fjárveiting til tengivega var 1 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

722 Vatnsdalsvegur

01-04 Hringvegur – Hringvegur

Fjárveiting til tengivega var 17 m.kr. Lagðir voru tveir kaflar, annar 0,6 km langur um Hnjúk og hinn 2 km langur frá Flögu að Gilsstöðum. Verktaki var Steypustöð Blönduóss.

752 Skagafjarðarvegur

02 Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur

Fjárveiting til tengivega var 10 m.kr. Greidd var skuld að upphæð 8 m.kr. Til framkvæmda voru því 2 m.kr. Lokið var við frágang vegsvæðis og malarslitlags. Verktaki var Fjörður sf., Sauðárkróki.

792 Flugvallarvegur Siglufirði

01 Norðurtún – flugvöllur

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

793 Skarðsvegur

01 Flugvallarvegur – skíðasvæði

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

F746 Tindastólsvegur

Fjárveiting til tengivega var 2 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

Norðurland eystra

1 Hringvegur

p6 Dagverðareyrarvegur – Akureyri

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Sett upp lýsing á 1,9 km langan kafla frá Hlíðarbraut að Dvergasteini (framkvæmt 1995) og á 1,0 km langan kafla á Eyjafjarðarbraut vestri (821) frá Flugvallarvegi (820) að Kjarnaskógi. Verkið var unnið af Rafveitu Akureyrar.

q6 Djúpá hjá Krossi

Fjárveiting til brúargerðar var 14 m.kr. Byggður var 7,5 m breiður steyptur stokkur, 42 m langur, sem kemur í stað einbreiðrar brúar. Eftir er að brjóta niður gömlu brúna, fylla að stokkunum og ganga frá endum. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

q7 Fosshóll – Aðaldalsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 25 m.kr. Hafin var lagning á nýjum vegi yfir Fljótsheiði og ekið efni í fyllingar á 4,7 km löngum kafla á hæsta hluta heiðarinnar. Verktaki er Háfell ehf., Reykjavík.

q8 Við Laugar

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 5 m.kr. Sett upp lýsing á 900 m langan kafla um þéttbýlið á Laugum. Verkið var unnið af Rarik.

r1 Garður – Geiteyjarströnd

Fjárveiting til almennra verkefna var 21 m.kr. og af framkvæmdaátaki 4 m.kr. Eftirstöðvar frá fyrra ári voru 13,6 m.kr. Einnig var hluti 16 m.kr. fjárveitingar til Mývatnsvegar (848) lánuð til framkvæmda á þessum kafla. Lagður var 7,1 km langur kafli frá Syðri Vogum að Geiteyjarströnd og lagt á hann neðra lag klæðingar. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

r3 Kísiliðja – Hólmatungnavegur

Fjárveiting var engin en unnið fyrir hluta af fjárveitingu til Mývatnsvegar (848). Lagt var seinna lag klæðingar á 2,1 km langan kafla frá Bjarnarflagi að Krófluvegi og á 0,3 km langan veg að Hverarönd ásamt bílastæði og áningarstað. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

r7 Hólsfjallavegur – Biskupsháls

Fjárveiting til stórverkefna var 127 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári að upphæð 35,5 m.kr. Undirbyggður var 13,3 km langur kafli frá brú á Jökulsá á Fjöllum að Víðidal. Verktaki er Héraðsverk ehf.

82 Ólafsfjarðarvegur

08 Ólafsfjörður – Vatnsendi

Fjárveiting til almennra verkefna var 25 m.kr. Lokið var við lagningu á 3,3 km löngum kafla frá Ólafsfirði að Vatnsenda og lagt á hann neðra lag klæðingar. Verktaki var Árni Helgason, Ólafsfirði.

85 Norðausturvegur

06 Húsavík – Héðinshöfði

Fjárveiting til almennra verkefna var 21 m.kr. Lagður var 3,7 km langur kafli frá Húsavík að Héðinshöfða og lögð á hann tvöföld klæðing. Verktaki var Stefán Gunnarsson, Djúpavogi.

10 Krossdalur – Vestursandsvegur

Fjárveiting til almennra verkefna var 21 m.kr. Lagður var 1,8 km langur kafli frá Árdal að Lindarbrekku og lögð á hann tvöföld klæðing. Einnig var lagt seinna lag klæðingar á 5,4 km langan kafla frá Vogum að Árdal. Verktaki var Jarðverk ehf., Nesi.

85 Norðausturvegur

25 Þistilfjörður, flugvöllur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 10 m.kr. og eftirstöðvar frá fyrra ári 13,9 m.kr. Lagður var 3,1 km langur kafli frá Laxá að Hölkná. Ekið efra burðarlagi og styrktir eftirtalir kaflar, 3,0 km frá Laxá að Laxárdalsvegi, 1,6 km á Langanesvegi frá Þórshöfn að Flugvallarvegi og 0,4 km á Flugvallarvegi frá Langanesvegi að flugstöð. Einnig var lagt neðra lag klæðingar á alla kaflana eða alls 8,1 km. Verktakar voru Átak hf., Þórshöfn, Vörubílstjórafélagið Þór, Þórshöfn, en vinnuflokkur Vegagerðarinnar lagði klæðingu.

87 Kísilvegur

04-05 Hveravellir – Þverá

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 23 m.kr. og auk þess voru lagðar til 12 m.kr. af viðhaldsfé eða samtals 35 m.kr. Lagður var 7,2 km langur kafli frá Þverá að Klambraseli og lagt á hann neðra lag klæðingar. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

807 Skíðadalsvegur

01 Sakka – Hofsá

Fjárveiting til tengivega var 21 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli frá Brautarhóli að Hofsá og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki var Jarðverk ehf., Dalvík.

829 Eyjafjarðarbraut eystri

01 Þverá – Laugaland

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 24 m.kr. Lokið var við að leggja 4,4 km langan kafla frá Rein að Miðbraut (823) og 0,6 km langan af Miðbraut (823), frá Eyjafjarðarbraut eystri að Brúnalaug og lögð á þessa kafla tvöföld klæðing. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

833 Illugastaðavegur

02 Skógar – Hróarsstaðir

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1995 var 4,6 m.kr. Lokið var við frágang við brú á Fnjóská hjá Hróarsstöðum og lögð klæðing á 1,5 km langan kafla. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

845 Aðaldalsvegur

02 Staðarbraut – Syðrafjall

Fjárveiting var engin en innistæða frá 1995 var 1,9 m.kr. Lagt var seinna lag klæðingar á 3,4 km langan kafla frá Hvammavegi að Lindahlíð. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

848 Mývatnsvegur

01 Neslandavík – Kísilvegur

Fjárveiting til tengivega var 16 m.kr. og eftirstöðvar frá fyrra ári 13,6 m.kr. Megnið af fjárveitingunni var lánað til framkvæmda við Hringveg (1) Garður – Geiteyjarströnd. Hluti fjárveitingar var notaður til að ljúka tengingu á nýrri brú á Laxá hjá Arnarvatni og leggja seinna lag klæðingar á 4,5 km langan kafla frá Laxá að Vagnbrekku. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar annaðist verkið.

853 Hvammavegur

01 Hagi – Ystihvammur

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli frá Haga að Ystahvammi og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Verktaki var Klæðning hf., Garðabæ.

Austurland

1 Hringvegur

t0 Dimmidalur – Skóghlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 15 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

t2 Við Fellabæ

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 7 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar..

u3-u4 Krossá – Búðaá

Fjárveiting til almennra verkefna var 15 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

x4 Um Fjallsá og Hrútá

Fjárveiting var engin en innistæða til vegagerðar var 28 m.kr. og 83 m.kr. til brúagerðar á Fjallsá og Hrútá. Lokið undirbyggingu á 4,7 km löngum kafla sem var byrjað á 1995 og lögð á hann klæðing. Verktaki við vegagerð var Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

Byggð 128 m löng og 7,8 m breið stálbitabrú með steyptu gólfi yfir Fjallsá. Verktaki var Trévirki hf., Hornafirði.

Byggð 44 m löng og 7,8 m breið stálbitabrú með steyptu gólfi yfir Hrútá. Verktaki var Íbyggð hf., Hornafirði.

y2 Skeiðarársandur

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. og auk þess voru lagðar til 8 m.kr. af viðhaldsfé. Greidd var skuld frá fyrra ári vegna breikkunar klæðinga á Skeiðarársandi og lokið við breikkun klæðingar 13,4 km löngum kafla. Verktaki var Malarvinnslan ehf., Egilsstöðum.

85 Norðausturvegur

35 Sandvíkurheiði – Hvammsgerði

Fjárveiting til almennra verkefna var 37 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

40 Hlíðarvegur – Deildarlækur

Fjárveiting til tengivega var 8 m.kr. og innistæða frá fyrra ári 7,6 m.kr. Lokið undirbyggingu á 5,6 km löngum kafla og lögð á hann klæðing. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

92 Norðfjarðarvegur

00 Egilsstaðir

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 4 m.kr. Undirbyggð voru gatnamót við söluskála á Egilsstöðum. Ólokið er malbiki og frágangi.

05 Reyðarfjörður

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 3 m.kr. Endurbyggður kafli og gatnamót við Valhöll. Ólokið er malbiki og frágangi.

10 Jarðgöng – Oddsdalur

Fjárveiting af framkvæmdaátaki var 17 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

93 Seyðisfjarðarvegur

02 Borgarfjarðarvegur – Langahlíð

Fjárveiting til almennra verkefna var 31 m.kr. Lokið var endurbyggingu á 3,5 km löngum kafla sem undirbyggður var í 1995 og lögð á hann klæðing.Verktaki var V. Brynjólfsson, Skagaströnd.

03 Kofi – Efri Stafur

Fjárveiting var engin, en 42 m.kr. fjárveiting til brúargerðar á Eyvindará var lánuð til verksins. Undirbyggður 5,3 km langur kafli sem ljúka á með klæðingu 1997. Verktaki er Héraðsverk hf., Egilsstöðum.

94 Borgarfjarðarvegur

06 Um Selfljót

Fjárveiting til tengivega var 5 m.kr. Lokið var 1,8 km löngum kafla sem var undirbyggður 1995 og hann lagður klæðingu. Verktaki var Sigurður Jónson, Mælivöllum og Njörður sf., Njarðvík

96 Suðurfjarðavegur

02 Eyri – Þernunes

Fjárveiting til almennra verkefna var 32 m.kr. og var hún notuð til greiðslu skuldar.

03 Þernunes – Vattarnes

Fjárveiting til almennra verkefna var 10 m.kr. Byrjað á undirbyggingu á 10,6 km löngum kafla sem ljúka á með klæðingu 1997. Verktaki er Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

917 Hlíðarvegur

04-07 Hellisheiði – Norðausturvegur

Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 28,6 m.kr. Lokið var 6,3 km löngum kafla, Eyvindarstaðir – Vindfell, sem undirbyggður var 1995 og lagt á hann malarslitlag. Verktaki var Einar Sigurbjörnsson og Vörubílstjórafélag Norð-Mýlinga, Vopnafirði.

919 Sunnudalsvegur

01 Hlíðarvegur – Refsstaður

Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 6,9 m.kr. Lokið undirbyggingu á 2,9 km löngum kafla og lögð á hann klæðing. Verktaki var Hjarðarnesbræður hf., Hornafirði.

931 Upphéraðsvegur

04 Brekkugerði – Hengifossá

Fjárveiting til tengivega var 18 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

1302. Skýrsla [616. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1994.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1994, urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

		1994 m kr.	1993 m kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.		1.179,5	956,1
Ferjubryggjur.		6,8	10,0
	Samtals	1.186,3	966,1

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Vita- og hafnamálastofnunar. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og minnst á framkvæmdir í höfnum, sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR.

Akranes.

Suðurverk hf lauk framkvæmdum við Faxabryggju, sem samið var um á fyrra ári. Verkið fólst í því að ganga frá fyllingu og grjótverja austan við núverandi Faxabryggju.

Framkvæmdakostnaður: 21,0 millj.

Borgarnes.

Löndunarkrani var settur upp við stálþilið á Borgarnesi.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj.

Snæfellsbær

Arnarstapi: Dýpkað var meðfram bryggjunni á Arnarstapa í ár eins og á undanförnum árum. Bjarni Vigfússon verktaki, annaðist þetta verk í umsjá Vita- og hafnamálastofnunar.

Framkvæmdakostnaður: 0,4 millj.

Rifshöfn: Styrking Suðurgarðs og bygging sandfangara var boðin út og samið við Bjarna Vigfússon í framhaldi af því. Verkinu lauk ekki á árinu. Einnig var unnið að undirbúningi að breytingum á innsiglingarmerkjum.

Framkvæmdakostnaður: 8,5 millj.

Ólafsvík: Gert hafði verið ráð fyrir að dýpkað yrði í innsiglingunni, en að ósk heimamanna var ákveðið að færa framkvæmdir við lengingu Norðurgarðs fram fyrir dýpkunina og undirbúningur að því verki hafinn.
Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Grundarfjörður.

Gengið var frá steyptri þekju á Litlu bryggju með rafbúnaði og nýrri heimtaug, auk þess sem steypt var slitlag á tengibraut að vogarhúsi, alls um 930 m². Verkið var boðið út og samið við Pálmar Einarsson um það.
Framkvæmdakostnaður: 9,0 millj.

Stykkishólmur.

Gengið var frá uppsetningu á löndunarkrana, sem keyptur hafði verið notaður árið áður, á hallandi bryggju. Lokið var við hönnun og gerð útboðsgagna vegna endurbyggingar Stykkisbryggju, en verkið var boðið út rétt fyrir áramót. Keypt var 24 m. löng flotbryggja úr tré af Trésmiðjunni Nesi og var hún sett út við Rögnvaldarfjöru.
Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 5,9 millj.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Lokið var við frágang á ferjuaðstöðu, samkvæmt samningi frá árinu 1992, við Tréverk hf á Bíldudal.
Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj.

Patreksfjörður: Þekja á nýja stálþilið var steypt, um 1.100 m² og unnið við lokafrágang á ljósamasturshúsi. Gengið var frá vatns- og raflögnum fram á kanti. Samið var við Byggi hf. um verkið, en Rafborg hf. sá um raflagnir. Á undanförnum árum hefur verið kvartað yfir erfiðri aðkomu fyrir stærri skip að Patrekshöfn. Til að bæta úr því var sett upp lýsing fremst á Oddann, þannig að hann er nú upplýstur.
Framkvæmdakostnaður: 12,0 millj.

Bíldudalur:
Engar framkvæmdir.

Tálknafjörður.

Keypt var efni í 80 m. langt stálþil.
Framkvæmdakostnaður: 14,7 millj.

Þingeyri.

Engar framkvæmdir.

Flateyri.

Dýpkað var í höfninni á Flateyri. Efnisvinnslan hf á Bolungarvík vann verkið. Alls voru fjarlægðir 9.000 m³.
Framkvæmdakostnaður: 7,6 millj.

Suðureyri.

Hafnarvog var keypt en ekki sett upp.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 millj.

Bolungarvík.

Unnið var að undirbúningi framkvæmda við Grundargarð og garðurinn allur mældur upp vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar hans. Keypt var ný hafnarvog og bygging vogarhúss hafin.

Framkvæmdakostnaður: 9,7 millj.

Ísafjörður.

Í Sundahöfn var unnið við ýmsar framkvæmdir. Lokið var við rafmagn og lagnir og vann Póllinn hf það verk. Gengið var frá slitlagi á gámasvæði alls um 3.000 m^2. Áfram var unnið við dýpkun í Sundahöfn og var hönnunardýpi -7.5 m. Samið var við Endurvinnsluna hf um það verk Alls var gert ráð fyrir að dýpka um 12.500 m^3, en af því voru 8.500 m^3 metnir styrkhæfir. Verkinu lauk ekki á árinu. Nýr löndunarkrani var settur upp fyrir smábáta. Byrjað var á hönnun stálþils í Bátahöfninni.

Framkvæmdakostnaður: 20,2 millj.

Súðavík.

Gengið var frá samningi við Garðar Sigurgeirsson um smíði ljósamastursbúss við trébryggjuna fyrir framan Frosta hf og fengin heimtaug á hafnarsvæðið.

Framkvæmdakostnaður: 10,5 millj.

Norðurfjörður.

Smábátahöfnin á Norðurfirði var dýpkuð með sprengingum. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Fyllingu hf frá Hólmavík. Höfnin var dýpkuð þannig að nú er þar -2.5 m dýpi.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 8,4 millj.

Drangsnes.

Bryggjan á Drangsnesi er gömul steypt kerjabryggja, sem upphaflega var byggð árið 1946. Hún var orðin léleg og þurfti endurbyggingar við. Ákveðið var að steypa 40 cm þykkan vegg á utan á bryggjuna á um 40 m kafla og samið við Ásmund og Ólaf sf. um verkið.

Inn í Kokkálsvík var útbúið uppsátur fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 7,0 millj.

Hólmavík.

Byggð var trébryggja við nýja grjótgarðinn utan við smábátabryggjuna. Bryggjan er 30 m. löng og dýpi við hana -4.0 m. Samið var við Guðlaug Einarsson bryggjusmið um verkið að undangengnu útboði.

Framkvæmdakostnaður: 15,3 millj.

Hvammstangi.

Þetta ár er síðasta árið, sem hafnarvogir og vogarhús eru styrkt af ríkisfé. Nokkrar vogir voru settar upp á árinu og er vogin á Hvammstanga ein þeirra. Þar var keypt vog og byggt vogarhús.

Framkvæmdakostnaður: 10,2 millj.

Blönduós.

Lokið var við byggingu brimvarnargarðs samkvæmt samningi við V. Brynjólfsson hf. Alls voru fluttir um 96.126 m³ af grjóti og kjarna í garðinn. Efnið var tekið á tveimur stöðum. Kjarni í landi Ennis, sem er einungis um 2 km frá verkstað, en stærra grjót var unnið í landi Hólabaks í um 26 km fjarlægð. Verkið hófst í febrúar 1993 og því lauk í nóvember 1994.

Framkvæmdakostnaður: 61,8 millj.

Skagaströnd.

Á Vesturgarði var malbikuð um 2.400 m² þekja við nýja stálþilið og sunnan við SR. Króksverk hf sá um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 6,6 millj.

Sauðárkrókur.

Á Sauðárkróki var unnið við þekju og lagnir á Syðra plani. Um var að ræða um 1.750 m² þekju með snjóbræðslukerfi og raf- og vatnslögnum

Framkvæmdakostnaður: 14,8 millj.

Hofsós.

Grjótvörnin á Árgarði var endurbyggð með um 3.000 m³ af grjóti, sem tekið var austan Vatna. Samið var við Rögnvald Árnason um grjótflutning og röðun.

Framkvæmdakostnaður: 8,4 millj.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Lokið var við raflagnir og lýsingu á Ingvarsbryggju samkvæmt samningi við Rafbæ hf. Einnig var steypt um 1.000 m² þekja með snjóbræðslukerfi og lagðar ídráttarlagnir, ásamt því að steypt var 410 m² tengibraut að togarabryggju. Samið var við Bása hf. um verkið. Keyptur var löndunarkrani af Jóni og Erling - Vélaverkstæði hf.

Framkvæmdakostnaður: 14,6 millj.

Hafnasamlag Eyjafjarðar

Ólafsfjörður: Valfell hf lauk vinnu við þverbryggju samkvæmt samningi frá fyrra ári. Einnig var lokið við dýpkun hafnarinnar og voru um 16.450 m³ fjarlægðir. Lokið var við að rífa gömlu steinbryggjuna.

Dalvík: Lokið var við smíði ljósamasturshúss á Suðurgarði, samkvæmt samningi við Tréverk hf frá árinu áður.

Boðin var út gerð brimvarnargarðs við Norðurgarð og samið við Völ hf frá Reykjavík um verkið. Vinna hófst þá um haustið og um áramót var búið að dæla um 30.000 m³ af sjávarmöl undir garðinn og keyra um 45.000 m³ af grjóti út í hann.

Árskógssandur/Hauganes: Valfell hf lauk frágangi við stálþilið með því að steypa kantbita og ljósamastursshús auk þess sem gengið var frá fyllingum innan við þilið.

Heildarframkvæmdakostnaður: 107,1 millj.

Grímsey.

Löndunarkrani var keyptur og settur upp. Einnig var unnið að undirbúningi fyrir viðgerð á grjótvörn á aðalhafnargarðinum.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 4,7 millj.

Hrísey.

Stálþil efst við Suðurgarð var keypt og rekið og gengið frá kanti. Samið var við Guðlaug Einarsson um rekstur þilsins, sem var 55 m. langt. Einnig var innifalið í verkinu að dýpka í um -5.0 m dýpi við þilið og voru alls um 5.500 m³ fjarlægðir.

Framkvæmdakostnaður: 28,4 millj.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 0,1 millj.

Akureyri.

Í Krossanesi var unnið að gerð 46.000 m³ fyrirstöðugarðs, vegna fyrirhugaðs stálþils við Krossanesverksmiðjuna. Samið var við Suðurverk hf um það verk en verklok áttu að vera í apríl 1995. Alls voru um 37.000 m³ keyrðir í garðinn fyrir áramót.

Samið var við Björgun hf um dýpkun fiskihafnarinnar í -7,5 m. Alls voru um 15.000 m³ fjarlægðir úr höfninni. Unnið var að undirbúningi að aðstöðu fyrir flotkví með rannsóknaborunum í væntanlegu kvíarstæði.

Samið var við Slippstöðina Odda um smíði nýs lóðsbáts af gerðinni Damen StanTug 1605.

Framkvæmdakostnaður: 56,8 millj.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Unnið var að undirbúningi undir byggingu grjótgarðs.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Húsavík.

Á Húsavík var keypt hafnarvog og byggt nýtt vogarhús.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 13,6 millj.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Þar sem ekki hafði tekist að dýpka í og að höfninni með dælingu, var samið við Hagvirki Klett hf um að ljúka verkinu með grafskipinu Reyni. Alls voru um 6.500 m³ fjarlægðir og dýpi eftir dýpkun -4.0 m.

Framkvæmdakostnaður: 6,9 millj.

Raufarhöfn.

Gengið var frá nýju innsiglingarmerki við höfnina í samræmi við samþykktar breytingar.

Keypt var 40 m. löng flotbryggja af Króla hf og lögð út í framhaldi af um 6.000 m^3 grjótgarði, sem samið var við Átak hf um að gera.

Samið var við Hagvirki Klett hf um sprengingar og dýpkun í innsiglingunni, þannig að dýpi varð a. m. k. -7.5 m.

Framkvæmdakostnaður: 24,0 millj.

Þórshöfn.

Lokið var við dýpkun, samkvæmt samningi frá fyrra ári við Hagvirki Klett hf. Ennfremur var gengið frá kaupum á 70 m. stálþili, sem reka átti framan við Salthús.

Framkvæmdakostnaður: 53,6 millj.

Bakkafjörður.

Steypt var bátarenna í höfninni og hafin vinna við lagnir og lýsingu.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 3,5 millj.

Vopnafjörður.

Lagt var slitlag á tengibraut milli Ásgarðs og Miðgarðs um 1.500 m^2

Samið var við Hagvirki Klett hf um dýpkun í innsiglingu með sprengingum.

Framkvæmdakostnaður: 12,6 millj.

Borgarfjörður eystri.

Steypt var utan á gömlu Bakkagerðisbryggjuna. Á árinu var lokið við um 57 lengdarmetra af áætluðum 100 m. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 4,5 millj.

Seyðisfjörður.

Lokið var framkvæmdum við hafnarvogina, sem hófust árinu áður. Einnig var unnið við frágang á rafmagni við dráttarbrautina.

Framkvæmdakostnaður: 8,3 millj.

Neskaupstaður.

Löndunarkrani var settur upp á nýju trébryggjuna. Lokið var við slitlag og gengið frá tengingu við götu. Hönnun stálþils við bræðslu var hafin.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 3,3 millj.

Eskifjörður.

Lokið var við smíði trébryggju við Hraðfrystihús samkvæmt samningi frá fyrra ári. Samið var við Byggðarholt sf um smíði ljósamasturshúss og steypu á 500 m^2 þekju, en verkinu lauk ekki á árinu.

Ný hafnarvog var keypt og samið við Trévang hf um smíði vogarhúss.

Framkvæmda og fjármagnskostnaður: 26,1 millj.

Reyðarfjörður.

Lokið var við kant og þekju á vöruhafnarkant samkvæmt samningi frá fyrra ári. Einnig var um 3.200 m² slitlag á gámasvæði vöruhafnarinnar malbikað.

Framkvæmdakostnaður: 8,9 millj.

Fáskrúðsfjörður.

Hafist var handa við hönnun Bæjarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj.

Stöðvarfjörður.

Lagt var slitlag á um 1.500 m² tengibraut að stálþilsbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 2,1 millj.

Breiðdalsvík.

Stálþil fyrir 6 m dýpi var keypt og rekið utan á steypta kerið. Samið var við Trévang hf á Reyðarfirði um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 44,7 millj.

Djúpivogur.

Boðin var út gerð brimvarnargarðs út í Flandraraboða. Samið var við Suðurverk hf um verkið, en vinna hófst ekki fyrr en 1995.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj.

Höfn í Hornafirði.

Dýpkað var við hafnarmynnið og inn að loðnubryggju með dæluskipi hafnarinnar, Soffíu. Alls voru um 37.000 m³ fjarlægðir milli mælinga, sem fram fóru í júní 1993 og maí 1994.

Framkvæmdakostnaður: 10,9 millj.

Vestmannaeyjar.

Unnið var að allnokkrum framkvæmdum í Vestmannaeyjahöfn. Gengið var frá samningi um smíði á nýjum 24,5 m. löngum og 270 brl. lóðsbáti við Skipalyftuna hf. Bátinn á að afhenda á árinu 1996. Samið var við Skipaviðgerðir hf um rekstur 150 m langs stálþils við Löngu. Hafnarvogin var endurnýjuð og byggð sjósetningarrenna í smábátahöfninni við Nausthamarsbryggju. Lokið var við raflagnir á Gjábakka. Ennfremur var unnið að dýpkun upp að nýja stálþilskantinum með grafskipi hafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 187,4 millj.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Byggð var 25 m löng trébryggja fyrir framan Ísstöðina innan við lægi Herjólfs. Uppgjöri vegna bryggjunnar lauk ekki vegna ágreinings við verktaka. Dýpi við bryggjuna er 4.0 m og var dýpkað framan við hana í tengslum við smíðina. Einnig var dýpkað fremst við Suðurvarargarð, en þar berst stöðugt að efni. Höfnin festi kaup á notuðum lóðsbát frá Finnlandi. Báturinn, sem var smíðaður í Hollandi 1972, er um 26 brl og 15 m. langur.

Þá má geta þess að undirbúningur að hönnun Miðbakkabryggju hófst á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 41,5 millj.

Grindavík.

Áfram var unnið að dýpkun við Eyjabakka, samkvæmt samningi við Hafverk hf frá fyrra ári. Dýpkað var í -8,0 m dýpi fremst og næst bryggjunni, en í -5,0 m næst landi. Verkinu lauk að mestu á árinu. Rekstur stálþils á norðurhlið Eyjabakkans var boðinn út og samið við S.E.E.S hf um verkið, sem lauk fyrir áramót.

Einnig var ákveðið að taka inn í uppgjör endurbyggingu á suðurhlið Eyjabakkans, sem hafði verið unnin árin 1992-1993.

Framkvæmdakostnaður: 86,3 millj.

Sandgerði.

Grjótvörn utan á Norðurgarðinn var boðin út rétt fyrir áramótin 1993/1994 og samið við Klæðningu hf um að vinna verkið. Það var svo unnið á árinu og lauk í ágúst 1994. Alls voru um 79.000 m^3 af efni keyrðir utan á garðinn og hún breikkuð um 25 m. Hluti fyllingarinnar var óstyrkhæfur.

Einnig var keypt stór flotbryggja, tvær einingar (10+15 m x 5 m x 1,2 m) fyrir björgunarbátinn Hannes Hafstein, sem hefur heimahöfn í Sandgerði.

Framkvæmdakostnaður: 55,9 millj.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík/Njarðvík.

Unnið var að endurbyggingu grjótgarðsins í Njarðvík og voru að þessu sinni settir í hann um 8.000 m^3 á ýmsum stöðum þar sem hann var farinn að láta á sjá. Þetta verk vann S.E.E.S hf samkvæmt samningi. Þrátt fyrir þetta er garðurinn enn ekki orðinn góður og líklega þarf að fara í frekari endurbyggingu á honum innan tíðar.

Helsta verkefnið hjá Höfninni Keflavík/Njarðvík var bygging nýs 170 m langs stálþilskants í Helguvík. Stálþilsefnið var keypt um sumarið og í september var verkið boðið út. Samið var við Hagtak hf. Verkinu var ekki lokið fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 108,3 millj.

Vogar.

Tvær 20 m. flotbryggjueiningar voru keyptar af Króla hf og settar út við hlið hinna.

Framkvæmdakostnaður: 4,9 millj.

Hafnarfjörður.

Framkvæmdum við steypta þekju á Suðurbakka var lokið.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Garðabær.

Lögð var út 1.260 m² malbikuð þekja og gengið frá vatnsheimtaug og tengibrunni við kant.

Framkvæmdakostnaður: 2,3 millj.

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja vinnu við deiliskipulag hafna og til annarra minnihátta verkefna, svo sem kaupa á pallvogum, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir við gerð hafnaáætlunar.

Framkvæmdakostnaður: 4,2 millj.

HAFNARFRAMKVÆMDIR, SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum, sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni, eða minni háttar nýbyggingar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri við Vita- og hafnamálastofnun.

Kópavogur

Unnið var við norðurgarð hafnarinnar. Sjávargrús var dælt undir garðinn og byrjað var að keyra grjót á fyrstu 35 m. af garðinum

Framkvæmdakostnaður: 17,0 millj.

Reykjavík

Helsta framkvæmd Reykjavíkurhafnar á árinu 1994 var dýpkun Gömlu hafnarinnar, en dýpi þar hefur verið nánast óbreytt undanfarna áratugi. Höfnin var dýpkuð úr -5.5 m. meðaldýpi í -7 m. dýpi. Alls komu upp um 300.000 m³ af efni og var það flutt til losunar á Klettasvæði í Sundahöfn.

Aðrar helstu framkvæmdir Reykjavíkurhafnar voru landgerð og undirbúningur hafnargerðar á Klettasvæði. Landgerð við Kleppsbakka, stækkun rafdreifikerfis í Sundahöfn og kaup á fasteignum og tækjum.

Framkvæmdakostnaður: 225,0 millj.

FERJUBRYGGJUR.

Minniháttar viðgerðir fóru fram á ferjubryggjum í Vigri og Ögri. Á Nauteyri og við Arngerðareyri fóru fram ýmsar rannsóknir vegna fyrirhugaðrar bílferjuaðstöðu. Á Arngerðareyri var hönnuð ferjubryggja með ökubrú, dýpkun og skjólgarði.

Framkvæmdum við Mjóafjörð var lokið með grjótklæðningu undir bryggjuna til að minnka sog í höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 6,8 millj.

SJÓVARNARGARÐAR.

Stærsta verkefni ársins var gerð sjóvarnargarðs við Langasand á Akranesi. Lagður var 550 m. langur garður allt frá hafnarmörkunum við Faxabraut austur fyrir íþróttavöllinn að Merkjaklöpp. Skóflan hf á Akranesi vann verkið.

Á Flateyri var unnið að sjóvörnum og var lokið við nyrstu 170 m. garðsins á utanverðri eyrinni. Einnig var nyrsta hluta eldri grjótvarnar endurraðað. Á Suðureyri var haldið áfram til norðurs um 50 m við enda eldri garðs og í Hnífsdal var sett grjót á um 100 m. norðan við bryggjuna og neðan við mjölverksmiðjuna. Klæðning hf úr Garðabæ vann þessi verk.

Við Byggðasafn V-Húnvetninga við Héraðsskólann að Reykjum var gengið frá grjótvörn og í Hrísey var endurraðað grjótvörn suðaustan við höfnina. Á Svalbarðseyri var sett grjót á um 150 m. neðan við sláturhús. Á Borgarfirði eystri var gengið frá sjóvörn á um 150 m. kafla frá Laufási að Jörfa og tók Vegagerðin þátt í því verki. Við Hornafjörð var boðin út lagning garðs á Austurfjöruna og í Vík í Mýrdal voru gerðar mælingar og athuganir vegna mikilla breytinga sem orðið höfðu á fjörunni neðan við kauptúnið. Á Stokkseyri var unnið við og austan Hraunsáróss.

Í Njarðvík var garður við Hákotstanga styrktur og í Vatnsleysustrandarhreppi var sett grjótvörn austan hafnargarðs að minni Vogum, um 300 m. kafli. Á Seltjarnarnesi var unnið í Pálsbæjarvör á norðanverðu nesinu og tók bæjarsjóður þátt í því verki til helminga á móti ríkissjóði.

Framkvæmdakostnaður: 58,0 millj.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Vita og hafnamálastofnunar var unnið að rannsóknum fyrir 36,5 milljónir

Dýptarmælingar fóru fram í Grindavík, Hornafirði, Siglufirði og Hvammstanga, ásamt landmæling á Bakkafirði

Úthafsöldumælingar voru gerðar á Grímseyjarsundi, suður af Hornafjarðarósi, suður af Surtsey og vestur af Garðskaga. Í tengslum við fyrirhugaða vinnu við innsiglinguna til Grindavíkurhafnar var sett út öldudufl suður af Grindavík á um 30 m dýpi.

Unnið var að ölduhæðarútreikningum fyrir Grenivík, Reykjavíkurhöfn og Hafnarfjörð.

Á árinu lauk líkantilraunum af höfninni á Dalvík. Lagt var til að byggður yrði 320 m langur brimvarnargarður. Hann gefur skjól innan hafnar, auk möguleika á stækkun vöruhafnarinnar. Hafist var handa við byggingu brimvarnargarðsins á árinu.

Í febrúar hófst bygging líkans af Hornafjarðarós í líkanstöð Vita og hafnamála og var unnið við líkanið allt árið. Líkanið var það umfangsmesta, sem sett hefur verið upp í stöðinni, auk þess að vera fyrsta verkefni þar sem unnið er með sjávarfallastrauma auk alda. Því þurfti að koma upp búnaði til að mynda og mæla strauma í líkaninu. Verkefnið fólst í því að gera tillögur að leiðigarði í Ósnum til að tryggja að Ósinn haldist stöðugur og að sigling um hann verði greiðfær. Til að fá heildarmynd af straumakerfi Hornfjarðarsvæðisins var gert straumfræðilegt reiknilíkan af öllu svæðinu. Þetta líkan var notað til að kvarða strauma í vatnslíkaninu. Þannig voru bæði líkönin notuð til að finna bestu legu leiðigarðsins á enda Austurfjörutanga. Jafnframt var þróað reiknilíkan til að geta sagt fyrir um hvernig leiðigarðurinn muni hafa áhrif á straumar og öldur í Ósnum og þar með botnbreytingar.

Í júní 1994 var haldin alþjóðleg strandráðstefna á vegur Vita og hafnamálastofnunar, bæjarstjórnar Hornafjarðar og bandaríska tímaritsins Journal of Coastal Research. Á ráðstefnunni var fjallað um strandbreytingar, sjóvarnir, sjávarfallaósa og siglingavandamál

þeim tengd, auk brimvarnargarða. Þátttakendur voru 150 talsins frá 12 þjóðlöndum. Gefið var út ráðstefnurit með fyrirlestrum og er þar fjöldi greina tengt rannsóknum á siglingaleiðinni inn Hornafjarðarós.

Áfram var unnið að uppbyggingu Upplýsingakerfis um veður og sjólag fyrir sjófarendur og veðurstöðvar settar upp á Patreksfirði, Dalvík, Hornafirði og í Grindavík í samvinnu við viðkomandi hafnir. Sjávarborðsmælarnir á Patreksfirði, Dalvík, Þorlákshöfn og í Grindavík nýtast einnig í verkefninu um langtímabreytingar á stöðu sjávarborð við Íslands.

TJÓN, SEM HAFNABÓTASJÓÐUR BÆTTI.

Ekki urðu mörg tjón á árinu, þar sem kom til kasta Hafnabótasjóðs.

Þó var bætt tjón, sem varð á grjótgarðinum á Suðurvarargarði í Þorlákshöfn og einnig var dýpkað í Flatey á Skjálfanda, sem heyrir undir Húsavíkurhöfn.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1994
(í millj. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Endurbygging Faxabryggju	55%	20,4		
	Sama	40%	0,6	21,0	11,5
Borgarnes	Löndunarkrani	40%	1,2	1,2	0,5
Snæfellsbær	Arnarstapi: Dýpkun	90%	0,4		
	Rif: Innsiglingarmerki	90%	0,1		
	Endurbyggð grjótvörn	90%	8,4		
	Ólafsvík: Brimvarnargarður	90%	0,3	9,2	8,4
Grundarfjörður	Litlabryggja: Þekja ofl.	60%	9,0	9,0	5,4
Stykkishólmur	Löndunarkrani	40%	1,9		
	Endurbygging Stykkisbryggju	60%	1,1		
	Flotbryggja, Rögnvaldarfjara	60%	3,2		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	-0,3	5,9	3,1
Vesturbyggð	Brjánsl.: Ferjuaðst.: Frágangur	60%	0,1		
	Patreksf.: Ljósamastурshús	60%	0,5		
	Lagnir og lýsing	60%	2,2		
	Þekja	60%	8,3		
	Lýsing á Oddaenda	90%	1,0	12,1	7,6
Tálknafjörður	Stálþil - efniskaup	60%	14,7	14,7	8,8
Flateyri	Dýpkun	90%	7,6	7,6	6,8
Suðureyri	Hafnarvog	40%	3,3	3,3	1,3
Bolungarvík	Grundargarður: Mæling/hönnun	90%	0,3		
	Hafnarvog	40%	9,4	9,7	4,0
Ísafjörður	Sundah.: Lagnir	60%	7,4		
	Sama	75%	2,6		
	Slitlag á gámasvæði	60%	1,6		
	Bátahöfn: Stálþil	60%	0,2		
	Löndunarkrani	40%	2,7		
	Dýpkun	90%	5,7	20,2	13,7
Súðavík	Raflagnir	60%	10,5	10,5	6,3

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	75%	2,9		
	Dýpkun	90%	5,2		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	0,3	8,4	7,1
Drangsnes	Endurbyggð steinbryggja	60%	6,6		
	Upptökubraut	60%	0,4	7,0	4,2
Hólmavík	Norðurgarður: Viðlegubryggja	60%	15,3	15,3	9,2
Hvammstangi	Hafnarvog	40%	10,2	10,2	4,1
Blönduós	Brimvarnargarður	90%	61,8	61,8	55,6
Skagaströnd	Vesturgarður: Þekja	60%	6,6	6,6	4,0
Sauðárkrókur	Syðraplan: Þekja og lagnir	60%	14,0		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	0,8	14,8	9,0
Hofsós	Árgarður: Grjótvörn	90%	8,4	8,4	7,6
Siglufjörður	Ingvarsbr.: Lagnir/lýsing	60%	1,2		
	Þekja og lagnir	60%	9,7		
	Löndunarkrani	40%	1,2		
	Tengibraut	60%	1,7		
	Löndunarbryggja við SR	60%	0,3		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	0,5	14,6	8,6
Hafnasaml Eyjafj.	Dalvík: Lagnir/lýsing	60%	3,5		
	Brimvarnargarður	90%	62,3		
	Ólafsf.: Stálþil	60%	2,8		
	Sama	75%	6,9		
	Steinbr. rifin	60%	0,8		
	Sama	75%	1,2		
	Dýpkun	90%	4,9		
	Sama	75%	7,9		
	Þverbr., þekja/lagnir	60%	3,7		
	Árskógss.: Stálþil	60%	6,5		
	Sama	75%	4,1		
	Lagnir v/stálþils	60%	1,9		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	0,6	107,1	87,5
Grímsey	Fjármagnskostnaður	75%	1,3		
	Lagnir	60%	0,2		
	Löndunarkrani	40%	3,0		
	Grjótgarður	90%	0,2	4,7	2,5

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Hrísey	Stálþil	60%	24,4		
	Dýpkun	90%	4,0	28,4	18,2
Hjalteyri	Fjármagnskostnaður	75%	0,1	0,1	0,1
Akureyri	Krossanesbr.: Fyrirstöðugarður	40%	7,1		
	Fiskihöfn: Dýpkun	70%	5,6		
	Aðstaða fyrir flotkví	40%	1,2		
	Lóðsbátur	20%	42,9	56,8	15,8
Grenivík	Grjótgarður - undirbún.	90%	0,3	0,3	0,3
Húsavík	Fjármagnskostnaður	75%	3,4		
	Hafnarvog	40%	10,2	13,6	6,6
Kópasker	Dýpkun	90%	6,9	6,9	6,2
Raufarhöfn	Innsiglingarmerki	90%	0,7		
	Flotbryggja og lýsing	60%	5,3		
	Dýpkun	90%	9,3		
	Endurbyggður grjótgarður	90%	8,7	24,0	20,0
Þórshöfn	Dýpkun	75%	36,0		
	Sama	90%	7,7		
	Stálþil, efniskaup	60%	9,9	53,6	39,9
Bakkafjörður	Fjármagnskostnaður	75%	1,0		
	Skjólhöfn: Frágangur	60%	2,5	3,5	2,3
Vopnafjörður	Slitlag á tengibraut	60%	2,0		
	Dýpkun	90%	10,6	12,6	10,7
Borgarfjörður eystri	Endurbygging Bakkageröisbryggju	90%	4,5	4,5	4,1
Seyðisfjörður	Dráttarbraut	60%	1,3		
	Hafnarvog	40%	7,0	8,3	3,6
Neskaupsstaður	Fjármagnskostnaður	75%	0,5		
	Trébryggja	60%	2,1		
	Löndunarkrani	40%	0,7	3,3	1,9
Eskifjörður	Fjármagnskostnaður	75%	0,6		
	Frystihúsbryggja.: Trébryggja	60%	2,0		
	Sama	75%	5,7		
	Þekja/ lagnir/ lýsing	60%	7,0		
	Hafnarvog	40%	10,8	26,1	14,4

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Reyðarfjörður	Vöruhöfn: Raflagnir	60%	0,1		
	Kantur og þekja	60%	2,2		
	Sama	75%	1,0		
	Slitlag gámasvæði	60%	5,6	8,9	5,5
Fáskrúðsfjörður	Bæjarbryggja	60%	0,1	0,1	0,1
Stöðvarfjörður	Tengibraut	60%	2,1	2,1	1,3
Breiðdalsvík	Stálþil	60%	26,9		
	Sama - efniskaup	75%	17,8	44,7	29,5
Djúpivogur	Brimvarnargarður	90%	1,2	1,2	1,1
Höfn í Hornafirði	Dýpkun hafnar	90%	13,4		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	-2,5	10,9	10,2
Vestmannaeyjar	Hörgaeyrargarður fjarl./dýpkun	90%	0,6		
	Gjábakki, raflagnir	60%	0,5		
	Stálþil	60%	37,3		
	Sama - efniskaup	75%	28,9		
	Dýpkun v/stálþilsbakka	90%	6,2		
	Smábátahöfn: Sjósetningarrenna	60%	1,6		
	Lóðsbátur	40%	107,0		
	Hafnarvog	40%	5,3	187,4	96,4
Þorlákshöfn	Trébryggja við Ísstöð	60%	8,7		
	Sama - efniskaup	75%	8,0		
	Tjónaviðgerð á garði	90%	3,9		
	- Tjónastyrkur	90%	-4,2		
	Lóðsbátur	40%	19,4		
	Dýpkun við Suðurvarargarð	90%	3,1		
	Dýpkun við Ísstöð	90%	2,5		
	Miðbakkabryggja	60%	0,1	41,5	23,8
Grindavík	Dýpkun hafnar	90%	10,0		
	Sama	75%	3,9		
	Eyjabakki: Stálþil	60%	41,5		
	Suðurhlið Eyjabakka	60%	30,5		
	Viðbót hafnarvog 1993	40%	0,4	86,3	55,3
Sandgerði	Norðurgarður: Grjótvörn	90%	22,8		
	Sama	75%	20,8		
	Bryggja fyrir björgunarbát	60%	12,3	55,9	43,5

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Keflav/Njarðv/Hafn.	Endurb. grjótgarður Njarðvík	90%	6,2		
	Stálþil Helguvík	60%	102,1	108,3	66,8
Vogar	Flotbryggjur	60%	4,9	4,9	2,9
Hafnarfjörður	Suðurbakki IV: Þekja/lagnir	45%	0,3	0,3	0,1
Garðabær	Þekja	60%	2,3	2,3	1,4
Af óskiptu fé:	Patreksfjörður: Slysavarnir	60%	0,1		
	Bíldudalur: Pallvog	40%	0,7		
	Bolungarvík: Mastur	90%	0,1		
	Ísafjörður: Deiliskipulag	60%	0,4		
	Norðurfjörður: Fender	60%	0,2		
	Sauðárkrókur: Deiliskipulag	60%	0,5		
	Hofsós: Eyðing sprengiefnis	75%	0,1		
	Árskógsströnd: Pallvog	40%	0,6		
	Borgarfj.ey.: Tölvutenging vogar	40%	0,2		
	Neskaupstaður: Pallvog	40%	1,3		
	Leiðrétt v/framkvæmda fyrri ára	75%	-4,8	-0,6	-1,6
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir	20%	42,9		
		40%	205,4		
		45%	0,3		
		55%	20,4		
		60%	470,5		
		70%	5,6		
		75%	149,3		
	Samtals	90%	285,1	**1.179,5**	**757,2**

II. Ferjubryggjur

Vigur	100%	0,1		0,1
Ögur	100%	0,2		0,2
Arngerðareyri	100%	4,4		4,4
Nauteyri	100%	1,5		1,5
Mjóifjörður	100%	0,6		0,6
Samtals ferjubryggjur			**6,8**	**6,8**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1994
(í millj. kr.)

Akranes		15,0
Patreksfjörður		0,9
Flateyri		8,0
Suðureyri		2,6
Ísafjörður		3,9
Héraðsnefnd V-Húnvetninga		1,8
Hrísey		2,2
Svalbarðsströnd		1,5
Árskógssandur		0,1
Borgarfjarðarhreppur		3,1
Höfn í Hornafirði		3,7
Vík í Mýrdal		1,5
Stokkseyri		3,4
Ölfushreppur		0,3
Njarðvík		3,0
Vogar		0,1
Seltjarnarnes		4,8
Óskipt v/ rannsókna		2,1
	Samtals	**58,0**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1994
(í millj. kr.)

Almennar rannsóknir, óskipt			4,0
Rannsóknatæki og hugbúnaður			3,6
Ýmis sérverkefni			0,5
Úthafsöldumælingar			2,3
Líkantilraunir:			
	Dalvík	1,6	
	Hornafjörður	15,4	
	Sameiginlegur kostnaður	0,4	17,4
Rannsóknaverkefni í höfnum:			
	Reykjavík	0,2	
	Hvammstangi	0,2	
	Blönduós	0,6	
	Siglufjörður	0,6	
	Dalvík	0,1	
	Grenivík	0,1	
	Höfn í Hornafirði	5,8	
	Grindavík	0,8	
	Hafnafjörður	0,3	8,7
	Samtals :		**36,5**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 1994
(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1993		Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1994	
	Vantar	Ónotað	1994	1994	Vantar	Ónotað
Akranes		14,5	11,5	20,3		23,3
Borgarnes		0,5	0,5			
Snæfellsbær	0,6		8,4	30,2		21,2
Grundarfjörður		0,1	5,4	3,1	2,2	
Stykkishólmur	1,2		3,1	16,2		11,9
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Vesturbyggð	8,3		7,6	15,8	0,1	
Tálknafjörður		1,4	8,8	8,7		1,3
Þingeyri		0,2	0,0			0,2
Flateyri		0,2	6,8	6,5	0,1	
Suðureyri	0,5		1,3	2,3		0,5
Bolungarvík	0,9		4,0		4,9	
Ísafjörður	38,4		13,7	50,0	2,1	
Súðavík	0,2		6,3	4,4	2,1	
Norðurfjörður	1,3		7,1	3,3	5,1	
Drangsnes			4,2	3,1	1,1	
Hólmavík			9,2	10,0		0,8
Hvammstangi	0,4		4,1	3,6	0,9	
Blönduós		12,8	55,6	37,7	5,1	
Skagaströnd		3,6	4,0	3,5		3,1
Sauðárkrókur	3,4		9,0	20,2		7,8
Hofsós		0,2	7,6	8,3		0,9
Haganesvík						
Siglufjörður	3,4		8,6	9,1	2,9	
Hafnasamlag Eyjafjarðar		20,3	87,5	52,4	14,8	
Grímsey	11,5		2,5	10,0	4,0	
Hrísey		0,2	18,2	16,6	1,4	
Hjalteyri	0,5		0,1	0,6		
Akureyri	26,4		15,8	12,3	29,9	
Svalbarðseyri						
Grenivík	0,7		0,3	5,8		4,8
Húsavík	44,6		6,6	32,6	18,6	
Tjörnes						
Kópasker		1,2	6,2	3,7	1,3	
Raufarhöfn		2,1	20,0	9,6	8,3	
Þórshöfn	8,3		39,9	39,8	8,4	
Bakkafjörður	8,3		2,3	12,0		1,4

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1993		Ríkishluti framkvæmda	Fjárveiting	Staða ríkissjóðs í árslok 1994	
	Vantar	Ónotað	1994	1994	Vantar	Ónotað
Vopnafjörður		0,4	10,7	1,0	9,3	
Borgarfjörður-eystri		3,4	4,1	5,1		4,4
Seyðisfjörður	1,0		3,6	3,5	1,1	
Neskaupsstaður	14,4		1,9	16,0	0,3	
Eskifjörður	4,7		14,4	16,3	2,8	
Reyðarfjörður		2,9	5,5	5,1		2,5
Fáskrúðsfjörður	0,4		0,1	5,2		4,7
Stöðvarfjörður	0,6		1,3	0,4	1,5	
Breiðdalsvík		22,6	29,5	16,8		9,9
Djúpivogur		1,3	1,1	23,6		23,8
Höfn í Hornafirði	9,5		10,2	13,9	5,8	
Vestmannaeyjar		16,9	96,4	32,6	46,9	
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	1,5		23,8	11,4	13,9	
Grindavík		6,9	55,3	42,2	6,2	
Sandgerði	220,7		43,5	46,8	217,4	
Garður						
Keflavík/Njarðvík	37,2		66,8	14,1	89,9	
Vogar		1,3	2,9	1,9		0,3
Hafnarfjörður	38,7		0,1	15,2	23,6	
Garðabær			1,4	1,3	0,1	
Óskipt		3,0	-1,6	4,5		10,7
Samtals:	**487,6**	**117,1**	**757,2**	**728,6**	**532,1**	**134,5**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1994
(í millj. króna)

Almennar hafnir			728,6
Lendingabætur:			
	Skarðsstöð	3,50	
	Djúpavík	0,30	
	Eyri við Ingólfsfjörð	0,40	
	Núpskatla	0,50	
	Óskipt v/kostnaðar	0,30	5,0
Ferjubryggjur:			
	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	19,00	19,0
		Samtals fjárveitingar:	**752,6**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1994
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):	
Akranes	10,7
Ólafsvík	1,0
Patreksfjörður	1,5
Flateyri	8,0
Suðureyri	2,0
Ísafjörður	3,9
Héraðsnefnd V-Hún.	2,5
Dalvík	2,0
Hrísey	2,0
Svalbarðsstrandarhreppur	1,5
Borgarfjarðarhreppur	3,2
Hornafjörður	20,0
Mýrdalshreppur	1,6
Ölfushreppur	3,0
Grindavík	0,8
Njarðvík	3,9
Vatnsleysustrandarhreppur	2,0
Seltjarnarnesbær	4,7
Óskipt til áætlanagerðar	0,7
Samtals	**75,0**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1994
(í millj. króna)

Styrkir:

a) Styrkir til nýframkvæmda:

Snæfellsbær	0,85	
Vesturbyggð	3,50	
Tálknafjörður	1,10	
Norðurfjörður	0,45	
Drangsnes	0,50	
Hólmavík	2,50	
Hvammstangi	1,35	
Skagaströnd	1,90	
Sauðárkrókur	1,60	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	9,10	
Hrísey	3,50	
Hjalteyri	0,10	
Húsavík	6,50	
Bakkafjörður	2,55	
Seyðisfjörður	1,15	
Fáskrúðsfjörður	0,90	
Stöðvarfjörður	0,10	
Breiðdalsvík	4,65	
Sandgerði	2,50	
Vogar	0,50	45,3

b) Tjónastyrkir:

Húsavík v/ Flateyjar á Skjálfanda	2,70	
Þorlákshöfn	4,20	6,9

Styrkir alls: 52,2

Lán:

a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:

Snæfellsbær	0,70
Grundarfjörður	1,20
Vesturbyggð	1,70
Tálknafjörður	3,75
Suðureyri	1,70
Drangsnes	0,80
Hólmavík	2,50
Hvammstangi	1,35
Sauðárkrókur	0,90
Hafnasamlag Eyjafjarðar	4,10

Þórshöfn	9,60	
Bakkafjörður	0,70	
Fáskrúðsfjörður	1,30	
Stöðvarfjörður	0,10	
Breiðdalsvík	6,60	
Sandgerði	2,10	
Vogar	0,50	39,6

b) Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu:

Norðurfjörður	4,50	
Kópasker	1,10	
Sandgerði	5,50	11,1

Lán alls	50,7
Samtals lán og styrkir:	**102,9**

1303. Skýrsla [617. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1995.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1995, urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	1995 m kr.	1994 m kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.	1.220,8	1.179,5
Ferjubryggjur.	1,6	6,8
Samtals	1.222,4	1.186,3

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, og sérstakur kafli um rannsóknir á vegum Vita- og hafnamálastofnunar. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og minnst á framkvæmdir í höfnum, sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR.

Akranes.

Tekin var ákvörðun um að kaupa skipalyftuna hjá Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts hf, en framkvæmdum við endurbyggingu Faxabryggju var frestað.

Framkvæmdakostnaður: 41,1 millj.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir

Snæfellsbær

Arnarstapi: Dýpkað var meðfram bryggjunni á Arnarstapa í ár eins og á undanförnum árum. Bjarni Vigfússon verktaki, annaðist þetta verk.

Rifshöfn: Lokið var við gerð sandfangarans austur úr Suðurgarðinum. Það var Bjarni Vigfússon sem vann það verk samkvæmt verksamningi frá fyrra ári. Með þessari framkvæmd er vonast til að sandur hætti að berast inn í hafnarmynnið eins og áður. Innsiglingamerki voru lagfærð.

Ólafsvík: Lenging Norðurgarðs um 60 m var boðin út. Klæðning hf úr Garðabæ var hlutskörpust og vann að verkinu fram á haust. Alls fóru um 31.200 m³ í garðinn og til að gera við tjón, sem hafði orðið á eldri hluta garðsins fyrr á árinu. Mikið norðaustan áhlaup gerði í lok október í sömu viku og lokið var við garðinn og varð að endurvinna fremsta hluta hans vegna skemmda, sem urðu á honum við það.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 39,5 millj.

Grundarfjörður.

Farið var í að breikka og lagfæra grjótvörn á þeim hluta Suðurgarðsins, sem næstur er landi fram á beygju. Verkið var boðið út og reyndist Friðgeir V. Hjaltalín vera með lægsta boð. Gert var ráð fyrir að setja um 15.600 m³ af kjarna og grjóti í garðinn, en verkinu lauk ekki á árinu. Verktakinn var einnig fenginn til að gera við tjón, sem orðið hafði á Norðurgarðinum fyrr um árið.

Framkvæmdakostnaður: 7,0 millj.

Stykkishólmur.

Stærsta verkið í Stykkishólmshöfn var endurbygging Stykkisbryggju. Verkið var boðið út rétt fyrir áramótin 94/95 og var samið við Byggingafélagið Stapa hf um framkvæmdina. Með því eru öll mannvirki á Stykkinu komin í sæmilegt horf. Einnig var sett slitlag fyrir ofan ferjubryggjuna í Súgandisey og á brúna og Bólverkið í Stykkinu, alls um 2.900 m².

Framkvæmdakostnaður: 43,7 millj.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Unnið var að dýpkun til að bæta aðkomu fyrir Baldur inn að ferjubryggjunni og ennfremur var dýpkað til að geta komið upp aðstöðu fyrir smábáta. Þetta verk var boðið út sameiginlega með dýpkun í Patrekshöfn og reyndist Sveinbjörn Runólfsson sf vera með hagstæðasta tilboðið. Alls voru um 7.500 m³ fjarlægðir af dýpkunarsvæðum.

Patreksfjörður: Patrekshöfn var dýpkuð og var það verk boðið út ásamt dýpkun á Brjánslæk. Dýpkað var um alla höfnina, smábátahöfnin var dýpkuð í -2.5 m til -3.5 m, en utar í höfninni var dýpkað í -6.0 m og í hafnarmynninu í -7.0 m. Alls voru um 32.000 m³ teknir af dýpkunarsvæðunum.

Bíldudalur:

Engar framkvæmdir.

Heildarframkvæmda- og fjármagnskostnaður: 20,8 millj.

Tálknafjörður.

Stálþilið, sem keypt var á árinu 1994 var rekið niður og steyptur á það kantur. Verkið var boðið út og samið var við Guðlaug Einarsson vinna það. Einnig þurfti að dýpka lítilsháttar við þilið og í smábátahöfninni. Samið var við Sveinbjörn Runólfsson um það, þar sem hann var á Patreksfirði við dýpkun.

Framkvæmdakostnaður: 23,8 millj.

Þingeyri.

Ákveðið var að útbúa smábátahöfn innan við stálþilið á Þingeyri. Grjótgarður var lagður út og innan við hann var dýpkuð hafnarkví með -2.0 m dýpi. Í garðinn fóru um 9.800 m³ og dýpkaðir voru 5.600 m³. Það var Bergbrot hf, sem sá um þessar framkvæmdir. Flotbryggjur, 30 m langar steyptar einingar, voru einnig keyptar að loknu útboði af Króla hf í Garðabæ, en ekki náðist að leggja þær út fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 16,7 millj.

Flateyri.

Engar framkvæmdir.

Suðureyri.

Á Suðureyri var unnið við smábátahöfn eins og á Þingeyri. Þar þurfti bæði að dýpka og ganga frá skjólgarði. Dýpkunin nam 5.800 m³ og í garðinn fóru 3.300 m³ af grjóti auk þess, sem hluti efnisins úr dýpkuninni var notaður. Jón og Magnús hf tóku að sér framkvæmdir á Suðureyri en þeir voru lægstbjóðendur í verkið, sem lauk ekki fyrir áramót. Einnig hér voru keyptar flotbryggjur af Króla hf úr Garðabæ.

Framkvæmdakostnaður: 6,1 millj.

Bolungarvík.

Unnið var að endurnýjun raflagna á Grundargarði og við Brjótinn, en gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á næsta ári. Samið var við Ístak hf um viðgerð á grjótvörn á Grundargarði og alls settir um 1.500 m³ í garðinn. Grjótið var tekið úr grjótnámunni í Tungudal í Skutulsfirði.

Framkvæmdakostnaður: 5,3 millj.

Ísafjörður.

Helsta framkvæmdin var endurbygging stálþilsins í Bátahöfninni. Reknir voru 140 m af þili frá viðlegu Djúpferjunnar fyrir hornið að Olíumúlanum. Það var Trévangur hf frá Reyðarfirði, sem annaðist þessa framkvæmd. Dýpi við þilið er -6.0 m. Unnið var að viðgerð á Mávagarðinum. Ístak hf sá um þá framkvæmd og fóru um 2.200 m³ í garðinn, auk þess sem um 1.200 m³ var endurraðað.

Framkvæmdakostnaður: 50,1 millj.

Súðavík.

Ný heimtaug var fengin á höfnina og rafmagnsvinna boðin út um áramótin. Samið var við Björgun hf um dýpkun, en þeir voru á Súðavík við efnisvinnslu vegna nýju byggðarinnar þar. Alls voru um 1.800 m³ fjarlægðir úr höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 7,1 millj.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður: 0,5 millj.

Drangsnes.

Engar framkvæmdir.

Hólmavík.

Lokið var við ljósamasturs- og vatnshús og gengið var frá rafmagni og vatni við nýju viðlegubryggjuna. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður 2,0 millj.

Hvammstangi.

Engar framkvæmdir.

Blönduós.

Unnið var að undirbúningi lagæringa á viðlegunni við norðurhlið bryggjunnar. Verkið var boðið út, en þar sem tilboðin sem bárust voru yfir kostnaðaráætlun, var ákveðið að endurhanna verkið og bjóða það út að nýju. Björgun hf. var fengin til að dýpka lítilsháttar við suðurhlið bryggjunnar, en sandur virðist berast meira inn að bryggjunni en áður eftir að grjótgarðurinn var byggður.

Framkvæmdakostnaður: 2,2 millj.

Skagaströnd.

Unnið var við kant og lagnir á Skúffugarði frá bryggjunni að grjótgarðinum. Helgi Gunnarsson sá um verkið. Einnig var grjótvörn á efst á Vesturgarði endurbætt. Samið var við V. Brynjólfsson hf um verkið eftir útboð. Hvorugu verkinu lauk á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 8,6 millj.

Sauðárkrókur.

Lagfæra þurfti vesturhorn nýja stálþilsins á Syðra plani, þar sem grafist hafði frá því. Einnig var dýpkað í innsiglingunni niður í -6,0 m. Dýpka þurfti þar vegna efnis, sem berst að sunnan verðu inn í innsiglinguna. Samið var við Björgun hf um það verk eftir útboð. Alls voru um 21.500 m^3 af efni fjarlægðir.

Framkvæmdakostnaður: 10,1 millj.

Hofsós.

Um 225 m^2 þekja á Árgarði var steypt og var samið við Reyni Gíslason um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 1,6 millj.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Boðin var út vinna við rekstur 80 m langs stálþils milli Brjótsins og SR bryggjunnar. Samið var við Hagtak hf um verkið, en því lauk ekki á árinu, vegna erfiðleika við rekstur. Ákveðið var að fresta því fram á næsta ár og dýpka inn að þilinu áður en framkvæmdir hæfust að nýju.

Framkvæmdakostnaður: 37,1 millj.

Hafnasamlag Eyjafjarðar

Ólafsfjörður: Þekjan á Þverbryggjuna var boðin út og samið við Steypustöð Dalvíkur hf og Trésmiðju Ólafsfjarðar hf um verkið. Hér er um að ræða 2.400 m^2 þekju með snjóbræðslulögnum, brunnum og dreifilögnum fyrir vatn og rafmagn. Verkinu lauk ekki á árinu vegna ófyrirséðra tafa og var samið við verktakann um að hefja vinnu við það aftur næsta vor.

Dalvík: Lokið var við brimvarnargarðinn á Dalvík, sem samið hafði verið um við Völ hf úr Reykjavík árið áður. Unnið var samfellt við garðinn allan veturinn og lauk verkinu í júní 1995. Grjót í garðinn fékkst í landi Háls. Fóru alls um 104.400 m³ í garðinn og af því um 30.000 m³ af sjávarmöl, sem dælt var undir hann.

Árskógssandur/Hauganes: Gengið var frá heimtaug og lýsingu við nýja stálþilið.

Heildarframkvæmda- og fjármagnskostnaður: 40,8 millj.

Grímsey.

Grjótvörn við aðalhafnargarðinn var endurbætt og styrkt. Settir voru um 1.200 m³ af grjóti í garðinn og um 2.000 m³ var endurraðað. Grjótið var unnið í eyjunni. Völur hf, sem var við grjótverk á Grenivík var fenginn til að annast þessar framkvæmdir. Einnig var lagt um 2.100 m² slitlag á tengibraut að bryggjum í bátadokkinni og annaðist Vegagerðin það.

Fjármagns- og framkvæmdakostnaður: 10,7 millj.

Hrísey.

Í Hrísey var boðin út steypt þekja við nýja stálþilið. Samið var við Björk hf um verkið og voru um 905 m² steyptir með snjóbræðslulögnum, gengið frá ljósamasturs og vatnshúsi og dreifilögnum að kanti. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramótin.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 12,1 millj.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Miklar framkvæmdir voru á Akureyri á árinu. Aðallega var um að ræða aðstöðu fyrir flotkví við Slippstöðina annars vegar og hins vegar nýtt stálþil í Krossanesi.

Framkvæmdum við fyrirstöðugarð í Krossanesi lauk samkvæmt áætlun í febrúar. Alls fóru 46.913 m³ af efni í garðinn. Suðurverk hf var verktaki á þessu verki. Árið áður hafði samhliða verið boðin út gerð grjótvarnar við fyrirhugað lægi fyrir flotkví norðan Slippstöðvarinnar. Því verki lauk í júní og fóru alls 12.990 m³ af efni í grjótvörnina.

Í mars var boðin út dýpkun fyrir flotkví. Samið var við G. Hjálmarsson og Möl og Sand hf um þetta verk og lauk því í júní. Alls voru um 143.500 m³ fjarlægðir úr kvíarstæðinu og var það unnið bæði með dæluskipinu Perlunni frá Björgun hf og með greftri úr landi. Efnið var losað inn í Krossanesi og í fyllingar í Strandgötu. Dýpi í botni kvíarlægisins er -13.0 m.

Ennfremur þurfti að ganga frá landfestingum fyrir kvína og var verkið boðið út í júní. Samið var við Byggingafélagið Stapa ehf um rekstur staura og steypu á landvegg fyrir landgöngubrú.

Kaup á flotkví, sem keypt var ný frá Litháen voru tekin inn í uppgjör. Kvíin, sem er um 116 m löng og um 25 m breið að innan, getur borið um 5.000 þungatonn. Hún getur tekið upp skip með allt að 7.6 m djúpristu.

Í Krossanesi var samið við Valfell hf um rekstur stálþils við fyrirstöðugarðinn. Þilið er um 80 m langt og með -9.0 m dýpi.

Sérstakur stormpolli var smíðaður og settur upp við Oddeyrarbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 336,3 millj.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Lenging grjótgarðs við hafnargarðinn á Grenivík var boðin út. Samið var við Völ hf um verkið, en þeir höfðu þá nýlokið við brimvarnargarðinn á Dalvík. Garðurinn var lengdur um 60 m og fóru tæplega 40.000 m^3 í hann.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 40,4 millj.

Húsavík.

Engar framkvæmdir.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Engar framkvæmdir.

Fjármagnskostnaður 0,1 millj.

Raufarhöfn.

Gengið var frá lýsingu við flotbryggju.

Framkvæmdakostnaður 0,3 millj.

Þórshöfn.

Rekstur stálþilsins við Salthúsið var boðinn út rétt fyrir áramótin. Þilið er 75 m langt með steyptum kanti. Samið var við Trévang hf á Reyðarfirði um verkið og lauk því í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 21,7 millj.

Bakkafjörður.

Áfram var unnið að frágangi í höfninni og steypt 233 m^2 þekja upp með bryggjunni að norðanverðu.

Framkvæmdakostnaður: 1,5 millj.

Vopnafjörður.

Engar framkvæmdir

Borgarfjörður eystri.

Lokið var við að steypa utan á gömlu Bakkagerðisbryggjuna. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 3,0 millj.

Seyðisfjörður.

Byggð var löndunarbryggja við SR verksmiðjuna. Þetta var 70 m löng harðviðarbryggja með 7.0 m dýpi. Smíðin var boðin út og var samið við Guðlaug Einarsson ehf um verkið. Vinna hófst í byrjun september og var smíði bryggjunnar að mestu lokið fyrir áramótin.

Gengið var frá þekju við viðgerðarbryggjuna í Dráttarbrautinni og fláar lagfærðir.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 42,7 millj.

Neskaupstaður.

Stálþilið við loðnuverksmiðju SVN var lengt um 70 m. Þilið var rekið um 15 m áfram til suðurs og svo um 47 m til austurs. Verkið var boðið út í júlí og var samið við Völ hf um framkvæmdir. Vinna hófst um miðjan ágúst og henni lauk í nóvember.

Einnig var dýpkað við nýju trébryggjuna, þannig að 6.0 m dýpi væri við hana alla.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 40,3 millj.

Eskifjörður.

Lokið var framkvæmdum við Hraðfrystihússbryggjuna. Gengið frá ljósamastursh úsi og rafmagni og lögnum við það.

Framkvæmdakostnaður: 1,2 millj.

Reyðarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Fáskrúðsfjörður.

Á Fáskrúðsfirði var framkvæmdaröð breytt frá fyrri áætlunum. Fyrirhugað hafði verið að reka stálþil milli Hafskipabryggju og Bæjarbryggju, en vegna uppbyggingar loðnuverksmiðju var nauðsynlegt að koma upp löndunarbryggju við hana. Byggð var 40 m löng harðviðarbryggja með -7,0 m dýpi. Verkið var boðið út og samið við Trévang hf á Reyðarfirði um smíðina. Verkið hófst í júlí og lauk að mestu fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 25,2 millj.

Stöðvarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Breiðdalsvík.

Engar framkvæmdir.

Djúpivogur.

Vinna hófst við brimvarnargarðinn út að Flandraraboða snemma á árinu, en samningur hafði verið gerður við Suðurverk hf á fyrra ári. Grjótnáma var opnuð í landi Hamars og fóru um 32.500 m^3 af grjóti í garðinn.

Framkvæmdakostnaður: 40,8 millj.

Höfn í Hornafirði.

Alltaf þarf að dýpka eitthvað í Hornafjarðahöfn. Þetta ár var unnið bæði innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu og auk þess var Björgun hf fengin til að dýpka í innsiglingunni. Innan hafnar var aðallega dýpkað við loðnuverksmiðjuna, við Álaugareyju og við Óslandsbryggju, alls um 20.500 m^3. Í innsiglingunni var um að ræða víkkun rennunnar þar sem beygja þarf við Hellinn og voru um 17.750 m^3 teknir úr innsiglingunni að þessu sinni. Sú framkvæmd var samkvæmt niðurstöðum þeirra umfangsmiklu líkantilrauna, sem fram hafa farið við Ósinn á undanförnum árum. Enn er þó eftir að dýpka frekar við Austurfjörutangann.

Framkvæmdakostnaður: 13,7 millj.

Vestmannaeyjar.

Um haustið var boðin út vinna við þekju og lagnir á nýja þilið við Lönguna. Samið var við 2Þ hf um verkið, sem fólst í steypu á 3.100 m² af þekju, byggingu tveggja ljósamasturs- og vatnshúsa og lagningu dreifilagna að kanti. Ekki náðist að ljúka verkinu og var tekin ákvörðun um að fresta því til vors.

Áfram var unnið að dýpkun við Lönguna og fjarlægðir um 15.000 m³ á árinu. Dýpi næst þilinu á að vera 8.0 m og gert er ráð fyrir að dýpkuninni ljúki á næsta ári.

Framkvæmdakostnaður: 21,6 millj.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Aðalframkvæmd ársins var dýpkun við væntanlegan Miðbakka. Forval á verktökum var viðhaft, þremur verktökum boðið að senda inn tilboð og voru þau opnuð í mars. Samið var við Hagtak hf um verkið. Um 8.700 m² svæði var dýpkað. Þar af voru um 2.700 m² dýpkaðir í -8.0 m dýpi, en afgangurinn í -6.0 m dýpi.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 110,7 millj.

Grindavík.

Áfram var unnið við Eyjabakkann. Á árinu var útboð á þekju og lögnum og var samið við Hjalta Guðmundsson um verkið. Alls voru um 4.400 m² steyptir. Um haustið voru raflagnir á bryggjuna boðnar út og samið við Hörð Helgason, en verkinu lauk ekki á árinu.

Undirbúningur að dýpkun hafnarinnar milli Eyjabakka og Svírabryggju fór af stað með því að gerð var jarðfræðirannsókn á botninum. Það var Jarðfræðistofa Kjartans Thors, sem annaðist þær rannsóknir. Verkið var síðan boðið út um haustið að loknu forvali. Færeyska fyrirtækið J&K Petersen reyndist lægstbjóðandi og var samið við þá um dýpkunina. Framkvæmdir hefjast samkvæmt áætlun næsta vor.

Framkvæmdakostnaður: 40,3 millj.

Sandgerði.

Unnið var við framkvæmdir á Norðurgarðinum og boðin út uppsteypa á tveimur ljósamasturs- og vatnshúsum, ídráttarlagnir og rif á skjólvegg, sem var á gamla hafnargarðinum. Samið var við Gunnar Guðbjörnsson frá Sandgerði um verkið.

Keypt var ný flotbryggja af Króla hf úr Garðabæ og hún lögð út við hlið björgunarbátsbryggjunnar. Bryggjan er úr tveimur 20 m einingum og 3 m á breidd.

Framkvæmdakostnaður: 12,4 millj.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Keflavík/Njarðvík.

Verkáfanganum við rekstur stálþilsins í Helguvík lauk í júní. Hagtak vann verkið, en það var boðið út í október 1994. Verkið var fólgið í rekstri stálþils, alls 182 plötur og að steypa

kant á þilið. Miklar fyllingar voru innan við þilið og var efni í þær tekið úr námunni í Helguvík.

Framkvæmdakostnaður: 63,5 millj.

Vogar.

Engar framkvæmdir

Hafnarfjörður.

Þar sem dýpkun við Suðurbakka IV lauk ekki á sínum tíma vegna gjaldþrots verktakans, var ákveðið að bjóða út lokadýpkun samkvæmt fyrri áformum. Samið var við Hagtak hf um að fjarlægja græft efni við Suðurbakka og voru um 8.400 m^3 fjarlægðir. Ennfremur var samið við Sveinbjörn Runólfsson sf um svæðið við Háabakka í átt að Óseyrarbryggjunni, en þar þurfti að fleyga klöpp á um 710 m^2.

Framkvæmdakostnaður: 11,6 millj.

Garðabær.

Unnið var að athugun á möguleikum til dýpkunar inn að höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 0,1 millj.

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja vinnu við deiliskipulag hafna og til lagfæringa á innsiglingamerkjum og aðrar minniháttar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 6,2 millj.

HAFNAFRAMKVÆMDIR ,SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum, sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni, eða minni háttar nýbyggingar. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Kópavogur

Áfram var unnið var við norðurgarð hafnarinnar. Kjarni var keyrður fram og grjót klætt á um 50 m kafla.

Framkvæmdakostnaður: 30,8 millj.

Reykjavík

Helstu verkefni Reykjavíkurhafnar á árinu 1995 voru:

Kaup á dráttarbrautum Stálsmiðjunnar hf,

Kaup á nýjum og öflugum dráttarbát. Ákveðið var að endurnýja einn af þremur dráttarbátum hafnarinnar. Boðin var út smíði á nýjum dráttarbát með 17 tonna togkrafti. Afhending hans verður vorið 1996.

Í framkvæmdaáætlun Reykjavíkurhafnar er við það miðað að endurbætur á hafnaraðstöðu fyrir olíufélögin verði meginverkefni næstu ára. Þessar endurbætur eru í aðalatriðum þær að bæta hafnaraðstöðu fyrir olíuskip í millilandaflutningum. Unnið var við Klettasvæði og framkvæmdir við Örfirisey undirbunar.

Lokið var landgerðaráfanga við Kleppsbakka í tengslum við uppbyggingu Eimskipafélags Íslands á þjónustumiðstöð fyrir frystivöru. Eins var unnið að ýmsum öðrum verkefnum, svo sem fyllingum í Vesturhöfn, stækkun rafdreifikerfis í Sundahöfn og kaup á tækjum og búnaði.

Framkvæmdakostnaður: 295,0 millj.

FERJUBRYGGJUR.

Unnið var að viðgerð á ferjubryggjunni í Vigri, en hún varð fyrir skemmdum í janúar 1995. Aðrar framkvæmdir voru minniháttar.

Framkvæmdakostnaður: 1,6 millj.

SJÓVARNARGARÐAR.

Sjóvarnargarðurinn á Austurfjöru við Hornafjarðarós var stærsta sjóvarnarverkefni ársins. Verkið var boðið út í september 1994 og var samið við lægstbjóðanda, sem var Suðurverk hf. Vinna hófst í febrúar 1995 og verkinu lauk í október. Alls fóru um 99.700 m^3 af efni í garðinn, og var það tekið úr námu í svokölluðum Hálsaenda.

Í Vík í Mýrdal var útbúinn flóðavarnargarður neðan við kauptúnið. Verkið var boðið út í mars og því var lokið í maí. Samið var við Vörubílafélagið Neista um verkið. Ekki þurfti að vinna grjót vegna þessarar framkvæmdar, heldur var malarefni úr Kerlingadalsá notað í garðinn, alls um 18.600 m^3, en garðurinn er um 1.5 km á lengd.

Á Ólafsvík var byggður sjóvarnargarður fyrir framan fiskverkunarhús Hróa, í framhaldi af hafnargarðinum, sem lengdur var á árinu og var samið við sama verktaka Klæðningu hf um að taka það verk að sér, auk þess, sem gera þurfti við sjóvörn meðfram bakkanum að vestanverðu.

Verkefni á Flateyri og Ísafirði voru boðin út sameiginlega og samið við Ístak hf um verkin. Framkvæmdum lauk ekki á árinu.

Þá var unnið að sjóvörnum við Sláturhúsið á Blönduósi af Steypustöð Blönduóss hf og á Skagaströnd var garðurinn norðan SR endurbættur og sá V. Brynjólfsson hf um það. Þá fékkst fé til að ljúka sjóvörninni framan á Eyrina á Siglufirði og var það verk unnið á haustmánuðum af Rögnvaldi Árnasyni.

Í tengslum við stór grjóverk á Dalvík og Grenivík var samið við verktakann Völ hf að taka að sér smáverk og endurbætur.

Sjóvörnum á Suðurnesjum var safnað saman og þau boðin út í einu lagi. Í Sandgerði var tekið fyrir svæðið frá Norðurgarði að fiskimjölsverksmiðju. Í Garðinum fyrir framan Kothús og Meiðastaði, á Álftanesi í Helguvík og í Herdísarvík í Ölfushreppi. Verkið var boðið út í desember og samið við S.E.E.S hf, en framkvæmdir hófust ekki fyrr en eftir áramót.

Í Grindavík var sjóvörn við Fiskimjöl og lýsi hf lagfærð og í Vogum á Vatnsleysuströnd var lokið við sjóvörn framan við Voga hf og skemmu sem þar er.

Framkvæmdakostnaður: 58,0 millj.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Vita og hafnamálastofnunar var unnið að rannsóknum fyrir 36,6 milljónir

Dýptarmælingar voru gerðar á Sauðárkróki, Ólafsfirði, Grímsey, Hrísey, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Hornafirði, við Vík í Mýrdal og í Þorlákshöfn.

Botnrannsóknir voru gerðar á Hornafirði til að kanna möguleika á stækkun hafnarsvæðisins.

Úthafsöldumælingar fóru fram á Grímseyjarsundi, suður af Hornafjarðarósi, suður af Surtsey og vestur af Garðskaga, auk dufls suður af Grindavík í tengslum við vinnu við innsiglinguna. Úthafsöldumælingar hófust við Straumnes. Mældar voru öldur og sog innan hafnar í Grindavík og í Reykjavík.

Unnið var að ölduhæðarútreikningum fyrir Grundartanga, Siglufjörð, Hrísey, Grindavík, Keflavík og Reykjavík. Áfram var unnið úr norskum ölduspágögnum, en þau gefa m.a. upplýsingar um öldustefnur.

Lokið var vinnu við líkan af Hornafjarðarósi. Gert var líkan af höfninni í Hrísey. Markmiðið var að minnka ölduhreyfingu innan hafnar og bæta aðstöðu flutningaskipa. Samhliða líkani af Hrísey var byggt líkan af hafnarsvæðinu á Siglufirði milli Brjótsins og SR-bryggjunnar. Tilgangur tilraunanna var að kanna legu nýs kants milli þeirra. Byggt var líkan af tveimur hafnarsvæðum Reykjavíkurhafnar, við olíustöðina í Örfirisey (Engeyjarsund) og Skarfabakka á Klettasvæðinu (Viðeyjarsund). Tilgangur tilraunanna var að kanna skipahreyfingar olíuskipa innan við fyrirhugaða lengingu Eyjagarðs í Örfirisey og vöruflutningaskipa við fyrirhugaðan Skarfabakka, ásamt lengd og legu skjólgarða. Seinni hluta ársins var unnið að gerð líkans af innsiglingunni til Grindavíkur. Markmiðið var að skapa kyrrð innan hafnar og bæta innsiglinguna með því að draga úr straumkasti og ókyrrð.

Víða var unnið að hafnarskipulagi. Lögð voru drög að nýjum brimvarnargarði á Húsavík til að bæta kyrrð í höfninni.

Áfram var unnið að uppbyggingu upplýsingakerfis um veður og sjólag fyrir sjófarendur og var þróun kerfisins að mestu lokið. Mæld er ölduhæð á rúmsjó og í innsiglingum hafna, flóðhæð og ýmsir veðurfars- og sjávarþættir. Komið var upp stjórnstöð hjá Vita og hafnamálum með sjálfvirkum símsvara. Upplýsingunum er ætlað að auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn.

Birt var grein um upplýsingakerfið í skýrslu um „Integration of North Sea and Baltic Waters results with APAS VTMIS project“ og einnig var birt grein um hönnun og byggingu brimvarnargarða á Íslandi á alþjóðlegu ráðstefnunni „International Conference on Coastal & Port Engineering in Developing Countries“.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1995
(í millj. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Endurbygging Faxabryggju	40%	0,7		
	Kaup á skipalyftu	40%	40,4	41,1	16,4
Snæfellsbær	Arnarstapi: Dýpkun	90%	0,4		
	Rif: Innsiglingarmerki	90%	0,3		
	Endurbyggð grjótvörn	90%	9,0		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,2		
	Ólafsvík: Brimvarnargarður	90%	29,6	39,5	35,6
Grundarfjörður	Breikkun og styrking Suðurgarðs	90%	7,0	7,0	6,3
Stykkishólmur	Endurbygging Stykkisbryggja	60%	43,2		
	Leiðr. v/Löndunarkrana	40%	-1,5		
	Ferjulægi slitlag	60%	2,0	43,7	26,5
Vesturbyggð	Patreksfj.: Lagnir og lýsing	60%	0,9		
	Dýpkun	90%	16,9		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,4		
	Brjánslækur - dýpkun	90%	2,6	20,8	18,5
Tálknafjörður	Rekstur stálþils	60%	20,4		
	Dýpkun	90%	3,4	23,8	15,3
Þingeyri	Dýpkun og varnarg. v/smábátahöfn	90%	16,6		
	Flotbryggja	60%	0,1	16,7	15,0
Suðureyri	Flotbryggja	60%	2,2		
	Dýpkun smábátahafnar	90%	3,9	6,1	4,8
Bolungarvík	Leiðrétt v/ framkvæmda 1994	40%	0,8		
	Endurnýjun raflagna	60%	4,5	5,3	3,0
Ísafjörður	Bátahöfn rekstur stálþils	60%	50,1	50,1	30,1
Súðavík	Raflagnir	60%	6,0		
	Dýpkun	90%	1,1	7,1	4,6
Norðurfjörður	Fjármagnskostnaður	90%	0,5	0,5	0,5
Hólmavík	Viðlegubryggja v/Norðurgarð	60%	2,0	2,0	1,2
Blönduós	Dýpkun	90%	1,0		

	Viðlega v/Norðurkant	60%	1,2	2,2	1,6
Skagaströnd	Vesturgarður: Grjótvörn	90%	3,5		
	Skúffugarður:Kantur og lagnir	60%	5,1	8,6	6,2
Sauðárkrókur	Syðraplan: Þekja og lagnir	60%	2,0		
	Dýpkun innsiglingar	90%	8,1	10,1	8,5
Hofsós	Árgarður: Steypt þekja	60%	1,6	1,6	1,0
Siglufjörður	Löndunarbr. v/SR	60%	37,1	37,1	22,3
Hafnasaml Eyjafj.	Dalvík: Brimvarnargarður	90%	32,1		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,6		
	Ólafsf.: Þverbr, þekja og lagnir	60%	7,0		
	Dalvík: Lagnir og ljósahús	60%	0,1		
	Árskógs.: Lagnir v/stálþil	60%	1,0	40,8	34,3
Grímsey	Fjármagnskostnaður	75%	1,0		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,2		
	Lagnir	60%	0,8		
	Tengibraut	60%	2,4		
	Styrking grjótvarnar	90%	6,3	10,7	8,5
Hrísey	Stálþil	60%	0,2		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,2		
	Þekja og lagnir v/stálþil	60%	11,7	12,1	7,3
Akureyri	Krossanesbr.: Fyrirstöðugarður	40%	9,2		
	Skjólgarður f/flotkví	70%	11,7		
	Krossanes: Stálþil	40%	45,5		
	Stormpolli Oddeyrarbryggju	40%	1,1		
	Dýpkun f/flotkví	70%	44,2		
	Landfestur	40%	27,2		
	Kaup á flotkví	40%	197,4	336,3	151,3
Grenivík	Fjármagnskostnaður	90%	0,4		
	Styrking grjótgarðs	90%	40,0	40,4	36,4
Kópasker	Fjármagnskostnaður	90%	0,1	0,1	0,1
Raufarhöfn	Flotbr. og lýsing	60%	0,3	0,3	0,2
Þórshöfn	Löndunarkantur v/salthús	60%	21,2		
	Mastурshús	60%	0,5	21,7	13,0
Bakkafjörður	Skjólh.: Frágangur	60%	1,5	1,5	0,9
Borgarfjörður eystri	Endurb. Bakkag.bryggja	90%	3,0	3,0	2,7
Seyðisfjörður	Dráttarbraut	60%	1,4		

	Fjármagnskostnaður	60%	0,5		
	Bryggja v/mjölhús	60%	40,8	42,7	25,6
Neskaupsstaður	Lenging stálþils v/bræðslu	60%	39,3		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,2		
	Dýpkun v/trébryggju	90%	0,8	40,3	24,4
Eskifjörður	Leiðrétt v/ framkvæmda 1994	40%	-1,5		
	Frystihúsabryggja: Þekja og lagnir	60%	2,7	1,2	1,0
Fáskrúðsfjörður	Stálþil - hönnun	60%	0,1		
	Bryggja v/loðnuverksmiðju	60%	25,4	25,5	15,3
Djúpivogur	Brimvarnargarður	90%	40,8	40,8	36,7
Höfn í Hornafirði	Dýpkun hafnar	90%	7,7		
	Dýpkun innsiglingar	90%	6,0	13,7	12,3
Vestmannaeyjar	Hörgaeyrargarður: Dýpkun	90%	0,7		
	Stálþil	60%	4,2		
	Dýpkun v/stálþilsb.	90%	7,8		
	Stálþil við Löngu: Þekja	60%	8,9	21,6	15,5
Þorlákshöfn	Vöruhöfn v/Miðbakka	60%	16,1		
	Dýpkun v/Miðbakka	90%	91,4		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,2		
	Trébryggja v/Ísstöð	60%	0,1		
	Dýpkun innsiglingar	90%	1,9	110,7	99,5
Grindavík	Eyjabakki: Stálþil	60%	0,1		
	Eyjabakki: Þekja og lagnir	60%	33,2		
	Flotbryggja	60%	1,6		
	Dýpkun	90%	5,4	40,3	25,8
Sandgerði	Norðurgarður: Grjótvörn	90%	0,1		
	Norðurgarður: Lagnir og lýsing	60%	6,7		
	Flotbryggja	60%	5,6	12,4	7,5
Reykjanesbær	Helguvík: Viðlegukantur	60%	25,0		
	Þekja, lagnir og lýsing	60%	13,1		
	Keflavík: Grjótgarður	90%	25,4	63,5	45,7
Hafnarfjörður	Dýpkun v/Suðurbakka	60%	11,6	11,6	7,0
Garðabær	Dýpkun	90%	0,1	0,1	0,1
Af óskiptu fé:	Bolungarvík: Deiliskipulag	60%	0,2		
	Siglufjörður: Deiliskipulag	60%	1,0		
	Hafnasml. Eyjafj.: Upplýsingakerfi	90%	0,4		
	Grenivík: Rif á bryggju	60%	0,4		

Eskifjörður: Innsiglingarmerki	90%	0,1		
Eskifjörður: Deiliskipulag	60%	1,0		
Reyðarfjörður: Deiliskipulag	60%	0,5		
Þorlákshöfn: Upplýsingakerfi	90%	0,7		
Þorlákshöfn: Deiliskipulag	60%	0,9		
Sandgerði: Deiliskipulag	60%	0,9		
Vogar: Innsiglingamerki	90%	0,1	6,2	4,5
Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		1220,8	1220,8	792,8
	40%	319,3		
	60%	451,1		
	70%	55,9		
	75%	1,0		
	90%	393,5		
Samtals		**1220,8**	**1220,8**	**792,8**

II. Ferjubryggjur

Ýmsir staðir v/djúferju	100%	0,3	0,3
Vigur	100%	1,1	1,1
Arngerðareyri	100%	0,1	0,1
Bæir	100%	0,1	0,1
Samtals ferjubryggjur		**1,6**	**1,6**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1995
(í millj. kr.)

Snæfellsbær		3,0
Flateyri		4,0
Ísafjörður		3,3
Drangsnes		0,4
Blönduós		2,2
Skagaströnd		0,9
Siglufjörður		6,7
Höfn Hornafirði		99,8
Vík í Mýrdal		11,4
Herdísarvík		0,1
Sandgerði		0,2
Garður		0,1
Njarðvík		0,1
Vogar		3,8
Bessastaðahreppur		0,1
Seltjarnarnes		0,1
Óskipt v/ áætlana		0,2
	Samtals	**136,4**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1995
(í millj. kr.)

Almennar rannsóknir, óskipt			2,9
Ýmis sérverkefni			0,9
Úthafsöldumælingar			4,1
Líkantilraunir:			
	Hornafjörður	2,1	
	Reykjavík	5,4	
	Hrísey	2,7	
	Siglufjörður	3,2	
	Grindavík	7,5	
	Sameiginlegur kostnaður	0,3	21,2
Rannsóknaverkefni í höfnum:			
	Grundartangi	0,3	
	Sauðárkrókur	0,2	
	Ólafsfjörður	0,3	
	Grímsey	0,2	
	Hrísey	0,3	
	Reyðarfjörður	0,4	
	Fáskrúðsfjörður	0,3	
	Höfn Hornafirði	4,0	
	Mýrdalshreppur	0,5	
	Stokkseyri	0,2	
	Þorlákshöfn	0,2	
	Ýmsar hafnir	0,6	7,5
		Samtals :	**36,6**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 1995
(í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1994		Ríkishluti framkvæmda 1995	Fjárveiting 1995	Staða ríkissjóðs í árslok 1995	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes		23,3	16,4	13,3		20,2
Borgarnes						
Snæfellsbær		21,2	35,6	7,3	7,1	
Grundarfjörður			6,3	12,4		6,1
Stykkishólmur		11,9	26,5	14,7		0,1
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Vesturbyggð	0,1		18,5	3,0	15,6	
Tálknafjörður		1,3	15,3	12,7	1,3	
Þingeyri		0,2	15,0	13,1	1,7	
Flateyri	0,1			0,1		0,0
Suðureyri		0,5	4,8	8,2		3,9
Bolungarvík	4,9		3,0	9,6		1,7
Ísafjörður	2,1		30,1	34,4		2,2
Súðavík	2,1		4,6	4,5	2,2	
Norðurfjörður	5,1		0,5	5,0	0,6	
Drangsnes	1,1			1,2		0,1
Hólmavík		0,8	1,2		0,4	
Hvammstangi	0,9				0,9	
Blönduós	5,1		1,6	11,0		4,3
Skagaströnd		3,1	6,2	9,0		5,9
Sauðárkrókur		7,8	8,5	3,0		2,3
Hofsós		0,9	1,0		0,1	
Haganesvík						
Siglufjörður	2,9		22,3	32,9		7,7
Hafnasamlag Eyjafj.	14,8		34,3	26,0	23,1	
Grímsey	4,0		8,5	5,2	7,3	
Hrísey	1,4		7,3	1,7	7,0	
Hjalteyri						
Akureyri	29,9		151,3	43,0	138,2	
Svalbarðseyri						
Grenivík		4,8	36,4	14,8	16,8	
Húsavík	18,6			14,7	3,9	
Tjörnes						
Kópasker	1,3		0,1	1,3	0,1	
Raufarhöfn	8,3		0,2	8,1	0,4	
Þórshöfn	8,4		13,0	18,0	3,4	
Bakkafjörður		1,4	0,9			0,5

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1994		Ríkishluti framkvæmda 1995	Fjárveiting 1995	Staða ríkissjóðs í árslok 1995	
	Vanötar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Vopnafjörður	9,3			7,3	2,0	
Borgarfjörður-eystri		4,4	2,7			1,7
Seyðisfjörður	1,1		25,6	14,4	12,3	
Neskaupsstaður	0,3		24,4	18,0	6,7	
Eskifjörður	2,8		1,0	3,3	0,5	
Reyðarfjörður		2,5				2,5
Fáskrúðsfjörður		4,7	15,3	18,7		8,1
Stöðvarfjörður	1,5			1,3	0,2	
Breiðdalsvík		9,9				9,9
Djúpivogur		23,8	36,7	12,7	0,2	
Höfn í Hornafirði	5,8		12,3	19,5		1,4
Vestmannaeyjar	46,9		15,5	16,2	46,2	
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	13,9		99,5	45,0	68,4	
Grindavík	6,2		25,8	9,7	22,3	
Sandgerði	217,4		7,5	45,9	179	
Garður						
Keflavík/Njarðvík	89,9		45,7	36,9	98,7	
Vogar		0,3		0,0		0,3
Hafnarfjörður	23,6		7,0	7,6	23,0	
Garðabær	0,1		0,1	0,1	0,1	
Óskipt		10,7	4,5			6,2
Samtals:	**532,1**	**134,6**	**792,8**	**584,8**	**689,4**	**86,1**

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1995
(í millj. króna)

Almennar hafnir (þar af 4,0 í fjáraukalögum 1995)			584,8
Lendingabætur:			
	Búðir, Staðarsveit	0,2	
	Hnjúksnes, Dalabyggð	0,4	
	Skarðsstöð	1,5	
	Gjögur, Árneshreppi	0,4	
	Selvík, Skefilsstaðahreppi	0,9	
	Reykir á Reykjastr. Skarðshr.	0,3	
	Málmey, Hofshreppi	0,3	
	Papey, Djúpavogshreppi	0,6	
	Drangar, Árneshreppi	0,1	
	Reykjafjörður, Snæfellshr.	0,1	
	Óskipt v/kostnaðar	0,3	5,0
Ferjubryggjur:			
	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	24,0	
	Holt í Önundafirði (fjáraukalög 1995)	15,0	39,0
		Samtals fjárveitingar:	**628,8**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1995
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):		
	Akranes	5,0
	Snæfellsbær (fjáraukalög 1995)	1,5
	Flateyri	5,0
	Ísafjörður (fjáraukalög 1995)	4,5
	Drangsnes (fjáraukalög 1995)	0,4
	Munaðarnes Árneshr. (fjáraukalög 1995)	0,6
	Skagaströnd	2,5
	Hrísey	0,2
	Hornafjörður	50,0
	Stokkseyri	3,4
	Sandgerði	2,3
	Herdísarvík	2,0
	Gerðahreppur	2,3
	Vatnsleysustrandarhreppur	1,0
	Bessastaðahreppur	2,0
	Hafnarfjörður	0,5
	Óskipt til áætlana	0,8
	Samtals	**84,0**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1995
(í millj. króna)

Styrkir:

a) Styrkir til nýframkvæmda:

Stykkishólmur	7,7	
Vesturbyggð	0,8	
Tálknafjörður	3,2	
Suðureyri	0,5	
Bolungarvík	2,8	
Skagaströnd	0,5	
Hofsós	0,3	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	2,6	
Grímsey	0,3	
Húsavík	3,0	
Þórshöfn	2,2	
Fáskrúðsfjörður	2,5	
Grindavík	2,5	
Sandgerði	2,3	30,9

b) Tjónastyrkir:

Snæfellsbær	5,0	
Grundarfjörður	1,1	
Suðureyri	1,5	
Bolungarvík	4,3	
Ísafjörður	3,7	
Drangsnes	0,4	
Siglufjörður	1,5	
Ólafsfjörður	7,0	
Bakkafjörður	35,0	
Vopnafjörður	4,2	
Sandgerði	2,3	
Reykjanesbær	0,2	66,2

Styrkir alls:	97,1

Lán:

a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:

Vesturbyggð	0,8	
Tálknafjörður	3,2	
Bolungarvík	2,8	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	1,2	
Þórshöfn	3,1	11,1

b) Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu:

Snæfellsbær	6,0	
Vesturbyggð	15,0	
Hafnasamlag Eyjafjarðar	25,0	
Grímsey	6,0	
Hrísey	6,0	
Grenivík	16,0	
Seyðisfjörður	20,0	
Neskaupstaður	6,0	
Þorlákshöfn	50,0	150,0
Lán alls		161,1
Samtals lán og styrkir:		**258,2**

1304. Skýrsla [618. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1996.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

INNGANGUR

Framkvæmdir í hafnargerðum á árinu 1996, urðu sem hér segir. Til samanburðar eru tölur fyrra árs.

	1996 m kr.	1995 m kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.	860,8	1.220,8
Ferjubryggjur.	49,8	1,6
Samtals	910,6	1.222,4

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, og sérstakur kafli um rannsóknir. Einnig er fjallað um framkvæmdir við landbrotsvarnir og minnst á framkvæmdir í höfnum, sem ekki hafa notið ríkisstyrks.

RÍKISSTYRKTAR HAFNARFRAMKVÆMDIR.

Akranes.

Hafist var handa við að reka niður stálþil við Faxabryggju. Þilefni var keypt af Thyssen og verktaki við framkvæmdir var Skóflan hf á Akranesi. Verkið var boðið út í júní og því lauk í nóvember. Alls voru reknar 114 plötur, 80 metrar að vestanverðu, 20 metrar við enda og 25 metra gafl að austan. Hönnunardýpi við þilið er -8.0 m. Innifalið í verkinu var að steypa 104 m langan kantbita og ganga frá pollum.

Framkvæmdakostnaður: 57,1 millj.

Borgarnes.

Engar framkvæmdir

Snæfellsbær

Arnarstapi: Boðin var út dýpkun á 2.000 m^3 af lausu efni í höfninni og að fjarlægja sker með sprengingum. Lægstbjóðandi var Hagtak hf. Verktaki lauk verkinu ekki á árinu, en verklokum frestað til 15. apríl, 1997.

Rifshöfn: Dýpkun hafnanna á Rifi og Ólafsvík var boðin út sameiginlega. Verktaki var Björgun hf. Á Rifi átti að fjarlægja um 15.000 m³ af lausu efni úr innsiglingarrennunni við Suðurgarð. Alls var greitt fyrir um 15.500 m³ samkvæmt uppgjöri og samið um 2.400 m³ til viðbótar úr höfninni sem aukaverk.

Ólafsvík: Í Ólafsvík átti að fjarlægja um 32.000 m³ við innsiglinguna innan Norðurgarðs og dýpka í 6,0 m. Greitt var fyrir um 35.200 m³ samkvæmt uppgjöri og um 800 m³ sem aukaverk.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 25,5 millj.

Grundarfjörður.

Framkvæmdum við breikkun á Suðurgarði lauk á árinu. Gengið var frá um 1.280 m² slitlagi fram garðinn og lýsingu meðfram akbrautinni.

Samið var við Odd Magnússon um dýpkun við flotbryggjur, sem leggja á út í krikann efst við Suðurgarðinn. Alls átti að fjarlægja um 4.500 m³ og með um 2,0 m dýpi.

Framkvæmdakostnaður: 9,6 millj.

Stykkishólmur.

Framkvæmdum við Stykkisbryggju lauk með því að gengið var frá neyðarlýsingu í stiga.

Framkvæmdakostnaður: 0,3 millj.

Reykhólahöfn.

Engar framkvæmdir.

Vesturbyggð.

Brjánslækur: Samið var við Króla hf um kaup á steyptum flotum. Keypt var 2,4 m x 20 m eining frá landstöpli og öldubrjótur 3,0 m x 20 m tengdur í L við enda hennar. Vélsmiðjan Logi á Patreksfirði smíðaði 9,5 m langan landgang úr áli. Samið var við Friðgeir Hjaltalín um að keyra út fyllingu og steypa landstöpul.

Patreksfjörður: Lokið var við uppgjör vegna dýpkunar árið 1995.

Bíldudalur: Engar framkvæmdir.

Heildarframkvæmda- og fjármagnskostnaður: 18,4 millj.

Tálknafjörður.

Engar framkvæmdir

Bolungarvík.

Áfram var unnið að raflögnum við Brjótinn og á Grundargarði. Samið var við Trésmiðjuna Hnífsdal hf um smíði á ljósamastursshúsi á Brjótinn, ídráttarlagnir fyrir vatn og rafmagn og brot á 5 m gati á steinvegg og frágang á brunnum við kant. Einnig var gengið frá yfirborði á 300 m² við hafnarvog og innsiglingarljósi á tunnu.

Framkvæmdakostnaður: 9,4 millj.

Ísafjarðarbær.

Þingeyri: Flotbryggjur, 30 m langar steyptar einingar, sem keyptar voru að loknu útboði árið 1995, af Króla hf í Garðabæ voru settar út í smábátahöfninni.

Flateyri: Unnið var við frágang á þekju og lögnum ásamt rafmagni á stálþilið í Bátahöfninni. Steypt var 765 m² þekja, byggt ljósamastursshús og settir brunnar við kant. Samið var við Trésmiðjuna Hnífsdal hf um verkið.

Suðureyri: Jón og Magnús hf luku framkvæmdum við smábátadokkina. Heildardýpkunin nam 5.800 m³ og í garðana fóru 3.800 m³. Einnig var gengið frá flotbryggjunum á sínum stað. Ennfremur var steypt 170 m² upptökubraut fyrir smábáta og var samið við Eirík og Einar Val hf um það verk.

Ísafjörður: Annað helsta verkið á Ísafirði var steypt þekja og lagnir við 1. áfanga stálþilsins í Bátahöfninni. Steypta þekjan var 2.460 m² og settir voru 4 úttaksbrunnar fyrir vatn og rafmagn við kantinn. Verkið var boðið út og samið við Eirík og Einar Val hf um framkvæmdina.

Ferjubryggja fyrir Djúpbátinn var hitt stóra verkið sem byrjað var á á árinu. Framkvæmdin var boðin út í nóvember. Samið var við Eirík og Einar Val hf. um að vinna verkið.

Dýptarmæling var gerð á Sundahöfninni.

Framkvæmdakostnaður: 45,7 millj.

Súðavík.

Lokið var við raflagnir á Norðurgarði og á harðviðarbryggju. Rafsjá í Bolungarvík sá um verkið og lauk því í maí. Verkið fólst í því að setja upp töfluskápa, raflögn í tvö mastursbús og tvo brunna og skáp á harðviðarbryggju. Ennfremur voru settir upp kastarar í mastur og neyðarljós í stiga.

Framkvæmdakostnaður: 2,7 millj.

Norðurfjörður.

Engar framkvæmdir.

Drangsnes.

Haldið var áfram að steypa utan á bryggjuna á Drangsnesi. Bætt var við 26 metra kafla að innanverðu. Samið var við Ásmund og Ólaf sf. og hófst verkið í júlí og því lauk í október.

Framkvæmdakostnaður: 5,0 millj.

Hólmavík.

Ákveðið var að reyna dýpkun með dælingu í höfninni á Hólmavík. Samið var við Björgun ehf um að fjarlægja 13.000 m³. Botn reyndist of erfiður til dælingar og var þá samið við Sæþór hf um dýpkunina og nota til þess gröfuprammann Reyni. Samið var við Sæþór um fermetraverð og átti að dýpka um 4.800 m³ í -6,0 m dýpi. Alls voru fjarlægðir um 3.200 m³ með dælingu og um 9.800 m³ með mokstri.

Framkvæmdakostnaður 8,5 millj.

Hvammstangi.

Engar framkvæmdir.

Blönduós.

Viðlega við norðurkant bryggju var boðin út og samið við Steypustöð Blönduóss hf, Trésmiðjuna Stígandi hf og Léttitækni hf sameiginlega um að smíða 80 m langan viðlegukant utan á steyptu bryggjuna norðanverða. Verkið hófst í mars og því lauk í júlí.

Síðan voru reknar þrjár stáltunnur, 13 m í þvermál til að mynda skjól við kantinn. Samið var við Hagtak hf um það verk. Verkinu lauk í september.

Framkvæmdakostnaður: 55,1 millj.

Skagaströnd.

Lokið var við grjótvörn efst á Vesturgarð. Það var V. Brynjólfsson ehf sem vann það verk. Seinna á árinu komu skemmdir í ljós á fremsta kerinu í Vesturgarðinum og var ákveðið að bregðast við með því að setja grjótvörn á enda garðsins og upp með honum að utan. Verkið var boðið út og samið við V. Brynjólfsson ehf um það. Vinna hófst ekki fyrr en á vetrarmánuðum og lauk ekki vegna gjaldþrots verktakans. Þá var enn ekki farið að keyra út grjóti. Í tengslum við þessar aðgerðir var ákveðið að dýpka í höfninni til að stækka snúnings- og aðkomusvæði stærri togara. Samið var við Sæþór hf um það verk, sem unnið var með gröfuskipinu Reyni í ágúst fram í október. Alls voru fjarlægðir um 17.000 m^3 af um 11.200 m^2 svæði. Vegna þessarra áherslubreytinga var ákveðið að fresta framkvæmdum við kant og lagnir á Skúffugarði, þannig að því verki er ólokið enn.

Framkvæmdakostnaður: 20,0 millj.

Sauðárkrókur.

Engar framkvæmdir.

Hofsós.

Gengið var frá litlum grjótgarði innan við Árgarð og grjótflái innan hafnar lagfærður. Samið var við Rögnvald Árnason um þetta verk, sem fólst í því að vinna um 4.000 m^3 af grjóti og setja það í garð inn í höfnina fremst á bryggjunni.

Framkvæmdakostnaður: 7,0 millj.

Haganesvík.

Engar framkvæmdir.

Siglufjörður.

Byrjað var á því að dýpka inn að væntanlegu stálþili við verksmiðju SR-mjöls. Samið var við Björgun ehf um það verk. Alls voru um 20.000 m^3 fjarlægðir úr höfninni og dýpi haft -7,0 m úti í höfninni og -8,0 m við þilið. Eftir að búið var að dýpka, gekk rekstur stálþils áfallalaust og lauk því verki í apríl. Smíði kants og ljósamastursshúss var boðin út og samið við lægstbjóðanda Guðlaug Einarsson frá Sauðárkróki um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 39,1 millj.

Hafnasamlag Eyjafjarðar

Ólafsfjörður: Lokið var við þekju á Þverbryggjuna. Samið hafði verið við verktakann, Trésmiðju Ólafsfjarðar hf um að fresta verkinu frá árinu áður, vegna óhagstæðs tíðarfars. Einnig voru raflagnir á Þverbryggjuna boðnar út og samið við Raflagnaverkstæði Tómasar frá Akureyri um verkið. Vinna við grjótvörn á Norðurgarðinn var boðin út í júlí og samið við Árna Helgason um það verk. Því lauk ekki á árinu. Verktakinn hafði einnig með höndum gerð sjóvarnar út fyrir Norðurgarðinn og flóðavarnar upp með ánni sunnan hafnarinnar.

Dalvík: Engar framkvæmdir.

Árskógssandur/Hauganes: Steypt þekja og ídráttarlagnir voru boðin út og samið við Trésmiðju Ólafsfjarðar hf um verkið. Vinna hófst í júní og lauk í ágúst. Alls var steypt rúmlega 800 m^2 þekja og lagðar ídráttarlagnir fyrir vatn og rafmagn.

Heildarframkvæmda- og fjármagnskostnaður: 36,2 millj.

Grímsey.

Trébryggjan í smábátahöfninni í Grímsey var lengd um 20 m. Verkið var boðið út og samið við Guðlaug Einarsson ehf um smíðina. Verktími var frá júlí til septemberloka. Dýpi við bryggjuna er 2,5 - 3,0 m.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 11,9 millj.

Hrísey.

Lokið var frágangi við steypta þekju og lagnir í Hrísey, verki sem lauk ekki árinu áður. Það var Björk hf í Hrísey, sem var verktaki.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 2,7 millj.

Hjalteyri.

Engar framkvæmdir.

Akureyri.

Unnið var við að steypa kant á nýja stálþilið í Krossanesi. Verkið var boðið út og samið við lægstbjóðanda, Kötlu hf í Árskógshreppi. Verktími var frá júní til ágúst. Síðan var boðin út steypt þekja og ídráttarlagnir, en þar sem öll tilboð voru nokkuð ofan kostnaðaráætlunar var þeim öllum hafnað. Stálþil, sem keypt var af British Steel hafði reynst gallað og leiddu samningaviðræður við framleiðanda til endurgreiðslu á um 1,3 mkr.

Framkvæmdakostnaður: 5,9 millj.

Svalbarðseyri.

Engar framkvæmdir.

Grenivík.

Uppgjöri lauk á grjótgarði frá árinu áður.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 2,5 millj.

Húsavík.

Sett var út flotbryggja í smábátahöfninni og dýpkað undir henni í -2,0 m. Bryggjan var keypt notuð og endurbyggð. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir. Unnið var að grjótrannsóknum vegna fyrirhugaðrar lengingar á Norðurgarði.

Framkvæmdakostnaður 7,1 millj.

Tjörneshöfn.

Engar framkvæmdir.

Kópasker.

Ákveðið hefur verið að útbúa aðstöðu fyrir smábáta innan við bryggjuna á Kópaskeri. Fyrsti hluti þeirra framkvæmda var að ganga frá skjólgarði þvert á grjótgarðinn til að mynda skjólkví fyrir bátana. Verkið var boðið út í júní, en öll tilboð reyndust vera hærri en kostnaðaráætlun. Verkið var þá endurskilgreint og minnkað. Síðan var samið við lægstbjóðanda um lægri upphæð. Verktaki var Eyjólfur Þ. Jónsson. Alls voru settir um 4.000 m^3 af kjarna og grjóti í garðinn og um 1.400 m^3 í breikkun aðkomuleiðar niður á bryggjuna. Ennfremur voru rafleiðslur færðar til og endurnýjaðar og nýrri lýsingu komið fyrir.

Framkvæmdakostnaður 9,8 millj.

Raufarhöfn.

Steypt upptökubraut fyrir smábáta var boðin út í júlí, en engin tilboð bárust. Þá var brugðið á það ráð að semja við ÞH verktaka um smíðina og lauk henni í september.

Framkvæmdakostnaður 1,6 millj.

Þórshöfn.

Steypt þekja á nýja stálþilið framan við Salthúsið á Þórshöfn var boðin út og reyndust ÞH verktakar vera með lægsta tilboðið. Þekjan er um 1.050 m². Einnig átti að ganga frá rafmagni á kantinn, en því verki var ekki lokið fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 13,1 millj.

Bakkafjörður.

Að undangengnu útboði var samið við Guðlaug Einarsson um smíði á 20 m langri viðlegubryggju úr timbri innan við trébryggjuna í sunnanverðri höfninni. Dýpi við hana er um 3,0 m. Efnið til bryggjunnar var keypt af Superbyg A/S. Vinna við smíðina hófst ekki fyrr en eftir áramót. Framkvæmdakostnaður á árinu: 1,4 millj.

Unnið var að viðgerð á grjótgarðinum á Bakkafirði, en hann var fyrir miklu tjóni haustið 1995. Vegna þessa var úthlutað 35,0 mkr úr Hafnabótasjóði á árinu 1995. Verkið var boðið út í janúar og samið við Rögnvald Árnason um það. Framkvæmdir hófust í júní og lauk í október. Grjót var unnið í námu í landi Vopnafjarðarhrepps á Kolbeinstanga norðan Vopnafjarðar og ekið með það um 35 km leið til Bakkafjarðar. Samtals var farið með um 10.000 m³ í garðinn. Uppgjöri við verktakann lauk ekki á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 34,8 millj.
Styrkur úr Hafnabótasjóði 35,0 millj.

Vopnafjörður.

Engar framkvæmdir.

Borgarfjörður eystri.

Engar framkvæmdir.

Seyðisfjörður.

Lokið var við smíði og frágang löndunarbryggju við SR mjöl og var verkið tekið út í janúar. Samið var um kaup hafnarinnar á húsi fyrir tollaðstöðu fyrir ferju. Bygging hússins hófst síðari hluta ársins og gert ráð fyrir að henni ljúki í maí/júní 1997.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 12,3 millj.

Neskaupstaður.

Unnið var að smíði trébryggju við Netagerðina. Bryggjan er um 30 m löng og með 6,0 m dýpi. Verkið var boðið út í apríl og samið við Trévang ehf um smíðina. Harðviður var keyptur af Superbyg A/S.

Þekja á stálþilið við loðnuverksmiðju SVN var boðin út í júlí. Samið var við Hall Guðlaugsson um verkið. Vinna hófst í byrjun september og lauk 15. október. Alls voru steyptir 827 m².

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 30,4 millj.

Eskifjörður.

Engar framkvæmdir.

Reyðarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Fáskrúðsfjörður.

Lokið var við trébryggju við loðnuverksmiðju. Síðan hófst vinna við stálþil milli Hafskipabryggju og Bæjarbryggju. Stálþilið var keypt af Arbed. Vinna við þilrekstur og frágang á steyptum kanti var boðin út og samið við Trévang hf á Reyðarfirði um reksturinn. Dýpi við þilið verður 8,0 m. Verkið hófst í júní. Þegar verið var að fylla að þilinu varð skrið á fyllingunni og fór þilið fram um ca. 40-50 cm að neðan á um 15-20 m kafla. Framkvæmdum var þá hætt í bili, meðan hugað væri að fyrirbyggjandi aðgerðum og þilið og fyllingin væri að setjast. Flotbryggjur, sem smíðaðar voru 1995 og dýpkun við Hafskipabryggjuna, framkvæmdir sem heimilaðar voru fyrir tveimur árum voru teknar inn í uppgjör.

Framkvæmdakostnaður: 29,8 millj.

Stöðvarfjörður.

Engar framkvæmdir.

Breiðdalsvík.

Þekja á stálþilsbryggjuna var boðin út. Heimamenn treystu sér ekki til að fjármagna sinn hluta í öllu verkinu og var því brugðið á það ráð að bjóða einungis út um 600 m² af þekjunni, sem verður um 1.680 m² fullbúin. Samið var við Örn Ingólfsson um verkið og lauk því í október. Við úttektir á steypusýnum kom í ljós að steypan stóðst ekki kröfur um brotþol og var samið við verktakann um að lokaúttekt á verkinu færi fram í júní 1997, en slitþolsprófanir færu þá fram.

Framkvæmdakostnaður 8,0 millj.

Djúpivogur.

Uppgjöri við verktaka við grjótgarðinn lauk í janúar.

Framkvæmdakostnaður: 4,5 millj.

Höfn í Hornafirði.

Dýpkað var innan hafnar með dýpkunarskipi hafnarinnar, Soffíu, eins og undanfarin ár. Alls var áætlað að um 18.600 m³ af efni hefði verið dælt á land. Ákveðið var að víxla framkvæmdum, þannig að farið yrði í að byggja nýja löndunarbryggju við loðnuverksmiðjuna og dýpka við hana með sprengingum í stað þess að hefja endurbyggingu trébryggjunnar við hafnarvogina eins og til stóð. Dýpkunin var boðin út í júlí, en ýmissa hluta vegna gat verkið ekki hafist fyrr en í október. Samningur var gerður við Hagtak hf um að grafa laust efni um 1.800 m³ og sprengja um 200 m² svæði. Þessi svæði voru síðan stækkuð til austurs, þannig að rými yrði meira í hafnarmynninu. Dýpi við bryggju átti að vera -7,5 m, en 7,0 m úti á svæðum. Verkinu lauk ekki fyrir áramót.

Einnig var boðin út smíði á 40 m langri trébryggju við þvert við endann á gömlu loðnubryggjunni. Samið var við Guðlaug Einarsson ehf um smíði bryggjunnar, sem var hönnuð af verkfræðistofunni Strendingi ehf. Verkið hófst í október og var ekki að fullu lokið fyrir áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 29,5 millj.

Vestmannaeyjar.

Lokið var við að steypa þekju á stálþilið við Lönguna. Það var 2Þ hf sem var verktaki á verkinu. Alls voru um 3.100 m² af þekju steyptir, auk þess sem tvö ljósamasturshús voru byggð og gengið frá öllum ídráttarlögnum. Heimamenn héldu áfram dýpkun við kantinn í samræmi við áætlun og voru um 14.000 m³ fjarlægðir á árinu.

Samið var við P/f Sandgrevstur frá Færeyjum um dýpkun í innsiglingunni, en mikið hefur borist af sandi inn að hafnarmynninu á síðustu árum. Alls voru um 33.000 m³ af efni fjarlægðir frá hafnarmynni austur að bauju.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar var hafnarsjóði gert að greiða þrotabúi Hafverks hf 24,3 mkr auk vaxta vegna dýpkunar við Hörgaeyrargarð sem fram fór á árinu 1992. Fjárveiting fyrir hlut ríkissjóðs í málinu var ákveðin á fjáraukalögum.

Framkvæmdakostnaður: 74,2 millj.

Stokkseyri.

Engar framkvæmdir.

Eyrarbakki.

Engar framkvæmdir.

Þorlákshöfn.

Stálþil fyrir nýja Miðbakkann var keypt og rekið niður. Stálþilið var keypt af Arbed og samið var við Árvélar hf um verkið, sem fólst í rekstri á um 200 m löngu stálþili, 39.000 m³ fyllingu innan við þilið og að steypa á það kant.

Gengið var frá lokagreiðslu vegna trébryggju við Ísstöð í samræmi við dóm Héraðsdóms Suðurlands, en verktakanum var dæmd 0,5 mkr greiðsla og undu báðir málsaðilar við þann dóm.

Framkvæmda- og fjármagnskostnaður: 86,6 millj.

Grindavík.

Lokið var við raflagnir á Eyjabakka.

Færeyska fyrirtækið J&K Petersen hóf dýpkun hafnarinnar í apríl. Unnið var að greftri, borunum og sprengingum fram í október og 12.800 m² svæði frá Eyjabakka yfir að Svíragarði dýpkað í -7,0 m. Alls voru um 35.000 m³ af föstu efni fjarlægðir. Einnig voru höft í innsiglingunni fjarlægð og snúningsrými við Eyjabakka stækkað. Til verksins var notaður gröfuprammi, sem einnig bar bortæki, 170 m³ efnisflutningaprammi og dráttarbátur. Hagtak hf vann sem undirverktaki að borunum og sprengingum um tíma.

Framkvæmdakostnaður: 118,9 millj.

Sandgerði.

Mikið álag er á Norðurgarðinum, þar sem löndun úr smábátum fer fram. Í maí var boðin út steypa á þekju og snjóbræðslulagnir. Samið var við Hjalta Guðmundsson um verkið, sem lauk í október. Alls voru steyptir um 1.370 m² af þekju ásamt snjóbræðslulögnum á um 650 m². Einnig voru steyptar undirstöður undir tvo löndunarkrana og kantur á bryggjunni brotinn upp og endursteyptur á um 90 m kafla.

Áfram var unnið að frágangi á lögnum og lýsingu á Norðurgarðinn og gengið frá raflögnum að flotbryggjum.

Framkvæmdakostnaður: 19,5 millj.

Garður.

Engar framkvæmdir.

Reykjanesbær.

Mikið tjón varð á Aðalhafnargarðinum í Keflavík árið 1995 og í framhaldi af því var ákveðið að setja grjótvörn utan með honum út fyrir brotið. Samið var við S.E.E.S hf um verkið að undangengnu útboði. Verkið hófst í september 1995 og því lauk um áramótin 1996/7. Alls fóru um 158.500 m^3 í garðinn og var mikill hluti þess fluttur með pramma frá Helguvík.

Haustið 1995 var samið við Hjalta Guðmundsson um að steypa um 900 m^2 þekju og ganga frá ídráttarlögnum og brunnum við kant. Verkinu lauk að mestu fyrir áramót 1995/6, en samið var við verktakann á sömu einingarverðum um að ljúka þekjusteypu á um 2.100 m^2 til viðbótar. Því verki lauk ekki að fullu fyrir áramót. Einnig voru tvö ljósamasturshús steypt og gengið frá heimæð og öllum lögnum.

Framkvæmdakostnaður: 48,6 millj.

Vogar.

Engar framkvæmdir

Hafnarfjörður.

Sjá Hafnaframkvæmdir, sem ekki eru ríkisstyrktar.

Garðabær.

Engar framkvæmdir.

Kópavogur.

Sjá Hafnaframkvæmdir, sem ekki eru ríkisstyrktar.

Óskipt fjárveiting.

Óskipt fjárveiting var notuð til að styrkja ýmsar minni háttar framkvæmdir, svo sem til lagfæringa á innsiglingamerkjum, setja stiga á bryggjur og koma upp upplýsingakerfi fyrir sjófarendur. Almennt er miðað við að einstakar framkvæmdir kosti ekki meira en um 1,0 mkr.

Framkvæmdakostnaður: 8,7 millj.

HAFNAFRAMKVÆMDIR, SEM EKKI ERU RÍKISSTYRKTAR.

Í höfnum landsins var unnið að ýmsum framkvæmdum, sem ekki njóta ríkisstyrkja. Oftast eru þetta viðhaldsverkefni, eða minni háttar nýbyggingar. Þó voru unnið að nokkrum stærri verkefnum í höfnum á síðastliðnu ári. Eftirfarandi hafnir hafa komið upplýsingum um framkvæmdir á framfæri.

Hafnarfjörður

Byggður var nýr 100 m vörukantur með 10 m dýpi í Straumsvík. JVJ verktakar voru lægstbjóðendur í verkið, sem boðið var út í einu lagi, kaup og rekstur á þili auk klappardýpkunar. Þessi fyrri áfangi verksins var að mestu unninn fyrir áramót, en gert er ráð fyrir að seinni áfanginn, sem felst í yfirborðsfrágangi og lögnum verði unninn á fyrri hluta ársins 1997.

Framkvæmdakostnaður: 260,0 millj.

Kópavogur

Áfram var unnið var við norðurgarð hafnarinnar. Botnrannsóknir fóru fram fyrri hluta ársins og dýpkun var boðin út um haustið. Lægstbjóðandi var Sveinbjörn Runólfsson. Stálþil var keypt af Arbed. Um er að ræða 75 m kant með 8 m dýpi. Síðan eru 17 m frá 8,0 m dýpi og upp í land. Samtals verður framkantur þilsins því um 92 m langur.

Framkvæmdakostnaður: 24,3 millj.

Reykjavík

Hafist var handa við fyrstu áfanga byggingar olíubryggju í Örfirisey um mitt sumar og þá boðin út ýmiss undirbúningsverk, svo sem efnisskipti í bryggjustæð, dýpkun og fylling undir skjólgarð.

Nýr dráttarbátur var keyptur af Damen Shipyards í Hollandi og afhentur um vorið.

Vegna stærri og djúpristari skipa var ákveðið að dýpka aðsiglingu og snúningssvæði skipa í Sundahöfn, þannig að dýpi væri á bilinu 7,5 til 8,5 m eftir svæðum.

Tjón varð á dráttarbraut í febrúar, þegar taka átti skip í slipp. Þessi braut er hluti þeirra upptökumannvirkja, sem höfnin keypti af Stálsmiðjunni árið 1995. Viðgerð stóð yfir meginhluta ársins og lauk henni í desember og var brautin þá aftur tekin í notkun.

Framkvæmdakostnaður: 273,0 millj.

FERJUBRYGGJUR.

Holtsbryggja í Önundarfirði var endurbyggð, þar sem í ljós hafði komið að hún var tæpast nothæf er til átti að taka þegar snjóflóðin féllu á Flateyri. Unnið var að verkinu frá apríl til ágúst og var verktaki Guðlaugur Einarsson bryggjusmiður. Guðlaugur útvegaði allt efni til smíðinnar. Um var að ræða að endurbyggja fremstu 100 m bryggjunar, sem er 4 m breið. Dýpi við haus er um 3,0 m.

Bygging ferjuhafnar á Arngerðareyri var boðin út í júlí. Sami var við Eirík og Einar Val ehf á Ísafirði um verkið, sem fólst í dýpkun á um 11.500 m^3 á 4,0 m dýpi. Grjótgarði, alls um 5.100 m^3 með 12,5 m langri trébryggju. Ferjubrú með flottanki, 15 m löng, sem áður var notuð fyrir Akraborg í Reykjavíkurhöfn var endursmíðuð og sett upp í steyptan brúarbás.

Í Vigur var lokið við viðgerðir sem hafnar voru í fyrra með því að steypt var undir bryggjuna.

Framkvæmdakostnaður: 49,8 millj.

SJÓVARNARGARÐAR.

Lokið var við að verja eyrina á Flateyri. Verktakafyrirtækið Ístak hf vann að þessu verki, sem var boðið út árið 1995. Einnig hafði verið samið við Ístak um að ljúka grjótvörnum við Fjarðarstræti á norðanverðri eyrinni Ísafirði. Við Munaðarnes í Árneshreppi hafði orðið landbrot neðan við bæinn og var sett grjót í vik sem hafði myndast. Vegagerðin var að vinna við grjótverk í Árneshreppi og sá Jón Elíasson verkstjóri Vegagerðarinnar um framkvæmdina fyrir Vita- og hafnamálastofnun.

Sjóvörn sunnan Blöndu var boðin út, en ákveðið var fresta framkvæmdum og sameina í eitt tilboð, stærra verkefni á næsta ári. Á Skagaströnd var unnið að sjóvörnum við Vallarbraut. Gengið var frá grjóti á fjörukambinn framan við fiskverkunarhúsið í Haganesvík.

Á Ólafsfirði voru sjóvarnir í krikann norðan hafnarinnar og flóðavörn meðfram Ólafsfjarðará sunnan hafnarinnar boðnar út ásamt endurbyggingu Norðurgarðs. Því verki lauk ekki á árinu og var samið við verktakann Árna Helgason að fresta framkvæmdum fram á næsta ár.

Sjóvarnir á Árskógssandi voru boðnar út og samið við Jarðverk hf á Dalvík um framkvæmdir. Verkinu lauk ekki á árinu og verður framhaldið næsta vor.

Uppgjöri vegna Austurfjörugarðsins við Hornafjörð, sem unninn var á árinu 1995 lauk á útmánuðum 1996.

Í Vestmannaeyjum var unnið við sjóvarnir á Eiðinu og var samið við 2Þ og Suðurverk hf um verkið.

S.E.E.S hf vann að sjóvörnum í Sandgerði, Garðinum, Bessastaðahreppi og Herdísarvík, verki sem boðið var út árinu áður.

Seltjarnarnes

Framkvæmdakostnaður: 42,7 millj.

RANNSÓKNIR.

Á vegum Vita og hafnamálastofnunar og svo Siglingastofnunar var unnið að rannsóknum fyrir 30,6 milljónir.

Frumrannsóknir. Kostnaður 2,0 millj. Með frumrannsóknum er átt við öflun ýmissa grunnupplýsinga, mælingar og rannsóknir sem stuðla að öryggi sjófarenda og réttum ákvörðunum við val á lausnum við mannvirkjagerð. Helstu verkefnisflokkar eru eftirfarandi:

Grunnkort af höfnum. Kostnaður 5,6 millj. Dýptarmælingar voru gerðar á Þingeyri, Suðureyri, Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík, Ólafsfirði, Húsavík, Raufarhöfn, Vopnafirði, Eskifirði, Stöðvarfirði, Hornafirði, Grindavík, Njarðvík og Hafnarfirði.

Sjávarföll og sjávarflóð. Kostnaður 0,5 millj. Sjávarfallamælar hafa verðið settir upp á Grundartanga, Patreksfirði, Skagaströnd, Dalvík, Hornafirði, Þorlákshöfn, Grindavík, Straumsvík og Hafnarfirði. Unnið er að kvörðun þessara mæla í samvinnu við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og mælarnir tengdir við nýja landskerfið GPS ÍSNET93. Þar með verður hægt að fylgjast með sjávarborðsbreytingum og ákvarða kortanúll og sjávarföllin. Þessar mælingar er grunnur fyrir sjávarflóðaspár.

Líkantilraunir. Kostnaður 13,7 millj. Vinna við líkanið af Grindavík varð mun viðameiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Unnið var að tillögum að úrbótum á núverandi innsiglingu og lauk þeim á miðju sumri. Í ljósi þess að fiskiskip fara sífellt stækkandi og að krókótt innsiglingin til Grindavíkur svarar ekki kröfum tímans var ákveðið að prófa beina innsiglingu og lauk þeim tilraunum í nóvember. Til að auka öryggi og auðvelda sjósókn frá Grindavík er lagt til að gerð verði bein siglingarenna frá hafnarmynni og út að 10 m dýpi. Til að stytta sem mest brimsiglingu og til að minnka dýpkun í innri hluta innsiglingarinnar er gert ráð fyrir að byggja tvo brimvarnargarða innan Sundboðans. Þannig myndast ytri höfn með 80 m hafnarmynni sem skýli höfninni fyrir ókyrrð og sjávarflóðum og Ósnum fyrir straumi.

Öldurannsóknir. Kostnaður 3,0 millj. Áfram var unnið úr gögnum frá úthafsduflum stofnunarinnar og unnið að undirstöðurannsóknum á sjólagi. Öldumælingar voru gerðar við Grindavíkurhöfn og á Ísafjarðarhöfn. Öldusveigjureikningar voru gerðir fyrir Olíuhöfn í Örfirisey í Reykjavíkurhöfn, fyrir stækkun Straumsvíkurhafnar og Hafnarfjarðarhafnar og fyrir brimavarnargarða í Njarðvík og á Húsavík. Fyrir höfnina í Keflavík og Njarðvík var unnið að öldurannsóknum á hafnaraðstöðu fyrir væntanlega magnesíumverksmiðju út á Reykjanesi. Ítarleg

könnun á hafnaraðstöðunni leiddi til þess að ef hugað verður að frekari uppbyggingu þar, þarf að gera líkan til að finna endanlega legu og gerð mannvirkja.

Efnisflutningar. Kostnaður 2,2 millj. Fylgst var með botnbreytingum við innsiglinguna til Hornafjarðar og reyndust breytingarnar vera í samræmi við fyrri spár. Eins er fylgst með breytingum austan Hornafjarðaróss til að geta metið hvenær þörf er á að byggja sandfangara út í Þinganessker.

Aðrar rannsóknir. Kostnaður 3,6 millj. Þróun upplýsingakerfisins var haldið áfram og tekinn í notkun nýr hugbúnaður til framsetningar á veður- og öldugögnum. Með tilkomu öldudufls út af Kögri ná úthafsölduflin sjö nokkurn veginn að dekka hafsvæðið umhverfis landið. Unnið var að tillögum um frekari gagnasöfnun og hugmyndum um aðgerðir til að styrkingar á Kolbeinsey á vegum starfshóps um Kolbeinsey. Unnið var að rannsóknum á sambandinu milli öldugerða og öryggis og stöðugleika fiskiskipa með það að markmiði að nýta upplýsingakerfið til að auka öryggi sjófarenda og auðvelda sjósókn.

Birt var grein um upplýsingakerfið á Evrópu hafnarráðstefnunni European Harbour Master Association, EHMA sem haldin var í júní í Reykjavík „Icelandic Information System on Weather and Seastate for Seafarers". Haldinn var fundur í nóvember um grjóthrúgugarða á vegum Evrópu sambandsins hjá Siglingastofnun og birt grein um íslensku grjóthrúgugarðana á alþjóðlegu ráðstefnunni Harbour Congress á Antverpen í júní. Greinin nefnist „Berm Breakwaters, Taylor - Made Size Grade". Ásamt öðrum var birt greinin „Stability of Reshaping Breakwaters with Special Reference to Stone Durability" á alþjóðlegu ráðstefnunni „International Coastal Engineering" í ágúst í Florida.

Tafla I. Hafnarframkvæmdir 1996
(í millj. kr.)

Höfn	Verkefni	Styrkhlutfall	Heildarkostnaður		Ríkishluti
I. Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir					
Akranes	Endurbygging Faxabryggju	60%	57,1	57,1	34,3
Snæfellsbær	Arnarstapi: Dýpkun	90%	5,5		
	Rif: Dýpkun	90%	6,0		
	Ólafsvík: Dýpkun	90%	13,1		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,9	25,5	23,0
Grundarfjörður	Suðurgarður: Lýsing og slitlag	60%	4,1		
	Dýpkun við flotbryggju	90%	3,4		
	Breikkun, styrking Suðurgarðs	90%	2,1	9,6	7,4
Stykkishólmur	Stykkisbryggja: Neyðarlýsing í stiga	60%	0,3	0,3	0,2
Vesturbyggð	Brjánslækur: Flotbryggja	90%	12,3		
	Patreksfjörður: Dýpkun	90%	3,9		
	Fjármagnskostnaður	90%	2,2	18,4	12,9
Bolungarvík	Endurnýjun raflagna	60%	9,4		
	Leiðr. vegna framkvæmda fyrri ára	60%	-0,9	8,5	5,1
Ísafjarðarbær	Ísafj.:Bátahöfn 1. áf.: Lagnir og þekja	60%	21,7		
	Ísafj.: Dýpkun	90%	0,2		
	Ísafj.: Ferjubryggja	90%	0,3		
	Þingeyri: Flotbryggja	60%	4,8		
	Flateyri: Bátahöfn, þekja og lagnir	60%	9,8		
	Suðureyri: Flotbryggja	60%	1,1		
	Suðureyri: Dýpkun	90%	6,4		
	Suðureyri: Uppsátur	60%	1,4	45,7	29,5
Súðavík	Raflagnir	60%	2,7		
	Leiðr. v/ framkvæmda fyrri ára	60%	-4,0	-1,3	-0,8
Drangsnes	Steypt utan á bryggju	60%	5,0	5,0	3,0
Hólmavík	Dýpkun	90%	8,5		
	Leiðr. v/ framkvæmda fyrri ára	60%	-0,2	8,3	7,5
Blönduós	Stáltunnur við bryggjuenda	90%	23,2		
	Viðlega við Norðurkant	60%	31,9	55,1	42,6
Skagaströnd	Vesturgarður: Grjótvörn	90%	2,4		
	Grjótvörn við enda Vesturgarðs	90%	4,5		
	Dýpkun hafnar	90%	12,5		
	Skúffugarður:Kantur og lagnir	60%	0,6	20,0	17,8

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Sauðárkrókur	Leiðr. vegna framkvæmda fyrri ára	60%	1,8	1,8	1,1
Hofsós	Árgarður: Skjólgarður	90%	7,0	7,0	6,3
Siglufjörður	Löndunarbr.: Kantur og ljósam.hús	60%	9,3		
	Dýpkun við SR bryggju	90%	17,7		
	Löndunarbr. v/SR	60%	12,1	39,1	28,8
Hafnasamlag Eyjafj.	Árskógss.: Þekja og lagnir	60%	7,3		
	Ólafsfj.: Grjótvörn Norðurgarður	90%	4,1		
	Ólafsfj.: Rafbúnaður	60%	4,2		
	Ólafsfj.: Þverbr.: Þekja og lagnir	60%	16,6		
	Fjármagnskostnaður	90%	4,0	36,2	24,2
Grímsey	Bryggja við land	60%	11,0		
	Innsiglingaljós á bryggjuhaus	90%	0,1		
	Fjármagnskostnaður	90%	0,8	11,9	7,4
Hrísey	Þekja og lagnir	60%	1,9		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,8	2,7	1,6
Akureyri	Krossanesbr.: Steyptur kantur	60%	5,4		
	Krossanesbr.: Stálþil	60%	-1,3		
	Krossanesbr.: Þekja og lagnir	60%	0,3		
	Flotkví: Landfestur	60%	0,2	4,6	2,8
Grenivík	Styrking grjótgarðs	90%	0,7		
	Fjármagnskostnaður	90%	1,8	2,5	2,3
Húsavík	Norðurgarður lengdur	90%	2,9		
	Flotbryggja	60%	2,9		
	Dýpkun við flotbryggju	90%	1,3	7,1	5,5
Kópasker	Smábátahöfn: Skjólgarður	90%	9,8	9,8	8,8
Raufarhöfn	Uppsátur fyrir smábáta	60%	1,6		
	Leiðr. vegna framkvæmda frá fyrra ári	60%	-0,3	1,3	0,8
Þórshöfn	Löndunark. v/salthús: Þekja og lagnir	60%	13,1	13,1	7,9
Bakkafjörður	Viðlegubryggja við innri garð	60%	1,4	1,4	0,8
Seyðisfjörður	Dráttarbraut	60%	0,5		
	Tollaðstaða	60%	2,0		
	Ferjulægi: Ljósamastурshús	60%	0,2		
	Bryggja við mjölhús	60%	7,2		
	Fjármagnskostnaður	60%	2,4	12,3	7,4

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Neskaupstaður	Stálþil við Bræðslu: Þekja og lagnir	60%	9,5		
	Trébryggja við Netagerð	60%	20,1		
	Fjármagnskostnaður	60%	0,8	30,4	18,2
Fáskrúðsfjörður	Hafskipabryggja: Stálþil	60%	24,7		
	Bryggja við loðnuverksmiðju	60%	4,3		
	Flotbryggja	60%	0,4		
	Hafskipabryggja: Dýpkun	90%	0,4	29,8	18,0
Breiðdalsvík	Stálþil: Þekja	60%	8,0	8,0	4,8
Djúpivogur	Brimvarnargarður	90%	4,5	4,5	4,1
Höfn í Hornafirði	Dýpkun hafnar	90%	6,8		
	Dýpkun innsiglingar	90%	0,2		
	Loðnubryggja: Stækkun	60%	22,5	29,5	19,8
Vestmannaeyjar	Dýpkun við farmskipakant	90%	5,4		
	Dýpkun í innsiglingunni	90%	8,6		
	Dýpkun við Hörgaeyrargarð	90%	43,7		
	Stálþil við Löngu: Þekja	60%	16,5	74,2	61,8
Þorlákshöfn	Vöruhöfn við Miðbakka	60%	78,0		
	Leiðrétt greiðsluþátttaka	90%	-15,7		
	Leiðrétt greiðsluþátttaka	60%	15,7		
	Leiðr. v/ framkvæmda fyrra árs	90%	-0,3		
	Trébryggja við Ísstöð	60%	0,8		
	Fjármagnskostnaður	90%	7,8	86,3	49,3
Grindavík	Eyjabakki: Þekja og lagnir	60%	3,1		
	Dýpkun hafnar	90%	115,2	118,3	105,5
Sandgerði	Norðurgarður: Steypt þekja	60%	12,1		
	Flotbryggjur: Raflagnir	60%	0,8		
	Norðurgarður: Lagnir og lýsing	60%	5,3		
	Leiðr. v/ framkvæmda fyrra árs	60%	-0,6		
	Leiðr. v/ framkvæmda fyrra árs	90%	0,5		
	Fjármagnskostnaður	60%	1,4	19,5	11,9
Reykjanesbær	Keflavík: Grjótgarður	90%	33,3		
	Helguvík: Lýsing, lagnir og þekja	60%	15,3	48,6	39,2

Höfn	Verkefni	Ríkisþátttaka	Heildarkostnaður		Ríkishluti
Af óskiptu fé:	Snæfellsbær: Ólafsv. upplýsingakerfi	90%	1,4		
	Snæfellsbær: Ólafsv. stigar á bryggju	60%	0,9		
	Stykkishólmur: Öryggisstigar	60%	0,3		
	Bolungarvík: Tengibraut við vog	60%	0,5		
	Bolungarvík: Rafmagn á Brúsa	90%	0,1		
	Ísafjarðarbær: Þingeyri, lýs. við flotbr	60%	0,4		
	Norðurfjörður: Innsiglingaljós	90%	0,3		
	Grenivík: Innsiglingaljós	90%	0,6		
	Grenivík: Rif á bryggju	60%	0,3		
	Fáskrúðsfjörður: Rafvæðing vita	90%	0,3		
	Hornafj.bær: Innsiglingalj. á Austurfj.	90%	3,1		
	Vogar: Innsiglingamerki	90%	0,5	8,7	7,1
	Alls ríkisstyrktar framkvæmdir		860,8	860,8	627,9
		60%	490,1		
		90%	370,7		
	Samtals		**860,8**	**860,8**	**627,9**

II. Ferjubryggjur

Flatey á Breiðafirði	100%	0,2	0,2
Ýmsir staðir v/djúpferju	100%	0,1	0,1
Vigur	100%	1,3	1,3
Ögur	100%	0,1	0,1
Arngerðareyri	100%	33,5	33,5
Holtsbryggja	100%	14,6	14,6
Samtals ferjubryggjur		**49,8**	**49,8**

Tafla II. Framkvæmdir við sjóvarnir 1996
(í millj. kr.)

Flateyri		8,1
Ísafjörður		11,1
Munaðarnes í Árneshreppi		0,5
Blönduós		0,2
Skagaströnd		1,7
Haganesvík		0,3
Ólafsfjörður		2,0
Árskógssandur		0,3
Grenivík		0,8
Höfn í Hornafirði		3,3
Vestmannaeyjar		0,3
Herdísarvík		0,1
Grindavík		0,5
Sandgerði		2,4
Garður		2,1
Bessastaðahreppur		5,0
Seltjarnarnes		3,8
Óskipt v/ áætlana		0,2
	Samtals	**42,7**

Tafla III. Rannsóknaverkefni 1996
(í millj. kr.)

Almennar rannsóknir, óskipt			3,5
Ýmis sérverkefni			1,6
Úthafsöldumælingar			1,4
Líkantilraunir:			
	Grindavík	13,3	
	Sameiginlegur kostnaður	1,2	14,5
Rannsóknaverkefni í höfnum:			
	Ísafjarðarbær	1,7	
	Bolungarvík	0,3	
	Súðavík	0,2	
	Siglufjörður	0,1	
	Ólafsfjörður	0,2	
	Húsavík	1,0	
	Raufarhöfn	0,1	
	Þórshöfn	0,1	
	Vopnafjörður	0,7	
	Eskifjörður	0,2	
	Stöðvarfjörður	0,5	
	Höfn í Hornafirði	1,9	
	Mýrdalshreppur	0,2	
	Keflavík-Njarðvík	1,1	
	Grindavík	0,3	
	Hafnarfjörður	0,3	
	Reykjavík	0,3	
	Ýmsar hafnir	0,4	9,6
	Samtals :		**30,6**

Tafla IV. Staða ríkissjóðs vegna hafnargerða 1996 (í millj. kr.)

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1995		Ríkishluti framkvæmda 1996	Fjárveiting 1996	Staða ríkissjóðs í árslok 1996	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Akranes		20,2	34,3	3,2	10,9	
Borgarnes		0,1				0,1
Snæfellsbær	7,1		23,0	26,2	3,9	
Grundarfjörður[1]		3,9	7,4	3,5	0,0	
Stykkishólmur		0,1	0,2		0,1	
Reykhólahöfn		0,1				0,1
Vesturbyggð	15,6		12,9	13,1	15,4	
Tálknafjörður	1,3			7,2		5,9
Bolungarvík		1,7	5,1	6,3		2,9
Ísafjarðarbær[2]		4,4	29,5	23,4	1,7	
Súðavík	2,2		-0,8	2,0		0,6
Norðurfjörður	0,6			0,6		
Drangsnes		0,1	3,0	3,7		0,8
Hólmavík	0,4		7,5	8,1		0,2
Hvammstangi	0,9			0,9		
Blönduós		4,3	42,6	35,3	3,0	
Skagaströnd		5,9	17,8		11,9	
Sauðárkrókur		2,3	1,1			1,2
Hofsós	0,1		6,3	5,0	1,4	
Haganesvík						
Siglufjörður		7,7	28,8	27,1		6,0
Hafnasamlag Eyjafj.	23,1		24,2	28,5	18,8	
Grímsey	7,3		7,4	9,0	5,7	
Hrísey	7,0		1,6	2,2	6,4	
Hjalteyri						
Akureyri	138,2		2,8	45,0	96,0	
Svalbarðseyri						
Grenivík	16,8		2,3	5,8	13,3	
Húsavík	3,9		5,5	18,0		8,6
Tjörnes						
Kópasker	0,1		8,8	6,3	2,6	
Raufarhöfn	0,4		0,8	1,4		0,2
Þórshöfn	3,4		7,9	10,0	1,3	
Bakkafjörður		0,5	0,8	4,5		4,2

[1] Staða í árslok 1994, 2,2 mkr. féll niður í framkvæmdaskýrslu fyrir 1995. Hér er leiðrétt staða sýnd í árslok 1995.

[2] Sveitarfélögin við Skutulsfjörð, á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri sameinuðust um mitt ár 1996 og reka nú einn hafnarsjóð.

Höfn:	Staða ríkissjóðs í árslok 1995		Ríkishluti framkvæmda 1996	Fjárveiting 1996	Staða ríkissjóðs í árslok 1996	
	Vantar	Ónotað			Vantar	Ónotað
Vopnafjörður	2,0			2,0		
Borgarfjörður-eystri		1,7				1,7
Seyðisfjörður	12,3		7,4	9,6	10,1	
Neskaupsstaður	6,7		18,2	15,7	9,2	
Eskifjörður	0,5				0,5	
Reyðarfjörður		2,5				2,5
Fáskrúðsfjörður		8,1	18,0	12,5		2,6
Stöðvarfjörður	0,2				0,2	
Breiðdalsvík		9,9	4,8			5,1
Djúpivogur	0,2		4,1		4,3	
Höfn í Hornafirði		1,4	19,8	29,9		11,5
Vestmannaeyjar[3]	46,2		61,8	64,8	43,2	
Eyrarbakki		1,0				1,0
Þorlákshöfn	68,4		49,3	67,0	50,7	
Grindavík	22,3		105,5	25,0	102,8	
Sandgerði	179,0		11,9	50,0	140,9	
Garður						
Reykjanesbær	98,7		39,2	30,0	107,9	
Vogar		0,3				0,3
Hafnarfjörður	23,0			4,0	19,0	
Garðabær	0,1				0,1	
Óskipt		6,2	7,1		0,9	
Samtals:	**688,0**	**82,4**	**627,9**	**606,8**	**682,2**	**55,5**

[3] Á aukafjárlögum 1996 var 39,8 mkr. veitt til Vestmannaeyja.

Tafla V. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1996
(í millj. króna)

Almennar hafnir (þar af 39,8 í fjáraukalögum 1996)			606,8
Lendingabætur:			
	Búðir, Snæfellsbæ	0,4	
	Reykjafjörður, Snæfjallahr.	0,1	
	Drangar, Árneshreppi	0,1	
	Gjögur, Árneshreppi	0,5	
	Selvík, Skefilsstaðahreppi	0,5	
	Hellisfjörður, Neskaupstað	0,4	2,0
Ferjubryggjur:			
	Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp	5,0	5,0
		Samtals fjárveitingar:	**613,8**

Tafla VI. Fjárveitingar til sjóvarna 1996
(í millj. króna)

Sjóvarnargarðar (fjárlagaliður 10-333):		
	Akranes	0,7
	Flateyri	6,6
	Ísafjörður	5,5
	Blönduós	6,0
	Haganesvík	0,4
	Ólafsfjörður	6,5
	Árskógshreppur	3,6
	Grenivík	0,7
	Eyrarbakki	11,5
	Bessastaðahreppur	5,5
	Seltjarnarnes	4,0
	Samtals	**51,0**

Tafla VII. Úthlutanir Hafnabótasjóðs 1996
(í millj. króna)

Styrkir:

a) Styrkir til nýframkvæmda:

Grundarfjörður	0,9	
Vesturbyggð	1,8	
Þingeyri	0,7	
Flateyri	1,4	
Suðureyri	0,3	
Bolungarvík	1,6	
Drangsnes	0,9	
Hvammstangi	0,2	
Blönduós	1,8	
Grímsey	1,6	
Húsavík	1,2	
Bakkafjörður	1,1	
Sandgerði	1,6	15,1

b) Tjónastyrkir:

Snæfellsbær	1,2	
Drangsnes	0,4	1,6
	Styrkir alls:	16,7

Lán:

a) Lán v/heimahluta í nýframkvæmdum:

Stykkishólmur	6,2	
Vesturbyggð	2,9	
Bolungarvík	1,6	
Hvammstangi	0,3	
Siglufjörður	1,0	
Þórshöfn	2,5	
Neskaupstaður	3,9	
Fáskrúðsfjörður	3,5	
Þorlákshöfn	10,8	
Sandgerði	1,7	34,4

b) Bráðabirgðalán út á væntanlega fjárveitingu:

Skagaströnd	15,0	
Hofsós	1,5	
Kópasker	1,5	
Djúpivogur	4,5	22,5
	Lán alls	56,9
	Samtals lán og styrkir:	**73,6**

1305. Frumvarp til laga [100. mál]

um fjárreiður ríkisins.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. KAFLI
Ríkisreikningur.

Almennt um bókhald og reikningsskil ríkisins.

1. gr.

Bókhaldi ríkisaðila skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri þeirra og efnahag. Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur.

Ríkisaðilar.

2. gr.

Ríkisaðilar eru þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins.

Flokkun í ríkisreikningi.

3. gr.

Ríkisreikningur skiptist í eftirfarandi hluta:

1. A-hluti. Til hans teljast æðsta stjórn ríkisins, þ.e. embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur, sem og ráðuneyti og ríkisstofnanir, þar með taldir sjóðir í eigu ríkisins sem sinna starfsemi er að stærstum hluta er fjármögnuð af almennum skatttekjum. Sama á við um verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum þótt kostnaður við starfsemi þeirra sé ekki greiddur af almennu skattfé. Í A-hluta skal jafnframt gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi.
2. B-hluti. Til hans teljast ríkisfyrirtæki er starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.
3. C-hluti. Til hans teljast lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlánsstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
4. D-hluti. Til hans teljast fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og vátryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.
5. E-hluti. Til hans teljast sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningsár ríkisins.

4. gr.

Reikningsár ríkisaðila skal vera almanaksárið.

Áritun ríkisreiknings.

5. gr.

Með ríkisreikningi skal fylgja áritun fjármálaráðherra og ríkisbókara þar sem m.a. komi fram að reikningurinn nái til allra ríkisaðila og að hann sé gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Endurskoðun.

6. gr.

Ríkisendurskoðandi er endurskoðandi ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila, sbr. lög um Ríkisendurskoðun.

Framlagning ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra skal leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman að hausti.

A-hluti ríkisreiknings.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur, sbr. þó 1. gr., og skal m.a. geyma eftirfarandi upplýsingar:

a. Reikningsyfirlit er sýni:
   1. Rekstrarreikning.
   2. Efnahagsreikning.
   3. Sjóðstreymi.

   Í yfirlitum skv. 1.–3. tölul. skal sýna samanburð við fjárheimildir ársins og reikningstölur fyrra árs.
b. Skýringar þar sem m.a. komi fram:
   1. Lýsing á reikningsskilaaðferðum.
   2. Yfirlit yfir lán og ábyrgðir þar sem m.a. komi fram:
      a. Tekin löng lán.
      b. Veitt löng lán.
      c. Samningar sem fela í sér fjárskuldbindingar, m.a. vegna rekstrar og framkvæmda. Greina skal á milli samningsbundinna og lögbundinna skuldbindinga.
      d. Ábyrgðarskuldbindingar.
   3. Önnur yfirlit þar sem m.a. komi fram:
      a. Áhættufé í fyrirtækjum og sjóðum.
      b. Gjaldfærð fjárfesting.
      c. Útgjöld umfram heimildir.
      d. Breytingar á höfuðstólsreikningi.

Ríkistekjur.
9. gr.

Til ríkistekna í A-hluta teljast:

1. Skattar og gjöld sem ríkið leggur á og innheimtir á grundvelli laga án þess að á móti komi beint framlag eða þjónusta í réttu hlutfalli við greiðslur.
2. Aðrar rekstrartekjur, þ.e. lögbundnar tekjur fyrir veitta þjónustu eða starfsemi á vegum ríkisins, auk tekna af eignum, viðurlögum og sektum.
3. Tekjur af sölu eigna, sbr. þó 35. gr.
4. Fjármagnstilfærslur, þ.e. tekjur frá öðrum en opinberum aðilum sem eingöngu eru ætlaðar til að fjármagna fjárfestingar.
5. Fjárframlög, þ.e. óafturkræf framlög frá öðrum.

Skattafslættir.
10. gr.

Skattafslættir, sem ekki eru útborganlegir, skulu dregnir frá tekjum skv. 1. tölul. 9. gr. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjuyfirliti ríkisreiknings.

Útborganlega skattafslætti og bætur skal færa til gjalda.

Innheimta fyrir aðra.
11. gr.

Af sameiginlegum tekjustofni opinberra aðila sem ríkissjóður innheimtir og skiptist í föstum hlutföllum skal aðeins telja þann hluta meðal ríkistekna sem ríkissjóður hefur til eigin ráðstöfunar. Sé hins vegar sveitarfélögum ætluð föst fjárhæð af hinum sameiginlega tekjustofni skal færa tekjurnar að fullu hjá ríkissjóði og sýna ráðstöfun þeirra á gjaldahlið rekstrarreiknings.

Sérgreindir tekjustofnar sveitarfélaga, sem ríkissjóður annast innheimtu á, teljast ekki með tekjum ríkissjóðs.

Lögbundnir tekjustofnar sem ríkissjóður innheimtir, annarra en sveitarfélaga, skulu teljast meðal ríkistekna og ráðstöfun þeirra koma fram á gjaldahlið A-hluta ríkisreikningsins.

Sértekjur.
12. gr.

Tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum skulu færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum þeirra.

Flokkun útgjalda.
13. gr.

Gjöldum skal skipt á æðstu stjórn ríkisins og ráðuneyti, en þó skal sýna fjármagnsgjöld sérstaklega. Í séryfirlitum skal sýna:

1. Skiptingu gjalda eftir málaflokkum.
2. Hagræna skiptingu útgjalda.
3. Skiptingu gjalda eftir stofnunum og viðfangsefnum.
4. Ráðstöfun fjár sem veitt er óskipt í fjárlögum til einstakra ráðuneyta eða ríkisstjórnar með sundurliðunum á viðfangsefni og málaflokka eftir því sem við á.

Varanlegir rekstrarfjármunir.

14. gr.

Varanlega rekstrarfjármuni ríkisaðila í A-hluta skal færa til gjalda á því reikningsári þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Verksamninga skal gjaldfæra í samræmi við framvindu verksins ljúki því ekki á reikningsári.

Eignir utan efnahags.

15. gr.

Árlega skal halda sérstaka eignaskrá um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Hún skal sundurliðuð eftir eignaflokkum og skulu niðurstöður hennar birtar með ríkisreikningi.

B- og C-hluti ríkisreiknings.

16. gr.

B- og C-hluti ríkisreiknings skulu a.m.k. hafa að geyma samandregna útgáfu af ársreikningum ríkisfyrirtækja og lánastofnana sem flokkast undir 2. og 3. tölul. 3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um stytta útgáfu ársreikninga skv. 1. mgr.

D- og E-hluti ríkisreiknings.

17. gr.

Í D- og E-hluta ríkisreiknings skulu sýndar lykiltölur eða samandregin útgáfa ársreikninga fjármálastofnana og félaga, sbr. 4. og 5. tölul. 3. gr.

II. KAFLI

Ársreikningar.

Gerð ársreikninga.

18. gr.

Ársreikningar aðila í A-hluta skulu hafa að geyma sömu upplýsingar og tilgreindar eru í 8. gr. eftir því sem við getur átt. Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra að leita eftir kennitölum um umsvif og árangur af starfsemi stofnana til birtingar með ársreikningi umfram það sem kveðið er á um í 8. gr.

Um ársreikninga ríkisaðila utan A-hluta gilda ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði sérlaga ef þau kveða á um jafnmiklar eða meiri kröfur til ársreikningagerðar.

Undirritun ársreikninga aðila í A-hluta.

19. gr.

Ársreikningur aðila í A-hluta skal undirritaður af forstöðumanni hans og aðalbókara. Um ábyrgð fyrir gerð ársreikningsins gilda ákvæði 49. gr.

Skil á ársreikningum.

20. gr.

Allir aðilar A-hluta skulu gera ársreikning og eignaskrá innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs og senda til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar. Ríkisbókhaldi er heimilt að lengja skilafrest um allt að 30 daga.

Ríkisaðilar utan A-hluta skulu eigi síðar en 31. mars ár hvert hafa sent ríkisbókhaldi og viðkomandi ráðuneyti ársreikninga sína. Ríkisbókhald getur framlengt skilafrest um allt að 30 daga.

Einnig skulu þeir sem ekki eru ríkisaðilar og um getur í 3. málsl. 1. tölul. 3. gr. senda ársreikninga sína til ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar innan þess frests sem getur í 1. mgr.

Hverju ráðuneyti ber að sjá til þess að stofnanir, sem undir það heyra samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð, uppfylli ákvæði laga um skilafrest ársreikninga.

III. KAFLI
Frumvarp til fjárlaga.

Almennt.

21. gr.

Þegar er Alþingi kemur saman að hausti skal fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjárlaga sem nái yfir fjárreiður aðila í A-, B- og C-hluta á næsta fjárlagaári. Frumvarpið skal vera á rekstrargrunni sbr. 1. gr., en einnig skal gerð grein fyrir áætluðum sjóðshreyfingum. Þannig skal fyrir fram leitað heimilda til greiðslna úr ríkissjóði, eftirgjafar krafna og til að gera hvers konar samninga um fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með hliðsjón af þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í frumvarpinu gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun.

Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis. Hvert ráðuneyti skal skila fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytisins eftir nánari reglum sem settar eru í reglugerð.

Forsætisnefnd Alþingis gerir ár hvert tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess, samkvæmt ákvæðum þingskapa, innan þess frests sem almennt gildir, sbr. 3. mgr., og í samræmi við 2. mgr., og sendir forsætisráðherra.

Sama gildir um frumvarp til fjáraukalaga, sbr. 44. gr.

A-hluti frumvarps til fjárlaga.

22. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal sýna áætlaðan rekstrarreikning fyrir ríkisaðila í A-hluta og jafnframt skal þar gerð grein fyrir áætluðu sjóðstreymi og lánahreyfingum ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs skulu sýndar eftir meginflokkum tekna og helstu skattstofnum. Skulu þar bæði sýndir álagðir skattar og gjöld og innheimtar tekjur.

Gjöld ríkissjóðs skulu sundurliðuð eftir ábyrgðarsviðum og viðfangsefnum. Gjöld skulu sýnd á rekstrargrunni, sbr. 1. mgr. 21. gr., þannig að þau sýni skuldbindingar að frádregnum sértekjum. Þá skal sýnd fjármögnun gjaldanna.

Fjárveitingar skulu flokkaðar eftir viðfangsefnum og skiptast í almenn rekstrargjöld, viðhaldsgjöld og stofnkostnað.

Lánahreyfingar ríkissjóðs skulu sundurgreindar í langtímalán eða skammtímalán.

Markaðir tekjustofnar og lögbundin framlög.

23. gr.

Sé í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum úr ríkissjóði skulu breytingar á hlutaðeigandi sérlögum teknar upp í frumvarpið. Gildistími breytinga samkvæmt þessari grein skal vera hinn sami og fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga skal vera sérstakt yfirlit um stöðu og ráðstöfun markaðra tekna og lögbundinna framlaga.

Skýringar við tekjur og útgjöld ríkissjóðs.

24. gr.

Í fjárlagafrumvarpi skal í athugasemdum gerð grein fyrir tekjuáætlun ríkissjóðs og útgjaldaáformum æðstu stjórnar ríkisins, ráðuneyta, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og lánastofnana. Gerð skal grein fyrir ráðstöfun fjárveitinga og efnislegum breytingum frá einu ári til annars. Enn fremur komi fram lýsing á helstu verkefnum einstakra ríkisaðila, verðmæti fjárfestingar og tilgangur styrkja til einkaaðila.

Æðstu stjórn ríkisins, ráðuneytum, ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og lánastofnunum er skylt að veita fjármálaráðherra þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar við gerð frumvarpsins.

B- og C-hluti frumvarps til fjárlaga.

25. gr.

Í B- og C-hluta frumvarps til fjárlaga skal koma fram áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingu, lántökur og lánveitingar einstakra aðila í B- og C-hluta ríkisreikningsins.

Í séryfirlitum skal sýnd sundurliðun á rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Lántökur, endurlán og ábyrgðir.

26. gr.

Í frumvarpi til fjárlaga skal leitað heimilda til lántöku, lánveitinga og ríkisábyrgða á fjárlagaárinu. Í athugasemdum skal jafnframt vera yfirlit um heildarlántökur ríkisaðila, lánveitingar til einstakra aðila utan A-hluta og um veitingu ríkisábyrgða og skiptingu þeirra eftir helstu ábyrgðarflokkum.

Áætlun yfir fjárfestingar og lánsfjárþörf.

27. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal geyma áætlun yfir fjárfestingu opinberra aðila og lánsfjárþörf. Undirbúningur þessarar áætlunar skal vera á vegum fjármálaráðuneytis og skal það hafa forgöngu um gerð hennar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Í henni skulu m.a. eftirtalin atriði koma fram:

1. Áætlun um opinberar framkvæmdir og spá um heildarfjárfestingu. Tekur þetta m.a. til fjármögnunar og fjárráðstafana ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og annarra opinberra aðila.
2. Áætlun um lánveitingar og fjármögnun fjárfestingarlánasjóða og sjóðstreymi lífeyrissjóða.
3. Heildaráætlun um lántökur opinberra aðila.
4. Yfirlit um skuldbindingar þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum lánum minnst þrjú ár fram í tímann.
5. Yfirlit og spár um lána- og peningamarkaðinn í heild.

Langtímaáætlun.

28. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Þar skal annars vegar gerð grein fyrir horfum í ríkisbúskapnum í ljósi almennra efnahagshorfa og hins vegar stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum. Fram komi mat á áhrifum ríkisbúskaparins á efnahags- og atvinnumál, áform um öflun tekna og skiptingu gjalda, fjárframlög til fjárfestingar og yfirlit um lánastarfsemi ríkisins og greiðslubyrði lána.

Þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi skal langtímaáætlunin endurskoðuð og lögð fram á Alþingi ef verulegar breytingar hafa orðið á forsendum hennar.

IV. KAFLI
Framkvæmd fjárlaga.

Ráðstöfun eigna og samningar hjá A-hluta.

29. gr.

Ríkisaðilar í A-hluta skulu hverju sinni afla heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirtaldar eignir:

1. Fasteignir.
2. Eignarhluta í félögum.
3. Skip og flugvélar.
4. Söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti.
5. Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir 1.–4. tölul. þessarar málsgreinar, nema annað leiði af ákvæðum þessa kafla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal heimilt að taka á leigu og leigja út eignir skv. 1. mgr. ef um er að ræða venjubundna rekstrarleigu, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra.

30. gr.

Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt.

Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Séu slíkir samningar gerðir skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast. Með sama hætti skulu ákvæði laga um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál gilda um verktaka og upplýsingaskyldu hans.

Ríkisstofnunum í A-hluta skal heimilt án atbeina ráðherra að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni, enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum manna og kostnaður við verkefnið sé ekki umtalsverður hluti heildarútgjalda stofnunar.

Verktaki og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd rekstrarverkefnisins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Lög um opinber innkaup gilda um útboð rekstrarverkefna. Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn, en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera þrír mánuðir. Fjármálaráðherra skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

Ákvæði þessarar greinar og reglna settra samkvæmt henni skulu gilda með sama hætti um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum, sbr. 2. mgr., nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í sérlögum.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi skal gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár. Jafnframt skal gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum.

Eignir keyptar nauðungarsölu og ráðstöfun þeirra hjá A-hluta.

31. gr.

Ríkisaðilar í A-hluta geta án sérstakrar lagaheimildar keypt eignir við nauðungarsölu á grundvelli veðréttar eða skilmála að baki áfallinna ábyrgðarskuldbindinga.

Eignir, sem keyptar eru skv. 1. mgr., skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt.

Viðskipti án staðgreiðslu í A- og B-hluta.

32. gr.

Ríkisaðilum í A- og B-hluta er heimilt að eiga viðskipti án staðgreiðslu, enda séu þau innan marka fjárheimilda, og skal jafnan um það samið hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur reglur um láns- og reikningsviðskipti.

Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta.

33. gr.

Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.

34. gr.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga.

Ráðstöfun lausafjár A-hluta.
35. gr.

Ríkisaðilum í A-hluta er heimilt án sérstakrar lagaheimildar að selja lausafé sem þeir hafa notað við starfsemi sína, svo sem ökutæki, vélar, áhöld og annan búnað. Söluandvirði skal skilað í ríkissjóð nema fjármálaráðherra heimili ríkisstofnun að ráðstafa því til endurnýjunar á búnaði.

Gjafir til A-hluta.
36. gr.

Ákveði ríkisaðili í A-hluta að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem óhjákvæmilega hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð ber að taka við gjöfinni með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum þessum í fjárlögum. Á sama hátt er ríkisaðila í A-hluta óheimilt að gefa eða afhenda án endurgjalds eignir nema fyrir fram sé aflað heimilda í fjárlögum.

Yfirfærsla umframgjalda og ónýttra fjárveitinga A-hluta.
37. gr.

Heimilt er að flytja fjárheimildir milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta, enda séu verkefnin tilgreind í fjárlögum.

Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.

Yfirfærsla lántökuheimilda.
38. gr.

Heimilt er að geyma ónýttar lántökuheimildir yfir áramót. Lántökuheimildir skulu þó falla niður ef þær hafa eigi verið nýttar fyrir 1. apríl á næsta ári á eftir fjárlagaári því þegar þær voru veittar.

Fjárvarsla A-hluta.
39. gr.

Ríkisaðilum í A-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra og með þeim skilyrðum sem hann setur að halda eigin bankareikninga.

Mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta.
40. gr.

Gera skal mánaðarlega greiðsluuppgjör fyrir ríkissjóð. Jafnframt skal fjármálaráðuneytið einu sinni innan reikningsársins gera grein fyrir sérstökum fjárskuldbindingum og kröfum ríkissjóðs sem áfallnar eru á árinu og ekki hafa komið til greiðslu. Að minnsta kosti einu sinni innan reikningsársins skal fjármálaráðherra gera grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu og helstu frávik frá fjárlögum í afkomu aðila í A-hluta.

Fjárskuldbindingar B- og C-hluta.

41. gr.

Ríkisaðilum í B- og C-hluta er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðherra ásamt samþykki hlutaðeigandi ráðherra að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög gera ráð fyrir, enda sé það nauðsynlegt til að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins.

Ráðstöfun rekstrarhagnaðar B-, C- og D-hluta.

42. gr.

Ríkisaðilar í B-, C- og D-hluta skulu skila eðlilegum hluta af rekstrarhagnaði sínum sem arði í ríkissjóð eftir nánari reglum er fjármálaráðherra setur með reglugerð að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra, enda mæli lög ekki fyrir um annað.

V. KAFLI
Frumvarp til fjáraukalaga.

Almennt um frumvarp til fjáraukalaga.

43. gr.

Ef þörf krefur skal í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir.

Frumvarp til fjáraukalaga innan fjárhagsárs.

44. gr.

Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Heimilda fyrir fjárráðstöfunum af þessu tagi, sem grípa þarf til eftir samþykkt fjáraukalaga, skal leitað í lokafjárlögum, sbr. 45. gr.

Öðrum óskum um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.

Frumvarp til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi.

45. gr.

Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá ásamt skýringum yfir geymdar fjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Heimilt er að greiða slíka umframgreiðslu af fjárveitingu næsta árs. Einnig skal gerð grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Ríkisreikningsnefnd.

46. gr.

Fjármálaráðherra skipar ríkisreikningsnefnd er skal vera honum til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og annars er þýðingu hefur fyrir það reikningslega kerfi er lögum þessum er ætlað að tryggja.

Ef vafi leikur á um túlkun laga þessara eða framkvæmd þeirra að öðru leyti skal leitað álits ríkisreikningsnefndar áður en ákvörðun er tekin eða reglur settar.

Skipun ríkisreikningsnefndar.

47. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipuð sex mönnum. Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri, auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Ríkisbókhald.

48. gr.

Ríkisbókhald er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Ríkisbókari veitir ríkisbókhaldi forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

Ábyrgð á fjárreiðum.

49. gr.

Forstöðumenn og stjórnir ríkisaðila bera ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra séu í samræmi við heimildir. Þessir aðilar bera jafnframt ábyrgð á því að ársreikningar séu gerðir í samræmi við lög þessi og staðið sé við skilaskyldu á þeim til ríkisbókhalds.

Brot á ákvæðum laga þessara varða skyldur opinberra starfsmanna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

50. gr.

Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum gilda þau um fjárreiður Alþingis eftir því sem við á. Forsætisnefnd skal, að höfðu samráði við fjármálaráðherra, taka ákvarðanir skv. 2. mgr. 29. gr., 32. gr., 2. mgr. 37. gr. og 39. gr.

VII. KAFLI
Reglugerðir og gildistaka.

Reglugerðarheimildir.

51. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum, og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997 skal þó fara eftir lögum nr. 52/1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 1997 skal endurskoða samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs sem ríkissjóður greiðir og ekki fullnægja skilyrðum 30. gr. laga þessara.

1306. Frumvarp til laga [234. mál]

um samningsveð.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 350 með þessum breytingum:

29. gr. hljóðar svo:

Rekstrartæki.

1. Við veðsetningu jarðar er heimilt að semja svo um að jörðinni skuli fylgja rekstrartæki þau sem notuð eru við atvinnurekstur í landbúnaði. Veðsetning rekstrartækjanna gerist þá samtímis veðsetningu jarðarinnar.

2. Með rekstrartækjum samkvæmt framansögðu er átt við áhöld, vélar og tæki, önnur en ökutæki sem skráningarskyld eru samkvæmt umferðarlögum.

3. Veðréttur í rekstrartækjum landbúnaðar öðlast réttarvernd þegar réttinum er þinglýst ásamt veðrétti í viðkomandi jörð.

4. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–5. mgr. 27. gr. eiga hér við með sama hætti þegar veðsett eru rekstrartæki landbúnaðar.

31. gr. hljóðar svo:

Búnaður skipa.

1. Þeim er veðsetur skip er rétt að semja svo um að skipinu skuli fylgja, auk venjulegs fylgifjár, annað lausafé sem ætlað er til nota á skipinu, svo sem olíubirgðir þær sem í skipinu eru hverju sinni, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

2. Veðsetningin gerist samtímis veðsetningu viðkomandi skips. Veðrétturinn öðlast réttarvernd með skráningu á blað veðsala í skipabók í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

3. Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 24. gr. og 1.–4. mgr. 27. gr. eiga hér við, eftir því sem við getur átt.

48. gr. hljóðar svo:

1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og eiga við um þá veðsamninga sem til er stofnað eftir gildistöku laganna.

2. Fyrir brot gegn ákvæðum 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. laga þessara skal refsa skv. 2. tölul. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

3. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um veð, nr. 18 4. nóvember 1887, lög um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum, nr. 23 13. september 1901, og lög um veðtryggingu iðnrekstrarlána, nr. 47 26. maí 1972.

4. Framkvæmd laga þessara heyrir undir dómsmálaráðherra.

1307. Frumvarp til laga [424. mál]

um Lánasjóð landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir landbúnaðarráðherra. Sjóðurinn telst lánastofnun í skilningi laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og gilda þau lög um starfsemi hans nema annað sé boðið í lögum þessum. Honum verður ekki gert að starfa í formi hlutafélags.

2. gr.

Hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn veitir lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í því skyni er sjóðnum heimilt að afla sér fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins til fjögurra ára í senn. Bændasamtök Íslands skulu tilnefna tvo menn í stjórnina en þrír skulu skipaðir af landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra skipar formann og varaformann. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra ákveður þóknun stjórnar.

4. gr.

Verkefni stjórnar Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að ráða framkvæmdastjóra,
b. að setja almennar reglur um lánveitingar og lánakjör,
c. að ákveða rekstrar- og starfsáætlun sjóðsins,
d. að undirrita ársreikninga sem staðfestir skulu af ráðherra,
e. að taka ákvörðun um lántöku samkvæmt heimild í lánsfjárlögum ár hvert,
f. að semja við aðrar stofnanir um einstaka rekstrarþætti í starfsemi sjóðsins þyki það hagkvæmt.

5. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra Lánasjóðs landbúnaðarins eru meðal annars þessi:

a. að stjórna og bera ábyrgð á daglegum rekstri,
b. að gera tillögur til stjórnar um starfsskipulag,
c. að gera tillögur um rekstur og starfsáætlun,
d. að gera tillögur um lánareglur,
e. að gera tillögur að lántökum sjóðsins,
f. að gera tillögu um framlag á afskriftareikning,

g. að ráða starfsmenn,
h. að taka ákvörðun um einstakar lánveitingar á grundvelli almennra reglna sem stjórnin setur, sbr. b-lið 4. gr.

6. gr.

Tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins eru vaxtatekjur, þjónustugjöld og tekjur af búnaðargjaldi.

7. gr.

Sjóðurinn veitir lán til eftirtalinna verkefna:
a. til jarðakaupa,
b. til ræktunar, útihúsa og hvers konar annarra bygginga er varða landbúnað, þar með talið lax- og silungseldi,
c. til vatns- og varmaveitna,
d. til bústofns- og vélakaupa,
e. til verkefna er leiða til hagræðingar og framleiðniaukningar,
f. til annarrar atvinnustarfsemi í sveitum,
g. til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.

8. gr.

Um ákvörðun útlána skal hafa hliðsjón af því hverjar rekstrarforsendur viðkomandi búgreina eru og hversu há veðlán hvíla á eigninni og skal eigi veita lán ef ástæða er til að ætla að búrekstur á jörðinni geti ekki staðið undir auknum lánum.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Lán er heimilt að veita í áföngum.

9. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:
a. veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær,
b. veði í þeim húsum sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur,
c. veði í þeim vélum sem keyptar eru,
d. ábyrgð sveitarsjóðs vegna eigin framkvæmda.

10. gr.

Lán til nýrra bygginga, jarðakaupa og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda sem varanlegar teljast, en lán til vélakaupa, bústofnskaupa og annars þess sem hefur skemmri endingu til allt að 12 ára. Skal nánar kveðið á um í lánareglum hve langur lánstími má vera í hverjum lánaflokki.

Heimilt er að lán til jarðakaupa og húsbygginga séu afborgunarlaus fyrstu tvö árin.

11. gr.

Lánasjóður landbúnaðarins skal leitast við að varðveita raungildi eigin fjár síns. Arð af eigin fé skal einungis heimilt að nota til að lækka vexti á útlánum sjóðsins, sbr. ákvæði í 4. gr., nema raungildi eigin fjár hafi rýrnað.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

12. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim. Um eftirlitið gilda ákvæði VI. kafla laga nr. 123/1993 eftir því sem við getur átt.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Lánasjóður landbúnaðarins tekur frá og með 1. janúar 1998 við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ekki skal gefin út innköllun til lánardrottna Stofnlánadeildar landbúnaðarins við yfirtökuna. Allir starfsmenn Stofnlánadeildar landbúnaðarins skulu eiga rétt á sambærilegu starfi hjá Lánasjóði landbúnaðarins við stofnun hans.

1. júní 1997 breytast lög nr. 45/1971 þannig að í stað hlutfallstölunnar „1%“ í 3. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. þeirra laga kemur: 0,4%.

1308. Nefndarálit [445. mál]

um frv. til l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Frá minni hluta iðnaðarnefndar.

Mörg atriði vekja spurningar í tengslum við frumvarpið um álver á Grundartanga. Aðalatriði málsins eru þessi:

1. Aðdragandi málsins og framkoma stjórnvalda gagnvart íbúum Kjósarsýslu, í Hvalfirði sunnanverðum, er skólabókardæmi um hrokafulla afstöðu stjórnvalda. Íbúarnir stofnuðu samtökin Sól í Hvalfirði og óskuðu eftir því að farið yrði að settum leikreglum. Stjórnvöld svöruðu engu og fóru sínu fram af fyllsta tillitsleysi; meðal annars báru þau því við að íbúarnir hefðu mátt búast við öðru stóriðjuveri á Grundartangasvæðinu samkvæmt settu aðalskipulagi. Íbúarnir bentu á að þeim væri ljóst að þarna væri iðnaðarsvæði en þeim hefði aldrei verið gerð grein fyrir því að þarna ætti að vera stærsta stóriðjusvæði á Íslandi.
2. Annar aðalþáttur málsins er staðarvalið sem er umdeilanlegt af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er álitamál hvort rétt er að setja fyrirtækið niður í Hvalfirði við hliðina á öðru stóriðjuveri. Þannig er verið að hlaða á einn stað stóriðjuverum sem skynsamlegra væri að dreifa um landið. Í nefndinni kom fram að stjórnvöld vísuðu eigendum álversins á Grundartanga og ekkert annað. Í öðru lagi er staðsetning fyrirtækisins álitamál frá byggðasjónarmiði. Í þriðja lagi er staðsetning fyrirtækisins vafasöm út frá umhverfissjónarmiði.

3. Þriðji aðalþáttur málsins er sú staðreynd að fyrirtækið Columbia Ventures Corporation er lítið fyrirtæki sem á bersýnilega erfitt með að tryggja fjármögnun verkefnisins og kvað svo rammt að áhyggjum manna í þessum efnum að efnahags- og viðskiptanefnd kannaði fjárhagsstöðu þess sérstaklega. Verður að benda á að enn mun ekki allt í höfn að því er varðar fjárhagsstöðu fyrirtækisins og þó er ætlunin að hefja raforkusölu til þess þegar 1. júní á næsta ári.
4. Í fjórða lagi ber í þessu sambandi að benda á að hreinsibúnaður fyrirtækisins er ekki eins og best verður á kosið. Þess vegna flytur minni hlutinn breytingartillögur við frumvarpið um að komið verði upp vothreinsibúnaði.
5. Í fimmta lagi er ljóst að raforkuverð til fyrirtækisins er lágt eða á mörkunum. Sérstaklega er verðið umhugsunarvert með hliðsjón af því að verð á raforku til stóriðju fer nú hækkandi annars staðar; má benda á Noreg í þessu sambandi.

Raforkuverðið verður að hækka.

Á fundi iðnaðarnefndar við lok umfjöllunar um frumvarp til laga um álver á Grundartanga fjallaði iðnaðarráðherra m.a. um nokkur lykilatriði þeirra mála sem hér eru til meðferðar. Það sem fram kom í þeirri umfjöllun af hálfu ráðherrans og ráðuneytisins var m.a. þetta:

Næstu samningar fyrir stóriðju hljóta að verða á mun hærra verði eða 21–23 mills á kílówattstundina. Þessi mál eru stöðugt til meðferðar í ráðuneytinu og samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu hjá ráðherranum o.fl. eru margir aðilar stöðugt að leita hófanna hér á landi um ný álver. Greinilegt er að hækkandi raforkuverð í Noregi og Svíþjóð hefur það í för með sér að stóriðjufyrirtækin munu í vaxandi mæli sækja til Íslands. Ástæðurnar fyrir hækkandi raforkuverði á Norðurlöndum eru í meginatriðum þrjár. Í fyrsta lagi er stefnt að því að leggja umhverfisskatta á raforku frá orkugjöfum sem ekki eru umhverfisvænir eða skaða umhverfið að einhverju leyti. Í öðru lagi er reiknað með því að kjarnorkuverum verði lokað á næstu árum og það mun þýða hærra raforkuverð og í þriðja lagi hafa skipulagsbreytingar á orkumarkaðnum haft það í för með sér að verð á raforku í Noregi og víða annars staðar hefur hækkað mjög verulega að undanförnu. Þetta verður til þess að þessir aðilar munu í vaxandi mæli leita hingað til Íslands. Ef á annað borð er léð máls á frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi skapar þetta Íslendingum möguleika til þess að knýja fram miklu hærra raforkuverð en þeir til þessa hafa fengið í þeim stóriðjusamningum sem gerðir hafa verið. Dæmi þessu til sönnunar er sú ákvörðun Gränges-fyrirtækisins að loka álveri sem það á í Svíþjóð; það stafar af því að þessir aðilar þurfa núna að sæta mikið hærra raforkuverði þar sem ákveðið hefur verið að loka kjarnorkuverum sem framleiða raforku í Svíþjóð. Þetta segir einnig að stóriðjusamningar, sem gerðir hafa verið í Svíþjóð um sölu á raforku, eru þannig að þeir verða að sæta breytingum á orkuverði og jafnvel sköttum sem tekin er ákvörðun um í viðkomandi landi. Þetta er grundvallarmunur frá því sem er varðandi stóriðjusamningana hér á landi; í öllum tilvikum er um að ræða sérsamninga þar sem raforkuverð er mismunandi og skattar eru mismunandi og þess vegna gilda hér sérlög um hvert einasta stóriðjufyrirtæki sem er starfandi hér á landi. Það er auðvitað óeðlilegt og fráleitt fyrirbæri. Sérstaklega er þó fráleitt að þessi fyrirtæki skuli geta samið um óbreytt eða lítið breytt orkuverð innan ákveðins ramma og óbreytta eða lítið breytta skatta innan ákveðins ramma til margra áratuga án þess að þurfa að sæta breytingum eins og stóriðjufyrirtæki á Norðurlöndum eru núna að taka á sig í þó nokkrum mæli.

Fram kom í nefndinni að stóriðjufyrirtæki eru í vaxandi mæli að sækja á hér. Atlantsálshópurinn var síðast sóttur heim í New York í janúar sl. Hópnum finnst verðið, sem rætt er um, þ.e. 21–23 mills, vera of hátt en greinilegt er að hann hefur engu að síður frekari áhuga á því að starfa á Íslandi vegna þess að orkuverð sem stóriðju er boðið, t.d. í Noregi, er nú í kringum 30 mills á kílówattstundina. Forstjóri Norsk Hydro hefur einnig leitað viðræðna á Íslandi og hefur látið hafa það eftir sér að hann telji að tvö lönd í Evrópu eigi mesta möguleika til framþróunar í málmiðnaði; annað þeirra er Ísland. Það slæma í stöðunni fyrir okkur er hins vegar að það er greinilega stefna stjórnvalda að leggja fyrst áherslu á lágt orkuverð áður en aðrir kostir Íslands eru dregnir fram í dagsljósið; það er í raun og veru mjög alvarleg staðreynd en engu að síður staðreynd sem liggur fyrir í framhaldi af umfjöllun þessa máls, m.a. í iðnaðarnefnd.

Í rauninni hafa stjórnvöld nú sterka stöðu til að knýja fram hátt orkuverð miðað við það sem verið hefur og þau hafa stöðu til að knýja fram bestu umhverfisvarnir sem hugsast geta. Hvorugt gerist. Íslensk stjórnvöld eru enn í þeim heimi að Íslendingar þurfi að una lægsta verðinu og lakasta mengunarvarnabúnaðinum.

Aðrir stóriðjukostir á næstunni.

Það hefur komið fram að helstu verkefni fram undan að mati stjórnvalda í stóriðjumálum séu í fyrsta lagi Atlantsálshópurinn, en þar eru enn haldnir fundir eins og áður segir, og í öðru lagi undirbúningsvinna við að kortleggja samstarf við Norsk Hydro eins og iðnaðarráðherra hefur komist að orði. Þar er lágt orkuverð grundvallaratriði. Í þriðja lagi eru nefndir aðrir möguleikar en þeir eru bersýnilega neðar á blaði að mati stjórnvalda. Í flokki þeirra verkefna er magnesíumverksmiðjan sem er reyndar aðallega á snærum Hitaveitu Suðurnesja. Í nefndinni kom fram að hugmyndir um álver á vegum Kaiser Aluminium eða zinkframleiðslu í Áburðarverksmiðjunni eru úr sögunni.

Sérlög um skatta allra stóriðjufyrirtækjanna.

Á fundi nefndarinnar var einnig fjallað sérstaklega um skattamálin og spurt hvort það væri ekki nokkuð sérkennileg staða að tiltölulega lítil sveitarfélög högnuðust verulega á stóriðju en nágrannasveitarfélögin hefðu lítið upp úr krafsinu; sum þeirra að vísu atvinnutækifæri en önnur lítið annað en mengun. Spurt var hvort ekki væri eðlilegt að hafa heildarlög, samfelld lög, í gildi fyrir öll þessi fyrirtæki. Fram kom að viðræður hafa verið í gangi á milli fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins um þessi mál en engar niðurstöður liggja fyrir. Bent er á að eftir að aðstöðugjaldið var lagt niður hefur staðan breyst í þessum málum en það er viðurkennt af stjórnvöldum að núverandi fyrirkomulag er ekki heppilegt.

Hvar á stóriðjan að vera? — Öll í Hvalfirði?

Í umræðum um málið í nefndinni, og reyndar víðar, hafa komið fram ýmsar upplýsingar um staðarval verksmiðjanna á Grundartanga. Greinilegt er að stjórnvöld líta þannig á að staðirnir á Íslandi sem um er að ræða séu fjórir, þ.e. Grundartangi nr. 1, Keilisnes nr. 2, Dysnes í Eyjafirði nr. 3 og Reyðarfjörður nr. 4. Fram hefur komið opinberlega að það er skoðun stjórnvalda að ríkið eigi ekki að leggja fjármuni í undirbúning að stofnun stóriðjufyrirtækja nema staðbundin stjórnvöld vilji og hafi tryggt stóriðju á viðkomandi svæði. Til þess að fá óafturkræft framlag úr ríkissjóði þurfi staðbundin stjórnvöld með öðrum orðum að hafa tryggt stóriðjuna. Augljóst er hversu fráleitt þetta er vegna þess að greinilegt er að með þessu móti verða öll stóriðjufyrirtæki framtíðarinnar sett nið-

ur á Grundartanga eða Keilisnesi. Langlíklegast er að þau verði fleiri á Grundartanga þannig að þeim verði með öðrum orðum raðað inn eftir öllum Hvalfirði ef svo fer fram sem horfir. Í nefndinni kom einnig fram að iðnaðarráðherra hefur stofnað nefnd með umhverfisráðuneytinu um staðarval fyrir stóriðju; hefur sú nefnd ekki skilað neinu áliti en er í þann veginn að hefja störf.

Rafmagnsverð í Reykjavík.

Í nefndinni fóru fram umræður um hlut Reykjavíkurborgar í virkjunum vegna framkvæmda í Hvalfirði. M.a. var fullyrt að Nesjavallavirkjun mundi engin áhrif hafa á verð á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur en verð á raforku mundi þróast í takt við þá verðlagsþróun á raforku sem um væri að ræða í landinu í heild. Bersýnilega var ekki gert ráð fyrir að verðlag á raforku yrði lækkað sérstaklega í Reykjavík vegna Nesjavallavirkjunarinnar. Fram kom að núvirði arðs Nesjavallavirkjunar er talið 1.260 millj. kr. og að arður af eigin fé er talinn vera yfir 7,66%. Í umræðum um málið kom fram að ekki hefur verið ákveðið hvað gert verður við hagnaðinn af Nesjavallavirkjun en ljóst er að borgaryfirvöld ráða því og verða að taka þar sérstaka ákvörðun fyrst ákveðið er að láta raforkuverð í Reykjavík ekki lækka meira en gerist annars staðar í landinu.

Sól í Hvalfirði.

Talsmenn samtakanna Sól í Hvalfirði voru spurðir af hverju þeir hefðu ekki verið fyrr á ferðinni með mótmæli þar sem fyrir hafði legið um alllangt skeið að til stæði að þróa enn frekari stóriðju á Grundartanga. Þeir svöruðu því til að stjórnvöld hefðu mjög lengi verið að ræða um stóriðju og álver út um allt og því hefði ekki verið talin nein sérstök ástæða til þess að bregðast við þessu máli á Grundartanga fyrr en núna. Fram kom hjá talsmönnum Sólar í Hvalfirði að þeir töldu að stjórnvöld hefðu ekki sinnt grundvallarkynningu í málinu og hefðu í raun og veru komið aftan að fólkinu með ákvörðun um álver á Grundartanga. Spurt var hvort vothreinsibúnaður við verksmiðjuna í Hvalfirði mundi ekki hafa alvarlegar afleiðingar fyrir lífríkið í Hvalfirði og fram kom í viðræðum við sérfræðinga að engin ástæða væri til að ætla að lífríki í Hvalfirði spilltist sérstaklega vegna vothreinsibúnaðar við álverið.[1] Einnig kom mjög skýrt fram frá forráðamönnum Sólar í Hvalfirði að þeir töldu að rekstur álvers samrýmdist ekki þeim rekstri sem fyrir er í Hvalfirði. Þar hefðu menn m.a. lagt áherslu á þróun lífrænnar ræktunar og atvinnulíf í tengslum við ferðamennsku þannig að bersýnilega væri verið að breyta félagslegu og atvinnulegu umhverfi Hvalfjarðar í grundvallaratriðum og það snerti auðvitað ekki aðeins þá sem eru Hvalfjarðarstrandarmegin heldur einnig þá sem eru Kjósarmegin í Hvalfirði.

Sólarmenn gagnrýndu aðallega að ekki hefði verið talað við fólkið í Hvalfirði, þ.e. í Kjósinni, með eðlilegum hætti á undirbúningsstigi og var greinilegt að Kjósarmenn töldu sig sárt leikna af viðskiptum við stjórnvöld.

Forráðamenn Sólar í Hvalfirði gáfu ítarlegt yfirlit yfir þróun mála, m.a. samskipti þeirra við umhverfisráðherra og skipulagsyfirvöld sem virtust ekki hafa verið með eðlilegum hætti. Fram kom í nefndinni að landbúnaðarþátturinn hefði ekki verið tekinn með í umhverfismati og skipulagsstjóri hefði viljað skoða hann betur. Hins vegar hefði umhverfisráðherra fullyrt að sá þáttur hefði verið skoðaður og væri þess vegna ástæðulaust

[1] Greinargerð um vothreinsibúnað er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

að fara nánar yfir hann. Því er haldið fram að ekki hafi verið beðið um skoðun á landbúnaðarþættinum á undirbúningsstigi málsins, en Kristján Oddsson, bóndi á Neðra-Hálsi hafði þó sent inn boð sem vissulega munu hafa komið í tæka tíð samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Greinilegt er að héraðið er sérstaklega viðkvæmt fyrir stóriðju og á það einkum við um landbúnaðinn. Einnig hefur komið fram hjá þingmönnum stjórnarflokkanna að þeir skilja þessi sjónarmið vel, svo vel reyndar að þeir vildu ekki hafa álver í sínu nábýli þótt Kjósverjar megi búa við þetta.

Við annan tón kvað hjá íbúum í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar. Akurnesingar voru að vísu óhressir með það hversu lítið þeir hefðu fengið að koma að málinu og sögðu að óeðlilegt væri að járnblendið hefði áfram forgang að Grundartangahöfninni. Einnig kom fram að byggðarlögin í kringum verksmiðjurnar hafa miklar tekjur af þeim og voru færðar fram tölur því til sönnunar.

Spurt var að því í nefndinni hversu miklar tekjur hrepparnir, þ.e. Skilmannahreppur og Hvalfjarðarstrandarhreppur, hefðu af þessum verksmiðjum en talsmenn verksmiðjanna voru ekki með handbærar upplýsingar um það.

Aftur og aftur hefur þeim Sólarmönnum verið borið það á brýn að þeir hefðu mátt vita að gert væri ráð fyrir stóriðju í Hvalfirði. Þeir viðurkenna það en segja að í aðalskipulagi hafi ekki verið gert ráð fyrir stærsta stóriðjusvæði á Íslandi. Þess vegna sé hægt að halda því fram að komið hafi verið aftan að þeim. Þeir leggja aðaláherslu á það að áhrif á landbúnað og vatnsbúskap verði rannsökuð betur en gert hefur verið. Þeir skýrðu frá því að þeir væru að láta vinna fyrir sig greinargerð til rökstuðnings kröfum um vothreinsibúnað og sú greinargerð fylgir áliti þessu sem fylgiskjal I.

Óánægja á Akranesi.

Greinilegt er að Akranesbær dregur ýmis mál inn í umræður um álverið á Grundartanga í samþykkt sem gerð er í bæjarstjórn Akraness 13. janúar 1997. Þar segir t.d. að framkvæmdir megi ekki hefjast „fyrr en samkomulag hefur náðst milli sveitarfélaga á svæðinu, ríkisins og álfyrirtækisins um lausn á þeim málum þannig að vatnstaka vegna núverandi byggðar sunnan Skarðsheiðar verði tryggð“. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar beinir hún þeirri áskorun til Hollustuverndar ríkisins að tekjur af mengunareftirliti við iðnaðarfyrirtæki við Hvalfjörð og á Akranesi verði látnar standa undir starfi eftirlitsmanns á svæðinu sunnan Skarðsheiðar.

Þá segir bæjarstjórn Akraness m.a. að hún telji að „rannsóknir á mengunaráhrifum nýs álvers á Grundartanga séu ekki eins ítarlegar og æskilegt væri, sérstaklega veðurrannsóknir, svo sem fram kemur í mati á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers á Grundartanga, sbr. 6.4. Þó að hætta á mengun vatnsbóls Akurnesinga sé ekki mikil er hún þó fyrir hendi.“ Í ályktuninni gera þeir kröfu um að nýtt vatnsból verði kostað ef þörf verður á því vegna álversins. Í lok samþykktar sinnar frá 13. janúar 1997 segja þeir eftirfarandi: „Komi hins vegar í ljós að vatnsbólið mengast af álverinu, þó svo að álfyrirtækið uppfylli það starfsleyfi sem gefið verður út, áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til skaðabóta fyrir öllu fjárhagslegu tjóni, beinu og óbeinu, úr hendi íslenska ríkisins.“ Þessari samþykkt beina þeir til félagsmálaráðherra og verður gengið eftir því í 2. umræðu um frumvarpið hvar þau mál eru á vegi stödd.

Bæjarstjórn Akraness gerði einnig mjög alvarlegar athugasemdir við starfsleyfi fyrir álverksmiðju á Grundartanga þar sem segir t.d. um grein 2.1.7: „Setja þarf strangari ákvæði um að fyrirtækið dragi úr útblástursmengun ef það fer umfram viðmiðunarmörk greinar 2.1.6. og að fyrirtækið sé ábyrgt fyrir hugsanlegu tjóni sem hljótast kann af því að starfsleyfum sé ekki fylgt. Orðalag greinarinnar um að Hollustuverndinni sé heimilt að krefjast aðgerða til úrbóta er ómarkvisst en eðlilegra er að kveða þannig að orði að Hollustuvernd ríkisins sé skylt að fylgja ákvæðum laga nr. 81 frá 1988, sbr. lög nr. 28 frá 1990, og sjá um að úrbætur verði gerðar án tafar.“ Um grein 2.3.2 segir: „Um almenna förgun fastra efna í fjörunni er nauðsynlegt að skilgreina mun betur þau efni sem heimilt verður að farga, það svæði sem heimilt verður að nota til förgunar, hvernig aðgangi að svæðinu skuli háttað og að binda slíka förgun skilyrðum um að hún valdi ekki mengun. Gera þarf ráð fyrir samráði við Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Akraness, hafnaryfirvöld og samþykki sveitarstjórnar.“ Síðan segir um grein 2.3.4: „Nauðsynlegt er að kveða á í greininni að óheimilt sé að skila spilliefnum frá starfseminni á annan stað en til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.“ Enn fremur leggur bæjarstjórn Akraness áherslu á að farið verði að tillögum skipulagsstjóra ríkisins frá 19. febrúar 1996 um athuganir og mælingar en þær eru tilgreindar í 15 liðum þeirrar tillögu þannig að greinilegt er að í raun og veru hafa Akurnesingar miklar áhyggjur af málinu.

Álit minni hluta umhverfisnefndar.

Á fundi umhverfisnefndar Alþingis 3. febrúar 1997 var samþykkt að taka sérstaklega til umfjöllunar drög að starfsleyfistillögum fyrir álver á Grundartanga. Að lokum skilaði nefndin tvískiptu áliti. Meiri hluti stjórnarflokkanna og þingflokks jafnaðarmanna skilaði sérstöku áliti þar sem lýst er yfir stuðningi við stofnun álversins og jafnframt að umhverfiskröfur séu nægjanlegar. Þó gætir í texta meiri hlutans margvíslegra fyrirvara við málið sem benda til þess að einstakir þingmenn séu áhyggjufullir yfir ástandinu í umhverfismálum. Þar er t.d. viðurkennt að ekki hafi verið gerðar nægilegar rannsóknir á lífríki í nágrenni stóriðju hér á landi. Þá kemur fram að óbirt rannsókn, sem gerð var um miðjan níunda áratuginn, áður en fullkominn hreinsibúnaður var settur upp, bendi til þess að mengun frá álverinu hafi þá haft greinileg áhrif á tiltekinn gróður. Þessi síðbúna játning er mikilvæg vegna þess að þegar álverið var reist var öllum hugmyndum um mengunarvarnir hafnað sem fjarstæðu. Þá kemur fram að meiri hlutinn hefur áhyggjur af því að ekki verður settur upp vothreinsibúnaður því að hann viðurkennir í nefndarálitinu að endurskoða þurfi starfsleyfi hvað varðar mengunarkröfur og hreinsibúnað ef í ljós kemur að áætlanir um loftmengun standast ekki. Þannig að meiri hluti nefndarinnar hefur bersýnilega áhyggjur af stöðunni, kannski vegna þess að Kjósverjar hafa í raun og veru vakið menn til lífsins í þessum efnum; a.m.k. sést það á nefndaráliti meiri hlutans að hann býr við verulega vanlíðan í þessu efni að ekki sé meira sagt. T.d. tekur meiri hlutinn undir kröfur um það að starfsaðstaða Hollustuverndarinnar verði bætt mjög verulega og eins og fram kemur í áliti þess er minnt á nauðsyn þess að taka sérstaklega á vatnsmálum Akraneskaupstaðar í framhaldi af starfsemi álversins. Meiri hlutinn ákveður, eða lýsir því yfir, að hann muni leggja sérstaka áherslu á að nýta sér reynsluna af ferli þessa máls í tengslum við breytingarnar á skipulags- og byggingarlögum sem hafa verið til umræðu í nefndinni. Í lokaorðum meiri hlutans segir enn fremur að orðalag „starfsleyfistillögu mætti í mörgum tilfellum vera afdráttarlausara þannig að eftirlit og aðhald stjórnvalda yrði auðveldara“. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að „eftirlit með stóriðju, rannsóknir á áhrifum á lífríki landsins verði efld til muna“. Því er alveg augljóst að hér er meiri

hlutinn að gera nýjar kröfur á stjórnvöld í þessu máli og þar örlar jafnvel á því að æskilegt hefði verið að hafa álverið annars staðar en einmitt á Grundartanga. Í nefndarálitinu leggur meiri hlutinn enn fremur áherslu á að gengið verði „tryggilega frá þessum málum“ að því er varðar vatnsmál Akraneskaupstaðar og verður gengið eftir því við umræður um málið við 2. umræðu hvort á þeim málum hefur verið tekið með eðlilegum hætti.

Nefndarálit minni hluta umhverfisnefndar um þetta mál, umhverfismál álversins á Grundartanga, þ.e. álit Kristínar Halldórsdóttur og Hjörleifs Guttormssonar, er einkar ítarlegt og vel unnið. Þar er í fyrsta lagi bent á að grunnrannsóknir á lífríki og fleiri umhverfisþáttum í Hvalfirði vantar. Í öðru lagi er lögð á það áhersla að málsmeðferð hafi verið slæm, sérstaklega er gagnrýnd framganga markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og talað er um að þáttur umhverfisráðuneytisins í málsmeðferð vegna tillagnanna að starfsleyfi hafi verið afleit sem m.a. birtist í ítrekaðri lögleysu við breytingar á mengunarvarnareglugerð. Í greinargerð minni hlutans segir að tillögur að starfsleyfi gangi í mörgum atriðum gegn því sem réttmætt geti talist og þær taki ekki mið af eðlilegum tillögum um umhverfisvernd. Talað er um að mörk fyrir losun flúoríðs séu óhæfilega rúm og engin hreinsun ráðgerð á brennisteinsdíoxíði. Með verksmiðjunni í fullri stærð eykst losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 373 þús. tonn á ári sem svarar til 13% aukningar miðað við losun árið 1990. Enn fremur segir minni hlutinn að afstaða Hollustuverndar ríkisins til eftirlits með stóriðjurekstri sé allsendis ófullnægjandi. Bent er á að með álbræðslu á Grundartanga vaxi mengunarálag á Faxaflóasvæðinu og gæðum andrúmslofts muni hraka. Í greinargerð minni hlutans er rakinn ferill málsins, m.a. bent á að nýja verksmiðjan á Grundartanga muni fá tæki úr Töging-álverinu í Þýskalandi sem hafi keypt raforku frá vatnsorkuveri í ánni Inn sem rennur í Dóná. Miklar deilur hafi ítrekað orðið milli fyrirtækisins sem rak verksmiðjuna og bænda í nágrenni hennar um mengun, einkum á tímabilinu 1950 til 1980, m.a. vegna verulegra skemmda á skóglendi af rykmengun og sýkingar búfjár af völdum flúormengunar. Hafi staðið langvinn málaferli út af þessari verksmiðju sem enduðu með dómsátt í Landgericht í Bonn. Þá hafi verið ákveðið að loka verksmiðjunni. Því segir minni hlutinn að ljóst sé að verið sé að flytja hingað til landsins notaða verksmiðju og hætt er við að fleiri slíkar fylgi í kjölfarið. Í áliti minni hlutans er það sérstaklega gagnrýnt að svæðisskipulag skuli ekki hafa verið unnið samtímis fyrir Hvalfjarðarsvæðið í heild, þ.e. að Kjósarhreppur skuli ekki hafa átt hlutdeild í svæðisskipulaginu. Hvalfjörður er ein óskipt heild, m.a. með tilliti til stórframkvæmda í formi orkufreks iðnaðar, og væri auðvitað eðlilegt að þetta svæði væri skipulagt í heilu lagi. Í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar er framganga markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar gagnrýnd harðlega og vísast til 6. kafla umsagnar minni hlutans. Í 7. kaflanum er bent á að sjö aðilar, m.a. framkvæmdaaðilar, hafi kært úrskurð skipulagsstjóra og umhverfisráðherra hafi fallist á kröfur þeirra og ógilt í meginatriðum úrskurðarorð skipulagsstjóra. M.a. hafi ráðuneytið hafnað því sjónarmiði að tengja allar framkvæmdir saman og takmarka eina framkvæmd við aðra eins og það er orðað í niðurstöðu ráðuneytisins. Þetta verður að telja varhugaverða niðurstöðu sem gæti skapað hættulegt fordæmi. Geta menn séð til hvers það leiðir ef hafnar eru t.d. framkvæmdir við verksmiðju án þess að búið sé að fjalla um mat og tryggja orkuöflun til hennar. Þannig skapast auðvitað óeðlilegur þrýstingur á málsmeðferð við mat á þeirri framkvæmd sem röðin kemur síðar að í mati. Í áliti minni hluta umhverfisnefndar varðandi tillögu að starfsleyfi kemur fram að athugasemdir hafi borist um það frá 54 aðilum sem sýni hversu umdeilt málið sé. Ráðherra hafi síðan gefið út reglugerð en aðdragandi málsins sé þó enn þá umdeildari. Ráðherra hafi gefið út reglugerð nr. 394 1996 sem

breytti vissum atriðum mengunarvarnareglugerðar frá 1994 og síðan hafi ráðherra verið rekinn með það til baka, m.a. fyrir málafylgju Hjörleifs Guttormssonar. Síðan gaf ráðherrann enn út nýja reglugerð, nr. 26 1997. Um þessi mál hefur verið rætt utan dagskrár í vetur, síðast í dag, 15. maí 1997.

Fráleitt er að ætla nú að veita starfsleyfi fyrir þrjá byggingaráfanga verksmiðjunnar, allt upp í 180 þús. tonn, og eðlilegra hefði verið að takmarka það við 60 þús. tonn að sinni. Það er einnig alveg fráleitt að mati minni hluta iðnaðarnefndar að gefa starfsleyfið út til tíu ára en ekki fjögurra ára eins og lagt var til af minni hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Það hefur reyndar verið regla um starfsleyfi sem Hollustuvernd hefur sjálf gefið út og þau hafa gilt í fjögur ár. Hér er verið að gefa út starfsleyfi til tíu ára sem er algerlega fráleitt, m.a. væri nauðsynlegt að setja inn í starfsleyfið ákvæði um heimild og möguleika til endurskoðunar ef Íslendingar gerast aðilar að alþjóðasamþykktum um strangari mengunarvarnir og ef íslenskar reglur um þau efni yrðu strangari en nú. Í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar segir að heildarflúor í losun samkvæmt heimiluðum mörkum svari til þess að allt að 108 tonn af flúoríði berist árlega frá verksmiðjunni. Full rök eru til þess, segir í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar, að heimila ekki meiri losun heildarflúoríðs frá verksmiðjunni en 0,4 kg á tonn af áli í stað 0,6 kg á tonn af áli; það er að þrengja losunarmörkin um 50% frá því sem starfsleyfið gerir nú ráð fyrir. Raunar hefði mátt ganga lengra því að víða erlendis er krafist 0,3 kg á tonn af áli. Parcom-viðmiðunin frá 1994 segir ekki nóg í þessu sambandi því að hún er málamiðlun ríkja við ólíkar aðstæður en við undirbúning þeirrar viðmiðunar gerðu Norðmenn tillögu um 0,4 kg af flúoríði á tonn af áli að hámarki þegar beitt er vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun. Í greinargerð Högna Hanssonar, forstöðumanns Hollustu- og heilbrigðiseftirlitsins í Landskrona í Svíþjóð, kemur fram að mörkin eru 0,3 kg á tonn af áli. Í tillögu meiri hluta stjórnar Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi er ekki gert ráð fyrir neinni hreinsun á brennisteinstvíoxíði frá verksmiðjunni og tilgreind mörk samkvæmt starfsleyfinu byggjast á því að brennisteinsinnihald í forskautum fari ekki yfir 2%. Verði það hærra gilda ákvæði 2. gr. í starfsleyfinu sem hljóðar svo: „Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk skv. 2.1.6 eru ekki fáanleg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði skal þetta starfsleyfi endurskoðað.“ Sú endurskoðun getur ekki verið nema í eina átt, þ.e. til að heimila vaxandi mengun, nema menn hafi í huga að krefjast vothreinsunar. Hér er því um fráleitt ákvæði að ræða og allt of veikt. Minni hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins hefur tekið undir sjónarmið meiri hluta stjórnarinnar um að nauðsynlegt sé að afla gagna um mengun af völdum brennisteinsdíoxíðs hér á landi en ekki þurfi að bíða eftir slíkri úttekt til að gera kröfur til vothreinsunar. Minni hluti iðnaðarnefndar tekur undir þessi sjónarmið. Tilgreind losunarmörk fyrir brennisteinstvíoxíð eru 10–20 sinnum hærri en tíðkast í starfsleyfum álbræðsla á Norðurlöndum þar sem hvarvetna utan Íslands er notuð vothreinsun auk þurrhreinsunar. Full rök eru fyrir því að beita sömu aðferð hérlendis nema menn vilji kalla yfir sig vandamál vegna sýringar af völdum brennisteinssambanda. Með vothreinsun er jafnframt unnt að draga enn frekar úr flúoríðmengun. Röksemdir, sem haldið er fram gegn vothreinsun, eru að mati minni hluta nefndarinnar ekki haldbærar og unnt að koma í veg fyrir skaðlega mengun í sjó af hennar völdum.

Í nefndaráliti minni hlutans er bent á að Hollustuverndin hafi verið þeirrar skoðunar að ef álver yrði sett upp í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfur um vothreinsibúnað. „Hvers á Hvalfjörður að gjalda?“ spyr minni hluti iðnaðarnefndar.

Í skýrslu Skipulags ríkisins er fjallað um sambýli stóriðjuveranna tveggja á Grundartanga þar sem segir: „Ef ná ætti einhverjum árangri með vothreinsun útblásturs á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga væri nauðsynlegt að setja slíkan búnað einnig á búnað á útblástur frá verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf.“ Spurningin er: Getur verið að þessi nauðsyn og sambýlið við Íslenska járnblendifélagið hf. hafi orðið til þess að menn kröfðust ekki vothreinsibúnaðar af álverinu í Hvalfirði?

Í greinargerð minni hluta umhverfisnefndar er fjallað rækilega um alþjóðasamninga þá sem Íslendingar eru aðilar að í þessu sambandi og verður sú umfjöllun ekki endurtekin hér. Þar er einnig fjallað um föst úrgangsefni frá verksmiðjunni, sjónmengun, vatnsöflun, ófullnægjandi aðbúnað Hollustuverndar til eftirlits og þar er farið rækilega yfir nauðsyn þess að hefja grunnúttekt og rannsóknir á lífríki Hvalfjarðar. Þar er einnig þakkað fyrir öflugt viðnám heimafólks og er hér tekið undir þær þakkir. Einnig er minnt á að átökin um álverið í Hvalfirði snúist kannski ekki bara um lífríkið heldur séu þau fyrst og fremst almennt um atvinnustefnu, umhverfisgæði og ímynd Íslands. Undir það skal tekið hér.

Okkur var boðið þetta svæði!

Fyrir Norðurál komu á fund iðnaðarnefndar Jón Sveinsson og Sigurður Arnalds og voru þeir m.a. spurðir um fjármögnun fyrirtækisins. Þeir bjuggust við að þeirri fjármögnun yrði lokið í maí. Þeir voru spurðir hvers vegna svo mikið hafi legið á, af hverju hafi endilega þurft að hefja framkvæmdir um páskana og efna þannig til enn frekari ófriðar en ella hefði verið. Þeir viðurkenndu að það að fá starfsleyfið og að sýna að framkvæmdir væru hafnar væri grundvallaratriði til að geta lokið fjármögnunarferlinum. Það var með öðrum orðum þrýstingur um fjármuni sem réði starfsleyfisútgáfunni og vonandi er umhverfisráðuneytið ekki aðili að slíkri niðurstöðu. Þeir voru spurðir um viðbrögð Kjósverja og því var svarað svo að forstöðumenn Norðuráls hefðu oft hitt Kjósverja en samtök Kjósverja væru vandamál stjórnvalda.

Þeir sögðust aðspurðir ekkert vita um það hvort forusta fyrirtækisins yrði íslensk eða útlend en upplýstu að framkvæmdastjóri fyrirtækisins yrði bandarískur. Þeir sögðust ekki vita hvort á dagskrá væri að selja fyrirtækið eins og það lægi fyrir, Peterson væri einn eigandi fyrirtækisins. Þeir sögðu að spurningin um það hversu mikið eigið fé yrði lagt í fyrirtækið væri hluti af fjármögnunarviðræðum en þeir sögðust ímynda sér að eigið fé yrði 20–30% af heildarfjárfestingunni.

Þeir sögðust ekki vita mikið um staðarákvörðun en sögðu að svæðið hefði greinilega alltaf verið ætlað fyrir stóriðju: „Okkur var boðið þetta svæði.“ Þeir sögðust hafa byrjað á laugardegi fyrir páska því að þeir hefðu þekkt hjátrú verktaka að byrja alltaf á laugardögum og sögðu enn fremur að þeir væru sáttir við ákvæði starfsleyfisins um urðun úrgangsefna.

Þá viðurkenndu þeir að það væri alls ekki hugmyndin að málið kæmi aftur fyrir Alþingi, þ.e. þegar 60 þús. tonna verksmiðjan hefur verið byggð er ekki meiningin að málið komi aftur fyrir Alþingi þótt ákveðið yrði að fara í 180 þús. tonn. Hann skýrði frá því að 16,5 millj. kr. hefðu verið greiddar fyrir um 130 hektara lands. Um tvær spildur væri um að ræða og verðlagningin væri miðuð við sambærileg landakaup á þessu svæði áður. Annar kostnaður sem ríkið greiddi væri helst við flutning vegarins og um það væri ekkert sérstakt að segja.

Í nefndinni var fjallað um gjöld til sveitarfélaganna Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps vegna fyrirhugaðrar álbræðslu á Grundartanga. Verðmæti nýju byggingganna er áætlað 2 milljarðar 393 millj. kr., þ.e. húsnæðismannvirkis og lóðar. Þetta er álagningargrunnur. Fasteignarskattur, miðað við 0,75% af þessu, er því 17,9 millj. kr. Skatturinn verður bundinn íslenskri byggingarvísitölu frá 1. desember 1994 sem þá var 217,8 stig. Þá fá sveitarfélögin byggingarleyfisgjald. Gert er ráð fyrir að byggingarleyfisgjald fyrir fyrsta áfanga álbræðslunnar á Grundartanga, sem miðast við framleiðslugetuna 60 þús. smálestir af áli á ári, nemi 7,1 millj. kr. eða sem samsvarar 100 þús. dollurum. Þreföldun verksmiðjunnar þýðir væntanlega þrisvar sinnum hærri tölu eða 21–22 millj. kr.

Nefndinni barst bréf frá Jóni Sveinssyni lögmanni þar sem hann gerði grein fyrir kaupum á landi fyrir verksmiðjuna.

Skattar fyrirtækisins.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, taldi í sérstöku áliti að ýmsa þætti þessa máls, þ.e. skattana, hefði þurft að skoða betur. Í fyrsta lagi sé álitamál hvort yfirleitt eigi að stefna að sérsamningum af þessu tagi í stað þess að láta íslensk skattalög gilda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sé heimild til sérsamninga nýtt skuli þeir gilda í að lágmarki 20 ár. Um ákvæði 5. gr. um undanþágu frá lögum og skattlagningu er það að segja að mörg atriði eru í sjálfu sér eðlileg, segir Steingrímur í áliti sínu, ef farið er út í sérsamninga um skattamál á annað borð. Annað orkar tvímælis. Þá eru ákvæði 6.–8. tölul. 5. gr. um ýmis gjöld til ríkis og sveitarfélaga hæpin. Sérstaklega er það skattstofninn, að skattarnir séu í reynd gerðir að samningsatriði, sbr. niðurlag 6. tölul. 5. gr., og tekur minni hlutinn undir tillögu meiri hlutans í því sambandi. Ljóst er einnig að ekki mun gæta jafnræðis milli sveitarfélaga á svæðinu hvað varðar ávinning af tilkomu verksmiðjunnar þannig að framkvæmdirnar geta samkvæmt frumvarpinu fært þeim tveimur sveitarfélögum, sem eiga lóðina sem verksmiðjan verður reist á, miklar tekjur en nágrannasveitarfélögin fá ekkert í sinn hlut. Mesta athygli minni hlutans vekur þó lokamálsgrein 5. gr. þar sem gert er ráð fyrir að félagið geti á hverju ári samningstímans frá og með árinu 2000 valið hvort það færir sig alfarið undir íslensk skattalög eða ekki. Félaginu verður þannig kleift að velja hvorn kostinn sem því verður hagstæðari á þeim tíma, þ.e. sérsamninginn eða hin almennu ákvæði íslenskra skattalaga. Ekki er gert ráð fyrir að íslenska ríkið hafi slíkan valrétt og verður það því bundið til 20 ára ef félagið ákveður að halda sig við samninginn. Loks er vert að vekja athygli á framtalsákvæði 9. gr. frumvarpsins sem sýnir í hnotskurn þann rúma rétt sem viðsemjendum Íslendinga er ætlaður í þessum samningum. Með ákvæðinu er félaginu heimilt að framselja t.d. lánveitanda alla skattasamninga sem það hefur gert við ríkið. Er þetta sagt nauðsynlegt vegna væntanlegrar verkefnafjármögnunar. Niðurstaða minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar er því sú að málið sé vanbúið til afgreiðslu og mun hann ekki styðja lögfestingu frumvarpsins. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerði einnig athugasemdir við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélögum verði heimilt að leggja á fasteignaskatt „sem skal vera 0,85% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja eins og það er nánar skilgreint og um samið í samningum sem gerðir eru innan ramma þessara laga“. Meiri hlutinn telur að umrætt ákvæði feli í sér ákveðið framsal á skattlagningarvaldi til sveitarfélaganna og telur eðlilegra að binda skattinn við fastákveðna fjárhæð eða afmarka hann betur á annan máta í frumvarpinu.

Hér koma þess vegna fram mjög alvarlegar athugasemdir við skattlagningarþátt frumvarpsins sem nauðsynlegt er að taka til frekari skoðunar.

Ekki endanleg þýðing til meðferðar.

Nefndin fjallaði um og fékk til meðferðar sérstaklega drög að fjárfestingarsamningi milli Íslands og Columbia Ventures Corporation og Norðuráls á íslensku og ensku. Þessir textar reyndust vera trúnaðarmál. Þegar þeir voru lagðir fyrir nefndina var þýðingu í raun og veru ekki lokið þannig að nefndin fékk ekki í hendur endanlegan texta á íslensku. Það eitt út af fyrir sig er alvarlegt umhugsunarefni.

MIL

Talsmenn markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins komu einnig á fund iðnaðarnefndar, Geir A. Gunnlaugsson og Garðar Ingvarsson. Þeir gerðu grein fyrir því sem var í gangi, því sem væri fram undan o.fl. Fram kom að líklegt væri að sama tækni yrði notuð í stækkuninni í járnblendiverksmiðjunni og verið hefði. Þeir töldu mjög líklegt að álverið yrði stækkað í 180 þús. tonn og yrði notuð svokölluð 180 kílóamperatækni sem hefði gefist vel. Ljóst væri að hagkvæmnin yrði þeim mun meiri sem fyrirtækið væri stærra og þess vegna væru allar líkur á því að það yrði stækkað. Þeir voru spurðir af hverju Grundartangi hefði verið valinn og sögðu þeir að tvennt hefði ráðið: Litið hefði verið á Keilisnes og kostnaður við 60 þús. tonna álver á Keilisnesi hefði verið mjög mikill, það hefði þurft að endurbyggja höfn o.fl. sem hefði kostað verulega fjármuni, höfnin t.d. 25 millj. dollara. Aðalatriðið var að fá ódýrari hafnaraðstöðu og ýmsa þjónustu sem er til staðar á Grundartanga. Spurt hefur verið: Fór MIL út fyrir starfssvið sitt með því að standa fyrir umhverfisathugun á Grundartanga fyrir verksmiðjuna? Svarið var að þeir sögðust einnig hafa sett í gang umhverfiskönnun í Straumsvík. Atlantsál hefði staðið fyrir öllum umhverfisathugunum á Keilisnesi sem þeir eiga þar með. Íslendingar hefðu átt athuganirnar upp frá og ekkert hefði orðið úr framkvæmdum þannig að það væri í raun og veru skynsamlegt að fara þessa leið. Þeir sögðu að Columbia-menn hefðu farið frá Þýskalandi vegna þess að raforkuverðið hefði hækkað verulega.

Þeir ræddu um Atlantsál, sögðu að það verkefni mundi taka langan tíma og kallaði á Austurlandsvirkjanir. Það væri stöðugt samband á milli íslenskra aðila og Atlantsálsaðilanna og yrði áfram. Þá greindu þeir frá því að rætt hefði verið við aðila í Þýskalandi og í Bandaríkjunum um að koma hér upp efnaiðnaði, rætt væri um magnesíumverksmiðju og rætt hefði verið um slípiefnaiðnað. Enn fremur hefði verið rætt við ýmis önnur fyrirtæki í Bandaríkjunum um efni til að framleiða silicon-málma o.fl. Þá nefndu þeir einnig stálbræðsluna í Hafnarfirði, sögðu að öll þessi verkefni væru í athugun, tækju út af fyrir sig langan tíma og væri fátt í hendi annað en það sem fyrir lægi.

Að öllu því samanlögðu sem hér hefur verið rakið leggur minni hlutinn til að frumvarpinu í því formi sem nú liggur fyrir verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** þar sem þess verði freistað að semja á ný um mengunarvarnir, staðsetningu og stærð álversins. Samningum verði lokið fyrir 30. júní 1997 og þing þá kallað saman á ný til að fjalla um málið.

Verði frávísunartillögunni hafnað flytur minni hlutinn til vara tvær breytingartillögur, aðra um að tillögur um stækkun álversins umfram 60 þús. tonn verði að leggja fyrir Alþingi á ný og hina um að alltaf verði notaður besti hugsanlegur mengunarvarnabúnaður við verksmiðjuna og að fyrirtækið verði búið vothreinsibúnaði við stofnun.

Verði þessar tillögur allar felldar mun minni hlutinn snúast gegn málinu í heild við 3. umræðu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu.

Alþingi, 15. maí 1997.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal I.

Greinargerð Sólarmanna til rökstuðnings kröfu um vothreinsibúnað.

Samtökin óspillt land í Hvalfirði krefjast þess nú sem fyrr að ekki verði byggt álver á Grundartanga.

Verði álver byggt á Grundartanga setjum við fram eftirfarandi kröfur:

1. að tryggt verði að besti fáanlegi mengunarvarnabúnaður sé notaður, þ.e. vothreinsibúnaður ásamt þurrhreinsibúnaði (sjá greinargerð Högna Hanssonar),
2. að tryggt verði að íbúar við Hvalfjörð fái með formlegum hætti aðild að umhverfisvöktuninni bæði hvað snertir undirbúning og framkvæmd.

Álver á Grundartanga. – Yfirlit.

Brot á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum

- Upplýsingaskylda var vanrækt. Kjósarhreppur einvörðungu tekinn með á seinni stigum og eftir umhvartanir
- Svæðið var fyrirvaralaust skilgreint sem stóriðjusvæði með undanþáguákvæðum skipulagslaga
- Tilskilið mat á áhrif á landbúnað í grennd hefur ekki verið framkvæmt
- Möguleikar á nauðsynlegri vatnsöflun eru ekki fyrir hendi

Brot á stjórnsýslulögum

- Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps stóð fyrir umhverfismati hreppsins en var jafnframt að selja lóð undir álverið
- Umhverfisráðherra gaf úr starfsleyfið áður en úrskurðarnefnd hafði lokið störfum.
- Markaðskrifstofa iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar (MIL) fer með umboð íslenskra stjórnvalda til að semja við Columbia Ventures Corporation (CVC) en jafnframt fer MIL með umboð fyrir CVC hér á landi. MIL sendi inn athugasemdir við úrskurð skipulagsstjóra fyrir hönd CVC.

Margfalt meiri mengun en leyfð er á Norðurlöndum

- Leyfð eru brennisteinstvíoxíð mörk sem eru 21 kg / t Al. Í Sundsvall eru mörkin 0,7 kg / t Al
- Leyfð eru flúoríðmörk sem eru 0,6 kg/ t AL. Í Sundsvall eru mörk þessi 0,3 kg / t Al
- Ákvæði um losun kerbrota og sora eru mun rýmri en á Norðurlöndum
- Með þessu eru Íslendingar að lækka mengunarþörskuld fyrir stóriðju á norðurhverli jarðar.

Brot á alþjóðasáttmálum

Álver eru sú stóriðja sem mengar hvað mest. Þar er meðal annars um að ræða losun á koltvíoxíði, brennisteinstvíoxíði, fúor or flúorkarbon efnum. Ljóst er að losunin brýtur í bága við eftirfarandi alþjóða sáttmála um loftmengun sem Íslendingar hafa staðfest:

- United Nations Framework Convention on Climate Change
- Convention on Long-Range Transboundary Air Pollution
- Montreal Protocol on Substances That Deplete the Ozone Layer

Notum fjármuni, orku og vinnuafl okkar betur

Fskj. 1.

Greinargerð Högna Hanssonar:
Vothreinsibúnaður við álverið á Grundartanga.
(28. apríl 1997.)

Samkvæmt skjali PARCOM „Description of Existing Techniques and Best Available Techniques in Aluminium Electrolysis Industry" (Oslo and Paris Commissions 1996) er vothreinsibúnaður talinn til bestu tækni (BAT) við álver og minnkar vothreinsibúnaður sem settur er eftir þurrhreinsibúnaðinn brennisteinslosunina mikið. Samkvæmt sama skjali veldur vothreinsibúnaðurinn lítilli vatnsmengun. Hægt er að nota lút eða kalk til að hreinsa útblásturinn frá brennisteinstvíoxíði. Samkvæmt áðurnefndu skjali PARCOM fer notkun vothreinsibúnaðar eftir því hvort metið er meira minnkuð losun brennisteinsútblásturs eða aukin vatnsmengun (eða gipsúrgangur ef ekki er losað í sjó). Samkvæmt þessu skjali er brennisteinstvíoxíðhreinsunin 90%. Losun brennisteinstvíoxíðs minnkar úr 17,0 kg/tonn af áli í 1,9 kg/tonn af áli. Flúoríð og rykútblásturinn minnkar einnig ef notaður er vothreinsibúnaður eftir þurrhreinsibúnaðinn.

Öll álver á Norðurlöndum nema Íslandi eru búin vothreinsibúnaði eftir þurrhreinsibúnaðinn. Það eru sjö álver í Noregi og eitt í Svíþjóð með samanlagða álframleiðslu um það bil 1.000.000 tonn af áli eða þriðjung allrar álframleiðslu í aðildarlöndum PARCOM.

Samkvæmt mengunarvarnareglugerð, 25. gr., skal halda loftmengun í lágmarki og allar viðeigandi ráðstafanir gerðar til þess að hamla gegn loftmengun. Skal „beita til þess fullkomnustu tækni sem völ er á að því tilskildu að kostnaðurinn við beitingu tækninnar sé ekki óhóflegur. Heimilt er að beita strangari ákvæðum en í mengunarvarnareglugerð greinir vegna útblásturs frá iðjuverum ef loftmengun á svæði þar sem iðjuver er staðsett er sérstaklega mikil eða ef svæðið á að njóta sérstakrar verndar."

Samkvæmt 26. gr. skal styrkur brennisteinstvíoxíðs og svifryks í lofti ekki vera yfir viðmiðunarmörkum. Skal í starfsleyfi loftmengandi iðjuvera tilgreina í hvaða fjarlægð frá verksmiðjuvegg ákvæði um viðmiðunarmörk skuli uppfyllt (30. gr.).

Það kemur vel í ljós í öllum gögnum um umhverfismat og starfsleyfi álversins á Grundartanga að þar er þegar í dag brennisteinstvíoxíðmengunin yfir viðmiðunarmörkum á stóru svæði þar sem eru mannabústaðir og landbúnaður vegna járnblendiverksmiðjunnar. Viðmiðunarmörkin eru til þess að koma í veg fyrir að mengunin valdi skaða. Þynningarsvæðið ætti að takmarkast við það svæði þar sem iðnaðarstarfsemin fer fram. Svo er ekki á Grundartanga. Útblásturinn frá álverinu eykur óumflýjanlega styrk þeirrar brennisteinstvíoxíðmengunar sem fyrir er á Grundartanga. Það gerir það líka erfiðara að minnka þynningarsvæðið svo að búseta og landbúnaður sé ekki innan þynningarsvæðisins. Niðurstaðan sem verður að draga af þessu er að Grundartangi er óheppileg staðsetning fyrir nýja starfsemi sem getur valdið brennisteinstvíoxíðmengun. Ef álver þrátt fyrir þetta er staðsett á Grundartanga hlýtur að verða að útbúa það ströngustu hreinsitækjum sem völ er á til þess að draga úr brennisteinstvíoxíðmenguninni. Það er ekkert sem rennir rökum undir þá ákvörðun að fullkomnustu tækni sem völ er á sé ekki beitt á Grundartanga eins og kveður á um í mengunarvarnareglugerðinni. Kostnaðurinn er ekki óhóflegur þar sem önnur álver á Norðurlöndum, sem eru í samkeppni við álver á Íslandi og víðar, eru útbúin vothreinsibúnaði.

Ákvörðun PARCOMs er málamiðlun þar sem þau lönd sem vilja minnst ráða mestu. Þess ber að gæta að PARCOM kveður á um hvað telja beri lágmarkskröfur um fullkomnustu tækni, en ef betri tækni er til á að beita henni. Útblástur brennisteinstvíoxíðs frá álverinu í Sundsvall í Svíþjóð (GA Metall), sem byggt var 1985, var 0,7 kg/t ál árið 1995 samanborið við áætlaðan útblástur frá álverinu á Grundartanga, 21,0 kg/t ál.

Brennisteinstvíoxíð getur haft skaðleg áhrif á Íslandi þó að jarðvegur sé basískur. Brennisteinstvíoxíð hefur bein, skaðleg áhrif á gróður og á mannvirki. Ísland hefur skuldbundið sig til að fylgja varúðarreglunni, meðal annars vegna tilskipunar ráðs Evrópubandalagsins nr. 96/61/ESB (samkvæmt EES-samningnum). Ef varúðarreglunni er fylgt er óumflýjanlegt að beita bestu tækni til að minnka útblásturinn af brennisteinstvíoxíði. Ísland hefur ekki tekið þátt í umræðum um brennisteinsmengun á alþjóðavettvangi. Losunin af brennisteinstvíoxíði er 28.000 tonn á ári á Íslandi en í Svíþjóð er losun brennisteinstvíoxíðs 95.000 tonn á ári. Það þýðir 100 kg á hvern Íslending og 11 kg á hvern Svía á ári. Flestöll Evrópulönd hafa samþykkt að minnka brennisteinslosunina um 30 til 80% á tímabilinu frá 1980 til aldamóta. Sum lönd hafa sett styttri tíma til að ná markinu. Losunin reiknuð á íbúa er alla vega ekki rök fyrir því að auka losun brennisteinstvíoxíðs án hreinsiaðgerða.

Umhverfisráðherra hefur látið að því liggja að brennisteinsútblásturinn hefði notagildi fyrir bændur. „Bændur þurfa að nota töluvert af brennisteini vegna þess að þeir segja að hann skorti í okkar jarðveg“ hefur hann sagt í blaðaviðtali. Í handbók bænda 1996 varar Óttar Geirsson við að kaupa ódýran áburð vegna kostnaðar við úrbætur á því sem aflaga fer. „Það er t.d. vitað að ódýrasta köfnunarefnissambandið sem er á áburðarmarkaðnum er brennisteinssamband; brennisteinssúrt ammóníak. Það er því viðbúið að áburður, hvort heldur sem er eingildur köfnunarefnisáburður eða þrígildar áburðarblöndur, þar sem köfnunarefni er í brennisteinssamböndum, verði ódýr. Nú er hins vegar svo að brennisteinsefnissambönd köfnunarefnis sýra jarðveg meira og hraðar en önnur köfnunarefnissambönd og því er hætt við að kalka þyrfti oftar þar sem brennisteinssúrt ammoníak væri notað. Hagnaðurinn af að nota ódýran áburð væri því étinn upp af meiri kalkkostnaði.“ Áburðarframleiðendur í Svíþjóð reka líka áróður fyrir brennisteinsáburði þó að súra regnið sé vandamál hér. Lífrænn búskapur notar ekki brennisteinsáburð. Brennisteinn er fyrir í jarðveginum í nógu magni. Áburðarframleiðendur sem reyna að selja brennistein í áburði (t.d. Hydro Agri í Landskróna) telja að 10 kg á hektara á ári séu hæfileg áburðargjöf. Þau 3.000 tonn af bennisteini sem gert er ráð fyrir að álverið blási út jafngilda 22 kg af brennisteini á hvern hektara af ræktuðu landi á Íslandi. Enginn hyggginn bóndi mundi þó bera allan áburðinn á lítinn skika af túninu. Bóndi norður í Þingeyjarsýslu hefur ekkert gagn af brennisteini sem borinn er á tún suður í Hvalfirði.

Í stuttu máli verður niðurstaðan sú að öll álver á Norðurlöndum — nema Íslandi — eru búin hreinsibúnaði sem minnkar útblástur af brennisteinstvíoxíði um að minnsta kosti 80%. Þessi búnaður verður að teljast besta tækni og getur ekki talist óhæfilega dýr. Þetta ætti þess vegna að vera sá staðall sem mengunarvarnareglugerðin gerir ráð fyrir. Þó svo að álverið í Straumsvík hafi ekki verið útbúið þessum hreinsibúnaði ætti að vera tími til kominn að besta tæknin sé notuð. Það er hægt að draga í efa að útblástur af brennisteini sé hættulaus og jafnvel gagnlegur fyrir íslenska náttúru. Varúðarreglan á að gilda og ef eftir henni er farið í þessu tilfelli á að útbúa álverið á Grundartanga með vothreinsibúnaði til viðbótar þurrhreinsibúnaðinum.

Fskj. 2.

Úrskurðarnefnd samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988.

Föstudaginn 9. maí 1997 kom nefndin saman til fundar á skrifstofu formanns hennar að Lágmúla 7, Reykjavík. Auk formanns Sigurmars K. Albertssonar hrl. sátu fundinn Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, og Ágúst Oddsson heilsugæslulæknir, varamaður Halldórs Jónssonar héraðslæknis, en Halldór baðst undan því að taka þátt í þeim störfum nefndarinnar er varða fyrirhugað álver Norðuráls hf. á Grundartanga.

Tilefni fundarins er að taka til meðferðar og afgreiðslu kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. f.h. Kjósarhrepps til nefndarinnar, dags. 25. mars 1997, en kæran barst til skrifstofu formanns nefndarinnar 1. apríl 1997. Kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. fylgdu afrit af ýmsum bréfaskiptum vegna skipulagsmála í Hvalfirði, bréf Jónatans Sveinssonar hrl. til oddvita Kjósarhrepps vegna afskipta markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar af umhverfismati Grunartangasvæðis, tvö bréf Högna Hanssonar, Landskrona, Svíþjóð, skýrsla umhverfisnefndar Alþingis um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga, svo og starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins ásamt greinargerð frá 11. nóvember 1996 og fylgigögnum.

Í kæru Hróbjarts Jónatanssonar hrl. segir orðrétt: „Kjósarhreppur hefur falið mér að kæra tillögur Hollustuverndar ríkisins, dags. 7. mars 1997, að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga til ofangreindrar úrskurðarnefndar."

Kröfum er skipt í aðal- og varakröfu og er aðalkrafan sú að tillögur stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 7. mars 1997 verði ógiltar og lagt fyrir stjórnina að fresta frekari tillögum til starfsleyfis þar til lögformlega hefur verið staðið að breytingu á skipulagi stóriðnaðarsvæðis á Grundartanga, svo og stjórnsýslumeðferð við framkvæmd umhverfismats vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga.

Til vara er þess krafist að tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 7. mars 1997 verði breytt í fyrsta lagi í samræmi við tillögur Kristínar Einarsdóttur, stjórnarmanns í Hollustuvernd ríkisins, sbr. bréf til umhverfismálaráðherra, dags. 21. febrúar 1997, og í öðru lagi að starfsleyfi verði háð eftirgreindum skilyrðum: að urðun úrgangs verði ekki leyfð í flæðarmáli og að verksmiðjan og tilheyrandi mannvirki verði hulin frá sunnanverðum Hvalfirði eftir því sem kostur er.

Kröfugerðinni fylgir rökstuðningur sem einkum snýr að því að brotið hafi verið gegn grundvallarreglum um hlutlausa og hlutlæga málsmeðferð með stjórnsýsluafgreiðslu á umsókn Columbia Aluminium Corporation um byggingu álvers á Grundartanga. Fullyrt er að tillaga hreppsnefndar Skilmannahrepps og Hvalfjarðarstrandarhrepps að deiliskipulagi fyrir stóriðnaðarsvæði á Grundartanga sem auglýst var með heimild Skipulags ríkisins hafi aldrei fengið lögboðna meðferð samkvæmt skipulagslögum, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar, og fyrir þessum sjónarmiðum færð frekari rök. Fullyrt er að oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps hafi verið vanhæfur til þess að taka þátt í afgreiðslu mála sem vörðuðu fyrirhugað álver á Grundartanga vegna viðskipta sinna með hluta jarðar sinnar Vestra-Kataness í Hvalfjarðarstrandarhreppi en hluti þeirrar jarðar fer undir fyrirhugað álver á Grundartanga. Vísað er til þess að sveitarstjórnir eru umsagnaraðilar um umhverfismat, sbr. lög nr. 63/1993, og þar sem þátttaka oddvita Hvalfjarðarstrandarhrepps í stjórnsýslumeðferð vegna fyrirhugaðs álvers hafi verið ólögmæt séu á framkvæmd og meðferð umhverfismatsins svo veigamiklir ágallar að ekki verði byggt á því óbreyttu við veitingu starfsleyfis undir álver. Einnig er því haldið fram að ekki hafi verið leitað eftir umsögn Kjósarhrepps við meðferð umhverfismats en slíkt hafi verið skylt að lögum.

Þá er nefnt að þáttur iðnaðarráðuneytis sem eiganda að markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar við meðferð á málum Columbia Aluminium Corporation um starfsleyfi sé brot á grundvallarreglum stjórnsýslulaga og þannig rökstutt að markaðsskrifstofan hafi annast framkvæmd og gerð umhverfismatsins og iðnaðarráðuneytið og Stjórnarráð Íslands þannig í sumu gætt hagsmuna Columbia Aluminium Corporation og verið úrskurðaraðili í deilum um umsókn álfyrirtækisins.

Að lokum eru tíundaðir ágallar sem fullyrt er að séu á umhverfismati og m.a. vísað til sjónarmiða Náttúruverndarráðs, Högna Hanssonar líffræðings, Landskrona, Svíþjóð, minni hluta umhverfisnefndar Alþingis, Guðmundar Sigvaldasonar jarðfræðings og Kristínar Einarsdóttur, stjórnarmanns í Hollustuvernd ríkisins, en sjónarmið þeirra eiga að leiða nægjanlega í ljós að umhverfismatið sé algerlega ófullnægjandi grundvöllur fyrir veitingu starfsleyfis fyrir álver á Grundartanga.

Forsaga málsins er sú að í Lögbirtingablaði, með útgáfudegi 6. nóvember 1996, birtist auglýsing frá Hollustuvernd ríkisins um starfsleyfistillögur fyrir álverksmiðju Columbia Ventures Company á Grundartanga. Í auglýsingunni er veittur frestur til 23. desember 1996 til að skila skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögurnar til Hollustuverndar ríkisins. Með auglýsingu í Lögbirtingablaði, með útgáfudegi 20. desember 1996, er þessi skilafrestur framlengdur til 13. janúar 1997.

Í gögnum, sem nefndin hefur aflað sér, kemur fram að fimmtíu og fjórir aðilar gerðu athugasemdir við starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins fyrir fyrirhugað álver á Grundartanga og er Kjósarhreppur einn þeirra. Í athugasemdum Kjósarhrepps sem koma fram í bréfi til Hollustuverndar ríkisins, dags. 12. janúar 1997, koma fram almenn mótmæli við byggingu álvers á Grundartanga, m.a. studd þeim rökum að rekstur stóriðju stríði gegn landbúnaði, ferðamannaþjónustu og útivist í Kjósarhreppi. Ástæða sé til að óttast aukna mengun í lofti og sjó auk þes sem sjónmengun fylgi fyrirhugaðri verksmiðju. Þá eru í athugasemdunum gerðir fyrirvarar við ýmsa kafla í tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga, m.a. um tæknibúnað til mengunarvarna, eftirlit með mengun, stækkun þynningarsvæðis vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, auknar mengunarvarnakröfur, auk fleiri atriða. Hollustuvernd ríkisins virðist hafa haft þann hátt á að gefa hverju erindi númer og er athugasemdum Kjósarhrepps gefið númerið 19. Á sérstökum skrám um athugasemdir sem Hollustuvernd ríkisins tók saman kemur talan 19 fyrir fjórtán sinnum og oft með númerum annarra þeirra sem sendu inn athugasemdir af svipuðum toga og fylgja stutt svör hverri athugasemd. Að öðru leyti virðist stjórn Hollustuverndar ríkisins ekki hafa fjallað um erindi Kjósarhrepps.

Kröfugerð Hróbjarts Jónatanssonar hrl. f.h. Kjósarhrepps, eins og hún kemur fram í kæru hans, dags. 25. apríl 1997, er önnur en þær athugasemdir sem Kjósarhreppur setti fram í bréfi sínu, dags. 12. janúar 1997, til stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Rökstuðningur og önnur sjónarmið sem hér skipta máli eru því eðli máls samkvæmt verulega frábrugðin þeim sem fylgdu athugasemdum Kjósarhrepps 12. janúar 1997. Úrskurðarnefndin lítur því svo á að með kæru frá 25. apríl 1997 sé ekki verið að kæra afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum Kjósarhrepps frá 12. janúar 1997 heldur sé hér um sjálfstætt erindi að ræða.

Í 26. gr. laga nr. 81/1988 er tekið fram að rísi ágreiningur um framkvæmd laganna, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda sé heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa mál-

inu til sérstakrar úrskurðarnefndar. Úrskurðarstigin eru samkvæmt þessu tvö og ljóst að ef hin sérstaka úrskurðarnefnd á að fjalla um mál verður að liggja fyrir úrskurður stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Slíkur úrskurður liggur ekki fyrir í máli þessu.

Hins vegar hefur framhald atburða verið á þann veg að ráðherra umhverfismála hefur með bréfi, dags. 26. mars 1997, gefið út starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga á grundvelli afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997. Starfsleyfið er gefið út samkvæmt ákvæðum 72. gr. reglug. nr. 48/1994 sem væntanlega á sér stoð í 4. mgr. 16. gr. laga nr. 81/1988.

Við útgáfu starfsleyfis er Norðurál hf. aðili að öllum þeim málum þar sem mótmælt er eða gerðar eru aðrar og þá væntanlega auknar kröfur til tillagna þeirra sem Hollustuvernd ríkisins gerði og urðu grundvöllur starfsleyfis þess sem gefið var út af ráðherra umhverfismála 26. mars 1997.

Ákvæði 26. gr. laga nr. 81/1988 fela í sér að verkefni úrskurðarnefndar samkvæmt greininni eru þau ein að taka til endurskoðunar úrskurði stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Hvergi er til þess ætlast að nefndin taki til endurskoðunar ákvarðanir ráðherra umhverfismála, enda fer hann með yfirstjórn mála laga nr. 81/1988 skv. 4. gr. laganna og er raunar æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins að þessu leyti samkvæmt lögum nr. 133/1944. Eins og máli þessu er nú komið hefur ráðherra þegar tekið ákvörðun og gefið út starfsleyfi til Norðuráls hf. til reksturs álvers á Grundartanga. Nefnd skv. 26. gr. laga nr. 81/1988 getur ekki breytt eða hnekkt þeirri ákvörðun og skiptir þá heldur ekki máli að heimilt hafi verið, ef réttra aðferða hefði verið gætt, að vísa ákvörðun stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997 og tillögum hennar að starfsleyfi til úrskurðarnefndarinnar, en starfsleyfi Norðuráls hf., dags. 26. mars 1997, tekur til nánast allra atriða óbreyttra í tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins.

Í samræmi við framansagt verður að vísa máli þessa frá nefndinni.

Úrskurðarorð: Máli Kjósarhrepps er vísað frá úrskurðarnefnd skv. 26. gr. laga nr. 81/1988.

Sigurmar K. Albertsson, formaður.
Ágúst Oddsson.
Gunnar Eydal.

Í fylgiskjali II var álit efnahags- og viðskiptanefndar (18. apríl 1997). (Sjá nefndarálit meiri hluta iðnaðarnefndar, þskj. 1272.)

Fylgiskjal III.

Hollustuvernd ríkisins:

Upplýsingar um losun CO_2/gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju.

(10. apríl 1997.)

Samkvæmt beiðni iðnaðarnefndar tók Hollustuvernd ríkisins eftirfarandi upplýsingar saman. Vinsamlegast athugið að nú er verið að vinna að nýrri stöðuskýrslu fyrir Ísland vegna samningsins um loftslagsbreytingar. Allir útreikningar hafa verið yfirfarnir í samræmi við nýlegar leiðbeiningar frá IPCC (Intergovernmental Panel on Climate Change) og hafa ekki birst opinberlega.

Auk töflunnar hér að neðan eru hjálagðar þrjár töflur sem sýna:

a. losun CO_2 eftir atvinnugreinum í þúsundum tonna frá 1982–2000,
b. hlutfallslega skiptingu CO_2-losunar eftir atvinnugreinum,
c. losun gróðurhúsalofttegunda í heild í þúsundum tonna CO_2-ígilda og losun á óbeinum gróðurhúsalofttegundum;

súlurit sem sýnir losun CO_2 á mann í Evrópulöndum (ath. einungis losun á CO_2 árið 1994); graf sem sýnir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á landinu með og án tilkomu aukinnar stóriðju eftir 1990 og spá til ársins 2025. Ath. að stór hluti aukningarinnar eftir aldamót tengist yfirfærslu frá ósoneyðandi efnum (HCFC) í HFC (vetnisflúorkolefni). Stærsti hlutinn liggur í kælikerfum skipaflotans. Verði yfirfært í aðra kælimiðla, svo sem ammóníak, gengur spáin ekki eftir. Ath. að áhrif vegna losunar lofttegunda sem eru taldar valda gróðurhúsaáhrifum óbeint eru ekki heilduð (þ.e. CO_2, NO_x og NMVOC).

Eftirfarandi tafla gefur til kynna losun frá iðnaðarferlum, þ.e. losun sem verður vegna hráefnisnotkunar (t.d. frá rafskautum ÍJ og ÍSAL, kolum/koksi í ÍJ og notkun skeljasands hjá Sementsverksmiðju). Eldsneytisnotkun fyrirtækjanna fellur undir liðinn „iðnaður" og vegur þar um 20–25% (65–70% losunar undir „iðnaður" má heimfæra á fiskmjölsverksmiðjur).

Stóriðja Iðnaðarferli	Stærð tonn	CO_2 þús.tonn	CO_2 %	FC [2] Tonn	Samtals þús.tonn CO2-ígildi
Losun árið 1995	1995	1995	1995	1995	1995
ÍSAL hf	100.000	151	7	8	208 [1]
Íslenska Járnblendifélagið hf	71.000	238	10		238
Sementsverksmiðjan hf	81.000	36	2		36
Samtals:		425	19	8	482
Staðfest stóriðja (spá)	1998-2000	1998-2000		1998-2000	1998-2000
Stækkun ÍSAL um 60 þ.t.	60.000	90		5	125
Stækkun ÍJ um 40 þ.t.	40.000	135			135
Norðurál hf	60.000	90		5	125
Samtals:		315		5	385
Áformuð stóriðja (spá)	20xx	20xx		20xx	20xx
Stækkun Norðuráls hf	120.000	180		10	250 [1]
Stækkun ÍJ á Grundartanga	40.000	135			135
Álver á Keilisnesi	300.000	450		25	625 [1]
Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi	50.000	380			380
Samtals:		1145		40	1390

1) Flúorkolefni CF4 hefur ígildisstuðulinn 6300 (CO2-ígildi) og C2F6 12500 (CO2-ígildi)
2) Flúorkolefni

Undirritaður hefur ekki undir höndum upplýsingar um mannfjölda eftir starfsgreinum og því var ekki unnt að gefa upplýsingar um CO_2-losun á starf.

Með bestu kveðju,
Einar Pálsson.

Fskj. 1.

Heildarlosun CO_2	1982 CO_2 þús. t.	1983 CO_2 þús. t.	1984 CO_2 þús. t.	1985 CO_2 þús. t.	1986 CO_2 þús. t.	1987 CO_2 þús. t.	1988 CO_2 þús. t.	1989 CO_2 þús. t.	1990 CO_2 þús. t.	1991 CO_2 þús. t.	1992 CO_2 þús. t.	1993 CO_2 þús. t.	1994 CO_2 þús. t.	1995 CO_2 þús. t.	1996 CO_2 þús. t.	1997 CO_2 þús. t.	1998 CO_2 þús. t.	1999 CO_2 þús. t.	2000 CO_2 þús. t.
1 Orka (brennsla og uppgulun)	1444,32	1481,41	1498,18	1497,28	1514,44	1609,46	1780,35	1686,57	1752,47	1706,73	1822,61	1689,22	1851,98	1952,53	1895,50	1901,34	1922,46	1932,73	1996,78
A Eldsneytisbrennsla	1390,32	1397,41	1444,18	1404,28	1461,44	1555,65	1649,55	1634,76	1672,71	1627,95	1752,78	1610,33	1772,60	1773,54	1816,61	1826,45	1842,60	1852,84	1877,01
1 Orka og orkuumbr.	7,31	5,08	2,82	2,82	2,82	3,18	4,45	3,18	4,13	4,45	4,13	3,18	3,18	3,47	3,18	3,18	3,18	3,18	3,18
2 Iðnaður	179,80	187,53	261,58	262,86	253,87	245,67	265,34	241,42	242,90	172,84	234,14	252,72	229,31	212,39	226,61	234,71	233,03	232,48	238,17
3a Flugsamgöngur	22,04	23,11	22,74	26,09	27,82	31,37	29,78	31,13	31,71	30,52	29,55	24,84	22,65	26,53	23,56	23,56	23,56	23,56	23,57
3b Vegasamgöngur	484,95	486,44	504,27	511,73	530,41	577,74	603,39	610,97	629,70	641,76	647,57	662,93	662,48	662,39	667,50	700,00	712,50	724,86	737,75
3b Fiskiskip	539,10	557,52	533,73	481,08	536,63	584,77	613,80	625,95	655,49	675,52	738,75	770,30	759,42	771,77	773,57	776,75	783,00	783,00	786,71
3dx Önnur skip	51,25	50,40	53,20	58,14	61,73	62,86	55,00	60,17	59,40	54,29	55,76	60,25	57,53	37,01	57,74	57,74	57,42	57,42	57,42
4 Verslunarþjónusta	-	-	-	-	-	3,67	4,21	5,89	5,69	6,84	4,92	6,25	-	-	-	-	-	-	-
5 Hushitun	105,87	85,22	65,75	61,96	48,84	44,33	51,04	54,00	42,95	40,16	39,75	37,05	36,19	36,50	32,46	30,88	29,31	27,73	26,15
6 Landbunaður	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
7 Annað	-	-	0,68	0,18	0,13	2,06	2,53	2,04	1,74	1,57	2,23	2,80	1,65	0,49	1,58	1,58	1,58	1,58	1,58
B Lífmassi (utan samt.)	69,23	69,23	69,23	69,23	69,23	64,53	101,64	95,06	95,26	91,48	85,85	77,08	69,69	64,46	61,78	59,86	57,95	57,95	57,95
B Uppgulun	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
1 Olía	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
C Jarðrek	54,00	54,00	54,00	53,00	53,00	53,81	53,81	53,81	78,76	78,76	78,84	78,89	79,08	78,89	78,89	78,89	78,89	78,89	78,89
1 Jarðhitavarkjanir	54,00	54,00	54,00	53,00	53,00	53,81	53,81	53,81	78,76	78,76	78,84	78,89	79,08	78,89	78,89	78,89	78,89	78,89	78,89
D Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
2 Iðnaðarferli	316,59	356,84	404,61	407,30	437,08	404,15	409,51	404,46	390,46	357,33	360,54	408,17	408,78	424,97	422,82	422,82	387,68	525,68	733,96
A Járn og stálnaður	144,32	188,76	230,82	240,51	267,37	212,08	218,31	224,68	203,47	171,08	182,25	230,93	224,95	236,00	236,00	236,00	236,00	272,00	372,35
B Málmnaður	116,14	115,57	123,66	115,20	119,22	136,09	134,18	132,48	136,49	139,26	134,18	136,96	147,97	150,73	150,78	150,78	285,64	330,23	330,23
C Olíuiðnin elnaðnaður	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
D Lífræn elnaðnaður	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
E Sementsnaðnaður	56,13	53,00	50,14	51,59	50,49	55,97	59,02	51,29	50,50	46,99	44,13	38,28	35,86	36,24	33,39	33,39	33,39	33,39	33,39
F Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
3 Leysiefnisnotkun	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
A Málning	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B Afitaun og þurrhreinsun	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
C Efnaframleiðsla/framkölun	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
D Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
4 Landbunaður	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,30	4,42	4,88	4,84	4,88	4,88	4,88	4,88	4,88	4,88
A Innri gerjun	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B Húsdýrargangur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
C Hrísgrónarækt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
D Landbunaðarjarðvegur	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,50	4,30	4,42	4,88	4,84	4,88	4,88	4,88	4,88	4,88	4,88
E Landbunaðarúrgangur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
F Savanna bruni	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
G Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
5 Breyting landnotk. og skógr.	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
A Skógareyðing og brennsla	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B Umbr. grasiendis	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
C Yfirgefið ræktarland	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
D Skógrækt	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
E Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
6 Urgangur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
A Sorphaugar	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
B Frárennsli	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
C Annað	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Millilandanotkun (utan samtölu)	148,68	143,31	195,15	226,83	264,60	307,84	305,90	360,27	318,65	259,64	263,56	293,02	307,10	376,87	338,57	345,04	351,35	363,98	376,60
Samtals (án klmassa og millilands)	1765,41	1812,75	1907,29	1868,08	1956,82	2018,11	2117,37	2101,52	2147,43	2066,36	2197,62	2302,27	2263,32	2382,37	2333,20	2335,04	2465,84	2573,39	2807,54

Heildarlosun CO2 í %	1982 CO_2 %	1983 CO_2 %	1984 CO_2 %	1985 CO_2 %	1986 CO_2 %	1987 CO_2 %	1988 CO_2 %	1989 CO_2 %	1990 CO_2 %	1991 CO_2 %	1992 CO_2 %	1993 CO_2 %	1994 CO_2 %	1995 CO_2 %	1996 CO_2 %	1997 CO_2 %	1998 CO_2 %	1999 CO_2 %	2000 CO_2 %
1 Orka (brennsla og uppgulun)	81,8%	80,1%	78,6%	78,0%	77,4%	79,8%	80,4%	80,3%	81,6%	82,6%	83,0%	82,1%	81,7%	81,2%	81,5%	81,7%	77,4%	75,1%	72,3%
A Eldsneytisbrennsla									64,1%										
1 Orka og orkuumbr.	0,4%	0,3%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,2%	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
2 Iðnaður	10,2%	10,4%	13,7%	14,1%	13,0%	12,2%	13,5%	11,5%	11,3%	8,4%	10,7%	11,0%	10,1%	9,3%	10,2%	10,1%	9,4%	9,0%	8,6%
3a Flugsamgöngur	1,2%	1,3%	1,2%	1,4%	1,4%	1,6%	1,4%	1,5%	1,5%	1,5%	1,3%	1,1%	1,0%	1,2%	1,0%	1,0%	0,9%	0,9%	0,9%
3b Vegasamgöngur	27,5%	26,9%	26,4%	27,4%	27,1%	28,5%	28,5%	29,1%	29,3%	31,0%	29,5%	28,4%	29,2%	29,9%	29,6%	30,0%	28,7%	28,2%	27,3%
3b Fiskiskip	30,5%	30,8%	28,0%	25,7%	27,4%	29,0%	29,0%	29,8%	30,5%	32,7%	33,7%	33,5%	33,5%	33,8%	33,3%	33,3%	31,5%	30,4%	29,5%
3dx Önnur skip	2,9%	2,8%	2,8%	3,1%	2,8%	3,1%	2,6%	2,9%	2,8%	2,6%	2,5%	2,6%	2,5%	1,9%	2,5%	2,5%	2,3%	2,2%	2,1%
4 Verslunarþjónusta	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%	0,3%	0,2%	0,3%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
5 Hushitun	6,0%	4,7%	3,4%	3,3%	2,5%	2,2%	2,4%	2,6%	2,0%	1,9%	1,8%	1,6%	1,6%	1,5%	1,4%	1,3%	1,2%	1,1%	1,0%
6 Landbunaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
7 Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
B Lífmassi (utan samt.)	3,9%	3,8%	3,6%	3,7%	3,5%	4,2%	4,8%	4,5%	4,4%	4,4%	3,9%	3,3%	3,1%	2,8%	2,7%	2,6%	2,3%	2,3%	2,1%
B Uppgulun																			
1 Olía	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Jarðrek	3,1%	3,0%	2,8%	2,8%	2,7%	2,7%	2,5%	2,6%	3,7%	3,8%	3,6%	3,4%	3,5%	3,3%	3,4%	3,4%	3,2%	3,1%	2,9%
1 Jarðhitavarkjanir	3,1%	3,0%	2,8%	2,8%	2,7%	2,7%	2,5%	2,6%	3,7%	3,8%	3,6%	3,4%	3,5%	3,3%	3,4%	3,4%	3,2%	3,1%	2,9%
D Annað																			
2 Iðnaðarferli	17,9%	18,7%	21,2%	21,8%	22,3%	20,0%	19,3%	19,4%	18,2%	17,3%	16,4%	17,7%	18,0%	18,6%	18,2%	18,1%	22,4%	24,7%	27,5%
A Járn og stálnaður	8,2%	10,4%	12,1%	12,9%	13,7%	10,5%	10,3%	10,7%	9,5%	8,3%	8,3%	10,0%	9,9%	10,4%	10,3%	10,2%	9,6%	10,6%	13,8%
B Málmnaður	6,6%	6,4%	6,5%	6,2%	6,1%	6,7%	6,3%	6,3%	6,4%	6,7%	6,1%	6,0%	6,5%	6,6%	6,5%	6,5%	11,5%	12,8%	12,2%
C Olíuiðnin elnaðnaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Lífræn elnaðnaður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E Sementsnaðnaður	3,2%	2,9%	2,6%	2,8%	2,6%	2,8%	2,8%	2,4%	2,4%	2,3%	2,0%	1,7%	1,6%	1,6%	1,4%	1,4%	1,3%	1,3%	1,2%
F Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
3 Leysiefnisnotkun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Málning	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Afitaun og þurrhreinsun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Efnaframleiðsla/framkölun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
4 Landbunaður	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
A Innri gerjun	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Húsdýrargangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Hrísgrónarækt	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Landbunaðarjarðvegur	0,3%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%
E Landbunaðarúrgangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
F Savanna bruni	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
G Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
5 Breyting landnotk. og skógr.	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Skógareyðing og brennsla	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Umbr. grasiendis	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Yfirgefið ræktarland	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
D Skógrækt	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
E Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
6 Urgangur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
A Sorphaugar	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
B Frárennsli	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
C Annað	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Millilandanotkun (utan samtölu)	8,4%	7,9%	10,2%	12,1%	13,5%	15,2%	14,4%	17,1%	14,8%	12,6%	12,0%	12,7%	13,6%	15,8%	14,4%	14,8%	14,1%	14,1%	14,0%
Samtals (án klmassa og millilands)	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00

Heildarlosun GHL í CO2 igildum	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
CO2	1765,41	1812,75	1907,29	1868,08	1956,82	2018,11	2117,37	2101,52	2147,43	2066,36	2197,62	2302,27	2263,32	2382,37	2333,20	2335,04	2465,84	2573,39	2807,54
CH4	186,88	188,41	184,32	185,14	188,79	186,13	183,26	182,97	184,25	182,49	180,86	180,38	181,87	180,67	181,67	181,87	146,06	147,31	148,32
N2O	77,83	76,87	78,52	127,11	126,68	125,28	122,38	124,86	127,68	122,37	114,98	117,37	117,64	122,49	120,84	131,36	131,76	141,34	141,86
HFC	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0,07	1,06	3,12	25,61	26,61	33,36	36,15	42,82	47,86
FC	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	419,06	330,16	303,97	249,14	109,87	53,48	41,03	57,06	57,06	57,06	107,46	133,76	122,70
Hæsti samtals	2428,16	2486,88	2587,19	2599,38	2691,35	2717,68	2812,07	2809,62	2763,74	2592,56	2573,21	2625,05	2578,06	2634,64	2690,38	2707,37	2909,36	3029,57	3159,31

Heildarlosun óbeinnar GHL	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
Útreiknir NOx	21,24	21,77	21,69	20,55	22,27	23,96	24,82	26,31	26,27	26,75	28,44	29,34	29,20	28,41	28,74	28,97	28,32	27,26	27,66
Útreiknir NMVOC	7,74	7,56	7,73	7,95	8,44	11,95	12,87	12,56	12,78	14,37	14,11	13,59	14,19	12,98	12,38	10,37	10,56	7,99	7,97
Útreiknir CO	44,16	43,16	44,13	45,46	48,18	53,56	57,13	57,01	54,16	59,20	60,65	59,91	60,30	48,48	50,65	39,73	40,72	26,23	26,77
Útreiknir SF6																			

Heildarlosun GHL	1982 þús.t.	1983 þús.t.	1984 þús.t.	1985 þús.t.	1986 þús.t.	1987 þús.t.	1988 þús.t.	1989 þús.t.	1990 þús.t.	1991 þús.t.	1992 þús.t.	1993 þús.t.	1994 þús.t.	1995 þús.t.	1996 þús.t.	1997 þús.t.	1998 þús.t.	1999 þús.t.	2000 þús.t.
CO2	1765,41	1812,75	1907,29	1868,08	1956,82	2018,11	2117,37	2101,52	2147,43	2066,36	2197,62	2302,27	2263,32	2382,37	2333,20	2335,04	2465,84	2573,39	2807,54
CH4	13,19	14,58	14,84	15,91	14,62	14,10	13,83	13,91	14,02	13,96	13,66	13,67	13,62	13,62	13,79	13,73	13,33	13,39	13,66
N2O	0,25	0,25	0,25	0,41	0,41	0,40	0,39	0,40	0,41	0,40	0,37	0,38	0,38	0,39	0,42	0,42	0,43	0,46	0,46
HFC-134a	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	0,0004	0,0012	0,0024	0,0031	0,0036	0,0042	0,0048	0,0054	0,0060
HFC-125														0,0039	0,0044	0,0052	0,0060	0,0068	0,0074
HFC-152a														0,0000	0,0010	0,0011	0,0013	0,0015	0,0016
HFC-143a														0,0035	0,0038	0,0045	0,0048	0,0055	0,0060
FC	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,03	0,04	0,04	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,02	0,02	0,02

Fskj. 2.


Samanburður við Evrópu
tonn CO_2 á íbúa
25
20
15
10
5
0
Austurríki
Belgía
Danmörk
Finland
Frakkland
Grikkland
Irland
Island
Italía
Liechtenstein
Luxemburg
Holland
Noregur
Portúgal
Spánn
Svipjóð
Sviss
Bretland
Þýskaland

Fskj. 3.


Útstreymi gróðurhúsalofttegunda
4900
4400
3900
3400
2900
2400
þús. tonn CO2-ígildi
1982 1984 1986 1988 1990 1992 1994 1996 1998 2000 2002 2004 2006 2008 2010 2012 2014 2016 2018 2020 2022 2024
Útstreymi með stóriðjuáformum
þ.e. Ísal er komið í 160 þ.t., Íf í 150 þ.t.,
Norðurál í 180 þ.t. og með 50 þ.t. Mg-vksm.
Athl án álvers á Keilisnesi
Útstreymi með „staðfestri" stóriðju
þ.e. stækkun Ísal um 60 þ.t.,
Íf um 40 þ.t. og Norðuráls í 60 þ.t.
Útstreymi á.t.t. aukinnar stóriðju eftir 1990
Spá
4572
3815
3440
3159
2733
2785

Fylgiskjal IV.

Seðlabanki Íslands,
alþjóðasvið:

Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs.
(12. apríl 1997.)

Bandarísku matsfyrirtækin Moody's Investors Service og Standard & Poor's Corp. tilkynntu bæði á árinu 1996 hækkun á alþjóðlegu lánshæfismati á ríkissjóði. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi tvö fyrirtæki breyta lánshæfiseinkunnum Íslands frá því að þau gáfu ríkissjóði fyrst einkunn árið 1989. Auk þess gaf Standard & Poor's skuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánshæfiseinkunn í fyrsta sinn. Seðlabankinn annast reglubundin samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki fyrir hönd ríkissjóðs og annast alþjóðasvið bankans framkvæmdina.

Þróun í fjármálaviðskiptum hefur aukið þörf á hlutlægu mati á lánshæfi lántakenda, fyrirtækja jafnt sem opinberra aðila. Á alþjóðlegum vettvangi kveður mest að bandarísku fyrirtækjunum Moody's og Standard & Poor's. Reynslan sýnir að lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur mjög greitt fyrir aðilum sem leita eftir lántöku á alþjóðlegum markaði. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja þegar þau taka ákvarðanir um vexti og önnur lánskjör. Margir stofnanafjárfestar hafa sett sér reglur um lánshæfismat sem grundvöll fjárfestinga og kaupa þá t.d. skuldabréf því aðeins að fullnægt sé lágmarksskilyrðum um lánshæfiseinkunn.

1. Lánshæfiseinkunnir fyrir langtímalán

Langtímamat bandarísku matsfyrirtækjanna tveggja fyrir ríkissjóð hefur verið sambærilegt og skipar honum í hóp traustra lántakenda. Moody's gefur skuldbindingum Íslands til langs tíma einkunnina A1, en Standard & Poor's gefur langtímaeinkunnina A+, og eru þetta hæstu einkunnir innan A-einkunnaflokks fyrirtækjanna. Hærri einkunnaflokkar eru táknaðir með AA og AAA, og er síðarnefnda einkunnin hæsta einkunn sem veitt er. Fyrrgreint mat fyrirtækjanna á lánshæfi ríkissjóðs gefur til kynna sterka getu til að greiða vexti og endurgreiða höfuðstól. Sú geta er þó talin fremur undirorpin breytilegum ytri skilyrðum en á við um lántakendur í hærri einkunnaflokkunum tveimur. Skuldabréf með lánshæfiseinkunnir þær sem hér hafa verið nefndar, þ.e. AAA, AA og A, mynda ásamt með bréfum með einkunnina BBB fjárfestingarflokk skuldabréfa. Bréf með lakari lánshæfiseinkunnir en hér hafa verið greindar teljast undirorpin mikilli áhættu.

2. Einkunnir fyrir skammtímalán

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á evrópumarkaði hefur frá árinu 1989 verið studd mati fyrirtækjanna tveggja. Hefur mat þeirra á útgáfunni haldist óbreytt frá upphafi þar til Standard & Poor's tilkynnti hækkun á lánhæfi Íslands í mars 1996 úr A-1 í A-1+. Það er hæsti einkunnaflokkur fyrirtækisins fyrir skammtímalán og skipar henni á bekk með afburðasterkum útgáfum. Moody's gefur víxlaútgáfu ríkissjóðs á evrópumarkaði jafnframt hæstu einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar og er hún táknuð með P-1. Hefur hátt lánshæfismat án efa átt þátt í að tryggja hin hagstæðu kjör sem ríkissjóður nýtur á víxlum þessum og stuðlaði hækkun lánshæfiseinkunnar frá Standard & Poor's á síðasta ári að töluverðri fjölgun kaupenda á víxlum ríkissjóðs.

Tafla 6. Alþjóðlegar lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs

	Moody's	Standard & Poor's
Langtímalán í innlendri mynt	-	AA+
Skammtímalán í erlendri mynt	P-1	A-1+
Langtímalán í erlendri mynt	A1	A+
Horfur	jákvæðar	stöðugar

3. Nýjar lánshæfiseinkunnir á árinu 1996

Hækkun lánshæfiseinkunnar af hálfu Standard & Poor's

Sendinefnd á vegum Standard & Poor's kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í nóvember 1995. Í kjölfar þess tilkynnti Standard & Poor's hinn 15. mars 1996 að fyrirtækið hefði hækkað mat sitt á lánshæfi Íslands. Fyrirtækið hækkaði einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum úr A í A+. Einkunn á skammtímaskuldbindingum var hækkuð úr A-1 í A-1+, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið gefur fyrir skammtímalán. Standard & Poor's tilkynnti jafnframt að fyrirtækið hefði ákveðið að gefa langtímaskuldbindingum ríkissjóðs í innlendri mynt lánshæfiseinkunn. Er Íslandi gefin einkunnin AA+ í þessu sambandi. Einkunnin er gefin að frumkvæði Standard & Poor's án þess að sérstaklega hafi verið farið fram á hana af hálfu íslenskra stjórnvalda, rétt eins og þegar langtímaeinkunn varðandi skuldbindingar í erlendri mynt var fyrst gefin út.

Standard & Poor's rökstyður hækkun á lánshæfismati á þann veg að hún sé til marks um bætta hagstjórn, og hún dragi úr því, ásamt styrkri stjórn á auðlindum sjávar, hversu viðkvæmur þjóðarbúskapurinn er annars fyrir ytri áföllum. Aukinn sveigjanleiki í ríkisfjármálum og peningamálum ætti að draga úr háu hlutfalli erlendra skulda opinberra aðila og um leið leggja grunn að stöðugri hagvexti í framtíðinni. Hærri lánshæfiseinkunn fyrir innlendar skuldbindingar en erlendar er studd af mikilli getu til

að greiða af lánum í krónum vegna stjórnar á innlendu fjármálakerfi og tiltölulega hóflegs skuldahlutfalls ríkisins í heild. Innlenda einkunnin endurspeglar jafnframt tekjuöflunargetu ríkisins og lága verðbólgu.

Lánshæfiseinkunnir Standard & Poor's eru ennfremur rökstuddar með óskoruðum þjóðfélagslegum og pólitískum stöðugleika á Íslandi, efnahagslegum styrk, mannauði, háum þjóðartekjum á mann og lágri verðbólgu í alþjóðlegum samanburði. Standard & Poor's tekur fram að lánshæfiseinkunnum Íslands séu settar skorður vegna viðkvæmrar stöðu landsins út á við sem lýsir sér annars vegar í hærra hlutfalli erlendra skulda en að meðaltali fyrir ríki með svipaðar lánshæfiseinkunnir og hins vegar í háu hlutfalli sjávarafurða í vöruútflutningi. Þá telur fyrirtækið víðtæka þátttöku hins opinbera í efnahagslífinu, einkum í fjármálakerfinu, takmarka lánshæfi ríkissjóðs.

Hækkun lánshæfiseinkunnar af hálfu Moody's

Sendinefnd á vegum bandarísku matsfyrirtækisins Moody's Investors Service kom til Íslands til viðræðna við fulltrúa íslenskra stjórnvalda í janúar 1996. Í framhaldi af því tilkynnti Moody's hinn 10. apríl að ákveðið hefði verið að endurskoða lánshæfismat Íslands með hugsanlega hækkun fyrir augum vegna framfara í íslensku efnahagslífi. Myndi endurskoðun fyrirtækisins einkum beinast að stefnu stjórnvalda við að eyða halla á búskap hins opinbera sem og öðrum þáttum efnahagsstefnunnar sem bætt geta skilyrði þjóðarinnar til að standa af sér hugsanleg efnahagsáföll í framtíðinni.

Fulltrúar Moody's komu hingað til lands á ný í júní 1996, og hinn 24. júní tilkynnti fyrirtækið að það hefði ákveðið að hækka mat sitt á lánshæfi Íslands. Hækkaði fyrirtækið einkunn á erlendum langtímaskuldbindingum um eitt stig eða í A1 úr A2. Moody's gefur skammtímalánum ríkissjóðs einkunnina P-1, en það er hæsta einkunn sem fyrirtækið veitir slíkum skuldbindingum.

Rökstuðningur Moody's fyrir hækkun á lánshæfiseinkunn Íslands byggist á því að skipulagsbreytingar íslenskra stjórnvalda í efnahagslífinu á tíunda áratugnum hafi skilað eftirtektarverðum árangri og aukið jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Efnahagslífið einkennist nú af litlum halla í rekstri hins opinbera, lágri verðbólgu, stöðugu raungengi og frjálsum vöru- og fjármagnsviðskiptum. Atvinnuleysi fari lækkandi þótt það sé þegar lágt á alþjóðlegan mælikvarða. Aukin markaðsstarfsemi einkenni efnahagslífið og m.a. nýlega í opinbera geiranum. Aukins frjálsræðis gæti sérlega í fjármálalífinu. Þjóðarbúskapur Íslendinga sé mjög háður fiskveiðum, en líklegt sé að endurbætur á fiskveiðistjórn og aukinn fjölbreytileiki dragi úr áhrifum sveiflna í greininni í framtíðinni.

Moody's bendir á að stöðugleikinn á Íslandi og mikið framboð af ódýrri orku hafi vakið athygli erlendra fjárfesta. Ein stórframkvæmd fjármögnuð af erlendum aðilum sé þegar í gangi, þ.e. stækkun álversins í Straumsvík, og stuðli hún ásamt tiltölulega kröftugri innlendri eftirspurn að góðum hagvexti fram til 1998. Þessi hagstæðu skilyrði veiti stjórnvöldum færi á að eyða ríkishallanum. Erlendar skuldir í hlutfalli við landsframleiðslu og útflutning hafi lækkað að mun frá árinu 1994 vegna uppgangs í efnahagslífinu og endurgreiðslu erlendra lána af hálfu einkageirans. Takist stjórnvöldum að ná metnaðarfullum markmiðum sínum í ríkisfjármálum er líklegt að þessi hagstæða þróun haldi áfram.

Moody's leggur á það áherslu að vænta megi mikils hagvaxtar á Íslandi á næstu árum í ljósi aukinna umsvifa í fiskveiðum og erlendra stórfjárfestinga. Til að afstýra verðþenslu þurfi stjórnvöld að hafa hemil á hækkun raunlauna og aukningu útlána. Halda þurfi raungengi stöðugu, halda viðskiptajöfnuði í því horfi að ekki leiði til skuldaaukningar og ná jöfnuði eða afgangi í ríkisfjármálum til að geta lækkað skuldir sem safnast hafa á erfiðleikaárum. Eftir að hafa komið á jafnvægi í þjóðarbúskapnum á sama tíma og miklir erfiðleikar hafa dunið yfir aðalatvinnuveg þjóðarinnar blasi það verkefni við íslenskum stjórnvöldum að afstýra því að sveifluvandi fyrri ára endurtaki sig.

Horfur um lánshæfiseinkunn Moody's

Moody's Investors Service tók snemma árs 1997 upp þá nýbreytni að birta stuttar athugasemdir um horfur á hugsanlegum breytingum á lánshæfiseinkunnum. Í frétt fyrirtækisins sem gefin var út í Lundúnum 7. mars 1997 kemur fram að ætlunin sé að draga fram mat fyrirtækisins á hugsanlegum áhrifaþáttum lánshæfiseinkunna 18-24 mánuði fram í tímann. Til þessa hefur Moody's birt lánshæfiseinkunnir ríkja án þess að tilgreina horfur um líklegar breytingar á komandi tíð.

Í frétt Moody's kemur fram um lánshæfiseinkunn Íslands að horfur um hana séu jákvæðar. Í stuttri umsögn fyrirtækisins segir að tekist hafi að draga úr skuldum hins opinbera með virkum aðgerðum á sviði hagstjórnar og fyrir áhrif bættra efnahagslegra skilyrða í þjóðarbúskapnum.

1. tafla Lánshæfiseinkunnir til langs tíma

Einkunnir í fjárfestingarflokki				Einkunnir í spákaupmennskuflokki		
S&P og aðrir	Moody's	Merking einkunnar		S&P og aðrir	Moody's	Merking einkunnar
AAA	Aaa	Hæsta einkunn, afburðagóð bréf		BB+ BB BB-	Ba1 Ba2 Ba3	Greiðslur líklegar, en óvissar
AA+ AA AA-	Aa1 Aa2 Aa3	Há einkunn, mjög góð bréf		B+ B B-	B1 B2 B3	Mikil áhætta
A+ A A-	A1 A2 A3	Einkunn í góðu meðallagi, mikil greiðslugeta		CCC+ CCC CCC-	Caa	Yfirvofandi hætta á vanskilum eða í vansk.
BBB+ BBB BBB-	Baa1 Baa2 Baa3	Miðlungseinkunn, viðunandi greiðslugeta		C D	Ca D	Komið í gjaldþrot eða vanskil

Skýring: Lánshæfiseinkunnir falla í tvo meginflokka, fjárfestingarflokk (e. investment grade) og spákaupmennskuflokk (e. speculative grade). Tvö helstu matsfyrirtækin nota eilítið mismunandi einkunnakerfi, en á milli þeirra ríkir samsvörun eins og sýnt er í töflunni.

2. tafla Lánshæfismat nokkurra ríkja

Land	Moody´s	Standard & Poor´s
Austurríki	Aaa	AAA
Belgía	Aa1	AA+
Bretland	Aaa	AAA
Danmörk	Aa1	AA+
Finnland	Aa1	AA
Frakkland	Aaa	AAA
Grikkland	Baa1	BBB-
Holland	Aaa	AAA
Ísland	**A1**	**A+**
Írland	Aa1	AA
Ítalía	Aa3	AA
Kína	A3	BBB
Kórea	A1	AA-
Kýpur	A2	AA-
Lúxemborg	Aaa	AAA
Mexíkó	Ba2	BB
Noregur	Aa1	AAA
Pólland	Baa3	BBB-
Portúgal	AA3	AA-
Rússland	Ba2	BB-
Spánn	Aa2	AA
Svíþjóð	Aa3	AA+
Sviss	Aaa	AAA
Tékkland	Baa1	A
Tyrkland	B1	B
Ungverjaland	Baa3	BBB-
Þýskaland	Aaa	AAA

Heimild: Bloomberg

Fylgiskjal V.

Þjóðhagsstofnun:

Stóriðja og efnahagshorfur.
(15. apríl 1997.)

Í framhaldi af fundi í gær um áhrif Norðuráls og stækkunar á verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á efnahagslífið fylgir hér með yfirlit um þjóðhagslegan sparnað í aðildarríkjum OECD sem hlutfall af landsframleiðslu. Þar kemur fram að sparnaðurinn er minni hér á landi á árinu 1995 en í öllum öðrum OECD ríkjum að Bretlandi undanskildu. Sparnaðurinn jókst á árunum 1993 og 1994 en frá þeim tíma hefur hann farið lækkandi. Á þessu ári stefnir umrætt sparnaðarhlutfall í 15,3%. Til þess að stuðla að viðunandi jafnvægi á viðskiptajöfnuði þegar til lengri tíma er litið væri æskilegt að auka þjóðhagslegan sparnað hér á landi með það fyrir augum að hlutfall hans af landsframleiðslu færi í áföngum í 17-18% að lágmarki.

Eins og fram kom á fundinum birtir Þjóðhagsstofnun ritið *Þjóðarbúskapurinn* í dag eða á morgun. Þar er fjallað um efnahagshorfur í ljósi stóriðjuáforma og nýgerðra kjarasamninga. Mikilvægasta breytingin frá fyrri greinargerðum stofnunarinnar um þetta efni felst í því að þjóðarútgjöldin eru talin aukast meira en áður var gert ráð fyrir vegna kjarasamninganna og skattaráðstafana í tengslum við þá. Fyrir vikið er viðskiptahalli og verðbólga meiri en í fyrri áætlunum.

Þjóðhagslegur sparnaður

Hlutfall af landsframleiðslu

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Bandaríkin	16,1	16,6	16,6	15,6	15,7	14,6	14,9	16,2	15,9
Japan	32,5	33,4	33,6	33,6	34,5	33,8	32,7	31,4	30,8
Þýskaland	22,1	22,9	24,3	24,1	22,4	21,9	20,5	21,2	21,4
Frakkland	20,0	21,1	21,8	21,5	21,0	19,8	18,2	19,0	19,7
Ítalía	20,9	20,7	20,0	19,5	18,5	17,1	17,9	18,6	20,5
Bretland	16,0	15,5	15,4	14,4	13,6	12,8	12,5	13,5	13,9
Kanada	19,0	20,6	19,4	16,4	14,3	13,2	13,7	15,4	17,1
Austurríki	23,8	24,5	25,2	26,3	26,0	25,3	24,3	25,3	24,9
Ástralía	20,9	22,3	20,7	17,7	15,5	15,7	16,9	16,7	16,9
Belgía	17,2	19,5	20,9	21,1	20,6	20,9	21,5	21,7	22,6
Danmörk	16,1	16,6	16,9	17,8	17,5	17,7	17,1	16,5	17,8
Finnland	22,1	24,0	24,8	23,0	15,1	12,1	13,0	17,0	19,7
Grikkland	14,5	17,3	15,9	13,8	15,2	15,3	15,5	15,7	
Holland	22,6	24,2	26,1	26,0	24,8	23,7	23,4	24,5	24,6
Írland	16,3	15,9	16,7	20,1	20,8	18,2	19,1	17,4	19,5
Ísland	15,2	15,0	15,0	15,8	14,2	14,3	15,8	17,1	15,8
Mexíkó	24,5	21,3	20,3	20,3	18,7	16,6	15,1	15,0	19,5
Noregur	23,4	22,7	24,6	24,1	23,6	21,0	21,9		
Nýja-Sjáland	17,9	17,8	15,6	14,0	13,7	16,4	18,6	18,3	18,4
Portúgal	27,8	26,6	27,3	25,9	22,7	21,4	20,3	20,6	21,6
Spánn	21,6	22,6	21,9	21,7	21,0	19,0	18,9	18,7	21,5
Sviss	31,7	32,8	33,7	33,1	31,6	29,7	29,6	29,2	30,1
Svíþjóð	18,2	18,8	19,2	17,7	15,8	13,4	11,9	13,6	16,6
Tyrkland	24,3	28,9	26,4	21,5	17,7	18,5	18,7	18,9	19,7
OECD samtals	20,8	21,4	21,4	20,7	20,2	19,2			
ESB	20,2	20,8	21,2	20,8	19,7	18,7			

Heimild: OECD.

Fylgiskjal VI.

Landsvirkjun:

Aðferðafræði Landsvirkjunar við útreikning á orkuverði til stóriðju.
(23. janúar 1997.)

Til þess að reikna kostnaðarverð orku til almenningsveitna byggir Landsvirkjun áætlanir sínar um orkuþörf þeirra á samræmdri raforkuspá fyrir landið í heild.

Til að mæta þessari orkuþörf er fundin ódýrasta virkjunarleið sem völ er á og orkuöflunarkostnaður reiknaður út frá því. Verðlagning á raforku til almennings er síðan ákveðin út frá þessu.

Þegar orkuöflunarkostnaður vegna stóriðju er reiknaður út eru orkuþarfir slíkra aðila lagðar ofan á orkuþarfir almennings og ódýrasta virkjunarleið fundin fyrir sameiginlegar orkuþarfir beggja.

Kostnaðarmunur á þessari virkjunarleið og þeirri þegar eingöngu er virkjað fyrir almenning er síðan fundinn, þ.e. kostnaðurinn sem hlýst af fjárfestingarflýtingunni, og verður stóriðjan að standa a.m.k. undir þeim kostnaði til þess að tryggt sé að almenningur þurfi ekki að greiða meir en ella.

Landsvirkjun reiknar því út kostnaðinn fyrir fjárfestingarflýtinguna fyrir hvern stóriðjuaðila fyrir sig og raforkuverð sem samið er um verður að nægja til þess að greiða hann ásamt hæfilegu álagi vegna varúðar- og hagnaðarsjónarmiða.

Fylgiskjal VII.

KRÖFUGERÐ SAMTAKANNA ÓSPILLT LAND Í HVALFIRÐI (SÓL)

Aðalkrafa Samtakanna óspillt land (SÓL) í Hvalfirði er að: **iðnaðarnefnd Alþingis leggist gegn því að fyrirhugað álver rísi á Grundartanga.**

Til vara krefst SÓL í Hvalfirði eftirfarandi:

1. Að tryggðar verði bestu fáanlegar mengunarvarnir fyrir álver sem rísi á Íslandi og gerðar verði sambærilegar kröfur um mengunarvarnir og gert er í Svíþjóð. SÓL skora því á iðnaðarnefnd að krefjast vothreinsibúnaðar við fyrirhugaða álverksmiðju.
2. Iðnaðarnefnd setji það skilyrði fyrir væntanlegri smningsgerð að mat á umhverfisáhrifum verði unnið að nýju þar sem ákvæði 1. og 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hafi ekki verið uppfyllt í fyrirliggjandi mati.
3. Iðnaðarnefnd tryggi að allar forsendur fyrir rekstri álverksmiðju hér á landi séu byggðar á vísindalegum niðurstöðum rannsókna á umhverfi, náttúrufari og samfélagi í samræmi við gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum.
4. Iðnaðarnefnd taki mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í umhverfismálum í störfum sínum og stefni ekki ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi í voða með ábyrgðarleysi. Íslendingar verða að taka fulla ábyrgð á umhverfi sínu í alþjóðlegu tilliti sem ein af ríkustu þjóðum heims.

Landsvirkjun:

Virkjunarframkvæmdir vegna Columbia Ventures Corporation og þriðja ofns járnblendiverksmiðju

Framkvæmd	Orkugeta GWst/ári
Stækkun Kröfluvirkjunar	120
Aflaukning Búrfellsvirkjunar	85
Bygging Hágöngumiðlunar	200
Bygging Sultartangavirkjunar	880
Hækkun Laxárstíflu	40

ORKUJÖFNUÐUR

Álver CVC 60.000 t 1998-1999 (930 GWh/ári)
3. ofn járnblendiverksmiðju 1999 (450 GWh/ári)



1309. Breytingartillögur [445. mál]

við frv. til l. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Frá Svavari Gestssyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

1. Við 2. gr. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Óski eigandi fyrirtækisins eftir frekari stækkun, umfram 60.000 tonna ársframleiðslu, skal leggja viðbótarsamningsdrög fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein með fyrirsögninni *Mengunarvarnir*, svohljóðandi:
   Álverið skal búið besta fáanlegum mengunarvarnabúnaði á hverjum tíma. Við stofnun fyrirtækisins skal það búið vothreinsibúnaði.

1310. Breytingartillögur [260. mál]

við brtt. á þskj. 1191 [Réttindi sjúklinga].

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur, Össuri Skarphéðinssyni og Margréti Frímannsdóttur.

1. Við 10. lið. A-liður orðist svo:
   1. mgr. orðist svo:
   Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að biðtími eftir aðgerð verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.
2. Við 18. lið. Liðurinn orðist svo:
   Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.
   Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.
   Sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er. Foreldrar eða nánir vandamenn sjúkra barna skulu eiga sama rétt og sjúklingur til greiðslu ferðakostnaðar vegna heimsókna á sjúkrahús, enda sé heimsóknin liður í umönnun barns. Þá er heimilt að greiða dagpeninga til foreldra eða náinna vandamanna sem þurfa að dvelja fjarri heimili sínu vegna veru sjúkra barna á sjúkrahúsi eða vegna læknismeðferðar á meðan á dvölinni stendur.
   Systkini og vinir mega eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun. Ferðakostnaður vegna heimsókna systkina skal greiddur a.m.k. einu sinni í mánuði.
   Í kjölfar þess að alvarlegur sjúkdómur greinist hjá barni skal barnið, foreldrar þess eða nánir vandamenn eiga kost á félagslegum og andlegum stuðningi sérþjálfaðs áfallahóps á vegum barnadeilda sjúkrahúsa. Þá skulu foreldrar eða nánustu vandamenn sjúkra barna eiga aðgang að félagslegri aðstoð vegna þeirra útgjalda sem langvarandi sjúkdómur og meðferð hjá sjúku barni hefur í för með sér fyrir fjölskyldu þess.

Sjúk börn á skólaskyldaldri skulu fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi. Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnun skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

3. Við 20. lið. Efnismálsgrein orðist svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá skal ráðherra setja sérstakar reglur um úrræði fyrir sjúklinga vegna meintra læknamistaka, óháð því hvort sönnuð verði sök eða ekki. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1311. Skýrsla [619. mál]

félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Í 6. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, segir að félagsmálaráðherra skuli hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan skyldi lögð fram vorið 1995 en sú síðasta vorið 2001. Hér á eftir birtist þriðja skýrsla verkefnisstjórnarinnar.

Skýrsla verkefnisstjórnar reynslusveitarfélaga um framkvæmd verkefnisins á árinu 1996.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum verkefnisstjórnar til félagsmálaráðherra sóttu þau 12 reynslusveitarfélög sem félagsmálaráðherra valdi á árinu 1994 um fjölmörg verkefni, eða alls 56.

Meðferð umsókna reynslusveitarfélaga um tilraunaverkefni tók af ýmsum ástæðum lengri tíma en áætlað var í upphafi. Verkefnisstjórn hefur, m.a. með hliðsjón af því að lög um reynslusveitarfélög gilda aðeins til aldamóta, talið nauðsynlegt að hraða meðferð umsókna reynslusveitarfélaga um tilraunaverkefni þannig að sem fyrst fáist niðurstaða af eða á um umsóknir. Af hálfu verkefnisstjórnarinnar var því lögð áhersla á að fá endanlega niðurstöðu fyrir áramótin 1996–97 um það hvort einstök verkefni næðu fram. Að því er snerti þau verkefni sem enn var óvissa um í lok ársins 1996 leitaðist verkefnisstjórnin við að knýja á um niðurstöðu hjá þeim ráðuneytum sem ekki höfðu gefið endanleg svör við umsóknum. Áður hafði verið leitað eftir umsögnum hlutaðeigandi sveitarfélaga um stöðu verkefna.

Í upphafi árs 1997 lá ljóst fyrir að verkefnum reynslusveitarfélaga hafði fækkað verulega, úr 56 í 25 verkefni sem náðst hafa samningar um. Þá er eitt verkefni enn í athugun, þ.e. skógrækt í Dalabyggð, og að auki fjögur verkefni á sviði heilsugæslu og málefna aldraðra sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur hafnað en er tilbúið að taka til endurskoðunar á árinu 1997, enda verði áhugi fyrir hendi hjá viðkomandi sveitarfélögum. Enn fremur liggur fyrir að þrjú sveitarfélög af þeim 12 sem félagsmálaráðherra valdi á árinu 1994 eru ekki lengur þátttakendur þar sem ekki náðist samkomulag um reynslusveitarfélagaverkefni hjá Borgarbyggð, Snæfellsbæ og Vesturbyggð.

Þessi fækkun reynslusveitarfélaga og verkefna er í sjálfu sér ekki óeðlileg með hliðsjón af fjölda þeim sem lagt var af stað með í upphafi og því að um nýjungar er að ræða í stjórnsýsluframkvæmd. Er það mat verkefnisstjórnarinnar að þessi afföll takmarki ekki gildi verkefnisins.

Verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur samkvæmt lögum um reynslusveitarfélög yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög. Henni ber jafnframt, sbr. 3. gr. laganna, að leiðbeina og aðstoða reynslusveitarfélög við undirbúning tilrauna og að vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti auk þess að veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga.

Starf verkefnisstjórnarinnar hefur fram til þessa einkum beinst að undirbúningsþætti verkefnisins. Nú, þegar staða verkefna er að meginhluta orðin skýr, verður aftur á móti lögð áhersla á umsjónar- og eftirlitsþáttinn. Með það að markmiði mun stjórnin m.a. halda fundi með aðilum heima í héraði og sameiginlega fundi með fulltrúum reynslusveitarfélaga.

Haustið 1995 var að undangengnu útboði gengið til samninga við Hagvang um úttekt á tilraunum. Er það í samræmi við 6. gr. laga um reynslusveitarfélög þar sem segir að verkefnisstjórnin skuli, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila eða aðilum að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist.

Samkvæmt því yfirliti sem hér fer á eftir eru sex sveitarfélög með verkefni í gangi á sviði byggingarmála, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Neskaupstaður, Vestmannaeyjar, Hafnarfjarðarkaupstaður og Garðabær. Fjögur sveitarfélög fara með félagsleg húsnæðismál, Reykjavík, Hornafjörður, Neskaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður. Þá fara þrjú sveitarfélög, Reykjavík, Hafnarfjarðarkaupstaður og Reykjanesbær, með verkefni á sviði vinnumála, tvö á sviði öldrunarmála og heilsugæslu (Akureyri og Hornafjörður), tvö með mál fatlaðra (Akureyri og Vestmannaeyjar), eitt með menningarmál (Akureyri) og eitt með heilbrigðiseftirlit (Reykjavík). Sex verkefni byggjast á svokölluðum stjórnsýslutilraunum sem fela í sér breytt fyrirkomulag í stjórnsýslu hlutaðeigandi sveitarfélaga (Reykjavík, Akureyri, Hornafjörður, Neskaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Dalabyggð).

Þau verkefni, sem talin eru hér að framan, eru á sviði fimm ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, og dómsmálaráðuneytis.

Með tilliti til þess að staða einstakra reynslusveitarfélagaverkefna er nú að meginefni til skýr þykir við hæfi að birta hér á eftir yfirlit þar sem fram kemur hvaða verkefni samningar hafa náðst um eða eru enn í athugun, eftir sveitarfélögum, og hvaða verkefni hafa fallið niður. Yfirlitið miðast við 1. maí 1997.

I. Reykjavík.

Samþykkt verkefni.

1. Stjórnsýslutilraunir í Grafarvogi (dómsmálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti). Tilraunaverkefni í því skyni að samræma alla opinbera þjónustu sem veitt verður á einni hverfisskrifstofu.
2. Byggingarmál (umhverfisráðueyti). Heimilt að flytja tiltekin afgreiðsluverkefni frá byggingarnefnd til byggingafulltrúa. Samþykkt nr. 614/1995.
3. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Breyting á fyrirkomulagi framkvæmdalána. Dregið úr eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar ríkisins með húsnæðisnefnd. Samþykkt nr. 611/1996.

4. Vinnumál (félagsmálaráðueyti). Samþykkt nr. 531/1996.
5. Heilbrigðiseftirlit (umhverfisráðuneyti). Samþykkt nr. 111/1997.

Verkefni sem hafa fallið niður.
1. Löggæsla. Borgin yfirtaki staðbundna löggæslu.
2. Málefni fatlaðra. Verkefni svæðisskrifstofu málefna fatlaðra flytjist til borgarinnar og heyri undir Félagsmálastofnun.

II. Akureyri.

Samþykkt verkefni.
1. Öldrunarmál og heilsugæsla (heilbrigðisráðuneyti). Nýtt greiðslufyrirkomulag vegna reksturs öldrunarstofnana og yfirtaka á heimahjúkrun. Heimaþjónusta samræmd í stjórnkerfi bæjarins, þ.e. heimaþjónusta, heimahjúkrun og þjónusta við sambýli og elliheimili. Samningur kominn á.
2. Byggingarmál (umhverfisráðueyti). Byggingafulltrúi fær heimild til fullnaðarafgreiðslu byggingarleyfisumsókna og framkvæmdaleyfa, en umsækjendur geti skotið úrlausn hans til byggingarnefndar. Samþykkt nr. 229/1996.
3. Menningarmál (menntamálaráðuneyti). Verkefni á sviði menningarmála færist frá menntamálaráðuneyti til bæjarins. Samingur við ráðuneyti 20. apríl 1996.
4. Mál fatlaðra (félagsmálaráðuneyti). Bærinn yfirtaki sem mest af þjónustu við fatlaða. Samþykkt nr. 331/1996.
5. Stjórnsýslutilraunir (félagsmálaráðueyti). Margvíslegar stjórnsýslutilraunir innan bæjarkerfisins.

Verkefni sem hafa fallið niður.
1. Félagsleg húsnæðismál. Meðferð félagslegra húsnæðismála færist frá Húsnæðisstofnun ríkisins til bæjarfélagsins.
2. Vinnumál. Undanþágur frá lögum um atvinnuleysistryggingar, samvinna við ríkisstofnanir um sameiginleg átaksverkefni gegn atvinnuleysi og endurskoðun atvinnuleysisskrár, ásamt stjórnsýslutilraunum á þessu sviði.
3. Skipulagsmál. Bærinn eigi frumkvæði að og annist gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlana.

III. Hornafjarðarbær.

Samþykkt verkefni.
1. Öldrunarmál og heilsugæsla (heilbrigðisráðuneyti). Yfirtaka á heilbrigðis- og öldrunarmálum í sýslunni gegn rammafjárveitingu frá ríkinu. Samþykkt nr. 680/1996.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Yfirtaka á verkefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lán löguð að félagskerfinu, engin innlausnarskylda. Samþykkt nr. 193/1997.
3. Stjórnsýslutilraunir (félagsmálaráðuneyti). Átak í gæðastjórnun sem lyki með vottun á allri þjónustu bæjarfélagsins eða einhverra stofnana þess skv. ISO 9000 staðli.

Verkefni sem hafa fallið niður.
1. Skólamál. Yfirtaka á rekstri framhaldsskóla í A-Skaftafellssýslu gegn rammafjárveitingu frá ríkinu.

2. Vinnumál. Stofnun atvinnumálaskrifstofu í samstarfi bæjarfélagsins, verkalýðsfélagsins og Búnaðarsambandsins.

IV. Neskaupstaður.

Samþykkt verkefni.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Heimild byggingarfulltrúa til að afgreiða vissa tegund mála án þess að þau séu lögð fyrir byggingarnefnd. Samþykkt nr. 617/1995.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Undanþágur frá ákvæðum um skyldur og verksvið húsnæðisnefnda. Samþykkt nr. 115/1996.
3. Stjórnsýslutilraunir (félagsmálaráðuneyti). Breytingar á stjórnsýslu bæjarins. Samþykkt nr. 115/1996.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Sálfræðiþjónusta. Sameining sálfræðiþjónustu sem heilsugæslustöð, fræðsluskrifstofa Austurlands, svæðisskrifstofa málefna fatlaðra og félagsþjónusta bæjarins eiga að veita íbúum.
2. Veghald. Snjómokstur á Norðfjarðarvegi um Oddskarð.

V. Vestmannaeyjabær.

Samþykkt verkefni.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Heimild byggingafulltrúa til að afgreiða vissa tegund mála án þess að þau séu lögð fyrir byggingarnefnd. Samþykkt nr. 14/1996.
2. Mál fatlaðra (félagsmálaráðueyti). Yfirtaka bæjarins á ákveðnum rekstrarþáttum í málefnum fatlaðra. Samningar undirritaðir 3. janúar 1997.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Öldrunarmál. Rammasamningur við ríkið um alla öldrunarþjónustu í Vestmannaeyjum, aðra en sjúkrahúsþjónustu.
2. Félagsleg húsnæðismál. Yfirtaka bæjarins á félagslegum húsnæðismálum með rammasamningi við Húsnæðisstofnun ríkisins.
3. Skólamál. Yfirtaka á þjónustu Fræðsluskrifstofu Suðurlands í Vestmannaeyjum.
4. Stjórnsýslutilraunir. Yfirtaka bæjarins á allri starfsemi ríkissjóðs í Vestmannaeyjum.

VI. Hafnarfjarðarkaupstaður.

Samþykkt verkefni.

1. Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Byggingafulltrúa verði veitt heimild til afgreiðslu ákveðinna mála en unnt verði að skjóta úrlausnum hans til byggingarnefndar. Samþykkt nr. 686/1995.
2. Félagsleg húsnæðismál (félagsmálaráðuneyti). Starfsfólki bæjarins falið eftirlit og úttektir og dregið úr beinum samskiptum umsækjenda við Húsnæðisstofnun ríkisins. Samþykkt nr. 424/1996.
3. Vinnumál (félagsmálaráðuneyti). Bætt þjónusta við atvinnulausa, m.a. með þeim hætti að sú starfsemi verði samþætt starfsemi Félagsmálastofnunar í ríkari mæli en nú og undanþága verði veitt frá reglum um skipan í stjórnarnefnd vinnumiðlunar. Samþykkt nr. 120/1997.

4. Stjórnsýslutilraunir (félagsmálaráðuneyti). Gagngerar stjórnsýslubreytingar, m.a. með endurskipulagningu nefndakerfis með það að markmiði að einfalda boðleiðir og gera stjórnkerfið skilvirkara.

Verkefni sem hefur fallið niður.

Löggæsla. Bærinn yfirtaki rekstur staðbundinnar löggæslu og hafi eftirlit með vínveitingahúsum í Hafnarfirði.

Verkefni sem var synjað en verður tekið til athugunar á árinu 1997.

Mál aldraðra (heilbrigðisráðuneyti). Unnið verði að samþættingu allrar öldrunarþjónustu í bænum.

VII. Garðabær.

Samþykkt verkefni.

Byggingarmál (umhverfisráðuneyti). Byggingafulltrúa verði veitt heimild til afgreiðslu ákveðinna mála en unnt verði að skjóta úrlausnum hans til byggingarnefndar. Samþykkt nr. 427/1996.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Félagsleg húsnæðismál. M.a. breytingar á lánstíma, dregið úr eftirliti Húnæðisstofnunar ríkisins með húsnæðisnefnd og reglum um greiðslumat breytt.
2. Vinnumál. Bætt þjónusta við atvinnulausa, t.d. þannig að Félagsmálastofnun annist greiðslu atvinnuleysisbóta.
3. Náttúruvernd. Bærinn fari með ákvörðunarvald um friðun náttúruminja innan lögsagnarumdæmis bæjarins.
4. Sálfræðiþjónusta. Sálfræðiþjónusta í skólum. Fallið frá í kjölfar yfirtöku grunnskóla.

Verkefni sem var synjað en verða tekin til athugunar á árinu 1997.

1. Mál aldraðra (heilbrigðisráðuneyti).
2. Heilsugæsla (heilbrigðisráðueyti).

VIII. Reykjanesbær.

Samþykkt verkefni.

Vinnumál (félagsmálaráðuneyti). Vinnumiðlun og þjónusta við fólk í atvinnuleit. Samþykkt nr. 671/1996.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Félagsleg húsnæðismál. Bæjarstjórn ákvarðar m.a. fjölda, stærðir og byggingarflokka félagslegra íbúða fyrir hvert ár á grundvelli rammafjárveitingar frá Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. Stjórnsýslutilraunir. Ný lög um málefni sveitarfélaga gildi að hluta eða öllu leyti í sveitarfélaginu áður en þau öðlast gildi gagnvart öðrum sveitarfélögum.

Ný umsókn sem vísað var annað.

Vímuvarnir. Bærinn, tollgæslan og lögreglan taki höndum saman og leiti nýrra lausna við misnotkun vímuefna. Verður væntanlega komið á í tengslum við svokallað ECAD-verkefni (European Cities Against Drugs).

IX. Dalabyggð.

Samþykkt verkefni.

Stjórnsýslutilraunir (félagsmálaráðuneyti). M.a. endurskipulagning nefndakerfis.

Verkefni í athugun.

Skógrækt (landbúnaðarráðuneyti). Sveitarfélagið taki að sér hlutverk Skógræktar ríkisins innan marka sveitarfélagsins og skyld verkefni á sviði gróðurræktar og gróðurverndar.

Verkefni sem hefur fallið niður.

Vinnumál. Sveitarfélagið reki atvinnuráðgjöf þar sem á einum stað verði sameinuð öll ráðgjöf og aðstoð við atvinnulífið og upplýsingamiðlun.

Verkefni sem verður tekið til athugunar á árinu 1997.

Mál aldraðra (heilbrigðisráðueyti). M.a. bygging og rekstur á dvalar- og hjúkrunarrými fyrir aldraða og yfirtaka á heimahjúkrun.

X. Borgarbyggð.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Félagsleg húsnæðismál. Flutningur verkefna frá Húsnæðisstofnun ríkisins til sveitarfélagsins.
2. Vinnumál. Atvinnuleysisskráning, vinnumiðlun o.fl. verði hluti af félagsþjónustu sveitarfélagsins.
3. Veghald. Sameining rekstrardeildar Vegagerðarinnar í Borgarnesi og áhaldahúss Borgarbyggðar undir stjórn sveitarfélagsins.

XI. Vesturbyggð.

Verkefni sem hafa fallið niður.

1. Öldrunarmál. Tilraun með heilsugæslu.
2. Málefni fatlaðra.

XII. Snæfellsbær.

Verkefni sem hefur fallið niður.

Heilsugæsla og öldrunarmál. Yfirtaka á rekstri heilsugæslu og öldrunarþjónustu.

1312. Nefndarálit [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Nú þegar kjörtímabil Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er hálfnað koma loks fram tillögur að breytingum á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Tillögurnar miða í rétta átt en ganga mun skemmra en ætla mátti miðað við yfirlýsingar og loforð. Ekki er heldur brugðist við þeirri gagnrýni að allt of mikið valdaframsal felist í gildandi lögum.

Endurgreiðsluhlutfall og samtímagreiðslur.

Frá því að ný lög voru sett um Lánasjóð íslenskra námsmanna 1992 hafa kröfur um lægra endurgreiðsluhlutfall og samtímagreiðslur verið háværar og fyrir síðustu alþingiskosningar hétu allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkurinn því að á þessu yrði ráðin bót.

Ef litið er til fyrirliggjandi tillagna hvað varðar endurgreiðsluhlutfall er fasta greiðslan ekki lækkuð í þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hlutanum en viðbótargreiðslan, sem er ákveðinn hluti af útsvarsstofni ársins á undan, er lækkuð í 4,75%. Með því að lækka eingöngu hlutfallsgreiðsluna en halda föstu greiðslunni óbreyttri hefur frumvarpið engar breytingar í för með sér varðandi endurgreiðslu fyrir fólk sem hefur tekjur á bilinu 800.000–1.100.000 kr. á ári.

Samtímagreiðslur eru ekki teknar upp. Sá vaxtastyrkur sem meiri hlutinn boðar í 3. gr. á að greiðast öllum sem rétt eiga til námsláns, ekki bara þeim sem verða fyrir fjármagnskostnaði vegna lántöku hjá bönkum. Hér er því um að ræða styrk til þeirra sem fá lán úr sjóðnum hvort sem þeir þurfa fyrirgreiðslu banka eða ekki. Þar sem ekki er um að ræða styrk á móti kostnaði má vefengja að jafnræðis sé gætt milli námsmanna þar sem einungis sumir námsmenn fá styrkinn en ekki allir.

Því er ljóst að niðurstaðan er nokkuð langt frá kosningaloforðum Framsóknarflokksins sem hljóðuðu svo að mánaðargreiðslur yrðu aftur teknar upp í stað eftirágreiðslna og að endurgreiðsluhlutfallið yrði lækkað og tekjutengt.

Ábyrgðarmenn.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út 1995 um fjárhagsstöðu Lánasjóðsins er á það bent að eðli námslána sé annað en annarra lána vegna þess að námslán séu það form á námsaðstoð sem stjórnvöld ákvarði á hverjum tíma og námsaðstoð geti ekki verið háð því skilyrði að sá sem aðstoðarinnar nýtur komi með ábyrgðarmann fyrir aðstoðinni. Það stangist í raun á við ákvæði 1. gr. laganna um að hlutverk sjóðsins eigi að vera „að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags".

Námsmenn hafa lagt áherslu á að felld verði niður krafan um ábyrgðarmenn á námslán. Ekki er brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar eða kröfu námsmanna í þessu efni og ábyrgðarmannakerfið því óbreytt samkvæmt frumvarpinu og tillögum meiri hlutans.

Löggjöf og valdaframsal.

Það vekur athygli þegar litið er til þeirra tillagna sem samkomulag náðist um milli stjórnarflokkanna, ekki síst í ljósi þess tíma sem flokkarnir hafa tekið sér til að vinna málið, að þrátt fyrir mikla gagnrýni á það valdaframsal sem felst í núgildandi lögum sem eru í 19 greinum með reglugerð í 39 greinum og úthlutunarreglur stjórnar sjóðsins með 97 efnisatriðum er haldið áfram á sömu braut. Æskilegt hefði verið að láta þetta flókna reglukerfi víkja fyrir ítarlegum lögum. Í greinargerð sem laganemarnir Kristrún Heimisdóttir og Ragnhildur Helgadóttir unnu undir handleiðslu Sigurðar Líndals lagaprófessors og nefnist „Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi", kemur eftirfarandi fram: „Starfsemi sjóðsins byggir á fjórþættum reglum: Lögum, reglugerð, úthlutunarreglum og vinnureglum. Samspil þessara reglna er flókið, enda mikilvægar grundvallarreglur í hverri réttarheimild, og birtingu reglnanna er ábótavant. Ljóst er að regluverk Lánasjóðsins stenst vart þá grundvallarreglu réttarríkisins að reglur skuli vera skýrar, stöðugar og aðgengilegar."

Starf endurskoðunanefndarinnar sem vann að endurskoðun laganna miðaðist við að lögin yrðu ítarlegri. Sú leið var hins vegar því miður ekki farin. Minni hlutinn gagnrýnir þá málsmeðferð. Er það ljóst að mikið af þeirri gagnrýni sem sett er fram snýr að framkvæmd laganna þar sem stjórnin hefur vald til að ákvarða ýmsa þætti sem miklu varða um stöðu námsmannsins og möguleika.

Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna setti eftirfarandi athugasemdir og tillögur fram vegna vinnu að frumvarpi um LÍN:

1. Kveða ber skýrar á um hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna í markmiðsgrein.
2. Lánshæfi skal skilgreint í lögum og í stað núverandi fimm og tíu ára reglu komi einföld regla um rétt námsmanna til námslána í 11 ár, til vara er lagt til að svigrúmið fyrir grunnnám verði sjö ár og tíu ár í heild.
3. Upphæð námslána, náms- og framfærslukostnaður skal skilgreindur ítarlega í lögum.
4. Kveða þarf á um rétt stjórnar til takmörkunar skólagjaldalána eigi að vera heimilt að takmarka þau. Námsmenn gera tillögur um að takmarkanir verði gerðar á þessari heimild stjórnar. Lána á fyrir skólagjöldum til grunnnáms erlendis og þá ber að leggja af svokölluð markaðskjaralán.
5. Skipan stjórnar verði breytt þannig að Iðnnemasambandið fái fulltrúa í stjórn. Fulltrúum menntamálaráðherra fjöldi jafnframt um einn til að mæta því.
6. Skýrt verði kveðið á um heimild stjórnar til að skipa nefndir sem undirbúi mál og geri tillögur um afgreiðslu þeirra. Óvissu um hvort úrskurðir stjórnar séu kæranlegir til ráðuneytis skal eytt með skýru ákvæði.
7. Kveða ber skýrt á um að námslán skuli greidd út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám, nema á fyrsta missiri. Um samtímagreiðslur og útfærslu þeirra vísast að öðru leyti til upphafsorða.
8. Skilgreining námsframvindu skal vera í lögum. Til annarra atriða um útfærslu þeirra ákvæða er vísað til upphafsorða.
9. Undanþágur frá kröfum um námsframvindu þarf að skilgreina í lögum. Kveðið skal á um að námslán í veikindum skerði ekki lánsrétt að öðru leyti, þ.e. veikindalán bætist við heildarsvigrúm námsmanns á námstíma.
10. Heimild til að taka mið af sérstökum aðstæðum skal kveða á um í lögum.
11. Námsmenn frá löndum EES þurfa að eiga rétt til námsaðstoðar hér á landi í samræmi við skuldbindingar Íslands.
12. Kveða þarf á um hvernig grunnframfærsla á Íslandi er skilgreind og hvað liggi upphæðinni til grundvallar. Námsmenn telja að til greina komi að Alþingi ákvarði þessa upphæð á grundvelli slíkra gagna.
13. Kveða skal á um í lögum hvernig grunnframfærsla erlendis er reiknuð eða ákvörðuð.
14. Stuðla vegna félagslegra aðstæðna námsmanna skal festa í lög. Kveða skal skýrt á um rétt barna einstæðra foreldra til námslána eins og þeir væru í leiguhúsnæði.
15. Rétt til láns vegna meðlags skal festa í lög.
16. Tekjuhugtakið skal skilgreina í lögum sem og áhrif tekna á upphæð námsláns.
17. Frítekjumark skal skilgreina í lögum.
18. Lán vegna maka, tekjur maka og meðferð þeirra tekna skal kveða á um í lögum.
19. Ákvæði um niðurfellingu tekna ber að festa í lög.

20. Kveða skal á um rétt til lána vegna bóka-, tækja- og efniskaupa í lögum.
21. Lán vegna sjúkratrygginga skal festa í lög.
22. Ákvæði um ferðalán skulu fest í lög.
23. Hugtakið námstími skal skilgreint í lögum og tekið fram að nám á sumarmissiri í framhaldi af hefðbundnu námi teljist hluti af því en ekki sjálfstætt aðstoðarár.
24. Skilyrði fyrir námsaðstoð og ákvæði um skuldabréf skal festa í lög eigi þau að standa.
25. Ákvæði um ábyrgðir fyrir allri lánsupphæðinni skulu jafnframt fest í lög eigi þau að standa.
26. Ákvæði um að allt lánið megi setja á eitt skuldabréf skal vera í lögum.
27. Ákvæði um frávik frá kröfu um ábyrgðarmenn ber að setja í lög.
28. Ákvæði um hlutfall og heimild til töku lántökugjalds allt að 1,2% skal festa í lög eigi áfram að innheimta lántökugjöld af lánþegum sjóðsins.
29. Úthlutunarreglur ber að skilgreina í lögum.
30. Upphaf endurgreiðslu námslána skal ekki hefjast fyrr en á þriðja ári eftir námslo. Skilgreina þarf námslok skýrar en nú er og sníða reglur um framhaldsnám sem fela í sér styrki sem jafngilda launum.
31. Skiptingu endurgreiðslunnar skal skilgreina í lögum. Skýra verður orðalag laganna þannig að ljóst sé að vextir leggist ekki ofan á reiknaða endurgreiðslu námsláns heldur séu þeir hluti heildarendurgreiðslunnar sem ekki fari yfir tiltekið hlutfall af útsvarsstofni.
32. Skilgreina þarf ákvæði um verðtryggingu og fasta 1% vexti eigi vextir að leggjast á námslán á annað borð.
33. Ákvæði um undanþágu frá endurgreiðslu þarf að vera í lögum.
34. Önnur ákvæði um endurgreiðslukafla lánasjóðslaganna sem óbreytt eiga að standa skulu að sjálfsögðu tíunduð í nýju frumvarpi. Jafnframt skal leitast við að láta óskýrt orðalag víkja fyrir skiljanlegra máli, sbr. setningu í sviga.
35. Ákvæði um veruleg vanskil þurfa að skoðast í samræmi við ákvæði um ábyrgðarmenn.
36. Ákvæði um ofgreidd lán eiga heima í lögum og ástæða er til að annar háttur sé hafður á hafi námsmaður haft rangt við en ef um ónóga námsframvindu er að ræða eða ef mistök starfsmanna LÍN valda endurheimtu útlánaðs fjár.
37. Ákvæði þarf að setja um endurgreiðslu eldri námslána. Skýrt þarf að vera að námslán sem tekin hafa verið á tímabilinu 1992–1997 lúta sömu endurgreiðslukjörum og kveðið verður á um í nýjum lögum. Þá verður að taka skýrt fram að þrátt fyrir að kveðið sé á um að nýjustu lánaflokkarnir séu endurgreiddir á undan hinum eldri skuli aðeins einn lánaflokkur endurgreiddur í einu.
38. Ávæði um auglýsingar skulu verða í lögum.
39. Ákvæði um dreifingu umsóknargagna skulu vera í lögum.
40. Ákvæði um efni umsókna skulu vera í lögum.
41. Ákvæði um innheimtu félagsgjalda SÍNE og BÍSN skulu vera í lögum.
42. Ákvæði um upplýsingar frá umsækjendum og lægri lán skulu vera í lögum.
43. Ákvæði um tilkynningu um synjun umsókna skulu vera í lögum til samræmis við stjórnsýslulög.
44. Ákvæði um upplýsingaskyldu annarra stofnana skulu vera í lögum.

45. Ákvæði um trúnað og meðferð upplýsinga skulu vera í lögum.
46. Ákvæði um upplýsingaskyldu Lánasjóðs skulu vera í lögum.
47. Ákvæði um ráðstöfunarfé og rekstrarkostnað skulu vera í lögum.
48. Ákvæði um fjárlagatillögur og áætlanagerð skulu vera í lögum.
49. Ákvæði um endurskoðun áætlana skulu vera í lögum.
50. Ákvæði um birtingu ársreikninga og útgáfu ársskýrslu skulu vera í lögum.
51. Ákvæði um undanþágu frá stimpilgjöldum skulu vera í lögum.

Þessar athugasemdir og tillögur samstarfsnefndarinnar byggðu alfarið á þeim markmiðum sem nefnd um endurskoðun laga um LÍN setti í upphafi starfs síns og samstaða var um að ný lög um LÍN byggðust í grundvallaratriðum á því námslánakerfi sem við lýði er. Með því að sækja ákvæði og orðalag í núgildandi lög var samstarfsnefndin ekki að lýsa stuðningi sínum við þau ákvæði heldur gerðu það vegna samhengis og til að ítreka að ný lög um LÍN verði að vera ítarleg og takmarka þörf fyrir reglugerðarsetningu. Athugasemdirnar og tillögurnar eru birtar hér í sama tilgangi, að sýna hve mikið valdaframsal felst í lögunum og þá brýnu þörf sem er á að því verði breytt.

Breytingar á lögunum.

Minni hlutinn mun eftir atvikum styðja breytingartillögur meiri hlutans en leggur fram viðbótarbreytingartillögur sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða nokkrar breytingar á lögunum.

1. Lagt er til að Alþingi ákvarði framfærslukostnað á grundvelli skilgreindrar framfærsluþarfar. Þá er lagt til að námskostnaður verði nánar skilgreindur í lögunum og lánshæfi skilgreint þannig að námsmenn eigi rétt á námslánum til allt að sjö ára grunnáms eða tíu ára í heild.
2. Lagt er til að samtímagreiðslur verði teknar upp þannig að eftir fyrsta missiri fái námsmaður mánaðarlegar greiðslur. Þá er lagt til að krafan um ábyrgðarmann verði felld út úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Þá er lagt til að heimild til töku lántökugjalds verði felld út.
3. Lagt er til að vextir af námslánum skuli aldrei vera hærri en 1%.
4. Lagt er til að endurgreiðsla námslána breytist þannig að fastagreiðslan lækki í 34.000 kr. Ef hún er höfð óbreytt breytir lækkun hlutfallsgreiðslunnar engu fyrir það fólk sem fer í lægst launuðu störfin að loknu námi. Þá er lagt til að hlutfallsgreiðslan lækki í 4,5%.
5. Lagt er til að svigrúm verði aukið með því að taka fram í lögunum að námsmaður geti fengið lán með sömu kjörum og almenn námslán, bæði ef honum stendur ekki til boða fullt nám vegna skipulags skóla eða ef veikindi námsmanns, barns hans, fráfall nákomins ættingja eða þungun námsmanns gera það að verkum að honum tekst ekki að standast námskröfur. Námslán sem veitt verða í þessum tilfellum mega ekki skerða námsrétt að öðru leyti.

Líkur hafa verið leiddar að því að þá fækkun er orðið hefur í tækni, og raungreinanámi, bæði hérlendis og erlendis megi einkum skýra með ósveigjanlegum reglum stjórnar sjóðsins og þröngri túlkun á þeim. Sama eigi við um fækkun barnafólks í námi. Með breytingatillögum minni hlutans er reynt að mæta þessari alvarlegu stöðu.

Breytingatillögur minni hlutans mæta þeirri gagnrýni sem helst hefur verið á lögin og framkvæmd þeirra gagnvart námsmönnum. Þær bæta þannig upp tillögur meiri hlutans. Minni hlutinn vísar enn til þeirrar almennu gagnrýni að í lögunum felst of mikið valdaframsal og að þau þurfi að endurskoða í heild með það að leiðarljósi að lögin verði skýrari og valdaframsal til stjórnar verði minnkað.

Alþingi, 14. maí 1997.

Svanfríður Jónasdóttir, frsm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Sigríður Jóhannesdóttir.

1313. Breytingartillögur [531. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá minni hluta menntamálanefndar (SvanJ, GGuðbj, SJóh).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:
   Alþingi ákvarðar upphæð framfærslukostnaðar á grundvelli skilgreiningar á framfærsluþörf. Til námskostnaðar skal meðal annars telja kostnað vegna bóka-, tækja- og efniskaupa og ferða til og frá námsstað.
   Lán skal veita fyrir innritunargjöldum og skólagjöldum í viðurkenndu háskólanámi.
   Námsmaður á rétt á námslánum til allt að sjö ára grunnnáms eða tíu ára í heild.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laganna orðast svo:
   Námslán skal greiða út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám.
   Námslán skal þó ekki greitt út fyrr en námsmaður hefur lokið einu missiri af námi sínu með tilskildum árangri. Þegar námsmaður hefur lokið einu missiri með tilskildum árangri fær hann lán fyrir það missiri og svo áfram mánaðarlega meðan hann stundar nám.
   Námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku þar sem fram komi kjör lánsins.
3. Við 4. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo: Í stað orðanna „3%“ í 5. mgr. 7. gr. laganna kemur: 1%.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:
   Fastagreiðslan er 34.000 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.
   Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,5%. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

5. Við 7. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur tímabundið ekki til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða ef veikindi námsmanns eða barns hans, fráfall nákomins ættingja eða þungun námsmanns valda því að honum tekst ekki að standast námskröfur.

1314. Frumvarp til laga [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

1. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 53.840 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Heimilt er að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál, sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Tryggingaráði er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25% mæli sérstakar ástæður með því.

Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. Tryggingalæknar meta þörf samkvæmt ákvæði þessu.

Um framkvæmd ákvæðis þessa fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1997.

Greinargerð.

Lagt er til að fellt verði út úr lagagrein um umönnunargreiðslur að „þjónusta utan heimilis“ skerði bætur. Þetta þýðir að þegar börn fara í leikskóla eða skóla lækka greiðslur til foreldra. Skerðingarákvæðið var sett þegar ekki var talið sjálfsagt að fötluð börn fengju leikskólaþjónustu sem nú verður að telja algilt og því ákvæðið í raun úrelt. Skerðingarákvæðið er einnig ranglátt. Það veldur því að mörg fötluð börn eru metin til lægri greiðslna en t.d. börn með þroskafrávik. Á umsóknum foreldra fatlaðra barna er þjónusta jafnan tilgreind samviskusamlega enda fara svæðisskrifstofur yfir umsóknirnar og eru í raun eftirlitsaðili með umsóknum vegna fatlaðra barna. Ekkert slíkt eftirlit fer fram með umsóknum frá foreldrum barna með þroskafrávik og getur verið undir hælinn lagt hvort réttilega sé tilgreint um þjónustu utan heimilis. Þá hefur umboðsmaður Alþingis gert athugasemdir við túlkun Tryggingastofnunar ríkisins á „þjónustu utan heimilis“ vegna skólagöngu sykursjúks drengs innan hins almenna skólakerfis.

Samkvæmt ákvæðinu verður unnt að setja reglur um aukinn þátt í greiðslu læknis- og

lyfjakostnaðar fatlaðra og langveikra barna. Einungis hluti þessara barna hefur í dag kort til lækkunar á lækniskostnaði.

Þá er miðað við að dregið verði úr greiðslum til foreldra barna sem glíma við minni háttar sjúkdóma, þroska- og hegðunarfrávik, samanber þó ákvæði um heimild til aukinnar þátttöku í læknis- og lyfjakostnaði. Hinn hlutinn, þ.e. þau börn sem eiga við mikil vandamál að stríða, fái umtalsvert hærri greiðslur en nú. Gert er ráð fyrir að kostnaður við kerfið verði svipaður og nú er.

Fylgiskjal.

Umönnunargreiðslur, áætlaður kostnaður.

Miðað er við flokkun og greiðslur í drögum að nýrri reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna. Jafnframt er miðað við heildarfjölda barna sem fengu greiddar bætur í nóvember 1996, en þau voru 1.953.

	Stig					
	I. Yfirseta foreldris heima/á sj.húsi. Skammtímavistun ≤ 8 sólarhr./mán.	**II. Umtalsverð umönnun og aðstoð við ferli.** Skammtímavistun ≤ 15 sólarhr./mán.	**III. Umtalsverð umönnun. Börn að nokkru sjálfbj.** Skammtímavistun ≥16 sólarhr./mán.	**IV. Vistuð börn.**	**Samtals.** Fj. barna	Þús. kr.
1. FL.						
Kr. á mán.	53.840	26.920	13.460	0		
Hlutfall	100	50	25	0		
Börn 1. fl.	67	0	0	0	67	
1. fl. þús. kr. ..	43.287	0	0	0		43.287
2. FL.						
Kr. á mán.	45.764	22.882	13.460	0		
Hlutfall	85	43	25	0		
Börn 2. fl.	78	39	39	0	156	
2. fl. þús. kr. ..	42.835	10.709	6.299	0		59.843
3. FL.						
Kr. á mán.	37.688	18.844	13.460	0		
Hlutfall	70	35	25	0		
Börn 3. fl.	109	190	179	0	478	
3. fl. þús. kr. ..	49.296	42.964	28.912	0		121.172
4. FL.						
Kr. á mán.	0	0	13.460	0		
Hlutfall	0	0	25	0		
Börn 4. fl.	0	0	357	0	357	
4. fl. þús. kr. ..	0	0	57.663	0		57.663
5. FL.						
Kr. á mán.	0	0	0	0		
Hlutfall	0	0	0	0		
Börn 5. fl.	0	0	895	0	895	
5. fl. þús. kr. ..	0	0	0	0		
			Samtals		**1.953**	**281.965**

Útgjöld vegna umönnunarbóta á árinu 1996 voru um 375 m.kr. Ef teknar eru með greiðslur vegna barnaörorku, bótaflokks sem er að hverfa, eru útgjöldin um 380 m.kr. Framangreindir útreikningar gefa til kynna að kostnaður við kerfið verði um 282 m.kr. Til viðbótar verður að gera ráð fyrir kostnaði vegna svokallaðra afturvirkra greiðslna sem námu um 97 m.kr. á síðasta ári.

1315. Frumvarp til laga [477. mál]

um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkaðar eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

2. gr.

Lög þessi ná yfir:

a. eldi og heilbrigði sláturdýra,
b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,
c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
d. geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
e. heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturdýrum og sláturafurðum,
f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
g. heimaslátraðar afurðir,
h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

3. gr.

Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

Kjötmatsmaður: Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins.

Kjötskoðunarlæknir: Héraðsdýralæknir, eða annar dýralæknir samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

Kjötvinnslustöð: Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutnings afurða á erlendan markað.

Slátrari: Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins til að starfa sem slátrari.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturdýrum.

Sláturdýr: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

Sláturleyfishafi: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

Sláturúrgangur: Afurðir sem falla til við slátrun sláturdýra og ekki eru nýttar til manneldis.

Villibráð: Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður skulu vera landbúnaðarráðherra til aðstoðar og ráðuneytis, hvor á sínu sviði, um allt er lýtur að framkvæmd laganna.

II. KAFLI
Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

5. gr.

Sláturdýrum, sem slátra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

Landbúnaðarráðherra löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun. Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Landbúnaðarráðherra getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturdýrum og afurðum samkvæmt tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Hver sá sem hyggst slátra dýrum sem lög þessi taka til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda landbúnaðarráðuneyti umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar, úrvinnslu eða geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda landbúnaðarráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu kjötskoðunarlæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn yfirdýralæknis og samkvæmt reglum sem hann setur.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátraramenntun.

7. gr.

Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum fyrir löggildingu, og ber þá kjötskoðunarlækni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Yfirdýralæknir setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingin fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. Yfirdýralæknir tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um flutning sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

9. gr.

Slösuðum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum yfirdýralæknis og í samráði við umhverfisráðherra.

Ekki má koma með sýnilega sjúk dýr í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja í sláturhús, kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.

Sláturdýr, sem komin eru í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal þeim slátrað, nema til komi leyfi yfirdýralæknis.

III. KAFLI
Eftirlit.

10. gr.

Sláturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði um:

a. rannsóknir og eftirlit sláturdýra til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr sláturdýrum heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,
c. hvernig hátta skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,
d. heilbrigðisskoðun og merkingar á sláturdýrum og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum sláturafurðum og sláturúrgangi,
f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.

11. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum sláturdýrum áður en slátrun fer fram og mega ekki líða meira en 12 klukkustundir frá þeirri skoðun og til slátrunar. Þó þarf slík skoðun ekki að fara fram ef upplýsingar um eldi, heilbrigði og lyfjagjöf fylgja sláturgrip í sláturhús samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal kjötskoðunarlæknir merkja sláturafurð-

irnar samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Til að standa straum af kostnaði við heilbrigðiseftirlit kjötskoðunarlækna með sláturafurðum skal landbúnaðarráðherra innheimta gjald af sláturleyfishöfum af öllu innvegnu kjöti í sláturhúsi sem rennur í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins. Eftirlitsgjald þetta miðast við raunkostnað og skal vera allt að 2,50 kr. á hvert kíló kjöts.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalds samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa næga þekkingu og þjálfun að mati yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkist ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sótthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og hleðslu flutningatækja.

Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

13. gr.

Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstaka heilbrigðisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu.

IV. KAFLI
Meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða.

14. gr.

Sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

Sláturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlæknis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem landbúnaðarráðherra setur.

Landbúnaðarráðherra getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, flutning og aðra meðferð sláturafurða.

V. KAFLI
Gæðamat sláturafurða.

15. gr.

Kjötmatsmenn skulu meta allar sláturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, að reglum um slátrun og sláturhús sé

fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Sláturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

Heimilt er að óska eftir yfirmati á sláturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send kjötmatsformanni.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum kjötmatsformanns er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar kjötmatsformann til fimm ára í senn. Kjötmatsformaður samræmir mat og flokkun á sláturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. Einnig skal hann, eftir því sem hann metur þörf á, gera athugun á sláturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað.

Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem sláturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í sláturhúsi. Landbúnaðarráðherra er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, gjaldskrá þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir sláturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.

18. gr.

Yfirdýralækni og kjötskoðunarlæknum skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem sláturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsókna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

19. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi sláturafurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

20. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, settra samkvæmt þeim, m.a. ef sláturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.

VII. KAFLI
Refsiákvæði og gildistaka.
21. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar.

Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

II.

Heimilt er að ráða allt að fjóra yfirkjötmatsmenn til aðstoðar kjötmatsformanni fram til ársloka 1997 vegna kynningar á nýjum reglum um gæðamat á kindakjöti til samræmis við reglur Evrópusambandsins.

1316. Frumvarp til laga [478. mál]

um búnaðargjald.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

Innheimta skal sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum og skal það nema 2,65% af gjaldstofni skv. 3. gr. Búnaðargjald er rekstrarkostnaður skv. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og frádráttarbært frá tekjum þess árs sem það reiknast af.

2. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur eru þeir sem stunda rekstur sem fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.4, 01.5 og 02.02. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir sem hvorki eru skráningarskyldir né á skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum, sbr. 2. gr. Til gjaldskyldrar veltu telst velta skv. 11.–13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að frádregnu andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna sem talið hefur verið með í gjaldstofni til virðisaukaskatts.

Reki framleiðandi búvöru aðra starfsemi en gjaldskyld er skv. 2. gr. ber honum að halda þeirri starfsemi aðskildri í bókhaldi sínu eða færa hana á sérstakan rekstrarreikning utan landbúnaðarframtals.

Á framtali til búnaðargjalds ber gjaldskyldum aðilum að sundurliða gjaldstofn sinn eftir búgreinum, samkvæmt skilgreiningu í reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu á gjalddögum virðisaukaskatts greiða í staðgreiðslu til innheimtumanna ríkissjóðs búnaðargjald af gjaldskyldri veltu. Staðgreiðsla búnaðargjalds samkvæmt þessari grein er fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sem framkvæmd er af skattstjórum. Gjalddagar staðgreiðslunnar skulu vera hinir sömu og gjalddagar virðisaukaskatts hjá viðkomandi gjaldanda, sbr. 24. gr., 31. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Greiði gjaldskyldur aðili ekki staðgreiðslu á tilskildum tíma skal innheimtumaður ríkissjóðs reikna hæstu leyfilega dráttarvexti samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands á þá fjárhæð sem vangoldin er.

5. gr.

Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu innan þess framtalsfrests sem kveðið er á um í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans þar sem gjaldskyldar fjárhæðir eru tilgreindar eftir búgreinum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Að loknum framtalsfresti skal skattstjóri leggja á búnaðargjald í samræmi við lög þessi og skulu um þá álagningu gilda sömu ákvæði og er að finna í X. kafla um álagningu, kærur o.fl. í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ef greiðandi búnaðargjalds telur að álagning hafi ekki verið rétt ákvörðuð getur hann kært álagninguna til skattstjóra, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá álögðu búnaðargjaldi skal draga þá fjárhæð sem gjaldskyldur aðili hefur greitt í staðgreiðslu upp í álagninguna á gjalddögum virðisaukaskatts. Komi í ljós mismunur á milli álagningar og staðgreiðslu skal skattstjóri reikna sérstakt 20% vanskilaálag á þá fjárhæð sem vangreidd er. Mismun ásamt álagi skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram. Hafi gjaldskyldur aðili ofgreitt búnaðargjald í staðgreiðslu skal um endurgreiðslu fara eftir 112. gr. laga nr. 75/1981.

Um ábyrgð á greiðslu, upplýsingaskyldu, eftirlitsheimildir og málsmeðferð skulu gilda ákvæði laga nr. 75/1981.

6. gr.

Tekjum af búnaðargjaldi skal skipt þannig, sbr. þó 4. mgr.:

	Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt	*Önnur afurðavelta*
Til Búnaðarsjóðs	1,225% af stofni	1,575% af stofni
Til Lánasjóðs landbúnaðarins	1,150% af stofni	0,800% af stofni
Til Framleiðsluráðs landbúnaðarins	0,275% af stofni	0,275% af stofni

Hluti Búnaðarsjóðs skiptist síðan á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs í samræmi við viðauka við lög þessi.

Fjármálaráðherra stendur skil á gjaldinu mánaðarlega, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur 6,67% af álagningu næstliðins árs.

Af óskiptum tekjum búnaðargjalds skulu 0,5% renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998 og koma til framkvæmda við innheimtu búnaðargjalds í staðgreiðslu á því ári og álagningu þess á árinu 1999. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 25. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Vegna birgða innheimtir Framleiðsluráð landbúnaðarins 1,05% gjald af heildsöluverðmæti kindakjöts sem selt er frá afurðastöðvum mánuðina janúar til og með ágúst 1998 og af mjólkurafurðum sem seldar eru frá afurðastöðvum mánuðina janúar og febrúar 1998. Um hlutfallslega skiptingu gjaldsins fer eftir ákvæðum 1. mgr. 6. gr.

II.

Þar til álagning skv. 2. mgr. 5. gr. hefur farið fram skal fjármálaráðherra standa skil á búnaðargjaldi eins og nánar er kveðið á um í 6. gr., með hliðsjón af áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um væntanlega álagningu gjaldsins.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 6. gr. skal 1% af óskiptum tekjum af búnaðargjaldi renna í ríkissjóð á árunum 1998 og 1999 til að standa straum af stofnkostnaði vegna álagningar og innheimtu gjaldsins.

Viðauki.

Hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi.

Afurðir	Búnaðarsjóður				Lánasjóður landb.	Framleiðslur. landbún.	Alls
	BÍ	Bsb.	Búgr.	Bjarg.			
Nautgripaafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	0,275	2,650
Sauðfjárafurðir	0,325	0,500	0,100	0,300	1,150	0,275	2,650
Hrossaafurðir	0,325	0,500	0,550	0,200	0,800	0,275	2,650
Svínaafurðir	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	0,275	2,650
Alifuglakjöt	0,125	0,250	0,200	1,000	0,800	0,275	2,650
Egg	0,125	0,250	0,900	0,300	0,800	0,275	2,650
Kartöflur, gulrófur	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Annað grænmeti og blóm	0,325	0,500	0,750	0,000	0,800	0,275	2,650
Grávara	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Æðardúnn	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650
Skógarafurðir	0,325	0,500	0,450	0,300	0,800	0,275	2,650

1317. Lög [479. mál]

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 806 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995:

a. Í stað orðanna „og hrossakjöts“ í fyrri málslið kemur: hrossakjöts og nautgripakjöts.
b. Í stað hlutfallstölunnar „5%“ í síðari málslið kemur: 3%.
c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 600 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 1.100 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

1318. Frumvarp til laga [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. maí.)

1. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um notkun búfjármarka, þar með talin ákvæði um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarsvæðum, framkvæmd frost- og örmerkinga og skyldu til að láta merkja stórgripi. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um búfjármörk.

2. gr.

4. málsl. 64. gr. laganna orðast svo: Við sönnun á eign á búfé er örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1319. Þingsályktun [377. mál]

um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

1320. Lög [493. mál]

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1280 með þessari breytingu:

21. gr. (kemur í stað 21. og 22. gr.) hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru frá sama tíma felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

1321. Lög [444. mál]

um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1288.

1322. Lög [99. mál]

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1995.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 102.

1323. Skipulags- og byggingarlög. [98. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1289 með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi og fer þá um málsmeðferð skv. 17. og 18. gr.

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á staðfestu aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 17. og 18. gr. Skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar. Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst sveitarstjórn. Fallist ráðherra á tillöguna skal auglýsa hana á áberandi hátt. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn. Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

26. gr. hljóðar svo:

Breytingar á deiliskipulagi.

Ákveði sveitarstjórn að breyta deiliskipulagi skal fara með breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða.

Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða. Þá skal fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar, sbr. 7. mgr. 43. gr. Um slíka tillögu nægir ein umræða í sveitarstjórn. Sveitarstjórn sendir Skipulagsstofnun hið breytta skipulag, sbr. 3. mgr. 25. gr., ásamt yfirlýsingu um að hún taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna.

Birta skal auglýsingu um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.

43. gr. hljóðar svo:

Byggingarleyfi.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Byggingarleyfið felur í sér samþykki aðaluppdrátta og framkvæmdaáforma eða á breyttri notkun húss.

Sá sem óskar leyfis skv. 1. mgr. skal senda um það skriflega umsókn til hlutaðeigandi byggingarnefndar ásamt nauðsynlegum hönnunargögnum og skilríkjum, þar með talið samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða. Í byggingarreglugerð skal kveðið nánar á um hvaða önnur gögn skuli fylgja leyfisumsókn og hvernig frá umsókn og uppdráttum skuli gengið.

Í umfjöllun byggingarnefndar um niðurrif og breytingar á eldri húsum og öðrum mannvirkjum skal gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst. Er slík frestun heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Frestun á afgreiðslu málsins skal tilkynnt umsækjanda. Eigandi fasteignar, sem verður fyrir tjóni vegna frestunar sveitarstjórnar á afgreiðslu byggingarleyfis samkvæmt þessari málsgrein, á rétt til bóta.

Þegar sótt er um leyfi skv. 1. mgr. í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal skipulagsnefnd fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en það hlýtur afgreiðslu byggingarnefndar. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum, sem hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar niðurstaða skipulagsnefndar liggur fyrir skal byggingarnefnd taka málið til afgreiðslu. Þeim sem tjáðu sig um málið skal tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar.

1324. Lög [612. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1184.

1325. Lög [90. mál]

um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 15. maí.)

Samhljóða þskj. 1229 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:
Lög þessi taka gildi 1. október 1997.

1326. Nefndarálit [608. mál]

um till. til þál. um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og um fullgildingu samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. 19. febrúar 1997 samþykkti Alþingi breytingu á lögum vegna samninga þessara. Var þá breytt almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 15. maí 1997.

Geir H. Haarde, form., frsm.	Margrét Frímannsdóttir.	Siv Friðleifsdóttir.
Kristín Ástgeirsdóttir.	Árni R. Árnason.	Össur Skarphéðinsson.
Vilhjálmur Egilsson.	Ólafur Örn Haraldsson.	Árni M. Mathiesen.

1327. Framhaldsnefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur tekið málið til umfjöllunar að lokinni 2. umræðu um það. Hefur meiri hlutinn ákveðið að leggja til nokkrar frekari breytingar á málinu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Í þeim felst eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæði (38. gr. eftir 2. umræðu) er varðar lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga verði fellt brott þar sem ákvæði um skipun ríkisbókara verður framvegis í lögum um fjárreiður ríkisins.
2. Lagt er til að 48. gr. (eftir 2. umræðu), breyting á lögum um ríkislögmann, færist fram og komi aftan við 46. gr. sem breytir sömu lögum.
3. Lögð er til breyting á ákvæði er varðar lög um almannatryggingar (67. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu). Annars vegar er lögð til lagfæring á því að láðst hafði að tala um ráðningu tryggingayfirlæknis, en hins vegar er lagt til að felld verði brott lögbundin álitsumleitan forstjóra við tryggingaráð og eftir atvikum tryggingayfirlækni við ráðningu starfsliðs Tryggingastofnunar. Er það til samræmis við breytingartillögur þær sem meiri hlutinn lagði fram við 2. umræðu. Þá er til samræmis lagt til að ákvæði 66. gr. falli brott.

4. Lagt er til að ákvæði er mælir fyrir um breytingu á lögum um vörumerki, nr. 47/1968, (71. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu) verði fellt brott úr frumvarpinu þar sem þingið lögfesti 9. maí sl. ný heildarlög um vörumerki.
5. Lagt er til að ákvæði um breytingu á þjóðminjalögum (124. og 125. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu) verði felld brott þar sem löggjafinn samþykkti 14. maí sl. sérstök lög til breytinga á þeim lögum sem hafa að geyma ákvæði sama efnis.
6. Lagt er til að ákvæði um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (140. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu) verði fellt brott þar sem menntamálanefnd hefur afgreitt til 2. umræðu frumvarp til laga um breytingu þeim lögum þar sem m.a. er tekið á sama máli.
7. Lagt er til að ákvæði um breytingu á skipulagslögum (151. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu) verði fellt brott þar sem frumvarp til nýrra heildarskipulags- og byggingarlaga er nú komið til 3. umræðu.
8. Lagt er til að ákvæði um breytingu á lögum um Landmælingar Íslands (153. gr. frumvarpsins eftir 2. umræðu) verði fellt brott þar sem ný heildarlög um landmælingar og kortagerð voru afgreidd frá þinginu 13. maí sl.
9. Lagt er til að gerðar verði breytingar á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996, til samræmis við aðrar breytingar sem frumvarpið mælir fyrir um og gerðar voru tillögur um við 2. umræðu. Láðst hafði að taka breytingar á þessum lögum upp í upphaflegt frumvarp.
10. Lagt er til að gerð verði sú breyting á lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, að ekki verði skylt að auglýsa lausar sendiherrastöður. Í eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, voru störf í þágu utanríkisþjónustunnar undanþegin meginreglu um auglýsingaskyldu. Hér er hins vegar einungis gert ráð fyrir að slík undanþága eigi við um sendiherrastöður en ekki önnur störf á vegum utanríkisþjónustunnar.

Alþingi, 15. maí 1997.

Vilhjálmur Egilsson, form., frsm.	Valgerður Sverrisdóttir.	Sólveig Pétursdóttir.
Einar Oddur Kristjánsson.	Pétur H. Blöndal.	Ólafur Þ. Þórðarson.

1328. Breytingartillögur [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (VE, VS, SP, EOK, PHB, ÓÞÞ).

1. Við 38. gr. Greinin falli brott.
2. 48. gr. komi aftan við 46. gr.
3. Við 66. gr. Greinin falli brott.

4. Við 67. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
   Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og ræður tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.
5. Við 71. gr. Greinin falli brott.
6. Við 124. gr. Greinin falli brott.
7. Við 125. gr. Greinin falli brott.
8. Við 140. gr. Greinin falli brott.
9. Við 151. gr. Greinin falli brott.
10. Við 153. gr. Greinin falli brott.
11. Á eftir 156. gr., er verði 148. gr., komi tvær nýjar greinar, með fyrirsögninni *Breyting á lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd*, svohljóðandi:
   a. (149. gr.)
      Orðin „í samráði við stjórn stofnunarinnar“ í 4. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.
   b. (150. gr.)
      Fyrri málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Náttúruverndar ríkisins ræður.
12. Á eftir 161. gr., er verði 155. gr., komi ný grein, svohljóðandi:
   Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: þó er heimilt að víkja frá ákvæði 7. gr. þeirra laga að því er varðar embættismenn í 1. flokki 8. gr. þessara laga.

1329. Svar [599. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Þóru Sverrisdóttur um ríkisjarðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margar eru ríkisjarðir? Hefur þeim fækkað eða fjölgað á árunum 1980–97?*
2. *Hversu miklar tekjur er áætlað að ríkissjóður hafi af ríkisjörðum árið 1997? Hversu mikil gjöld er áætlað að ríkissjóður beri af ríkisjörðum árið 1997?*
3. *Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti ríkisjarða?*
4. *Eru uppi áætlanir í ráðuneytinu um sölu ríkisjarða?*

Ríkisjarðir (þjóðjarðir/kirkjujarðir) eru 630. Þeim hefur fækkað á því tímabili sem um er spurt. Langflestar þessara jarða eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins en forræðið skiptist þó á fleiri ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Áætlaðar tekjur af ríkisjörðum á þessu ári eru 25 millj. kr. Tekjur af jörðum, bæði leigutekjur og tekjur af sölu á þjóðjörðum (eða eignarhluta ríkissjóðs í slíkum jörðum), renna í Jarðasjóð ríkisins skv. 4. gr. laga um Jarðasjóð, nr. 34/1992. Áætluð gjöld eru samkvæmt fjárlögum 1997 13,3 millj. kr. Taka ber fram að gjöld vegna ríkisjarða ráðast að miklu leyti af úttektum sem fara fram á ríkisjörðum í tilefni af ábúendaskiptum í maí og júní ár hvert og því er ókleift að áætla með nákvæmni hver þessi gjöld eru árlega, en þau stafa af kaupum á húsum og öðrum framkvæmdum fráfarandi ábúenda á jörðunum.

Ekki eru til upplýsingar um söluverðmæti ríkisjarða, hvorki að hluta eða í heild, enda er nánast útilokað að áætla verðmæti 630 jarðeigna sem eru um allt land og eðlilega mjög misverðmætar.

Eins og áður sagði hefur ríkisjörðum fækkað á því tímabili sem spurt er um. Sem dæmi má nefna að á tímabilinu frá 1. janúar 1990 til 10. maí 1997 hafa verið seldar 70 jarðir, flestar til sveitarfélaga eða ábúenda, samkvæmt heimildum í 1. mgr. 37. og 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ríkisjarðir verða ekki seldar án sérstakrar heimildar í lögum. Greindar heimildir í jarðalögum eiga við um sveitarfélög og ábúendur sem setið hafa jarðir í tíu ár eða lengur, en eftir tíu ára ábúð öðlast ábúendur kauprétt að ábýlisjörðum sínum. Ráðuneytið hefur ekki sérstakar áætlanir um sölu ríkisjarða. Nokkur eftirspurn er eftir kaupum á ríkisjörðum, sérstaklega af ábúendum og sveitarfélögum, og á allra síðustu árum hafa verið seldar 10–14 jarðir á ári. Þá eru einnig dæmi þess að jarðir séu sérstaklega auglýstar til sölu og er þá um að ræða jarðir sem ekki eru leigðar út til nytja.

1330. Svar [467. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um opinberar framkvæmdir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur verið farið út í opinberar framkvæmdir á vegum ríkisins þar sem ekki hafa legið fyrir áætlanir um hvenær viðkomandi fjárfestingar yrðu teknar í notkun?

Ef svo er, um hvaða framkvæmdir er að ræða, hvenær hófust þær, hve mikið hefur þegar verið fjárfest, hver er áætluð heildarfjárfesting og hver er áætlaður árlegur rekstrarkostnaður eftir að framkvæmdum er lokið?

Svar óskast miðað við framkvæmdir þar sem áætlaður heildarkostnaður er meiri en 100 millj. kr. á verðlagi ársins 1997.

Fjármálaráðuneytið hefur í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins, ráðuneyti og byggingarnefndir tekið saman yfirlit um opinberar framkvæmdir sem ráðist hefur verið í eftir 1988 þar sem áætlaður heildarkostnaður er meiri en 100 m.kr. Ástæða þess að árið 1988 er valið í þessu svari er að ómælda vinnu hefði kostað að finna áfallinn kostnað vegna verka sem hafin voru fyrir þann tíma.

Yfirlit þetta er meðfylgjandi. Þar kemur fram um hvaða verk er að ræða og raunkostnaður vegna þess á verðlagi í maí 1997. Enn fremur kemur þar fram áætlaður kostnaður á verðlagi í maí 1997, áætlaður verktími og raunverulegur verktími þar sem þessar upplýsingar liggja fyrir.

Í langflestum tilfellum liggur fyrir hvenær taka á viðkomandi mannvirki í notkun og í mjög mörgum þeirra, eins og hjá menntamálaráðuneyti og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, er það ákveðið með samningum við sveitarfélög. Nokkur þessara verkefna eru viðhaldsverkefni og er mannvirki þá yfirleitt í notkun meðan á framkvæmdinni stendur.

Ekki eru handbærar upplýsingar um árlegan rekstrarkostnað þegar framkvæmdum er lokið og er illmögulegt að áætla hann.

	Á árslokaverðl. 1996	Áætlaður kostnaður	Áætlaður verktími	Raunverulegur verktími
Forsætisráðuneyti				
Bessastaðir	885.778.491	1.032.613.000	1989-1998	Ólokið
Menntamálaráðuneyti				
Borgarholtsskóli	594.440.579	706.735.000	1992-1998	Ólokið
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	211.344.377	223.044.000	1991-1994	1991-1994
Framhaldsskóli Vestfjarða	122.202.460	40.070.451	1994-1996	1994-1996
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	147.343.013	407.741.000	1994-2000	Ólokið
Háskóli Íslands, náttúrufræðahús	112.441.812	1.079.000.000	1996-2002	Ólokið
Háskólinn á Akureyri	104.627.635	750.000.000	1996-?	Ólokið
Íþróttavöllur á Laugarvatni	144.486.903	114.604.000	1993-1994	1993-1994
Listasafn Íslands	259.857.513	Liggur ekki fyrir		
Menntaskólinn í Kópavogi	278.997.811	743.600.000	1992-2001	Ólokið
Menntaskólinn Hamrahlíð	146.156.059	Liggur ekki fyrir		
Þjóðarbókhlaða	3.151.254.176	3.096.338.000		
Þjóðleikhús, endurbygging	988.852.897	485.092.000	1988-1991	1988-1995
Þjóðminjasafn	175.540.769	Liggur ekki fyrir		
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti				
Hæstiréttur	527.534.617	550.101.000	1993-1997	1993-1997
Litla-Hraun- Viðbygging	307.312.048	391.357.000	1994-1996	1994-1996
Félagsmálaráðuneyti				
Meðferðarstöð fyrir unglinga	93.382.843	112.691.000	1995-1996	1995-1996
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti				
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	202.288.160	324.714.000	1994-1998	Ólokið
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, utanh.	91.786.843	120.650.000	1994-1997	Ólokið
Heilsugæslustöð Húsavík	178.165.290	Liggur ekki fyrir	1984-1989	
Heilsugæslustöð Kópavogi	65.187.072	130.894.023	1994-1998	Ólokið
Hjúkrunardeild Höfn Hornafirði	120.823.468	143.255.000	1993-1995	1993-1995
Hjúkrunarálma Víðihlíð Grindavík	189.716.252	215.588.610	1991-1994	1991-1994
Sjúkrahús og heilsugæslustöð, Akranesi	176.948.772	Liggur ekki fyrir		
Sólvangur Hafnarfirði	226.865.327	Liggur ekki fyrir		
Fjármálaráðuneyti				
Dómhús í Reykjavík	137.795.927	143.563.000	1992	1992
Stjórnsýsluhús, Akranesi	117.503.111	108.461.538	1993-1995	1993-1995
Tollhúsið við Tryggvagötu	137.415.308	148.012.000	1992-1996	1992-1996

1331. Nefndarálit [530. mál]

um frv. til l. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Steingrím Ara Arason, Áslaugu Guðjónsdóttur og Margréti Gunnlaugsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Grétar Þorsteinsson, Ara Skúlason, Gylfa Arnbjörnsson og Benedikt Davíðsson frá Alþýðusambandi Íslands, Þórarin V. Þórarinsson, Þórð Magnússon og Víglund Þorsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson frá Vinnumálasambandinu, Hrafn Magnússon og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Þorgeir Eyjólfsson frá Landssambandi lífeyrissjóða, Birgi Björn Sigurjónsson og Mörthu Á. Hjálmarsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Björn Arnórsson frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Ólaf Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Má Guðmundsson frá Seðlabanka Íslands, Jónas Fr. Jónsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Rúnar Guðmundsson, Helga Þórsson og Jóhönnu Gústafsdóttur frá Vátryggingaeftirlitinu og Baldur Guðlaugsson, Sigurð R. Helgason, Guðmund Snorrason, Áslaugu Magnúsdóttur, Vigdísi Hauksdóttur og Bolla Magnússon frá Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Árna Reynissyni, löggiltum vátryggingamiðlara, Bandalagi háskólamanna, Félagi frjálslyndra hagfræðinema, Landssambandi lífeyrissjóða, Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Samtökum áhugafólks um lífeyrissparnað, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Vátryggingaeftirlitinu, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, Verslunarráði Íslands og Vinnumálasambandinu og sameiginlegar umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands annars vegar og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands hins vegar.

Inngangur.

Lífeyriskerfi Íslendinga sem byggist á þremur stoðum um skyldutryggingu, sjóðssöfnun og samtryggingu hefur reynst vel. Samkvæmt Alþjóðabankanum hafa kerfi sem byggjast á þessum grundvallaratriðum reynst best af þeim lífeyrissjóðakerfum sem nú þekkjast.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið átti í fjárhagslegum vandræðum lengi framan af en hin síðari ár hafa lífeyrissjóðir bætt fjárhagslega stöðu sína verulega. Það er vegna þess að ávöxtun hefur verið góð undanfarin ár en einnig hafa sjóðir sameinast og þannig hafa orðið til sterkari einingar.

Það er dómur flestra, og kemur einnig fram í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar, að kerfi okkar hafi reynst mjög vel í alþjóðlegum samanburði og standi traustum fótum. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er einna sterkast kerfa í Evrópu til að takast á við skuldbindingar framtíðarinnar.

Hornsteinn lífeyrissjóðakerfisins hérlendis er að ríkt hefur samráð um meginþætti þess. Þannig hafa lífeyrissjóðirnir verið í sameiginlegri umsjón samtaka launþega og vinnuveitenda enda hafa þau gert þá kjarasamninga sem lífeyrissjóðirnir byggjast á.

Þegar sett er heildarlöggjöf um lífeyrissjóði er mikilvægt að líta til skuldbindinga ríkisvaldsins gagnvart ellilífeyrisþegum en auknar greiðslur í framtíðinni úr lífeyrissjóðakerfinu munu lækka greiðslur almannatrygginga af hálfu ríkisvaldsins. Þau útgjöld nema nú um fimmtungi ríkisútgjalda. Skattahagræði samtryggingarsjóðanna (frestun skattgreiðslu þar til útborgun lífeyris hefst) er rökstutt með því að ellilífeyristrygging til æviloka, sem samtryggingarsjóðirnir veita, spari ríkissjóði veruleg útgjöld og létti byrði skattgreiðenda í framtíðinni. Þannig er það hagsmunamál fyrir ríkið að vel sé staðið að endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu í ljósi samtengingar lífeyrissparnaðar og almannatrygginga. Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga er reyndar mál sem full þörf er á að endurskoða í heild sinni. Bætur almannatrygginga, þar með talinn grunnlífeyrir, skerðist nú þegar við tiltekin tekjumörk. Þetta getur í sumum tilvikum valdið því að einstaklingur, sem hefur samviskusamlega greitt umsaminn hlut launa sinna í lífeyrissjóð alla sína starfsævi, er að lokum litlu eða engu betur settur en sá sem hefur vanrækt lífeyrisgreiðslur. Þetta fær ekki staðist. Vegna þessa og annarra vandamála sem stafa af tekjutengingu bóta almannatrygginga ber að huga vandlega að samspili almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum í framtíðinni.

Rétt er að hafa í huga að lífeyrissparnaður hefur verið helsta uppspretta sparnaðar hérlendis. Það hefur ekki tekist vel til hjá okkur að auka sparnað, hvað þá frjálsan sparnað, en stærsti hluti sparnaðar hérlendis er í lífeyrissjóðum. Sparnaður hérlendis hefur verið mun minni en æskilegt hefði verið. Því er mjög mikilvægt að ekki sé hróflað við meginþáttum þessa kerfis. Sparnaður sérhvers þjóðfélags stendur undir fjárfestingum sem móta lífskjör framtíðarinnar og Íslendingar hafa dregist aftur úr á því sviði.

Mikil umræða hefur verið um hvort ekki væri sanngjarnt að launþegar fengju að velja milli lífeyrissjóða. Þetta er gjarnan klætt í orð valfrelsis og aðlögunar að nútímanum. Þetta byggist á misskilningi. Ef einstaklingar geta valið milli lífeyrissjóða með skyldutryggingu þýðir það vitaskuld að lífeyrissjóðir geta valið sér sjóðfélaga. Það mun leiða til þess að þeir sem eru dýrari í tryggingu, t.d. sjómenn og aðrir sem vinna áhættusöm störf eða konur sem verða eldri en karlar, munu þurfa að greiða meira í ellilífeyris- og örorkutryggingar en aðrir, eða sætta sig ella við lakari réttindi en aðrir. Hugsanlegt er að mismunun af þessu tagi kalli að lokum á styrki eða niðurgreiðslur úr ríkissjóði, þ.e. auki byrðar skattgreiðenda.

Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið fjallar um heildarlöggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta er umfangsmikið frumvarp en undirbúningur að löggjöf um lífeyrismál hefur staðið í áratugi.

Meðal efnis frumvarpsins eru ákvæði um skyldutryggingu og viðbótarsparnað. Einnig er fjallað um réttindi í lífeyrissjóðum og almenn skilyrði lífeyrissjóðsrekstrar. Lágmarksskilyrði af hálfu ríkisins fyrir viðurkenningu á starfsemi lífeyrissjóða, sem og fyrir skattahagræði af ríkisins hálfu, hlýtur að vera að lífeyrissjóður veiti að lágmarki ellilífeyri til ævilóka og örorkutryggingu, auk maka- og barnabóta eða ígildis þeirra. Kveðið er á um hvaða skilyrði verður að uppfylla fyrir starfsleyfi lífeyrissjóða og fjallað er um rekstur og innra eftirlit þeirra. Sérstakur kafli er um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og skilyrði sem henni eru sett. Auk þess er fjallað um ársreikning og endurskoðun, eftirlit, slit og

samruna lífeyrissjóða. Einnig eru sérstök ákvæði gagnvart þeim lífeyrissjóðum sem eru starfandi við gildistöku þessara laga.

Frumvarpið er 60 greinar og því fylgir ítarleg greinargerð. Það er skoðun minni hluta nefndarinnar að heildarlöggjöf um lífeyrissjóði sé löngu tímabær. Hins vegar hefur ríkisstjórnin valið þessu máli þann farveg við undirbúning að það hefur vakið tortryggni. Þannig var ekki haft samráð við aðstandendur lífeyrissjóðakerfisins við undirbúning þessa frumvarps nema að litlu leyti. Slík vinnubrögð eru ámælisverð og hafa dregið dilk á eftir sér.

Sameignar- og séreignarsjóðir.

Samábyrgð er grundvallaratriði í sameignarsjóðunum. Sjóðfélagar öðlast réttindi til ellilífeyris til æviloka og til örorku- og fjölskyldulífeyris. Í sameignarsjóðum er áhættunni dreift og samábyrgðin er grundvölluð á skylduaðildinni, þ.e. að allir taki þátt í henni. Allir, hvort sem eru ungir eða aldnir, karlar eða konur, giftir eða ógiftir, barnlausir eða barnafólk, öðlast samsvarandi réttindi fyrir sömu iðgjöld. Sameignarsjóðirnir ábyrgjast ellilífeyri óháð ævilengd til æviloka. Þeir ábyrgjast jafnframt örorkulífeyri og greiða makalífeyri og barnalífeyri.

Séreignarsjóðirnir byggjast á allt öðru fyrirkomulagi. Þar leggja einstaklingar fyrir lífeyrissparnað sem er á þeirra nafni og þegar þeir hafa náð tilteknum aldri mega þeir taka út inneign sína á ákveðnum árafjölda. Séreign sjóðfélaga getur gengið að erfðum til maka og afkomenda. Þetta form hentar mjög vel fyrir viðbótarsparnað enda hafa fjölmargir Íslendingar lagt viðbótarsparnað til elliáranna í séreignarsjóði. Brýnt er að hafa slíka möguleika eftir sem áður.

Samtryggingarkerfið byggist á því að allir séu þátttakendur í því að greiða tiltekinn hluta af launum sínum í kerfi sem veitir sambærilegan elli- og örorku-, barna- og makalífeyri. Síðan er einstaklingum vitaskuld heimilt að spara af launum sínum umfram þetta hlutfall. Minni hlutinn vill að einstaklingar eigi kost á því að spara í séreignarkerfi að því tilskildu að þeir hafi tekið þátt í samtryggingu eins og aðrir þegnar. Samtryggingarkerfið, sem reynst hefur vel hérlendis, byggist á þeirri einföldu staðreynd að annaðhvort eru allir með í því kerfi eða það er ekki hægt að starfrækja slíkt fyrirkomulag.

Það er algjörlega óviðunandi að heilsulitlir, konur og þeir sem sinna áhættusömum störfum þurfi að greiða meira til lífeyrissjóða fyrir sömu réttindi og aðrir.

Minni hlutinn vill að tryggð séu réttindi þeirra sem sparað hafa með reglubundnum hætti í séreignarsjóði. Fjölmargir einstaklingar hafa byggt upp lífeyrissparnað sinn með þeim hætti. Einstök verkalýðsfélög hafa kosið þetta form lífeyrissparnaðar og gert um það kjarasamninga. Það er ekki ætlun minni hlutans að skerða möguleika þessara aðila, en það var hins vegar gert í frumvarpi ríkisstjórnarinnar í upphaflegri mynd.

Hins vegar er eðlilegt að skapað sé svigrúm fyrir séreignarsjóði án þess að það komi niður á samtryggingarkerfinu. Þess vegna hefur verið rætt um að séreignarsjóðir fái tækifæri til að taka við sparnaði í samtryggingarformi af hálfu launþega, jafnframt því að vera með sparnað sem séreign. Sé þessi leið farin verður vitaskuld að heimila hefðbundnum lífeyrissjóðum innan samtryggingarkerfisins að byggja upp séreignardeildir, þ.e. að þeir mættu einnig taka við sparnaði launþega sem væri séreign þeirra. Hugmyndir í þessa átt voru ræddar ítarlega innan nefndarinnar.

Sjóðfélagar í sameignarsjóðunum eru um 132.000 talsins miðað við tölur frá árinu 1995 frá Seðlabanka Íslands. Til séreignarsjóða greiddu þá 2.900 manns. Þannig er augljóst að þeir sem greiða nú með reglubundnum hætti til séreignarsjóða eru ekki fleiri en 4.000 talsins á sama tíma og yfir 130.000 einstaklingar greiða með reglubundnum hætti í sameignarsjóði. Því er brýnt að ekki sé gengið svo á kerfi stærri hópsins að hætta stafi af.

Ásókn í ávöxtun lífeyrissparnaðar.

Eftir að frumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fram kom í ljós að fjölmargir stjórnarliðar vildu sem minnst við málið kannast og töldu að hér væri allt of skammt gengið í að efla séreignarsjóði innan lífeyriskerfisins.

Sú einkennilega staða kom upp í nefndinni að stjórnarandstæðingar vildu vinna í meginatriðum út frá stjórnarfrumvarpinu, þó þannig að vitaskuld yrði að breyta 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um greiðslufyrirkomulag í lífeyrissjóði, og tryggja yrði réttindi þeirra sem með reglubundnum hætti hafa greitt í séreignarsjóði. Þessi áhersluatriði minni hlutans fengu ekki hljómgrunn hjá meiri hlutanum sem hugðist knýja fram breytingar á stjórnarfrumvarpinu í þá átt að gefa fjármálafyrirtækjum rýmri rétt til að taka við lífeyrissparnaði.

Það kom í ljós í umræðum innan þings og utan að fjármálafyrirtæki nátengd Sjálfstæðisflokknum voru fyrst og fremst að hugsa um það hvernig þau gætu komist í hinar háu fjárhæðir sem eru bundnar í núverandi lífeyrissparnaði og eru væntanlegar á næstu áratugum. Sparnaður í lífeyrissjóðakerfinu nemur nú um 300 milljörðum kr. og er talinn aukast um 150 milljarða kr. á tiltölulega fáum árum. Iðgjöld lífeyrissjóðanna eru nú nálægt 20 milljörðum kr. árlega. Hér er um að ræða geysimikið fé sem fjáraflafyrirtæki tengd stjórnarflokkunum vilja ná tangarhaldi á.

Glöggt kom fram í umræðum utan þings, einkum fyrir forgöngu Morgunblaðsins, að séreignarsjóðir og fjármálafyrirtæki sóttu mjög hart að frumvarpi ríkisstjórnarinnar undir kjörorðinu valfrelsi. Eins og áður hefur verið bent á byggist það á misskilningi vegna þess að velji einstaklingur milli sjóða munu sjóðir velja milli einstaklinga og slíkt mundi rústa samtryggingarkerfi okkar sem reynst hefur vel til greiðslu lífeyris og hefur tryggt jöfnun gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum.

Skipulag á vinnumarkaði.

Minni hlutinn lagði mjög mikla áherslu á að málið yrði unnið í sem nánustu samráði við aðila vinnumarkaðarins, einfaldlega vegna þess að lífeyrissjóðakerfið var sett á laggirnar í kjarasamningum og lífeyrissjóðir eru eign launþega í sameiginlegri vörslu og umsjón launþegasamtaka og vinnuveitendasamtaka. Það er það skipulag sem launþegar og vinnuveitendur hafa komið sér saman um.

Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að við setningu heildarlöggjafar um lífeyrissjóðsmál sé ekki blandað inn í það óskyldum hlutum eins og skipulagi og samningsformi á vinnumarkaði. Greinilegt var að ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar ætluðu að nota tækifærið við setningu heildarlöggjafar um lífeyrismál til að knýja fram breytingar á skipulagi vinnumarkaðarins þannig að einstaklingsbundnum ráðningarsamningum yrði gert hærra undir höfði en áður. Það þýðir að launþegar eru í reynd hvattir til að eiga ekki aðild að verkalýðsfélögum og jafnframt að fyrirtæki eru í reynd hvött til að eiga ekki aðild að vinnuveitendasamtökum.

Þessi afstaða ríkisstjórnarmeirihlutans endurspeglar þá stjórnmálastefnu, sem reynd hefur verið víða um heim, að brjóta niður skipulagt starf launþegahreyfingar. Stjórnarandstaðan leggst gegn slíkum hugmyndum, enda hefur hvergi sýnt sig að það hafi leitt til hagsbóta fyrir launþega eða þjóðfélagið í heild. Þvert á móti er sú stefna sem ríkisstjórnin er að reyna knýja fram á undanhaldi víða um heim og má þar minnast afhroðs breska íhaldsflokksins sem hafði þessa stefnu.

Umsagnir um frumvarpið.

Fjölmargar umsagnir bárust um frumvarpið og verður hér getið nokkurra þeirra. Þau tíðindi gerðust að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skiluðu sameiginlegri umsögn. Minni hlutinn þekkir ekki dæmi þess en það sýnir alvöru málsins hjá aðilum vinnumarkaðarins og samstöðu þeirra um að standa vörð um kerfi sem talið er eitt hið besta á Vesturlöndum.

Í umsögn Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins kemur fram að núverandi kerfi hafi reynst vel og mikilvægt sé að byggja á því. Einkum eru gerðar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins, um sjóðsaðild, og samtökin telja að orðalag frumvarpsins og breytingartillögur meiri hlutans gangi þvert á núverandi skipan þessara mála og lýsa sig algerlega andsnúin því. Þau hafa gert eftirfarandi tillögu að orðalagi á 2. mgr. greinarinnar:

„Tryggingarskyldu skal fullnægt með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps eins og nánar er kveðið á um í hlutaðeigandi kjarasamningi eða sérlögum. Um lífeyriskjör og aðild að lífeyrissjóði fer að öðru leyti eftir ákvæðum þeirra kjarasamninga sem starfsmaður starfar eftir. Taki kjarasamningar ekki til þess starfs sem launamaður gegnir fer um aðild eftir ráðningarsamningi eða ákvæðum 3. gr."

Þetta orðalag er bein tilvísun í núgildandi lög um lífeyrissjóði þar sem kveðið er á um að iðgjald skuli greiða í lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Jafnframt er vísað í kjarasamning eða sérlög. En þess má geta að opinberir starfsmenn greiða í lífeyrissjóð samkvæmt sérlögum. Að öðru leyti er það kjarasamningur sem kveður á um fyrirkomulag iðgjaldagreiðslna samkvæmt núverandi kerfi en í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er grafið undan því fyrirkomulagi.

Mikilvægt er í þessu sambandi að vekja athygli á því að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar og í tillögum meiri hluta nefndarinnar er ráðningarsamningum gert sérstaklega hátt undir höfði. Þannig er gefið í skyn að þeir séu settir á stall með kjarasamningum og sérlögum. Að vísu er dregið úr þeim skilningi í greinargerð með frumvarpinu en ákvæði greinarinnar, eins og þau birtast í frumvarpinu og tillögum meiri hlutans, sýna glöggt þá ætlun ríkisstjórnarinnar að auka vægi ráðningarsamninga varðandi sjóðsaðild.

Þessu mótmæla Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið. Þau vilja að ráðningarsamningar taki einungis til sjóðsaðildar ef kjarasamningar ná ekki til þess starfs sem launamaður gegnir. Vitaskuld er mjög mikilvægt í sambandi við lífeyrissjóðafrumvarpið að almennu skipulagi á vinnumarkaði sé ekki breytt. Það verður að gerast á öðrum vettvangi en í tengslum við löggjöf um lífeyrissjóði.

Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið benda á að finna verði leið fyrir þá sem um lengri tíma hafa greitt reglubundið í séreignarsjóði og stöðu þeirra verður að skoða sérstaklega. Er það álit samhljóða áliti minni hlutans. Jafnframt hvetja samtökin til þess að almennir lífeyrissjóðir fái möguleika á að taka við viðbótarsparnaði í formi séreigna. Í umsögn þeirra kemur einnig fram gagnrýni á að ekki hafi verið haft samráð við þau við undirbúning málsins og er sú framkoma fjármálaráðuneytis ámælisverð.

Í umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja er lagt til að þak sé sett á samtryggingu og hvatt til samkeppni á lífeyrismarkaði.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur ítrekar að gætt verði að stöðu lífeyrissjóða sem byggjast á samtryggingu án þess að iðgjöld þeirra séu skert. Jafnframt hvetja þau til þess að lífeyrissjóðir megi taka við viðbótariðgjöldum.

Vátryggingaeftirlitið bendir m.a. í umsögn sinni á ýmsar tæknilegar breytingar sem gera þarf á frumvarpinu til að það nái betur yfir verkefni lífeyrissjóðanna.

Landssamband lífeyrissjóða varar við því að grundvallarbreytingar séu gerðar „í fljótfærni vegna þröngra sérhagsmuna banka, verðbréfafyrirtækja og tryggingafélaga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu í núverandi mynd". Orðalagi frumvarpsins og breytingartillagna við 2. gr. er mótmælt. Sömuleiðis er óskað eftir því að lífeyrissjóðirnir fái möguleika á að taka við viðbótarlífeyrissparnaði.

Verslunarráð Íslands telur að frumvarpið samrýmist ekki meginmarkmiðum fjármálaráðherra um aukið valfrelsi í lífeyrissparnaði, að samkeppni sé innleidd milli lífeyrissjóða og að bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóða sé tryggð. Það er skoðun Verslunarráðsins að skylduaðild að tilteknum sjóðum brjóti í bága við mannréttindasáttmála Evrópu og að ákvæði stjórnarskrárinnar séu hugsanlega brotin með frumvarpinu.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands vara við orðalagi 2. gr. frumvarpsins og vilja jafnframt að orðalag 5. gr. sé skýrara en það ákvæði snýr m.a. að opinberum starfsmönnum.

Í umsögn Árna Reynissonar, löggilts vátryggingamiðlara, er þeirri skoðun lýst að skylduaðild að lífeyrissjóðum sé skattlagning á þá sem fara eigin leiðir í sparnaði.

Samband almennra lífeyrissjóða gagnrýnir harðlega samráðsleysi við samningu frumvarpsins og telur að núverandi lífeyrissjóðakerfi hafi reynst framúrskarandi vel. Þeir taka að öðru leyti undir sjónarmið sem koma fram í umsögn Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins.

Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands bendir á sérstöðu þess sjóðs en hann hefur byggt upp sparnað í séreignarsjóði og kynnir í umsögn sinni hugmyndir um Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga þar sem kostir séreignar- og samtryggingarsjóða eru sameinaðir. Þeir telja mikilvægt að sjóðfélagar hafi áfram frelsi til að byggja upp lífeyrissparnað í séreignarsjóði.

Seðlabanki Íslands tekur ekki í umsögn sinni „afstöðu til mismunandi útfærslna á fyrirkomulagi lífeyrismála en leggur áherslu á hve mikilvægt öflugt lífeyriskerfi byggt á sjóðsöfnun og skylduaðild að kerfinu er fyrir þjóðhagslegan sparnað og eflingu fjármagnsmarkaða".

Félag frjálslyndra hagfræðinema mótmælir frumvarpi ríkisstjórnarinnar og telur að það dragi úr samkeppni milli lífeyrissjóða og skapi óstöðugleika og óvissu á fjármagnsmarkaði.

Samband íslenskra tryggingafélaga bendir m.a. í umsögn sinni á að eðlilegt væri að Vátryggingaeftirlitið hefði eftirlit með lífeyrissjóðum frekar en bankaeftirlitið. Jafnframt bendir sambandið á ýmis atriði sem marka sérstöðu tryggingafélaga á þessum markaði.

Breytingartillögur meiri hlutans.

Í vinnu efnahags- og viðskiptanefndar kom fljótlega fram að meiri hlutinn eða hluti hans vildi setja þak á lífeyrisgreiðslur í samtryggingu þannig að þeir sem betur væru launaðir þyrftu einungis að greiða hluta af tekjum sínum í samtryggingarkerfið. Þessum hugmyndum höfðu fulltrúar launþega áður hafnað algerlega.

Í starfi nefndarinnar lagði formaður efnahags- og viðskiptanefndar síðan fram breytingartillögur sem hann kallaði tillögur til sátta. Það var langt í frá að þær tillögur væru á nokkurn hátt til sátta, enda var þeim hafnað af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins.

Þessar tillögur voru greinilega unnar í samráði við fjármálaráðuneytið og nutu stuðnings fjáraflamannanna í baklandi Sjálfstæðisflokksins. Hinn stjórnarflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, hafði lítil afskipti af vinnu þessa máls.

Mikill ágreiningur ríkti um þessar tillögur og snerist hann einkum um tvær greinar frumvarpsins. Annars vegar um 2. gr. sem var gagnrýnd harðlega bæði af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins. Breytingartillaga meiri hlutans lagfærði greinina ekki að neinu marki.

Hins vegar var ágreiningur um ákvæði 8. gr. frumvarpsins, þ.e. að sett skyldi lágmark tryggingaverndar þannig að lífeyrissjóðir geti boðið upp á samninga um viðbótarsparnað, enda fullnægi þeir tilteknum lágmarkskröfum. Þetta tryggingarákvæði er ekki útfært í breytingartillögum meiri hlutans og er eitt af þeim atriðum sem á að skoða betur í sumar.

Ljóst er að breytingartillögur meiri hlutans hleyptu málinu í mikið uppnám vegna þess að með þeim er gengið gegn núverandi skipulagi á vinnumarkaði og stefnt er í hættu því kerfi lífeyrissparnaðar sem reynst hefur vel.

Það er sérkennilegt að af þeim sex í meiri hluta nefndarinnar sem standa að meirihlutaálitinu skrifa þrír undir með fyrirvara. Einn hyggst flytja sérstakar breytingartillögur við málið. Annar gagnrýnir 2. gr. frumvarpsins og sá þriðji er með almennan fyrirvara við málið. Á þessu sést best að það er ekki einungis fullkomin andstaða við breytingartillögur og afgreiðslu meiri hlutans af hálfu stjórnarandstöðu og aðila vinnumarkaðarins heldur einnig er mikill ágreiningur um málið innan stjórnarflokkanna.

Þegar málið stefndi í óefni og fjármálaráðuneytið knúði á um afgreiðslu þess á grundvelli breytingartillögu meiri hlutans rituðu Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, sameiginlegt bréf 9. maí sl. Þar komu fram „eindregin og sameiginleg tilmæli samtakanna að frumvarpið um starfsemi lífeyrissjóða verði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi heldur verði það áfram unnið í samstarfi þingnefndar, ráðuneytis og hagsmunaaðila með það að markmiði að ná víðtækri sátt um afgreiðslu þess á haustþingi".

Enn fremur ítreka samtökin nauðsynlega breytingu „á efni 2. gr. frumvarpsins sem kynnt hefur verið ráðherrum". Þar er átt við orðalag sem fyrr er getið í sameiginlegri umsögn samtakanna. Á grundvelli þessa bréfs tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að fresta afgreiðslu málsins.

Afgreiðsla meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Svo gerðist það á fundi efnahags- og viðskiptanefndar 12. maí sl. að formaður nefndarinnar lagði fram bréf frá fjármálaráðherra þar sem sagði m.a.: „Ríkisstjórnin telur eðlilegt að nefndin afgreiði málið þannig að tillögur liggi fyrir með formlegum hætti. Í framhaldi af því verði frumvarpinu breytt samkvæmt tillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og lagt fyrir starfshóp sem fjármálaráðherra mun skipa með þátttöku hagsmunaaðila. Hópurinn mun í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjalla um málið í sumar og skila niðurstöðum sínum fyrir miðjan september. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram í þingbyrjun og afgreitt fyrir næstu áramót."

Með þessu bréfi tók málið nýja stefnu. Talið hafði verið að afgreiðslu málsins yrði frestað og það yrði unnið í sumar á grundvelli allra tillagna sem borist höfðu um málið og lagt yrði fram frumvarp í haust. Minni hlutinn bauðst til þess að standa sameiginlega að áliti með meiri hlutanum þar sem fram kæmi það sjónarmið að vinna þyrfti úr öllum þeim tillögum sem fram hefðu komið, enda var það augljóst að ef t.d. ætti að setja í frumvarpið ákvæði um lágmarkstryggingavernd yrði að skilgreina þann þátt miklu betur, en tími hafði ekki unnist til þess. Jafnframt er ljóst að aldrei mun nást sátt um útfærslu meiri hlutans á 2. gr. frumvarpsins.

Ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar ákváðu hins vegar að leggja fram breytingartillögur við frumvarpið og að þannig breytt færi frumvarpið til frekari úrvinnslu í samráðshópi. Augljóst er, og kom það glöggt fram í fjölmiðlaumræðu í kjölfar þessarar afgreiðslu meiri hlutans, að síðan er ætlunin að breyta frumvarpinu sáralítið.

Að mati minni hlutans er hér um að ræða mjög vonda og óskynsamlega aðferð sem getur valdið stríði á vinnumarkaði. Ríkisstjórnin ætlar sér ekki að hafa neitt alvörusamráð við hagsmunaaðila, fulltrúa launafólks og vinnuveitenda, aðra séreignarsjóði eða stjórnarandstöðu um þetta mál. Það er augljóst af málsmeðferðinni að knýja á fram vilja meiri hluta nefndarinnar eins og hann birtist í tillögum hans.

Tillögum meiri hlutans hafnað.

Andstaða minni hlutans við þessa málsmeðferð er studd af aðilum vinnumarkaðarins. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir 13. maí sl. í Morgunblaðinu í kjölfar þessara atburða: „Það er óneitanlega afskaplega sérkennilegt að þingnefndin skuli vera látin afgreiða málið formlega áður en til þessa samstarfs kemur." Síðar segir í viðtalinu: „Við ætlum ekki að fara í viðræður um þetta mál á forsendum meiri hluta þingnefndar. Svona vinnubrögð auka ekki með okkur bjartsýni um að það verði hægt að ná sátt í málum." Einnig segir Grétar: „Við höfnum tillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar."

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri VSÍ, tekur, samkvæmt Morgunblaðinu sama dag, undir sjónarmið Grétars og telur ummæli Vilhjálms Egilssonar „um að til greina kæmi að gera smávægilegar breytingar á frumvarpinu" sérkennileg. Þórarinn sagði þessi ummæli í ósamræmi við yfirlýsingar forustumanna ríkisstjórnarinnar. Þórarinn sagði enn fremur: „Ummæli Vilhjálms eru fullkomlega óskiljanleg og geta ekki verið til leiðbeiningar í einu eða neinu ef það fylgir því alvara að leita eftir sáttum um málið. Nefndin sem skipuð verður á næstu dögum hlýtur að koma óbundin að þessu starfi. Ef svo væri ekki væri ástæðulaust að skipa hana því þá væri það merki um að ríkisstjórnin vildi ekki neitt samstarf um málið og ég hef ekki skilið ummæli forsætisráðherra á þann veg. Hann lagði þvert á móti áherslu á að það næðist samstaða um málið."

Af þessu er ljóst að ríkisstjórnin hefur stefnt málinu í mikla hættu með þessari ákvörðun sinni því eins og kom fram í bréfi fjármálaráðherra, sem fyrr var vitnað til, stendur ríkisstjórnin öll að tillögu um þessa málsmeðferð sem er gagnrýnd harðlega af stjórnarandstöðu og aðilum vinnumarkaðarins. Ríkisstjórnin ætlar að efna til stríðs við aðila vinnumarkaðarins um lífeyrissjóðamálið og reyna að knýja fram breytingar á skipulagi vinnumarkaðarins í tengslum við endurskipulagningu lífeyrismála. Það er hættuleg stefna og minni hlutinn mun berjast gegn þessu ætlunarverki ríkisstjórnarflokkanna.

Lokaorð.

Þar sem málið verður ekki tekið til frekari afgreiðslu á þessu þingi heldur gert ráð fyrir að frumvarpið með breytingartillögum meiri hlutans verði lagt til grundvallar í starfshópi í sumar í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd ætlast minni hlutinn til þess að nefndarálit hans verði einnig lagt til grundvallar í vinnu starfshópsins. Þess vegna fylgja þessu nefndaráliti allar umsagnirnar sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarpið. Með þeirri afgreiðslu telur minni hlutinn að málið sé afgreitt á skynsamlegan hátt til frekari úrvinnslu á sumri komanda. Það hefði verið mun skynsamlegri leið að sameinast um slíka aðferð en að fara í þann stríðsleik sem meiri hluti nefndarinnar og ríkisstjórnin stefna í.

Minni hlutinn er reiðubúinn að vinna að þessu máli með hagsmunaaðilum og meiri hlutanum en telur þá að við slíka vinnu verði menn að vera óbundnir af tillögugerð, hvort sem er af hálfu meiri eða minni hluta nefndarinnar. Það er ekki hægt að ná árangri í þessu máli nema mætt sé til samráðs með opnum huga og skoðaðar allar tillögur sem fram hafa komið í málinu. Minni hlutinn telur mjög brýnt að sátt náist um heildarlöggjöf um lífeyrismál á Íslandi.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 14. maí 1997.

Ágúst Einarsson, frsm.	Steingrímur J. Sigfússon.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Nefndarálitinu fylgdu eftirfarandi fylgiskjöl og vísast um þau til þingskjalsins (lausaskjalsins).

I. Umsögn Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands (29. apríl 1997).
II. Umsögn Árna Reynissonar vátryggingamiðlara (29. apríl 1997).
III. Umsögn BSRB, Bandalags háskólamanna og Kennarasambands Íslands (29. apríl 1997).
IV. Umsögn Félags frjálslyndra hagfræðinema (25. apríl 1997).
V. Umsögn Landssambands lífeyrissjóða (29. apríl 1997).
VI. Umsögn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands (29. apríl 1997).
VII. Umsögn Sambands almennra lífeyrissjóða (29. apríl 1997).
VIII. Umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga (30. apríl 1997).
IX. Umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka (29. apríl 1997).
X. Umsögn Samtaka áhugafólks um lífeyrissparnað (28. apríl 1997).

XI. Umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja (29. apríl 1997).
XII. Umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja (7. maí 1997).
XIII. Umsögn Seðlabanka Íslands (25. apríl 1997).
XIV. Umsögn Vátryggingaeftirlitsins (29. apríl 1997).
XV. Umsögn Vátryggingaeftirlitsins (2. maí 1997).
XVI. Umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur (30. apríl 1997).
XVII. Umsögn Verslunarráðs Íslands (28. apríl 1997).
XVIII. Umsögn Vinnumálasambandsins (30. apríl 1997).
XIX. Bréf fjármálaráðherra til nefndarinnar (11. maí 1997).

1332. Svar [589. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Gísla S. Einarssonar um Jarðasjóð ríkisins.

1. *Hversu margar jarðir hefur Jarðasjóður ríkisins keypt á síðustu þremur árum? Hvaða jarðir eru það, sundurliðað eftir árum?*

Árin 1994,1995 og 1996 keypti Jarðasjóður átta jarðir. Tekið skal fram að árið 1994 var engin jörð keypt en einu sveitarfélagi var lánað úr sjóðnum vegna jarðakaupa, sbr. heimild í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 34/1992. Keyptar jarðir eru eftirfarandi og er kaupárs getið í sviga:

a. Eyjar, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu (1995).
b. Heiði, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu (1995).
c. Hæringsstaðir, Svarfaðardalshreppi, Eyjafjarðarsýslu (1995).
d. Hjarðarhvoll, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu (1995).
e. Hamrar, Reykdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu (1996).
f. Svínhóll, Dalabyggð, Dalasýslu (1996).
g. Hreiðarsstaðir, Svarfaðardalshreppi, Eyjafjarðarsýslu (1996).
h. Ytri-Lyngar II, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu (1996).

2. *Hversu miklum fjármunum hefur verið varið til jarðakaupa á síðustu þremur árum, sundurliðað eftir árum?*

Ár	Millj. kr.
1994	0,0
1995	32,9
1996	41,7

3. *Hversu margar jarðir hefur sjóðurinn keypt á árinu 1997, hvaða jarðir er um að ræða og hvað var greitt fyrir hverja þeirra? Hve margar jarðir hefur sjóðurinn selt og á hvaða verði?*

Á þessu ári hefur Jarðasjóður ekki keypt neina jörð en í undirbúningi eru kaup á fimm jörðum og verða samningar vegna tveggja undirritaðir á næstu dögum. Ekki þykir rétt að nafngreina þær jarðir sem hér um ræðir, af tillitssemi við þá aðila sem eiga hlut að máli, fyrr en samningar hafa verið undirritaðir. Jarðasjóður hefur ekki selt jörð það sem af er þessu ári.

4. Hversu margar beiðnir um jarðakaup eru nú hjá sjóðnum? Hvaða jarðir er um að ræða?

Auk þeirra fimm jarða sem þegar hefur verið ákveðið að kaupa á þessu ári, náist samkomulag um verð og greiðslukjör, bíða afgreiðslu erindi tveggja jarðeigenda um að sjóðurinn kaupi jarðir þeirra. Ekki þykir rétt að nafngreina þær jarðir sem um er að ræða af sömu ástæðu og greinir í svari við 3. spurningu. Dreifing jarða milli sveitarfélaga er eftirfarandi:

Sveitarfélag	Fjöldi jarða
Reykhólahreppur	1
Mýrahreppur	1
Þverárhreppur	1
Skriðuhreppur	1
Fljótahreppur	1
Skeggjastaðahreppur	2

Rétt er að fram komi að 18. apríl 1997 synjaði ráðuneytið sex aðilum um jarðakaup vegna skorts á fjármagni á þessu ári. Þeim aðilum var bent á að endurnýja beiðni sína á næsta ári.

5. Eru jarðir í eigu sjóðsins í útleigu með eða án kvóta? Er mjólkur- eða sauðfjárkvóti í eigu sjóðsins?

Framleiðsluréttur í mjólk og sauðfé er bundinn jörðum. Sé framleiðsluréttur til staðar á jarðeignum sjóðsins fylgir hann jörðinni.

6. Eftir hvaða reglum er farið þegar ákvarðað er um jarðakaup af hálfu sjóðsins?

Jarðasjóður ríkisins er starfræktur samkvæmt lögum nr. 34/1992. Ekki er við aðrar skráðar reglur að styðjast. Fram til þessa hefur sjóðurinn getað keypt þær jarðir sem óskað hefur verið eftir að sjóðurinn kaupi. Á því hefur nú orðið breyting vegna mjög aukinnar eftirspurnar. Tekið skal fram að erindi vegna þeirra jarða sem áformað er að kaupa á þessu ári bárust á árunum 1995 og 1996 þannig að þau hafa verið afgreidd í tímaröð.

7. Hvaða áætlanir eru um framhald jarðakaupa af hálfu sjóðsins?

Fjármagn, sem sjóðurinn hefur til að kaupa jarðir, er mjög takmarkað. Á árinu 1995 jókst mjög eftirspurn eftir aðstoð sjóðsins. Það má m.a. rekja til ákvæða í búvörusamningi ríkisins og Bændasamtakanna sem gerir ráð fyrir að framleiðendur, sem hætta sauðfjárbúskap og geta ekki selt jarðir sínar á frjálsum markaði, eigi þess kost að Jarðasjóður ríkisins kaupi jarðirnar. Eins og áður er fram komið hefur erindum til sjóðsins fjölgað mjög á síðustu tveimur árum. Óvíst er hvort framhald verður á því. Sjóðurinn getur þannig ekki fyrir fram gert áætlun um jarðakaup, en reynt er að verða við þeim erindum sem berast sjóðnum og hefur það gengið eftir að yfirstandandi ári undanskildu.

1333. Svar [510. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna menntunar barna.

Fjármálaráðuneytið hefur aflað upplýsinga hjá embætti ríkisskattstjóra.

1. *Hversu margir nýttu sér heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna verulegra útgjalda við menntun barna sinna, 16 ára og eldri, árin 1994, 1995 og 1996, sundurliðað eftir árum?*

Skattyfirvöld hafa ekki sérstaklega skráðar upplýsingar um fjölda þeirra einstaklinga (hjón eru talin tveir einstaklingar) sem fengu ívilnun í tekjuskatti sökum verulegra útgjalda við menntun barna sinna, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Fyrirliggjandi upplýsingar um ívilnanir skv. 66. gr. ná yfir alla töluliði greinarinnar.

Við álagningu árið 1994 nutu 7.195 einstaklingar ívilnunar samkvæmt öllum tölulið-um 66. gr.

Við álagningu árið 1995 fjölgaði þeim sem nutu ívilnunar skv. 66. gr. verulega eða úr 7.195 einstaklingum í 11.381, þ.e. um 4.186. Þó að reikna megi með að einhver fjölgun hafi orðið milli áranna 1994 og 1995 vegna annarra töluliða 66. gr. en vegna útgjalda foreldra við nám 16–20 ára barna sinna má þó gera ráð fyrir að meginhluti fjölgunar þeirra sem nutu ívilnunar 1995 hafi verið vegna slíkra útgjalda.

Helstu ástæður fyrir auknum ívilnunum skv. 66. gr. munu vera umræður og blaðaskrif sem fram fóru haustið 1994, svo og aukin áhersla skattyfirvalda á upplýsingagjöf til almennings um rétt þann er skattþegnar hafa samkvæmt ákvæðum 66. gr. Við álagningu á árinu 1996 fjölgar þeim sem nutu ívilnunar skv. 66. gr. aðeins um 170 frá fyrra ári eða úr 11.381 í 11.551 og þykir það styðja þessa tilgátu.

2. *Hver var heildarfjárhæð þessarar skattaívilnunar á hverju ári fyrir sig og hvað lækkaði skattbyrði þeirra að meðaltali sem fengu slíkan frádrátt?*

Heildarfjárhæðir ívilnunar skv. 66. gr. til lækkunar tekjuskattsstofns voru á framtalsárinu 1994 rúmlega 800 millj. kr., framtalsárið 1995 rúmlega 1.000 millj. kr. og framtalsárið 1996 rúmlega 1.100 millj. kr.

Talið er að lækkun á tekjuskattsstofni þeirra einstaklinga sem nutu ívilnunar skv. 4. tölul. 66. gr., þ.e. vegna náms barna 16–20 ára, hafi verið 92 millj. kr. framtalsárið 1994. Áætlað er að sambærilegar tölur hafi á framtalsárunum 1995 og 1996 verið á bilinu 250–350 millj. kr. og er þá höfð í huga sú fjölgun sem talin er að hafi orðið á þeim sem nutu ívilnunar milli framtalsáranna 1994 og 1995.

3. *Hversu margir áttu rétt á slíkri skattaívilnun vegna menntunar barna á þessum árum?*

Fjöldi þeirra sem átt hafa rétt til ívilnunar liggur ekki nákvæmlega fyrir eins og áður er sagt, en ætla má að um sé að ræða 5–6 þúsund einstaklinga.

4. *Hversu margir á aldrinum 16–20 ára voru með tekjur undir viðmiðunarmörkum svo heimilt var að veita lækkun á tekjuskattsstofni skv. 4. tölul. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, og hver var ónýttur persónuafsláttur þeirra árin 1994–96?*

Á framtalsárinu 1994 voru 11.723 einstaklingar af 21.263 á aldrinum 16–20 ára undir viðmiðunarmörkum, sem voru það ár 415 þús. kr. Ónýttur persónuafsláttur þeirra var 2.220 millj. kr. Í þessari tölu eru ungmenni 16–20 ára sem ekki voru við nám.

Samsvarandi fjöldi framtalsárið 1995 var 11.530 af 20.886. Viðmiðunarmörk árið 1995 voru 417 þús. kr. og ónýttur persónuafsláttur var 2.206 millj. kr.

Fjöldatölur framtalsársins 1996 voru 11.517 af 21.261. Viðmiðunarmörk voru 427 þús. kr. og ónýttur persónuafsláttur 2.268 millj. kr.

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um fjölda nemenda undir viðmiðunarmörkum umrædd ár né heldur um ónýttan persónuafslátt þeirra. Þess skal þó getið að nemendur 16–20 ára voru samkvæmt útgefnum námsmannakortum 15.207 framtalsárið 1994 og 15.517 framtalsárið 1996. Ekki er vitað um fjöldann framtalsárið 1995.

1334. Svar [578. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Sturlu Böðvarssonar og Árna M. Mathiesen um starfsemi hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana árin 1995–97.

1. *Hversu mörg rúm eru á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum sem starfrækt eru og njóta framlaga úr ríkissjóði, skipt eftir árum og stofnunum innan kjördæma?*

Áætlaður fjöldi vistrýma fyrir aldraða á árinu 1997 á landinu öllu eru 1.108 dvalarrými og 1.993 hjúkrunarrými, þar með talin hjúkrunarrými á sjúkrahúsum. Að auki eru 349 dagvistir. Skipting á rýmum eftir kjördæmum árið 1997 er:

	Dagvist	Dvalarrými	Hjúkrunarrými	Hjúkrunarrými á sjúkrahúsum
Reykjavík	173	340	727	138
Reykjanes	54	139	363	11
Vesturland	23	121	63	39
Vestfirðir	16	13	23	46
Norðurland vestra	0	29	0	132
Norðurland eystra	56	215	116	82
Austurland	14	52	58	54
Suðurland	13	199	96	45

Nánari sundurliðun á stofnanir eftir árum og kjördæmum má sjá í fylgiskjali I.

Athuga ber að hjúkrunarrými á sjúkrahúsum eru reiknuð út frá legudagafjölda sjúklinga sem lágu 90 daga og lengur árið 1995, miðað við 100% nýtingu, og fjöldinn er þar af leiðandi jafn nýtingunni.

2. *Hversu mörg rúm voru ekki nýtt að meðaltali hvert ár á umræddum stofnunum?*

Í örfáum tilvikum fer nýting niður fyrir 98%–100%, sem að mati ráðuneytisins telst full nýting. Af daggjaldastofnunum ber helst að nefna: Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi með 80% nýtingu 1996 og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Barmahlíð, Reykhólum, með 67% nýtingu sama ár. Ráðuneytið hefur gert reynslusveitarfélagssamning annars vegar við Akureyri og hins vegar við Höfn í Hornafirði. Í samningnum við Akureyri er greitt fyrir 120 dvalarrými en nýtingin er 113 rými. Á Höfn er greitt fyrir 34 hjúkrunarrými 1996 og 33 hjúkrunarrými 1997, en nýtingin á árinu 1996 var um 26 rými. Á hjúkrunarheimilum á föstum fjárlögum er Sjúkraskýlið á Þingeyri með fjögur rými sem ekki eru nýtt eða 43% nýtingu og Sjúkraskýlið á Hólmavík og Sundabúð á Vopnafirði með nálægt 80% nýtingu. Öldrunarstofnun Önfirðinga hefur haft eitt rými laust en er fullnýtt í dag.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur rúmum verið lokað tímabundið á stofnunum á föstum fjárlögum í sparnaðarskyni. Hér ber að nefna Sunnuhlíð sem var með 3,2 rými laus á árinu 1995 en árið 1996 voru laus rými 7,5 eða 86% nýting. Áætluð nýting 1997 eru 45–46 rými eða um 87% nýting.

3. *Hver er kostnaður á hvern legudag að teknu tilliti til nýtingar fyrir hverja stofnun?*

Fyrir dagvist 1997 greiðir Tryggingastofnun ríkisins 1.674 kr. á dag og er eitt gjald fyrir landið allt. Einstaklingurinn greiðir 500 kr. til viðbótar.

Daggjald á dvalarrýmum er 2.986 kr.

Fyrir flest hjúkrunarrými á daggjöldum greiðast 6.521 kr. á dag. Kostnaðurinn er nokkru lægri á stofnunum sem hafa léttari sjúklinga og hjá stofnunum sem eru í nálægð við sjúkrahús með langlegudeildum sem hafa tök á að vista þyngstu hjúkrunarsjúklingana. Sundurliðun á kostnaði eftir stofnunum og kjördæmum má sjá í töflu í fylgiskjali II. Í töflunni koma fram daggjöld en ef stofnunin fer fram úr daggjöldum hefur ríkið ekki greitt hallann.

Kostnaður af hjúkrunarrýmum á sjúkrahúsum er hluti af heildarkostnaði hverrar stofnunar og liggur skipting á kostnaði ekki fyrir. Á nokkrum þeirra hafa forsvarsmenn stofnana leitast við að skipta kostnaðnum og er stuðst við áætlaðan kostnað 1997 í óútkomnum verkefnavísum 1998.

4. *Hver er talin þörfin fyrir hjúkrunarrúm og dvalarheimili í hverju kjördæmi fyrir sig miðað við íbúafjölda í lok ársins 1996?*

Fyrri tölurnar eru samkvæmt vistunarmati aldraðra en seinni eru reiknaðar út frá íbúafjölda.

	Vistunarmat aldraðra		Miðað við íbúafjölda	
	Dvalarheimili	Hjúkrun	Dvalarheimili	Hjúkrun
Reykjavík	222	187	435	1.014
Reykjanes	80	10	145	376
Vesturland	18	4	126	118
Vestfirðir	2	1	14	69
Norðurland vestra	7	19	38	100
Norðurland eystra	52	17	245	226
Austurland	10	3	48	100
Suðurland	29	3	237	174
Samtals	420	244	1.288	2.177

Þess ber að geta, að íbúðir aldraðra, bæði eignar- og leiguíbúðir, eru í auknum mæli að taka við dvalarheimilisþjónustunni, m.a. vegna bættrar heimaþjónustu.

5. *Hvar eru í byggingu hjúkrunarheimili, langlegudeildir og dvalarheimili? Hversu mörg rúm verða þar?*

Reykjavík:				
Skógarbær, í smíðum	68	hjúkrunarrými	11	önnur rými fyrir yngri en 67 ára
Fell, í smíðum	12			
Reykjanes:				
D-álma?	30			
Garðvangur?	10			
Norðurland vestra:				
Blönduós, endurbætur	12			
Austurland:				
Fáskrúðsfjörður?	12			
Suðurland:				
Ljósheimar, endurbætur	26	(til að rýma gömlu Ljósheima)		
Ás, Hveragerði	13		13	önnur rými fyrir geðsjúka
Samtals Ný rými	93	Önnur rými	24	
Endurbætur	38			
Vantar endanlegar niðurstöður	52			

Þess ber að geta að fjöldi annarra stofnana hefur óskað eftir að fá að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými og fjölga dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Ef verða ætti við þessum óskum öllum er þörf á um 200 m.kr. auknu fé til reksturs dvalar- og hjúkrunarheimila. Samtals er óskað eftir að breyta 119 rýmum og til viðbótar óskað eftir 33 nýjum rýmum.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir vistrými stofnana eftir árum og kjördæmum.

			Áætlaður fjöldi rýma 1997					*Fjöldi rýma 1996*					*Fjöldi rýma 1995*				
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:
Reykjavík	Dalbraut 25-27	D	40				40	40				40	40				40
	Grund, Reykjavík	D		110	157		267		110	157		267		110	157		267
	Hrafnista DAS, Reykjavík	D		134	183		317		134	183		317		134	183		317
	Droplaugarstaðir, Reykjavík	F			68		68			68		68			68		68
	Seljahlíð, Reykjavík	D		70	13		83		70	13		83		70	13		83
	Skjól	F			106		106			106		106			106		106
	Eir	F			120		120			120		120			120		120
	Skógarbær, Reykjavík *)	F			34		34										
	Sjúkrahús Reykjavíkur	F	12		46	33	91	12		46	33	91	12		46	33	91
	Landspítalinn, öldrunarlækn.	F				65	65				65	65				65	65
	Hátún 10	F				20	20				20	20				20	20
	Fell	D		20			20		20			20		20			20
	D.a.h. Vesturhlíð	D		6			6		6			6		6			6
	Reykjalundur	F				20	20				20	20				20	20
	M.S.félag Íslands Álandi 13	D	35				35	35				35	35				35
	Múlabær	D	48				48	48				48	48				48
	Hlíðarbær	D	20				20	20				20	20				20
	Lindargata 59	D	18				18	18				18					0
Samtals			173	340	727	138	1.378	173	340	693	138	1.344	155	340	693	138	1.326
Reykjanes	Sólvangur, Hafnarfirði	F			96		96			96		96			96		96
	Hrafnista, Hafnarfirði	D	26	79	146		251	26	79	146		251	26	79	146		251
	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	F				1	1				1	1				1	1
	Sunnuhlíð, Kópavogi	F	18		52		70	18		52		70	18		52		70
	Garðvangur, Garði	F			41		41			41		41			41		41
	Skjólbraut, Kópavogi	D		14			14		14			14		14			14
	Gullsmári 13, Kópavogi	D		14			14		14			14		14			14
	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	F				10	10				10	10				10	10
	Hlévangur, Keflavík	D	10	32			42	10	32			42	10	32			42
	Víðihlíð, Grindavík	F			28		28			28		28			28		28
Samtals			54	139	363	11	567	54	139	363	11	567	54	139	363	11	567

			Áætlaður fjöldi rýma 1997					*Fjöldi rýma 1996*					*Fjöldi rýma 1995*				
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:
Vesturl.	Höfði, Akranesi	D	20	54	24		98	20	54	24		98	20	54	24		98
	Sjúkrahúsið Akranesi	F				25	25				25	25				25	25
	Dalabyggð	D	3				3	3				3	3				3
	Dval. aldraðra, Borgarnesi	D		34	20		54		34	20		54		42	12		54
	Silfurtún, Búðardal	D		7			7		7			7		7			7
	Dval. aldraðra, Stykkishólmi	D		11	10		21		11	10		21		11	10		21
	Jaðar, Ólafsvík	D		8	4		12		8	4		12		8	4		12
	Fellaskjól, Grundarfirði	D		7	5		12		7	5		12		7	5		12
	St. Franciskuspítali, Stykk.	F				14	14				14	14				14	14
Samtals			23	121	63	39	246	23	121	63	39	246	23	129	55	39	246
Vestfirðir	Barmahlíð, Reykhólum	D		2	12		14		2	12		14		2	12		14
	Sjúkrahúsið Patreksfirði	F				10	10				10	10				10	10
	Vesturbyggð Bíldudal	D	3				3	3				3					0
	Sjúkraskýlið Hólmavík	F				11	11				11	11				11	11
	Fjórðungssjh. Ísafirði	F				14	14				14	14				14	14
	Hlíf Ísafirði	D	8	11			19	8	11			19	8	11			19
	Sjúkraskýlið Suðureyri	D	5				5	5				5	5				5
	Sjúkraskýlið Þingeyri	F			4		4			4		4			4		4
	Öldrunarst. Önfirðinga, Flateyri	F			7		7			7		7			7		7
	Sjúkrahús Bolungarvík	F				11	11				11	11				11	11
Samtals			16	13	23	46	98	16	13	23	46	98	13	13	23	46	95
Norðurland	Héraðsh. A. Húnv. Blönduósi	F		8		32	40		8		32	40		8		32	40
Vestra	Sjúkrahúsið, Hvammstanga	F				23	23				23	23				23	23
	Sæborg, Skagaströnd	D		11			11		11			11		11			11
	Sjúkrahúsið, Sauðárkróki	F		10		49	59		10		49	59		10		49	59
	Sjúkrahúsið, Siglufirði	F				28	28				28	28				28	28
Samtals			0	29	0	132	161	0	29	0	132	161	0	29	0	132	161

			Áætlaður fjöldi rýma 1997					*Fjöldi rýma 1996*					*Fjöldi rýma 1995*				
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:
Norðurland	Hlíð,Bakkahlíð,Skjaldarvík,Skólas	R	12	113	75		200	12	113	75		200	12	113	75		200
Eystra	Hornbrekka, Ólafsfirði	D	8	19	14		41	8	19	14		41	8	20	13		41
	Naust, Þórshöfn	D	2	4	7		13	2	4	7		13	2	4	7		13
	Dalbær, Dalvík	D	14	24	20		58	14	24	20		58	14	24	20		58
	FSA, Akureyri, Sel, Kristnes	F				47	47				47	47				47	47
	Sjúkrahúsið, Húsavík	F				35	35				35	35				35	35
	Hvammur, Húsavík	D	10	50			60	10	50			60	10	50			60
	Mörk Kópaskeri	D	5				5	5				5	5				5
	Vík, Raufarhöfn	D	5	5			10	5	5			10	5	5			10
Samtals			56	215	116	82	469	56	215	116	82	469	56	216	115	82	469
Austurland	Sundabúð, Vopnafirði	F			12		12			12		12			12		12
	Hulduhlíð, Eskifirði	D		6	15		21		6	15		21		6	15		21
	Lagarás, Egilsstöðum	D		8			8		8			8		8			8
	Sjúkrahúsið, Egilsstöðum	F				25	25				25	25				25	25
	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	D	5			16	21	5			16	21	5			16	21
	Fjórðungsjh. Neskaupsstað	F		11		13	24		11		13	24		11		13	24
	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	D		13			13		13			13		13			13
	Helgafell sf, Djúpavogi	D	4	4			8	4	4			8	4	4			8
	Breiðdalsvík	D	5				5	5				5	5				5
	Skjólgarður, Höfn	R		10	31		41		10	31		41		10	31		41
Samtals			14	52	58	54	178	14	52	58	54	178	14	52	58	54	178
Suðurland	Ás/Ásbyrgði, Hveragerði	D		57			57		57			57		57			57
	Hjallatún, Vík í Mýrdal	D		8	10		18		8	10		18		8	10		18
	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	D	8	22	22		52	8	22	22		52	8	22	22		52
	Kumbaravogur, Stokkseyri	D		22	40		62		22	40		62		22	40		62
	Sjúkrahús, Vestmannaeyjum	F				13	13				13	13				13	13
	Lundur, Hellu	D		22	12		34		22	12		34		22	12		34
	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	D		31			31		31			31		31			31
	Klausturhólar, Kirkjubæjarkl.	D		8	12		20		8	12		20		8	12		20

			Áætlaður fjöldi rýma 1997					*Fjöldi rýma 1996*					*Fjöldi rýma 1995*				
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými	Hj.rými á sjúkrah.	Fjöldi rýma alls:
	Sólvellir, Eyrarbakka	D		17			17		17			17		17			17
	Blesastaðir, Skeiðum	D		12			12		12			12		12			12
	Egilsbraut 9 Þorlákshöfn	D	5				5	5				5	5				5
	Sj. Suðurlands og Ljósheimar	F				32	32				32	32				32	32
Samtals			13	199	96	45	353	13	199	96	45	353	13	199	96	45	353
Landið allt	Reykjavík		173	340	727	138	1.378	173	340	693	138	1.344	155	340	693	138	1.326
	Reykjanes		54	139	363	11	567	54	139	363	11	567	54	139	363	11	567
	Vesturland		23	121	63	39	246	23	121	63	39	246	23	129	55	39	246
	Vestfirðir		16	13	23	46	98	16	13	23	46	98	13	13	23	46	95
	Norðurland Vestra		0	29	0	132	161	0	29	0	132	161	0	29	0	132	161
	Norðurland Eystra		56	215	116	82	469	56	215	116	82	469	56	216	115	82	469
	Austurland		14	52	58	54	178	14	52	58	54	178	14	52	58	54	178
	Suðurland		13	199	96	45	353	13	199	96	45	353	13	199	96	45	353
Samtals	Landið allt		349	1.108	1.446	547	3.450	349	1.108	1.412	547	3.416	328	1.117	1.403	547	3.395
	Hjúkrunarrými samtals					**1.993**					**1.959**					**1.950**	

F = föst fjárlög

D = Daggjöld

R = Reynslusveitarfélag

*) Í Skógarbæ verða 32 rými til viðbótar á árinu 1998
Hjúkrunarrými á öldrunarlækningadeildum er innifalið í ofangreindum tölum

Fylgiskjal II.

Kostnaður á legudag eftir stofnunum.

			Kostnaður á legudag m.v. nýtingu		
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag-vist	Dvalar-rými	Hjúkr. rými
Reykjavík	Dalbraut 25-27	D	1.674		
	Grund, Reykjavík	D		2.986	6.521
	Hrafnista DAS, Reykjavík	D		2.986	6.521
	Droplaugarstaðir, Reykjavík	F			6.853
	Seljahlíð, Reykjavík	D		2.986	6.521
	Skjól	F			7.788
	Eir	F			7.354
	Skógarbær, Reykjavík	F			0
	Sjúkrahús Reykjavíkur	F			
	Landspítalinn, öldrunarlækn.	F			0
	Hátún 10	F			0
	Fell	D		2.986	
	D.a.h. Vesturhlíð	D		2.986	
	Reykjalundur	F			3.178
	M.S.félag Íslands Álandi 13	D	1.674		
	Múlabær	D	1.674		
	Hlíðarbær	D	1.674		
	Lindargata 59	D	1.674		
Reykjanes	Sólvangur, Hafnarfirði	F			6.929
	Hrafnista, Hafnarfirði	D	1.674	2.986	6.918
	St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	F			0
	Sunnuhlíð, Kópavogi	F	1.674		6.939
	Garðvangur, Garði	F			7.003
	Skjólbraut, Kópavogi	D		2.986	
	Gullsmári 13, Kópavogi	D		2.986	
	Sjúkrahúsið Suðurnesjum	F			0
	Hlévangur, Keflavík	D	1.674	2.986	
Samtals	Víðihlíð, Grindavík	F			6.233
Vesturl.	Höfði, Akranesi	D	1.674	2.986	6.521
	Sjúkrahúsið Akranesi	F			0
	Dalabyggð	D	1.674		
	Dval. aldraðra, Borgarnesi	D		2.986	6.521
	Silfurtún, Búðardal	D		2.986	
	Dval. aldraðra, Stykkishólmi	D		2.986	4.865
	Jaðar, Ólafsvík	D		2.986	4.865
	Fellaskjól, Grundarfirði	D		2.986	5.337
	St. Franciskuspítali, Stykk.	F			0
Vestfirðir	Barmahlíð, Reykhólum	D		2.986	6.521
	Sjúkrahúsið Patreksfirði	F			0
	Vesturbyggð Bíldudal	D	1.674		
	Sjúkraskýlið Hólmavík	F			0
	Fjórðungssjh. Ísafirði	F			7.378
	Hlíf Ísafirði	D	1.674	2.986	
	Sjúkraskýlið Suðureyri	D	1.674		
	Sjúkraskýlið Þingeyri	F			12.237
	Öldrunarst. Önfirðinga, Flateyri	F			5.245
	Sjúkrahús Bolungarvík	F			0

			Kostnaður á legudag m.v. nýtingu		
Svæði	Heiti stofnunar	Daggj/ f.fjárl.	Dag- vist	Dvalar- rými	Hjúkr. rými
Norðurland	Héraðsh. A. Húnv. Blönduósi	F		2.986	7.089
Vestra	Sjúkrahúsið, Hvammstanga	F			0
	Sæborg, Skagaströnd	D		2.986	
	Sjúkrahúsið, Sauðárkróki	F		2.986	0
	Sjúkrahúsið, Siglufirði	F			0
Norðurland	Hlið,Bakkahlíð,Skjaldarvík,Skólast	R	1.674	2.986	6.521
Eystra	Hornbrekka, Ólafsfirði	D	1.674	2.986	6.521
	Naust, Þórshöfn	D	1.674	2.986	6.521
	Dalbær, Dalvík	D		2.986	6.521
	FSA, Akureyri, Sel, Kristnes	F			0
	Sjúkrahúsið, Húsavík	F			6.348
	Hvammur, Húsavík	D	1.674	2.986	
	Mörk Kópaskeri	D	1.674		
	Vík, Raufarhöfn	D	1.674	2.986	
Austurland	Sundabúð, Vopnafirði	F			6.575
	Hulduhlíð, Eskifirði	D		2.986	6.521
	Lagarás, Egilsstöðum	D		2.986	
	Sjúkrahúsið, Egilsstöðum	F			6.540
	Sjúkrahúsið Seyðisfirði	D	1.674		0
	Fjórðungsjh. Neskaupsstað	F		2.986	0
	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	D		2.986	
	Helgafell sf, Djúpavogi	D	1.674	2.986	
	Breiðdalsvík	D	1.674		
	Skjólgarður, Höfn	R		2.986	6.521
Suðurland	Ás/Ásbyrgði, Hveragerði	D		2.986	
	Hjallatún, Vík í Mýrdal	D		2.986	6.521
	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	D	1.674	2.986	5.337
	Kumbaravogur, Stokkseyri	D		2.986	6.049
	Sjúkrahús, Vestmannaeyjum	F			0
	Lundur, Hellu	D		2.986	6.521
	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	D		2.986	
	Klausturhólar, Kirkjubæjarkl.	D		2.986	6.521
	Sólvellir, Eyrarbakka	D		2.986	
	Blesastaðir, Skeiðum	D		2.986	
	Egilsbraut 9 Þorlákshöfn	D	1.674		
	Sj. Suðurlands og Ljósheimar	F			0

Kostnaður er á verðlagi 1997 og byggir á nýtingu á rúmum 1996
Kostnaður við dvalarrými er kostnaður sem ríkissjóður greiðir en einstaklingur greiðir 500 kr. til viðbótar.
Kostnaður á hjúkrunarrýmum á sjúkrahúsum er hluti af heildarkostnaði stofnunarinnar og er í flestum tilfellum ekki með í þessari töflu. Á þeim stofnunum sem kostnaðurinn er tekinn með er byggt á áætlun stofnunarinnar fyrir 1997 í óútkomnum verkefnavísum 1998.

1335. Svar [349. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um ferliverk á öðrum sjúkrahúsum en Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Ferliverk er notað hér um þá sérfræðiþjónustu sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða á stofnunum.

Árið 1996 var kostnaður, komufjöldi sjúklinga og meðalverð fyrir sérfræðiþjónustu sem Tryggingastofnunin greiddi þannig þegar tekið hefur verið tillit til þess afsláttar sem læknar gefa samkvæmt samningum og þess sem sjúklingum var endurgreitt við útgáfu afsláttarkorta (ferliverkin eru unnin á stofnunum):

Heildarkostnaður í millj. kr.

	Á stofu	Á stofnun	Samtals
Hlutur Tryggingastofnunar	482	194	675
Hlutur sjúklings	351	131	482
Samtals	833	324	1.157

Áætlaður komufjöldi sjúklinga.

	Á stofu	Á stofnun	Samtals
Komufjöldi	243.000	65.000	313.000

Meðalgreiðsla við hverja komu sjúklings, í kr.

	Á stofu	Á stofnun	Samtals
Hlutur Tryggingastofnunar	1.942	2.978	2.157
Hlutur sjúklings	1.417	2.012	1.540
Samtals	3.358	4.990	3.697

Þannig er hlutur sjúklinga um 42% af heildargreiðslu á læknastofum en um 40% við ferliverk á stofnunum.

1. *Hve mörg ferliverk voru unnin á öðrum sjúkrahúsum en Ríkisspítölum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á árunum 1993–96, sundurliðað eftir árum?*

Fjöldi verkanna liggur ekki fyrir en kostnaður vegna verkanna eftir sjúkrahúsum samkvæmt núverandi taxta og áætlum um magn árið 1997 má sjá í töflu 1. Umfang þessarar starfsemi er áætlað svipað og undanfarin ár.

Heildarkostnaðurinn er áætlaður um 177 millj. kr. og má út frá því ætla að komufjöldi sjúklinga sé um 35.000 á þessum stofnunum.

2. *Hvernig skiptast ferliverk á sérfræðigreinar?*

Skipting verkann á þessum sjúkrahúsum liggur ekki fyrir en skipting ferliverka á öllum stofnunum eftir sérgreinum má sjá í töflu 2.

3. *Hvert er hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur hefur þurft að greiða*
   a. fyrir skurðaðgerð á bæklunardeild,
   b. fyrir augnaðgerð,
   c. fyrir speglun, t.d. maga- eða ristilspeglun?
   Svar óskast sundurliðað eftir árunum 1993–96.

Eftirfarandi upplýsingar fengust fyrir árið 1996:

Sjúklingur án afsláttarkorts greiðir 20.028 kr. fyrir dýra bæklunaraðgerð við komu. Tryggingastofnun endurgreiðir síðan 5.352 kr. þannig að endanlegur kostnaður sjúklings við þessa komu er 14.676 kr. Sjá nánari útreikning í töflu 3.

Sjúlklingur án afsláttarkorts greiðir um 16.000 kr. fyrir dýra augnaðgerð við komu. Tryggingastofnun endurgreiðir síðan 2.667 kr. þannig að endanlegur kostnaður sjúklings við þessa komu er 13.333 kr.

Sjúklingur án afsláttarkorts greiðir allt að 7.000 kr. fyrir meltingarfæraspeglun við komu. Tryggingastofnun endurgreiðir því aðeins af þessari upphæð að sjúklingur hafi þegar greitt fyrir aðra þjónustur þannig að hann sé kominn yfir 12.000 kr. greiðsluþak.

4. *Hvað greiða læknar fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítali veitir?*

Læknar greiða oftast um 40% af taxtanum í aðstöðugjald ef um aðgerðir er að ræða en sé aðeins um viðtöl að ræða getur greiðslan farið niður undir 15%.

5. *Hafa þær greiðslur verið samræmdar?*

Aðstöðugjaldið tekur mið af þeirri þjónustu sem spítalinn veitir. Algengasta hlutfall greiðslna lækna til spítala er 40%.

Tafla 1.

Áætlaður kostnaður við ferliverk árið 1997.

Áætlun um kostnað við ferliverk 1997 samkvæmt taxta.	
	Milljónir kr.
Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	56,2
St. Jósefsspítali Hafnarfirði	45,1
Sjúkrahúsið Suðurnesjum	19,1
Sjúkrahúsið Akranesi	12,5
Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði	11,6
Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	7,9
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	6,4
Heimahlynning Krabbameinsfél. Ísl.	4,7
Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	4,2
Sjúkrahúsið Húsavík	2,1
Sjúkrahúsi Vestmannaeyjum	2,1
St. Fransiskuspítali, Stykkishólmi	1,9
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	1,0
Reykjalundur	1,0
Sjúkrahúsið Siglufirði	1,0
Sjónstöð Íslands	0,5
	177,3

Tafla 2.

Ferliverk eftir sérgreinum.

Taxtaeiningar (brúttó) og komur til sérfræðinga á stofu og stofnun á árinu 1996. Vinna á stofnun er ferliverk.													
Upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins.													
	Taxtaeiningafjöldi, brúttó			Hlutfall eininga		Komur til lækna			Hlutfall af komum		Einingar á komu		
	Á stofu	Á stofnun	Samtals	Á stofu	Á stofnun	Á stofu	Á stofnun	Samtals	Á stofu	Á stofnun	Á stofu	Á stofnun	Samtals
Augnlæknar	859.331	166.358	1.025.689	83,8	16,2	45.244	3.946	49.190	92,0	8,0	19,0	42,2	20,9
Barnalæknar	533.756	87.883	621.640	85,9	14,1	23.024	2.851	25.875	89,0	11,0	23,2	30,8	24,0
Bæklunarlæknar	310.144	311.133	621.277	49,9	50,1	11.955	8.019	19.974	59,9	40,1	25,9	38,8	31,1
Geðlæknar	697.169	44.847	742.016	94,0	6,0	23.855	1.699	25.554	93,4	6,6	29,2	26,4	29,0
Háls-nef og eyrnalæknar	515.001	118.362	633.363	81,3	18,7	24.477	5.252	29.729	82,3	17,7	21,0	22,5	21,3
Húðlæknar	432.249	33.501	465.751	92,8	7,2	19.159	1.697	20.856	91,9	8,1	22,6	19,7	22,3
Kvensjúkdómalæknar	452.306	197.269	649.575	69,6	30,4	24.447	7.485	31.932	76,6	23,4	18,5	26,4	20,3
Lyflæknar	1.027.913	681.305	1.709.217	60,1	39,9	41.829	18.353	60.182	69,5	30,5	24,6	37,1	28,4
Orkulæknar	14.196	20.832	35.027	40,5	59,5	666	931	1.597	41,7	58,3	21,3	22,4	21,9
Skurðlæknar	284.348	207.354	491.702	57,8	42,2	11.063	6.563	17.626	62,8	37,2	25,7	31,6	27,9
Svæfingalæknar	438.684	367.420	806.103	54,4	45,6	9.532	5.680	15.212	62,7	37,3	46,0	64,7	53,0
Krabbameinslæknar	78.740	86.273	165.012	47,7	52,3	2.636	2.905	5.541	47,6	52,4	29,9	29,7	29,8
Taugalæknar	199.735	11.735	211.470	94,5	5,5	5.836	464	6.300	92,6	7,4	34,2	25,3	33,6
Þvagfæralæknar	143.041	109.885	252.926	56,6	43,4	6.638	3.306	9.944	66,8	33,2	21,5	33,2	25,4
Öldrunarlæknar	6.074	10.028	16.102	37,7	62,3	211	311	522	40,4	59,6	28,8	32,2	30,8
Lýtalæknar	91.391	42.179	133.570	68,4	31,6	2.361	976	3.337	70,8	29,2	38,7	43,2	40,0
Samtals klíniskir læknar	**6.084.076**	**2.496.361**	**8.580.437**	**70,9**	**29,1**	**252.933**	**70.438**	**323.371**	**78,2**	**21,8**	**24,1**	**35,4**	**26,5**
Komurnar eru komur til lækna. Ef svæfingalæknir og skurðlæknir vinna saman eru það taldar tvær komur til lækna.													
Í almennum upplýsingum í svari ráðherra er komur sjúklinga því taldar um 10.000 færri en komur til lækna.													
Einingarverð var 139 kr. á einingu 1996. Frá brúttófjölda eininga gáfu læknar um 1,5% afslátt á stofum, en 6,5% afslátt á stofnunum.													

Tafla 3.

Hæstu greiðslur sjúklinga fyrir bæklunaraðgerð.

Kostnaður sjúklings af liðspeglun og aðgerð.			
Hlutur bæklunarlæknis			
1-6	Viðtal og skoðun bæklunarlæknis	11	ein.
7-18	Liðspeglun	70	ein.
7-20	Aðgerð	85	ein.
	Samtals	166	ein.
	Samtals verð, 139 kr. einingin	23.074	kr.
	Greiðsla sjúklings án afsl.korts (1400+40%)	10.070	kr.
Hlutur svæfingalæknis			
1-27	Viðtal og skoðun svæfingarlæknis	9	ein.
7-18		70	ein.
7-20		85	ein.
	Samtals	164	ein.
	Samtals verð, 139 kr. einingin	22.796	kr.
	Greiðsla sjúklings án afsl.korts (1400+40%)	9.958	kr.
Samtals greiðsla sjúklings við komu		**20.028**	**kr.**
Endurgreiðsla TR, 2/3 af því sem er umfram 12.000 kr.		5.352	kr.
Kostnaður sjúklings eftir endurgreiðslu		**14.676**	**kr.**
Næst greiðir sjúklingurinn 500 kr.+13,33% af því sem eftir er			
Auk þessa greiðir sjúklingurinn líklega fyrir viðtal til undirbúnings aðgerðinni.			
Byggt á upplýsingum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og reiknireglum Tryggingastofnunar.			

1336. Svar [582. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um skuldbindingar nokkurra lífeyrissjóða. Sú sundurliðun upplýsinga sem óskað er eftir er ekki í öllum atriðum til staðar. Til að afla þeirra þarf tímafreka og kostnaðarsama vinnslu sem ekki verður unnt að ljúka fyrir þinglok. Hér á eftir fara svör við spurningunum að því leyti sem fyrirliggjandi upplýsingar leyfa. Fjárhæðir skuldbindinga og eigna hér á eftir eru miðaðar við að vextir séu 2% á ári umfram launahækkanir nema annars sér getið.

1. *Hversu háar eru væntanlegar árlegar greiðslur (lífeyrir + kostnaður - iðgjöld (í b-lið)) Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, lífeyrisdeildar alþingismanna, lífeyrisdeildar ráðherra og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga vegna:*
   a. *réttinda sem sjóðfélagar hafa þegar öðlast,*
   b. *réttinda sem sjóðfélagar munu öðlast og hafa öðlast með greiðslu iðgjalda?*

   Svarið óskast sundurliðað eftir árum, 1997–2070. Enn fremur komi fram hvað sjóðirnir geti greitt með eignum sínum, væntanlegum iðgjöldum í b-lið og vöxtum umfram hækkun launa og hvað mun falla á launagreiðendur (ríkissjóð). Reiknað sé með þeim sjóðfélögum sem áttu réttindi hjá sjóðunum í árslok 1996. Svar við b-lið miðist við að þeir sjóðfélagar flytji sig yfir í A-deild sem eru meira en 10% betur settir með því að flytja sig í þá deild sjóðsins.

Í fylgiskjali I er yfirlit yfir árlegar greiðslur vegna áfallinna skuldbindinga og heildarskuldbindinga vegna þeirra sem voru virkir sjóðfélagar í LSR í árslok 1996. Ekki voru til staðar upplýsingar um greiðslur þessar miðað við þann tilflutning í A-deild sjóðsins sem tilgreindur var í fyrirspurninni né árleg sundurliðun á áætluðum greiðslum fyrir aðra sjóði en LSR.

2. *Hvert er nauðsynlegt iðgjald til að ná jafnvægi milli eignaliða og skuldbindinga:*
   a. *B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum,*
   b. *A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. heildarlaunum,*
   c. *lífeyrisdeildar alþingismanna af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. þingfararkaupi,*
   d. *lífeyrisdeildar ráðherra af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. ráðherralaunum,*
   e. *Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga af þeim launum sem þar eru tryggð, þ.e. dagvinnulaunum?*

Í svörunum er miðað við heildarskuldbindingu vegna þeirra sem nú eru í sjóðnum og áætluð framtíðariðgjöld þeirra.

a. B-deild LSR. Hækkun skuldbindinga er áætluð um 70 milljarðar kr. en verðmæti ókominna iðgjalda er áætlað um 34 milljarðar kr. sem dugar fyrir tæplega 50% af hækkuninni. Samkvæmt því þyrfti iðgjald til deildarinnar að vera rúmlega tvöfalt á við það sem það er nú eða rúmlega 20% af dagvinnulaunum.

b. Iðgjaldaþörf til A-deildar LSR var metin sl. haust og var talin 15,5% af heildarlaunum.

e. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Hækkun skuldbindinga er áætluð um 12 milljarðar kr. en verðmæti ókominna iðgjalda er áætlað um 4 milljarðar kr. sem dugar fyrir um þriðjungi hækkunarinnar. Samkvæmt því þyrfti iðgjald til sjóðsins að vera þrefalt á við það sem það er nú eða um 30% af dagvinnulaunum.

Iðgjaldaþörf vegna lífeyrisdeilda alþingismanna og ráðherra hefur ekki verið reiknuð út en reikna má með að hún sé verulega meiri en í framangreindum sjóðum. Iðgjaldaþörfin, eins og hún er reiknuð fyrir þá, er miðuð við þær heildarskuldbindingar sem myndast ef sjóðfélagar halda áfram í sjóðnum þar til taka lífeyris hefst. Sú forsenda er óraunhæf þegar um er að ræða alþingismenn og ráðherra og niðurstaða slíks útreiknings yrði marklítil.

3. *Hver er heildarskuldbinding þessara lífeyrissjóða og hversu langt dugir eign þeirra til greiðslu hennar? Hversu margir sjóðfélagar eiga „eign" allt að 1 millj. kr., hversu margir eiga „eign" þar yfir, allt að 2 millj. kr., hversu margir eiga „eign" þar yfir, allt að 3 millj. kr., o.s.frv. ef gengið er út frá því að „eign" hvers sjóðfélaga sé fundin með því að skipta áunninni heildarskuldbindingu sjóðanna á sjóðfélaga þeirra samkvæmt réttindum hvers og eins?*

Samkvæmt ársreikningi LSR fyrir árið 1996 er áfallin skuldbinding LSR áætluð um 135 milljarðar kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir en um 113 milljarðar kr. miðað við 3% ávöxtun. Eign sjóðsins til greiðslu á lífeyri er talin 99,4 milljarðar kr. eða sem svarar um 73% eða um 88% af áföllnum skuldbindingum eftir því við hvaða ávöxtun er miðað. Heildarskuldbinding sjóðsins var áætluð um 203 milljarðar kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launabreytingar.

Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fyrir árið 1996 er áfallin skuldbinding áætluð um 15 milljarðar kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir en um 12 milljarðar kr. miðað við 3% ávöxtun. Eign sjóðsins til greiðslu á lífeyri er talin tæplega 12 milljarðar kr. eða sem svarar um 79% eða um 99% af áföllnum skuldbindingum eftir því við hvaða ávöxtun er miðað. Heildarskuldbinding sjóðsins var áætluð um 26,5 milljarðar kr. miðað við 2% ávöxtun umfram launabreytingar.

Áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs alþingismanna í árslok 1996 var áætluð um 2,5 milljarðar kr. og áfallin skuldbinding Lífeyrissjóðs ráðherra um 330 millj. kr.

Í fylgiskjali II er sýnt hvernig lífeyrisskuldbindingar dreifast eftir fjárhæð.

Fylgiskjal I.

LSR. Áfallnar skuldbindingar, heildarskuldbindingar, iðgjöld og framlög eftir árum.

Ár	Áfallin skuldb.	Framtíðar skuldb.	Iðgjöld	Framlag launagr.	Bak ábyrgð	Sjóður	Ár	Áfallin skuldb.	Framtíðar skuldb.	Iðgjöld	Framlag launagr.	Bak ábyrgð	Sjóður
1997	3.761	3.762	2.100	1.768	0	35.980	2035	3.204	7.629	116	3.803	3.897	-3.835
1998	3.873	3.878	2.066	1.823	0	36.807	2036	3.004	7.397	90	3.692	3.835	-3.748
1999	3.985	4.002	2.028	1.882	0	37.554	2037	2.804	7.128	68	3.562	3.748	-3.651
2000	4.106	4.144	1.986	1.949	0	38.211	2038	2.603	6.839	48	3.422	3.651	-3.533
2001	4.182	4.246	1.947	1.999	0	38.765	2039	2.404	6.520	33	3.266	3.533	-3.402
2002	4.263	4.363	1.907	2.055	0	39.237	2040	2.208	6.179	21	3.099	3.402	-3.253
2003	4.332	4.475	1.866	2.110	0	39.618	2041	2.017	5.815	12	2.919	3.253	-3.090
2004	4.396	4.590	1.823	2.167	0	39.906	2042	1.834	5.434	7	2.730	3.090	-2.912
2005	4.489	4.750	1.773	2.245	0	40.097	2043	1.658	5.041	4	2.535	2.912	-2.724
2006	4.564	4.896	1.725	2.317	0	40.160	2044	1.492	4.652	1	2.341	2.724	-2.527
2007	4.630	5.047	1.674	2.392	0	40.102	2045	1.334	4.268	0	2.150	2.527	-2.332
2008	4.691	5.199	1.622	2.468	0	39.913	2046	1.187	3.891	0	1.961	2.332	-2.139
2009	4.766	5.382	1.565	2.559	0	39.592	2047	1.051	3.528	0	1.779	2.139	-1.949
2010	4.819	5.549	1.510	2.644	0	39.114	2048	925	3.182	0	1.606	1.949	-1.766
2011	4.865	5.715	1.454	2.728	0	38.488	2049	809	2.854	0	1.442	1.766	-1.591
2012	4.913	5.901	1.394	2.822	0	37.709	2050	703	2.546	0	1.287	1.591	-1.427
2013	4.963	6.109	1.330	2.928	0	36.762	2051	607	2.257	0	1.142	1.427	-1.272
2014	5.019	6.329	1.266	3.039	0	35.626	2052	521	1.989	0	1.007	1.272	-1.127
2015	5.056	6.539	1.201	3.146	0	34.294	2053	444	1.741	0	882	1.127	-992
2016	5.087	6.756	1.135	3.257	0	32.767	2054	375	1.513	0	767	992	-868
2017	5.108	6.980	1.066	3.372	0	31.034	2055	315	1.305	0	662	868	-753
2018	5.115	7.195	997	3.484	0	29.088	2056	262	1.116	0	567	753	-649
2019	5.131	7.445	922	3.612	0	26.928	2057	216	947	0	481	649	-555
2020	5.130	7.683	849	3.736	0	24.528	2058	176	795	0	404	555	-471
2021	5.120	7.917	776	3.858	0	21.889	2059	142	662	0	337	471	-395
2022	5.083	8.122	705	3.966	0	19.011	2060	114	545	0	277	395	-329
2023	5.017	8.261	642	4.042	0	15.907	2061	90	443	0	226	329	-270
2024	4.933	8.376	582	4.105	0	12.612	2062	70	356	0	181	270	-220
2025	4.829	8.446	526	4.147	0	9.139	2063	54	282	0	144	220	-176
2026	4.717	8.502	473	4.182	0	5.511	2064	41	221	0	113	176	-140
2027	4.580	8.492	426	4.183	0	1.735	2065	30	170	0	87	140	-109
2028	4.438	8.470	379	4.179	0	-2.152	2066	22	129	0	66	109	-84
2029	4.287	8.437	334	4.169	2.152	-3.952	2067	16	96	0	49	84	-64
2030	4.120	8.351	293	4.132	3.952	-3.974	2068	11	70	0	36	64	-47
2031	3.948	8.251	254	4.089	3.974	-3.964	2069	8	50	0	26	47	-35
2032	3.772	8.144	214	4.042	3.964	-3.947	2070	5	35	0	18	35	-25
2033	3.592	8.021	176	3.987	3.947	-3.927	2071	0	0	0	0	25	-17
2034	3.402	7.847	144	3.906	3.927	-3.897	2072					17	0

Þessi tafla sýnir út frá einföldum forsendum hvernig greiðsluflæði B - deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins gæti orðið miðað við það að allir virkir félagar í árslok 1996 héldu áfram að vinna sér inn réttindi í sjóðnum og aðrir ekki.

Miðað er við 2% vexti á ári umfram launahækkanir og eru allar fjárhæðir því á þeim grundvelli.

Reiknað er með að framlag launagreiðenda verði 51,9% af mismun framtíðar og áfallinna skuldbindingar og 47,0% af áfallinni skuldbindingu eins og úttekt á sjóðnum sýnir. Hlutur launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum á árinu 1996 var tæplega 49%.

Taflan sýnir að eignir sjóðsins þverra árið 2027 en ef hann fengi strax greitt rúmlega 34 milljarða þá myndu eignir sjóðsins duga.

Fylgiskjal II.

DREIFING LÍFEYRISEIGNAR
(MILLJÓNIR KRÓNA)

	Fjöldi í LSR		Fjöldi í LH		Fjöldi í LA	Fjöldi í LR
Eign	Framtíðar	Áfallin	Framtíðar	Áfallin	Áfallin	Áfallin
- 1	12.173	16.340	325	542	73	2
1 - 2	3.673	7.093	165	480	58	2
2 - 3	3.190	4.610	105	354	98	10
3 - 4	3.083	3.243	87	285	46	7
4 - 5	3.069	2.275	67	267	41	7
5 - 6	3.073	1.715	79	258	22	8
6 - 7	2.742	1.376	144	217	25	5
7 - 8	2.312	1.139	241	187	11	6
8 - 9	1.966	889	321	135	12	3
9 - 10	1.650	685	326	120	10	1
10 - 11	1.268	618	336	86	11	3
11 - 12	1.003	486	302	69	7	1
12 - 13	743	345	264	44	10	1
13 - 14	566	297	164	30	5	0
14 - 15	402	236	100	29	7	1
15 - 16	298	180	62	23	4	0
16 - 17	252	159	34	15	3	0
17 - 18	152	113	20	9	5	0
18 - 19	123	90	14	8	4	1
19 - 20	90	68	7	5	3	0
20 - 21	78	55	0	0	4	0
21 - 22	59	43	0	0	1	0
22 - 23	63	45	0	0	2	0
23 - 24	60	50	0	0	2	0
24 - 25	35	25	0	0	1	0
25 - 26	30	16	0	0	3	0
26 - 27	25	16	0	0	3	0
27 - 28	15	15	0	0	1	0
28 - 29	20	19	0	0	0	0
29 - 48	104	76	0	0	0	0

Eign tilgreinir á hvaða bili í milljónum króna lífeyriseign sjóðfélaga liggur
Framtíðar tilgreinir fjölda sjóðfélaga sem koma til með að eiga eign á gefnu bili
Áfallin tilgreinir fjölda sjóðfélaga sem hafa í árslok 1996 áunnið sér eign á tilgreindu bili

1337. Skýrsla [264. mál]

forsætisráðherra um þróun og umfang fátæktar á Íslandi, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Á þingskjali 516 er þess óskað að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um fátækt á Íslandi. Er þess vænst að í skýrslunni verði lagt mat á umfang, orsakir og afleiðingar fátæktar og hvernig hún hefur þróast sl. tíu ár. Þess er sérstaklega óskað að í skýrslunni verði leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hver má ætla mánaðarleg útgjöld til brýnustu nauðþurfta hjá fjölskyldugerðum sem miðað er við í neyslukönnun Hagstofunnar? Með nauðþurftum er átt við fæði, klæði, húsnæði, barnagæslu, skólagöngu barna, heilsuvernd og lágmarksferðakostnað.
2. Hve stór hluti þjóðarinnar, skipt eftir þjóðfélagshópum og fjölskyldugerðum, hefur tekjur undir nauðþurftarmörkum, sbr. 1. tölul., annars vegar miðað við atvinnutekjur og hins vegar miðað við ráðstöfunartekjur?
3. Hvernig hefur hlutfall annarra tekna en atvinnutekna, svo sem framfærsluaðstoðar og bótagreiðslna frá hinu opinbera, þróast árlega á þessu tímabili hjá þeim sem skilgreindir eru undir fátæktarmörkum? Miðað verði annars vegar við skilgreind fátæktarmörk, þ.e. tekjur undir helmingi af meðaltekjum, og hins vegar við nauðþurftir skv. 1. tölul.
4. Hver hefur verið árleg þróun skattgreiðslna, þjónustugjalda, eigna- og skuldastöðu hjá þessum hópi sl. tíu ár?
5. Hver hefur almenn þróun tekju- og eignaskiptingar verið sl. tíu ár, sem og þróun tekjumunar milli þjóðfélagshópa?
6. Hvert er hlutfall eftirtalinna þátta í afkomu heimilanna:
   a. atvinnutekna,
   b. bótagreiðslna og framfærsluaðstoðar,
   c. fjármagnstekna?
7. Hverjar eru helstu orsakir og afleiðingar fátæktar á Íslandi, félagslegar og fjárhagslegar?
8. Hafa stjórnvöld uppi áform um að bæta stöðu fátækra og jafna tekjuskiptinguna?

Inngangur.

Hér á landi hefur ekki verið unnið mikið að sérstökum athugunum á fátækt. Það er fyrst og fremst vegna þess að almennt hefur ekki verið talið að fátækt, sérstaklega eins og hana má skilgreina og mæla á algildan kvarða, væri vandamál hér á landi. Önnur ástæða er sú að slíkar athuganir, einkum þær sem krefjast sérstakra kannana, eru mjög viðamiklar og dýrar. Ýmsar athuganir sem gerðar hafa verið hér á landi, hafa því beinst að tilteknum þáttum velferðarkerfisins eða einstökum aðgerðum á því sviði fremur en að heildarathugunum á fátækt. Af þessum sökum er ekki fyrir hendi heildstætt efni í skýrslu á borð við þá sem óskað er eftir. Jafnframt er ljóst að það mundi útheimta mikla vinnu, umfangsmiklar athuganir og mikinn kostnað að ná saman svo miklu efni sem skýrslubeiðendur æskja. Hér á eftir verður því fyrst og fremst leitast við að gera grein fyrir tiltæku efni og svara þeim beinu spurningum, sem fram koma í skýrslubeiðninni, að svo miklu leyti sem það er unnt. Fyrst verður þó vikið að fátæktarmælingum almennt og rætt

stuttlega um eðli þeirra, markmið, takmarkanir og ýmis þau vandamál sem við er að etja í þessu sambandi.

Mælingar á fátækt.

Hugtakið fátækt má skilja og skilgreina á ýmsa lund og víst er að mjög er mismunandi hvað átt er við í almennri þjóðfélagsumræðu um þetta efni.

Afstæð eða algild fátækt.

Fátækt má ýmist skilgreina sem afstætt (relative) eða algilt (absolute) hugtak. Hvað fyrri skilgreininguna snertir er oft litið svo á að sá sé fátækur sem vegna ónógra efna hafi ekki tækifæri til að taka þátt í venjulegum athöfnum eða atferli og eigi aukinheldur þess ekki kost að afla sér þeirra gæða eða lífskjara sem eru algeng í þjóðfélaginu. Samkvæmt þessari skilgreiningu verða hinir fátæku að neita sér um að taka þátt í venjulegu samfélagsatferli eða neita sér um gæði sem flestir þjóðfélagsþegnar taka sem gefin, þar sem þeir hafa ekki næg efni til þess.

Með þessari skilgreiningu er fátækt afstætt hugtak. Það að vera fátækur á Íslandi er þá eitthvað allt annað en að vera fátækur í Afríku svo dæmi sé tekið og það að vera fátækur á Íslandi nú á dögum er allt annað en að vera það á síðustu öld. Það sem skiptir máli er staða einstaklingsins eða heimilisins í samanburði við mikinn meiri hluta manna eða heimila í hlutaðeigandi þjóðfélagi. Þess má geta að við afstæðar fátæktarmælingar er oft miðað við tiltekin lágtekju- og fátæktarmörk þannig að maður teljist fátækur séu tekjur hans (eða neysla) minni en helmingur meðaltekna eða miðtekna í þjóðfélaginu.

Rétt er að benda á að þessi mælikvarði á að sýna hversu margir eru undir viðmiðunarmörkum. Í þessu felst að hér er ekki síður um að ræða mælingu á tekjudreifingu en mælingu á fátækt. Breyting á tekjudreifingu í þjóðfélaginu veldur því breytingu á fjölda undir fátæktarmörkum samkvæmt skilgreiningunni.

Því er oft haldið fram að réttara sé að skilgreina fátækt sem algilt hugtak en afstætt. Þá er til dæmis litið svo á að sá sé fátækur sem getur ekki aflað sér nægs matar til þess að hann búi ekki við svelti eða vannæringu, eða nægra klæða eða húsnæðis til þess að skýla sér fyrir veðri og vindum. Samkvæmt þessari skilgreiningu er hlutaðeigandi ekki fátækur hafi hann efni á tilteknum nauðþurftum, án tillits til þess hver lífskjör hans eru í samanburði við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu. Fátæktarmörk í þessum skilningi eru oft skilgreind sem tiltekin lágmarkskjör en skilgreining þeirra byggist á tilteknum forsendum um kaup á matvöru, sem fullnægi ákveðinni hitaeiningaþörf, að viðbættu einhverju lágmarki til kaupa á fatnaði, vegna húsaleigu o.fl. Fyrir kemur að menn miði fátækt við tilteknar greiðslur sem hið opinbera innir af hendi, t.d. lágmarkslífeyri. Skilgreining af því tagi þykir yfirleitt óheppileg vegna þess að slík útgjöld eru ákveðin á mjög misjöfnum forsendum og þar sem hækkun á slíkum greiðslum hefði í för með sér fjölgun fátækra samkvæmt skilgreiningu.

Beinar eða óbeinar mælingar.

Í þeim skilgreiningum, sem hér hafa verið raktar, felst að viðkomandi teljist því aðeins fátækur að lífskjör hans eða neysla sé langt undir því sem algengt er eða eðlilegt í samfélaginu, að hann hafi mjög lítil efni og að þessi litlu efni séu ástæðan fyrir knöppum kjörum eða lítilli neyslu. Óvenjulegt er að þessar upplýsingar séu allar fyrir hendi þegar mæla á eða meta fátækt. Oft hafa menn eingöngu upplýsingar um efni hlutaðeigandi en oftar þó aðeins um hluta þeirra. Í öðrum tilvikum eru einungis tiltækar upplýsing-

ar um neyslu, lífskjör eða lífsstíl. Því verður oft að miða einungis við eitt þeirra þriggja framangreindra skilyrða um hvenær maður teljist fátækur.

Gjarnan er gerður greinarmunur á óbeinum og beinum fátæktarmælingum. Þannig eru tekjur skilgreindar sem óbeinn mælikvarði en neysla eða lífstíll skoðast aftur á móti sem beinn mælikvarði. Báðar þessar aðferðir hafa kosti og galla. Sé litið á neysluna til dæmis er ekki víst að sá sem ver litlu til neyslu geri það vegna lítilla efna. Tiltölulega lítil neysla getur stafað af því að menn leggi megináherslu á að leggja fyrir fé eða telji sig ekki þarfnast meira en þess sem þeir neyta. Hvað tekjumælingum viðvíkur má halda því fram að menn hafi mismunandi þarfir á mismunandi tímum á æviskeiði sínu og nái því ekki sömu lífskjörum með sömu tekjum. Þetta á sérstaklega við þegar fólk er að stofna heimili og afla sér húsnæðis; það ver hluta ævinnar í að greiða niður lán en býr síðan skuldlaust eða skuldlítið í húsnæði sínu síðari hluta ævinnar. Fólk sem er að koma sér fyrir þarf þannig að hafa mun hærri tekjur en skuldlaus lífeyrisþegi til að ná sömu lífskjörum.

Mismunandi neysla.

Dæmi eru um að mismunandi neyslusamsetning sé notuð sem velferðarmælikvarði. Undanfarna áratugi hefur hlutdeild matvöru í heildarútgjöldum til neyslu farið stöðugt minnkandi og er þetta talið skýrt merki um lífskjarabata. Út frá þessu hefur verið miðað við að sá sé fátækur sem verji til matarkaupa meira en tilteknu hlutfalli heildarútgjalda.

En mismunandi neyslusamsetning getur vitaskuld stafað af mismunandi lífsstíl eða mismunandi vali á lífsins gæðum. Þá hafa margir og ólíkir þættir og kostir áhrif á neysluþörf og tekjuöflun á lífsleiðinni. Þetta á m.a. við um stofnun hjónabands, skilnað, barneignir, menntunarval, íbúðarkaup o.fl. Vali manna um þessi atriði verður tæpast breytt eftir á. Á hinn bóginn geta forsendur valsins breyst. Til dæmis geta greiðslur af húsnæðislánum orðið meiri en reiknað var með við íbúðarkaupin, vegna hækkunar vaxta eða misgengis verðlags og launa. Samsetning útgjalda endurspeglar því ekki aðeins val neytenda heldur einnig raunverulegar aðstæður heimila. Því meira sem heimilin binda í föstum útgjöldum, svo sem greiðslum vegna húsnæðis, þeim mun minna hafa þau úr að spila til annarra þarfa. En þá þarf að hafa í huga að það er ekki sama að vera fátækur og blankur.

Hlutlæg eða huglæg fátækt.

Algengast er að reynt sé að mæla fátækt á hlutlægan hátt. Þá gildir einu hvort sá sem í hlut á telur sig fátækan eða ekki. Þannig er t.d. sá sem hefur tekjur eða neyslu undir tilteknum viðmiðunarmörkum eða skilgreindum nauðþurftum talinn fátækur án tillits til þess hvað hann álítur sjálfur. Önnur aðferð er að kanna hvað fólki finnst sjálfu um stöðu sína eða hvað það telji sig þurfa miklar tekjur til framfærslu. Þess háttar athuganir eru sagðar beinast að huglægu mati. Slíkar kannanir þykja oft hæpnar, ekki síst þar sem niðurstöður þeirra kunna að endurspegla fyrri reynslu manna eða væntingar þeirra fremur en raunverulega efnahagslega stöðu. En hlutlægu aðferðirnar eru heldur ekki lausar við huglægt mat. Þannig ræður huglægt mat þess sem skilgreinir og framkvæmir fátæktarkönnun því hvar fátæktar- eða nauðþurftarmörk eru dregin og pólitískt mat ræður miklu um ákvörðun lágmarkslífeyris.

Tekjur og útgjöld sem mælikvarði á fátækt.

Einn helsti vandinn við athuganir á fátækt er öflun haldgóðra upplýsinga um tekjur og útgjöld einstaklinga eða heimila. Hvað tekjurnar áhrærir má í fyrsta lagi nefna að einar sér duga þær illa til fátæktarathugana vegna þess að taka þarf tillit til eigna auk tekna. Skattframtöl eru helsta uppspretta upplýsinga um tekjur og eignir. Þessar heimildir eru ekki einhlítar. Tekjur skila sér ekki allar til skatts sem kunnugt er. Tekjuupplýsingar á framtölum eru enn fremur mjög misgóðar jafnvel þótt ekki sé um undanskot að ræða. Þetta á ekki síst við um tekjur lífeyrisþega. Þá má ætla að töluverð vanhöld séu á framtali eignatekna. Reiknaðar tekjur eigenda í atvinnurekstri valda einnig vandkvæðum.

Upplýsinga um útgjöld er yfirleitt aflað með neyslukönnunum. Þær upplýsingar sem þar fást eru hins vegar háðar ýmsum takmörkunum. Sérstaklega er um það að ræða að ólaunuð þjónusta, sem heimilin njóta, kemur ekki fram og sama gildir um ýmiss konar þjónustu hins opinbera sem er án endurgjalds eða niðurgreidd. Þá er ljóst að útgjöld heimila á tilteknu mælingartímabili eru mjög háð bæði vali manna í fortíðinni og stöðu þeirra á æviferlinum eins og áður er rakið.

Af þeim ástæðum, sem hér hefur verið tæpt á og ýmsum öðrum, eru bæði tekju- og eignamælingar og neyslukannanir takmarkaðir mælikvarðar á velferð. Því er oft leitað annarra leiða í þessu skyni, m.a. svonefndra tímanotakannana og sérstakra lífskjarakannana. Þær síðastnefndu eru yfirleitt yfirgripsmestar og taka til flestra þátta lífskjara. Markmiðið með þeim er oftast að bera saman lífskjarastig, yfir tímann eða milli þjóðfélaga og þær þykja einkum gefa haldgóðar vísbendingar um hvort þjóðfélögum hafi farið fram eða aftur eða hvar þau standi í samanburði við önnur. Þessar athuganir eru háðar ýmsum annmörkum. Meðal annars er tæpast hægt að draga af þeim eina algilda niðurstöðu um heildarlífskjör heldur fremur um ýmsa þætti þeirra. Þá eru þær yfirleitt ekki taldar heppilegar til að greina fátækt sérstaklega. Til þess eru þær of almennar og ná oft til minni hóps en svo að slíkri greiningu verði við komið. Þetta stafar ekki síst af geysimiklum kostnaði við gerð slíkra kannana en hann er einmitt helsti annmarki þeirra.

Kannanir hér á landi

Hér á landi hefur könnunum verið beitt í mun minna mæli en í nágrannalöndunum til að afla tölulegra gagna um efnahags- og félagsmál. Að hluta til er þetta eðlilegt vegna smæðar þjóðfélagsins sem veldur hvoru tveggja; að slíkar kannanir verða eðli málsins samkvæmt viðkvæmari en í stórum samfélögum og að minni ástæða er talin til að gera þær vegna þess að menn hafa mun betri yfirsýn og þekkingu á svo litlu samfélagi en við verður komið meðal fjölmennra þjóða. Meginástæðan er þó kostnaðurinn; hann verður óheyrilega mikill í svo litlu þjóðfélagi. Þetta stafar af því að til þess að könnun verði tölfræðilega marktæk þarf hlutfallslega margfalt fleiri þátttakendur í smáþjóðfélagi en í stóru. Þetta verður sérstaklega tilfinnanlegt ef fara á út í mjög nákvæma greiningu en þá verður fjöldinn að vera miklum mun meiri en ella. Sem dæmi um þetta má nefna vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Vegna þarfa á tiltölulega mikilli greiningu á atvinnu og atvinnuleysi, t.d. eftir hjúskaparstétt, atvinnugrein, starfsstétt, búsetu, menntun o.fl., er úrtak könnunarinnar mjög stórt, um 4.400 manns. Sambærilegt úrtak í Noregi, sem er 16 sinnum fjölmennara land en Ísland, þyrfti ekki að vera stærra en hið íslenska til þess að færi gæfist á sambærilegri greiningu miðað við svipaða skiptingu. Ef greina ætti niðurstöður eftir kjördæmum hér á landi yrði úrtakið að vera þrefalt til fjórfalt stærra en nú er.

Af reglubundnum könnunum sem snerta lífskjör hér á landi má helst nefna árlegar tekjuathuganir Þjóðhagsstofnunar, vinnumarkaðs- og neyslukannanir Hagstofu Íslands og þjóðmálakannanir Félagsvísindastofnunar. Meiriháttar lífskjarakönnun hefur aðeins verið gerð einu sinni hér á landi, árið 1988, en sú könnun var liður í samnorrænu verkefni. Tímanotakönnun hefur ekki verið gerð hér á landi. Hins vegar hafa með óreglubundnum hætti verið gerðar ýmsar kannanir sem snerta tiltekna þætti lífskjara, t.d. heilbrigði, eða kannanir sem hafa snúist um huglægt mat á lífsfyllingu.

Hér á eftir verður fjallað um athuganir framangreindra þriggja stofnana og hugað sérstaklega að því að hve miklu leyti þær veita svör við þeim beinu spurningum sem fram koma í skýrslubeiðni Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl.

Neyslukönnun.

Hagstofan gerir *neyslukönnun* á fimm ára fresti. Meginmarkmiðið með neyslukönnun er að afla upplýsinga um neyslusamsetningu heimila til þess að mynda og endurnýja grundvöll vísitölu neysluverðs sem er algengasti mælikvarði á verðlagsbreytingar hér á landi. Með neyslu er átt við hvers kyns heimilisútgjöld. Útgjöldin ná ekki eingöngu til daglegra innkaupa á matvöru, hreinlætisvöru, fatnaði o.þ.h. heldur einnig til kostnaðar vegna rafmagns, hita, síma, reksturs á einkabíl, ferðalaga, tómstundaiðkana og fleira. Hér er því um að ræða flest útgjöld sem snerta heimilisrekstur og daglegt líf fólks. Ekki er á neinn hátt reynt að meta hvort viðkomandi útgjöld teljast nauðsynleg eða ekki.

Síðasta neyslukönnun Hagstofunnar var gerð árið 1995. Úrvinnslu hennar er ekki lokið til fulls. Meginniðurstöður liggja fyrir og voru nýttar til að endurnýja grunn vísitölu neysluverðs marsmánuð 1997. Gerð var grein fyrir þeim í sérstakri greinargerð í aprílmánuði. Þá mun greinargerð um neyslukönnunina og endurnýjun vísitölugrunnsins birtast í aprílblaði Hagtíðinda 1997 og kemur útdráttur úr henni hér fram í viðauka I.

Í 1. tölulið skýrslubeiðni Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl. er spurt hver megi ætla að séu mánaðarleg útgjöld til brýnustu nauðþurfta hjá fjölskyldugerðum sem við er miðað í neyslukönnun Hagstofunnar. Í 2. tölulið er síðan spurt hve stór hluti þjóðarinnar, skipt eftir þjóðfélagshópum og fjölskyldugerðum, hafi tekjur undir nauðþurftarmörkum, sbr. 1. tölulið.

Neyslukönnunin gefur sem slík ekki færi á svörum við þessum spurningum. Eins og áður hefur komið fram beinist hún að því að kanna hver útgjöldin séu en ekki hver þau þurfi að vera. Í þessu sambandi verður enn fremur að hafa í huga að þótt könnunin gefi mjög haldgóðar niðurstöður um raunveruleg útgjöld er ekki þar með sagt að að þær séu mælikvarði á fátækt eða efni manna. Hér má minna á það sem áður var nefnt um annmarka neysluútgjalda til fátæktarmælinga. Neysluútgjöldin eru háð því hvar í lífshlaupi sínu einstaklingurinn er staddur, vali manna fyrr á lífsleiðinni, t.d. um fjárfestingu, og vali manna á könnunartímanum milli mismunandi tegunda neyslu eða milli neyslu og fjárfestingar eða sparnaðar. Nauðþurftir eru að auki naumast algilt hugtak, a.m.k. ekki við þau kjör sem Íslendingar búa. Við athuganir á lífskjörum þjóða sem hvað fátækastar eru og búa við sult og seyru í fyllstu merkingu þeirra orða, hafa menn skilgeint nauðþurftir í fjölda hitaeininga í fæðu og lágmarksskjóli í klæðum og húsnæði. Slíkar mælingar eiga ekki við íslenskt þjóðfélag og myndu ekki varpa ljósi á lífskjör landsmanna.

Neyslukönnun sú sem hér er gerð eða svipaðar kannanir meðal nágrannaþjóða, svara ekki spurningum um hvað séu nauðþurftir eða hvað sé æskilegt að tilteknar fjölskyldugerðir hafi til framfærslu eða verji til framfærslu. Hún leiðir vissulega í ljós mismunandi útgjöld innan sömu fjölskyldugerða og jafnvel innan sama tekjubils en hún svarar engum spurningum um það af hverju mismunurinn stafi, hvort hann stafi af vali manna á könnunartímanum eða aðstæðum manna sem ráðist af fyrri gerðum þeirra. Niðurstöður könnunarinnar eru reiknaðar eftir útgjaldabilum og tekjubilum þannig að vissir möguleikar eru á að greina mjög lítil útgjöld og útgjöld þeirra sem hafa lágar tekjur samkvæmt skattframtölum. Af henni verður hins vegar ekki dregnar ályktanir um hvað megi telja fátækt. Og jafnvel þótt menn treystust til þess háttar skilgreiningar gefur neyslukönnun naumast vitneskju um útbreiðslu slíkrar „fátæktar" eftir mismunandi þjóðfélagshópum.

Auk þess sem hér hefur verið rakið má benda á að hugtakið nauðþurftir er ekki aðeins afstætt yfir æviskeiðið og frá einum tíma þess til annars heldur er það fyrst og fremst háð huglægu mati manna. Ekki verður séð að nokkrar leiðbeiningar séu tiltækar um það efni og ætla verður að um það verði skoðanir jafnan mjög skiptar.

Sem fyrr segir er úrvinnslu úr neyslukönnun Hagstofunnar ekki lokið til fulls. Henni verður lokið síðar á þessu ári og þá gefið út sérstakt rit um könnunina og niðurstöður hennar. Efni hennar getur þá nýst til frekari athugana en það svarar ekki þeim spurningum sem fram koma í 1. og 2. tölulið skýrslubeiðni Jóhönnu Sigurðardóttur o.fl.

Tekjur undir fátæktarmörkum – kannanir Félagsvísindastofnunar.

Í 3. tölulið skýrslubeiðninnar er óskað eftir upplýsingum um þróun tekna annarra en af atvinnu hjá þeim sem skilgreindir eru undir fátæktarmörkum. Á þá annars vegar að miða við „skilgreind fátæktarmörk, þ.e. tekjur undir helmingi af meðaltekjum", en hins vegar við nauðþurftir samkvæmt 1. tölulið fyrirspurnarinnar.

Sem fyrr segir er ekki talið mögulegt að skilgreina nauðþurftir eins og óskað er eftir og verður spurningu í 3. tölulið því ekki svarað á þeim grundvelli. Spurningunni verður heldur ekki svarað á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ýmsar upplýsingar eru fyrir hendi um þróun bótagreiðslna almannatrygginga og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga sem hafa má til hliðsjónar eins og vikið er að hér á eftir. Sérstakar athuganir hafa hins vegar ekki verið gerðar á slíkum greiðslum til þess hóps sem lendir undir „skilgreindum fátæktatmörkum" á hverjum tíma. Á sama hátt er ekki unnt að svara spurningu í 4. tölulið skýrslubeiðninnar um þróun skattgreiðsina, þjónustugjalda, eigna- og skuldastöðu hjá þessum hópi sl. tíu ár. Hér á eftir verður hins vegar fjallað stuttlega um tekjuathuganir þar sem miðað hefur verið við þau fátæktarmörk sem um er rætt í fyrirspurninni.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur frá því á árinu 1986 gert svonefndar þjóðmálakannanir og nýtt við fátæktarathuganir. Þessar kannanir eru þversniðskannanir, úrtaksstærð hefur verið 1.500 manns og svörnun um og yfir 70% en nokkru lægri hvað snertir spurningar um tekjur. Um er að ræða símakannanir og hafa svarendur verið spurðir um heildartekjur sínar í tilteknum mánuði. Þessar niðurstöður hafa síðan verið nýttar til afstæðra fátæktarmælinga þannig að athugað er hve mikill hluti þátttakenda lendir undir fátæktarmörkum sem eru skilgreind sem helmingur af miðtekjum/meðaltekjum allra þátttakenda. Niðurstöður hafa verið birtar í greinargerðum stofnunarinnar. Stofnunin hefur m.a. nýtt upplýsingar úr þessum könnunum til að taka þátt í norrænu verkefni um þróun fátæktar á Norðurlöndum tímabilið 1971–1993 (Den nordiska fattigdomens utveckling och struktur, TemaNord 1996:583).

Óvíst er hversu marktækar tekjuathuganir Félagsvísindastofnunar eru. Fjöldi svarenda hefur verið tiltölulega lítill. Jafnframt má draga í efa að símakannanir einar sér séu heppileg aðferð til að afla upplýsinga um tekjur. Reynsla er af þeim, m.a. úr lífskjarakönnuninni 1988, að þátttakendur gefi ónákvæm svör og þeim hætti til að vantelja tekjur sínar fremur en að oftelja þær. Þá er það annmarki á þessum könnunum að allt fram til ársins 1996 hefur í þeim verið miðað við heildartekjur fyrir skatt. Breytingar á skattlagningu hafa því ekki haft áhrif á niðurstöður og samanburður yfir tímann því minna virði en ella. Þetta rýrir sambærileika á niðurstöðum kannana Félagsvísindastofnunar við niðurstöður tekjuathugana sem gerðar hafa verið annars staðar á Norðurlöndum og birtar eru í áðurnefndri skýrslu. Tekjuupplýsingar hinna landanna eru fengnar úr skattskrám eða byggðar á skattframtölum auk þess sem aðrar skrár eru nýttar, t.d. skrár almannatrygginga. Þá byggjast athuganir annars staðar á Norðurlöndunum aðallega á ráðstöfunartekjum, þ.e. heildartekjum að beinum sköttum frátöldum.

Helstu niðurstöður kannana Félagsvísindastofnunar fyrir árin 1986–95 eru birtar í fyrrnefndri norrænni skýrslu. Þar kemur fram að miðað við að fátæktarmörk séu dregin við 50% af fjölskyldutekjum hafi um 10% þjóðarinnar verið undir þessum mörkum árið 1986. Þetta hlutfall hafi síðan farið lækkandi í um 8% árið 1989 en hækkað eftir það í um 12% árið 1995. Þessar tölur verða ekki bornar með beinum hætti saman við tölur frá öðrum Norðurlöndum. Norrænu tölurnar sýna að því að virðist fyrst og fremst að fjöldi undir fátæktarmörkum helst að miklu leyti saman við hagsveifluna í hverju landi, ekki síst atvinnuástandið.

Þróun tekju- og eignaskiptingar, svo og þróun tekjumunar milli þjóðfélagshópa sl. tíu ár.

Þjóðhagsstofnun birtir árlega upplýsingar um tekju- og eignadreifingu milli einstaklinga sem byggðar eru á skattframtölum. Til eru nokkuð heildstæðar upplýsingar um dreifingu atvinnutekna frá árinu 1986. Undanfarin ár hefur Þjóðhagsstofnun einnig gert athuganir á dreifingu ráðstöfunartekna hjóna. Kostir þess að nota framtölin til úrvinnslu upplýsinga um tekjur eru hversu víðfeðm gögnin eru og upplýsingarnar samræmdar. Þá er kostur að skattframtölin gefa nokkur færi á greiningu heimilistekna samhliða athugunum á tekjum einstaklinga, og nota má þau til skoðunar á ráðstöfunartekjum.

En einnig eru ýmsir annmarkar á notkun þessara gagna. Í fyrsta lagi eru engar upplýsingar um vinnutíma sem liggur að baki launatekjum og upplýsingar um atvinnuþátttöku eru takmarkaðar. Í öðru lagi eru tekjur misvel taldar fram til skatts. Annars vegar er um að ræða undanskot frá skatti og má ætla að það dreifist misjafnt eftir atvinnustéttum. Hins vegar er misbrestur á því að eignatekjur séu taldar fram, en þær eru framtalsskyldar en ekki skattskyldar nema að takmörkuðu leyti. Þá má nefna að erfitt er að flokka framteljendur eftir atvinnugreinum og starfsstéttum. Loks er þess að geta að í þjóðskrá, sem myndar grunn að skrá um framteljendur, er ekkert heimilishugtak og er því ógjörningur að skoða heimili sem tekjueiningu. Það hefur m.a. í för með sér að athuganir á tekjum allra framteljenda felur í sér samanburð t.d. á tekjum foreldra við tekjur barna sem hjá þeim búa. Í staðinn hefur Þjóðhagsstofnun notað hjón sem viðmiðun og skoðað einstaka aldurshópa.

Reiknuðum launum er sleppt í greiningu á atvinnutekjum og þannig er reynt að nálgast atvinnutekjur launþega. Þeim sem telja fram einhver reiknuð laun er jafnan sleppt í úrvinnslu atvirmutekna. Hér er litið svo á að reiknuð laun séu viðmiðun skattstjóra fremur en raunverulegar tekjur. Þá er ófullkomnum framtölum sleppt, þar sem skattstjóri hefur áætlað tekjuskattsstofn eða að framteljandi hefur takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna búsetu erlendis.

Greining á tekjudreifingu er afar vandasöm og margt ber þar að varast. Það hefur t.d. engan tilgang að draga ályktanir um launamun í þjóðfélaginu með því að finna laun þess tekjuhæsta og bera þau saman við tekjur þess tekjulægsta. Í stað þessa er alvanalegt að raða framteljendum í 10 jafnstóra hópa, frá þeim tekjulægsta til þess tekjuhæsta. Þá er reiknað hversu stór hluti teknanna kemur í hlut hvers hóps. Væri tekjum svo til jafnt skipt yrði hlutdeild allra hópa hin sama, eða um 10% af tekjum. En mikilvæg greining á tekjudreifingu felst einmitt í að skoða mismun á hlut einstakra hópa eða tíunda hluta þegar um 10 hópa er að ræða og bera hann saman við hnífjafna tekjuskiptingu. Hin þekktasta af þessum aðferðum byggst á útreikningi á svonefndum Ginikvarða. Gini er tölfræðilegur mælikvarði á tekjujöfnuð. Hann tekur gildi frá 0 til 1 og því hærri sem hann er þeim mun meiri er ójöfnuður, en hann tæki gildið 0 ef allir væru með sömu tekjur.

Í athugunum sínum á dreifingu atvinnutekna sem Þjóðhagsstofnun birtir árlega í *Frétt* hefur verið litið á nokkra hópa. Í viðauka II eru sýndar helstu töflur sem þar birtast. Í töflu 1 er litið á dreifingu tekna allra framteljenda, því næst er skoðuð dreifing tekna allra á aldrinum 25 til 65 ára, en þannig er skólafólk og lífeyrisþegar undanskildir. Þá er litið á tekjudreifingu sömu aldurshópa hjóna og kvæntra karla.

Hóparnir eru táknaðir með rómverskum tölum. Um hóp I gildir að 90% framteljenda eru með hærri tekjur en sá tekjuhæsti í hópnum og um hóp II gildir að 10% framteljenda eru með lægri tekjur en sá tekjulægsti í hópnum og 80% eru með hærri tekjur en hinn tekjuhæsti.

Sem vænta má er jöfnuður minnstur þegar allir framteljendur eru skoðaðir og jöfnuður eykst því samlitari sem hóparnir eru. Þannig leikur Ginikvarðinn á bilinu 0,4–0,43 þegar allir framteljendur eru skoðaðir, en þegar yngstu og elstu aldurshópunum er sleppt lækkar gildið niður í 0,35–0,37. Þegar eingöngu tekjur kvæntra karla á aldrinum 25–65 ára eru lagðar til grundvallar leikur Gini á bilinu 0,24–0,28 og þegar tekjum eiginkvennanna er bætt við er kvarðinn á bilinu 0,20–0,25.

Þegar litið er á Ginimælingarnar yfir þetta 10 ára tímabil kemur í ljós að Gini fer hækkandi hjá öllum hópum. Einnig kemur fram að aukningin er mest á árunum 1989–90, en einmitt á þeim árum fer atvinnuleysi að gera vart við sig hér á landi.

Í mynd er hér fylgir eru þessar upplýsingar dregnar saman. Myndin sýnir hlutfallið á milli meðalatvinnutekna framteljenda í efsta og neðsta fimmtungi. Hækkun hlutfallsins er merki um vaxandi tekjumun. Myndin sýnir að tekjumunur vex jafnt og þétt, nema frá 1991 til 1992 og svo milli 1994 og 1995. Þannig hafa meðaltekjur hjóna í efsta fimmtungi vaxið úr því að vera þrefaldar tekjur hinna sem eru með lægstar tekjur árið 1986 í það að vera 3,5-faldar. Mikilvægt er að hafa hér í huga að ekki er tekið tillit til mismunandi vinnuframlags manna í þessum tölum og þannig hefur breyting á atvinnuástandi á þessum árum veruleg áhrif.



Sú þróun sem hér er lýst er svipuð og í öðrum vestrænum ríkjum. Víðast hvar hefur tekjudreifingin hneigst til meiri ójafnaðar. Þetta á einkum við í Bandaríkjunum, Bretlandi og Ástralíu en þessa verður einnig vart á Norðurlöndum.

Breytingar á tekjudreifingu og tekjuskiptingu hafa verið mikið ræddar á alþjóðavettvangi að undanförnu. Almennt er talið að þær eigi sér margvíslegar orsakir. Auk atvinnuleysis hefur því ekki síst verið haldið fram að við skilyrði hagvaxtar skýrist vaxandi ójöfnuður í tekjudreifingu af kerfisbreytingum í atvinnulífmu. Þetta stafi ekki síst af auknu vægi atvinnugreina sem nýta hátækni og þar með hlutfallslegri fjölgun hálaunastarfa. Ljóst er að þessarar þróunar hefur einnig gætt hér á landi.

Aðrar athuganir, einkum prófessors Stefáns Ólafssonar og Gylfa Arnbjörnssonar hagfræðings, sýna nokkuð aðra mynd. Í athugun Stefáns eru tekjur tiltekinna starfsstétta bornar saman, annars vegar 1987 og hins vegar 1991. Niðurstaða Stefáns virðist vera sú að mjög lítil breyting hafi orðið á hlutfallslegum tekjum milli þessara stétta. Ekki mun vera til athugun með sama hætti á tekjum starfsstétta eftir 1991. Gylfi skoðar hins vegar eingöngu tímakaup landverkafólks innan Alþýðusambands Íslands eins og það er metið af kjararannsóknarnefnd. Niðurstaða hans er sú að launamunurinn innan ASÍ-hópsins hafi aukist frá 1981 til 1987, þó einkum frá 1984, en á tímabilinu frá 1987 til 1992 hafi hann minnkað á ný. Ekki hefur verið gerð samsvarandi athugun eftir 1992.

Það er líklegt að skýringin á þessum mun á athugunum Þjóðhagsstofnunar og ofangreindra liggi í atvinnuleysi og breytingum á vinnutíma. Í greiningu Þjóðhagsstofnunar er litið til alls í senn; launa á klst., vinnutíma og atvinnu. Það þarf ekki að vera mótsögn milli þessara athugana, heldur gæti dreifing mánaðarlauna fyrir dagvinnu verið næsta óbreytt, en þróun vinnutíma og atvinnu leitt til ójafnari dreifingar árlegra atvinnutekna.

Endanleg skipting teknanna í velferðarþjóðfélaginu ræðst ekki af atvinnutekjum heldur af ráðstöfunartekjum. Því hugtaki er ekki hægt að gera full skil á grundvelli skattframtala og valda því brotakenndar upplýsingar um eignatekjur manna. Ráðstöfunartekjur eru hér nálgaðar sem tekjuskattsstofn að viðbættum vaxtabótum og barnabótum, en að frádregnum tekju- og eignarskatti.

Meðfylgjandi mynd sýnir tekjuskattsstofn, ráðstöfunartekjur og skattbyrði hjóna eftir tíundum árið 1995. Meðal fjárhæðir eru reiknaðar út frá heildar fjölda í hvern tíund en ekki út frá fjölda þeirra sem fá viðkomandi tekjur. Skattbyrðin sem sýnd er í töflunni er reiknuð sem hlutfall skatta, að frádregnum bótum, og tekjuskattsstofns. Þessi tafla sýn-

ir vel þau tekjujöfnunaráhrif sem felast í tekjuskattskerfnu. Meðalskattbyrðin er 19,4%, en hins vegar er skattbyrði efstu tíundarinnar rúm 32,6%. Þetta má einnig setja fram með því að horfa til hlutfalls meðaltekjuskattsstofns tveggja neðstu tíunda á móti tveggja efstu. Munurinn er fjórfaldur þegar horft er til tekjuskattsstofns og 2,88-faldur á ráðstöfunartekjum. Um 21,5% tekjuskattsstofns í heild fellur tekjuhæsta hópnum í skaut og hann greiðir 31,7% af heildartekjuskatti hjóna. Þessi hópur fær hins vegar 6,5% af barnabótum og 5,5% af vaxtabótunum og þegar upp er staðið er hlutur hans í ráðstöfunartekjum 18%.



Samanburður á ráðstöfunartekjum hjóna 1994 og 1995 sýna að þær jukust um 3,4% og ráðstöfunartekjur hjóna með börn jukust um 3,7%. Skattbyrðin var 19,4% af tekjuskattsstofni 1995, 19,2% 1994 og 18,6% árið 1993. Þegar hjónunum er skipt í tvo jafna helminga eftir ráðstöfunartekjum kemur í ljós að tekjuskattsstofn hjóna í lægri helmingnum hækkaði um 3,1% en um 3,6% í efri helmingnum. Ráðstöfunartekjurnar hækkuðu um 3,5% í lægri helmingnum en um 4% í þeim efri. Nettóskattbyrði tekjulægri helmingsins þyngdist úr 5,6% í 5,9% og þess tekjuhærri úr 23,2% í 23,4%.

Framtaldar eignir og skuldir gefa færi á greiningu á dreifingu þeirra. Rétt er að minna á að ýmsar innstæður og fjármálakröfur einstaklinga eru ekki eignarskattskyldar og koma því ekki inn í eignarskattstofn. Þannig eru til að mynda öll markaðsverðbréf útgefin af ríkissjóði skattfrjáls, sem og húsbréf. Innstæður í innlánsstofnunum eru að fullu skattfrjálsar hjá þeim sem ekkert skulda, en skattfrelsið skerðist um skuldirnar. Hlutabréf eru færð til eignar á nafnvirði. Almennt má segja að virðing eigna sé verulegri óvissu háð. Af þessum ástæðum hefur eignadreifingunni verið mun minna sinnt en tekjudreifingunni hér á landi og eiga þessir annmarkar einnig við víða um lönd.

Meðfylgjandi mynd sýnir dreifingu eignarskattstofns hjóna. Um 9.800 hjón voru annað hvort eignalaus eða með skuldir umfram eignir. Meðaleignarskattsstofn þeirra hjóna sem töldu fram jákvæðan stofn reyndist um 7,5 milljónir króna og voru tæplega 11.000 hjón með eignarskattsstofn yfir 10 milljónum króna. Framteljendum sem eru með skuldir umfram eignir hefur fjölgað umtalsvert þegar til nokkurs tíma er litið. Árið 1995 var í þessum hóp 23.145 manns og fjölgaði í honum um 4,7% frá árinu áður. Árið 1988 voru 11.212 framteljendur með neikvæðan eignarskattstofn og 20.509 árið 1993. Margvíslegar ástæður eru að baki þessarar þróunar, mikil skuldasöfnun, þróun eignaverðs, vaxandi námsskuldir o.s.frv. Rétt er að draga sérstaklega fram að skuldir sjálfstæðra atvinnurekenda sem eru umfram eignir á efnahagsreikningi eru færðar með persónulegum skuld-

um á skattframtal. Athugun sýnir að um 3% af skuldum heimila í árslok 1995 eru af þessum toga.



Hlutfall framfærsluaðstoðar og einstakra tekjuliða í heildartekjum heimila.

Auðveldast er að skoða hlut einstakra tekjuþátta í heildartekjum í gögnum Þjóðhagsstofnunar sem notuð eru til að reikna ráðstöfunartekjur heimilanna. Heimildir að þeim gögnum eru margvíslegar. Atvinnutekjurnar styðjast við skattframtöl. Tilfærslutekjurnar eru byggðar á upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, ríkisbókhaldi, Hagstofu Íslands o.fl. Fjármagnstekjur eru fyrst og fremst byggðar á gögnum Seðlabanka Íslands. Reynt er að nálgast raunvaxtatekjur við mat á fjármagnstekjum, en umtalsverðar sveiflur eru í þeim frá einu ári til annars. Hlutur einstakra tekjuliða í heildartekjum heimilanna er sýndur í töflu 2 í viðauka II. Í töflunni kemur fram að litlar breytingar eru frá einu ári til annars. Yfir þetta 10 ára tímabil lækkar hlutur launatekna en tilfærslutekjurnar aukast. Þessi þróun skýrist annars vegar af mikilli atvinnuþátttöku í upphafi tímabilsins og hins vegar af vaxandi atvinnuleysi fram til ársins 1995.

Orsakir fátæktar.

Engar þær athuganir hafa verið gerðar hér á landi sem leyfa að dregnar séu einhlítar ályktanir um orsakir fátæktar, hvort sem hugtakið er skilgreint með algildum eða afstæðum hætti. Allt bendir til að mælt á algildan mælikvarða heyri fátækt til hreinna undantekninga hér á landi og hennar gæti fyrst og fremst hjá þeim sem telja má olnbogabörn þjóðfélagsins, þ.e. þeim sem ekki eru færir um að ala önn fyrir sér af einhverjum ástæðum. Í þessu sambandi má minna á að hér á landi er til staðar velferðarkerfi, almannatryggingar ríkisins og félagsaðstoð sveitarfélaga.

Orsakir lágra tekna eða fátæktar á afstæðan mælikvarða má að líkindum rekja að hluta a.m.k. til ríkjandi efnahagsástands á hverjum tíma.

Í norrænu skýrslunni sem áður var getið kemur fram að nokkrar meginniðurstöður norrænu rannsóknanna séu sem hér segir:

„– Efnahagsástandið hefur áhrif á umfang fátæktarinnar á flestum Norðurlandanna.
– Fyrir marga er fátæktin skammvinn. En á sama tíma eru sterk tengsl milli þess að vera fátækur á einu tímabili og á næsta tímabili.
– Í stóru löndum Norðurlandanna hefur fátækt meðal eldri einstaklinga minnkað mikið frá miðjum áttunda áratugunum. Þess í stað er tilhneiging til að fleiri ungir séu fátækir.

– Yfirfærslur frá opinbera geiranum hafa mjög mikla þýðingu fyrir að hlutfallslega fáir á heimsmælikvarða eru fátækir á Norðurlöndum."

Hvað snertir áhrif efnahagsástands á tekjudreifingu er oft talið að atvinnuleysi sé ein meginskýringin á breytingum á tekjudreifingu undanfarinna ára. Hér á landi jókst atvinnuleysi nokkuð á árunum 1989–1991 og síðan að mun árin 1992–1994 en hefur minnkað töluvert síðan. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands mælist atvinnuleysi 2,5% árið 1991, 4,3% árið 1992, 5,3% árin 1993 og 1994, 4,9% árið 1995 og 3,8% árið 1996.

Tekjubresti af völdum atvinnuleysis hefur verið mætt með ýmsu móti, með atvinnuleysistryggingabótum, ýmsum staðbundnum og tímabundnum verkefnum svo og með fjárhagsaðstoð við heimili. Bótagreiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs jukust úr 485 millj. kr. árið 1987 í 3.243 millj. kr. árið 1995, reiknað á föstu verðlagi síðara ársins. Á sama tíma jukust útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar heimila úr rösklega 360 millj. kr. í u.þ.b. 900 millj. kr.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er ætlað að vera síðasta haldreipi fólks sem býr við knöpp kjör. Í viðauka III eru sýndar þrjár töflur um þróun fjárhagsaðstoðar. Við athugun þeirra skal hafa í huga að hluti af fjölgun viðtakenda og aukningu útgjalda stafar af rýmkum á skilyrðum til fjárhagsaðstoðar í mörgum sveitarfélögum.

Fyrsta taflan sýnir þann fjölda heimila sem notið hefur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga árin 1987–1995. Samkvæmt þessu yfirliti hefur heimilum sem nutu fjárhagsaðstoðar fjölgað úr rösklega 2.700 árið 1987 í um 6.000 árið 1995. Önnur taflan sýnir heildarútgjöld sveitarfélaga til þessa málaflokks svo og meðalgreiðslu á heimili árin 1987–1995. Meðalgreiðsla á heimili, reiknuð á verðlagi ársins 1995, var 12% hærri en á árinu 1987. Samkvæmt þessu er ljóst að aukning fjárhagsaðstoðarinnar felst fyrst og fremst í fjölgun viðtakenda hennar og þar með líklega fyrst og fremst af fjölgun atvinnulausra. Þetta kemur skýrast fram í töflu 3 um styrkþega Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Sú tafla sýnir annars vegar verulega fjölgun styrkþega tímabilið 1986–95. Hins vegar er afar greinilegt hversu náin tengsl eru milli fjölda atvinnulausra og styrkþega. Þá kemur fram hve stór hluti atvinnulausra hefur þegið fjárhagsaðstoð þetta tímabil.

Auk þess sem hér hefur verið rakið um atvinnuleysi má nefna fleiri þætti. Lægstu laun eru lág og þeir sem eru á lægstu töxtum einum og hafa ekki aðrar tekjur, eru við þau fátæktarmörk sem Félagsvísindastofnun hefur miðað við. Þetta á ekki síst við um einstæða foreldra með þunga framfærslu. Þá hafa háir jaðarskattar og brött tekjutenging í vissum tilvikum valdið því að aukið sjálfsaflafé leiðir ekki eða aðeins í litlum mæli til aukinna ráðstöfunartekna.

Aðstæður þær sem hér um ræðir eru vafalaust misjafnar á æviskeiðum. Norrænu rannsóknirnar benda til að þær geti verið skammvinnar en jafnframt séu sterk tengsl milli þess að vera fátækur á einu tímabili og hinu næsta. Gögn um þetta efni hér á landi eru ekki fyrir hendi.

Athyglisverð er sú niðurstaða að fátækt, eins og nú mælist í norrænu rannsóknunum, hafi minnkað meðal eldri einstaklinga frá miðjum áttunda áratugnum á Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu. Í stað þess falli nú æ fleiri ungir einstaklingar, einkum námsfólk, í þann hóp sem hefur tekjur undir hinum skilgreindu fátæktarmörkum. Rannsóknir Félagsvísindastofnunar benda til þess að í hópi fátækra samkvæmt skilgreiningu hennar hafi lífeyrisþegum fjölgað. Óvíst er að þetta sé traust niðurstaða. Er þá haft í huga hversu mikill misbrestur er á því að lífeyristekna og eignatekna sé getið á skattframtölum og að hið sama kunni að vera uppi á teningnum í símakönnunum Félagsvísindastofn-

unar. Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands jukust lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóður úr 5.800 millj. kr. árið 1986 í 10.300 millj. kr. árið 1996 á verðlagi þess árs.

Hafa stjórnvöld uppi áform um að bæta stöðu fátækra og jafna tekjuskiptinguna?

Tekjuskiptingin ræðst af fjölmörgum þáttum. Sumir þeirra eru á valdi stjórnvalda en aðrir ekki. Með ýmsum aðgerðum á sviði almannatrygginga og skattamála hafa stjórnvöld komið til móts við helstu áhættuhópa. Nefna má fyrirhugaðar breytingar á barnabótum, en sýnt hefur verið fram á að tekjutengdar barnabætur séu vænlegar til að jafna tekjuskiptingu. Þá mun lækkun jaðarskatta draga umtalsvert úr þeim fátæktargildrum sem samspil bóta- og skattkerfis hafa lagt.

Varanlegur árangur næst best með almennum aðgerðum sem treysta undirstöður þjóðarbúsins og efla atvinnu í landinu. En í þessari skýrslu hefur einmitt verið bent á sterk tengsl á milli atvinnu og ójafnrar tekjuskiptingar. Árangur stjórnvalda í atvinnumálum er ótvíræður; atvinnuleysi hefur minnkað töluvert að undanförnu og spár benda til að atvinnuleysi muni enn minnka á næstu árum. Með nýgerðum kjarasamningum hefur verið lagður grunnur að efnahagslegum stöðugleika og kaupmáttaraukningu á næstu árum sem mun koma öllum til góða. Til lengri tíma litið eru menntamál mikilvægur þáttur. Á þeim vettvangi þarf að treysta undirstöður og auka fjölbreytni í framboði menntunarkosta í samræmi við kröfur hátækni nútímans og atvinnulífsins.

Viðauki I.

Útdráttur úr greinargerð um neyslukönnun 1995 og upptöku nýs vísitölugrunns.

Úr aprílblaði Hagtíðinda 1997.

Nýr vísitölugrunnur.

Í gildandi lögum um vísitölu neysluverðs, nr. 12/1995, segir að Hagstofan skuli eigi sjaldnar en á fimm ára fresti gera athugun á heimilisútgjöldum, neyslukönnun. Í samræmi við þessi ákvæði var gerð neyslukönnun árið 1995 en slík könnun hafði síðast verið gerð árið 1990. Frá því könnuninni sjálfri lauk í árslok 1995 hefur verið unnið að skráningu, samræmingu og úrvinnslu gagna og gerð nýs grunns fyrir vísitölu neysluverðs. Útreikningur neysluverðsvísitölu samkvæmt hinum nýja grunni fór fram í fyrsta sinn í mars 1997. Þá var eldri grunnur vísitölunnar jafnframt reiknaður í síðasta skipti.

Notkun vísitölunnar er fjölbreytt og mikilvægt að vel sé vandað til grunnvinnu. Grunnur vísitölunnar er safn hvers kyns heimilisútgjalda. Útgjöldin ná ekki eingöngu til daglegra innkaupa á matvöru, hreinlætisvöru, fatnaði o.þ.h. heldur einnig til kostnaðar vegna rafmagns, hita, síma, reksturs á einkabíl, ferðalaga, tómstundaiðkana og fleira. Í grunni eru því flest útgjöld sem snerta heimilisrekstur og daglegt líf fólks. Ekki er á neinn hátt reynt að meta hvort viðkomandi útgjöld teljast nauðsynleg eða ekki. Megintilgangur neyslukannana er að finna grundvöll fyrir útreikning vísitölunnar, þ.e. meta vægi hinna ýmsu flokka vöru og þjónustu í grundvelli hennar. Neyslumunstur almennings breytist í sífellu. Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða samsetningu vísitölunnar reglulega með neyslukönnun. Upplýsingarnar eru einnig mikilvægar heimildir um breytingar á neysluvenjum landsmanna en auk þess er með þeim hægt að kanna útgjöld og samsetningu

þeirra með tilliti til ýmissa félagslegra og efnahagslegra þátta, svo sem búsetu, fjölskyldugerðar, atvinnu og tekna.

Neyslukönnun.

Úrtak og úrtaksaðferð.

Neyslukönnunin 1995 var með svipuðu sniði og könnunin 1990. Tekið var tilviljanakennt úrtak úr þjóðskrá án tillits til búsetu, heimilisstærðar, tekna eða atvinnu. Í neyslukönnun er leitast við að mæla heimilisútgjöld. Úrtakseiningin er því heimili. Æskilegast væri að geta tekið úrtak úr heimilum á Íslandi þar sem öll heimili hefðu jafnar líkur á að lenda í úrtaki. Í þjóðskrá er ekki unnt að aðgreina heimili í fjölbýlishúsum. Hins vegar eru þar skilgreindar svokallaðar kjarnafjölskyldur sem eru hjón/sambýlisfólk án barna, hjón/sambýlisfólk með börn yngri en 16 ára og einstæðir foreldrar með börn yngri en 16 ára. Hver kjarnafjölskylda hefur eitt fjölskyldunúmer og sama gildir um einhleypa. Við 16 ára aldur eru börn aðskilin frá kjarnafjölskyldu í þjóðskrá og fá sitt eigið fjölskyldunúmer.

Úrtak neyslukönnunar 1995 var tekið úr fjölskyldunúmerum fólks á aldrinum 18–74 ára með lögheimili hér á landi 1. desember 1994. Gert var ráð fyrir að 16 og 17 ára unglingar byggju enn í foreldrahúsum. Efri aldursmörkin 74 ára voru valin með hliðsjón af því að neyslukönnunin krefst talsverðrar vinnu af þátttakendum og reynslan sýnir að eldra fólk treystir sér síður til þess en hinir yngri eða getur ekki innt þá vinnu af hendi. Einstaklingar 75 ára og eldri eru þó ekki undanskildir í könnuninni ef þeir búa á heimilum sem lentu í úrtakinu. Líkur á að lenda í úrtaki voru ekki þær sömu fyrir öll heimili. Heimili með marga einstaklinga 18 ára og eldri höfðu meiri möguleika á að vera valin í úrtakið en önnur heimili. Þátttakendur urðu allir sem bjuggu á heimili þess sem valinn var. Í úrtakinu áttu ekki að vera einstaklingar sem dveljast á stofnunum, svo sem sjúkrahúsum og elliheimilum.

Svörun.

Upphaflegt úrtak var 2.910 fjölskyldunúmer. Í ljós kom að 203 heimili hefðu ekki átt að vera í úrtakinu. Þar var aðallega um að ræða fólk sem dvaldist erlendis en hafði skráð lögheimili á Íslandi. Endanlegt úrtak varð 2.707 heimili. Skiptingin var þannig að 1.649 heimili samþykktu að taka þátt í könnuninni, 1.004 heimili höfnuðu þátttöku og ekki náðist í fólk á 54 heimilum. Nothæf gögn bárust frá 1.375 heimilum, 233 heltust úr lestinni og gögn frá 41 heimili reyndust ónothæf. Endanleg svörun í neyslukönnun 1995 var því 50,8%. Til samanburðar má nefna að 790 heimili tóku þátt í neyslukönnun 1990 og 376 heimili í neyslukönnun 1985/86. Á þeim 1.375 heimilum, sem tóku fullan þátt í könnuninni, bjuggu 4.519 einstaklingar eða 1,7% þjóðarinnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1995. Mismunandi var eftir gerð heimila hve fúst fólk var til þátttöku. Fólk á heimilum hjóna/sambýlisfólks með börn reyndist fúsast til þátttöku. Þeir sem bjuggu einir sér voru ófúsastir til þátttöku. Ekki kom fram munur á svörun eftir búsetu. Af þeim heimilum sem þátt tóku, voru 857 á höfuðborgarsvæðinu, 351 í öðru þéttbýli og 167 í dreifbýli.

Framkvæmd.

Könnunin var tvíþætt. Annars vegar héldu þátttakendur búreikning í tvær vikur og skráðu öll útgjöld heimilismanna. Skrá þurfti sérstaklega öll kaup á vöru eða þjónustu. Skila mátti sundurliðuðum kassakvittunum með vörulýsingum og losna þannig við skriftir. Þessi þáttur könnunarinnar stóð yfir í eitt ár samfleytt og á hverju tveggja vikna tímabili hélt nýr hópur heimila búreikning. Búreikningstímabilið stóð aðeins yfir í tvær vikur og var því hætt við að vitneskja um veigamikla en stopula útgjaldaliði tapaðist. Því voru þátttakendur beðnir um upplýsingar um tiltekin veigamikil útgjöld yfir þriggja mánaða tímabil. Slík útgjöld voru t.d. rekstrar- og viðhaldskostnaður húsnæðis og bíls, heimilistækja- og húsgagnakaup, ferðakostnaður o.fl. Þátttakendum úti á landi var send sérstök bók til útfyllingar, en á höfuðborgarsvæðinu fóru spyrlar í heimsókn til þátttakenda og skráðu útgjöldin. Í neyslukönnuninni 1995 notuðu spyrlar Hagstofunnar í fyrsta skipti ferðatölvur í viðtölum við þátttakendur.

Úrvinnsla.

Endanlegar niðurstöður voru fengnar með því að tengja saman upplýsingar úr ársfjórðungsskýrslum/-viðtölum og búreikningum. Upplýsingar um kaup á matvöru, drykkjarvöru; fatnaði, hreinlætis- og snyrtivöru voru einungis fengnar úr búreikningum. Úr ársfjórðungsgögnum voru einkum notaðar upplýsingar um rekstur húsnæðis og bíls; kostnað vegna skólagöngu, barnagæslu og ferðalaga. Útgjöld voru reiknuð til ársútgjalda.

Mismunandi úrtakslíkur og svörun.

Vegna þess að heimili höfðu ekki jafna möguleika á að lenda í úrtaki og svörun var mismikil eftir heimilisgerð voru niðurstöður könnunarinnar leiðréttar með tilliti til þessa. Því var m.a. aflað sérstakra upplýsinga um heimili sem ekki reyndust fáanleg til að taka þátt í könnuninni. Fyrir hvert heimili, sem tók þátt í könnuninni, var búin til vog. Þar var tekið tillit til hvaða líkur voru á að heimilið lenti í úrtaki og til svörunar viðkomandi heimilisgerðar. Útgjöld heimilanna voru vegin með þessari vog. Þessi leiðrétting veldur því að niðurstöður könnunarinnar eru mun áreiðanlegri en ella væri.

Meðalstærð heimila.

Meðalstærð heimila í neyslukönnun 1995 var 2,82 einstaklingar en 3,63 í neyslukönnuninni 1990. Þessar tölur eru ekki sambærilegar. Stafar það af leiðréttingu í könnuninni 1995 vegna mismunandi möguleika á að lenda í úrtaki og mismunandi svörunar. Mismunur á úrtakslíkum var ekki leiðréttur í könnuninni 1990. Heimilisstærð var breytileg eftir búsetu; að meðaltali 2,65 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu, 3,00 einstaklingar á öðrum þéttbýlisstöðum og 3,40 einstaklingar í dreifbýli.

Heimilisgerð.

Heimilum í neyslukönnuninni var skipt í fimm flokka eftir innbyrðis tengslum heimilismanna. Af 1.375 heimiluin sem tóku þátt í könnuninni voru 185 heimili einhleypra, 209 heimili hjóna án barna; 686 heimili hjóna með börn, 116 heimili einstæðra foreldra og 179 annars konar heimili. Við skilgreiningu á flokknum hjón með börn var miðað við að börn í foreldrahúsum væru ekki eldri en 24 ára gömul, að öðrum kosti lenti heimilið í flokknum önnur heimilisgerð.

Húsnæði.

Rúmlega 81% þátttakenda bjuggu í eigin húsnæði. Af þeim bjuggu 34% í einbýlishúsum, 28% í fjölbýlishúsum, 22% í 2–5 íbúða húsum, 15% í raðhúsum eða parhúsum og 1 % í stökum herbergjum. Mikill munur var á gerð húsnæðis eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 62% þátttakenda í fjölbýlishúsum eða 2–5 íbúða húsum en á landsbyggðinni bjuggu 73% þátttakenda í einbýlis- eða raðhúsum. Meðalstærð húsnæðis var 114,6 m^2 og meðalfjöldi herbergja 4,0. Húsnæði á landsbyggðinni var heldur stærra en húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu niðurstöður.

Tafla I sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda í vísitölu neysluverðs í mars 1997 samkvæmt gamla grunninum og hinum nýja. Sé fyrst litið á einstaka yfirflokka hefur hlutfall útgjalda af heildarútgjöldum minnkað í flokkunum *matvara og drykkjarvara, áfengi og tóbak; föt og skór, húsnæði, hiti og rafmagn og tómstundir og menning.* Hins vegar hefur aukist vægi liðanna *húsgögn og heimilisbúnaður, heilsugæsla, ferðir og flutningar, póstur og sími, menntun; hótel og veitingastaðir og ýmsar vörur og þjónusta.* Þessar breytingar eru yfirleitt litlar og sumar stafa af breytingum aðferða, skilgreininga og flokkunar fremur en raunverulegri breytingu á samsetningu útgjalda.

Hlutfallslegur samdráttur matvöruútgjalda stafar m.a. af þeirri breytingu á neyslumunstri að kaup skyndibita, sem fram koma undir veitingalið, hafa farið vaxandi á kostnað matvörukaupa. Innan matvöruliðarins hefur kjöt- og fiskneysla minnkað en kaup á pasta aukist. Þá hefur orðið aukning á neyslu sælgætis, gosdrykkja og ávaxtasafa.

Óvíst er að samdráttur í liðnum *föt* sé raunverulegur vegna breytinga á skilgreiningu og könnunaraðferð. Vera má að nokkurs ofmats hafi gætt í könnuninni 1990, einkum vegna vandkvæða á að sundurgreina og flokka gjafir.

Sem fyrr segir vegur *húsnæðisliður* vísitölunnar nú minna en í gamla grunninum. Þetta stafar fyrst og fremst af breyttri skilgreiningu á viðhaldi sem leiðir af nýrri útgjaldaflokkun og samræmdri skilgreiningu á alþjóðavettvangi. Samkvæmt því er meiri háttar viðhald og endurnýjun húsnæðis skilgreint sem fjárfesting en til neyslu telst aðeins minni háttar viðhald og viðgerðir. Í eldri grunni var nær allt viðhald talið til neyslu og kom því í húsnæðislið vísitölunnar.

Liðurinn *ferðir og flutningar* sýnir aukningu frá síðustu könnun. Hér munar talsverðu um aukin bílakaup frá því sem reiknað var með í gamla grunninum. Í nýjum grunni eru bílakaup miðuð við síðasta heila árið sem upplýsingarnar eru um, árið 1996, og áhrif aukins bílainnflutnings það ár koma því fram. Á móti þessari aukningu kemur fram samdráttur í rekstrarkostnaði bíla. Af öðrum flutningaliðum má nefna að könnunin mælir meiri útgjöld til flutninga í lofti en áður en hluti af því kann að stafa af annars konar sundurgreiningu milli pakkaferða og áætlunarflugs en áður.

Loks má nefna að veitingaliðir vísitölunnar aukast talsvert og stafar það af aukningu á skyndibitakaupum og útgjöldum á kaffihúsum.

Í heild mælast verðbreytingar frá ársmeðaltali 1995 til mars 1997 0,2% minni í nýju vísitölunni en hinni eldri.

Tafla II sýnir meðalútgjöld heimila á ári skipt eftir búsetu. Við samanburð á útgjöldum eftir búsetu verður að hafa í huga að hlutfall heimilisgerða getur verið mismunandi milli svæða. Í niðurstöðum neyslukönnunar kemur t.d. fram að hlutfall *einhleypra* er hærra á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Í dreifbýli eru *hjón með börn* og *önnur heimilisgerð* rúmlega 76% heimila en á höfuðborgarsvæðinu er þetta hlutfall

rúmlega 58%. Þessar tvær heimilisgerðir eru með flesta heimilismenn, og heimili í dreifbýli eru því stærri en heimili í þéttbýli. Mismunur á útgjaldasamsetningu er því ekki einungis rakinn til búsetu heldur hefur heimilisgerð og heimilisstærð þar líka áhrif. Stærstu útgjaldaflokkarnir eru vegna húsnæðis, matarkaupa og ferða og flutninga en þessir þrír útgjaldaflokkar nema um helmingi af útgjöldum heimilanna. Matarútgjöld heimila eru hlutfallslega minnst á höfuðborgarsvæðinu en mest í dreifbýli. Fleiri eru í heimili í dreifbýli en í þéttbýli og skýrir það meiri matarútgjöld þar. Húsnæðiskostnaður er hlutfallslega hæstur á höfuðborgarsvæðinu. Ef litið er á útgjöld innan húsnæðisliðarins sést að rafmagns- og hitunarkostnaður er lægri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess en aftur á móti eru afnotin af húsnæðinu dýrari á höfuðborgarsvæðinu. Afnotin eru reiknuð miðað við fasteignamat sem er lægra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður vegna *ferða og flutninga* er hlutfallslega lægstur á höfuðborgarsvæðinu, meðal annars vegna þess að endurgreiðsla bílakostnaðar er algengari þar en annars staðar.

Tafla III sýnir meðalútgjöld á ári skipt eftir heimilisgerð. Erfitt er að bera saman útgjöld eftir heimilisgerðum vegna þess hve mismargir eru í heimili. Útgjöld breytast mismikið með fjölda heimilismanna. Til að greina mismunandi neyslumunstur er auðveldast að bera saman hlutfallstölur. Matarútgjöld eru hlutfallslega hæst í flokknum *hjón með börn* og flokknum *önnur heimilisgerð*. Í þessum flokkum eru stærstu heimilin og flestir fullorðnir í heimili. Matarkostnaður er háður heimilisstærð en annar kostnaður, t.d. vegna húsnæðis, síður. Matarkostnaður *einhleypra* er að sama skapi hlutfallslega lægri en annarra heimila en húsnæðiskostnaður þeirra hlutfallslega hærri. Einhleypingar búa frekar í leiguhúsnæði en aðrir. Einnig eru útgjöld til áfengis- og tóbakskaupa hlutfallslega hærri hjá þeim. Eðli málsins samkvæmt verja barnafjölskyldur meira fé til menntunar og barnagæslu en aðrar heimilisgerðir.

Tafla I. Hlutfallsleg skipting útgjalda í vísitölu neysluverðs í mars 1997 skv. gömlum og nýjum grunni

		Gamall vísitölu-grunnur í mars 1997	Nýr vísitölu-grunnur í mars 1997
01	Matur og drykkjarvörur	17,3	17,0
011	Matur	15,4	14,9
0111	Brauð og kornvörur	2,6	2,8
0112	Kjö	3,8	3,3
0113	Fiskur	1,0	0,7
0114	Mjólk, ostar og egg	3,2	3,1
0115	Olíur og feitmeti	0,5	0,4
0116	Ávextir	0,9	1,0
0117	Grænmeti, kartöflur o.fl.	1,5	1,2
0118	Sykur, súkkulaði, sælgæti o.fl.	1,3	1,7
0119	Aðrar matvörur	0,6	0,7
012	Drykkjarvörur	1,9	2,1
0121	Kaffi, te og kakó	0,5	0,5
0122	Gosdrykkir, safar og vatn	1,4	1,6
02	Áfengi og tóbak	3,6	3,2
021	Áfengi	1,7	1,7
0221	Tóbak	1,8	1,5
03	Föt og skór	7,6	6,5
031	Föt	6,3	5,3
032	Skór	1,3	1,2
04	Húsnæði, hiti og rafmagn	17,9	17,3
041	Greidd húsaleiga	0,0	2,4
042	Reiknuð húsaleiga	8,8	8,1
043	Viðhald og viðgerðir á húsnæði	4,2	1,1
044	Annað vegna húsnæðis	1,8	2,1
045	Rafmagn og hiti	3,1	3,6
0451	Rafmagn	1,4	1,6
0455	Hiti	1,7	2,0
05	Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	5,6	5,9
051	Húsgögn og heimilisbúnaður o.fl.	2,6	2,3
052	Vefnaðarvörur	0,5	0,9
053	Raftæki	0,9	1,0
054	Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld	0,4	0,5
055	Verkfæri og tæki fyrir hús og garð	0,3	0,3
056	Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds	0,9	1,0
06	Heilsugæsla	3,0	3,2
061	Lyf og lækningavörur	1,0	1,2
062	Heilsugæsla	1,9	1,9
063	Sjúkrahús	0,1	0,0
07	Ferðir og flutningar	14,8	15,8
071	Kaup ökutækja	5,6	6,2
0711	Bílar	5,4	6,0
0714	Önnur flutningatæki	0,2	0,2
0721	Varahlutir	1,1	1,3
0722	Bensín og olíur	4,7	4,5
0723	Viðhald og viðgerðir	1,5	1,0
0724	Annað vegna ökutækja	0,9	0,9
073	Flutningar	1,1	2,0
0732	Flutningar á vegum	0,5	0,8
0733	Flutningar í lofti	0,5	1,1
0734	Flutningar á sjó	0,0	0,1
08	Póstur og sími	1,0	1,3
081	Póstur og sími	1,0	1,3
081	1Póstur	0,1	0,1
0812	Símtæki	0,0	0,1
0813	Símaþjónusta	0,8	1,0
09	Tómstundir og menning	15,3	14,2
091	Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.	1,2	1,7

092	Tómstundir, stærri tæki o.fl.	0,6	0,1
093	Tómstundavörur, leikföng o.fl.	1,4	1,7
094	Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti	6,3	6,0
095	Blöð, bækur og ritföng	2,9	2,8
096	Pakkaferðir	3,1	1,9
10	Menntun	0,6	1,0
101	Menntun	0,6	1,0
11	Hótel og veitingastaðir	4,6	5,3
111	Veitingar	4,2	5,0
112	Gisting	0,5	0,3
12	Ýmsar vörur og þjónusta	8,5	9,3
121	Persónuleg þjónusta	2,8	2,7
122	Persónulegir hlutir	0,3	0,6
123	Félagsleg þjónusta	1,1	1,2
124	Tryggingar	2,8	2,6
125	Fjármálaþjónusta ó.t.a.	0,1	1,1.
126	Önnur þjónusta ó.t.a.	1,4	1,2
Alls		100,0	100,0

Tafla II. Meðalneysla heimila á ári eftir búsetu í neyslukönnun 1995

Fjárhæðir eru á meðalverðlagi 1995

		Höfuð-borgarsv.	Annað þéttbýli	Dreif-býli	Meðaltal	Höfuð-borgarsv.	Annað þéttbýli	Dreif-býli	Meðal-tal
01	**Matur og drykkjarvörur**	**387.108**	**421.173**	**422.632**	**399.709**	**16,8**	**17,3**	**21,3**	**17,4**
011	Matur	335.824	371.585	374.608	349.226	14,5	15,3	18,9	15,2
0111	Brauð og kornvörur	61.267	69.166	69.560	64.195	2,7	2,8	3,5	2,8
0112	Kjöt	78.505	85.155	82.804	80.659	3,4	3,5	4,2	3,5
0113	Fiskur	18.731	15.348	19.641	17.995	0,8	0,6	1,0	0,8
0114	Mjólk, ostar og egg	66.821	78.407	80.485	71.290	2,9	3,2	4,1	3,1
0115	Olíur og feitmeti	7.627	10.451	12.043	8.843	0,3	0,4	0,6	0,4
0116	Ávextir	19.102	22.921	21.248	20.302	0,8	0,9	1,1	0,9
0117	Grænmeti, kartöflur og aðrir rótarávextir	28.020	30.436	27.462	28.557	1,2	1,3	1,4	1,2
0118	Sykur, sultur, hunang, síróp, súkkulaði og sælgæti	38.961	41.564	42.737	40.047	1,7	1,7	2,2	1,7
0119	Aðrar matvörur	16.790	18.137	18.626	17.338	0,7	0,7	0,9	0,8
012	Drykkjarvörur	51.285	49.588	48.023	50.484	2,2	2,0	2,4	2,2
0121	Kaffi, te og kakó	11.053	12.515	16.219	12.017	0,5	0,5	0,8	0,5
0122	Gosdrykkir, safar og vatn	40.232	37.073	31.805	38.467	1,7	1,5	1,6	1,7
02	**Áfengi og tóbak**	**79.835**	**65.493**	**64.011**	**74.429**	**3,5**	**2,7**	**3,2**	**3,2**
021	Áfengi	47.215	29.363	27.773	40.516	2,0	1,2	1,4	1,8
0221	Tóbak	32.620	36.130	36.238	33.913	1,4	1,5	1,8	1,5
03	**Föt og skór**	**156.515**	**168.995**	**147.181**	**158.536**	**6,8**	**7,0**	**7,4**	**6,9**
031	Föt	127.354	136.992	120.210	128.923	5,5	5,6	6,1	5,6
032	Skór	29.160	32.003	26.971	29.613	1,3	1,3	1,4	1,3
04	**Húsnæði, hiti og rafmagn**	**426.606**	**414.177**	**318.253**	**410.931**	**18,5**	**17,0**	**16,0**	**17,9**
041	Greidd húsaleiga	61.457	41.452	32.240	53.087	2,7	1,7	1,6	2,3
042	Reiknuð húsaleiga	214.810	197.877	114.733	198.975	9,3	8,1	5,8	8,6
043	Viðhald og viðgerðir á húsnæði	27.497	25.086	17.198	25.701	1,2	1,0	0,9	1,1
044	Annað vegna húsnæðis	50.144	49.783	30.768	47.804	2,2	2,0	1,5	2,1
045	Rafmagn og hiti	72.697	99.979	123.313	85.363	3,1	4,1	6,2	3,7
0451	Rafmagn	27.269	43.778	95.146	39.259	1,2	1,8	4,8	1,7
0453	Olía	35	1.271	5.075	927	0,0	0,1	0,3	0,0
0455	Hiti	45.394	54.930	23.092	45.177	2,0	2,3	1,2	2,0
05	**Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.**	**139.885**	**150.037**	**105.805**	**138.453**	**6,1**	**6,2**	**5,3**	**6,0**
051	Húsgögn og heimilisbúnaður o.fl.	58.482	49.440	33.269	53.304	2,5	2,0	1,7	2,3
052	Vefnaðarvörur	22.560	18.960	8.965	20.086	1,0	0,8	0,5	0,9
053	Raftæki	20.499	30.739	24.486	23.510	0,9	1,3	1,2	1,0
054	Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld	9.195	16.344	9.373	10.994	0,4	0,7	0,5	0,5
055	Verkfæri og tæki fyrir hús og garð	7.057	8.425	5.502	7.217	0,3	0,3	0,3	0,3
056	Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds	22.091	26.130	24.211	23.342	1,0	1,1	1,2	1,0
06	**Heilsugæsla**	**70.342**	**80.529**	**55.092**	**71.105**	**3,0**	**3,3**	**2,8**	**3,1**
061	Lyf og lækningavörur	26.919	23.816	28.398	26.319	1,2	1,0	1,4	1,1
062	Heilsugæsla	42.820	56.713	22.692	43.940	1,9	2,3	1,1	1,9
063	Sjúkrahús	602	0	4.003	847	0,0	0,0	0,2	0,0
07	**Ferðir og flutningar**	**320.060**	**384.684**	**311.085**	**335.098**	**13,9**	**15,8**	**15,7**	**14,6**
071	Kaup ökutækja	106.603	170.772	73.912	118.773	4,6	7,0	3,7	5,2
0711	Bílar	102.435	163.170	64.915	113.190	4,4	6,7	3,3	4,9
0714	Önnur flutningatæki	4.168	7.602	8.997	5.583	0,2	0,3	0,5	0,2
072	Rekstur ökutækja	159.196	186.348	221.283	173.162	6,9	7,7	11,1	7,5
0720	Endurgreiddur bílakostnaður	-20.296	-2.610	-1.319	-13.692	-0,9	-0,1	-0,1	-0,6
0721	Varahlutir	32.946	39.323	49.269	36.429	1,4	1,6	2,5	1,6
0722	Bensín og olíur	106.685	102.350	118.221	106.946	4,6	4,2	6,0	4,6
0723	Viðhald og viðgerðir	20.725	25.117	28.895	22.767	0,9	1,0	1,5	1,0
0724	Önnur þjónusta vegna ökutækja	19.136	22.168	26.216	20.713	0,8	0,9	1,3	0,9
073	Flutningar	54.262	27.564	15.891	43.163	2,3	1,1	0,8	1,9
0732	Flutningar á vegum	21.543	8.367	7.335	16.615	0,9	0,3	0,4	0,7
0733	Flutningar í lofti	31.389	15.521	7.522	24.669	1,4	0,6	0,4	1,1
0734	Flutningar á sjó	1.330	3.675	1.034	1.879	0,1	0,2	0,1	0,1
08	**Póstur og sími**	**33.537**	**33.668**	**23.259**	**32.376**	**1,5**	**1,4**	**1,2**	**1,4**
081	Póstur og sími	33.537	33.668	23.259	32.376	1,5	1,4	1,2	1,4
0811	Póstur	2.198	4.308	3.954	2.927	0,1	0,2	0,2	0,1
0812	Símtæki	5.847	783	17	3.910	0,3	0,0	0,0	0,2
0813	Símaþjónusta	25.492	28.576	19.288	25.539	1,1	1,2	1,0	1,1

09	**Tómstundir og menning**	**316.295**	**303.070**	**252.313**	**305.574**	**13,7**	**12,5**	**12,7**	**13,3**
091	Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.	49.411	44.587	51.519	48.456	2,1	1,8	2,6	2,1
092	Tómstundir og menning, tæki	734	7.867	3.930	2.880	0,0	0,3	0,2	0,1
093	Tómstundavörur, leikföng, garðyrkja og gæludýr	41.802	39.725	36.643	40.686	1,8	1,6	1,8	1,8
094	Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti	113.612	114.456	77.471	109.625	4,9	4,7	3,9	4,8
095	Blöð, bækur og ritföng	58.744	57.991	60.368	58.745	2,5	2,4	3,0	2,6
096	Pakkaferðir	51.992	38.444	22.382	45.183	2,3	1,6	1,1	2,0
10	**Menntun**	**22.430**	**26.305**	**9.853**	**21.933**	**1,0**	**1,1**	**0,5**	**1,0**
101	Menntun	22.430	26.305	9.853	21.933	1,0	1,1	0,5	1,0
11	**Hótel og veitingastaðir**	**126.882**	**138.077**	**91.619**	**125.573**	**5,5**	**5,7**	**4,6**	**5,5**
111	Veitingar	120.993	129.075	81.247	118.388	5,2	5,3	4,1	5,1
112	Gisting	5.889	9.003	10.371	7.184	0,3	0,4	0,5	0,3
12	**Ýmsar vörur og þjónusta**	**229.596**	**243.762**	**184.785**	**227.917**	**9,9**	**10,0**	**9,3**	**9,9**
121	Persónuleg þjónusta	65.673	61.387	54.739	63.337	2,8	2,5	2,8	2,8
122	Persónulegir hlutir	13.013	15.447	8.359	13.078	0,6	0,6	0,4	0,6
123	Félagsleg þjónusta	29.306	23.440	16.648	26.376	1,3	1,0	0,8	1,1
124	Tryggingar	68.940	78.772	53.118	69.549	3,0	3,2	2,7	3,0
125	Fjármálaþjónusta ó.t.a.	25.919	30.099	26.651	27.044	1,1	1,2	1,3	1,2
126	Önnur þjónusta ó.t.a.	26.745	34.617	25.269	28.532	1,2	1,4	1,3	1,2
	ALLS	**2.309.091**	**2.429.970**	**1.985.888**	**2.301.635**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
	Fjöldi heimila	857	351	167	1.375	857	351	167	1.375
	Fjöldi í heimili	2,65	3,00	3,40	2,82	2,65	3,00	3,40	2,82

Tafla III. Meðalneysla heimila á ári eftir heimilisgerð í neyslukönnun 1995

Fjárhæðir eru á meðalverðlagi 1995

		Einhleypir	Hjón án barna	Hjón með börn	Einstæðir foreldrar	Önnur heimilisgerð	Meðaltal	Einhleypir	Hjón án barna	Hjón með börn	Einstæðir foreldrar	Önnur heimilisgerð	Meðaltal
01	**Matur og drykkjarvörur**	**188.345**	**333.587**	**539.589**	**314.835**	**583.874**	**399.709**	**13,9**	**15,3**	**18,6**	**15,5**	**20,6**	**17,4**
011	Matur	161.606	293.206	473.498	271.907	509.187	349.226	11,9	13,5	16,3	13,3	18,0	15,2
0111	Brauð og kornvörur	29.724	47.459	88.495	55.549	94.619	64.195	2,2	2,2	3,0	2,7	3,3	2,8
0112	Kjöt	37.418	70.174	108.150	54.962	124.143	80.659	2,8	3,2	3,7	2,7	4,4	3,5
0113	Fiskur	9.172	19.575	21.046	13.097	30.157	17.995	0,7	0,9	0,7	0,6	1,1	0,8
0114	Mjólk, ostar og egg	30.073	57.921	100.464	54.403	100.833	71.290	2,2	2,7	3,5	2,7	3,6	3,1
0115	Olíur og feitmeti	4.122	8.464	11.819	5.514	12.765	8.843	0,3	0,4	0,4	0,3	0,5	0,4
0116	Ávextir	9.412	18.522	27.853	14.697	26.575	20.302	0,7	0,9	1,0	0,7	0,9	0,9
0117	Grænmeti, kartöflur og aðrir rótarávextir	12.819	26.399	38.452	21.613	39.977	28.557	0,9	1,2	1,3	1,1	1,4	1,2
0118	Sykur, sultur, hunang, síróp, súkkulaði og sælgæti	20.362	30.825	54.371	36.672	53.809	40.047	1,5	1,4	1,9	1,8	1,9	1,7
0119	Aðrar matvörur	8.504	13.868	22.847	15.401	26.309	17.338	0,6	0,6	0,8	0,8	0,9	0,8
012	Drykkjarvörur	26.739	40.381	66.091	42.928	74.687	50.484	2,0	1,9	2,3	2,1	2,6	2,2
0121	Kaffi, te og kakó	6.732	12.681	14.255	8.589	18.575	12.017	0,5	0,6	0,5	0,4	0,7	0,5
0122	Gosdrykkir, safar og vatn	20.007	27.699	51.836	34.339	56.112	38.467	1,5	1,3	1,8	1,7	2,0	1,7
02	**Áfengi og tóbak**	**62.286**	**68.614**	**82.099**	**54.338**	**102.217**	**74.429**	**4,6**	**3,2**	**2,8**	**2,7**	**3,6**	**3,2**
021	Áfengi	32.093	41.015	46.326	24.045	51.959	40.516	2,4	1,9	1,6	1,2	1,8	1,8
0221	Tóbak	30.193	27.599	35.773	30.293	50.258	33.913	2,2	1,3	1,2	1,5	1,8	1,5
03	**Föt og skór**	**84.303**	**147.254**	**198.979**	**141.974**	**225.869**	**158.536**	**6,2**	**6,8**	**6,8**	**7,0**	**8,0**	**6,9**
031	Föt	69.129	125.039	157.526	113.755	191.171	128.923	5,1	5,7	5,4	5,6	6,8	5,6
032	Skór	15.174	22.215	41.453	28.219	34.697	29.613	1,1	1,0	1,4	1,4	1,2	1,3
04	**Húsnæði, hiti og rafmagn**	**294.255**	**423.721**	**476.644**	**359.718**	**475.107**	**410.931**	**21,7**	**19,5**	**16,4**	**17,7**	**16,8**	**17,9**
041	Greidd húsaleiga	79.585	55.666	36.645	68.741	31.651	53.087	5,9	2,6	1,3	3,4	1,1	2,3
042	Reiknuð húsaleiga	118.112	202.073	251.409	142.335	243.411	198.975	8,7	9,3	8,7	7,0	8,6	8,6
043	Viðhald og viðgerðir á húsnæði	15.493	27.445	28.336	35.331	31.145	25.701	1,1	1,3	1,0	1,7	1,1	1,1
044	Annað vegna húsnæðis	25.802	52.295	59.850	37.680	58.008	47.804	1,9	2,4	2,1	1,8	2,1	2,1

045	Rafmagn og hiti	55.264	86.242	100.405	75.631	110.891	85.363	4,1	4,0	3,5	3,7	3,9	3,7
0451	Rafmagn	19.046	38.371	49.001	32.592	60.512	39.259	1,4	1,8	1,7	1,6	2,1	1,7
0453	Olía	870	12	1.359	1.920	180	927	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0
0455	Hiti	35.347	47.859	50.045	41.119	50.199	45.177	2,6	2,2	1,7	2,0	1,8	2,0
05	**Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.**	**78.458**	**115.697**	**184.630**	**147.812**	**145.303**	**138.453**	**5,8**	**5,3**	**6,4**	**7,3**	**5,1**	**6,0**
051	Húsgögn og heimilisbúnaður o.fl.	31.513	30.788	76.919	86.526	29.799	53.304	2,3	1,4	2,6	4,2	1,1	2,3
052	Vefnaðarvörur	10.233	32.573	21.577	14.836	22.266	20.086	0,8	1,5	0,7	0,7	0,8	0,9
053	Raftæki	18.352	15.119	32.090	7.874	30.423	23.510	1,4	0,7	1,1	0,4	1,1	1,0
054	Borðbúnaður, glös, eldhúsáhöld	5.529	11.893	12.555	8.445	19.575	10.994	0,4	0,5	0,4	0,4	0,7	0,5
055	Verkfæri og tæki fyrir hús og garð	2.676	6.170	10.338	5.997	9.580	7.217	0,2	0,3	0,4	0,3	0,3	0,3
056	Ýmsar vörur og þjónusta til heimilishalds	10.156	19.154	31.151	24.135	33.660	23.342	0,8	0,9	1,1	1,2	1,2	1,0
06	**Heilsugæsla**	**32.322**	**65.303**	**99.717**	**59.836**	**78.746**	**71.105**	**2,4**	**3,0**	**3,4**	**2,9**	**2,8**	**3,1**
061	Lyf og lækningavörur	14.530	24.544	34.358	20.170	33.444	26.319	1,1	1,1	1,2	1,0	1,2	1,1
062	Heilsugæsla	17.375	37.871	65.336	39.666	42.977	43.940	1,3	1,7	2,2	1,9	1,5	1,9
063	Sjúkrahús	416	2.888	23	0	2.325	847	0,0	0,1	0,0	0,0	0,1	0,0
07	**Ferðir og flutningar**	**194.707**	**394.910**	**402.033**	**303.303**	**358.354**	**335.098**	**14,4**	**18,1**	**13,8**	**14,9**	**12,7**	**14,6**
071	Kaup ökutækja	75.041	152.075	141.612	123.079	81.058	118.773	5,5	7,0	4,9	6,0	2,9	5,2
0711	Bílar	73.611	150.837	131.646	115.679	75.767	113.190	5,4	6,9	4,5	5,7	2,7	4,9
0714	Önnur flutningatæki	1.430	1.237	9.966	7.400	5.291	5.583	0,1	0,1	0,3	0,4	0,2	0,2
072	Rekstur ökutækja	89.444	180.902	219.864	126.879	231.170	173.162	6,6	8,3	7,6	6,2	8,2	7,5
0720	Endurgreiddur bílakostnaður	-8.565	-16.233	-17.571	-7.025	-12.688	-13.692	-0,6	-0,7	-0,6	-0,3	-0,4	-0,6
0721	Varahlutir	15.716	37.597	48.924	25.989	47.566	36.429	1,2	1,7	1,7	1,3	1,7	1,6
0722	Bensín og olíur	59.726	114.955	132.149	75.001	142.466	106.946	4,4	5,3	4,5	3,7	5,0	4,6
0723	Viðhald og viðgerðir	10.909	23.407	30.341	17.861	26.673	22.767	0,8	1,1	1,0	0,9	0,9	1,0
0724	Önnur þjónusta vegna ökutækja	11.658	21.176	26.021	15.053	27.153	20.713	0,9	1,0	0,9	0,7	1,0	0,9
073	Flutningar	30.222	61.933	40.557	53.345	46.125	43.163	2,2	2,8	1,4	2,6	1,6	1,9
0732	Flutningar á vegum	13.608	9.060	14.983	21.761	39.975	16.615	1,0	0,4	0,5	1,1	1,4	0,7
0733	Flutningar í lofti	14.407	51.562	23.309	31.038	4.580	24.669	1,1	2,4	0,8	1,5	0,2	1,1
0734	Flutningar á sjó	2.207	1.311	2.265	546	1.571	1.879	0,2	0,1	0,1	0,0	0,1	0,1
08	**Póstur og sími**	**33.491**	**31.434**	**33.652**	**23.815**	**32.973**	**32.376**	**2,5**	**1,4**	**1,2**	**1,2**	**1,2**	**1,4**
081	Póstur og sími	33.491	31.434	33.652	23.815	32.973	32.376	2,5	1,4	1,2	1,2	1,2	1,4
0811	Póstur	1.475	2.797	4.224	1.296	3.140	2.927	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
0812	Símtæki	9.662	5.605	1.102	89	77	3.910	0,7	0,3	0,0	0,0	0,0	0,2

0813	Símaþjónusta	22.353	23.032	28.326	22.431	29.756	25.539	1,7	1,1	1,0	1,1	1,1	1,1
09	**Tómstundir og menning**	**170.184**	**272.584**	**399.810**	**268.736**	**374.782**	**305.574**	**12,6**	**12,5**	**13,8**	**13,2**	**13,3**	**13,3**
091	Sjónvörp, myndbönd, tölvur o.fl.	39.633	31.693	62.500	31.161	59.393	48.456	2,9	1,5	2,2	1,5	2,1	2,1
092	Tómstundir og menning, tæki	29	22	4.027	11.260	4.063	2.880	0,0	0,0	0,1	0,6	0,1	0,1
093	Tómstundavörur, leikföng, garðyrkja												
	og gæludýr	17.515	35.029	53.864	43.183	57.095	40.686	1,3	1,6	1,9	2,1	2,0	1,8
094	Íþróttir, fjölmiðlun og happdrætti	57.335	99.760	145.472	101.920	128.225	109.625	4,2	4,6	5,0	5,0	4,5	4,8
095	Blöð, bækur og ritföng	34.700	53.734	70.662	55.805	85.642	58.745	2,6	2,5	2,4	2,7	3,0	2,6
096	Pakkaferðir	20.973	52.345	63.284	25.407	40.364	45.183	1,5	2,4	2,2	1,2	1,4	2,0
10	**Menntun**	**5.649**	**14.492**	**33.191**	**21.524**	**33.408**	**21.933**	**0,4**	**0,7**	**1,1**	**1,1**	**1,2**	**1,0**
101	Menntun	5.649	14.492	33.191	21.524	33.408	21.933	0,4	0,7	1,1	1,1	1,2	1,0
11	**Hótel og veitingastaðir**	**86.722**	**133.552**	**145.781**	**106.023**	**149.024**	**125.573**	**6,4**	**6,1**	**5,0**	**5,2**	**5,3**	**5,5**
111	Veitingar	84.168	123.829	136.225	102.975	140.229	118.388	6,2	5,7	4,7	5,1	5,0	5,1
112	Gisting	2.554	9.723	9.557	3.048	8.796	7.184	0,2	0,4	0,3	0,1	0,3	0,3
12	**Ýmsar vörur og þjónusta**	**122.889**	**174.957**	**309.283**	**234.922**	**268.346**	**227.917**	**9,1**	**8,0**	**10,6**	**11,5**	**9,5**	**9,9**
121	Persónuleg þjónusta	33.264	58.030	82.676	53.593	82.703	63.337	2,5	2,7	2,8	2,6	2,9	2,8
122	Persónulegir hlutir	9.880	9.519	17.403	10.095	13.008	13.078	0,7	0,4	0,6	0,5	0,5	0,6
123	Félagsleg þjónusta	243	191	55.478	44.929	10.794	26.376	0,0	0,0	1,9	2,2	0,4	1,1
124	Tryggingar	41.121	64.333	81.723	66.811	107.062	69.549	3,0	3,0	2,8	3,3	3,8	3,0
125	Fjármálaþjónusta ó.t.a.	16.008	18.910	38.421	26.321	25.830	27.044	1,2	0,9	1,3	1,3	0,9	1,2
126	Önnur þjónusta ó.t.a.	22.373	23.975	33.581	33.173	28.950	28.532	1,7	1,1	1,2	1,6	1,0	1,2
	Alls	**1.353.610**	**2.176.104**	**2.905.409**	**2.036.837**	**2.828.003**	**2.301.635**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**	**100,0**
	Fjöldi heimila	185	209	686	116	179	1.375	185	209	686	116	179	1.375
	Fjöldi í heimili	1,00	2,00	4,14	2,66	3,98	2,82	1,00	2,00	4,14	2,66	3,98	2,82

Viðauki II. Töflur um tekjudreifingu og uppruna tekna

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Tafla 1. Dreifing atvinnutekna
Hlutdeild, % í heildaratvinnutekjum

Allir

Tekjubil eftir hækkandi tekjum	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
I	1,12	1,09	1,09	0,91	0,93	0,95	0,93	0,82	0,80	0,78
II	2,89	2,87	2,84	2,63	2,58	2,59	2,60	2,44	2,46	2,43
III	4,47	4,43	4,34	4,23	4,13	4,14	4,18	4,07	4,06	4,08
IV	6,06	6,03	5,94	5,83	5,72	5,70	5,74	5,64	5,59	5,56
V	7,67	7,65	7,52	7,41	7,25	7,21	7,24	7,17	7,09	7,12
VI	9,37	9,33	9,22	9,13	8,98	8,96	8,98	8,94	8,85	8,88
VII	11,32	11,28	11,2	11,14	11,04	11,03	11,04	11,03	10,95	10,93
VIII	13,72	13,72	13,71	13,72	13,66	13,66	13,68	13,70	13,64	13,60
IX	17,24	17,24	17,36	17,46	17,47	17,47	17,43	17,59	17,61	17,59
X	26,14	26,36	26,78	27,54	28,25	28,28	28,18	28,60	28,95	28,99
Fjöldi	124.903	127.063	127.268	131.184	132.972	134.716	131.517	132.006	131.92	131.856
Meðal-tekjur, þ.kr	480	691	846	939	1.055	1.154	1.181	1.183	1.209	1272
Gini	0,396	0,399	0,404	0,416	0,423	0,423	0,422	0,430	0,433	0,433

Allir á aldrinum 25-65 ára

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
I	1,34	1.35	1,33	1,17	1,21	1,22	1,34	1,22	1,24	1,22
II	3,59	3,55	3,56	3,51	3,06	3,47	3,63	3,56	3,58	3,61
III	5,20	5.15	5,16	5,12	4,79	5,06	5,15	5,09	5,06	5,08
IV	6,68	6.62	6,56	6,51	6,44	6,39	6,44	6,40	6,35	6,38
V	8,14	8,06	7,99	7,92	7,87	7,81	7,83	7,79	7,72	7,73
VI	9,70	9,61	9,53	9,46	9,43	9,34	9,34	9,29	9,23	9,21
VII	11,37	11,36	11,29	11,23	11,21	11,14	11,10	11,07	11,00	10,95
VIII	13,49	13,49	13,48	13,42	13,42	13,30	13,23	13,27	13,21	13,17
IX	16,43	16,49	16,49	16,51	16,62	16,50	16,39	16,50	16,52	16,50
X	24,07	24,32	24,59	25,17	25,97	25,77	25,56	25,83	26,09	26,16
Fjöldi	79.715	81.557	81.736	84.650	86.739	88.419	86.876	87.921	88.387	88.528
Meðal-tekjur, þ.kr.	572	825	1.015	1.135	1.267	1.398	1.436	1.442	1.477	1.553
Gini	0,357	0,361	0,363	0,371	0,384	0,376	0,370	0,375	0,377	0,377

Hjón á aldrinum 25 til 65 ára [1]

Tekjubil eftir hækkandi tekjum	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
I	4,01	3,57	3,55	3,61	3,43	3,27	3,41	3,32	3,32	3,22
II	6,44	6,30	6,19	6,14	5,98	5,86	5,87	5,74	5,62	5,63
III	7,59	7,52	7,41	7,31	7,18	7,11	7,11	7,00	6,91	6,92
IV	8,44	8,43	8,34	8,26	8,15	8,12	8,08	8,02	7,97	7,95
V	9,26	9,24	9,21	9,14	9,04	9,02	9,00	8,95	8,93	8,91
VI	10,07	10,07	10,04	10,01	9,94	9,96	9,92	9,92	9,95	9,94
VII	10,93	11,0	10,99	10,99	10,95	11,01	10,98	11,02	11,04	11,05
VIII	12,02	12,13	12,1	12,17	12,22	12,29	12,29	12,34	12,40	12,39
IX	13,57	13,73	13,72	13,84	14,03	14,14	14,14	14,26	14,36	14,32
X	17,66	18,02	18,44	18,53	19,09	19,22	19,21	19,42	19,61	19,67
Fjöldi	27.697	28.481	27.965	28.426	29.055	29.203	28.835	29.372	29.313	29062
Meðal-tekjur, þ.kr.	1.146	1.643	2.022	2.281	2.569	2.816	2.877	2.892	2.966	3140
Gini	0,207	0,218	0,224	0,226	0,238	0,244	0,241	0,247	0,253	0,254

Kvæntir karlar, 25-65 ára

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
I	3,56	3,39	3,40	3,16	2,97	2,85	2,92	3,11	2,65	2,69
II	6,03	5,99	5,33	5,75	5,60	5,51	5,48	5,81	5,19	5,20
III	7,07	7,04	7,01	6,89	6,75	6,73	6,68	6,80	6,45	6,46
IV	7,99	8,00	7,95	7,83	7,83	7,69	7,68	7,76	7,52	7,49
V	8,89	8,63	8,89	8,74	8,61	8,59	8,61	8,58	8,52	8,48
VI	9,78	9,79	9,83	9,69	9,56	9,57	9,57	9,55	9,57	9,54
VII	10,86	10,87	10,89	10,77	10,69	10,73	10,73	10,61	10,82	10,75
VIII	12,11	12,21	12,1	12,18	12,17	12,26	12,29	12,17	12,39	12,42
IX	14,09	14,18	14,24	14,39	14,55	14,64	14,67	14,51	14,90	14,95
X	19,63	19,91	20,24	20,61	21,40	21,44	21,38	21,11	22,01	22,03
Fjöldi	28.601	28.912	28.651	29.469	30.041	30.272	30.010	30.508	30.624	30454
Meðal-tekjur, þ.kr.	862	1.243	1.530	1.727	1.948	2.129	2.168	2.257	2.225	2349
Gini	0,240	0,246	0,255	0,259	0,271	0,275	0,274	0,264	0,289	0,289

Tafla 2. Hlutfall einstakra tekjuliða í heildartekjum heimila

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996
Heildarlaunatekjur	74,7%	73,3%	73,3%	70,1%	71,6%	70,2%	70,0%	69,8%	70,3%	71,3%
Rekstrarafgangur	13,7%	13,2%	14,2%	14,2%	13,7%	13,6%	13,3%	13,2%	12,7%	12,1%
Eignatekjur	-0,9%	1,0%	-0,7%	1,8%	1,3%	2,4%	1,8%	1,8%	1,7%	1,7%
Tilfærslutekjur	12,5%	12,5%	13,2%	13,9%	13,5%	13,8%	15,0%	15,2%	15,4%	14,8%
þ.a. bætur almannatr.	4,6%	4,8%	5,0%	4,9%	4,8%	5,3%	5,6%	5,6%	5,7%	5,4%
þ.a. barna- og vaxtabætur	2,9%	2,1%	1,9%	2,3%	2,2%	2,2%	2,3%	2,1%	2,1%	2,0%
þ.a. úr lífeyrissjóðum	2,1%	2,2%	2,1%	2,0%	1,9%	2,2%	2,3%	2,5%	2,5%	2,5%
þ.a. aðrar innlendar tilfærslur	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%	0,3%	0,4%
Bætur tjónatrygginga	1,4%	1,8%	2,0%	2,2%	2,0%	1,9%	2,2%	2,2%	2,3%	2,3%

[1] Miðað er við aldur eiginmanns.

Viðauki III. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 1987-1995

Tafla 1. Fjöldi heimila sem hefur notið fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 1987-1995

	Landið allt		Höfðuborgarsvæði			Önnur svfl. með fleiri en 700/400 íbúa [1]
	Fjöldi	Vísitala	Alls	Reykjavík	Önnur sveitarf.	
1987	2.739	100	2.343	1.826	517	396
1988	2.835	104	2.422	1.999	423	413
1989	3.666	134	3.148	2.567	581	518
1990	3.892	142	3.265	2.594	671	627
1991	3.667	134	3.063	2.458	605	604
1992	3.841	140	2.988	2.292	696	853
1993	4.767	174	3.767	2.881	886	1.000
1994	5.397	197	4.235	3.293	942	1.162
1995	6.016	220	4.807	3.800	1.007	1.209

[1] Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 2. Útgjöld sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar 1987-1995
Reiknað á föstu verðlagi ársins 1995

	Heildarútgjöld		Meðalgreiðsla á heimili	
	Millj. kr.	Vísitala	Þús. kr.	Vísitala
1987	361,5	100	130,9	100
1988	380,5	105	133,3	102
1989	460,7	127	125,1	96
1990	493,5	137	125,4	96
1991	440,4	122	118,8	91
1992	432,7	120	111,5	85
1993	635,7	176	132,5	101
1994	789,0	218	144,9	111
1995	891,0	246	147,2	112

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 3. Styrkþegar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar

	Fjöldi styrkþega	Íbúafjöldi í Reyk.vík	Hlutfall styrkþega og íbúa	Mán. meðal-fjöldi atv.lausra	Fjöldi styrkþega sem er atv.laus
1986	2.185	91.349	2,4%	222	
1987	2.119	93.270	2,3%	120	225
1988	2.098	95.799	2,2%	204	255
1989	2.669	96.727	2,8%	722	610
1990	2.656	97.648	2,7%	766	569
1991	2.696	99.653	2,7%	637	479
1992	2.420	100.865	2,4%	1.553	839
1993	2.891	101.855	2,8%	2.521	1.527
1994	3.293	103.036	3,2%	2.801	1.385
1995	3.800	104.258	3,6%	3.191	2.229

Heimild: Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar

1338. Svar [594. mál]

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um tekjutryggingu lífeyrisþega.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir lífeyrisþegar hafa fengið skerta tekjutryggingu vegna tekna maka síns árin 1994, 1995, 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum:*
   a. ellilífeyrisþegar,
   b. öryrkjar?
2. *Hversu margir lífeyrisþegar fengu ekki tekjutryggingu vegna tekna maka síns árin 1994, 1995, 1996 og 1997, sundurliðað eftir árum:*
   a. ellilífeyrisþegar,
   b. öryrkjar?

Lesin var greiðsluskrá Tryggva. Ekki var hægt að lesa alla greiðsluskrána vegna þess hversu stór hún er og útreikningar þungir og tímafrekir. Til glöggvunar má hafa til hliðsjónar að fjöldi bótaþega sem fengu tekjutryggingu saamkvæmt greiðslutegundum 010201 og 010202 (tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna ellilífeyris) var samkvæmt greiðsluskrá 21.039 í maí 1997 (12.186 og 8.853). Sjá síðustu töfluna í svarinu.

Eftirfarandi greiðslutegundir voru skoðaðar:

010201 og 010202 Tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna ellilífeyris.
020201 og 020202 Tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna ellilífeyris sjómanna.
030201 og 030202 Tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna örorkulífeyris.
040201 og 040202 Tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna endurhæfingarlífeyris.
050201 og 050202 Tekjutrygging einstaklings og hjóna vegna slysaörorku.

Greiðslur til bótaþega sem fengu greiðslur vegna einhverra framangreindra greiðslutegunda í maímánuði voru athugaðar. Í dálki 1 er fjöldi bótaþega sem fengu greiðslu í maí. Í dálki 2 er fjöldi bótaþega sem var með viðmiðunartekjur sem voru hærri en frítekjumark fyrir þá greiðslutegund. Reiknaðar voru viðmiðunartekjur fyrir hvern bótaþega (samkvæmt tekjuyfirlýsingu/framtali), annars vegar á venjulegan hátt (í stórum drættum þannig að tekjur beggja eru lagðar saman og deilt með tveimur í summuna) og hins vegar þannig að ekki var tekið tillit til tekna maka (en þá óskiptar tekjur bótaþega). Þessar tölur eru í dálki 3 og 4. Í dálki 5 er sá fjöldi sem fékk skerta tekjutryggingu (þ.e. reiknuð greiðsla var lægri en taxti). Í dálki 6 er sá fjöldi sem er skráður giftur eða í sambúð og í dálki 7 er fjöldi bótaþega með gamla tekjuyfirlýsingu þar sem búið er að leggja tekjur maka við og reikna viðmiðunartekjur og þar af leiðandi ekki hægt að sjá hvaða áhrif tekjur maka hafa.

1. Fjöldi bótaþega sem fengu greidda tekjutryggingu samkvæmt greiðsluskrá Tryggva.
2. Fjöldi bótaþega með viðmiðunartekjur yfir frítekjumörkum samkvæmt greiðsluskrá.
3. Fjöldi bótaþega með viðmiðunartekjur yfir frítekjumörkum (reiknað með tekjum maka).
4. Fjöldi bótaþega með viðmiðunartekjur yfir frítekjumörkum (ekki reiknað með tekum maka).

5. Fjöldi bótaþega með skerta tekjutryggingu.
6. Fjöldi bótaþega með skráðan maka.
7. Fjöldi bótaþega með gamla tekjuyfirlýsingu (reiknaðar viðmiðunartekjur).

Maí 1997	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	5.446	2.852	2.850	3.322	2.847	2.700	4
Ellilífeyrir sjómanna	27	24	24	24	24	19	0
Örorkulífeyrir	1.809	955	956	896	957	668	1
Endurhæfingarlífeyrir	67	36	36	36	36	27	0
Slysaörorka	3	2	2	2	2	1	0
Maí 1996	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	5.356	2.524	2.468	3.058	2.546	2.445	38
Ellilífeyrir sjómanna	29	25	25	27	26	22	0
Örorkulífeyrir	1.822	931	976	909	942	651	4
Endurhæfingarlífeyrir	64	28	36	37	30	22	0
Slysaörorka	2	1	1	1	1	1	0
Maí 1995	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	5.240	2.325	2.479	2.494	2.359	2.161	3.590
Ellilífeyrir sjómanna	38	35	37	37	35	26	18
Örorkulífeyrir	1.702	777	938	872	832	577	848
Endurhæfingarlífeyrir	43	9	29	28	23	12	8
Slysaörorka	1	0	0	0	0	0	0
Maí 1994	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	4.870	23	2.344	2.709	1.951	1.801	1
Ellilífeyrir sjómanna	38	2	33	34	30	24	0
Örorkulífeyrir	1.384	9	745	699	569	418	0
Endurhæfingarlífeyrir	14	0	11	10	7	2	0
Slysaörorka	0	0	0	0	0	0	0
Annað	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	4.681	2	2.225	2.545	1.820	1.501	0
Ellilífeyrir sjómanna	40	1	31	32	24	22	0
Örorkulífeyrir	1.255	1	692	658	507	351	0
Endurhæfingarlífeyrir	18	0	15	15	5	6	0
Slysaörorka							

Einnig voru greiðslur til bótaþega sem fengu greiðslur vegna sömu greiðslutegunda í nóvembermánuði athugaðar. Úrtakið er stærra en í maí, en tölur að sjálfsögðu ekki til fyrir 1997. Sömu skýringar við dálka og áður.

Nóvember 1996	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	15.901	8.127	7.725	9.535	8.160	7.572	9
Ellilífeyrir sjómanna	89	78	78	81	78	55	0
Örorkulífeyrir	5.288	2.766	2.734	2.589	2.798	1.866	1
Endurhæfingarlífeyrir	240	144	148	112	151	108	0
Slysaörorka	14	9	9	8	9	7	0
Nóvember 1995	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	15.592	7.233	6.913	8.717	7.296	6.755	128
Ellilífeyrir sjómanna	109	93	92	101	94	63	1
Örorkulífeyrir	5.040	2.595	2.608	2.450	2.621	1.719	19
Endurhæfingarlífeyrir	140	82	91	79	84	42	0
Slysaörorka	4	3	3	2	3	2	0
Nóvember 1994	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	14.502	112	6.652	8.016	5.895	5.557	3
Ellilífeyrir sjómanna	98	3	85	88	75	53	0
Örorkulífeyrir	4.158	73	2.182	2.057	1.758	1.281	0
Endurhæfingarlífeyrir	48	0	39	38	14	9	0
Slysaörorka	1	1	1	1	1	1	0
Annað	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**	**7**
Ellilífeyrir	13.886	13	6.049	7.408	5.372	4.623	0
Ellilífeyrir sjómanna	101	1	88	88	66	51	0
Örorkulífeyrir	3.756	7	1.887	1.806	1.483	1.088	0
Endurhæfingarlífeyrir	43	0	33	29	13	17	0
Slysaörorka							

Hér á eftir eru eingöngu skoðaðar greiðslur í maí 1997. Tekjutryggingu er skipt nánar í greiðslutegundir. Gerður er greinarmunur á tekjutryggingu einstaklings (endar á 01) og tekjutryggingu hjóna (endar á 02).

Tekjutrygging í maí 1997:

1	2	3	4	5	6
010201	12.186	5.482	5.428	19.769	307.537
010202	8.853	5.658	5.649	18.831	312.563
020201	79	70	70	11.098	643.293
020202	20	16	16	16.252	365.414
030201	6.060	3.035	2.996	19.294	334.941
030202	914	625	622	19.660	292.380
040201	230	120	119	17.706	384.762
040202	15	10	10	17.859	343.927
050201	20	14	14	12.404	596.874
050202	0	0	0	0	0

Skýringar:
Dálkur 1: Greiðslutegund.
Dálkur 2: Fjöldi með greiðslutegund.
Dálkur 3: Fjöldi með skertar greiðslur.
Dálkur 4: Fjöldi með tekjur yfir frítekjumarki.
Dálkur 5: Meðalgreiðsla (taxti ellilífeyrir 25.097 og 25.800 annað).
Dálkur 6: Meðaltekjur (reiknaðar viðmiðunartekjur). Frítekjumark er 221.013 kr. fyrir einstakling og 154.709 fyrir hjón.

Erfitt er að lesa úr þessum upplýsingum hvaða áhrif það hefur ef ekki er tekið tillit til tekna maka við útreikning á tekjutryggingu. Margt spilar inn í þann útreikning, t.d. frítekjumark, lífeyrisgreiðslur maka (sem eru að hluta með í viðmiðunartekjunum), hvort maki fær greiddan lífeyri o.fl.

Sökum þess hver kerfið er flókið og margslungið reyndist ekki unnt að svara fyrirspurninni beint á þeim tíma sem til stefnu var. Að sögn starfsmanna SKÝRR má hugsa sér að nálgast svarið nákvæmar með því t.d. að skoða skilgreinda afmarkaða hópa.

Ef skoðaðar eru upplýsingar úr nóvemberúrtökum er meginniðurstaðan þó sú að viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega lækka þegar tekið er tillit til tekna maka og njóta því rúmlega 1.800 ellilífeyrisþegar hærri tekjutryggingar fyrir vikið en ef þeirra eigin tekjur væru eina viðmiðið. Þessu er síðan öfugt farið með örorkulífeyrisþega, þótt í miklu minni mæli sé, þar sem u.þ.b. 150 örorkulífeyrisþegar fá lægri tekjutryggingu vegna þess að tekjur maka hækka viðmiðunartekjur þeirra.

1339. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um fjárreiður ríkisins.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

Við 48. gr. Við síðari málslið 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

Greinargerð.

Hér er lagt til að ákvæði um skipun ríkisbókara verði fært í sama horf og gert er ráð fyrir í frumvarpi til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1340. Svar [581. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndals um lífeyrisrétt öryrkja.

Forsætisráðuneytið leitaði svar við fyrirspurninni til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar ríkisins og fjármálaráðuneytis og byggist eftirfarandi svar á upplýsingum frá þessum aðilum.

1. *Hvaða mánaðarlega örorkulífeyri frá SAL-lífeyrissjóði fær 25 ára gamall einhleypur maður sem hefur að jafnaði haft 80 þús. kr. í tekjur á mánuði og greitt af þeim iðgjald í fimm ár og verður 100% öryrki?*

Mánaðarlegur örorkulífeyrir SAL-sjóða er 43.858 kr. miðað við grunnreglugerð, það er stuðull 1,4. Vegna batnandi stöðu ýmissa SAL-sjóða er margföldunarstuðull og örorkulífeyrir þeirra hærri.

2. *Hvaða mánaðarlegum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins á sá maður rétt á með tilliti til þess örorkulífeyris sem hann fær frá lífeyrissjóði skv. 1. lið ef hann er að öðru leyti tekjulaus?*

Mánaðarlegar bætur frá Tryggingastofnun verða samtals 37.730 þús. kr. á mánuði miðað við 43.858 kr. tekjur úr lífeyrissjóði. Þar af er grunnlífeyrir 13.640 kr., tekjutrygging 18.104 kr. og heimilisuppbót 5.986 kr. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum á viðkomandi rétt á bensínstyrk 4.403 kr. á mánuði. Ef hann er hreyfihamlaður gæti hann átt rétt á bifreiðakaupastyrk allt að 236.000 kr. og fyrir hendi eru bifreiðakaupalán að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

3. *Ef örorkan stafar af vinnuslysi og ákvæði skaðabótalaga eiga við, hvaða bætur fær maðurinn til viðbótar greiðslum skv. 1. og 2. lið?*

Ef örorkan stafar af vinnuslysi á viðkomandi rétt á eingreiðslum samkvæmt skaðabótalögum. Miðað við 100% örorku á hann rétt á tíföldum þeim tekjum er tjónþoli hafði á næstliðnu ári fyrir slys. Miðað við 960 þús. kr. árstekjur á hann rétt á 9.600 þús. kr. greiðslu. Einnig á hann rétt á um 4.300 þús. kr. bótum vegna varanlegs miska, eða sam-

tals 13.900 þús. kr. eingreiðslu. Eru þá ekki meðtaldar mögulegar bætur vegna þjáninga og slíkra matsatriða.

4. *Hvaða mánaðarlegra bóta samtals á maðurinn rétt til skv. 1., 2. og 3. lið ef eingreiðslubætur skv. 3. lið eru metnar til ígildis mánaðarlegra tekna?*

Ef miðað er við að umræddar 13,9 m.kr. verði greiddar samkvæmt árgreiðslu mánaðarlega í jöfnum hlutum til viðkomandi, miðað við að hann eigi eftir ólifuð 55 ár og miðað við 5% vexti, er mánaðarleg greiðsla 61.896 kr. þar af er höfuðstóll 21.061 kr. og vextir 40.836 kr. Reiknaðar árlegar tekjur verða samkvæmt því tæplega 743 þús. kr. Samkvæmt reglugerð nr. 643 frá 16. desember 1996 er heimilt að hækka frítekjumark viðkomandi vegna eingreiðslu skaðabóta. Miðað er við að til samræmis við ný skaðabótalög hækki tekjuviðmiðun um helming vaxtatekna af eingreiðslum enda koma vaxtatekjur að fimmtíu hundraðshlutum í tekjugrunn til skerðingar á tekjutryggingu. Ef mánaðarleg frítekjumörk hækka um helming vaxtatekna, eða 20.418 kr., verða greiðslur frá Tryggingastofnun óbreyttar 37.730 kr. á mánuði. Að viðbættu ígildi mánaðarlegra greiðslna vegna skaðabóta og tekna úr lífeyrissjóði er samtals um 143.485 kr. á mánuði að ræða fyrir skatt.

1341. Breytingartillaga [523. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við bætist ný grein er verði 1. gr. og orðist svo:

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

Greinargerð.

Í 33. gr. laganna er fjallað um ágang búfjár. Er þar gert ráð fyrir að sveitarstjórn beri að láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda. Alloft hefur það gerst í slíkum tilvikum að erfitt hefur reynst að fá sveitarstjórn til að framfylgja þessari lagaskyldu. Því er hér lagt til að lögreglustjóra beri að sjá um slíka smölun ef sveitarstjórn sinnir ekki skyldu sinni.

1342. Frumvarp til laga [531. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

b. 4. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. 6. gr.

b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins.

3. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum.

4. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

5. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. lög nr. 12/1995. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

6. gr.

2.–4. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fastagreiðslan er 52.698 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 nema eftirstöðvar láns ásamt verðbótum og vöxtum séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs.

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,75% við afborganir af skuldabréfinu. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fastagreiðslan skv. 2. mgr.

Fjárhæðin skv. 3. mgr. skal margfölduð samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári.

7. gr.

3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og yrði hámark árlegrar endurgreiðslu ákveðið í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. við.

8. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur.

9. gr.

Við 13. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Ríkisborgari ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfað hefur sem launþegi á Evrópska efnahagssvæðinu í a.m.k. fimm ár, sbr. lög nr. 47/1993, á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi.

Skilyrði til lánveitingar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó að jafnaði lánsrétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt til annars lands.

10. gr.

3. tölul. 1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo: Lánsfé. Sjóðnum er þó ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

11. gr.

2. mgr. 16. gr. laganna orðast svo:

Sjóðstjórn setur reglur um önnur atriði er greinir í lögum þessum og reglugerð skv. 1. mgr. Reglurnar skulu samþykktar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

12. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Ef skuldari samkvæmt lögum þessum er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu lán sem tekin eru samkvæmt þessum lögum. Þá gildir endurgreiðsluhlutfallið 4,75% einnig gagnvart þeim sem tóku lán frá árinu 1992 með endurgreiðsluhlutfallið 5–7%. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1997.

1343. Frumvarp til laga [445. mál]

um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Heimild.

Iðnaðarráðherra er veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma þessara laga við hlutafélag og stofnanda þess (stofnandinn), en félagið verður stofnað samkvæmt íslenskum hlutafélagalögum og þessum lögum í þeim tilgangi að reisa og reka álbræðslu og tengd mannvirki á Íslandi (verkefnið).

Samningurinn skal kveða á um þær skuldbindingar af hálfu ríkisins, stofnandans og félagsins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemi þess, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Í slíkum samningi skal ákveðið hversu lengi ákvæði hans skuli gilda og skulu þau eigi gilda skemur en í 20 ár frá stofnun félagsins.

Samningur sá, sem iðnaðarráðherra undirritar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, samkvæmt lögum þessum, um meginatriði varðandi verkefnið, skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagið skal rekið í samræmi við íslensk lög og reglugerðir eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2. gr.

Verkefnið.

Verkefnið, sem þessi lög heimila, felur í sér að félagið byggir verksmiðju á Grundartanga í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi til framleiðslu á áli og aðstöðu sem tengist slíkri framleiðslu og skyldri starfsemi, þar með talin stækkun hafnarmannvirkja eins og nánar verður um samið í samningi sem gerður verður innan ramma þessara laga milli iðnaðarráðherra og félagsins og hafnarsamningi milli félagsins og hafnarsjóðs Grundartangahafnar. Álverið skal í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu.

3. gr.

Verksmiðjulóðin.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta flytja núverandi veg af fyrirhugaðri verksmiðjulóð, sbr. 2. gr., í samræmi við skipulag á svæðinu.

4. gr.

Ábyrgðir ríkisstjórnarinnar.

Í tengslum við framkvæmd verkefnisins skv. 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að tryggja efndir af hálfu hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandarhreppa eins og þær eru ákveðnar í samningi, auk efnda hafnarsjóðs Grundartangahafnar eins og kveðið er á um í hafnarsamningi.

5. gr.

Undanþágur frá lögum.

Stofnandi (stofnendur) félagsins skv. 1. gr. skal teljast hæfur til að vera stofnandi slíks félags, án tillits til ákvæða 3. mgr. 3. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Fjöldi og búseta stofnenda og fjöldi hluthafa í félaginu skal vera óháður ákvæðum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 20. gr. nefndra laga. Félagið skal undanþegið ákvæðum 2. mgr. 66. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995, um að meiri hluti stjórnarmanna skuli vera búsettur hér á landi.

Félagið skal undanþegið ákvæðum 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem setur að skilyrði að ⅘ hlutafjár hlutafélags sé eign íslenskra ríkisborgara og að meiri hluti atkvæða á hluthafafundum sé í höndum íslenskra ríkisborgara og að allir stjórnendur séu íslenskir ríkisborgarar.

Félagið skal undanþegið ákvæðum laga nr. 48/1994, um brunatryggingar, eða ákvæðum síðari laga um sameiginlega skyldutryggingu húseigna, enda verði með öðrum hætti tryggilega séð fyrir brunatryggingum. Ákvæði laga nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, skulu ekki eiga við um félagið. Félagið skal viðhalda fullnægjandi viðlagatryggingu.

Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi er heimilt, þrátt fyrir ákvæði byggingarlaga, að stofna sjálfstæða, sameiginlega byggingarnefnd til þess að fjalla um öll byggingarmál álvers á Grundartanga, svo og allt byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur. Byggingarnefndinni er heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa meðan á framkvæmdum stendur en að öðru leyti skal fara að ákvæðum byggingarlaga.

6. gr.

Skattlagning.

Félagið skal greiða skatta og önnur opinber gjöld, sem almennt eru á lögð hér á landi, eftir þeim reglum sem um þau gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í lögum þessum:

1. Þrátt fyrir breytingar, sem síðar kunna að verða á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, skal félagið greiða 33% tekjuskatt með eftirfarandi sérákvæðum:
   a. Ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981, sem heimilar frádrátt er nemur 7% af nafnverði hlutafjár frá skattskyldum tekjum, skal ekki eiga við.
   b. Þrátt fyrir 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981 og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 skal skattur ekki lagður á eða dreginn frá arði, sem úthlutað er til hluthafa sem búsettir eru í OECD-ríki, að því tilskildu að hluthafinn uppfylli skilyrði i) og ii) liðar b-liðar 2. mgr. 12. gr. samnings milli Bandaríkjanna og Íslands til að koma í veg fyrir tvísköttun, nr. 22/1975, sem birtur er í Stjórnartíðindum.
   c. Fastafjármunir vegna byggingar bræðslunnar skulu teljast byggingar, vélar og tæki í ákveðnum hlutföllum sem samið verður um. Fastafjármunir, sem að öðru leyti er aflað vegna viðhalds eða endurbóta á bræðslunni, skulu flokkaðir í samræmi við 32. og 38. gr. laga nr. 75/1981. Fyrningu skal hagað í samræmi við 5. tölul. þessarar greinar.
   d. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu átta almanaksárum eins og nánar er kveðið á um í 7. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981.
   e. Félaginu skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum á hverju ári og leggja í sérstakan innri fjárfestingarsjóð fjárhæð sem svarar til 4% af nafnverði hlutafjár. Fé, sem verið hefur í fjárfestingarsjóði og notað er til fjárfestinga í fyrnanlegum eignum innan sex ára frá því að það var lagt inn, skal telja til skattskyldra tekna félagsins á því ári sem fjárfestingin á sér stað. Félaginu skal heimilt að auka fyrningu eigna um sömu fjárhæð á því ári.

      Fé í hinum sérstaka fjárfestingarsjóði, sem ekki hefur verið notað til fjárfestinga eða til að vega upp á móti rekstrartapi innan framangreindra tímamarka, skal telja til skattskyldra tekna og það skattlagt með skatthlutfalli þess árs þegar það var lagt inn. Það sama skal eiga við ef félagið er leyst upp.

2. Félagið skal undanþegið eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sérstökum eignarskatti skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 83/1989.
3. Félagið skal vera undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, iðnaðarmálagjaldi samkvæmt lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald, og markaðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, með áorðnum breytingum, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnlánasjóðsgjald, iðnaðarmálagjald eða markaðsgjald.
4. Sérákvæði 1., 2. og 3. tölul. að framan skulu gilda fyrsta samningstímabilið (eins og það er skilgreint í samningnum) eða þar til kemur til fyrri uppsagnar á samningnum skv. 1. gr. Verði gerðar breytingar á lögum nr. 75/1981 skal félagið eiga rétt á að sérákvæði verði endurskoðuð í þeim tilgangi að tryggja að ekki séu lagðir á félagið þyngri skattar en ef það væri skattlagt samkvæmt lögunum, án hinna áðurnefndu sérstöku ákvæða.
5. Á því ári þegar nýjar eignir eru teknar í notkun getur félagið valið að fyrna þær í hlutfalli við notkun á árinu í stað fullrar árlegrar fyrningar skv. 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 skal félaginu heimilt að fyrna eignir sínar að fullu.
6. Í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, og sérstaks fasteignaskatts á fasteignir, sem nýttar eru til verslunarreksturs eða skrifstofuhalds, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sömu laga, sem og sköttum eða gjöldum sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar sem síðar kynnu að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir fasteignaskatt, skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 2.393 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja sem þarf til um 60 þús. lesta álframleiðslu á ári, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1996 (217,8 stig). Fasteignaskattur skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár á grundvelli álagningarstofnsins svo sem hann er framreiknaður samkvæmt byggingarvísitölu desembermánaðar næstliðins árs. Hann skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir gangsetningu álbræðslunnar.
7. Stimpilgjöld skulu, þegar þeirra yrði krafist í samræmi við lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, vera 0,15% af kaup- eða leigusamningum sem útgefnir eru eða gerðir af hálfu félagsins og af fjárfestingarlánum sem félagið kann að taka í sambandi við byggingu bræðslunnar og hafnarbúnaðar, sem og af öllum stimpilskyldum skjölum sem nauðsynleg eru í sambandi við stofnun félagsins. Lán, sem tekin eru í stað fjárfestingarlána, sem og hlutabréf í félaginu, skulu undanþegin stimpilgjaldi.
8. Með samningum, sem gerðir verða innan ramma laga þessara, má ákveða að félagið skuli greiða umsamda fjárhæð til Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps í stað byggingarleyfisgjalds samkvæmt lögum nr. 54/1978 og gatnagerðargjalds samkvæmt lögum nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og umsamda fjárhæð til ríkissjóðs í stað skipulagsgjalda samkvæmt lögum nr. 19/1964.
9. Samningar, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, mega kveða á um meginreglur um endurskoðun skattlagningar félagsins þannig að heildarskattbyrði þess á Íslandi haldist óbreytt.

Almenn ákvæði íslenskra laga um tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á og í gildi eru á hverjum tíma og varða skattframtal, framtalsfrest, álagningu, endurskoðun, endurálagningu, innheimtu, gjalddaga og greiðslu, sem og aðrar uppgjörsreglur varðandi tekjuskatt, virðisaukaskatt og gjöld sem sveitarfélög leggja á, auk andmæla og ágreinings í tengslum við þau, skulu gilda um félagið.

Á fyrsta samningstímabilinu getur félagið valið að almenn ákvæði íslenskra skattalaga, eins og þau eru á hverjum tíma, gildi um það. Beiðni um slíka breytingu skal gerð með skriflegri tilkynningu sem lögð skal fram eigi síðar en 1. júní árið áður en breytingarnar eiga að taka gildi. Slík breyting á fyrirkomulagi skatta getur fyrst átt sér stað árið 2000 en á hverju ári þar eftir.

7. gr.

Reikningsskilareglur.

Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið sem grundvallaðar eru á íslenskum lögum með þeim skýringum og breytingum sem taldar eru viðeigandi varðandi félagið. Í þessum reikningsskilareglum er heimilt að hafa ákvæði þar sem félaginu er heimilað að skrá allar færslur og gefa út fjárhagsyfirlit í Bandaríkjadölum, í samræmi við almennt viðurkenndar reikningsskilareglur sem gefnar eru út af alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Slíkt ákvæði má fela í sér undanþágu frá 10., 36. og 53. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum, og öðrum ákvæðum laga sem ekki eru í samræmi við slíkt fyrirkomulag.

8. gr.

Lögsaga og lausn deilumála.

Uppbygging, túlkun og framkvæmd samninga, sem gerðir verða innan ramma þessara laga, skulu lúta lögsögu íslenskra laga. Heimilt skal að vísa ágreiningi til gerðardóms ef aðilar eru því samþykkir.

9. gr.

Innflutningur og útflutningur.

Innflutningur og kaup félagsins eða einhvers fyrir þess hönd hérlendis, á byggingarefnum, vélum og tækjum og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum fyrir verksmiðjuna og tengd mannvirki, svo og til reksturs þeirra, skal vera undanþeginn tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma laga þessara, er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar bræðslunnar.

10. gr.

Framsal.

Heimilt er að semja um framsal félagsins á samningnum.

11. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1344. Þingsályktun [303. mál]

um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

1345. Þingsályktun [354. mál]

um stofnun Stephansstofu.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að kanna hvernig unnt sé að efla starfsemi Vesturfarasetursins á Hofsósi með því að setja á stofn sérstaka skrifstofu, kennda við Stephan G. Stephansson, sem sæi um samskipti við fólk af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada.

1346. Frumvarp til laga [244. mál]

um umboðsmann Alþingis.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Kosning umboðsmanns Alþingis.

Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.

Ef umboðsmaður andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal Alþingi kjósa umboðsmann að nýju. Sama hátt skal hafa á ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti.

Við tímabundin forföll umboðsmanns setur forseti Alþingis staðgengil til að gegna embættinu meðan forföll vara.

2. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis o.fl.

Hlutverk umboðsmanns er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögum þessum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

3. gr.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis.

Starfssvið umboðsmanns Alþingis tekur til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Starfssvið umboðsmanns tekur einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga.

Starfssvið umboðsmanns tekur ekki til:

a. starfa Alþingis og stofnana þess, sbr. þó 11. gr.,
b. starfa dómstóla,
c. ákvarðana og annarra athafna stjórnvalda, þegar samkvæmt beinum lagafyrirmælum er ætlast til að menn leiti leiðréttingar með málskoti til dómstóla. Þetta gildir þó ekki um mál skv. 5. gr.

4. gr.

Kvörtun til umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun.

Hver sá sem telur sig hafa verið beittan rangsleitni af hálfu einhvers þess aðila, sem fellur undir ákvæði 1. eða 2. mgr. 3. gr., getur kvartað af því tilefni til umboðsmanns.

Sá sem er sviptur frelsi sínu á rétt til að bera fram kvörtun við umboðsmann í lokuðu bréfi.

5. gr.

Frumkvæðismál.

Umboðsmaður getur að eigin frumkvæði ákveðið að taka mál til meðferðar. Hann getur jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar.

6. gr.

Skilyrði þess að kvörtun verði tekin til meðferðar.

Kvörtun til umboðsmanns skal vera skrifleg og skal þar greint nafn og heimilisfang þess er kvartar. Í kvörtun skal lýst þeirri úrlausn eða annarri háttsemi stjórnvalda sem er tilefni kvörtunar. Öll tiltæk sönnunargögn um málsatvik skulu fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því er stjórnsýslugerningur sá, er um ræðir, var til lykta leiddur.

Ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns fyrr en æðra stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Ársfresturinn skv. 2. mgr. hefst þá frá þeim tíma.

7. gr.

Rannsókn máls.

Umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öllum öðrum gögnum sem mál snerta.

Umboðsmaður getur kvatt starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga á sinn fund til viðræðna um málefni sem eru á starfssviði umboðsmanns, svo og til þess að veita munnlega upplýsingar og skýringar er varða einstök mál.

Umboðsmaður á frjálsan aðgang að öllum starfsstöðvum stjórnvalda til athugana í þágu starfs síns og skulu starfsmenn láta honum í té alla nauðsynlega aðstoð af því tilefni.

Umboðsmaður getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á.

Umboðsmaður getur óskað þess að héraðsdómari kveðji mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli skipta að dómi umboðsmanns. Við þá skýrslugjöf skal fara eftir ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á. Ákveða má að skýrsla sé gefin fyrir luktum dyrum.

Umboðsmanni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga þegar sérstaklega stendur á og afla nauðsynlegra sérfræðilegra gagna.

8. gr.

Þagnarskylda.

Umboðsmanni ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsmenn umboðsmanns. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

9. gr.

Skýringar stjórnvalda.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnvaldi og skal þá strax skýra stjórnvaldinu frá efni kvörtunarinnar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Jafnan skal gefa stjórnvaldi, sem kvörtun beinist að, kost á að skýra málið fyrir umboðsmanni áður en hann lýkur málinu með álitsgerð skv. b-lið 2. mgr. 10. gr. Hann getur sett stjórnvaldi ákveðinn frest í þessu skyni.

10. gr.

Lyktir máls.

Telji umboðsmaður þegar í upphafi að kvörtun gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar eða uppfylli ekki skilyrði laganna til frekari meðferðar skal hann tilkynna þeim sem kvartað hefur þá niðurstöðu. Er málinu þá lokið af hálfu umboðsmanns.

Hafi umboðsmaður tekið mál til nánari athugunar er honum heimilt að ljúka því með eftirfarandi hætti:

a. Hann getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds.
b. Hann getur látið í ljós álit sitt á því hvort athöfn stjórnvalds brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn vönduðum stjórnsýsluháttum. Sæti athafnir stjórnvalds aðfinnslum eða gagnrýni umboðsmanns getur hann jafnframt beint tilmælum til stjórnvalds um úrbætur.

c. Varði kvörtun réttarágreining sem á undir dómstóla og eðlilegt er að þeir leysi úr getur umboðsmaður lokið máli með ábendingu um það.
d. Umboðsmaður getur lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla til úrlausnar.
e. Telji umboðsmaður að um sé að ræða brot í starfi er varði viðurlögum samkvæmt lögum getur hann gert viðeigandi yfirvöldum viðvart.

11. gr.

Meinbugir á lögum o.fl.

Ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn.

12. gr.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis o.fl.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðherra sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann greina hvað stjórnvaldið, er hlut á að máli, hefur fært fram sér til varnar.

13. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis o.fl.

Forsætisnefnd Alþingis ákveður laun umboðsmanns. Að öðru leyti skal umboðsmaður njóta kjara hæstaréttardómara. Hann á rétt til biðlauna er hann lætur af starfi samkvæmt VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umboðsmaður ræður sjálfur starfsmenn sína eftir því sem fjárveitingar leyfa. Umboðsmanni er með sama skilorði heimilt að ráða menn til að vinna að einstökum verkefnum. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf hjá umboðsmanni.

Forseti Alþingis gerir kjarasamninga við starfsmenn umboðsmanns Alþingis, sbr. 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

14. gr.

Hæfisreglur og staðgenglar.

Umboðsmanni er óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja nema með samþykki forseta Alþingis.

Þegar umboðsmaður víkur sæti við meðferð máls setur forseti Alþingis mann til þess að fara með málið. Skal hann uppfylla sömu hæfisskilyrði og umboðsmaður að undanskildum þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. þessarar geinar.

15. gr.

Endurskoðun.

Reikningar umboðsmanns skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forseta Alþingis.

16. gr.

Málssókn gegn umboðsmanni.

Dómari skal vísa frá dómi einkamáli sem höfðað er gegn umboðsmanni vegna ákvarðana sem hann tekur á grundvelli 10. gr., komi fram krafa um það frá umboðsmanni.

17. gr.

Reglur um störf og starfshætti.

Alþingi setur nánari reglur um störf og starfshætti umboðsmanns og skulu þær birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

18. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 13 20. mars 1987, um umboðsmann Alþingis.

Jafnframt falla brott orðin „umboðsmaður Alþingis“ í 2. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

1347. Frumvarp til laga [262. mál]

um Ríkisendurskoðun.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Hún skal endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 43. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 33/1944. Þá getur hún framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun skv. 9. gr. þessara laga. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

2. gr.

Forsætisnefnd Alþingis ræður forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Launakjör hans skulu ákveðin af Kjaradómi. Hann ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsætisnefnd Alþingis getur, að fengnu samþykki Alþingis, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

3. gr.

Ríkisendurskoðun er engum háð í störfum sínum. Forsætisnefnd getur þó ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Starfsmenn Ríkisendurskoðunar skulu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.

4. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela löggiltum endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum á viðkomandi sviði að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum eða öðrum lögum.

5. gr.

Reikningar Ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsætisnefnd Alþingis.

Reikningsskil Ríkisendurskoðunar skulu birt í ríkisreikningi.

6. gr.

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum.

Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira. Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Ríkisendurskoðun er heimilt að taka gjald fyrir fjárhagsendurskoðun á ársreikningum ríkisaðila sem um ræðir í 2. mgr. er nemi þeim kostnaði sem af endurskoðuninni hlýst.

7. gr.

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu og ber þeim þá skylda til að afhenda Ríkisendurskoðun umbeðin gögn. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á frumgögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga að því leyti sem þau varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur þá Ríkisendurskoðun leitað úrskurðar héraðsdóms um hann.

8. gr.

Fjárhagsendurskoðun skal samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
4. Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

9. gr.

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem um ræðir í 6. gr. Enn fremur getur Ríkisendurskoðun gert stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira, þó að öðrum sé að lögum falin fjárhagsendurskoðun þeirra. Þá getur Ríkisendurskoðun framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi eða þjónustu sem ríkinu ber að greiða fyrir en sveitarfélög eða einkaaðilar annast samkvæmt sérstökum samningum við ríkið. Stjórnsýsluendurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Þá getur hún kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.

Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum í könnunum samkvæmt þessari grein, vekja athygli þeirra á því sem hún telur að úrskeiðis hafi farið í rekstri og benda þeim á þau atriði sem hún telur að athuga þurfi með tilliti til úrbóta.

10. gr.

Í störfum sínum skv. 6. og 9. gr. hefur Ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur Ríkisendurskoðun krafist upplýsinga og gagna sem geta haft þýðingu við störf hennar skv. 7. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla nauðsynlega aðstöðu til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um hæfilegan frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald, fjárvörslu og rekstur.

11. gr.

Nú ákveður Ríkisendurskoðun að beita skoðunarheimildum skv. 7. og 9. gr. og skal stofnunin þá gera fjárlaganefnd og þeim þingnefndum, sem viðkomandi málaflokkur fellur undir, grein fyrir niðurstöðum sínum. Þingnefndir geta samkvæmt nánari reglum sem forsætisnefnd setur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

12. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf Ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997 og um leið falla úr gildi lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, með síðari breytingum.

1348. Þingsályktun [608. mál]

um aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og um fullgildingu samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1157.

1349. Þingsályktun [363. mál]

um eflingu íþróttastarfs.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 640.

1350. Þingsályktun [546. mál]

um skógræktaráætlun.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 900.

1351. Frumvarp til laga [413. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Mikhail, þjálfari á Akureyri, f. 2. júní 1962 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
2. Akbacheva, Ekaterina Borisovna, sjúkraliði á Akureyri, f. 23. september 1967 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
3. Alguno, Grace Cañada, starfsstúlka í Reykjavík, f. 11. október 1963 á Filippseyjum.
4. Anbari, Aziza Ascour, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. ágúst 1968 í Marokkó.
5. Andersen, Torbjørn, læknir á Seltjarnarnesi, f. 5. júlí 1967 í Noregi.
6. Andrea Andrésdóttir, barn í Dóminíkanska lýðveldinu, f. 29. september 1996 í Reykjavík.
7. Baumruk, Petr, þjálfari í Hafnarfirði, f. 25. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
8. Baumruková, Jaroslava, röntgentæknir í Hafnarfirði, f. 20. júlí 1962 í Tékklandi. Fær réttinn 3. ágúst 1997.
9. Benhaj, Mohammed, starfsmaður í Reykjavík, f. 18. mars 1960 í Marokkó.
10. Björnsson, Lydia Amimo, starfsstúlka í Hveragerði, f. 29. desember 1967 í Kenýa.
11. Borgwardt, Günter, verkamaður í Garði, f. 7. ágúst 1938 í Þýskalandi.
12. Boutazert, Farid, lagerstjóri í Reykjavík, f. 16. janúar 1965 í Alsír.
13. Brault, Octavia Finnbogadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. mars 1970 í Bandaríkjunum.
14. Brem, Regula, bóndi að Stóra-Kroppi, f. 15. febrúar 1950 í Sviss.
15. Burk, Patricia Ann, bakari í Reykjavík, f. 18. júní 1953 í Bandaríkjunum.
16. But, Olga, starfsstúlka í Reykjavík, f. 20. janúar 1965 í Póllandi. Fær réttinn 31. ágúst 1997.
17. Cajes, Maria Florinda Perez, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 30. maí 1963 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.
18. Calderon, Jennifer Soon, verkakona í Reykjavík, f. 19. október 1972 á Filippseyjum. Fær réttinn 5. júní 1997.
19. Capaul, Jean-Marc, forritari í Reykjavík, f. 19. apríl 1964 í Sviss.
20. Costello, Mary, húsmóðir á Akureyri, f. 26. janúar 1923 á Írlandi.
21. Daniel, Marsha Lorraine, kennari í Reykjavík, f. 17. ágúst 1966 í Bandaríkjunum.
22. Davenport, Mignon Hazelie, starfsstúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1949 í Malasíu.
23. Dicdican, Julita A., fiskverkakona í Njarðvík, f. 14. febrúar 1961 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. september 1997.
24. Dimitrova, Tatiana Kirilova, sérfræðingur í Reykjavík, f. 12. júlí 1969 í Búlgaríu.
25. Dungog, Rosario, fiskverkakona í Ólafsvík, f. 28. apríl 1962 á Filippseyjum. Fær réttinn 16. september 1997.

26. Esztergál, Judit, íþróttakennari í Reykjavík, f. 9. mars 1967 í Ungverjalandi. Fær réttinn 9. september 1997.
27. Fatalla, Emmanuel S., starfsmaður í Reykjavík, f. 8. október 1975 á Filippseyjum.
28. Fatalla, Ronald Surban, verkamaður í Reykjavík, f. 22. febrúar 1978 á Filippseyjum. Fær réttinn 13. júní 1997.
29. Foley, Dolores Mary, húsmóðir á Selfossi, f. 17. ágúst 1970 á Írlandi.
30. Gorska, Anna Izabela, beitingakona á Breiðdalsvík, f. 22. desember 1971 í Póllandi.
31. Guðjónsson, Anna, fiskverkakona á Grundarfirði, f. 27. maí 1969 í Póllandi.
32. Hani, Ali, atvinnulaus í Reykjavík, f. 4. maí 1958 í Marokkó.
33. Harber, Frances, húsmóðir í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Suður-Afríku.
34. Haxhiajdini, Arsim, verkamaður í Reykjavík, f. 14. mars 1967 í Júgóslavíu. Fær réttinn 8. júní 1997.
35. Healy, Thor Patriksson, nemi í Reykjavík, f. 7. janúar 1982 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 16. maí 1997.
36. Helgi Sveinn Heimisson, nemi á Egilsstöðum, f. 16. desember 1979 á Egilsstöðum.
37. Herman, Sigrún Toby, námsráðgjafi í Reykjavík, f. 19. febrúar 1949 í Keflavík.
38. Ho, Lydia V., starfsstúlka í Reykjavík, f. 26. mars 1950 á Filippseyjum. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
39. Ignatiev, Nikolai Michailovich, verkfræðingur í Reykjavík, f. 20. maí 1953 í Sovétríkjunum.
40. Ignatieva, Evguenia Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 26. maí 1978 í Sovétríkjunum.
41. Ignatieva, Lilia Dmitrievna, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. febrúar 1953 í Sovétríkjunum.
42. Ignatieva, Olga Nikolaevna, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1976 í Sovétríkjunum.
43. Jessen, Peter Winkel, byggingatæknir í Reykjavík, f. 15. október 1948 í Danmörku.
44. Jónsson, Manuel Viggó Coronil, nemi í Reykjavík, f. 22. ágúst 1977 á Spáni.
45. Kamilla Rún Gísladóttir, barn á Grundarfirði, f. 20. ágúst 1990 í Reykjavík.
46. Karaolanis, Antonios, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 20. maí 1964 í Grikklandi.
47. Klimaszewska, Henryka, fiskverkakona í Keflavík, f. 11. mars 1971 í Póllandi. Fær réttinn 18. maí 1997.
48. Kolbrún Linda Sigurðardóttir, barn í Bessastaðahreppi, f. 13. júlí 1991 í Reykjavík.
49. Kro, Anna Valdís, nemi að Lómatjörn, f. 12. desember 1978 á Akureyri.
50. Kro, Ingunn Agnes, nemi að Lómatjörn, f. 27. mars 1982 á Akureyri.
51. Kumari, Shobha, verslunarmaður í Reykjavík, f. 17. ágúst 1967 á Indlandi. Fær réttinn 2. júní 1997.
52. Lamai, Suphan, verkakona í Hafnarfirði, f. 31. október 1965 í Tælandi.
53. Lilliendahl, Iskra Savova, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. ágúst 1953 í Búlgaríu. Fær réttinn 24. september 1997.
54. Mamelin, Annick Micheline, fiskverkakona í Keflavík, f. 9. apríl 1959 í Frakklandi.
55. Mamelin, René, verkamaður í Keflavík, f. 20. ágúst 1946 í Frakklandi.
56. Mamood, Tishk Taha Karim, tæknifræðingur í Reykjavík, f. 6. nóvember 1961 í Írak. Fær réttinn 4. ágúst 1997.
57. Mankowska, Bozena Marja, fiskvinnslukona á Akureyri, f. 25. mars 1953 í Póllandi.

58. Mansour, Mousaad Badr Abdel Salam, blómaskreytingamaður í Reykjavík, f. 1. maí 1960 í Egyptalandi. Fær réttinn 17. september 1997.
59. Mellk, Karen, aðstoðarframkvæmdastjóri í Hveragerði, f. 31. ágúst 1951 í Bandaríkjunum.
60. Micic, Biljana, verkakona í Kópavogi, f. 11. desember 1962 í Júgóslavíu.
61. Mikulás, Stanislav, fimleikaþjálfari í Keflavík, f. 29. desember 1952 í Slóvakíu. Fær réttinn 19. ágúst 1997.
62. Ming, Chen, fimleikaþjálfari, sendiráði Íslands í Peking, f. 18. júlí 1964 í Kína.
63. Mlindwa Stefánsson, Rhoda Robert, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1965 í Tansaníu.
64. Mouritzen, Thorleif Andor, fiskverkamaður á Dalvík, f. 13. nóvember 1934 í Færeyjum.
65. Oliver, Shaun David, sjómaður á Hellissandi, f. 26. október 1970 í Zimbabwe.
66. Orongan, Ornesa Neis, verkakona í Kópavogi, f. 21. mars 1959 á Filippseyjum.
67. Ólafsson, Natalia, húsmóðir í Reykjavík, f. 3. nóvember 1971 í Rússlandi.
68. Pálsson, Beata, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. apríl 1960 í Póllandi. Fær réttinn 28. júní 1997.
69. Petkov, Borislav Timchev, hagfræðingur í Reykjavík, f. 13. desember 1962 í Búlgaríu.
70. Pilkington, Brian Charles, teiknari í Reykjavík, f. 20. júlí 1950 í Englandi.
71. Podhajska, Anna Agnieszka, tónlistarkona á Akureyri, f. 11. september 1953 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
72. Podhajski, Marek Andrzej, tónlistarmaður á Akureyri, f. 7. apríl 1938 í Póllandi. Fær réttinn 8. september 1997.
73. Popiolkiewicz, Ewa Katarzyna, fiskverkakona í Hnífsdal, f. 28. ágúst 1965 í Póllandi.
74. Popiolkiewicz, Mariusz Jan, fiskverkamaður í Hnífsdal, f. 23. maí 1962 í Póllandi.
75. Potapcik, Denis, nemi í Reykjavík, f. 21. mars 1979 í Litáen. Fær réttinn 16. júní 1997.
76. Potapcik, Tatjana, starfsmaður í Reykjavík, f. 27. janúar 1952 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 16. júní 1997.
77. Profic, Beata Anna, sjúkraþjálfari á Eyrarbakka, f. 10. mars 1967 í Póllandi.
78. Raksil, Saengthian, verkakona á Stöðvarfirði, f. 1. janúar 1963 í Tælandi.
79. Ramos Pinto, Marilene, verkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1956 í Brasilíu.
80. Robertson, James Norbert, verkamaður í Garði, f. 14. apríl 1954 í Bandaríkjunum.
81. Robertson, Robert Stephen, kennari í Reykjavík, f. 12. ágúst 1968 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 30. maí 1997.
82. Sawangjaitham, Kanachana, ræstingakona í Reykjavík, f. 25. janúar 1974 í Tælandi. Fær réttinn 12. júní 1997.
83. Sawangjaitham, Narumon, matreiðslukona í Bessastaðahreppi, f. 14. júní 1960 í Tælandi.
84. Soodchit, Soysuda, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. febrúar 1966 í Tælandi. Fær réttinn 10. september 1997.
85. Stachorska, Joanna Izabela, nemi í Reykjavík, f. 11. september 1975 í Póllandi.
86. Steinmann, Erika, verkakona á Egilsstöðum, f. 28. maí 1948 í Sviss.

87. Troufan, Alexei Ivanovits, handknattleiksþjálfari í Mosfellsbæ, f. 15. ágúst 1959 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
88. Troufan, Elena Grigorjevna, verslunarmaður í Mosfellsbæ, f. 30. mars 1960 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
89. Troufan, Maxim, nemi í Mosfellsbæ, f. 8. febrúar 1979 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 24. ágúst 1997.
90. Varadaraj, William, verkamaður á Selfossi, f. 7. apríl 1964 á Indlandi.
91. Vistra, Dina Catubig, starfsstúlka í Hveragerði, f. 28. desember 1964 á Filippseyjum.
92. Walker, Kristín Sybil, starfsstúlka á Akureyri, f. 25. janúar 1944 í Englandi.
93. Williams, Jerry Dwayne, nemi á Höfn, f. 18. september 1981 í Bandaríkjunum.
94. Wunsch, Bettina, húsmóðir á Hellu, f. 24. maí 1971 í Þýskalandi. Fær réttinn 6. ágúst 1997.
95. Yan, Jianhua, verslunarmaður í Reykjavík, f. 9. mars 1953 í Kína. Fær réttinn 19. júlí 1997.
96. Ye, Qing, nemi í Reykjavík, f. 24. maí 1968 í Kína.
97. Zanoria, Priscilla Rondina, fiskvinnslukona í Ólafsvík, f. 22. janúar 1967 á Filippseyjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1352. Frumvarp til laga [524. mál]

um Suðurlandsskóga.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta á Suðurlandi, þ.e. Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og fjárfesta í nýrri auðlind sem efla mun atvinnulíf í framtíðinni.

Suðurlandsskógar eru samkvæmt lögum þessum sjálfstæður aðili sem sinnir verkefnum skv. 1. mgr., þ.e. ræktun og umhirðu skóga og skjólbelta á jörðum á Suðurlandi samkvæmt sérstakri áætlun.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er greint milli tveggja greina fjölnytjaskógræktar, annars vegar ræktunar timburskóga, sem hefur að markmiði að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota, og hins vegar ræktunar landbótaskóga, en þá er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi.

Skjólbelti eru í lögum þessum greind í tvo flokka, annars vegar belti sem ræktuð eru í því skyni að auka hvers kyns uppskeru og skýla búfénaði og mannvirkjum tengdum landbúnaði, hins vegar belti sem hugsuð eru sem undanfari skógræktar á bersvæði.

3. gr.

Áætlun, tímabil og umfang.

Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands til timburskógræktar, 10.000 km af skjólbeltum, miðað við einfalda plönturöð, og 20.000 ha lands til landbótaskógræktar.

Gera skal samninga sem landbúnaðarráðherra staðfestir við hvern og einn þátttakanda í Suðurlandsskógum og þinglýsa þeim sem kvöð á viðkomandi jörðum. Samningar skulu taka til afmarkaðs lands sem tekið er til ræktunar í hverju tilviki og kveða á um kostnaðarþátttöku ríkisins, hlutdeild ríkissjóðs í væntanlegum afrakstri skógræktarinnar og annað sem þurfa þykir.

4. gr.

Kostnaður.

Kostnaður við starfsemi Suðurlandsskóga greiðist úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu sem færð er undir landbúnaðarráðuneytið.

Suðurlandsskógar greiða undirbúnings- og rekstrarkostnað verkefnisins og laun stjórnar og fastra starfsmanna. Enn fremur greiða Suðurlandsskógar ákveðinn hluta af samþykktum kostnaði við skógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum, óháð búsetu, með kvöðum um endurgreiðslu til ríkissjóðs, sbr. 5. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga.

Landbúnaðarráðuneytið samþykkir skógræktar- og skjólbeltakostnað að fengnum tillögum Skógræktar ríkisins og Samtaka skógarbænda.

5. gr.

Skipting og binding tekna af verkefninu.

Af heildarframleiðsluverðmæti trjáviðar úr skógunum skulu 5% lögð á endurnýjunarreikning í vörslu Suðurlandsskóga. Þeim fjármunum skal innan fimm ára frá lokum skógarhöggs varið til endurnýjunar skóglendis á viðkomandi jörð. Sé nýliðun skógar fullnægjandi má nýta fjármuni endurnýjunarreiknings til að hirða um nýliðunina án tímatakmarka. Til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót og skal því fé varið til ræktunar nýrra skóga.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu og innheimtu gjalda skv. 1. mgr.

Undanþegin ákvæði 1. mgr. er fyrsta grisjun, enda sé hún skóginum nauðsynleg að mati Skógræktar ríkisins, og hagnaður af henni skal renna óskiptur á endurnýjunarreikning jarðarinnar.

6. gr.

Forgangur að vinnu.

Skógarbændur, sem hafa til umráða jarðir sem teknar eru til skógræktar samkvæmt samningi við Suðurlandsskóga, skulu hafa forgang að vinnu á vegum verkefnisins á jörðum þeim sem þeir nýta. Að þeim frágengnum hafa aðrir skógarbændur, sem aðild eiga að Suðurlandsskógum, forgang að vinnu við verkefnið.

7. gr.

Stjórn og rekstur.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Suðurlandsskóga til tveggja ára í senn. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Félagi skógarbænda á Suðurlandi, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji skipaður án tilnefningar. Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn Suðurlandsskóga og samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir verkefnisins. Hún ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur.

Skógrækt ríkisins veitir Suðurlandsskógum aðstoð og faglegar leiðbeiningar samkvæmt samstarfssamningi er viðkomandi aðilar gera þar um.

8. gr.

Ársskýrslur og ársreikningar.

Ársskýrslur og ársreikningar Suðurlandsskóga skulu samþykkt af stjórn og staðfest af landbúnaðarráðherra. Þar komi m.a. fram staða framkvæmda á hverjum tíma og yfirlit yfir ráðstöfun fjármuna.

Reikninga Suðurlandsskóga skal birta í Stjórnartíðindum, endurskoðaða af Ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglugerð og almenn lagaákvæði.

Að öðru leyti en greinir í lögum þessum fer um ræktun og meðferð Suðurlandsskóga eftir því sem við á eftir ákvæðum skógræktarlaga, nr. 3/1955, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1353. Frumvarp til fjáraukalaga [529. mál]

fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1996 verða eftirtaldar breytingar á greiðsluyfirliti A-hluta ríkissjóðs 1996 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996:

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur		
Tekjur		**545.000**
Tekjuskattar	144.000	
Tryggingagjöld, launaskattar	52.000	
Eignarskattar	133.000	
Skattar á vörur og þjónustu	366.000	
Vaxtatekjur	-483.000	
Aðrar tekjur	333.000	
Gjöld		**-1.441.500**
Samneysla	227.500	
Rekstrargjöld	202.800	
Viðhald	74.700	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	-683.000	
Vaxtagjöld	-68.000	
Fjárfesting	-968.000	
Gjöld umfram tekjur		**-1.986.500**
Lánahreyfingar		
Veitt lán, nettó		-1.661.000
Hluta- og stofnfjárframlög		-92.000
Viðskiptareikningar		46.000
Hrein lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3.693.500**
Afborganir af teknum lánum		-10.000
Heildarlánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**-3.703.500**
Lántökur		-3.705.000
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		**-1.500**

2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1996, sbr. 2. gr. laga nr. 165/1996:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins	7.592	
01	Forsætisráðuneyti	42.750	
02	Menntamálaráðuneyti	680.272	
03	Utanríkisráðuneyti	72.343	
04	Landbúnaðarráðuneyti	268.499	
05	Sjávarútvegsráðuneyti	26.638	
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	161.744	
07	Félagsmálaráðuneyti	103.401	
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	498.999	
09	Fjármálaráðuneyti	263.483	
10	Samgönguráðuneyti	40.606	
11	Iðnaðarráðuneyti	47.801	
12	Viðskiptaráðuneyti	10.572	
13	Hagstofa Íslands	7.811	
14	Umhverfisráðuneyti	56.232	
	Samtals		2.288.743

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir og viðfangsefni er þessi:

		Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**		
101-1	Embætti forseta Íslands	2.376	
201-1	Alþingi	315	
211-1	Lýðveldissjóður	1	
520-1	Opinberar heimsóknir	4.087	
620-6	Ríkisendurskoðun	813	
	Samtals æðsta stjórn ríkisins		7.592
01	**Forsætisráðuneyti**		
190-115	Útboðs- og einkavæðingarverkefni	242	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu	840	
241-1	Umboðsmaður barna	572	
901-1	Húsameistari ríkisins	39.383	
902-1	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	995	
902-6	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	718	
	Samtals ráðuneyti		42.750

02 Menntamálaráðuneyti

201-1	Háskóli Íslands	47.770
203-1	Raunvísindastofnun Háskólans	5.657
211-1	Tækniskóli Íslands	15.955
223-1	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála	571
231-1	Rannsóknarráð Íslands	182
236-6	Vísindasjóður	302
237-6	Tæknisjóður	220
302-1	Menntaskólinn á Akureyri	9.600
303-1	Menntaskólinn á Laugarvatni	10.759
304-1	Menntaskólinn við Hamrahlíð	23.019
305-1	Menntaskólinn við Sund	5.022
307-1	Menntaskólinn á Egilsstöðum	4.495
308-1	Menntaskólinn í Kópavogi	10.263
309-1	Kvennaskólinn í Reykjavík	2.211
318-1	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	10.351
318-5	Framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður	61.732
319-113	Forfallakennsla	4.003
319-115	Prófkostnaður	25.254
319-119	Kennslueftirlit	428
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	12.480
351-1	Fjölbrautaskólinn Ármúla	3.762
352-1	Flensborgarskóli	10.621
356-1	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	1.594
359-1	Verkmenntaskólinn á Akureyri	11.407
360-1	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4.082
363-1	Framhaldsskólinn á Laugum	1.088
365-1	Borgarholtsskóli	6.493
430-1	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5.363
506-1	Vélskóli Íslands	1.885
507-1	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	4.839
514-6	Iðnskólinn í Reykjavík	32.300
517-1	Hótel- og veitingaskóli Íslands	1.075
523-1	Fósturskóli Íslands	3.710
551-1	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	2.313
562-1	Leiklistarskóli Íslands	2.688
564-1	Listdansskólinn	8.842
571-1	Sjómannaskólahúsið	849
700-1	Grunnskólar, Reykjavík	6.613
701-1	Grunnskólar, Reykjanesi	146.488
703-1	Grunnskólar, Vesturlandi	11.651
706-1	Grunnskólar, Norðurlandi eystra	24.410
707-1	Grunnskólar, Austurlandi	7.251
718-1	Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	273
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi	730
730-1	Skólabúðir að Reykjum	42

750-5	Skólar fyrir fatlaða	4.172	
750-6	Skólar fyrir fatlaða	588	
872-1	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.506	
884-1	Jöfnun á námskostnaði	21.400	
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	8.829	
903-1	Þjóðskjalasafn Íslands	400	
904-1	Safnahúsið við Hverfisgötu	6.385	
905-1	Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn	2.606	
906-1	Listasafn Einars Jónssonar	614	
907-1	Listasafn Íslands	7.701	
909-1	Blindrabókasafn Íslands	630	
972-1	Íslenski dansflokkurinn	1.168	
973-1	Þjóðleikhús	287	
974-1	Sinfóníuhljómsveit Íslands	30	
976-1	Menningarsjóður	9.080	
981-1	Kvikmyndasjóður	41.824	
983-110	Fræðistörf	12.478	
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	200	
999-143	Skriðuklaustur	4.813	
999-190	Ýmis framlög	4.918	
	Samtals ráðuneyti		680.272

03 Utanríkisráðuneyti

101-1	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	36.959	
201-1	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	9.562	
201-6	Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli	3.400	
301-1	Sendiráð Íslands í Bonn	617	
303-1	Sendiráð Íslands í London	436	
304-1	Sendiráð Íslands í Moskvu	527	
305-1	Sendiráð Íslands í Ósló	308	
306-1	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	2.602	
307-1	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	867	
308-1	Sendiráð Íslands í Washington	2.003	
309-1	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	948	
312-1	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	1.055	
390-1	Þróunarsamvinnustofnun Íslands	1.021	
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	3.644	
401-113	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	439	
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	632	
401-139	Evrópuráðið	688	
401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	4.080	

401-168	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Líberíu, UNIMIL	26	
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	2.027	
401-173	Þróunarsjóður EFTA	202	
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE	300	
	Samtals ráðuneyti		72.343

04 Landbúnaðarráðuneyti

101-1	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	4.924	
190-112	Mat á búvörum	4.424	
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	236	
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	231	
211-1	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	1.355	
221-1	Veiðimálastofnun	4.537	
233-1	Yfirdýralæknir	8.178	
261-1	Bændaskólinn á Hvanneyri	10.595	
271-5	Bændaskólinn á Hólum	15.600	
271-6	Bændaskólinn á Hólum	9.700	
283-6	Garðyrkjuskóli ríkisins	14.100	
293-1	Hagþjónusta landbúnaðarins	105	
311-6	Landgræðsla ríkisins	4.100	
321-1	Skógrækt ríkisins	13.423	
331-1	Héraðsskógar	11.900	
805-110	Vaxta- og geymslukostnaður	1.723	
805-132	Afsetning birgða	163.364	
831-6	Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins	4	
	Samtals ráðuneyti		268.499

05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-1	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	802	
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaöflun	3.800	
190-151	Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO	1.426	
190-190	Ýmislegt	2.540	
202-5	Hafrannsóknastofnunin	3.100	
203-1	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	12.450	
204-6	Fiskistofa	2.500	
901-1	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	20	
	Samtals ráðuneyti		26.638

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

101-1	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa	811	
111-1	Kosningar	5	
190-121	Próf málflytjenda	1.423	

190-122	Próf skjalaþýðenda	274
190-123	Próf fasteignasala	539
190-131	Matsnefnd eignarnámsbóta	317
190-132	Tölvunefnd	318
190-133	Mannanafnanefnd	500
190-145	Mannréttindaskrifstofa Íslands	1.000
190-170	Samfélagsþjónustunefnd	309
190-181	Réttur barna, útgáfa	300
201-1	Hæstiréttur	380
216-1	Héraðsdómur Austurlands	697
290-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	584
290-112	Setu- og varadómarar	63
291-601	Húsnæði Hæstaréttar	2.951
301-1	Ríkissaksóknari	2.020
302-1	Rannsóknarlögregla ríkisins	13.541
311-1	Lögreglustjórinn í Reykjavík	6.927
341-1	Áfengis- og fíkniefnamál	193
390-110	Ýmis löggæslukostnaður	90
390-111	Eftirlit með ökuritum	830
390-601	Tæki og búnaður	1.452
390-610	Bifreiðir	1.827
391-5	Húsnæði löggæslustofnana	1.269
397-1	Schengen samstarf	350
412-1	Sýslumaðurinn á Akranesi	19.077
413-1	Sýslumaðurinn í Borgarnesi	398
416-1	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	3.270
417-1	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	1.012
421-1	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	386
424-1	Sýslumaðurinn á Akureyri	6.745
426-1	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	6.276
430-1	Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	369
431-1	Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	637
433-1	Sýslumaðurinn á Selfossi	1.516
434-1	Sýslumaðurinn í Keflavík	7.608
490-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	9.667
490-121	Óviss útgjöld	245
490-130	Kostnaður samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs	24.580
490-140	Snjóathugunarmenn	320
490-160	Gagnalínukostnaður	2.029
491-601	Tæki og búnaður	1.600
491-660	Upplýsingakerfi sýslumanna	20.102
501-1	Fangelsismálastofnun ríkisins	1.734
501-5	Fangelsismálastofnun ríkisins	723
591-6	Fangelsisbyggingar	537
701-101	Yfirstjórn	13.160

701-111	Vígslubiskup Skálholti	472	
701-113	Vígslubiskup Hólum	311	
	Samtals ráðuneyti		161.744

07 Félagsmálaráðuneyti

272-6	Byggingarsjóður verkamanna	113	
321-6	Brunamálastofnun ríkisins	1.972	
331-1	Vinnueftirlit ríkisins	23.442	
331-6	Vinnueftirlit ríkisins	4.000	
400-620	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar	4.014	
401-1	Barnaverndarráð	34	
701-1	Málefni fatlaðra, Reykjavík	13.768	
703-1	Málefni fatlaðra, Vesturlandi	564	
705-1	Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	3.072	
707-1	Málefni fatlaðra, Austurlandi	1.307	
708-1	Málefni fatlaðra, Suðurlandi	8.344	
710-1	Meðferðarheimili og sambýli einhverfra	670	
711-1	Styrktarfélag vangefinna	11.681	
720-1	Skálatúnsheimilið, Mosfellsbæ	458	
750-1	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.687	
981-110	Félagsdómur	363	
981-181	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	800	
984-1	Atvinnuleysistryggingasjóður	25.556	
999-150	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga	258	
999-153	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög	298	
	Samtals ráðuneyti		103.401

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

101-6	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.280	
201-1	Tryggingastofnun ríkisins	15.446	
206-1	Sjúkratryggingar	112.000	
301-1	Landlæknir	10.130	
311-1	Héraðslæknir í Reykjavík	112	
315-1	Héraðslæknir á Norðurlandi eystra	26	
324-1	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	12.500	
326-1	Sjónstöð Íslands	1.110	
327-6	Geislavarnir ríkisins	1.254	
340-690	Styrkir til ýmissa framkvæmda	5.318	
370-6	Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi	10.300	
371-1	Ríkisspítalar	152.671	
371-5	Ríkisspítalar	79.800	
385-1	Framkvæmdasjóður aldraða	2.399	

393-1	Lyfjamál	1.344	
399-163	Áfallahjálp	1.949	
399-165	Heilsuefling	1.956	
399-190	Ýmis framlög	3.674	
404-1	Sjúkraskýlið Hólmavík	253	
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt	21.202	
500-115	Leigutekjur starfsmannaíbúða	4.579	
510-1	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	11.741	
511-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjar-umdæmi nyrðra	1.129	
512-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjar-umdæmi syðra	7.311	
513-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	3.129	
514-1	Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjar-umdæmi	8.527	
522-1	Heilsugæslustöðin Borgarnesi	770	
524-1	Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2.912	
552-1	Heilsugæslustöðin Dalvík	1.053	
553-1	Heilsugæslustöðin Akureyri	2.529	
557-1	Heilsugæslustöðin Þórshöfn	373	
561-1	Heilsugæslustöðin Vopnafirði	532	
565-1	Heilsugæslustöðin Eskifirði	599	
566-1	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði	54	
567-1	Heilsugæslustöðin Djúpavogi	2	
571-1	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	209	
572-1	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	2.123	
574-1	Heilsugæslustöðin Hvolsvelli	5	
575-1	Heilsugæslustöðin Hellu	1.617	
576-1	Heilsugæslustöðin Laugarási	3.098	
578-1	Heilsugæslustöðin Hveragerði	370	
582-1	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	10.325	
583-1	Heilsugæslustöðin Garðabæ	253	
585-1	Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	560	
621-1	Áfengisvarnir og bindindismál	475	
	Samtals ráðuneyti		498.999

09 Fjármálaráðuneyti

101-6	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	2.787	
103-1	Ríkisbókhald	2.857	
105-1	Ríkislögmaður	383	
201-1	Ríkisskattstjóri	1.496	
202-1	Skattstofan í Reykjavík	707	
204-1	Skattstofa Vestfjarða	6	
205-1	Skattstofa Norðurlands vestra	177	
212-120	Olíugjald	4.441	
215-6	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1.841	

251-1	Gjaldheimtan í Reykjavík	2.651	
262-1	Tollstjórinn í Reykjavík	1.876	
402-1	Fasteignamat ríkisins	105	
481-6	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum	34.121	
901-1	Framkvæmdasýslan	1.756	
981-660	Sölvhóll	3.061	
981-691	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga	1.488	
989-1	Launa- og verðlagsmál	121.148	
999-113	Kjarasamningar	3.902	
999-114	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	12.880	
999-115	Kjararannsóknir	654	
999-117	Ýmis sameiginlegur kostnaður	6.726	
999-145	Ýmsar nefndir	6.420	
999-150	Alþjóðastofnanir um tollamál (CCC, ICTB)	1.695	
999-160	Dómkröfur	49.696	
999-165	Kjaradómur og kjaranefnd	609	
	Samtals ráðuneyti		263.483

10 Samgönguráðuneyti

101-1	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	728	
190-120	Rannsóknanefnd sjóslysa	3.342	
190-121	Lög- og réttindaskráning sjómanna	271	
190-126	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO	135	
190-133	Flugeftirlitsnefnd	170	
190-160	Wihlborg-rejser, Bingó	1.489	
190-190	Ýmislegt	3.725	
190-191	Athugun á öryggi fiskiskipa	257	
190-601	Breytingar á húsnæði	20.000	
190-601	Breytingar á húsnæði	9.504	
335-1	Siglingastofnun Íslands	301	
471-1	Flugmálastjórn	607	
651-1	Ferðamálaráð	77	
	Samtals ráðuneyti		40.606

11 Iðnaðarráðuneyti

101-1	Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	3.602	
201-1	Iðntæknistofnun Íslands	9.233	
203-1	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	606	
299-114	Iðnþróun og tækninýjungar	1.886	
299-115	Alþjóðastaðlar, CEN-CENELEC	1.468	
299-124	Alþjóðlegur fjárfestingarsáttmáli	2.341	
299-130	Alþjóðlegt rannsóknasamstarf	3.272	
299-148	Átak til atvinnusköpunar	17.700	
299-160	Verkefnaútflutningur	1.122	
302-1	Rafmagnseftirlit ríkisins	2.320	

399-115	Niðurgreiðsla á rafhitun	4.168	
399-121	Orkunefnd	83	
	Samtals ráðuneyti		47.801

12 Viðskiptaráðuneyti

101-1	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	4.453	
190-110	Neytendasamtökin	1.650	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamiðstöðvar	894	
190-190	Ýmis viðskipta- og bankamál	2.836	
903-1	Skráning hlutafélaga	739	
	Samtals ráðuneyti		10.572

13 Hagstofa Íslands

101-6	Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa	7.811	
	Samtals ráðuneyti		7.811

14 Umhverfisráðuneyti

101-1	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	6.278	
101-1	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	400	
101-6	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	600	
190-122	Stefnumörkun í umhverfismálum	723	
190-123	Ýmis umhverfisverkefni	13.463	
190-129	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum	568	
190-140	Alþjóðastofnanir	261	
201-1	Náttúruverndarráð	6.068	
201-6	Náttúruverndarráð	2.094	
221-1	Hollustuvernd ríkisins	12.254	
301-1	Skipulagsstjóri ríkisins	2.376	
301-1	Skipulagsstjóri ríkisins	1.500	
310-1	Landmælingar Íslands	1.787	
401-1	Náttúrufræðistofnun Íslands	7.860	
	Samtals ráðuneyti		56.232

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1354. Frumvarp til laga [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. E-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.
b. C-liður 4. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru 5 tonn eða minna að heildarþyngd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Greiða skal skráðum eigendum ökutækja, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd og nýskráð hafa verið á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku laga þessara eða sem gjaldskyld aðvinnsla hefur verið framkvæmd á á sama tímabili, einn sjötta hluta þess vörugjalds sem greitt hefur verið af þeim sökum. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skilyrði að henni verði ráðstafað til leigutaka bifreiðar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

1355. Frumvarp til laga [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 16. maí.)

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „18.915 kr.“ í 3. málsl. 2. gr. laganna kemur: 26.750 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1356. Lög [100. mál]

um fjárreiður ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1305 með þessari breytingu:

48. gr. hljóðar svo:

Ríkisbókhald er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Ríkisbókari veitir ríkisbókhaldi forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Ríkisbókhald hefur yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Það skal gæta þess að samræmi sé við færslu bókhalds og gerð reikningsskila hjá þeim.

Ríkisbókhald skal veita ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf um bókhald og reikningsskil og setja ríkisaðilum í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings framkvæmdar- og verklagsreglur ásamt leiðbeiningum sem þýðingu geta haft við færslu bókhalds og gerð ársreikninga.

Ríkisbókhald skal annast gerð ríkisreiknings.

1357. Lög [189. mál]

um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

I. KAFLI

FORSÆTISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytis að gegna störfum ritara ráðherrafunda.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Skrifstofu ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

b. 2. mgr. fellur brott.
c. 3. mgr. orðast svo:
Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í.

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo: Heimilt er þó ráðherra að ráða starfsmenn í ráðuneyti undir öðrum starfsheitum.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra til fimm ára í senn.
Aðrir starfsmenn ráðuneytis eru ráðnir.

6. gr.

Í stað orðsins „deildarstjóri“ í 14. gr. laganna kemur: skrifstofustjóri.

Breyting á lögum nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun.

7. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra. Ráðherra skipar forstjóra hennar til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 64/1985, um Byggðastofnun.

8. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra liða í samræmi við það.

9. gr.

6. gr. laganna orðast svo:
Forsætisráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til að annast daglega stjórn stofnunarinnar.

10. gr.

2. málsl. 6. tölul. 7. gr. laganna fellur brott.

11. gr.

Breyting á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar umboðsmann barna til fimm ára í senn.

II. KAFLI
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 94/1962, um almannavarnir, með síðari breytingu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. mgr. 6. gr. laganna eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 85/1985:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðsins.
b. 2. málsl. orðast svo: Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið.
c. Í stað orðsins „skipaður“ í 4. málsl. kemur: ráðinn.

13. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 1. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 85/1985, kemur: ræður.

Breyting á lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands.

14. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn til þess að stjórna Landhelgisgæslunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt er lýtur að málefnum hennar.

15. gr.

Í stað orðanna „lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: lög um lögreglumenn og lög um meðferð opinberra mála.

Breyting á lögum nr. 56/1972, um lögreglumenn.

16. gr.

Við 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, með síðari breytingu.

17. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 39/1994, orðast svo: Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara ótímabundið.

18. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 5. gr. laga nr. 67/1982, orðast svo:

Forseti Hæstaréttar skipar dóminum ritara til fimm ára í senn og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 18/1975, um trúfélög.

19. gr.

2. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Hann skal hafa almenn hæfisskilyrði til opinberra starfa, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 108/1976, um rannsóknarlögreglu ríkisins, með síðari breytingu.

20. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 5/1978:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins til fimm ára í senn og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar jafnframt vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins til fimm ára í senn.
c. 4. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar lögreglumenn rannsóknarlögreglunnar til fimm ára í senn. Rannsóknarlögreglustjóri ræður annað starfslið, þar á meðal löglærða deildarstjóra og/eða fulltrúa.

Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingu.

21. gr.

3. mgr. 114. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 12/1992, orðast svo:
Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Umferðarráðs til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar þess.

Breyting á lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist.

22. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn.

23. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

24. gr.

2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar fangaverði til fimm ára í senn, en forstöðumaður stofnunar ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, með síðari breytingu.

25. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar héraðsdómara ótímabundið.

26. gr.

Á eftir orðinu „héraðsdómstól“ í 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, kemur: til fimm ára í senn.

27. gr.

1. málsl. 14. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar sýslumenn til fimm ára í senn.

28. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 15. gr. laganna:
a. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.
b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumaður.

Breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

29. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem ráðherra skipar til fimm ára í senn.
c. Í stað orðanna „dómsmálaráðherra eftir tillögu ríkissaksóknara“ í 4. málsl. 2. mgr. kemur: ríkissaksóknari.

Breyting á lögum nr. 84/1996, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

30. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 2. málsl. 2. mgr. orðast svo: Hann skal skipaður af ráðherra ótímabundið og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt.
b. Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

Breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Forseti Íslands skipar“ í 1. mgr. kemur: Ráðherra skipar til fimm ára í senn.
b. Aftan við orðið „lögreglustarfa“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: til fimm ára í senn.

32. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn.
b. Við 2. mgr. bætist: til fimm ára í senn.

III. KAFLI
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingu.

33. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 20. gr. laganna, sbr. a-lið 5. gr. laga nr. 75/1996:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.
b. Í stað orðsins „skipað“ í 4. mgr. kemur: tilnefnt.

Breyting á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

34. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

b. Orðin „með samþykki stjórnar hennar“ í 3. mgr. falla brott.

Breyting á lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

35. gr.

Í stað 1. málsl. 2. mgr. 15. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnréttisráð hefur skrifstofu og skipar ráðherra framkvæmdastjóra þess til fimm ára í senn. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál.

36. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

37. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

IV. KAFLI
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak.

38. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

Breyting á lögum nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

39. gr.

Í stað orðanna „III. kafla laga nr. 38/1954“ í 6. gr. laganna kemur: lögum.

Breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingu.

40. gr.

7. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 51/1994, orðast svo:

Fasteignamat ríkisins starfar undir stjórn forstjóra sem ráðherra skipar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður starfsfólk og kaupir sérfræðilega aðstoð eftir því sem nauðsyn ber til og heimildir fjárlaga hverju sinni segja til um.

Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

41. gr.

2. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skattstjóra til fimm ára í senn.

42. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 1. málsl. 1 mgr. 87. gr. laganna kemur: ráða.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn.
b. 2. mgr., eins og henni var breytt með 13. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo:
Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.

44. gr.

1. málsl. 89. gr. laganna, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 111/1992, orðast svo: Ráðherra skipar skattrannsóknarstjóra ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann.

45. gr.

1. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn.

46. gr.

Orðin „allt að þrír“ í 1. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í fyrri málslið kemur: fimm.
b. Síðari málsliður orðast svo: Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar.

Breyting á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingu.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna, eins og henni var breytt með a-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „ríkistollstjóra“ í 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. Í stað fyrri málsliðar 2. mgr. kemur: Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 36. gr. laganna, eins og henni var breytt með f-lið 17. gr. laga nr. 69/1996:

a. Á eftir orðinu „Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: til fimm ára í senn.
b. 4. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjórar ráða aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

Breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

50. gr.

1. málsl. 8. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Lánasýslu ríkisins til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

51. gr.

1.–3. tölul. 7. mgr. ákvæðis laganna til bráðabrigða falla brott.

V. KAFLI
HAGSTOFA ÍSLANDS

Breyting á lögum nr. 24/1913, um hagstofu Íslands, með síðari breytingu.

52. gr.

5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 8. gr. laga nr. 71/1919, orðast svo:
Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

VI. KAFLI
HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á áfengislögum, nr. 82/1969.

53. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 26. gr. laganna:
a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „ríkisstjórnin“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.
c. Í stað orðanna „kjarasamninga opinberra starfsmanna“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Breyting á lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

54. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fimm ára að fengnum tillögum stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður yfirlækni, að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

55. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra skipar yfirlækni til fimm ára í senn að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Yfirlæknir ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

56. gr.

1. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar.

57. gr.

3. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður ræður starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu.

58. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. mgr. 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn.
b. 2. málsl. orðast svo: Hann skal vera embættislæknir eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „skipar“ í 3. málsl. kemur: ræður.

59. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna, eins og henni var breytt með 7. gr. laga nr. 148/1994:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 1., 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu héraðslæknar vera embættislæknar eða hafa aðra sérfræðimenntun ásamt víðtækri reynslu á sviði stjórnunar.
c. Í stað orðsins „fjögurra“ í 3. mgr. kemur: fimm.

60. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. 5., 6. og 8. málsl. 3. mgr. falla brott.
b. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra skipar þá framkvæmdastjóra heilsugæslustöðva sem gegna fullu starfi til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna stöðvanna og hafa þeir sömu skyldur og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr., sbr. og 8. mgr. 30. gr. Fer um mat á hæfni þeirra skv. 30. gr.

61. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Þar sem ekki er skipaður framkvæmdastjóri í fullt starf ráða stjórnir heilsugæslustöðva starfslið stöðvanna og fer um laun þeirra samkvæmt kjarasamningum við opinbera starfsmenn.

62. gr.

Í 6. mgr. 29. gr. laganna falla brott orðin „yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og“.

63. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr. laganna:

a. Í stað 4. málsl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Ráðherra ræður meðlimi framkvæmdastjórnar ríkisspítalanna samkvæmt stjórnskipulagi ríkisspítala.
b. Í stað orðsins „ráða“ í 4. málsl. 6. mgr. kemur: skipa.
c. Við 6. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Framkvæmdastjórar sjúkrahúsa ríkisins eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórna sjúkrahúsanna.
d. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra staðfestir stjórnskipulag ríkisspítala að fengnum tillögum stjórnarnefndar og forstjóra.
e. 8. mgr. orðast svo:

Forstjóri ríkisspítala skv. 1. mgr. og framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 3. mgr. ráða annað starfslið sjúkrahúsa ríkisins. Um ákvörðun launa fer samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 31. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
b. Í stað orðanna „skipaðir af ráðherra“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: ráðnir af forstjóra skv. 1. mgr. 30. gr. eða framkvæmdastjóra skv. 5. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.
c. Í stað orðsins „Skipa“ í 5. mgr. kemur: Ráða.

Breyting á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

65. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og ræður tryggingayfirlækni, hvorn um sig að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

66. gr.

2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI
IÐNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

67. gr.

50. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi. Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

68. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 107/1974, orðast svo:

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum. Forstjóri ræður deildarstjóra viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal forstjóra heimilt að víkja frá þessu ákvæði hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingu.

69. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn.

70. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Orkumálastjóri ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar.
b. Í 2. málsl. falla brott orðin „nr. 55/1962“.

71. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 60. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 53/1985:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Rafmagnsveitustjóri ríkisins ræður fasta starfsmenn.
c. Í 2. málsl. 2. mgr. falla brott orðin „nr. 55/1962“.

Breyting á lögum nr. 41/1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

72. gr.

Í stað orðsins „4ra“ í 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: fimm.

73. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Forstjóri ræður framkvæmdastjóra aðaldeilda.

74. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í umboði stjórnar og“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. orðast svo:

Starfslið stofnunarinnar skal ýmist ráðið ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti eða til ákveðins tíma, t.d. til ákveðinna verkefna.

VIII. KAFLI
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

75. gr.

1. málsl. 6. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skólastjóra garðyrkjuskóla ríkisins til fimm ára í senn og ræður hann kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 3/1955, um skógrækt.

76. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar skógræktarstjóra til fimm ára er annast framkvæmd þessara mála.

77. gr.

1. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Skógræktarstjóri ræður skógarverði.

Breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum.

78. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 54/1975 og 8. gr. laga nr. 73/1996:

a. Við 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Landgræðslustjóri ræður fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum.

79. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Landgræðslustjóra er heimilt að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

80. gr.

1. og 2. málsl. 32. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

Breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingu.

81. gr.

1. málsl. 1. mgr. 86. gr. laganna, eins og henni var breytt með 6. gr. laga nr. 63/1994, orðast svo: Ráðherra skipar veiðimálastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

82. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

83. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

   Skólastjóri ræður fasta kennara og stundakennara.
b. 3. mgr. orðast svo:

   Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

84. gr.

1. og 2. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri ræður fasta kennara sem fullnægja skulu sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið.

Breyting á lögum nr. 77/1981, um dýralækna, með síðari breytingu.

85. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 54/1989, orðast svo:

Ráðherra skipar yfirdýralækni, héraðsdýralækna og dýralækni fisksjúkdóma til fimm ára í senn.

86. gr.

Í stað orðsins „launalögum“ í 3. málsl. 16. gr. laganna, eins og henni var breytt með 41. gr. laga nr. 108/1988, kemur: ákvörðun kjaranefndar.

Breyting á lögum nr. 63/1989, um Hagþjónustu landbúnaðarins.

87. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann til fimm ára í senn.

88. gr.

1. tölul. 4. gr. laganna fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

89. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna koma tveir málsliðir sem orðast svo: Skal það nefnast aðfangaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann þess til fimm ára í senn. Forstöðumaður hefur á hendi umsjón með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim.

IX. KAFLI
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

Breyting á íþróttalögum, nr. 49/1956.

90. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

91. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn að fengnum tillögum skólastjórnar. Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

b. 4. mgr. fellur brott.

92. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

93. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 24/1970, um æskulýðsmál.

94. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

Breyting á lögum nr. 65/1972, um Íþróttakennaraskóla Íslands.

95. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
Skólastjóri skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Kennarar og aðrir starfsmenn skólans skulu ráðnir af skólastjóra.

b. Í stað orðsins „skipaður“ í 2. mgr. kemur: ráðinn.

96. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

97. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:
Launakjör skjólastjóra skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjaranefnd. Launakjör kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Breyting á lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands.

98. gr.

2. gr. laganna orðast svo:
Ráðherra fer með yfirstjórn skólans og skipar skólanefnd. Ráðherra skipar rektor til fimm ára í senn.

99. gr.

3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Enn fremur ræður hann kennara og annað starfsfólk skólans.

100. gr.

Í stað orðsins „skipa“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: ráða.

Breyting á lögum nr. 70/1972, um Stofnun Árna Magnússonar.

101. gr.

2. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þeir skulu ráðnir af forstöðumanni.

Breyting á lögum nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands.

102. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
Ráðherra skipar skólastjóra til fimm ára í senn. Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands.

103. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Við skólann starfar skólastjóri sem skipaður skal af ráðherra til fimm ára í senn.

b. 4. málsl. orðast svo: Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

104. gr.

2. og 3. málsl. 10. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 58/1978, um Þjóðleikhús.

105. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn“ í 1. mgr. kemur: skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn.

b. 2. mgr. orðast svo:
Skipaður skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal skipa annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

106. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðuneytið skipar“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þjóðleikhússtjóri ræður.

107. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: skipaður.

108. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 35/1982, um Blindrabókasafn Íslands.

109 gr.

3. málsl. 4. gr. laganna orðast svo: Forstöðumaður Blindrabókasafns ræður starfslið stofnunarinnar.

110. gr.

Í stað orðsins „þriggja“ í 3. málsl. 6. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 94/1984, um kvikmyndamál.

111. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra sjóðsins til fimm ára í senn, að fengnum tillögum sjóðstjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

112. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „fastráðna kennara“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: til fimm ára í senn að fenginni umsögn skólastjórnar.
b. 3. mgr. orðast svo:
   Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið skólans.

Breyting á lögum nr. 66/1985, um Þjóðskjalasafn Íslands.

113. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. 4. mgr. orðast svo:
   Ráðherra skipar þjóðskjalavörð til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnarnefndar safnsins. Þjóðskjalavörður annast daglegan rekstur og stjórn safnsins og kemur fram fyrir hönd þess út á við.
b. 5. mgr. orðast svo:
   Þjóðskjalavörður ræður skjalaverði og aðra fasta starfsmenn. Við safnið starfi skjalfræðingur eða sagnfræðingur með skjalfræðimenntun.

Breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

114. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

115. gr.

Í stað orðsins „skipaðir“ í 2. málsl. 6. mgr. 21. gr. laganna kemur: ráðnir.

Breyting á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með síðari breytingu.

116. gr.

2. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna, eins og henni var breytt með 71. gr. laga nr. 87/1989, fellur brott.

117. gr.

Í stað orðanna „námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: tveir fulltrúar án tilnefningar og er annar þeirra formaður nefndarinnar.

Breyting á lögum nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

118. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990.

Breyting á lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands.

119. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ræður“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skipar.
b. Í stað orðsins „Ráðinn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Skipaður.
c. Í stað orðsins „ráðningu“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: skipun.
d. Í stað orðsins „ráðningar“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: skipunar.

120. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður nauðsynlegt starfslið.

Breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd.

121. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar, gefur árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar og leysir af hendi önnur þau verkefni sem málnefndin felur honum.

b. 3. mgr. fellur brott.

Breyting á lögum nr. 58/1990, um launasjóð stórmeistara í skák.

122. gr.

Orðin „nr. 38/1954“ í 5. gr. laganna falla brott.

Breyting á lögum nr. 67/1990, um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

123. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. 3. málsl. fellur brott.
b. 4. málsl. orðast svo: Um ráðningu hans fer eins og segir í háskólalögum um prófessora.

124. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Menntamálaráðherra skipar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Forstöðumaður ræður.
b. Orðin „forstöðumanns og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „þriggja“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: tveggja.

Breyting á lögum nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

125. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk.

Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

126. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „skipaðir prófessorar í starfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prófessorar sem ráðnir eru ótímabundið í fullt starf.
b. Í stað orðanna „fastráðnir eru eða settir til fulls starfs“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ráðnir eru í fullt starf.
c. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Nú er háskólakennari í orlofi og annar maður er ráðinn til að gegna starfi hans tímabundið og fer hann þá með atkvæðisrétt þess sem í orlofi er.
d. Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 3. málsl. 6. mgr. kemur: kennarastarf.

127. gr.

Í stað orðsins „kennaraembætti“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: kennarastarfi.

128. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við prófessorsstarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar. Á sama hátt getur rektor boðið vísindamanni að taka við lektors- eða dósentsstarfi.

129. gr.

Í stað orðanna „menntamálaráðherra veitir lausn“ í 1. málsl. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: fær lausn.

130. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „undan stöðu sinni“ í fyrri málslið kemur: frá starfi sínu.
b. Í stað orðsins „stöðuna“ í síðari málslið kemur: starfið.

131. gr.

Í stað orðsins „stöðuna“ í 4. málsl. 19. gr. laganna kemur: starfið.

132. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Ný prófessorsstörf verða stofnuð með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar. Önnur ný kennarastörf verða stofnuð með ákvörðun rektors, að fengnum tillögum háskóladeildar.

133. gr.

Í stað orðanna „slíkar stöður“ í 2. málsl. 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: slík störf.

134. gr.

Í stað orðanna „Kennaraembætti og kennarastöður“ í heiti VIII. kafla laganna kemur: Kennarastörf.

Breyting á lögum nr. 76/1993, um Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

135. gr.

Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. málsl. 5. gr. laganna kemur: skipaður.

Breyting á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands.

136. gr.

1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar framkvæmdastjóra til fimm ára í senn.

Breyting á lögum nr. 71/1994, um Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

137. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn.

138. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. Orðin „til sex ára í senn“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. fellur brott.

X. KAFLI
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 119/1950, um stjórn flugmála, með síðari breytingu.

139. gr.

2. gr. laganna, sbr. lög nr. 26/1954, orðast svo:

Ráðherra skipar flugmálastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum flugráðs. Flugmálastjóri veitir Flugmálastjórn Íslands forstöðu og annast daglega stjórn hennar undir yfirstjórn samgönguráðherra. Í erindisbréfi flugmálastjóra, er ráðherra setur að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Flugmálastjóri ræður aðra starfsmenn Flugmálastjórnar.

Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með framkvæmdarvald samkvæmt lögum um loftferðir og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á sviði flugmála.

Breyting á vegalögum, nr. 45/1994.

140. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir er orðast svo: Til að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar ráðherra vegamálastjóra til fimm ára í senn og veitir hann Vegagerðinni forstöðu. Ráðherra ræður aðstoðarvegamálastjóra að fengnum tillögum vegamálastjóra. Vegamálastjóri ræður aðra starfsmenn Vegagerðarinnar.

Breyting á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

141. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs skipar ráðherra ferðamálastjóra til fimm ára í senn. Ferðamálastjóri annast daglega stjórn Ferðamálaráðs samkvæmt því sem ráðið ákveður.

XI. KAFLI
SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, með síðari breytingu.

142. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 13. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 72/1984:

a. Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: til fimm ára í senn.
b. Í stað orðsins „skipar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: ræður.
c. Í stað 3. málsl. 1. mgr. komi tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Forstjóri og aðstoðarforstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi. Annar aðstoðarforstjórinn skal vera sérfróður á sviði stjórnunar og rekstrar.
d. 2. mgr. orðast svo:

Forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar.

143. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn og ræður aðstoðarforstjóra, hvort tveggja að fengnum tillögum stjórnar. Ráðherra ræður forstöðumenn sviða að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk. Hann skal hafa lokið háskólaprófi. Ráðherra ákveður stjórnskipulag Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu.

144. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.

XII. KAFLI
UMHVERFISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands.

145. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:
Veðurstofustjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Breyting á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingu.

146. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 70/1995:

a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: fimm.
b. 5. málsl. 3. mgr. orðast svo: Þeir skulu ráðnir af framkvæmdastjóra.

Breyting á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

147. gr.

4. málsl. 7. gr. laganna orðast svo: Forstjóri ræður deildarstjóra og sérfræðinga.

Breyting á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

148. gr.

1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar veiðistjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Breyting á lögum nr. 93/1996, um náttúruvernd.

149. gr.

Orðin „í samráði við stjórn stofnunarinnar“ í 4. málsl. 4. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

150. gr.

Fyrri málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðast svo: Í hverjum þjóðgarði starfar þjóðgarðsvörður sem forstjóri Náttúruverndar ríkisins ræður.

XIII. KAFLI
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 39/1971, um utanríkisþjónustu Íslands.

151. gr.

Í stað orðanna „sem til þess eru skipaðir“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sem það er falið.

152. gr.

Í stað orðsins „embættismanna“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: starfsmanna.

153. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar til fimm ára í senn þá starfsmenn sem taldir eru í 1. og 2. flokki 8. gr. Heimilt er þó að skipa kjörræðismenn ótímabundið. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

154. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun ráðherra. Eigi þarf nýja skipun þótt embættismaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks skv. 8. gr. en skipunartími hans framlengist við flutninginn til fimm ára í senn.

155. gr.

Í stað orðsins „embættismenn“ í 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: starfsmenn.

156. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist: þó er heimilt að víkja frá ákvæði 7. gr. þeirra laga að því er varðar embættismenn í 1. flokki 8. gr. þessara laga.

XIV. KAFLI
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Breyting á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

157. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: fimm.

158. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á samkeppnislögum nr. 8/1993.

159. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

160. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 1. málsl. 3. mgr. 50. gr. laganna kemur: fimm.

Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

161. gr.

1. málsl. 1. mgr. 29. gr. laganna orðast svo: Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi skipaðir til lengri tíma en fimm ára í senn.

XV. KAFLI
GILDISTAKA

162. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1358. Lög [424. mál]

um Lánasjóð landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1307.

1359. Lög [477. mál]

um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1315.

1360. Lög [478. mál]

um búnaðargjald.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1316.

1361. Lög [523. mál]

um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

1. gr.

Við 33. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sinni sveitarstjórn ekki skyldum sínum skv. 1. mgr. að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

2. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars. Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um notkun búfjármarka, þar með talin ákvæði um liti, gerð og notkun plötumerkja eftir varnarsvæðum, framkvæmd frost- og örmerkinga og skyldu til að láta merkja stórgripi. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um búfjármörk.

3. gr.

4. málsl. 64. gr. laganna orðast svo: Við sönnun á eign á búfé er örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

1362. Lög [531. mál]

um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1342.

1363. Lög [445. mál]

um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1343.

1364. Lög [475. mál]

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 802.

1365. Lög [544. mál]

um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 60/1995.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 898.

1366. Lög [244. mál]

um umboðsmann Alþingis.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1346.

1367. Lög [262. mál]

um Ríkisendurskoðun.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1347.

1368. Lög [413. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1351.

1369. Fjáraukalög [529. mál]

fyrir árið 1996, sbr. lög nr. 165/1996.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1353.

1370. Lög [549. mál]

um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1354.

1371. Lög [550. mál]

um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 16. maí.)

Samhljóða þskj. 1355.

1372. Tillaga til þingsályktunar [621. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 17. maí 1997 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

1373. Þingsályktun [309. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1997 og 1998.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 569 með þessum breytingum:

Inngangur, I. og II. töluliður hljóða svo:

Alþingi ályktar, samkvæmt V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að árin 1997 og 1998 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997	1998
1.1. Markaðar tekjur:		
1. Bensíngjald	4.820	4.890
2. Þungaskattur, km-gjald	1.950	2.000
3. Þungaskattur, árgjald	875	900
	7.645	7.790
Fært í framkvæmdaátak (1.3.1.)	- 350	- 360
1.2. Fært í ríkissjóð	- 806	- 646
	6.489	6.784
1.3. Framkvæmdaátak:		
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350	360
2. Framlag úr ríkissjóði	350	350
3. Endurgreiðsla lánsfjár	- 50	- 210
	650	500
Samtals	7.139	7.284
1.4. Lánsfé:		
1. Lán vegna Skeiðarársands	100	
2. Lán vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga		400
	100	400
Samtals	**7.239**	**7.684**

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

	1997		1998	
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	141		141	
2. Tæknilegur undirbúningur	145		145	
	—	286	—	286
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	243		244	
2. Vegir og vegyfirborð	345		350	
3. Brýr og önnur vegamannvirki	42		46	
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	245		250	
	—	875	—	890
2. Vetrarþjónusta		650		660
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	516		531	
2. Endurnýjun malarslitlaga	212		216	
3. Styrkingar og endurbætur	278		284	
4. Viðhald brúa og varnargarða	114		114	
5. Öryggisaðgerðir	62		62	
6. Vatnaskemmdir	93		93	
	—	1.275	—	1.300
4. Þéttbýlisvegir		330		340
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnvegir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	595		751	
2. Höfuðborgarsvæðið	479		548	
3. Stórverkefni	560		586	
4. Framkvæmdaátak	650		500	
5. Skeiðarársandur	150		100	
	—	2.434	—	2.485
2. Tengivegir		335		355
3. Til brúagerðar				
1. Brýr 10 m og lengri	132		145	
2. Smábrýr	15		15	
	—	147	—	160
4. Girðingar		31		34
2.4. Til safnvega:		170		177
2.5. Til landsvega:		52		52
2.6. Til styrkvega:		25		25
2.7. Til reiðvega:		11		11
2.8. Til tilrauna:		68		69
2.9. Til flóabáta:		450		440
Samtals		**7.139**		**7.284**
Lán vegna Skeiðarársands		100		
Lán vegna Hvalfjarðar				400
Samtals		**7.239**		**7.684**

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnvegir.

1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1		Hringvegur		
	d5	Selfoss – Biskupstungnabraut	5	
1		Hringvegur		
	d6	Vegamót við Hveragerði	11	
36		Þingvallavegur		
	02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur		33
37		Laugarvatnsvegur		
	04	Reykjavegur – Biskupstungnabraut	52	11
1		Hringvegur		
	f9	Botnsvogur	9	
41		Reykjanesbraut		
	14-19	Lýsing	35	
	14-19	Endurbætur		45
42		Krýsuvíkur- og Ísólfsskálavegur (427)		
		Frumhönnun Suðurstrandarvegar		2
45		Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)		
		Hringtorg og undirgöng		6
421		Vogavegur		5
1		Hringvegur		
	g1	Botnsvogur	9	
50		Borgarfjarðarbraut		
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir		36
54		Ólafsvíkurvegur		
	09	Urriðaá – Bjarnarfoss	34	
	10	Vegamót Fróðárheiðar		10
56		Vatnaheiði		10
57		Snæfellsnesvegur		
	09	Kolgrafafjörður		10
	12	Búlandshöfði	25	
60		Vestfjarðavegur		
	07	Búðardalur – Klofningsvegur	7	11
	10	Gilsfjörður	35	63
60		Vestfjarðavegur		
	21	Gilsfjörður	29	71
	37	Dynjandisheiði	10	
	47	Jarðgöng	41	5
61		Djúpvegur		
	11	Um Víðidalsá		17
	36	Súðavík	1	
	45	Óshlíð	7	10
62		Barðastrandarvegur		
	02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	3	34
1		Hringvegur		
	m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku	3	
	m5	Við Íbishól	2	
	m6	Við Varmahlíð, lýsing		3
	m7	Um Húseyjarkvísl	2	10
	m8	Við Djúpadalsá	1	
74		Skagastrandarvegur		
	03	Við Skagaströnd, lýsing	3	
76		Siglufjarðarvegur		
	02	Út-Blönduhlíð	9	
	06	Hofsós – Höfðaá		30
	09	Hraun – Almenningsnöf	34	
1		Hringvegur		
	p4	Krossastaðir – Ólafsfjarðarvegur		6
	q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	38	44
	r6-r7	Jökulsá – Biskupsháls	10	10
82		Ólafsfjarðarvegur		
	09	Lágheiði		5

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
85		Norðausturvegur		
	06-09	Tjörnes	10	
	11	Lindarbrekka – Uppsveitarvegur	30	52
	25	Þistilfjörður, flugvöllur	8	
87		Kísilvegur		
	04	Hvammavegur – Klambrasel		10
1		Hringvegur		
	s1-s7	Biskupsháls – Skjöldólfsstaðir		4
	t1	Skóghlíð – Urriðavatn	33	40
	u1	Um Breiðdalsá	18	
	u5	Um Fossárvík		30
	v7	Laxá í Nesjum	11	
	x1	Uppsalir – Staðará		20
	x5	Um Fjallsá	7	
		Einbreið slitlög	14	15
92		Norðfjarðarvegur		
	00	Egilsstaðir	4	
	06	Reyðarfjörður	4	
	12	Neskaupstaður		8
96		Suðurfjarðavegur		
	03	Þernunes – Vattarnes		75
	06	Fáskrúðsfjörður	4	
	07	Um Selá		5
99		Hafnarvegur		
	02-03	Höfn í Hornafirði	1	5
917		Hlíðarvegur		
	06	Um Gljúfursá	28	
	06	Um Öxl	8	
		Samtals	**595**	**751**

1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
1		Hringvegur		
	e3	Rauðavatn – Nesbraut	88	
	f3	Í Mosfellsbæ		210
41		Reykjanesbraut		
	01	Ánanaust, breikkun	37	
	12	Breiðholtsbraut – Fífuhvammsvegur		36
	12	Gatnamót við Fífuhvammsveg	134	55
		Leiðaval	1	
49		Nesbraut		
	02	Höfðabakki – Miklabraut	17	
	03	Breikkun Miklubrautar		23
	03	Gatnamót við Skeiðarvog		21
417		Bláfjallavegur		
	01	Hringvegur – Bláfjöll	5	5
		Greiðsla skulda í Reykjavík	197	198
		Samtals	**479**	**548**

1.3. Stórverkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
57	Snæfellsnesvegur		
12	Búlandshöfði		31
60	Vestfjarðavegur		
10-21	Gilsfjörður	117	222
47	Jarðgöng	233	
61	Djúpvegur		
25-30	Ísafjarðardjúp	60	90
1	Hringvegur		
	Tenging Norður- og Austurlands	118	180
t0	Jökulsá á Dal	30	20
	Austurlandsgöng	2	3
	Jarðgangarannsóknir		2
	Óskipt		38
	Samtals	**560**	**586**

1.4. Framkvæmdaátak.

Almenn verkefni.

Vegnr. Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
240	Stórhöfðavegur		
02	Hraunvegur – Stórhöfði		21
30	Skeiða- og Hrunamannavegur		
06	Flúðir – Hvítárdalur		8
31	Skálholtsvegur		
02	Helgastaðir – Biskupstungnabraut	30	
36	Þingvallavegur		
02-03	Steingrímsstöð – Gjábakkavegur	2	5
39	Þrengslavegur		
01	Hringvegur – Þorlákshafnarvegur	12	
	Tengingar vegna breikkunar brúa	5	5
41	Reykjanesbraut		
14-19	Endurbætur		30
45	Garðskaga- og Sandgerðisvegur (429)		
	Hringtorg og undirgöng	37	
1	Hringvegur		
g5	Borgarnes	6	
50	Borgarfjarðarbraut		
03	Götuás – Kleppjárnsreykir	30	27
62	Barðastrandarvegur		
02-04	Rauðsdalur – Ósafjörður	28	18
76	Siglufjarðarvegur		
06	Hofsós – Höfðaá		20
09	Hraun – Almenningsnöf	25	
1	Hringvegur		
q7	Fosshóll – Aðaldalsvegur	62	51
93	Seyðisfjarðarvegur		
02	Borgarfjarðarvegur – Langahlíð	6	
02	Miðhúsaá – Kofi	18	
03	Kofi – Efri Stafur		16
03	Fjarðarárbrú	3	
	Þéttbýlisstaðir Austurlandi		
	Lagfæringar á þjóðvegum	10	10
	Samtals	**274**	**211**

Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
49		Nesbraut		
	02	Höfðabakki – Miklabraut	273	75
	03	Gatnamót við Skeiðarvog		139
450		Sundabraut, undirbúningur	10	10
		Undirgöng í Garðabæ	47	
		Göngubrýr og undirgöng	31	40
		Skiltabrýr	5	10
		Ýmis verk	10	15
		Samtals	**376**	**289**
		Framkvæmdaátak samtals	**650**	**500**

1.5. Skeiðarársandur.

		1997 m.kr.	1998 m.kr.
	Hringvegur		
	Lagfæringar eftir hlaup í nóvember 1996	150	100
	Samtals	**150**	**100**

2. Tengivegir.

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
26		Landvegur		
	02	Hagabraut – Galtalækur	21	18
204		Meðallandsvegur		
	01	Ásgarður – Fossar		10
250		Dímonarvegur		
	01	Hringvegur – Fljótshlíðarvegur	9	
253		Gunnarshólmavegur		
	01	Voðmúlastaðir – Gunnarshólmi	3	5
255		Akureyjarvegur		
	01	Strandarhöfuð – Njálsbúð	3	5
261		Fljótshlíðarvegur		
	02	Hvolsvöllur – Hlíðarendi	3	
266		Oddavegur		
	01	Hringvegur – Oddi		16
268		Þingskálavegur		
	03	Hólar – Landvegur	3	
275		Ásvegur		
	01	Hringvegur – Ásmúli		5
	02	Um Háfshverfi	4	
32		Þjórsárdalsvegur		
	02	Stóranúpsvegur – Ásólfsstaðir	17	15
33		Gaulverjabæjarvegur		
	01	Hringvegur – Hamarsvegur		4
35		Biskupstungnabraut		
	07	Bræðratunguvegur – Laugarvatnsvegur	12	8
305		Villingaholtsvegur		
	01	Hringvegur – Þjórsárver	7	
310		Votmúlavegur		
	01	Eyrarbakkavegur – Gaulverjabæjarvegur		4
329		Mástunguvegur		
	01	Skyggnir – Laxárdalur	4	
345		Kaldbaksvegur		
	01	Um Hruna	4	
48		Kjósarskarðsvegur		
	01	Lagfæringar	5	

Vegnr.	Kaflanr.	Vegheiti Kaflaheiti	1997 m.kr.	1998 m.kr.
417		Bláfjallavegur		
	01	Hringvegur – Bláfjöll	16	5
426		Bláalónsvegur	4	
431		Hafravatnsvegur		
	01	Sólheimar – Úlfarsfellsvegur		21
461		Meðalfellsvegur		
	01	Um Meðalfellsvatn		5
50		Borgarfjarðarbraut		
	03	Götuás – Kleppjárnsreykir		37
518		Hálsasveitarvegur		
	02	Reykholt – Stóriás	55	
528		Norðurárdalsvegur		
	01	Snjóastaðir		5
540		Hraunhreppsvegur		
	01	Snjóastaðir		17
612		Örlygshafnarvegur		
	01	Barðastrandarvegur – Flugvallarvegur	23	
632		Laugardalsvegur		
	01	Djúpvegur – Hrafnabjörg	6	
635		Snæfjallastrandarvegur		
	01	Djúpvegur – Nauteyri	5	
643		Strandavegur		
	04	Um Bala		10
645		Drangsnesvegur		
	01	Strandavegur – Hella		27
702		Heggstaðanesvegur		
	01	Hringvegur – Mýrar	3	
715		Víðidalsvegur		
	01	Hringvegur – Kolugil	1	
722		Vatnsdalsvegur		
	01	Þórdísarlundur – Hnjúkur	16	
724		Reykjabraut		
	01	Um Orrastaðaflóa	23	
746		Tindastólsvegur		4
752		Skagafjarðarvegur		
	02	Héraðsdalsvegur – Svartárdalsvegur	2	
	03	Svartárdalsvegur – Jökulsá		37
793		Skarðsvegur		
	01	Flugvallarvegur – skíðasvæði	2	
83		Grenivíkurvegur		
	02-03	Laufás – Ártún		54
848		Mývatnsvegur		
	01	Neslandavík – Kísilvegur	45	
867		Öxarfjarðarheiðarvegur	3	
		Þingey, göngubrú		3
85		Norðausturvegur		
	40	Hlíðarvegur – Deildarlækur	11	
94		Borgarfjarðarvegur		
	07	Á Vatnsskarði	18	36
919		Sunnudalsvegur		
	01	Hlíðarvegur – Refstaður	4	
924		Jökuldalsvegur eystri		
	01	Um Jökulsá hjá Hjarðarhaga		4
932		Egilsstaðavegur	3	
		Samtals	**335**	**355**

3. Til brúagerðar.

1. Brýr 10 m og lengri.

	1997 m.kr.	1998 m.kr.
Andalækur (37)	9	11
Öxará hjá Valhöll (363)	26	
Bláfeldará (54)	8	
Víðidalsá í Steingrímsfirði (61)	16	
Húseyjarkvísl (1)	33	
Lagarfljót, göngubrú (1)	14	
Fossá í Berufirði (1)	26	
Hörgsá (1)		17
Brákarsund (531, styrkvegur)		46
Fnjóská hjá Laufási (83)		63
Jökulsá hjá Hjarðarhaga (924)		8
Samtals	**132**	**145**

1374. Þingsályktun [257. mál]

um breytingu á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 488 með breytingum samkvæmt þskj. 1055.

1375. Þingsályktun [483. mál]

um hafnaáætlun 1997–2000.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 814 með breytingum samkvæmt þskj. 1178.

1376. Frumvarp til laga [260. mál]

um réttindi sjúklinga.

(Eftir 2. umr., 17. maí.)

I. KAFLI

Inngangur.

Markmið.

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Óheimilt er að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Skilgreiningar.

2. gr.

Sjúklingur: Notandi heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisstarfsmaður: Einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til slíkra starfa.

Meðferð: Rannsókn, aðgerð eða önnur þjónusta sem læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður veitir til að greina, lækna, endurhæfa, hjúkra eða annast sjúkling.

Vísindarannsókn: Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar.

Gæði heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita.

Sjúklingur á rétt á þjónustu sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á. Heilbrigðisstarfsmaður skal leitast við að koma á traustu sambandi milli sín og sjúklings.

Sjúklingur á rétt á samfelldri þjónustu og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem hana veita.

Aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

4. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skal sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar. Heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skulu hafa þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum. Jafnframt skal leitast við að veita almenningi upplýsingar um orsakir og afleiðingar sjúkdóma hjá börnum og fullorðnum.

II. KAFLI

Upplýsingar og samþykki.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð.

5. gr.

Sjúklingur á rétt á upplýsingum um:

a. heilsufar, þar á meðal læknisfræðilegar upplýsingar um ástand og batahorfur,
b. fyrirhugaða meðferð ásamt upplýsingum um framgang hennar, áhættu og gagnsemi,
c. önnur hugsanleg úrræði en fyrirhugaða meðferð og afleiðingar þess ef ekkert verður aðhafst,
d. möguleika á að leita álits annars læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna eftir því sem við á um meðferð, ástand og batahorfur.

Þess skal getið í sjúkraskrá sjúklings að upplýsingar samkvæmt þessari grein hafi verið gefnar.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu gefnar jafnóðum og tilefni skapast og á þann hátt og við þau skilyrði að sjúklingur geti skilið þær.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar um heilsufar og meðferð.

6. gr.

Upplýsingar skv. 5. gr. skal ekki gefa fari sjúklingur fram á að það sé látið ógert. Sjúklingur getur tilnefnt annan einstakling til að taka við upplýsingunum í sinn stað.

Þess skal getið í sjúkraskrá ef sjúklingur neitar að fá upplýsingar um heilsufar og batahorfur eða tilnefnir annan í sinn stað. Jafnframt skal skrá þar hverjum voru gefnar upplýsingarnar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar og 7. og 25. gr.

Eigi í hlut sjúklingur sem ekki getur tileinkað sér upplýsingar skv. 5. gr. skulu þær veittar nánum vandamanni eða lögráðamanni hafi sjúklingur verið sviptur lögræði.

7. gr.

Virða skal rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggur meðferð.

Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Í þessum tilvikum skal þó hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er.

Enga meðferð má framkvæma án samþykkis sjúklings, sbr. 1. og 2. mgr., sbr. þó 9. gr. Samþykkið skal eftir því sem kostur er vera skriflegt, þar sem fram kemur hvaða upplýsingar voru gefnar sjúklingi og að hann hafi skilið upplýsingarnar.

Meðferð hafnað.

8. gr.

Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal læknir þá upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar.

Sjúklingur getur stöðvað meðferð hvenær sem er, nema á annan hátt sé mælt í öðrum lögum. Hafni sjúklingur meðferð skal læknir hans eða sá heilbrigðisstarfsmaður sem stjórnar meðferðinni upplýsa sjúkling um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Um höfnun á meðferð sjúkra barna gilda ákvæði 26. gr.

Í sjúkraskrá skal skrá ákvörðun sjúklings um að hafna meðferð eða stöðva og staðfest að hann hafi fengið upplýsingar um hugsanlegar afleiðingar ákvörðunarinnar.

Undanþága frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð.

9. gr.

Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni.

Samþykki fyrir vísindarannsóknum.

10. gr.

Sjúklingur skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin. Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna gilda ákvæði 15. gr.

Óheimilt er að framkvæma á sjúklingi vísindarannsókn sem uppfyllir ekki skilyrði 4. mgr. 2. gr.

Þátttaka í þjálfun og kennslu nemenda.

11. gr.

Skýra ber sjúklingi frá því ef fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði verði viðstaddir meðferð á honum vegna þjálfunar og kennslu þeirra. Sjúklingur getur neitað að taka þátt í slíkri þjálfun og kennslu.

III. KAFLI
Trúnaðar- og þagnarskylda.

Þagnarskylda starfsmanns í heilbrigðisþjónustu.

12. gr.

Starfsmaður í heilbrigðisþjónustu skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þagnarskyldan helst þó að sjúklingur andist og þó að starfsmaður láti af störfum. Mæli ríkar ástæður með því getur starfsmaður látið í té upplýsingar með hliðsjón af vilja hins látna og hagsmunum hlutaðeigandi. Sé starfsmaður í vafa getur hann borið málið undir landlækni.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

13. gr.

Þagnarskylda skv. 12. gr. nær ekki til atvika sem starfsmanni í heilbrigðisþjónustu ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum, t.d. ákvæðum barnaverndarlaga. Í þeim tilvikum ber starfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns leysir starfsmann undan þagnarskyldu.

Um vitnaskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu gilda ákvæði læknalaga.

IV. KAFLI
Meðferð upplýsinga í sjúkraskrá.

Aðgangur að sjúkraskrá.

14. gr.

Sjúkraskrá skal varðveita á heilbrigðisstofnun þar sem hún er færð eða hjá lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni sem hana færir á eigin starfsstofu.

Skylt er lækni og öðrum sem færa sjúkraskrá að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni hans, í heild eða að hluta, og afhenda þeim afrit skrárinnar sé þess óskað. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna meðferðar. Heimilt er að taka gjald fyrir afrit af sjúkraská samkvæmt ákvæðum 12. gr. upplýsingalaga.

Upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta.

Telji læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskrár skal án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu.

Landlæknir skal innan átta vikna ákveða hvort viðkomandi fái afrit sjúkraskrárinnar. Synjun landlæknis má skjóta til úrskurðar heilbrigðisráðherra.

Ráðherra setur nánari reglur um afhendingu og varðveislu sjúkraskráa, að fengum tillögum landlæknis og Læknafélags Íslands.

15. gr.

Þess skal gætt við aðgang að sjúkraskrám að þær hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og að upplýsingar í þeim eru trúnaðarmál, sbr. 12. gr.

Sjúkraskrár skulu geymdar á tryggum stað og þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfa hafi aðgang að þeim.

Tölvunefnd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna, enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara. Unnt er að binda slíkt leyfi þeim skilyrðum sem metin eru nauðsynleg hverju sinni.

Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í hana og ákvæða 1. og 2. mgr. gætt.

Athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá.

16. gr.

Nú telur sjúklingur eða umboðsmaður hans að upplýsingar í sjúkraskrá séu rangar eða villandi og skulu þá athugasemdir hans lagðar í skrána.

V. KAFLI
Meðferð.

Virðing fyrir mannhelgi sjúklings.

17. gr.

Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu.

Að meðferð sjúklings skulu ekki koma aðrir en þeir sem nauðsynlega þurfa. Heilbrigðisstarfsmaður skal gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til og að upplýsingar um meðferð einstaklinga séu ekki aðgengilegar öðrum en viðkomandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Bið eftir meðferð.

18. gr.

Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Skylt er að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar.

Forgangsröðun.

19. gr.

Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum.

Val á heilbrigðisstarfsmanni.
20. gr.

Þrátt fyrir skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu á sjúklingur rétt á að leita til þess læknis sem honum hentar best. Þá á hann rétt á að fá álit annars læknis á greiningu, meðferð, ástandi og batahorfum. Sama gildir um aðra heilbrigðisstarfsmenn.

Ábyrgð sjúklings á eigin heilsu.
21. gr.

Sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi og ástand hans leyfir. Honum ber eftir atvikum að vera virkur þátttakandi í meðferð sem hann hefur samþykkt.

Reglur um innlögn og útskrift.
22. gr.

Við komu sjúklings á heilbrigðisstofnun skulu heilbrigðisstarfsmenn sem annast hann kynna sig og starfssvið sitt. Jafnframt skal kynna fyrir honum reglur og venjur sem gilda á stofnuninni og máli skipta.

Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða læknir beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun.

Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur úrræði eftir því sem unnt er.

Við útskrift af heilbrigðisstofnun skal sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega.

Læknabréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.

Línun þjáninga og nærvera fjölskyldu og vina.
23. gr.

Lina skal þjáningar sjúklings eins og þekking á hverjum tíma frekast leyfir.

Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Sjúklingur og nánustu vandamenn hans eiga rétt á að njóta andlegs, félagslegs og trúarlegs stuðnings.

Meðferð dauðvona sjúklings.
24. gr.

Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn. Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal læknir virða þá ákvörðun.

Sé dauðvona sjúklingur of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar.

VI. KAFLI
Sérreglur um sjúk börn.

Upplýsingar um heilsufar og meðferð sjúkra barna.

25. gr.

Ef sjúklingur er yngri en 16 ára skulu upplýsingar skv. 5. gr., svo og aðrar upplýsingar samkvæmt lögum þessum, veittar foreldrum.

Sjúkum börnum skulu veittar upplýsingar að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska. Þau eiga þó sama rétt og aðrir á að hafna því að fá upplýsingar, sbr. 6. gr.

Samþykki vegna meðferðar sjúkra barna.

26. gr.

Foreldrar sem fara með forsjá barns skulu veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns yngra en 16 ára. Eftir því sem kostur er skulu sjúk börn höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri.

Neiti foreldrar sem fara með forsjá barns að samþykkja nauðsynlega meðferð, sbr. 1. mgr., skal læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður snúa sér til barnaverndaryfirvalda, sbr. ákvæði barnaverndarlaga.

Ef ekki vinnst tími til að leita liðsinnis barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr., vegna lífsnauðsynlegrar bráðameðferðar á sjúku barni er skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til nauðsynlegrar meðferðar.

Ýmsar reglur um sjúk börn.

27. gr.

Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.

Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.

Sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er.

Systkini og vinir mega eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun.

Sjúk börn á skólaskyldualdri skulu fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og ástandi.

Umhverfi og aðbúnaður sjúkra barna á heilbrigðisstofnunum skal hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

VII. KAFLI
Réttur til að kvarta.

Athugasemdir og kvartanir vegna meðferðar.

28. gr.

Athugasemdum sjúklings vegna þjónustu á heilbrigðisstofnun skal beint til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar.

Vilji sjúklingur kvarta yfir meðferð getur hann beint kvörtun sinni til landlæknis eða nefndar um ágreiningsmál skv. 5. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990.

Starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að leiðbeina sjúklingi eða vandamanni sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn.

Sjúklingur skal fá skrifleg svör við athugasemdum sínum og kvörtunum eins fljótt og auðið er.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði o.fl.

Heimild ráðherra til að setja reglugerð.

29. gr.

Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Gildistaka.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

1377. Lögræðislög. [410. mál]

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1279.

1378. Lög [234. mál]

um samningsveð.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1306 (sbr. 350).

1379. Lög [524. mál]

um Suðurlandsskóga.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1352.

1380. Lög [260. mál]

um réttindi sjúklinga.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1376.

1381. Lög [613. mál]

um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskrám o.fl.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1189.

1382. Lög [620. mál]

um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1314.

1383. Þingsályktun [621. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Alþingi 17. maí.)

Samhljóða þskj. 1372.